Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	16
Fylgiskjal: Töfluviðauki	35

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Skerðingarákvæði, 7. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Skerðingarákvæði, 8. Heimildir, 9. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga www.fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast fjárlagaafgreiðslu í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær, auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og horfur næstu ára. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins - síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði.
7. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *www.fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum ...

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 endurspeglar að mörgu leyti breytta stöðu efnahagsmála. Eftir kröftuga efnahagsuppsveiflu síðustu ár hefur hagkerfið færst nær jafnvægi á nýjan leik. Verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn og viðskiptahalli minnkar óðfluga. Einnig eru horfur á að verulega dragi úr verðbólgu á næstunni. Í kjölfarið hefur hagvöxtur minnkað. Þessi þróun leiðir óhjákvæmilega til minni tekjuauka hjá ríkissjóði. Við þessar aðstæður er eðlilegt að afgangur á ríkissjóði verði minni en verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar er mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afgangur á ríkissjóði á árinu 2002 verði 18,6 milljarðar króna, eða sem nemur tæplega 2½% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur verður mun meiri, eða rúmlega 41 milljarður króna. Þessi niðurstaða samrýmist fyllilega meginmarkmiði ríkisstjórnarinnar að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 1994–2002



... skapar svigrúm til lækkunar skatta ...

Við þessar aðstæður eru veigamikil rök fyrir því að lækka skatta, jafnt á fyrirtækjum sem einstaklingum. Þessi atriði hafa verið til ítarlegrar skoðunar á vegum ríkisstjórnarflokkanna að undanförnu. Meðal annars hefur verið rætt um verulega lækkun tekjuskatts fyrirtækja, lækkun eignarskatta, lækkun stimpilgjalds og hækkun viðmiðunarmarka í sérstökum tekjuskatti einstaklinga. Auk þess hefur verið rætt um afnám

verðbólgureikningsskila og að fyrirtækjum verði gert kleift að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt.

... og stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs og auknum sparnaði

Slíkar aðgerðir munu styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og gera íslenskt skattaumhverfi hagstætt í alþjóðlegum samanburði og skapa þannig í senn forsendur fyrir því að erlend fyrirtæki flytji hingað starfsemi sína og draga úr líkum á því að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína af landi brott af skattalegum ástæðum. Öll þessi atriði munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið og skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu þess og renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Lækkun eignarskatta er enn fremur rökrétt miðað við ríkjandi aðstæður hér á landi og stuðlar að auknum þjóðhagslegum sparnaði.

Veigamikil rök eru fyrir þessum breytingum

Efnahagsleg rök fyrir þessum breytingum eru margvísleg. Nú er tæplega áratugur frá því að gripið var til umfangsmikilla skattalækkana á fyrirtæki til þess að treysta stöðu atvinnulífsins og koma efnahagslífinu upp úr þeirri lægð sem þá hafði ríkt um margra ára skeið. Hæst bar umtalsverða lækkun tekjuskatts fyrirtækja og afnám aðstöðugjalds. Með þessu varð skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi með því besta sem þekktist í okkar helstu viðskiptalöndum. Íslenskt atvinnulíf býr að sumu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar o.fl. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Skattalegt forskot fyrri ára er að mestu horfið ...

Margt bendir til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta á bæði við um tekjuskattshlutfallið, sem í dag er einungis um meðallag OECD-ríkjanna, en var langt fyrir neðan það fyrir tæplega áratug. Einnig er rétt að hafa í huga að samhliða lækkun skatthlutfallsins hér á landi var skattstofninn breikkaður með afnámi hvers kyns frádráttarheimilda og er hann óvíða jafnbreiður og hér. Eins má halda því fram að álagning eignarskatta á fyrirtæki líkt og hér er gert sé að verða einsdæmi meðal vestrænna ríkja enda hafa flest þau ríkja sem enn voru með eignarskatta í upphafi síðasta áratugar fellt þá niður. Sömu sögu má segja um álagningu stimpilgjalds. Tillögur OECD í nýlegri úttekt á íslenska skattkerfinu hníga í sömu átt.

... og staða atvinnulífsins er þrengri en oft áður

Enn fremur er afkoma atvinnulífsins lakari en verið hefur um nokkurt skeið sem meðal annars má rekja til minnkandi eftirspurnar, innanlands sem erlendis. Þótt staðan í efnahagsmálum sé í grundvallaratriðum traust hefur verulega hægt á umsvifum í efnahagslífinu upp á síðkastið. Að nokkru má rekja þetta til utanaðkomandi áhrifa þar sem sú staða er nú uppi í alþjóðaefnahagsmálum að nánast öll helstu ríki heims eiga við nokkra efnahagsörðugleika að stríða. Verulega hefur hægt á hagvexti í Bandaríkjunum og Evrópu að undanförnu og ekkert lát er á efnahagserfiðleikum í Japan. Sömu sögu er að segja af mörgum þróunarríkjum og ríkjum Asíu og Suður-Ameríku. Áhrifa þessa gætir að sjálfsögðu hér á landi enda mörg þessara ríkja mikilvægir viðskiptaaðilar. Einnig hefur hægt verulega á innlendri eftirspurn eftir mikinn uppgang síðustu ára með tilheyrandi útgjaldaþenslu jafnt hjá heimilum sem fyrirtækjum. Hvort tveggja hefur skilað sér í lakari afkomu fyrirtækja og í einstaka tilvikum hefur það leitt til uppsagna starfsfólks þótt í litlum mæli sé.

Skattalækkun mun skila sér fljótt til heimila og fyrirtækja ...

Að öllu samanlögðu verður því að telja afar sterk efnahagsleg rök fyrir því að grípa til slíkra aðgerða nú. Áhrif skattalækkunar hjá fyrirtækjum og einstaklingum eru jákvæð í efnahagslegu tilliti. Fyrstu áhrif slíkra aðgerða munu skila sér tiltölulega fljótt og birtast í auknum umsvifum í efnahagslífinu, meðal annars vegna aukinna fjárfestinga sem leiðir til aukinnar atvinnu og aukinna tekna heimila og betri afkomu fyrirtækja.

... og þar með einnig í auknum skatttekjum ríkissjóðs

Aukinn hagvöxtur og almenn umsvif í efnahagslífinu munu aftur skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs. Eðlilegt er að skattbreytingarnar komi til framkvæmda í nokkrum áföngum á næstu árum. Með því gefst færi á að tryggja áfram trausta afkomu ríkissjóðs. Um leið er lögfesting slíkra áfangaskiptra skattalækkana til þess fallin að treysta og örva starfsemi fyrirtækjanna í landinu jafnframt því sem þær ættu að hafa jákvæð áhrif á vinnuframboð og sparnað einstaklinga.

Unnið er að frekari umbótum á skattkerfinu ...

Auk þess sem hér hefur verið rakið hefur verið unnið að ýmsum öðrum skattalegum umbótum. Fyrst má nefna að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta á næsta ári. Þar er hvort tveggja til skoðunar, hækkun fríeignamarka og lækkun skatthlutfalls. Um næstu áramót lækkar tekjuskattshlutfall einstaklinga um 0,33% í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar við endurskoðun kjarasamninga á liðnum vetri. Enn fremur tekur þá gildi næstsíðasti áfangi þess að

persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli maka, þ.e. úr 80% í 100%. Þá má nefna undirbúning breytinga á lögum um erfðafjárskatt sem miða að einföldun og lagfæringum á ýmsum agnúum í álagningu hans. Loks hefur upptaka og álagning olíugjalds í stað þungaskatts verið til skoðunar á nýjan leik.

... og annar áfangi hækkunar barnabóta kemur til framkvæmda

Um næstu áramót kemur einnig til framkvæmda annar áfangi af þremur í hækkun barnabóta. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu hennar frá 27. október á síðasta ári. Í því fólst að barnabætur hækka um meira en þriðjung á árunum 2001–2003 eða sem nemur um 2 milljörðum króna. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda á þessu ári. Megininntak breytinganna er að ótekjutengdar barnabætur eru teknar upp á nýjan leik, dregið er úr skerðingu bótanna vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður. Þessar breytingar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks en hinir tekjulægri bera þó mest úr býtum.

Mikilvægir áfangar í sölu ríkisfyrirtækja á næstunni ...

Á þessu ári og því næsta verða stigin veigamikil skref varðandi sölu ríkisfyrirtækja. Hér vegur þyngst sala á stærstum hluta ríkisins í Landssímanum, Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessi sala mun skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð og gefa færi á að lækka skuldir ríkissjóðs svo um munar.

... draga úr ríkisumsvifum og bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins

Ekki er síður mikilvægt að með þessum aðgerðum er dregið marktækt úr ríkisumsvifum og stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins á alþjóðamarkaði. Jafnframt má gera ráð fyrir að þær hleypi nýju lífi í hlutabréfaviðskipti og verði til þess að örva atvinnulífið og styrkja þannig almenna stöðu efnahagsmála.

Mikilvæg þáttaskil í efnahagsmálum ...

Að undanförnu hafa orðið mikilvæg þáttaskil í efnahagsmálum. Verulega hefur hægt á hagvexti og innlendri eftirspurn eftir mikla uppsveiflu síðustu ára. Þessi þróun er að mörgu leyti jákvæð. Þannig eru ótvíræð merki um að viðskiptahallinn sem varð til á uppgangsárunum sé nú á hröðu undanhaldi og að hagkerfið sé að færast í átt til aukins jafnvægis. Nýjustu spár benda til þess að hallinn lækki umtalsvert þegar á þessu ári og hinu næsta og verði, að óbreyttu, kominn niður undir 3% af landsframleiðslu á árunum 2003–2004. Jafnframt eru horfur á að verðbólga fari ört minnkandi á næstu mánuðum og verði komin á svipað ról og í helstu nágrannaríkjunum innan fárra missera.

...en ákveðin hættumerki eru fram undan

Þótt minnkandi verðbólga og viðskiptahalli í kjölfar minni þenslu í efnahagslífinu séu fagnaðarefni er ástæða til þess að vera á varðbergi gagnvart vísbendingum um hugsanlegan samdrátt. Of hröð kæling hagkerfisins getur leitt til samdráttar sem gæti reynst erfitt að vinda ofan af á skömmum tíma. Að undanförnu hafa komið fram marktækar vísbendingar um að verulega hafi dregið úr hagvexti og að fram undan kunni að vera tímabil samdráttar í landsframleiðslu ef ekki kemur annað til, svo sem nýjar fjárfestingar í atvinnurekstri, meðal annars á sviði stóriðju og virkjana.

Megináherslur í hagstjórn eru að tryggja áframhaldandi hagvöxt

Við þessar aðstæður hljóta megináherslur í hagstjórn, jafnt í ríkisfjármálum sem peningamálum, að miða að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins, meðal annars með því að hamla gegn verðbólgu og stuðla að auknum hagvexti. Þær aðgerðir sem boðaðar eru í þessu frumvarpi taka mið af þessum sjónarmiðum. Lækkun skatta og einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar eru mikilvægt framlag til þess að renna styrkum stoðum undir efnahagslífið og treysta atvinnu og almenn lífskjör í landinu. Það eru meginmarkmið fjárlagafrumvarpsins.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2001

Fjárlög ársins voru afgreidd með 33,9 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 253 milljarðar og útgjöld 219,2 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 38,7 milljarðar og byggði meðal annars á þeirri forsendu að tekjur af sölu eigna yrðu 18 milljarðar á árinu. Nú hafa áætlanir um tekjur og gjöld verið endurmetnar í ljósi þróunar hagsmála, gengisbreytinga og áhrifa nýrra kjarasamninga við starfsmenn ríkisins.

Tekjuhorfur ríkissjóðs hafa versnað frá fjárlögum ...

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 gætu numið rúmlega 253 milljörðum króna. Þessi áætlun var annars vegar byggð á áætlaðri niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2000 og hins vegar spá Þjóðhagsstofnunar um þróun helstu hagstærða á árinu 2001. Þessar forsendur hafa breyst í ýmsum veigamiklum atriðum. Annars vegar sýna niðurstöðutölur ríkisreiknings nokkuð aðra útkomu en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar fjárlaga þótt heildartölur séu nálægt lagi. Hér munar mestu að afskriftir skatta nær prefölduðust milli ára, aðallega vegna breyttra viðmiðana. Hins vegar hefur þróun efnahagsmála vikið umtalsvert frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í fjárlögum. Þannig hefur innlend eftirspurn dregist meira saman en þar var gert ráð fyrir. Mestu munar um samdrátt í neyslu heimilanna, sem einkum birtist í minni innflutningi, auk þess sem fjárfesting er talin dragast meira saman en spáð var. Á móti vegur aukinn útflutningur. Á grundvelli endurskoðaðrar tekjuáætlunar má gera ráð fyrir að hagvöxtur verði á bilinu 1-2% á árinu 2001.

... og skatttekjur verða umtalsvert lægri

Þessi atriði hafa orðið til þess að veikja tekjuáætlunina og eru skatttekjur nú taldar verða 5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Hér skiptir þó nokkuð í tvö horn. Annars vegar lækka veltuskattar umtalsvert, bæði vegna minni eftirspurnar og eins vegna aukinna skattafskrifta, einkum í virðisaukaskatti. Hins vegar hækka tekju- og eignarskattar einstaklinga nokkru meira en áætlað var sem fyrst og fremst má rekja til meiri tekju- og eignabreytinga. Tekjuskattur lögaðila er þó talinn verða nokkru lægri vegna lakari afkomuhorfa á síðasta ári en áður var áætlað. Á móti minni skatttekjum vegur að nú er gert ráð fyrir að sala eigna skili mun meiri tekjum en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Að öllu samanlögðu er því talið að heildartekjur ríkissjóðs á

árinu 2001 geti numið 253 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og reiknað var með í fjárlögum.

Útgjöld ríkisins hafa hækkað frá fjárlögum ...

Útgjöld ríkisins hafa verið endurmetin og eru áætlað að þau nemi 232 milljörðum króna og hækki um 13 milljarða króna frá fjárlögum 2001. Þar af er áætlað að lífeyrisskuldbindingar hækki um 3 milljarða, einkum vegna lífeyrisréttinda lögreglumanna, 700 m.kr. er greiddur fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði vegna meiri eignasölu og 500 m.kr. eru hækkun á afskrift skattkrafna í samræmi við breytingar sem gerðar voru í ríkisreikningi fyrir árið 2000 og er tímabundin aðgerð. Launa-, verðlags- og gengisbreytingar eru áætlaðar 3 milljarðar umfram áætlun fjárlaga. Kjarasamningar við starfsmenn ríkisins voru gerðir á árinu auk þess sem gengisbreytingar hafa veruleg áhrif á kostnað við utanríkisþjónustu, lyfjaútgjöld og aðra liði sem eru bundnir erlendri mynt. Þá var á árinu gerð breyting á bótum almannatrygginga til að bæta hag þeirra sem minnstar tekjur hafa. Samtals er áætlað að bætur lífeyristrygginga verði 1,2 milljörðum króna umfram fjárlög. Loks má nefnda að vaxtagjöld ríkisins verða tæplega 600 m.kr. umfram áætlun fjárlaga.

... og afkoman í ár er því undir væntingum

Að öllu samanlögðu er áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs minnki um 12,9 milljarða króna frá fjárlögum og verði 21 milljarður árið 2001. Lánsfjárafgangur, áður en lagt er til viðbótarframlag í Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, minnkar enn meira og er áætlað að hann verði neikvæður um 6 milljarða. Auk minni tekjuafgangs, sem leiðir til minna handbærs fjár frá rekstri, er gert ráð fyrir að leggja 9 milljarða króna stofnframlag til Seðlabanka Íslands og fyrirhuguð kaup á hlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða skýra 2,8 milljarða minnkun lánsfjárafgangs. Þá verður ekki af 8 milljarða endurgreiðslu á lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og áætlað var. Loks var innlausn spariskírteina fyrir gjalddaga meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Án þessara liða hefði lánsfjárafgangurinn verið ríflega 20 milljörðum hærri en nú er áætlað. Loks fer eignasala ríkisins það seint fram á árinu að gert er ráð fyrir að rúmlega 21 milljarður króna af heildarsölutekjum færist yfir á næsta ár og komi til hækkunar á lánsfjárafgangi þess árs. Af þeim sökum er ekki nóg að líta eingöngu á lánsfjárafgang til eins árs heldur verður að líta yfir lengra tímabil þar sem miklar hreyfingar geta verið á milli ára.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps ársins 2002

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 18,6 milljarðar en er áætlaður 21 milljarður á yfirstandandi ári. Lækkun tekjuafgangs skýrist af minni söluhagnaði eigna sem lækkar um 6 milljarða frá áætlun þessa árs. Eins og áður er rakið koma sölutekjur þessa árs að mestu í sjóðstreymi næsta árs, lánsfjárafgangur árið 2002 er því áætlaður rúmlega 41 milljarður króna samanborið við tæplega 6 milljarða lánsfjárhalla árið 2001. Lánsfjárafgangur yfir bæði árin verður því 35 milljarðar króna, gangi áætlanir um sölu eigna eftir.

Afkoma ríkissjóðs 2000 - 2002

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Tekjur	224,7	253,0	253,0	257,9
Gjöld	229,0	219,2	232,0	239,3
Tekjujöfnuður	**-4,3**	**33,8**	**21,0**	**18,6**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	21,8	-24,7	-23,4	-17,7
Handbært fé frá rekstri	**17,5**	**9,1**	**-2,4**	**0,9**
Fjármunahreyfingar [2]	0,7	29,6	-3,6	40,3
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**18,2**	**38,7**	**-6,0**	**41,2**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Botni hagsveiflunnar er senn náð ...

Ein meginforsenda tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 er að botni hagsveiflunnar verði senn náð og að hagvöxtur muni smám saman aukast á næstu árum. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr verðbólgu á næsta ári og að hækkunin innan ársins verði nálægt 3%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er því talinn haldast nokkurn veginn óbreyttur. Hins vegar er gert ráð fyrir að einkaneysluútgjöld á mann dragist lítillega saman og að sparnaður heimilanna muni því aukast. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að þótt hagvöxtur verði eitthvað minni á næsta ári en í ár geti hann orðið um 1%. Í for-

sendunum er enn fremur miðað við að gengi krónunnar muni heldur styrkjast á næsta ári.

... og skatttekjur aukast á nýjan leik

Á þessum forsendum eru skatttekjur ríkissjóðs taldar geta numið rúmlega 222 milljörðum króna og heildartekjur tæplega 258 milljörðum. Hækkun tekna milli ára má fyrst og fremst rekja til tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalds, sem endurspeglar fyrst og fremst almenna hækkun launa, og virðisaukaskatts. Á móti vegur lækkun í innheimtu tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts vegna lakari afkomu fyrirtækja og versnandi stöðu og minni umsvifa á fjármagnsmarkaði. Eins er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði minni en á árinu 2001.

Útgjöldin lækka að raungildi

Heildarútgjöld ríkisins eru áætluð 239 milljarðar árið 2002 og hækka um 3,1% frá áætlaðri útkomu árið 2001. Útgjöldin dragast saman um 0,5% að raungildi frá áætlaðri útkomu ársins 2001 og hefur þá verið leiðrétt fyrir lækkun lífeyrisskuldbindinga. Sem hlutfall af landsframleiðslu lækka útgjöldin um 1% frá áætlaðri útkomu þessa árs og er það í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Almennur rekstrarkostnaður ríkisins lækkar um 1,4% að raungildi á milli ára en tekjutilfærslur hækka um 2,3% eins og nánar verður rakið.

Aukið aðhald að rekstrarútgjöldum ...

Í kjölfar aukins kostnaðar vegna meiri launa-, gengis- og verðlagsbreytinga en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga fyrir árið 2001 ákvað ríkisstjórnin að rekstrarútgjöld í römmum fyrir árið 2002 skyldu lækkuð um 2% frá því sem annars hefði orðið. Hefur það markmið náðst. Að teknu tilliti til nýrra rekstrarverkefna, svo sem hjúkrunarheimila, fjölgunar nemenda o.fl., lækka rekstrargjöldin að raungildi frá áætlaðri útkomu þessa árs. Áfram verður hert eftirliti með framkvæmd fjárlaga og stefnt að því að nýjum útgjaldatilefnum verði mætt með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum eins og kostur er.

... en tekjutilfærslur til heimila aukast áfram

Tekjutilfærslur til heimila aukast að raungildi frá áætluðum útgjöldum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er hækkun á útgjöldum almannatrygginga þar sem tillögur nefndar um aukin bótarétt til þeirra sem höllustum fæti standa taka nú til heils árs en breytingarnar tóku gildi um mitt ár 2001. Í öðru lagi aukast framlög til barnabóta um hálfan milljarð þar sem áfram verður haldið þeirri stefnumörkun að minnka jaðaráhrif bótanna og hækka frítekjumörk. Í fjórða lagi er Fæðingarorlofssjóður nú í fyrsta

sinn rekinn í heilt ár og einn mánuður bætist við rétt feðra til töku fæðingarorlofs.

Skuldbindingar greiddar niður

Niðurstaða rekstraryfirlits ríkisins er að tekjuafgangur árið 2002 er áætlaður 18,6 milljarðar króna. Tekjuafgangur ríkissjóðs án hagnaðar af sölu eigna verður þannig rúmir 3 milljarðar króna. Lækkun tekjuafgangs frá markmiðum skýrist af minni tekjum samhliða meiri efnahagssamdrætti á þessu ári en fyrri áætlanir byggðu á. Þessi þróun kemur fyrst og fremst fram í minni veltusköttum í kjölfar minnkandi einkaneyslu. Nokkur umræða hefur verið um tekjuafkomu ríkissjóðs í kjölfar niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2000. Til að meta hver staða ríkisins er að jafnaði er gagnlegt að skoða tekjuafgang ríkissjóðs að undanskildum óreglulegum tekjum og gjöldum.

Tekjuafgangur án óreglulegra gjalda og tekna

	Reikn. 1999	Reikn. 2000	Fjárlög 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frv. 2002
Tekjur umfram gjöld	**23.631**	**-4.286**	**16.741**	**33.899**	**21.063**	**18.560**
Óregluleg gjöld	19.000	37.600	11.400	10.535	14.035	10.205
Óreglulegar tekjur	16.000	3.800	4.200	15.500	21.500	15.500
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**26.631**	**29.514**	**23.941**	**28.934**	**13.598**	**13.265**

Taflan sýnir tekjuafgang eins og hann birtist í ríkisreikningi og fjárlögum. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum, einkum hagnaði af sölu eigna, og óreglulegum gjöldum, fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingum og afskriftum skattkrafna, fæst nokkuð önnur mynd af þróuninni. Tekjuafkoman á þennan mælikvarða er mun jafnari en hefðbundin framsetning og dregur einnig fram að lækkun á tekjuafgangi verður á þessu ári eftir að toppi hagsveiflunnar var náð árið 2000. Taflan sýnir einnig að þrátt fyrir lakari afkomu er staða ríkissjóðs áfram traust. Sú þróun kemur einnig fram þegar litið er á afkomu ríkissjóðs þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum hagsveiflunnar. Á þennan mælikvarða var afgangurinn í hámarki á uppsveifluárunum 1999 og 2000 og nam þá nálægt 3½% af landsframleiðslu. Afgangurinn minnkar í ár en mun aftur aukast samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2002 í 2½% af landsframleiðslu.

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir ríflega 41 milljarða króna lánsfjárafgangi. Þar af er handbært fé frá rekstri tæplega milljarður króna en fjárfestingahreyfingar skila 40 milljörðum. Þar af er 21 milljarður hagnaður af sölu eigna frá fyrra ári, 20 milljarðar eignasala ársins og 8,5 milljarðar innheimtar afborganir af veittum lánum. Á móti kemur að veitt lán eru 4,9 milljarðar og stofnframlag til Seðlabanka Íslands 4,5 milljarðar. Áformað er að verja lánsfjárafganginum þannig að 25 milljarðar fari til að greiða niður skuldir umfram ný lán, 9 milljarðar verði greiddar inn á skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og staðan við Seðlabanka batni um tæplega 7,5 milljarða. Verða þau áform endurskoðuð í ljósi þróunar efnahagsmála og stöðunnar á fjármálamörkuðum á næsta ári.

3 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

3.1 Alþjóðleg efnahagsþróun

Óvissa í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum

Ástand alþjóðaefnahagsmála er venju fremur óvisst á þessari stundu í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur þegar þetta er skrifað (23. september) ekki endurskoðað spá sína sem gerð var í lok ágúst. Afar erfitt er að segja til um hvaða áhrif þessi árás mun hafa á almenna efnahagsþróun. Annars vegar munu þessir atburðir ótvírætt hafa neikvæð áhrif á almennar væntingar fyrirtækja og einstaklinga og ekki síður á afkomu ýmissa atvinnugreina, sérstaklega flugfélaga og tryggingarfélaga eins og þegar hefur komið fram. Þá eru áhrif á olíuverð enn óviss. Á hinn bóginn hafa fyrstu viðbrögð stjórnvalda, með lækkun vaxta og auknu fjármagni út í fjármálakerfið, án efa stuðlað að aukinni tiltrú manna á að áhrif þessara atburða á heimsbúskapinn verði minni en ella. Að öllu samanlögðu er þó líklegt að hagvaxtarspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði fremur endurskoðuð til lækkunar en hækkunar og rétt að hafa þann fyrirvara á umfjölluninni hér á eftir.

Dregið hefur úr hagvexti í heiminum ...

Hagvöxtur hefur minnkað í flestum ríkjum heims en heldur er búist við að ástand í alþjóðlegum efnahagsmálum fari batnandi á næsta ári. Í spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði mun minni á þessu ári en í fyrra, eða um 2,7%, en aukist síðan í um 3,6% á næsta ári. Aukin alþjóðasamskipti og alþjóðavæðing gera það að verkum að núverandi efnahagslægð er almennari en áður hefur gerst, þ.e. þótt lægðin sé ekki eins djúp og áður hefur verið stendur hún yfir á sama tíma í flestum ríkjum heims. Sú efnahagslega lægð sem hófst í Bandaríkjunum fyrir um ári er mikill áhrifavaldur í þessu samhengi og hefur haft neikvæð áhrif á hagvöxt í öðrum ríkjum. Meðal orsaka niðursveiflunnar má nefna hertar peningaaðgerðir árin 1999 og 2000 í Bandaríkjunum og Evrópu til að sporna við aukinni eftirspurn, hækkun olíuverðs og lækkun á hlutabréfaverði — sérstaklega í greinum á sviði upplýsingatækni.

... en vonir hafa staðið til að niðursveiflan verði skammvinn

Vonir hafa staðið til að þessi afturkippur gangi til baka tiltölulega fljótt, meðal annars vegna áhrifa mikilla vaxtalækkana í Bandaríkjunum sem hafa keðjuverkandi áhrif um allan heim. Einnig hafa verðhækkanir á olíu og matvælum gengið til baka að einhverju leyti og dregið hefur úr offjárfestingu, birgðastöður hafa verið lagaðar og útlit er fyrir að

upplýsingaiðnaðurinn sé að taka við sér á ný. Þessi þróun mun einnig hafa jákvæð áhrif á efnahagsástand margra ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem eru að feta sig í átt til markaðsbúskapar.

Minnkandi fjárfestingar fyrirtækja einkenna niðursveifluna

Niðursveiflan, sem hófst í Bandaríkjunum seinni hluta ársins 2000, var ekki alls kostar óvænt og margir höfðu lengi spáð því að uppsveiflu þeirri sem ríkt hefur í Bandaríkjunum undanfarin ár hlyti að fara að ljúka. Hins vegar kom á óvart hversu hröð niðursveiflan hefur verið og að einhverju leyti hversu útbreidd hún hefur orðið á skömmum tíma. Það sem helst hefur einkennt niðursveifluna eru minnkandi fjárfestingar fyrirtækja, einkum í tækjum og hugbúnaði. Bæði útflutningur og innflutningur hafa dregist saman en útflutningur þó meira þar sem innlend eftirspurn er enn hlutfallslega mikil. Viðskiptahallinn hefur því aukist enn frekar. Á móti kemur að vöxtur hefur verið í byggingariðnaði og koma þar til hjálpar þær vaxtalækkanir sem átt hafa sér stað frá miðju árinu 2000.

Vaxta- og skattalækkun um ætlað að mæta niðursveiflunni

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 1½% í ár og aukist í 2½% á næsta ári. Búist er við auknum umsvifum strax í lok þessa árs þegar áhrifa vaxta- og skattalækkana fer að gæta. Brugðist hefur verið tiltölulega hratt við niðursveiflunni í Bandaríkjunum og hafa vextir verið lækkaðir um 3,25% frá því að niðursveiflan hófst í fyrra. Skattalækkanir komu einnig til framkvæmda um mitt þetta ár og ættu áhrif þessara aðgerða að sjást á síðari hluta ársins. Áframhaldandi sterk staða dollarans dregur þó eitthvað úr áhrifum þessara aðgerða.

Minni háttar afturkippur í Evrópu

Á evrusvæðinu hefur dregið úr hagvexti frá því um mitt árið í fyrra og stefnir nú í 1,9% hagvöxt á þessu ári en spáð er 2,3% hagvexti á næsta ári. Hækkun á olíu- og matvöruverði, m.a. vegna kúariðufaraldurs, hefur haft neikvæð áhrif á eftirspurn en einnig hefur verið niðursveifla á hlutabréfamörkuðum og í tækniiðnaði. Útflutningur hefur dregist saman þar sem erlend eftirspurn hefur minnkað en innflutningur hefur minnkað meira og hafa áhrif á viðskiptajöfnuð því ekki verið neikvæð. Gengi evrunnar lækkaði fyrripart ársins —einkum gagnvart dollar. Verðbólga jókst lítillega og fór í 3,4% í maí en að því gefnu að matvöruverðshækkanir gangi til baka og að olíuverð hækki ekki er gert ráð fyrir að verðbólga verði undir 2% á evrusvæðinu á næsta ári. Lítils háttar skatta- og vaxtalækkanir hafa komið til framkvæmda á evru-

svæðinu og matvöruverð hefur lækkað og ætti þetta að verða til þess að auka eftirspurn. Óvíst er þó með olíuverðsþróun og gæti hún haft neikvæð áhrif á bæði eftirspurn og verðbólgu.

Áframhaldandi efnahagsörðugleikar í Japan

Efnahagshorfur hafa versnað í Japan og stefnir nú í samdrátt í fjórða skiptið á tíu árum. Hagvöxtur í fyrra var 1,5% og gætti þá hóflegrar bjartsýni einkum vegna aukinna fjárfestinga, meiri útflutnings og vaxtar í hátækniiðnaði. Um mitt árið í fyrra tók þó að hægjast um þar sem erlend eftirspurn tók að minnka einkum eftir ýmsum raftækjum. Eftirspurn hélt áfram að minnka fyrripart þessa árs og spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nú 0,2% samdrætti í Japan árið 2001. Ekki hefur hjálpað til að nauðsynlegar skipulagsbreytingar í fyrirtækjum og á fjármálamarkaði eru enn stutt á veg komnar og kemur þetta fram í lækkandi hlutabréfaverði og gengislækkun jensins. Vonir standa til að efnahagsástandið fari hægt batnandi á næsta ári og spáir Alþjóðagjaldeyrisjóðurinn 0,5% hagvexti árið 2002.

Niðursveiflan í iðnríkjunum hefur neikvæð áhrif á önnur lönd

Niðursveiflan í Bandaríkjunum og öðrum iðnvæddum ríkjum hefur mikil áhrif í öðrum löndum, einkum þeim sem hafa verið að taka upp markaðsbúskap. Sérstaklega hefur minnkandi eftirspurn í iðnríkjunum — og þá aðallega eftir upplýsinga- og hátæknivörum — haft neikvæð áhrif. Hagvaxtarspár fyrir flest þessara landa hafa því verið aðlagaðar þessum aðstæðum. Útflutningur frá mörgum Asíulöndum hefur dregist töluvert saman vegna þessa og er því nú spáð að hagvöxtur minnki úr 7% í fyrra í 5,3% á þessu ári en aukist svo í 6% á næsta ári. Hagvöxtur í Kína minnkar þó ekki mikið og hljóðar spáin upp á rúmlega 7% á þessu og næsta ári. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í Suður-Ameríku fari niður í 2,1% á þessu ári en aukist svo í 3,7% á næsta ári. Hér hefur niðursveiflan í Bandaríkjunum mikið að segja, svo og efnahagslegir örðugleikar í Argentínu og minnkandi orkuframboð í Brasilíu. Í Mið- og Austur-Evrópulöndum sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu hefur hægst aðeins um vegna minnkandi eftirspurnar í Evrópu og þá sérstaklega í Þýskalandi. Fyrir utan Tyrkland, þar sem niðursveiflan hefur verið veruleg, er samdráttur þó ekki mikill og spáð er að hagvöxtur haldist svipaður og í fyrra eða í 3,5% á þessu ári og 4,2% á því næsta. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir 4% hagvexti í Rússlandi á þessu ári og því næsta. Þetta er töluverð lækkun frá því í fyrra en þá fór hagvöxtur þar í landi í 8,3%, einkum vegna hækkandi olíuverðs og lágs gengis rúblunnar. Nú hafa þessir þættir snúist við auk

þess sem erlend eftirspurn hefur dregist saman. Sem fyrr byggjast spár um efnahagslega framvindu í Rússlandi til lengri tíma á því hvort árangur næst í að bæta opinbera stjórnun og skipulag efnahagsmála.

Endurskoðun á starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnaður eftir lok seinni heimsstyrjaldar og var Ísland eitt stofnríkjanna. Meginmarkmið sjóðsins var í upphafi að stuðla að efnahagslegri uppbyggingu aðildarríkjanna, m.a. með margvíslegum stuðningsaðgerðum í því skyni að tryggja fjármálalegan stöðugleika. Í fyrstu beindist starfsemi sjóðsins einkum að iðnríkjunum en síðan hefur hún í æ ríkari mæli færst yfir á önnur ríki, fyrst þróunarríkin í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, en síðan einnig ríki Austur- og Mið-Evrópu. Óhætt er að fullyrða að sjóðurinn hafi gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu efnahagslífs margra þessara landa og eru Eystrasaltsríkin þrjú líklega hvað gleggsta dæmið um þann þátt.

Að undanförnu hefur starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins — og reyndar einnig Alþjóðabankans — sætt vaxandi gagnrýni. Það má einkum rekja til ýmissa efnahagslegra áfalla og erfiðleika, m.a. í Mexíkó, Suðaustur-Asíu, Rússlandi og nú síðast í Tyrklandi og Argentínu en öll þessi lönd hafa notið aðstoðar sjóðsins í meira eða minna mæli. Gagnrýnin beinist einkum að því að illa hafi verið staðið að skipulagi fjárhagsaðstoðar sjóðsins og hefur því verið haldið fram að fjármunum sjóðsins, sem koma að sjálfsögðu frá aðildarríkjunum, hafi verið illa varið og að þeir hafi jafnvel lent í höndum fjárglæframanna í viðkomandi löndum.

Þessi atriði ásamt augljósri þörf fyrir ýmsar áherslubreytingar í starfi sjóðsins urðu til þess að ákveðið var að styrkja samstarf og samráð Norðurlanda og Eystrasaltsríkja til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin mynda saman kjördæmi innan sjóðsins og kjósa þessi lönd sameiginlegan fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja 24 fulltrúar. Haustið 1999 var ákveðið að styrkja þetta samstarf og voru settar á laggirnar tvær embættismannanefndir í þessum tilgangi. Helsta breytingin er sú að efnahags- og fjármálaráðuneyti landanna koma nú með ákveðnari og markvissari hætti inn í samstarfið en verið hefur. Önnur nefndin, fjármálanefndin, hefur það hlutverk að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins en hin nefndin, fulltrúanefndin fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins. Áhersla er nú lögð á að skoða hvernig megi efla og styrkja starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Enn fremur hefur framtíðarhlutverk sjóðsins og hugsanlegar breytingar á atkvæðavægi einstakra kjördæma innan sjóðsins komið til umræðu, meðal annars í ljósi vaxandi óánægju Bandaríkjanna með það hve Evrópuríkin vega þungt í ákvarðanatöku, m.a. á kostnað þróunarríkja.

Um næstu áramót mun Ísland taka við formennsku í norræna-baltneska kjördæminu. Í því felst í fyrsta lagi að Ísland mun taka sæti í framkvæmdastjórn sjóðsins en í henni sitja ráðherrar eða seðlabankastjórar þeirra ríkja sem gegna formennsku í einstökum kjördæmum. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra muni sitja í stjórninni fyrir Íslands hönd. Í öðru lagi taka Íslendingar við stjórn norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í þriðja lagi tekur Ísland við formennsku í norrænu-baltnesku fjármálanefndinni. Loks tekur Ísland að sér almenna samræmingarvinnu fyrir kjördæmið hvað varðar einstök málefni á vettvangi sjóðsins næstu tvö árin.

3.2 Framvinda og horfur innanlands

Vatnaskil hafa orðið í efnahagsmálum ...

Vatnaskil hafa orðið í íslenskum efnahagsmálum á þessu ári. Í stað eftirspurnarþenslu gætir nú slaka og jafnvel samdráttar í sumum greinum. Þessi snöggu umskipti koma í kjölfar mikilla hræringa á fjármagnsmarkaði á vordögum þar sem gengi krónunnar lækkaði mjög mikið í kjölfar þess að horfið var frá vikmörkunum. Viðbrögðin í hagkerfinu hafa einnig á margan hátt verið með líkum hætti og vænta mátti við slíkar aðstæður. Innflutningsverðlag hækkaði verulega sem aftur leiddi til aukinnar verðbólgu. Jafnframt dró umtalsvert úr eftirspurn eftir innflutningi og staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum fór batnandi. Eins og við var að búast hafði gengislækkunin örvandi áhrif á útflutningsgreinarnar og leiddi til þess að samkeppnisstaða þeirra hefur stórbatnað.

... þar sem hagkerfið lagar sig hratt að nýjum aðstæðum ...

Aðlögun hagkerfisins að breyttum aðstæðum er á margan hátt ólík því sem áður hefur gerst í íslenskum efnahagsmálum þótt ýmislegt minni á reynslu fyrri ára. Þá var gengi krónunnar eins konar öryggisventill sem lét undan þegar þenslan varð of mikil. Sú spurning hlýtur óhjákvæmilega að vakna hvort þenslan í efnahagslífinu hafi verið orðin það mikil á fyrri hluta ársins að þessi aðlögun hafi verið óumflýjanleg eða hvort hægt hefði verið að ná fram æskilegu jafnvægi með öðrum hætti. Þróun helstu hagstærða gefur hér gagnlegar vísbendingar.

... eftir langvarandi þensluskeið

Ýmsir mælikvarðar hafa verið notaðir við að meta stöðu efnahagsmála, svo sem verðbólga, viðskiptahalli, útlánaþróun og framleiðsluspenna. Síðasttaldi mælikvarðinn sýnir samhengi landsframleiðslu við áætlaða framleiðslugetu í hagkerfinu á hverjum tíma. Ef landsframleiðslan er meiri en framleiðslugetan eykst spennan í hagkerfinu á vöru- og vinnumarkaði sem fyrr eða síðar leiðir til þess að þrýstingur myndast á verðlag og verðbólgan eykst. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun framleiðsluspennunar í nokkrum löndum á síðasta áratug og spár um framvinduna yfir á næsta ár. Spáin fyrir Ísland byggir á útreikningum fjármálaráðuneytisins á framleiðslugetu íslenska hagkerfisins en tölur fyrir önnur lönd eru byggðar á nýjustu spá OECD. Þessi mælikvarði sýnir að einungis á Írlandi hefur gætt meiri þenslu í þjóðarbúskapnum en hér undanfarin tvö ár. Hins vegar hefur dregið hratt úr þenslunni upp á síðkastið og horfur á að umframframleiðslugeta þjóðarbúsins verði horfin á næsta ári.

Framleiðsluspenna í nokkrum löndum



Er viðskipta-hallinn vandamál hér á landi?

Mikill hagvöxtur ár eftir ár, meðal annars í kjölfar stóraukins kaupmáttar heimilanna, aukið frelsi á fjármagnsmarkaði og ör vöxtur nýrra atvinnugreina á sama tíma og verðbólga var tiltölulega lítil, varð án efa til þess að skapa miklar væntingar sem aftur kyntu undir fjárfestingar- og neysluáformum, bæði heimila og fyrirtækja, sem ekki var í öllum tilvikum efnahagsleg innstæða fyrir og var í mörgum tilvikum beinlínis fjármögnuð með lánum. Þetta leiddi óhjákvæmilega til þess að viðskiptahallinn jókst umtalsvert. Hins vegar var ljóst að þetta ástand var tímabundið og að fyrr eða síðar hlyti að koma að skuldadögum. Þess vegna má segja að það hafi fyrst og fremst verið spurning um tímasetningu hvenær þróunin sneri við og viðskiptahallinn minnkaði. Enn fremur er rétt að benda á að viðskiptahallinn hefur nær alfarið stafað af auknum útgjöldum einkaaðila, heimila jafnt sem fyrirtækja og sveitarfélaga, þar sem ríkissjóður hefur skilað umtalsverðum afgangi á undanförnum árum.

Ekki efnahagslegar forsendur fyrir mikilli gengislækkun

Að mati fjármálaráðuneytisins voru ekki efnahagslegar forsendur fyrir jafnmikilli gengislækkun íslensku krónunnar og varð síðastliðið sumar. Gildir þar einu hvort litið er á raungengi krónunnar í sögulegu samhengi eða á stöðu og horfur í efnahagsmálum almennt. Svipaðar skoðanir hafa reyndar komið fram af hálfu Seðlabanka og fjármálafyrirtækja. Bent hefur verið á að óróleiki og óvissa á fjármálamarkaði hafi haft hér mikil áhrif og jafnvel orðið til þess að gengislækkunin varð meiri en efnahagslegar forsendur voru fyrir.

Breytt hlutverk Seðlabankans

Með nýjum lögum um Seðlabankann, sem sett voru á síðasta þingi, og ákvörðun um að breyta tilhögun á umgjörð peningastefnunnar sem kynnt var í lok mars s.l. urðu ákveðin þáttaskil í íslenskum efnahagsmálum. Með þessum breytingum skipaði Ísland sér í hóp þeirra ríkja sem tekið hafa upp verðbólgumarkmið með formlegum hætti. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka er verðbólgumarkmiðið skilgreint sem 2½% árleg verðbólga auk ákveðinna þolmarka sem miðast við 1½% til hvorrar áttar. Með hliðsjón af eðlilegri töf á virkni peningastjórntækja og stöðu verðlagsmála um þessar mundir var þó ákveðið að skilgreina þolmörk stefnunnar tiltölulega víð í upphafi. Þannig eru verðbólgumarkmið Seðlabankans miðuð við 6% sem efri þolmörk á árinu 2001 og 4½% á árinu 2002. Með þessum breytingum á markmiðum peningamálastefnunnar og auknu sjálfstæði Seðlabankans er fetað í fótspor flestra þeirra landa sem við berum okkur helst saman við og búinn til svipaður rammi fyrir almenna hagstjórn og þar gildir.

Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn breytist

Hlutverk Seðlabankans er að tryggja verðstöðugleikann með beitingu hefðbundinna peningastjórntækja og bera þannig hita og þunga af hagstjórninni til skamms tíma. Við þær aðstæður sem hér ríkja þar sem fjármagnsstraumar eru frjálsir hefur þetta fyrirkomulag jafnframt í för með sér breytingu á hlutverki ríkisfjármála. Þannig er ekki hægt að beita þeim með sama hætti og áður til að breyta raunstærðum í efnahagslífinu með skjótvirkum hætti. Þess í stað verður hlutverk ríkisfjármála í ríkari mæli en áður að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum þegar til lengri tíma er litið. Þetta verður best gert með því að tryggja viðunandi afgang á rekstri ríkissjóðs og að skattalegt umhverfi í landinu miði að því að ná fram sem mestri hagkvæmni hvort sem er í rekstri heimila eða fyrirtækja.

Ríkisfjármálastefnan hefur stutt við stefnuna í peningamálum

En ríkisfjármálin snúast ekki einvörðungu um langtímamarkmið. Stuðningur við stefnuna í peningamálum er einnig mikilvægur. Efnahagsuppsveifla síðustu árin og sá tekjuauki ríkissjóðs, sem fylgt hefur í kjölfarið, sýnir glögglega mikilvægi þess að greina á milli þeirra áhrifa sem rekja má beint til almennrar þróunar efnahagsmála annars vegar og hins vegar til undirliggjandi þátta sem felast í grunngerð ríkisfjármálanna á hverjum tíma. Á undanförnum árum hefur rekstur ríkissjóðs skilað myndarlegum afgangi, bæði þegar á heildina er litið og eins, sem ekki er síður mikilvægt, þegar áhrif hagsveiflunnar eru undanskilin. Þannig nam afgangurinn á síðasttalda mælikvarðann tæplega 3½% af

landsframleiðslu á árunum 1999–2000. Á þessu ári er útlit fyrir að sveifluleiðréttur afgangur verði um 1% af landsframleiðslu en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að hann aukist umtalsvert, eða í 2½% af landsframleiðslu.

Vextir og verðbólga

Hraði verðbólgunnar á síðustu mánuðum hefur gert það að verkum að Seðlabankinn hefur beitt sér harðar en áður eru dæmi um með því að halda stýrivöxtum háum þótt umtalsverðra samdráttareinkenna sé nú greinilega farið að gæta í efnahagslífinu. Rök bankans hafa verið að enn séu ekki komin fram nægjanlega skýr merki um að þenslan í hagkerfinu sé í rénun til þess að réttlæta lækkun vaxta. Seðlabankinn lækkaði síðast stýrivexti í mars um 50 punkta, í 10,9%, en nokkrum mánuðum áður hafði bankinn hins vegar hækkað vexti um 80 punkta úr 10,6% í 11,4%.

Stýrivextir Seðlabankans



Áhyggjur Seðlabankans af þróun verðbólgunnar eru um margt skiljanlegar í ljósi verðbólguskots undanfarinna mánaða, bæði vegna hækkunar á innlendum vöru- og þjónustuþáttum og í kjölfar gengislækkunar krónunnar sem leiddi til mikillar hækkunar á innflutningsverði. Þróun verðlags síðustu tvö árin sést hvað best með því að greina einstaka liði neysluverðsvísitölunnar eftir eðli og uppruna.

Neysluverðsvísitalan eftir eðli og uppruna



Myndin sýnir glögglega að innlend verðbólga mæld sem breyting á innlendum liðum vísitölunnar hækkaði mikið strax á fyrri hluta árs 1999 og hefur síðan haldist nálægt 6% miðað við hækkun á ársgrundvelli. Frá því að gengi krónunnar lækkaði hafa innlendu liðir vísitölunnar hækkað enn meira og á síðustu mánuðum hefur árshækkun þessara liða aukist í allt að 10% á ársgrundvelli. Þeir liðir vísitölunnar sem tengjast innflutningi hækkuðu aftur á móti minna á meðan gengið hélst hátt. Þar til í ársbyrjun 2001 hélst hækkun þessara liða nálægt núllinu en hækkaði síðan hratt eftir því sem á leið samhliða lækkun gengisins. Eins og nú horfir er útlit fyrir að verðlag hækki um nálægt 6½% að meðaltali milli áranna 2000 og 2001 og um rúmlega 8% innan ársins. Á næsta ári er hins vegar útlit fyrir að hækkun verðlags verði töluvert minni eftir því sem áhrif gengisbreytinga fjara út og hægir á hagvexti. Áætlun fjárlagafrumvarpsins um verðlagsþróun á næsta ári er að mestu í samræmi við spá Seðlabankans og nýjustu upplýsingar um verðþróun á þessu ári þar sem gert er ráð fyrir um það bil 5% verðhækkun að meðaltali milli ára en einungis rétt rúmlega 3% hækkun innan ársins. Jafnframt er gert ráð fyrir áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar á árinu 2003.

Staðan á vinnumarkaði er óljós ...

Staðan á vinnumarkaði er að mörgu leyti óljós um þessar mundir. Þrátt fyrir augljós samdráttareinkenni í efnahagslífinu hafa tölur um atvinnuleysi lítið breyst og enn virðist sem spurn eftir vinnuafli sé allnokkur. Fréttir hafa borist af uppsögnum í fyrirtækjum, sem lent hafa í rekstrar-

erfiðleikum af ýmsum ástæðum, en ekki hefur orðið vart við að þeir sem misst hafa vinnuna hafi átt erfitt með að útvega sér ný störf. Þetta vekur upp spurninguna um hvort vinnumarkaðurinn sé enn svo þaninn að nokkur tími líði þar til samdráttar fari að gæta og atvinnuleysi aukist.

... en áhrif samdráttar koma fram síðar í atvinnuleysistölum...

Reynslan sýnir að ekki þarf alltaf að ríkja fullkomið samhengi milli þróunar á vinnumarkaði og breytinga í framleiðslu og umsvifum á markaði. Þetta skýrist af því að fyrirtækin bregðast yfirleitt ekki við versnandi efnahagshorfum með því að segja upp starfsfólki strax í kjölfarið. Þar kemur ýmislegt til sögunnar. Í fyrsta lagi eru flestir launþegar með ráðningarsamninga sem ná nokkra mánuði fram í tímann og því ekki hægt um vik fyrir atvinnurekendur að grípa til uppsagna með skjótum hætti. Fyrstu viðbrögð stjórnenda eru væntanlega að leita leiða til hagræðingar með styttingu vinnutíma eða skipulagsbreytingum sem ekki raska um of rekstri viðkomandi fyrirtækja. Í flestum tilvikum líta stjórnendur svo á að vinnukraftur fyrirtækisins sé hluti af þeim auði sem starfsemin byggir á. Oft og tíðum hafa fyrirtækin fjárfest töluvert í menntun og starfsþjálfun og reyna því í lengstu lög að halda í sitt starfsfólk af þeim sökum. Það er því eðlilegt að einhver tími líði þar til slaki á vinnumarkaði birtist sem umtalsverð aukning atvinnuleysis.

... auk þess sem atvinnuþátttaka mun líklega minnka

Annað atriði sem skiptir máli í þessu sambandi er sú breyting sem vænta má að verði á atvinnuþátttöku þegar að kreppir á vinnumarkaði. Reynslan sýnir að íslenskur vinnumarkaður hefur sterka tilhneigingu til að sveiflast með hagsveiflunni ef svo mætti að orði komast. Þegar atvinnuástand er gott eykst framboð á störfum en dregst saman þegar að kreppir. Þannig má búast við auknum fjölda sem ákveður að hverfa af vinnumarkaði tímabundið, ýmist með því að setjast á skólabekk eða jafnvel flytjast búferlum. Þessu til viðbótar gæti dregið úr fjölda þeirra sem flytja til landsins í atvinnuleit. Á þessu ári er talið að skráð atvinnuleysi verði rétt um 1½% af vinnuaflinu, eða heldur meira en á síðasta ári þegar atvinnuleysishlutfallið var einungis 1,3%. Í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir heldur vaxandi atvinnuleysi, eða sem svarar til um 2% af vinnuafli.

Jafnframt á mikil aðlögun sér stað í atvinnulífinu

Þessar breyttu aðstæður hafa kallað á uppstokkun í atvinnulífinu sem nú virðist í fullum gangi. Samdráttur í eftirspurn og nýjar aðstæður á fjármagnsmarkaði auk þess sem ýmsar blikur í alþjóðamálum kalla á breytingar. Eins og við er að búast standa fyrirtæki misjafnlega vel að

vígi. Samdrátturinn hefur verið hvað mest áberandi í hátækni- og fjarskiptageiranum. Þrátt fyrir að enginn dragi í efa mikilvægi hinna nýju greina og að tækni- og framleiðniþróun undanfarinna ára hafi að verulegu leyti verið borin uppi af þessum greinum, hefur niðursveiflan komið hvað harðast við þessi fyrirtæki, bæði hér á landi og í öðrum iðnríkjum. Þetta kemur auðvitað ekki á óvart þar sem vöxtur þessara greina hefur verið ævintýralegur og því varla við öðru að búast en að niðursveiflan yrði harkaleg. Þessi þróun hefur á ýmsan hátt sett umræðuna um hið nýja hagkerfi í nýtt ljós og því hefur verið haldið fram að hún hafi öll verið á misskilningi byggð.

Er nýja hagkerfið dautt?

Miklar sviptingar á hlutabréfamörkuðum í flestum iðnríkjum heims undanfarin misseri og stórfelld lækkun frá því fyrir um það bil einu ári, ekki síst hjá ýmsum hátæknigreinum í upplýsinga- og fjarskiptagreinum, hefur valdið mikilli umræðu og efasemdum um stöðu hins svokallaða nýja hagkerfis. Margir ganga svo langt að halda því fram að nýja hagkerfið sé búið að vera og aðrir telja að það hafi í rauninni aldrei verið til. Þessi umræða er mikilvæg, ekki síst vegna þess að margir vilja skýra mikla uppsveiflu í Bandaríkjunum og víðar að verulegu leyti með tilkomu og miklum vexti í þessum atvinnugreinum og eins, þegar um hægist í efnahagslífinu, að það stafi af erfiðleikum í þessum sömu greinum.

En er nýja hagkerfið dautt? Til að svara þessum spurningum þarf fyrst að reyna að átta sig á í hverju hið svokallaða nýja hagkerfi fólst og kannski ekki síður í hverju það fólst ekki. Það er nefnilega útbreiddur misskilningur að nýja hagkerfið sé einungis bundið við þau fyrirtæki sem starfa innan fyrrnefndra hátæknigreina, þ.e. í upplýsinga- og fjarskiptageiranum og öðrum hátæknigreinum, svo sem líftækniiðnaði, og að lækkun hlutabréfaverðs í þessum fyrirtækjum að undanförnu sýni að nýja hagkerfið hafi einungis verið skammvinn bóla.

Það er vissulega rétt að mikill vöxtur hefur verið í þessum hátæknigreinum á undanförnum árum og að hann hefur stuðlað að auknum hagvexti. Það sem hins vegar skiptir mestu máli er hröð útbreiðsla og notkun þessarar tækni, jafnt í atvinnulífinu sem í skólum og á heimilum og áhrifin á framleiðsluhætti ýmissa hefðbundinna atvinnugreina, ekki síst þegar fram í sækir, sem getur stuðlað að varanlegri framleiðniaukningu og þar með auknum hagvexti.

Það er athyglisvert að Ísland stendur að mörgu leyti framarlega á þessu sviði og beinlínis í fremstu röð hvað varðar farsímanotkun og útbreiðslu veraldarvefsins. Þá er rafvæn vinnsla opinberra gagna, rafræn viðskipti og skil á skattframtölum mjög þróuð og hefur óvíða náð hliðstæðri útbreiðslu. Mikilvægast er þó að undirstöður efnahagslífsins séu traustar, að efnahagsstefnan stuðli að stöðugleika, að ríkisfjármálin séu í góðu lagi og að unnt verði að halda verðbólgu í skefjum. Þetta er forsenda áframhaldandi hagvaxtar og batnandi lífskjara. Nýja hagkerfið mun hvorki koma í staðinn fyrir ýmsar hefðbundnar atvinnugreinar né leysa gömlu efnahagsvandamálin. Þess vegna er áfram mikilvægt fyrir stjórnvöld að hafa góðar gætur á verðbólgu, viðskiptahalla, atvinnuleysi o.fl.

Ekki er teljandi hætta á þenslu ...

Útflutningsgreinarnar hafa eðli máls samkvæmt bætt stöðu sína verulega í kjölfar gengislækkunarinnar. Þótt lækkun á gengi krónunnar hafi tímabundin neikvæð áhrif á afkomu útflutningsfyrirtækja vegna hækkunar skulda í erlendri mynt vega jákvæð áhrif þar á móti sem vara lengur. Lækkun á gengi krónunnar hefur því jákvæð áhrif á framboðshlið hagkerfisins, bæði gagnvart útflutningsfyrirtækjum og þeim innlendu fyrirtækjum sem eru í samkeppni við innflutningsfyrirtæki. Þessi jákvæðu framboðsáhrif virka til mótvægis við hin neikvæðu eftirspurnaráhrif vegna minni kaupmáttar og geta við vissar kringumstæður leitt til þess að lækkun á gengi gjaldmiðils felur í sér þensluhættu fremur en eftirspurnarsamdrátt. Lítil ástæða er þó til þess að óttast slíkt um þessar mundir. Íslensk útflutningsfyrirtæki eru yfirleitt ekki í stakk búin til þess að auka framleiðslu sína til skamms tíma. Sjávarútvegsfyrirtækin eru bundin af stjórnvaldsákvörðunum um heildarkvóta og stóriðjufyrirtækin eru rekin með fullum afköstum. Þess utan er ólíklegt að batnandi afkoma þessara fyrirtækja auki hættuna á launaskriði.

... þótt staða útflutningsgreina hafi batnað

Þrátt fyrir að samdráttur hafi orðið í aflaheimildum verður að telja að staðan í sjávarútvegi sé vel viðunandi. Verð á sjávarafurðum hefur farið hækkandi, sérstaklega verð á loðnu- og síldarafurðum. Útlit er fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða standi í stað á þessu ári og þótt kvótaúthlutun fyrir næsta ár gefi tilefni til að reikna með einhverjum samdrætti sýnir reynslan að fyrirtækin eru vel í stakk búin til að grípa til aðgerða sem vega þar upp á móti. Stóriðjufyrirtækin, sérstaklega í áliðnaði, hafa einnig náð þokkalegum árangri. Verð á áli hefur farið lækkandi það sem af er ári eftir tímabil verðstöðugleika sem skotið hefur stoðum undir þennan rekstur, hér á landi sem annars staðar. Í járnblendinu hefur aftur á móti gengið erfiðlega þar sem verð á kísiljárni hefur verið mjög lágt um hríð.

Innlend eftirspurn dregst saman ...

Aukin verðbólga í kjölfar gengislækkunar hefur leitt til þess að dregið hefur úr kaupmætti almennings. Ekki einungis hefur verðlag farið hækkandi heldur hafa hækkandi nafnvextir og verðbótaþáttur vísitölubundinna lána haft íþyngjandi áhrif á kaupgetu heimilanna. Tölur um þróun innlendar eftirspurnar benda eindregið til þess að umtalsverðs samdráttar sé þegar farið að gæta. Þetta á bæði við um kaup heimilanna á neyslu- og fjárfestingarvörum sem og umsvif fyrirtækja. Hvað heimilin varðar eru það fyrst og fremst útgjöld á borð við bílakaup og utanlandsferðir sem fyrst er dregið úr þótt einnig verði vart við samdrátt

á öðrum sviðum. Fyrstu sjö mánuði ársins voru eingöngu skráðir 6.500 nýir bílar samanborið við rúmlega 12.000 á sama tíma í fyrra. Einnig virðist sem utanlandsferðum Íslendinga hafi fækkað á þessu ári þó að engar staðfestar tölur liggi fyrir í því efni.

... eins og þróun skatttekna ríkissjóðs sýnir glöggt

Haldbestu upplýsingarnar um samdrátt í innlendri eftirspurn er að finna í gögnum um tekjur ríkissjóðs af veltusköttum. Fyrstu átta mánuði ársins lækkuðu þessar tekjur, þ.e. tekjur af virðisaukaskatti um 5,7% að raungildi og tekjur af innflutningi um fimmtung. Upplýsingar af fasteignamarkaði gefa einnig vísbendingar um að dregið hafi úr umsvifum á þeim vettvangi. Hér þarf að vísu að gera fyrirvara um áhrif vegna breytinga á lánareglum samfara breyttu fasteigna- og brunabótamati 15. september s.l. en þrátt fyrir það ber flestum saman um að þenslan á fasteignamarkaðinum sé ekki sú sama og áður.

Viðskipta-hallinn fer því ört lækkandi ...

Þessar breyttu aðstæður hafa gjörbreytt horfum varðandi utanríkisviðskipti. Samdráttur í neyslu og fjárfestingu hefur leitt til þess að innflutningur dregst saman og batnandi viðskiptakjör og lækkandi raungengi leiðir til þess að útflutningstekjur fara vaxandi. Hallinn á viðskiptum við útlönd hefur því minnkað stórlega. Vöruskiptahallinn fyrstu sjö mánuði ársins 2001 var 11,5 milljarðar króna samanborið við 24,3 milljarða á föstu gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn hefur því batnað það sem af er árinu um 12,8 milljarða króna. Tölur um viðskiptajöfnuð segja svipaða sögu. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabankans minnkaði hallinn á viðskiptum við útlönd um 8 milljarða, reiknað á föstu gengi, á fyrri helmingi ársins.

... en hagvöxtur verður áfram tiltölulega hægur á næsta ári

Það er mat fjármálaráðuneytisins að sú aðlögun sem nú á sér stað komi til með að móta að verulegu leyti efnahagsumgjörðina á næsta ári. Svigrúm til hagvaxtar er því takmarkað og líkur á að heimilin og fyrirtæki í landinu verði að búa sig undir breyttar aðstæður frá því sem verið hefur á allra síðustu árum. Hagvöxtur á árinu 2000 er talinn hafa numið 5% en á þessu ári er á grundvelli endurskoðaðrar tekjuáætlunar búist við 1-1½% hagvexti sem þýðir í raun að tekjur þjóðarinnar standa sem næst í stað að raungildi miðað við hvern íbúa. Á næsta ári er í forsendum fjárlagafrumvarps gert ráð fyrir heldur minni hagvexti, en síðan mun hagvöxtur glæðast á nýjan leik og verða á bilinu 2–3% næstu árin og reyndar enn meiri ef hafist verður handa um þau stóriðjuáform sem nú eru til umræðu.

Einkaneyslan dregst saman á þessu ári ...

Minnkandi eftirspurn kemur hvað sterkast fram sem samdráttur í einkaneyslu. Á grundvelli endurskoðaðrar tekjuáætlunar er talið að neyslusamdrátturinn á þessu ári verði á bilinu 1-2% að raungildi sem skýrist aðallega af þeim liðum sem áður er getið, svo sem minnkandi bílakaupum og kaupum á varanlegum neysluvörum og þjónustuliðum á borð við ferðaþjónustu. Hér gæti einnig áhrifa aukins fjármagnskostnaðar vegna vaxta- og verðbólguáhrifa. Á næsta ári er hins vegar reiknað með því að einkaneyslan standi í stað að raungildi.

... en samneyslan vex

Gert er ráð fyrir að samneyslan vaxi heldur hægar árið 2002 en á undanförnum árum, eða um 2½% að raungildi. Þetta stafar meðal annars af því að gert er ráð fyrir mun minni aukningu lífeyrisskuldbindinga en tiltölulega ör vöxtur samneyslunnar að undanförnu stafar ekki hvað síst af auknum lífeyrisskuldbindingum opinberra starfsmanna. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim eðlismun sem er á samneyslu og einkaneyslu þegar fjallað er um eftirspurnina í heild. Stærsti hluti samneyslunnar, eða um tveir þriðju hlutar, eru laun til starfsmanna í þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ákvarðanir um breytingar á umfangi samneyslunnar eru því af allt öðrum toga en gilda um einkaneyslu. Í stað þess að ráðast af breytingum á kaupmætti og væntingum um framtíðina ræðst samneyslan að mestu af skipulagi opinberrar þjónustu og verkaskiptingu milli einkageirans og hins opinbera. Hér á landi hefur umfang opinbera geirans verið minna en í flestum okkar nágrannalöndum þótt hlutfallslegur vöxtur hins opinbera hafi verið meiri en annarra greina. Þetta skýrist af eðli þeirrar starfsemi sem hér um ræðir. Heilbrigðisþjónusta og menntakerfið hafa vaxið mjög vegna aukinnar áherslu á þessa þætti, auk þess sem líta má á þessa þróun að hluta sem lið í auknu vægi þjónustugreina almennt á kostnað hefðbundinna framleiðslu- og iðngreina.

Fjárfestingar atvinnuveganna geta lækkað ...

Áætlanir um fjárfestingu gera ráð fyrir samdrætti á þessu og næsta ári. Samdrátturinn verður væntanlega mestur í atvinnulífinu í þeim greinum sem vaxið hafa hvað hraðast á undanförnum árum. Nokkrum stórum verkefnum í byggingariðnaði hefur nýlega lokið eða er í þann mund að ljúka, svo sem viðbyggingu við flugstöðina í Keflavík og byggingu Smáralindar í Kópavogi. Auk þess hafa framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar verið á lokastigi. Það er því reiknað með áframhaldandi samdrætti fjárfestingar á næsta ári, eða um 10% að raungildi. Mikilvægt er að taka fram að hér er einungis um grófa áætlun að ræða sem

tekur fyrst og fremst mið af almennri þróun efnahagsmála fremur en sundurliðaðri áætlun eftir einstökum greinum.

... en skattalækkanir geta gjörbreytt þessum horfum

Þær skattalækkanir, sem hafa verið til umræðu að undanförnu, kunna hins vegar að draga úr samdrætti fjárfestingar þegar á næsta ári þar sem slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að styrkja stöðu atvinnulífsins og þar með þjóðarbúsins í heild, sérstaklega þegar til lengdar lætur. Auk þess munu þær án efa hafa jákvæð áhrif á almennar væntingar um þróun efnahagsmála og þannig stuðla að aukinni tiltrú á vaxandi hagvöxt og bætta afkomu.

Fjárfestingar hins opinbera haldast þó óbreyttar

Fjárfesting hins opinbera helst óbreytt á næsta ári eftir nokkra aukningu á síðustu árum. Hvað ríkissjóð varðar er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir því að fjárfestingarútgjöld vaxi um tæp 3% á verðlagi hvers árs sem felur í sér um 2% samdrátt að raungildi. Aukið er við vega- og hafnarframkvæmdir sem og framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir en dregið úr framkvæmdum við flugvelli eftir mikla aukningu þessara framkvæmda á yfirstandandi ári.

Þjóðarútgjöld í heild dragast því saman að raungildi ...

Samdráttur í einkaneyslu og fjárfestingu gerir það að verkum að þjóðarútgjöld í heild dragast saman að raungildi þrátt fyrir vöxt samneyslunnar. Í heild miðast forsendur fjárlagafrumvarpsins við 2-3% samdrátt þjóðarútgjalda á þessu ári og heldur minni samdrátt á næsta ári. Hins vegar gera áætlaðar verðlagsbreytingar það að verkum að á verðlagi hvers árs aukast þjóðarútgjöldin um tæplega 6% á þessu ári og um tæp 4% á því næsta.

... og viðskiptahallinn mun því minnka verulega á næsta ári

Horfur um þróun utanríkisviðskipta í ljósi almennrar efnahagsþróunar gefa fyrirheit um jákvæða þróun viðskiptahallans á þessu og næsta ári. Eins og nú horfir má fastlega gera ráð fyrir að í ár verði viðskiptahallinn töluvert lægri en þeir tæplega 73 milljarðar sem reiknað var með í spá Þjóðhagstofnunar frá því í júní. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði um 58 milljarðar króna á þessu ári og rúmlega 40 milljarðar á árinu 2002. Þessi niðurstaða byggist meðal annars á væntingum um áframhaldandi samdrátt innflutnings eftir því sem hagkerfið lagar sig að nýju raungengi krónunnar.

Viðskiptahalli 1990–2002



Hagvöxtur verður þó minni en verið hefur að undanförnu

Í hnotskurn fela þessar efnahagshorfur í sér að hagvöxtur á þessu og næsta ári verður verulega minni en við höfum átt að venjast um hríð. Forsendur fjárlagafrumvarpsins eru að hagvöxtur verði að jafnaði um 1–1½% á þessu og næsta ári. Miðað við meðalvöxt síðustu 5 ára upp á 4½% er hér vitaskuld um mikil umskipti að ræða.

Í þessu sambandi er þó mikilvægt að undirstrika að tekjur þjóðarbúsins eru engu að síður í sögulegu hámarki og þau umskipti sem felast í þessum efnahagshorfum endurspegla fyrst og fremst aðlögun að nýju jafnvægi eftir óvenjusnarpt hagvaxtarskeið fremur en að efnahagskreppa sé skollin á. Hins vegar er líklegt að hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafi neikvæð áhrif á efnahagsþróunina hér á landi sem annars staðar. Hversu mikil slík áhrif kunna að verða og hvenær þau koma fram er hins vegar mjög erfitt að segja til um.

Afkoma ríkissjóðs er mjög háð hagsveiflunni ...

Nú þegar vöxtur þjóðarbúsins er ekki eins ör og áður og hagkerfið er að laga sig að nýjum aðstæðum er fyrirsjáanlegt að skatttekjur ríkisins muni dragast saman hlutfallslega. Þessi þróun á sér eðlilegar skýringar og er í raun ekki annað en andhverfa þess sem gerst hefur á undanförnum árum þegar skatttekjur hafa farið vaxandi sem hlutfall af landsframleiðslu. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að skatttekjur verði um 28½% af landsframleiðslu, eða ½% lægra en á árinu 2001 og tæplega 2% lægra en á árinu 1999 þegar hlutfallið var

hæst. Eins og áður segir má rekja þessa þróun til þess að í efnahagsuppsveiflu vaxa þeir skattstofnar sem ríkissjóður hefur tekjur af. Þetta á við um bæði beina og óbeina skatta. Hér á landi er hlutfall óbeinna skatta tiltölulega hátt miðað við önnur lönd og því hafa breytingar á neysluliðum hlutfallslega mikil áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Þessu til viðbótar er skattlagningu á þessum liðum þannig háttað að þeir liðir sem breytast mest bera jafnframt hæstu skattana. Þessi áhrif hafa komið skýrt fram á yfirstandandi ári í minnkandi tekjum af innflutningi og virðisaukaskatti vegna samdráttar í innflutningi og einkaneyslu. Hvað beina skatta áhrærir hafa þessi áhrif enn ekki komið fram með jafnskýrum hætti enda skila þau sér alla jafna með nokkurri töf.

Afkoma ríkissjóðs án óreglulegra liða 1998–2002



... og kerfislægur afgangur minnkar fyrst í stað en vex síðan aftur

Til þess að meta undirliggjandi stöðu í ríkisfjármálunum þarf að greina á milli hagrænna áhrifa á tekju- og gjaldahlið og ná þannig fram því sem kalla má kerfislæga afkomu, þ.e. að frátöldum áhrifum hagsveiflunnar. Aðferð fjármálaráðuneytisins hefur fram að þessu byggt á uppgjöri ríkissjóðs samkvæmt framsetningu þjóðhagsreikninga. Samkvæmt því hefur verið afgangur á ríkissjóði frá árinu 1997 eftir hallarekstur árin þar á undan. Önnur leið til þess að meta kerfislæga afkomu felst í því að miða við tekjur og gjöld ríkissjóðs að frátöldum ýmsum óreglulegum liðum sem ekki tengjast beint afkomu ársins þótt þeir gangi inn í bókhaldslegt uppgjör. Þeir liðir sem um ræðir eru sölu-hagnaður og endurmat á virði ríkisfyrirtækja á tekjuhlið en á gjaldahlið er litið fram hjá lífeyrisskuldbindingum og skattaafskriftum. Á þennan

mælikvarða stefnir í að kerfislægur afgangur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði um 1% af landsframleiðslu. Þetta er reyndar töluvert minni afgangur en á árunum 1999 og 2000, en þá nam hann tæplega 3½% af landsframleiðslu. Minni kerfislægan afgang á þessu ári má fyrst og fremst rekja til þess að útgjöld hafa hækkað, aðallega vegna aukins launakostnaðar og ýmissa greiðslna á sviði félags- og tryggingamála. Fjárlagafrumvarp ársins 2002 gerir hins vegar ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða batni töluvert og að sveifluleiðréttur afgangur fari í tæplega 2½% af landsframleiðslu. Samkvæmt þessu mun nánast allur afgangur ríkissjóðs á næsta ári vera kerfislægur enda er í forsendum fjárlagafrumvarpsins gert ráð fyrir að kominn verði fram örlítill slaki í hagkerfinu á næsta ári sem gerir það að verkum að áhrif hagsveiflunnar á afkomu ríkissjóðs verða fremur neikvæð en jákvæð.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	37
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	38
3.	Skipting ríkissjóðstekna	39
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	40
5.	Skipting útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum	41
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	42
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	43
8.	Veitt og tekin lán ríkissjóðs	44
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	45

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Skatttekjur	**187.796**	**200.651**	**217.126**	**212.121**	**222.245**
Skattar á tekjur einstaklinga	37.987	44.125	51.250	53.760	58.980
Skattar á tekjur lögaðila	9.126	9.679	9.700	8.000	6.000
Tryggingagjöld	17.787	19.680	20.204	21.099	22.565
Eignarskattar	8.450	9.872	10.686	11.824	12.883
Virðisaukaskattur	70.020	71.903	82.220	75.400	79.220
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	38.013	39.064	40.244	38.195	39.233
Skattar ótaldir annars staðar	6.413	6.328	2.822	3.843	3.364
Aðrar rekstrartekjur	**17.464**	**19.031**	**19.612**	**18.486**	**19.513**
Arðgreiðslur	2.733	2.477	1.978	923	1.479
Vaxtatekjur	9.269	10.698	12.445	13.167	12.910
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.462	5.856	5.189	4.396	5.125
Sala eigna	11.140	635	15.516	21.516	15.520
Fjármagnstilfærslur	0	0	0	0	0
Fjárframlög	1.294	1.231	809	825	621
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	4.938	3.167			
Tekjur samtals	**222.632**	**224.715**	**253.063**	**252.948**	**257.900**
Æðsta stjórn ríkisins	1.876	2.149	2.058	2.085	2.604
Forsætisráðuneyti	1.689	1.459	1.058	1.408	1.100
Menntamálaráðuneyti	21.368	22.459	23.850	25.187	27.814
Utanríkisráðuneyti	3.635	4.807	4.084	4.272	5.012
Landbúnaðarráðuneyti	9.346	9.502	10.526	10.738	10.749
Sjávarútvegsráðuneyti	2.505	2.508	2.581	2.664	2.617
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	10.797	11.574	11.944	12.452	13.629
Félagsmálaráðuneyti	11.483	11.266	15.965	16.333	18.035
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	72.621	78.479	79.873	83.526	89.205
Fjármálaráðuneyti	30.431	48.981	28.193	33.389	28.355
Samgönguráðuneyti	11.908	13.315	15.301	15.340	15.961
Iðnaðarráðuneyti	1.853	2.631	2.751	2.995	2.906
Viðskiptaráðuneyti	1.278	1.404	1.338	1.353	1.454
Hagstofa Íslands	330	378	370	373	382
Umhverfisráðuneyti	2.550	2.842	3.074	3.097	3.170
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.332	15.245	16.200	16.790	16.300
Gjöld samtals	**199.002**	**229.001**	**219.164**	**232.000**	**239.293**
Tekjujöfnuður	**23.630**	**-4.286**	**33.899**	**20.948**	**18.607**

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Handbært fé frá rekstri	**17,0**	**17,5**	**9,2**	**-2,4**	**0,9**
Fjármunahreyfingar					
Lánahreyfingar, nettó	2,5	3,3	11,4	3,0	3,6
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	11,0	0,0	18,2	-6,6	36,7
Fjármunahreyfingar samtals	**13,5**	**3,3**	**29,6**	**-3,6**	**40,3**
Afföll af teknum lánum	3,7	2,5			
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**26,8**	**18,2**	**38,7**	**-6,0**	**41,2**
Framlag til LSR	**-7,8**	**-8,8**	**-15,0**	**-12,5**	**-9,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	19,0	9,5	23,7	-18,5	32,2
Fjármögnun	**-16,6**	**-8,2**	**-9,2**	**38,8**	**-25,2**
Greiðsluafkoma	**2,4**	**1,3**	**14,5**	**20,3**	**7,0**
Hlutfall af VLF, %					
Handbært fé frá rekstri	2,7	2,4	1,2	-0,3	0,1
Hreinn lánsfjárjöfnuður	4,3	2,5	5,0	-0,8	5,3
Greiðsluafkoma	0,4	0,2	1,9	2,8	0,9

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun [1] 2001	Frumvarp 2002	Breyting 2001-2002
I Skatttekjur	**187.796**	**200.651**	**217.126**	**212.121**	**222.246**	**10.125**
Skattar á tekjur og hagnað	53.030	59.595	63.207	64.547	67.167	2.620
Einstaklingar	42.102	49.331	51.250	53.760	58.980	5.220
Tekjuskattur einstaklinga	36.855	42.853	45.500	47.840	53.740	5.900
Sérstakur tekjuskattur	1.132	1.272	1.700	1.620	1.240	-380
Skattur á fjármagnstekjur	4.115	5.206	4.050	4.300	4.000	-300
Lögaðilar	9.126	9.679	9.700	8.000	6.000	-2.000
Ótalið annars staðar	1.802	585	2.257	2.787	2.187	-600
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.232	12	1.570	2.100	1.500	-600
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	570	573	687	687	687	0
Tryggingagjöld	17.768	19.681	20.204	21.099	22.565	1.466
Eignarskattar	8.450	9.872	10.686	11.824	12.884	1.060
Skattar á vörur og þjónustu	108.033	110.966	122.464	113.596	118.453	4.857
Virðisaukaskattur	70.020	71.903	82.220	75.400	79.220	3.820
Almenn vörugjöld	10.900	11.067	12.003	11.598	12.122	524
Vörugjald af ökutækjum	5.896	4.960	5.150	2.900	3.300	400
Almennt vörugjald af bensíni	1.760	2.127	2.180	2.160	2.190	30
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.398	5.430	6.026	6.026	5.434	-592
Aðrir sértækir veltuskattar	6.850	7.357	6.816	7.361	7.517	157
Bifreiðagjald	2.341	2.550	2.650	2.610	2.680	70
Þungaskattur	4.050	4.639	4.342	4.780	4.964	184
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	818	932	1.077	761	1.026	265
Aðrir skattar	515	538	565	1.056	1.177	122
II Aðrar rekstrartekjur	**17.464**	**19.030**	**19.612**	**18.486**	**19.513**	**1.027**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.733	2.477	1.978	923	1.479	556
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	9.269	10.698	12.472	13.167	12.952	-215
Neyslu- og leyfisgjöld	4.845	5.208	4.438	3.814	4.384	569
Annað	617	647	724	582	699	117
III Sala eigna	**11.140**	**634**	**15.516**	**21.516**	**15.520**	**-5.996**
IV Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**
V Fjárframlög	**1.294**	**1.231**	**809**	**825**	**621**	**-204**
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyritækja	**4.938**	**3.167**				
Heildartekjur ríkissjóðs.	**222.632**	**224.713**	**253.063**	**252.949**	**257.900**	**4.951**
Sjóðshreyfing	**202.041**	**217.978**	**235.735**	**225.576**	**246.600**	**21.024**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp [1] 2002
Rekstrargjöld						
Laun	49.790	51.050	53.958	63.380	66.006	71.651
Lífeyrisskuldbindingar	20.811	12.873	24.877	6.535	9.535	6.205
Önnur gjöld	24.882	37.033	48.310	33.499	36.242	40.145
Þjónustutekjur	-11.226	-12.337	-13.763	-11.243	-11.623	-16.583
Rekstrargjöld samtals	**84.257**	**88.619**	**113.382**	**92.172**	**100.160**	**101.419**
Fjármagnskostnaður	**15.964**	**15.332**	**15.245**	**16.200**	**16.790**	**16.300**
Rekstrar- og neyslutilfærslur						
Lífeyristryggingar	16.063	17.534	20.090	19.220	20.370	22.709
Sjúkratryggingar	8.537	9.865	10.873	11.301	12.201	12.043
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.833	6.138	6.200	6.990	6.990	6.935
Bætur skv. lögum um fél aðst.	4.551	4.910	5.435	5.855	5.989	6.453
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.982	4.074	4.200	5.800	5.800	5.142
Barnabætur	4.167	3.942	3.702	4.430	4.430	4.930
Daggjaldastofnanir	3.389	3.432	4.047	4.055	4.355	4.592
Vaxtabætur	3.822	3.950	4.309	3.885	3.885	3.885
Framlag til sókna og kirkjugarða	1.779	2.031	2.246	2.410	2.410	2.554
Fæðingarorlofssjóður	0	0	0	2.369	2.619	4.611
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.438	1.860	1.444	2.284	1.924	2.302
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.727	1.780	1.910	2.150	2.420	2.550
Ríkisútvarpið	1.568	1.730	1.777	1.625	1.625	1.905
Aðrar- neyslu og rekstrartilf.	14.892	12.109	13.990	16.175	17.498	17.901
Neyslu og rekstrartilf. samtals	**71.748**	**73.356**	**80.223**	**88.548**	**92.515**	**98.512**
Viðhald						
Vegagerðin	3.277	3.754	4.151	4.228	4.228	4.234
Annað	791	1.219	1.112	1.204	1.204	1.582
Viðhald samtals	**4.068**	**4.973**	**5.263**	**5.432**	**5.432**	**5.816**
Fjárfesting						
Vegagerðin	3.805	4.469	4.631	5.955	5.655	6.386
Háskólar og framhaldskólar	1.032	1.023	854	1.475	1.475	1.594
Heilbrigðisstofnanir	860	2.760	1.010	1.384	1.384	1.389
Hafnarframkvæmdir	554	827	486	1.293	1.293	1.415
Flugvellir	296	457	882	613	861	557
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	675	620	630	560	560	545
Annað	6.375	6.567	6.396	5.533	5.876	5.361
Fjárfesting samtals	**13.597**	**16.723**	**14.889**	**16.813**	**17.104**	**17.247**
Gjöld samtals	**189.634**	**199.003**	**229.002**	**219.164**	**232.000**	**239.293**

[1] Vegna breytinga á framsetningu Vegagerðarinnar hækka sértekjur um 3,1 milljarð kr. og rekstrargjöld um 3,1 milljarð kr., þar af hækka laun um 1 milljarð kr.

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Almenn opinber þjónusta	11.233	13.026	11.935	14.237
Löggæsla og öryggismál	8.985	9.846	9.768	11.145
Fræðslumál	16.150	16.632	18.172	21.110
Heilbrigðismál	48.824	51.396	53.373	58.595
Almannatryggingar og velferðarmál	38.299	41.465	44.757	51.929
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	1.787	1.820	1.947	2.039
Menningar- og kirkjumál	7.638	8.465	8.638	9.302
Eldsneytis- og orkumál	1.619	1.746	1.867	1.913
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	11.510	11.615	12.744	12.992
Iðnaðarmál	714	654	604	736
Samgöngumál	11.924	13.418	15.260	15.950
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	3.284	3.744	3.647	4.227
Önnur útgjöld ríkissjóðs	37.036	55.175	36.456	35.118
Samtals	**199.003**	**229.002**	**219.164**	**239.293**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2002**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	335	0	13	650
Ríkisútvarpið	0	0	170	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-45	0	0	0
Ratsjárstofnun	0	0	8	0
Umsýslustofnun varnarmála	3	2	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.110	3.300	82	0
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	120	230
Rafmagnsveitur ríkisins	-145	214	885	0
Samtals	**3.258**	**3.516**	**1.278**	**880**

Tafla 7 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2002

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	858	4.394	37	3.400
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36	0	0	0
Lánasjóður landbúnaðarins	68	1.950	0	1.800
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	419	0	0	200
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.509	26.186	5	25.924
Íbúðalánasjóður, leiguíbúða	-196	7.750	0	10.162
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	41	3.080	0	4.315
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	646	0	5	0
Hafnabótasjóður	-100	20	0	0
Ferðamálasjóður	-10	105	0	100
Orkusjóður	-22	40	0	0
Byggðastofnun	214	2.300	0	1.300
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	208	170	10	0
Samtals	**3.599**	**45.995**	**57**	**47.201**

Tafla 8 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Tekin lán	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**239 246**	**241 566**	**237 764**	**225 968**	**228 530**	**291 195**	**265 930**
Seðlabanki Íslands	13	6	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spariskírteini	51 793	60 796	69 008	74 140	73 889	84 424	82 865	82 618	68 898	-	-
Ríkisbréf	2 487	6 012	5 563	5 768	8 366	11 258	15 846	11 018	11 430	-	-
Ríkisvíxlar	12 545	13 742	14 630	16 406	15 811	12 296	15 209	9 899	5 970	-	-
Aðrir innlendir aðilar	12 005	12 709	11 090	9 010	8 962	6 960	6 526	4 297	2 907	-	-
Erlend lán	87 273	102 304	113 633	127 261	132 218	126 628	117 318	118 136	139 325	-	-
Lánveitingar	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**77 266**	**71 023**	**69 309**	**86 496**	**107 152**	**101 172**	**123 535**	**102 272**
Veitt lán	41 654	46 875	55 469	64 134	63 663	65 278	64 739	69 347	70 919	70 535	66 272
Lán tengd innlendu verðlagi	22 644	26 405	36 965	45 176	50 565	52 885	53 215	57 699	59 262	-	-
Gengisbundin lán	19 010	20 470	18 504	18 958	13 098	12 393	11 524	11 648	11 657	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	26 046	18 093	13 597	13 132	7 360	4 031	21 757	37 805	30 253	53 000	36 000
Nettó lántökur ríkissjóðs	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**155 319**	**168 223**	**172 257**	**151 268**	**118 816**	**127 358**	**167 660**	**163 658**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	40,8	33,2	32,3	33,2	29,7	28,7	36,4	47,4	44,3	42,4	38,5
Hlutfall af VLF, % [2]											
Tekin lán	**41,4**	**47,1**	**48,6**	**51,3**	**49,2**	**45,8**	**41,1**	**35,9**	**33,7**	**38,5**	**33,6**
Þar af erlend lán	21,8	24,8	25,9	28,2	27,3	24,1	20,3	19,0	20,7	-	-
Veitt lán	**10,4**	**11,3**	**12,6**	**14,1**	**13,0**	**12,3**	**11,2**	**10,9**	**10,4**	**16,9**	**13,1**
Þar af gengisbundin lán	4,7	5,0	4,2	4,2	2,7	2,4	2,0	1,9	1,7	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6,5	4,3	3,1	2,9	1,5	0,8	3,7	5,9	4,4	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**24,5**	**31,5**	**32,9**	**34,3**	**34,6**	**32,7**	**26,2**	**19,1**	**18,9**	**22,2**	**14,3**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Áætlun 2001	Áætlun 2002
Heildarskuldir hins opinbera..	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**274 447**	**279 351**	**280 460**	**271 455**	**277 469**	**343 644**	**321 925**
Innlendar skuldir	95 466	113 296	126 467	135 881	138 088	145 149	153 144	141 472	126 644	134 344	131 325
Erlendar skuldir	90 173	106 788	118 604	131 730	136 359	134 202	127 316	129 983	150 825	209 300	190 600
Kröfur hins opinbera	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**88 313**	**82 925**	**82 820**	**99 746**	**124 477**	**116 407**	**139 469**	**118 921**
Veitt lán	48 346	54 091	61 559	70 760	71 249	74 449	74 482	80 429	81 654	81 969	78 421
Skatta- og viðskiptakröfur	30 781	22 814	18 018	17 553	11 676	8 371	25 264	44 048	34 753	57 500	40 500
Hreinar skuldir hins opinbera	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**179 298**	**191 522**	**196 531**	**180 713**	**146 984**	**161 062**	**204 175**	**203 004**
Ríkissjóður	98 417	130 602	144 858	155 390	168 224	172 256	151 297	118 815	127 358	167 660	163 658
Bæjar- og sveitarfélög	10 194	14 552	22 185	25 130	24 190	25 038	30 089	28 663	34 173	36 961	39 770
Almannatryggingar	-2 099	-1 974	-1 549	-1 222	- 892	- 763	- 672	- 494	- 469	- 446	- 424
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	232 987	246 543	261 883	279 595	280 731	282 828	280 460	263 315	259 249	278 187	245 620
Hreinar skuldir hins opinbera	134 047	160 515	176 805	187 289	195 893	198 944	180 713	142 598	150 310	167 296	156 793
Hlutfall af VLF, %											
Skuldir hins opinbera	**46,4**	**53,4**	**55,8**	**59,3**	**56,7**	**53,2**	**48,6**	**43,7**	**41,3**	**47,0**	**41,3**
Innlendar skuldir	23,8	27,5	28,8	30,1	28,5	27,7	26,5	22,8	18,8	18,4	16,9
Erlendar skuldir	22,5	25,9	27,0	29,2	28,2	25,6	22,0	20,9	22,4	28,6	24,5
Kröfur hins opinbera	**19,8**	**18,7**	**18,1**	**19,6**	**17,1**	**15,8**	**17,3**	**20,0**	**17,3**	**19,1**	**15,3**
Hreinar skuldir hins opinbera	**26,6**	**34,7**	**37,7**	**39,7**	**39,6**	**37,5**	**31,3**	**23,7**	**24,0**	**27,9**	**26,1**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001.)

Seinni hluti:
Lagagreinar og athugasemdir

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG
ISSN 1607-811X

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Framvinda og horfur í efnahagsmálum	16
Fylgiskjal: Töfluviðauki	37

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

	Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta	49
A-hluti Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana	
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	51
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	52
B-hluti Fjárreiður ríkisfyrirtækja	
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	53
C-hluti Fjárreiður lánastofnana	
4. gr. Fjárreiður lánastofnana	54
Ýmis ákvæði	
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir	55
6. gr. Skerðingarákvæði	57
7. gr. Heimildir	58
Sundurliðanir	
1. Tekjur A-hluta	63
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta	68
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta	232
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta	240

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 253
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 258
3. Markaðar tekjur 259
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 265
5. Lögbundin framlög 270

Athugasemdir

Inngangur 273
1. Yfirlit ríkisfjármála 275
2. Tekjur A-hluta 277
3. Gjöld A-hluta 286
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 457
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 462
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 471
7. Skerðingarákvæði 477
8. Heimildir 478
9. Yfirlit yfir lagabreytingar 480

Atriðisorðaskrá 481

Vefsetur fjárlaga: www.fjarlog.is

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2002 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**222.245,8**	**214.872,8**
Skattar á tekjur einstaklinga	58.980,0	56.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.000,0	5.040,0
Tryggingagjöld	22.564,7	22.186,4
Eignarskattar	12.883,7	12.757,0
Virðisaukaskattur	79.220,0	76.050,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.233,0	39.145,5
Skattar ótaldir annars staðar	3.364,4	2.893,9
Aðrar rekstrartekjur	**19.513,2**	**15.586,2**
Arðgreiðslur	1.478,5	1.450,5
Vaxtatekjur	12.910,0	9.140,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.124,7	4.995,7
Sala eigna	15.520,0	15.520,0
Fjárframlög	621,0	621,0
Tekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.604,2	2.604,2
Forsætisráðuneyti	1.099,8	1.099,8
Menntamálaráðuneyti	27.814,0	27.814,0
Utanríkisráðuneyti	5.011,5	5.158,1
Landbúnaðarráðuneyti	10.748,8	10.748,8
Sjávarútvegsráðuneyti	2.617,4	2.617,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.628,9	13.628,9
Félagsmálaráðuneyti	18.035,1	18.035,1
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	89.204,5	89.179,5
Fjármálaráðuneyti	28.355,4	21.011,4
Samgönguráðuneyti	15.961,4	16.711,4
Iðnaðarráðuneyti	2.906,0	2.906,0
Viðskiptaráðuneyti	1.454,3	1.409,3
Hagstofa Íslands	381,6	381,6
Umhverfisráðuneyti	3.170,1	3.167,6
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.300,0	13.770,0
Gjöld samtals	**239.293,0**	**230.243,1**
Tekjujöfnuður	**18.607,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2002 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	18.607,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-13.586,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.340,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-824,0
Handbært fé frá rekstri	**857,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	21.100,0
Veitt löng lán	-4.480,0
Afborganir veittra lána	8.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**40.320,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**41.177,0**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	15.000,0
Afborganir lána	-40.200,0
Fjármögnun samtals	**-25.200,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-9.000,0
Breyting á handbæru fé	**6.977,0**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	335,0	0,0	13,0	650,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	170,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-45,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,0	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	3,0	2,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.110,0	3.300,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	230,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-145,0	214,0	885,0	0,0
Samtals	**3.258,0**	**3.516,0**	**1.278,0**	**880,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	858,0	4.394,0	37,0	3.400,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	68,3	1.950,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	419,0	0,0	0,0	200,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.509,0	26.186,0	5,0	25.924,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-196,0	7.750,0	0,0	10.162,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	41,0	3.080,0	0,0	4.315,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	646,0	0,0	5,0	0,0
Hafnabótasjóður	-100,4	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	-10,0	105,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-21,5	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	213,5	2.300,0	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	208,0	170,0	10,0	0,0
Samtals	**3.598,9**	**45.995,0**	**57,0**	**47.201,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 15.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.480 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.400 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 200 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 230 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 650 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2002 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 13.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 25.924 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 10.162 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 4.315 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.5 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.6 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.7 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 385 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

2. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2002 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.
2.6 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.7 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.8 Að selja fasteign Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.
2.9 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitu ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.10 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitu ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.11 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.12 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.13 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hveragerði að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.
2.14 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.15 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.16 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.17 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.19 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.21 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.22 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.23 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.9 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.14 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi.
3.15 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.16 Að selja eða semja um hugsanlega yfirtöku á húsnæði ÁTVR á Seyðisfirði.
3.17 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.18 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík og kaupa eða leigja annað hentugra.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.6 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.9 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.10 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.

4.12 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.13 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.15 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.16 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.17 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.20 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.21 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.22 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.23 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.25 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.26 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.27 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.28 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.29 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.30 Að selja jörðin Urðarbak, Húnaþing vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.31 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþing vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.32 Að selja jörðin Kollafjörð, Kjalanesi, Reykjavík.
4.33 Að selja jörðin Mógilsá, Kjalanesi, Reykjavík.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Ásvöllum, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Ytra Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.37 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu í Sandgerði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.5 Að kaupa húsnæði eða viðbót við núverandi húsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
6.6 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.7 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.8 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans og taka til þess nauðsynleg lán.
6.9 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.12 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.13 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín og taka til þess nauðsynleg lán.
6.14 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.
6.16 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.17 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Ríkisspítala.
6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir landlæknisembættið.
6.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
6.20 Að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd ríkisins.
6.21 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.22 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Sýslumanninn í Reykjavík.
6.23 Að kaupa til niðurrifs flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna framkvæmda við flugvöllinn.
6.24 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir þjóðgarðsvörð í Snæfellsnesþjóðgarði.
6.25 Að kaupa eða leigja geymsluhúsnæði í Reykholti í Borgarfirði.
6.26 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti Yfirdýralæknis.
6.27 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti Veiðimálastjóra.
6.28 Að kaupa eða leigja læknisbústað í Borgarnesi.
6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði undir heilsugæslustöðvar í Reykjavík.
6.30 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Ólafsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2002 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2002, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.5 Að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.

7.6 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

7.7 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

7.8 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.9 Að semja, með samþykki samgönguráðherra, við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

7.10 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og aðra aðila um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og greiða nauðsynlegan kostnað við samningsgerðina.

7.11 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum.

7.12 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2002.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	53.740,0	51.600,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.240,0	1.240,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	4.000,0	3.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**58.980,0**	**56.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	6.000,0	5.040,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.500,0	1.080,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	687,0	675,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.187,0**	**1.755,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**67.167,0**	**63.595,0**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	18.917,6	18.539,3
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.487,1	3.487,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**22.564,7**	**22.186,4**
	Tryggingagjöld	**22.564,7**	**22.186,4**

3 Skattar á launagreiðslur

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	174,4	170,9

4 Eignarskattar

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	4.410,7	4.384,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	3.439,0	3.439,0
	Skattar á hreina eign	**7.849,7**	**7.823,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	850,0	850,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.300,0	3.200,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	545,0	545,0
	Sértækir eignarskattar	**884,0**	**884,0**
	Eignarskattar	**12.883,7**	**12.757,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	79.220,0	76.050,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.430,0	2.400,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	700,0	700,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.300,0	3.300,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.190,0	2.190,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	40,5	40,5
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	673,0	673,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.406,2	6.456,2
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.872,1	1.872,1
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	3.300,0	3.300,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.848,0	2.798,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	18,6	18,6
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.349,4	1.349,4
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**109.783,1**	**106.583,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.680,0	2.620,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.964,0	4.964,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	148,9	148,9
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	72,5	72,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	293,1	293,1
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	493,9	496,4
5.2.2.35	Ýmislegt	17,5	17,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.669,9**	**8.612,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**118.453,0**	**115.195,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	200,0	200,0
6.1.15	Markaðsgjald	218,0	218,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	500,0	500,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**918,0**	**918,0**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	85,0	50,0
	Aðrir skattar	**1.003,0**	**968,0**
	Skatttekjur, samtals	**222.245,8**	**214.872,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	308,0	280,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.170,5	1.170,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.478,5**	**1.450,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	4.820,0	1.880,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.370,0	4.240,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	3.720,0	3.020,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	42,0	42,0
	Aðrar eignatekjur	**12.952,0**	**9.182,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**14.430,5**	**10.632,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	75,0	75,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	35,0	35,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.905,0	1.905,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,1	336,1
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	636,0	636,0
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	111,2	111,2
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	629,0	629,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.35	Ýmislegt	251,8	214,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	234,7	234,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	57,0	57,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.383,7**	**4.345,9**
	Ýmsar tekjur	**4.383,7**	**4.345,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	330,0	300,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	180,0	118,8
10.3	Ýmsar sektir	40,0	40,0
	Sektir	**550,0**	**458,8**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	125,0	125,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**149,0**	**149,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**19.513,2**	**15.586,2**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	15.500,0	15.500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	20,0	20,0
	Sala eigna, samtals	**15.520,0**	**15.520,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	76,0	76,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	220,0	220,0
	Rekstrarframlög	**296,0**	**296,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**621,0**	**621,0**
	Fjárframlög, samtals	**621,0**	**621,0**
	Heildartekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	96,0
1.50 Fálkaorðan	1,7
1.81 Opinberar heimsóknir	21,7
Almennur rekstur samtals	119,4
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	4,5
Gjöld samtals	**124,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,9

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	539,0
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	75,7
1.04 Alþjóðasamstarf	89,9
1.06 Almennur rekstur	465,6
1.07 Sérverkefni	21,0
1.10 Rekstur fasteigna	122,6
Almennur rekstur samtals	1.360,5
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	47,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	39,0

	m.kr.
6.21 Fasteignir	48,0
Stofnkostnaður samtals	87,0
Gjöld samtals	**1.494,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**1.486,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.486,0

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	440,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	440,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	139,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,2

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	79,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	73,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,6

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisendurskoðun	258,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**247,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	247,5

00-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	14,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**2.604,2**
Greitt úr ríkissjóði	**2.604,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	171,1
1.20 Stjórnarráðshús	17,8
Almennur rekstur samtals	188,9
Gjöld samtals	**188,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,9

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,8
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,0
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,4
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	12,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	11,4
1.90 Ýmis verkefni	17,1
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0
Almennur rekstur samtals	124,5
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**127,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**126,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	126,0

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 26,8

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 9,8

Gjöld samtals **36,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,6

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 136,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **132,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,6

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis 25,6
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar 90,7
Almennur rekstur samtals 116,3

Gjöld samtals **116,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **115,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,2

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:
1.01 Umboðsmaður barna 18,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,1

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðmenningarhúsið 55,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **58,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **55,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,1

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Stofnkostnaður:
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 144,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,0

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 48,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,0

m.kr.

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 46,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **44,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,2

01-303 Kristnihátíðarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Kristnihátíðarsjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 45,9

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 27,5

Gjöld samtals **75,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,3

Gjöld umfram tekjur **63,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,1

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 23,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,0
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.099,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.099,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	380,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**378,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,0

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	2.142,0
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.171,0
1.13 Háskólasjóður	76,0
Almennur rekstur samtals	4.389,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	120,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	205,0
Gjöld samtals	**4.714,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-902,0
Gjöld umfram tekjur	**3.812,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.356,4
Innheimt af ríkistekjum	455,6

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	175,6
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22,2
Almennur rekstur samtals	197,8
Gjöld samtals	**197,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-78,8
Gjöld umfram tekjur	**119,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,0
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,2
1.02 Rekstur fasteigna	16,4
1.03 Rannsóknastofur	261,4
Almennur rekstur samtals	309,0
Gjöld samtals	**309,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,8
Gjöld umfram tekjur	**200,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,2

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	11,5
1.11 Íslenskukennsla erlendis	8,2
Almennur rekstur samtals	19,7
Gjöld samtals	**19,7**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**18,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,7

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	81,6
1.20 Bókaútgáfa	11,5
Almennur rekstur samtals	93,1
Gjöld samtals	**93,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**87,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,7

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Orðabók Háskólans	30,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,7
Gjöld umfram tekjur	**24,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,5

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:	
1.01 Íslensk málstöð	20,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**16,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,5

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 13,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **12,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,9

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 357,1
1.02 Rannsóknastarfsemi 106,8
Almennur rekstur samtals 463,9

Gjöld samtals **463,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **458,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 439,7
Innheimt af ríkistekjum 18,5

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 351,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 335,6
Innheimt af ríkistekjum 16,1

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	639,5
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	276,0
Almennur rekstur samtals	915,5
Gjöld samtals	**915,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	882,0
Innheimt af ríkistekjum	33,5

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	82,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,9
Gjöld umfram tekjur	**18,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,9

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	85,6
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	22,1
Almennur rekstur samtals	107,7
Gjöld samtals	**107,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	107,7

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	383,7

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 383,7

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 296,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,7

Gjöld umfram tekjur **284,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 284,1

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 87,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,0

Gjöld umfram tekjur **63,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,3

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 99,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,2

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 95,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,5

Stofnkostnaður:
6.60 Vísindasjóður 201,5

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 210,0

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,1

Stofnkostnaður:
6.60 Tæknisjóður 187,5

Gjöld samtals **201,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 201,6

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Bygginga- og tækjasjóður 77,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 77,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarnámssjóður 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 35,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 440,0

Gjöld samtals **475,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 475,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 17,3
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 45,5
1.91 Háskólar, óskipt 41,1
Almennur rekstur samtals 125,9

Gjöld samtals **125,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,9

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 316,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 309,6
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 276,8
1.09 Önnur verkefni 14,4
Almennur rekstur samtals 291,2

Gjöld samtals **291,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,9
Innheimt af ríkistekjum 5,3

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 86,6
1.09 Önnur verkefni 12,9
Almennur rekstur samtals 99,5

Gjöld samtals **99,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **98,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,8
Innheimt af ríkistekjum 1,1

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 375,6
1.09 Önnur verkefni 34,8
Almennur rekstur samtals 410,4

Gjöld samtals **410,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **401,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 393,6
Innheimt af ríkistekjum 8,0

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 291,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 285,3
Innheimt af ríkistekjum 6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 134,8
1.09 Önnur verkefni 10,8
Almennur rekstur samtals 145,6

Gjöld samtals **145,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **143,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,0
Innheimt af ríkistekjum 2,3

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 129,2
1.09 Önnur verkefni 16,8
Almennur rekstur samtals 146,0

Gjöld samtals **146,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,4

Gjöld umfram tekjur **143,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,1
Innheimt af ríkistekjum 2,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 420,6

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	29,8
Almennur rekstur samtals	450,4
Gjöld samtals	**450,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**439,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	431,0
Innheimt af ríkistekjum	8,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,7
Innheimt af ríkistekjum	4,3

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir Héraðsskóla	18,8
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**28,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,8

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	372,0
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	16,0
Stofnkostnaður samtals	388,0
Gjöld samtals	**388,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 388,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.11 Sameiginleg þjónusta 63,1
1.12 Orlof kennara 88,8
1.13 Forfallakennsla 36,6
1.14 Sérkennsla 270,0
1.15 Prófkostnaður 52,1
1.16 Nýjungar í skólastarfi 27,8
1.17 Námsskrárgerð 33,0
1.18 Námsefnisgerð 17,7
1.19 Kennslueftirlit 5,7
1.21 Nám tannsmiða 9,1
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna 6,3
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði 0,7
1.26 Þróunarsjóður 14,5
1.27 Íslenskukennsla 15,9
1.28 Mat á skólastarfi 31,9
1.30 Endurmenntun 24,6
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri 9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík 17,5
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi 1,0
1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn 43,0
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu 37,5
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 94,8
Almennur rekstur samtals 901,1

Gjöld samtals **901,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 901,1

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 523,4
1.09 Önnur verkefni 62,5
Almennur rekstur samtals 585,9

Gjöld samtals **585,9**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-26,5
Gjöld umfram tekjur	**559,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	549,2
Innheimt af ríkistekjum	10,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	296,1
1.09 Önnur verkefni	10,5
Almennur rekstur samtals	306,6
Gjöld samtals	**306,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**305,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,3
Innheimt af ríkistekjum	6,7

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	245,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**245,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,7
Innheimt af ríkistekjum	4,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	289,9

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	11,4
Almennur rekstur samtals	301,3
Gjöld samtals	**301,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,2
Gjöld umfram tekjur	**295,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	289,3
Innheimt af ríkistekjum	5,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	275,9
1.09 Önnur verkefni	9,9
Almennur rekstur samtals	285,8
Gjöld samtals	**285,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,5
Gjöld umfram tekjur	**283,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,2
Innheimt af ríkistekjum	5,1

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	118,0
1.09 Önnur verkefni	0,9
Almennur rekstur samtals	118,9
Gjöld samtals	**118,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**118,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 116,2
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 178,4
1.09 Önnur verkefni 20,5
Almennur rekstur samtals 198,9

Gjöld samtals **198,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **196,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 192,7
Innheimt af ríkistekjum 3,6

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 345,4
1.09 Önnur verkefni 17,9
Almennur rekstur samtals 363,3

Gjöld samtals **363,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,1

Gjöld umfram tekjur **359,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 352,8
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 99,6

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	12,0
Almennur rekstur samtals	111,6
Gjöld samtals	**111,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**109,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,4
Innheimt af ríkistekjum	1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	515,9
1.09 Önnur verkefni	10,1
Almennur rekstur samtals	526,0
Gjöld samtals	**526,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,4
Gjöld umfram tekjur	**520,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	510,8
Innheimt af ríkistekjum	9,8

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	224,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**224,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	219,7
Innheimt af ríkistekjum	4,4

m.kr.

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	47,8
1.09 Önnur verkefni	0,6
Almennur rekstur samtals	48,4
Gjöld samtals	**48,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**48,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,4
Innheimt af ríkistekjum	0,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	75,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**75,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,9
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	69,9
1.09 Önnur verkefni	9,9
Almennur rekstur samtals	79,8
Gjöld samtals	**79,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,9
Innheimt af ríkistekjum	0,9

m.kr.

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	395,8
1.09 Önnur verkefni	9,2
Almennur rekstur samtals	405,0
Gjöld samtals	**405,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**396,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,1
Innheimt af ríkistekjum	6,8

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	21,5
1.02 Nám táknmálstúlka	3,3
Almennur rekstur samtals	24,8
Gjöld samtals	**24,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**22,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,8

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	123,1
1.02 Annað en kennsla	14,3
Almennur rekstur samtals	137,4
Gjöld samtals	**137,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **137,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,1

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:
1.11 Símenntun og fjarkennsla 21,4
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi 7,0
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða 7,0
1.23 Farskóli Norðurlands vestra 7,0
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar 7,0
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga 7,0
1.26 Fræðslunet Austurlands 7,0
1.27 Fræðslunet Suðurlands 7,0
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum 7,0
Almennur rekstur samtals 77,4

Gjöld samtals **77,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,4

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 89,8
1.09 Önnur verkefni 6,0
Almennur rekstur samtals 95,8

Gjöld samtals **95,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **94,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,9
Innheimt af ríkistekjum 1,4

m.kr.

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	40,7
1.09 Önnur verkefni	6,0
Almennur rekstur samtals	46,7
Gjöld samtals	**46,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**46,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,6
Innheimt af ríkistekjum	0,7

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	821,7
1.09 Önnur verkefni	78,7
Almennur rekstur samtals	900,4
Gjöld samtals	**900,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-37,8
Gjöld umfram tekjur	**862,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	850,1
Innheimt af ríkistekjum	12,5

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	279,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,8
Gjöld umfram tekjur	**257,3**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	253,5
Innheimt af ríkistekjum	3,8

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	12,4
1.02 Annað en kennsla	5,9
Almennur rekstur samtals	18,3
Gjöld samtals	**18,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,3

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	15,0
1.02 Annað en kennsla	1,1
Almennur rekstur samtals	16,1
Gjöld samtals	**16,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,1

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík	19,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,3

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	41,9
1.02 Annað en kennsla	13,7
Almennur rekstur samtals	55,6
Gjöld samtals	**55,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **54,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,3
Innheimt af ríkistekjum 5,3

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 50,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **49,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,4

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 462,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 462,3

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.31 Sérstök fræðsluverkefni 15,9
1.33 Þróunarsjóður leikskóla 3,0
1.35 Samræmd próf 56,5
1.37 Endurmenntun 19,8
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 38,5
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum 11,7
Almennur rekstur samtals 145,4

Gjöld samtals **145,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,7

Gjöld umfram tekjur **141,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 141,7

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsgagnastofnun 352,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -35,6

Gjöld umfram tekjur **317,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 317,1

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun 9,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,3
Innheimt af ríkistekjum 7,5

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna 2.550,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.550,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:
1.01 Jöfnun á námskostnaði 431,0

	m.kr.
1.10 Skólaakstur	41,6
Almennur rekstur samtals	472,6
Gjöld samtals	**472,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	472,6

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	186,6
1.10 Byggða- og minjasöfn	48,4
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,4
Almennur rekstur samtals	239,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**241,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**230,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,1

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	110,3
1.11 Héraðsskjalasöfn	10,8
Almennur rekstur samtals	121,1
Gjöld samtals	**121,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**115,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,0

m.kr.

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	378,6
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**448,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,3
Gjöld umfram tekjur	**378,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,3

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	10,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**10,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	83,4
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	4,4
Almennur rekstur samtals	87,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**99,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,7

Gjöld umfram tekjur **85,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,1

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 51,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **50,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,8

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 2,0
1.11 Nýlistasafn 5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 5,0
1.90 Söfn 17,5
Almennur rekstur samtals 29,5

Stofnkostnaður:
6.25 Geysisstofa í Haukadal 7,0

Gjöld samtals **36,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 385,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 1.905,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.905,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 67,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,5

Gjöld umfram tekjur **63,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,3

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhús 619,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -173,1

Gjöld umfram tekjur **446,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 446,8

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 237,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 237,3

m.kr.

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttarsjóður 62,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald 1,3
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 1,0
Almennur rekstur samtals 65,3

Gjöld samtals **65,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 65,3

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 246,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 246,9

02-979 Húsafriðunarsjóður

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarsjóður 40,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,5

m.kr.

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:

6.01 Listskreytingasjóður	8,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	8,0

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:

1.01 Kvikmyndasjóður	305,7
1.02 Kvikmyndasafn Íslands	18,0
Almennur rekstur samtals	323,7
Gjöld samtals	**323,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	323,7

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:

1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	35,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	4,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð	8,6
1.30 Íslenska óperan	106,5
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	25,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	31,5
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	25,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5

	m.kr.
1.83 Samningur við Menningarborgarsjóð	5,0
1.90 Listir	36,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	7,5
Almennur rekstur samtals	423,4
Gjöld samtals	**423,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	423,4

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,5
1.20 Iðnsaga Íslands	7,2
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,5
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	1,0
Almennur rekstur samtals	34,0
Gjöld samtals	**34,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	14,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	86,5
1.91 Aðildargjöld ESB	504,5

	m.kr.
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	14,5
Almennur rekstur samtals	605,5
Gjöld samtals	**605,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	605,5

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands	17,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	12,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	11,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	4,5
Almennur rekstur samtals	51,5
Gjöld samtals	**51,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	51,5

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	74,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	7,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,2
1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	5,0
1.25 Skákskóli Íslands	5,8

	m.kr.
1.29 Afreksmannasjóður	10,0
1.30 Bridgesamband Íslands	10,0
1.90 Ýmis íþróttamál	5,9
Almennur rekstur samtals	167,4
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
Gjöld samtals	**177,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,4

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	147,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	10,6
1.44 Snorrastofa	5,9
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.90 Ýmis framlög	4,5
Almennur rekstur samtals	33,5
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	6,0
Gjöld samtals	**39,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,5

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**27.814,0**
Greitt úr ríkissjóði	**25.162,4**
Innheimt af ríkistekjum	**2.651,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	601,5
1.02 Varnarmálaskrifstofa	66,3
1.53 Þýðingamiðstöð	54,4
Almennur rekstur samtals	722,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**731,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**726,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	716,1
Innheimt af ríkistekjum	10,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.19 Ráðstefnur	181,4
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	2,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,3
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,3
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	10,9
Almennur rekstur samtals	211,3
Gjöld samtals	**211,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	211,3

m.kr.

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 48,6
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 262,5
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 248,4
1.30 Fíkniefnaeftirlit 12,3
Almennur rekstur samtals 571,8

Viðhaldsverkefni:
5.20 Fasteignir 1,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **575,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -35,9

Gjöld umfram tekjur **539,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 425,8
Innheimt af ríkistekjum 114,1

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 375,4

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 15,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 46,5

Gjöld samtals **437,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,4

Gjöld umfram tekjur **396,8**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 543,4
Viðskiptahreyfingar ..... -146,6

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín 73,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,0

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 45,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,9

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 86,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,4

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 78,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,6

m.kr.

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 48,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,7

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 97,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,6

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 38,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,6

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 83,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,9

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 145,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,4

m.kr.

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 99,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,2

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 73,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,0

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 67,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,3

03-313 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 44,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,4

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 79,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,8

m.kr.

03-315 Sendiráð Íslands í Ottawa

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ottawa 61,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,0

03-316 Sendiráð Íslands í Tókíó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Tókíó 97,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,4

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 47,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,1

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 25,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,8

03-319 Sendiráð Íslands í Mapútó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Mapútó 20,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,2

m.kr.

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	117,0
Viðhaldsverkefni:	
5.90 Viðhald	15,9
Stofnkostnaður:	
6.90 Tæki og búnaður	23,9
Gjöld samtals	**156,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	156,8

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	34,2
1.11 Þróunaraðstoð	442,8
Almennur rekstur samtals	477,0
Gjöld samtals	**477,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	477,0

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	62,8
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	10,1
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	21,8
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	11,3
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	48,7
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	3,0
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð	20,2
Almennur rekstur samtals	177,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**179,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,9

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	37,3
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	11,4
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	7,3
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,0
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	26,5
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	17,8
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6,4
1.39 Evrópuráðið	18,7
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	14,7
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	42,1
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	46,9
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	74,8
1.72 EFTA-dómstóllinn	24,4
1.73 Þróunarsjóður EFTA	109,6
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	25,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	2,0
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	71,3
1.87 Íslensk friðargæsla	180,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	67,0
Almennur rekstur samtals	787,4
Gjöld samtals	**787,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	787,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,0

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.011,5**
Greitt úr ríkissjóði	**4.490,6**
Innheimt af ríkistekjum	**667,5**
Viðskiptahreyfingar	**-146,6**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	152,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,4
Gjöld umfram tekjur	**147,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	15,2
1.12 Mat á búvörum	12,0
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,1
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	19,7
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,2
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,7
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,1
1.90 Ýmis verkefni	28,4
Almennur rekstur samtals	97,0
Gjöld samtals	**97,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,0
Innheimt af ríkistekjum	12,0

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	307,0
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	6,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**318,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-130,8
Gjöld umfram tekjur	**187,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,9

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	87,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,2
Gjöld umfram tekjur	**42,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,1

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	21,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**20,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 219,0
1.25 Sauðfjárveikivarnir 40,7
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir 10,7
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 64,0
Almennur rekstur samtals 334,4

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **338,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **333,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 254,2
Innheimt af ríkistekjum 79,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 211,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,0
6.20 Fasteignir og lóðir 7,0
Stofnkostnaður samtals 14,0

Gjöld samtals **229,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -80,8

Gjöld umfram tekjur **148,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 148,5

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 170,6

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **194,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -64,3

Gjöld umfram tekjur **130,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,5

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 98,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2

Gjöld samtals **106,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **94,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,8

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 17,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **16,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,6

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 412,7
1.90 Fyrirhleðslur 37,6
Almennur rekstur samtals 450,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,5

Gjöld samtals **461,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -83,2

Gjöld umfram tekjur **378,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 378,6

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	157,3
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	64,2
1.90 Sérstök verkefni	66,6
Almennur rekstur samtals	288,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhaldsfé	6,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,2
6.20 Fasteignir, óskipt	9,1
Stofnkostnaður samtals	15,3
Gjöld samtals	**309,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-111,0
Gjöld umfram tekjur	**198,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	198,6

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Landgræðslusjóður	23,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-23,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:	
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	89,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**87,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	87,6

m.kr.

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Suðurlandsskógar	69,2
1.13 Vesturlandsskógar	34,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	30,0
1.16 Norðurlandsskógar	50,0
1.17 Austurlandsskógar	10,0
Almennur rekstur samtals	193,2
Gjöld samtals	**193,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.715,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	140,0
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	275,0
Almennur rekstur samtals	4.130,0
Gjöld samtals	**4.130,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.130,0

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.714,0
1.02 Lífeyrissjóður bænda	68,0
1.03 Jöfnunargreiðslur	66,0
1.05 Niðurgreiðslur á ull	244,0
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	122,0
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	260,0
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	293,0
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	38,0
Almennur rekstur samtals	2.805,0
Gjöld samtals	**2.805,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.805,0

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta 126,3
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta 82,9
Almennur rekstur samtals 209,2

Stofnkostnaður:
6.95 Búfjárrækt 58,0
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni 55,0
Stofnkostnaður samtals 113,0

Gjöld samtals **322,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 322,2

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 281,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 281,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 165,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 195,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,0

m.kr.

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 117,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,3

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 60,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **58,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5
Innheimt af ríkistekjum 52,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,5

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

m.kr.

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:

1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	25,0
1.14 Átak í hrossarækt	25,0
1.91 Loðdýrafóður	30,0
Almennur rekstur samtals	80,0
Gjöld samtals	**80,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	80,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	38,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	38,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**10.748,8**
Greitt úr ríkissjóði	**10.600,8**
Innheimt af ríkistekjum	**148,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	138,6
1.11 Fiskveiðisamningar	7,4
Almennur rekstur samtals	146,0
Gjöld samtals	**146,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**139,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,7

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0
1.23 Matvælasetur	5,7
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	20,9
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	27,8
1.49 Úrskurðarnefndir	14,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	9,3
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	20,2
1.90 Ýmislegt	24,3
Almennur rekstur samtals	157,7
Gjöld samtals	**157,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,7

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 718,2
1.30 Rannsóknaskip 370,2
Almennur rekstur samtals 1.088,4

Viðhaldsverkefni:
5.31 Viðhald rannsóknaskipa 85,0

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 18,0
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 15,0
Stofnkostnaður samtals 33,0

Gjöld samtals **1.206,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -194,1

Gjöld umfram tekjur **1.012,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.012,3

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 283,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **298,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -173,5

Gjöld umfram tekjur **125,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,4

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	437,0
1.10 Landamærastöðvar	39,3
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	37,2
Almennur rekstur samtals	513,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**517,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**504,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	504,4

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	41,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 23,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 18,3

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 25,8

Gjöld samtals **44,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,5

Gjöld umfram tekjur **11,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,6

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 545,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 545,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 47,0
1.30 Keldnaholt 11,2
Almennur rekstur samtals 58,2

Gjöld samtals **58,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **55,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur 2.617,4
Greitt úr ríkissjóði 2.577,4
Innheimt af ríkistekjum 40,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 209,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **207,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 207,5

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 30,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -26,0

Gjöld umfram tekjur **4,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:
1.10 Útgáfa lagasafns 12,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,3

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:
1.01 Lögbirtingablað 26,5

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,5

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 12,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,4

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 43,0
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,8
1.40 Alþjóðasamstarf 6,6
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,5
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 4,3
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 4,1
1.83 Kristskirkja, Landakoti 2,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,8
Almennur rekstur samtals 72,4

Gjöld samtals **72,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,1

Gjöld umfram tekjur **54,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,1
Innheimt af ríkistekjum 3,2

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 64,0
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma 6,0
Almennur rekstur samtals 70,0

Gjöld samtals **70,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **69,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,0

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 550,4
1.11 Meðdómsmenn 23,2
Almennur rekstur samtals 573,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 16,5

Gjöld samtals **590,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 590,1

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 346,0
1.20 Réttargæslumenn 6,8
Almennur rekstur samtals 352,8

Gjöld samtals **352,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,0

Gjöld umfram tekjur **248,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 248,8

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 62,4
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 5,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana 4,3
Almennur rekstur samtals 71,7

Gjöld samtals **71,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **70,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,8

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 50,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **48,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,8

m.kr.

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:
1.05 Ríkissaksóknari 77,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,5

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 576,9
1.05 Innheimta sekta 21,7
1.11 Rekstur lögreglubifreiða 160,2
Almennur rekstur samtals 758,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,0
6.11 Bifreiðar 98,0
Stofnkostnaður samtals 113,0

Gjöld samtals **871,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -270,1

Gjöld umfram tekjur **601,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 601,7

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lögregluskóli ríkisins 131,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,3

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 1.868,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **1.871,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,0

Gjöld umfram tekjur **1.864,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.864,0

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 41,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,6

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 68,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,7

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 73,6
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 3,3
Almennur rekstur samtals 76,9

Gjöld samtals **76,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,5

Gjöld umfram tekjur **46,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,4

m.kr.

06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja

Almennur rekstur:
1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja 230,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 230,0

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:
1.20 Fíkniefnamál 1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 61,6
Almennur rekstur samtals 63,1

Gjöld samtals **63,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,1

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 65,2
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips 0,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði 15,0
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds 7,5
Almennur rekstur samtals 88,6

Gjöld samtals **88,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,6

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.044,0
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	64,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**1.113,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.083,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.083,3

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	8,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	62,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	12,0
Gjöld samtals	**74,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,7

m.kr.

06-398 Útlendingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingaeftirlitið 131,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,7

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 206,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **206,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 206,0

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 55,3
1.20 Löggæsla 75,2
Almennur rekstur samtals 130,5

Gjöld samtals **130,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,5

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 39,4
1.20 Löggæsla 63,4
Almennur rekstur samtals 102,8

Gjöld samtals **102,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **100,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,9

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 50,1
1.20 Löggæsla 71,4
Almennur rekstur samtals 121,5

Gjöld samtals **121,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,5

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 18,2
1.20 Löggæsla 10,0
Almennur rekstur samtals 28,2

Gjöld samtals **28,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,2

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 33,4
1.20 Löggæsla 33,3
Almennur rekstur samtals 66,7

Gjöld samtals **66,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **64,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,4

m.kr.

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,1
1.20 Löggæsla	16,3
Almennur rekstur samtals	35,4
Gjöld samtals	**35,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,3
1.20 Löggæsla	79,6
1.40 Tollgæsla	4,6
Almennur rekstur samtals	141,5
Gjöld samtals	**141,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**141,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,2

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,3
1.20 Löggæsla	16,5
Almennur rekstur samtals	38,8
Gjöld samtals	**38,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**38,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,7

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	39,1
1.20 Löggæsla	54,4
Almennur rekstur samtals	93,5
Gjöld samtals	**93,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**93,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,1

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,2
1.20 Löggæsla	55,6
1.40 Tollgæsla	1,6
Almennur rekstur samtals	99,4
Gjöld samtals	**99,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**98,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,8

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	25,5
1.20 Löggæsla	32,6
Almennur rekstur samtals	58,1
Gjöld samtals	**58,1**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**53,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	53,4

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	20,6
1.20 Löggæsla	15,9
Almennur rekstur samtals	36,5
Gjöld samtals	**36,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,5

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	123,2
1.20 Löggæsla	178,2
1.40 Tollgæsla	11,9
Almennur rekstur samtals	313,3
Gjöld samtals	**313,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**310,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	310,2

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	56,3
1.20 Löggæsla	74,1
Almennur rekstur samtals	130,4
Gjöld samtals	**130,4**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**129,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	129,7

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	52,6
1.20 Löggæsla	68,2
1.40 Tollgæsla	9,7
Almennur rekstur samtals	130,5
Gjöld samtals	**130,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**128,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,3

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,4
1.20 Löggæsla	74,8
Almennur rekstur samtals	133,2
Gjöld samtals	**133,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**132,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,2

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	25,9
1.20 Löggæsla	34,8
Almennur rekstur samtals	60,7
Gjöld samtals	**60,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,7

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	21,7
1.20 Löggæsla	22,7
Almennur rekstur samtals	44,4
Gjöld samtals	**44,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**44,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	34,2
1.20 Löggæsla	33,0
Almennur rekstur samtals	67,2
Gjöld samtals	**67,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**66,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	66,8

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,9
1.20 Löggæsla	70,7
1.40 Tollgæsla	12,0
Almennur rekstur samtals	131,6
Gjöld samtals	**131,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**125,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,3

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	81,3
1.20 Löggæsla	166,7
1.40 Tollgæsla	11,0
Almennur rekstur samtals	259,0
Gjöld samtals	**259,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**238,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	238,2

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	109,0
1.20 Löggæsla	229,2
1.40 Tollgæsla	14,1
Almennur rekstur samtals	352,3
Gjöld samtals	**352,3**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**349,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	349,7

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	148,0
1.20 Löggæsla	197,4
1.40 Tollgæsla	32,8
Almennur rekstur samtals	378,2
Gjöld samtals	**378,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**378,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	378,0

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	139,9
1.20 Löggæsla	156,2
Almennur rekstur samtals	296,1
Gjöld samtals	**296,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**295,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	295,6

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	29,1
1.11 Útgáfa ökuskírteina	10,0
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	101,7
1.60 Gagnalínukostnaður	25,2
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	69,9
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	28,6
Almennur rekstur samtals	264,5
Gjöld samtals	**264,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	264,5

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	42,5
Gjöld samtals	**47,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	602,9
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**612,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,8

Gjöld umfram tekjur **551,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 551,1

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 865,0
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 7,5
Almennur rekstur samtals 874,9

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 16,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 6,0
6.26 Auðunarstofa 12,0
Stofnkostnaður samtals 43,0

Gjöld samtals **917,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -29,3

Gjöld umfram tekjur **888,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 888,6

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	152,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,7

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kristnisjóður	47,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	583,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	50,0
Almennur rekstur samtals	633,0
Gjöld samtals	**633,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	633,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.353,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	118,0
Almennur rekstur samtals	1.471,0
Gjöld samtals	**1.471,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.471,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	250,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 13.628,9
Greitt úr ríkissjóði 13.599,2
Innheimt af ríkistekjum 29,7
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	146,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**146,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,6

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	3,6
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2,6
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	3,5
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	3,2
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,9
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,4
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,5
1.21 Reynslusveitarfélög	3,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	5,3
1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,1
1.26 Jafnréttisráð	6,3
1.90 Ýmislegt	4,3
Almennur rekstur samtals	47,0
Gjöld samtals	**47,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,0

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 39,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,5

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 31,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,1

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 315,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **320,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,3

Gjöld umfram tekjur **284,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 197,7
Innheimt af ríkistekjum 86,5

m.kr.

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,9
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	398,0
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	92,7
Almennur rekstur samtals	549,6
Gjöld samtals	**549,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	549,6

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	15,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,9

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	9,6
1.80 Starfsþjálfun	24,5
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	6,1
1.90 Ýmis verkefni	22,5
Almennur rekstur samtals	62,7
Gjöld samtals	**62,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,7

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.078,6
1.10 Svæðisráð	2,5
1.30 Verndaðir vinnustaðir	30,2
Almennur rekstur samtals	1.111,3
Gjöld samtals	**1.111,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.111,3

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 741,1
1.10 Svæðisráð 1,7
1.30 Verndaðir vinnustaðir 29,2
1.61 Dagvistun Keflavík 15,9
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 8,2
Almennur rekstur samtals 796,1

Gjöld samtals **796,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **788,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 788,1

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 132,0
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 35,4
Almennur rekstur samtals 168,5

Gjöld samtals **168,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **156,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 156,6

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	107,3
1.10 Svæðisráð	1,1
Almennur rekstur samtals	108,4
Gjöld samtals	**108,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,4

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	175,5
Almennur rekstur samtals	176,6
Gjöld samtals	**176,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	176,6

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	44,9
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	406,3
Almennur rekstur samtals	452,3
Gjöld samtals	**452,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	452,3

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	146,6

	m.kr.
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir	12,5
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	13,4
Almennur rekstur samtals	173,6
Gjöld samtals	**173,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**171,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,5

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	183,8
1.10 Svæðisráð	1,0
1.30 Verndaðir vinnustaðir	16,9
1.72 Skaftholt	24,5
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	53,6
Almennur rekstur samtals	279,8
Gjöld samtals	**279,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**278,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,3

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	405,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,7
Gjöld umfram tekjur	**389,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 389,3

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 179,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **178,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 178,3

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 149,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 149,7

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 156,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **152,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,5

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 235,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 235,0

m.kr.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.815,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	327,0
Almennur rekstur samtals	5.142,0
Gjöld samtals	**5.142,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.142,0

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	6,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	332,1
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3
Almennur rekstur samtals	342,4
Gjöld samtals	**342,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-189,1
Gjöld umfram tekjur	**153,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,3

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5,4
1.90 Ýmislegt	17,9
Almennur rekstur samtals	30,8
Gjöld samtals	**30,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	303,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-80,0
Gjöld umfram tekjur	**223,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.605,0
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	56,0
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	112,0
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	143,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd	27,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	132,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	55,0
Almennur rekstur samtals	2.302,0
Gjöld samtals	**2.302,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -446,0

Gjöld umfram tekjur **1.856,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.856,0

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:
1.10 Almennur rekstur 14,5
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu 4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf 0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum 4,0
Almennur rekstur samtals 23,0

Gjöld samtals **23,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 29,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,5

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður 4.155,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar 456,0
Almennur rekstur samtals 4.611,0

Gjöld samtals **4.611,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.611,0

m.kr.

07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 26,1
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 126,6
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 44,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 6,5
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 26,6
1.41 Stígamót 16,6
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 9,2
1.44 Byrgið, líknarfélag 2,4
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,6
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 8,0
1.49 Mótttaka flóttamannahópa 49,1
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 16,1
1.90 Ýmis framlög 13,5
Almennur rekstur samtals 353,5

Gjöld samtals **353,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 353,5

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **18.035,1**
Greitt úr ríkissjóði **17.948,6**
Innheimt af ríkistekjum **86,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	287,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**290,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**287,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	287,9

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	738,2
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	753,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**783,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-90,0
Gjöld umfram tekjur	**693,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	693,7

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	268,0
1.15 Umönnunarbætur	900,0
1.21 Makabætur	32,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	75,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	365,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	75,0
1.41 Heimilisuppbót	2.058,0
1.51 Uppbætur	2.530,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	150,0
Almennur rekstur samtals	6.453,0
Gjöld samtals	**6.453,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.453,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.260,0
1.15 Örorkulífeyrir	2.433,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.040,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.728,0
1.26 Tekjutryggingarauki	672,0
1.31 Örorkustyrkur	172,0
1.35 Barnalífeyrir	1.329,0
1.91 Annað	75,0
Almennur rekstur samtals	22.709,0
Gjöld samtals	**22.709,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22.709,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.632,0

	m.kr.
1.15 Lyf	5.116,0
1.21 Hjálpartæki	992,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	107,0
1.31 Þjálfun	916,0
1.35 Tannlækningar	1.109,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	146,0
1.45 Brýn meðferð erlendis	513,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	143,0
1.55 Sjúkradagpeningar	245,0
1.91 Annað	124,0
Almennur rekstur samtals	12.043,0
Gjöld samtals	**12.043,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.043,0

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	759,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	759,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	88,0
1.15 Bætur til framfærslu	280,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	160,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	568,0
Gjöld samtals	**568,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	568,0

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	68,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,1

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 195,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,3
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 146,3
1.10 Læknaráð 2,6
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 12,2
1.40 Siðaráð 0,9
Almennur rekstur samtals 162,7

Gjöld samtals **162,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,7
Innheimt af ríkistekjum 2,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 13,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,7

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 138,2

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **139,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,4

Gjöld umfram tekjur **106,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,8

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 57,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **56,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 56,8

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 48,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **49,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **44,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,9
Innheimt af ríkistekjum 7,2

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:
1.01 Manneldisráð 18,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **18,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 105,1
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri 5,5
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 13,0
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 17,0
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 2,8
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 6,0
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 3,8
1.80 Gigtarráð 3,9
1.90 Ýmis starfsemi 1,9
Almennur rekstur samtals 159,0

Stofnkostnaður:
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda 9,0

Gjöld samtals **168,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,0

m.kr.

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.437,5
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
6.50 Nýbygging	10,0
Stofnkostnaður samtals	65,0
Gjöld samtals	**2.523,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,5
Gjöld umfram tekjur	**2.383,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.383,0

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	432,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**420,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	420,3

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	142,3
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	60,0
Gjöld samtals	**202,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,3

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús 21.567,8

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 248,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 218,0
6.21 Barnaspítali 420,0
Stofnkostnaður samtals 638,0

Gjöld samtals **22.453,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.952,8

Gjöld umfram tekjur **20.501,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20.401,0
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Læknishéraðasjóður 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 96,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,0

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 20,0

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 204,0
Stofnkostnaður samtals 221,4

Gjöld samtals **241,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,4

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra 362,5

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 312,5

Gjöld samtals **675,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 675,0

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 115,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **110,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,1
Innheimt af ríkistekjum 14,9

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	20,6
1.14 Lyfjaverðsnefnd	6,0
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	45,3
1.17 Vísindasiðanefnd	10,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,5
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	191,8
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	38,4
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,8
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	47,3
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,2
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	38,4
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	20,5
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	18,2
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	10,8
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	10,7
1.90 Ýmis framlög	30,1
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	552,3
Gjöld samtals	**552,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,3
Gjöld umfram tekjur	**506,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	506,0

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	541,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -43,9

Gjöld umfram tekjur **497,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 497,6

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi 273,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **267,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 267,2

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól 462,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,8

Gjöld umfram tekjur **445,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 445,9

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir 537,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **521,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 521,0

m.kr.

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 169,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **168,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,0

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 349,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 349,1

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 281,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,2

Gjöld umfram tekjur **270,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 270,8

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 83,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,2

m.kr.

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 64,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,6

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 78,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,4

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 27,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 397,1

Stofnkostnaður:
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur 15,0

Gjöld samtals **412,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **403,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 403,3

m.kr.

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Víðines	158,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**153,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,0

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:	
1.01 Hlaðgerðarkot	61,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,4

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	282,1
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	5,0
Gjöld samtals	**287,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**280,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,0

08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Endurhæfingardeild	111,2
1.10 Almenn deild	204,4
Almennur rekstur samtals	315,6
Gjöld samtals	**315,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,6

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg 34,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,8

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 64,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,3

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 133,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **132,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,9

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 118,3
1.12 Sóltún, Reykjavík 588,9
1.15 Dalbær, Dalvík 82,3
1.19 Hjallatún, Vík 36,8
1.21 Höfði, Akranesi 149,8
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum 91,6

	m.kr.
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	34,7
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	74,4
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	21,7
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	36,5
1.35 Jaðar, Ólafsvík	18,2
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	63,1
1.41 Hrafnista, Reykjavík	676,3
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	568,3
1.45 Grund, Reykjavík	617,5
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	233,8
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	158,9
1.51 Fellsendi, Búðardal	42,3
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	818,7
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	9,4
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	46,7
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	29,8
1.65 Lindargata, Reykjavík	29,1
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	52,3
1.69 Múlabær, Reykjavík	43,0
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	85,9
1.81 Holtsbúð, Garðabæ	110,0
1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	53,5
1.85 Fríðuhús, Reykjavík	19,4
1.97 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	5,6
1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	10,1
Almennur rekstur samtals	4.926,9
Gjöld samtals	**4.926,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-335,4
Gjöld umfram tekjur	**4.591,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.591,5

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	347,5

	m.kr.
1.21 Dagvistun aldraðra	15,2
Almennur rekstur samtals	362,7
Gjöld samtals	**362,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	362,7

08-497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	134,0
1.21 Dagvistun aldraðra	4,2
1.31 Fæðingar	4,7
Almennur rekstur samtals	142,9
Gjöld samtals	**142,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,9

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	106,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,5

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	89,3
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	52,2
Stofnkostnaður samtals	77,2
Gjöld samtals	**193,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 193,5

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 271,1
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 53,5
1.15 Sjúkraflug 91,3
Almennur rekstur samtals 415,9

Gjöld samtals **415,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 415,9

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík 885,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,3

Gjöld umfram tekjur **824,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 824,6

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 425,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **408,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 408,6

m.kr.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla 104,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **92,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 92,5

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 187,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,8

Gjöld umfram tekjur **161,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 161,3

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 73,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,6

Gjöld umfram tekjur **67,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,1

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 52,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **49,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,2

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 30,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **28,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,2

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 48,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **45,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,8

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 29,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **27,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,9

m.kr.

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 49,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,8

Gjöld umfram tekjur **44,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,7

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 258,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,6

Gjöld umfram tekjur **241,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,0

08-568 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður 67,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **62,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,3

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 28,8

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **27,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 28,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **27,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,3

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi 68,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **61,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,4

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 49,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **43,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,8

m.kr.

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 30,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **29,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,4

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 26,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **24,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,9

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 219,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,1

Gjöld umfram tekjur **194,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 194,5

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 94,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **86,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,6

08-584 Heilsugæsla í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Kópavogi 253,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,4

Gjöld umfram tekjur **233,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,8

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 148,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,1

Gjöld umfram tekjur **132,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,9

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 87,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **79,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,8

m.kr.

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð	7,9
1.90 Forvarnasjóður	71,4
Almennur rekstur samtals	79,3
Gjöld samtals	**79,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,3

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	88,7
1.11 Sjúkrasvið	905,4
Almennur rekstur samtals	994,1
Gjöld samtals	**994,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,7
Gjöld umfram tekjur	**940,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	940,4

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,2
1.11 Sjúkrasvið	206,3
Almennur rekstur samtals	247,5
Gjöld samtals	**247,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**235,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,2

m.kr.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,5
1.11 Sjúkrasvið	122,2
Almennur rekstur samtals	163,7
Gjöld samtals	**163,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**157,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	157,9

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	136,3
1.11 Sjúkrasvið	432,0
Almennur rekstur samtals	568,3
Gjöld samtals	**568,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-44,4
Gjöld umfram tekjur	**523,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	523,9

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	34,5
1.11 Sjúkrasvið	65,3
Almennur rekstur samtals	99,8
Gjöld samtals	**99,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**96,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 96,7

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 36,1
1.11 Sjúkrasvið 50,5
Almennur rekstur samtals 86,6

Gjöld samtals **86,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **84,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,5

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 46,3
1.11 Sjúkrasvið 138,5
Almennur rekstur samtals 184,8

Gjöld samtals **184,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,4

Gjöld umfram tekjur **176,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 176,4

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 50,2
1.11 Sjúkrasvið 215,6
Almennur rekstur samtals 265,8

Gjöld samtals **265,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,5

Gjöld umfram tekjur **256,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 256,3

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 61,4
1.11 Sjúkrasvið 482,5
Almennur rekstur samtals 543,9

Gjöld samtals **543,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,1

Gjöld umfram tekjur **519,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 519,8

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 35,4
1.11 Sjúkrasvið 234,2
Almennur rekstur samtals 269,6

Gjöld samtals **269,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,6

Gjöld umfram tekjur **258,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 258,0

m.kr.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	156,8
1.11 Sjúkrasvið	399,6
Almennur rekstur samtals	556,4
Gjöld samtals	**556,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,0
Gjöld umfram tekjur	**515,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	515,4

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	345,2
1.11 Sjúkrasvið	715,2
Almennur rekstur samtals	1.060,4
Gjöld samtals	**1.060,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,4
Gjöld umfram tekjur	**997,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	997,0

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	71,8
1.11 Sjúkrasvið	350,4
Almennur rekstur samtals	422,2
Gjöld samtals	**422,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,2
Gjöld umfram tekjur	**396,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 396,0

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 144,0
1.11 Sjúkrasvið 509,0
Almennur rekstur samtals 653,0

Gjöld samtals **653,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -37,8

Gjöld umfram tekjur **615,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 615,2

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 232,6
1.11 Sjúkrasvið 609,5
Almennur rekstur samtals 842,1

Gjöld samtals **842,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -65,9

Gjöld umfram tekjur **776,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 776,2

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 49,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,0

	m.kr.
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**89.204,5**
Greitt úr ríkissjóði	**89.055,4**
Innheimt af ríkistekjum	**124,1**
Viðskiptahreyfingar	**25,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	426,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**433,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**429,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	429,7

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	241,8
1.41 Launagreiðslukerfi	67,4
1.43 Tekjubókhaldskerfi	204,5
1.45 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	55,6
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	53,4
Almennur rekstur samtals	622,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	22,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	10,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	480,0
Stofnkostnaður samtals	542,0
Gjöld samtals	**1.164,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.163,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.163,6

m.kr.

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisfjárhirsla 41,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **42,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,2

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 365,0
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 90,4
1.20 Skatteftirlit 32,8
1.41 Skattvinnslukerfi 166,0
Almennur rekstur samtals 654,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 69,4
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 12,6
Stofnkostnaður samtals 90,0

Gjöld samtals **744,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 744,2

m.kr.

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 307,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **311,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 311,8

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 47,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **46,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,9

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 28,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **28,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,2

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 30,0

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **29,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,7

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 73,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **72,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,5

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 34,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **34,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,4

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 47,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **47,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,4

m.kr.

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja	20,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**20,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,1

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Reykjaness	180,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**177,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	177,7

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	15,9
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	1,0
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum	5,6
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	3,8
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	26,2
1.10 Skatteftirlit	7,4
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25,0
1.30 Þungaskattur	18,7
Almennur rekstur samtals	103,6
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	26,0
Gjöld samtals	**129,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,6

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 87,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **88,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,6

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 99,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **101,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,0

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 263,7
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 6,2
Almennur rekstur samtals 269,9

Gjöld samtals **269,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -113,7

Gjöld umfram tekjur **156,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 156,2

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	825,5
1.41 Innheimtuskilakerfi	16,2
1.43 Forsendukerfi innheimtugagna	16,0
Almennur rekstur samtals	857,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,0
Gjöld samtals	**871,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**866,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	856,8
Innheimt af ríkistekjum	10,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	5.260,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	131,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	28,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	454,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	99,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	13,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	36,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	176,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	8,0
Almennur rekstur samtals	6.205,0
Gjöld samtals	**6.205,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.051,0
Viðskiptahreyfingar	3.154,0

m.kr.

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 303,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 303,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 350,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 13,5
6.02 Landskrá fasteigna 80,8
Stofnkostnaður samtals 94,3

Gjöld samtals **444,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **443,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 314,1
Innheimt af ríkistekjum 129,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

m.kr.

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.770,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.770,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.930,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.930,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 3.885,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3.885,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 117,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -114,9

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.468,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.468,8

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasýsla ríkisins	132,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-71,6
Gjöld umfram tekjur	**60,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,4

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	190,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	210,0
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	148,4
1.05 Rekstur tölvukerfis	30,4
Almennur rekstur samtals	178,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	38,0
6.41 Tölvubúnaður	13,0
Stofnkostnaður samtals	51,0
Gjöld samtals	**229,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-207,6
Gjöld umfram tekjur	**22,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,2

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Stofnkostnaður:
6.05 Stjórnarráðsbyggingar 250,0

Gjöld samtals **264,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 264,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 46,4
1.11 Rekstur fasteigna 355,5
Almennur rekstur samtals 401,9

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 761,3

Gjöld samtals **1.163,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.163,2

Gjöld umfram tekjur **0,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 625,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 625,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 39,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 39,9
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 27,0
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni 7,0
1.13 Kjarasamningar 14,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 35,4
1.15 Kjararannsóknir 6,5
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður 17,5
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr. 164,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda 90,0
1.45 Ýmsar nefndir 3,8
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis 8,3
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB) 1,6
1.60 Dómkröfur 84,4
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd 14,4
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd 2,8
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 5,0
1.90 Óviss útgjöld 10,9
Almennur rekstur samtals 553,4

Stofnkostnaður:
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis 2,0
6.91 Hagræðingarmál 3,5
Stofnkostnaður samtals 5,5

Gjöld samtals **558,9**

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	558,9
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28.355,4**
Greitt úr ríkissjóði	**20.872,4**
Innheimt af ríkistekjum	**139,0**
Viðskiptahreyfingar	**7.344,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	188,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,5
Viðskiptahreyfingar	1,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	47,1
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	23,4
1.25 Staðsetningarkerfi	5,9
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	11,6
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	47,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	14,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	72,5
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,5
1.90 Ýmislegt	15,3
Almennur rekstur samtals	323,6
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**333,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	333,6

m.kr.

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	453,0
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.100,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	364,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	92,4
Almennur rekstur samtals	4.009,4
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	2.194,0
5.10 Viðhald	2.040,0
Viðhaldsverkefni samtals	4.234,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	5.805,0
6.21 Landsvegir	115,0
6.40 Tilraunir	101,0
6.43 Safnvegir	272,0
6.45 Styrkvegir	54,0
6.47 Reiðvegir	39,0
Stofnkostnaður samtals	6.386,0
Gjöld samtals	**14.629,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.100,0
Gjöld umfram tekjur	**11.529,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.832,4
Viðskiptahreyfingar	-303,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	457,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.283,0
6.74 Lendingabætur	3,0
6.76 Ferjubryggjur	6,4
6.80 Sjóvarnargarðar	73,8
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	16,6
Stofnkostnaður samtals	1.415,0
Gjöld samtals	**1.872,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-122,9
Gjöld umfram tekjur	**1.749,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.946,4
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-198,0

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	23,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,6

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	1.152,5
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	100,4
Almennur rekstur samtals	2.693,5

m.kr.

Stofnkostnaður:	
6.41 Flugvellir, framkvæmdir	557,1
Gjöld samtals	**3.250,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1.668,3
Gjöld umfram tekjur	**1.582,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.720,5
Innheimt af ríkistekjum	111,8
Viðskiptahreyfingar	-250,0

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	145,6
1.11 Rekstur strandarstöðva	156,4
Almennur rekstur samtals	302,0
Gjöld samtals	**302,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	234,9
Innheimt af ríkistekjum	67,1

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.01 Ferðamálaráð	49,5
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis	85,1
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	22,0

	m.kr.
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,2
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	49,7
1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	8,0
Almennur rekstur samtals	226,5
Gjöld samtals	**226,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**223,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,3

10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**15.961,4**
Greitt úr ríkissjóði	**16.531,2**
Innheimt af ríkistekjum	**180,2**
Viðskiptahreyfingar	**-750,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	83,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**84,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,6

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	106,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,8
Gjöld samtals	**111,2**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	111,2

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	421,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,7
Gjöld samtals	**430,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -284,6

Gjöld umfram tekjur **145,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 145,8

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 212,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **216,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -137,4

Gjöld umfram tekjur **79,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,5

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	75,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:

1.19 Staðlaráð	29,9
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	6,5
1.30 Alþjóðlegt samstarf	19,7
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar	80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	28,8
Almennur rekstur samtals	174,9
Gjöld samtals	**174,9**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	174,9

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn	5,9
1.02 Orkumálasvið	93,1
1.03 Orkurannsóknir	119,3
1.04 Sala rannsókna	206,4
Almennur rekstur samtals	424,7

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður	11,2
Gjöld samtals	**435,9**

Sértekjur:

Sértekjur	-206,4
Gjöld umfram tekjur	**229,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 229,5

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda 16,8
1.13 Jarðhitaleit 12,0
1.23 Notendur utan samveitna 2,0
Almennur rekstur samtals 33,3

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir 50,0

Gjöld samtals **83,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 85,3
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun 843,0
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum 139,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið 10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum 5,0
1.21 Nýskipan orkumála 4,0
1.23 Þróunarverkefni o.fl. 11,0
Almennur rekstur samtals 1.097,3

Gjöld samtals **1.097,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.097,3

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 172,5

	m.kr.
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	100,9
Almennur rekstur samtals	273,4
Stofnkostnaður:	
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0
Gjöld samtals	**573,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	573,4

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	29,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.906,0**
Greitt úr ríkissjóði	**2.794,8**
Innheimt af ríkistekjum	**111,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 108,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **107,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,6

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Neytendasamtökin 8,5
1.15 Fastanefndir 2,1
1.20 Icepro-nefnd 4,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál 30,6
Almennur rekstur samtals 45,5

Gjöld samtals **45,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,5

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 193,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,3

	m.kr.
Gjöld samtals	**195,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,9
Gjöld umfram tekjur	**187,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	173,1
Innheimt af ríkistekjum	13,9

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	286,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	241,2
Viðskiptahreyfingar	45,0

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	503,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	503,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður sements	170,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppnisstofnun	135,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,9

	m.kr.
Gjöld samtals	**137,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,0

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:	
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.454,3**
Greitt úr ríkissjóði	**1.154,2**
Innheimt af ríkistekjum	**255,1**
Viðskiptahreyfingar	**45,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	250,2
1.50 Þjóðskráin	100,2
Almennur rekstur samtals	350,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	13,6
Gjöld samtals	**364,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,4
Gjöld umfram tekjur	**355,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,0
Innheimt af ríkistekjum	113,6

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	26,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**381,6**
Greitt úr ríkissjóði	**268,0**
Innheimt af ríkistekjum	**113,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 195,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **196,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 196,7

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.23 Ýmis umhverfisverkefni 34,2
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 12,9
1.35 Umhverfisvöktun 28,0
1.40 Alþjóðastofnanir 24,4
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF 12,3
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME 6,3
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum 5,6
1.56 Vernd Breiðafjarðar 1,6
1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 2,8
1.58 Náttúrugripasöfn 3,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 10,0
1.90 Ýmis verkefni 5,5
Almennur rekstur samtals 146,6

Gjöld samtals **146,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,6

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 12,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **8,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 69,8
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 56,0
Almennur rekstur samtals 125,8

Viðhaldsverkefni:
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 25,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,0

Gjöld samtals **165,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,9

Gjöld umfram tekjur **139,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 139,9

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri 21,3

m.kr.

1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 36,5
Almennur rekstur samtals 57,8

Gjöld samtals **57,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,8

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

14-215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi

Stofnkostnaður:
6.21 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi 25,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins 259,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,5

Gjöld samtals **271,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,2

Gjöld umfram tekjur **246,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,2
Innheimt af ríkistekjum 5,0

m.kr.

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:	
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	120,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	11,1
1.10 Eyðing spilliefna	148,9
Almennur rekstur samtals	160,0
Gjöld samtals	**160,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	160,0

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald	564,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	564,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	112,0
1.11 Mat á umhverfisáhrifum	27,3
Almennur rekstur samtals	139,3
Gjöld samtals	**139,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-18,7
Gjöld umfram tekjur	**120,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	120,6

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín 44,8
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál 35,2
Almennur rekstur samtals 80,0

Gjöld samtals **80,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands 225,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **230,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -51,6

Gjöld umfram tekjur **178,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 178,5

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 83,3
1.10 Námssjóður 3,5
1.20 Brunamálaskóli 18,1
Almennur rekstur samtals 104,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,5

Gjöld samtals **107,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 104,9
Viðskiptahreyfingar 2,5

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,1

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 351,0

Gjöld samtals **358,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 358,1

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 34,9
1.02 Setur í Reykjavík 159,6
1.03 Setur á Akureyri 37,3
Almennur rekstur samtals 231,8

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **237,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -78,7

Gjöld umfram tekjur **158,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 158,6

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 5,6

	m.kr.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	5,6
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	5,6
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	5,6
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	5,6
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	5,6
Almennur rekstur samtals	33,6
Gjöld samtals	**33,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	15,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**17,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,7

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	412,7
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	111,8
Almennur rekstur samtals	524,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**553,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-160,8
Gjöld umfram tekjur	**392,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	392,2

m.kr.

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 39,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.170,1**
Greitt úr ríkissjóði	**3.162,6**
Innheimt af ríkistekjum	**5,0**
Viðskiptahreyfingar	**2,5**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.300,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13.770,0
Viðskiptahreyfingar	2.530,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**16.300,0**
Greitt úr ríkissjóði	**13.770,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.530,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.150,0
Rekstrargjöld	1.830,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**335,0**
Hagnaður (-tap)	**335,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	335,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	18,0
Handbært fé frá rekstri	**353,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	13,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	650,0
Afborganir af teknum löngum lánum	25,0
Greitt til Háskóla Íslands	975,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-350,0**
Breyting á handbæru fé	**-10,0**
Handbært fé í ársbyrjun	176,0
Handbært fé í árslok	166,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	955,0
Rekstrargjöld	2.760,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-100,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.905,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	1.905,0

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	273,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-50,0
Handbært fé frá rekstri	**223,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	170,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-170,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	110,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-110,0**
Breyting á handbæru fé	**-57,0**
Handbært fé í ársbyrjun	87,0
Handbært fé í árslok	30,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	52,0
Rekstrargjöld	513,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-463,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	237,3
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	181,0
Hagnaður (-tap)	**-45,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-45,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**0,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.175,7
Rekstrargjöld	1.175,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	31,2
Handbært fé frá rekstri	**31,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	23,6
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-23,6**
Breyting á handbæru fé	**-0,4**
Handbært fé í ársbyrjun	97,0
Handbært fé í árslok	96,6

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	92,0
Rekstrargjöld	90,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3,0**
Hagnaður (-tap)	**3,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri	**3,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**1,8**
Handbært fé í ársbyrjun	6,1
Handbært fé í árslok	7,9

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	13.548,0
Rekstrargjöld	10.410,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-28,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3.110,0**
Hagnaður (-tap)	**3.110,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3.110,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	101,0
Handbært fé frá rekstri	**3.211,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	82,0
Sala áhættufjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-80,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	3.300,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.300,0**
Breyting á handbæru fé	**-169,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	470,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.907,6
Rekstrargjöld	2.008,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-100,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	100,4

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	150,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-119,0
Handbært fé frá rekstri	**31,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	230,0
Afborganir af teknum löngum lánum	143,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**87,0**
Breyting á handbæru fé	**-2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	2,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.370,0
Rekstrargjöld	5.595,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-70,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-295,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Hagnaður (-tap)	**-145,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-145,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	1.035,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-20,0
Handbært fé frá rekstri	**870,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	885,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-877,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	186,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	214,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-400,0**
Breyting á handbæru fé	**-407,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-135,0
Handbært fé í árslok	-542,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3.400,0
Fjármagnsgjöld	2.950,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	1.400,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	498,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.448,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.550,0
Aðrar rekstrartekjur	14,0
Önnur rekstrargjöld	258,0
Hagnaður (-tap)	**858,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	858,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	144,0
Handbært fé frá rekstri	**1.002,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	85,0
Veitt löng lán	4.394,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	37,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.716,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.400,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.850,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**550,0**
Breyting á handbæru fé	**-164,0**
Handbært fé í ársbyrjun	414,0
Handbært fé í árslok	250,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	3,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	165,0
Aðrar rekstrartekjur	40,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-36,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Handbært fé frá rekstri	**-32,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-27,0**
Handbært fé í ársbyrjun	262,6
Handbært fé í árslok	235,6

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.837,2
Fjármagnsgjöld	1.560,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	190,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	90,0
Hreinar fjármunatekjur	**-3,5**
Aðrar rekstrartekjur	202,0
Önnur rekstrargjöld	130,2
Hagnaður (-tap)	**68,3**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	68,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	77,7
Handbært fé frá rekstri	**146,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.950,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-750,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.102,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**698,0**
Breyting á handbæru fé	**94,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,4
Handbært fé í árslok	95,4

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	170,0
Fjármagnsgjöld	265,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-31,0
Hreinar fjármunatekjur	**-64,0**
Aðrar rekstrartekjur	545,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**419,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	419,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-21,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	33,0
Handbært fé frá rekstri	**431,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	536,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**541,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	998,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-798,0**
Breyting á handbæru fé	**174,0**
Handbært fé í ársbyrjun	373,0
Handbært fé í árslok	547,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	21.173,0
Fjármagnsgjöld	19.090,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	361,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.412,0**
Aðrar rekstrartekjur	431,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**1.509,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.509,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	7.550,0
Handbært fé frá rekstri	**9.059,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	26.186,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.655,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-20.536,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	25.924,0
Afborganir af teknum löngum lánum	13.003,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**12.921,0**
Breyting á handbæru fé	**1.444,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10.379,0
Handbært fé í árslok	11.823,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	779,0
Fjármagnsgjöld	1.099,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-64,0
Hreinar fjármunatekjur	**-256,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	60,0
Hagnaður (-tap)	**-196,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-196,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-2.136,0
Handbært fé frá rekstri	**-2.332,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.750,0
Afborganir af veittum löngum lánum	92,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.658,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.162,0
Afborganir af teknum löngum lánum	151,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**10.011,0**
Breyting á handbæru fé	**21,0**
Handbært fé í árslok	21,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	784,0
Fjármagnsgjöld	807,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-64,0
Hreinar fjármunatekjur	**41,0**
Hagnaður (-tap)	**41,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	41,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-1.168,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.127,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.080,0
Afborganir af veittum löngum lánum	43,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.037,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.315,0
Afborganir af teknum löngum lánum	151,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**4.164,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8.104,0
Fjármagnsgjöld	7.025,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-8,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**777,0**
Aðrar rekstrartekjur	203,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**646,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	646,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	6.393,0
Handbært fé frá rekstri	**7.039,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	3.565,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**3.560,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	10.849,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-10.849,0**
Breyting á handbæru fé	**-250,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.012,0
Handbært fé í árslok	2.762,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	40,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	24,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	16,6
Önnur rekstrargjöld	133,0
Hagnaður (-tap)	**-100,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-100,4
Handbært fé frá rekstri	**-100,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	10,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	35,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,4**
Handbært fé í ársbyrjun	214,0
Handbært fé í árslok	118,6

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	80,0
Fjármagnsgjöld	61,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**5,0**
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	16,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	105,0
Afborganir af veittum löngum lánum	120,0
Annað (inn)	-5,0
Annað (út)	-1,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**11,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Annað (út)	-5,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-15,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	12,0
Fjármagnsgjöld	1,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	12,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	83,3
Önnur rekstrargjöld	98,8
Hagnaður (-tap)	**-21,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-21,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	12,0
Handbært fé frá rekstri	**-4,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	23,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4,5**
Breyting á handbæru fé	**-25,5**
Handbært fé í ársbyrjun	84,8
Handbært fé í árslok	59,3

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.000,0
Fjármagnsgjöld	600,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	50,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	230,0
Hreinar fjármunatekjur	**120,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	573,5
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	490,0
Hagnaður (-tap)	**213,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	213,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	450,0
Handbært fé frá rekstri	**663,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.100,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	800,0
Annað (út)	15,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**485,0**
Breyting á handbæru fé	**48,5**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	348,5

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	810,0
Fjármagnsgjöld	36,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**464,0**
Önnur rekstrargjöld	256,0
Hagnaður (-tap)	**208,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	208,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-220,0
Handbært fé frá rekstri	**-12,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	170,0
Afborganir af veittum löngum lánum	160,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	700,0
Sala áhættufjármuna	170,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-550,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**-564,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.562,0
Handbært fé í árslok	2.998,0

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	2.547,0
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	5.403,4
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	3.935,1
	Samtals	**11.885,5**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	656,9
	Samtals	**656,9**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	209,9
	01.3.2 Frumrannsóknir í hugvísindum	160,3
	Samtals	**370,2**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagsýslugerð	514,2
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta	810,6
	Samtals	**1.324,8**
Almenn opinber þjónusta samtals		**14.237,4**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	6.381,8
	03.1.2 Brunavarnir	107,4
	Samtals	**6.489,2**
03.2	Dómstólar	1.505,1
03.3	Fangelsi	561,1
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	2.590,0
Löggæsla og öryggismál samtals		**11.145,4**

		m.kr.
04.	**Fræðslumál**	
04.1	Grunnskólastig	477,6
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	7.464,8
	04.2.2 Sérskólastig	2.325,3
	Samtals	**9.790,1**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	9.615,2
	Samtals	**9.615,2**
04.4	Aðrir skólar, óta.	50,0
04.5	Námsaðstoð	472,6
04.6	Önnur fræðslumál, óta.	704,0
Fræðslumál samtals		**21.109,5**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	29.575,1
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	536,2
	05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	9.758,6
	Samtals	**39.869,9**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	8.403,7
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	225,7
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	1.109,0
	05.2.4 Sjúkraþjálfun og önnur heilsugæsla	916,0
	Samtals	**10.654,4**
05.4	Lyf og hjálpartæki	6.218,0
05.5	Heilbrigðisrannsóknir	246,2
05.6	Önnur heilbrigðismál	1.606,9
Heilbrigðismál samtals		**58.595,4**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	5.336,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	28.054,3

	m.kr.
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	1.885,5
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	6.250,7
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	4.120,0
Samtals	**45.646,5**
06.2 Velferðarmál	
06.2.1 Barna- og unglingaheimili	565,5
06.2.3 Málefni fatlaðra	4.484,2
06.2.4 Önnur velferðarheimili	114,5
06.2.5 Velferðarþjónusta utan stofnana	142,4
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta	976,0
Samtals	**6.282,6**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**51.929,1**
07. Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál	
07.1 Húsnæðis- og skipulagsmál	
07.1.1 Húsnæðismál	76,1
07.1.2 Skipulagsmál	1.238,4
Samtals	**1.314,5**
07.3 Hreinsunarmál	
07.3.1 Almenn hreinsunarmál	564,0
07.3.2 Mengunarmál	160,0
Samtals	**724,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals	**2.038,5**
08. Menningarmál	
08.0 Menningarmál	
08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	228,9
08.0.2 Söfn, listir ofl.	3.426,2
08.0.3 Fjölmiðlar	2.071,5
08.0.4 Kirkjumál	3.543,0
08.0.5 Önnur menningarmál	32,0
Samtals	**9.301,6**
Menningarmál samtals	**9.301,6**

		m.kr.
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	503,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	1.070,3
	09.2.3 Orkumál, óta	339,8
	Samtals	**1.410,1**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**1.913,1**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	515,7
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	7.132,3
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	774,5
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	333,2
	10.1.6 Farsóttarvarnir	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	1.225,0
	Samtals	**10.032,7**
10.2	Skógræktarmál	342,3
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	23,0
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	1.789,6
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	804,8
	Samtals	**2.617,4**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**12.992,4**
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	656,8
11.3	Byggingarstarfsemi	79,5
Iðnaðarmál samtals		**736,3**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	11.073,0
	Samtals	**11.073,0**

m.kr.

12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	1.749,7
Samtals	**1.749,7**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	2.081,5
Samtals	**2.081,5**
12.7 Önnur samgöngumál	1.045,8
Samgöngumál samtals	**15.950,0**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	223,3
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	2.476,6
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	783,3
13.6 Önnur atvinnumál	743,4
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**4.226,6**
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	16.302,7
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	5.162,0
14.0.3 Önnur þjónusta	13.653,0
Samtals	**35.117,7**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**35.117,7**
Heildargjöld samtals	**239.293,0**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2002

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	71.651
Lífeyrisskuldbindingar	6.205
Önnur gjöld	40.145
Sértekjur	-16.583
Rekstrargjöld samtals	**101.419**
Fjármagnskostnaður	**16.300**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	22.709
Sjúkratryggingar	12.043
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.935
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.453
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.142
Barnabætur	4.930
Daggjaldastofnanir	4.592
Vaxtabætur	3.885
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.554
Fæðingarorlofssjóður	4.611
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.302
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.550
Ríkisútvarpið	1.905
Aðrar neyslu- og rekstartilfærslur	17.901
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**98.512**
Viðhald	
Vegagerðin	4.234
Annað	1.582
Viðhald samtals	**5.816**
Fjárfesting	
Vegagerðin	6.386
Háskólar og framhaldsskólar	1.594
Heilbrigðisstofnanir	1.389
Hafnarframkvæmdir	1.415
Flugvellir	557
Annað	5.906
Fjárfesting samtals	**17.247**
Gjöld samtals	**239.293**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2002

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Almanaksgjald	1,7
	Greitt úr ríkissjóði	1,7
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	414,0
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	489,0
	Greitt úr ríkissjóði	385,0
	Skerðing markaðra tekna	518,0
02-977	**Höfundarréttargjald**	
	Höfundarréttargjald	62,0
	Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir	1,0
	Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef	1,3
	Greitt úr ríkissjóði	64,3
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	218,0
	Greitt úr ríkissjóði	218,0
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 1% á tollverð	4,0
	Eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 2% á tollverð	4,0
	Greitt úr ríkissjóði	8,0
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbætandi efnum, innflutningur og innlend framleiðsla	1,5
	Eftirlitsgjöld með innfluttri sáðvöru	1,6
	Fóðureftirlitsgjald af innlendri framleiðslu	5,7
	Fóðureftirlitsgjald af innflutningi	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	18,8
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**	
	Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk	275,0
	Greitt úr ríkissjóði	275,0
04-818	**Búnaðarsjóður**	
	1,225% af búnaðargjaldi (2,65%) á búvöruframleiðslu	281,0
	Greitt úr ríkissjóði	281,0

04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**	
	1,150% af búnaðargjaldi (2,65%) á búvöruframleiðslu	195,0
	Greitt úr ríkissjóði	195,0
04-824	**Verðmiðlun landbúnaðarvara**	
	Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins	117,3
	Greitt úr ríkissjóði	117,3
04-826	**Stofnverndarsjóður búfjár**	
	Stofnverndarsjóðsgjald búfjár	0,6
	Greitt úr ríkissjóði	0,6
04-827	**Fóðursjóður**	
	Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð	340,0
	Greitt úr ríkissjóði	340,0
04-829	**Útflutningsgjald á hross**	
	Útflutningsgjald á hross, brúttó	18,0
	Greitt úr ríkissjóði	18,0
04-843	**Fiskræktarsjóður**	
	Gjald af skírum veiðitekjum veiðifélaga	8,2
	Gjald af óskírum tekjum vatnsaflstöðva	9,3
	Greitt úr ríkissjóði	17,5
05-204	**Fiskistofa**	
	Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva	2,0
	Gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni	37,2
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	6,0
	Veiðieftirlitsgjald	176,5
	Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum	45,0
	Greitt úr ríkissjóði	266,7
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**	
	Þróunarsjóðsgjald á skip	90,0
	Þróunarsjóðsgjald á aflamark	455,0
	Greitt úr ríkissjóði	545,0
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	6,6
	Greitt úr ríkissjóði	6,6
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík	13,2
	Greitt úr ríkissjóði	13,2

06-331 Umferðarráð

Umferðaröryggiseftirlitsgjald	36,0
Greitt úr ríkissjóði	36,0

06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja

Skráningargjöld ökutækja	230,0
Greitt úr ríkissjóði	230,0

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	205,0
Skráning vinnuvéla	1,5
Greitt úr ríkissjóði	197,7
Viðskiptahreyfing	8,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðargjald vegna launa	170,9
Greitt úr ríkissjóði	223,0
Viðskiptahreyfing	-52,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	3.399,9
Greitt úr ríkissjóði	1.856,0
Viðskiptahreyfing	1.543,9

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Hluti Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga í atvinnutryggingargjaldi	87,2
Greitt úr ríkissjóði	29,5
Viðskiptahreyfing	57,7

08-204 Lífeyristryggingar

Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	14.669,1
Greitt úr ríkissjóði	14.669,1

08-208 Slysatryggingar

Slysatryggingagjald vegna sjómanna	160,0
Greitt úr ríkissjóði	160,0

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	675,0
Greitt úr ríkissjóði	675,0

08-397	**Lyfjastofnun**	
	Ýmis leyfi Lyfjastofnunar	17,8
	Lyfjaeftirlitsgjald	27,7
	Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	38,9
	Greitt úr ríkissjóði	84,4
08-621	**Forvarnasjóður**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	66,4
	Greitt úr ríkissjóði	66,4
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins	229,0
	Greitt úr ríkissjóði	229,0
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	1,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni	5.434,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	2.499,0
	Þungaskattur, fast árgjald	2.465,0
	Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	9,0
	Greitt úr ríkissjóði	10.407,0
	Viðskiptahreyfing	0,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs	210,0
	Vitagjald	85,0
	Skipagjald	63,9
	Greitt úr ríkissjóði	358,9
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Flugvallargjald	721,0
	Afgreiðslugjöld flugöryggissviðs Flugmálastjórnar	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	725,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	20,0
	Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta	58,5
	Greitt úr ríkissjóði	78,5
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	200,0
	Greitt úr ríkissjóði	200,0

11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	29,9
	Greitt úr ríkissjóði	29,9
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	4,3
	Greitt úr ríkissjóði	4,3
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	40,5
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Löggildingarstofu	96,0
	Eftirlitsgjald vottunaraðila rafrænna undirskrifta	2,1
	Greitt úr ríkissjóði	138,6
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur.	503,0
	Flutningsjöfnunargjald af sementi	170,0
	Greitt úr ríkissjóði	673,0
14-210	**Veiðistjóri**	
	Gjald af veiðikorti	21,3
	Greitt úr ríkissjóði	21,3
14-213	**Hreindýraráð**	
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	1,5
	Veiðileyfi hreindýraráðs	13,5
	Greitt úr ríkissjóði	15,0
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Hollustuverndar	0,5
	Greitt úr ríkissjóði	0,5
14-285	**Spilliefnasjóður**	
	Spilliefnagjald	160,0
	Greitt úr ríkissjóði	160,0
14-289	**Endurvinnslan hf., skilagjald**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	519,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	45,0
	Greitt úr ríkissjóði	564,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	110,0
	Greitt úr ríkissjóði	80,0
	Viðskiptahreyfing	30,0

14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	107,4
	Greitt úr ríkissjóði	104,9
	Viðskiptahreyfing	2,5
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	500,0
	Greitt úr ríkissjóði	358,1
	Viðskiptahreyfing	141,9
	Heildartekjur	**37.401,8**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**35.151,1**
	Mismunur	**2.250,7**
	Þar af skerðing	**518,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**1.732,7**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2001

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	130,6
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	18,5
02-211	**Tækniskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Tækniskóli Íslands	16,1
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Kennaraháskóli Íslands	33,5
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**	
	Einkaleyfisgjald H.Í.	77,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	6,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	5,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,1
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	8,0
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskóli Vestfjarða	2,3
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum	2,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,3

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 10,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 6,7

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 4,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 5,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 5,1

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 2,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,6

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 6,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 9,8

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 4,4

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 0,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík 1,1

02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	0,9
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	6,8
02-506	**Vélskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Vélskóli Íslands	1,4
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Stýrimannaskólinn í Reykjavík	0,7
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Reykjavík	12,5
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	3,8
02-564	**Listdansskólinn**	
	Innritunargjöld, Listdansskólinn	5,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	
	Skoðunargjald kvikmynda	7,5
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjald RÚV, hljóðvarp	635,0
	Afnotagjald RÚV, sjónvarp	1.270,0
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Lóðarleiga á varnarsvæðum	10,0
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	
	Vopnaleitargjald	67,6
	Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli	20,5
	Framlag Bandaríkjanna til löggæslu	26,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	558,4
	Greitt úr ríkissjóði	543,4
	Viðskiptahreyfing	15,0
04-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á kjöti, gærum og ull	12,0
04-222	**Veiðimálastjóri**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	5,0

04-233	**Yfirdýralæknir**	
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	64,0
	Gjald vegna matvælaeftirlits Yfirdýralæknis	15,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	32,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	20,0
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	
	Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt)	40,0
06-105	**Lögbirtingablað**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	26,5
06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,2
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	7,3
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	74,5
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum (vinnueftirlit ríkisins)	4,7
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	24,0
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	6,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali, háskólasjúkrahús**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	100,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	14,9
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans í Reykjavík	10,0

09-402	**Fasteignamat ríkisins**	
	Aðgangur að fasteignamatsskrá	129,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Vottorð frá Siglingamálastofnun	1,3
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	77,6
	Prófgjöld vegna þjónustu loftferðareftirlits Flugmálastjórnar	2,4
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara	23,5
	Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda	8,3
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	67,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	33,6
	Gjöld fyrir vörumerki	76,9
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	0,7
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Faggilding hjá Löggildingarstofunni	6,4
	Eftirlitsgjald til Löggildingarstofunnar	7,5
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	241,2
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	10,5
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	15,8
	Íbúaskrá Hagstofu Íslands	3,2
	Aðgangur að skrám þjóðskrárinnar	78,8
	Vottorð Hagstofu Íslands	5,3
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	
	Mengunareftirlitgjald (árlegt gjald v. eftirlits)	3,5
	Gjald vegna sérstakrar þjónustu á sviði mengunarvarna	1,5
	Heildartekjur	**4.590,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**4.551,5**
	Mismunur	**39,0**
	Þar af skerðing	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**39,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
01-303	**Kristnihátíðarsjóður**	
	Lögbundið framlag	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	76,0
	Greitt úr ríkissjóði	76,0
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	246,9
	Greitt úr ríkissjóði	246,9
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**	
	Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	25,0
	Greitt úr ríkissjóði	25,0
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	152,7
	Greitt úr ríkissjóði	152,7
06-733	**Kirkjugarðsgjöld**	
	Kirkjugarðsgjöld	583,0
	Kirkjugarðssjóður	50,0
	Greitt úr ríkissjóði	633,0
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	1.471,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.471,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	250,0
	Greitt úr ríkissjóði	250,0
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	4.815,0
	Greitt úr ríkissjóði	4.815,0

08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	38,4
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	48,4
	Lögbundin framlög alls	**7.818,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**7.818,0**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum, auk töfluyfirlita um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sjö lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og fjórum séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í sundurliðun 1. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í sundurliðun 2.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja og lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í sundurliðunum 3 og 4.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. eru sýndar ákvarðanir um skerðingu á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Sú skerðing tekna og framlaga sem hér um ræðir er í samræmi við ákvæði annarra greina laganna.
- Í 7. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármál. Þar kemur fyrst málaflokkaskipting gjalda í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan hagræn skipting gjalda í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnskostnað, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er eitt yfirlit yfir markaðar tekjur sem varið er til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs, annað yfir aðrar rekstrartekjur stofnana og það þriðja yfir lögbundin framlög.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlun einstakra tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum.
- Í áttunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í níunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *www.fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en nánar er fjallað um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og síðari hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2002 er 18,6 milljarðar króna samkvæmt niðurstöðu frumvarpsins en er áætlaður 21 milljarður árið 2001. Lækkun á tekjuafgangi á milli ára skýrist af minni hagnaði af sölu eigna. Lánsfjárjöfnuður er áætlaður 41 milljarður árið 2002. Það er það fé sem verður til ráðstöfunar til niðurgreiðslu skulda og til að styrkja stöðu ríkissjóðs á annan hátt. Hafa ber í huga að lánsfjárjöfnuður árið 2001 er talinn verða neikvæður um 6 milljarða og er því lánsfjárafgangur yfir bæði árin 35 milljarðar króna. Með frumvarpinu er haldið aftur af rekstrarútgjöldum ríkisins til að mæta minnkandi skatttekjum með það að markmiði að staða ríkissjóðs verði áfram styrk.

Afkoma ríkissjóðs 2000–2002

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Tekjur	224,7	253,0	253,0	257,9
Gjöld	229,0	219,2	232,0	239,3
Rekstrarafkoma	**-4,3**	**33,8**	**21,0**	**18,6**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	21,8	-24,7	-23,4	-17,7
Handbært fé frá rekstri	**17,5**	**9,1**	**-2,4**	**0,9**
Fjármunahreyfingar [2]	0,7	29,6	-3,6	40,3
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**18,2**	**38,7**	**-6,0**	**41,2**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna, sem skilar sér í ríkissjóð á árinu, fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Uppsafnaður lánsfjárafgangur árin 1998 til 2002 stefnir í 97 milljarða króna og ef ekki hefðu komið til sérstök stofnfjárframlög hefði hann stefnt í yfir 110 milljarða á umræddu tímabili. Þrátt fyrir nokkra hækkun erlendra skulda í íslenskum krónum vegna gengisbreyt-

ingar á þessu ári er áætlað að heildarskuldir ríkissjóðs verði komnar niður í 34% af landsframleiðslu árið 2002, úr 51% árið 1995. Nettóskuldir ríkisins, það er skuldir að frádregnum endurlánum og kröfum til annarra aðila, verða þá komnar niður í rúmlega 14% af landsframleiðslu.

Efnahagsforsendur. Ein meginforsenda tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 er að botni hagsveiflunnar verði náð á þessu ári og að hagvöxtur muni smám saman aukast á næstu árum. Verðbólga er talin verða um 5% að meðaltali á næsta ári en verðhækkun innan ársins verður mun minni, eða nálægt 3%. Jafnframt er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann haldist nokkurn veginn óbreyttur milli ára. Hins vegar er talið að einkaneysluútgjöld á mann dragist lítillega saman og að sparnaður heimilanna muni því aukast. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að hagvöxtur geti aukist um sem næst 1% á árinu 2002.

Tekjuhlið. Skatttekjur ríkissjóðs eru áætlaðar rúmlega 222 milljarðar króna árið 2002, eða 5% meira en árið 2001. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 258 milljarðar króna og hækka aðeins um liðlega 2 milljarða króna frá árinu 2001. Hækkunin skýrist bæði af aukinni innheimtu tekjuskatta einstaklinga og tryggingagjalds, sem endurspeglar fyrst og fremst almenna hækkun launa, og auknum tekjum af virðisaukaskatti. Á móti vegur lækkun í innheimtu tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts vegna lakari afkomu fyrirtækja og versnandi stöðu og minni umsvifa á fjármagnsmarkaði. Eins er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði ekki eins miklar og á árinu 2001.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkisins eru áætluð 239 milljarðar, eða um 7 milljörðum hærri en áætluð útkoma árið 2001 og um 20 milljörðum meiri en í fjárlögum 2001. Hækkun frá fjárlögum skýrist að stærstum hluta af launa-, verðlags- og gengisbreytingum. Útgjöld ríkisins eru áætluð um 30,7% sem hlutfall af landsframleiðslu og lækkar hlutfallið um 1% frá árinu 2001. Gert er ráð fyrir að almennur rekstrarkostnaður ríkissjóðs lækki að raungildi um 1,4% frá 2001 en tilfærsluútgjöld hækki um 2,3%, samtals lækki heildarútgjöld því um 0,5% frá áætlaðri útkomu 2001. Eru breytingar á útgjöldum skýrðar nánar út í 3. kafla frumvarpsins.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2002, eins og þær eru metnar á forsendum fjárlagafrumvarpsins, og endurskoðaða tekjuáætlun fyrir árið 2001.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2001. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 gætu numið rúmlega 253 milljörðum króna. Þessi áætlun var annars vegar byggð á áætlaðri niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2000 og hins vegar spá Þjóðhagsstofnunar um þróun helstu hagstærða á árinu 2001. Þessar forsendur hafa breyst í ýmsum veigamiklum atriðum. Annars vegar sýna niðurstöðutölur ríkisreiknings nokkuð aðra útkomu en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar fjárlaga þótt heildartölur séu nálægt lagi. Hér munar mestu að afskriftir skatta nær þrefölduðust milli ára, meðal annars vegna breyttra viðmiðana. Hins vegar hefur þróun efnahagsmála vikið umtalsvert frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í fjárlögum. Þannig hefur innlend eftirspurn dregist meira saman en þar var gert ráð fyrir. Mestu munar um samdrátt í neyslu heimilanna, sem einkum birtist í minni innflutningi, auk þess sem fjárfesting er talin dragast meira saman en spáð var. Á móti vegur aukinn útflutningur. Á grundvelli endurskoðaðrar tekjuáætlunar má gera ráð fyrir að hagvöxtur verði á bilinu 1–2% á árinu 2001.

Þessi atriði hafa orðið til þess að veikja tekjuáætlun ríkissjóðs og eru skatttekjur nú taldar verða 5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Hér skiptir þó nokkuð í tvö horn. Annars vegar lækka veltuskattar umtalsvert, bæði vegna minni eftirspurnar og eins vegna aukinna skattafskrifta, einkum í virðisaukaskatti. Hins vegar hækka tekju- og eignarskattar einstaklinga nokkru meira en áætlað var sem fyrst og fremst má rekja til meiri tekju- og eignabreytinga. Tekjuskattur lögaðila er þó talinn verða nokkru lægri vegna lakari afkomuhorfa á síðasta ári en áður var áætlað. Á móti minni skatttekjum vegur að nú er gert ráð fyrir að sala eigna skili mun meiri tekjum en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Að öllu samanlögðu er því talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 geti numið 253 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og reiknað var með í fjárlögum.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2002. Ein meginforsenda tekjuáætlunar fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 er að botni hagsveiflunnar verði senn náð og að hagvöxtur muni smám saman aukast á næstu árum. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr verðbólgu á næsta ári og að hækkunin innan ársins verði nálægt 3%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er því talinn munu haldast nokkurn veginn óbreyttur. Hins vegar er gert ráð fyrir að einkaneysluútgjöld á mann dragist lítillega saman og að sparnaður heimilanna muni því aukast. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að þótt hagvöxtur verði eitthvað minni á næsta ári en í

ár geti hann orðið um 1%. Í forsendunum er enn fremur miðað við að gengi krónunnar muni heldur styrkjast á næsta ári.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun [1] 2001	Frumvarp 2002
I Skatttekjur	**187.796**	**200.651**	**217.126**	**212.121**	**222.246**
Skattar á tekjur og hagnað	53.030	59.595	63.207	64.547	67.167
Einstaklingar	42.102	49.331	51.250	53.760	58.980
Tekjuskattur einstaklinga	36.855	42.853	45.500	47.840	53.740
Sérstakur tekjuskattur	1.132	1.272	1.700	1.620	1.240
Skattur á fjármagnstekjur	4.115	5.206	4.050	4.300	4.000
Lögaðilar	9.126	9.679	9.700	8.000	6.000
Ótalið annars staðar	1.802	585	2.257	2.787	2.187
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.232	12	1.570	2.100	1.500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	570	573	687	687	687
Tryggingagjöld	17.768	19.681	20.204	21.099	22.565
Eignarskattar	8.450	9.872	10.686	11.824	12.884
Skattar á vörur og þjónustu	108.033	110.966	122.464	113.596	118.453
Virðisaukaskattur	70.020	71.903	82.220	75.400	79.220
Almenn vörugjöld	10.900	11.067	12.003	11.598	12.122
Vörugjald af ökutækjum	5.896	4.960	5.150	2.900	3.300
Almennt vörugjald af bensíni	1.760	2.127	2.180	2.160	2.190
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.398	5.430	6.026	6.026	5.434
Aðrir sértækir veltuskattar	6.850	7.357	6.816	7.361	7.517
Bifreiðagjald	2.341	2.550	2.650	2.610	2.680
Þungaskattur	4.050	4.639	4.342	4.780	4.964
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	818	932	1.077	761	1.026
Aðrir skattar	515	538	565	1.056	1.177
II Aðrar rekstrartekjur	**17.464**	**19.030**	**19.612**	**18.486**	**19.513**
Arðgreiðslur og leigutekjur	2.733	2.477	1.978	923	1.479
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	9.269	10.698	12.472	13.167	12.952
Neyslu- og leyfisgjöld	4.845	5.208	4.438	3.814	4.384
Annað	617	647	724	582	699
III Sala eigna	**11.140**	**634**	**15.516**	**21.516**	**15.520**
IV Fjármagnstilfærslur	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**
V Fjárframlög	**1.294**	**1.231**	**809**	**825**	**621**
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyritækja	**4.938**	**3.167**			
Heildartekjur ríkissjóðs.	**222.632**	**224.713**	**253.063**	**252.949**	**257.900**
Sjóðshreyfing	**202.041**	**217.978**	**235.735**	**225.576**	**246.600**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Á þessum forsendum eru skatttekjur taldar geta numið 222 milljörðum króna, eða tæplega 5% meira en árið 2001. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar nema um 258 milljörðum króna. Hækkun tekna milli ára má fyrst og fremst rekja til tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalds, sem endurspeglar almenna hækkun launa, og virðisaukaskatts. Á móti vegur lækkun í innheimtu tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts vegna lakari afkomu fyrirtækja og versnandi stöðu og minni umsvifa á fjármagnsmarkaði. Eins er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði minni en á árinu 2001.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2001

Yfirlit. Breytt staða efnahagsmála veldur því að tekjuhorfur ríkissjóðs hafa versnað umtalsvert frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Innlend eftirspurn hefur dregist meira saman en gert var ráð fyrir og það endurspeglast í minnkandi tekjum ríkissjóðs, einkum af veltusköttum. Aftur á móti hafa almennar launatekjur hækkað meira en reiknað var með og það hefur skilað sér í aukinni innheimtu tekjuskatta hjá einstaklingum. Sama má segja um tryggingagjald. Mestu máli skiptir þó að tekjugrunnur ársins lækkaði verulega vegna sérstakrar ákvörðunar um að afskrifa útistandandi skattakröfur á árinu 2000 um mun hærri fjárhæð en áður hafði verið gert. Þetta leiddi meðal annars til þess að áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti lækkuðu umtalsvert.

Framvindan janúar–ágúst. Heildartekjur ríkissjóðs námu tæplega 143 milljörðum króna á fyrstu átta mánuðum ársins, eða 800 m.kr. umfram áætlun. Hækkunin milli ára nemur 8,7 milljörðum, eða um 6½%. Skatttekjur hækka heldur minna, eða um rúmlega 6%. Til samanburðar má nefna að hækkun skatttekna á sama tíma í fyrra nam 11% og 16% árið þar á undan. Mjög skiptir í tvö horn hvað varðar þróun ríkissjóðstekna.

Annars vegar eykst innheimta skatta á launa- og fjármagnstekjur umtalsvert, eða um tæplega 20%. Þetta skýrir reyndar að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs frá fyrra ári. Að hluta til endurspeglar þessi þróun almenna hækkun launa en launavísitalan hefur á sama tíma hækkað um 8½%. Þessar tölur gefa þó ekki alls kostar rétta mynd af tekjuþróun innan ársins heldur koma hér einnig við sögu áhrif mismunandi tímasetningar kjarasamninga á árunum 2000 og 2001 og önnur atriði eins og áhrif álagningar skatta og endurgreiðslur vegna fyrri ára sem skekkja samanburð milli ára. Enn fremur endurspeglar innheimta tekjuskatts lögaðila og fjármagnstekjuskatts á þessu ári fyrst og fremst þróun síðasta árs. Til samanburðar má nefna að þessir tekjuliðir hækka um 8–9% á árinu öllu, miðað við rekstrargrunn, eða helmingi minna en fram kemur í greiðslutölum til ágústloka.

Þróun veltuskatta sýnir allt aðra mynd en þeir reyndust tæplega 1½ milljarði króna lægri í krónutölu en á sama tíma í fyrra og 5½ milljarði króna undir áætlun fjárlaga. Þessi þróun endurspeglar með óyggjandi hætti umtalsverðan samdrátt að raungildi milli ára, eða sem nemur rúmlega 7%. Þessa þróun má einkum rekja til verulegs samdráttar í neysluútgjöldum milli ára, ekki síst kaupum á bílum og ýmsum varanlegum neysluvörum, svo sem

heimilistækjum. Sem dæmi má nefna að vörugjöld af innflutningi bifreiða hafa lækkað um meira en 40% milli ára, eða sem nemur 1½ milljarði króna. Vörugjöld af bensíni lækka einnig milli ára. Samanlögð áhrif þessara þátta koma fram í virðisaukaskatti en hann er að skila minni tekjum í krónum talið en á sama tíma í fyrra. Sú niðurstaða jafngildir um það bil 6% samdrætti að raungildi milli ára.

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga skili rúmlega 49 milljörðum króna í tekjur á árinu 2001, eða 2 milljörðum umfram fjárlagaáætlun. Þetta frávik má fyrst og fremst rekja til meiri launahækkana. Tekjur af fjármagnstekjuskatti eru taldar geta numið 6½ milljarði króna eða tæplega 1 milljarði umfram áætlun sem nær alfarið má rekja til áforma um aukna sölu eigna og aukinnar greiðslu fjármagnstekjuskatts af ríkissjóði þess vegna. Tekjuskattar lögaðila eru hins vegar taldir verða rúmlega milljarði lægri en áður var áætlað vegna lakari afkomu fyrirtækja á árinu 2000. Þessi áætlun er nokkuð óviss og verður endurskoðuð þegar álagning liggur fyrir í haust. Í heild er því áætlað að skattar á tekjur og hagnað skili rúmlega 1½ miljarði króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld skili heldur meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun sem, líkt og gildir um tekjuskattana, má rekja til meiri launabreytinga. Endurskoðuð áætlun sýnir hækkun úr 20,3 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum í rúmlega 21 milljarð.

Eignarskattar. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að eignarskattar muni, þegar á heildina er litið, skila um það bil hálfum milljarði króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða 11,8 milljörðum króna.

Skattar á vöru og þjónustu. Almennir veltuskattar eru taldir munu skila umtalsvert minni tekjum en fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir. Mest munar um minni tekjur af virðisaukaskatti sem lækka úr 82,2 milljörðum króna frá fjárlögum í 75,4 milljarða samkvæmt endurskoðaðri áætlun, eða um tæplega 7 milljarða króna. Eins og áður hefur komið fram má rekja meginskýringu þessa fráviks, eða um 5 milljarða, til mikillar lækkunar álagningarstofns virðisaukaskatts vegna stóraukinna skattaafskrifta í ríkisreikningi ársins 2000. Auk þess hefur þróun efnahagsmála verið með öðrum hætti en áður var gert ráð fyrir og samdráttur í innlendri eftirspurn verið meiri. Jafnframt hefur um það bil 40% samdráttur í bifreiðainnflutningi á árinu leitt til samsvarandi lækkunar á innheimtu vörugjalda af bifreiðainnflutningi.

Aðrar tekjur. Af öðrum tekjuliðum má nefna að arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum hafa almennt lækkað, bæði frá árinu 2000 og eins frá áætlun fjárlaga, sem endurspeglar versnandi afkomu þessara fyrirtækja, líkt og fyrirtækja á almenna markaðinum. Vaxtatekjur eru einnig undir fjárlagaáætlun. Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Annars vegar leiðir versnandi greiðslustaða gagnvart Seðlabanka til minni vaxtatekna. Á móti vega meiri verðlagshækkanir og áhrif gengislækkunar krónunnar. Loks má nefna að nú er gert ráð fyrir að söluhagnaður eigna skili 6 milljörðum króna meiri tekjum í ríkissjóð en reiknað var með í áætlun fjárlaga.

Niðurstaða endurskoðaðrar áætlunar 2001. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs verði 5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar taldar geta numið 253 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og í fjárlögum, og gætir þar fyrst og fremst aukinna tekna vegna sölu ríkiseigna.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2002

Yfirlit. Samkvæmt efnahagsforsendum fjárlagafrumvarpsins verða heildartekjur ríkissjóðs 257,9 milljarðar króna á árinu 2002. Hér á eftir verður gert grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Samtals greiða einstaklingar og lögaðilar 67,2 milljarða í skatta á árinu 2002 sem er tæplega 3 milljarða aukning frá árinu 2001.

Skattar á tekjur og hagnað 2000–2002

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Einstaklingar	49.330	51.250	53.760	58.980
Tekjuskattur einstaklinga	42.853	45.500	47.840	53.740
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	1.271	1.700	1.620	1.240
Fjármagnstekjuskattur	5.206	4.050	4.300	4.000
Lögaðilar	9.679	9.700	8.000	6.000
Ótalið annars staðar	586	2.257	2.787	2.187
Samtals	**59.595**	**63.207**	**64.547**	**67.167**

Tekjuskattar einstaklinga. Áætlun um tekjuskatta einstaklinga miðast við forsendur um breytingu á tekjum og ástand á vinnumarkaði. Miðað er við að almennar launatekjur hækki um 5½% milli ára og að fjölgun skattgreiðenda verði nálægt 1%. Þetta felur í sér að áætlaðir tekjuskattar einstaklinga verða 59 milljarðar árið 2002 samanborið við tæplega 54 milljarða á yfirstandandi ári.

Tekjuskattar lögaðila. Áætlun um tekjuskatt lögaðila tekur mið af almennum efnahagsforsendum um versnandi afkomu í atvinnulífinu á þessu ári. Reiknað er með að á yfirstandandi ári verði tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti lögaðila 8 milljarðar króna en lækki í 6 milljarða á næsta ári vegna versnandi afkomu. Mikilvægt er þó að ítreka að álagningu lögaðila á yfirstandandi ári er enn ekki lokið og því óljóst hver niðurstaðan verður. Af þessum sökum kann áætlunin að taka breytingum fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Tryggingagjöld og launaskattar. Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi og launasköttum eru áætlaðar 22,6 milljarðar króna sem er um 1½ milljarði króna hærra en endurskoðuð áætlun fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir. Breytingar á tryggingagjaldi fylgja áætluðum launabreytingum á næsta ári. Tekjur af almennu tryggingagjaldi fara til að mæta fjárþörf almannatrygginga og Fæðingarorlofssjóðs auk nokkurra smærri liða. Atvinnuleysistryggingagjald rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð en samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins má gera ráð fyrir lítils háttar aukningu atvinnuleysis á næsta ári.

Eignarskattar. Álagðir eignarskattar á árinu 2002 eru taldir verða 12,9 milljarðar samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarps. Í þessum áætlunum hefur ekki verið reiknað með áhrifum endurskoðaðs fasteignamats sem tók gildi 15. september sl.. enda hefur verið ákveðið að fyrir afgreiðslu fjárlaga verði gripið til aðgerða til þess vega á móti áhrifum þessara breytinga.

Eignarskattar 2000–2000

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Eignarskattur einstaklinga	2.786	3.510	3.555	4.411
Eignarskattar lögaðila	2.388	2.380	3.370	3.439
Erfðafjárskattur	765	607	800	850
Stimpilgjöld	3.140	3.290	3.200	3.300
Sértækir eignarskattar	794	899	899	884
Samtals	**9.872**	**10.686**	**11.824**	**12.884**

Skattar á vörur og þjónustu. Skattar á vörur og þjónustu verða 118,5 milljarðar króna á árinu 2002 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem er rúmum milljarði hærra en á yfirstandandi ári. Þessi niðurstaða felur í sér samdrátt að raungildi sem endurspeglar fyrst og fremst samdrátt í innlendri eftirspurn sem þegar er kominn fram og reiknað er með að haldi áfram á næsta ári.

Skattar á vörur og þjónustu 2000–2002

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Virðisaukaskattur	**71.903**	**82.220**	**75.400**	**79.220**
Vörugjöld	**23.583**	**25.359**	**22.684**	**23.046**
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	2.177	2.350	2.410	2.430
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	697	800	680	700
Vörugjald af ökutækjum	4.959	5.150	2.900	3.300
Vörugjald af bensíni	2.127	2.180	2.160	2.190
Sérstakt vörugjald af bensíni	5.429	6.026	6.026	5.434
Flutningsjöfnunargjöld	653	641	641	673
Áfengisgjald	5.771	6.025	6.370	6.320
Ýmis vörugjöld	1.770	2.187	1.497	1.999
Hagnaður af einkasölu ÁTVR	3.120	2.915	3.200	3.300
Tollar og aðflutningsgjöld	2.702	2.590	2.820	2.840
Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	996	746	285	200
Bifreiðaskattar	7.190	6.992	7.390	7.644
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	1.475	1.642	1.817	2.203
Samtals	**110.968**	**122.464**	**113.596**	**118.453**

Virðisaukaskattur. Tekjur af virðisaukaskatti nema alls um þriðjungi af skatttekjum ríkissjóðs. Á þessu ári er áætlað að tekjurnar hafi numið um 75 milljörðum og að á næsta ári verði tekjur af virðisaukaskatti um 79 milljarðar. Áætlaður virðisaukaskattur tekur mið af forsendum um einkaneyslu og aðra þætti sem tengjast breytingum á virðisaukaskattsstofni. Áætlanir fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir því að 1–2% samdráttur verði í einkaneyslu á þessu ári en að á næsta ári verði einkaneyslan svipuð að raungildi og í ár. Tekjuaukinn á næsta ári er því fyrst og fremst vegna áætlaðra verðlagsbreytinga.

Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2000 námu tekjur af virðisaukaskatti 71,9 milljörðum króna sem er talsvert lægra en fyrri áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þessi munur skýrist alfarið af endurmati á afskrifuðum skattkröfum sem hækkaði verulega í uppgjöri vegna ársins 2000.

Almenn vörugjöld. Gert er ráð fyrir að almenn vörugjöld, bæði af innlendri framleiðslu og innfluttum vörum auk áfengisgjalds, skili 3,1 milljarði króna í ríkissjóð á næsta ári. Þessi áætlun felur í sér samdrátt að raungildi þar sem reiknað er með minnkandi innflutningi á næsta ári.

Vörugjald af ökutækjum. Mikil umskipti hafa orðið í innflutningi á bifreiðum á yfirstandandi ári. Reyndar hafði verið reiknað með samdrætti í forsendum fjárlaga ársins 2001 en raunin hefur orðið mun meiri samdráttur en þar var miðað við. Fyrstu átta mánuði ársins hafa einungis verið skráðir 5.800 nýir bílar samanborið við 10.500 á síðasta ári. Í þessu ljósi og með tilliti til almennra horfa í efnahagsmálum er ekki útlit fyrir að

bílainnflutningur aukist mikið á næsta ári. Í forsendum er því reiknað með að fjöldi innfluttra bíla verði um 10.000 á næsta ári. Því má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af bifreiðainnflutningi verði svipaðar að raungildi á næsta ári, eða um 3,3 milljarðar króna.

Vörugjöld af bensíni. Tvenns konar vörugjöld eru lögð á bensín. Annars vegar almennt vörugjald að upphæð 10,50 krónum á hvern seldan bensínlítra og hins vegar sérstakt vörugjald sem er 28,60 krónur og rennur til Vegagerðarinnar. Í forsendunum er miðað við um 1½% aukningu í bensínsölu á næsta ári og óbreytta gjaldskrá. Þessi áætlun felur í sér að tekjur af vörugjöldum af bensíni verða 7,6 milljarðar króna.

Aðrir sértækir veltuskattar. Hér undir falla ýmsir liðir á borð við hagnað af einkasölu, tolla og aðflutningsgjöld sem og ýmsa þjónustuskatta. Samanlagt er áætlað að þessir liðir skili um 7,5 milljarða króna tekjum á næsta ári sem er um 150 milljóna króna aukning frá áætluðum tekjum ársins 2001.

Bifreiðagjald og þungaskattur. Skattar á bifreiðaeign eru tvenns konar, bifreiðagjöld og þungaskattur. Bifreiðagjöld leggjast nær undantekningalaust á allar bifreiðar. Þungaskattur leggst aftur á móti eingöngu á dísilknúin ökutæki og er, líkt og sérstakt vörugjald á bensín, markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Áætlað er að tekjur af bifreiðagjaldi á næsta ári verði 2,7 milljarðar sem er örlítil lækkun frá tekjuáætlun fyrir árið 2001. Áætlaðar tekjur af þungaskatti á næsta ári eru 4,9 milljarðar sem skiptist nokkuð jafnt milli tekna af föstu árgjaldi og mælagjaldi. Tekjur af þungaskatti hafa farið vaxandi á undanförnum árum enda hefur díselbifreiðum fjölgað hlutfallslega. Þrátt fyrir þessa fjölgun díselbíla er hlutfall þeirra af heildarbílaflotanum tiltölulega lágt hér á landi samanborið við nágrannalöndin. Ástæðan er fyrst og fremst sú að núverandi þungaskattskerfi dregur úr hagkvæmni þess að velja díselbíla fyrir fjölskyldufólk fremur en bensínbíla. Þetta er að mörgu leyti óhagkvæmt þar sem á undanförnum árum hafa orðið miklar tækniframfarir sem dregið hafa úr eldsneytisnotkun og mengun frá díselvélum. Vinsældir díselbíla hafa því vaxið og hlutfall þeirra í fólksbílaflotanum því vaxið víða í Evrópu. Nú er svo komið að í Mið- og Suður-Evrópu er annar hver nýr fólksbíll með díselvél. Meðal annars af þessum sökum hefur verið til skoðunar að breyta fyrirkomulagi þungaskatts til þess að jafna samkeppnisstöðu dísil- og bensínbíla.

Aðrir neysluskattar, leyfisgjöld og aðrir skattar. Undir þessa liði heyra margs konar neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld auk ýmissa skatta. Samtals er reiknað með að þessi gjöld skili tæpum 2 milljörðum í tekjur á árinu 2002 sem er um 700 milljón króna hækkun frá því sem gert er ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2001.

Aðrar rekstrartekjur. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins gerir ráð fyrir að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs verði um 19,5 milljarðar króna á næsta ári. Þetta er einum milljarði króna hærri upphæð en áætlað er á þessu ári. Hlutdeild ríkissjóðs í hagnaði Seðlabankans lækkar vegna breytinga á reglum í samræmi við ný lög um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þar er kveðið á um að í stað þess að greiða þriðjung af hagnaði síðustu þriggja ári er greiðsla í ríkissjóð nú tveir þriðju hlutar af hagnaði síðastliðins árs. Þetta á þó einungis við sé eigið fé Seðlabankans 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok reikningsársins á undan. Að öðrum kosti greiðir Seðlabankinn einungis þriðjung hagnaðarins í ríkissjóð. Núverandi eiginfjárstaða Seðlabankans er töluvert langt frá því að uppfylla þetta skilyrði og því ljóst að greiðsla bankans í ríkissjóð lækkar á næsta ári. Hins vegar er stefnt að því að styrkja eiginfjárstöðuna með framlögum úr ríkissjóði þannig að þessu marki verði náð innan fárra ára. Arðgreiðslur ríkisfyrirtækja hafa einnig farið lækkandi vegna einkavæðingar og fyrirsjáanlegt að á næsta ári lækka þær enn vegna sölunnar á hluta Landssímans og ríkisbankanna. Á móti þessum lækkunum koma hærri vaxtatekjur en gert er ráð fyrir að þær hækki um rúmar 800 milljónir milli ára. Neyslu- og leyfisgjöld af ýmsum toga hækka um rúmar 500 milljónir milli ára og skila 4,4 milljarða króna tekjum á næsta ári.

Sala eigna. Áætlað er að hagnaður ríkissjóðs af sölu ríkiseigna nemi samtals 15,5 milljörðum króna á næsta ári sem að langmestu leyti má rekja til sölu á eignarhlut ríkisins í Landssímanum og ríkisbönkunum tveimur.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum verði rúmar 600 milljónir á næsta ári sem er tæplega 300 milljónum króna lægri upphæð en reiknað er með á þessu ári.

3 Gjöld A-hluta

Í kaflanum er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkisjóðs árið 2002 og skiptingu þeirra hagrænt og eftir málefnaflokkum. Farið er yfir helstu breytingar á yfirstandandi ári og greint frá áherslum í frumvarpinu. Sérstaklega er gerð grein fyrir spám um líklega þróun ríkisútgjalda næstu fjögur árin og sérstakur kafli er um rannsóknir og þróunarstarfsemi. Loks er að venju fjallað ítarlega um fjárreiður einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og verkefna.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi ársins 2002 í samræmi við spá Seðlabanka Íslands um þróun verðlags og gerir ráð fyrir að neysluverðsvísitala hækki um 6,4% milli ára 2000 og 2001 og tæplega 5% á milli 2001 og 2002. Launabreytingar taka mið af því að flest félög opinberra starfsmanna gerðu kjarasamninga á árinu 2001 og hækka laun almennt um 3% í upphafi árs 2002. Þar sem samningar tóku gildi á mismunandi tíma á yfirstandandi ár er breyting á milli ára 2001 til 2002 nokkuð meiri. Reiknað er með að bætur almannatrygginga hækki um ríflega 7% í upphafi næsta árs og er þá bætt það sem vantar á hækkun þessa árs miðað við spá um breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Í samræmi við almennar verðlagsforsendur hækka önnur rekstrargjöld stofnana um 6,7% á milli ára og er þar bætt upp það sem á vantar að verðlagsforsendur fjárlaga 2001 séu í samræmi við nýjustu spár.

3.1 Heildaryfirlit ríkisútgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2002 eru áætluð um 239 milljarðar króna og aukast um 7 milljarða frá endurskoðaðri áætlun þessa árs og um 20 milljarða frá fjárlögum 2001. Mismunurinn á fjárlögum 2001 og frumvarpinu er að mestu vegna launa-, gengis- og verðlagsbreytinga, eða samtals 14 milljarðar króna. Afgangurinn, eða 6 milljarðar, er efnisleg breyting frá fjárlögum, eða sem nemur 2,7%. Sama má segja um frávik frá fjárlögum innan þessa árs sem sótt verður um í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001. Þar skýra lífeyrisskuldbindingar, kjarasamningar, gengi og almannatryggingar megin hluta frávika eins og nánar verður rakið síðar í kaflanum. Miðað við endurskoðaða áætlun um útkomu þessa árs lækka heildarútgjöld ríkisins um 0,5% að raungildi á milli ára og hefur þá verið tekið tillit til breytinga á framsetningu sem nánar eru skýrðar hér á eftir. Rekstrarútgjöld ríkisins lækka um 1,4%, tilfærsluútgjöld hækka um 2,3% umfram verðlag og stofnkostnaður lækkar. Loks lækka gjaldfærðir vextir um tæplega 500 m.kr. frá áætlun 2001. Að öllu samanlögðu lækka heildarútgjöld því um 0,5% frá áætlun þessa árs án breytinga á lífeyrisskuldbindingum.

Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 230 milljarðar króna samanborið við 239 milljarða heildargjöld. Mismunur á greiðslum og útgjöldum, eða 9 milljarðar króna, skýrist einkum af þrennu: Í fyrsta lagi eru gjaldfærðar 3 milljarðar áfallnar lífeyrisskuldbindingar umfram það sem greitt er í lífeyrissjóðinn á árinu. Í öðru lagi er munur á innheimtum og áföllnum vaxtagjöldum 2,5 milljarðar og loks er áætlað að afskriftir skattkrafna nemi 4 milljörðum á næsta ári. Á móti koma 0,3 milljarða greiðslur umfram útgjöld vegna afborgana Vegagerðar af lánum til ferja.

Framsetning gjaldahliðar. Heildarútgjöld skiptast í almennan rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Til frádráttar almennum rekstrarkostnaði er sá hluti sem fjármagnaður er með sértekjum. Með sértekjum er átt við greiðslur notenda fyrir veitta þjónustu eða vörur sem opinberir aðilar í markaðstengdri starfsemi selja og eru ekki lögákvarðaðar. Þá eru innbyrðis viðskipti ríkisaðila sýnd sem sértekjur. Nokkrar breytingar eru gerðar á framsetningu frá síðustu fjárlögum. Í fyrsta lagi eru innbyrðis viðskipti Vegagerðarinnar sýnd þannig að sértekjur og rekstrargjöld hækka um 3 milljarða króna, þar af hækka launaútgjöld um milljarð. Í öðru lagi eru skráningargjöld Skráningarstofunnar hf. færð um gjaldahlið í samræmi við reikningsskilareglur og aukast ríkistekjur og gjöld um 230 m.kr. af þeim sökum. Í fjórða lagi eru 480 m.kr. vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa færðar sem sértekjur hjá sjóðunum til samræmis við ríkisreikning. Í fimmta og síðasta lagi eru 830 m.kr. færðar af Sjúkratryggingum í rekstrargjöld sjúkrahúsa, við það lækka tilfærsluútgjöld og önnur rekstrargjöld hækka. Breytingarnar valda því að sértekjur hækka samtals um tæplega 3,5 milljarða króna og önnur rekstrargjöld um rúmlega 4 milljarða, en tilfærsluútgjöld lækka um 0,8 milljarða.

Fjármögnun útgjalda að frádregnum sértekjum er sýnd í frumvarpinu, annaðhvort sem greiðsla úr ríkissjóði eða hlutdeild í ríkistekjum. Sé fjármögnun ekki jöfn útgjöldum myndast viðskiptahreyfing sem sýnir þann hluta útgjalda sem kemur til greiðslu síðar ef útgjöldin eru hærri. Með sama hætti sýnir viðskiptahreyfing greiðslu kostnaðar sem hefur fallið til á fyrri árum ef greiðslur eru hærri en útgjöld. Með greiðslu úr ríkissjóði er átt við ráðstöfun á almennum skatttekjum ríkissjóðs og mörkuðum tekjustofnum til verkefna. Hlutdeild í ríkistekjum er sá hluti ríkisútgjalda sem fjármagnaður er með lögákveðnum tekjum sem eru greiðsla fyrir tiltekna þjónustu eða verkefni ríkisins og færast á tekjuhlið frumvarpsins. Mörkin milli sértekna og og innheimtra ríkistekna geta verið óljós og ráðast einkum af því hvort gjaldið tekur mið af kostnaði við þá þjónustu sem látin er í té gegn greiðslu þess.

Í séryfirliti á bls. 259 er gerð grein fyrir mörkuðum tekjum árið 2002 og ráðstöfun þeirra til verkefna og stofnana. Markaðar tekjur vísa til þess að tilteknir aðilar eða verkefni eiga ákveðinn hlut í viðkomandi tekjustofni og geta myndað kröfu á hendur ríkissjóði. Samkvæmt yfirlitinu eru markaðar tekjur samtals 37.402 m.kr., þar af er lagt til að 518 m.kr. verði skertar með sérstakri heimild í 6. gr. frumvarpsins og 1.733 m.kr. færðar sem

viðskiptahreyfing og eru krafa á ríkissjóð. Helstu kröfur á ríkissjóð eru vegna sjóðssöfnunar atvinnuleysistrygginga. Ef útgjöld vegna atvinnuleysisbóta verða hærri en markaðar tekjur af atvinnutryggingagjaldi gengur á inneign markaðra tekna sjóðsins. Í séryfirliti 4, bls. 265, er yfirlit yfir áætlaðar rekstrartekjur stofnana árið 2002 og eru þær samtals 4.591 m.kr. Þar er um að ræða tekjur sem færast sem ríkistekjur en varið er til að fjármagna tiltekin verkefni í A-hluta ríkissjóðs. Loks er í séryfirliti 5, bls 270, skrá yfir lögbundin framlög, það eru framlög úr ríkissjóði sem ákvarðast af öðrum lögum en fjárlögum og nema samtals 7.818 m.kr.

Horfur 2001. Áætlað er að heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2001 verði 232 milljarðar samanborið við 219 milljarða í fjárlögum ársins. Áætlað er að útgjöldin verði þannig 13 milljörðum króna umfram fjárlög og eru þar af 3 milljarðar vegna lífeyrisskuldbindinga, 700 m.kr. vegna greidds fjármagnstekjuskatts af söluhagnaði eigna og 500 m.kr. vegna afskrifta skattkrafna. Þá er áætlað fyrir 3 milljörðum til að mæta kostnaði við launa- og gengisbreytingar í kjölfar kjarasamninga sem gerðir hafa verið við starfsmenn ríkisins á þessu ári og auknum útgjöldum vegna lækkunar á gengi krónunnar. Það sem eftir stendur, eða tæplega 6 milljarðar, eru ýmsar ákvarðanir og ófyrirséð útgjaldatilefni. Þar munar mest um 1,2 milljarða hækkun lífeyristrygginga, 600 m.kr. hækkun vaxtabóta, 590 m.kr. hækkun vaxtagjalda, 350 m.kr. til nýrra bókhaldskerfa ríkisins samkvæmt útboði, 300 m.kr. vegna einkavæðingarverkefna og 250 m.kr. til flugvalla vegna flýtingar á framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll. Þá má nefna 270 m.kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna nemendafjölgunar, skólagjalda og gengisbreytinga, 230 m.kr. til að ljúka skólaárinu í framhaldsskólum í kjölfar verkfalls kennara og 140 m.kr. til málskostnaðar í opinberum málum. Á móti kemur að atvinnuleysisbætur verða 360 m.kr. innan áætlunar og áætlað er að stofnkostnaðarfjárheimildir verði ekki að fullu nýttar á árinu.

Nánar er fjallað um útgjöld árið 2001 í frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verður fram á Alþingi í byrjun október.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2002. Ríkistjónin ákvað fyrri hluta apríl sl. útgjaldaramma fyrir hvert ráðuneyti að tillögu fjármálaráðherra. Ráðuneytin forgangsröðuðu útgjaldatilefnum innan þeirra ramma og skiluðu tillögum í byrjun ágúst. Um miðjan ágúst voru tekjur og kerfisbundin útgjöld endurmetin í ljósi nýrra upplýsinga um þróun efnahagsmála. Í kjölfarið ákvað ríkisstjórnin að útgjaldarammar skyldu lækkaðir um samtals 3 milljarða króna frá því sem áður hafði verið ákveðið. Fjármálaráðherra gerði tillögu um gjaldahlið frumvarpsins sem þingflokkar stjórnarfkokkanna samþykktu seinni hluta ágústmánaðar. Frá þeim tíma hafa forsendur verið endurmetnar nánar, svo sem áhrif kjarasamninga og markaðra tekna auk þess sem lífeyrisskuldbindingar, vextir og almannatryggingar hafa verið endurmetin í ljósi nýrri upplýsinga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frumvarp 2002	Breyting milli ára 2001-2002
Rekstrargjöld					
Laun	53.958	63.380	66.006	71.651	5.646
Lífeyrisskuldbindingar	24.877	6.535	9.535	6.205	-3.330
Önnur gjöld	48.310	33.499	36.242	40.145	3.903
Þjónustutekjur	-13.763	-11.243	-11.623	-16.583	-4.960
Rekstrargjöld samtals	**113.382**	**92.172**	**100.160**	**101.419**	**1.259**
Fjármagnskostnaður	**15.245**	**16.200**	**16.790**	**16.300**	**-490**
Neyslu- og rekstrartilfærslur					
Lífeyristryggingar	20.090	19.220	20.370	22.709	2.339
Sjúkratryggingar	10.873	11.301	12.201	12.043	-158
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.200	6.990	6.990	6.935	-55
Bætur samkvæmt lögum um félaglega aðstoð	5.435	5.855	5.989	6.453	464
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.200	5.800	5.800	5.142	-658
Barnabætur	3.702	4.430	4.430	4.930	500
Daggjaldastofnanir	4.047	4.055	4.355	4.592	237
Vaxtabætur	4.309	3.885	3.885	3.885	0
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.246	2.410	2.410	2.554	144
Fæðingarorlofssjóður	0	2.369	2.619	4.611	1.992
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.444	2.284	1.924	2.302	378
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910	2.150	2.420	2.550	130
Ríkisútvarpið	1.777	1.625	1.625	1.905	280
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	13.990	16.175	17.498	17.901	403
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**80.223**	**88.548**	**92.515**	**98.512**	**5.997**
Viðhald					
Vegagerðin	4.151	4.228	4.228	4.234	6
Annað	1.112	1.204	1.204	1.582	378
Viðhald samtals	**5.263**	**5.432**	**5.432**	**5.816**	**384**
Fjárfesting					
Vegagerðin	4.631	5.955	5.655	6.386	731
Háskólar og framhaldsskólar	854	1.475	1.475	1.594	119
Heilbrigðisstofnanir	1.010	1.384	1.384	1.389	5
Hafnarframkvæmdir	486	1.293	1.293	1.415	123
Flugvellir	882	613	861	557	-304
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	630	560	560	545	-15
Annað	6.396	5.533	5.876	5.361	-515
Fjárfesting samtals	**14.889**	**16.813**	**17.104**	**17.247**	**144**
Gjöld samtals	**229.002**	**219.164**	**232.000**	**239.293**	**7.293**

Rekstrargjöld A-hluta ríkissjóðs, það er laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 101 milljarður króna árið 2002. Við stefnumörkun í ríkisfjármálum var lögð áhersla á að rekstrarútgjöld hækkuðu ekki umfram launa- og verðlagsbreytingar. Á síðari stigum fjárlagagerðarinnar var því gerð almenn 2% hagræðingarkrafa til reksturs ríkisstofnana. Mismunandi er hvernig ráðuneytin útfærðu sparnaðinn eins og fram kemur í

greinargerðinni í köflum um útgjöld hvers ráðuneytis. Rekstrarútgjöldin lækka því að raungildi um 1,4% frá áætlaðri útkomu yfirstandandi árs og gildir það nokkuð jafnt um öll ráðuneytin.

Sértekjur eru áætlaðar 16,6 milljarðar króna og hækka um 5,3 milljarða frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar á framsetningu skýra mikla hækkun sértekna en nú eru innbyrðis viðskipti Vegagerðarinnar sýnd þannig að sértekjur hækka af þeim sökum um 3,1 milljarð króna. Þar til viðbótar eru nú færðar 480 m.kr. vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa til samræmis við ríkisreikning. Þá hækka sértekjur Fasteigna ríkisjóðs um 300 m.kr. þar sem framhaldsskólar færast yfir í umsjón stofnunarinnar og greiða húsaleigu sem stendur undir viðhaldi og rekstri. Samtals skýrir því breytt framsetning meginhluta hækkunar sértekna en það sem eftir stendur, eða 1,5 milljarður stafar einkum af launa-, gengis og verðlagsbreytingum frá forsendum fjárlaga 2001, en þar af hækka sértekjur Alþjóðaflugþjónustunnar um tæplega 300 m.kr. Sé tekið tillit til framangreindra breytinga standa sértekjur nánast í stað sem hlutfall af rekstrargjöldum.

Launagjöld eru áætluð 71,6 milljarðar króna í frumvarpinu. Þar af er 1 milljarður vegna breytingar á framsetningu Vegagerðarinnar. Hækkun launakostnaðar frá fjárlögum 2001 er 11,5% að því frátöldu. Flest launþegafélög opinberra starfsmanna sömdu við ríkið um 6,9% hækkun launa á þessu ári og síðan um 3% almenna launahækkun í byrjun næsta árs, eða um rúmlega 10% á tveimur árum. Hækkun launakostnaðar umfram það, auk magnbreytinga, skýrist m.a. af hækkun launa framhaldsskólakennara og launakostnaðar sem var vanmetinn í fjárlögum, en þar var einkum um að ræða félög innan ASÍ og BSRB þar sem láglaunabætur vega þungt, sem samið var um til samræmis við samninga á almennum vinnumarkaði. Samið var um svonefnda kerfisbreytingu við nokkur félög ríkisstarfsmanna sem fól í sér hækkun dagvinnulauna umfram heildarlaun og hefur því veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkisins. Lífeyrisskuldbinding vegna framhaldsskólakennara færðist í ríkisreikningi árið 2000, sem og mikil hækkun skuldbindingar vegna samninga grunnskólakennara við sveitarfélögin. Þar sem aðlögun dagvinnulauna er nú að mestu lokið er gert ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingar hækki minna á næsta ári en að jafnaði undanfarin ár. Nánar er fjallað um þær forsendur í kafla um lífeyriskuldbindingar undir fjármálaráðuneyti.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög. Neyslu- og rekstrartilfærslur nema samtals 98,5 milljörðum króna í frumvarpinu og hækka um 11,3% frá fjárlögum og 6,5% umfram áætlun þessa árs. Gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um ríflega 7% í upphafi árs 2002, eins og fram hefur komið. Á miðju yfirstandandi ári tóku gildi verulegar breytingar á bótum almannatrygginga til að tryggja hag þeirra sem talið var að hefðu minnstar tekjur. Einnig hækkuðu bætur í upphafi ársins við að nýr tekjutryggingaauki var tekinn upp. Áætlað er að breytingar á bótum almannatrygginga kosti um 1.600

m.kr. árlega og skýrir það hækkun frá fjárlögum umfram verðlagsforsendur. Útgjöld Fæðingarorlofssjóðs hækka einnig nokkuð, eða um 2 milljarða þar sem um fyrsta heila rekstrarár sjóðsins verður að ræða á næsta ári og þar til viðbótar bætist við einn mánuður í fæðingarorlofi feðra. Sjóðurinn er fjármagnaður með hlutdeild í tryggingagjaldi nema sá hluti sem er fyrir fólk utan vinnumarkaðar. Árið 2002 falla niður 480 m.kr. útgjöld lífeyristrygginga til fæðingarorlofs þar sem Fæðingarorlofssjóður tekur við hlutverki almannatrygginga. Þá hækka barnabætur um 500 m.kr. sem er liður í áframhaldandi aðgerðum til að draga úr tekjutengingu og stuðla að hækkun frítekjumarka bótanna. Sjúkratryggingar lækka frá áætlun þessa árs þar sem hluti lyfjaútgjalda er færður til sjúkrahúsa, það er kostnaður við þau lyf sem eingöngu eru veitt á sjúkrahúsum. Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækka við að tímabundið 700 m.kr. framlag samkvæmt samkomulagi tekjustofnanefndar fellur niður. Loks má nefna að framlög til búvöruframleiðslu lækka vegna þess að tímabundin uppkaup á framleiðslumarki í sauðfjárframleiðslu falla niður og 830 m.kr. færast af sjúkratryggingum í rekstrargjöld stofnana. Nánar er fjallað um einstaka tilfærsluliði undir hverju ráðuneyti síðar í greinargerðinni.

Fjármagnskostnaður. Áfallnir gjaldfærðir vextir ríkissjóðs eru áætlaðir 16,3 milljarðar króna og lækka um tæplega hálfan milljarð frá áætlun þessa árs. Vextir á yfirstandandi ári verða nokkru hærri en áætlað var vegna áhrifa verðlags- og gengisbreytinga. Áætlað er að vaxtagjöld ríkisins fari lækkandi næstu ár þar sem stöðugt hefur verið greitt af skuldum ríkisins umfram ný lán, eða um samtals 20 milljarða frá 1998 til ársloka 2002, gangi áætlanir eftir. Greiddir vextir á þessu ári verða nokkru hærri en áætlað er í fjárlögum vegna innlausnar spariskírteina fyrir gjalddaga.

Viðhaldsverkefni. Útgjöld til viðhalds eru samtals 5,8 milljarðar króna í frumvarpinu og þar af er viðhald Vegagerðarinnar áætlað rúmlega 4,2 milljarðar sem er nær óbreytt í krónutölu frá fjárlögum þessa árs. Annað viðhald hækkar verulega umfram verðlagsforsendur, eða um tæplega 400 m.kr., og er skýringanna helst að leita í 300 m.kr. aukningu á viðhaldi framhaldsskóla sem flytjast í umsjón Fasteigna ríkisins.

Stofnkostnaður. Heildarkostnaður við fjárfestingu A-hluta er 17,2 milljarðar króna samkvæmt frumvarpinu og eykst um 2,6% frá fjárlögum. Framlög til stofnkostnaðar Vegagerðarinnar hækka þó nokkuð umfram verðlag frá fjárlögum 2001, eða alls um tæplega 400 m.kr. Þá hækka útgjöld til hafnarframkvæmda um 200 m.kr. vegna áforma um hafnaraðstöðu fyrir ferju á Seyðisfirði og um rúmlega 60 m.kr. til stóriðjuhafnar á Reyðarfirði. Áformað er að ljúka við byggingu á Skála við Alþingi og byggingu Barnaspítala á næsta ári. Framlag til bygginga háskóla, m.a. til að ljúka við nýbyggingu Kennaraháskólans, hækka um 200 m.kr. Stofnkostnaður flugvalla lækkar um 250 m.kr. á næsta ári þar sem samkomulag var gert við verktaka um að flýta framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll á

þessu ári án kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Á móti koma aukin framlög í samræmi við flugmálaáætlun. Loks má nefna að tímabundið framlag til nýrra fjárhagskerfa ríkisins nemur 480 m.kr. á næsta ári. Niður fellur tímabundið 265 m.kr. framlag sem fært var undir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna einsetningar grunnskólans.

3.2 Útgjaldahorfur næstu fjögur árin.

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum notað reiknilíkan til að áætla útgjöld ríkissjóðs til þriggja ára. Í reiknilíkaninu er sett fram spá um útgjöld einstakra viðfangsefna fjárlaga fyrir næstu þrjú árin á eftir árinu sem hvert fjárlagafrumvarp tekur til, að þessu sinni fyrir árin 2003 til og með 2005. Útreikningarnir byggja á reiknireglum fyrir hvert viðfangsefni sem fela í sér forsendur um breytingar á milli ára, ýmist hlutfallslega eða í krónutölu. Niðurstöðurnar eru sýndar í heild fyrir málaflokka hvers ráðuneytis og sýna líklega þróun að óbreyttu miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið.

Með útreikningunum eru metnar horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform stjórnvalda sem þegar liggja fyrir, t.d. í samgönguáætlunum. Fjárveitingar til stofnana og þar með þróun ríkisútgjalda kunna að sjálfsögðu að verða með öðrum hætti í reynd eftir þeim útgjaldaáherslum sem stjórnvöld ákveða í fjárlögum ár hvert.

Forsendur fyrir áætluninni taka að hluta mið af þróuninni undanfarin ár á föstu verðlagi og að hluta til þátta sem þegar liggja nokkuð ljóst fyrir næstu þrjú árin, svo sem um fólksfjölda og framkvæmdaáform. Með hliðsjón af slíkum þáttum er gert ráð fyrir að rekstur stjórnsýslu og almennra þjónustu á vegum ríkisins vaxi um 1% árlega. Í öðrum málefnaflokkum, t.d. í mennta- og heilbrigðismálum, er gert ráð fyrir nokkru meiri vexti eða frá 3–5% ár hvert eftir eðli starfseminnar. Veigameiri tilfærsluútgjöld eru reiknuð miðað við gildandi lög og samninga auk sérstakra hagrænna forsendna. Mörg smærri tilfærsluframlög og styrkir, sem eru háðir ákvörðun stjórnvalda, eru föst fjárhæð og taka ekki breytingum að raungildi. Viðhald og stofnkostnaður er reiknaður miðað við fyrirliggjandi framkvæmdaáform ráðuneyta og samgönguáætlanir. Í öllum útgjaldaþáttum, rekstri, tilfærslum og stofnkostnaði er tekið tillit til þess hvenær verkefnum lýkur á tímabilinu eða hvenær tímabundnar fjárveitingar falla niður. Þá er framreiknaður fjármagnskostnaður ríkisins miðað við óbreytta afkomu. Af þessum orsökum er minnst breyting fyrsta ár áætlunarinnar þar sem fjöldi tímabundinna framlaga fellur niður eftir hvert fjárlagaár. Hin árin lækka vaxtaútgjöld það mikið að heildarbreyting útgjalda er minni en ella.

Niðurstöður framreikninganna eru í eftirfarandi töflu yfir helstu málefnaflokka ríkissjóðs:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005	Árleg breyting
Almenn opinber þjónusta	14.237	13.961	13.864	13.503	-1,7
Löggæsla og öryggismál	11.145	11.256	11.323	11.425	0,8
Fræðslumál	21.110	22.005	22.790	23.657	3,9
Heilbrigðismál	58.596	60.316	62.128	64.203	3,1
Almannatryggingar og velferðarmál	51.930	54.332	55.643	56.990	3,1
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	2.038	2.132	2.255	2.360	5,0
Menningar- og kirkjumál	9.302	9.416	9.388	9.476	0,6
Eldsneytis- og orkumál	1.913	2.115	2.104	1.892	-0,4
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	12.993	12.699	12.626	12.650	-0,9
Iðnaðarmál	737	742	748	749	0,5
Samgöngumál	15.951	17.455	17.091	16.977	2,1
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.226	4.066	3.936	3.882	-2,8
Önnur útgjöld ríkissjóðs	35.118	31.712	28.985	27.519	-7,8
Samtals	**239.296**	**242.207**	**242.881**	**245.283**	**0,8**

Rétt er að benda á að frekari niðurbrot á málafloka er að finna í upphafi kafla um hvert ráðuneyti. Eins og fram kemur í töflunni sýnir framreikningurinn mestar hækkanir til fræðslumála, almannatrygginga og heilbrigðismála. Þó er hlutfallsleg hækkun húsnæðismála nokkuð mikil vegna kostnaðar við átak í að fjölga leiguíbúðum sem kemur fram í auknum niðurgreiðslum til að brúa vaxtamun Íbúðalánasjóðs eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem stofnstyrkjum. Málaflokkurinn önnur útgjöld lækkar verulega þar sem reiknað er með að vaxtagjöld ríkisins fari lækkandi á tímabilinu. Loks má nefna að almenn opinber þjónusta lækkar vegna þess að gert er ráð fyrir að fjárfestingu í fjárhagskerfum ríkisins og stjórnarráðsbyggingum ljúki á tímabilinu. Nánari upplýsingar um forsendur fyrir hvern málaflokk er að finna í upphafskafla hvers ráðuneytis hér á eftir.

Ef litið er á breytingu útgjalda eftir hagrænni skiptingu þá er reiknað með að rekstrarútgjöld vaxi að jafnaði um rúm 2% árlega, rekstrar- og neyslutilfærslur hækki að jafnaði um 2–3%, en stofnkostnaður aukist talsvert árið 2003 og lækki síðan um 4–5% á ári næstu tvö árin þar á eftir. Reiknað er með að viðhald aukist um 2–3% árlega. Loks lækka vaxtagjöld um 15% ár hvert. Að öllu samanlögðu vaxa heildarútgöld ríkisins um tæplega 1% að raungildi samkvæmt útreikningunum. Að frátöldum vaxtagjöldum er árlegur vöxtur útgjalda 2%. Miðað við 2,5% árlegan hagvöxt að jafnaði ættu ríkisútgjöld að fara áfram lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, en mennta-, heilbrigðis- og velferðarmál heldur vaxandi.

Mikla fyrirvara verður að gera við slíka framreikninga þar sem byggt er á gefnum forsendum miðað við tilteknar aðstæður. Niðurstöðu slíkra framreikninga má þó nota til að sýna hvar útgjaldaþrýstingurinn er mestur og framreikningurinn gefur vísbendingar um að áfram sé hægt að tryggja trausta stöðu ríkisfjármála og lækka útgjöld sem hlutfall af lands-

framleiðslu ef fyllsta aðhalds er gætt í útgjöldum og spyrnt á móti þeim mikla vexti í tilfærsluútgjöldum sem verið hefur undanfarin ár. Til að mæta auknum kröfum um þjónustu, fjölgun nemenda og aldraðra er því nauðsynlegt að halda áfram umbótum í ríkisrekstrinum og nýskipan ríkisfjármála.

3.3 Útgjöld til rannsókna- og þróunarmála 1998 til 2002

Í frumvarpinu er í þriðja sinn í röð lagt mat á heildarútgjöld ríkisaðila til rannsókna og þróunar. Áætlað er að útgjöldin verði tæplega 9 milljarðar króna á árinu 2002. Þar af er talið að ríkisstofnanir muni verja um 8 milljörðum króna en 1 milljarði króna verði varið til innlendra og erlendra rannsóknasjóða sem í flestum tilvikum bæði opinberir aðilar og einkaaðilar geta sótt um fé úr. Að einhverju leyti eru útgjöld sjóðanna því tvítalin en á móti kemur að útgjöld stofnana sem fjármögnuð eru af sértekjum eru áætluð af vanfærni við gerð fjárlaga. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt sérstakri könnun Rannsóknarráðs Íslands vörðu sömu aðilar um 8 milljörðum króna til rannsókna og þróunar árið 1999.

Gert er ráð fyrir að útgjöld til rannsókna og þróunar hækki um 1 milljarð króna frá fjárlögum ársins 2001 til frumvarpsins en verði svipuð og á árinu 2000 samkvæmt ríkisreikningi. Lækkun milli ríkisreiknings árið 2000 og fjárlaga 2001 skýrist að hluta af varfærinni sérteknaáætlun í fjárlögunum og einnig af 620 milljóna króna lokagreiðslu til nýsmíði hafrannsóknaskips á árinu 2000. Samanburður á áætluðum útgjöldum til rannsókna og þróunar samkvæmt fjárlögum 2000 og ríkisreikningi fyrir sama ár bendir til þess að útgjöldin hafi verið vanmetin í fjárlögum 2000 um fjórðung sem taka má sem vísbendingu um að útgjöld ríkisins til þessara mála verði ekki 9 milljarðar króna árið 2002 heldur 11–12 milljarðar króna. Mismunurinn skýrist af sértekjum þar sem styrkir og rannsóknarframlög frá erlendum sjóðum og fyrirtækjum eru háð óvissu og eru ekki endurmetin sérstaklega í fjárlagafrumvarpi 2002.

Mat á heildarútgjöldum til rannsókna og þróunar er byggt á upplýsingum sem stofnanir gáfu um mat þeirra á rannsóknarumsvifum sínum í könnunum sem Rannsóknarráð Íslands gerði á árinu 1997 og aftur á árinu 1999. Mat stofnana er misnákvæmt og umsvif geta verið mismikil frá ári til árs. Með því að beita hlutfallstölum beggja kannana á reikningstölur 1998 kemur í ljós að seinni könnunin bendir til 4% meiri umsvifa en sú fyrri og er munurinn 300 m.kr. Hlutfallstölur frá könnuninni árið 1999 eru notaðar við mat á heildarumsvifum við rannsóknir og þróun þau ár sem hér eru til umfjöllunar samkvæmt ríkisreikningi, fjárlögum eða fjárlagafrumvarpi, eftir atvikum. Könnunin frá 1997 er aftur á móti notuð við mat á útgjöldum sams konar umfjöllun í fjárlagafrumvarpi 2000 og 2001.

Hér á eftir er gerð grein fyrir því hvernig talið er að útgjöld hins opinbera til rannsókna og þróunar skiptist eftir ráðuneytum, tegundum stofnana og loks að eftir þeim markmiðum sem rannsóknirnar eru taldar þjóna.

Í töflunni hér á eftir kemur fram að að langhæst útgjöld til rannsókna og þróunar eru á vegum stofnana og verkefna sem falla undir menntmálaráðuneytið. Talið er að þau muni nema 4,8 milljörðum króna á árinu 2002 sem er um 54% af heildarútgjöldum ríkisins til rannsókna að meðtöldu framlögum til innlendra og erlendra sjóða. Hlutfall menntamálaráðuneytisins hefur verið á bilinu 47–50% á síðustu árum. Menntamálaráðuneytið fer með heildarumsjón rannsókna og þróunarmála og undir það falla æðri menntastofnanir, Rannsóknarráð Íslands og sjóðir þess og útgjöld vegna rammaáætlana Evrópusambandsins um rannsóknir. Næst kemur sjávarútvegsráðuneytið með um 1,5 milljarð króna til rannsókna á árinu 2002 eða 16% heildarútgjaldanna en þar vegur Hafrannsóknastofnun einna þyngst. Áætluð útgjöld sjávarútvegsráðuneytis á árunum 2001 og 2002 eru nokkuð lægri en árin 1998–2000 og er helsta skýringin sú að þá stóð yfir smíði nýs hafrannsóknaskips. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er talið verja um 0,8 milljörðum króna til rannsókna og þróunar á árinu 2002 eða tæpum 9% af heildarútgjöldum ríkisins til þeirra mála. Iðnaðarráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið koma næst með rúmlega hálfan milljarð króna hvort ráðuneyti eða um 6% af heild. Útgjöld umhverfisráðuneytisins til rannsókna og þróunar eru talin verða liðlega 0,4 milljarðar króna. Á vegum samgönguráðuneytis er talið að rúmlega 0,2 milljörðum króna verði varið til þessara mála eða um 2,5% af heildinni. Önnur ráðuneyti verja lægri upphæðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Menntamálaráðuneyti	3.904,0	4.133,0	4.379,0	4.119,0	4.843,0
Sjávarútvegsráðuneyti	1.890,0	2.209,0	2.098,0	1.410,0	1.473,0
Landbúnaðarráðuneyti	564,0	651,0	692,0	712,0	780,0
Iðnaðarráðuneyti	494,0	580,0	625,0	477,0	520,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	481,0	500,0	534,0	505,0	548,0
Umhverfisráðuneyti	339,0	382,0	460,0	408,0	439,0
Samgönguráðuneyti	120,0	138,0	111,0	212,0	226,0
Forsætisráðuneyti	62,0	97,0	47,0	58,0	53,0
Viðskiptaráðuneyti	6,0	7,0	11,0	22,0	25,0
Utanríkisráðuneyti	8,0	8,0	9,0	12,0	13,0
Félagsmálaráðuneyti	3,0	4,0	4,0	10,0	17,0
Fjármálaráðuneyti	2,0	2,0	5,0	24,0	4,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1,0	1,0	1,0	9,0	7,0
Hagstofa Íslands	1,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Samtals	**7.875,0**	**8.714,0**	**8.978,0**	**7.980,0**	**8.950,0**

Í næstu töflu eru útgjöldin flokkuð eftir tegundum ríkisstofnana sem efna til útgjaldanna. Þar ber mest á æðri menntastofnunum sem talið er að muni verja rúmum 3 milljörðum króna til rannsókna og þróunar á árinu 2002 eða um 35% af útgjöldum ríkisaðila til þessara mála. Næst á eftir koma rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem talið er að muni verja 2,2 milljörðum króna eða fjórðungi rannsóknaútgjalda. Talið er að aðrar rannsókna-

stofnanir verji um 2 milljörðum króna eða tæp 22% af rannsóknaútgjöldum en meðal þeirra eru heilbrigðisstofnanir, stofnanir á umhverfisviði o.fl. Í töflu 2 eru dregnar fram tilfærslur innan A-hluta en undir þær falla útgjöld ýmissa rannsóknasjóða ríkisins vegna styrkveitinga til ríkisaðila og greiðslur vegna aðildar Íslands að rammaáætlun ESB um rannsóknir og vegna annarra erlendra rannsóknasjóða. Þetta fé skilar sér að hluta til baka sem sértekjur ríkisstofna en óvíst er að hve miklu stofnanirnar áætla fyrir því við fjárlagagerð. Meðal þessara tilfærslna er sá hluti styrkja Rannsóknaráðs Íslands sem áætlað er að komi í hlut ríkisaðila en sá hluti sem rennur til einkaaðila og fyrirtækja er talinn með beinum framlögum opinberra aðila til rannsókna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	3,0	3,0	3,0	2,0	3,0
Áætlanir og verkefni	122,0	186,0	209,0	409,0	365,0
Menntastofnanir	2.506,0	2.720,0	2.963,0	2.648,0	3.164,0
Opinberar rannsóknastofnanir	1.493,0	1.710,0	1.758,0	1.817,0	1.929,0
Rannsóknaráð og hliðstætt (t.d. sjóðir)	236,0	202,0	188,0	173,0	179,0
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	2.478,0	2.915,0	3.003,0	2.095,0	2.240,0
Samtals móttakendur	**6.838,0**	**7.736,0**	**8.124,0**	**7.144,0**	**7.880,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins					
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	234,0	253,0	294,0	291,0	484,0
Áætlanir og verkefni		110,0	122,0	95,0	95,0
Rannsóknaráð og hliðstætt (t.d. sjóðir)	803,0	615,0	438,0	450,0	491,0
Samtals tilfærslur	**1.037,0**	**978,0**	**854,0**	**836,0**	**1.070,0**
Samtals	**7.875,0**	**8.714,0**	**8.978,0**	**7.980,0**	**8.950,0**

Starfsemi stofnana á rannsóknasviðinu má skipta eftir helstu markmiðum. Stofnanir voru í könnun Rannsóknaráðs Íslands voru beðnar um að skipta útgjöldum sínum á markmið og sumar tilgreindu að þær ynnu að fleiri en einu markmiði í senn. Í töflunni hér á eftir eru útgjöld hverrar stofnunar færð undir það markmið sem vegur þyngst hjá hjá hverri stofnun. Talið er að stærsta hlutanum sé varið til almennrar þróunar vísinda svo sem uppbyggingar á þekkingu og færni. Til þessara mála má áætla að verði varið rúmum 3 milljörðum króna á árinu 2002 sem gera 39% af rannsóknarumsvifum. Þar á eftir koma fiskveiðar þar sem útgjöld Hafrannsóknastofnunar vega þungt. Til þessara mála má ætla að fari 1,2 milljarðar króna eða rúm 15% og hafa lækkað frá fyrri árum vegna nýja hafrannsóknaskipsins. Þriðji stærsti útgjaldaliðurinn eru heilbrigðismál með tæpa 0,8 milljarða króna eða um 10% allra rannsókna og þróunarútgjalda. Til rannsókna á sviði landbúnaðar, skógræktar og fiskeldis verður varið um 0,6 milljörðum króna eða rúmlega 8,4%. Til eftirtalinna fjögurra flokka fara rúmlega 0,4 milljarðar króna til hvers flokks: Iðnaðarmál, félagsleg þjónusta, sjóðir sem styðja rannsóknir og þróun, þ.m.t. útgjöld kennd við Íslenska upplýsingasamfélagið og loks til umhverfismála.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 1998	Reikningur 1999	Reikningur 2000	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Almenn þróun vísinda	2.522,0	2.739,0	2.951,0	2.632,0	3.075,0
Félagsleg þjónusta	297,0	369,0	368,0	439,0	428,0
Fiskveiðar	1.425,0	1.723,0	1.750,0	1.101,0	1.204,0
Heilsuvernd	587,0	670,0	701,0	709,0	785,0
Iðnaður	458,0	519,0	518,0	431,0	481,0
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	612,0	624,0	692,0	617,0	665,0
Orkumál	202,0	231,0	273,0	155,0	164,0
Óskilgreint	74,0	92,0	109,0	106,0	90,0
RoÞ sjóðir og Íslenska upplýsingasamfélagið	224,0	257,0	253,0	426,0	410,0
Samgöngur og skipulag	144,0	189,0	110,0	196,0	222,0
Umhverfismál	291,0	324,0	399,0	329,0	356,0
Samtals markmið	**6.836,0**	**7.737,0**	**8.124,0**	**7.141,0**	**7.880,0**
Tilfærslur innan A-hluta ríkisins					
Félagsleg þjónusta	232,0	252,0	295,0	292,0	484,0
Fiskveiðar	153,0	130,0	0,0	0,0	0,0
Orkumál	10,0	29,0	31,0	41,0	31,0
Óskilgreint	1,0	1,0	0,0	0,0	0,0
RoÞ sjóðir og Íslenska upplýsingasamfélagið	638,0	561,0	525,0	502,0	551,0
Umhverfismál	5,0	4,0	3,0	4,0	4,0
Samtals tilfærslur	**1.039,0**	**977,0**	**854,0**	**839,0**	**1.070,0**
Samtals	**7.875,0**	**8.714,0**	**8.978,0**	**7.980,0**	**8.950,0**

Tölur benda til að Íslendingar hafa á síðari árum aukið útgjöld til rannsókna og þróunar umfram það sem gengur og gerist í ríkjum OECD. Árleg meðalaukning á síðasta áratug var tæp 13% sem er langt umfram meðaltal annarra landa. Á árinu 1999 vörðu Íslendingar um 14,5 milljörðum króna til rannsókna og þróunar eða 2,32% af landframleiðslu. Ísland var þar með komið í 7. sæti meðal OECD ríkja. Þessa aukningu má að verulegu leyti rekja til aukinna rannsóknarútgjalda fyrirtækja. Á síðustu árum munar mest um ný hátæknifyrirtæki á sviði líftækni og fara rannsóknarútgjöld á því sviði vaxandi. Efling rannsókna í háskólum og aukin áhersla á rannsóknir innan heilbrigðisgeirans eiga líka sinn þátt í aukningunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.780,3	1.782,4	1.958,5	10	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	50,3	53,2	52,2	-2	4
Stofnkostnaður og viðhald	318,9	222,0	593,5	167	86
Samtals	**2.149,5**	**2.057,6**	**2.604,2**	**27**	**21**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.057,6	2.604,2	27	-
Innheimt af ríkistekjum	-	0,0	0,0	-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**2.057,6**	**2.604,2**	**27**	-

Heildargjöld æðstu stjórnar árið 2002 eru áætluð um 2.624 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 19,8 m.kr. en þær nema 0,75% af heildargjöldum. Gjöld umfram tekjur eru 2.604,2 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld æðstu stjórnar að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.958,5 m.kr. og hækka um 176,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana, sem eru 133,2 m.kr., munar mest um 70 m.kr. aukið framlag til Alþingis.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna lækkar um 1 m.kr. og verður 52,2 m.kr. en er 53,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2001.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 593,5 m.kr. og er það 371,5 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 340 m.kr. aukið framlag til framkvæmda við þjónustuskála Alþingis og 50 m.kr. framlag til breytinga í Alþingishúsinu.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 5 m.kr. Einnig hefur verið gert ráð fyrir 33,1 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Veitt eru framlög til ýmissa nýrra verkefna, sem alls nema 645 m.kr., en niður falla 193,5 m.kr. framlög sem veitt höfðu verið tímabundið. Vikið er nánar að forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka æðstu stjórnar næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Embætti forseta Íslands	125	126	127	128
Alþingi og stofnanir þess	2.247	1.823	1.839	1.855
Ríkisstjórn	139	141	142	143
Hæstiréttur	79	80	81	82
Annað	14	14	14	14
Samtals	**2.604**	**2.184**	**2.203**	**2.222**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Helsta breytingin er að nú er gert ráð fyrir að framlag til byggingar þjónustuskála Alþingis falli niður árið 2003.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Fjárlagaliðir æðstu stjórnar

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	131,3	114,4	124,9	9,2	-4,9
Alþingi	1.504,3	1.308,1	1.486,0	13,6	-1,2
Framkvæmdir á Alþingisreit	28,2	100,0	440,0	340,0	1.460,3
Ríkisstjórn	130,8	129,6	139,2	7,4	6,4
Hæstiréttur	72,3	73,5	79,0	7,5	9,3
Umboðsmaður Alþingis	63,5	71,0	73,6	3,7	15,9
Ríkisendurskoðun	219,1	261,0	247,5	-5,2	13,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	0,0	14,0	-	-
Samtals	**2.149,5**	**2.057,6**	**2.604,2**	**26,6**	**21,2**

101 Embætti forseta Íslands. Útgjöld embættisins nema um 124,9 m.kr. og hækka um 10,5 m.kr. frá fjárlögum 2001, þar af 8,5 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Sú breyting hefur orðið á að viðfangið *1.30 Bessastaðir* hefur verið sameinað viðfangi *1.01 Yfirstjórn*. Að öðru leyti eru breytingar þær að framlag til viðfangsefnisins *1.01 Yfirstjórn* lækkar um 2,5 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnar, veitt er 2 m.kr. aukið framlag til viðfangsefnisins *1.81 Opinberar heimsóknir* til að mæta auknum kostnaði og 2,5 m.kr. eru veittar á viðfang *6.11 Bifreiðar* til endurnýjunar á þjónustubifreið.

201 Alþingi. Gert er ráð fyrir að útgjöld Alþingis verði 1.486 m.kr. og er það 177,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2001. Niður falla fjárveitingar, sem veittar voru tímabundið, alls 26 m.kr., en á móti eru gerðar tillögur um aukin framlög að fjárhæð 116,5 m.kr. Almennur rekstur er áætlaður 1.352 m.kr. og hækkar um 134,9 m.kr. frá fjárlögum 2001 en þar af eru 87,4 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Aðrar breytingar eru 27 m.kr. aukið framlag á viðfang *101 Alþingiskostnaður* til að mæta auknum þingfararkostnaði vegna stækkunar kjördæma. Gerð er tillaga um 8 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangs *104 Alþjóðasamstarf* vegna aukinnar þátttöku í alþjóðasamstarfi. Á viðfangsefni *106 Almennur rekstur* er gerð er tillaga um 20 m.kr fjárveitingu til styrktar rekstrar- og fjármálastjórn og til að mæta auknum kostnaði við fjarvinnslu- og upplýsingamál, 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu til aðkeyprar vinnu við endurskipulagningu skjalaskráningar ásamt því að mæta auknum kröfum um upplýsinga- og tölvuþjónustu en 7 m.kr. eru millifærðar á fjárlagalið *00-996 Íslenska upplýsinga-*

samfélagið til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins. Á viðfangi *1.07 Sérverkefni* fellur niður 1 m.kr. tímabundin fjárveiting til skýrslugerðar. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnis *1.10 Rekstur fasteigna* vegna aukins rekstrarkostnaðar sem miðar við að þjónustuskáli Alþingis verði tekinn í notkun haustið 2002. Viðhaldskostnaður er áætlaður 47 m.kr. og hækkar um 21 m.kr. frá fjárlögum 2001. Gerð er tillaga um 23 m.kr. tímabundna fjárveitingu til viðfangs *5.20 Fasteignir* til viðgerða á skemmdum í loftum Alþingishússins af völdum jarðskjálftanna í fyrrasumar. Stofnkostnaður er áætlaður 87 m.kr. og hækkar um 22 m.kr. frá fjárlögum 2001. Á viðfangi *6.21 Fasteignir* fellur niður 25 m.kr. fjárveiting sem veitt var tímabundið til að ljúka endurskipulagningu á húsnæði Alþingis, gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundna fjárveitingu til breytinga í Alþingishúsinu í tengslum við tengingu þjónustuskála við Alþingishúsið. Gerð er krafa um 24,5 m.kr. hagræðingu í rekstri og 5 m.kr. í stofnkostnaði hjá Alþingi.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Fyrirhugað er að framkvæmdum við þjónustuskála Alþingis ljúki á næsta ári og að skálinn verði tekinn í notkun þá um haustið. Áætlaður kostnaður við að ljúka framkvæmdum er 580 m.kr. Til staðar eru 120 m.kr. fjárheimildir frá fyrri árum og er því gert ráð fyrir 440 m.kr. framlagi til framkvæmdanna.

301 Ríkisstjórn. Laun ráðherra, að undanskildu þingfararkaupi, og laun aðstoðarmanna ráðherra eru greidd af þessum fjárlagalið. Framlag til liðarins er 139,2 m.kr. og hækkar um 9,6 m.kr. frá fyrra ári vegna launa- og verðlagsbreytinga.

401 Hæstiréttur. Laun hæstaréttardómara eru greidd af þessu fjárlagalið. Framlag til liðarins er 79 m.kr. og hækkar um 5,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 73,6 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar og er það 2,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2001. Niður fellur 1 m.kr. tímabundin fjárveiting til bókasafns embættisins auk þess sem framlag til almenns rekstrar lækkar um 1,4 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

620 Ríkisendurskoðun. Framlag til ríkisendurskoðunar er áætlað 247,5 m.kr. sem er 13,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2001. Niður fellur 28 m.kr. tímabundin fjárveiting sem veitt var til húsnæðismála stofnunarinnar, gerð er tillaga um 2 m.kr. fjárveitingu til reksturs viðbótarhúsnæðis en á móti kemur 4,7 m.kr. lækkun framlags til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Þessi fjárlagaliður er nýr hjá æðstu stjórn. Á hann er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Lagt er til að fjárveiting til þessara verkefna hjá æðstu stjórn verði 7 m.kr. og því er áætlað fyrir 14 m.kr. útgjöldum vegna verkefna á þessum lið. Útgjöldin skiptast þannig að 6 m.kr. eru ætlaðar til að mæta kostnaði við stafrænar upptökur af þingfundum og 8 m.kr. fara til samræmingar gagnaforma og ritvinnsluverkfæra.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	929,8	546,8	601,2	10	-35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	361,8	267,8	286,8	7	-21
Stofnkostnaður og viðhald	166,9	243,2	211,8	-13	27
Samtals	**1.458,5**	**1.057,8**	**1.099,8**	**4**	**-25**
Greitt úr ríkissjóði	-	996,1	1.099,8	10	-
Innheimt af ríkistekjum	-	61,7	0,0	-100	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**1.057,8**	**1.099,8**	**4**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2002 eru áætluð 1.123,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 23,9 m.kr. en þær nema um 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.099,8 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 601,2 m.kr. og hækka um 54,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 33 m.kr. aukin framlög til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 19 m.kr. og verður 286,8 m.kr. en er 267,8 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Þyngst vegur 8,7 m.kr. tilfærsla í framlagi til norrænu ráðherranefndarinnar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 211,8 m.kr. og er það 31,4 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 15 m.kr. lækkun á lið íslenska upplýsingasamfélagsins og 16 m.kr. lækkun framlags til framkvæmda við vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 16 m.kr. Veitt eru framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 44,2 m.kr. en niður falla 43,7 m.kr. framlög sem veitt höfðu verið tímabundið. Vikið er nánar að áformum um aðhald með stofnkostnaði og rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	320	311	301	303
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir	100	100	100	100
Annað	680	684	544	548
Samtals	**1.100**	**1.095**	**945**	**951**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Eins og taflan sýnir er gert ráð fyrir að útgjöld málefnaflokksins *Ráðuneyti* lækki á árunum 2003 og 2004 sem m.a. skýrist af því að þá falla niður fjárveitingar til íslensks bókasafns við háskólann í Manitoba og til Vesturfarasetursins á Hofsósi. Lækkunin milli áranna 2003 og 2004 á málefnaflokknum *Annað* skýrist af því að gert er ráð fyrir að endurbótum á Norðurbryggju, vest-norrænu menningarhúsi í Kaupmannahöfn, ljúki á árinu 2003. Helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni, sem eiga við um málaflokka forsætisráðuneytisins, byggjast að öðru leyti á almennum forsendum um framlög til stjórnsýslunnar.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi sem áætlað er að hafi í för með sér útgjöld er nemi samtals 12 m.kr. á yfirstandandi ári. Framlög vegna samningsins eru tilgreind í töflunni hér fyrir neðan.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Vesturfarasetrið á Hofsósi	B	12,0	12,0	12,0	0,0	0,0
Samtals		**12,0**	**12,0**	**12,0**	**0,0**	**0,0**

Samningar sem forsætisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B í töflunni.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	155,3	143,1	188,9	32,0	21,6
Ýmis verkefni	807,9	150,4	126,0	-16,2	-84,4
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**963,2**	**298,5**	**319,9**	**7,2**	**-66,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 3,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar en á móti lækka framlög til ýmissa verkefna.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlög til skrifstofunnar eru áætluð 188,9 m.kr. og hækka um 45,8 m.kr. frá fjárlögum 2001 en þar af eru 12,8 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Umfang í rekstri skrifstofunnar hefur vaxið á undanförnum árum og til að mæta því er gerð tillaga um 15 m.kr. hækkun fjárveitingar. Einnig eru 15 m.kr. millifærðar af fjárlagalið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* því gert er ráð fyrir að verkefni vegna stjórnarráðsvefs og rafrænnar stjórnsýslu sem fram til þessa hafa verið vistuð þar verði framvegis í umsjá og kostuð af forsætisráðuneyti enda er fyrirkomulag þeirra nú með þeim hætti. Loks er lögð til 3 m.kr. hækkun fjárveitingar til aukinnar öryggisgæslu í Stjórnarráðshúsinu.

190 Ýmis verkefni. Framlög til þessa fjárlagaliðar nema 126 m.kr. og lækka um 24,4 m.kr. frá fjárlögum 2001. Niður fellur 26,3 m.kr. framlag til viðfangs *1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku* og 13,5 m.kr. framlag til viðfangs *1.53 Landafundanefnd* þar sem þeim verkefnum er lokið. Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu á viðfang *1.90 Ýmis verkefni* til að mæta kostnaði við tilfallandi verkefni svo sem nefndarstörf sem stofnað er til í kjölfar samþykkta, þingsályktana eða ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Einnig hækkar framlag til þessa viðfangs um 3 m.kr. vegna lækkunar á mótframlagi ráðuneytisins á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið*. Viðfangsefni *5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum*, sem áður var vistað hjá Þjóðminjasafni Íslands, flyst nú á þennan fjárlagalið og til samræmis við máldaga um kirkjuna er gerð tillaga um 2,5 m.kr. fjárveitingu til reksturs hennar. Launa- og verðlagsbreytingar eru 4,9 m.kr.

Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 303 Kristnihátíðarsjóður.

303 Kristnihátíðarsjóður. Á þennan fjárlagalið er nú í annað sinn fært 100 m.kr. árlegt framlag til 5 ára samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á

Þingvöllum í tilefni 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi. Tilgangur sjóðsins er að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn ásamt því að kosta fornleifarannsóknir á ýmsum helstu sögustöðum þjóðarinnar.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 211 Þjóðhagsstofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	37,0	30,7	36,6	19,2	-1,1
Þjóðhagsstofnun	117,4	123,4	132,6	7,5	12,9
Norræna ráðherranefndin	99,5	96,9	115,2	18,9	15,8
Umboðsmaður barna	18,5	16,9	18,1	7,1	-2,2
Þjóðmenningarhúsið	100,9	52,4	55,1	5,2	-45,4
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	0,0	160,0	144,0	-10,0	-
Óbyggðanefnd	28,7	38,0	48,0	26,3	67,2
Ríkislögmaður	33,0	41,1	44,2	7,5	33,9
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	55,2	61,9	63,1	1,9	14,3
Íslenska upplýsingasamfélagið	5,1	38,0	23,0	-39,5	-
Samtals	**495,3**	**659,3**	**679,9**	**3,1**	**37,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 19,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Stærstu breytingarnar eru 16 m.kr. lækkun á framlagi til vest-norræns menningarhúss og 15 m.kr. lækkun til verkefna upplýsingasamfélagsins, en á móti koma 7,6 m.kr. hækkun á framlagi til Óbygðanefndar og 4 m.kr. hækkun til Fasteigna forsætisráðuneytisins.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 36,6 m.kr. á næsta ári sem er 5,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs, þar af er 1,9 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Umsvif rekstrar fasteigna forsætisráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum. Notkun ráðherrabústaðanna á Þingvöllum og við Tjarnargötu er það mikil að nauðsynlegt hefur reynst að ráða sérstakan umsjónarmann með húseignunum.

211 Þjóðhagsstofnun. Rekstrargjöld eru áætluð 132,6 m.kr. sem er 9,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist af launa- og verðlagsbreytingum. Útgjöld stofnunarinnar

eru nú alfarið fjármögnuð úr ríkissjóði eftir breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Að undanförnu hefur á vegum forsætisráðuneytisins verið unnið að breyttri verkaskiptingu stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála. Hér er um viðamikla endurskipulagningu að ræða sem einkum lýtur að því að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana. Þessari vinnu mun væntanlega ljúka á næstu vikum. Forsætisráðherra hefur boðað að flutt verði frumvarp á haustþingi vegna þessarar breyttu verkaskiptingar og mun þá jafnframt verða gerð grein fyrir þeim breytingum sem gera þarf á fjárlagafrumvarpinu í tengslum við þær.

231 ***Norræna ráðherranefndin.*** Rekstrargjöld eru áætluð 115,2 m.kr. og hækka um 18,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, þar af 15,2 m.kr. vegna verðlagsbreytinga, en að öðru leyti vegna aukins húsnæðis- og launakostnaðar.

241 ***Umboðsmaður barna.*** Rekstrargjöld eru áætluð 18,1 m.kr. sem er 1,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skýrist af launa- og verðlagsbreytingum.

251 ***Þjóðmenningarhúsið.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 55,1 m.kr. og hækki um 2,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna fjárveitingu til kaupa á ýmsum tækjum og búnaði en niður fellur 3,9 m.kr. tímabundin fjárveiting til kaupa á margmiðlunarbúnaði í sýningarsali. Á móti hækka rekstrargjöld um 3,6 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga.

253 ***Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.*** Til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar er gerð tillaga um 16 m.kr. lækkun framlags þannig að það verði 144 m.kr. Hafinn er undirbúningur að lagfæringum á húsinu og til stendur að útboð fari fram í júní 2002.

261 ***Óbyggðanefnd.*** Til hagræðis er sú breyting gerð að viðfangsefnið *1.11 Gjafsóknir* er sameinað viðfangefninu *1.01 Óbyggðanefnd.* Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði kostnaður Óbyggðanefndar 48 m.kr. sem er 10 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, þar af 2,4 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga. Umfang nefndarinnar hefur reynst mun meira en áætlanir gerðu ráð fyrir þegar þjóðlendulögin voru samþykkt. Sótt er um hækkun fjárveitingar í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 til að mæta auknu umfangi og halla þess árs.

271 ***Ríkislögmaður.*** Gert ráð fyrir að rekstrargjöld embættisins verði 44,2 m.kr. á næsta ári sem er hækkun um 3,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna launa- og verðlagsbreytinga.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld verði 63,1 m.kr. og hækki um 1,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagshækkanir eru 3,2 m.kr. og 2 m.kr. eru millifærðar á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* sem mótframlag ráðuneytisins til miðlunar upplýsinga um Þingvelli.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnarinnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna forsætisráðuneytis lækkar um 5 m.kr. og verður 2 m.kr. Á þennan lið er einnig áætlað sérstakt framlag til sameiginlegra verkefna ráðuneyta. Lögð til 9 m.kr. lækkun á því framlagi þannig að það nemi 19 m.kr. alls. Framlagið skiptist þannig að 6 m.kr. eru vegna umsjónar með Stjórnarráðsvefnum, 3 m.kr. eru til að þróa Stjórnarráðsvefinn svo hann gegni hlutverki upplýsingaveitu fyrir almenning, 5 m.kr. eru til að efla öryggi upplýsinga hjá Stjórnarráðinu og 5 m.kr. til að þróa rafræna stjórnsýslu.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	13.003,4	14.696,9	17.518,8	19	35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.927,4	6.635,8	7.895,2	19	14
Stofnkostnaður og viðhald	2.529,2	2.517,0	2.400,0	-5	-5
Samtals	**22.460,0**	**23.849,7**	**27.814,0**	**17**	**24**
Greitt úr ríkissjóði	-	21.391,8	25.162,4	18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.457,9	2.651,6	8	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**23.849,7**	**27.814,0**	**17**	-

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 29.501,1 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.687,1 m.kr. en þær nema 5,7% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 27.814 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 25.162,4 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.651,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 17.518,8 m.kr. og hækka um 2.821,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 200 m.kr. til þess að efla stjórnun í framhaldsskólum, 233 m.kr. vegna kennslu í háskólum, 150 m.kr. til leigugreiðslna framhaldsskóla, 100 m.kr. til rannsókna í háskólum af alls 150 m.kr. tímabundnu framlagi í frumvarpinu til þessara mála, 63,5 m.kr. til ýmissa verkefna í framhaldsskólum og 40 m.kr. til upplýsingakerfis framhaldsskólanna. Þá eru 162,9 m.kr. útgjöld færð af rekstri yfir á rekstrartilfærslur. Þá falla niður rekstrarútgjöld að fjárhæð 123,4 m.kr. Þar af vegur þyngst að ekki er lengur gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi út fyrir 51 m.kr. áætluðum hluta Reykjavíkurborgar í myndlistarnámi því sem Listaháskólinn tók við af Myndlista- og handíðaskólanum.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir aðhaldsaðgerðum til að lækka rekstrarframlög frá fyrri áformum um sem nemur 275 m.kr. Þar er aðallega um ræða óskipt framlög á safnliðum og er gerð grein fyrir breytingunum í umfjöllun um málefnaflokka. Þá er gert ráð fyrir að hækka innritunargjöld, sem skólar innheimta, í stað þess að draga saman í rekstri þeirra enda hafa gjöldin staðið óbreytt í mörg ár. Hækkun innritunargjalda er talin skila háskólunum 56,6 m.kr. tekjuauka og framhaldsskólum 38,4 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 1.259,4 m.kr. og verður 7.895,2 m.kr. Auk launa-, verðlags- og gengisbreytinga vegur þyngst 280 m.kr. leiðrétting vegna hækkunar afnotagjalda Ríkisútvarpsins í janúar 2001, 160 m.kr. aukið framlag til námslána, 150 m.kr. hækkun til aðildargjalda ESB, 55 m.kr. til kvikmyndagerðar, 30 m.kr. til óperustarfsemi og 25 til afreksstefnu í íþróttamálum. Þá skýrist 126,9 m.kr. hækkun breyttri skiptingu á gjaldategundir. Á móti kemur niðurfelling á 160,2 m.kr. tímabundnum framlögum og vega þar þyngst 50 m.kr. til menningarborgarverkefnis og 34,7 m.kr. til safnastarfsemi.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun rekstrartilfærslna frá fyrri áformum vegna aðhaldsaðgerða, sem nemur 38 m.kr., þar af er niðurfelling á 20 m.kr. tímabundnu framlagi til Eiríksstaðanefndar og 18 m.kr. lækkun til ýmissa framlaga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.400 m.kr. og er það 117 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 200 m.kr. til framkvæmda við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands og 40 m.kr. til styrkveitinga Vísindasjóðs. Á móti kemur annars vegar að 239,5 m.kr. tímabundin framlög falla niður en þar vega 149,5 m.kr. styrkir til gamalla húsa og safna og 50 m.kr. til tungutækniverkefna. Hins vegar lækka framlög til stofnkostnaðar framhaldsskóla um 91 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri og um 15 m.kr. vegna tímabundins verkefnis sem er lokið.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	396	400	404	408
Háskólar og rannsóknir	8.804	9.210	9.340	9.531
Framhaldsskólar	9.572	9.774	10.162	10.644
Grunnskólar	459	466	473	480
Námsaðstoð	3.023	3.104	3.188	3.274
Söfn, listastofnanir o.fl.	5.064	5.118	5.173	5.204
Annað	497	497	498	494
Samtals	**27.815**	**28.569**	**29.238**	**30.035**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu frávikum frá þeim forsendum og eiga

við um málefnaflokka menntamálaráðuneytisins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til háskóla aukist að jafnaði um 5% á ári vegna nemendafjölgunar og rannsókna og hækki lítillega frá síðustu spá. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til almenns rekstrar framhaldsskólanna minnki lítillega á árinu 2003 en aukist síðan aftur um 3–4% á ári vegna nemendafjölgunar. Nú er spáð fyrir um meiri hækkanir á komandi árum en síðast. Í umfjöllun um framhaldsskóla hér á eftir er mynd sem lýsir líklegri nemendaþróun á næstu árum. Í þriðja lagi er talið eins og áður að sérkennsla í framhaldsskólum aukist um 15% á milli ára. Í fjórða lagi er spá um framkvæmdir háskóla og framhaldsskóla endurskoðuð og byggist hún nú á umfjöllum um framkvæmdir innan þessara málefnaflokka. Í fimmta lagi er eins og áður gert ráð fyrir 2,5% útgjaldaaukningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna á grundvelli spár um nemendafjölda í háskólum og að teknu tilliti til áætlaðra tekna námsmanna. Að lokum er miðað við 3% aukningu í starfsemi safna eins og í spá um horfur í greinargerð fjárlagafrumvarps 2001.

Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.445 m.kr. á árinu 2002. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, aðrar en á árinu 2001, eru á áætluðu verðlagi ársins 2002 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið á um í sumum samningum taka breytingum.

Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu, samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 867 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem bæði ráðuneytin standa að, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 115 m.kr. Að lokum eru 214 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1,5 milljarðar króna bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samning við Listaháskólann um listmenntun á háskólastigi sem verður væntanlega gerður skv. 30. gr. fjárreiðulaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 284 m.kr. til samningsins og miðað við að hann hækki um 33 m.kr. árið 2003 og um aðrar 33 m.kr. árið 2004, auk þess að taka verðlagshækkunum. Aðrir samningar, sem menntamálaráðuneytið áformar að gera til nokkurra ára og verða með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárveitingum, eru um framhaldsskólanám við Hraðbrautarskólann, rekstur og þróun bókasafnskerfis fyrir almenningsbókasöfn í landinu og að lokum um rekstur og þróun upplýsingakerfis fyrir framhaldsskólana.

Rekstrargrunnur	Teg.	2001 m.kr.	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.	2005 m.kr.
Akureyrarbær, menningarmál í bænum	A	52	64	0	0	0
Háskólinn í Reykjavík, háskólanám	A	299	384	377	0	0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framhaldsskóli	A	7	0	0	0	0
Stoðþjónusta, viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	82	85	85	85	85
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	366	462	462	0	0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	61	108	124	0	0
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	31	36	36	36	36
Íslenska óperan	B	72	106	136	136	0
Menningarstarf í 16 austfirskum sveitarfélögum	B	0	25	25	25	25
Vetraríþróttamiðstöð á Akureyri	B	12	12	0	0	0
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	10	10	10	0	0
Evrópska skólamálanetið	C	0	2	2	2	2
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	5	5	5	5	5
Hafnarfjarðarleikhúsið, leikstarfsemi	C	10	10	0	0	0
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framhaldsskóli	C	14	16	16	16	0
Kammersveit Reykjavíkur, tónleikahald	C	4	4	0	0	0
Menningarborgarsjóður	C	5	5	5	5	5
Námskár framhaldsskóla hjá starfsgreinaráðum	C	27	12	0	0	0
Símenntunarmiðstöðvar á 8 stöðum	C	56	0	0	0	0
Snorrastofa í Reykholti	C	12	12	12	12	12
Tónlistarhópurinn Caput, tónleikahald	C	2	2	0	0	0
Tungumálamiðstöð í Austurríki	C	0	2	2	2	2
Umsagnir og ráðgjöf um leiklistarmálefni	C	1	1	0	0	0
Umsýsla sveinsprófa og samninga	C	34	34	34	34	34
Upplýsingamiðstöð myndlistar	C	4	4	0	0	0
Upplýsingaþjónusta iðn- og verknáms	C	4	4	4	4	0
Viðskipta- og tölvuskólinn, framhaldsskólanám	C	29	43	0	0	0
Samtals		**1.196**	**1.445**	**1.335**	**362**	**206**

Helstu breytingar frá samsvarandi töflu í fjárlagafrumvarpi 2001 eru þær að við bætast samningar sem varða: höfundarréttargreiðslur; menningarstarf á Austurlandi; Evrópska skólamálanetið; Menningarborgarsjóð; námskrárvinnu; símenntunarmiðstöðvar; tungumálamiðstöð og leiklistarmálefni. Skuldbindingum vegna samnings um Reykjavík, menningarborg Evrópu árið 2000, er lokið.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 102 Ráðstöfunarfé. Útgjöld eru áætluð 398,3 m.kr. og hækka um 34,9 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201–208 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 215 Kennaraháskóli Íslands; 223 Námsmatsstofnun; 225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarráð Íslands; 234–239 Rannsóknasjóðir; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti. Námsmatsstofnun hét áður Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála en verkefnin eru að mestu óbreytt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	3.362,8	3.269,1	3.812,0	16,6	13,4
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	113,7	116,2	119,0	2,4	4,7
Raunvísindastofnun Háskólans	187,0	175,8	200,2	13,9	7,1
Stofnun Sigurðar Nordals	13,2	13,1	18,7	42,7	41,7
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	80,0	78,2	87,7	12,1	9,6
Orðabók Háskólans	23,7	21,2	24,5	15,6	3,4
Íslensk málstöð	7,0	14,4	16,5	14,6	135,7
Örnefnastofnun Íslands	11,4	12,0	12,9	7,5	13,2
Háskólinn á Akureyri	388,7	408,3	458,2	12,2	17,9
Tækniskóli Íslands	334,6	298,2	351,7	17,9	5,1
Kennaraháskóli Íslands	749,6	714,8	915,5	28,1	22,1
Námsmatsstofnun	21,3	17,6	18,9	7,4	-11,3
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	72,4	60,7	107,7	77,4	48,8
Háskólinn í Reykjavík	236,7	279,2	383,7	37,4	62,1
Listaháskóli Íslands	278,1	275,7	284,1	3,0	2,2
Rannsóknarráð Íslands	60,7	58,4	63,3	8,4	4,3
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	75,6	93,7	99,2	5,9	31,2
Rannsóknir og þróun í uppl.tækni og umhv.m.	118,5	95,0	95,0	0,0	-19,8
Vísindasjóður	165,7	170,0	210,0	23,5	26,7
Tæknisjóður	197,6	200,9	201,6	0,3	2,0
Bygginga- og tækjasjóður	29,4	77,0	77,0	0,0	161,9
Rannsóknarnámssjóður	36,3	30,0	40,0	33,3	10,2
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnk.	272,9	290,0	475,0	63,8	74,1
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	68,6	233,5	125,9	-46,1	83,5
Alþjóðleg samskipti	345,5	363,2	605,5	66,7	75,3
Samtals	**7.251,0**	**7.366,2**	**8.803,8**	**19,5**	**21,4**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 10.016,6 m.kr. og hækka um 1.482,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlað er að sértekjur nemi 1.212,8 m.kr. og hækki um 100 m.kr. frá fjárlögum þegar leiðrétt hefur verið fyrir breyttri framsetningu á tekjum Háskólasjóðs. Gjöld umfram sértekjur nema 8.803,8 m.kr. sem er 1.437,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum Gjöld umfram sértekjur eru fjármögnuð með 8.202,1 m.kr. greiðslum úr ríkissjóði og innheimtu 601,7 m.kr. ríkistekna.

Rekstargjöld og rekstrartilfærslur að frádregnum sértekjum eru 7.442,8 m.kr. og hækka um 1.242,6 m.kr. Launa-, gengis- og verðlagsbreytingar hækka gjöldin um 762,7 m.kr. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á kjarasamningum ríkisins við kennara í háskólum í þeim tilgangi að auka möguleika skólanna til að haga starfsmannahaldi og launasetningu í samræmi við aðstæður og áherslur hvers skóla innan ramma fjárveitinga. Meðal annars var afnumin föst skipting á vinnutíma einstakra kennara milli kennslu og rannsókna. Aðrar breytingar skýra 479,9 m.kr. hækkun. Þar munar mestu um 203,3 m.kr. vegna nemendafjölgunar í háskólum, 110 m.kr. vegna tímabundins framlags til rannsókna sem er hluti af 150 m.kr. viðbótarframlagi á árinu 2002 og verður farið fram á sömu fjárhæð í fjáraukalögum 2001, 76 m.kr. vegna breyttrar framsetningar á tekjum Háskólasjóðs Háskóla Íslands af sóknargjöldum sem jafnframt hækka milli ára og 30 m.kr. vegna framlags til kennslu í Listaháskólanum. Á móti kemur að ekki er lengur gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi út fyrir 51 m.kr. framlagi Reykjavíkurborgar til myndlistarnáms í Listaháskólanum. Til að mæta sparnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar falla niður 33 m.kr. af óskiptu framlagi vegna nemendafjölgunar í háskólum enda eru framlög til skólanna að mestu byggð á hámarksfjölda nemendaígilda samkvæmt samningum við skólana. Af sömu ástæðu er stefnt að því að afla 56,6 m.kr. ríkistekna með því að hækka innritunargjald úr 25 þús.kr. eins og þau hafa verið á síðustu árum í 35 þús.kr. Hluti hækkunarinnar mun koma félagsstarfsemi stúdenta til góða enda rennur hluti af gjaldinu til þeirra. Innritunargjöld hafa verið nánast óbreytt síðasta áratuginn og gjaldið mun eftir hækkunina standa að meðaltali undir nálægt 5,5% af kennsluútgjöldum samkvæmt reiknilíkani fyrir kennslufranlög.

Stofnkostnaður og viðhald er áætlað 1.361 m.kr. og hækkar um 210 m.kr. frá fjárlögum. Annars vegar aukast framkvæmdir við háskólabyggingar um 200 m.kr. og hins vegar er 40 m.kr. viðbótarframlag til rannsókna. Á móti kemur að 15 kr. tímabundið framlag til viðhalds fellur niður og 15 m.kr. eru fluttar af stofnkostnaði yfir á eignakaup í rekstri.

Eins og í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað fyrir kennslu í háskólunum með hliðsjón af sérstöku reiknilíkani og reglum menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárveitinga milli skóla. Samkvæmt þeim er námi skipti í sjö flokka og fundið meðalverð sem greitt er á hverju ári fyrir nemanda sem gengur til prófa í 30 einingum náms til viðurkennds lokaprófs. Talað er um eitt nemendaígildi í þessu sambandi. Frá reiknuðu verði dregst m.a. skrásetningargjald nemanda, fjárhæð vegna fjárbindingar í húsnæði sem byggt hefur verið fyrir fé ríkisins og er umfram ákveðna fermetraviðmiðun og viðhald á kennsluhúsnæði Háskóla

Íslands sem fjármagnað er með tekjum af Happdrætti Háskóla Íslands. Ekki er gerður greinarmunur á staðbundnu námi og fjarnámi við gerð verðskrárinnar og ekki tekið tillit til þess að kostnaður skólanna við við einstaka námsbrautir getur verið annar en verðútreikningur sýnir enda er aðaltilgangur reiknilíkansins að skipta framlögum milli skólanna samkvæmt skýrum reglum. Verðhlutföll milli flokka eru nánast hin sömu og gerð er grein fyrir í greinargerð fjárlagafrumvarps 2001.

Verðflokkar	Verð Þús.kr.
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	364
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	576
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	615
Hjúkrunarnám og annað hliðstætt sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	647
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr. sem m.a. felst í verkl. æfingum og í notkun sérhæfðs búnaðar.	828
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.153
Nám í tannlækningum	1.926

Lokið er samningum um kennslu við alla háskólana nema Listaháskóla Íslands en samningur við þann skóla er langt kominn. Fyrirliggjandi samningar gera ráð fyrir að greitt verði að hámarki fyrir 7.517 nemendaígildi á háskólastigi á næsta ári. Að auki er reiknað með um 250 í væntanlegum samningi við Listaháskólann. Þá gera samningarnir ráð fyrir 175 nemendaígildum á framhaldsskólastigi í skólunum. Á óskiptum lið er áætlað fyrir framlagi til að mæta um það bil fjölgun 50 nemenda. Í heild er því áætlað áætlað fyrir útgjöldum vegna nálægt 8.000 nemendaígilda sem er um 400 fleiri nemendaígildi en í fjárlögum yfirstandandi árs. Meðalverð á nemandaígildi án nokkurs frádráttar er um 550 þús.kr. Því er spáð að nemendaígildum fjölgi sömuleiðis um 400 milli áranna 2002 og 2003. Fjölgunin kemur einkum fram í rekstrarnámi, tölvufræðinámi og kennaranámi en einnig að nokkru leyti í raungreinanámi. Að venju er gert ráð fyrir að mun fleiri nemendur innritist í skólana en sem nemur nemendaígildunum sem greitt er fyrir. Samkvæmt upplýsingum skólanna eru um 11.700 nemendur skráðir í nám í háskólunum í haust, samanborið við 10.400 á síðasta hausti sem er 1.300 nemenda fjölgun en þess ber að geta að nemendur eru í mismiklu námi, ekki hefur verið leiðrétt fyrir margskráningu og sumir eiga eingöngu eftir að ljúka prófum.

Unnið hefur verið að gerð reglna um framlög til rannsókna í háskólum og í framhaldinu verður gengið til árangursstjórnunarsamninga við skólana á því sviði eins og lýst er í athugasemdum fjárlagafrumvarps 2001. Drög að reiknilíkani liggja fyrir en ekki hefur verið ákveðið með notkun þess.

Nemendaígildi	HÍ	KHÍ	HA	VHB	HR	TÍ	Alls
Félags- og mannvísindi o.þ.h	2.550	0	155	220	275	270	3.470
Tölvufræði og stærðfræði	200	0	25	0	525	0	750
Hjúkrunarfræði	400	0	185	0	0	0	585
Kennaranám o.þ.h.	80	1.100	205	0	0	0	1.385
Verk-, tækni-, efnafræði o.þ.h.	702	0	38	0	0	230	970
Læknisfræði	315	0	0	0	0	0	315
Tannlækningar	42	0	0	0	0	0	42
Samtals	**4.289**	**1.100**	**608**	**220**	**800**	**500**	**7.517**

Umfjöllun um kaflann er skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um Háskóla Íslands og stofnanir hans, í öðrum hluta er fjallað um aðra háskóla, í þriðja hluta er fjallað um rannsóknarsjóði og í fjórða hluta er fjallað um aðra fjárlagaliði málefnaflokksins.

1. Háskóli Íslands og stofnanir hans. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskóla Íslands og stofnanir, sem tengjast honum, sem eru: Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum; Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi; Íslensk málstöð; Raunvísindastofnun Háskólans; Orðabók Háskóla Íslands og Stofnun Sigurðar Nordals. Tilraunastöðin að Keldum tengist læknadeild samkvæmt lögum um stofnunina en hefur sérstaka stjórn sem háskólaráð skipar og forstöðumann sem jafnframt er prófessor við læknadeild; Stofnun Árna Magnússonar er samkvæmt lögum um stofnunina háskólastofnun með forstöðumann sem er jafnframt prófessor í heimspekideild og með stjórnarnefnd undir forsæti rektors; Íslensk málstöð er samkvæmt lögum um stofnunina rekin af Íslenskri málnefnd í samvinnu við Háskóla Íslands en þrjár síðustu stofnanirnar starfa eftir lögum um Háskóla Íslands og eru því hluti af honum.

Heildargjöld Háskóla Íslands og stofnana hans eru áætluð 5.384,5 m.kr. og hækka um 629,4 m.kr. frá fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru áætluð 4.278,6 m.kr. og eru þau fjármögnuð með 3.822 m.kr. ríkisframlagi, tekjum af innritunargjöldum og tekjum af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Auk launa- og verðlagshækkana munar mestu um eftirfarandi breytingar. Hjá Háskóla Íslands er áætlað fyrir 80 m.kr. tímabundnu framlag til rannsókna og er farið fram á sömu fjárhæð í fjáraukalögum 2001. Þá aukast útgjöld um 77,8 m.kr. vegna fjölgunar nemendaígilda um 114 frá yfirstandandi ári en hluti útgjaldanna er fjármagnaður með innheimtu innritunargjalda. Áætlun um framlög vegna kennslu er byggð á reiknilíkani og samningi við skólann miðað við 4.289 nemendaígildi. Miðað er við að sértekjur rannsóknarstarfsemi fylgi launa- og verðlagshækkunum ekki að fullu eftir og ríkisframlag hækki af þeim sökum um nálægt 10 m.kr. Einnig er veitt tímabundið 2,5 m.kr. framlag til launa lektors í stjórnmálafræðum og verður farið fram á framlag vegna starfsins í fimm ár. Framsetning ríkisframlags sem Háskólasjóður Háskóla Íslands fær á grundvelli laga nr. 91/1987, um sóknargjöld, er breytt enda er um að ræða lögbundið framlag til sjóðsins. Í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað, undir viðfangsefnalið 1.02 Rannsóknir og

önnur verkefni, að útgjöld sjóðsins séu fjármögnuð með sértekjum frá fjárlagalið 06-735 Sóknargjöld sem fær tekjur af ríkisframlagi. Áætlað er að framlag þetta nemi 76 m.kr. á árinu 2002 sem er 15 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Á móti kemur að tímabundið 15 m.kr. framlag á lið Háskólans vegna viðhalds á húsnæði Raunvísindastofnunar fellur niður. Framlag til Stofnunar Sigurðar Nordals hækkar tímabundið um 2,5 m.kr. vegna íslenskukennslu við Humboldtháskóla í Þýskalandi og um 1,5 m.kr. til íslenskukennslu og bókakaupa í Manitobaháskóla í Kanada. Farið verður fram á að þessi framlög verði veitt næstu fimm árin. Að lokum ber að geta þess að áætlað er fyrir um það bil 95 m.kr. launagjöldum Háskólans á lið 02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.

Áætlað er að tekjur Háskóla Íslands af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands nemi 325 m.kr. á árinu 2002 sem er óbreytt frá fjárlögum. Tekjunum er varið til stofnkostnaðar og viðhalds húsa og búnaðar í samræmi við lög um happdrættið og eru fjárhæðir í frumvarpinu miðaðar við það. Áætlun skólans gerir þó ráð fyrir að framkvæmdum við Náttúrufræðihús verði flýtt og að tekið verði allt að 650 m.kr. lán í því sambandi. Í 5. gr. frumvarpsins er leitað eftir heimild til lántökunnar. Verði lánið tekið er gert ráð fyrir 669 m.kr. framkvæmdum og búnaðarkaupum á árinu 2002. Breyta þarf framsetningu háskólans við 2. umræðu fjárlaga með tilliti til þessa. Heildarkostnaður við byggingu Náttúrufræðihússins sem er 8.000 fm að stærð er áætlaður tæpir 2 milljarðar króna og er miðað við að búið verði að framkvæma fyrir um 950 m.kr. í lok þess árs sem nú er að líða. Á fjárlagalið 02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður er gert ráð fyrir 60 m.kr. framlagi til viðhalds á byggingum Háskólans og er það 30 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Eftirfarandi tafla sýnir áætlun Háskóla Íslands um útgjöld til viðhalds og stofnkostnaðar á næstu árum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Drög 2003	Drög 2004	Drög 2005-06	Alls
Háskóli Íslands, lokaáfangi Náttúrufr.húss ..... Frkv. áætlun	500	500	0	0	1.000
Háskóli Íslands, viðhald	121	121	121	121	484
Háskóli Íslands, tæki og búnaður	38	38	38	38	152
Háskóli Íslands, annað	10	10	10	10	40
Samtals	**669**	**669**	**169**	**169**	**1.676**

2. Aðrir háskólar. Hér verður fjallað í einu lagi um Háskólann á Akureyri, Tækniskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Heildarútgjöld skólanna eru áætluð 2.519,3 m.kr. og hækka um 464,7 m.kr. frá fjárlögum. Gjöld umfram sértekjur eru áætluð 2.500,9 m.kr. og eru þau fjármögnuð með 2.432,8 m.kr. ríkisframlagi og tekjum af innritunargjöldum. Auk launa- og verðlagshækkana eru breytingar þessar: Útgjöld Tækniskólans hækka samkvæmt samningi annars vegar um 15 m.kr. vegna framlags til tækja- og búnaðarkaupa sem var áætlað fyrir undir lið 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Hins vegar hækka

þau um 5,5 m.kr. vegna nemendafjölgunar. Útgjöld Kennaraháskólans hækka um 100,7 m.kr. vegna nemendafjölgunar, rannsóknarmála og annarra verkefna í samræmi við samning við skólann. Framlag til Viðskiptaháskólans á Bifröst hækkar um 34,8 m.kr. vegna nemendafjölgunar í samræmi við samning. Framlag til Háskólans í Reykjavík hækkar um 59,1 m.kr. vegna umsaminnar nemendafjölgunar. Að lokum lækka útgjöld vegna Listaháskólans að raungildi um 21 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að ríkissjóður innheimti 51 m.kr. hjá Reykjavíkurborg vegna þátttöku í kostnaði við myndlistarnám samkvæmt gömlu samkomulagi um kostnaðarskiptingu vegna Myndlista- og handíðarskólans. Innheimtan hefur ekki gengið eftir frá því námið færðist til Listaháskólans og þykir því ekki rétt að treysta á tekjurnar á árinu 2002. Að auki er rétt að taka fram að skólinn er sjálfseignarstofnun og því ekki rétt að sýna greiðslur annarra en ríkisins til skólans í fjárreiðum ríkisins. Miðað er við að ríkissjóður leggi skólanum til 30 m.kr. aukið framlag á árinu 2002 og síðan hækki framlagið um 33 m.kr. árið 2003 miðað við meðalverðlag 2002 og aftur um sömu fjárhæð árið 2004. Á lið 02-319 Framhaldsskólar almennt er jafnframt áætlað fyrir 9,4 m.kr. framlagi til samnings við Myndlistaskólann í Reykjavík um yfirtöku fornámsdeildar í myndlist.

3. Rannsóknarsjóðir. Hér verður fjallað í einu lagi um Rannsóknarráð Íslands, Ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora, Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum, Vísindasjóð, Tæknisjóð, Bygginga- og tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð. Heildargjöld á þessum liðum eru áætluð 810,1 m.kr. og hækka um 62 m.kr. frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga munar mestu um 40 m.kr. tímabundin aukin útgjöld Vísindasjóðs. Útgjöld sjóðsins eru nú að öllu leyti fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði eftir breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands á síðasta þingi. Nemur ríkisframlag 210 m.kr. í stað 25 m.kr. í fjárlögum. Einnig hækkar framlag ríkisins til Rannsóknarnámssjóðs tímabundið um 10 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2001 er farið fram á 40 m.kr. til Vísindasjóðs og 10 m.kr. til Rannsóknarnámssjóðs. Að lokum fellur niður tímabundið 8 m.kr. framlag til Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora sem var veitt til að leiðrétta fyrir útgjöldum á árinu 2000. Framlag í sjóðinn ræðst af launum prófessora í samræmi við úrskurð kjaranefndar um launakjör þeirra. Nefndin skiptir sjóðnum á milli prófessora en skólarnir sjá síðan um greiðslur til þeirra og eru fjárheimildir millifærðar af sjóðnum á skólana til samræmis.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2002	Drög 2003	Drög 2004	Drög 2005-06	Alls
Háskóli Íslands, viðhald	Frumathugun	60	60	60	60	240
Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald	Frkv. áætlun	5	5	5	5	20
Háskólinn á Akureyri, nýbygging	Frkv. áætlun	40	30	0	0	70
Háskólinn á Akureyri, endurbætur	Frkv. áætlun	40	40	0	0	80
Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	Frkv. áætlun	320	50	0	0	370
Framkvæmdir, óskipt		10	50	0	0	60
Samtals		**475**	**235**	**65**	**65**	**840**

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag á þennan fjárlagalið er 475 m.kr. sem er 185 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Taflan hér að ofan sýnir áætlaða skiptingu framlagsins auk þess sem sýnd eru drög menntamálaráðuneytisins að áætlun um framkvæmdir á næstu árum. Nýbygging Háskólans á Akureyri er 1.970 fm að stærð og áætlað að heildarkostnaður nemi 310 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir búið verði að framkvæma fyrir 240 m.kr. í lok yfirstandandi árs. Unnið er að undirbúningi fyrir byggingu rannsóknahúss við Háskólann á Akureyri sem einkaaðilar munu reisa og eiga en leigja háskólanum og fleiri rannsóknastofnunum. Stefnt er að því að húsið verði tekið í notkun árið 2003. Nýbygging Kennaraháskóla Íslands er 3.400 fm að stærð. Heildarkostnaður við hana er áætlaður 645 m.kr. og er áætlað að búið verði að framkvæma fyrir 275 m.kr. á árslok 2001. Ekki hefur verið áætlað fyrir rekstrarkostnaði vegna aukins húsnæðis háskólanna. Reglur um framlög til kennslu og kennsluhúsnæðis skólanna gera ráð fyrir að framlög til þeirra breytist í samræmi við fjölda nemendaígilda en húsnæðisstærð hafi engin áhrif.

299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru ætluð 127 m.kr. sem er 107,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Auk launa- og verðlagsbreytinga eru skýringarnar þær að 97,5 m.kr. eru millifærðar af *1.91 Háskólar, óskipt* yfir á háskóla vegna nemendafjölgunar og 28,4 m.kr. framlag fellt niður til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar. Á móti kemur að áætlað er fyrir tímabundnu 20 m.kr. framlagi til rannsókna á viðfangsefnaliðnum sem gerð verður tillaga um skiptingu á við 2. umræðu fjárlaga. Þá fellur niður tímabundið 0,8 m.kr. framlag til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á lið *1.91 Háskóla- og rannsóknastarfsemi* og 10 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Reykjavíkurakademíunnar á sérstökum viðfangsefnalið.

985 Alþjóðleg samskipti. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 605,5 m.kr. og hækka um 242,3 m.kr. Á *1.90 Alþjóðleg samskipti* er áætlað fyrir 86,5 m.kr. framlagi og hækkar það að raungildi um 6 m.kr. vegna aukins kostnaðar landsskrifstofa og aukinna umsvifa vegna samstarfsáætlana ESB. Útgjöld á liðnum skiptast þannig í meginatriðum að 23,9 m.kr. verður varið til landsskrifstofa, en þar af eru 4,7 m.kr. ætlaðar Landsskrif-

stofu ungmennaáætlunar ESB, 7 m.kr. til Landsskrifstofu Sókrates-áætlunar um almenna menntun, 8 m.kr. til Landsskrifstofu Leonardó-áætlunarinnar um starfsmenntun og 4,2 til Landsskrifstofu menningaráætlunar Evrópusambandsins. Þá er 18,3 m.kr. tímabundið framlag sem er vegna fyrirhugaðs framboðs Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO sambærilegt framlag er veitt til verkefnisins í fjárlögum 2001. Að öðru leyti er framlag á viðfangsefnaliðnum ætlað til að greiða kostnað vegna samstarfs á mennta- og menningarsviðinu á grundvelli EES-samningsins. Á *1.91 Aðildargjöld* er áætluð 504,5 m.kr. sem er 232,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Framlag til aðildargjalda hækkar um 150 m.kr. milli ára auk gengisbreytinga og tekur mið af áætlunum ESB sem geta breyst eitthvað. Þær áætlanir gera ráð fyrir EFTA-ríkin taki þátt í verkefnum sem varið verður 5,28 milljörðum evra til samanborið við 4,2 milljarða evra á yfirstandandi ári og að hlutur Íslands hækki úr 0,089% í 0,111%.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301–309 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 350–365 Framhaldsskólar; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarkennsla; 506–551 Framhaldsskólar; 563–564 Listaskólar; 571 Sjómannaskólahúsið og 581 Verslunarskóli Íslands.

Heildargjöld málefnaflokksins nema 9.721,4 m.kr. og hækka um 1.582,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Áætlað er að sértekjur, sem eru einkum vegna efnisgjalda og þjónustu kvöldskóla, nemi 149,2 m.kr. og lækki um 195 m.kr. Skýring á lækkuninni er sú að umsjón og viðhald fasteigna nær allra framhaldsskóla færist frá menntamálaráðuneytinu til Fasteigna ríkissjóðs. Gjöld umfram sértekjur að fjárhæð 9.572,2 m.kr. verða fjármögnuð með 9.434,8 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði og innheimtu 137,4 m.kr. innritunargjalda.

Rekstargjöld og rekstrartilfærslur eru áætluð 9.323,4 m.kr. en að frádregnum sértekjum nema þau 9.174,2 m.kr. Gjöld umfram sértekjur hækka um 1.883,8 m.kr. Auk 1.563,1 m.kr. launa- og verðlagsbreytinga hækka gjöldin um 200 m.kr. til að efla stjórnun innan framhaldsskólanna, 150 m.kr. vegna leigugreiðslna framhaldsskóla sem varið er til að greiða lögboðin gjöld af húsnæði þeirra og viðhalds skólanna, 40 m.kr. vegna tímabundins framlags til nýs stjórnunarupplýsingakerfis fyrir framhaldsskólanna, 20 m.kr. eru ætlaðar til að fjölga námsárum í sérkennslu úr þremur í fjögur en fyrst var boðið upp á fjórða árið í haust, 18,9 m.kr. til að fjölga námsorlofum í framhaldsskólum, 15,4 m.kr. vegna nemendafjölgunar í Listdansskólanum og 9,4 m.kr. eru til samnings um að Myndlistarskólinn í Reykjavík taki við fornámi í myndlist sem Listaháskólinn hefur annast frá því hann tók við myndlistarnámi af Myndlista- og handíðaskólanum. Á móti kemur að framlag lækkar um 14 m.kr. vegna fækkunar nemenda. Verulegar breytingar voru gerðar á kjarasamningum framhaldsskólakennara í ársbyrjun 2001, m.a. hvað varðar störf og stjórnun í skólunum enda hefur starfsumhverfi þeirra verið að breytast og innra starfi verið í örri þróun.

Til þess að mæta sparnaðarmarkmiði ríkisstjórnarinnar lækkar framlag til að mæta nemendafjölgun og óvissum útgjöldum framhaldsskólanna um 82 m.kr., framlag til framkvæmdar nýrrar skólastefnu lækkar um 30 m.kr., framlag til að ýmissa nýjunga í skólastarfi lækkar um 15 m.kr. og að lokum lækkar framlag til símenntunarmiðstöðva um 10 m.kr. Af sömu ástæðu er framlag til skólanna lækkað um 48,4 m.kr. Á móti kemur annars vegar að lögð verður til breyting á framhaldsskólalögum um að skólunum verði heimilt að innheimta að hámarki 8,5 þús.kr. innritunargjald á ári af nemanda í stað 6 þús.kr. nú. Gjaldið er talið auka tekjur skólanna um 38,4 m.kr. Hins vegar verður lagt til að þak á efnisgjöld hækki úr 25 þús.kr. í 50 þúskr. á ári sem gæti skilað allt að 10 m.kr. auknum tekjum.

Gert er ráð fyrir að nálægt 16.300 nemendur verði skráðir í staðbundið nám í dagskóla framhaldsskólanna á árinu 2002 auk 300 fjarnámsnemenda. Áætlað er að nemendur í staðbundnu námi verði 16.700 árið 2001 og hafi verið 16.900 á árinu 2000. Samkvæmt þessu er fækkun milli ára í samræmi við fækkun í aldursárgöngum framhaldsskólanemenda miðað við að skólasókn árganga sé hin sama og á undanförnum árum. Fjöldi í aldursárgögnum bendir til að nemendum fækki einnig lítillega milli áranna 2002 og 2003 en síðan fjölgi þeim hratt og mest verði fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu.



Áætlun um útgjöld til kennslu í dagskóla allra framhaldsskóla nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra og listaskólanna er byggð á reiknilíkani framhaldsskóla og árangursstjórnunarsamningum sem menntamálaráðuneytið hefur gert við skólana um verkefni þeirra og fjárframlög. Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla og almennum rekstrarkostnaði á viðfangsefnalið *1.01 Almennur rekstur*. Framlag til hvers skóla byggist á áætlun um nám og nemendaígildi. Nemendaígildi er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda í skólanum á einni önn og samsvarar ígildið 17,5 námseiningum. Í samningi við skólana er gert ráð fyrir að þeir geti sótt um viðbótarframlag ef aðsókn bendir til að nemendur verði meira en 3–5% fleiri en áætlað er og jafnframt að þeir skili framlagi ef nemendur reynast meira en 3–5% færri. Áætlað er með hliðsjón að ígildi 90% nemenda séu í fullu námi eða 15.082 nemendaígildi sem er nánast sami fjöldi og gert er ráð fyrir í áætlun yfirstandandi árs og er skýringin meðal annars sú að nú er áætlað fyrir kennslu um það bil 300 nemendaígilda fjarkennslunemenda á viðfangsefnalið *1.01 Almennur rekstur* í stað þess að áætla áfram fyrir þeim meðal kvöldskólanemenda á viðfangsefnalið *1.09 Önnur verkefni*. Á almennum lið framhaldsskóla er að auki gert ráð fyrir framlagi til að

mæta nálægt 80 nemendaígilda fjölgun, samanborið við 400 í fjárlögum yfirstandandi árs og framlagi til að mæta kostnaði við samning sem áformað er að gera við Hraðbrautarskólann um kennslu 45 nemendaígilda árið 2002.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	227,8	240,9	316,0	31,2	38,7
Menntaskólinn á Akureyri	177,6	201,6	291,2	44,4	64,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	65,0	70,7	98,9	39,9	52,2
Menntaskólinn við Hamrahlíð	311,1	334,4	401,6	20,1	29,1
Menntaskólinn við Sund	213,3	226,3	291,3	28,7	36,6
Menntaskólinn á Ísafirði	100,2	109,1	143,3	31,3	43,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	95,5	100,1	143,6	43,5	50,4
Menntaskólinn í Kópavogi	362,2	332,7	439,1	32,0	21,2
Kvennaskólinn í Reykjavík	153,4	167,3	218,0	30,3	42,1
Fasteignir framhaldsskóla	198,4	28,0	28,8	2,9	-85,5
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	285,8	494,0	388,0	-21,5	35,8
Framhaldsskólar, almennt	450,4	966,6	901,1	-6,8	100,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	443,0	463,3	559,4	20,7	26,3
Fjölbrautaskólinn Ármúla	237,3	223,6	305,0	36,4	28,5
Flensborgarskóli	189,5	191,9	245,4	27,9	29,5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	213,8	227,2	295,1	29,9	38,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	215,4	208,7	283,3	35,7	31,5
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	83,5	87,7	118,2	34,8	41,6
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	156,9	149,0	196,3	31,7	25,1
Fjölbrautaskóli Suðurlands	226,2	269,3	359,2	33,4	58,8
Verkmenntaskóli Austurlands	85,7	85,3	109,8	28,7	28,1
Verkmenntaskólinn á Akureyri	379,2	391,4	520,6	33,0	37,3
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	177,9	182,1	224,1	23,1	26,0
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	35,5	41,4	48,2	16,4	35,8
Framhaldsskólinn á Húsavík	56,8	58,0	75,0	29,3	32,0
Framhaldsskólinn á Laugum	50,5	50,0	79,8	59,6	58,0
Borgarholtsskóli	222,0	258,4	396,9	53,6	78,8
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	82,9	109,6	137,1	25,1	65,4
Símenntun og fjarvinnsluverkefni	55,3	86,0	77,4	-10,0	40,0
Vélskóli Íslands	71,4	73,0	94,3	29,2	32,1
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	36,5	42,7	46,3	8,4	26,8
Iðnskólinn í Reykjavík	603,2	640,4	862,6	34,7	43,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	172,2	205,2	257,3	25,4	49,4
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	15,1	15,7	18,3	16,6	21,2
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	12,9	13,2	16,1	22,0	24,8
Tónlistarskólinn í Reykjavík	12,5	14,8	19,3	30,4	54,4
Listdansskólinn	53,4	35,3	54,6	54,7	2,2
Sjómannaskólahúsið	32,5	33,9	49,4	45,7	52,0
Verslunarskóli Íslands	354,0	365,6	462,3	26,4	30,6
Samtals	**6.915,8**	**7.794,4**	**9.572,2**	**22,8**	**38,4**

Við áætlanagerðina er byggt á upplýsingum skólanna um skráningu nemenda í áfanga. Áfangarnir eru síðan flokkaðir í þrennt eftir því hvort þeir eru verklegir áfangar þar sem miðað er við 12 nemendur í hóp, bóklegir með 25 nemendum eða blandaðir með 15 nemendum. Við útreikninga er miðað við að meðalstærð hópa sé 77,5% af viðmiðunarfjölda í hverjum flokki. Samkvæmt þessu vegur verklegur áfangi 2,08 á við bóklegan áfanga þegar kennslustundafjöldi er reiknaður út. Kennslulaun eru síðan áætluð út frá kennsluskyldu kennara og meðallaunum í hverjum skóla og síðan kemur til viðbótar álag vegna ýmissa umsjónar- og stjórnunarstarfa. Líkanið er óbreytt að þessu leyti milli ára. Álaginu er breytt með tilliti til þess að ýmis umsjónar- og stjórnunarstörf kennara eru hluti af dagvinnuskyldu þeirra samkvæmt nýjum kjarasamningi og hins vegar vegna ákvörðunar um að efla stjórnun með 200 m.kr. hækkun á framlagi. Að auki eru gerðar þær breytingar að dregið er úr áhrifum nemendafjölda á reiknað framlag til húsaleigu en stærð þess húsnæðis, sem hver skóli notar, gefið aukið vægi. Þá fá skólar með verknám aukið framlag til eignakaupa og launa aðstoðarfólks. Breytingarnar eru liður í þróun líkansins og ganga til móts við fyrstu tillögur samstarfshóps um reiknilíkanið sem skipaður er fulltrúum skólameistara og ráðuneyta. Niðurstaða útreikninga er sú að vísitala námsframboðs, sem mælikvarði á hlutfall verklegs og bóklegs náms í öllum skólunum, verði 1,2 á árinu 2002 eins og á undanförnum árum. Meðalútgjöld á nemandaígildi í dagskóla, án sérverkefna eru áætluð 500 þús.kr. Með sérverkefnum sem áætlað er fyrir á viðfangsefnalið 1.09 Önnur verkefni eru útgjöld á nemandaígildi 521 þús.kr., samanborið við 412 þús.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur hækkunin 26,5%. Sérverkefnin eru m.a. heimavistir og kvöldskólar. Meðalútgjöld á nemanda eru sem fyrr lægst í fjölmennum bóknámsskólum en hæst í fámennum skólum á landsbyggðinni. Kennsluhúsnæði er áætlað 169 þúsund fermetrar eða rúmlega 11 fermetrar á hvert nemendaígildi. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjöld vegna dagskóla framhaldsskólanna, fjölda nemendaígilda, vísitölu námsframboðs og stærð kennsluhúsnæðis sem lagt er til grundvallar áætlanagerð.

Á viðfangsefni *1.09 Önnur verkefni* hjá viðkomandi skólum er áætlað fyrir ýmsum sérverkefnum skóla. Rekstrarkostnaður ríkisins vegna heimavista er nálægt 92 m.kr. og eru umsvifin óbreytt. Ríkið rekur heimavistir fyrir u.þ.b. 946 nemendur í 20.450 fermetra húsnæði sem er fjölgun um 22 nemendur milli ára. Tölur um nemendafjölda og húsnæðisstærð eru of lágar í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 2001. Framlag ríkisins er áætlað til jafnaðar 97 þús.kr. á nemanda án kostnaðar við fjárbindingu í húsnæði og búnaði, en viðhald húsnæðis er greitt af leigutekjum og nemendur greiða sjálfir fyrir þá þjónustu sem þeim er veitt. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru nemendur í fjarkennslu taldir með kvöldskólanemendum. Í frumvarpinu er gerð sú breyting að áætlað er fyrir útgjöldum vegna fjarnáms með dagskóla og færist kostnaður við um 300 nemendaígildi því til. Framlög til kvöldskóla eru áætluð um 211 m.kr. og þar af greiða nemendur þriðjunginn en að auki greiða þeir innritunargjöld á sama hátt og dagskólanemendur og teljast tekjur af þeim til ríkistekna en þær eru taldar verða um 14,4 m.kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað

fyrir tæplega 11 m.kr. til reksturs Fiskvinnsluskólans á lið Flensborgarskólans sem falla niður þar sem rekstri skólans er hætt.

Frekari upplýsingar um hlutverk og verkefni framhaldsskólanna eru í *Verkefnavísum 2002.*

	Nemanda-ígildi 2001	Nemanda-ígildi 2002	Vísitala náms-framboðs	Fermetrar kennslu-húsnæðis	Ferm. á nemanda-ígildi	Heildar-gjöld m.kr.	Þús. kr. á nemanda
Menntaskólinn á Akureyri	561	600	1,05	7.334	13,1	276,8	461
Framhaldsskólinn á Laugum	69	95	1,05	3.500	50,7	69,9	736
Menntaskólinn í Reykjavík	750	750	1,06	5.730	7,6	316,0	421
Menntaskólinn við Hamrahlíð	924	858	1,06	7.194	7,8	375,2	437
Verslunarskóli Íslands	1.050	1.060	1,07	8.100	7,7	409,2	386
Menntaskólinn við Sund	701	672	1,07	6.590	9,4	291,3	433
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	512	489	1,07	5.411	10,6	224,1	458
Kvennaskólinn í Reykjavík	513	501	1,07	2.750	5,4	218,0	435
Menntaskólinn á Egilsstöðum	232	264	1,08	2.570	11,1	128,9	488
Framhaldsskólinn á Húsavík	136	120	1,08	1.700	12,5	75,0	625
Flensborgarskóli	501	512	1,08	6.512	13,0	245,4	479
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	80	77	1,13	2.015	25,2	56,6	735
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	130	1,13	2.595	20,0	86,0	662
Fjölbrautaskólinn Ármúla	657	658	1,14	4.325	6,6	294,5	448
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	198	201	1,14	3.172	16,0	117,3	584
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	78	63	1,15	903	11,6	47,6	756
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	385	352	1,16	4.250	11,0	177,4	504
Menntaskólinn í Kópavogi	864	874	1,17	9.266	10,7	417,8	478
Fjölbrautaskóli Suðurlands	706	693	1,18	7.531	10,7	343,0	495
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	621	606	1,18	5.969	9,6	287,5	474
Menntaskólinn á Ísafirði	227	236	1,21	3.915	17,2	133,6	566
Fjölbrautaskóli Vesturlands	525	536	1,22	6.686	12,7	273,4	510
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.131	1.028	1,23	10.450	9,2	518,0	504
Verkmenntaskólinn á Akureyri	905	990	1,26	11.328	12,5	510,5	516
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	24	24	1,30	840	35,0	15,0	625
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	1,30	801	33,4	12,4	517
Verkmenntaskóli Austurlands	122	132	1,31	3.495	28,6	98,8	748
Borgarholtsskóli	583	695	1,35	10.500	18,0	390,7	562
Vélskóli Íslands	150	153	1,41	4.720	31,5	121,4	793
Iðnskólinn í Reykjavík	1.322	1.296	1,56	14.575	11,0	802,4	619
Iðnskólinn í Hafnarfirði	372	393	1,59	4.450	12,0	208,6	531
Samtals	**15.053**	**15.082**	**1,20**	**169.177**	**11,2**	**7.542,3**	**501**

318 ***Framhaldsskólar, stofnkostnaður.*** Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 388 m.kr. sem er 106 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er ákveðið að fresta 91 m.kr. framkvæmdum vegna markmiða ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisrekstri og hins vegar fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag til fartölvuvæðingar. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætluð framlög til framkvæmda 2002 og drög

menntamálaráðuneytisins að áætlun um framkvæmdir til ársins 2006 samkvæmt fyrirliggjandi frumathugunum, framkvæmdaáætlunum eða samningum:

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2002	Drög 2003	Drög 2004	Drög 2005-06	Alls
Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	Frumathugun	50	250	250	250	800
Sjómannaskólahús	Frkv./Frum.	50	80	80	160	370
Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma	Frkv./Frum.	45	50	50	0	145
Flensborgarskóli, kennsluálma	Frumathugun	15	30	65	100	210
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, skemma	Frumathugun	0	0	50	30	80
Fjölbrautaskóli Vesturlands, kennsluálma	Frumathugun	0	0	15	50	65
Fjölbrautaskóli Vesturlands, bókasafn	Samningur	20	0	0	0	20
Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma	Samningur	70	70	50	0	190
Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma	Frumathugun	0	0	0	75	75
Menntaskólinn á Egilsstöðum, kennsluálma	Frumathugun	0	10	40	40	90
Framhaldsskóli A-Skaftafellsýslu	Samningur	40	10	0	0	50
Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús	Frumathugun	20	40	40	0	100
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, kennsluálma	Frumathugun	20	40	40	35	135
Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	Frumathugun	30	30	30	60	150
Til framkvæmda, óskipt		12	0	0	0	12
Tæki og búnaður, óskipt		16	16	16	16	64
Samtals		**388**	**626**	**726**	**816**	**2.556**

Í yfirliti menntamálaráðuneytisins um framkvæmdir vegna framhaldsskóla er fjallað um byggingu 44.500 fermetra húsnæðis árin 2002–2006 auk endurbyggingar á húsum. Þá eru meðtaldar framkvæmdir sem lýkur í ár. Við áætlanagerðina er miðað við 8 fermetra á nemanda sem lágmark í hreinum bóknámsskóla. Húsnæðisþörfin eykst með hækkandi verknámshlutfalli og getur þannig verið dálítið breytileg frá einum tíma til annars en meðaltalan er nærri 10 fermetrum á nemanda. Samanlagt húsnæði framhaldsskóla er nú um 185.000 fm þ.e. kennsluhúsnæði, heimavistir og kennaraíbúðir. Ef öll byggingaráform næstu ára ná fram að ganga má ætla að 15–20.000 fm falli úr núverandi notkun. Þau hús verða sum seld, önnur rifin og enn önnur tekin til annarra nota á vegum opinberra aðila.

Nýframkvæmdir ráðast af samningum við sveitarfélög, sem er ætlað að greiða 40% kostnaðar samkvæmt framhaldsskólalögum, og af fjárveitingum í fjárlögum. Samningar við sveitarfélögin eru mislangt komnir. Viðræður hafa staðið yfir við Reykjavíkurborg um framkvæmdir á næstu árum. Gerð hefur verið áætlun um allt að 2.500 fm nýbyggingar á reit *Menntaskólans í Reykjavík*. Áformuð er bygging íþróttahúss við *Menntaskólann við Hamrahlíð* sem veittar hafa verið 60 m.kr. til. Rætt hefur verið um að Reykjavíkurborg kaupi hús *Menntaskólans við Sund* og að byggt verði 7.000 fm hús yfir hann í staðinn. Hugað er að byggingu 7.000 fm húss í Vesturbænum yfir *Kvennaskólann* sem er í ófullnægjandi húsnæði. Áætlanir liggja fyrir um byggingu 2.000 fm kennsluálmu og mötuneytis við *Ármúlaskólann*. Áformað

er að byggja viðbótarkennslurými við *Fjölbrautaskólann í Breiðholti*. Þak á vesturálmu *Iðnskólans í Reykjavík* þarfnast gagngerra viðgerða og er talið að besti kosturinn sé bygging nýrrar þakhæðar sem kostar um 45 m.kr. Við *Borgarholtsskóla* vantar íþróttahús og að lokum hefur verið rætt við stjórnendur Reykjavíkurborgar um byggingu á 8.000 fm framhaldsskóla við Úlfarsfell innan fárra ára. Samkvæmt samkomulagi við Kópavogsbæ stendur til að rífa norðurálmu *Menntaskólans í Kópavogi* og byggja 1.600 fm kennsluálmu í staðinn. Áætlun um þessa framkvæmdir liggur að mestu fyrir. Í drögum að samningi við Hafnarfjarðabæ er gert ráð fyrir byggingu 2.200 fm kennsluálmu við *Flensborgarskólann*. Í viðræðum við stjórnendur Garðabæjar og Bessastaðahrepps er hugað að viðbótarbyggingu við *Fjölbrautaskólann í Garðabæ*, m.a. undir listgreinar. Þá er gert ráð fyrir að byggja þurfi eftir árið 2006 allt að 10.000 fm skólahúsnæði í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ til að mæta nemendafjölgun á svæðinu og koma þær byggingar til viðbótar þeim 44.500 fm húsnæðis sem hér eru til umfjöllunar. Í ár er áætlað að framlag ríkisins til tæplega 200 fm viðbyggingar við *Fjölbrautaskóla Vesturlands* nemi 20 m.kr. og liggja fyrir drög að hönnun annarrar viðbyggingar. Framkvæmdir eru að hefjast við byggingu 2.200 fermetra við *Verkmenntaskólann á Akureyri* og þá er óbyggður u.þ.b. 1.000 fm lokaáfangi. Gert er ráð fyrir um 1.000 fm viðbyggingu við *Menntaskólann á Egilsstöðum*. Á Höfn er unnið að byggingu 1.600 fm skólahúss fyrir *Framhaldsskóla A-Skaftafellssýslu*, sem lýkur á árinu 2002, og nemur framlag ríkisins 45 m.kr. í ár. Gert er ráð fyrir um 2.000 fm íþróttahúsi og bóknámsstofum við *Fjölbrautaskólann á Suðurlandi*. Viðræður standa yfir um byggingu nýrrar 2–3.000 fm kennsluálmu við *Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum* og endurbætur á eldri hlutum skólans. Þá er ótalin endurbygging á *Sjómannaskólahúsinu* sem unnið er að í áföngum samkvæmt framkvæmdaáætlun og á húsum *Menntaskólans á Laugarvatni*.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki gert sérstakar áætlanir um rekstrarkostnað nýs húsnæðis framhaldsskóla eftir að það hefur verið tekið í notkun og liggur hann því ekki fyrir. Eftir að húsnæðið er tekið í notkun er áætlað fyrir kostnaðinum með reiknilíkani.

319 Framhaldsskólar, almennt. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 988,9 m.kr. sem er 22,3 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Helstu breytingar eru sem hér segir. Viðfangsefnið *1.12 Orlof kennara* hækkar um 18 m.kr. vegna fjölgunar námsorlofa í samræmi við kjarasamning framhaldsskólakennara. *1.13 Forfallakennsla* lækkar um 20 m.kr. vegna breytinga á fjármögnun barnsburðarleyfa frá upphafi yfirstandandi árs og sem liður í rekstrarsparnaði ráðuneytisins. *1.14 Sérkennsla* hækkar um 20 m.kr. til að fjölga námsárum í sérkennslu í fjögur ár og til að mæta aukinni þjónustu. *1.16 Nýjungar í skólastarfi* lækkar um 15 m.kr. í sparnaðarskyni. *1.20 Framhaldsdeildir* lækka um 7,8 m.kr. í sparnaðarskyni. *1.22 Námskeið skipstjórnarmanna* lækkar um 1,2 m.kr. í sparnaðarskyni. *1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík* hækkar um 9,4 m.kr. vegna

samnings um að skólinn bjóði fornám í myndlist sem fluttist til Listaháskóla Íslands þegar hann tók við starfi Myndlista- og handíðaskólans. Á móti kemur að 4,6 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds og öryggismála í skólanum fellur niður. *1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn* hækkar um 5,2 m.kr. umfram launa- og verðlagsþróun í samræmi við samning þar að lútandi. *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* lækkar um 30 m.kr. til að mæta sparnaðarmarkmiði. Að lokum lækkar viðfangsefnaliður *1.90 Framhaldsskólar,* óskipt um 226,4 m.kr. og nemur framlag á þann lið til að mæta nemendafjölgun og óvæntum kostnaði 94,8 m.kr. sem svara til kostnaðar við kennslu um það bil 200 nemendaígilda. Menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir að ráðstafa nálægt 55 m.kr. af framlagi á liðnum til samnings um rekstur Hraðbrautarskóla. Skýring á lækkun milli ára er annars vegar sú að 150 m.kr., sem áætlað var fyrir á liðnum í fjárlögum vegna húsaleigu framhaldsskóla sem gengur til að viðhalda skólahúsnæði, er skipt á milli skólanna. Hins vegar er um að ræða nálægt 75 m.kr. lækkun til að mæta sparnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

451 Símenntun og fjarvinnsla. Framlag á þennan lið nemur 77,4 m.kr. og lækkar að raungildi um 10 m.kr. þar sem nokkrum tímabundnum uppbyggingarverkefnum lýkur og ekki verður ráðist í önnur í staðinn til að mæta sparnaðarmarkmiði ríkisstjórnarinnar. Styrkir til símenntunarmiðstöðva eru óbreyttir frá fjárlögum og er þeim ætlað að koma á móts við kostnað við grunnaðstöðu hjá hverri stöð en að öðru leyti er miðað við að rekstur miðstöðvanna sé greiddur af þeim sem njóta þjónustu þeirra.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	80,0	127,5	141,7	11,1	77,1
Námsgagnastofnun	246,4	295,7	317,1	7,2	28,7
Samtals	**326,4**	**423,2**	**458,8**	**8,4**	**40,6**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 498,1 m.kr. og lækka um 32,9 m.kr. frá fjárlögum 2001. Að frádregnum sértekjum nema útgjöldin 458,8 m.kr. og eru þau fjármögnuð með greiðslu úr ríkissjóði sem hækkar um 35,6 m.kr. milli ára. Auk launa- og verðlagshækkana eru helstu breytingar þær að greiðslur til samtaka höfundarréttar fyrir ljósritun í skólum á höfundarréttarvernduðu efni hækka um 5,4 m.kr. og er helmingur fjárhæðarinnar tímabundið framlag til að standa straum af kostnaði fyrri ára meðal annars könnun á ljósritun í grunnskólum og framhaldsskólum. Þá eru umsvif Námsgagnastofnunar

leiðrétt til lækkunar um 70 m.kr. til samræmis við ríkisreikning en þau hafa verið ofmetin í fjárlögum eftir að Skólavörubúðin var seld.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.910,0	2.150,0	2.550,0	18,6	33,5
Jöfnun á námskostnaði	348,8	442,9	472,6	6,7	35,5
Samtals	**2.258,8**	**2.592,9**	**3.022,6**	**16,6**	**33,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 429,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 160 m.kr. umfram verðlags- og gengisbreytingar einkum vegna fjölgunar lánþega og lána til skólagjalda innan lands. Fjallað er um fjárreiður sjóðsins í umfjöllun um C-hluta frumvarpsins.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 902–919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhús; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 976 Menningarsjóður; 977 Höfundarréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingarsjóður; 981 Kvikmyndasjóður og 982 Listir, framlög. Höfundarréttargjöld er nýr liður með útgjöld sem áætlað var fyrir á öðrum liðum undir málefnaflokknum.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 5.345,6 m.kr. og hækka um 380,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Að frádregnum 281,5 m.kr. sértekjum nema þau 5.064,1 m.kr. Almennar launa- og verðlagsbreytingar skýra 252,2 m.kr. hækkun en annars munar mest um 280 m.kr. hækkun til Ríkisútvarpsins í samræmi við auknar tekjur af afnotagjöldum, 55 m.kr. hækkun framlags til kvikmyndagerðar, 30 m.kr. til að efla starfsemi Íslensku óperunnar og 35,5 m.kr. til samninga um leiklist og annað menningarstarf. Á móti falla niður tímabundin framlög að fjárhæð 297,7 m.kr. sem skiptist þannig að 204,7 m.kr. voru ætlaðar til varðveislu menningararfsins, 50 m.kr. til menningarborgarverkefnis, 28 m.kr. vegna veikleika í rekstri listasjóða og 15 m.kr. til upplýsingakerfis Þjóðminjasafnsins, Sarps. Þá er ákveðið að fresta 15 m.kr. framkvæmdum á vegum Endurbótasjóðs til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	164,7	280,8	230,1	-18,1	39,7
Þjóðskjalasafn Íslands	83,9	96,9	115,0	18,7	37,1
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	320,8	351,5	378,3	7,6	17,9
Listasafn Einars Jónssonar	8,4	9,4	10,1	7,4	20,2
Listasafn Íslands	73,9	79,7	85,1	6,8	15,2
Blindrabókasafn Íslands	48,6	44,2	50,8	14,9	4,5
Söfn, ýmis framlög	33,9	142,5	36,5	-74,4	7,7
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	677,6	424,0	385,0	-9,2	-43,2
Ríkisútvarpið	1.776,7	1.625,0	1.905,0	17,2	7,2
Íslenski dansflokkurinn	54,7	58,8	63,3	7,7	15,7
Þjóðleikhús	444,0	387,0	446,8	15,5	0,6
Sinfóníuhljómsveit Íslands	181,6	174,8	237,3	35,8	30,7
Menningarsjóður útvarpsstöðva	79,2	0,0	0,0	-	-
Menningarsjóður	13,2	13,0	13,0	0,0	-1,5
Höfundarréttargjöld	75,7	64,3	65,3	1,6	-13,7
Listasjóðir	198,9	241,6	246,9	2,2	24,1
Húsafriðunarsjóður	10,8	52,0	40,5	-22,1	275,0
Listskreytingasjóður	6,5	8,0	8,0	0,0	23,1
Kvikmyndasjóður	189,2	266,7	323,7	21,4	71,1
Listir, framlög	421,7	372,5	423,4	13,7	0,4
Samtals	**4.864,0**	**4.692,7**	**5.064,1**	**7,9**	**4,1**

902 Þjóðminjasafn Íslands. Útgjöld safnsins eru áætluð 241,4 m.kr. og lækka um 50 m.kr. frá fjárlögum. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum eru helstu breytingar þær að tímabundin framlög samtals að fjárhæð 64,2 m.kr. falla niður. Þar af voru 15 m.kr. til átaks í fjarvinnsluskrám safnsins í upplýsingakerfi þess, 12 m.kr. til að koma á fót Samgöngusafni Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum, 10 m.kr. til uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði, 7 m.kr. til Reykholtsrannsókna, 5 m.kr. til biðlauna fyrrum starfsmanna, 4 m.kr. til skráningar á málverkasafni Bjarna Jónssonar um íslenska sjávarhætti, 3,7 m.kr. til að hefja rannsóknir á Gásum í Eyjafirði, 2 m.kr. til Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti, 2 m.kr. til endurbyggingar á gömlum breiðfirskum bátum, 2 m.kr. til kaupa á sérfræðiþjónustu af Fornleifastofnun Íslands ehf. og 1,5 m.kr. vegna fornleifarannsókna að Hólmi í Austur-Skaftafellssýslu. Að lokum skýrir tilfærsla á framlagi til viðhalds stafkirkju í Vestmannaeyjum yfir á lið 01-190 Ýmis verkefni hjá forsætisráðuneytinu 2,5 m.kr. lækkun. Á móti kemur að áætlað er fyrir 5,6 m.kr. hækkun á fjárlagaliðnum vegna Fornleifaverndar ríkisins sem er ný ríkisstofnun samkvæmt Þjóðminjalögum, nr. 107/2001. Hækkunin er í samræmi við kostnaðarmat sem fylgdi lagafrumvarpinu. Með lagabreytingunni hefur stjórnsýsla fornleifarannsókna verið færð frá Þjóðminjasafninu. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna er gert ráð fyrir að Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands og húsafriðunarnefnd geri með sér samning um sameiginlega skrifstofuþjónustu og fjármála-

umsýslu þrátt fyrir stjórnsýslulegan aðskilnað. Gerðar verða tillögur um skiptingu framlags milli Þjóðminjasafns og Fornleifaverndar við 2. umræðu fjárlaga.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Útgjöld safnsins eru áætluð 115 m.kr. sem er 18,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Auk launa- og verðbreytinga felst skýringin í 10 m.kr. framlagi til langtímavarðveislu rafrænna upplýsinga sem verða til í opinberum stofnunum, þar á meðal til að vera til ráðgjafar um val á hugbúnaði til skjalavörslu.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Útgjöld safnsins eru áætluð 378,3 m.kr. Á móti launa- og verðlagshækkun kemur að 10 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna flutnings og frágangs varaeintakasafns að Reykholti fellur niður. Á fjárlagalið 02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið er áætlað fyrir framlagi til að kaupa og reka nýtt bókasafnskerfi fyrir bókasöfn í landinu í stað kerfisins Sarpur sem stofnunin hefur rekið.

909 Blindrabókasafn Íslands. Útgjöld safnsins eru áætluð 50,8 m.kr. og hækka um 5,5 m.kr. frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir 4,3 m.kr. framlagi til að mæta uppsöfnuðum vanda vegna veikinda starfsmanna safnsins.

919 Söfn, ýmis framlög. Framlag á þennan fjárlagalið nemur 36,5 m.kr. og lækkar um 106 m.kr. Mestu munar að að eftirfarandi tímabundin framlög, samtals að fjárhæð 104 m.kr., falla niður: 15 m.kr. til Galdrasýningar á Ströndum; 18 m.kr. vegna Sögusafnsins í Reykjavík; 10 m.kr. vegna endurbyggingar á Herjólfsbæ, Vestmannaeyjum; 8,5 m.kr. til Bátasafns Suðurnesja; 7 m.kr. til Sögusetursins á Hvolsvelli; 6 m.kr. til endurbyggingar vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum; 6 m.kr. til Hvalamiðstöðvar á Húsavík; 6 m.kr. til að styrkja starfsemi Síldarminjasafnsins á Siglufirði; 6 m.kr. til endurbóta á Faktorshúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði; 5 m.kr. til Jöklasafns á Hornafirði; 4 m.kr. til tölvuvæðingar bókasafna; 3 m.kr. fjárveiting til Safnasafnsins á Svalbarðsströnd; 4 m.kr. til uppbyggingar Tryggvaskála á Selfossi; 3 m.kr. vegna flutnings Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar og að lokum 2,5 m.kr. fjárveiting til Sjóminjasafns Íslands til að gera upp bát. Þá eru 2 m.kr. millifærðar af lið 1.90 Söfn yfir á fjárlagalið *982 Listir, framlög* vegna samnings við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar menningarstofnana verður 385 m.kr. og lækkar um 39 m.kr. frá fjárlögum. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skal leggja sérstakan eignarskatt á eignarskattsstofn á einstaklinga undir 67 ára aldri sem ekki njóta örorkulífeyris og á eignarskattsstofn félaga með vissum undantekningum. Tekjurnar renna til Endurbótasjóðs menningarbygginga

sem stendur straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðlar að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins og bygginga sem vernda þarf að mati Þjóðminjasafnsins og samkvæmt tillögum þess. Innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 903 m.kr. á árinu 2002 samanborið við 630 m.kr. í áætlun fjárlaga sem er 43% hækkun. Skýrist hún af 10% áætlaðri hækkun á gjaldstofni milli ára og fjölgun greiðenda. Gert er ráð fyrir að af fjárhæðinni renni 385 m.kr. í Endurbótasjóð en tekjur umfram áætlun renni í ríkissjóð en þær eru áætlaðar 518 m.kr. í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að framlagi Endurbótasjóðs 385 m.kr. verði skipt á eftirfarandi hátt en samkvæmt lögum er það stjórn sjóðsins sem ákveður endanlega úthlutun.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.
Þjóðminjasafnið, endurbygging	240,0
Verndun gamalla húsa í umsjá Þjóðminjasafnsins	65,0
Bókageymslur í Reykholti	5,0
Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25,0
Þjóðleikhús, endurbætur	30,0
Listasafn Íslands, endurbætur	10,0
Óskipt	10,0
Samtals	**385,0**

Framkvæmdir við Þjóðminjasafnshús hafa verið boðnar út og er stefnt að verklokum í árslok 2002. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við húsið kosti nálægt 700 m.kr. í heildina. Framkvæmdir vegna endurbóta á Þjóðleikhúsinu, húsum Þjóðskjalasafns og lokafrágangs á Þjóðminjasafnshúsi sem gert er ráð fyrir að unnið verði að á næstu árum kosta um 2 milljarða króna samkvæmt frumáætlunum. Til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar verður dregið úr framkvæmdum að fjárhæð 15 m.kr. Tímabundið 14 m.kr. framlag til Kaupvangs í Vopnafirði fellur niður og sömu leiðis 10 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á Duushúsum í Keflavík.

*971 **Ríkisútvarpið.*** Fjárframlag til Ríkisútvarpsins vegna tekna af afnotagjöldum sem innheimt eru samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, er áætlað 1.905 m.kr. sem er 280 m.kr. meira en í fjárlögum yfirstandandi árs. Afnotagjöldin hækkuðu síðast um 7% í janúar 2001 en þar áður hækkuðu þau um 4% í mars 1993. Fjallað er um fjárreiður Ríkisútvarpsins í umfjöllun um B-hluta fyrirtæki.

*977 **Höfundarréttargjöld.*** Útgjöld á þessum lið eru áætluð 65,3 m.kr. og aukast um 1 m.kr. vegna höfundarréttargreiðslna til STEF skv. 2 gr. reglugerðar nr. 232/1974 um greiðslur fyrir flutning tónverka við almennar guðþjónustur.

*978 **Listasjóðir.*** Framlag til listasjóða miðast við laun 100 lektora II við Háskóla Íslands skv. lögum nr. 35/1991, um listamannalaun. Nemur það 246,9 m.kr. á árinu 2002. Tímabundið 28 m.kr. framlag til að mæta veikleikum í rekstri sjóðsins á árinu 2000 fellur niður.

*979 **Húsafriðunarsjóður.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir framlagi til húsafriðunarnefndar og húsafriðunarsjóðs og nemur það 40,5 m.kr. Tímabundin framlög að fjárhæð 11,5 m.kr. falla niður. Skiptast þau þannig að 5 m.kr. voru til viðgerða og endurbygging á Syðstabæjarhúsi í Hrísey, 3 m.kr. til endurbóta á Fríkirkjunni í Hafnarfirði, 2 m.kr. til að endurbæta beitiskúr á Grenivík og 1,5 m.kr. til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal. Í lok maí sl. tóku gildi lög nr. 104/2001, um húsafriðun, en áður var kveðið á um húsafriðun í þjóðminjalögum. Ekki var gert ráð fyrir í kostnaðarmati að lögin hefðu áhrif á kostnað ríkisins en breyta þarf framsetningu á fjárreiðum húsafriðunarnefndar og húsafriðunarsjóðs í fjárlögum og verða lagðar fram tillögur þar að lútandi við 2. umræðu fjárlaga.

*981 **Kvikmyndasjóður.*** Útgjöld á þessum fjárlagalið eru 323,7 m.kr. sem er 57 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk verðlags- og launabreytinga hækkar framlag um 50 m.kr. samkvæmt samkomulagi um stefnumörkun sem gert var í árslok 1996 um að efla kvikmyndagerð í áföngum. Í því er miðað við að framlag til að styrkja framleiðslu leikinna íslenskra kvikmynda í fullri lengd nemi 176,4 m.kr. árið 1999, 205 m.kr. árið 2000, 240 m.kr. árið 2001 og 270 m.kr. árið 2002. Að auki er stefnt að því að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar í fjórum jafnstórum áföngum. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 25 m.kr. vegna þessa og hækkar fjárhæðin í 50 m.kr. á næsta ári, 75 m.kr. árið 2003 og í 100 m.kr. árið 2004.

*982 **Listir, framlög.*** Framlög á liðinn nema 423,4 m.kr. sem er 50,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Tímabundið 50 m.kr. framlag til Reykjavíkur, menningarborgar Evrópu árið 2000, fellur niður en á móti koma hækkanir til annarra viðfangsefna, samtals að fjárhæð 100,9 m.kr. Á viðfangsefnalið *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* er ætlað fyrir 10 m.kr. hækkun til að gera tímabundna samninga um fjárstuðning við atvinnuleikhús skv. 16. gr. leiklistarlaga, nr. 138/1998. Í gildi er þríhliða samningur ríkisins, Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarleikhússins Hermóður og Háðvör fyrir árin 2000–2002 um 10 m.kr. árlegan styrk frá ríkinu. Stefnt er að gerð fleiri samninga við fleiri aðila. *1.30 Íslenska óperan* hækkar auk verðlags- og launabreytinga um 30 m.kr. vegna samnings fyrir árin 2001–2005 og fær 106,5 m.kr. framlag. Gerðar hafa verið breytingar á rekstri og stjórnskipulagi Íslensku óperunnar með það að markmiði að starfsemin verði samfelldari, fyrirtæki veiti meiri stuðning og aðsókn aukist. Samningurinn kveður á um að framlag ríkisins hækki aftur um 30 m.kr. árið 2003 og haldist

síðan óbreytt út samningstímann. *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* sem gildir út árið 2002 hækkar að raungildi um 10 m.kr. og nemur 63,7 m.kr. Á nýjum viðfangsefnalið *1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál* er áætlað fyrir 25 m.kr. framlagi til samnings við 16 sveitarfélög á Austurlandi árin 2002–2004 og gerir hann ráð fyrir að árlegt framlag verði ekki lægra. Samningurinn tekur yfir ýmis verkefni, sem hafa notið styrkja, og því að hluta til fjármagnaður með millifærslum af þremur liðum: 2 m.kr. af óskiptu framlagi á lið 919 Söfn, 3,5 m.kr. af óskiptu framlagi á lið 982 Listir og 4 m.kr. af óskiptu framlagi á lið 999 Ýmislegt, en auk þess eru veittar 15,5 m.kr. til hans. *1.80 Listahátíð í Reykjavík* hækkar um 13 m.kr. frá fjárlögum og nemur 25 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki niður í 13 m.kr. árið 2003 í samræmi við þá venju að halda hátíðina annað hvert ár. Gerðar voru breytingar á rekstri hátíðarinnar haustið 2000, m.a. með því að ráða listrænan stjórnanda í fullt starf en áður hafði stjórnarformaður sinnt því í hálfu starfi. Þá var ákveðið að skattalegri sérstöðu hátíðarinnar lyki með listahátíð 2000. Hluti hækkunarinnar, 2.5 m.kr., er fjármagnaður með millifærslu af óskiptu framlagi á viðfangsefnalið 1.90 Listir. Á nýjum viðfangsefnalið *1.91 Menningarstofnanir, óskipt* er áætlað fyrir 7,5 m.kr. framlagi til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum menningarstofnana ríkisins, t.d. vegna mikilla langtímaveikinda og til tiltekinna átaksverkefna sem skilgreind eru í árangursstjórnunarsamningum.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt. Liðurinn Tungutækni fellur niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	34,6	21,2	22,8	7,5	-34,1
Kvikmyndaskoðun	10,2	7,2	9,8	36,1	-3,9
Ýmis fræðistörf	53,6	45,0	34,0	-24,4	-36,6
Norræn samvinna	23,9	14,5	14,5	0,0	-39,3
Æskulýðsmál	46,2	57,0	51,5	-9,6	11,5
Ýmis íþróttamál	181,3	178,4	177,4	-0,6	-2,2
Tungutækni	0,7	64,5	0,0	-100,0	-100,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	102,3	141,0	147,0	4,3	43,7
Ýmislegt	101,0	88,1	39,5	-55,2	-60,9
Samtals	**553,8**	**616,9**	**496,5**	**-19,5**	**-10,3**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 498,5 m.kr. og lækka um 121 m.kr. frá fjárlögum en 496,5 m.kr. að frádregnum sértekjum. Lækkunin skýrst af því að niður falla 64,5 m.kr. framlag til tungutækniverkefna, 20 m.kr. tímabundið framlag til Eiríksstaðanefndar og 18 m.kr. óskipt framlag til styrkveitinga vegna aðhaldsmarkmiða ríkisstjórnarinnar. Á móti kemur að áætlað er fyrir 25 m.kr. hækkun til Íþrótta- og ólympíusambands Íslands vegna afreksstefnu í íþróttum.

804 Kvikmyndaskoðun. Útgjöld Kvikmyndaskoðunar eru áætluð 9,8 m.kr. og hækka um 2,6 m.kr. Menntamálráðuneytið áformar að hækka kvikmyndaskoðunargjald þar sem tekjur af því hafa ekki staðið undir útgjöldum stofnunarinnar á undanförnum árum.

983 Ýmis fræðistörf. Framlag á liðinn nemur 34 m.kr. og lækkar um 11 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar að 10 m.kr. tímabundið framlag til Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar vegna útgáfu á Íslendingasögnum á ensku fellur niður en útgáfan hefur verið styrkt á fjárlögum nokkur síðustu ár. Að auki fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag til Hins íslenska bókmenntafélags í fjárlögum 2001. Launa- og verðlagsbreytingar skýra mismuninn.

988 Æskulýðsmál. Framlag til styrkja á liðinn lækkar annars vegar vegna þess að niður falla tímabundið 5 m.kr. framlag til Ungmennafélags Íslands og 0,5 m.kr. tímabundið framlag til Útilífsmiðstöðvar skáta og Skátaskólans á Úlfljótsvatni.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag til styrkja á þennan lið nemur 177,4 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkunar er um að ræða 25 m.kr. hækkun vegna framlags á viðfangsefni *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* til að standa að afreksstefnu í íþróttum í samræmi við tillögu starfshóps menntamálaráðherra. Gert er ráð fyrir að 10 m.kr. verði varið til að styðja við framúrskarandi efnilegt íþróttafólk 14–18 ára; 5 m.kr. vegna landsliðsþjálfara sérsambanda og 10 m.kr. vegna þátttöku í Ólympíuleikum, Ólympíudögum æskunnar og Smáþjóðaleikum. Í staðinn er gert ráð fyrir að veita ekki sérstakt framlag vegna þátttöku í Ólympíuleiknum þau ár sem leikarnir eru haldnir. Á móti kemur að tímabundin framlög að fjárhæð 27,7 m.kr. falla niður. Í fyrsta lagi 10 m.kr. stofnkostnaðarframlag til uppbyggingar á skíðasvæðinu í Tungudal við Skutulsfjörð. Í öðru lagi 8 m.kr. framlag til sumar- og vetrarólympíudaga Evrópuæskunnar. Í þriðja lagi 5 m.kr. framlag til uppbyggingar íþróttaaðstöðu á Egilsstöðum á viðfangsefnaliðnum 1.90 Ýmis íþróttamál. Í fjórða lagi 2,4 m.kr. framlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum á sama viðfangsefnalið. Í fimmta og síðasta lagi 0,8 m.kr. til Launasjóðs stórmeistara í skák vegna uppsafnaðs vanda í árslok 2000.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og mótframlög ráðuneyta. Sérstakt framlag hækkar um 6 m.kr. þannig að það nemur 76,5 m.kr. en mótframlag er 70,5 m.kr. og er því alls áætlað fyrir 147 m.kr. framlagi á þennan lið. Framlagið skiptist þannig að 38 m.kr. eru ætlaðar til að ljúka fjármögnun á kaupum og rekstri á nýju bókasafnskerfi sem verður sameiginlegt fyrir öll bókasöfn í landinu en helmingshlutur ríkisins í stofnkostnaði kerfisins er um 70 m.kr. og er helmingshlutur ríkisins í árlegum rekstrarkostnaður kerfisins áætlaður 35 m.kr. Þá eru 22 m.kr. vegna menntatengds efnis og hugbúnaðar, 20 m.kr. eru vegna þróunarskóla á sviði upplýsingatækni, 20 m.kr. vegna upplýsingatækni í menntun, 18 m.kr. vegna verkefnis sem lýtur að aðgengi og tæknibúnaði,10 m.kr. til uppbyggingar á lýsigögnum fyrir menningarefni, 7 m.kr. varða eflingu ungmennasamskipta með notkun upplýsingatækni í frítíma, 4 m.kr. eru ætlaðar til vefseturs um íslenskt mál og menningu, 4 m.kr. eru til að gera forrit sem útbýr námsefni á táknmáli og til fjarkennslu á táknmáli, 2 m.kr. eru vegna íslenskukennslu á netinu og að lokum eru 2 m.kr. ætlaðar menningarneti.

999 Ýmislegt. Framlag á þennan lið nemur 39,5 m.kr. og lækkar um 48,6 m.kr. frá fjárlögum. Mestu munar að 20 m.kr. tímabundið framlag fellur niður enda var framlag á árinu 2001 ætlað til uppgjörs kostnaðar við endurbyggingu á bæ Eiríks rauða og ekki verið gerður samningur um frekari framlög. Þá lækkar framlag til að styrkja ýmsa aðila á viðfangsefnalið *1.90 Ýmis framlög* um 18 m.kr. og er það liður í því að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Sami viðfangsefnaliður lækkar einnig vegna millifærslu á 4 m.kr. yfir á lið *982 Listir framlög* vegna samnings við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál og að um 0,3 m.kr. vegna tímabundins framlags upp í kostnað við að reisa listaverk til minningar um Guðríði Þorbjarnardóttur á fæðingarstað hennar, Laugarbrekku undir Jökli. Að lokum fellur niður 7 m.kr. stofnkostnaðarframlag sem veitt er í fjárlögum 2001 til þess að mæta ófyrirséðum hækkunum á kostnaði við Snorrastofu í Reykholti.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.072,3	2.630,5	3.427,6	30	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	908,0	1.290,0	1.467,1	14	62
Stofnkostnaður og viðhald	827,5	163,6	116,8	-29	-86
Samtals	**4.807,8**	**4.084,1**	**5.011,5**	**23**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.592,1	4.490,6	25	-
Innheimt af ríkistekjum	-	605,9	667,5	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	-113,9	-146,6	29	-
Samtals	-	**4.084,1**	**5.011,5**	**23**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 5.093 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 81,6 m.kr. en þær nema 1,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 5.011,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.490,6 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 667,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 146,6 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli gagnvart ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.427,6 m.kr. og hækka um 797,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, þar af hækka fjárframlög vegna launa- og gengisbreytinga um 435,2 m.kr. Af öðrum framlögum munar þar mest um 170 m.kr. tímabundið framlag vegna utanríksráðherrafunda NATO og samstarfsríkja þess sem fyrirhugað er að halda á Íslandi á árinu 2002. Í annan stað eru 180,5 m.kr. millifærðar af tilfærsluviðfangsefni friðargæslunnar á rekstrarviðfangsefni íslensku friðargæslunnar sem er nýtt viðfangsefni í fjárlögum. Rekstrargjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 20 m.kr. vegna formennsku í Norðurskautsráðinu og um 25 m.kr. vegna styrkingar aðalskrifstofunnar og leiðréttingar á launagrunni ráðuneytisins. Hins vegar eru felldar niður 41,6 m.kr. vegna tveggja ráðstefna sem haldnar eru á árinu 2001, annars vegar FAO ráðstefna og hins vegar ræðismannaráðstefna.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 177,1 m.kr. og verður 1.467,1 m.kr. Þyngst vegur 50 m.kr. framlag til Þróunarsamvinnustofnunar, auk 91,6 m.kr. hækkunar vegna launa- og gengisbreytinga þróunarmála.

Viðhalds- og stofnkostnaður, sem undir ráðuneytið fellur, er áætlaður samtals 116,8 m.kr. og er það 46,8 m.kr. lækkun milli ára. Lækkun skýrist að mestu af niðurfellingu framlaga Íslenska upplýsingasamfélagins. Samtals falla niður 22 m.kr. vegna þessa og

mótframlagið, 22 m.kr., er millifært á aðra liði ráðuneytisins. Einnig falla niður tvær tímabundnar stofnkostnaðarfjárveitingar vegna opnunar nýrra sendiráða í Tókíó og Ottawa á árinu 2001, samtals 26,3 m.kr. Á árinu 2002 er ráðgert er að fara í hönnun og áætlanagerð vegna byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín. Búið er að kaupa lóð undir bústaðinn og áður hefur verið ákveðið að söluandvirði sendiherrabústaðar og skrifstofuhúsnæðis sendiráðsins í Bonn skuli renna til byggingarinnar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir 52 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Einnig lækkar stofnkostnaður um 4 m.kr. Á móti er lagt til að veitt verði framlög til að mæta veikleikum í útgjaldaramma og ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 70 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld utanríkisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málefnaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	942,0	780,0	788,0	796,0
Keflavíkurflugvöllur	937,0	982,0	1.031,0	1.084,0
Sendiráð og fastanefndir	1.470,0	1.485,0	1.500,0	1.515,0
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	1.444,0	1.511,0	1.594,0	1.619,0
Útflutningsmál	218,0	220,0	222,0	224,0
Samtals	**5.011,0**	**4.978,0**	**5.135,0**	**5.238,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu frávikum frá þeim forsendum og eiga við um málefnaflokka utanríkisráðuneytisins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins ráðuneyti lækki um 17% milli áranna 2002 og 2003. Skýrist það af því að framlag til utanríkisráðherrafundar NATO, sem halda á á Íslandi 2002, fellur niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokks Þróunarmál og alþjóðastofnanir hækki um 5% milli ára. Á árinu 2005 er þó gert ráð fyrir að framlag hækki um tæplega 2% sem skýrist af því að ekki er gert ráð fyrir aukningu í framlagi til uppbyggingar íslenskrar friðargæslu það ár. Að öðru leyti eru forsendur fyrir langtímaáætluninni þær sömu og kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2001.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir utanríkisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 163,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	688,9	606,8	726,1	19,7	5,4
Ýmis verkefni	321,5	63,6	211,3	232,2	-34,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	44,0	0,0	-100,0	-
Samtals	**1.010,4**	**719,4**	**942,4**	**31,0**	**-6,7**

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildargjöld nema 726,1 m.kr. og hækka um 119,3 m.kr. frá fjárlögum 2001. Gjöld á viðfangsefninu *1.01 Yfirstjórn* hækka um 108,5 m.kr. og nema 601,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár vegna fyrirhugaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu frá september 2002 fram á haust 2004. Gert er ráð fyrir 30 m.kr. fjárveitingu árið 2003 og 20 m.kr. fjárveitingu árið 2004 en áætlun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður vegna formennskunnar verði 70 m.kr. fyrir allt tímabilið. Í öðru lagi er farið fram á 15 m.kr. framlag til að leiðrétta rekstrargrunn aðalskrifstofu vegna aukins launakostnaðar. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 9,9 m.kr. fjárveiting vegna styrkingar aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins um tvo starfsmenn vegna fjölgunar starfsstöðva erlendis og aukinna verkefna á alþjóðavettvangi. Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna samningsbundinnar formennsku Íslands í ráðherraráði EFTA á fyrri hluta ársins 2002. Vegna formennskunnar ber Íslandi að halda vorfund ráðherraráðsins á Íslandi og er fjárveitingin að mestum hluta til að standa straum af kostnaði sem af fundinum hlýst. Í fimmta lagi eru 7 m.kr. millifærðar af sendiskrifstofum erlendis vegna kostnaðar af starfsmanni sem sér um rekstur og viðhald tölvukerfa sendiskrifstofa. Í sjötta lagi eru millifærðar 6 m.kr. af lið 03-401-1.87 Íslensk friðargæsla. Í fjárlögum 2001 var 6 m.kr. fjárheimild fyrir starfsmann aðalskrifstofu færð með öðru framlagi til friðargæslu en nú þykir rétt að fjárheimildin sé færð á aðalskrifstofuna. Í sjöunda lagi er farið fram á 3,6 m.kr. fjárveitingu vegna ferðakostnaðar í tengslum við gerð Kyoto-samningsins um loftslagsbreytingar. Fjárveitingin var tímabundin í fjárlögum 2001. Þá er í áttunda lagi lagt til að veitt verði 3 m.kr. fjárveiting vegna kostnaðar við rekstur heimasíðunnar Iceland.is, sem er upplýsingasíða um Ísland á ensku, og ráðuneytið tók við rekstri á frá og með 1. janúar 2001. Í níunda lagi er lagt til að veitt verði 2 m.kr. framlag vegna formennsku Íslands í EES-nefnd I eða annarri fastanefnd EES en stefnt er að formennsku Íslands að staðaldri í a.m.k. einni fastanefnd til að tryggja hagsmuni landsins. Fjárveitingin var veitt tímabundið í fjárlögum 2001 og er sótt um hana ótímabundið nú. Í tíunda lagi er millifært 9 m.kr. mótframlag af lið 03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem uppsetningu málaskrár í sendiráðum er lokið. Loks er aðalskrifstofunni gert að hagræða í rekstri um 8 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða. Á

viðfangsefni *1.53 Þýðingamiðstöð* er millifært 7 m.kr. mótframlag af lið 03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna vélrænna þýðinga. Jafnframt er fellt niður 4 m.kr. framlag vegna verkefnis um skimun samninga Íslands við erlend ríki. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags.

190 Ýmis verkefni. Framlag til þessa liðar hækkar um 147,6 m.kr. og verður 211,3 m.kr. Skýrist það að mestu af því að á viðfangsefni *1.19 Ráðstefnur* er lagt til að veitt verði 170 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár vegna utanríkisráðherrafundar NATO og samstarfsríkja þess sem ákveðið er að halda á Íslandi vorið 2002. Áætlunin er ekki endanleg þar sem nokkrir þættir eru enn óvissir. Á sama viðfangsefni er fellt niður 41,6 m.kr. tímabundið framlag vegna tveggja ráðstefna sem haldnar eru á árinu 2001. Annars vegar er felld niður 21,6 m.kr. fjárveiting til FAO-ráðstefnu og hins vegar er felld niður 20 m.kr. fjárveiting vegna ræðismannaráðstefnu. Á viðfangsefni *1.22 American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa* er felldur niður 1,6 m.kr. tímabundinn styrkur til byggingar Scandinavian House í New York. Á nýtt viðfangsefni *1.25 Hafréttarstofnun Íslands* eru millifærðar 5,1 m.kr. af viðfangsefni *190 Ýmis verkefni.* Fjárveiting fékkst í fjárlögum 2000 fyrir stofnuninni og þykir rétt að hún sé á eigin viðfangsefni. Á nýju viðfangsefni *1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands* er farið fram á 10,6 m.kr. tímabundið framlag til ársins 2005 og 5,2 m.kr. fyrir árið 2006 vegna vinnu við greinargerð til Landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands fyrir utan 200 sjómílna mörkin. Áætlun gerir ráð fyrir að 47,6 m.kr. falli á utanríkisráðuneytið á tímabilinu frá 1. janúar 2002 til 1. júlí 2006. Þar er um að ræða kostnað við nefndarstarf, árlegan kostnað við stöðugildi sérfræðings í hafréttarmálum og árlegan ferða- og ráðstefnukostnað. Einnig eru framlög vegna verkefnisins undir iðnaðarráðuneyti. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Framlag til þessara verkefna utanríkisráðuneytis lækkar um 22 m.kr. og ekki er gert ráð fyrir sérstöku framlagi til slíkra verkefna ráðuneytisins á árinu 2002.

Keflavíkurflugvöllur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli og 211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld þessa málefnaflokks nema 936,7 m.kr. og hækka um 119,6 m.kr. milli ára.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	470,5	444,0	539,9	21,6	14,8
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	511,5	373,1	396,8	6,4	-22,4
Samtals	**982,0**	**817,1**	**936,7**	**14,6**	**-4,6**

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld verða 539,9 m.kr. og hækka um 95,9 m.kr. Á viðfangsefni *1.01 Yfirstjórn* er 2 m.kr. krafa um hagræðingu til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Á viðfangsefni *1.10 Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli* er gerð tillaga um 12,5 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna aukningar í farþega- og vöruflutningum um Keflavíkurflugvöll. Útgjöldum verður að fullu mætt með sértekjum tollgæslunnar. Tollgæslunni er jafnframt gert að hagræða um 4,5 m.kr. í rekstri til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Á viðfangsefni *1.20 Ríkislögregla á víkurflugvelli* er gerð 3 m.kr. hagræðingarkrafa. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags samtals 105,4 m.kr.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Heildargjöld eru talin munu nema 396,8 m.kr. og hækka um 23,7 m.kr. eða um 6% milli ára. Gjöldin eru alfarið fjármögnuð af lendingargjöldum og sértekjum. Áætlað er að 558 m.kr. tekjur verði innheimtar af lendingargjöldum og fjórðungi teknanna verði varið til að greiða niður lán vegna flughlaðs og eldsneytisdreifingarkerfis Flugmálastjórnar. Stofnunin mun einnig ganga á eigið fé eins og fyrri ár um 7,9 m.kr. Vegna aðhaldsmarkmiða er stofnuninni gert að hagræða 11 m.kr. í rekstri og 4 m.kr. í stofnkostnaði. Tekjur stofnunarinnar skerðast því sem hagræðingunni nemur og verða 543,4 m.kr. Viðskiptahreyfingin verður á stofnuninni vegna þessa samtals 146,6 m.kr. Sértekjur eru áætlaðar 40,4 m.kr. og aukast um 21,3 m.kr. frá fjárlögum ársins 2001. Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega, sem fara um völlinn, hefur verið sem hér segir:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar millilending	Farþegar samtals
1990	6,3	272,0	272,0	192,0	736,0
1991	6,4	278,0	279,0	184,0	741,0
1992	6,4	279,0	277,0	201,0	757,0
1993	6,4	284,0	284,0	193,0	761,0
1994	6,6	313,0	310,0	220,0	843,0
1995	7,3	345,0	343,0	242,0	930,0
1996	7,8	375,0	373,0	277,0	1.025,0
1997	8,4	391,0	390,0	317,0	1.098,0
1998	9,4	429,0	431,0	367,0	1.227,0
1999	10,0	476,0	481,0	358,0	1.315,0
2000	10,5	536,5	539,6	379,6	1.455,7

Frá árinu 1990 hefur fjöldi lendinga og farþega um flugvöllinn tæplega tvöfaldast. Á síðustu fimm árum hefur umferð um flugvöllinn aukist að jafnaði um 10% milli ára.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund tilheyra þessum málefnaflokki. Sendiráð og fastanefndir verða 19 talsins eða einu fleiri en í fjárlögum 2001. Er það sendiráð Íslands í Mapútó, Mósambík. Í fjárlögum 2001 var rekstur sendiskrifstofu í Mapútó færð undir Þróunarsamvinnustofnun Íslands en það er nú orðið að sjálfstæðu sendiráði.

Heildarframlag til málefnaflokksins nemur 1.470,1 m.kr. og hækkar um 241,6 m.kr. eða 19,7%. Framlag til rekstrar eykst um 261,9 m.kr., þar af hækkar framlag um 218,3 m.kr. vegna launa- og gengisbreytinga. Framlög til stofnkostnaðar lækkar um 20,3 m.kr. milli ára.

Helstu breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda eru sem hér segir: Hjá Sendiráði Íslands í Moskvu hækkar framlag um 2 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu sendiherrabústaðar og húsnæðis varamanns. Samkvæmt leigusamningi hækkar leigan á sendiherrabústaðnum um 1,5 m.kr. á ársgrundvelli á næsta ári og leigusamningur íbúðar varamanns rennur út. Við það má búast við allt að 20% hækkun á leigu eða sem nemur 0,5 m.kr. Hjá Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismanni Íslands í New York er lagt til að veitt verði 3,5 m.kr. framlag vegna aukins leigukostnaðar vegna stækkunar á skrifstofuhúsnæði fastanefndarinnar. Hjá Sendiráði Íslands í Brussel og Evrópusambandinu hækkar framlag tímabundið í eitt ár um 2,5 m.kr. vegna samningsbundinnar formennsku Íslands í EFTA fyrri hluta árs 2002 og í EES allt næsta ár. Á lið Sendiráðs Íslands í Ottawa hækka framlög um 12,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 7,9 m.kr. fjárveiting til reksturs sendiráðsins á ársgrundvelli. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag vegna fyrirsjáanlegrar hækkunar rekstrarkostnaðar aðalræðisskrifstofu Íslands í Winnipeg sem heyrir undir Sendiráðið í Ottawa. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði 10,9 m.kr. á ári en núverandi áætlun gerir ráð fyrir að hann verði 15,9 m.kr. Á lið Sendiráðs Íslands í Tókíó hækkar framlag um 2,8 m.kr. til reksturs sendiráðsins á ársgrundvelli. Á nýjan lið 319 Sendiráð Íslands í Mapútó eru millifærðar 17 m.kr. af lið 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Loks eru millifærðar af öllum sendiskrifstofum erlendis samtals 7 m.kr. vegna kostnaðar af starfsmanni sem sér um rekstur og viðhald tölvukerfa sendiskrifstofa á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Að síðustu er hagræðingarkrafa á rekstur sendiskrifstofa og fastanefnda, samtals 11,5 m.kr. Aðrar breytingar á framlögum til einstakra sendiráða og fastanefnda má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands í Berlín	59,2	60,5	73,0	20,7	23,3
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	37,9	37,9	45,9	21,1	21,1
Sendiráð Íslands í London	55,6	72,8	86,4	18,7	55,4
Sendiráð Íslands í Moskvu	62,9	63,6	78,6	23,6	25,0
Sendiráð Íslands í Ósló	42,0	40,4	48,7	20,5	16,0
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd	84,3	84,8	97,6	15,1	15,8
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	31,0	34,9	38,6	10,6	24,5
Sendiráð Íslands í Washington	71,6	70,1	83,9	19,7	17,2
Fastanefnd og aðalræðismaður í New York	99,5	118,1	145,4	23,1	46,1
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ESB	86,3	83,2	99,2	19,2	14,9
Fastanefnd hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	68,2	63,0	73,0	15,9	7,0
Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf	62,5	61,8	67,3	8,9	7,7
Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE	26,6	38,3	44,4	15,9	66,9
Sendiráð Íslands í Peking	62,9	66,7	79,8	19,6	26,9
Sendiráð Íslands í Ottawa	23,5	39,7	61,0	53,7	159,6
Sendiráð Íslands í Tókíó	0,0	91,9	97,4	6,0	-
Sendiráð Íslands í Helsinki	33,6	40,5	47,1	16,3	40,2
Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	29,8	22,5	25,8	14,7	-13,4
Sendiráð Íslands í Mapútó	0,0	0,0	20,2	-	-
Sendiráð, almennt	787,5	137,8	156,8	13,8	-
Samtals	**1.724,9**	**1.228,5**	**1.470,1**	**19,7**	**-14,8**

Sameiginleg útgjöld á lið 320 Sendiráð almennt hækka um 19 m.kr. milli ára og verða 156,8 m.kr. Framlag til rekstrar hækkar um 39,3 m.kr. og þar af hækkar framlag vegna gengisbreytinga um 17,9 m.kr. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 20,3 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum eru að í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag vegna veikleika í rekstri sendiráða sem rekja má til hækkunar útgjalda vegna flutninga starfsmanna, skólagjalda o.fl. Fjölgun sendiráða og starfsmanna utanríkisþjónustunnar kallar á aukin útgjöld vegna flutninga starfsmanna á milli sendiskrifstofa, aukningu heimferðarstyrkja og aukin útgjöld til skólagjalda barna útsendra starfsmanna. Í öðru lagi eru felldar niður fjórar tímabundnar rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitingar vegna opnunar nýrra sendiráða í Ottawa og Tókíó, samtals 30,9 m.kr. Í þriðja lagi er millifært 6 m.kr. mótframlag af 03-996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem uppsetningu málaskrár í sendiskrifstofum er lokið. Að síðustu er 4 m.kr. hagræðingarkrafa í rekstri til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til eftirtalinna fjárlagaliða: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	298,7	376,5	477,0	26,7	59,7
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	146,7	147,7	179,9	21,8	22,6
Alþjóðastofnanir	470,6	605,1	787,4	30,1	67,3
Samtals	**916,0**	**1.129,3**	**1.444,3**	**27,9**	**57,7**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.444,3 m.kr. og hækkar um 315 m.kr. þar af eru launa- og gengisbreytingar 206,5 m.kr. Aðrar breytingar eru helstar 50 m.kr. framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna ýmissa þróunarverkefna og 45 m.kr. framlag vegna fjölgunar í friðargæslu.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Lagt er til að framlag hækki um 100,5 m.kr. og verður 477 m.kr. Fjárheimild stofnunarinnar hefur verið skipt upp á tvö viðfangsefni. Annars vegar er á viðfangsefninu *1.01 Almennur rekstur* fært framlag vegna reksturs stofnunarinnar, samtals 34,2 m.kr. Af þessu viðfangefni eru millifærðar 17 m.kr. á nýjan fjárlagalið 03-319 Sendiráð Íslands í Mapútó. Í fjárlögum 2001 var fjárveiting fyrir sendiskrifstofu í Mapútó sem nú hefur verið gerð að sendiráði og því er fjárveitingin millifærð. Á nýju stofnkostnaðarviðfangsefni *1.11 Þróunaraðstoð* er fært framlag til stofnunarinnar vegna þróunaraðstoðar erlendis, samtals 442,8 m.kr. Til þróunaraðstoðar er lagt til að veitt verði 50 m.kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1997 um aukin framlög til þróunarmála. Framlagið mun m.a. renna til þróunarverkefna í nýju samstarfslandi, Úganda, sem tengjast gæðaeftirliti fiskafurða, fiskifræðirannsóknum, rannsóknum á nýtingu jarðvarma og fullorðinsfræðslu. Þá er stefnt að því að hefja byggingu heilsugæslustöðvar í suðurhluta Mósambík og veita aðstoð við byggingu löndunarstöðvar og fiskmarkaðar í Malawí. Loks er 5 m.kr. krafa um hagræðingu vegna aðhaldsmarkmiða.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlag til þessa liðar nemur 179,9 m.kr. og hækkar um 32,2 m.kr. milli ára. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag vegna 2 nemenda í meistaranámi við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Ráðgert er að lengja námið í 12 mánuði á árinu 2002 og því er sótt um viðbótarfjárveitingu. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 7,9 m.kr. til að fjölga um fjóra nemendum á fullum styrk í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, þá verða nemendur skólans á fullum styrk samtals 16 talsins. Í þriðja lagi er felld niður 2 m.kr. tímabundin stofnkostnaðarfjár-

veiting til að fjölga nemendum í skólanum. Aðrar breytingar má rekja til launa og gengisbreytinga.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 787,4 m.kr. og hækkar um 182,3 m.kr. Munar þar mestu um 45 m.kr. hækkun á framlagi vegna fjölgunar íslenskra starfsmanna í friðargæslu og uppbyggingarstarfi. Á nýju viðfangsefni *1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)* er lagt til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár. Sjóðurinn var upphaflega stofnaður með samningi 5. mars 1990 til að greiða þóknun einstakra ráðgjafa frá Íslandi sem Alþjóðabankinn ræður til að undirbúa, meta og hafa eftirlit með verkefnum og áætlunum Alþjóðabankans, svo og annarri þeirri starfsemi sem samkomulag kann að verða um. Fram að þessu hefur verið gert ráð fyrir framlagi Íslands undir eignfærðum framlögum Alþjóðabankans. Hins vegar er nú talið eðlilegt að færa framlagið til gjalda í fjárlögum þar sem um óafturkræft framlag er að ræða. Framlag á viðfangsefni *1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið* lækkar um 1,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 1,5 m.kr. framlag vegna þátttöku í áætluninni Baltic 21. Árið 1996 ákváðu forsætisráðherrar Eystrasaltsráðsins að láta gera umhverfisstefnu fyrir aðildarríki ráðsins. Þessi áætlun — Baltic 21 — var síðan samþykkt af utanríkisráðherrum á vorfundi 1998. Ísland hefur aðeins lítillega komið að þessum verkefnum fram til þessa. Nú liggur fyrir ákvörðun um að tengja starfsemina skrifstofu Eystrasaltsráðsins í Stokkhólmi. Ákvörðunin felur í sér föst fjárframlög til Baltic 21 og er hlutur Íslands 4% sem er sama hlutfall og fyrir Eystrasaltsríkin þrjú. Í öðru lagi eru felldar niður tvær tímabundnar tillögur að fjárhæð samtals 3,4 m.kr., annars vegar 2 m.kr. framlag vegna stöðugildis á mannréttindaskrifstofu Eystrasaltsráðsins og hins vegar 1,4 m.kr. framlag vegna formennsku í vinnuhópi á vegum Eystrasaltsráðsins. Viðfangefni *1.85 Friðargæsla* hefur verið skipt upp í tvö viðfangsefni annars vegar *1.85 Alþjóðleg friðargæsla* og hins vegar *1.87 Íslensk friðargæsla.* Á viðfangsefni *1.85 Alþjóðleg friðargæsla* er áætlað fyrir 71,3 m.kr. framlagi til alþjóðlegra friðargæsluverkefna. Á viðfangsefni *1.87 Íslensk friðargæsla* er gert ráð fyrir 180,5 m.kr. framlagi. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 45 m.kr. framlag til að fjölga starfsmönnum um 5 í íslenskri friðargæslu. Í öðru lagi eru millifærðar 6 m.kr. af viðfangsefninu til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í fjárlögum 2001 var 6 m.kr. fjárheimild fyrir starfsmann aðalskrifstofu færð með öðru framlagi til friðargæslu en nú þykir rétt að fjárheimildin sé færð á aðalskrifstofuna. Í þriðja lagi er gerð 3 m.kr. hagræðingarkrafa. Aðrar breytingar á liðnum má annars vegar rekja til hækkana á samningsbundnu framlagi til alþjóðastofnana og hins vegar launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð er eini liður þessa málefnaflokks. Framlag til þess nemur 218 m.kr. og er það jafnt tekjum sem markaðsgjald skilar. Framlagið hækkar um 28,2 m.kr. vegna aukinna tekna af markaðsgjaldi og vegna launa- og verðlagsbreytinga.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.585,1	1.375,3	1.563,6	14	-1
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.425,8	8.669,3	8.681,7	0	17
Stofnkostnaður og viðhald	491,8	481,3	503,5	5	2
Samtals	**9.502,7**	**10.525,9**	**10.748,8**	**2**	**13**
Greitt úr ríkissjóði	-	10.422,9	10.600,8	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	103,0	148,0	44	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**10.525,9**	**10.748,8**	**2**	-

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 11.322,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 574,0 m.kr. en þær nema 5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 10.748,8 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 10.600,8 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 148,0 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.563,6 m.kr. og hækka um 188,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 92,7 m.kr. raunhækkun á lið Landgræðslunnar sem er að mestu vegna nýrrar landgræðsluáætlunar sem ætlað er að gildi frá árinu 2002–2013. Einnig hækkar fjárveiting til embættis yfirdýralæknis um 19 m.kr. vegna hærri innheimtu af eftirlitsgjöldum sem renna til gjaldahliðar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 12,4 m.kr. og verður 8.681,7 m.kr. en er 8.669,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Þyngst vegur 517 m.kr. lækkun á fjárlagaliðnum Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu en uppkaupum á greiðslumarki er að mestu lokið. Þá fellur niður tímabundið 86,7 m.kr. átak í landgræðslu og skógrækt. Beinar greiðslur til mjólkurbænda hækka um 38 m.kr. vegna hærra greiðslumarks framleiðslu mjólkur. Loks hækka niðurgreiðslur á loðdýrafóðri um 30 m.kr. Aðrar breytingar skýrast af verðlagi.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 503,5 m.kr. og er það 22,2 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 15 m.kr. hærri afgjöld af ríkisjörðum sem renna til Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins og einnig hækkar framlag til Íslenska upplýsingasamfélagsins um 11,5 m.kr.

Ráðuneytið hefur gert ráð fyrir 46 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 30 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	251	253	235	237
Landbúnaðarstofnanir	995	999	1.008	1.017
Skógrækt og landgræðsla	858	878	898	919
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.935	6.635	6.635	6.635
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.710	1.672	1.659	1.636
Samtals	**10.749**	**10.437**	**10.435**	**10.444**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög

og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka landbúnaðaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til Skógræktar og landgræðslu aukist að jafnaði um 5% á ári. Einnig lækkar málaflokkurinn Greiðslur vegna búvöruframleiðslu um 300 m.kr. á næsta ári þar sem öllum uppkaupum greiðslumarks mun þá verða lokið.

Skuldbindandi samningar

Landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7,380,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á föstu verðlagi og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	3.844,0	4.130,0	4.130,0	4.130,0	0,0
Sauðfjársamningur	B	3.080,0	2.805,0	2.507,0	2.507,0	2.507,0
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	365,8	478,3	504,6	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	B	15,0	15,0	15,0	15,0	0,0
Hrossaræktarfélög, átaksverkefni	B	10,0	10,0	10,0	10,0	0,0
Landgræðsluskógar	B	14,0	16,0	16,0	0,0	0,0
Bleikjurækt við Hólaskóla	B	15,7	15,7	15,7	15,7	15,7
Stofnfiskur	B	24,0	24,0	24,0	24,0	24,0
Aksturskostnaður dýralækna	C	8,2	8,7	8,7	8,7	8,7
Norður-Atlanshafslaxveiðinefndin	A	3,8	5,7	5,7	5,7	5,7
Samtals		**7.380,5**	**7.508,4**	**7.236,7**	**6.716,1**	**2.555,4**

Samningar, sem landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 369,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 7.002,7 m.kr. Að lokum eru 8,2 m.kr. áætlaðar vegna samnings sem landbúnaðarráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig

að til jafnaðar verði nálægt 7.200 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 ýmis verkefni og ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 9,7 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	127,2	133,8	147,8	10,5	16,2
Ýmis verkefni	121,0	101,3	97,0	-4,2	-19,8
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**248,2**	**241,1**	**250,8**	**4,0**	**1,0**

101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að útgjöld til skrifstofunnar hækki um 4,2 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til ýmissa nýrra verkefna og aukins umfangs. Í öðru lagi hækkar framlagið um 1 m.kr. vegna aukins kostnaðar samhliða auknum námskostnaði barna fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Í þriðja lagi fellur niður 4,5 m.kr. framlag vegna starfslokasamnings fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 2 m.kr. hagræðingu til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Loks millifærist 4,7 m.kr. framlag frá ýmsum verkefnum yfir á aðalskrifstofu vegna nefndar skv. 75. gr laga nr. 99/1993, um innflutning matvara

190 Ýmis verkefni. Samtals lækkar liðurinn um 5,5 m.kr. að raungildi. Framlag á Viðfangið *1.12 Mat á búvörum* hækkar um 2 m.kr. vegna aukinnar innheimtu ríkistekna sem renna til gjaldahliðar. Þá hækkar samningsbundið framlag til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar um 1 m.kr. vegna gengisbreytinga. Liðurinn lækkar að upphæð 2,4 m.kr. vegna millifærslu yfir á lið Íslenska upplýsingasamfélagsins en þar er gert ráð fyrir 14 m.kr. framlagi vegna verkefnisins. Einnig millifærist 4,7 m.kr. framlag til aðalskrifstofu eins og áður er rakið. Loks er gert ráð fyrir 1,4 m.kr. lækkun á liðnum til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

Landbúnaðarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 222 Veiðimálastjóri; 233 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Landbúnaðarháskóinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum í Hjaltadal; 283 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Gjöld málefnaflokksins hækka um 103,1 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	182,9	173,9	187,9	8,1	2,7
Veiðimálastofnun	38,1	40,2	42,1	4,7	10,5
Veiðimálastjóri	13,5	14,2	20,3	43,0	50,4
Yfirdýralæknir	322,7	271,1	333,2	22,9	3,3
Aðfangaeftirlit ríkisins	12,6	13,5	21,5	59,3	70,6
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	139,7	135,9	148,5	9,3	6,3
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	149,9	123,9	130,5	5,3	-12,9
Garðyrkjuskóli ríkisins	106,3	104,0	94,8	-8,8	-10,8
Hagþjónusta landbúnaðarins	15,2	15,6	16,6	6,4	9,2
Samtals	**980,9**	**892,3**	**995,4**	**11,6**	**1,5**

*211 **Rannsóknastofun landbúnaðarins.*** Alls hækka útgjöld um 2,7 m.kr. að raungildi. Í fyrsta lagi hækka fjárveitingar stofnunarinnar um 13,5 m.kr. vegna millifærslu frá skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, sem hefur hingað til kostað rekstur húsnæðis á Keldnaholti. Eftirleiðis munu stofnanir sjálfar sjá um að greiða kostnað við rekstur húsnæðis. Tímabundið 6 m.kr. framlag til verkefnisins Nytjalands fellur niður en þess má geta að verkefninu verður haldið áfram á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins og millifærast því 0,8 m.kr. af stofnuninni vegna þessa. Loks er gert ráð fyrir 4 m.kr. hagræðingu til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

*222 **Veiðimálastjóri.*** Með breytingu á á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 50/1998, er Veiðimálastjóra falið að hafa eftirlit með og veita rekstrarleyfi til fiskeldisfyrirtækja. Gert er ráð fyrir að innheimt eftirlitsgjald af fiskeldisstöðvum nemi 5 m.kr. sem ætlað er að standi undir auknu umfangi stofnunarinnar. Á móti kemur 0,4 m.kr. hagræðing til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

*233 **Yfirdýralæknir.*** Framlög til embættisins nema alls um 333,2 m.kr. sem er 62,1 m.kr. hækkun milli ára. Í fyrsta lagi er farið fram á 20,3 m.kr. hækkun á launalið embættisins þar sem ekki var að fullu bætt ákvörðun kjaranefndar frá 16. nóvember 1999. Einnig hefur verið gert ráð fyrir 46 m.kr. framlagi í frumvarpi til fjáraukalaga af sama tilefni

fyrir árin 2000 og 2001. Lagt er til 10 m.kr. framlag til nýrra verkefna og aukinna umsvifa embættisins. Þá hækkar framlagið um 19 m.kr. vegna áætlaðrar aukningar ríkistekna sem renna til gjaldahliðar. Þar af eru 15 m.kr. vegna matvælaeftirlits og 4 m.kr. vegna lögbundins eftirlits héraðsdýralækna með sláturafurðum. Loks er gerð 6 m.kr. hagræðingarkrafa á embættið til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Annað skýrist af verð- og launabreytingum.

236 Aðfangaeftirlit ríkisins. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 8 m.kr. vegna aukinna ríkistekna. Í fyrsta lagi hækka innflutningsgjöld af innfluttu fóðri vegna aukinnar innheimtu úr 5 prómillum af innflutningsverði í 9 prómill. Í öðru lagi hækka eftirlitsgjöld með áburði og jarðvegsbindandi efnum úr 1 prómilli af innflutningsverði í 2. Loks hækka eftirlitsgjöld á sáðvöru um 2 til 2,5 hundraðshluta af heildsöluverði.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Lagt er til að framlag til skólans hækki um 5 m.kr. til að koma til móts við kostnaðarhækkanir á rekstraliðum. Einnig er gerð 1,8 m.kr. hagræðingarkrafa á reksturinn til að koma til móts við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Farið er fram á 5 m.kr. fjárveitingu til skólans vegna aukins rekstrarkostnaðar, á móti kemur að samningsbundið 3 m.kr. framlag vegna bleikjukynbótastöðvar fellur niður. Millifært er 3 m.kr. framlag til Íslenska upplýsingarsamfélagsins vegna fjarkennslu og netrænnar ráðgjafar. Loks er gerð 1,5 m.kr. hagræðingarkrafa til skólans.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins. Gert hefur verið ráð fyrir 5 m.kr. fjárheimild til hækkunar á rekstrarliðum. Tímabundið 20 m.kr. framlag til byggingar garðyrkjumiðstöðvar fellur niður. Loks lækka útgjöld um 1,2 m.kr. vegna hagræðingaráforma ríkisstjórnarinnar.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins; 331 Héraðsskógar, 341 Átak í landgræðslu og skógrækt og 343 Landshlutabundin skógrækt. Gjöld málefnaflokksins hækka um 40,2 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landgræðsla ríkisins	231,0	263,4	378,6	43,7	63,9
Skógrækt ríkisins	191,3	188,3	198,6	5,5	3,8
Héraðsskógar	78,5	86,2	87,6	1,6	11,6
Átak í landgræðslu og skógrækt	89,2	86,7	0,0	-	-
Landshlutabundin skógrækt	96,9	193,2	193,2	0,0	99,4
Samtals	**686,9**	**817,8**	**858,0**	**4,9**	**24,9**

*311 **Landgræðsla ríkisins.*** Lagt er til að framlag til Landgræðslunnar hækki um 87,5 m.kr. samkvæmt tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun frá 2002 til 2013 að teknu tilliti til 25 m.kr. lækkunar til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Gert er ráð fyrir að framlög til landgræðslunnar hækki í áföngum á fimm árum í samræmi við áætlunina. Landgræðsluáætlunin mótar ramma um landbætur og verndun landkosta, mörkuð eru áhersluatriði í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Áætlunin felur í sér aukna landgræðslu sem ætlað er að bæta landkosti víða um land. Árangurinn byggist á samstarfi við fjölmarga aðila, ekki síst bændur og aðra íbúa á viðkomandi svæðum. Stór hluti landgræðsluverkefna tekur langan tíma og mörg þeirra þurfa nokkurn aðdraganda vegna undirbúnings og samninga um beitarstjórnun. Áætlunin skiptist í fimm flokka, sem eru almennur rekstur, uppgræðsluverkefni, verkefnið Bændur græða landið, landbótasjóður og fyrirhleðslur. Dregið er úr samstarfsverkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins og Landgræðslunnar og færist því 5,2 m.kr. framlag til Landgræðslunnar.

*341 **Átak í landgræðslu og skógrækt.*** Tímabundið 86,7 m.kr. framlag til verkefnisins fellur niður þar sem framkvæmdaáætlun verkefnisins er lokið.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Gjöld málefnaflokksins lækka um 54,8 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	3.596,5	3.843,5	4.130,0	7,5	14,8
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	2.339,9	3.146,3	2.805,0	-10,8	19,9
Samtals	**5.936,4**	**6.989,8**	**6.935,0**	**-0,8**	**16,8**

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Farið er fram á 38 m.kr. hækkun á beinum greiðslum til kúabænda vegna hækkunar á greiðslumarki mjólkur fyrir verðlagsárið 2001–2002. Samkvæmt reglugerð landbúnaðarráðuneytisins frá 12 júní sl. skulu greiðslur til bænda miðaðar við framleiðslu á 104 milljónum mjólkurlítra. Lágmarksverð mjólkurlítra er ákveðið af verðlagsnend landbúnaðarafurða og birt í reglugerð sem gefin er út af landbúnaðarráðherra. Beingreiðsluframlag úr ríkissjóði til mjólkurbænda skal svara til 47,1 % af lámarksverði mjólkurlítra. Einnig hækkar greiðsla í lífeyrissjóð bænda um 1,5 m.kr. sem miðast við 4 % af beingreiðslum beingreiðsluþega undir 70 ára aldri. Loks er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi vegna aukinnar innheimtu á verðtilfærslugjaldi. Aðrar breytingar skýrast af verðlagi.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Alls lækkar liðurinn um 517 m.kr. Þar vegur þyngst niðurfelling á 457 m.kr. fjárheimild til uppkaupa á greiðslumarki en alls hafa verið keypt upp 32.000 ærgildi og áformað er að kaupa upp 13.000 ærgildi á árinu 2002. Vegna uppkaupanna lækkar beingreiðsluframlag um 57 m.kr. og framlag í lífeyrissjóð bænda um 3 m.kr.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	262,4	304,1	322,2	6,0	22,8
Búnaðarsjóður	265,6	249,0	281,0	12,9	5,8
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	170,0	170,0	165,0	-2,9	-2,9
Lánasjóður landbúnaðarins	183,9	180,0	195,0	8,3	6,0
Verðmiðlun landbúnaðarvara	94,4	112,3	117,3	4,5	24,3
Stofnverndarsjóður búfjár	0,6	1,0	0,6	-40,0	0,0
Fóðursjóður	377,6	340,0	340,0	0,0	-10,0
Útflutningsgjald á hross	12,1	16,0	18,0	12,5	48,8
Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins	84,2	58,5	43,5	-25,6	-48,3
Fiskeldisrannsóknir	12,6	24,0	24,0	0,0	90,5
Fiskræktarsjóður	22,9	17,0	17,5	2,9	-23,6
Greiðslur vegna riðuveiki	13,1	52,0	52,0	0,0	296,9
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	37,9	50,0	80,0	60,0	111,1
Íslenska upplýsingasamfélagið	113,0	26,0	38,5	48,1	-
Samtals	**1.650,3**	**1.599,9**	**1.694,6**	**5,9**	**2,7**

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 823 Lánasjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 826 Stofnverndarsjóður búfjár; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 829 Útflutningsgjald á hross; 831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins; 841

Fiskeldisrannsóknir; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki; 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld málefnaflokksins hækka um 94,7 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins í töflunni hér að framan.

811 Bændasamtök Íslands. Farið er fram á 5 m.kr. millifærslu á fjárheimildum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins sem nýta á í búfjárrekstraráætlanir samkvæmt samningi ríkisins og Bændasamtakana frá 1999.

818 Búnaðarsjóður. Áætluð innheimta af búnaðargjaldi verður 476 m.kr. sem er 47 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Búnaðarsjóðsgjald miðast við heildarverðmæti búvöru og á Búnaðarsjóður 59% hlutdeild í gjaldinu á móti 41% hlutdeild Lánasjóðs landbúnaðarins.

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á innheimtu verðmiðlunargjalds. Alls er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 117 m.kr. Ástæðan er hækkun á verðmæti búvöru sem gjaldið miðast við.

829 Útflutningsjald á hross. Alls hækkar liðurinn um 2 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Gjaldið á hvert útflutt hross hækkar úr 6.800 kr. í 10.000 kr. og hækkar alls um 6 m.kr. Á móti kemur að innheimta minnkar um 4 m.kr. vegna samdráttar í útflutningi.

831 Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins. Ríkistekjur sem skilað er til sjóðsins hækka um 15 m.kr. vegna hærri innheimtu afgjalda ríkisjarða. Áætlað er að framlagið fari til að ganga á uppsafnaðan halla sjóðsins.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Farið er fram á tímabundna 30 m.kr. fjárveitingu til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 19. júlí 2001. Einnig verður gert ráð fyrir 45 m.kr. fjárveitingu í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 og 15 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2003.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna landbúnaðarráðuneytis hækkar um 11,5 m.kr. og verður samtals 24,5 m.kr. Þar af eru 7 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við Nytja-

land sem er gagnagrunnur um jarðir á Íslandi og 10,5 m.kr. til tæknivæðingar í sveitum, 3 m.kr. vegna fjarkennslu og netrænnar ráðgjafar á vegum Hólaskóla og 4 m.kr. vegna landsupplýsingakerfis og gagnagrunns um áætlana- og skipulagsstarf Landgræðslunnar sem ætlað ætlaður er almenningi.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.642,1	1.784,0	1.762,8	-1	7
Neyslu- og rekstrartilfærslur	172,5	156,3	160,9	3	-7
Stofnkostnaður og viðhald	694,1	641,1	693,7	8	0
Samtals	**2.508,7**	**2.581,4**	**2.617,4**	**1**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.529,4	2.577,4	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	52,0	40,0	-23	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**2.581,4**	**2.617,4**	**1**	-

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 3.047,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 430,4 m.kr. en þær nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.617,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.577,4 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 40 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.762,8 m.kr. og lækka um 21,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um niðurfellingu á 25 m.kr. tímabundnum útgjöldum til að halda FAO-ráðstefnu hér á landi og 10 m.kr. tímabundnu framlagi til að ljúka könnun á hagkvæmni kalkþörunga-vinnslu. Einnig millifærist 34,5 m.kr. rekstrarframlag af Skrifstofu rannsóknarstofnana atvinnuveganna yfir á viðkomandi rannsóknarstofnanir.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 4,6 m.kr. og verður 160,9 m.kr. en er 156,3 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Munar þar mestu um verðlags- og gengishækkanir.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 693,7 m.kr. og er það 52,6 m.kr. hækkun milli ára. Stærsta breytingin er 78 m.kr. framlag til viðhalds og endurbóta á hafrannsókarskipinu Bjarna Sæmundssyni. Einnig millifærist 8,4 m.kr. viðhaldsframlag af Skrifstofu rannsókn-arstofnana atvinnuveganna yfir á viðkomandi rannsóknarstofnanir.

Ráðuneytið hefur gert ráð fyrir 45 m.kr. hagræðingu í rekstrar- og stofnkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 30 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	300	303	306	309
Rannsóknir og eftirlit	1.772	1.787	1.717	1.733
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	545	545	545	545
Samtals	**2.617**	**2.635**	**2.568**	**2.587**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur

og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Lækkun á málefnaflokknum Rannsóknir og eftirlit árið 2004 er vegna þess að framlag viðhalds og endurbóta hafrannsóknarskips fellur niður.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins lækka um 11,7 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	128,2	126,0	139,7	10,9	9,0
Ýmis verkefni	172,1	183,1	157,7	-13,9	-8,4
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**300,3**	**312,1**	**300,4**	**-3,7**	**0,0**

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa. Liðurinn hækkar alls um 3,9 m.kr. að raungildi sem skýrist af tillögu um 5 m.kr. fjárheimild til ráðningar starfsmans vegna aukinnar alþjóðasamvinnu og 1,1 m.kr. millifærslu fjárheimilda frá *Verðlagsráði sjávarútvegsins*. Loks lækkar liðurinn um 2,2 m.kr. vegna almennrar hagræðingar.

190 Ýmis verkefni. Alls lækkar liðurinn um 25,4 m.kr. frá fjárlögum 2001. Þar af vegur þyngst niðurfelling á 27 m.kr. framlagi sem var til að halda FAO-ráðstefnu hér á landi. Tímabundið 10 m.kr. framlag til að ljúka könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði fellur niður. Auk þess lækkar framlag á viðfangið *1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla* um 5,5 m.kr., annars vegar falla niður 5 m.kr. framlög til sjóvinnukennslu unglinga og 5 m.kr. vegna reksturs skólaskipsins Drafnar, hins vegar hækkar framlagið um 5 m.kr. vegna rannsókna og kynningar erlendis á sviði umhverfismála í sjávarútvegi. Farið er fram á 7 m.kr. framlag til stefnumótunar um nýtingu auðlinda sjávar. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. framlagi til að gera heilnæmisúttekt á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæðum kúfskeljar. Millifært er 1,1 m.kr. framlag vegna verðlagsráðs sjávarútvegsins yfir á aðalskrifstofu. Tímabundið 1 m.kr. framlag til mælinga á lífríki sjávar við innanvert Ísafjarðadjúp fellur niður. Loks er gerð er 1,5 m.kr. hagræðingarkrafa til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsbreytingum.

Rannsóknir og eftirlit

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla; 211 Kvótaþing; 213 Verðlagstofa skiptaverðs; 272 Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Gjöld þessa málefnaflokks hækka um 69,7 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	852,8	911,8	1.012,3	11,0	18,7
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	132,2	118,0	125,4	6,3	-5,1
Fiskistofa	443,5	474,0	504,4	6,4	13,7
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	22,2	45,0	40,0	-11,1	80,2
Kvótaþing	10,4	16,0	0,0	-100,0	-100,0
Verðlagsstofa skiptaverðs	15,5	21,8	23,0	5,5	48,4
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	27,1	12,5	11,6	-7,2	-57,2
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	82,1	95,2	55,3	-41,9	-32,6
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	8,0	0,0	-	-
Samtals	**1.585,8**	**1.702,3**	**1.772,0**	**4,1**	**11,7**

*202 **Hafrannsóknastofnun.*** Alls hækkar liðurinn um 38,6 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Farið er fram á 78 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til viðhalds og endurbóta á hafrannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni. Tímabundið 20,4 m.kr. framlag til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins fellur niður. Loks er gerð 19 m.kr. hagræðingarkrafa til að ná aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

*203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.*** Framlag síðasta árs vegna gagnagrunns um vinnslu og eiginleika sjávarfangs færist til baka frá Íslenska upplýsingasamfélaginu, 4 m.kr., þar sem verkefninu er frestað. Einnig er gerð 3,2 m.kr. hagræðingarkrafa til reksturs.

*204 **Fiskistofa.*** Lagt er til að rekstrarkostnaður hækki um 6 m.kr. þar sem Fiskistofa tekur við hlutverki Kvótaþings um skráningu á flutningi aflamarks á milli skipa. Kostnaðurinn er alfarið fjármagnaður af skráningargjöldum sem færast um tekjuhlið fjárlaga. Breytingin er í kjölfar breytingar á lögum um kjaramál fiskimanna þar sem Kvótaþing er lagt niður. Á móti kemur að aðhaldsmarkmið ríkistjórnarinnar gerir ráð fyrir 9,8 m.kr. hagræðingu.

*207 **Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla.*** Gert er ráð fyrir að ríkistekjur vegna ólögmæts sjávarafla lækki um 5 m.kr. Með betra skipulagi á framkvæmd fiskveiða og skýrari reglum hefur þörfin fyrir þessi úrræði farið minnkandi.

211 Kvótaþing. Lagt er til að 16 m.kr. framlag falli niður þar sem Kvótaþing leggist af samkvæmt breytingu á lögum nr. 10/1998, um kjaramál fiskimanna.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Farið er fram á 43,4 millifærslu fjárveitinga vegna rekstur bygginga á Keldnaholti. Gert er ráð fyrir að eftirleiðis sjái viðkomandi stofnanir um rekstur og viðhald húsnæðis og færast því fjárveitingar af fjárlagalið skrifstofunnar yfir á viðkomandi stofnanir. Einnig er gert ráð fyrir 1 m.kr. hagræðingu í rekstri.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn er stofnun í C-hluta sem hefur tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 90 m.kr., sem lækkar um 1 m.kr. frá fyrra ári og á aflamark, 455 m.kr., sem er 14 m.kr. lækkun frá fyrra ári. Þróunarsjóðsgjald á aflamark miðast við úthlutuð þorskígildi og lækkar gjaldið með minni úthlutun.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	8.676,7	8.920,0	10.398,5	17	20
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.358,2	2.523,7	2.895,1	15	23
Stofnkostnaður og viðhald	539,0	500,3	335,3	-33	-38
Samtals	**11.573,9**	**11.944,0**	**13.628,9**	**14**	**18**
Greitt úr ríkissjóði	-	11.879,4	13.599,2	14	-
Innheimt af ríkistekjum	-	64,6	29,7	-54	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**11.944,0**	**13.628,9**	**14**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 14.281 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 652 m.kr. en þær nema 4,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 13.629 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 13.599 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 30 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 10.399 m.kr. og hækka um 1.479 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar

mest um 135 m.kr. hækkun framlags vegna málskostnaðar í opinberum málum en hann hefur aukist mjög undanfarin ár. Í annan stað leiðir fjölgun starfa við löggæslu og tollgæslu til samtals 25 m.kr. kostnaðarauka hjá lögreglunni í Reykjavík og sýslumannsembættunum á Blönduósi, Höfn í Hornafirði, Selfossi og Kópavogi. Í þriðja lagi er gert er ráð fyrir auknu rekstrarumfangi héraðsdómstóla og auknum kostnaði vegna meðdómsmanna sem nemur samtals 20 m.kr. Þá eykst rekstrarkostnaður ráðuneytisins um 10 m.kr. á næsta ári vegna sveitarstjórnarkosninga. Á móti kemur að nokkrir liðir lækka frá gildandi fjárlögum og munar þar mest um tvenn tilefni. Annars vegar lækka áætluð útgjöld Umferðarráðs um 46 m.kr. vegna breytts fyrirkomulags við ökupróf og hins vegar lækkar framlag til undirbúnings að smíði varðskips um 43 m.kr.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 371 m.kr. og verður 2.895 m.kr. Þyngst vegur framlag á nýjum fjárlagalið, *335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja*, en þar er um að ræða tekjur samkvæmt gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja sem taldar eru nema um 230 m.kr. árið 2002. Tekjurnar renna til Skráningarstofunnar hf. Á móti kemur að felld er niður 61 m.kr. fjárveiting til viðfangsefnisins *1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands* á fjárlagaliðnum *735 Sóknargjöld* þar sem fjárveitingin er nú færð á fjárlagalið Háskóla Íslands hjá menntamálaráðuneytinu. Aðrar breytingar á neyslu- og rekstrartilfærslum stafa nær eingöngu af auknum lögboðnum framlögum vegna sóknar- og kirkjugarðsgjalda en þau fylgja hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli ára.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 335 m.kr. og er það 165 m.kr. lækkun milli ára. Stærsta breytingin stafar af frestun framkvæmda við nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu en framlag lækkar um 50 m.kr. af þeim sökum. Í öðru lagi fellur niður tímabundið 40 m.kr. framlag til lagfæringar á stýrisbúnaði varðskipa. Þá falla niður fjárveitingar að fjárhæð 50 m.kr. vegna flutnings stofnana í nýtt húsnæði. Að lokum má nefna 21 m.kr. lækkun framlags til framkvæmda við Auðunarstofu en fyrirhugað er að þeim framkvæmdum ljúki á næsta ári.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 150 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir um 43 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 90 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld ráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	325	348	316	319
Dómsmál	1.068	1.078	1.088	1.098
Löggæslustofnanir og öryggismál	4.513	4.553	4.594	4.635
Sýslumenn	3.720	3.757	3.794	3.831
Fangelsismál	561	567	572	577
Kirkjumál	3.443	3.502	3.562	3.623
Samtals	**13.630**	**13.805**	**13.926**	**14.083**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Útgjaldaspáin fyrir málaflokka dóms- og kirkjumálaráðuneytisins byggist á þeim forsendum að því undanskildu að reiknað er með að framlög til málaflokksins Ráðuneyti

verði nokkuð sveiflukennd á tímabilinu. Skýrist það af því að útgjöld við kosningar tilheyra þessum málaflokki en gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarkosningar verði á árinu 2002 og alþingiskosningar á árinu 2003 en engar kosningar verði árin 2004 og 2005.

Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 940 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2002 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	780,1	883,4	883,4	883,4	883,4
Fasteignamat ríkisins, Landskrá fasteigna	B	19,1	34,8	31,7	16,0	0,0
Skálholtsskóli	B	7,2	7,5	7,5	7,5	7,5
Skráningarstofan, Tölvumiðstöð dómsmálarn.	C	64,3	70,0	70,0	70,0	70,0
Neyðarlínan hf.	C	61,3	68,7	68,7	68,7	68,7
Hagstofa Íslands, aðgangur að þjóðskrá	C	4,4	5,5	5,5	5,5	5,5
Rauði kross Íslands v/flóttamanna (áætlun)	C	1,7	1,8	1,8	1,8	1,8
Alþjóðleg björgunarsveit	C	2,0	2,1	2,1	2,1	2,1
Samtals		**940,1**	**1.073,8**	**1.070,7**	**1.055,0**	**1.039,0**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar, sem dómsmálaráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar um 926 m.kr. á næsta ári. Að lokum eru 148 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dómsmálaráðuneytið stendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Að frátöldum samningi um Landskrá fasteigna, sem rennur út á árinu 2004, má gera ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur. Þannig má ætla að til jafnaðar verði rúmlega 1 milljarður króna skuldbundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Dómsmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Fasteignamat ríkisins hafa gert með sér þjónustusamning um kerfishönnun, uppsetningu og innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabókum sýslumanna í Landskrá fasteigna. Markmiðið með samningnum er að til verði einhlít og áreiðanleg skrá um fasteignir, afmörkun þeirra og réttindi er þeim tengjast. Á árunum 2001–2004 er gert ráð fyrir að kostnaður verði alls rúmar 100 m.kr. við innfærslu gagna og fleiri kostnaðarþátta. Starfið er unnið af sýslumannsembættum og leggja þau út fyrir kostnaði. Hækkun umsýslugjalds á framangreindu tímabili er ætlað að ná yfir stofn- og rekstrarkostnað Landskrár fasteigna og fá sýslumannsembættin endurgreiðslu frá Fasteignamati ríkisins miðað við fjölda innfærslna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið að frátöldum launa- og verðlagsbótum. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 105 Lögbirtingablað; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	184,3	192,8	207,5	7,6	12,6
Stjórnartíðindi	13,8	3,8	4,0	5,3	-71,0
Lagasafn	-0,8	0,0	0,0	-	-100,0
Lögbirtingablað	24,5	26,0	26,5	1,9	8,2
Kosningar	2,0	1,6	12,4	-	-
Ýmis verkefni	65,5	50,2	54,3	8,2	-17,1
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	16,0	12,5	-21,9	-
Samtals	**289,3**	**298,4**	**325,2**	**9,0**	**12,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

111 Kosningar. Framlag nemur 12,4 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. milli ára en sveitarstjórnarkosningar munu fara fram vorið 2002. Um er að ræða kostnað vegna utankjörstaðaatkvæðagreiðslu auk eftirlits.

190 Ýmis verkefni. Heildarframlag að frádregnum sértekjum er áætlað 54,3 m.kr. á næsta ári sem er óbreytt að raungildi miðað við fjárlög þessa árs. Tvær breytingar til hækkunar og lækkunar standast á. Annars vegar hækkar framlag til viðfangsefnisins *1.10 Fastanefndir* um 2 m.kr. vegna skipunar nýrrar fastanefndar sem verður ætlað að sinna eftirliti með málskostnaði í opinberum málum en hann hefur vaxið mjög undanfarin ár. Hins vegar lækka áætluð útgjöld viðfangsefnisins *1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga* um 2 m.kr. til samræmis við reynslutölur undanfarinna ára.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar og verður það samtals 12,5 m.kr. á næsta ári samanborið við 16 m.kr. í fjárlögum 2001. Ákvörðun um verkefni er miðuð við að þau séu fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að lágmarki að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag verkefnisstjórnar til þessara verkefna dómsmálaráðuneytis lækkar um 3 m.kr. og verður samtals 5 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við tilraunaverkefni um rafrænar kosningar, 1,5 m.kr. til verkefnis um rafræna birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins og 0,5 m.kr. til upplýsingamiðlunar stofnana ráðuneytisins á Netinu. Mótframlag ráðuneytisins verður 7,5 m.kr. til sömu verkefna og þar með verða alls veittar 6 m.kr. til rafrænna kosninga, 4,5 m.kr. til rafrænnar birtingar Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs og 2 m.kr. til upplýsingamiðlunar stofnana.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	50,1	54,8	69,0	25,9	37,7
Héraðsdómstólar	532,9	550,9	590,1	7,1	10,7
Málskostnaður í opinberum málum	235,9	96,0	248,8	159,2	5,5
Opinber réttaraðstoð	70,9	71,9	70,8	-1,5	-0,1
Bætur brotaþola	21,0	40,0	40,0	0,0	90,5
Persónuvernd	16,4	42,5	48,8	14,8	197,6
Samtals	**927,2**	**856,1**	**1.067,5**	**24,7**	**15,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 142 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að málskostnaður í opinberum málum hækkar um 135 m.kr. milli ára. Í annan stað hækkar framlag til héraðsdómstóla um 20 m.kr. en helmingur þess er vegna aukins kostnaðar við meðdómsmenn. Þá er gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Hæstaréttar Íslands hækki um 9,5 m.kr. Að lokum fellur niður 20 m.kr. tímabundið stofnkostnaðarframlag vegna flutnings héraðsdóms Reykjaness í nýtt húsnæði á þessu ári.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

201 ***Hæstiréttur.*** Útgjöld hækka um 9,5 m.kr. að raungildi frá fjárlögum og eru áætluð 70 m.kr. á næsta ári. Þar af hækkar framlag til yfirstjórnar um 9,3 m.kr. vegna endurmats á rekstrarkostnaði Hæstaréttar og framlag til útgáfu hæstaréttardóma um 0,2 m.kr. Dómurinn hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða, einkum vegna lækkandi tekna af sölu hæstaréttardóma samfara auknum kostnaði við birtingu dóma á Netinu. Auk þess hefur kostnaður við rekstur á nýju húsnæði reynst vera nokkru hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Veitt er tímabundið framlag að fjárhæð 0,7 m.kr. til kaupa á skrifstofubúnaði. Að lokum hækka útgjöld um 0,6 m.kr. vegna hækkunar á leigugreiðslum samkvæmt húsaleigusamningi Hæstaréttar við Fasteignir ríkissjóðs.

210 ***Héraðsdómstólar.*** Heildarframlag til héraðsdómstóla er 590,1 m.kr. og stendur í stað að raungildi en nokkrar innbyrðis breytingar verða milli viðfangsefna. Rekstrargjöld dómstólanna eru áætluð 550,4 m.kr. á næsta ári og hækka um 10 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar vegna aukinna umsvifa dómstóla. Er þar um að ræða fjölgun starfsmanna vegna aukinna verkefna hjá dómstólunum, eflda umsýslu dómstólaráðs, aukna áherslu á útgáfu- og kynningarmál héraðsdómstóla o.fl. Framlag til viðfangsefnisins *1.11 Meðdómsmenn* verður 23,2 m.kr. og hækkar um 10 m.kr. með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Auk þess er gert ráð fyrir í frumvarpi til nýrra barnaverndarlaga að barnaverndarmál verði rekin fyrir dómi í auknum mæli og að þá verði kvaddir til sérfróðir meðdómarar. Við það eykst árlegur kostnaður vegna meðdómsmanna um 3 m.kr. Að lokum fellur niður 20 m.kr. framlag til tækja- og búnaðarkaupa Héraðsdóms Reykjaness sem veitt var tímabundið í fjárlögum ársins 2001.

231 ***Málskostnaður í opinberum málum.*** Alls er áætlað að gjaldfærður málskostnaður nemi 352,8 m.kr. á næsta ári samanborið við 109,8 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Þar af eru ætlaðar 6,8 m.kr. til viðfangsefnisins *1.20 Réttargæslumenn.* Hækkun þessara útgjalda umfram launa- og verðlagshækkanir nemur um 221 m.kr. Á móti vegur að áætlað er að sértekjur af endurkröfðum málskostnaði hjá brotamönnum hækki um 86 m.kr. þannig að nettóhækkun á framlagi úr ríkissjóði verði um 135 m.kr. að raungildi. Hér er um að ræða útgjöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamála, s.s. þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola, kostnað við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld o.fl. en hluti þeirra er endurkræfur hjá brotamanni. Nefnd dómsmálaráðuneytisins, sem fjallaði um þessi útgjöld, komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt núgildandi lögum um málskostnað sé ekki fyrirsjáanlegt að útgjöld þessi lækki á næstu árum. Nefndin telur þó að bæta megi innheimtu hjá brotamönnum og gerir tillögu þar að lútandi. Takist að bæta innheimtuna má þegar til lengri tíma er litið gera ráð fyrir að dragi úr útgjaldavexti á þessum fjárlagalið. Dómsmálaráðuneytið hefur einnig skipað fastanefnd til að herða eftirlit með útgjöldum sem greidd eru af liðnum. Til viðbótar við framangreinda hækkun er gert ráð fyrir auknum útgjöldum á næsta ári sem nema

4,7 m.kr. í kjölfar nýrra laga um erfðaefnisskrá lögreglu. Fyrirhugað er að á vegum ríkislögreglustjóra verði komið á fót skrám með upplýsingum um erfðaefni einstaklinga. Kostnaður, sem fellur á fjárlagalið málskostnaðar í opinberum málum, er vegna rannsókna á lífsýnum til geymslu í erfðaefnisskránni, m.a. DNA-greiningar.

232 ***Opinber réttaraðstoð.*** Framlag til opinberrar réttaraðstoðar er alls áætlað 70,8 m.kr. á næsta ári og er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum að því frátöldu að framlag til viðfangsefnisins *1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga* lækkar um 5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins enda hefur framlag á þennan lið verið rýmilega áætlað í fjárlögum.

251 ***Persónuvernd.*** Rekstrargjöld stofnunarinnar eru áætluð 50,7 m.kr. á næsta ári og hækka um 3 m.kr. að raungildi vegna kostnaðar við tæknimenntaða sérfræðinga. Í kostnaðarmati með frumvarpi til laga um stofnunina var gert ráð fyrir að kostnaður við tvo tæknimenntaða sérfræðinga yrði um 7 m.kr. en það hefur ekki reynst nægilegt.

Löggæsla og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglustjórinn í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengen-samstarf og 398 Útlendingaeftirlitið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissaksóknari	68,3	66,6	77,5	16,4	13,5
Ríkislögreglustjóri	528,3	485,5	601,7	23,9	13,9
Lögregluskóli ríkisins	94,5	110,6	131,3	18,7	38,9
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.594,4	1.536,1	1.864,0	21,3	16,9
Almannavarnir ríkisins	48,6	53,9	41,6	-22,8	-14,4
Neyðarsímsvörun	59,3	61,3	68,7	12,1	15,9
Umferðarráð	103,5	90,8	46,4	-48,9	-55,2
Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	0,0	0,0	230,0	-	-
Áfengis- og fíkniefnamál	0,1	63,4	63,1	-0,5	-
Ýmis löggæslumál	8,9	112,9	88,6	-21,5	-
Húsnæði löggæslustofnana	4,7	10,0	10,0	0,0	112,8
Landhelgisgæsla Íslands	898,4	1.002,4	1.083,3	8,1	20,6
Landhelgissjóður Íslands	16,4	0,0	0,0	-	-100,0
Schengen-samstarf	105,6	70,0	74,7	6,7	-29,3
Útlendingaeftirlitið	80,8	104,6	131,7	25,9	63,0
Samtals	**3.611,8**	**3.768,1**	**4.512,6**	**19,8**	**24,9**

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði löggæslu og öryggismála aukast alls um 745 m.kr. en að frátöldum launa- og verðlagsbótum hækkar framlag um 170 m.kr. frá fjárlögum 2001.

Rekstrargjöld eru nær óbreytt að raungildi. Helsta breytingin er að fyrirhugað er að taka upp nýtt fyrirkomulag ökuprófa sem leiðir til um 46 m.kr. lækkunar á rekstrargjöldum Umferðarráðs. Þá lækkar framlag til undirbúnings að smíði nýs varðskips um 43 m.kr. Aðrar breytingar eru þær að áætluð rekstrargjöld embættis ríkislögreglustjóra hækka um 28 m.kr. að raungildi m.a. vegna átaks til að draga úr umferðarhraða. Þá hækkar fjárheimild Útlendingaeftirlitsins um rúmar 18 m.kr., m.a. vegna kaupa á vegabréfabókum og öðru tengdu Schengen-samstarfinu. Að lokum hækkar framlag til lögreglunnar í Reykjavík um 10 m.kr.

Tilfærsluframlag málefnaflokksins hækkar um 230 m.kr. á nýjum fjárlagalið, *335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja.*

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um 35 m.kr. milli ára og verður 196 m.kr. á næsta ári. Meginskýringin á þeirri lækkun er sú að niður fellur 40 m.kr. framlag til lagfæringa á stýrisbúnaði varðskipa sem veitt var tímabundið í fjárlögum ársins 2001. Á móti hækkar framlag til bílabanka ríkislögreglustjóra um 10 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

301 Ríkissaksóknari. Rekstrargjöld embættis ríkissaksóknara eru áætluð 77,5 m.kr. en eru 66,6 m.kr. í gildandi fjárlögum. Raunhækkun nemur 3 m.kr. og er hana að rekja til fjögurra tilefna. Í fyrsta lagi er veitt 1 m.kr. til endurnýjunar og reksturs á tölvukerfum, s.s. sakaskrá. Þá er veitt 1 m.kr. tímabundið framlag í tilefni af því að árlegur fundur ríkissaksóknara á Norðurlöndum verður haldinn hér á landi á næsta ári. Í þriðja lagi er veitt tímabundið framlag til tveggja ára að fjárhæð 0,8 m.kr. til búnaðarkaupa.

303 Ríkislögreglustjóri. Heildarframlag til embættisins að frátöldum gjöldum og tekjum vegna reksturs lögreglubifreiða er áætlað 591 m.kr. á næsta ári en 490 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Raunhækkun framlags nemur 21 m.kr. Í fyrsta lagi hækka bæði gjöld og sértekjur um 21,6 m.kr. þar sem embætti ríkislögreglustjóra hefur, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, gert samkomulag við Vegagerðina um samstarf við eftirlit með hvíldartíma ökumanna, með þungatakmörkunum ökutækja o.fl. Samkvæmt samkomulaginu ræður ríkislögreglustjóri fjóra lögreglumenn til starfa vegna eftirlitsins en Vegagerðin endurgreiðir launakostnaðinn. Í annan stað hækkar framlag um 8,3 m.kr. til að kosta átak til að draga úr umferðarhraða á helstu umferðaræðum til og frá Reykjavík. Að beiðni dómsmálaráðherra og samgönguráðherra hafa ríkislögreglustjóri og vegamálastjóri mótað tillögur um aðgerðir í umferðaröryggismálum sem munu beinast að því að draga verulega úr hraða og fækka slysum á nokkrum aðalumferð-

aræðum sem liggja frá Reykjavík. Samkvæmt drögum að árangursstjórnunarsamningi milli Vegagerðarinnar, ríkislögreglustjóra og hlutaðeigandi lögreglustjóra á Suðvesturlandi verða sett mælanleg markmið um lækkun hámarkshraða á þessum vegum. Í þriðja lagi er veitt tímabundið 6 m.kr. framlag til tveggja ára vegna formennsku Íslands í samstarfi lögreglu og tollyfirvalda á Norðurlöndunum sem hófst árið 1984 að ákvörðun dómsmálaráðherra Norðurlandanna. Við undirbúning fjárlaga 2001 var einungis gert ráð fyrir formennsku frá miðju ári 2001 fram á mitt ár 2002 en formennskan varir í reynd fram á mitt ár 2003. Þá er veitt 5,3 m.kr. framlag til að fjölga starfsmönnum í tölvudeild og til að koma á bakvöktum hjá deildinni. Áætlað er fyrir 2 m.kr. viðbótarframlagi vegna kostnaðar við brottvísanir útlendinga sem hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Árlegur kostnaður við brottvísanir á árunum 1994–1998 nam um 1 m.kr., á árinu 1999 var kostnaðurinn um 2,3 m.kr. og á síðasta ári var hann um 4 m.kr. Fyrirsjáanlegt er að hann mun enn aukast. Þá hækkar rekstrarframlag um 1 m.kr. vegna kostnaðar við að sækja erlenda fundi í tengslum við Schengen-samstarfið. Að lokum er veitt tímabundið framlag að fjárhæð 0,7 m.kr. til að koma upp gagnagrunni fyrir erfðaefnisskrár. Íslenskum stjórnvöldum stendur til boða að fá sérstakan gagnagrunn fyrir erfðaefnisskrár endurgjaldslaust á grundvelli samkomulags við bandarísku alríkislögregluna en skylt verður að halda slíka skrá á grundvelli nýrra laga um erfðaefnisskrá lögreglu. Á móti framangreindum hækkunartilefnum er gert ráð fyrir 2,5 m.kr. hagræðingu í rekstri til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Framlag til viðfangsefnisins *1.05 Innheimta sekta* hækkar um 3 m.kr. og lækkar framlag til bifreiðakaupa samsvarandi. Á árunum 1999 og 2000 voru millifærðar 4 m.kr. af lið innheimtukostnaðar yfir á bílabanka til endurnýjunar á myndavélabifreiðum sem eru nauðsynlegar til eftirlits. Nú er ekki lengur nauðsyn á frekari endurnýjun og er því gert ráð fyrir að millifæra 3 m.kr. til baka. Viðfangsefnið *6.01 Tæki og búnaður* lækkar um 3 m.kr. þar sem fellt er niður 3 m.kr. tímabundið framlag sem ætlað var til að koma á fót SIRENE-skrifstofu.

Heildarútgjöld vegna rekstrar og kaupa á lögreglubifreiðum nema 258,2 m.kr. samanborið við 203 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Tekjur af leigugjöldum og sölu bifreiða nema samtals 247,6 m.kr. Framlag í fjárlögum vegna rekstrar lögreglubifreiða hækkar um 36,8 m.kr. og er það aðallega að rekja til verðlagshækkana, s.s. á eldsneyti. Á móti hækka leigugjöld löggæsluembætta, sem færast sem sértekjur, samsvarandi og er nettóbreytingin því engin. Framlag til kaupa á bifreiðum hækkar tímabundið um 10 m.kr. í fimm ár til að mæta uppsöfnuðum vanda í rekstri bifreiðaleigunnar sem nam alls 93 m.kr. í lok ársins 2000. Á móti lækkar framlag um 3 m.kr. en viðfangsefni *1.05 Innheimta sekta* hækkar samsvarandi, sbr. skýringar hér að framan. Framangreindur halli stafar að mestu af því að lögreglubifreiðar hafa verið endurnýjaðar í meira mæli en ráð var fyrir gert í upphafi en einnig hafa verðhækkanir á eldsneyti og óvenjumikið tjón og bilanir sett strik í reikninginn. Þegar ríkislögreglustjóri tók við bílarekstri sýslu-

mannsembætta var ástand lögreglubifreiða nokkuð bágborið og var gert átak í að lækka meðalaldur bifreiða. Enn er nokkuð í land með að ná upphaflegu markmiði um endurnýjunartíma bifreiða en eftir því sem bifreiðar eru nýrri dregur úr viðhaldskostnaði og endursöluverð þeirra hækkar. Gert er ráð fyrir að bílabankinn standi undir sér með leigutekjum og söluandvirði bifreiða þegar fram í sækir.

305 ***Lögregluskóli ríkisins.*** Rekstrarútgjöld skólans eru áætluð 131,3 m.kr. en eru 110,6 m.kr. í gildandi fjárlögum. Hækkun að raungildi nemur 1,7 m.kr. og er ætlað til að standa undir kostnaði við tryggingar lögreglunema á fyrri önn námsins. Nám lögreglunema felur m.a. í sér líkamlegar æfingar af ýmsum toga og hafa átt sér stað slys og meiðsl í því sambandi. Einnig eru gerðar innbyrðis breytingar við rekstur skólans en gert er ráð fyrir að veittar verði 15 m.kr. til að standa undir kostnaði við fjölgun nema. Nú þegar hefur verið fjölgað úr 32 í 40 í árgangi. Þykir brýnt að fjölga menntuðum lögreglumönnum og þá sérstaklega í ljósi þess að í nýsamþykktum kjarasamningi fjármálaráðherra við Landssamband lögreglumanna er gert ráð fyrir að starfslok lögreglumanna verði við 65 ára aldur. Úrbætur í löggæslu í landinu eru mjög háðar því að hægt verði að fjölga menntuðum lögreglumönnum og mæta fækkun í lögregluliði sem verður vegna lækkaðs hámarksaldurs lögreglumanna. Á móti framangreindum kostnaði er lagt til að fella niður 15 m.kr. fjárveitingu sem ætluð var til að standa undir því að skólinn tæki að sér að greiða lögreglunemum grunnlaun og fylgja þeim eftir á þjálfunartíma í stað þess að ráða þá sem almenna afleysingamenn að löggæsluembættunum.

311 ***Lögreglustjórinn í Reykjavík.*** Fjárveiting til embættisins er áætluð 1.864 m.kr. og hækkar að raungildi um 9 m.kr. til að fjölga lögreglumönnum um tvo til að unnt verði að leggja meiri áherslu á grenndarlöggæslu í Reykjavík. Er þá sérstaklega horft til möguleika á að efla forvarnir í samvinnu við félagsmálayfirvöld. Unnið er að sérstöku tilraunaverkefni í Grafarvogi og er gert ráð fyrir að styðjast við þá fyrirmynd í öðrum hverfum borgarinnar.

321 ***Almannavarnir ríkisins.*** Rekstrarframlag til stofnunarinnar er óbreytt að raungildi frá gildandi fjárlögum og er áætlað 41,6 m.kr. á næsta ári. Viðfangsefnið *1.11 Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði* fellur niður en framlag var 15 m.kr. Á móti er tekið inn nýtt viðfangsefni á fjárlagalið *390 Ýmis löggæslu- og öryggismál* og er samsvarandi framlag til rannsóknarmiðstöðvarinnar fært þar.

331 ***Umferðarráð.*** Áætluð rekstrargjöld Umferðarráðs á næsta ári eru 76,9 m.kr. samanborið við 103,7 m.kr. í núgildandi fjárlögum og lækka þau um 48,5 m.kr. að raungildi. Skýrist það af því að fyrirhugað er að breyta fyrirkomulagi ökuprófa þannig að framkvæmd þeirra verði ekki lengur á vegum Umferðarráðs. Við þessa breytingu

lækkar framlag til ökuprófa um 46 m.kr. en heildarframlag er 48 m.kr. Á móti falla niður tekjur af prófgjöldum bifreiðastjóra að fjárhæð 36 m.kr. en þær hafa verið færðar á tekjuhlið ríkissjóðs. Heildarsparnaður af framangreindum breytingum er því 10 m.kr. og er hann liður í hagræðingaraðgerðum til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Fyrirhugað er að framkvæmd prófanna verði falin viðurkenndum prófdómurum en að Umferðarráð semji áfram skrifleg próf og hafi almennt eftirlit og umsýslu með ökuprófum. Eru ætlaðar 2 m.kr. til þess. Að lokum lækkar einnig framlag til yfirstjórnar um 2,5 m.kr. vegna áætlunar um að ríkistekjur af umferðaröryggisgjaldi lækki.

335 ***Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja.*** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða. Í fjárlagafrumvarpinu er nú áætlað fyrir tekjum Skráningarstofunnar hf. samkvæmt gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja sem staðfest er af dómsmálaráðherra. Áætlað er að gjöld þessi komi til með að skila um 230 m.kr. tekjum árið 2002 og renna þau öll til Skráningarstofunnar hf. Eignarhlutur ríkissjóðs í félaginu var 97,3% í árslok 2000.

390 ***Ýmis löggæslu- og öryggismál.*** Framlag til þessa safnliðar lækkar alls um 15,6 m.kr. og verður 88,6 m.kr. á næsta ári. Til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* eru ætlaðar 65,2 m.kr. sem er 7 m.kr. lækkun að raungildi og er liður í að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Alls eru til ráðstöfunar 30 m.kr. til að aðstoða sýslumannsembætti við kostnað af langtímaveikindum en liður þessi var einnig ætlaður til að bæta kostnað af fæðingarorlofi. Nú er breytt fyrirkomulag þeirra mála og er því talið svigrúm til að lækka framangreint framlag um 10 m.kr. Einnig er ætlunin að herða allt eftirlit með langtímaveikindum og í því skyni er gert ráð fyrir að verja 3 m.kr. til starfs trúnaðarlæknis hjá ríkislögreglustjóra. Sparnaður af framangreindum breytingum verður því 7 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins *1.13 Undirbúningur að smíði varðskips* lækkar um 43 m.kr. Annars vegar er fellt niður 25 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum þessa árs til undirbúningsvinnu og hins vegar er um að ræða 18 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Undirbúningi þessum lýkur að mestu á þessu og næsta ári en afgangur frá fyrri árum er rúmlega 30 m.kr. Tekið er inn nýtt viðfangsefni, *1.17 Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði*. Framlag er 15 m.kr. og var áður fært á fjárlagalið Almannavarna ríkisins.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Heildarframlag til Landhelgisgæslu Íslands er áætlað 1.083,3 m.kr. á næsta ári en það er um 80,2 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbótum má rekja til tveggja tilefna. Annars vegar hækka tryggingaiðgjöld um 9 m.kr. í kjölfar kjarasamninga í vor og sumar. Í samningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna félagsmanna

þess í starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands er kveðið á um hækkun bótafjárhæða og með kjarasamningi sjómanna fylgdi yfirlýsing um að bætur skuli nú ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga. Kostnaður við þetta er áætlaður 9 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að hækka rekstrarframlag til Landhelgisgæslu Íslands um 8 m.kr., m.a. á grundvelli álits Ríkisendurskoðunar um fjárvöntun hjá stofnuninni. Í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á skipulagi, verkefnum og rekstri stofnunarinnar kemur fram það mat að viðvarandi fjárvöntun miðað við óbreytt rekstrarumfang geti verið á bilinu 45–80 m.kr. Gert er ráð fyrir að farið verði gaumgæfilega yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar með það í huga að skoða með hvaða hætti megi betur laga rekstur stofnunarinnar að fjárheimildum. Launa- og verðlagsbætur á rekstrarframlag til Landhelgisgæslunnar nema 64 m.kr. en þar af eru um 23 m.kr. vegna mikilla verðhækkana á eldsneyti en sá kostnaðarliður vegur þungt í starfsemi stofnunarinnar. Framlag til viðfangsefnisins *5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta* lækkar um 40 m.kr. sem í ár voru ætlaðar til lagfæringa á stýrisbúnaði Týs og Ægis en þeim er nú lokið.

398 Útlendingaeftirlitið. Fjárheimild stofnunarinnar á næsta ári er 131,7 m.kr. og hækkar að raungildi um 18,4 m.kr. Er þar fyrst að nefna að framlag hækkar um 13 m.kr. til kaupa á vegabréfabókum á vegum Útlendingaeftirlitsins. Í kostnaðarumsögn með nýjum lögum um Útlendingaeftirlitið á árinu 1999 var gert ráð fyrir að kostnaður við gerð nýrra vegabréfabóka yrði ekki hærri en verið hafði við prentun á þeim gömlu, eða um 7 m.kr. á ári. Samkvæmt samningi við kanadísku seðlaprentsmiðjuna um prentun á vegabréfabókum er þessi kostnaður í reynd mun hærri eða 16–17 m.kr. Þegar er áætlað fyrir um 3,5 m.kr. í fjárheimild stofnunarinnar. Framangreindar fjárhæðir miðast við að keyptar séu árlega um 50 þúsund vegabréfabækur en talið er að þegar á árinu 2003 sé unnt að fækka þeim eintökum og við það mun kostnaður lækka. Í annan stað eru veittar 6 m.kr. til sérprentunar dvalarleyfa vegna aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu. Í þriðja lagi er talið að prentun sérstakra áritunarmiða samkvæmt Schengen-öryggisstöðlum kosti um 3,4 m.kr. á ári. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir um 1 m.kr. útgjöldum vegna þeirrar breytingar að Útlendingaeftirlitið muni annast meðferð dvalarleyfa erlendra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli í stað utanríkisráðuneytisins. Að lokum er gert ráð fyrir 1 m.kr. hækkun til útgáfu á bæklingi sem ætlaður er til að kynna erlendum ríkisborgurum réttarstöðu sína. Nauðsynlegt er að slíkur bæklingur sé fyrir hendi á mörgum tungumálum og upplýsingar í honum verði uppfærðar reglulega. Á móti framangreindum hækkunum fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag sem ætlað var til gerðar vegabréfaáritunarskrár.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411–437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	2.881,4	2.908,4	3.407,5	17,2	18,3
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	182,8	243,1	264,5	8,8	44,7
Húsnæði og búnaður	167,3	77,5	47,5	-38,7	-71,6
Samtals	**3.231,5**	**3.229,0**	**3.719,5**	**15,2**	**15,1**

Útgjöld málefnaflokksins hækka um 490,5 m.kr. frá fjárlögum 2001 en það svarar til um 4 m.kr. hækkunar að raungildi.

Rekstrarútgjöld málefnaflokksins hækka um 520 m.kr. frá fjárlögum 2001 en það jafngildir tæplega 22 m.kr. hækkun að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Helstu breytingar eru að fjölgað er um einn lögreglumann hjá sýslumannsembættinu á Höfn í Hornafirði og í Kópavogi og leiðir það til um 4,5 m.kr. hækkunar að raungildi hjá hvoru embætti. Í báðum þessum umdæmum er fjöldi íbúa á hvern lögreglumann mjög hár en viðmiðunin verður nær landsmeðaltali með þessari fjölgun. Einnig eru veittar 2 m.kr. til embættisins á Blönduósi til að standa undir kostnaði við heilt starf lögreglumanns en í fjárlögum 1999 fékk embættið aukið framlag að fjárhæð 2,5 m.kr. til eflingar löggæslu. Að lokum er fjölgað um eina stöðu við tollgæslu hjá sýslumannsembættinu á Selfossi og hækkar framlag til embættisins um 4,5 m.kr. af þeim sökum. Tollstörfin í umdæminu hafa farið vaxandi og sett hefur verið á fót lögreglu- og tollvarðarskýli í Þorlákshöfn. Framlag til þriggja embætta hækkar samtals um 2,6 m.kr. vegna aukinna leigugreiðslna og rekstrarkostnaðar í nýju húsnæði.

Framlag til húsnæðis og búnaðar er 47,5 m.kr. á næsta ári og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs að því frátöldu að fellt er niður 30 m.kr. tímabundið framlag sem ætlað var til að standa undir kostnaði við flutning sýslumannsins í Kópavogi í nýtt húsnæði.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Fjárlagaliðurinn hækkar um 23,6 m.kr. frá fjárlögum 2001. Útgjöld liðarins skiptast sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ýmis sameiginlegur kostnaður	3,5	21,6	29,1	34,7	731,4
Útgáfa ökuskírteina	23,8	12,3	10,0	-18,7	-58,0
Kostnaður skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs	91,3	95,3	101,7	6,7	11,4
Gagnalínukostnaður	15,3	23,6	25,2	6,8	64,7
Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	48,9	64,3	69,9	8,7	42,9
Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	0,0	26,0	28,6	10,0	-
Samtals	**182,8**	**243,1**	**264,5**	**8,8**	**44,7**

Framlag til viðfangsefnisins *1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður* hækkar um 4 m.kr. í kjölfar nýrra laga um breytingu á barnalögum en þar er kveðið á um skyldu sýslumannsembætta til að bjóða sérfræðiráðgjöf til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna. Þegar er áætlað fyrir 1 m.kr. til þessa verkefnis hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík þannig að alls er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður verði 5 m.kr. Fellt er niður 2,9 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til úrbóta vegna lélegrar endingar mynda í ökuskírteinum og lækkar viðfangsefni *1.11 Útgáfa ökuskírteina* sem því nemur. Þá aukast útgjöld af samningi við Skráningarstofuna um rekstur tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins um 1,1 m.kr. til að standa undir kostnaði við bakvaktir vegna Schengen-samningsins. Að lokum hækkar framlag til viðfangsefnisins *1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna* um 0,8 m.kr. vegna samkomulags dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands um aðgang embætta dómsmálaráðuneytisins að þjóðskrá og daglegri uppfærslu hennar hjá þeim embættum.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun ríkisins og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	491,1	505,3	551,1	9,1	12,2
Fangelsisbyggingar	3,7	60,0	10,0	-83,3	170,3
Samtals	**494,8**	**565,3**	**561,1**	**-0,7**	**13,4**

Rekstrarframlag Fangelsismálastofnunar verður 551,1 m.kr. á næsta ári og hækkar um 7 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á framlagi til rekstrar Fangavarðaskóla ríkisins. Samkvæmt reglugerð um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður er Fangelsismálastofnun skylt að starfrækja Fangavarðaskóla ríkisins sem veiti fangavörðum almenna menntun um hlutverk refsivistarstofnana og starfsemi þeirra, svo og sérmenntun í hinum mismunandi greinum fangavörslunnar. Náðst hefur samkomulag um að skólinn fái aðstöðu hjá Lögregluskóla ríkisins og mun það leiða til lægri tilkostnaðar og meiri skilvirkni. Í öðru lagi hækka rekstrarútgjöld um 2 m.kr. vegna vinnslu áritaðra sektarboða og endanlegs frágangs áritaðra sektarboða og viðurlagaákvæða.

Fjárveiting til fangelsisbygginga lækkar um 50 m.kr. og verður 10 m.kr. Undirbúningur að byggingu nýs gæsluvistar- og móttökufangelsis er þegar hafinn. Fengin er hagkvæm lóð fyrir fangelsið hjá borgaryfirvöldum í Reykjavík og unnið er að þarfagreiningu og lýsingu á fyrirkomulagi. Að þeim undirbúningi hefur komið sérstakur starfshópur sem hefur

sérþekkingu á fangelsismálum. Ekki er farið að vinna að hönnun byggingarinnar en áformað er að ljúka undirbúningnum á árinu 2002.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	773,4	817,6	888,6	8,7	14,9
Kirkjumálasjóður	131,0	140,9	152,7	8,4	16,6
Kristnisjóður	41,2	44,6	47,7	7,0	15,8
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	494,6	535,0	583,0	9,0	17,9
Kirkjugarðasjóður	53,7	46,0	50,0	8,7	-6,9
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.159,0	1.248,0	1.353,0	8,4	16,7
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	95,8	103,0	118,0	14,6	23,2
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	56,2	61,0	0,0	-100,0	-100,0
Jöfnunarsjóður sókna	214,4	231,0	250,0	8,2	16,6
Samtals	**3.019,3**	**3.227,1**	**3.443,0**	**6,7**	**14,0**

701 Þjóðkirkjan. Heildarfjárveiting þessa fjárlagaliðar er 888,6 m.kr. á næsta ári. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 835,7 m.kr. og eru í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Útgjöldin eru óbreytt að raungildi að því frátöldu að fellt er niður tímabundið framlag vegna prests í Grafarvogi að fjárhæð 4 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins *6.26 Auðunarstofa* lækkar um 21 m.kr. og verður 12 m.kr. en fyrirhugað er að ljúka verkinu á næsta ári. Viðfangsefnið *6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti* er fellt niður en veitt var tímabundið framlag til verkefnisins að fjárhæð 8,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2001.

733–736 Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld. Fjárveitingar á þessum fjárlagaliðum hækka alls um 145 m.kr. frá fjárlögum 2001 og verða 2.354 m.kr. á næsta ári. Þessi lögboðnu framlög aukast í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 1999 og 2000. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna taka einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Tvær efnislegar breytingar eru gerðar á framlögum á þessum liðum. Annars vegar er fellt niður tímabundið framlag á fjárlagalið *733 Kirkjugarðsgjöld* sem ætlað var til skráningar legstaða og söguupplýsinga í eldri kirkjugörðum á Íslandi. Hins vegar er fellt niður viðfangsefnið *1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands* á fjárlagalið *735 Sóknargjöld*. Framlagið er nú fært á fjárlagalið Háskóla Íslands hjá menntamálaráðuneytinu.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félagsmálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.279,7	3.513,8	3.622,9	3	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	7.291,2	11.877,9	14.105,2	19	93
Stofnkostnaður og viðhald	695,5	573,0	307,0	-46	-56
Samtals	**11.266,4**	**15.964,7**	**18.035,1**	**13**	**60**
Greitt úr ríkissjóði	-	15.908,0	17.948,6	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	56,7	86,5	53	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**15.964,7**	**18.035,1**	**13**	-

Heildargjöld félagsmálaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 18.830,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 795,6 m.kr. en þær nema 4,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 18.035,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 17.948,6 m.kr. fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði og 86,5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.622,9 m.kr. og lækka um 109,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana, sem eru 472,1 m.kr., skýrast umskiptin af 400 m.kr. vaxtatekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign markaðra tekna og 80 m.kr. hjá Ábyrgðasjóði launa. Eru vaxtatekjur sjóðanna nú sýndar sem sértekjur í frumvarpinu til samræmis við ríkisreikning. Án þessarar breytingar á framsetningu hækka gjöldin um 370,9 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir 79,4 m.kr. framlagi til málefna fatlaðra, 33,9 m.kr. til stjórnsýslustofnana og þá aðallega Vinnueftirlits ríkisins, 8 m.kr. til aðalskrifstofu ráðuneytisins og 4 m.kr. til málefna barna og ungmenna.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna verður 14.105,2 og hækkar um 1.450 m.kr. umfram launa- og verðlagsbætur sem eru 777 m.kr. Þyngst vegur 2.198 m.kr. framlag til Fæðingarorlofssjóðs en nú er áætlað fyrir rekstri sjóðsins í heilt ár auk þess sem einn mánuður bætist við í rétti feðra til töku fæðingarorlofs. Á móti fellur niður sérstakt 700 m.kr. tímabundið framlag til sveitarfélaga sem ákveðið var á síðasta ári.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 307 m.kr. og er það 266 m.kr. lækkun milli ára. Sú lækkun skýrist að mestu af niðurfellingu 265 m.kr. framlags ríkisins til einsetningar grunnskóla sem samkvæmt samkomulagi skal veita til ársloka 2001.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir 99 m.kr. lækkun útgjalda frá fyrri áformum með hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 150 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um for-

gangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd á myndinni hér fyrir neðan.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér fyrir neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	199	196	198	200
Húsnæðismál	60	150	240	330
Stjórnsýslustofnanir	355	358	362	366
Málefni barna og ungmenna	566	575	581	587
Málefni fatlaðra	4.411	4.562	4.719	4.883
Sveitarfélög	5.142	5.242	5.344	5.448
Vinnumál	6.937	7.134	7.197	7.252
Annað	367	371	375	379
Samtals	**18.037**	**18.588**	**19.016**	**19.445**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða

aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka félagsmálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til húsnæðismála aukist að jafnaði um 90 m.kr. á ári næstu ár til greiðslu vaxtamunar lána til leiguíbúða en framlagið skal taka mið af inn- og útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs hverju sinni og stöðu útlána. Í öðru lagi er í spánni miðað við að útgjöld, sem falla undir málefni fatlaðra, vaxi árlega um 4% að meðaltali. Skýrist það einkum af því að þjónusta við fatlaða hefur aukist verulega á síðustu árum og að nokkur tími líði þar til hún kemst í jafnvægi og unnt verði að mæta eftirspurn eftir núverandi þjónustu. Í þriðja lagi er miðað við að framlög til málaflokksins Sveitarfélög fylgi almennri tekjuþróun enda er þar um að ræða framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er fjármagnaður með hlutfalli af skatttekjum og útsvarsstofni. Þá er miðað við að útgjöld til vinnumála aukist um tæp 3% fyrri hluta þessa tímabils en útgjöld verði síðan í jafnvægi. Skýringarinnar er að leita í auknum útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs en frá 2003 er talið að réttur til foreldraorlofs verði fullnýttur. Þá er gert ráð fyrir að greiðslur atvinnuleysisbóta miðist við tæpra 2% atvinnuleysi næstu ár.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2001, eru að nú er gert ráð fyrir verulega auknum framlögum til húsnæðismála næstu ár en árleg aukning framlaga til vinnumála minnkar þar sem nýting foreldraorlofs er orðin meiri.

Skuldbindandi samningar

Félagsmálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.280 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2002, nema árið 2001, og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra er áætlaður 971 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar, sem félagsmálaráðuneytið stendur eitt að, eru merktir með bókstafnum C og eru þær skuldbindingar áætlaðar 410 m.kr. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2001 var áætlað að samningsbundnar skuldbindingar félagsmálaráðuneytis væru um 840 m.kr. auk 500 m.kr. sem var áætlað að samningsbundin framlög kæmu til með að hækka ef öll samningsáform gengju eftir. Á komandi mánuðum renna út fjölmargir samningar félagsmálaráðuneytis og gera má ráð fyrir að þeir verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 1.200–1.400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Árbót, meðferð barna og unglinga	A	48,6	51,9	51,9	8,5	0,0
Geldingalækur, meðferð barna og unglinga	A	22,6	24,1	24,1	16,0	0,0
Hvítárbakki, meðferð barna og unglinga	A	29,0	30,9	30,9	20,3	0,0
Skjöldólfsstaðir, meðferð barna og unglinga	C	26,4	28,2	28,2	25,6	0,0
Háholt, meðferð barna og unglinga	A	44,6	47,6	47,6	0,0	0,0
Barnaheill, málefni barna og unglinga	C	0,7	0,7	0,7	0,0	0,0
Landspítali, málefni barna og unglinga	C	41,8	44,6	18,1	0,0	0,0
Varpholt, meðferð barna og unglinga	A	23,4	25,0	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, þjónusta við fatlaða	A	348,4	0,0	0,0	0,0	0,0
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	11,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Reynslusveitarfélagið Vestmannaeyjar	A	49,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Héraðsnefnd Þingeyinga, þjónusta við fatlaða	A	38,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	151,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Torfastaðir, meðferð barna og unglinga	A	21,0	0,0	0,0	0,0	0,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	11,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Árvellir, meðferð barna og unglinga	A	50,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Styrktarfélag vangefinna	C	329,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Félagsþjónusta Reykjavíkur	A	60,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	8,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	7,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Handverkstæðið Ásgarður	A	12,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	A	5,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Geðhjálp, þjónusta við fatlaða	A	29,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Iðnþróunarf. Norðurl. vestra, jafnréttismál	C	1,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Vímulaus æska, málefni barna og unglinga	C	1,7	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals		**1.372,9**	**253,0**	**201,6**	**70,4**	**0,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félagsmálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	158,9	132,9	146,6	10,3	-7,7
Ýmis verkefni	0,0	40,2	47,0	16,9	-
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**158,9**	**178,1**	**198,6**	**11,5**	**25,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins er 198,6 m.kr. og hækkar um 8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 12,5 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu hækki um 3,7 m.kr. og 2,3 m.kr. til Jafnréttisráðs. Að öðru leyti skýrist hækkunin af endurmati launaforsendna fjárlaga.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Heildargjöld aðalskrifstofu eru áætluð 146,6 m.kr. en voru 132,9 m.kr. á árinu 2001. Hækkunin er 3,7 m.kr. umfram launa- og verðlagsbætur og skýrist af auknum verkefnum aðalskrifstofu og fjölgun starfsmanna.

190 Ýmis verkefni. Undir þennan lið fellur *1.26 Jafnréttisráð* auk ýmissa kæru- og úrskurðarnefnda og sérstakra verkefna. Útgjöld eru áætluð 47 m.kr. sem eru 4,3 m.kr. umfram launa- og verðlagsbætur. Hækkunin skýrist af 1,7 m.kr. framlagi til Jafnréttisráðs sem kemur annars vegar til vegna aukinnar starfsemi ráðsins og hins vegar af 0,6 m.kr. framlagi vegna aukins ferðakostnaðar. Þá er fært til baka 2 m.kr. framlag af lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem verkefni, er fólst í gerð upplýsingaveitu fyrir almenning, er lokið.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 354,8 m.kr. sem er 59 m.kr. hækkun frá árinu 2001. Hækkunin er 33,9 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	158,9	132,9	146,6	10,3	-7,7
Ýmis verkefni	0,0	40,2	47,0	16,9	-
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**158,9**	**178,1**	**198,6**	**11,5**	**25,0**

302 Ríkissáttasemjari. Útgjöld embættisins verða samkvæmt frumvarpinu 39,5 m.kr. og lækka frá fjárlögum 2001 um 0,8 m.kr. sem nemur hagræðingarkröfu. Á móti kemur 2,7 m.kr. hækkun vegna launa- og verðlagsbóta.

313 Jafnréttisstofa. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heildarútgjöld stofunnar verði 31,1 m.kr. á árinu 2002 sem er 1,4 m.kr. hækkun frá 2001 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Rekstur stofunnar hófst 1. september 2000 á Akureyri og hún er því að ljúka

sínu fyrsta heila starfsári. Hún tók við verkefnum Skrifstofu Jafnréttisráðs en Jafnréttisráð er fært undir liðinn 190 Ýmis verkefni. Hækkun skýrist af 1,5 m.kr. framlagi til að ráða lögfræðing til starfa við ýmis verkefni á sviði jafnréttismála sem Jafnréttisstofa hyggst fjármagna að hluta með auknum sértekjum. Áformað er að gera þjónustusamning milli Jafnréttisráðs og Jafnréttisstofu um þessa starfsemi þar sem nánar er kveðið á um verkefni og sértekjur vegna þeirra. Þá er einnig lögð til 0,5 m.kr. fjárveiting til að mæta auknum verkefnum Jafnréttisstofu. Á móti er gerð almenn hagræðingarkrafa um lækkun kostnaðar sem skýrir mismuninn.

331 ***Vinnueftirlit ríkisins.*** Heildarútgjöld eftirlitsins að frádregnum sértekjum eru áætluð 284,2 m.kr. Það er 33,3 m.kr. hækkun að launa- og verðlagsbótum frátöldum en þær nema 20,3 m.kr. Eftirlitið er fjármagnað með innheimtu lögboðinna gjalda og innheimtu ríkistekna. Þar vegur þyngst hlutdeild eftirlitsins í tryggingagjaldsstofni. Frumvarpið gerir ráð fyrir 22,8 m.kr. hækkun útgjalda vegna aukinna gjaldskrárverkefna samfara auknum umsvifum í þjóðfélaginu. Áætlað er að ríkistekjur vegna skoðunar og eftirlits hækki á móti um 19,6 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 8 m.kr. fjárveitingu verði frumvarp til laga um breytingu á vinnuverndarlögum samþykkt á Alþingi en þar er lagt til að eftirlit með heilsuvernd starfsmanna á vinnustað verði aukið. Af þessari fjárhæð er fyrirhugað að verja 3 m.kr. til kynningar á breytingunum og af því framlagi eru 2 m.kr. tímabundnar. Enn fremur er leitað eftir 8,2 m.kr. fjárheimild til húsnæðismála hjá nokkrum umdæmisskrifstofum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 6 m.kr. tímabundinni heimild til að kaupa húsnæði sem eftirlitið hefur haft á leigu að Bíldshöfða 16, Reykjavík. Í öðru lagi er leitað eftir samtals 2,2 m.kr. framlagi vegna breytinga sem hafa orðið á leigumálum Vinnueftirlits ríkisins á Ísafirði, Egilsstöðum, Akranesi, Akureyri og Reykjavík. Að öðru leyti skýrist mismunur af almennri kröfu til stofnana um að hagræða í rekstri sínum. Loks er lagt til að útgjöld lækki um 5,7 m.kr. í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Málefni barna og ungmenna

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 400 Barnaverndarstofa og 401 Barnaverndarráð. Heildarútgjöld ársins 2002 eru áætluð 565,5 m.kr. sem er 43,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 2001 en þar af eru launa- og verðlagsbætur 39,2 m.kr..

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	484,3	507,5	549,6	8,3	13,5
Barnaverndarráð	13,4	14,8	15,9	7,4	18,7
Samtals	**497,7**	**522,3**	**565,5**	**8,3**	**13,6**

400 Barnaverndarstofa. Undir þennan lið er færð m.a Meðferðarstöð ríkisins auk rekstrar ýmissa meðferðarheimila einkaaðila og félagasamtaka sem hafa gert þjónustusamninga við Barnaverndarstofu. Heildarútgjöld verða 549,6 m.kr. samkvæmt frumvarpinu en eru 507,5 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkunin er 4 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagsbreytingum sem eru 38,1 m.kr. Hækkunin skiptist þannig milli gjalda að 26 m.kr. fara til almenns rekstrar og 16,1 m.kr. í rekstrartilfærslur. Raunbreytingar á milli ára skýrast af 3 m.kr. tímabundnu framlagi til stofnframkvæmda að Borgartúni 21 en í fjárlögum 2001 er 5 m.kr. tímabundið framlag, til kaupa á stofnbúnaði, sem fellur niður. Þá er gert ráð fyrir 1 m.kr. tímabundnu framlagi til að tryggja meðferðarheimili í Skjöldólfsstaðaskóla varaafl. Þá eru færðar á þennan lið 7,8 m.kr. til að mæta greiðslum í barnsburðarleyfum sem til var stofnað áður en fæðingarorlofssjóður varð til. Á móti er gert ráð fyrir 2,8 m.kr. hagræðingarkröfu sem skýrir mismuninn.

Þá er gert ráð fyrir 15,9 m.kr. framlagi til Barnaverndarráðs sem er 1,1 m.kr. hækkun frá fyrra ári og skýrist hún af launa- og verðlagsbreytingum.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700-722 Málefni fatlaðra og tengdar stofnanir; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
700 Málefni fatlaðra	131,2	246,1	62,7	-74,5	-52,2
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	804,9	834,7	1.111,3	33,1	38,1
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	607,5	633,2	788,1	24,5	29,7
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	128,3	128,4	156,6	22,0	22,1
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	99,8	86,5	108,4	25,3	8,6
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	151,6	155,0	176,6	13,9	16,5
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	388,5	396,5	452,3	14,1	16,4
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	125,5	131,4	171,5	30,5	36,7
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	226,3	216,7	278,3	28,4	23,0
711 Styrktarfélag vangefinna	352,6	351,1	389,3	10,9	10,4
720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	148,6	152,9	178,3	16,6	20,0
722 Sólheimar, Grímsnesi	126,0	128,8	149,7	16,2	18,8
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	121,8	124,2	152,5	22,8	25,2
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	296,1	235,0	235,0	0,0	-20,6
Samtals	**3.708,7**	**3.820,5**	**4.410,6**	**15,4**	**18,9**

Útgjöld árið 2002 eru áætluð 4.410,6 m.kr. og hækka um 590,1 m.kr. frá fjárlögum 2001. Af þeirri hækkun eru 511 m.kr. launa- og verðlagsbætur. Gjöldin skiptast þannig að

3.097 m.kr. fara til almenns rekstrar, 1.079 m.kr. í rekstrartilfærslur og 235 m.kr. í viðhald og stofnkostnað. Hækkun umfram launa- og verðlagsbætur er 79 m.kr. sem skýrist m.a. af stofnun nýrra sambýla í Reykjavík og aukinni þjónustu á öðrum svæðum.

700 Málefni fatlaðra. Útgjöld fjárlagaliðarins eru 62,7 m.kr. og lækka um 210 m.kr. vegna millifærslna á aðra liði í þessum málefnaflokki. Á móti kemur 14 m.kr. hækkun framlags til að ganga til samninga við sveitarfélög og einkaaðila um þjónustukaup en þar á meðal eru Akureyrarbær, Félagsþjónusta Reykjavíkur, Vestmannaeyjabær og Héraðsnefnd Þingeyinga. Að öðru leyti skýrast breytingar á liðnum af launa- og verðlagsbótum.

701–708 Málefni fatlaðra. Útgjöld á fjárlagaliðum svæðisskrifstofa eru áætlaðar 3.243,1 m.kr. að frádregnum sértekjum en eru 2.582,4 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkunin nemur 444,5 m.kr. að frátöldum 216,2 m.kr. sem eru millifærðar af öðrum liðum innan málaflokksins. Auk launa- og verðlagsbóta, sem eru 383,8 m.kr., hækka framlög til svæðisskrifstofa í heild um 60,7 m.kr. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 23 m.kr. til tveggja nýrra sambýla í Reykjavík sem taka til starfa síðari hluta árs 2002 en samið hefur verið við Öryrkjabandalag Íslands um byggingu þeirra. Þá er lagt til að 21,5 m.kr. verði varið til að styrkja rekstur Svæðisskrifstofunnar í Reykjavík. Jafnframt er gert ráð fyrir um 26,2 m.kr. til verkefna á Vestfjörðum, Reykjanesi, Vesturlandi, Austurlandi og Suðurlandi, m.a. til að efla skammtímavistun, dagvist og verndaða vinnustaði. Felld er niður 10 m.kr. tímabundin fjárveiting vegna samnings við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða sem náði til eins árs.

711 Styrktarfélag vangefinna. Fjárveiting á þessum fjárlagalið nemur 389,3 m.kr. og hækkar um 38,2 m.kr. Hækkun launa- og verðbóta, svo og endurmat launaforsendna samkvæmt kjarasamningum, er 60,3 m.kr. Þá er 11,2 m.kr. framlag vegna samnings við félagið um þjónustu við fatlaða og 6,6 m.kr. til að mæta greiðslum í barnsburðarleyfum sem til var stofnað áður en fæðingarorlofssjóður varð til. Á móti kemur að 39,9 m.kr. flytjast til svæðisskrifstofu Reykjavíkur en í samningi við félagið var ákveðið að starfsemi skammtímavistana flyttist þangað.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Útgjöld stofnunarinnar eru 152,5 m.kr. og hækka um 14,2 m.kr. umfram launa- og verðlagsbætur. Frumvarpið gerir ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til að styrkja þjónustu stofnunarinnar og draga úr bið eftir þjónustu. Þá er gert ráð fyrir 4,5 m.kr. til að mæta veikleikum í rekstri stöðvarinnar og 2,5 m.kr. sem tímabundnu framlagi til endurnýjunar á búnaði og hjálpartækjum. Loks eru 2,2 m.kr. til að mæta greiðslum í barnsburðarleyfum sem til var stofnað áður en fæðingarorlofssjóður varð til.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Framlag til sjóðsins er 235 m.kr. sem er óbreytt frá fyrra ári. Á árinu 2002 er áformað 86,3 m.kr. framlag úr sjóðnum til byggingar nýs sambýlis að Jöklaseli 2, Reykjavík en þegar hefur verið varið 9,7 m.kr. til þessa verkefnis eða alls 96 m.kr. sem er stofnkostnaður samkvæmt frumathugun. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður verði um 35 m.kr. á ári.

Sveitarfélög

Eftirfarandi fjárlagaliður telst til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Heildargjöld eru áætluð 5.142 m.kr. en eru 5.800 m.kr. í fjárlögum 2001. Framlög til málefnaflokksins lækka um 658 m.kr. þar sem niður falla tímabundin framlög að fjárhæð 965 m.kr. en á móti kemur 307 m.kr. hækkun framlaga.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Útgjöld til sjóðsins nema 5.142 m.kr. en eru 5.800 m.kr. í fjárlögum 2001 sem er 658 m.kr. lækkun milli ára. Almennt rekstrarframlag til sjóðsins er áætlað 5.141 m.kr., þar af eru 4.814,5 m.kr. til viðfangsefnis *1.10 Jöfnunarsjóður*. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með þrennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 2.590,5 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 1,4% af innheimtum tekjum ríkisins af beinum og óbeinum sköttum. Í öðru lagi er 1.185 m.kr. framlag sem er 0,64% af sama skattstofni sem skal varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Loks er 1.039 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Lögbundin framlög til sjóðsins eru 4.529 í fjárlögum ársins 2001 og hækka um 285,5 m.kr. á milli ára. Á þessu viðfangsefni fellur niður 700 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í kjölfar samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga og í samræmi við tillögur tekjustofnanefndar sem skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra á síðasta ári. Útgjöld á viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga* lækka því í heild um 414,5 m.kr. Framlag til viðfangsefnis *1.12 Jöfnun húsaleigubóta* er 326,5 m.kr. en samkvæmt samkomulagi, sem gert var á milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga í desember 1997, skal fjárhæðin taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Þá fellur niður 265 m.kr. framlag á viðfangsefni *6.21 Einsetning grunnskóla* en samkomulag var um að ríkissjóður veiti árlega allt að 265 m.kr. fram til ársins 2001 til að styrkja sveitarfélög við að koma á einsetningu grunnskóla.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 972 Bjargráðasjóður; 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlofssjóður. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 6.936,6 m.kr. í

frumvarpinu en eru 4.966 m.kr. í fjárlögum 2001 og nemur hækkunin 1.970,6 m.kr. Meginbreytingar skýrast annars vegar af hækkun framlaga til Fæðingarorlofssjóðs og hins vegar lækkun framlaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bjargráðasjóður Íslands	30,0	30,0	10,0	-66,7	-66,7
Vinnumálastofnun	134,1	145,8	153,3	5,1	14,3
Vinnumál	29,5	28,7	30,8	7,3	4,4
Ábyrgðasjóður launa	104,2	103,0	223,0	116,5	114,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.288,5	2.240,0	1.856,0	-17,1	44,0
Félagsmálaskóli alþýðu	21,6	22,0	23,0	4,5	6,5
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	3,8	27,5	29,5	7,3	-
Fæðingarorlof	331,4	2.369,0	4.611,0	94,6	-
Samtals	**1.943,1**	**4.966,0**	**6.936,6**	**39,7**	**257,0**

972 Bjargráðasjóður. Heildargjöld eru áætluð 10 m.kr. og lagt er til að niður falli 20 m.kr. tímabundið framlag til sjóðsins þar sem ekki er fyrirsjáanlegt tjón vegna kals. Á árinu 2000 og 2001 var framlag Bjargráðasjóðs aukið um 15 m.kr. vegna mikils kals í túnum en ekki er lengur þörf á þeirri fjárveitingu.

980 Vinnumálastofnun. Heildarútgjöld eru áætluð 342,4 m.kr. en frá dragast 189,1 m.kr. sem eru sértekjur stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Framlag úr ríkissjóði er því 153,3 m.kr. Útgjöld stofnunarinnar lækka að raungildi um 7,8 m.kr. ef frá eru taldar launa- og verðlagsbætur sem eru 15,3 m.kr. Breytingarnar skýrast af 5 m.kr. framlagi til að efla svæðisvinnumiðlun í Vestmannaeyjum vegna aukinna verkefna þar. Þá er felld niður 10 m.kr. tímabundin heimild frá fyrra ári til húsnæðiskaupa á Austurlandi. Mismunurinn skýrist af almennri hagræðingarkröfu sem gerð er til stofnunarinnar.

981 Vinnumál. Heildargjöld eru áætluð 30,8 m.kr. og hækka um 2,1 m.kr. sem nemur launa- og verðlagsbótum.

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins verði 303 m.kr. en þau voru 103 m.kr. í fjárlögum árið 2001. Áætlað er að sjóðurinn hafi 80 m.kr. vaxtatekjur af inneign markaðra tekna og gjöld umfram tekjur nemi 223 m.kr. Áætlað er fyrir 200 m.kr. framlagi til að mæta útgjaldaþörf sjóðsins. Sjóðurinn er annars fjármagnaður með tekjum af ábyrgðargjaldi atvinnurekenda og er gjaldstofn sá sami og stofn tryggingagjalds. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni skal ákveðið með reglugerð um ábyrgðargjald atvinnurekenda sem félagsmálaráðherra setur fyrir hvert ár í senn. Hlutfall ábyrgðargjalds af gjaldstofni var 0,04% árið 2001 og er gert ráð fyrir óbreyttu hlutfalli.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Útgjöld sjóðsins eru samkvæmt frumvarpinu 2.302 m.kr. en eru 2.284 m.kr. í fjárlögum ársins. Frá dragast sértekjur sjóðsins, 446 m.kr., sem eru að stærstum hluta vaxtatekjur af inneign markaðra tekna og eru nú færðar til samræmis við ríkisreikning. Framlag til sjóðsins úr ríkissjóði er því áætlað 1.856 m.kr. Í forsendum fjárlaga árið 2001 var gert ráð fyrir 1,8% atvinnuleysi í samræmi við þjóðhagsspá. Í lok ágúst 2001 var atvinnuleysi í landinu í heild hins vegar 1,4% síðastliðna 12 mánuði. Í forsendum fjárlaga 2002 er búist við að atvinnuleysi aukist heldur á árinu 2002 frá því sem verið hefur síðustu 12 mánuði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	1.171,9	1.590,0	1.605,0	0,9	37,0
Umsýslukostnaður Vinnumiðlunar	53,0	55,0	56,0	1,8	5,7
Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana	106,0	110,0	112,0	1,8	5,7
Styrkir til fiskvinnslustöðva	141,8	133,0	143,0	7,5	0,8
Kjararannsóknarnefnd	21,8	27,0	27,0	0,0	23,9
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	62,1	115,0	112,0	-2,6	80,4
Framlög og styrkir	18,6	139,0	132,0	-5,0	-
Starfsmenntasjóðir	60,1	60,0	60,0	0,0	-0,2
Rekstur úthlutunarnefnda	47,1	55,0	55,0	0,0	16,8
Vaxtatekjur	-18,2	-0,3	-46,0	-	-
Samtals	**1.664,2**	**2.283,7**	**2.256,0**	**-1,2**	**35,6**

989 Fæðingarorlofssjóður. Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 taka til réttar foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs og til réttar foreldra utan vinnumarkaðar og foreldra í námi til fæðingarstyrks. Með lögunum er gert ráð fyrir framlögum til að bæta rétt foreldra til fæðingarorlofs og tryggja jafnan rétt karla og kvenna til fæðingarorlofs í áföngum til ársins 2003. Lögin auka því verulega réttindi foreldra og eru þeim sem eru á vinnumarkaði tryggðar fæðingarorlofsgreiðslur sem nema 80% af launum. Samkvæmt lögunum skal Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi sem eru á innlendum vinnumarkaði en greiðslur til foreldra utan vinnumarkaðar koma úr ríkissjóði. Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með 0,85% af gjaldstofni til tryggingagjalds, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Á viðfangsefni *1.11 Fæðingarorlofssjóður* eru færðar áætlaðar greiðslur vegna fæðingarorlofs fólks á vinnumarkaði og eru þær áætlaðar 4.155 m.kr. Á viðfangsefni *1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar* er áætlað fyrir greiðslum ríkisins til foreldra utan vinnumarkaðar og til námsmanna, alls 456 m.kr. Þá taka ákvæði um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs gildi í áföngum og verða að fullu komin til framkvæmda árið 2003. Sjóðurinn hóf starfsemi sína í upphafi árs 2001 og árið 2002 er því fyrsta starfsár hans þar sem útgjöld koma að fullu fram. Þar til viðbótar kemur einn mánuður í rétti föður til töku fæðingarorlofs. Þessar breytingar

skýra hækkun útgjalda frá 2001. Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof er gert ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður verði í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sjái um reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 950 Rekstrarhagræðing, 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Hér er einnig gerð grein fyrir liðnum 205 Leiguíbúðir. Útgjöld málaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 367 m.kr. og hækka um 35 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Frumvarpið áætlar fyrir 60 m.kr. framlagi til niðurgreiðslna vaxta vegna leiguíbúða í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra í júlí sl. um átak til að bæta ástand á leigumarkaði. Annars vegar gerir samkomulagið ráð fyrir að aflað verði lánsfjárheimilda í fjárlögum til átaks um byggingu allt að 400 leiguíbúða á ári á 3,5% breytilegum vöxtum en gert verði þó ráð fyrir eðlilegu svigrúmi í fjölda íbúða á milli ára. Lánin verði veitt sveitarfélögum, félögum fatlaðra, öryrkja, aldraðra og námsmanna er leigja íbúðirnar til þeirra er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Hins vegar er gert ráð fyrir lánsheimildum til byggingar eða kaupa allt að 150 leiguíbúða á ári í 4 ár á 4,5% breytilegum vöxtum. Með endurskoðun reglugerða um lánveitingar vegna leiguíbúða skal skilgreina nánar skilmála einstakra lánaflokka og m.a. hverjir hljóti lán úr þessum flokki og skilyrði leigu. Samkomulag ráðherranna gerir ráð fyrir að leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög um að þau taki þátt í umræddu átaki. Gert er ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamunar þessara lána sem taki mið af inn- og útlánsvöxtum Íbúðalánasjóðs hverju sinni og stöðu útlána.

Á lið 999 Félagsmál, ýmis mál er gert ráð fyrir 46 m.kr. tímabundinni fjárveitingu á viðfangsefni *1.49 Móttaka flóttamannahópa*. Gert er ráð fyrir að tekið verði á móti 25 manns. Auk þess er gert ráð fyrir að greiða upp kostnað vegna fyrri verkefna. Þá er bakfært 2 m.kr. mótframlag á viðfangsefni *1.60 Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna* sem lagt var tímabundið til verkefnis er fólst í gerð upplýsingaveitu fyrir almenning á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins á lið 07-996-651 þar sem verkefninu er lokið. Enn fremur er farið fram á 0,5 m.kr. til *1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum* þar sem árlegur rekstrarkostnaður fjölmenningarsetursins er nokkru meiri en ætlað var. Þá fellur niður 10 m.kr. tímabundin fjárveiting til Blindrafélagsins vegna kaupa á burstavél. Í öðru lagi falla niður 7,6 m.kr. á viðfangsefni *1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1990, um félagsþjónustu sveitarfélaga* vegna endurgreiðslu á veittri aðstoð sveitarfélaga við erlenda ríkisborgara. Loks fellur niður 5 m.kr. tímabundin fjárveiting frá fyrra ári til endurhæfingarheimilisins Krossgatna og sama fjárhæð til líknarfélagsins Byrgisins.

Áætlað er fyrir 7 m.kr. fjárveitingu til liðarins 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um

verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna félagsmálaráðuneytis hækkar um 3 m.kr. og verður samtals 7 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. til verkefnisins Upplýsingatækni í allra þágu: Aðlögun tölva að þörfum fatlaðra, 2,5 m.kr. eru ætlaðar til að mæta kostnaði við verkefni er tengist gerð fjölskylduvefs og loks 1,5 m.kr. til að koma upp upplýsingaveitu fyrir útlendinga á Íslandi.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	34.607,8	34.560,2	38.069,5	10	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	42.232,3	43.501,0	49.330,9	13	17
Stofnkostnaður og viðhald	1.638,8	1.811,5	1.804,1	0	10
Samtals	**78.478,9**	**79.872,7**	**89.204,5**	**12**	**14**
Greitt úr ríkissjóði	-	79.726,5	89.055,4	12	-
Innheimt af ríkistekjum	-	121,2	124,1	2	-
Viðskiptahreyfingar	-	25,0	25,0	0	-
Samtals	-	**79.872,7**	**89.204,5**	**12**	-

Heildargjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 92.607 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.402,5 m.kr. sem eru 3,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 89.204,5 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 89.055,4 m.kr. greiddur með beinu framlagi úr ríkissjóði og 124,1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 25 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 38.069,5 m.kr. og hækka um 172,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs umfram launa- og verðlagshækkanir sem eru 3.336,8 m.kr. Að frátöldum hagræðingarkröfum, sem eru 503,4 m.kr., og launa- og verðlagsbótum, hækka framlög til sjúkrastofnana um 564,7 m.kr., 76,5 m.kr. til heilbrigðisstofnana, 31,2 m.kr. til heilsugæslu. Af framlögum til sjúkrastofnana vegur þyngst 832 m.kr. framlag sem er millifært af lyfjalið sjúkratrygginga til Landspítala-háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til greiðslu svokallaðra S-merktra lyfja en eftir breytinguna greiða sjúkrastofnanirnar sjálfar fyrir lyfin. Af framlögum til heilbrigðisstofnana vega þyngst samtals 63 m.kr. framlög til heilbrigðisstofnana á Suðurnesjum, Akranesi, Selfossi

og Austurlandi. Af framlögum til heilsugæslu vegur þyngst 37 m.kr. óskipt framlag til að auka framboð þjónustu og stytta biðtíma. Á móti koma niðurfelld tímabundin verkefni hjá sjúkrastofnunum.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 5.829,9 m.kr. sem er 2.167,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar og verður 49.330,9 m.kr. Að frátöldum hagræðingarkröfum, sem nema 208 m.kr., vegur þyngst 1.869 m.kr. hækkun til tryggingamála og þar af má rekja um 1.600 m.kr. til lagabreytinga um hækkun á greiðslum til elli- og örorkulífeyrisþega sem tóku gildi á árinu. Þá hækkar framlag til rekstrar sjúkrastofnana um 447 m.kr. sem skýrist að mestu af heilsársrekstri nýs hjúkrunarheimilis, Sóltúns í Reykjavík.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 1.804,1 m.kr. og er það 7,4 m.kr. lækkun milli ára. Framlög aukast um 98,6 m.kr. en lækka á móti um 106 m.kr. til að mæta þeim aðhaldsmarkmiðum sem sett hafa verið. Þyngst vegur 135 m.kr. framlag til Landspítala-háskólasjúkrahúss til byggingar barnaspítala á árinu 2002 en fyrirhugað er að ljúka framkvæmdum í byrjun árs 2003. Á móti kemur 39 m.kr. lækkun annarra nýframkvæmda við spítalann.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 106 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 711 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 350 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan. Vakin er athygli á að í henni eru heilbrigðisstofnanirnar á Akranesi, Selfossi og Suðurnesjum taldar með sjúkrastofnunum.

Útgjöld heilbrigðisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	296	299	302	305
Tryggingamál	43.489	45.261	47.088	48.997
Sjúkrastofnanir	33.941	34.634	35.384	36.341
Heilbrigðisstofnanir	6.549	6.745	6.947	7.156
Heilsugæsla	3.607	3.703	3.802	3.904
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	520	520	525	530
Annað	802	802	805	808
Samtals	**89.204**	**91.964**	**94.853**	**98.041**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að framlög til tryggingamála aukist að jafnaði um 4% á ári. Skýrist það einkum af því að reiknað er með að árleg fjölgun bótaþega lífeyrisbóta og félagslegrar aðstoðar verði 3,5%, árleg aukning sjúkratrygginga verði 5% og lyfjaútgjalda 7% og er það í samræmi við auknar komur til sérfræðinga utan sjúkrahúsa og aukið vægi lyfja í meðferð. Í öðru lagi er í spánni miðað við að þjónusta sjúkrastofnana, heilbrigðisstofnana, hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva vaxi árlega um 3% að meðaltali. Þá er gert ráð fyrir að árleg aukning í þjónustu eftirlitsstofnana verði 1%. Loks má nefna að í spánni er gert ráð fyrir að á tímabilinu falli niður 420 m.kr. framlag til byggingar barnaspítala árið 2002 og 160 m.kr. lokaframlag árið 2003.

Helstu breytingar frá langtímahorfunum, sem kynntar voru í frumvarpi til fjárlaga árið 2001, eru að nú er gert ráð fyrir að lyfjaútgjöld vaxi árlega um 7% í stað 5% í fyrri áætlun. Þá er vakin athygli á að nokkur hækkun hefur orðið á útgjöldum almannatrygginga vegna lagabreytinga á yfirstandandi ári en að öðru leyti eru forsendur um árlega aukningu næstu ára óbreyttar.

Skuldbindandi samningar

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	94,6	105,1	105,1	105,1	0,0
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	177,2	191,8	191,8	0,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Lundur, öldrunarþj.	A	75,5	83,2	0,0	0,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Hulduhlíð, öldrunarþj.	A	59,2	64,6	0,0	0,0	0,0
Dvalar- og hjúkrunarh. Hornbrekka, öldrunarþj.	A	71,3	78,4	0,0	0,0	0,0
Dvalar- og hjúkurnarh. Naust, öldrunarþjónusta	A	24,8	27,4	0,0	0,0	0,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	285,7	315,6	315,6	315,6	0,0
Reykjalundur	A	0,0	818,7	818,7	818,7	0,0
Öldungur hf., öldrunarþjónusta	A	0,0	588,9	588,9	588,9	0,0
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	333,0	362,7	0,0	0,0	0,0
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	208,0	258,6	0,0	0,0	0,0
Sveitarfélagið Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	130,0	142,9	0,0	0,0	0,0
Sveitarfélagið Hornafjörður, rekstur heilsugæslu	A	54,7	67,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisþjónusta í fangelsum í Reykjavík	A	7,4	7,4	7,4	7,4	0,0
Akureyrarbær, fangar	A	0,9	0,9	0,9	0,9	0,0
Sjúkraflutningar í Árnessýslu	A	15,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	34,0	34,0	34,0	0,0	0,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	33,0	33,0	33,0	33,0	0,0
Sjúkraflutningar á höfuðvorgarsvæðinu	A	148,5	0,0	0,0	0,0	0,0
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutninga	A	52,2	52,2	52,2	52,2	52,2
Íslandsflug - sjúkraflug á Vestfj. - og suðursvæði	A	34,3	36,5	0,0	0,0	0,0
Flugfélag Íslands - sjúkraflug á Norðursvæði	A	46,7	49,7	49,7	0,0	0,0
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	11,0	11,7	11,7	1,0	0,0
Heilsugæslustöðin Lágmúla, rekstur heilsugæslu	A	83,2	104,4	0,0	0,0	0,0
Læknavaktin ehf, rekstur heilsugæslu	A	143,3	187,1	187,1	187,1	187,1
Geislavarnir	C	26,1	26,1	0,0	0,0	0,0
Samstafsamningur um heilbrigðistækni	C	3,1	3,1	0,0	0,0	0,0
Hjartavernd, hóprannsóknir	C	29,2	31,1	31,1	31,1	31,1
Heilbrigðisstofnunin Akranesi, rekstur	C	862,0	994,1	994,1	0,0	0,0
St. Franciskusspítali, rekstur	C	214,0	247,5	247,5	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, rekstur	C	143,0	163,7	163,7	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ, rekstur	C	0,0	568,3	568,3	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík, rekstur	C	0,0	99,8	99,8	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, rekstur	C	0,0	86,6	86,6	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, rekstur	C	0,0	184,8	184,8	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, rekstur	C	0,0	265,8	265,8	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, rekstur	C	0,0	543,9	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, rekstur	C	0,0	269,6	269,6	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, rekstur	C	467,0	556,4	556,4	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnun Austurlands, rekstur	C	897,0	1.060,4	1.060,4	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	C	0,0	442,2	442,2	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Selfossi, rekstur	C	566,0	653,0	653,0	0,0	0,0
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum, rekstur	C	680,0	842,1	842,1	0,0	0,0
Samtals		**6.011,4**	**10.660,4**	**8.861,6**	**2.141,0**	**270,4**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 6.011 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér að framan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2002, nema árið 2001, og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í einstaka samningum, taka breytingum.

Samningar, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga, eru merktir með bókstafnum A í töflunni og kostnaður vegna þeirra áætlaður 2.124 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að eru merktir með bókstafnum C og eru þær skuldbindingar áætlaðar 3.887 m.kr. Ráðuneytið hefur gert árangursstjórnunarsamninga við flestar heilbrigðisstofnanir sem tóku gildi á yfirstandandi ári eða taka gildi í upphafi næsta árs og eru þeir merktir C. Þá falla úr gildi nokkrir samningar en gera má ráð fyrir að þeir sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði a.m.k. 1.100 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga auk þess sem nokkrir nýir eru í undirbúningi. Þar skal fyrst nefna samninga við Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og Sjónstöð Íslands. Þá er stefnt að gerð þjónustusamnings við Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið um rekstur sjúkrastofnana þeirra. Enn fremur renna út samningar um sjúkraflutninga og er stefnt að endurnýjun þeirra. Loks er stefnt að þjónustusamningum við Akureyrarbæ og Sveitarfélagið Hornafjörð um verkefni sem áður voru unnin sem reynslusveitarfélagsverkefni.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbr.- og tryggingamálarn., aðalskrifstofa	252,0	253,5	287,9	13,6	14,2
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**252,0**	**261,5**	**295,9**	**13,2**	**17,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 15,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 19,2 m.kr. Hækkunin

skýrist af 20 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins og verður m.a. lögð sérstök áhersla á stefnumörkun og eftirfylgni mála með fjölgun starfsfólks í yfirstjórn. Þá fellur niður 2,1 m.kr. tímabundið framlag til birtingar ESB-reglugerða um almannatryggingar í Stjórnartíðindum auk þess sem framlög aðalskrifstofa lækka um 2,7 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Tryggingastofnun ríkisins; 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 204 Lífeyristryggingar; 206 Sjúkratryggingar; 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva; 208 Slysatryggingar; 209 Sjúklingatryggingar og 214 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	663,4	665,7	693,7	4,2	4,6
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.443,0	5.855,0	6.453,0	10,2	18,6
Lífeyristryggingar	20.258,0	19.220,0	22.709,0	18,2	12,1
Sjúkratryggingar	10.873,2	11.300,9	12.043,0	6,6	10,8
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	0,0	744,0	759,0	2,0	-
Slysatryggingar	521,2	580,0	568,0	-2,1	9,0
Sjúklingatryggingar	0,0	68,1	68,1	0,0	-
Eftirlaunasjóður aldraðra	199,9	170,3	195,3	14,7	-2,3
Samtals	**37.958,7**	**38.604,0**	**43.489,1**	**12,7**	**14,6**

Greiðslur almannatrygginga hækkuðu um 4% 1. janúar sl. og jafnframt hækkuðu frítekjumörk um 6,6% þann 1. september en Tryggingastofnun ríkisins endurskoðar ár hvert tekjuviðmið sín vegna greiðslu bóta almannatrygginga. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um rúm 7% í upphafi næsta árs. Útgjöld tryggingamála eru áætluð 43.489,1 m.kr. en eru 38.604 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkun frá fjárlögum er því 4.885 m.kr. sem er 12,7%.

Tryggingastofnun ríkisins greiddi 1. febrúar sl. auknar bætur til öryrkja samkvæmt nýjum lögum nr. 3/2001, um breytingar á lögum um almannatryggingar sem höfðu áhrif á bótagreiðslur til um 10% öryrkja. Þá voru greiddar út bætur fyrir febrúarmánuð auk leiðréttingar á bótum tekjutrygginga fyrir janúarmánuð. Lögin voru sett í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 125/2000 þar sem viðurkennt er að Tryggingastofnun ríkisins hafi verið óheimilt að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap frá árinu 1994. Þann 1. apríl voru greiddar út samtals 1.310 m.kr. til leiðréttingar á tekjutryggingu örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega fyrir árin 1997, 1998, 1999 og 2000.

Með lögum nr. 9/2001 voru ellilífeyrisþegum tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum frá síðustu áramótum að telja.

Með lögum nr. 93/2001 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar sem snerta greiðsluflokka elli- og örorkulífeyrisþega. Tóku breytingarnar gildi um mitt ár. Má þar nefna niðurfellingu hjónalífeyris, hækkun á tekjumarki tekjutryggingar og niðurfellingu á sérstöku tekjumarki vegna lífeyrissjóðstekna. Þá fellur niður greiðsluflokkurinn sérstök heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og í hans stað kemur nýr flokkur, tekjutryggingarauki lífeyristrygginga. Við útreikning tekjutryggingar og heimilisuppbótar munu atvinnutekjur öryrkja vega 60% í stað 100% áður. Áætlað er að þær breytingar kosti 1.350 m.kr. á ári.

201 ***Tryggingastofnun ríkisins.*** Heildarútgjöld yfirstjórnar tryggingamála eru áætluð 783,7 m.kr. en frá dragast sértekjur að fjárhæð 90 m.kr. Útgjöld umfram tekjur eru því 693,7 m.kr. Ef frá eru taldar launa- og verðlagsbætur, sem eru 46,4 m.kr., lækkar liðurinn á milli ára um 18,4 m.kr. Þyngst vegur sú breyting að 12,2 m.kr. þóknun til sýslumanna vegna umboðsstarfa þeirra verða eftirleiðis greidd sem laun úr launakerfi ríkisins í samræmi við úrskurð kjaranefndar og lækkar liðurinn sem því nemur. Að öðru leyti skýrist lækkunin af aðhaldsmarkmiðum.

203 ***Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld til bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 6.453 m.kr. en eru 5.855 m.kr. í fjárlögum 2001. Niður fellur viðfangsefnið *1.45 Sérstök heimilisuppbót* og í þess stað kemur *1.26 Tekjutryggingarauki* undir liðnum 204 Lífeyristryggingar. Það er í samræmi breytingu á lögum um almannatryggingar. Hækkun liðsins skýrist að mestu af fjölgun bótaþega og launa- og verðlagsbreytingum en gert er ráð fyrir um 100-120 m.kr. hækkun á viðfangsefninu *1.31 Endurhæfingarlífeyrir* fyrir áhrif lagabreytinga á miðju ári. Þá hækkar viðfangsefnið *1.51 Uppbætur* einkum vegna 24% hækkunar á bensínstyrk frá 1. október 2000 en útgjaldaaukning er áætluð 80 m.kr. á ársgrundvelli.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	219,1	240,0	268,0	11,7	22,3
Umönnunarbætur	710,4	760,0	900,0	18,4	26,7
Makabætur	31,2	30,0	32,0	6,7	2,6
Ekkju- og ekklabætur	57,5	70,0	75,0	7,1	30,4
Endurhæfingarlífeyrir	268,0	235,0	365,0	55,3	36,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	58,4	70,0	75,0	7,1	28,4
Heimilisuppbót	1.678,4	1.820,0	2.058,0	13,1	22,6
Sérstök heimilisuppbót	144,9	160,0	0,0	-100,0	-100,0
Uppbætur	2.134,7	2.330,0	2.530,0	8,6	18,5
Bifreiðakaupastyrkir	140,4	140,0	150,0	7,1	6,8
Samtals	**5.443,0**	**5.855,0**	**6.453,0**	**10,2**	**18,6**

204 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 22.709 m.kr. á árinu 2002 en voru 19.220 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkun milli ára á þessum lið er 3.489 m.kr. sem er 2.105 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Þar af má ætla að áhrif fyrrgreindra lagabreytinga á miðju ári skýri um 1.300 m.kr. Má ætla að tekjutryggingarauki hækki um ríflega helming þeirra fjárhæðar en tæpur helmingur skiptist nokkurn veginn jafnt milli grunnlífeyris og tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Hafa verður nokkurn fyrirvara á þessari skiptingu þar sem ekki er að fullu ljóst hvernig hækkunin kemur til með að skiptast á einstaka bótaflokka. Viðfangsefnið *1.26 Tekjutryggingarauki* er nýtt og kemur í stað sérstakrar heimilisuppbótar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	5.004,5	5.370,0	6.260,0	16,6	25,1
Örorkulífeyrir	1.980,8	2.130,0	2.433,0	14,2	22,8
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	6.507,1	7.090,0	8.040,0	13,4	23,6
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.647,6	2.840,0	3.728,0	31,3	2,2
Tekjutryggingarauki	0,0	0,0	672,0	-	-
Örorkustyrkir	144,0	160,0	172,0	7,5	19,4
Barnalífeyrir	1.079,8	1.160,0	1.329,0	14,6	23,1
Fæðingarorlof	1.638,4	410,0	0,0	-100,0	-100,0
Annað	255,8	60,0	75,0	25,0	-70,7
Samtals	**20.258,0**	**19.220,0**	**22.709,0**	**18,2**	**12,1**

206 Sjúkratryggingar. Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 12.043 m.kr. en eru 11.300 m.kr. í fjárlögum 2001 sem er 6% hækkun á milli ára. Lyfjakostnaður er áætlaður 5.116 m.kr. en var í fjárlögum árið 2001 4.755 m.kr. Í forsendum fjárlagafrumvarps er tekið mið af áhrifum gengis á lyfjaverð. Millifærðar eru 793 m.kr. af lyfjakostnaði sjúkratrygginga á lið 08-373 Landspítala-háskólasjúkrahús og 39 m.kr. á 08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri eða samtals 832 m.kr. vegna svokallaðra S-merktra lyfja sem eru eingöngu notuð á sjúkrastofnunum, heilsugæslustöðvum, lækningastofum og aðgerðastofum eða undir eftirliti sérfræðinga við sjúkrahústengda meðferð. Breytingin er í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 948/2000, um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, sem tók gildi í ársbyrjun 2001 þar sem æskilegt er talið að saman fari fjárhagsleg og fagleg ábyrgð á notkun þessara lyfja. Eftir breytinguna taka sjúkrahúsin að sér að greiða fyrir lyfin samkvæmt samkomulagi við Tryggingastofnun ríkisins. Að meðtöldum framlögum til sjúkrahúsanna hækka lyfjaútgjöld frá fjárlögum 2001 um 25,1%. Í frumvarpinu er lækniskostnaður áætlaður 2.632 m.kr. að meðtalinni 125 m.kr. lækkun sem heilbrigðisráðuneyti áformar að ná fram til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Á miðju ári urðu breytingar á greiðslum fyrir röntgenþjónustu og þjónustu klínískra sérfræðilækna til að mæta ört vaxandi kostnaði við þessa

þjónustu. Breytingarnar felast m.a. í að hlutfallsgreiðslur koma í stað fastagjalds fyrir röntgenrannsóknir, hækkun komugjalda til sérfræðinga, þök vegna hámarksgreiðslu hækkuðu, svo og þök vegna afsláttarskírteina en þau hafa verið óbreytt frá 1993. Aðrar breytingar má rekja til fjölgunar bótaþega og gengis- og verðlagsbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	2.404,0	2.480,0	2.632,0	6,1	9,5
Lyf	4.725,5	4.755,0	5.116,0	7,6	8,3
Hjálpartæki	824,1	940,0	992,0	5,5	20,4
Hjúkrun í heimahúsum	93,2	100,0	107,0	7,0	14,8
Þjálfun	811,0	865,9	916,0	5,8	12,9
Tannlækningar	962,0	1.070,0	1.109,0	3,6	15,3
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	107,0	140,0	146,0	4,3	36,4
Brýn meðferð erlendis	543,6	500,0	513,0	2,6	-5,6
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	103,6	110,0	143,0	30,0	38,0
Sjúkradagpeningar	218,5	250,0	245,0	-2,0	12,1
Annað	80,7	90,0	124,0	37,8	53,7
Samtals	**10.873,2**	**11.300,9**	**12.043,0**	**6,6**	**10,8**

207 ***Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.*** Áætlaðar greiðslur til þessa liðar verða 759 m.kr. sem er óbreytt framlag milli ára að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga. Útgjöldin voru áður færð undir sjúkratryggingar og er ætlað að standa undir greiðslum vegna röntgen- og blóðmeinarannsókna sjúkrahúsanna í Reykjavík.

208 ***Slysatryggingar.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga verði 568 m.kr. árið 2002 en þau voru 580 m.kr. í fjárlögum 2001. Þá er gert ráð fyrir að *1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar* lækki um 42 m.kr. að mestu fyrir áhrif aðhaldsmarkmiða. Hins vegar hækkar viðfangsefnið *1.15 Bætur til framfærslu* um 30 m.kr. Í heild lækkar því framlag úr ríkissjóði um 12 m.kr.

209 ***Sjúklingatryggingar.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlag til sjúklingatrygginga verði 68,1 m.kr. árið 2002 en þetta er nýr bótaflokkur sem stofnaður var með lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, en þau tóku gildi í ársbyrjun 2001.

214 ***Eftirlaunasjóður aldraðra.*** Áætlað er að hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum verði 195,3 m.kr. Þar af verði 170,3 m.kr. greiddar með framlagi úr ríkissjóði og 25 m.kr. með því að sjóðurinn gangi á eigið fé. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 113/1994 og er lífeyrir greiddur til þeirra sem fæddir eru 1914 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins; 330 Manneldisráð og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	161,4	148,0	162,7	9,9	0,8
Héraðslæknir í Reykjavík	22,5	22,3	13,7	-38,6	-39,1
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	10,0	12,9	8,0	-38,0	-20,0
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	118,6	98,7	106,8	8,2	-9,9
Sjónstöð Íslands	53,1	53,4	56,8	6,4	7,0
Geislavarnir ríkisins	34,3	43,9	44,1	0,5	28,6
Manneldisráð	11,9	17,0	18,0	5,9	51,3
Lyfjamál	7,5	0,0	0,0	-	-
Lyfjaeftirlit ríkisins	25,1	0,0	0,0	-	-
Lyfjanefnd	65,7	0,0	0,0	-	-
Lyfjastofnun	0,0	103,4	110,0	6,4	-
Samtals	**510,1**	**499,6**	**520,1**	**4,1**	**2,0**

Heildarútgjöld þessa málefnaflokks eru samkvæmt frumvarpinu 520,1 m.kr. en eru 499,6 m.kr. í fjárlögum 2001 sem er 20,5 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Hækkunin skýrist að mestu af launa- og verðlagsbótum. Helstu raunbreytingar á milli ára eru annars vegar hækkað framlag til landlæknisembættisins og hins vegar 15 m.kr. lækkun framlaga til héraðslæknaembættanna vegna skipulagsbreytinga.

*301 **Landlæknir.*** Útgjöld embættisins eru áætluð 162,7 m.kr. og hækka um 3 m.kr. á milli ára auk launa- og verðlagsbóta. Frumvarpið gerir ráð fyrir 6 m.kr. framlagi til að efla embættið með ráðningu sérmenntaðs heilbrigðisstarfsmanns sem fylgja mun eftir tillögum nefndar sem skipuð var til að koma með tillögur um viðbrögð og aðgerðir til að bregðast við aukinni tíðni sjálfsvíga. Í fjáraukalagafrumvarpi þess árs er leitað eftir 3,8 m.kr. fjárheimild til þessa verkefnis. Þá er fellt niður tímabundið 1,5 m.kr. framlag til sérstakrar kynningar meðal almennings á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn. Loks er 1,5 m.kr. lækkun framlaga vegna aðhaldsmarkmiða.

*324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.*** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld stöðvarinnar verði 139,2 m.kr. en frá dragist 32,4 m.kr. sértekjur. Framlag til rekstrar er því áætlað 106,8 m.kr. sem er 8,1 m.kr. hækkun frá fyrra ári og skýrist hún að öllu leyti af launa- og verðlagsbreytingum. Fjármál og starfsemi stöðvarinnar eru til skoð-

unar í heilbrigðisráðuneyti. Lagt verður fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu í því skyni að bæta þjónustu við heyrnarskerta og þá sem eru með talmein. Í frumvarpinu er m.a. hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar nánar skilgreint auk þess sem lagt er til að stjórnun hennar verði markvissari til þess að rekstur hennar verði framvegis innan ramma fjárlaga.

326 Sjónstöð Íslands. Framlag til stöðvarinnar samkvæmt frumvarpinu er 56,8 m.kr. en er 53,4 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkunin skýrist af launa- og verðlagsbreytingum.

327 Geislavarnir ríkisins. Útgjöld stofnunarinnar eru 44,1 m.kr. að frádregnum 5,6 m.kr. sértekjum. Í fjárlögum 2001 eru útgjöld stofnunarinnar 43,9 m.kr. og hækka um 0,2 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagsbótum sem eru 3 m.kr. Lækkun framlaga um 2,8 m.kr. skýrist annars vegar af niðurfellingu á 2,4 m.kr. tímabundnu framlagi til kaupa á stofnbúnaði til að nota við eftirlit með allsherjarbanni við tilraunum með kjarnavopn sem er fellt niður og hins vegar af aðhaldsmarkmiðum.

330 Manneldisráð. Framlög til ráðsins eru 18 m.kr. sem er óbreytt framlag frá fjárlögum þessa árs að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga og settra aðhaldsmarkmiða.

397 Lyfjastofnun. Heildarútgjöld stofnunarinnar eru 110 m.kr. að frádregnum 5,5 m.kr. sértekjum og er það 6,6 m.kr. hækkun milli ára. Stofnunin er að mestu fjármögnuð af mörkuðum tekjum, þ.e. lyfjaeftirlitsgjaldi, árgjaldi lyfja og leyfisgjöldum sem eru áætlaðar 84,4 m.kr. og tekjum af markaðsleyfum sem eru áætlaðar 14,9 m.kr. Beint framlag úr ríkissjóði umfram markaðar tekjur er því 10,7 m.kr.

Sjúkrastofnanir og heilsugæsla

Undir málaflokkinn falla sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili. Framlög samkvæmt frumvarpinu eru 42.723 m.kr. en eru 38.374,9 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkun frá fjárlögum 2001 er 4.348,1 m.kr. sem eru 662,8 m.kr. umfram launa- og verðlagsbætur og endurmat launaforsendna fjárlaga 2001 vegna kjarasamninga og kjaraúrskurða. Heildargjöld þessara stofnana skiptast þannig að 39.915,1 m.kr. fer til almenns rekstrar og 6.027,2 m.kr. í rekstrartilfærslur. Sértekjur eru áætlaðar 3.219,3 m.kr.

Umfjöllun kaflans er skipt í fimm hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús, í öðrum hluta um heilbrigðisstofnanir, í þeim þriðja um heilsugæslustöðvar sem reknar eru án starfstengsla við sjúkrastofnanir og í fjórða hluta er fjallað um aðrar sjúkrastofnanir, þ.e. hjúkrunarheimili og endurhæfingarstofnanir. Að lokum er fjallað um stofnkostnað og tækjakaup.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahús Suðvesturlandi - deildarskipt sjúkrahús ...	23.062,5	22.984,3	25.268,7	9,9	9,6
Heilbrigðisstofnanir ...	3.645,4	3.821,6	4.217,1	10,3	15,7
Heilsugæslustöðvar ...	3.133,9	3.164,1	3.529,9	11,6	12,6
Aðrar sjúkrastofnanir ...	8.022,0	8.404,9	9.707,3	15,5	21,0
Samtals ...	**37.863,8**	**38.374,9**	**42.723,0**	**11,3**	**12,8**

1. Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús. Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 373 Landspítali - háskólasjúkrahús; 379 Sjúkrahús, óskipt; 400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði; 711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi; 785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi og 791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til þeirra stofnana sem undir kaflann falla og samanburður við reikning 2000 og fjárlög 2001. Heildargjöld þessara stofnana eru 27.563 m.kr. og sértekjur áætlaðar 2.294 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu verða því framlög til þessara stofnana í heild 25.268,7 m.kr. en voru 22.984,3 m.kr. í fjárlögum 2001. Hækkunin nemur því 2.284,4 m.kr. eða 9,9%. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 2.096,6 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ...	2.106,3	2.136,0	2.318,0	8,5	10,1
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, rekstur ...	38,9	130,5	142,3	9,0	265,8
Landspítali - háskólasjúkrahús, rekstur ...	18.380,4	17.921,4	19.863,0	10,8	8,1
Sjúkrahús, óskipt ...	0,0	230,0	96,0	-58,3	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir ...	0,5	20,0	20,0	0,0	-
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ...	471,0	465,8	497,6	6,8	5,6
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ...	853,1	841,9	940,4	11,7	10,2
Heilbrigðisstofnunin Selfossi ...	544,2	558,4	615,2	10,2	13,0
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum ...	668,1	680,3	776,2	14,1	16,2
Samtals ...	**23.062,5**	**22.984,3**	**25.268,7**	**9,9**	**9,6**

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Rekstrarútgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 2.458,5 m.kr. en frá dragast 140,5 m.kr. sértekjur. Gjöld umfram tekjur eru því áætluð 2.318 m.kr. og hækka um 182 m.kr. á milli ára sem skýrist af launa- og verðlagsbreytingum. Til sjúkrahússins eru millifærðar 39 m.kr. af lyfjakostnaði sjúkratryggingar vegna svokallaðra S-merktra lyfja en þau eru eingöngu notuð á sjúkrastofnunum eða undir eftirliti sérfræðings við sjúkrahústengda meðferð. Með þessari breytingu tekur sjúkrahúsið að sér að greiða fyrir lyfin samkvæmt samkomulagi við Tryggingastofnun ríkisins. Vísað er til fjárlagaliðar 206 Sjúkratryggingar varðandi frekari

umfjöllun. Loks er gert ráð fyrir 40 m.kr. lækkun rekstrarframlaga til að mæta aðhaldsmarkmiðum, þar af er gert ráð fyrir að sértekjur sjúkrahússins hækki um 18,5 m.kr. vegna hækkunar á gjaldskrá röntgenrannsókna á sjúkrahúsinu.

*370 **Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.*** Rekstrarviðfangsefni liðarins eru áætluð 142,3 m.kr. en voru 130,5 m.kr. í fjárlögum 2001. Breytingar á liðnum skýrast af 80 m.kr. óskiptu framlagi til að stytta bið eftir liðskiptaaðgerðum á sjúkrahúsum en um 1.100 manns bíða eftir slíkri aðgerð. Gert er ráð fyrir því að fjölga megi aðgerðum á stærstu sjúkrahúsunum um a.m.k. 190 á ári en jafnframt verður að styrkja starf endurhæfingarstofnana svo að þær geti tekið á móti fleiri sjúklingum í endurhæfingu. Þá er áformað að stytta bið eftir bakflæðisaðgerðum með fjölgun aðgerða. Enn fremur er bakfært 1,5 m.kr. framlag af liðnum 996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem tilteknum áfanga í uppbyggingu upplýsingakerfa innan ráðuneytisins er lokið. Loks er fellt niður tímabundið 68 m.kr. framlag til að mæta lokagreiðslu í eldra fæðingarorlofskerfi.

*373 **Landspítali – háskólasjúkrahús.*** Rekstrarútgjöld sjúkrahússins verða samkvæmt frumvarpinu 19.863 m.kr., að frádregnum sértekjum sem eru áætlaðar 1.952 m.kr. Í fjárlögum 2001 eru framlög til sjúkrahússins 17.921,4 m.kr. og hækka því um 1.941,6 m.kr. á milli ára. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 1.638,1 m.kr. Raunhækkun framlaga á milli ára er því 303,5 m.kr. Breytingin skýrist m.a. af 793 m.kr. millifærslu af lyfjakostnaði sjúkratrygginga vegna S-merktra lyfja en þau lyf eru eingöngu notuð á sjúkrastofnunum eða undir eftirliti sérfræðings við sjúkrahústengda meðferð. Með þessari breytingu tekur sjúkrahúsið að sér að greiða fyrir lyfin samkvæmt samkomulagi við Tryggingastofnun ríkisins. Vísað er til fjárlagaliðar 206 Sjúkratryggingar varðandi frekari umfjöllun. Þá er gert ráð fyrir að sértekjur sjúkrahússins hækki um 92 m.kr. vegna hækkunar á gjaldskrá röntgenrannsókna á stofnuninni. Fellt er niður tímabundið 150 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við sameiningu Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Jafnframt er fært til baka 66,6 m.kr. framlag til Hjúkrunarheimilisins Sóltúns en samkomulag varð um að spítalinn annaðist þá sem eru í brýnustu þörf fyrir mikla umönnun þar til Sóltún tæki til starfa. Loks er gerð krafa um að spítalinn hagræði í rekstri sínum um 181 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Framlag til þessa liðar er 96 m.kr. til að mæta veikleikum í rekstri þeirra stofnana ráðuneytisins sem enn hafa ekki náð að laga rekstur sinn að fjárheimildum. Í fjárlögum þessa árs er 230 m.kr. tímabundin fjárheimild til hliðstæðra nota sem fellur niður. Annars vegar er um að ræða niðurfellingu á 200 m.kr. tímabundnu framlagi sem ráðstafað hefur verið til heilbrigðisstofnana sem náðu ekki að laga starfsemi sína að fjárheimildum á árinu 2000. Gerður hefur verið árangursstjórnunarsamningur milli Heilbrigðisstofnananna Akranesi, Selfossi og Suðurnesjum þar sem

skýrt er kveðið á um skyldur stjórnenda að haga rekstri innan fjárheimilda. Þá fellur niður 30 m.kr. tímabundið framlag til greiðslu á uppsöfnuðum halla Landlæknisembættisins sem kemur til greiðslu 2001 hafi nauðsynlegum aðgerðum verið hrint í framkvæmd sem tryggi að reksturinn verði innan fjárheimilda.

Undir þennan kafla falla einnig St. Jósefsspítali, Heilbrigðisstofnunin Akranesi, Selfossi og Suðurnesjum. Útgjöld þessara stofnana í heild verða samkvæmt frumvarpinu 3.030,7 m.kr. en frá dragast sértekjur sem eru áætlaðar 201,3 m.kr. Heildargjöld þessara stofnana umfram sértekjur eru samkvæmt frumvarpinu 2.829,4 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 30 m.kr. framlagi til Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum til rekstrar D-álmu. Loks er lagt til að framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar Akranesi hækki um 20 m.kr. og 8 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi til að styrkja rekstur þeirra þannig að hann rúmist innan ramma fjárlaga.

2. Heilbrigðisstofnanir. Undir þennan kafla falla fjárlagaliðir 715 til 781, þ.e. sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem reknar eru sameiginlega, að frátöldum stofnunum á Suðvesturlandi sem fjallað er um hér að framan. Framlög til stofnana eru sýnd í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
St. Fransiskusspítali	209,8	213,9	235,2	10,0	12,1
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	141,1	143,2	157,9	10,3	11,9
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	447,0	476,9	523,9	9,9	17,2
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	77,2	88,1	96,7	9,8	25,3
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	73,0	77,0	84,5	9,7	15,8
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	154,3	159,2	176,4	10,8	14,3
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	227,4	232,0	256,3	10,5	12,7
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	426,6	471,0	519,8	10,4	21,8
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	219,2	233,5	258,0	10,5	17,7
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	469,5	466,9	515,4	10,4	9,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	860,3	897,4	997,0	11,1	15,9
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	340,0	362,5	396,0	9,2	16,5
Samtals	**3.645,4**	**3.821,6**	**4.217,1**	**10,3**	**15,7**

Heildargjöld þessara stofnana eru 4.469 en sértekjur eru áætlaðar 251,9 m.kr. Í heild eru framlög til framangreindra heilbrigðisstofnana því 4.217,1 m.kr. en eru 3.821,6 m.kr. í fjárlögum 2001. Þau hækka milli ára um 395,5 m.kr. en að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga sem nema 429,9 m.kr. þá er um 34,4 m.kr. raunlækkun að ræða. Helstu breytingar skýrast af 9,3 m.kr. heildarframlagi til stofnananna vegna leiðréttingar til að mæta hækkun á kostnaði vegna námsleyfa lækna. Þá er áætlað fyrir 5 m.kr. framlagi til Heil-

brigðisstofnunar Austurlands til uppbyggingar endurhæfingarstarfsemi í Neskaupstað. Loks lækka framlög til þessara stofnana í heild um 48,7 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða.

3. Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús. Undir þennan kafla falla stofnanir á fjárlagaliðum 500 til 586 og liðurinn 378 Læknishéraðasjóður.

Rekstrarútgjöld heilsugæslunnar utan heilbrigðisstofnana eru samkvæmt frumvarpinu 3.782 m.kr. og skiptast þannig að 3.371,4 m.kr. fara til almenns rekstrar og 410,6 m.kr. í rekstrartilfærslur. Sértekjur eru áætlaðar 252,1 m.kr. Framlög til heilsugæslustöðva eru því 3.529,9 m.kr. en 3.164,1 m.kr. í fjárlögum 2001. Þau hækka því á milli ára um 395,5 m.kr. sem er 60,2 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar.

Helstu breytingar á lið 500 Heilsugæslan, almennt að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum skýrast af 37 m.kr. framlagi til styrktar heilsugæslunni og til að stytta biðtíma með auknu framboði þjónustu, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur eru 5 m.kr. lagðar til liðarins 553 Reynslusveitarfélagið Akureyri til að efla fjölskylduráðgjöf í tengslum við verkefnið „Nýja barnið". Þá eru millifærðar af liðnum 68,5 m.kr. Í fyrsta lagi er bakfært 2,5 m.kr. framlag af lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið þar sem verkefninu er lokið. Í öðru lagi eru millifærðar annars vegar 23,7 m.kr. til heilsugæslustöðva og hins vegar 13,3 m.kr. á heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana til leiðréttingar á auknum kostnaði vegna námsleyfa lækna. Í þriðja lagi er bakfært 19,9 m.kr. framlag til heilsugæslustöðva þar sem fæðingarorlof starfsmanna var ekki í rekstrargrunni heilsugæslustöðva þegar framlag þeirra var lækkað á síðasta ári vegna gildistöku laga um fæðingar- og foreldraorlof. Í fjórða lagi er 1,6 m.kr. framlag til að styrkja rekstur heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási. Loks eru færðar af liðnum 0,9 m.kr. vegna heilbrigðisþjónustu við fanga og 0,6 m.kr. vegna rekstrarleigu á tölvubúnaði.

Á lið 501 Sjúkraflutningar er áætlað fyrir 23,9 m.kr. framlagi vegna samnings við Íslandsflug um sjúkraflug á Vestfjarðasvæði og suðursvæði með sjúkratryggða sjúklinga. Þá er fært 55 m.kr. framlag af lið 510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík á lið 505 Heilsugæsla í Reykjavík en þessari fjárhæð var ráðstafað af safnlið heilbrigðisráðuneytis (08-500) í fjárlögum 2000 til Heilsuverndarstöðvar en var ætlað að mæta rekstrarvanda heilsugæslunnar í Reykjavík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Læknishéraðasjóður	7,2	2,5	2,5	0,0	-65,3
Heilsugæslustöðvar, almennt	18,2	131,5	116,3	-11,6	539,0
Sjúkraflutningar	290,6	363,1	415,9	14,5	43,1
Heilsugæsla í Reykjavík	755,2	679,8	824,6	21,3	9,2
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	402,7	427,9	408,6	-4,5	1,5
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	90,7	83,2	92,5	11,2	2,0
Læknavaktin	154,5	143,4	161,3	12,5	4,4
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	60,8	60,1	67,1	11,6	10,4
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	49,0	44,0	49,2	11,8	0,4
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	25,8	24,4	28,2	15,6	9,3
Heilsugæslustöðin Búðardal	43,6	41,1	45,8	11,4	5,0
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	28,8	25,3	27,9	10,3	-3,1
Heilsugæslustöðin Dalvík	39,8	40,0	44,7	11,8	12,3
Reynslusveitarfélagið Akureyri	262,7	208,0	241,0	15,9	-8,3
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	58,3	54,7	62,3	13,9	6,9
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	20,7	24,9	27,6	10,8	33,3
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	23,0	24,7	27,3	10,5	18,7
Heilsugæslustöðin Rangárþingi	56,4	55,1	61,4	11,4	8,9
Heilsugæslustöðin Laugarási	38,6	37,0	43,8	18,4	13,5
Heilsugæslustöðin Hveragerði	27,1	26,5	29,4	10,9	8,5
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	19,8	22,4	24,9	11,2	25,8
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	175,0	171,4	194,5	13,5	11,1
Heilsugæslustöðin Garðabæ	74,7	77,1	86,6	12,3	15,9
Heilsugæsla í Kópavogi	208,1	207,5	233,8	12,7	12,3
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	117,4	116,6	132,9	14,0	13,2
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	85,2	71,9	79,8	11,0	-6,3
Samtals	**3.133,9**	**3.164,1**	**3.529,9**	**11,6**	**12,6**

4. Aðrar sjúkrastofnanir. Hér undir falla hjúkrunarheimili, þ.m.t. daggjaldastofnanir, endurhæfingarstofnanir og áfengismeðferðarstofnanir, svo og rekstrarleg viðfangsefni á liðnum 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Hér undir fellur einnig liðurinn 499 Hjúkrunarheimili.

Heildarútgjöld stofnana, sem falla undir þennan flokk, eru áætluð 9.707,3 m.kr. að frádregnum 420,7 m.kr. sértekjum en námu 8.404,9 m.kr. í fjárlögum 2001. Gjöldin skiptast þannig að 4.511,9 m.kr. fara til almenns rekstrar og 5.616,1 m.kr. í rekstrartilfærslur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framkvæmdasjóður aldraðra, rekstur	300,0	362,5	362,5	0,0	20,8
Sólvangur, Hafnarfirði	360,5	385,2	420,3	9,1	16,6
Sunnuhlíð, Kópavogi	185,1	218,6	267,2	22,2	44,4
Hjúkrunarheimilið Skjól	392,5	408,9	445,9	9,0	13,6
Hjúkrunarheimilið Eir	422,0	477,8	521,0	9,0	23,5
Garðvangur, Garði	150,6	155,1	168,0	8,3	11,6
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	314,1	321,9	349,1	8,4	11,1
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	251,8	248,0	270,8	9,2	7,5
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	72,4	75,5	83,2	10,2	14,9
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	57,0	59,2	64,6	9,1	13,3
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	68,5	71,3	78,4	10,0	14,5
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	23,9	24,8	27,4	10,5	14,6
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	342,1	356,0	403,3	13,3	17,9
Víðines	150,3	141,0	153,0	8,5	1,8
Hlaðgerðarkot	53,7	55,8	61,4	10,0	14,3
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	249,1	258,2	280,0	8,4	12,4
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands	283,5	285,7	315,6	10,5	11,3
Vistheimilið Bjarg	30,6	32,0	34,8	8,7	13,7
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	57,0	57,8	64,3	11,2	12,8
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	111,7	120,4	132,9	10,4	19,0
Daggjaldastofnanir	3.700,0	3.721,0	4.591,5	23,4	24,1
Reynslusveitarfélagið Akureyri	321,0	333,0	362,7	8,9	13,0
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	124,6	130,0	142,9	9,9	14,7
Hjúkrunarheimili	0,0	105,2	106,5	1,2	-
Samtals	**8.022,0**	**8.404,9**	**9.707,3**	**15,5**	**21,0**

Hækkun milli ára er 1.302,4 m.kr. Raunhækkun milli ára er 409,2 m.kr. að frátöldum 849,8 m.kr. til að mæta launa- og verðlagsbreytingu, 62,7 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða og 106,1 m.kr. sem eru færðar á þessa liði. Raunhækkunin skiptist þannig að 317,6 m.kr. fara til að mæta kostnaði við heilsársrekstur nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík, 48 m.kr. óskiptar til fjölgunar hjúkrunarrýma og 27,6 m.kr. til að mæta kostnaði við heilsársrekstur 15 nýrra hjúkrunarrýma í Sunnuhlíð, Kópavogi og 18 m.kr. vegna endurmats á Sjúkrastofnunum SÁÁ enda verði gerður þjónustusamningur um rekstur þeirra. Loks fellur niður 2 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á eldvörnum í húsi Sjálfsbjargar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar-form	Fjöldi rúma 2001	Reikningur 2000 m.kr.	Áætlaður kostnaður á ári m.kr.
Sólvangur, Hafnarfirði	F	96	360,5	420,3
Sunnuhlíð, Kópavogi	F	67	185,1	267,2
Hjúkrunarheimilið Skjól	F	112	392,5	445,9
Hjúkrunarheimilið Eir	F	130	422,0	521,0
Garðvangur, Garði	F	41	150,6	168,0
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	F	78	314,1	349,1
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir	F	68	251,8	270,8
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	F-þ	22	72,4	83,2
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	F-þ	17	57,0	64,6
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	F-þ	20	68,5	78,4
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	F-þ	7	23,9	27,4
Víðines	F	38	150,3	153,0
Seljahlíð, Reykjavík	D	28	137,9	118,3
Sóltún, Reykjavík (hjúkrun)	D-þ	92	0,0	492,2
Sóltún, Reykjavík (húsnæði)	D-þ	0	0,0	96,7
Dalbær, Dalvík	D	23	78,5	82,3
Hjallatún, Vík	D	10	32,9	36,8
Höfði, Akranesi	D	39	173,2	149,8
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	D	25	84,7	91,6
Barmahlíð, Reykhólum	D	12	36,3	34,7
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	D	20	63,9	74,4
Fellaskjól, Grundarfirði	D	10	17,1	21,7
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	D	10	31,0	36,5
Jaðar, Ólafsvík	D	5	35,2	18,2
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	D	16	55,0	63,1
Hrafnista, Reykjavík	D	183	609,2	676,3
Hrafnista, Hafnarfirði	D	146	500,9	568,3
Grund, Reykjavík	D	169	578,1	617,5
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði (alls)*	D	86	241,2	233,8
Kumbaravogur, Stokkseyri	D	40	146,4	158,9
Fellsendi, Búðardal	D	17	39,7	42,3
Holtsbúð, Garðabæ	D	28	101,5	110,0
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	D	13	42,3	53,5
Reynslusveitarfélagið Akureyri	F	90	321,0	362,7
Reynslusveitarfélagið Hornafj., Skjólgarður	F	32	124,6	142,9
Samtals		**1.790**	**5.899,2**	**7.131,4**

Greiðslukerfi hjúkrunarheimila er með þrennum hætti. Í fyrsta lagi fá allmörg heimili föst framlög á fjárlögum og eru þau merkt með bókstafnum F í töflu hér að ofan. Nokkur þeirra hafa gert sérstakan þjónustusamning þar sem greiðslan er tengd nýtingu heimilisins og eru þau merkt F-þ. Loks eru heimili sem fá greiðslu samkvæmt daggjöldum og eru þau merkt D. Eitt þeirra, Hjúkrunarheimilið Sóltún, fær greiðslu sem er bundin sérstökum þjónustusamningi sem tekur að öllu leyti mið af nýtingu og hjúkrunarþyngd. Um nokkurt skeið hefur heilbrigðisráðuneyti unnið að endurskoðun á greiðslukerfi hjúkrunarheimila og

hefur m.a. verið unnið að hönnun reiknilíkans sem tekur mið af hjúkrunarþyngd heimilanna samkvæmt RAI-stuðli við skiptingu á því fjármagni sem er til ráðstöfunar í fjárlögum hverju sinni og verður stuðst við það á næsta ári. Við undirbúning fjárlagafrumvarps ársins 2003 er því búist við að notað verði eitt reiknilíkan og samræmt greiðslukerfi fyrir öll hjúkrunarheimili sem taki m.a. mið af hjúkrunarþyngd og útgjaldaramma heimilanna í fjárlögum.

Taflan að ofan sýnir einnig fjölda rúma um mitt ár 2001 og niðurstöðu ársreiknings Tryggingastofnunar ríkisins og Ríkisbókhalds árið 2000 og áætlaðan kostnað á ári miðað við fulla nýtingu. Búast má við að áætlaður kostnaður einstakra hjúkrunarheimila kunni að breytast innbyrðis eftir að reiknilíkan og samræmt greiðslukerfi verður tekið í notkun.

5. Stofnkostnaður og tækjakaup. Hér er fjallað á einum stað um framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á fjárlagaliðum 358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 373 Landspítali - háskólasjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraða og 500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

Útgjöld til stofnkostnaðar á þessum liðum eru alls 1.374,1 m.kr. og eru framlög til þeirra í heild nær óbreytt frá fyrra ári.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	122,3	90,0	65,0	-27,8	-46,9
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	8,0	60,0	60,0	0,0	650,0
Landspítali - háskólasjúkrahús	564,8	542,0	638,0	17,7	13,0
Sjúkrahús, óskipt	-13,5	0,0	0,0	-	-
Sjúkrahús og læknisbústaðir	242,2	287,4	221,4	-23,0	-8,6
Framkvæmdasjóður aldraða	264,2	312,5	312,5	0,0	18,3
Heilsugæslustöðvar, almennt	59,1	77,0	77,2	0,3	30,6
Samtals	**1.247,1**	**1.368,9**	**1.374,1**	**0,4**	**10,2**

Framlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss vegna barnaspítala hækka um 135 m.kr. til að ljúka við byggingu spítalans á árinu og verða 420 m.kr. Áætlaður kostnaður við byggingu spítalans er 1.446 m.kr. miðað við byggingarvístölu í október 2001. Áformað er að framlög til spítalans verði 160 m.kr. á árinu 2003 sem er lokaframlag. Stefnt er að því að stærsti hluti spítalans verði tekinn í notkun í lok september 2002 en þar eru legudeildir, dag- og göngudeildir og aðstaða starfsmanna. Síðari hluti byggingarinnar verður tekinn í notkun 1. febrúar 2003 en þar verður t.d. vökudeild og fyrirlestrasalir. Framlög til annarra nýbygginga Landspítala – háskólasjúkrahúss lækka hins vegar um 39 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2002	Drög 2003	Drög 2004	Drög 2005-06	Alls
Hjúkrunarheimilið Hólmavík	Samningur	12,0	13,5	0,0	0,0	25,5
Sjúkrahúsið Blönduósi	Samningur	10,0	10,0	0,0	0,0	20,0
Heilsugæslustöðin Akureyri	Samningur	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0
Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum	Samningur	11,6	0,0	0,0	0,0	11,6
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	Samningur	35,0	34,6	0,0	0,0	69,6
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja D-álma	Samningur	40,0	29,1	0,0	0,0	69,1
Sjúkrahúsið Akranesi	Samningur	26,0	0,0	0,0	0,0	26,0
Samtals		**149,6**	**87,2**	**0,0**	**0,0**	**236,8**

Framlög til *6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* á lið 381 lækka í heild um 66 m.kr. og er þar annars vegar um að ræða 42 m.kr. lækkun vegna frestunar framkvæmda og hins vegar er fært til baka á *1.12 Hjúkrunarheimilið Sóltún* á lið 495 framlag sem var til tímabundinnar ráðstöfunar á þessu viðfangsefni. Framlög til þessa liðar eru 221,4 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um samningsbundin verkefni sem eru 149,6 m.kr. árið 2002. Loks lækkar framlag á lið 358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri á viðfangsefni *6.50 Nýbygging* um 25 m.kr. vegna frestunar framkvæmda og verður samkvæmt frumvarpinu 65 m.kr.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi; 621 Forvarnasjóður og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	67,8	153,6	168,0	9,4	147,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	479,1	447,6	506,0	13,0	5,6
Forvarnasjóður	67,8	80,3	79,3	-1,2	17,0
Íslenska upplýsingasamfélagið	32,5	57,0	49,0	-14,0	50,8
Samtals	**647,2**	**738,5**	**802,3**	**8,6**	**24,0**

Heildargjöld málefnaflokksins eru samkvæmt frumvarpinu 802,3 m.kr. og hækka um 63,8 m.kr. frá fjárlögum 2001.

Af einstökum fjárlagaliðum hækkar liðurinn 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi um 30,5 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 10,2 m.kr. á viðfangsefni *1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrasaltslöndum.* Að tillögu forsætisráðherra aðildarþjóða Eystrasaltsráðsins hefur verið stofnaður sérstakur viðbragðshópur um sóttvarnir á Eystrasaltssvæðinu. Í júní 2000 ákvað ríkisstjórn að Ísland tæki þátt í þessu verkefni með samtals 30 m.kr. framlagi á árunum 2000–2003. Sótt er um 13,8 m.kr. fram-

lag í fjáraukalögum 2001 vegna áranna 2000 og 2001, 10,2 m.kr. í frumvarpi þessu fyrir 2002 og 6 m.kr. á næsta ári. Í öðru lagi er farið fram á 8 m.kr. tímabundið framlag næstu tvö árin til viðfangsefnisins *1.67 Norræni heilsugæsluskólinn* til að efla stjórnun heilbrigðisstofnana og gefa framkvæmdastjórum og stjórnarformönnum þeirra kost á að stunda nám við skólann. Í þriðja lagi er farið fram á 7,3 m.kr. framlag á viðfangsefni *1.31 Krabbameinsfélag Íslands* til leiðréttingar á verðlagsreikningi framlags 2001 samkvæmt ákvæðum samnings. Í fjórða lagi er óskað eftir 7 m.kr. fjárveitingu til verkefnastjórnar um slysavarnir fyrir börn og unglinga á viðfangsefni *1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga* en þetta framlag var tímabundið og fellur að óbreyttu niður.

Þá hækka *1.90 Ýmis framlög* á liðnum um 4,4 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur á sameiginlegri skrifstofu nokkurra líknarfélaga. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag til að móta stefnu á sviði heilbrigðistækni í samstarfi við Rannís, Samtök iðnaðarins, Heilbrigðistæknifélag Íslands, iðnaðarráðuneytið og fleiri aðila. Framlagið er hið síðasta af þremur. Í þriðja lagi er óskað eftir 2,5 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við gæðaáætlun ráðuneytisins fyrir heilbrigðisþjónustuna. Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag næstu tvö árin til að styrkja rekstur athvarfs fyrir geðsjúka á Akureyri í samstarfi við Akureyrardeild Rauða kross Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Akureyrarbæ. Á fjárlögum ársins 2001 er veitt 2 m.kr. tímabundin fjárveiting til þessa verkefnis en óskað er eftir að framlagið verði veitt tímabundið árin 2002 og 2003. Í fimmta lagi er farið fram á 1,9 m.kr. til að greiða þátttökugjald ráðuneytisins í Missoc. þar sem Ísland ásamt öðrum EFTA- og ESB-ríkjum er þátttakandi. Verkefnið felst í því að auka aðgengi að almannatryggingakerfi þátttökuríkjanna með bættum upplýsingum og auknum samanburði á milli landa. Kostnaður við verkefnið hefur verið greiddur af menntamálaráðuneyti en lagt er til að þessi kostnaður verði greiddur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Þá fellur niður tímabundið 1,5 m.kr. framlag til íslenskra ungtemplara á lið 08 621 Forvarnasjóður. Á móti eru færðar til baka 8,5 m.kr. á lið 08 495 1.12 Hjúkrunarheimilið Sóltún sem voru til tímabundinnar ráðstöfunar undir þessum lið.

Framlag á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið lækkar um 8 m.kr. og er samkvæmt frumvarpinu 49 m.kr. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis lækkar um 4 m.kr. og verður samtals 24,5 m.kr. Þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við uppbyggingu Heilbrigðisnetsins, 7 m.kr. eru ætlaðar til uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár fyrir heilbrigðisþjónustuna, 7 m.kr. til fjarlækninga og fjarsamskipta og 0,5 m.kr. til að vinna að úttekt á áhrifum upplýsingatækni á aðgengi heilbrigðisþjónustunnar.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	28.233,4	16.908,3	16.616,2	-2	-41
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.816,2	9.431,4	9.327,6	-1	-53
Stofnkostnaður og viðhald	931,6	1.853,3	2.411,6	30	159
Samtals	**48.981,2**	**28.193,0**	**28.355,4**	**1**	**-42**
Greitt úr ríkissjóði	-	20.408,8	20.872,4	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	110,2	139,0	26	-
Viðskiptahreyfingar	-	7.674,0	7.344,0	-4	-
Samtals	-	**28.193,0**	**28.355,4**	**1**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 31.512,4 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.157 m.kr. en þær nema 10% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 28.355,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 20.872 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 139 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 7.344 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstarargjöld ráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætluð 16.616,2 m.kr. og lækka um 292,1 m.kr. frá fjárlögum 2001. Þar vegur þyngst að gert er ráð fyrir að dragi úr aukningu lífeyrisskuldbindinga sem nemur 330 m.kr. miðað við fjárlög ársins 2001. Rekstrargjöldin lækka einnig um 289 m.kr. í kjölfar aukinna sértekna Fasteigna ríkissjóðs af húsaleigu. Þessar tekjur færast á rekstur en jafn há útgjöld færast á móti sem kostnaður við viðhald fasteignanna. Ennfremur er áætlað að mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna hafi verið ofmetið um 140 m.kr. miðað við forsendur gildandi fjárlaga. Þá lækka rekstrarútgjöldin um 73 m.kr. vegna hagræðingaraðgerða til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Loks er gert ráð fyrir 70 m.kr. lækkun á fjárheimild sem ætluð er til að mæta hugsanlegum launa- og verðlagshækkunum umfram forsendur frumvarpsins hjá öðrum ráðuneytum. Helstu tilefni til hækkunar á rekstrarútgjöldum ráðuneytisins eru í fyrsta lagi að launa- og verðlagsbreytingar hjá stofnunum nema 286,7 m.kr. Í öðru lagi leiða áform um aukna sölu ríkiseigna til 200 m.kr. hækkunar á fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður greiðir. Í fjórða lagi er í frumvarpinu áætlað fyrir um 50 m.kr. framlagi til aukins rekstrarkostnaðar bókhaldskerfa ríkisins. Önnur hækkunartilefni eru lægri.

Framlag til neyslu- og rekstratilfærslna lækkar um 103,8 m.kr. og verður 9.327,6 m.kr. Þar munar mest um að fjárheimild í fjárlögum ársins 2001 sem ætluð var til að mæta verðlagsfrávikum í bótum almanntrygginga lækkar um 605 m.kr. þar sem fjárheimildin hefur

verið færð yfir á liði almannatrygginga í frumvarpinu. Á móti vegur að áform um breytingar á barnabótakerfinu eru talin leiða til 500 m.kr. hækkunar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 2.411,6 m.kr. og er það 558,3 m.kr. hækkun. Auk verðlagshækkana skýrist það af 320 m.kr. tímabundnu framlagi til kaupa og innleiðingar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfis ríkisins, 279 m.kr. vegna aukins viðhalds hjá Fasteignum ríkissjóðs sem fjármagnað er með innheimtu leigutekna, 80 m.kr. framlagi til uppbyggingu á húsnæði fyrir ráðuneyti á stjórnarráðsreit og 20 m.kr. framlagi til smíði á Landskrá fasteigna. Á hinn bóginn lækka útgjöld sem teljast til viðhalds- og stofnkostnaðar ráðuneytisins um 100 m.kr. vegna lækkunar á framlagi til að mæta útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum, um 27 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til húsnæðisframkvæmda og um 20 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til endurnýjunar tölvubúnaðar. Að lokum er áformað að fresta 27 m.kr. stofnkostnaði til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti o.fl.	436	440	444	448
Skatta- og tollamál	2.855	2.882	2.910	2.938
Lífeyrir og eftirlaun	6.508	5.364	5.550	5.720
Barnabætur og vaxtabætur	8.815	9.815	9.815	9.815
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	5.980	5.980	5.980	5.980
Verðlagsmál	625	625	625	625
Þjónusta við ríkisaðila	1.999	2.188	1.932	1.455
Annað	1.138	1.141	1.144	1.147
Samtals	**28.356**	**28.435**	**28.400**	**28.128**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka fjármálaráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Í fyrsta lagi má nefna að gert er ráð fyrir að gjaldfærð aukning *Lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna* lækki árið 2003 um 1.200 m.kr., eða sem nemur um 18%, þar sem áhrif kjarasamninga ársins 2001 ættu þá að vera komin að fullu fram, en að skuldbindingarnar hækki að jafnaði um 2% á ári eftir það, eða sem nemur árlegum réttindaávinningi ríkistarfsmanna. Í öðru lagi er í spánni miðað við að *Barnabætur og vaxtabætur* aukist um 500 m.kr. árið 2002 og aftur um sömu fjárhæð árið 2003 í samræmi við áform um breytingar á barnabótakerfinu með tilliti til tekju- og eignatenginga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærðar *Afskriftir skattkrafna* og fjárheimildir til að mæta frávikum í *Verðlagsmálum* verði óbreyttar frá árinu 2002 en talsverð óvissa er jafnan um áætlanir um þessi útgjöld. Loks má nefna að reiknað er með að útgjöld sem falla undir málaflokkinn *Þjónusta við ríkisaðila* verði nokkuð sveiflukennd á tímabilinu og hækki um tæplega 10% árið 2003 en lækki um 12% árið 2004 og um 25% til viðbótar árið 2005. Þessi útgjaldaþróun skýrist að mestu af áfangaskiptingu þriggja framkvæmda á vegum ráðuneytisins: kaupum og gangsetningu á nýju fjárhags- og starfsmannakerfi, uppbyggingu Landskrár fasteigna og byggingu húsnæðis fyrir ráðuneytin á stjórnarráðsreit.

Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við Skýrr hf. um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 196 m.kr. á árinu 2002. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, aðrar en á árinu 2001, eru á áætluðu verðlagi ársins 2002 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Tekjubókhaldskerfi	A	102	105	105	105	0
Forsendukerfi innheimtugagna	A	7	7	7	7	0
Skattavinnslukerfi	A	67	69	69	69	0
Innheimtuskilakerfi	A	14	15	15	15	0
Samtals		**190**	**196**	**196**	**196**	**0**

Allir slíkir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga og eru þeir merktir með bókstafnum A í töflunni. Áformað er að gera nýja samninga um rekstur- og viðhald á bókhaldskerfum ríkisins að loknu útboði. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 50 m.kr. viðbótarútgjöldum vegna þessa frá og með árinu 2002 og er áætlað að árleg útgjöld aukist um 50 m.kr. til viðbótar á árinu 2003 vegna samninga um viðhaldsþjónustu.

Helstu breytingar frá samsvarandi töflu í fjárlagafrumvarpi 2001 eru þær að niður falla 75,3 m.kr. útgjöld vegna samninga um rekstur og viðhald Bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins og launagreiðslukerfis.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir fjármálaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	356,7	396,0	429,7	8,5	20,5
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**356,7**	**402,0**	**435,7**	**8,4**	**22,1**

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins er 429,7 m.kr. Að launa- og verðlagshækkunum frátöldum er um 4,8 m.kr. hækkun að ræða. Á liðinn eru millifærðar 6,9 m.kr. af fjárlagalið fyrrum embættis ríkistollstjóra í fjárlögum yfirstandandi árs vegna stefnumótunarverkefna sem ráðuneytið tók yfir. Einnig hækkar liðurinn um 5 m.kr. til þess að efla tölfræðiúrvinnslu hjá ráðuneytinu, m.a. á sviði launamála. Á móti kemur að tímabundin 3 m.kr. fjárveiting til endurnýjunar á bifreið fellur niður og að rekstrarframlag lækkar um 4,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík. Embætti ríkistollstjóra féll áður undir málaflokkinn en var lagt niður í ársbyrjun 2001.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	432,9	463,0	744,2	60,7	71,9
Skattstofan í Reykjavík	268,6	287,5	311,8	8,5	16,1
Skattstofa Vesturlands	45,8	38,6	46,9	21,5	2,4
Skattstofa Vestfjarða	26,9	26,4	28,2	6,8	4,8
Skattstofa Norðurlands vestra	26,7	27,9	29,7	6,5	11,2
Skattstofa Norðurlands eystra	61,6	64,6	72,5	12,2	17,7
Skattstofa Austurlands	31,5	32,3	34,4	6,5	9,2
Skattstofa Suðurlands	41,6	42,5	47,4	11,5	13,9
Skattstofa Vestmannaeyja	18,9	15,9	20,1	26,4	6,3
Skattstofa Reykjaness	140,6	167,0	177,7	6,4	26,4
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	39,8	120,8	129,6	7,3	225,6
Yfirskattanefnd	92,5	83,4	88,6	6,2	-4,2
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	88,2	91,2	101,0	10,7	14,5
Innheimtukostnaður	205,5	144,2	156,2	8,3	-24,0
Ríkistollstjóri	163,0	144,4	0,0	-	-
Tollstjórinn í Reykjavík	656,7	613,2	866,8	41,4	32,0
Samtals	**2.340,8**	**2.362,9**	**2.855,1**	**20,8**	**22,0**

Útgjöld stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka alls um 280 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það einkum af 286 m.kr. millifærslum úr öðrum málaflokkum ráðuneytisins, sem að stærstum hluta eru vegna flutnings á útgjöldum við tölvukerfi skattvinnslu til ríkisskattstjóra og tollstjórans í Reykjavík. Framlög til ýmissa minni verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um 45 m.kr. en á móti kemur um 50 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

201 Ríkisskattstjóri. Útgjöld embættisins eru áætluð 744,2 m.kr. og hækka um 238 m.kr. umfram launa- og verðlagbreytinga. Til hækkunar kemur 237,6 m.kr. framlag vegna skattvinnslukerfa sem er millifært af liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður*. Þar af eru 155,6 m.kr. ætlaðar til reksturs kerfanna og 82 m.kr. til stofnkostnaðar til viðbótar við 8 m.kr. sem voru fyrir á stofnkostnaðarviðfangsefni embættisins í fjárlögum. Þá er stofnuninni skilað aftur 10 m.kr. mótframlagi til verkefna sem styrkt voru með framlagi til íslenska upplýsingasamfélagsins. Framlag hækkar um 1 m.kr. vegna átaks gegn gerviverktöku og svartri starfsemi og um 1 m.kr. vegna kostnaðar við leigu og rekstur stærra húsnæðis. Á móti kemur að 3,5 m.kr. eru millifærðar yfir á Skattstofu Norðurlands eystra vegna umsjónar með áfengisgjaldi og 3,6 m.kr. millifærðar yfir á Skattstofu Vesturlands vegna eftirlitsmanns sem verður staðsettur þar. Að lokum er gert ráð fyrir að hagrætt verði í rekstrinum sem nemur 4,5 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

202-211 Skattstofur

Heildarútgjöld skattstofa eru áætluð 769 m.kr. og svarar það til um 13 m.kr. hækkunar að raungildi. Auk launa- og verðlagshækkana eru helstu breytingar þessar: *202 Skattstofan í Reykjavík* fær 4 m.kr. framlag til þess að auka síma- og afgreiðsluþjónustu og 2 m.kr. vegna ýmissa útgjalda sem hún varð fyrir á síðustu árum vegna lagabreytinga varðandi aðferðir við skattálagningu. Á móti kemur að henni er ætlað að hagræða í rekstri sem nemur 2,9 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. *203 Skattstofa Vesturlands* hækkar um 3,6 m.kr. vegna skatteftirlits með millifærslu af liðnum *201 Ríkisskattstjóri*, um 1 m.kr. til að auka þjónustu afgreiðslunnar og um 0,8 m.kr. vegna húsaleigu. Á móti kemur að gert er ráð fyrir hagræðingu í rekstrinum sem nemur 0,4 m.kr. *904 Skattstofa Vestfjarða* hækkar um 0,1 m.kr. vegna húsnæðis en þarf að hagræða um 0,3 m.kr á móti. *206 Skattstofa Norðurlands eystra* hækkar um 3,5 m.kr. framlag sem millifært er af liðnum *201 Ríkisskattstjóri* vegna umsjónar með áfengisgjaldi og þarf að hagræða um 1 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða. *207 Skattstofa Austurlands* þarf að hagræða um 0,3 m.kr. *207 Skattstofa Suðurlands* hækkar um 2 m.kr. vegna uppsafnaðs vanda sem stafar af flutningi í nýtt húsnæði. *209 Skattstofa Vestmannaeyja* hækkar um 3 m.kr. vegna endurmats á rekstrargrunni hennar en á móti er gert ráð fyrir 0,2 m.kr. hagræðingu í rekstrinum. *209 Skattstofa Reykjaness* lækkar um 1,8 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld. Framlag á þennan lið nemur 129,6 m.kr. og hækkar um 4,5 m.kr. að raungildi milli ára. Viðfangsefnið *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld* hækkar tímabundið um 5 m.kr. þar sem til stendur að ráðast í gagngera athugun á fjármálaviðskiptum á milli landa. Einnig er áætlað fyrir 1,5 m.kr. tímabundinni fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við að endurskoða fyrirkomulag staðgreiðslunnar,

bæði löggjöf og eins alla tilhögun hennar. Á móti kemur að viðfangsefnið lækkar um 2 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Viðfangsefnið *1.03 Forúrskurðir í kærumálum* er einnig lækkað um 5,5 m.kr. af sömu ástæðu. Sama er að segja um 4 m.kr. lækkun framlags á *1.04 Útgáfa úrskurða í kærumálum*, 1,9 m.kr. lækkun á *1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa*, 13 m.kr. lækkun á *1.10 Skatteftirlit* og 1,6 m.kr. á viðfangsefninu *140 Fjármagnstekjuskattur*. Á nýjum viðfangsefni, *6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið*, er áætlað fyrir 26 m.kr. sem færðar voru á liðinn *995 Skýrsluvélakostnaður* í gildandi fjárlögum.

214 ***Yfirskattanefnd.*** Fjárveiting nefndarinnar er 88,6 m.kr. en það svarar til raunlækkunar um 0,8 m.kr. sem er liður í að mæta aðhaldsmarkmiði.

215 ***Skattrannsóknarstjóri ríkisins.*** Fjárveiting stofnunarinnar hækkar um 3 m.kr. umfram launa- og verðlagsbreytingar. Skattrannsóknarstjóri fær 4 m.kr. tímabundið framlag til að rannsaka mál fyrirtækja sem hafa vanrækt þá lagaskyldu að birta ársreikninga sína opinberlega. En á móti kemur 1 m.kr. lækkun á framlagi til að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

262 ***Tollstjórinn í Reykjavík.*** Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum eykst heildarframlag embættisins um 162 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Skýrist það að mestu af tveimur millifærslum frá öðrum liðum. Í fyrsta lagi er um að ræða tilflutning á 137,5 m.kr. framlagi vegna verkefna sem áætlað er fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs hjá embætti ríkistollstjóra en það embætti hefur verið lagt niður. Í öðru lagi eru 30,2 m.kr. millifærðar af liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður* vegna reksturs á tölvukerfum á sviði tollamála. Á móti kemur að 7 m.kr. eru millifærðar af lið Tollstjórans yfir á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis sem varðar rafrænar upplýsingar og skil á opinberum gjöldum. Framlag hækkar um 6,5 m.kr. vegna leigu á húsnæði að Skúlagötu 17 seinni hluta ársins 2002 en á árinu 1999 hafði húsaleiga verið greidd fyrirfram fram á mitt árið 2002. Að auki hækkar framlag um 4 m.kr. til þess að efla innri endurskoðun embættisins í samráði við fjármálaráðuneytið og ríkisendurskoðun. Þá er veitt 2,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til að undirbúa tengingu við upplýsinganet og sameiginlegan gagnabanka sem ESB og EFTA ríkin eru að koma á fót. Ennfremur er gert ráð fyrir 1,4 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta kostnaði við að taka upp rafræna tollafgreiðslu samkvæmt tollalögum, svokallaða VEF-tollafgreiðslu. Að lokum er gert ráð fyrir 7,8 m.kr. lækkun til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málefnaflokk teljast fjárlagaliðirnir 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun og 385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	23.594,6	6.535,0	6.205,0	-5,0	-73,7
Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar	176,8	443,0	303,0	-31,6	71,4
Samtals	**23.771,4**	**6.978,0**	**6.508,0**	**-6,7**	**-72,6**

Áætlað er að útgjöld málefnaflokksins lækki um 470 m.kr. frá fjárlögum ársins 2001.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Á þennan lið eru færðar til gjalda bæði greiddar verðlagsuppbætur á lífeyri og reiknaðar skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati á nýjum áunnum lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna á árinu sem eru umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum lífeyrisskuldbindingum með iðgjöldum. Áætlað er að skuldbindingar B-deildar hækki um 13,7 milljarða króna á árinu 2002 og verði samtals rúmlega 180 milljarðar króna í lok ársins. Er þá tekið tillit til sérstakrar 9 milljarða króna fyrirframgreiðslu ríkissjóðs til LSR árið 2002. Af hækkuninni er talið að rekja megi 7,6 milljarða króna til launa- og verðlagsbreytinga. Sá hluti kemur ekki fram á gjaldahlið frumvarpsins heldur færist til skuldar um endurmatsreikning við uppgjör ríkisreiknings. Það sem þá stendur eftir, eða sem nemur 6,2 milljörðum króna, er fært um gjaldahlið frumvarpsins. Sú breyting hefur verið gerð á framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga að fyrirframgreiðslur ríkisins til sjóðsins eru ekki færðar til eignar sem fyrirfram greiddur kostnaður heldur koma þær til lækkunar á skuldbindingunni. Frá 1999 til 2001 nema fyrirframgreiðslurnar samtals 44 milljörðum króna og lækkar því sá stofn sem breyting á skuldbindingunni reiknast af. Þá hafa verið gerðir kjarasamningar undanfarin ár um svonefndar kerfisbreytingar á launum ríkisstarfsmana sem fólu í sér hækkun dagvinnulauna umfram heildarlaun og þar með hækkun á lífeyrisskuldbindingu. Af þessu leiðir að búast má við að á næstu árum hækki gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga minna en á síðustu árum.

Greiðslur úr ríkissjóði vegna verðlagsuppbóta á lífeyri sem færast á þennan lið árið 2002 eru áætlaðar 1,3 milljarðar króna. Til að styrkja stöðu sjóðsins er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum. Loks ber að geta þess að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra og er þeim ætlað

að standa skil á greiðslum þegar þær falla til eða gera upp við LSR með langtíma-skuldabréfi.

385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna. Áætlað er að þessi útgjöld lækki um 140 m.kr. Samkvæmt lögum er atvinnurekendum heimilt að draga 10% mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna sinna frá skilum á tryggingagjaldi til ríkissjóðs. Í fjárlögum er gert ráð fyrir þessu með því að færa mótframlagið til gjalda en á móti er tryggingagjald fært að fullu til tekna án frádráttarins. Áætlun fjárlaga 2001 hefur nú verið endurskoðuð í ljósi niðurstöðu ríkisreiknings ársins 2000.

Barnabætur og vaxtabætur

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur og 821 Vaxtabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	3.702,1	6.535,0	4.930,0	-24,6	33,2
Vaxtabætur	4.308,6	4.430,0	3.885,0	-12,3	-9,8
Samtals	**8.010,7**	**10.965,0**	**8.815,0**	**-19,6**	**10,0**

811 Barnabætur. Útgjöld vegna barnabóta eru áætluð 4.930 m.kr., sem er 500 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Er hækkunin í samræmi við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við gerð kjarasamninga snemma á árinu 2000. Hækkunin árið 2002 er annar áfangi af þremur sem felur í sér að barnabætur hækka um rúman þriðjung. Með breytingum á barnabótakerfinu eru teknar upp ótekjutengdar barnabætur, dregið úr skerðingu bóta vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	11.350,7	4.000,0	4.000,0	0,0	-64,8
Fjármagnstekjuskattur	533,4	1.570,0	1.770,0	12,7	231,8
Tapaðar kröfur og tjónabætur	1,9	210,0	210,0	0,0	-
Samtals	**11.886,0**	**5.780,0**	**5.980,0**	**3,5**	**-49,7**

Fjárveiting til þessa málefnaflokks hækkar um 200 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og verður 5.980 m.kr. Hækkunin skýrist af áætlun um að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna hækki um 200 m.kr. frá fjárlögum 2001 og verði 1.770 m.kr. Gert er ráð fyrir að hagnaður af sölu eigna ríkisins verði nokkru meiri á næsta ári en í forsendum fjárlaga 2001. Sama fjárhæð færist til tekna hjá ríkissjóði þannig að afkoman verður óbreytt eftir sem áður.

Verðlagsmál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2002. Á liðnu ári og á yfirstandandi ári var gengið frá samningum við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna. Kjaradómur og kjaranefnd hafa einnig úrskurðað um sambærilegar hækkanir á launum embættismanna. Í flestum tilvikum var samið um 6,9% hækkun við gildistöku samninga á árinu 2001 og 3% hækkun í byrjun ársins 2002. Samningar nokkurra félaga viku þó nokkuð frá þessu. Átti það t.d. við um samninga háskólakennara og framhaldsskólakennara þar sem gerð var veruleg breyting á launakerfinu. Í launaforsendum frumvarpsins hefur verið tekið tillit til allra slíkra hækkana á launakjörum ríkisstarfsmanna, bæði hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum og öðrum aðilum sem fá rekstrartilfærslur úr ríkissjóði. Hefur þá hækkun hverrar stofnunar verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og mismunandi hækkunar félaganna. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra. Þá hafa fjárveitingar til að greiða bætur almannatrygginga verið hækkaðar sem nemur áætluðum verðlagsbreytingum frá forsendum gildandi fjárlaga, en sú hækkun er rúmlega 7%. Hefur þá einnig verið bætt upp hækkun verðlags á yfirstandandi ári umfram þau 4% sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Í frumvarpinu eru önnur rekstrargjöld en laun miðuð við 6,7% verðlagshækkun. Hefur þá bæði verið reiknað með verðbólgu umfram forsendur fjárlaga ársins 2001 og spá Seðlabanka Íslands um hækkun verðlags til næsta árs. Almennt gildir að sértekjur stofnana eru hækkaðar um 4%. Í vissum málaflokkum, t.d. heilsugæslustöðvum, er þó gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar og í öðrum tilvikum þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana er gert ráð fyrir að tekjuöflun aukist meira til samræmis við launahækkanir.

Á fjárlagaliðinn er færð 625 m.kr. fjárheimild til að standa straum af launabreytingum sem eftir er að útfæra nánar í samræmi við samninga og til að mæta ýmsum óvissum launaútgjöldum sem kynnu að falla til á árinu 2002. Þar af eru 225 m.kr. fjárheimild sem ráðstafað verður af sérstakri nefnd til að bæta kjör þeirra hópa sem lakast eru settir innan starfsmannafélags ríkisstofnana í samræmi við bókun með

kjarasamningi þeirra. Bókunin gerir ráð fyrir að ráðstafað verði 300 m.kr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir að helmingnum verði úthlutað 1. maí og afganginum 10. október og verða útgjöldin því nokkru minni fyrsta úthlutunarárið.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa nýja málefnaflokks: 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirslan; 402 Fasteignamat ríkisins; 901 Framkvæmdasýslan; 905 Ríkiskaup; 972 Lánasýsla ríkisins; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 984 Fasteignir ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisbókhald	221,5	230,4	1.163,6	405,0	425,3
Ríkisfjárhirsla	40,6	39,8	42,2	6,0	3,9
Fasteignamat ríkisins	319,8	370,7	443,1	19,5	38,6
Framkvæmdasýsla ríkisins	-9,6	2,6	2,7	3,8	-128,1
Ríkiskaup	-3,1	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	21,2	54,9	60,4	10,0	184,9
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	13,3	35,7	22,2	-37,8	66,9
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	306,0	244,5	264,5	8,2	-13,6
Fasteignir ríkissjóðs	117,3	0,0	0,0	-	-
Samtals	**1.027,0**	**978,6**	**1.998,7**	**104,2**	**94,6**

Hér er um að ræða breytta framsetningu á málaflokkum ráðuneytisins þar sem settar eru fram stofnanir og verkefni sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila s.s. bókhaldsþjónustu og innkaupaþjónustu. Þessir fjárlagaliðir voru áður settir fram undir öðrum málaflokkum og verður samanburði við fjárhæðir gildandi fjárlaga ekki komið við með góðu móti fyrir málaflokkinn í heild vegna innbyrðis tilfærslna á fjárveitingum milli málaflokka. Heildargjöld málefnaflokksins eru 5.028 m.kr. og er áætlað að innheimtar verði 3.028,9 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu. Fjárveiting nemur því alls 1.998,7 m.kr.

103 Ríkisbókhald. Útgjöld stofnunarinnar hækka um 892,7 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að undanskildum launa- og verðlagshækkunum. Skýrist það að stærstum hluta af því að í frumvarpinu er nú áætlað fyrir útgjöldum vegna fjármálatölvukerfa ríkisins hjá þeim embættum sem gera samninga um útgjöldin og bera ábyrgð á kerfunum en ekki undir liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður* eins og verið hefur hingað til. Vegna þessa er 527 m.kr. framlag vegna bókhaldskerfa flutt af sameiginlegum lið fyrir skýrsluvélakostnað. Að auki hækkar framlag tímabundið um 320 m.kr. til að fjármagna kaup og innleiðingu á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ríkistofnanir. Á árinu 2002 þarf að reka bæði nýja kerfið og eldri kerfin.

Fyrirhugað er að bjóða út rekstur á nýja kerfinu haustið 2001 og má gera ráð fyrir að mikil samkeppni verður um þann samning. Til að þennan kostnað vanti ekki inn í forsendur frumvarpsins er gert ráð fyrir svipaðri fjárheimild og þarf til reksturs eldri kerfanna, eða 50 m.kr. Mikil óvissa um hver endanleg niðurstaða verður í útboði en reiknað er með að unnt verði að reka ný kerfi með hagkvæmari hætti en þau eldri. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði endurskoðuð við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins þegar tilboð og nánari áætlanir liggja fyrir. Áætlað er að heildarkostnaður við nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi nemi um 1,3 milljörðum króna á árunum 2001–2003. Áætlunin tekur m.a. til kaupa á hugbúnaði, aðlögun, viðhalds, reksturs og kennslu notenda. Aðrar breytingar á fjárveitingu stofnunarinnar eru að gert er ráð fyrir 6 m.kr. framlagi til að koma á fót innra eftirliti með fjárreiðum ríkisstofnana. Á móti kemur að fellt er niður tímabundið 5 m.kr. framlag til verkefnis sem varðaði endurútreikning inneignarvaxta vegna oftekinna skatta. Loks lækkar framlag til rekstrar stofnunarinnar um 2,3 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 49 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir rúmlega 28 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum vegna þriggja verkefna. Þar af eru 15 m.kr. til að auka upplýsingagjöf til fasteignaeigenda með tilkynningum um breytingar á fasteignamati, 8 m.kr. eru til að efla upplýsingaúrvinnslu stofnunarinnar á sviði hagrænna málefna sem varða bygginga- og fasteignamarkaðinn og 5 m.kr. eru til þess að sinna mati og skráningu á stofnkerfum hitaveitna, vatnsveitna, rafveitna og fjarskiptakerfa sem stofnuninni var falin að annast með breytingum á skipulags- og byggingarlögum. Gert er ráð fyrir að á móti þessum útgjöldum komi auknar ríkistekjur stofnunarinnar vegna sölu upplýsinga úr Landskrá fasteigna en auk þess að endurmat fasteignamats leiði til hærri notkunargjalda. Í öðru lagi hækkar framlag til Landskrár fasteigna um 28 m.kr. og skiptist þannig að 20 m.kr. eru ætlaðar í stofnkostnað en 8 m.kr. eru rekstrargjöld til áframhaldandi uppbyggingar og starfrækslu á skránni. Í þriðja lagi eru 2 m.kr. millifærðar yfir á liðinn *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna verkefnis sem miðar að rafrænni afgreiðslu og upplýsingagjöf. Í fjórða lagi eru 2,6 m.kr. millifærðar yfir á liðinn *999 Ýmislegt* vegna rekstrarkostnaðar *Yfirfasteignamatsnefndar.* Nefndin er sjálfstætt stjórnvald sem m.a. úrskurðar í kærumálum vegna ákvarðana Fasteignamats ríkisins en er ekki hluti af rekstri stofnunarinnar. Í fimmta og síðasta lagi lækkar rekstrarframlag um 3 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum ráðuneytisins.

905 ***Ríkiskaup.*** Velta stofnunarinnar hækkar um 382,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Er þar bæði um að ræða aðlögun fjárheimilda að aukinni veltu og launa- og verðlagshækkanir. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag úr ríkissjóði.

*972 **Lánasýsla ríkisins.*** Útgjöld stofnunarinnar eru óbreytt að raungildi fyrir utan 0,5 m.kr. lækkun til að mæta aðhaldsmarkmiði ráðuneytisins.

*980 **Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.*** Rekstrarfélagið stendur að mestu leyti straum af útgjöldum sínum með þjónustugjöldum. Framlag úr ríkissjóði til starfseminnar lækkar um 15,1 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Auk launa- og verðlagshækkana eru helstu breytingar þær að tímabundið 20 m.kr. framlag til endurnýjunar og þróunar á tölvukosti Stjórnarráðsins fellur niður og að veitt er 5 m.kr. framlag til þess að auka aðgangs- og gagnaöryggi hjá Stjórnarráðinu í framhaldi af úttekt sem gerð var nýverið á þeim málum.

*981 **Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.*** Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 264,5 m.kr. og er það 20 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Breytingin skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi hækkar framlag á viðfangsefninu *6.05 Stjórnarráðsbyggingar* um 42 m.kr. og nemur það þá alls 250 m.kr. á næsta ári. Hækkunin er vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda fyrir ráðuneytin á stjórnarráðsreit sem greint var frá í fjárlagafrumvarpi 2001. Fyrirhugað er að fjarlægja húsin að Sölvhólsgötu 11 og 13 og byggja þar tæplega 6.000 fm. hús. Samkvæmt frumathugun sem enn er í vinnslu er húsið talið kosta alls 1.400 m.kr. og er þá 200 fm. bílakjallari meðtalinn. Miðað er við að framkvæmt verði fyrir 400 m.kr. árið 2002, 650 m.kr. árið 2003 og 350 m.kr. árið 2004. Lauslegt mat á þörf fyrir endurnýjun búnaðar hjá ráðuneytum samhliða flutningum er 60–80 m.kr. Unnið er að kostnaðaráætlun vegna reksturs á húsnæðinu. Í öðru lagi hækkar viðfangsefnið *5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga* tímabundið um 4,5 m.kr. til að unnt verði að ljúka uppbyggingu á öryggiskerfum í húsnæði Stjórnarráðsins við Arnarhvol. Veittar voru fjárveitingar til þessa verkefnis í fjárlögum 1999–2001, en við nánari athugun hefur komið í ljós að kostnaður við framkvæmdirnar hækkar sem nemur 4,5 m.kr. Í þriðja lagi fellur niður 26,5 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum ársins 2001 til húsnæðisframkvæmda ríkisskattstjóra.

*984 **Fasteignir ríkissjóðs.*** Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Auk launa- og verðlagsbreytinga er gert ráð fyrir að veltan í þessari starfsemi aukist um 280 m.kr. Veltuaukningin skýrist af því að Fasteignir ríkissjóðs taka á árinu 2002 að fullu við umsjón með húseignum allra framhaldsskólanna að frátöldu húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni og Sjómannaskólahúsinu. Skólarnir greiða leigu fyrir húsnæðisafnot sem er sambærileg við leigu sem Fasteignir ríkisins innheimta fyrir skrifstofuhúsnæði.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 996 Íslenska upplýsingasamfélagið og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,6	440,0	340,0	-22,7	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Skýrsluvélakostnaður	655,5	843,7	0,0	-	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	2,3	33,5	39,0	16,4	-
Ýmislegt	930,2	559,3	558,9	-0,1	-39,9
Samtals	**1.588,6**	**2.076,5**	**1.137,9**	**-45,2**	**-28,4**

Heildarfjárveiting málefnaflokksins lækkar um 94,9 m.kr. frá fjárlögum þegar tekið hefur verið tillit til þess að 843,7 m.kr. af skýrsluvélakostnaði hafa verið færðar til stofnana sem falla undir aðra málefnaflokka ráðuneytisins eins og hér segir: Fjárlagaliðurinn *995 Skýrsluvélakostnaður* fellur niður og þær 843,7 m.kr. sem þar er áætlað fyrir í fjárlögum 2001 færast yfir á fjárlagaliði þeirra stofnana sem bera ábyrgð á útgjöldum viðkomandi tölvukerfa, bæði rekstri og stofnkostnaði. Á lið *103 Ríkisbókhald* eru færðar 524 m.kr. vegna bókhalds- og starfsmannakerfa, á lið *201 Ríkisskattstjóri* eru færðar 237,6 m.kr. vegna skattvinnslukerfa, á lið *212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* færist 31 m.kr. vegna skattkerfa, á lið *262 Tollstjórinn í Reykjavík* færast 30,2 m.kr. vegna innheimtuskilakerfis og forsendukerfis innheimtugagna og á lið *999 Ýmislegt* færast 10,3 m.kr. vegna fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis. Einnig fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til smíði á tölvukerfi til að annast vinnslu á gögnum í sambandi við kaupréttarsamninga um hlutabréf. Þá færist 1 m.kr. sem aukið mótframlag á liðinn *996 Íslenska upplýsingasamfélagið.* Framlag til reksturs tölvukerfanna er jafnframt lækkað samtals um 5,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðahald í útgjaldaramma ráðuneytisins.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 7. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 100 m.kr. frá fjárlögum ársins sem er að líða. Sérstök umfjöllun er um 7. gr. frumvarpsins í kafla 8. og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna fjármálaráðuneytis er óbreytt frá fjárlögum 2001 og verður samtals 19 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við verkefni um rafræn skil á virðisaukaskatti, staðgreiðslu og tryggingagjaldi, 2 m.kr. til verkefnis um rafræna þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, 2 m.kr. til verkefnis um rafræn opinber innkaup, 7 m.kr. til verkefnis um rafrænar upplýsingar og greiðslur vegna skila á opinberum gjöldum til tollstjóra og loks 5 m.kr. til verkefnis um rafræna afgreiðslu og upplýsingagjöf frá fasteignaeigendum vegna brunabóta- og fasteignamats.

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra fjárlagaliði ráðuneytisins. Fjárveiting til þessara verkefna nemur 558,9 m.kr. og lækkar um 20 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þar vegast á nokkrar hækkanir og lækkanir. Helstu tilefni til hækkunar eru í fyrsta lagi að framlag til að mæta kröfum sem ríkissjóður verður að bera í kjölfar dóma hækkar um 20 m.kr., enda hafa slíkar kröfur aukist jafnt og þétt síðustu árin. Í öðru lagi eru 10,3 m.kr. millifærðar af liðnum *995 Skýrsluvélakostnaður*, sem fellur jafnframt niður, á ný viðfangsefni vegna reksturs og hugbúnaðargerðar fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis. Í þriðja lagi eru 2,6 m.kr. millifærðar á nýtt viðfangsefni *1.66 Yfirfasteignamatsnefnd* af liðnum *402 Fasteignamat ríkisins* vegna kostnaðar við starf nefndarinnar. Í fjórða lagi er tímabundið 0,5 m.kr. mótframlag vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins fært aftur á *6.91 Hagræðingarmál.* Helstu tilefni til lækkunar á fjárveitingu eru í fyrsta lagi að tímabundið 40 m.kr. framlag vegna vöktunar og rannsókna á jarðskjálftum á Suðurlandi fellur niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir samtals 11 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta markmiði um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins en þar af eru 6 m.kr. lækkun á framlagi til óvissra útgjalda og 3,5 m.kr. lækkun til hagræðingarmála. Í þriðja og síðasta lagi eru 2 m.kr. millifærðar af viðfangsefninu *1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður* sem mótframlag á *996 Íslenska upplýsingasamfélagið.*

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	2.263,8	2.380,9	2.551,9	7	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	758,1	793,5	803,4	1	6
Stofnkostnaður og viðhald	10.293,1	12.126,5	12.606,1	4	22
Samtals	**13.315,0**	**15.300,9**	**15.961,4**	**4**	**20**
Greitt úr ríkissjóði	-	15.547,1	16.531,2	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-	240,1	180,2	-25	-
Viðskiptahreyfingar	-	-486,3	-750,0	54	-
Samtals	-	**15.300,9**	**15.961,4**	**4**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 20.855,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 4.894,4 m.kr. en þær nema 23% af heildargjöldum ráðuneytisins. Heildartekjur og gjöld ráðuneytisins hækka vegna breyttrar framsetningar á samgönguráætlunum þar sem sýnd er innbyrðis viðskipti milli deilda Vegagerðarinnar. Um er að ræða deildir sem vinna ákveðna hluta af framkvæmdum og er kostnaður færður á þær. Nú þykir rétt að þessi viðskipti komi fram sem sala milli deilda og skýrir það hækkun sértekna um 3.100 m.kr. en útgjöld koma að sama skapi á móti. Gjöld umfram tekjur eru 15.961,4 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.531,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 180,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 750 m.kr., færist til breytinga á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.551,9 m.kr. og hækka um 171 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 75 m.kr. millifærslu af tilfærsluviðfangsefni Ferðamálaráðs á nýtt rekstrarviðfangsefni ráðsins. Jafnframt eru millifærðar 30 m.kr. framlag af framkvæmdum við flugvelli á rekstur Flugmálastjórnar vegna aukins eftirlits með flugöryggi. Loks er gert ráð fyrir 15 m.kr. framlagi til Siglingastofnunar vegna langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 9,9 m.kr. og verður 803,4 m.kr. en er 793,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Munar mestu um 20 m.kr. hækkun á framlagi vegna styrkja til innanlandsflugs. Á móti lækka framlög til tilkynningaskyldu íslenskra skipa um 26,3 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 12.606,1 m.kr. og er það 479,6 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 437 m.kr. hækkun til vegamála og 122,5 m.kr. hækkun til siglingamála.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.610 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 29,5 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 20 m.kr. og gert er ráð fyrir sérstöku 61 m.kr. framlagi vegna stærri mála. Vikið er nánar að forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld samgönguráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	531,0	463,0	466,0	392,0
Vegamál	11.529,0	13.179,0	13.088,0	12.997,0
Siglingamál	1.773,0	1.846,0	1.526,0	1.530,0
Flugmál	1.602,0	1.558,0	1.558,0	1.558,0
Póst- og fjarskiptamál	302,0	147,0	148,0	149,0
Ferðamál	223,0	225,0	227,0	229,0
Samtals	**15.960,0**	**17.418,0**	**17.013,0**	**16.855,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar, sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Útgjaldaspáin fyrir málefnaflokka samgönguráðuneytisins byggir á þeim forsendum að því undanskildu að gert er ráð fyrir að framlög til málefnaflokksins Ráðuneyti lækki um tæplega 13% milli áranna 2002 og 2003 vegna samnings sem rennur út um um markaðsátak í ferðaþjónustu á árinu 2003. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að framlög til málefnaflokka samgönguráðuneytisins verði í samræmi við gildandi samgönguáætlanir, þ.e. vegáætlun, flugmálaáætlun og hafnaáætlun.

Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 644,5 m.kr. á árinu 2002. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi frumvarpsins og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur sem kveðið er á um í sumum samningum taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Þjálfunar- og fræðslumiðstöð að Gufuskálum	B	10,0	10,0	0,0	0,0	0,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	B	50,0	50,0	0,0	0,0	0,0
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	87,7	92,4	73,4	73,4	0,0
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	30,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	64,1	64,1	64,1	0,0	0,0
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	55,4	55,4	55,4	0,0	0,0
Mjóafjarðarferjan Anný	C	4,9	2,2	0,0	0,0	0,0
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	4,1	4,1	1,0	0,0	0,0
Rekstur strandarstöðva	C	184,0	156,4	0,0	0,0	0,0
Hestamiðstöð Íslands	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	61,0	72,5	72,5	72,5	0,0
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	10,7	12,2	0,0	0,0	0,0
Samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu ..	C	26,7	29,7	29,7	29,7	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	C	43,9	47,1	47,1	47,1	0,0
Rekstur björgunarbáta	C	18,0	18,0	18,0	18,0	0,0
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	C	21,8	23,4	0,0	0,0	0,0
Samningur um Snorrastofu	C	2,0	2,0	2,0	0,0	0,0
Samtals		**679,4**	**644,5**	**368,2**	**245,7**	**5,0**

Skuldbindandi samningar ráðuneyta eru flokkaðir í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru auðkenndir með bókstafnum A en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá samgönguráðuneytinu. Aðrir samningar, sem samgönguráðuneytið stendur að í samvinnu við fjármálaráðuneytið, eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 152,4 m.kr. Samningar, sem samgönguráðuneytið stendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni og eru 492,1 m.kr. áætlaðar vegna þeirra á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði rúmlega 600 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Af nýjum samningum eru þessir helstir: Samningur um rekstur Herjólfs og Baldurs og samningur við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um slysavarnaskóla sjómanna og rekstur björgunarbáta. Samningar um rekstur ferjanna Sæfara og Annýjar renna út árinu 2001 og eru útboð fyrirhuguð á árinu 2002. Samningur um rekstur strandarstöðva rennur út á árinu 2002 og gert er ráð fyrir að verkefnið fari í útboð. Ástæða lækkunar samningsupphæðar á samningi um áætlunarflug innan lands er sú að hluti þeirra samninga rennur út á miðju ári 2002.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið. Nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni stofnananna koma fram í ritinu *Verkefnavísar 2002* sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 66,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	165,0	178,2	188,5	5,8	14,2
Ýmis verkefni	352,3	355,0	333,6	-6,0	-5,3
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	28,0	4,0	-	-
Samtals	**517,3**	**566,2**	**531,1**	**-6,2**	**2,7**

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Útgjöld nema 188,5 m.kr. og hækka um 10,3 m.kr. frá fjárlögum ársins 2001. Fellt er niður 1,5 m.kr. tímabundið framlag til sýningarinnar Islandica. Þá er 1 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Lagt er til að fjárveiting, sem fékkst í fjárlögum 2001 vegna vinnu við samræmingu samgönguáætlana, verði framlengd um tvö ár samtals 6 m.kr. á ári til ársins 2003. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags, samtals 12,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Heildargjöld eru 333,6 m.kr. og lækka um 21,4 m.kr. milli ára. Útgjöldin skiptast á viðfangsefni eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	31,9	9,3	9,3	0,0
Landflutningasjóður	0,0	1,0	0,0	-1,0
Rannsóknarnefnd sjóslysa	17,7	18,1	0,0	-18,1
Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,4	1,4	1,5	0,1
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,5	3,0	3,0	0,0
Slysavarnaskóli sjómanna	52,5	43,9	47,1	3,2
Tilkynningaskylda íslenskra skipa	20,1	21,8	23,4	1,6
Staðsetningarkerfi	0,0	8,0	5,9	-2,1
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,0	1,1	1,1	0,0
Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	32,3	26,3	0,0	-26,3
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	10,6	15,9	11,6	-4,3
Slysavarnafélagið Landsbjörg	44,7	44,7	47,7	3,0
Flugskóli Íslands	9,7	9,7	9,7	0,0
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	0,0
Ferðamál og markaðsstarf	12,4	0,0	0,0	0,0
Gestastofur, söfn og markaðsstarf	0,0	10,0	14,0	4,0
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0	50,0	50,0	0,0
Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	4,0	4,0	0,0	-4,0
Ferðamál í Scoresbysundi á Grænlandi.	0,5	0,0	0,0	0,0
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	49,0	61,0	72,5	11,5
Hestamiðstöð Íslands	5,0	5,0	5,0	0,0
Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	0,0	5,2	5,5	0,3
Ýmislegt	3,8	4,6	15,3	10,7
Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2	0,0	0,0	0,0
Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	0,0	10,0	10,0	0,0
Samtals	**352,3**	**355,0**	**333,6**	**-21,4**

Á viðfangsefni *1.16 Landflutningasjóður* fellur niður 1 m.kr. en sjóðurinn verður lagður niður á árinu 2001. Af viðfangsefni *1.20 Rannsóknarnefnd sjóslysa* eru millifærðar 18,1 m.kr. á nýjan fjárlagalið á 10-381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Samkvæmt lögum nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa, sem tóku gildi 1. september, 2000 var sjálfstæði nefndarinnar skilgreint og staða hennar sem óháðrar rannsóknarnefndar. Þykir því rétt að nefndin fái sérstakan fjárlagalið. Á viðfangsefni *1.25 Staðsetningarkerfi* er 2,1 m.kr. lækkun á rekstrarkostnaði til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Á viðfangsefni *1.28 Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa* eru felldar niður 26,3 m.kr. og viðfangsefnið hverfur úr fjárlögum. Í fyrsta lagi er felld niður 10,3 m.kr. fjárveiting vegna handvirks tilkynningakerfis skipa. Tilkynningaskyldan skiptist í handvirkt og sjálfvirkt tilkynningakerfi sem hafa verið rekin samhliða síðan 1999. Handvirka kerfið verður lagt niður í árslok 2001 og sjálfvirkt tilkynningakerfi tekur við. Í öðru lagi eru felldar

niður tvær tímabundnar fjárveitingar frá fjárlögum 2001, annars vegar 10 m.kr. rekstrarframlag til kerfisins og hins vegar 6 m.kr. styrktarframlag til minni skipa til kaupa á VHF-fjarskiptabúnaði vegna sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Á viðfangsefni *1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum* er felld niður 5 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til Slysavarnafélagsins Landsbjargar til að byggja upp rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum. Á viðfangsefni *1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg* er lagt til að veitt verði 3 m.kr. framlag til að vinna að verkefnum sem félaginu verða falin samkvæmt þjónustusamningi við samgönguráðuneytið á grundvelli langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda. Tilfærsluframlög eru millifærð af viðfangsefni *1.45 Söfn tengd ferðaþjónustu og samgöngum* á viðfangsefni *1.42 Gestastofur og markaðsstarf.* Samtals eru millifærðar 4 m.kr. á þetta viðfangsefni og verður framlag á viðfangsefninu 14 m.kr. Heiti viðfangsefnisins verður *1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf.* Á viðfangsefni *1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku* er lagt til að framlag hækki um 11,5 m.kr. vegna gengisbreytinga. Á viðfangsefni *1.90 Ýmislegt* hækkar fjárveiting um 10,7 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt 11 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2002 vegna flutnings verkefna út á land. Í fjárlögum 2001 var veitt 3,6 m.kr. framlag til sama verkefnis. Í öðru lagi er felld niður 1 m.kr. tímabundin fjárveiting í eitt ár til að kosta sérútbúna bifreið í Árneshreppi. Að síðustu er 0,3 m.kr. lækkun rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags og hagræðingar á rekstri samkvæmt markmiðum ríkisstjórnar.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Framlag til þessara verkefna samgönguráðuneytis lækkar um 12 m.kr. og verður samtals 2 m.kr. Það framlag er ætlað til verkefnis hjá Siglingastofnun um miðlun upplýsinga sem snerta öryggis- og réttindamál sjómanna. Siglingastofnun leggur fram 2 m.kr. á móti þannig að heildarframlag verður 4 m.kr.

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst 211 Vegagerðin. Útgjöld Vegagerðarinnar eru 11.529,4 m.kr. og eru sýnd í töflunni hér að neðan.

Samkvæmt þingsályktun um vegáætlun 2000 til 2004 er gert ráð fyrir að heildargjöld til Vegagerðarinnar verði 12.846 m.kr. á árinu 2002. Umsýsluþóknun til ríkissjóðs vegna innheimtu á mörkuðum tekjum hækkar um 1 m.kr. og verður 52 m.kr. Umsýsluþóknunin er færð til gjalda hjá Vegagerðinni en var þar til í fjárlögum 2001 dregin frá mörkuðum tekjum. Styrkir til ferja og sérleyfishafa lækka um 9 m.kr. vegna hækkunar á afborgunum af lánum sem tekin voru til smíði á ferjum. Ríkissjóður greiðir samtals 263 m.kr. í afborganir af þessum lánum á árinu 2002.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	456,4	392,0	401,0	2,3	-12,1
Umsýslugjald	0,0	49,0	52,0	6,1	-
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	457,1	373,0	364,0	-2,4	-20,4
Styrkir til innanlandsflugs	0,0	0,0	92,4	-	-
Þjónusta	2.325,1	2.197,0	2.194,0	-0,1	-5,6
Viðhald	1.825,7	2.031,0	2.040,0	0,4	11,7
Nýframkvæmdir	4.046,9	5.374,0	5.805,0	8,0	43,4
Landsvegir	204,2	115,0	115,0	0,0	-43,7
Tilraunir	82,6	101,0	101,0	0,0	22,3
Safnvegir	255,1	272,0	272,0	0,0	6,6
Styrkvegir	18,5	54,0	54,0	0,0	191,9
Reiðvegir	23,3	39,0	39,0	0,0	67,4
Samtals	**9.694,9**	**10.997,0**	**11.529,4**	**4,8**	**18,9**

Til nýframkvæmda er varið 5.805 m.kr. sem er 431 m.kr. hækkun frá árinu 2001. Vegna sérstakra aðgerða, sem ríkisstjórnin hefur gripið til vegna breyttra aðstæðna, er gert ráð fyrir að framlög til Vegagerðarinnar verði 1.461 m.kr. lægri en það sem vegáætlun gerir ráð fyrir. Samgönguráðherra mun gera nánari grein fyrir þessum breytingum við endurskoðun vegáætlunar.

Vegna breyttrar framsetningar samgönguáætlana eru sýnd innbyrðis viðskipti Vegagerðarinnar. Um er að ræða deildir innan Vegagerðarinnar sem vinna ákveðna hluta af framkvæmdum og færist sem framkvæmdakostnaður. Vegagerðin hefur um allangt skeið selt vinnu milli deilda og kostnaðarfært á verkefni. Nú þykir rétt að þessi viðskipti komi fram sem sala á milli deilda og skýrir það 3.100 m.kr. sértekjufærslu hjá Vegagerðinni og útgjöld koma að sama skapi á móti. Skiptingin á tekjunum er sýnd í meðfylgjandi töflu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstur umdæma
Hönnun verka, eftirlit með framkvæmdum, vinnuflokkar og verkstæði í umdæmum.	1.850,0
Viðhald og endurbætur húsnæðis, minjamál og fl.	140,0
Asfaltsala til verka	330,0
Birgða- og véladeild	780,0
Samtals	**3.100,0**

Heildargjöld Vegagerðarinnar umfram sértekjur eru 11.529 m.kr. en eru 10.997 m.kr. í fjárlögum þessa árs og hækka um 528 m.kr. milli ára. Því til viðbótar greiðir Vegagerðin 303 m.kr. af lánum til ríkissjóðs sem er annars vegar 40 m.kr. afborgun af láni vegna vegtengingar við Hvalfjarðargöng og hins vegar 263 m.kr. vegna afborgana af ferjulánum vegna smíði á ferjum. Einnig er gert ráð fyrir 92,4 m.kr. fjárveitingu vegna styrkja til innanlandsflugs en Vegagerðin hefur tekið við umsýslu þess verkefnis af Flugmálastjórn.

Jafnframt er lagt til að fjárveiting hækki um 20 m.kr. milli ára vegna nýs samnings við Íslandsflug um áætlunarflug á Vestfirði. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2001 er lagt til að veitt verði 20 m.kr. fjárheimild vegna sama samnings. Samtals eru greiðslur úr ríkissjóði því 11.832,4 m.kr.

Skipting á heildarútgjöldum Vegagerðarinnar



Markaðar tekjur til vegamála eru áætlaðar 10.407 m.kr. Auk þess er 500 m.kr. viðbótarframlag vegna sérstakrar samþykktar ríkisstjórnarinnar um viðbótarfé til nýframkvæmda fyrir árin 1999 til 2002, eða alls 2.000 m.kr. Fyrsta árið er um lánsfé að ræða en bein framlög hin þrjú árin. Lánsféð verður endurgreitt af vegáætlun á árunum 2007 til 2010. Jafnframt eru 2.300 m.kr. vegna sérstakrar fjáröflunar samkvæmt vegáætlun. Nánar er gerð grein fyrir forsendum teknanna í 2. kafla um tekjur A-hluta. Af mörkuðum tekjum eru greiddar í ríkissjóð afborganir af lánum vegna Hvalfjarðaganga og ferja, samtals 303 m.kr. Ekki hefur verið tekin afstaða til hvernig frestun framkvæmda snertir einstaka liði fjármögnunar.

Siglingamál

Undir þennan málefnaflokk teljast fjárlagaliðirnir: 335 Siglingastofnun Íslands og 381 Rannsóknarnefnd sjóslysa sem er nýr fjárlagaliður. Heildargjöld málefnaflokksins eru 1.773,3 m.kr.

335 Siglingastofnun Íslands. Heildargjöld eru 1.749,7 m.kr. umfram sértekjur og hækka um 156,7 m.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að 334,7 m.kr. renni til reksturs stofnunarinnar en var 300,5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin skýrist af að lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. Einnig er gert ráð fyrir framlagi vegna verkefnis um miðlun

upplýsinga sem snerta öryggis- og réttindamál sjómanna af lið 10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið og skýrir það lækkun á viðfangsefninu un 2 m.kr. Loks er stofnuninni gert að hagræða í rekstri um 6 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Gert er ráð fyrir að fjárveiting viðfangsefnisins *6.70 Hafnarmannvirki* hækki um 125,8 m.kr. milli ára og verði 1.283 m.kr. Samkvæmt þingsályktun um hafnaáætlun fyrir árin 2001 til 2004, sem var samþykkt á Alþingi vorið 2001, er gert ráð fyrir að fjárveiting til nýframkvæmda verði 1.093,5 m.kr. og lækki um 63,7 m.kr. frá árinu 2001. Vegna sérstakra aðgerða, sem ríkisstjórnin hefur gripið til vegna breyttra aðstæðna, er gert ráð fyrir að framlög til hafnarmannvirkja verði 90,9 m.kr. lægri en það sem hafnaáætlun gerir ráð fyrir. Þær framkvæmdir, sem fyrirhugað er að fresta, eru þurrkví í Vestmannaeyjum upp á 44,5 m.kr., stálþil við suðurbryggju í Sandgerði, framkvæmd upp á 19,6 m.kr., loðnulöndunarkantur í Ólafsfirði, frestun upp á 14,9 m.kr. og viðgerðarbryggja skipasmíðastöðvar á Ísafirði, frestun upp á 11,9 m.kr. Til viðbótar við hafnaáætlun er lagt til að veitt verði 200 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna hafnarframkvæmda á Seyðisfirði vegna nýrrar ferju. Heildarkostnaður er áætlaður 611 m.kr. og þar af er 85 m.kr. vegagerð sem greiðist af vegafé. Hlutur ríkissjóðs af heildarkostnaði er áætlaður 312 m.kr. og er gert ráð fyrir að 200 m.kr. komi til greiðslu 2002, 98 m.kr. 2003 og 14 m.kr. 2004. Um þessa framkvæmd verður gerður sérstakur hafnasamningur. Á viðfangsefni *6.80 Sjóvarnargarðar* fellur niður 2,8 m.kr. tímabundið framlag til sjóvarna í Leiru. Á viðfangsefni *6.90 Hafnabótasjóður, framlag* er stofnkostnaður lækkaður um 1,4 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Framlag í B-hluta Hafnabótasjóðs lækkar samsvarandi og verður 16,6 m.kr. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa og verðlags, samtals 109,1 m.kr.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til nýframkvæmda í höfnum og lækkun á skuldum ríkissjóðs vegna fyrri hafnarframkvæmda en það kemur fram sem viðskiptahreyfing í framsetningu fjárlaga:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Nýframkvæmdir í höfnum	1.157,2	1.283,0	10,9
Lækkun skulda ríkissjóðs vegna fyrri hafnaframkvæmda	194,3	198,0	1,9
Samtals, greiðslur úr ríkissjóði	**1.351,5**	**1.481,0**	**12,8**

Af 1.283 m.kr. útgjöldum ríkissjóðs vegna hafnarmannvirkja á næsta ári eru 210 m.kr. fjármagnaðar með sérstöku vörugjaldi samkvæmt hafnalögum. Aðrir markaðir tekjustofnar Siglingastofnunar eru vitagjald, 85 m.kr., og skipagjald, 63,9 m.kr.

Í þessari töflu eru sýnd framlög til einstakra hafna samkvæmt tillögu samgönguráðuneytis um skiptingu.

Sveitarfélag	Til nýfrkv.	Til uppgjörs	Fjárveiting alls
Akranes	56,3	0,0	56,3
Snæfellsbær	60,6	0,0	60,6
Grundarfjörður	22,4	0,0	22,4
Stykkishólmur	14,1	0,0	14,1
Reykhólahöfn	2,9	-0,1	2,8
Vesturbyggð	17,4	0,0	17,4
Bolungarvík	23,7	0,0	23,7
Ísafjarðarbær	23,4	0,0	23,4
Súðavík	10,3	0,0	10,3
Drangsnes	1,1	0,0	1,1
Skagaströnd	8,2	0,0	8,2
Skagafjörður	46,3	0,0	46,3
Siglufjörður	10,0	0,0	10,0
Hafnasamlag Eyjafjarðar	34,8	0,0	34,8
Hafnasamlag Norðurlands	26,8	0,0	26,8
Grímsey	7,5	-1,5	6,0
Húsavík	0,0	155,6	155,6
Kópasker	4,9	0,0	4,9
Raufarhöfn	9,3	0,0	9,3
Þórshöfn	125,8	0,0	125,8
Bakkafjörður	11,6	0,0	11,6
Vopnafjörður	21,9	0,0	21,9
Seyðisfjörður	213,4	0,0	213,4
Fjarðabyggð	158,7	0,0	158,7
Fáskrúðsfjörður	19,2	0,0	19,2
Djúpivogur	30,2	0,0	30,2
Hornafjörður	8,3	0,0	8,3
Vestmannaeyjar	125,8	0,0	125,8
Þorlákshöfn	6,7	34,0	40,7
Grindavík	108,2	10,0	118,2
Sandgerði	30,2	0,0	30,2
Hafnasamlag Suðunesja	18,4	0,0	18,4
Óskipt til slysavarna o.fl.	8,7	0,0	8,7
Rannsóknir	16,0	0,0	16,0
Samtals	**1.283,0**	**198,0**	**1.481,0**

Í eftirfarandi töflu eru sýndar fyrirhugaðar fjárveitingar til sjóvarna á árinu 2001 samkvæmt tillögu samgönguráðuneytisins um skiptingu.

Sveitarfélag	Fjárveiting alls
Akraneskaupstaður	6,5
Snæfellsbær	1,6
Reykhólahreppur	2,5
Ísafjarðarbær	6,7
Súðavíkurhreppur	3,2
Kaldrananeshreppur	1,6
Höfðahreppur	4,1
Öxafjarðarhreppur	1,9
Vopnafjarðarhreppur	4,8
Árborg, sveitarfélag	17,7
Ölfus, sveitarfélag	7,9
Bessastaðahreppur	8,1
Seltjarnarneskaupstaður	5,0
Óskipt	2,2
Samtals	**73,8**

381 Rannsóknarnefnd sjóslysa. Af viðfangsefni *1.20 Rannsóknarnefnd sjóslysa* eru millifærðar 18,1 m.kr. á þennan nýja fjárlagalið. Samkvæmt lögum nr. 68/2000 um rannsókn sjóslysa sem tóku gildi 1. september 2000 var sjálfstæði nefndarinnar skilgreint og staða hennar sem óháðrar rannsóknarnefndar. Þykir því rétt að nefndin fái sérstakan fjárlagalið. Jafnframt er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til 2004 vegna ráðningar framkvæmdastjóra og breytingum í starfsmannahaldi. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags og lækkunar rekstrarkostnaðar til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn og 481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Fjárlagaliðurinn 472 Flugvellir, framkvæmdir hefur verið sameinaður lið 471 Flugmálastjórn. Heildargjöld eru áætluð 1.602,3 m.kr. en voru 1.630,5 m.kr. í fjárlögum 2001 og lækka um 28,2 m.kr.

471 Flugmálastjórn. Heildarframlag til Flugmálastjórnar verður 1.582,3 m.kr. Millifærðar eru 376,1 m.kr. af viðfangsefni *1.01 Rekstur flugvalla* yfir á fjárlagalið Flugmálastjórnar á viðfangsefnið *101 Flugmálastjórn.* Unnið er að samræmingu á samgönguáætlunum hjá samgönguráðuneytinu og er sameining fjárlagaliðanna hluti af þeirri vinnu. Framsetning fjárlagaliða Vegagerðar, Flugmálastjórnar og Siglingastofnunnar verður samræmd. Farið er fram á 30 m.kr. framlag vegna áframhaldandi starfs að auknu eftirliti með lofthæfi og flugrekstri, og með flugöryggismálum almennt, en jafnframt er lagt til að framkvæmdum við flugvelli samkvæmt flugmálaáætlun verði frestað um samsvarandi fjárhæð. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2001 er sambærileg 10

m.kr. tillaga. Loks er stofnuninni gert að hagræða í rekstri um 17 m.kr. vegna aðhaldsmarkmiða. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar var leiðarflugsgjald fyrir veðurþjónustu og flugleiðsögn fellt niður frá og með miðju ári 2001. Ráðgert er að flytja frumvarp þar um á haustþingi 2001. Fjármögnunarliðurinn innheimt af ríkistekjum lækkar því um 45 m.kr. en fjármögnunarliðurinn greitt úr ríkissjóði hækkar sem nemur áætluðum tekjum af gjaldinu. Af viðfangsefni *1.11 Styrkir til innanlandsflugs* eru millifærðar 87,7 m.kr. á lið Vegagerðarinnar, sem hefur tekið yfir umsýslu með þessum styrkjum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert er ráð fyrir að gjöld vegna rekstrar Alþjóðaflugþjónustunnar hækki um 231,6 m.kr. og kemur sú hækkun fram á viðfangsefni *1.70 Alþjóðaflugþjónustan.* Gert er ráð fyrir að tekjur Flugmálastjórnar af yfirflugsgjöldum muni einnig aukast að sama skapi. Áætlað er að framlag Íslands, vegna ákvæða, um 5% kostnaðarhlutdeild í þjónustunni, í samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, aukist um 10,7% milli ára eða um 9,7 m.kr., úr 90,7 m.kr. í 100,4 m.kr. og kemur sú hækkun fram á viðfangsefni *1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO.* Stofnkostnaðarviðfangsefnið *6.41 Flugvellir, framkvæmdir* er nýtt viðfangsefni. Heildargjöld á viðfangsefninu eru 557,1 m.kr. Í fyrsta lagi eru millifærðar 613 m.kr. af eldra viðfangsefni *6.80 Flugvellir, framkvæmdir* vegna sameiningar liðanna 10-471 og 10-472. Í öðru lagi er 292 m.kr. hækkun samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 2002 til 2003. Í þriðja lagi er vegna breyttra aðstæðna gert ráð fyrir að framlög til flugmála verði 67,9 m.kr. lægri en það sem flugmálaáætlun gerir ráð fyrir. Í fjórða lagi er lagt til að framkvæmdum við flugvelli að fjárhæð 30 m.kr. samkvæmt flugmálaáætlun verði frestað og fjárveiting færð á viðfangsefni *1.01 Flugmálastjórn.* Helstu framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru á árinu 2002 og frestast eru tækjageymsla á Akureyrarflugvelli, flugvallargirðing og vararafstöð á Egilsstaðaflugvelli, aðflugsljós og flughlað á Vestmannaeyjaflugvelli, vararafstöð á Hornafjarðarflugvelli og búnaður til næturaðflugs á Ísafjarðarflugvelli. Í fimmta lagi er gerð tillaga um að greiðsla úr ríkissjóði hækki um 10 m.kr. til móts við samsvarandi lækkun á tekjum af lendingargjöldum vegna innanlandsflugs. Að síðustu er gjaldaheimild lækkuð um 250 m.kr. vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er lagt til að veitt verði 250 m.kr. gjaldaheimild vegna flýtingar á framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Þar sem greiðsluheimild er ekki breytt kemur viðskiptahreyfing á lið 10-471 Flugmálastjórn.

481 Rannsóknarnefnd flugslysa. Áætlað framlag til rannsóknarnefndarinnar er 20 m.kr. og lækkar um 4 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist aðallega af því að felld er niður tímabundin fjárveiting til eins árs vegna ráðningar nýs rannsóknarstjóra Rannsóknarnefndar flugslysa. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlags auk lækkunar á rekstrarkostnaði til að mæta aðhaldsmarkmiðum.

Póst- og fjarskiptamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 512 Póst- og fjarskiptastofnun. Útgjöld eru áætluð 302 m.kr. og lækka um 10,8 m.kr. frá fjárlögum 2001. Á viðfangsefni *1.01 Póst- og fjarskiptastofnun* eru millifærðar 8 m.kr. af lið 10-996 Íslenska upplýsingasamfélagsins þar sem verkefni um könnun á möguleikum gervitungla til nettenginga er lokið. Á viðfangsefni *1.11 Rekstur strandarstöðva* er lækkun á framlagi um 36,3 m.kr. Samkvæmt samningi við Landssíma Íslands hf. um rekstur strandarstöðva lækkar kostnaður milli áranna 2001 og 2002. Aðrar breytingar á liðnum eru vegna launa- og verðlags og breytinga á ríkistekjum.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Útgjöld ráðsins eru áætluð 223,3 m.kr. og hækka um 21,9 m.kr. milli ára. Á nýtt viðfangsefni *1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis* eru millifærðar 75 m.kr. af viðfangsefni *1.81 Ferðamál skv. 8 gr. laga nr. 117/1994*. Ferðamálaráð rekur landkynningarskrifstofur í París, New York og Frankfurt og er kostnaður vegna þeirra færður á þetta nýja viðfangsefni. Jafnframt er gerð breyting á viðfangsefni *1.81 Ferðamál skv. 8 gr. laga nr. 117/1994* og heitir það nú *1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu* og eru samtals 8 m.kr. á því viðfangsefni. Millifærðar eru 6 m.kr. af lið 10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið vegna verkefnis um vef Ferðamálaráðs, Icetourist.is þar sem því er lokið. Á viðfangsefni *1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar* er felld niður 0,5 m.kr. tímabundin fjárveiting. Loks er Ferðamálaráði gert að hagræða um 1,8 m.kr. í rekstri til að mæta aðhaldsmarkmiðum. Aðrar breytingar má rekja til launa og verðlags.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	464,8	587,0	666,3	14	43
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.765,1	1.738,7	1.830,4	5	4
Stofnkostnaður og viðhald	400,8	425,3	409,3	-4	2
Samtals	**2.630,7**	**2.751,0**	**2.906,0**	**6**	**10**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.652,0	2.794,8	5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	99,0	111,2	12	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**2.751,0**	**2.906,0**	**6**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 3.534,4 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 628,4 m.kr. en þær nema 18% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.906 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.794,8 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 111,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 666,3 m.kr. og hækka um 78,3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 29,9 m.kr. millifærslu frá Skrifstofu rannsóknastofu atvinnuveganna til Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Framlagið til Iðntæknistofnunar hækkar einnig vegna 10 m.kr. framlags til Impru, frumkvöðlaseturs.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 91,7 m.kr. og verður 1.830,4 m.kr. en er 1.738,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Þyngst vegur 70 m.kr. framlag til rannsókna á mörkum landgrunns Íslands.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 409,3 m.kr. og er það 16 m.kr. lækkun milli ára. Stærsta breytingin er 25 m.kr. niðurfellt tímabundið framlag til virkjanarannsókna.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með 20 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Einnig lækkar stofnkostnaður um 2 m.kr. af sama tilefni. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 10 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald með stofnkostnaði og rekstri og forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld iðnaðarráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	233,0	235,0	237,0	239,0
Iðnaðarmál	690,0	695,0	700,0	700,0
Orkumál	1.410,0	1.612,0	1.601,0	1.389,0
Byggðamál	573,0	587,0	601,0	616,0
Samtals	**2.906,0**	**3.129,0**	**3.139,0**	**2.944,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtíma-áætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar. Hér er þó getið um helstu reikniforsendur í útgjaldaspánni sem eiga sérstaklega við um málaflokka iðnaðarráðuneytisins og fela í sér mestar breytingar frá almennum forsendum reiknilíkansins. Breytingar á málefnaflokknum Orkumál skýrast af af landgrunnsrannsóknum en áætlað er að framlagið hækki um 200 m.kr. árið 2003 og fari svo lækkandi til ársins 2005, sjá nánari skýringar undir liðnum Ýmis orkumál.

Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur gert samning við samtök sem nemur samtals um 5 m.kr. á yfirstandandi ári. Einnig hefur ríkistjórnin boðið sveitarfélögum á Vestfjörðum 2.760 m.kr. fyrir 60% hlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Hestamiðstöð Íslands	B	5,0	5,0	5,0	5,0	0,0
Samtals		**5,0**	**5,0**	**5,0**	**5,0**	**0,0**

Samningurinn er samstarfssamningur þriggja ráðuneyta um tilfærsluframlög til Hestamiðstöðvar Íslands. Að samningnum koma ráðuneyti byggðamála, ferðamála og landbúnaðarmála sem leggja alls 25 m.kr. til verkefnisins á ári til ársins 2005.

Samningnum, sem er staðfestur af fjármálaráðuneyti, er ætlað að efla fagmensku í hrossarækt, hestamennsku, hestaíþróttum og hestatengdri ferðaþjónustu.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu Verkefnavísar 2002 sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan; Ráðstöfunarfé og Íslenska upplýsingasamfélagið. Gjöld málefnaflokksins hækka um 16,1 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	83,7	80,7	84,6	4,8	1,1
Einkaleyfastofan	80,1	99,0	111,2	12,3	38,8
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	0,0	18,0	29,0	61,1	-
Samtals	**163,8**	**187,7**	**203,8**	**8,6**	**24,4**

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 1,8 m.kr. raunlækkun vegna hagræðingar til að mæta aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

102 Einkaleyfastofan. Fjárheimild stofnunarinnar hækkar um 12,2 m.kr. vegna hærri innheimtu af ríkistekjum en stofnunin er eingöngu fjármögnuð með þrenns konar gjöldum sem eru gjald fyrir einkaleyfi, vörumerkjagjald og gjald vegna hönnunarverndar.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Framlag til þessara verkefna iðnaðarráðuneytis hækkar um 3,5 m.kr. og verður samtals 12,5 m.kr. Þar af eru 10,5 m.kr. ætlaðar til að mæta kostnaði við rafrænt samfélag, og hagnýtingu upplýsingatækni á landsbyggðinni og verkefni sem áætlað er að kosti 2 m.kr. vegna opins gagnagrunnsverkefnis um málefni landsbyggðarinnar. Á móti framlögum Íslenska upplýsingasamfélagsins færast 12,5 m.kr. frá Byggðastofnun og eru því áætlaðar 25 m.kr. til verkefnanna.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarsins; 240 Iðnaðarrannsóknir; 245 Samtök iðnaðarins; 299 Iðja og iðnaður og 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Gjöld málefnaflokksins hækka um 117,9 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðntæknistofnun Íslands	91,2	112,1	145,8	30,1	59,9
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	62,1	59,6	79,5	33,4	28,0
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	73,7	14,4	14,5	0,7	-80,3
Samtök iðnaðarins	168,7	136,7	200,0	46,3	18,6
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	0,2	75,0	75,0	0,0	-
Iðja og iðnaður, framlög	174,9	174,0	174,9	0,5	0,0
Samtals	**570,8**	**571,8**	**689,7**	**20,6**	**20,8**

201 Iðntæknistofnun Íslands. Alls hækkar framlagið um 25,1 að raungildi. Í fyrsta lagi er lögð til 10 m.kr. fjárveiting til starfsemi Impru, frumkvöðlaseturs, sem sett var á laggirnar í mars 1999. Þar geta einstaklingar, lítil og meðalstór fyrirtæki leitað aðstoðar og upplýsinga um viðskiptahugmyndir og annað er kemur að rekstri fyrirtækja. Einnig er farið fram á að 15,8 m.kr. millifærslu á fjárheimildum til rekstrar og viðhalds húseigna frá Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem áður sá um þennan rekstur. Framlag að upphæð 2,5 m.kr. til Íslenska upplýsingasamfélagsins gengur til baka. Loks er gert ráð fyrir 3,2 m.kr. hagræðingu.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Alls hækkar liðurinn um 14,8 m.kr. að raungildi. Farið er fram á 14,1 m.kr. millifærslu fjárheimilda vegna viðhalds og reksturs fasteigna á Keldnaholti. Gert er ráð fyrir að stofnunin sjái um þennan lið framvegis. Framlag að upphæð 2,5 m.kr. til Íslenska upplýsingasamfélagsins gengur til baka til stofnunarinnar. Loks er gert ráð fyrir 1,8 m.kr. hagræðingu.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Liðurinn lækkar um 1,5 m.kr. að raungildi vegna hagræðingaraðgerða. Þar af lækka viðföngin Staðlaráð um 0,6 m.kr., alþjóðlegt samstarf um 0,4 m.kr. og viðfangið nýsköpun og markaðsmál um 0,5 m.kr.

Orkumál

Fjárlagaliðir 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál falla undir þennan máefnaflokk. Gjöld málefnaflokksins hækka um 28,5 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	245,9	220,3	229,5	4,2	-6,7
Orkusjóður	83,3	108,3	83,3	-23,1	0,0
Ýmis orkumál	954,9	1.053,0	1.097,3	4,2	14,9
Samtals	**1.284,1**	**1.381,6**	**1.410,1**	**2,1**	**9,8**

301 ***Orkustofnun.*** Alls lækkar liðurinn um 5,7 m.kr. að raungildi vegna aðhaldsaðgerða til mæta afkomumarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

371 ***Orkusjóður.*** Lagt er til að tímabundið 25 m.kr. framlag til virkjanarannsókna falli niður.

399 ***Ýmis orkumál.*** Alls lækkar liðurinn um 9,7 m.kr. og eru þar ýmsir liðir til lækkunar og hækkunar. Þar vega þyngst landsgrunnsrannsóknir en farið er fram á 70 m.kr. framlag til rannsókna á mörkum landgrunns Íslands utan efnahagslögsögunnar. Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna geta strandríki gert tilkall til kolefnissetlaga sem eru innan þess svæðis sem falla undir landgrunn hvers ríkis. Þau þrjú svæði, sem gætu innihaldið olíu eða gas, eru Hatton-Rockall svæðið, Jan Mayen hryggurinn og svæðið í kringum landgrunn Norðurlands. Reiknað er með að kröfugerð verði lokið árið 2006 og að úrskurður frá landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna liggi fyrir ekki seinna en árið 2010. Alls er gert ráð fyrir að kostnaður vegna kröfugerðarinnar verði um 703 m.kr. sem skiptist milli utanríkisráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Utanríkisráðuneytið sér um samningagerð, samskipti við erlend þjóðríki og eiginlega kröfugerð fyrir landgrunnsnefndina. Áætlaður kostnaður utanríkisráðuneytisins er 10,6 m.kr. á ári í fjögur ár en lækkar síðasta árið niður í 5,2 m.kr. Hlutverk iðnaðarráðuneytis er umsjón með hvers kyns sérfræðivinnu svo sem hljóðvarps- og dýptarmælingum. Áætlað er að sá kostnaður hækki í 270 m.kr. árið 2003, verði 257 m.kr. árið 2004, 43 m.kr. árið 2005 og 5,6 m.kr. árið 2006. Í öðru lagi fellur niður 40 m.kr. tímabundin fjárveiting hitaveitna á köldum svæðum sem var samkvæmt byggðaráætlun frá 1999–2001. Í þriðja lagi fellur niður 18 m.kr. tímabundið framlag til átaks í jarðhitaleit. Í fjórða lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag vegna viðgerða á dreifikerfi rafveitna af völdum náttúruhamfara. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 1,7 m.kr. hagræðingu.

Byggðamál

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 411 Byggðastofnun sem skiptist á þrjú viðföng: *110 Byggðastofnun; 111 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og 641 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni.*

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðastofnun	247,0	188,9	172,5	-8,7	-30,2
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	65,0	103,0	100,9	-2,0	55,2
Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0	300,0	300,0	0,0	0,0
Samtals	**612,0**	**591,9**	**573,4**	**-3,1**	**-6,3**

*411 **Byggðastofnun.*** Liðurinn lækkar um alls 18,5 m.kr. að raungildi. Þar af eru 12,5 m.kr. millifærðar á Íslenska upplýsingasamfélagið, annars vegar vegna rafræns samfélags og hagnýtingar upplýsingartækni á landsbyggðinni og hins vegar til að byggja gagnagrunn um málefni landsbyggðarinnar. Loks er gert ráð fyrir 3,9 m.kr. almennri hagræðingu og 2,1 m.kr. hagræðingu hjá atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni. Framangreind framlög miðast við núverandi byggðaáætlun en unnið er að nýrri byggðaáætlun fyrir árin 2002–2003, sem lögð verður fyrir Alþingi á haustþingi komanda. Gert er ráð fyrir að framlög breytist miðað við breyttar áherslur áætlunarinnar.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	657,2	650,5	734,4	13	12
Neyslu- og rekstrartilfærslur	694,0	683,4	715,7	5	3
Stofnkostnaður og viðhald	53,1	4,2	4,2	0	-92
Samtals	**1.404,3**	**1.338,1**	**1.454,3**	**9**	**4**
Greitt úr ríkissjóði	-	1.112,9	1.154,2	4	-
Innheimt af ríkistekjum	-	211,4	255,1	21	-
Viðskiptahreyfingar	-	13,8	45,0	226	-
Samtals	-	**1.338,1**	**1.454,3**	**9**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2002 eru áætluð um 1.463,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 9,6 m.kr. en þær nema 1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 1.454,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.154,2 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 255,1 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 45 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs sem kemur fram hjá Fjármálaeftirlitinu.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 734,3 m.kr. og hækka um 83,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 58,2 m.kr. hækkun á álögðum gjöldum sem halda uppi rekstri Fjármálaeftirlitsins. Einnig kemur til nýtt 10 m.kr. framlag til stofnunar evrópskrar neytendamiðstöðvar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 32,2 m.kr. og verður 715,7 m.kr. Þyngst vegur hækkun gjalda sem standa undir flutningsjöfnun á olíu og sementi.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 4,2 m.kr. og er það sama fjárhæð og á árinu 2001.

Ráðuneytið hefur gert ráð fyrir 9 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 10 m.kr.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld viðskiptaráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	156,0	157,0	158,0	159,0
Viðskiptamál	625,0	631,0	637,0	643,0
Flutningsjöfnun	673,0	673,0	673,0	673,0
Samtals	**1.454,0**	**1.461,0**	**1.468,0**	**1.475,0**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtíma-áætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggir á og er vísað til þeirrar umfjöllunar. Í útreikningnum hér að ofan er gert ráð fyrir að viðskiptamál vaxi um 1% árlega sem er sama forsenda og gefin er um almenna stjórnsýslu.

Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 17,5 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2002 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Kynning á alþjóðlegum viðskiptafélögum	C	9,0	9,0	0,0	0,0	0,0
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	8,5	8,5	8,5	8,5	8,5
Samtals		**17,5**	**17,5**	**8,5**	**8,5**	**8,5**

Viðskiptaráðuneytið stendur eitt að samningum en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Annars vegar er samningur við Neytendasamtökin um rekstrarframlag og hins vegar samningur við Verslunarráð Íslands og Fjárfestingarstofuna um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir viðskiptaráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu Verkefnavísar 2002 sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og Ráðstöfunarfé. Gjöld málefnaflokksins hækka um 3,1 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	112,2	102,1	107,6	5,4	-4,1
Ýmis verkefni	26,6	47,9	45,5	-5,0	71,1
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	3,0	0,0	-
Samtals	**138,8**	**153,0**	**156,1**	**2,0**	**12,5**

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu lækki um 1,7 m.kr. að raungildi vegna almennrar hagræðingar til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

190 Ýmis verkefni. Tímabundið 13 m.kr. framlag vegna skýrslu til Alþingis um stjórnunar- og eignartengsl í íslensku atvinnulífi fellur niður. Farið er fram á 10 m.kr. í því skyni að stofna evrópska neytendamiðstöð á Íslandi. Henni er ætlað að tryggja skilvirkari upplýsingagjöf og aðstoð til neytenda um málefni hins sameiginlega innri markaðar og tryggja virk tengsl neytenda sem eiga aðilda að Evrópska efnahagsvæðinu. Evrópusambandið greiðir til jafns við framlag Íslendinga. Loks lækkar framlag til liðarins um 0,6 m.kr. vegna hagræðingarkröfu.

Viðskiptamál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 302 Löggildingarstofa; 402 Fjármálaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun og 999 Ýmis viðskiptamál. Gjöld málefnaflokksins hækka um 81,1 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Löggildingarstofa	234,7	170,5	187,0	9,7	-20,3
Fjármálaeftirlitið	178,8	228,0	286,2	25,5	60,1
Samkeppnisstofnun	120,7	130,6	137,0	4,9	13,5
Ýmis viðskiptamál	15,0	15,0	15,0	0,0	0,0
Samtals	**549,2**	**544,1**	**625,2**	**14,9**	**13,8**

302 Löggildingarstofan. Alls hækkar liðurinn um 4 m.kr. að raungildi. Gert ráð fyrir 8 m.kr. framlagi til að sinna eftirliti með vottun rafrænna undirskrifta samkvæmt lögum þar um og samþykkt voru á vorþingi 2001. Innheimt verður 1 m.kr. gjald fyrir hvert fyrirtæki sem sækir um að votta fullgildar rafrænar undirskriftir. Tvö fyrirtæki hafa nú þegar sótt um slíkt leyfi. Gert er ráð fyrir að útgjöld Löggildingarstofu lækki um 4 m.kr. vegna hagræðingar til að mæta aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

402 Fjármálaeftirlitið. Ríkistekjur, sem renna til gjaldaliðar, eru áætlaðar 241,2 m.kr. en þær eru fjármagnaðar með eftirlitsgjöldum á fjármálafyrirtæki samkvæmt frumvarpi sem lagt er fram á haustþingi hvers árs. Alls er gert ráð fyrir að útgjöld stofnarinnar verði 286,2 m.kr. Mismunurinn skýrist af 45 m.kr. höfuðstól sem varð til við sameiningu bankaeftirlitsins og vátryggingaeftirlitsins. Áætlað er að þeir fjármunir nýtist til að fjármagna hluta rekstursins fyrir árið 2002 og er því viðskiptahreyfing sem höfuðstólnum nemur.

902 Samkeppnisstofnun. Gert er ráð fyrir að fjárlagaliðurinn lækki um 2,7 m.kr. að raungildi vegna hagræðingar til að mæta útgjaldamarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Flutningsjöfnun

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Flutningssjóður olíuvara og 821 Flutningssjóður sements. Gjöld málefnaflokksins hækka um 32 m.kr. Aðrar helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	461,9	485,0	503,0	3,7	8,9
Flutningssjóður sements	192,8	156,0	170,0	9,0	-11,8
Samtals	**654,7**	**641,0**	**673,0**	**5,0**	**2,8**

811 Flutningssjóður olíuvara. Gert er ráð fyrir 18 m.kr. hærri innheimtu ríkistekna sem er ætlað að standa undir flutningsjöfnuði á olíuvörum til að verð á olíuvörum verði sem jafnast á öllu landinu.

821 Flutningssjóður sements. Áætluð innheimta af ríkistekjum, sem nýtast í flutningsjöfnun sements, hækkar um 14 m.kr. frá fyrra ári.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld og fjármögnun Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	360,8	339,1	338,2	0	-6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	0,2	3,8	3,8	0	1800
Stofnkostnaður og viðhald	17,4	26,6	39,6	49	128
Samtals	**378,4**	**369,5**	**381,6**	**3**	**1**
Greitt úr ríkissjóði	-	261,5	268,0	2	-
Innheimt af ríkistekjum	-	108,0	113,6	5	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	0	-
Samtals	-	**369,5**	**381,6**	**3**	-

Heildargjöld Hagstofu Íslands árið 2002 eru áætluð um 390 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8,4 m.kr. en þær nema 2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 381,6 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 268 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 113,6 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Hækkun framlaga frá yfirstandandi ári er samtals 12,1 m.kr. Breytingar eru þær að niður falla alls 10 m.kr. framlög sem veitt voru tímabundið til undirbúnings skrárbyggðu manntali. Framlag til verkefna á lið Íslenska upplýsingasamfélagsins hækkar um 7 m.kr. og jafnhátt mótframlag er millifært af viðfangsefni Yfirstjórnar á lið upplýsingasamfélagsins; alls er áætlað fyrir 26 m.kr. útgjöldum á þeim lið. Þá er gert ráð fyrir 7 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði og 1 m.kr. lækkun útgjalda í stofnkostnaði. Aðrar breytingar, alls 23,1 m.kr., skýrast af almennum launa- og verðlagshækkunum.

Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur um útgjaldaþróun helstu málaflokka Hagstofunnar næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Hagstofa Íslands	382	385	388	391
Samtals	**382**	**385**	**388**	**391**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtímaáætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.490,6	1.496,2	1.584,1	6	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	796,4	922,2	955,5	4	20
Stofnkostnaður og viðhald	554,6	655,5	630,5	-4	14
Samtals	**2.841,6**	**3.073,9**	**3.170,1**	**3**	**12**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.068,9	3.162,6	3	-
Innheimt af ríkistekjum	-	5,0	5,0	0	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	2,5	-	-
Samtals	-	**3.073,9**	**3.170,1**	**3**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2002 eru áætluð 3.535,4 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 365,3 m.kr. en þær nema 10% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.170,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 3.162,6 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 5 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 2,5 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.584,1 m.kr. og hækka um 87,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 13,9 m.kr. framlag til Hollustuverndar ríkisins.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 33,3 m.kr. og verður 955,5 m.kr. en er 922,2 m.kr. í fjárlögum ársins 2001. Þyngst vegur 70 m.kr. hækkun framlags til Endurvinnslunnar hf. vegna skilagjalds og umsýsluþóknunar á umbúðir og 35 m.kr. lækkun til skipulagsmála sveitarfélaga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 630,5 m.kr. og er það 25 m.kr. lækkun milli ára og vegur þar mest 42 m.kr. lækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs og 10 m.kr. hækkun á framlagi til Náttúruverndar ríkisins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá fyrri áformum með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 46 m.kr. Ráðuneytið hefur einnig gert ráð fyrir 34,7 m.kr. hagræðingu í rekstrarkostnaði. Veitt eru framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 115,9 m.kr. en niður falla 62 m.kr. framlög sem veitt höfðu verið tímabundið. Vikið er nánar að forgangsröð útgjalda í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2002 eftir helstu málaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.

Útgjöld umhverfisráðuneytis eftir málefnaflokkum



Horfur næstu fjögur árin

Taflan hér að neðan sýnir horfur á útgjaldaþróun helstu málaflokka ráðuneytisins næstu fjögur árin, eða á tímabilinu 2002 til 2005. Fjárhæðirnar eru á verðlagi fjárlagafrumvarpsins og sýna því áætlað raungildi breytinga á milli ára.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2002	Spá 2003	Spá 2004	Spá 2005
Ráðuneyti	387	390	392	394
Umhverfisvernd	1.336	1.340	1.374	1.389
Skipulagsmál	845	849	854	859
Rannsóknir	602	607	608	613
Samtals	**3.170**	**3.186**	**3.228**	**3.255**

Útgjaldaþróunin er samantekt úr reiknilíkani fjármálaráðuneytisins fyrir langtíma-áætlun um útgjöld ríkissjóðs. Sú áætlun felur í sér horfur að óbreyttu miðað við gildandi lög og reglur, gerða samninga og ákvarðanir og áform ríkisstjórnarinnar sem þegar liggja fyrir, auk hagrænna forsendna. Hér er því um að ræða reiknaða spá fyrir næstu ár miðað við gefnar forsendur. Fjárveitingar til stofnana og málaflokka kunna að sjálfsögðu að verða aðrar í reynd eftir því hvaða útgjaldaáherslur stjórnvöld ákveða við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Í kafla 3.2 í inngangi þessa kafla er fjallað í stórum dráttum um þær almennu forsendur og aðferðir sem reiknilíkanið byggist á og er vísað til þeirrar umfjöllunar um nánari skýringar.

Skuldbindandi samningar

Umhverfisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 37 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni eru á áætluðu verðlagi ársins 2002 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið á um í sumum samningum, taka breytingum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2001	2002	2003	2004	2005
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	C	35,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heilbrigðiseftirlit Rvk.borgar, mengunarmæl. ...	C	0,0	8,7	8,7	8,7	0,0
Sýslumaðurinn á Patreksfirði, snjóflóðaeftirlit ..	C	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0
Samtals		**37,0**	**10,7**	**10,7**	**10,7**	**2,0**

Samningar, sem umhverfisráðuneytið stendur eitt að, eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar, sem renna út á tímabilinu, verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur ef undan er skilinn samningur um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þannig að til jafnaðar verði nálægt 11 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Samsvarandi tafla í frumvarpi til fjárlaga 2001 innihélt samninga um svæðisskipulag smærri byggðarlaga og aðalskipulag smærri og stærri byggðarlaga. Þeir eru ekki meðtaldir nú þar sem ekki reyndist vera um samninga heldur lögboðnar greiðslur að ræða.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Vakin er athygli á því að nánari upplýsingar um hlutverk og verkefni þessara stofnana koma fram í ritinu Verkefnavísar 2002 sem gefið er út samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	195,8	167,5	196,7	17,4	0,5
Ýmis verkefni	102,1	177,2	146,6	-17,3	43,6
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0	34,0	39,0	14,7	-
Samtals	**301,9**	**383,7**	**387,3**	**0,9**	**28,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 17,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru 16,1 m.kr. aukning framlags til aðalskrifstofu ráðuneytisins, þar af 13,1 m.kr. millifærð af ýmsum verkefnum, 38,3 m.kr. lækkun framlaga til ýmissa verkefna og 5 m.kr. aukning til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

*101 **Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld aðalskrifstofu verði um 196,7 m.kr. og hækki um 29,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Fyrir utan hækkanir vegna launa og verðlags munar mest um 13,1 m.kr. millifærslu af lið *190-1.23 Ýmis umhverfisverkefni* yfir á aðalskrifstofu vegna ýmissa verkefna sem eru talin eðlilegur hluti þeirra verka sem sinnt er á skrifstofunni og því talið rétt að vista þau þar. Auk þess er gerð tillaga um 6,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til aðalskrifstofu vegna aukinna verkefna ráðuneytisins. Á móti kemur 3,5 m.kr. lækkun framlags til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

*190 **Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting til þessa liðar verði 146,6 m.kr. og er það 30,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar fyrir utan áðurnefnda 13,1 m.kr. millifærslu til aðalskrifstofu eru þær að á viðfangi *1.23 Ýmis umhverfisverkefni* falla niður tímabundnar fjárveitingar: 7 m.kr. til mengunarvarnarverkefnis, 6,5 m.kr. til sjóveðurþings á Akureyri og 5 m.kr. til fræðaseturs í Sandgerði, auk þess sem framlag lækkar um 1,5 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar. Í framhaldi af samþykkt Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er unnið að gerð framkvæmdaáætlunar hér á landi sem ætlunin er að komi til framkvæmdar á næstu árum og er gerð tillaga um 3,5 m.kr. fjárveitingu til þess verkefnis. Lagt er til að millifærðar verði 10 m.kr. af viðfangi *1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur*, til Náttúruverndar ríkisins til uppbyggingar í nýstofnuðum þjóðgarði á

utanverðu Snæfellsnesi og að 3 m.kr. fjárveiting vegna samnings umhverfisráðuneytisins og Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands um prófessorsstöðu við líffræðiskor og vistuð hefur verið hjá embætti veiðistjóra verði millifærð til ráðuneytisins því að embætti veiðistjóra er ekki aðili að samningnum. Þá er gerð tillaga um 4 m. kr. hækkun á framlagi til viðfangs *1.40 Alþjóðastofnanir*. Kostnaður hefur vaxið á undanförnum árum vegna aukinnar aðildar að alþjóðlegum umhverfissamningum og það fjármagn, sem veitt hefur verið til þessara mála, tæplega staðið undir útgjöldum. Gert er ráð fyrir að niður falli 8 m.kr. fjárveiting til viðfangs *1.59 Náttúruverndarráð* í tengslum við væntanlegt frumvarp umhverfisráðherra um breytingar á lögum um náttúruvernd. Veitt er 1,5 m.kr. tímabundið framlag á viðfang *1.90 Ýmis verkefni* til skráningar á gömlu húsunum að Núpsstað á Suðurlandi. Framlag til liðarins hækkar um 8,5 m.kr. vegna almennra launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ýmis umhverfisverkefni	39,4	59,2	34,2	-42,2	-13,2
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,6	12,7	12,9	1,6	2,4
Umhverfisvöktun	28,0	28,0	28,0	0,0	0,0
Alþjóðastofnanir	14,7	14,8	24,4	64,9	66,0
Vernd gróður- og dýraríkis á norðl. slóðum CAFF	13,2	13,5	12,3	-8,9	-6,8
Varnir gegn mengun hafsins, PAME-skrifstofa	0,0	5,2	6,3	21,2	-
Rannsóknastöð	5,1	5,3	5,6	5,7	9,8
Vernd Breiðafjarðar	1,5	1,5	1,6	6,7	6,7
Þjóðgarður, undirbúningur	2,6	12,7	2,8	-78,0	7,7
Náttúrugripasöfn	3,0	3,0	3,0	0,0	0,0
Náttúruverndarráð	4,0	8,0	0,0	-100,0	-100,0
Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	8,5	9,3	10,0	7,5	17,6
Ýmis verkefni	0,0	4,0	5,5	37,5	-
Samtals	**132,6**	**177,2**	**146,6**	**-17,3**	**10,6**

996 Íslenska upplýsingasamfélagið. Á þennan fjárlagalið er fært framlag til að standa straum af kostnaði við verkefni upplýsingasamfélagsins í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar til ríkisstjórnar. Ákvörðun um verkefni var miðuð við að þau væru fjármögnuð að hálfu með hlutdeild í sérstakri fjárveitingu sem er ráðstafað að tillögu verkefnisstjórnarinnar og að hálfu með mótframlagi frá fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneytis. Framlag til þessara verkefna umhverfisráðuneytis hækkar um 2,5 m.kr. og verður 19,5 m.kr. og því er áætlað fyrir 39 m.kr. útgjöldum vegna verkefna á þessum lið. Þar af eru 14 m.kr. ætlaðar til gerðar stafræns grunnkorts af Íslandi, 6 m.kr. eru til gagnasafns um landnýtingu, aðrar 6 m.kr. fara til bráðaviðvörunarkerfis vegna náttúruhamfara, 1 m.kr. fer til rafrænnar miðlunar veiðikorta, 3 m.kr. eru ætlaðar til lýsigagnavefs um stafræn landfræðileg gögn, 4 m.kr. fara til stafræns gagnagrunns um

náttúru Íslands og 5 m.kr. er veitt til landupplýsingavefs um heilbrigðis-, matvæla- og mengunareftirlit.

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknarstöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 213 Hreindýraráð; 215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi; 221 Hollustuvernd ríkisins; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 285 Spilliefnasjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	9,2	7,8	8,2	5,1	-10,9
Náttúruvernd ríkisins	93,9	124,0	139,9	12,8	49,0
Veiðistjóri	61,5	57,3	57,8	0,9	-6,0
Hreindýraráð	19,5	15,0	15,0	0,0	-23,1
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	25,0	25,0	25,0	0,0	0,0
Hollustuvernd ríkisins	186,7	216,1	246,2	13,9	31,9
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	102,6	120,0	120,0	0,0	17,0
Spilliefnasjóður	144,9	162,8	160,0	-1,7	10,4
Endurvinnslan hf.	525,7	494,0	564,0	14,2	7,3
Samtals	**1.169,0**	**1.222,0**	**1.336,1**	**9,3**	**14,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 85,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar og munar þar mest um 70 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. en þar af eru 45 m.kr. vegna umsýsluþóknunar til félagsins og ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Þá eykst framlag til Hollustuverndar ríkisins um tæpar 14 m.kr. og þar af eru 10 m.kr. ætlaðar til úrbóta í húsnæðismálum stofnunarinnar.

*202 **Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.*** Útgjöld rannsóknastöðvarinnar eru áætluð 8,2 m.kr. og hækka um 0,4 m.kr., aðallega vegna launa- og verðlagsbreytinga.

*205 **Náttúruvernd ríkisins.*** Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 139,9 m.kr. og hækka um 15,9 m.kr. milli ára en þar af eru 8,4 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana. 10 m.kr. eru millifærðar frá fjárlagaliðnum *190 Ýmis verkefni* á viðfangið *6.01 Tæki og búnaður* til uppbyggingar nýs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og framlag til viðfangs *1.01 Yfirstjórn* lækkar um 2,5 m.kr. til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

*210 **Veiðistjóri.*** Rekstrarútgjöld eru áætluð 57,8 m.kr. og hækka um 0,5 m.kr. milli ára. Hækkun vegna launa og verðlags er 3,5 m.kr. en á móti kemur að millifærð er 3 m.kr.

fjárveiting til liðarins *190 Ýmis verkefni* vegna prófessorsstöðu við líffræðiskor Háskóla Íslands.

215 ***Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi.*** Á þennan fjárlagalið er áætlað fyrir framlagi til byggingarinnar samkvæmt ríkisstjórnarsamþykkt frá 28. júní 2000 um 25 m.kr. árlegt framlag árin 2000, 2001 og 2002.

221 ***Hollustuvernd ríkisins.*** Áætlað er að útgjöld Hollustuverndar verði 246,2 m.kr. og er það 30,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2001 en þar af eru 16,2 m.kr. vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Að öðru leyti skýrist hækkunin af 10 m.kr. hækkun framlags vegna fyrirhugaðs flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Þá er áætlað 5,5 m.kr. útgjöldum við undirbúning að upptöku svonefnds „græns bókhalds" samkvæmt breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt var á síðasta þingi. Í þriðja lagi er áætlað fyrir 5,4 m.kr. kostnaði við loftgæðamælingar í þéttbýli sem áformað er að taka upp í samstarfi við Reykjavíkurborg. Á móti kemur að 2,5 m.kr. eru millifærðar á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* vegna landupplýsingavefs um heilbrigðis-, matvæla- og mengunareftirlit. Loks er stofnuninni gert að hagræða í rekstri fyrir 4,5 m.kr. á árinu í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

281 ***Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.*** Gert er ráð fyrir 120 m.kr. fjárveitingu til þessara mála og er það óbreytt fjárhæð frá gildandi fjárlögum.

285 ***Spilliefnasjóður.*** Útgjöld spilliefnasjóðs eru fjármögnuð með tekjum af spilliefnagjaldi. Áætlað er að gjaldið skili 160 m.kr. tekjum á næsta ári og er það 2,8 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2001.

289 ***Endurvinnslan hf.*** Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir. Gert er ráð fyrir að tekjur af skilagjaldinu aukist um 25 m.kr. milli ára og verði alls 519 m.kr. Sú breyting er nú gerð að einnig er áætlað fyrir tekjum af umsýsluþóknun en fram til þessa hefur ekki verið áætlað fyrir þeim tekjum. Gert er ráð fyrir að tekjur af umsýsluþóknun verði 45 m.kr. á næsta ári.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun ríkisins og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	177,2	115,1	120,6	4,8	-31,9
Skipulagsmál sveitarfélaga	0,0	110,0	80,0	-27,3	-
Landmælingar Íslands	166,0	177,5	178,5	0,6	7,5
Brunamálastofnun ríkisins	104,2	107,0	107,4	0,4	3,1
Ofanflóðasjóður	330,7	400,0	358,1	-10,5	8,3
Samtals	**778,1**	**909,6**	**844,6**	**-7,1**	**8,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 95,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að niður fellur 35 m.kr. framlag til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og 42 m.kr. lækkun framlaga til Ofanflóðasjóðs.

301 ***Skipulagsstofnun.*** Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 120,6 m.kr. og hækka um 5,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Framlög hækka um 8 m.kr. vegna launa- og verðlagsbreytinga en gerð er 2,5 m.kr. hagræðingarkrafa í rekstri til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum vegna skipulagsmála sveitarfélaga sem fjármögnuð eru með skipulagsgjaldi. Gert er ráð fyrir 80 m.kr. útgjöldum og er það 30 m.kr. lækkun frá gildandi fjárlögum. Niður fellur 35 m.kr. framlag til svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem lokið var við að greiða á þessu ári. Að öðru leyti skýrist breyting af almennum launa- og verðlagshækkunum.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 178,5 m.kr. og hækka um 1 m.kr. frá fjárlögum 2001. Gert er ráð fyrir 11,5 m.kr. hækkun framlags vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Á móti kemur 10,5 m.kr. lækkun framlags sem skýrist annars vegar af 3 m.kr. mótframlagi sem millifært er á fjárlagalið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* og hins vegar af 7,5 m.kr. lækkun útgjalda í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar, þar af 4,5 m.kr. í rekstri og 3 m.kr. í stofnkostnaði.

321 ***Brunamálastofnun ríkisins.*** Stofnunin er fjármögnuð með tekjum af brunavarnagjaldi. Áætluð er að útgjöld hennar verði 107,4 m.kr. og er það 0,4 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Fyrir utan 5,9 m.kr. hækkun framlags vegna launa- og verðlagsuppfærslu eru breytingar þessar: Í kjölfar þess að nýtt brunabótamat var tekið upp á árinu er gert ráð fyrir að tekjur af brunavarnagjaldi lækki um 3 m.kr. Þá er stofnuninni gert að hagræða í rekstri fyrir 1,5 m.kr. og draga úr framlögum til stofnkostnaðar um 1 m.kr.

381 Ofanflóðasjóður. Framlag til sjóðsins verður 358,1 m.kr. en var 400 m.kr. í fjárlögum 2001. Lögð er til 42 m.kr. frestun framkvæmda til að mæta aðhaldsmarkmiði. Aðrar breytingar skýrast af almennum launa- og verðlagshækkunum.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 410 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	127,6	144,7	158,6	9,6	24,3
Náttúrustofur	34,7	39,7	33,6	-15,4	-3,2
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	24,9	17,1	17,7	3,5	-28,9
Veðurstofa Íslands	405,4	357,1	392,2	9,8	-3,3
Samtals	**592,6**	**558,6**	**602,1**	**7,8**	**1,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 0,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til Veðurstofu Íslands hækki um 7,5 m.kr., framlag til Náttúrufræðistofnunar Íslands hækki um 2 m.kr. en framlög til náttúrustofa lækkar um 8,5 m.kr.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Heildargjöld eru áætluð 158,6 m.kr. og hækka um 13,9 m.kr. frá fjárlögum 2001 og þar af eru 11,9 m.kr. vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Veitt er 7,0 m. kr. tímabundið framlag til þriggja ára til að skilgreina og flokka helstu vistgerðir og jarðmyndanir á Íslandi og meta verndargildi þeirra. Verkefnið verður unnið í samræmi við alþjóðlegar kröfur um vinnuaðferðir við öflun og skráningu náttúrufarsgagna svo að unnt verði að standa við skyldu um gagnaskil í alþjóðlega gagnabanka. Einnig er veitt 1 m.kr. tímabundið framlag til endurnýjunar tækjabúnaðar. Að öðru leyti skýrast breytingar af því að 2 m.kr. eru millifærðar á lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* til gerðar stafræns gagnagrunns um náttúru Íslands og til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar er stofnuninni gert að spara 4 m.kr.

403 Náttúrustofur. Framlag til náttúrustofa verður 33,6 m.kr. og lækkar um 6,1 m.kr. frá fjárlögum 2001. Niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna í Hornstrandafriðlandi og 3,5 m.kr. tímabundið framlag til grunnrannsókna á íslenska hreindýrastofninum. Aðrar breytingar skýrast af launa- og verðlagsuppfærslu.

407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði 17,7 m.kr. og hækki um 0,6 m.kr. frá fjárlögum 2001. Framlag hækkar um 1,1 m.kr. vegna launa- og

verðlagshækkana en gerð er 0,5 m.kr. hagræðingarkrafa til að mæta aðhaldsmarkmiði ríkisstjórnarinnar.

410 Veðurstofa Íslands. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði fjárveiting til stofnunarinnar 392,2 m.kr. sem er hækkun um 35,1 m.kr. frá fjárlögum þessa árs en þar af eru 27,6 m.kr. vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Gert er ráð fyrir 2 m.kr. hækkun á framlagi til rekstrar viðbótarhúsnæðis sem tekið var í notkun í fyrra. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til að taka upp sjálfvirka veðurspárgerð og einnig er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurnýjunar á símakerfi stofnunarinnar. Þá eru 5 m.kr. millifærðar til Veðurstofunnar af lið *996 Íslenska upplýsingasamfélagið* á móti samsvarandi lækkun á framlagi upplýsingasamfélagsins til bráðaviðvörunarkerfis vegna náttúruhamfara. Í samræmi við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar er stofnuninni gert að hagræða í rekstri fyrir 9,5 m.kr. á árinu.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Spariskírteini	4.423,0	3.500,0	3.200,0	-8,6	-27,7
Ríkisbréf	921,0	1.480,0	1.840,0	24,3	99,8
Önnur innlend lán	166,0	140,0	140,0	0,0	-15,7
Skammtímalán	1.160,0	1.450,0	1.200,0	-17,2	3,4
Erlend lán	7.429,0	8.960,0	8.690,0	-3,0	17,0
Annar vaxtakostnaður	753,0	300,0	865,0	188,3	14,9
Innlendur lántökukostnaður	258,0	340,0	275,0	-19,1	6,6
Erlendur lántökukostnaður	135,0	30,0	90,0	-	-33,3
Samtals	**15.245,0**	**16.200,0**	**16.300,0**	**0,6**	**6,9**

Gjaldfærðir vextir af lánum ríkissjóðs, annar vaxtakostnaður og lántökukostnaður, eru áætlaðir 16,3 milljarðar króna og hækka um 100 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2001. Endurskoðaðar áætlanir benda þó til að gjaldfærðir vextir árið 2001 verði um 17 milljarðar, einkum vegna gengis- og verðlagsbreytinga. Vaxtagjöld lækka því um 800 m.kr. frá áætlaðri útkomu 2001.

Hlutfallsleg hækkun vaxtagjalda er mest í ríkisbréfum og öðrum vaxtakostnaði. Vextir ríkisbréfa hækka einkum vegna hærri stofns að meðaltali árið 2002 en reiknað er með í fjárlögum 2001. Hækkun annarra vaxta skýrist af vöxtum af inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Sjóðirnir hafa ekki nýtt að fullu tekjur af mörkuðum tekjustofnum og því hefur myndast talsverð inneign hjá ríkissjóði á undanförnum árum. Vextir eru reiknaðir af inneign þeirra samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári, óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Sama er að segja um afskriftir. Til fjármunatekna og fjármagnsgjalda teljast meðal annars gjöld og tekjur vegna verðbreytingafærslu samkvæmt tekjuskattslögum. Séu óverðtryggðar eignir meiri en óverðtryggðar skuldir hækka gjöldin og öfugt. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess. Frá hagnaði eða tapi eru dregnar fjárhæðir sem ekki koma til greiðslu eða verða innheimtar á árinu. Hér er meðal annars um að ræða afskriftir, verðbreytingafærslu, reiknaða vexti, gengismun og nettóbreytingar á lífeyrisskuldbindingum.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta á árinu 2001 eru áætlaðar 25,3 milljarðar króna og rekstrargjöld 24,4 milljarðar króna. Velta B-hluta eykst um 2 milljarða króna milli ára eða 8,4%. Mestar hlutfallsbreytingar eru hjá Ratsjárstofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Alþjóðaflugþjónustunni. Að teknu tilliti til 2,4 milljarða króna framlags frá A-hluta ríkisins og óreglulegra liða er áætlað að hagnaður B-hluta nemi samtals 3,3 milljörðum króna sem er liðlega 300 m.kr. betri afkoma en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2001 og skýrist af auknu framlagi frá A-hluta. Samkvæmt ríkisreikningi var framlag A-hluta 2,1 milljarður króna árið 2000 og hagnaður 3,1 milljarður króna. Áfengis- og tóbaksverslunin skilar mestum hagnaði, 3,3 milljörðum króna sem er um 220 m.kr. betri afkoma en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs en 70 m.kr. betri afkoma en á árinu 2000. Greiðslur í ríkissjóð eru áætlaðar 3,5 milljarðar króna á árinu 2002 sem er 380 m.kr. meira en áætlað er í fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist af greiðslum frá Áfengis- og tóbaksversluninni. Fjárfesting er áætluð 1,3 milljarðar króna sem er 50 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lántökur eru áætlaðar 0,9 milljarðar króna en eru 0,2 milljarðar króna í fjárlögum og skýrist að mestu af lántökum Happdrættis Háskóla Íslands til að flýta byggingu Náttúrufræðihúss.

Gert er ráð fyrir að endurskoða áætlanir B-hluta fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni er til. Hér á eftir verður fjallað nánar um rekstur og fjárreiður þeirra fyrirtækja í B-hluta sem ástæða þykir til að gera sérstaklega grein fyrir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Rekstrartekjur	23.271,9	25.250,3
Rekstrargjöld	-22.387,7	-24.382,0
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	-39,0	-184,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**845,2**	**684,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.059,5	2.392,7
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	138,3	181,0
Hagnaður (-tap)	**3.043,0**	**3.258,0**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	3.043,0	3.258,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	1.551,0	1.657,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-33,0	-192,0
Handbært fé frá rekstri	**4.561,0**	**4.723,0**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-1.257,3	-1.278,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	218,0	10,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.039,3**	**-1.268,0**
Tekin löng lán	150,0	880,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-511,3	-487,6
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-3.132,0	-3.516,0
Annað	-225,5	-975,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.718,8**	**-4.098,6**
Breyting á handbæru fé	-197,1	-643,6
Handbært fé í ársbyrjun	1.084,7	874,6
Handbært fé í árslok	887,6	231,0

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Rekstrartekjur eru áætlaðar 2.150 m.kr. og rekstrargjöld 1.830 m.kr. Bæði gjöld og tekjur hækka um 3,4% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Samkvæmt lögum nr. 13/1973 hefur fyrirtækið einkaleyfi til reksturs peningahappdrættis hér á landi til ársloka 2003 og greiðir 20% af hagnaði af reglulegri starfsemi vegna leyfisins. Einkaleyfisgjaldið er hluti rekstrargjalda og er áætlað 77 m.kr. eins og í fjárlögum. Rennur það samkvæmt lögum nr. 61/1994 í Bygginga- og tækjasjóð sem er í vörslu Rannsóknarráðs Íslands og áætlað er fyrir undir fjárlagalið *02-238 Bygginga- og tækjasjóður*. Handbært fé frá rekstri er áætlað 353 m.kr. Þar af renna 325 m.kr. til framkvæmda á vegum Háskóla Íslands og 25 m.kr. til þess að greiða af lánum sem happdrættið tók vegna framkvæmda á vegum Háskólans. Í 5. gr. frumvarpsins er leitað eftir heimild fyrir happdrættið til að taka allt að 650 m.kr. lán til að flýta framkvæmdum við Náttúrufræðihús Háskóla Íslands.

*971 **Ríkisútvarpið.*** Gert er ráð fyrir að áfram verði hagrætt í rekstri fyrirtækisins svo að takast megi að ná jafnvægi í rekstrinum eins og miðað er við í fjárlögum yfirstandandi árs. Á árinu 2000 var fyrirtækið rekið með 92 m.kr. halla. Afnotagjöld hækkuðu síðast um 7% í ársbyrjun 2001 og er áætlað að þau skili Ríkisútvarpinu 1.905 m.kr. í tekjur en þær voru 1.777 m.kr. samkvæmt reikningi 2000. Áætlað er fyrir tilfærsluframlagi A-hluta á lið *02-971 Ríkisútvarpið.* Þá er reiknað með 1% fjölgun notenda en auknar afskriftir á afnotagjaldi vegi jafnþungt á móti. Rekstartekjur eru áætlaðar 955 m.kr. eins og í fjárlögum yfirstandandi árs en það er 7,8% hækkun frá árinu 2000 samkvæmt reikningi. Rekstargjöld eru aftur á móti áætluð 2.760 m.kr. á árinu 2002 sem er 4,7% hækkun frá fjárlögum 2001 en nánast sama fjárhæð og var á reikningi ársins 2000. Ríkisútvarpinu er ætlað að bera 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands að frádregnum sértekjum hennar samkvæmt lögum um hljómsveitina. Þau útgjöld eru talin nema 103 m.kr. á árinu 2002 en eru 78 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöld eru talin verða 100 m.kr. á árinu 2002 sem er heldur lægra en þau reyndust vera á árinu 2000. Miðað er við að handbært fé frá rekstri nemi 223 m.kr. á árinu 2002, en það var 250 m.kr. í fjárlögum 2001, sem er tvöfalt meira en var á árinu 2000. Gengur það til þess að greiða 110 m.kr. afborganir af langtímalánum og til að greiða 170 m.kr. fjárfestingu til að styrkja dreifikerfið en áætlun þar að lútandi riðlast í ár. Til þess að þessi framkvæmdaáform gangi eftir þarf fyrirtækið jafnframt að ganga á handbært fé sitt um nálægt 60 m.kr.

*974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag ríkis í A-hluta á lið *02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands* nemur 237,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6,9 m.kr. ætlaðar í ferðasjóð hljómsveitarinnar sem áður fékk tekjur af skemmtanaskatti. Framlag annarra rekstraraðila nemur samtals 181 m.kr. Þar af er áætlað að Ríkisútvarpið greiði um 103 m.kr., Reykjavíkurborg 74 m.kr. og Seltjarnarnesbær liðlega 4 m.kr. Sértekjur hljómsveitarinnar eru áætlaðar 52 m.kr. Framlög rekstraraðila og sértekjur afmarka rekstarumfang hljómsveitarinnar og er áætlun um rekstrargjöld miðuð við að ekki verði meiri halli á rekstrinum en sem nemur þeim hluta hækkunar á lífeyrisskuldbindingum sem ekki verða greiddar á árinu 2002. Áætlað er að eftirlaunaskuldbindingin hækki verulega vegna nýrra kjarasamninga og að gjaldfærðar verði 45 m.kr. í reikningum hljómsveitarinnar á árinu 2002 vegna hennar en það er um 50% hækkun milli ára. Rekstrargjöld eru því áætluð alls 513 m.kr. sem er 118 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2001 eða tæp 30%. Rekstrargjöldin eru þó áætluð lægri á árinu 2002 en þau voru samkvæmt reikningi ársins 2000 þegar þau námi 590 m.kr. en það ár hækkaði eftirlaunaskuldbinding um liðlega 120 m.kr. Gert er ráð fyrir að endurmeta þurfi áætlun um hækkun eftirlaunaskuldbindingar fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Samkvæmt ársreikningi hljómsveitarinnar námu langtímaskuldir hennar við LSR um 885 m.kr. í árslok 2000. Reikna má með að skuldirnar nemi 1,3 milljörðum króna í árslok 2001.

23 Utanríkisráðuneyti

*118 **Ratsjárstofnun.*** Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum, á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Miðnesheiði og á Stokksnesi. Þá rekur Ratsjárstofnun hugbúnaðarmiðstöð á Keflavíkurflugvelli þar sem rekstur og viðhald á hugbúnaði íslenska loftvarnakerfisins fer fram, sem og innkaup og birgðahald. Árið 2001 tók stofnunin að sér rekstur viðhaldseftirlitsdeildar. Starfsmenn Ratsjárstofnunar eru samtals 76 talsins og hjá Kögun hf., sem er undirverktaki Ratsjárstofnunar, starfar 31 starfsmaður, en fyrirtækið tekur þátt í rekstri og viðhaldi á fyrrnefndum hugbúnaði hins íslenska loftvarnarkerfis. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld Ratsjárstofnunar á árinu 2002 verði 1.175,7 m.kr. en þau eru áætluð 1.011,6 m.kr. á árinu 2001. Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar.

*121 **Umsýslustofnun varnarmála.*** Umsýslustofnun varnarmála sér um kaup á umframvöru frá varnarliðinu, flokkun vörunnar í söluhæfa vöru og úrgang. Þá sér stofnunin um sölu bifreiða, tækja og annarrar söluhæfrar vöru og um umsjón með forvali íslenskra viðskiptaaðila vegna samninga við varnarliðið um kaup á vöru og þjónustu. Rekstrarumhverfi vegna sölu notaðra bifreiða er erfitt um þessar mundir og það hefur áhrif á tekjur stofnunarinnar sem hafa í gegnum tíðina mikið til byggst á bifreiðasölu. Fjárlagatillögur stofnunarinnar fyrir árið 2002 endurspegla þetta ástand. Samkvæmt ríkisreikningi var 9,9 m.kr. tap á rekstrinum árið 2000 og 5,2 m.kr. tap árið 1999.

29 Fjármálaráðuneyti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar 13.548 m.kr. á næsta ári en það er 1.310 m.kr. hækkun frá fjárlögum fyrir árið 2001. Söluáætlun áfengis byggist á gildandi verðskrá og vörusamsetningu í sölu undanfarna tólf mánuði en miðast jafnframt við að meira verði selt á næsta ári. Rekstrargjöld ársins 2002 eru áætluð 10.410 m.kr. og hækka um 1.088 m.kr. frá yfirstandandi ári. Skýrist hækkunin að hluta af hækkun samkvæmt kjarasamningum, fjölgun verslana og hærri húsnæðis- og flutningskostnaði. Fjármunatekjur hækka lítillega frá áætlun 2001. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 3.300 m.kr. til ríkissjóðs á árinu 2002 en það er um 425 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Skýrist þetta af því að gert er ráð fyrir að hagnaður fyrir árið 2002 aukist samfara fjölgun verslana og aukinni veltu. Samkvæmt ríkisreikningi var 3,0 milljarða króna hagnaður af rekstri ÁTVR árið 2000 og 3,2 milljarða króna hagnaður árið 1999. Árið 2000 greiddi ÁTVR 3.120 m.kr. arð í ríkissjóð.

30 Samgönguráðuneyti

*471 **Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO, um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að 95% af kostnaði Flugmálastjórnar, Landssíma Íslands hf. og Veðurstofu Íslands við rekstur alþjóðaflugþjónustunnar er greiddur af flugrekendum í formi yfirflugsgjalda og tekur til þeirra flugvéla er fljúga yfir flugstjórnarsvæði Íslands. Yfirflugsgjöld eru ákvörðuð árlega og taka mið af raunkostnaði við rekstur Alþjóðaflugþjónustunnar og flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 2.008 m.kr. á næsta ári. Tekjur af yfirflugsgjöldum eru áætlaðar 1.907,6 m.kr. en 100,4 m.kr. eru framlag íslenska ríkisins og koma sem tilfærsla af lið *10-471 Flugmálastjórn* í A-hluta. Tekjurnar hækka um 184,3 m.kr. en gjöldin um 194 m.kr. Alþjóðaflugþjónustan áformar að fjárfesta fyrir rúmlega 100 m.kr. á árinu auk þess sem gert er ráð fyrir að afborganir af lánum verði 143 m.kr. Tekið verður 230 m.kr. lán en áætlað er að handbært fé frá rekstri verði 31 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Rekstrartekjur eru áætlaðar 5.370 m.kr. og rekstrargjöld 5.595 m.kr. en þar af nema orkukaup frá Landvirkjun 2.920 m.kr. miðað við gjaldskrár frá 1. júlí 2001. Rekstrarliðir, sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi, eru áætlaðir 1.035 m.kr. og áætlað er að rekstrartengdar eignir og skuldir minnki um 20 m.kr. Alls er því handbært fé frá rekstri áætlað 870 m.kr. Fjármagnsgjöld eru talin nema 70 m.kr. Fjárfesting að fjárhæð 885 m.kr. er í samræmi við framkvæmdaáætlun 2002–2003. Samkvæmt samningi milli fjármálaráherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveiturnar greiða arð í ríkissjóð sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis nemur arðgreiðsla til ríkissjóðs 214 m.kr. fyrir árið 2002. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitunum 139 m.kr. eða 65% vegna endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis til veitna og 5% eða 11 m.kr. til rannsókna og þróunarverkefna. Áætlað er fyrir greiðslunum á lið *11-399 Ýmis orkumál* í A-hluta. Samkvæmt þessu verða greiðslur í ríkissjóð 64 m.kr. umfram það sem fyrirtækið fær til baka. Rekstur Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið afar erfiður undanfarin ár og samkvæmt ríkisreikningi var 210 m.kr. tap á rekstrinum árið 2000.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin. Sá munur er þó m.a. á áætlunum B- og C-hluta að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga samkvæmt skattalögum eru sýnd sérstaklega hjá lánastofnunum í C-hluta.

Heildarfjármunatekjur lánastofnana í C-hluta eru áætlaðar 38,2 milljarðar króna en eru 37,5 milljarðar króna í fjárlögum sem er um 1,9% hækkun. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 33,5 milljarðar króna í stað 35 milljarða króna í fjárlögum og er lækkunin 4%. Heildarfjármunatekjur C-hluta reyndust vera 30,8 milljarðar króna á árinu 2000 en fjármagnsgjöld 28,3 milljarðar króna. Í þessu sambandi munar mestu um Íbúðarlánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna. Framlög í afskriftasjóði útlána eru áætluð 1,7 milljarðar króna sem er 0,4 milljarða króna hækkun frá áætlun fjárlaga en 0,2 milljarða króna lækkun frá reikningi 2000. Hreinar fjármunatekjur eru því taldar jákvæðar um 1.066 m.kr. en eru neikvæðar um 320 m.kr. í fjárlögum 2001. Útkoman var neikvæð um 859 m.kr. á árinu 2000.

Framlag úr ríkissjóði hækkar um 370 m.kr. frá fjárlögum og nemur 4,2 milljörðum króna. Hæst ber 2,6 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem hækkar um 400 m.kr. milli ára. Rekstrarafkoma C-hluta er talin verða jákvæð um 3,6 milljarða króna en var jákvæð um 1,9 milljarða króna í fjárlögum og um 0,6 milljarða króna á árinu 2000. Áætlað er að afkoma byggingarsjóðanna batni um 1,5 milljarð króna og verði jákvæð um 2 milljarða króna og afkoma Lánasjóðs íslenskra námsmanna batni um nálægt 180 m.kr. Á móti kemur að áætlað er að afkoma Nýsköpunarsjóðs versni um 93 m.kr. frá fjárlögum.

Að teknu tilliti til rekstrarliða, sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytingu á rekstrartengdar eignir og skuldir, er áætlað að handbært fé frá rekstri nemi 14,7 milljörðum króna og aukist um 7,3 milljarða króna milli ára en aukningin er 12,4 milljarðar króna frá reikningi 2000. Áætlað er að veitt verði löng lán að fjárhæð 46 milljarðar króna sem er 9,8% hækkun frá fjárlögum. Innheimta af löngum veittum lánum er áætluð 15,4 milljarðar króna sem er um 180 m.kr. aukning. Tekin löng lán eru talin nema 47,2 milljörðum króna er eru 48,2 milljarðar króna í fjárlögum 2000. Lántökur aukast um 17,2 milljarða króna umfram afborganir af teknum löngum lánum en þær voru 23 m.kr. í áætlun fjárlaga og 33,3 milljarðar króna samkvæmt reikningi 2000. Samkvæmt þessu er áætlað að handbært fé lánastofnana aukist um 0,6 milljarða króna milli ára og nemi 19,3 milljörðum króna í árslok 2002.

Hér á eftir er fjallað nánar um fjárreiður lánastofnana í C-hluta en gert er ráð fyrir að endurskoða áætlanir þeirra fyrir afgreiðslu fjárlaga eftir því sem tilefni gefst til. Í Verkefnavísum 2002 eru einnig ýmsar tölulegar upplýsingar um rekstur flestra þeirra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2001	Frumvarp 2002
Fjármunatekjur	37.459,5	38.204,2
Fjármagnsgjöld	-35.002,3	-33.497,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-1.404,0	-1.901,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-1.373,0	-1.739,0
Hreinar fjármunatekjur	**-319,8**	**1.066,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	3.778,2	4.195,4
Aðrar rekstrartekjur	701,5	699,0
Önnur rekstrargjöld	-2.313,1	-2.362,0
Hagnaður (-tap)	**1.846,8**	**3.598,9**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.846,8	3.598,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5.520,1	11.092,7
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	9,0	45,0
Handbært fé frá rekstri	**7.375,9**	**14.736,6**
Veitt löng lán	-41.896,0	-45.995,0
Afborganir af veittum löngum lánum	15.613,3	15.434,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-44,0	-57,0
Annað, nettó	-755,0	-624,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-27.081,7**	**-31.241,5**
Tekin löng lán	48.250,0	47.201,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-25.204,5	-30.030,5
Annað, nettó	0,0	-10,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**23.045,5**	**17.160,5**
Breyting á handbæru fé	3.339,7	655,6
Handbært fé í ársbyrjun	16.003,8	18.608,8
Handbært fé í árslok	19.343,5	19.264,4

42 Menntamálaráðuneyti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Útlán sjóðsins eru áætluð 4.394 m. kr. sem er 729 m.kr. aukning frá fjárlögum ársins 2001 en tæplega 5% hækkun frá áætluðum útlánum ársins 2001. Veiking íslensku krónunnar hefur haft mikil áhrif á útlán sjóðsins þar sem yfir helmingur útlána er bundinn erlendum myntum. Árið 2002 eru lán vegna skólagjalda á Íslandi áætluð 180 m. kr. og er hér gert ráð fyrir 90 m. kr. hækkun

umfram verðlagsbreytingar. Áætlað er að fjárhæð markaðskjaralána verði óbreytt, 85 m. kr. Ætíð er óvissa um fjölda lánþega og tekjur þeirra. Nánari upplýsingar liggja fyrir í nóvember 2001 eins og undanfarin ár.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 3.400 m. kr. í stað 2.450 m. kr. í fjárlögum 2001, fjármagnsgjöld 2.950 m. kr. í stað 2.350 m.kr. og reiknuð gjöld vegna verðbreytinga 1.400 m.kr. í stað 980 m. kr. Gert er ráð fyrir að framlag í afskriftasjóð hækki úr 358 m.kr. samkvæmt fjárlögum 2001 í 498 m.kr. Afskrifað er sama hlutfall af nýjum útlánum og raunafskrift ársins 2000 og áætlun ársins 2001 gerði ráð fyrir. Fjármunaliðir lækka milli ára þar sem gert er ráð fyrir minni verðbreytingum á árinu 2002 en á árinu 2001. Samanlagðar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 1.448 m. kr. á árinu 2002 í stað 1.238 m.kr. samkvæmt fjárlögum 2001.

Áætlaður hagnaður sjóðsins er 858 m. kr. í stað 674 m. kr. samkvæmt fjárlögum 2001. Ástæða reiknaðs hagnaðar af sjóðnum er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara enn vaxandi. Framlag ríkissjóðs fer m.a. til að mæta framtíðarútgjöldum sjóðsins vegna vaxtamunar á námslánum og teknum lánum og leiðir þannig til hagnaðar í rekstri þar til sjóðurinn kemst í jafnvægi. Þrátt fyrir vaxtahækkun á þeim lánum, sem sjóðurinn hefur tekið það sem af er þessu ári, er miðað við óbreytt ríkisframlag samkvæmt síðustu útreikningum Ríkisenduskoðunar, 52,11% af útlánum auk framlags vegna rekstrarkostnaðar. Framlag ríkissjóðs er því áætlað 2.289 m.kr. vegna útlánaþáttarins og 261 m.kr. vegna rekstrarþáttarins eða alls 2.550 m. kr. á lið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.*

Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 258 m. kr. sem er tæplega 3% hækkun frá áætlun fjárlaga 2001. Vaxtastyrkur til námsmanna er nú áætlaður 55 m. kr. í stað 50 m.kr. Gert er ráð fyrir 102 m. kr. launaútgjöldum, 69 m. kr. rekstrarútgjöldum, en þar af eru 20 m. kr. vegna afskrifta, 5 m. kr. vegna málskotsnefndar og að umsjón með jöfnunarstyrkjum kosti 7 m.kr. Fjárfesting sjóðsins er áætluð 37 m. kr. en var 24 m.kr. í fjárlögum 2001 og endurnýjun á hugbúnaði sjóðsins er nú að hluta færð á fjárfestingu í stað rekstrar áður.

Áætlað er að afborganir af veittum lánum sjóðsins nemi um 2.800 m. kr. sem er hækkun um 300 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Er það til samræmis við áætlaða fjölgun greiðenda og launahækkanir milli ára. Gert er ráð fyrir að lántökuþörf sjóðsins muni nema 3.400 m.kr. og munu lánin ganga til greiðslu á eldri lánum. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 2.850 m.kr. Alls er gert ráð fyrir að greiða í afborganir og vexti 4.400 m. kr. á árinu 2002. Áætlað er að sjóðsstaða á árinu lækki úr 414 m. kr. í ársbyrjun í 250 m. kr. í árslok 2002. Innstreymi til sjóðsins er töluvert umfram útlán á síðustu mánuðum ársins og einnig þarf sterka lausafjárstöðu til að mæta útlánum í byrjun hvers árs. Útborguð námslán námu tæpum milljarði króna í janúar 2001.

44 Landbúnaðarráðuneyti

*821 **Framleiðnisjóður landbúnaðarins.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966, með síðari breytingum, og eru tekjur hans tvenns konar, starfsfé sem Alþingi ákveður í fjárlögum og tekjur af kjarnfóðurgjaldi skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til atvinnuuppbyggingar í sveitum og stuðla að hagræðingu og nýsköpun í búvöruframleiðslu. Framleiðnisjóður hefur veitt fé til eflingar nýrra búgreina gegn framlagi bænda en sjóðurinn hefur að hámarki lagt hverri framkvæmd til 30% kostnaðar, allt að 1,5 m.kr. Þá hefur hann í vaxandi mæli stutt við rannsóknir og þekkingaröflun í samvinnu við rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands. Stuðningur við fræðslu og endurmenntun bænda hefur einnig verið ríkur þáttur í starfi sjóðsins. Gert er ráð fyrir 165 m.kr. framlagi ríkisins til sjóðsins á árinu 2002 í samræmi við samning ríkisins og Bændasamtaka Íslands frá 5. mars 1999. Áætlað er fyrir framlaginu á lið *04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.* Tap sjóðsins er áætlað 36 m.kr. árið 2002 en 2,6 m.kr. hagnaður var árið 2000. Gert er ráð fyrir að lausafjárstaða verði 235,6 m.kr. í lok árs 2002 en hún var 262,6 m.kr. í upphafi ársins.

*823 **Lánasjóður landbúnaðarins.*** Sjóðurinn er stofnlánasjóður í eigu ríkisins og telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993. Nánar er kveðið á um starfsemi sjóðsins í lögum nr. 68/1997. Hlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og þannig stuðla að endurnýjun í landbúnaði. Í stjórn sjóðsins eiga sæti fimm menn skipaðir af landbúnaðarráðherra, tveir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands en þrír án tilnefningar. Starfsmenn eru átta. Sjóðurinn hefur aðallega veitt lán til bænda en einnig í minna mæli til afurðastöðva og annarra verkefna í landbúnaði. Lán sjóðsins hafa undanfarin ár verið í íslenskum krónum og öll lán sjóðsins eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Lánstími er breytilegur, frá 10 árum og allt að 40 árum. Vaxtakjör eru einnig breytileg. Lægstu vextir nú eru 3,43% en algengir vextir eru 7,25%. Tekjur sjóðsins eru vaxtagjöld af útlánum og hluti búnaðargjalds. Árið 2002 er gert ráð fyrir að fjármunatekjur sjóðsins nemi 1.837,2 m.kr en fjármunagjöld 1.560,7 m.kr. Hækkun fjármuna tekna og gjalda stafar af auknum útlánum og breyttri samsetningu vaxta. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins af búnaðargjaldi, sem áætlað er fyrir á lið *04-823 Lánasjóður landbúnaðarins*, nemi 195 m.kr. og að tekjur af ýmsum þjónustugjöldum nemi 7 m.kr. Áætlað er að starfsemi sjóðsins skili 68,3 m.kr. hagnaði árið 2002 en gert var ráð fyrir 21,5 m.kr. hagnaði á fjárlögum ársins 2001 og hagnaður af starfseminni árið 2000 var 24,1 m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Samkvæmt lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er hlutverk hans að innheimta þróunarsjóðsgjöld af fiskiskipum, fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins, innheimta skuldabréf og greiða skuldbindingar ásamt því að fjármagna smíði á rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Fjármunatekjur eru áætlaðar 170 m.kr. á árinu 2002 sem er 383,8 m.kr. lækkun frá ríkisreikningi fyrir árið 2000. Fjármagnsgjöld eru áætluð 265 m.kr. og lækka um 444,8 m.kr. frá árinu 2000. Gert er ráð fyrir að framlög í afskriftasjóð útlána verði 31 m.kr. og hreinar fjármunatekjur sjóðsins neikvæðar um 64 m.kr. árið 2002. Sjóðurinn fær annars vegar tekjur af þróunarsjóðsgjaldi á skip, 90 m.kr., og þróunarsjóðsgjaldi á aflamark 455 m.kr. Þessar tekjur eru færðar sem ríkistekjur og er áætlað fyrir 545 m.kr. framlagi til sjóðsins á lið *05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins* í A-hluta frumvarpsins sem er 15 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2000. Þar sem tekjurnar miðast við úthlutuð þorskígildi skýrist minni innheimta af minni úthlutun aflaheimilda frá fyrra fiskveiðiári. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að afborganir af teknum lánum verði 998 m.kr. á móti 898 m.kr. á árinu 2000. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri árið 2002 verði 431 m.kr. Handbært fé í árslok er áætlað 547 m.kr. sem er 36,6 m.kr. hækkun frá ríkisreikningi ársins 2000.

47 Félagsmálaráðuneyti

Íbúðalánasjóður

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekin lán Íbúðalánasjóðs árið 2002 nemi samtals um 40.400 m.kr en eru 41.300 m.kr. á yfirstandandi ári. Áætlað er að heildarafborganir sjóðsins af teknum lánum nemi samtals 24.200 m.kr. Á hinn bóginn er reiknað með að sjóðurinn veiti lán fyrir samtals 37.000 m.kr. en hann veitti lán fyrir 34.000 m.kr. í fjárlögum 2001, og að heildarafborganir veittra lána verði samtals um 9.400 m.kr. Rekstrartekjur Íbúðalánasjóðs eru áætlaðar 634 m.kr. á næsta ári en rekstrartekjur sjóðsins eru þjónustutekjur, lántökugjöld og innheimtukostnaður. Rekstrargjöld eru áætluð um 668 m.kr. sem er hækkun um 5% milli ára og verða því 34 m.kr. umfram tekjur. Þá er gert ráð fyrir að hreinar fjármunatekjur sjóðsins verði 1.983 m.kr. en þær eru 547 m.kr. í fjárlögum 2001. Breyting þessi skýrist annars vegar af 158 m.kr. hækkun hreinna fjármagnstekna húsbréfadeildar frá fyrra ári og hins vegar af 1.571 m.kr. aukningu á hreinum fjármagnstekjum gömlu byggingarsjóðanna sem skila samkvæmt frumvarpinu 777 m.kr. hreinum fjármunatekjum í stað 794 m.kr. halla á þessu ári. Búist er við að hreinar fjármunatekjur viðbótarlána og leiguíbúða verði neikvæðar um 256 m.kr. þar sem útlánavextir

þessara lánaflokka hafa ekki haldist í hendur við vexti af fjármögnunarlánum þeirra. Þyngst vegur vaxtamunur vegna leiguíbúða sveitarfélaga og félagasamtaka sem lánað var til á árunum 1999 og 2000. Þau lán bera 1% vexti en fjármögnunarkostnaður þeirra var 4,36%–5,35%. Þá hafa vextir af almennum leiguíbúðum ekki enn náð markaðsvöxtum og bera þau lán því einnig neikvæða vexti en stefnt er að því að hækka þá í markaðsvexti í áföngum á 3–5 árum.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Rekstrartekjur húsbréfadeildar eru áætlaðar 431 m.kr. og rekstrargjöld 334 m.kr. Framlag í afskriftasjóð útlána er áætlað 310 m.kr. og hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt frumvarpinu 1.412 m.kr. Handbært fé frá rekstri er áætlað 9.059 m.kr. Veitt lán eru áætluð 26.186 m.kr. og innheimtar afborganir af áður veittum lánum og fasteignaveðbréfum nema 5.655 m.kr. Búist er við því að deildin skili 1.509 m.kr. hagnaði á árinu 2002. Gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í lánastarfsemi húsbréfadeildar frá fyrra ári og tekin verði ný lán með útgáfu húsbréfa fyrir samtals 25.924 m.kr. Afborganir af áður teknum lánum eru áætlaðar 13.003 m.kr. Hrein lánsfjárþörf nemur því 12.921 m.kr.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir. Heildarlánveitingar vegna leiguíbúða á árinu 2002 eru áætlaðar samtals 7.750 m.kr. í stað 3.650 m.kr. í ár. Munar þar mest um hækkun á lánum til leiguíbúða úr 3.150 m.kr. í 7.500 m.kr. Þá er og gert ráð fyrir að lánveitingar vegna greiðsluerfiðleikalána hækki í 250 m.kr. vegna rýmkaðra lagaheimilda. Mikil eftirspurn hefur verið eftir heimildum til kaupa og byggingar á leiguíbúðum á þessu og næsta ári. Til að mæta skorti á leiguíbúðum hafa félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra náð samkomulagi um átak til að bæta ástand á leigumarkaði. Annars vegar gerir samkomulagið ráð fyrir að aflað verði lánsfjárheimilda í fjárlögum til átaks um byggingu allt að 400 leiguíbúða á ári á 3,5% breytilegum vöxtum en gert verði þó ráð fyrir eðlilegu svigrúmi í fjölda íbúða á milli ára. Lánin verði veitt sveitarfélögum, félögum fatlaðra, öryrkja, aldraðra og námsmanna er leigja íbúðirnar til þeirra er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Hins vegar er gert ráð fyrir lánsheimildum til byggingar eða kaupa allt að 150 leiguíbúða á ári í 4 ár á 4,5% breytilegum vöxtum. Með endurskoðun reglugerða um lánveitingar til leiguíbúða skal skilgreina nánar skilmála einstakra lánaflokka og m.a. hverjir hljóti lán úr þessum flokki og skilyrði leigu. Samkomulag ráðherranna gerir ráð fyrir að leitað verði samstarfs við sveitarfélög um að þau taki þátt í umræddu átaki. Gert er ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til greiðslu vaxtamunar þessara lána sem tekur mið af inn- og útlánslánsvöxtum Íbúðalánasjóðs hverju sinni sem er áætlað um 60 m.kr. á árinu 2002. Gert er ráð fyrir að meðallán vegna leiguíbúða sé um 10 m.kr. Þannig er því lagt til að heildarlánveitingar vegna leiguíbúða á árinu 2002 verði allt að 7.500 m.kr. Vakin er athygli á að lán koma ekki til útborgunar fyrr en að loknum framkvæmdum og því er

ekki gert ráð fyrir að þessar heimildir verða nýttar að fullu á árinu 2002. Ekki er þó búist við því að þessi lán verði öll greidd út á árinu 2002 heldur verði veitt lánsloforð allt að þessari fjárhæð í samræmi við nánari reglur sem settar verða þar um.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Rétt til viðbótarlána eiga þeir sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum mörkum. Þau lán koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Lánin eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga með hliðsjón af fjölskyldustærð, eignum, tekjum, íbúðastærð og gerð húsnæðis lánsumsækjanda. Lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og er sérstökum varasjóði ætlað að bæta útlánatap sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna viðbótarlánanna. Til að standa undir hugsanlegu tjóni Íbúðalánasjóðs greiða sveitarfélög 5% af þeim viðbótarlánum sem veitt eru út á íbúðir í sveitarfélaginu í varasjóðinn. Frumvarpið gerir ráð fyrri að veitt verði viðbótarlán að fjárhæð 3.080 m.kr. sem er 280 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum fyrir árið 2001. Það sem af er árinu 2001 er ljóst að meiri eftirspurn hefur verið eftir viðbótarlánum en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2001. Er þessi hækkun í samræmi við óskir sveitarfélaga á yfirstandandi ári. Í samræmi við 31. gr. laga um húsnæðismál skulu vextir af viðbótarlánum taka mið af þeim lánskjörum sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni.

215 Íbúðalánasjóður, byggingasjóðir ríkisins og verkamanna. Áætlað er að hagnaður af rekstri sjóðanna nemi 646 m.kr. á árinu 2002 í stað 793 m.kr. taps á rekstri þeirra í fjárlögum 2001 sem skýrist væntanlega af því að fjármögnun gömlu byggingarsjóðanna er að komast í jafnvægi og búast megi við að þeir geti farið að greiða niður hluta þeirra lána sem Íbúðalánasjóður yfirtók vegna þeirra. Ekki er því talin þörf á nýjum lántökum á árinu 2002 til fjármögnunar á eldri lánum þessara sjóða. Þar af leiðir er ekki gert ráð fyrir að afföll vegna sölu húsnæðisbréfa lendi á sjóðnum á næsta ári eins og undanfarin ár. Framlag í afskriftasjóð útlána er áætlað 310 m.kr. og tekur það mið af framlaginu eins og það var samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2000 auk verðlagsbreytinga á yfirstandandi ári og áætluðum breytingum á árinu 2002. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 7.039 m.kr. Innheimtar afborganir af veittum lánum eru áætlaðar 3.565 m.kr. og afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 10.849 m.kr.

50 Samgönguráðuneyti

335 Hafnarbótasjóður. Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnamannvirkjum. Áætlaðar fjármunatekjur 2002 eru 40 m.kr. Þær skiptast í vaxtatekjur af handbæru fé, vaxtatekjur af útlánum sjóðsins og reiknaðar tekjur vegna vaxta og verðbóta af útlánum. Tekin lán sjóðsins eru uppgreidd og ekki er

gert ráð fyrir að sjóðurinn taki ný lán. Áætlunin gerir ráð fyrir lækkun útistandandi lána og gengið verði á höfuðstól sjóðsins. Þetta mun hafa í för með sér að vaxtatekjur 2002 muni lækka frá árinu á undan. Ekki er gert ráð fyrir fjármagnsgjöldum en að reiknuð gjöld vegna verðbreytinga nemi 24 m.kr. miðað við 4% verðbólgu. Framlag úr ríkissjóði af fjárlagalið *10-335 Siglingamálastofnun* í A-hluta frumvarpsins, verður 16,6 m.kr. Áætlað er að tap sjóðsins verði 100,4 m.kr. Í öðrum rekstrargjöldum er gert ráð fyrir að 90 m.kr. muni renna sem styrkur á móti heimahluta framkvæmda, tjónastyrkir verði 30 m.kr., eignarskattur 9 m.kr. og almenn rekstrargjöld 4 m.kr., samtals 133 m.kr. Helsti óvissuþáttur áætlunarinnar eru útlán skammtíma- og bráðabirgðalána. Þau eru yfirleitt veitt til þess að fjármagna hlut ríkisins í framkvæmd, t.d. vegna hröðunar verkefna eða til að forða verkefnum frá skemmdum. Gert er ráð fyrir að veitt löng lán verði 20 m.kr. og að afborganir á árinu nemi 35 m.kr.

651 ***Ferðamálasjóður.*** Sjóðurinn stuðlar að þróun íslenskra ferðamála með lánum og styrkveitingum. Honum er ætlað að veita lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði og annars sem er talið að feli í sér þróun íslenskra ferðamála. Útlán eru á sömu kjörum og lán sem sjóðurinn tekur hverju sinni. Tillögur um sjóðinn eru með fyrirvara um líklegar breytingar á honum. Nefnd sem samgönguráðherra skipaði til að gera tillögur um framtíð sjóðsins skilaði tillögum sínum hinn 16. ágúst sl. og komst að þeirri samhljóða niðurstöðu að sameina ætti sjóðinn Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Samgönguráðuneytið hefur hafið viðræður um framkvæmd á tillögum nefndarinnar og samgönguráðherra stefnir að því að flytja frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um skipulag ferðamála þar sem sjóðurinn yrði lagður niður. Skoða verður neðangreindar tillögur í ljósi ofanritaðs en gert er ráð fyrir að á næsta ári verði veitt 105 m.kr. ný lán og að innheimtar verði 120 m.kr. í afborganir af veittum lánum. Áætlað er að sjóðurinn taki 100 m.kr. að láni og greiði 120 m.kr. í afborganir. Reiknað er með að rekstrarafkoma sjóðsins verði neikvæð um 10 m.kr. en 10 m.kr. verði lagðar í afskriftasjóð útlána.

51 Iðnaðarráðuneyti

371 ***Orkusjóður.*** Lög nr. 49/1999 gilda um Orkusjóð. Meginhlutverk sjóðsins er að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins samkvæmt áætlun sem hann gerir til fimm ára á grunni rannsóknaráætlunar Orkustofnunar. Áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún hljóta samþykki iðnaðarráðherra. Fjárveiting ríkissjóðs til sjóðsins á lið *11-371 Orkusjóður* er 83,3 m.kr. sem skiptist í 33,3 m.kr. rekstrarframlag og 50 m.kr. framlag til virkjanarannsókna. Rekstrarframlagið er óbreytt frá fjárlögum fyrra árs en framlagið til virkjanarannsókna lækkar um 25 m.kr. frá fjárlögum 2001. Áætlað er að tap nemi 21,5 m.kr. á árinu 2002 en tap 2000 var 57,3

m.kr. Handbært fé frá rekstri verður neikvætt um 4,5 m.kr. en var neikvætt um 10,6 m.kr. árið 2000. Loks er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok 2002 verði 59,3 m.kr.

411 ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar á lið *11-411 Byggðastofnun* verði 573,4 m.kr. á árinu 2002 sem er 18,4 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og er lækkunin tilkomin til að mæta aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Framlög í afskriftasjóð útlána eru hins vegar 230 m.kr. eins og í fjárlögum 2001. Af tilfærsluframlagi ríkisins í A-hluta frumvarpsins eru 300 m.kr. ætlaðar til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni, 101 m.kr. til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni og 173 m.kr. til almenns reksturs Byggðastofnunar. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 120 m.kr. en voru neikvæðar um 148,3 m.kr. árið 2000. Gert er ráð fyrir 213,5 m.kr. hagnaði árið 2002 í stað 176,5 m.kr. árið 2000. Áætlað er að veita 2,3 milljarða króna ný lán og endurgreiða 800 m.kr. vegna tekinna lána og lífeyrisskuldbindinga. Þarf stofnunin því heimild til að taka 1,3 milljarða króna að láni. Áætlað er að innheimta 1,2 milljarða króna í afborganir af veittum lánum. Loks er gert ráð fyrir að handbært fé í árslok verði 348,5 m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti

101 ***Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.*** Sjóðurinn tók til starfa 1. janúar 1998 og stendur fyrir áhættulánum, hlutafjárkaupum og styrkjum til vöru- og markaðsþróunar. Tryggingadeild útflutningslána veitir ábyrgðir til verkefna er tengjast útflutningi. Framtakssjóður stuðlar að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á sviði upplýsinga- og hátækni með áherslu á landsbyggðina. Einnig er sjóðnum ætlað að hafa frumkvæði að verkefninu „Auður í krafti kvenna“ sem stefnir að þátttöku kvenna í atvinnulífinu og verkefninu „Nýsköpun“ sem er árleg samkeppni um gerð viðskiptaáætlana og hefur þegar leitt til þess að ný og áhugaverð fyrirtæki hafa verið stofnuð víða um land. Sjóðurinn fær engar rekstrartekjur úr ríkissjóði heldur fjármagnar hann sig með vöxtum og gengishagnaði af hlutafjárkaupum. Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2002 verði 208 m.kr. en 173 m.kr. tap varð samkvæmt ríkisreikningi árið 2000. Handbært fé í árslok 2002 er áætlað 2.998 m.kr.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum í A-hluta ríkissjóðs, hjá ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2001

Áætlað er að á árinu 2001 verði lánsfjárhalli á ríkissjóði 6 milljarðar í stað 38,7 milljarða lánsfjárafgangs eins og áætlað var í fjárlögum ársins. Breytingin er samtals 44,7 milljarðar og skýrist af eftirfarandi: Í fyrsta lagi var áætlað í fjárlögum að innheimtur hagnaður af sölu fyrirtækja næmi 18 milljörðum en er nú áætlaður 5,6 milljarðar. Er það þrátt fyrir áætlanir um auknar sölutekjur árið 2001 þar sem salan fer það seint fram á árinu að greiðslur verða að stórum hluta innheimtar árið 2002. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að greitt verði 9 milljarða stofnframlag til Seðlabanka Íslands til að styrkja eiginfjárstöðu hans í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins þar um í framhaldi af setningu nýrra laga um bankann. Í þriðja lagi verður ekki af endurgreiðslu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á 8 milljarða króna láni ríkissjóðs en Flugstöðin var gerð að hlutafélagi og átti að létta af ríkissjóði ábyrgðum vegna lána sem tekin hafa verið til framkvæmda við hana. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að ríkissjóður kaupi hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og er hann metinn á 2,8 milljarða króna. Í fimmta og síðasta lagi er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 2 milljarða í stað þess að vera jákvætt um 9 milljarða króna. Stafar breytingin af minni tekjuafgangi á ríkissjóði en gert var ráð fyrir og má rekja breytingarnar til minni skatttekna og hærri útgjalda ríkissjóðs en ráðgert var í fjárlögum fyrir árið 2001 auk þess sem ráðist var í innlausn spariskírteina ríkissjóðs fyrir gjalddaga.

Lántökur ríkissjóðs árið 2001. Í mars 2001 gaf ríkissjóður út skuldabréf á erlendum lánamörkuðum að fjárhæð 250 milljónir evra eða sem svarar 20,7 milljörðum króna. Andvirðið fór að mestum hluta til endurfjármögnunar á erlendum lánum ríkissjóðs. Þessi útgáfa var hin fyrsta samkvæmt svonefndum MTN-samningi um skuldabréf ríkissjóðs til lengri tíma. Dregið verður á erlend skammtímalán ríkissjóðs fyrir um 2,9 milljarða króna en með því hafa allar afborganir og vextir erlendra lána verið fjármagnaðar erlendis. Þá var í júní tilkynnt um erlent lán að fjárhæð 25 milljarðar króna sem varið yrði til þess að efla erlenda stöðu Seðlabankans auk þess að leggja honum til áður umrætt stofnfjárframlag.

Ríkissjóður gaf í byrjun árs út nýjan flokk ríkisbréfa til 6 ára og er áætlað að selja í þann flokk fyrir um 6 milljarða króna. Þá var stofn ríkisvíxla stækkaður um 6 milljarða króna á árinu í 12 milljarða króna í samræmi við fjárlög.

Aðgerðir á lánamarkaði. Í mars sl. voru kynntar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem fólu í sér aukið sjálfstæði hans og í kjölfarið sendi Seðlabankinn frá sér yfirlýsingu um ný verðbólgumarkmið og breytta gengisstefnu. Breytingin fól í sér að í stað þess að halda gengi krónunnar innan ákveðinna vikmarka þá skyldi halda verðbólgunni innan ákveðinna marka.

Í febrúar sl. hætti ríkissjóður að bjóða almenningi áskrift að spariskírteinum ríkissjóðs eftir að hafa boðið upp á þá þjónustu í um áratug. Forsendur fyrir þessari þjónustu höfðu breyst með framþróun innlends fjármálamarkaðar. Samið var við þrjár fjármálastofnanir um að þær tækju að sér þjónustu við áskrifendur eftir útboð þar sem mismunandi tilboð í umsýslukostnað og mun á kaup- og sölugengi bárust. Var yfirfærsla áskriftarkerfisins unnin á grundvelli óska áskrifenda um nýjan umsjónaraðila. Með þessu dró ríkissjóður sig alfarið út af smásölumarkaði ríkisverðbréfa og selur nú einungis ríkisverðbréf með útboðsfyrirkomulagi.

Um miðjan maí var samið við fjórar fjármálastofnanir til eins árs um að þær tækju að sér viðskiptavakt með þrjá flokka spariskírteina og tvo flokka ríkisbréfa og er það í annað sinn sem slíkir samningar eru gerðir. Markmiðið er að treysta verðmyndun á ríkisverðbréfum og stuðla að auknum seljanleika bréfanna á eftirmarkaði. Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð á Verðbréfaþingi Íslands að tilteknu lágmarki á hverjum tíma og eru gerðar kröfur um ákveðinn hámarksmun kaup- og sölutilboða auk þess sem viðskiptavaki þarf að endurnýja tilboð sitt innan 10 mínútna sé tilboði hans tekið.

Í lok árs 2000 var samið við þrjár fjármálastofnanir til 6 mánaða um aðalmiðlarakerfi ríkisvíxla og í maí 2001 var samsvarandi samningur undirritaður við fjórar fjármálastofnanir til eins árs. Helsta markmið kerfisins er að tryggja samkeppnishæf tilboð í ríkisvíxla, auka seljanleika þeirra á eftirmarkaði, sem styður við verðmyndun annarra skammtímaverðbréfa á peningamarkaði, og tryggja ríkissjóði öruggan aðgang að lánsfé til skemmri tíma. Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að útboðum og felur samningurinn við þá í sér kaupskyldu þeirra í útboðum og skyldur um framsetningu tilboða á Verðbréfaþingi Íslands auk þess sem hámarksmunur er hafður á kaup- og sölutilboðum. Kerfið hefur reynst vel og hefur ávallt verið selt fyrir hámarksfjárhæð þess sem í boði hefur verið hverju sinni. Útboð ríkisvíxla eru haldin á tveggja mánaða fresti.

Kröfum fjárfesta um aukna upplýsingagjöf hefur verið mætt með ýmsum hætti. Fjármálaráðuneytið gefur mánaðarlega út greinargerð um greiðsluafkomu ríkissjóðs auk upplýsinga um lánsfjárþörf ríkissjóðs. Lánasýsla ríkisins hefur umsjón með vefsíðunni, bonds.is, sem opnuð var í maí sl. og er samstarfsverkefni nokkurra aðila á íslenska fjármálamarkaðinum. Á vefsíðunni er að finna upplýsingar um íslenska skuldabréfamarkaðinn á ensku og er það liður í að kynna erlendum fjárfestum innlend verðbréf til að vega upp á móti aukinni fjárfestingu innlendra fjárfesta í útlöndum. Þá hefur Lánasýsla ríkisins opnað heimasíðu í fjármálaupplýsingakerfi Bloomberg auk þess sem væntanleg er ný og

endurbætt heimasíða Lánasýslunnar. Þá er til athugunar að skrá ríkisverðbréf í einhverju hinna alþjóðlegu skráningarkerfa.

Á árinu hefur gengið vel að rafvæða ríkisverðbréf og hafa 90% útistandandi pappírsverðbréfa nú verið rafvædd. Mikil velta hefur verið með skuldabréf á árinu 2001 og hefur velta með ríkisverðbréf aukist að sama skapi umtalsvert sem skilar sér í betri verðmyndun bréfanna. Áfram var haldið að forinnleysa spariskírteini á árinu 2001 og verður forinnleyst fyrir um 3,8 milljarða að innlausnarvirði.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2002.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í ríkiseigu árið 2002 eru alls áætlaðar 71,6 milljarðar króna. Heildarafborganir af teknum lánum eru áætlaðar 70,6 milljarðar þannig að hrein lánsfjárþörf þessara aðila er 1 milljarður króna. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður, A-hluti, greiði niður lán umfram nýjar lántökur um 25,2 milljarða en sjóðir í C-hluta og ríkisfyrirtæki taki lán umfram greiddar afborganir er nema 26,2 milljörðum. Hækkun nettólántöku þessara aðila um 7,9 milljarða frá áætlun 2001 má að stærstum hluta rekja til aukinnar lántöku Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða, eða 4,9 milljarða.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lánsfjárþörf ríkissjóðs og þeirra aðila sem ríkissjóður ábyrgist lántökur fyrir:

	Áætlun 2001			Frumvarp 2002		
Í milljörðum króna	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**43,8**	**73,6**	**117,4**	-	-	**71,6**
Ríki	43,8	50,6	**94,4**	-	-	**58,6**
A-hluti	6,2	48,7	**54,9**	-	-	**15,0**
C-hluti	37,6	1,9	**39,5**	-	-	**43,6**
Landsvirkjun	0,0	23,0	**23,0**	-	-	**13,0**
Afborganir	**30,0**	**35,7**	**65,7**	-	-	**70,6**
Ríki	29,7	15,5	**45,2**	-	-	**66,3**
A-hluti	7,4	14,8	**22,2**	-	-	**40,2**
C-hluti	22,3	0,7	**23,0**	-	-	**26,1**
Landsvirkjun	0,3	20,2	**20,5**	-	-	**4,3**
Hrein lánsfjárþörf	**13,8**	**37,9**	**51,7**	-	-	**1,0**
Hlutfall af landsframleiðslu	**2,0%**	**5,4%**	**7,4%**	-	-	**0,1%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Í áætlun um sjóðstreymi fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir ríflega 41 milljarðs króna lánsfjárafgangi. Þar af er handbært fé frá rekstri tæplega milljarður króna en fjárfestingahreyfingar skila 40 milljörðum. Þar af er 21 milljarður hagnaður af sölu eigna frá fyrra ári sem færist um viðskiptareikninga, 20 milljarðar eignasala ársins og 8,5 milljarðar innheimtar afborganir af veittum lánum. Á móti kemur að veitt lán eru 4,5

milljarðar og stofnframlög til Seðlabanka Íslands og alþjóðastofnana 4,8 milljarðar. Áformað er að verja lánsfjárafganginum þannig að 25 milljarðar fari til að greiða niður skuldir umfram ný lán, 9 milljarðar verði greiddar inn á skuldbindingu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og staðan við Seðlabanka batni um tæplega 7 milljarða. Verða áætlanir um ráðstöfun lánsfjárafgangs að vanda teknar til endurskoðunar í ljósi stöðunnar í efnahags- og peningamálum hverju sinni.

Veitt stutt lán, viðskiptareikningar. Áætlað er að innstreymi á viðskiptareikninga verði 21,1 milljarður og stafar það af innheimtu á sölutekjum í árslok 2001. Með sama hætti er útstreymi á viðskiptareikningum áætlað 22,3 milljarðar árið 2001, aðallega vegna greiðslufrests á söluandvirði eigna í árslok. Að öðru leyti er gert ráð fyrir 400 m.kr. útstreymi af ýmsum viðskiptareikningum ríkissjóðs árið 2002. Hér er meðal annars um að ræða fyrirgreiðslu við stofnanir ríkisins, innflutning á vörum í tolli og kröfur á ríkissjóð vegna innheimtu tekna fyrir aðra aðila.

M.kr.	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Handbært fé frá rekstri	**-2.412**	**857**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-22.300	21.100
Veitt löng lán	-4.400	-4.480
Afborganir veittra lána	7.800	8.500
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-12.200	-4.800
Sala hlutabréfa og eignarhluta	27.500	20.000
Fjármunahreyfingar samtals	**-3.600**	**40.320**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-6.012**	**41.177**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	6.000	
Tekin löng lán	54.900	15.000
Afborganir	-22.150	-40.200
Fjármögnun samtals	**38.750**	**-25.200**
Framlag til LSR	-12.500	-9.000
Breyting á handbæru fé	**20.238**	**6.977**

Veitt löng lán. Í 5. gr frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga á árinu 2002 til lengri tíma en eins árs. Lánin eru samtals 4.480 m.kr. en voru 3.970 m.kr. samkvæmt áætlun þessa árs og hækka því um 510 m.kr. Breytingar á milli ára eru að lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka um 500 m.kr. vegna gengisbreytinga, aukinna lánveitinga sjóðsins til skólagjalda og vegna fjölgunar nemenda. Þá er sótt um nýja 650 m.kr. heimild til að veita Happdrætti Háskóla Íslands lán til að ljúka byggingu Náttúrufræðihúss í

Vatnsmýrinni í Reykjavík. Sótt er um 80 m.kr. í aukna heimild til að lána Alþjóðaflugþjónustunni til endurfjármögnunar vegna gengishækkunar á Bandaríkjadal gagnvart krónunni. Á móti kemur að lánsheimild til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lækkar um 650 m.kr. frá fjárlögum 2001 vegna minni afborgana sjóðsins af teknum lánum.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög ríkissjóðs og kaup ríkissjóðs á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Stofnfjárframlög ríkisins til alþjóðastofnana eru lítið breytt frá árinu 2001, að því frátöldu að 15 m.kr. framlag til Íslenska ráðgjafasjóðsins hjá Alþjóðabankanum verður framvegis fært til gjalda hjá utanríkisráðuneytinu en ekki fært sem stofnfjárframlag þar sem það er ekki endurkræft og færist því ekki til eignar. Gert er ráð fyrir að greitt verði 4.500 m.kr. stofnfjárframlag til Seðlabanka Íslands í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins fyrr á árinu. Greitt verður 9 milljarða króna stofnfjárframlag til bankans á þessu ári og skýrir það hækkun á stofnfjárframlögum 2001 auk þess sem gert er ráð fyrir um 2,8 milljarða framlagi til kaupa á hlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða.

M.kr.	Áætlun 2001	Frumvarp 2002
Alþjóðabankinn og IDA, Washington, DC	100,0	100,0
Evrópubankinn, EBRD	25,0	25,0
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	40,0	40,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	20,0	20,0
Stofnfjárframlag til Seðlabanks Íslands	9.000,0	4.500,0
Kaup á hlutafé í Orkubúi Vestfjarða	2.760,0	0,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	255,0	115,0
Samtals	**12.200,0**	**4.800,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækjum er nema samtals 20 milljörðum króna. Áformað er að selja hluta í Landssímanum hf. og er um áframhald á sölu þessa árs að ræða. Þá er gert ráð fyrir að seldir verði eignarhlutar í viðskiptabönkunum í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að selja hlutabréf í ríkisbönkunum með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en um leið tryggja virka samkeppni. Fyrirvara verður að gera um sölutekjur þar sem þær ráðast af aðstæðum á markaði hverju sinni og gætu verið hærri eða lægri þegar upp er staðið. Ýmist eru heimildir til sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum í 7. gr. fjárlaga eða í sérlögum um hvert fyrirtæki.

Hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs fyrir greiðslu framlaga til LSR er áætlaður 41 milljarður árið 2002 og verður að skoðast í því ljósi að lánsfjárhalli í ár verður um 6 milljarðar. Verður lánsfjárafgangi ráðstafað til að greiða niður skuldir eða til að styrkja stöðu

ríkissjóðs með öðrum hætti, svo sem með fyrirframgreiðslu til LSR, eins og þegar hefur komið fram í inngangi að þessum kafla. Gangi þessi áform eftir verður lánsfjárafgangur áranna frá 1998 til 2002 rúmlega 97 milljarðar og að viðbættum stofnfjárframlögum til Seðlabanka Íslands er hann yfir 110 milljarðar króna.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs eru áætlaðar 15 milljarðar króna en þær nema 55 milljörðum á yfirstandandi ári. Sérstaklega er fjallað um lántökur árið 2001 í kafla 6.1 að framan. Ekki liggur endanlega fyrir ákvörðun um hvernig að þessari lántöku verður staðið.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að greiddar afborganir ríkissjóðs af teknum lánum verði 40,2 milljarðar króna á næsta ári en eru áætlaðar 22,1 milljarður í ár. Að frádregnum nýjum lánum verður nettóafborgunin 25 milljarðar.

6.4 Lántökur og ábyrgðir

Í 3. tölulið 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Áætlað er að heildarlántökur sjóða í C-hluta og ríkisfyrirtækja verði 56,6 milljarðar króna og lækki um 2 milljarða frá fjárlögum 2001. Afborganir eru áætlaðar 30,3 milljarðar árið 2002 en eru 32,6 milljarðar í ár. Helstu breytingarnar eru að lántökuheimildir vegna leiguíbúða Íbúðalánasjóðs aukast um 6,2 milljarða en á móti lækka aðrar lántökuheimildir sjóðsins, einkum vegna endurfjármögnunar eldri byggingasjóða sem falla niður. Verða hér raktar lántökuheimildir skv. 3. tölulið 5. gr. en nánari greinargerð er um stofnanir í B- og C-hluta í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Áætlað er að Landsvirkjun taki 13 milljarða króna lán í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir fyrir árið 2002. Gert er ráð fyrir 4,3 milljarða afborgunum af teknum lánum.

2. Íbúðalánasjóður. Áætlað er að heildarlántökur sjóðsins verði samtals 40,4 milljarðar en gert er ráð fyrir um 35 milljarða lántöku í ár. Aukningin skýrist alfarið af lánum til að fjármagna útlán til leiguíbúða í samræmi við samkomulag á milli fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra þar að lútandi.

3. Lánasjóður landbúnaðarins. Sótt er um heimild til 1.800 m.kr. lántöku sem er óbreytt frá lánsfjárheimild í fjárlögum 2001.

4. Byggðastofnun. Miðað er við að Byggðastofnun fái heimild til 1,3 milljarða lántöku sem er óbreytt frá heimild fjárlaga 2001.

7 Skerðingarákvæði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir skerðingarákvæðum í 6. gr. frumvarpsins. Er heildarskerðing markaðra tekna áætluð 518 m.kr. árið 2002 en er 130 m.kr. í fjárlögum 2001.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem skal varið til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsnæði menningarstofnana. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur af sérstökum eignarskatti nemi 903 m.kr. Lagt er til að tekjur umfram 385 m.kr. renni í ríkissjóð árið 2002 og er það 115 m.kr. meiri skerðing en í fjárlögum 2001. Tvennt skýrir aukna skerðingu. Annars vegar gekk tímabundin 100 m.kr. frestun framkvæmda á árinu 2000 til baka árið 2001 og hins vegar er gengið út frá 15 m.kr. minni framkvæmdum árið 2002 en á árinu 2001 til að ná fram aðhaldsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Miðað við framangreinda áætlun um tekjur af sérstökum eignarskatti á árinu 2002 munu því 518 m.kr. af tekjunum renna í ríkissjóð árið 2002 en var 130 m.kr. í fjárlögum 2001.

Eins og undanfarin ár er gerð tillaga um að Framkvæmdasjóði fatlaðra verði heimilt á árinu 2002 að standa undir kostnaði við félagslega endurhæfingu og stjórnarnefndir.

8 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 7. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 129 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein heimild er til eftirgjafar gjalda, til sölu húsnæðis eru 24, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 18, til sölu lóða og jarða eru 37, til sölu hlutabréfa eru 7, heimildir til kaupa og leigu á fasteignum eru 30 og ýmsar heimildir eru 12. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 340 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er hins vegar ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með því að hún standi yfir um nokkurra ára skeið.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi má nefna að heimild 2.16 er almenn heimild til sölu á dýralæknabústöðum sem ekki er lengur þörf fyrir og heimildir 2.18–2.21 eru til sölu á flugafgreiðslum og flugmannvirkjum sem ekki er lengur þörf fyrir. Heimild 3.16 er vegna húsnæðis sem nú hýsir útsölu ÁTVR á Seyðisfirði en hugmyndir eru uppi um að útvega hentugra húsnæði fyrir útsöluna á staðnum. Í framhaldi af því verður að ráðstafa núverandi húsnæði með hliðsjón af því að innréttingar hússins eru sögulegar minjar sem þarfnast verndunar. Heimild 3.18 er vegna Sandholts 28 á Ólafsvík sem er einn af þremur læknisbústöðum á staðnum. Ástæða sölunnar er sú að viðhaldskostnaður hússins hefur verið mjög hár og er farið fram á heimild til að selja það og kaupa annað hentugra.

Fjórði flokkurinn eru heimildir til sölu lóða og jarða. Um er að ræða 37 heimildir til sölu jarða, hluta úr jörðum og landspilda. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna jarðaumsýslu landbúnaðarráðuneytisins og nokkrar vegna umsýslu Prestssetrasjóðs. Heimildir 4.32 og 4.33 um jarðirnar Kollafjörð og Mógilsá eru meðal annars til komnar vegna takmarkaðrar nýtingar ríkisins á jörðunum en hluti þeirra hefur verið leigður Skógræktarfélagi Reykjavíkur til skógræktar. Heimild 4.37 er til sölu eða leigu á svokölluðu

neðra Nikkelsvæði en það svæði hefur verið á forræði varnarliðsins vegna starfsemi þess en verður bráðlega skilað á ný til íslenskra stjórnvalda að lokinni hreinsun þess.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa. Endurnýjaðar eru söluheimildir vegna Íslenskra aðalverktaka hf., Sementsverksmiðjunnar hf., Barra hf., Endurvinnslunnar hf., Flugskóla Íslands hf. og Fiskeldi Eyjafjarðar. Nýja heimild er að finna í lið 5.7 um sölu á hlutafé ríkissjóðs í Hólalaxi hf.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Heimildirnar eru 30 talsins og skýra sig flestar sjálfar. Að langmestu leyti er um að ræða heimildir sem hafa verið endurnýjaðar frá fyrri árum. Rétt er þó að fara nokkrum orðum um þær heimildir sem eru nýjar. Heimild 6.23 er til að kaupa til niðurrifs flugskýli á flugvellinum sem þurfa að víkja. Heimildir 6.24 og 6.25 skýra sig að mestu sjálfar en um er að ræða kaup á húsnæði til þeirra þarfa sem þar er tekin fram. Heimildir 6. 20, 6.26 og 6.27 eru til komnar vegna hugmynda um að Hollustuvernd, Yfirdýralæknir og Veiðimálstjóri leigi eða kaupi sameiginlega húsnæði undir starfsemi sína. Á mörgum sviðum er starfsemi þeirra sambærileg og ætti því að geta náðst fram töluverð samnýting og þar með hagræðing verði starfsemin undir einu þaki.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Einni heimild hefur verið bætt við, 7.12, sem heimilar fjármálaráðherra að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið verði 4,5 milljarðar sem kemur til styrkingar á eigin fé bankans. Þá er lögð til orðalagsbreyting á heimild 7.11 til styttingar og einföldunar.

9 Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum o.fl. Hækkun verður á fríeignamarki eða lækkun á skatthlutfalli eignarskatts og sérstaks eignarskatts einstaklinga til að vega á móti hækkun fasteignamats. Skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækkar um 0,33% í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við endurskoðun kjarasamninga á liðnum vetri.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:

Menntamálaráðuneyti

Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Leitað verður heimildar til að breyta greiðsluþátttöku nemenda þannig að það gjald sem heimilt er að innheima fyrir innritun í framhaldsskóla verði að hámarki 8.500 kr. fyrir hvern nemanda í stað 6.000 kr. áður og að hámarksgjald fyrir efniskostnað hækki í 50.000 kr. fyrir hvern nemanda, en var 25.000 kr. áður.

Lög nr. 41/1999, um Háskóla Íslands. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Háskóla Íslands þannig að það verði 35.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 25.000 kr. áður.

Lög nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Háskólann á Akureyri þannig að það verði 35.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 25.000 kr. áður.

Lög nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands. Leitað verður heimildar til að hækka gjald sem tekið er fyrir skráningu í Kennaraháskóla Íslands þannig að það verði 35.000 kr. fyrir hvern nemanda í stað 25.000 kr. áður.

Atriðisorðaskrá

A

bls.

Aðfangaeftirlit ríkisins ... 259, 350, 351
Aðflutningsgjöld ... 260
Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð ... 260
Aðrar rekstrartekjur ... 265
Aðrar sjúkrastofnanir ... 402
Aðrir sértækir veltuskattar ... 284
Afborganir af teknum lánum ... 476
Afborganir lána ríkissjóðs ... 52
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 52
Afgjöld ríkisjarða ... 268
Afkoma ríkissjóðs ... 275
Afnotagjald RÚV ... 267
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur ... 416
Afskriftir skattkrafna ... 410, 416
Almanaksgjald ... 259
Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum ... 428
Almannavarnir ríkisins ... 366, 369
Almenn vörugjöld ... 283
Almennir veltuskattar ... 280
Alþingi ... 62, 274, 288, 291, 300, 380, 397, 431, 441, 465, 469
Alþingiskostnaður ... 300
Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF) ... 345
Alþjóðaflugþjónustan ... 53, 434, 461
Alþjóðastofnanir ... 344, 345, 451
Alþjóðleg friðargæsla ... 345
Alþjóðleg samskipti ... 313, 319
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 258, 261, 383, 385
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 440
Auðunarstofa ... 374
Auglýsingar í Lögbirtingablaði ... 268

Á

Ábyrgðargjald vegna launa ... 261
Ábyrgðasjóður launa ... 261, 268, 383, 384
Áfengis- og fíkniefnamál ... 366
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 53, 457, 460
Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans í Reykjavík ... 260
Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra ... 260
Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar ... 262

B

Barnabætur ... 258, 410, 416
Barnaverndarráð ... 380
Barnaverndarstofa ... 380, 381
Bifreiðagjald ... 284
Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands ... 264
Biskup Íslands ... 374
Blindrabókasafn Íslands ... 330
Borgarholtsskóli ... 267
Brunamálastofnun ríkisins ... 264, 453, 454
Brunavarnargjald ... 264
Búnaðarsjóður ... 259, 353, 354
Byggðamál ... 440
Byggðastofnun ... 54, 55, 438, 440, 441, 470, 476
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða ... 406
Bygginga- og tækjasjóður ... 265, 458
Bændasamtök Íslands ... 353, 354
Bætur brotaþola ... 364
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 258, 392, 393
Bætur til framfærslu ... 395
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar ... 395

D

Daggjaldastofnanir ... 258
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 359
Dómsmál ... 364

E

Efnahagsforsendur ... 276
Eftirlaunasjóður aldraðra ... 392, 395
Eignarskattar ... 280, 282
Einkaleyfastofan ... 269, 438
Einkaleyfisgjald H.Í. ... 265
Embætti forseta Íslands ... 300
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi ... 439
Endurhæfingarlífeyrir ... 393
Endurvinnslan hf., skilagjald ... 263
Faggilding hjá Löggildingarstofunni ... 269
Fangelsismál ... 373
Fangelsismálastofnun ríkisins ... 373
Fasteignamat ríkisins ... 262, 269, 362, 418, 419, 422
Fasteignir framhaldsskóla ... 320
Fasteignir ríkissjóðs ... 365, 420
Ferðamál ... 435

Ferðamálaráð 435
Ferðamálasjóður 54, 469
Félagsmálaráðuneyti 375, 378, 379, 466
Félagsmálaskóli alþýðu 383
Fiskeldisrannsóknir 354
Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 357
Fiskistofa 260, 358
Fiskræktarsjóður 260, 354
Fjármagnskostnaður 291
Fjármagnstekjuskattur 414, 416
Fjármálaeftirlitið 444, 445
Fjármálaráðuneyti 408, 460
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 54, 462
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 53, 457
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 394, 398, 405, 406
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 266
Fjölbrautaskóli Suðurlands 266
Fjölbrautaskóli Suðurnesja 266
Fjölbrautaskóli Vesturlands 266
Fjölbrautaskólinn Ármúla 266
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 266
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 266
Flensborgarskóli 266
Flugmál 433
Flugmálastjórn 262, 267, 269, 340, 341, 429, 433, 461
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli 267, 340, 341
Flugvallargjald 262
Flugvellir, framkvæmdir 433, 434
Flutningsjöfnun 445
Flutningssjóður olíuvara 263, 445
Flutningssjóður sements 445
Forfallakennsla 326
Forsætisráðuneyti 302, 304, 305
Forvarnasjóður 262, 406, 407
Fóðursjóður 260, 353
Framhaldsskólar 320
Framhaldsskólar, almennt 320, 326
Framhaldsskólar, stofnkostnaður 320, 324
Framhaldsskólinn á Húsavík 266
Framhaldsskólinn á Laugum 267
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 266
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 266
Framkvæmd nýrrar skólastefnu 327
Framkvæmdasjóður aldraðra 261, 402, 405
Framkvæmdasjóður fatlaðra 381, 383
Framkvæmdir á Alþingisreit 301

Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO 434
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 54, 353, 465
Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 270
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðarins 353
Framsetning gjaldahliðar 287
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 320
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 259
Fæðingarorlofssjóður 258, 291, 383, 385

G

Garðávaxtasjóður 353
Garðyrkjuskóli ríkisins 350, 351
Geislavarnir ríkisins 268, 396, 397
Gestastofur, söfn og markaðsstarf 428
Gjald af veiðikorti 263
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða 261
Gjald vegna eftirlits um borð í fiskiskipum 260
Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum 268
Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla 268, 358
Gjöld A-hluta 286
Gjöld vegna starfsleyfa Hollustuverndar 263
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu 352
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 259, 352, 353
Greiðslur vegna riðuveiki 354
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 346, 352, 353
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 381, 382
Grunnskólar 327

H

Hafnabótasjóður 54, 431
Hafnabótasjóður, framlag 431
Hafrannsóknastofnunin 358
Hafréttarstofnun Íslands 340
Hagræn skipting gjalda í A-hluta 258
Hagstofa Íslands 269, 446
Hagþjónusta landbúnaðarins 350
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs 52
Happdrætti Háskóla Íslands 53, 55, 315, 458, 474
Háskóla- og rannsóknastarfsemi 313, 319
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður 313, 317, 319
Háskólasjóður 270, 316
Háskóli Íslands 259, 265, 270, 313, 316
Háskólinn á Akureyri 265, 313
Háskólinn í Reykjavík 313

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 387
Heilbrigðismál 271, 406
Heilbrigðisstofnanir 400
Heilbrigðisstofnunin Akranesi 398, 400
Heilbrigðisstofnunin Selfossi 398
Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2002 473
Heildaryfirlit ríkisútgjalda 286
Heilsugæsla í Reykjavík 401
Heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús 401
Heilsugæslustöðvar, almennt 405
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 401
Heimildir 58, 478
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 391, 396
Héraðsdómstólar 364, 365
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 396
Héraðslæknir í Reykjavík 396
Héraðsskógar 351
Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi 262
Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi 261
Hollustuvernd ríkisins 61, 263, 269, 452, 453
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 351
Hreindýraráð 263, 452
Húsafriðunarsjóður 328, 332
Hæstiréttur 301, 364, 365

I

Iðja og iðnaður, framlög 263, 439
Iðnaðarmál 439
Iðnaðarráðuneyti 435, 461, 469
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 438
Iðnskólinn í Hafnarfirði 267
Iðnskólinn í Reykjavík 267
Iðntæknistofnun Íslands 439
Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum 268

Í

Íbúaskrá Hagstofu Íslands 269
Íbúðalánasjóður 476
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild 54, 467
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir 54, 467
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán 54, 468
Íslensk friðargæsla 339, 345
Íslensk málstöð 316
Íslenska óperan 332

Íslenski dansflokkurinn 328
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 334

J

Jafnréttisráð 379, 380
Jafnréttisstofa 379
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 268
Jöfnun á námskostnaði 328
Jöfnun húsaleigubóta 383
Jöfnunarsjóður sókna 270, 374
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 258, 270, 383

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög 52, 475
Keflavíkurflugvöllur 340
Kennaraháskóli Íslands 265, 313
Kirkjugarðsgjöld 270, 374
Kirkjugarðssjóður 270
Kirkjumál 374
Kirkjumálasjóður 270, 374
Kjaradómur og kjaranefnd 417
Kosningar 363
Kostnaður vegna lögræðislaga 363
Kristnihátíðarsjóður 270, 305
Kristnisjóður 374
Kvennaskólinn í Reykjavík 266
Kvikmyndasjóður 328, 332
Kvikmyndaskoðun 267, 333, 334

L

Lagasafn 363
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 351
Landbúnaðarráðuneyti 346, 349, 465
Landbúnaðarstofnanir 350
Landflutningasjóður 427
Landgræðsla ríkisins 351, 352
Landhelgisgæsla Íslands 366, 370
Landhelgissjóður Íslands 366
Landkynningarskrifstofur erlendis 435
Landlæknir 268, 396
Landmælingar Íslands 264, 453, 454
Landshlutabundin skógrækt 351
Landskrá fasteigna 362, 409, 419

Landspítali, háskólasjúkrahús 268
Landsvirkjun 476
Launa- og verðlagsmál 417
Launagjöld 290
Lánasjóður íslenskra námsmanna 54, 258, 328, 463, 464
Lánasjóður landbúnaðarins 54, 260, 353, 465, 476
Lánasýsla ríkisins 418, 420, 472
Lánsfjárafgangur ríkissjóðs 475
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs 52
Lántökur A-hluta ríkissjóðs 476
Lántökur og ábyrgðir 476
Lántökur ríkissjóðs árið 2001 471
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 55, 471
Leiguíbúðir 386
Lendingargjald vegna millilandaflugs 267
Lendingargjöld vegna innanlandsflugs 269
Leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu 262
Listaháskóli Íslands 313
Listahátíð í Reykjavík 333
Listamannalaun 270
Listasjóðir 270, 328, 332
Listdansskólinn 267
Listir, framlög 328, 330, 332
Lífeyrir og eftirlaun 415
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun 415
Lífeyristryggingar 258, 261, 392, 393, 394
Lóðarleiga á varnarsvæðum 267
Lyfjaeftirlitsgjald 262
Lyfjastofnun 262, 268, 396, 397
Læknishéraðasjóður 401
Lögbirtingablað 268, 363
Lögbundin framlög 270
Löggildingarstofa 263, 269, 444
Löggæsla og öryggismál 366
Lögregluskóli ríkisins 366, 369
Lögreglustjórinn í Reykjavík 260, 366, 369

M

Manneldisráð 396, 397
Markaðar tekjur 259
Markaðsgjald 259
Markaðsleyfi Lyfjastofnunar 268
Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku 428
Mat á búvörum 349
Málefni barna og ungmenna 380

Málefni fatlaðra 381, 382, 406
Málskostnaður í opinberum málum 364, 365
Meðdómsmenn 365
Meðferðarstöð ríkisins 381
Mengunareftirlitgjald (árlegt gjald v. eftirlits) 269
Menningarsjóður 328
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 259, 328, 330
Menntamálaráðuneyti 308, 458, 463
Menntaskólinn að Laugarvatni 265
Menntaskólinn á Akureyri 265
Menntaskólinn á Egilsstöðum 265
Menntaskólinn á Ísafirði 265
Menntaskólinn í Kópavogi 266
Menntaskólinn í Reykjavík 265
Menntaskólinn við Hamrahlíð 265
Menntaskólinn við Sund 265
Myndlistarskólinn í Reykjavík 320, 326

N

Námsaðstoð 328
Námsgagnastofnun 327
Námskeið skipstjórnarmanna 326
Námsmatsstofnun 313
Náttúrufræðistofnun Íslands 455
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 452
Náttúruvernd ríkisins 452
Nefnd um landgrunnsmörk Íslands 340
Neyðarsímsvörun 366
Neytendasamtökin 443
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið 345
Norræn samvinna 333
Norræna ráðherranefndin 306, 307
Norræni heilsugæsluskólinn 407
Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 386
Nýjungar í skólastarfi 326
Nýsköpunarsjóður 54, 470
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 54, 470

O

Ofanflóðasjóður 264, 453, 455
Opinber réttaraðstoð 364, 366
Opinberar heimsóknir 300
Orkumál 439
Orkusjóður 54, 439, 440, 469

Orkustofnun 439, 440
Orlof kennara 326

Ó

Óbyggðanefnd 306, 307

P

Persónuvernd 364, 366
Póst- og fjarskiptamál 435
Póst- og fjarskiptastofnunin 262, 269

R

Rafmagnsveitur ríkisins 53, 461
Rannsóknarráð Íslands 294, 295, 313, 318, 465
Rannsóknarsjóðir 318
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 439
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 358
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 259, 350
Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu 435
Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 318
Ratsjárstofnun 53, 457, 460
Raunvísindastofnun Háskólans 316
Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól 418, 420
Rekstrargjald vegna starfssemi á sviði póst- og fjarskipta 262
Rekstrargjöld 289
Rekstrarreikningur ríkissjóðs 273
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs 51
Rekstur strandarstöðva 435
Reynslusveitarfélagið Akureyri 401
Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 366
Réttargæslumenn 365
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 317
Ríkisábyrgðir 55
Ríkisbókhald 418, 421
Ríkisendurskoðun 301
Ríkiskaup 418, 419
Ríkislögmaður 306, 307
Ríkislögreglustjóri 260, 366, 367
Ríkissaksóknari 366, 367
Ríkissáttasemjari 379
Ríkisskattstjóri 412, 413, 421
Ríkisstjórn 301
Ríkisstjórnarákvarðanir 421
Ríkisútvarpið 53, 258, 267, 328, 331, 459

S

Sala eigna ... 285
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 52, 475
Sala jarðeigna jarðasjóðs ... 268
Samgönguráðuneyti ... 423, 461, 468
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa ... 262
Samkeppnisstofnun ... 444, 445
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi ... 333
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál ... 333
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 333
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar ... 435
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 391
Samtök iðnaðarins ... 262, 407, 439
Schengen-samstarf ... 366
Sendiráð Íslands í Mapútó ... 342, 344
Sendiráð og fastanefndir ... 342
Sérkennsla ... 326
Sérstakar greiðslur í landbúnaði ... 270, 354
Sérstakt vörugjald ... 262
Sérstakur eignarskattur, lögaðilar ... 259
Sérstakur eignaskattur, einstaklingar ... 259
Sértekjur ... 290
Siglingamál ... 430
Siglingastofnun Íslands ... 262, 269, 430
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 53, 328, 459
Símenntun og fjarkennsla ... 320
Sjávarútvegsráðuneyti ... 355, 466
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa ... 357
Sjóðir til að styrkja menningararf og rannsóknir ... 305
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 52
Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs ... 473
Sjóðstreymi ríkissjóðs ... 273
Sjómannaskólahúsið ... 320
Sjónstöð Íslands ... 391, 396, 397
Sjóvarnargarðar ... 431
Sjúklingatryggingar ... 392, 395
Sjúkraflutningar ... 401
Sjúkrahús á Suðvesturlandi og deildarskipt sjúkrahús ... 398
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi ... 398, 399, 405
Sjúkrahús og læknisbústaðir ... 405
Sjúkrahús, óskipt ... 398, 399
Sjúkrastofnanir og heilsugæsla ... 397
Sjúkratryggingar ... 258, 291, 392, 394, 398, 399
Skammtímalán ríkissjóðs ... 52
Skatta- og tollamál ... 412, 413, 421

Skattar á tekjur og hagnað ... 280, 281
Skattar á vörur og þjónustu ... 280, 282
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 412, 414
Skattstofa Austurlands ... 413
Skattstofa Norðurlands eystra ... 413
Skattstofa Reykjaness ... 413
Skattstofa Suðurlands ... 413
Skattstofa Vestfjarða ... 413
Skattstofa Vestmannaeyja ... 413
Skattstofa Vesturlands ... 413
Skattstofan í Reykjavík ... 413
Skerðingarákvæði ... 57, 477
Skilagjald á einnota umbúðir ... 263
Skipagjald ... 262
Skipulagsgjald ... 263
Skipulagsmál ... 263, 453, 454
Skipulagsstofnun ... 453, 454
Skoðunar- og eftirlitsgjöld ... 269
Skoðunargjald kvikmynda ... 267
Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins ... 268
Skógrækt og landgræðsla ... 351
Skógrækt ríkisins ... 351
Skráningargjöld vinnuvéla og ökutækja ... 261
Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja ... 261, 360, 366, 367, 370
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 358, 359
Slysastofugjöld Landspítalans ... 268
Slysatryggingagjald vegna sjómanna ... 261
Slysatryggingar ... 261, 392, 395
Slysavarnafélagið Landsbjörg ... 426, 428
Sóknargjöld ... 270, 317, 360, 374
Spilliefnagjald ... 263
Spilliefnasjóður ... 263, 452, 453
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ... 398
Staðlaráð ... 439
Staðsetningarkerfi ... 427
Starfsemi atvinnuleikhópa ... 332
Stjórnarráðsbyggingar ... 420
Stjórnartíðindi ... 363
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 316
Stofnun Sigurðar Nordals ... 316
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 455
Stofnverndarsjóðsgjald búfjár ... 260
Stofnverndarsjóður búfjár ... 260, 353
Styrkir til ferja og sérleyfishafa ... 428
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 452, 453
Styrkir til innanlandsflugs ... 434

Styrktarfélag vangefinna 382
Stýrimannaskólinn í Reykjavík 267
Sunnuhlíð, Kópavogi 403
Sveitarfélög 383
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli 267, 340, 341
Sýslumenn 371
Söfn, listastofnanir og fleira 328

T

Tannverndarsjóður 271
Tapaðar kröfur og tjónabætur 416
Tekin löng lán ríkissjóðs 52
Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2002 ..... 277, 281
Tekjuhorfur 2001 277
Tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2001 279
Tekjujöfnuður 51
Tekjur A-hluta 277
Tekjuskattar einstaklinga 281
Tekjuskattar lögaðila 282
Tekjutryggingarauki 393, 394
Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks 260
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 265
Tollafgreiðslugjöld til Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli 267
Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans í Reykjavík 268
Tollstjórinn í Reykjavík 268, 412, 414, 421
Tóbaksvarnir 271
Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög 290
Tryggingagjald 261, 263, 280
Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar 263
Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga 261
Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs 263
Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins 261
Tryggingagjöld og launaskattar 282
Tryggingamál 392
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 261, 383
Tryggingastofnun ríkisins 392, 393, 394, 398, 399
Tækniskóli Íslands 265, 313

U

Umboðsmaður Alþingis 301
Umboðsmaður barna 306, 307
Umferðarráð 261, 366, 369
Umferðaröryggiseftirlitsgjald 261
Umhverfisráðuneyti 447

Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa 450
Umhverfisvernd 452
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins 262
Umsýslustofnun varnarmála 53, 460
Umsýsluþóknun af einnota umbúðum 263
Undirbúningur að smíði varðskips 370
Uppbætur 393
Upptækur afli og veiðarfæri (landhelgisbrot og sekt) 268
Utanríkisráðuneyti 336, 460
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa 267, 339

Ú

Útflutningsgjald á hross 260, 353
Útflutningsmál 346
Útflutningsráð Íslands 259
Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum (vinnueftirlit ríkisins) 268
Útgáfa ökuskírteina 373
Útgjaldahorfur næstu fjögur árin 292
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 421
Útgjöld til rannsókna- og þróunarmála 1998 til 2002 294
Útlendingaeftirlitið 366, 371

V

Vaxtabætur 258, 416
Vaxtagjöld ríkissjóðs 51, 456
Veðurstofa Íslands 455, 456
Vegagerðin 258, 262, 367, 428, 429
Vegamál 428
Veiðieftirlitsgjald 260
Veiðileyfi hreindýraráðs 263
Veiðimálastjóri 267, 350
Veiðimálastofnun 350
Veiðistjóri 263, 452
Veitt löng lán 474
Veitt löng lán ríkissjóðs 52
Veitt stutt lán ríkissjóðs 52
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar 474
Verðlagsforsendur 286
Verðlagsmál 417
Verðmiðlun landbúnaðarvara 260, 353, 354
Verðmiðlunargjöld landbúnaðarins 260
Verðtilfærslugjald á innvegna mjólk 259
Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga 407
Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 392, 395

Verkmenntaskóli Austurlands 266
Verkmenntaskólinn á Akureyri 266
Verslunarskóli Íslands 320
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 306, 307
Vesturfarasetrið á Hofsósi 304
Vélskóli Íslands 267
Viðhald stjórnarráðsbygginga 420
Viðhaldsverkefni 291
Viðskipta- og tölvuskólinn 327
Viðskiptaháskólinn á Bifröst 313
Viðskiptamál 444
Viðskiptaráðuneyti 441, 470
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 444
Vinnsluleyfi fiskvinnslustöðva 260
Vinnueftirlit ríkisins 261, 268, 379, 380
Vinnumál 383, 384
Vinnumálastofnun 383, 384
Virðisaukaskattur 51, 283
Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi 452, 453
Vitagjald 262
Vopnaleitargjald 267
Vottorð frá Geislavörnum ríkisins 268
Vottorð frá Siglingamálastofnun 269
Vottorð Hagstofu Íslands 269
Vörugjald af ökutækjum 283
Vörugjöld af bensíni 284

Y

Yfirdýralæknir 268, 350, 479
Yfirfasteignamatsnefnd 422
Yfirlit ríkisfjármála 275
Yfirlit yfir lagabreytingar 480
Yfirskattanefnd 412, 414

Ý

Ýmis leyfi Lyfjastofnunar 262
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 371, 372
Ýmis umhverfisverkefni 450
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 420

Þ

Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni 440
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 450
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 306, 308
Þjóðhagsstofnun 306
Þjóðkirkjan 374
Þjóðleikhús 328
Þjóðmenningarhúsið 306, 307
Þjóðminjasafn Íslands 329
Þjóðskjalasafn Íslands 330
Þjónusta við ríkisaðila 418
Þróunaraðstoð 344
Þróunarmál og alþjóðastofnanir 344
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 344
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 342, 344
Þróunarsjóðsgjald á aflamark 260, 359
Þróunarsjóðsgjald á skip 260
Þróunarsjóður 54, 260, 359, 466
Þróunarsjóður sjávarútvegsins 54, 260, 359, 466
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald 262
Þungaskattur, fast árgjald 262
Þýðingamiðstöð 340

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 298

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2002

(Lögð fram af forsætisráðherra 1. október 2001.)

I. Inngangur og yfirlit um helstu niðurstöður

Nokkur veðrabrigði hafa orðið í íslenskum þjóðarbúskap að undanförnu. Eitt mesta góðæri í sögu landsins virðist á enda í bili og við tekur hægari gangur um sinn á meðan efnahagslífið safnar kröftum fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Haustlitir hagsveiflunnar koma þegar fram í ýmsum myndum. Til marks um það er nú talið að hagvöxtur á þessu ári verði einungis 1,9% og á næsta ári verði um 0,3% samdráttur. Eftir næsta ár er hins vegar reiknað með að hagvöxtur færist í aukana á ný og verði til jafnaðar 2-2½% á ári og þaðan af meiri ef núverandi áformum um fjárfestingu í álframleiðslu verður hrint í framkvæmd. Til samanburðar var hagvöxtur 4,8% að meðaltali á ári á tímabilinu 1996-2000. Þetta var meiri vöxtur en í flestum öðrum löndum.

Þessi niðursveifla stafar einkum af því að þjóðarútgjöld hafa aukist mun hraðar en þjóðartekjur undanfarin ár og fyrir vikið hefur myndast mikill viðskiptahalli. Slíkur halli fær ekki staðist til lengdar og því er óhjákvæmilegt að laga þjóðarútgjöldin að þjóðartekjunum og stuðla þannig að betra jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Þessi aðlögun er hafin. Þannig lækkaði gengi krónunnar framan af ári sem leitt hefur til þess að innflutningur hefur dregist saman og sparnaður aukist. Hallinn á vöruskiptajöfnuði stefnir í nær helmingi lægri tölu en í fyrra, eða um 20 milljarða króna í stað 37 milljarða, og á næsta ári er hallinn áætlaður um 7 milljarðar. Eins og gefur að skilja gengur hægar að ná niður viðskiptajöfnuðinum því jöfnuður þáttatekna - og þá einkum vaxtagjöldin - hafa eðli máls samkvæmt þróast í gagnstæða átt við vöruskiptajöfnuðinn. Engu að síður er búist við umtalsverðri lækkun viðskiptahallans á þessu og næsta ári. Í kjölfar gengislækkunarinnar hefur verðbólga ágerst tímabundið. Hjá þessu verður ekki komist. Hins vegar er búist við að öldufaldur verðbólgunnar gangi hratt yfir og er líður fram á næsta ár verði hún komin niður á svipað stig og í nálægum löndum. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að gengisóróinn er sennilega að mestu að baki vegna þess að raungengi krónunnar hefur þegar lagað sig að ytri skilyrðum.

Mynd 1. Hagvöxtur á Íslandi, Bandaríkjunum og ESB 1996-2002



Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Við þessar aðstæður og horfur er mikilvægt að efnahagsstefnan hafi einkum tvennt að leiðarljósi. Annars vegar að umrædd aðlögun gangi þannig fyrir sig að viðunandi jafnvægi í þjóðarbúinu verði náð sem fyrst án þess að tefla í tvísýnu verðlagsþróun eða fjármálastöðugleika. Í þessu skyni þarf framsýna stefnu í ríkisfjármálum og peningamálum sem í senn veitir nægjanlegt aðhald og hvetur atvinnulífið til dáða. Hins vegar er brýnt að leggja grunn að nýju hagvaxtarskeiði og sókn til betri lífskjara til lengri tíma. Stöðugleiki er sérstaklega þýð-

ingarmikill í því sambandi en einnig leggur ríkisstjórnin mikla áherslu á eflingu rannsókna og menntunar. Þá mun ríkisstjórnin áfram byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið á undanförnum árum þar sem burðarásarnir hafa verið opinn markaðsbúskapur, skýrar leikreglur og öflugir innviðir efnahags- og atvinnulífs.

Hagvaxtarskeiðið og margvíslegar umbætur í þjóðarbúskapnum á undanförnum árum hafa leitt til þess að fyrirtæki og heimili eru nú betur í stakk búin en áður til að takast á við tímabundna erfiðleika. Afkoma fyrirtækja hefur verið góð um nokkurra ára skeið sem hefur gert þeim kleift að búa í haginn fyrir framtíðina. Einnig hefur staða heimila batnað mikið á undanförnum árum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur til dæmis aukist um 27% frá árinu 1994. Góðærið hefur því lyft lífskjörunum mikið á fáum árum og þótt hægi hér á um hríð er árangurinn á þennan mælikvarða gríðarlega mikill. Skammvinnt hagvaxtarleysi ætti því ekki að valda miklum skaða. Mestu máli skiptir að leggja traustan grunn að nýju hagvaxtarskeiði sem hvílir á jafnvægi og aukinni framleiðni og verðmætasköpun. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að þessu markmiði.

Í ljósi þjóðhagslegra skilyrða og stefnu ríkisstjórnarinnar um jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum er óhjákvæmilegt að um sinn verði hlé á örum hagvexti. Eins og fram hefur komið hér á undan er reiknað með að landsframleiðsla á næsta ári verði ívið minni en á þessu ári, en hún nái sér fljótt á strik eftir það. Um þetta ríkir vitaskuld töluverð óvissa, ekki síst vegna nýlegra atburða á alþjóðavettvangi. Framvinda efnahagsmála í heiminum getur haft mikil áhrif hér á landi. Einnig skiptir miklu máli hvort núverandi áform um stóriðju verða að veruleika eða ekki. Þá er óljóst hversu fljótt upplýsingatæknifyrirtækin ná að rétta sig við eftir erfiða tíma undanfarið. Að öllu samanlögðu bendir þó flest til hagvaxtardýfu á þessu og næsta ári og uppsveiflu árið 2003. Líklegt er að styrkur uppsveiflunnar muni einkum ráðast af stóriðjuframkvæmdum.

Mynd 2. Þróun þjóðartekna og þjóðarútgjalda 1990-2006
Vísitölur, 1995 = 100.



Þær áætlanir sem spáin byggir á um einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöldin í heild dragast saman um 1,8% á þessu ári og 2,5% á árinu 2002. Í fyrra jukust þjóðarútgjöldin hins vegar um 6,3%. Þessi umskipti í útgjaldaþróun leiða til þess að viðskiptahallinn minnkar verulega. Talið er að hann verði um 46 milljarðar króna á næsta ári í stað 58½ milljarðs á þessu ári og 67 milljarða í fyrra. Gert er ráð fyrir að verðbólgan á mælikvarða vísitölu neysluverðs minnki talsvert á næsta ári, einkum þegar litið er til verðbreytinga frá upphafi til loka árs. Spáð er 5,9% hækkun hennar milli ára í stað 6,5% á þessu ári, en frá upphafi til loka árs eru samsvarandi spágildi 3,4% á árinu 2002 og 8,8% á þessu ári. Talið er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann standi í stað á þessu ári en minnki um 1,0% á því næsta. Reiknað er með að nokkuð slakni á spennu á vinnumarkaði.

Hér á eftir er lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Jafnframt fylgja rammagreinar um valin efni og töfluviðauki.

II. Efnahagsstefnan

Að undanförnu hafa orðið mikilvæg þáttaskil í efnahagsmálum. Verulega hefur hægt á hagvexti og innlendri eftirspurn eftir mikla uppsveiflu síðustu ára. Þessi þróun er að mörgu leyti jákvæð. Þannig eru ótvíræð merki um að viðskiptahallinn sem varð til á uppgangsárunum sé nú á hröðu undanhaldi og að þjóðarbúið sé að færast í átt til aukins jafnvægis. Þjóðhagsáætlun bendir til þess að hallinn lækki umtalsvert þegar á þessu ári og hinu næsta. Jafnframt eru horfur á að verðbólga fari ört minnkandi á næstu mánuðum og verði komin á svipað ról og í helstu nágrannaríkjum innan fárra missera.

Við þessar aðstæður hljóta megináherslur í hagstjórn, jafnt í ríkisfjármálum sem peningamálum, að miða að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins, meðal annars með því að hamla gegn verðbólgu og stuðla þannig að auknum hagvexti. Þær aðgerðir sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpinu taka mið af þessum sjónarmiðum. Lækkun skatta og einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar eru mikilvægt framlag til þess að renna styrkum stoðum undir efnahagslífið og treysta atvinnu og almenn lífskjör í landinu. Einnig verður lögð aukin áhersla á mikilvægi vísinda og rannsókna með nýrri stefnumótun á þessu sviði.

Þá verður áfram unnið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Ríkisfjármál

Stefnan í ríkisfjármálum eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar að mörgu leyti breytta stöðu efnahagsmála. Eftir kröftuga efnahagsuppsveiflu síðustu ár hefur hagkerfið færst nær jafnvægi á nýjan leik. Verulega hefur dregið úr innlendri eftirspurn og þar með viðskiptahalla. Einnig eru horfur á að verulega dragi úr verðbólgu á næstunni. Í kjölfarið hefur hagvöxtur minnkað. Þessi þróun leiðir óhjákvæmilega til minni tekjuauka hjá ríkissjóði. Við þessar aðstæður er eðlilegt að afgangur á ríkissjóði verði minni en verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar er mikilvægt að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að afgangur á ríkissjóði á árinu 2002 verði um 18,6 milljarðar króna, eða sem nemur 2½% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur verður enn meiri, eða um 41 milljarður króna. Þessi niðurstaða samrýmist fyllilega því meginefnahagsmarkmiði ríkisstjórnarinnar að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika.

Við þessar aðstæður eru veigamikil rök fyrir því að lækka skatta, jafnt á fyrirtækjum sem einstaklingum. Slíkar aðgerðir munu styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og gera íslenskt skattaumhverfi hagstætt í alþjóðlegum samanburði og skapa þannig í senn forsendur fyrir því að erlend fyrirtæki flytji hingað starfsemi sína og draga úr líkum á því að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína af landi brott af skattalegum ástæðum. Öll þessi atriði munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið og skapa forsendur fyrir frekari uppbyggingu þess og renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Fyrstu áhrif slíkra aðgerða munu skila sér tiltölulega fljótt og birtast í auknum umsvifum í efnahagslífinu, meðal annars vegna aukinna fjárfestinga sem leiðir til aukinnar atvinnu og aukinna tekna heimila og betri afkomu fyrirtækja. Aukinn hagvöxtur og almenn umsvif í efnahagslífinu munu aftur skila sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs.

Auk þess sem hér hefur verið rakið hefur verið unnið að ýmsum öðrum skattalegum umbótum. Fyrst má nefna að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta á næsta ári. Þar er hvort tveggja til skoðunar, hækkun fríeignamarka og lækkun skatthlutfalls. Um næstu áramót lækkar tekjuskattshlutfall einstaklinga um 0,33% í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar við endurskoðun kjarasamninga á liðnum vetri. Ennfremur tekur þá gildi næstsíðasti áfangi þess að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli maka. Þá má nefna undirbúning breytinga á lögum um erfðafjárskatt sem miða að einföldun og lagfæringum á ýmsum agnúum í álagningu hans. Loks hefur upptaka og álagning olíugjalds í stað þungaskatts verið til skoðunar á nýjan leik.

Um næstu áramót kemur einnig til framkvæmda annar áfangi af þremur í hækkun barnabóta. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingu hennar frá 27. október á síðasta ári. Í því fólst að barnabætur hækka um meira en þriðjung á árunum 2001-2003, eða sem nemur um 2 milljörðum króna. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda á þessu ári. Megininntak breytinganna er að ótekjutengdar barnabætur eru teknar upp að nýju, dregið er úr skerðingu bótanna vegna tekna og skerðing vegna eigna er felld niður. Þessar breytingar leiða til verulegrar hækkunar á ráðstöfunartekjum alls barnafólks, en hinir tekjulægri bera þó mest úr býtum.

Á þessu ári og því næsta verða stigin veigamikil skref varðandi sölu ríkisfyrirtækja. Hér vegur þyngst sala á stærstum hluta ríkisins í Símanum, Landsbanka og Búnaðarbanka. Þessi sala mun skila umtalsverðum tekjum í ríkissjóð og gefa færi á að lækka skuldir ríkissjóðs svo um munar. Ekki er síður mikilvægt að með þessum aðgerðum er dregið marktækt úr ríkisumsvifum og stuðlað að bættri samkeppnisstöðu atvinnulífsins á alþjóðamarkaði. Jafnframt má gera ráð fyrir að þær hleypi nýju lífi í hlutabréfaviðskipti og verði til þess að örva atvinnulífið og styrkja þannig almenna stöðu efnahagsmála.

Þótt minnkandi verðbólga og viðskiptahalli í kjölfar minni þenslu í efnahagslífinu séu fagnaðarefni er ástæða til þess að vera á varðbergi gagnvart vísbendingum um hugsanlegan samdrátt. Of hröð kæling hagkerfisins getur leitt til samdráttar sem gæti reynst erfitt að stöðva á skömmum tíma. Að undanförnu hafa komið fram marktækar vísbendingar um að verulega hafi dregið úr hagvexti og að framundan kunni að vera tímabil samdráttar í landsframleiðslu ef ekki kemur annað til, svo sem nýjar fjárfestingar í atvinnurekstri, meðal annars á sviði stóriðju og virkjana.

Peningamál

Hinn 27. mars sl. gáfu ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands út sameiginlega yfirlýsingu um breytta umgjörð peningastefnunnar hér á landi. Stöðugleiki í verðlagsmálum skyldi verða meginmarkmið peningastefnunnar. Seðlabankinn skyldi þó einnig stuðla að fjármálalegum stöðugleika og framgangi meginmarkmiða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar svo fremi sem það gengi ekki gegn meginmarkmiði peningastefnunnar um verðstöðugleika. Í stað markmiðs um að halda gengi krónunnar innan tiltekinna marka var Seðlabanka Íslands því sett tiltekið verðbólgumarkmið. Seðlabankinn áskildi sér þó áfram rétt til að grípa inn í þróun gjaldeyrismarkaðar með kaupum og sölu gjaldeyris telji hann það nauðsynlegt til að stuðla að markmiðum sínum um litla verðbólgu og stöðugleika fjármálakerfisins.

Víða um heim hefur umgjörð peningastefnunnar verið breytt á undanförnum árum og upp tekið verðbólgumarkmið. Þessari stefnu hefur um skeið verið fylgt í Bretlandi og Svíþjóð svo dæmi séu tekin og daginn eftir að umgjörð peningastefnunnar var breytt hér á landi gerðu Norðmenn slíkt hið sama.

Með yfirlýsingunni í mars var Seðlabankanum veitt fullt svigrúm til þess að beita stjórn-

tækjum sínum í því skyni að ná verðbólgumarkmiðinu. Því var einnig lýst að ríkisstjórnin myndi leggja fram frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem meðal annars myndi fela í sér að lagalegum grunni yrði rennt undir hina nýju stefnu. Seðlabankinn skuldbatt sig til þess að birta ársfjórðungslegar verðbólguspár a.m.k. tvö ár fram í tímann, ásamt mati sínu á stöðu og horfum í efnahagsmálum. Einnig skyldi Seðlabankinn í ritum sínum gera grein fyrir hvernig tekist hefði til við að ná verðbólgumarkmiði bankans. Þá skyldi bankastjórn Seðlabanka Íslands gera ráðherra, ríkisstjórn, einstökum ráðherrum og nefndum Alþingis grein fyrir stefnu bankans í peningamálum og mati hans á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Verðbólgumarkmið Seðlabankans er að verðbólga, mæld sem hækkun vísitölu neysluverðs yfir tólf mánuði, sé því sem næst 2½%. Skilgreind eru þolmörk sem leyfa 1½% frávik til hvorrar áttar frá verðbólgumarkmiðinu frá árinu 2003. Til loka ársins og á næsta ári verða efri þolmörkin þó rýmri. Árið 2001 mátti verðbólgan verða allt að 6% og 4½% á því næsta. Færi verðbólgan út fyrir þolmörkin skyldi Seðlabankinn senda ríkisstjórninni greinargerð um ástæður þess að verðbólgan fór út fyrir mörkin, hvernig bankinn hygðist bregðast við og hve langan tíma hann teldi að það myndi taka að ná verðbólgunni inn fyrir mörkin að nýju. Greinargerðin skyldi birt opinberlega. Jafnframt var í yfirlýsingunni ákvæði um að bankinn skyldi leitast við að ná verðbólgunni svo fljótt sem auðið er inn fyrir þolmörkin.

Ný lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi 23. maí sl. Bankanum var sett skýrt markmið um að tryggja stöðugt verðlag. Lögin kveða á um að með samþykki forsætisráðherra sé bankanum heimilt að skilgreina það markmið nánar með tölusettu markmiði um verðbólgu. Bankinn hefur hins vegar fullt sjálfstæði til þess að beita tækjum sínum í því skyni að ná verðbólgumarkmiðinu. Með þessu voru meginatriði yfirlýsingarinnar frá 27. mars lögfest. Ríkisstjórnin mun eftir sem áður ákveða gengisstefnuna, þó í samræmi við meginmarkmið laganna um stöðugt verðlag.

Þegar umgjörð peningastefnunnar var breytt var gengi krónunnar komið að veikari fráviksmörkum þrátt fyrir umfangsmikil inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði til stuðnings krónunni. Gengi lækkaði áfram eftir breytinguna og var um miðjan júní orðið rúmlega 13% lægra en það var 27. mars. Ástæður þessa voru ýmsar, m.a. sjómannaverkfall og fréttir af líklegum niðurskurði aflaheimilda en hvort tveggja hafði afar neikvæð áhrif á væntingar. Verðbólga var um 4% þegar umgjörð peningastefnunnar var breytt og útlit var þá þegar fyrir að hún myndi vaxa um hríð vegna þeirrar lækkunar á gengi krónunnar sem þegar var orðin. Mikil lækkun gengisins í apríl og maí réði því að verðbólga fór út fyrir þolmörk hinnar nýju peningastefnu í júní. Í samræmi við ákvæði yfirlýsingarinnar frá því í mars sendi Seðlabankinn greinargerð til ríkisstjórnarinnar hinn 20. júní sl. og var hún birt opinberlega 22. júní. Í henni var gerð ítarleg grein fyrir mati bankans á ástæðum þess að verðbólga fór út fyrir vikmörkin og þótt ekki væri birt ný verðbólguspá var því lýst að ekki væru horfur á að verðbólga kæmi inn fyrir vikmörkin fyrr en í lok næsta árs eða jafnvel í byrjun árs 2003.

Sem fyrr segir lækkaði gengi krónunnar í apríl og maí og fram eftir júní. Hinn 20. júní greip Seðlabankinn inn í gjaldeyrismarkaðinn og seldi dollara fyrir krónur. Í kjölfarið var tilkynnt um áform ríkissjóðs um að taka 25 milljarða króna erlent lán til þess að styrkja erlenda stöðu Seðlabankans auk þess sem Seðlabankinn tilkynnti umbætur á innlendum millibankamarkaði með gjaldeyri. Þessar aðgerðir leiddu til þess að gengi krónunnar styrktist á ný. Um miðjan september var það um 4% hærra en það varð lægst í júní og í heild var framvindan á gjaldeyrismarkaði fremur tíðindalítil frá síðustu viku júní.

Í verðbólguspá Seðlabankans sem birt var í byrjun ágúst fólst að verðbólguhorfur voru

taldar ívið skárri en í júní. Gert var ráð fyrir að verðbólga yrði um 8% frá upphafi til loka þessa árs og að hratt myndi draga úr verðbólgu á næsta ári. Frá upphafi til loka þess árs yrði hún um 3%. Verðbólga myndi koma inn fyrir þolmörk undir mitt næsta ár og verðbólgumarkmiðinu verða náð á miðju ári 2003. Meginskilyrði þess að spáin gengi eftir taldi bankinn vera að ekki yrði samið um launabreytingar á næsta ári umfram það sem felst í gildandi kjarasamningum, að gengi krónunnar breyttist ekki frá spádegi sem var 20. júlí og að áfram drægi úr innlendri framleiðsluspennu. Stefna bankans miðar að því að þessum skilyrðum verði fullnægt.

Um leið og umgjörð peningastefnunnar var breytt í mars lækkaði Seðlabankinn stýrivexti sína um ½%. Framvindan á gjaldeyrismarkaði, vaxandi verðbólga og verðbólguvæntingar og áframhaldandi kröftugur vöxtur innlendrar eftirspurnar komu í veg fyrir frekari vaxtalækkanir að sinni. Þótt sú breyting, sem gerð var á umgjörð peningastefnunnar á þessu ári, hafi orðið við erfiðar aðstæður, mun hún styrkja hagkerfið þegar fram í sækir.

Vísindi, rannsóknir og þróun

Á undanförnum árum hafa heildarframlög til rannsókna og þróunar á Íslandi aukist hröðum skrefum. Aukningin hefur fyrst og fremst orðið vegna aukinnar þátttöku fyrirtækja í rannsóknum en einnig með aukningu rannsókna á vegum hins opinbera samhliða uppbyggingu innan háskólageirans, - ekki síst með eflingu framhaldsnáms á vegum Háskóla Íslands. Samhliða þessari þróun hefur afrakstur og árangur af rannsóknastarfsemi vaxið ört. Loks hefur árangurinn skilað sér í fjölmörgum nýjum tæknifyrirtækjum, endurnýjun og vexti eldri fyrirtækja og fjölgun starfa á sviði hátæknigreina. Þetta er áberandi í hugbúnaðargerð, lækninga- og stoðtækjaframleiðslu, lyfjaþróun, líftækni, erfðavísindum og fleiri greinum.

Hluta þessa árangurs má rekja til þeirrar hvatningar sem efling rannsóknasjóða hefur haft á rannsóknir hér á landi og þeirra vinnubragða sem tekin voru upp við mat á umsóknum í samkeppni og eftirliti með nýtingu styrkjanna samkvæmt samningum um einstök verkefni. Allir tiltækir mælikvarðar benda til þess að sú fjárfesting hafi skilað sér bæði þekkingarlega og hagrænt. Breytt efnahagsumhverfi og aukið frelsi á fjármálamarkaði á níunda áratugnum hefur einnig skapað mikilvægar forsendur þess að þekkingin nýtist með þessum hætti.

Að undanförnu hefur verið unnið að endurskoðun laga um Rannsóknarráð Íslands eins og gert var ráð fyrir við setningu laganna 1994. Ýmsar ástæður valda því að nauðsynlegt er að setja ný lög um rannsóknir og þróun á sviði vísinda og tækni. Breyttar aðstæður og aukin samkeppni gera kröfu um betri nýtingu fjármuna sem m.a. má ná með aukinni samvinnu rannsóknarstofnanna og samhæfingu. Þá verður sérstaklega litið til þess að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Vægi málaflokksins verður aukið með því að stefnumótun fari fram í ráði sem starfi undir stjórn forsætisráðherra. Þar munu ráðherrar auk vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs móta stefnu í málefnum rannsóknar og þróunar. Er þetta nýlunda á Íslandi. Oft hefur verið bent á að það hafi staðið málaflokknum fyrir þrifum að heyra undir mörg ráðuneyti. Það hafi byrgt heildarsýn og hindrað markvissar aðgerðir. Víst er að í þeim löndum sem mesta athygli hafa vakið fyrir stefnumótun í vísindum og tækni hafa oddvitar ríkisstjórna komið að málunum og staðið fyrir markvissum aðgerðum.

Helstu markmið nýrrar stefnu eru að stuðla að því að vísindarannsóknir og tækniþróun vaxi og dafni í takt við þjóðlíf sem bæði þarf trausta undirstöðuþekkingu og tæknikunnáttu til að leysa verkefni samtímans. Með því verða áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt gerð sýnileg og fá aukna umfjöllun. Einnig verður stuðlað að því að menntun ungra vísindamanna standist alþjóðlegar kröfur og mæti þörfum samfélagsins. Samhliða þessum markmiðum leggi Íslendingar aukna áherslu á alþjóðasamstarf á sviði vísinda og tækni.

Í þeirri stefnumótun sem nú fer fram um hlutverk ríkisins að því er varðar vísindi, rannsóknir og þróun, verður reynt að tryggja sem hagkvæmasta verkaskiptingu ráðuneyta og annarra opinberra aðila í öllum þáttum þessa málaflokks. Með þeim hætti verður einnig tryggt að það fé sem ríkið veitir til þessara mála skili sem mestum árangri.

III. Ástand og horfur

1. Staða og horfur í þjóðarbúskapnum

1.1 Helstu niðurstöður

Það stefnir í mikil umskipti í efnahagsmálum á þessu ári frá því sem verið hefur undanfarin ár, einkum þegar litið er til eftirspurnar og umsvifa í þjóðarbúskapnum. Þannig eru horfur á að þjóðarútgjöld dragist talsvert saman bæði á þessu ári og því næsta, eða um 2-2½% hvort árið, en þau jukust til jafnaðar um rúmlega 7% á ári á tímabilinu 1996-2000. Ársfjórðungstölur fyrir fyrri helming þessa árs renna stoðum undir þessa þróun. Þegar litið er til framleiðslubreytinga eru umskiptin nokkru minni en engu að síður frá hröðum hagvaxtartakti í hægan og jafnvel lítilsháttar samdrátt á næsta ári. Þessi þróun felur í sér aukinn sparnað og minni viðskiptahalla og fyrir vikið skapast forsendur fyrir betra jafnvægi í efnahagslífinu á næsta ári eftir viðburðaríkt ár á sviði gengis- og verðlagsmála.

Þessi niðursveifla í þjóðarútgjöldum er óhjákvæmilegur þáttur í aðlögun þjóðarbúsins að betra ytra jafnvægi. Jafnframt leiðir þetta til minni þenslu í efnahagslífinu og fyrir vikið skapast aðstæður til að ná verðbólgu á ný niður á sama stig og í nálægum löndum. Starfsskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina hafa batnað verulega við lækkun raungengisins og mjög hefur dregið úr innflutningi. Afkoma margra fyrirtækja verður þó erfið, einkum þeirra sem eru með miklar skuldir í erlendum gjaldmiðlum en með tekjur að mestu í íslenskum krónum. Eftir því sem spennan minnkar í þjóðarbúskapnum myndast meira svigrúm til örvandi aðgerða á sviða skatta- og vaxtamála sem geta stuðlað að því að hagvöxtur eflist á ný á árunum 2003-2006, eins og hér er reiknað með.

Aðrar helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Búist er við að samdráttur þjóðarútgjalda birtist bæði í einkaneyslu og fjárfestingu. Einkaneysla gæti minnkað um 1% í ár og ½% á næsta ári en fjárfesting öllu meira eða um 5% í ár og 13½% á næsta ári. Ef spáin gengur eftir verður þetta í fyrsta sinn frá árinu 1993 að einkaneysla dregst saman.
- Spáð er 6½% hækkun vísitölu neysluverðs á milli áranna 2000 og 2001 en að verðbólga frá upphafi til loka árs verði 8,8%. Gætir þar bæði mikilla launahækkana og gengislækkunar krónunnar. Horfur eru á að mjög dragi úr verðbólgu á næsta ári og hún verði 5,9% á milli áranna 2001 og 2002 og 3,4% frá upphafi til loka 2002.
- Hagstæðari jöfnuður á utanríkisviðskiptum gerir það að verkum að innlend framleiðsla breytist öllu minna en þjóðarútgjöld. Spáð er 1,9% hagvexti í ár en 0,3% samdrætti landsframleiðslu á næsta ári.
- Horfur eru á að atvinnuleysi í ár verði að jafnaði lítið breytt frá fyrra ári eða 1,4% af vinnuafli. Hins vegar er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist nokkuð á næsta ári og verði að meðaltali um 2%.

- Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði hinn sami í ár og í fyrra en að hann minnki um 1% á árinu 2002. Í þessum áætlunum gætir væntinga um minni spennu á vinnumarkaði.
- Áætlað er að viðskiptahalli ársins 2001 nemi 58,6 milljörðum króna, sem samsvarar 7,9% af landsframleiðslu ársins, og að halli ársins 2002 verði 45,9 milljarðar króna, eða 5,9% af landsframleiðslu. Til samanburðar var viðskiptahalli síðasta árs 67,1 milljarður króna, eða 10% af landsframleiðslu.
- Búist er við að vöxtur útflutnings í ár verði sem næst hinn sami og á síðasta ári eða ríflega 6% en að innflutningur dragist saman um 3,6% samanborið við 9,3% vöxt á síðasta ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að vöxtur útflutnings verði innan við 1%, m.a. vegna kvótaskerðingar, og að samdráttur innflutnings verði enn meiri en í ár eða tæp 5%.
- Vegna sífellt aukinna vaxtagreiðslna af erlendum lánum er þess hins vegar að vænta að halli á jöfnuði þáttatekna vaxi umtalsvert og dragi mjög úr bata á viðskiptajöfnuði í heild. Útlit er fyrir að rekja megi innan við helming viðskiptahallans í ár til halla á viðskiptum með vöru og þjónustu og einungis um fimmta hluta á næsta ári en afganginn til þáttagjalda umfram þáttatekjur.
- Viðskiptahalli undanfarinna ára og kaup á erlendum verðbréfum hafa kallað á miklar erlendar lántökur. Gengislækkun krónunnar hefur einnig valdið hækkun skulda. Reiknað er með að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins nemi 111% af landsframleiðslu í árslok 2001 samanborið við 88% af landsframleiðslu í byrjun ársins.
- Gert er ráð fyrir að hrein staða þjóðarbúsins, sem auk skulda tekur tillit til beinna fjárfestinga og eigna í erlendum hlutabréfum, verði orðin neikvæð um 84% af landsframleiðslu í árslok en hún var neikvæð um 62% af landsframleiðslu í ársbyrjun.
- Minnkandi þjóðarútgjöld koma skýrt fram í afkomu hins opinbera. Áætlaður tekjuhalli ársins 2001 nemur 0,9 milljörðum króna samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar samanborið við 15½ milljarð króna í afgang á síðasta ári. Árið 2002 er gert ráð fyrir að tekjuhalli hins opinbera verði 3½ milljarður króna.
- Hagvöxtur áranna 2003 til 2006 er áætlaður tæplega 2½% á ári. Horfur eru á að áfram dragi úr viðskiptahalla á tímabilinu og hann verði um 3% í lok þess. Ef af framkvæmdum vegna álvers Reyðaráls verður gæti það aukið árlegan hagvöxt á tímabilinu um ríflega ½ prósentustig.

1.2 Yfirlit þjóðhagsspár

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur á árinu 2001 verði 1,9%, samanborið við áætlun um 1,5% hagvöxt í síðustu spá. Þetta er mun minni hagvöxtur en á árinu 2000 þegar hann nam 5%. Á hinn bóginn er búist við samdrætti landsframleiðslu á næsta ári um 0,3%.

Þrátt fyrir hagvöxt í ár er gert ráð fyrir að þjóðarútgjöld dragist saman strax á þessu ári, eða sem nemur 1,8%. Til samanburðar nam vöxtur þjóðarútgjalda 6,3% á árinu 2000. Því er spáð að samdráttur verði enn meiri á árinu 2002 og áætlað er að þjóðarútgjöld minnki um 2,5%.

Þegar má sjá merki þess að einkaneysla sé að dragast saman eftir mikinn vöxt á undanförnum árum. Á fyrsta fjórðungi þessa árs jókst einkaneysla um 2,3% frá sama fjórðungi ársins 2000, en þessi þróun snerist við á öðrum ársfjórðungi þegar einkaneysla dróst saman um 1%. Búist er við meiri samdrætti á síðari hluta ársins og fyrir þetta ár í heild er reiknað með að einkaneysla minnki um 1% og um 0,5% á næsta ári. Þetta er

heldur meiri samdráttur en samsvarar lækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna sem felur í sér að einkasparnaður aukist eftir langvarandi skuldasöfnun.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða ráðstöfunar í hagvexti



Samkvæmt áætlun eykst samneysla á þessu ári um 3,4% sem er heldur minni vöxtur en á árinu 2000. Á fyrsta ársfjórðungi jókst samneysla um 5,5% og um 3,8% á öðrum ársfjórðungi. Því er gert ráð fyrir að dragi úr vexti samneyslunnar þegar líða tekur á árið og fram á næsta ár. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir 2,9% vexti samneyslunnar.

Þá er einnig útlit fyrir að fjárfesting dragist saman á þessu ári og því næsta. Á fyrsta ársfjórðungi jókst fjárfesting töluvert, eða um 18% samanborið við fyrsta ársfjórðung ársins 2000. Á öðrum ársfjórðungi snerist þessi þróun við og fjárfesting minnkaði um 20%. Búist er við 5% samdrætti fyrir árið í heild og 13½% á árinu 2002. Séð er fyrir lok ýmissa stórra framkvæmda á þessu ári. Stækkun Norðuráls er þegar lokið, byggingu Smáralindar lýkur á haustmánuðum og smíði Vatnsfellsvirkjunar lýkur í lok árs. Þrátt fyrir þennan samdrátt verður fjárfesting nálægt 20% af landsframleiðslu á árinu 2002.

Tafla 1. Yfirlit þjóðhagsspár

		Magnbreytingar frá fyrra ári, %			
	M.kr. 2001	1999	2000	Áætlun 2001	Spá 2002
Einkaneysla	423.487	7,2	4,2	-1,0	-0,5
Samneysla	176.874	5,1	3,7	3,4	2,9
Fjármunamyndun	170.762	-2,4	12,8	-5,1	-13,3
Birgðabreytingar [1]	-2.897	-0,1	0,3	-0,7	0,3
Þjóðarútgjöld alls	**768.226**	**4,4**	**6,3**	**-1,8**	**-2,5**
Útflutningur vöru og þjónustu	291.107	4,8	6,3	6,1	0,7
Innflutningur vöru og þjónustu	316.919	5,7	9,3	-3,6	-4,8
Landsframleiðsla	**742.414**	**4,0**	**5,0**	**1,9**	**-0,3**
Þjóðarframleiðsla	**710.204**	**4,0**	**4,2**	**0,5**	**-0,7**
Viðskiptakjaraáhrif	-	0,3	-1,1	0,1	0,1
Þjóðartekjur	**710.204**	**4,2**	**3,1**	**0,6**	**-0,6**
Viðskiptajöfnuður	**-58.649**	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-6,9	-10,0	-7,9	-5,9
Breyting kaupmáttar ráðstöfunartekna/mann (%)	-	4,0	1,5	0,0	-1,0
Breyting neysluverðs (%)	-	3,4	5,0	6,5	5,9

[1] Hlutfallstölurnar sýna birgðabreytingar milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verði.

Það sem af er ári hefur orðið töluverður samdráttur í innflutningi á meðan útflutningur hefur vaxið nokkuð. Þannig er nú gert ráð fyrir að jöfnuður viðskipta með vöru og þjónustu batni verulega á árinu og halli nemi um 26 milljörðum króna samanborið við 46½ milljarð króna á árinu 2000. Á komandi ári er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í innflutningi en að útflutningur standi nánast í stað og hallinn fari enn lækkandi. Á móti vega auknar vaxtagreiðslur af erlendum lánum og þar með vaxandi halli á jöfnuði þáttatekna. Bati á viðskiptahallanum er því ekki eins mikill og á viðskiptum með vöru og þjónustu. Reiknað er með að viðskiptahallinn nemi 58,6 milljörðum króna á árinu 2001, eða sem nemur 7,9% af landsframleiðslu og 45,9 milljörðum (5,9% af landsframleiðslu) á árinu 2002.

1.3 Efnahagshorfur á næstu árum

Á árunum 2001 og 2002 er gert ráð fyrir verulegri aðlögun í efnahagsumhverfinu í kjölfar þess ójafnvægis sem myndast hefur á undanförnum árum við það að þjóðarútgjöld hafa aukist mun hraðar en þjóðartekjur og fyrir vikið hefur viðskiptahalli aukist stórlega. Ekki er útséð um hversu hratt þessi aðlögun mun ganga fyrir sig, né hve mikil hún verður. Af þeim sökum er erfiðara en ella að gera sér grein fyrir hver efnahagsframvindan verði á árunum 2003-2006.

Með því að gefa sér ákveðnar forsendur um ytri aðstæður þjóðarbúsins og stefnu í efnahagsmálum má gera sér í hugarlund hvert stefnir að óbreyttu. Kjarasamningar gilda almennt til ársins 2004 og gert er ráð fyrir svipuðum launahækkunum eftir það. Hér er gert ráð fyrir að aðlöguninni verði að mestu lokið á árinu 2002 og umframeftirspurn innanlands verði þá úr sögunni. Þá taki við tímabil stöðugs hagvaxtar í kringum 2½% að meðaltali á ári. Á sama tíma er gert ráð fyrir að dragi úr verðbólgu og er líður á tímabilið verði hún svipuð og í nágrannaríkjum okkar, eða innan við 3%.

Hér er gert ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 1½% á ári að meðaltali á tímabilinu 2003-2006 og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist svipað. Vegna fólksfjölgunar þýðir þetta að einkasparnaður vex ár frá ári í þessum framreikningi. Spáð er áframhaldandi vexti samneyslunnar, þó heldur hægari en síðustu ár. Eftir mikinn samdrátt í fjárfestingu er gert ráð fyrir að hún vaxi um 3½% á ári að meðaltali og haldist með því yfir 20% af landsframleiðslu.

Á tímabilinu er gert ráð fyrir að útflutningur vaxi hraðar en innflutningur eða um ríflega 3½% á ári, samanborið við 3% vöxt innflutnings. Þannig verði jöfnuður á viðskiptum með vöru og þjónustu jákvæður síðari hluta tímabilsins. Jöfnuður þáttatekna er á hinn bóginn neikvæður og því má reikna með viðskiptahalla allt tímabilið. Á þessum forsendum er útlit fyrir að viðskiptahalli verði kominn niður í 3% af landsframleiðslu í lok tímabilsins. Vöxtur erlendra skulda sem hlutfall af landsframleiðslu stöðvast eftir mikla skuldaaukningu síðustu ára. Minni viðskiptahalli dugar þó ekki til að skuldirnar lækki að ráði hlutfallslega.

Horfur eru á að töluvert muni draga úr spennu á vinnumarkaði þegar á næsta ári. Þannig má gera ráð fyrir að heldur dragi úr innflutningi fólks til landsins þegar dregur úr hagvexti. Þá má búast við að vinnutími styttist heldur og dragi úr atvinnuþátttöku. Einnig er reiknað með að atvinnuleysi aukist nokkuð og verði komið í 2½% í lok tímabilsins.

Í framreikningunum hefur ekki verið gert ráð fyrir neinum stóriðjuframkvæmdum á næstu árum. Þær gætu töluvert breytt þeirri mynd sem hér hefur verið dregin upp. Verði tekin ákvörðun um byggingu álvers á Reyðarfirði gera áætlanir ráð fyrir að álverið taki til starfa í lok árs 2006. Norðurál hefur einnig lýst yfir áhuga á stækkun og ef af henni verður er líklegt að nokkur hluti framkvæmda

lendi einnig innan þess tímabils sem hér er til umfjöllunar, þ.e. 2003-2006. Þá hefur Ísal nýverið hafið athugun á þeim möguleika að stækka álver félagsins í Straumsvík.

Ólíklegt er að áhrif stóriðjuframkvæmda á þjóðarbúskapinn verði mikil á árinu 2002, þótt óbein áhrif gætu orðið talsverð ef ákvarðanir skýrast á árinu. Áhrif á hagvöxt gætu hins vegar orðið veruleg á árunum 2003-2006. Jafnframt mætti gera ráð fyrir meiri viðskiptahalla og auknum þrýstingi til hækkunar verðlags. Þannig gæti árlegur vöxtur landsframleiðslu orðið að jafnaði ríflega ½% meiri á tímabilinu af völdum framkvæmda í tengslum við álver á Reyðarfirði eða stóriðjuframkvæmda af svipaðri stærðargráðu. Þessi hagvöxtur yrði drifinn áfram af aukinni fjármunamyndun en hún yrði um fjórðungi meiri á tímabilinu en annars. Innflutningur erlendrar fjárfestingarvöru og meiri umsvif mundu tímabundið valda meiri viðskiptahalla og gæti hlutfall hans af landsframleiðslu að meðaltali orðið um 3½ prósentustigi hærra af þeim völdum. Aukinn útflutningur áls hefði síðar jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð. Stóriðjuframkvæmdir umfram þær sem áætlaðar eru í tengslum við álver Reyðaráls hefðu frekari áhrif á þjóðarbúskapinn á tímabilinu en hver þau yrðu veltur á tímasetningum framkvæmda. Ef öll ofangreind áform um aukna álframleiðslu ganga eftir er ljóst að nokkur hluti framkvæmda mun eiga sér stað að loknu því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

2. Alþjóðleg efnahagsmál

Ástand efnahagsmála í heiminum er viðkvæmt um þessar mundir. Erfiðleikar hafa víða steðjað að eftir hrun hlutabréfamarkaða og við hefur bæst óvissa í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Engin leið er að segja nákvæmlega til um efnahagslegar afleiðingar þeirra. Þessi voðaverk hafa að vísu ekki mikil bein áhrif á heimsbúskapinn, en ef tiltrú almennings bíður alvarlegan hnekki geta áhrifin orðið miklu meiri en virðist líklegt við fyrstu sýn. Einnig gefur augaleið að átök í kjölfar hryðjuverkanna geta með margvíslegum hætti haft áhrif á framvindu efnahagsmála á alþjóðavettvangi á næstunni.

Eins og gefur að skilja eru efnahagshorfur við þessar aðstæður venju fremur óvissar og ber spáin sem hér er sett fram þess merki. Auk hryðjuverkanna liggja að baki ýmsar aðrar ástæður. Hagvöxtur í Bandaríkjunum hefur verið hægur og batamerki látið bíða eftir sér. Tiltrú á efnahagslífið í Evrópu hefur veikst og enn virðist ætla að verða bið á því að hagvöxtur nái sér á strik í Japan. Upplýsingatæknigreinar hafa átt undir högg að sækja og hefur það ekki síst bitnað á Asíu. Lánstraust nýmarkaðsríkja hefur víða rýrnað, einkum þó í Suður-Ameríku. Þetta hefur leitt til minni hagvaxtar í nær öllum ríkjum en verið hefur undanfarin ár.

Í þessu ljósi hafa mörg ríki gripið til aðgerða til að örva efnahagslífið. Til marks um það hafa Bandaríkin lækkað vexti í áföngum frá því um mitt síðastliðið ár og Evrópubankinn hefur nýlega haldið inn á sömu braut. Jafnframt hafa Japanir gert ýmsar ráðstafanir til að stuðla að aukinni innlendri eftirspurn. Þessar aðgerðir ættu að styðja við framleiðslu og eftirspurn á næstu mánuðum og misserum. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að núverandi lægð verði dýpri og langvinnari en áður hefur verið gert ráð fyrir ekki síst eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum. Helsta viðfangsefni hagstjórnar á næstunni er því augljóslega að koma í veg fyrir slíka þróun.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að hagvöxtur í heiminum verði 2,6% á þessu ári samanborið við 4,7% í fyrra. Spáð er 1,3% vexti í iðnríkjunum, 1,8% í Evrópu (ESB) og 0,5% samdrætti í Japan. Það stefnir einnig í mun hægari hagvöxt í þróunarríkjum og nýmarkaðsríkjum en á síðasta ári. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir hins vegar ráð fyrir að efnahagslíf flestra ríkja byrji að rétta úr kútnum þegar líður undir lok þessa árs og hagvöxtur nái sér verulega á strik á næsta ári. Þannig er spáð 2,1% vexti í iðnríkjunum í heild á árinu 2002, 5,3% í þróunarríkjunum og 4,1% í nýmarkaðsríkjunum. Samtals er spáð 3,5% vexti í heiminum. Þótt þetta sé undir jafnaðarvexti til langs tíma er batinn umtalsverður frá þessu ári. Spárnar gera ráð fyrir nokkuð jöfnum vexti í iðnríkjunum ef Japan er undanskilið. Þar er einungis búist við 0,2% vexti.

Þessi lægð hefur mótast af mörgum samverkandi þáttum. Upphafið má líklega rekja til þess að mikil eftirspurn og bjartsýni keyrði upp eignaverð í Bandaríkjunum á árunum 1999 og 2000 langt umfram það sem raunsæjar forsendur voru fyrir. Þegar veikleikar fóru að birtast í ýmsum myndum hríðféll hlutabréfaverð sem leiddi til minnkandi tiltrúar almennings. Þessi mynd er sérstaklega skýr þegar litið er til upplýsingatæknifyrirtækja. Verðhrun slíkra fyrirtækja hefur leitt til þess að þau hafa dregið úr framleiðslu sinni og fjárfesting í afurðum þeirra hefur einnig minnkað mikið. Þetta er svipað og áður hefur gerst þegar mikilvægar

tækninýjungar hafa fest rætur. Slíkum nýjungum hefur jafnan fylgt offjárfesting og leiðrétting í framhaldi. Við þetta bættist að mikil hækkun varð á olíuverði á árunum 1999 og 2000. Hátt olíuverð hefur reynst langvinnara en flestir reiknuðu með.

Tafla 2. Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum
Hlutfallslegar breytingar (%) nema annað sé tekið fram.

	1999	2000	Áætlun 2001	Spá 2002
Hagvöxtur	**3,6**	**4,7**	**2,6**	**3,5**
Iðnríki	3,4	3,8	1,3	2,1
Bandaríkin	4,1	4,1	1,3	2,2
Evrusvæðið	2,7	3,5	1,8	2,2
Japan	0,8	1,5	-0,5	0,2
Þróunarríki	3,9	5,8	4,3	5,3
Í Asíu	6,1	6,8	5,8	6,2
Afríka	2,5	2,8	3,8	4,4
Nýmarkaðsríki	3,6	6,3	4,0	4,1
Rússland	5,4	8,3	4,0	4,0
Alþjóðaviðskipti	**5,4**	**12,4**	**4,0**	**5,7**
Verðbólga				
Iðnríki	1,4	2,3	2,4	1,7
Þróunarríki	6,8	6,0	5,9	5,1
Nýmarkaðsríki	43,9	20,0	16,4	10,7
Vextir, LIBOR til sex mánaða, % á ári				
Bandaríkjadollarar	5,5	6,6	4,1	3,7
Japönsk jen	0,2	0,3	0,2	0,1
Evra	3,0	4,6	4,3	3,9
Hráolíuverð	**37,5**	**56,9**	**-5,0**	**-8,6**

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, september 2001.

Eins og gefur að skilja hefur hækkun olíuverðs síast út í almennt verðlag í iðnríkjunum og fyrir vikið hefur verðbólga verið töluvert meiri á síðastliðnum tveimur árum en næstu árin þar á undan. Spáð er 2,4% verðbólgu í iðnríkjunum á þessu ári sem er svipað og í fyrra. Árið 1999 var verðbólgan hins vegar aðeins 1,4%. Þetta hefur víða þrengt svigrúm seðlabanka til að mæta niðursveiflunni með vaxtalækkunum. Verðbólguþrýstingur virðist þó ekki mikill, eins og þessar tölur sýna, og nýjustu tölur staðfesta að verðbólgan er frekar á undanhaldi víðast hvar. Í samræmi við þessa þróun er reiknað með að verðbólgan í iðnríkjunum verði 1,7% á árinu 2002. Að öllu samanlögðu virðist fremur hætta á að lægðin verði dýpri en að verðbólgan sæki í sig veðrið.

Vaxandi misvægi í viðskiptum helstu iðnríkja hefur einkennt þróun efnahagsmála á alþjóðavettvangi á undanförnum árum. Þetta er áhyggjuefni einkum fyrir þær sakir að viðskiptahalli Bandaríkjanna er orðinn gífurlega mikill. Að baki liggur hækkandi gengi dollars meðan gangurinn var hvað mestur í efnahagslífinu þar. Flestir telja að núverandi gengi hans, einkum gagnvart evru, fái ekki staðist til lengdar og því sé hætta á verulegri lækkun hans á næstunni. Ef gengi dollars fellur snögglega gætu skapast aðlögunarvandamál í alþjóðaefna-

hagsmálum sem gætu þýtt meiri erfiðleika en ella. Ef gengið sígur hins vegar smám saman dregur úr núverandi misvægi og traustari grunnur yrði þar með lagður að hagvexti í heiminum á næstu árum.

Það getur því brugðið til beggja vona á alþjóðavettvangi á næstunni. Annars vegar kann botninum að hafa verið náð eins og þessi spá gerir í raun ráð fyrir. Í þessu fælist að hagvöxtur færðist aftur í aukana á næstu mánuðum og nálgaðist jafnaðarvöxt er fram á næsta ár kæmi. Hins vegar getur verið að ekki hafi nóg verið að gert í því skyni að örva hagvöxt á undanförnum mánuðum, einkum í ljósi hryðjuverkanna, og fyrir vikið kunni enn að líða nokkur tími þar til botninum verði náð. Að öllu samanlögðu verður því að telja að áhættan í þessari spá sé fremur til hins verra en betra.

3. Fjármálamarkaður

3.1 Vextir og gengi

Þáttaskil urðu í stjórn peningamála þann 27. mars sl. þegar stöðugt verðlag var tilgreint sem meginmarkmið Seðlabankans í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnarinnar. Í maí var breytingin lögfest. Seðlabankanum er ekki skylt að tilgreina nánar við hvað er átt með stöðugu verðlagi en er heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði með samþykki forsætisráðherra. Nýtti hann sér þá heimild frá fyrsta degi og miðar peningastefnan við að tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs verði sem næst 2½%. Þolmörk stefnunnar eru 1½ prósentustig til hvorrar áttar. Þó er miðað við hærri efri mörk í ár (6%) og á næsta ári (4½%). Fari verðbólgan út fyrir þolmörk stefnunnar ber bankanum að skýra frá ástæðum og viðbrögðum í opinberri greinargerð til ríkisstjórnarinnar.

Samtímis yfirlýsingu um breytt markmið Seðlabankans tilkynnti bankinn um lækkun stýrivaxta úr 11,4% í 10,9%. Er það eina breyting stýrivaxta það sem af er ári. Var lækkunin m.a. studd með því að horfur væru á hjöðnun þenslu þegar á þessu ári. Gengi krónunnar hafði látið undan síga dagana fyrir vaxtalækkunina en Seðlabankinn taldi þá lækkun ekki vera í samræmi við efnahagslegar forsendur og tengjast óvissu vegna hugsanlegra breytinga í stjórn peningamála. Þótt þessar breytingar hafi verið gerðar hefur reyndin orðið áframhaldandi leitni til gengislækkunar.

Gengi krónunnar lækkaði um 8% um mánaðamótin apríl-maí og hafði þá lækkað um 12% frá upptöku verðbólgumarkmiðs. Fór gengisvísitalan yfir 142 stig, en lækkunin gekk að nokkru leyti til baka. Þessa snöggu lækkun má líklega skýra að töluverðu leyti með væntingum um samdrátt í aflaheimildum. Í framhaldinu var meira flökt í genginu en áður hefur þekkst. Krónan féll enn frekar í lok júní og fór vísitalan hæst í tæp 147 stig en þá seldi Seðlabankinn krónur fyrir um 2½ milljarð króna. Voru þetta fyrstu inngrip bankans á gjaldeyrismarkaði frá upptöku verðbólgumarkmiðs. Reyndust þau áhrifarík og hefur gengisvísitalan lengst af síðan verið á bilinu 135-140 stig og stendur nú laust eftir miðjan september í um 141 stigi sem er 17% hækkun frá áramótum. Fréttir af 25 milljarða króna lántöku ríkissjóðs til styrkingar erlendri stöðu Seðlabankans, af áætlunum um sölu stórs hluta ríkisins í Landsbankanum fyrir árslok og af samningi Íslenskrar erfðagreiningar og Hoffmann-LaRoche í byrjun júlí hafa eflaust unnið með inngripunum. Lágt raungengi og hversu sparlega Seðlabankinn hafði beitt inngripum kann þó að hafa vegið einna þyngst og auðveldað trúna á að ekki væru forsendur fyrir frekari lækkun.

Aðhaldsstig peningastefnunar mælt með raunstýrivöxtum, þ.e. stýrivöxtum að frádregnu verðbólguálagi á ríkisskuldabréf, hefur sveiflast töluvert það sem af er ári sökum breytinga í verðbólguvæntingum. Þrátt fyrir þetta og þó verðbólga hafi rofið efri þolmörk peningastefnunar í júní hefur Seðlabankinn ekki hnikað við vöxtum frá því í lok mars, en þá voru raunstýrivextir yfir 7%. Með lækkun gengisins í apríl og maí hækkuðu verðbólguvæntingar og í júní voru raunstýrivextir 4-4½%. Í lögboðinni greinargerð til ríkisstjórnarinnar í júní vegna rofs þolmarka verðbólgumarkmiðsins kom fram að bankinn hækkaði ekki vexti í trausti þess að hjöðnun eftirspurnar yrði hröð og að lækkandi viðskiptahalli styddi við gengi krónunnar. Með stöðugra gengi og ýmsum merkjum um að hægja sé á í þjóðarbúskapnum hafa verðbólguvæntingar lækkað á ný og voru raunstýri-

vextir upp úr miðjum september 6,1%. Vaxtamunur við útlönd er nú í sögulegu hámarki eftir vaxtalækkanir seðlabanka í viðskiptalöndunum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Er vaxtamunurinn nú 7½% ef miðað er við þriggja mánaða ríkisvíxla.

Mynd 4. Aðhaldsstig peningastefnunnar – raunvaxtastig og vaxtamunur við útlönd



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Raunávöxtunarkrafa á skemmri enda skuldabréfamarkaðarins (2-4 ára bréfa) fór hratt lækkandi fram á mitt ár en hefur síðan hækkað nokkuð á ný. Sem dæmi má nefna að ávöxtunarkrafa 4 ára spariskírteina (RIKS 05 0410) lækkaði úr um 7% í ársbyrjun í 4,8% í lok júní en er laust eftir miðjan september 5½%.

Mynd 5. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Þó aðhaldsstig peningastefnunnar hafi þannig aukist á ný telur Seðlabankinn vinnumarkað enn of spenntan til að óhætt sé að lækka vexti í bráð. Hefur bankinn lýst þeirri skoðun að raunlaunahækkanir umfram framleiðniaukningu undanfarin ár hafi verið mikilvægur þáttur í gengislækkun krónunnar og aukinni verðbólgu nýverið. Aðgerðir Seðlabankans nú hafa einungis takmörkuð áhrif á verðbólguþróun á allra næstu mánuðum. Hins vegar verður að telja víst að bankinn horfi lengra fram í tímann og líti svo á að vaxtaákvarðanir nú snúist um trúverðugleika peningastefnunnar. Ef ekki er slakað á aðhaldi á meðan óvissa ríkir um endurskoðun launaliðs kjarasamninga á næsta ári sendir Seðlabankinn skilaboð þess efnis að endurskoðun hafi áhrif á aðhaldsstig peningastefnunnar.

Ýmsir þættir studdu lækkun ávöxtunarkröfunnar framan af árinu. Hremmingar á hlutabréfamörkuðum hafa laðað fjárfesta að áhættuminni verðbréfum. Ávöxtunarkrafan var orðin mjög há og hefur hvatt fjárfesta til skuldabréfakaupa innanlands, en mjög dró úr nettó kaupum Íslendinga á erlendum verðbréfum á fyrri hluta ársins. Námu þau tæpum 6 milljörðum króna samanborið við ríflega 38 milljarða króna á fyrri hluta síðasta árs. Á fyrri helmingi ársins voru einnig væntingar um vaxtalækkanir Seðlabankans, bæði fyrir og eftir vaxtalækkun bankans í lok mars, sem tengdust horfum á hægari hagvexti. Þá urðu verðtryggð bréf álitlegri fjárfestingarkostur með aukinni verðbólgu og meiri óvissu um verðbólguþróun. Að síðustu má nefna að lækkun raungengis minnkaði gengisáhættu fólgna í fjárfestingum í innlendum verð-

tryggðum skuldabréfum. Litlar sveiflur hafa verið í ávöxtunarkröfu lengri skuldabréfa á árinu en hún ræðst síður af væntingum til tiltölulega skamms tíma sem eru mjög breytingum undirorpnar. Ávöxtunarkrafa húsbréfa 98/2 hefur t.d. verið á bilinu 5,3-5,8% og er nú um 5½%.

Á þessu ári stefnir í metveltu á skuldabréfamarkaði. Skýringa er helst að leita í breytingum á viðskiptavakt um mitt ár 2000, þegar markflokkum var fækkað og þeir stækkaðir. Til viðbótar fylgir lækkandi ávöxtunarkröfu oft meiri viðskipti. Á fyrstu átta mánuðum ársins jókst velta húsbréfa um u.þ.b. þriðjung miðað við sama tímabil í fyrra, velta spariskírteina rúmlega tvöfaldaðist og viðskipti með ríkisbréf nærri því sjöfölduðust, en þau voru raunar sáralítil framan af síðasta ári.

Framleiðsluspenna og háir raunstýrivextir styðja nú við vaxtastig á skuldabréfamarkaði. Flest rök hníga hins vegar að lækkandi ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði á allra næstu mánuðum, en þó e.t.v. enn frekar þegar líður á næsta ár. Horfur eru á töluverðum samdrætti í þjóðarútgjöldum þá má nefna minnkun gengisáhættu verðtryggðra bréfa vegna lækkunar raungengis undanfarið eins og áður var vikið að.

3.2 Hlutabréfamarkaður

Hlutabréfaverð hefur lækkað nánast samfleytt frá því í apríl 2000 og er að jafnaði 45% lægra en þegar það náði hámarki. Hefur hlutabréfaverð ekki verið lægra í um þrjú ár. Margt hefur lagst á eitt til að stuðla að þessari þróun. Almennt eru efnahagshorfur töluvert lakari en snemma árs 2000. Laun hafa hækkað umfram framleiðnivöxt. Með hliðsjón af eftirspurnarspennu í hagkerfinu hefur Seðlabankinn beitt aðhaldssamri peningastefnu og vextir hafa haldist háir. Versnandi aflahorfur hafa komið sjávarútvegsfyrirtækjum illa. Sama má segja um hátt olíuverð sem einnig hefur sett strik í reikning samgöngufyrirtækja. Viðbúið er og að hryðjuverkin í Bandaríkjunum í september muni hafa mikil áhrif á flugrekstur um heim allan og að íslensk flugfélög í millilandaflugi fari ekki varhluta af því. Rekstrarskilyrði fyrirtækja í upplýsingaiðnaði hafa versnað hér sem og víða annars staðar undanfarin misseri. Að síðustu er lítill vafi á því að verðþróun á erlendum hlutabréfamörkuðum hefur haft áhrif á íslenskan hlutabréfamarkað. Hlutabréfaverð í þróuðum ríkjum hefur lækkað um 34-40% frá því það náði hámarki. Gengislækkun krónunnar undanfarið vegur nokkuð á móti þessum þáttum hjá útflutningsfyrirtækjum og er hennar þegar farið að gæta í rekstri þeirra.

Mynd 6. Þróun valinna atvinnugreinavísitalna á Verðbréfaþingi Íslands
Vísitölur, árslok 1998 = 100.



Heimild: Verðbréfaþing Íslands.

Hlutabréfaverð einstakra atvinnugreina hefur þróast með mjög mismunandi hætti undanfarin ár eins og mynd 6 ber með sér en hún sýnir verðþróun valinna atvinnugreinavísitalna frá árslokum 1998. Verð upplýsingatækni- og samgöngufyrirtækja hefur lækkað mest á þessu tímabili eða um 40% og verð sjávarútvegsfyrirtækja um 30%. Vísitala lyfjagreinar sker sig nokkuð úr en hún hefur hækkað um 130% á tímabilinu og er eina atvinnugreinavísitalan sem ekki hefur lækkað frá lokum fyrsta ársfjórðungs 2000. Aðrar atvinnugreinavísitölur hafa hækkað á bilinu 10-50% frá árslokum

1998. Til samanburðar má nefna að hlutabréfaverð var í árslok 1998 svipað og það er nú. Hlutabréfaverð upplýsingatæknifyrirtækja sýnir áberandi mestar sveiflur. Það nærri tvöfaldaðist á fyrsta ársfjórðungi 2000 en hefur lækkað um 80% síðan. Þessi mikla lækkun er í takt við lækkanir á tæknifyrirtækjum annars staðar. Til að mynda hefur Nasdaq vísitalan lækkað um 70% frá hámarki.

Hlutfall markaðsvirðis félaga á VÞÍ og landsframleiðslu er nú um 45% en í lok síðastliðinna tveggja ára var hlutfallið um 60%. Á þennan mælikvarða eru umsvif íslensks hlutabréfamarkaðar ekki ósvipuð og hjá mörgum öðrum þróuðum ríkjum en þó heldur í lægri kantinum. Hlutabréfaeign er nokkuð almenn hér á landi og sveiflur í hlutabréfaverði geta þ.a.l. haft nokkur áhrif á efnahag heimilanna. Samkvæmt skattframtölum áttu um 53 þúsund fjölskyldur hlutabréf um síðustu áramót. Lauslega áætlað var markaðsvirði hlutabréfaeignar heimilanna hátt í 300 milljarðar króna að jafnaði á árinu 2000. Að óbreyttu hlutabréfaverði til ársloka verður meðal hlutabréfaverð um þriðjungi lægra að raungildi árið 2001 en á fyrra ári. Rannsóknir erlendis frá benda til að einkaneysla geti dregist saman um 3-7% af lækkun á markaðsvirði hlutabréfaeignar heimila og að lækkunin komi að mestu leyti fram á 1-3 árum. Af þessu leiðir að einkaneysla gæti orðið 1-2% minni á allra næstu árum en ef verð hlutabréfa hefði ekki lækkað.

Almennar efnahagshorfur hér á landi og erlendis vekja ekki vonir um mikla hækkun hlutabréfaverðs allra næstu mánuði. Helst er að áhrif gengissigs krónunnar á útflutningsfyrirtæki og mögulegar skatta- og vaxtalækkanir gefi tilefni til bjartsýni. Færð eru rök fyrir því hér að framan að líklegt sé að langtímavextir lækki þegar fram líða stundir. Vaxtalækkun á langtímamarkaði væri forsenda fyrir hækkun hlutabréfaverðs. Lægri vextir þýða lægri ávöxtunarkröfu. Einnig eykst hagnaður fyrirtækja a.m.k. í fyrstu vegna lægri fjármagnskostnaðar. Í þeim atvinnugreinum þar sem ný fyrirtæki eiga tiltölulega greiðan aðgang má hins vegar vænta fjölgunar fyrirtækja og minni hagnaðar til lengdar (í samræmi við lægri ávöxtunarkröfu). Ólíklegt er að þetta eigi við um útflutningsfyrirtækin. Einnig eru áhrif vaxtalækkunar á fjármagnskostnað þessara fyrirtækja tiltölulega takmörkuð vegna mikilla erlendra skulda. Áhrif vaxtalækkunar á hlutabréfaverð margra útflutningsfyrirtækja ættu því e.t.v. fyrst og fremst að stafa af lægri ávöxtunarkröfu. Eins prósentustigs lækkun langtímavaxta gæti af þessari ástæðu skapað forsendu fyrir a.m.k. 10-20% hækkun hlutabréfaverðs að öðru óbreyttu. Hækkunin gæti orðið meiri hjá þeim fyrirtækjum sem stafar ekki mikil ógn af aukinni samkeppni í bráð og skulda einnig mikið í innlendri mynt.

Mynd 7. Mánaðarleg hlutabréfavelta á VÞÍ og gildi Úrvalsvísitölu í lok hvers mánaðar janúar 1997 - ágúst 2001



Heimild: VÞÍ og Seðlabanki Íslands.

Greinilegur viðsnúningur varð í veltu hlutabréfa á VÞÍ um mitt síðastliðið ár. Frá því í september í fyrra hefur mánaðarleg velta hlutabréfa verið minni en í sama mánuði ári áður ef desember er undanskilinn. Fyrstu átta mánuði ársins var velta hlutabréfa innan og utan þings um 84 milljarðar króna sem er 40% minnkun frá sama tímabili árið 2000. Norex samstarfið hefur enn sem komið er ekki haft áhrif á veltu.

Einn erlendur þingaðili er að VÞÍ en enn hefur ekki verið leyst úr formsatriðum vegna tengingar hans. Ólíklegt er að áhugi erlendra aðila á þingaðild aukist að marki fyrr en rofar til á hlutabréfamarkaði.

4. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður

Útlit er fyrir að halli á viðskiptajöfnuði verði enn mikill á þessu ári, þó hann minnki nokkuð frá fyrra ári, eða um 8½ milljarð króna. Búast má við að halli á viðskiptum með vöru og þjónustu minnki töluvert frá fyrra ári, en á móti aukist halli á þáttatekjum. Gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi 58,6 milljörðum króna á árinu 2001 sem jafngildir 7,9% af landsframleiðslu. Horfur eru á áframhaldandi bata á komandi ári og að halli á viðskiptajöfnuði verði 45,9 milljarðar króna, eða sem samsvarar 5,9% af landsframleiðslu.

4.1 Umhverfi utanríkisviðskipta

Umhverfi utanríkisviðskipta á árinu 2001 einkennist af miklum breytingum á gengi íslensku krónunnar, en hún hefur veikst um 15% frá upphafi árs fram í miðjan september. Gengislækkunin hefur einungis að hluta til komið fram í neysluverði og launum og því hefur raungengi krónunnar lækkað mikið.

Raungengi hækkaði töluvert á tímabilinu frá 1997 fram á árið 2000. Á sama tíma var nafngengi krónunnar nokkuð stöðugt. Launahækkanir og hækkun á neysluverði urðu hins vegar meiri hér á landi en í viðskiptalöndunum og því hækkaði raungengið. Það náði hámarki á öðrum ársfjórðungi ársins 2000. Raungengi á mælikvarða neysluverðs hafði þá ekki verið hærra síðan á árinu 1992. Raungengi á mælikvarða launakostnaðar hafði hins vegar ekki verið hærra síðan á árinu 1989 eftir að hafa náð hámarki í lok árs 1987.

Gengi íslensku krónunnar tók að lækka á síðari hluta árs 2000 og í kjölfarið lækkaði raungengi nokkuð. Á öðrum ársfjórðungi 2001 lækkaði gengi krónunnar hratt, eða um 10% frá fyrsta ársfjórðungi og lækkaði raungengi m.v. hlutfallslegt neysluverð um 7½% á sama tíma. Áætlað er að raungengi nái lágmarki á þriðja ársfjórðungi þessa árs og hafi þá ekki verið lægra frá árinu 1980.

Mynd 8. Raungengi krónunnar miðað við hlutfallslegt neysluverð og launakostnað
Vísitölur, 1990 = 100.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Viðskiptakjör hafa heldur batnað á þessu ári. Fyrstu sjö mánuði ársins bötnuðu viðskiptakjör vöruviðskipta um 2,6% miðað við sömu mánuði árið 2000. Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að viðskiptakjör vöruviðskipta batni um 1,9% frá fyrra ári. Búist er við að viðskiptakjörin batni enn á árinu 2002, eða um ½%. Álverð á heimsmarkaði var nokkuð stöðugt á árinu 2000. Það sem af er þessu ári hefur það farið lækkandi og í ágúst var álverð ríflega 10% lægra en um áramót. Skýringu þessarar lækkunar er helst að finna í minni hagvexti í heiminum. Álframleiðsla hefur dregist saman það sem af er ári þar sem álverum í Kaliforníu hefur verið lokað vegna skorts á rafmagni. Ef ekki hefði komið

til þessara lokana má ætla að álverð hefði lækkað enn meira. Verð á járnblendi er um 10% lægra á fyrri hluta þessa árs en það var í fyrra. Olíuverð á heimsmarkaði er heldur lægra það sem af er þessu ári en á sama tíma í fyrra.

4.2 Vöruútflutningur

Það sem af er ári hefur vöruútflutningur aukist um nær 5% frá fyrra ári. Til samanburðar stóð vöruútflutningur nánast í stað á árinu 2000, jókst um aðeins 0,6%. Aukninguna má meðal annars rekja til aukins útflutnings á áli vegna birgða sem fluttar voru út í byrjun þessa árs. Þannig hefur útflutningur afurða stóriðju aukist um 16% fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sömu mánuði í fyrra. Útflutningur iðnaðarvara að frátöldum afurðum stóriðju hefur aukist um 2½%. Af einstökum vörum má nefna mikla aukningu í útflutningi lyfja og lækningatækja sem og rafeindavoga og ýmiss konar búnaðar til fiskveiða. Þá hefur útflutningur landbúnaðarafurða aukist um nálægt 6% og útflutningur skipa og flugvéla er töluvert meiri í ár en í fyrra. Á móti vegur að útflutningur sjávarafurða hefur dregist saman um 1,7% það sem af er ári.

Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða dragist heldur saman, eða um 1% frá fyrra ári. Á móti er búist við töluverðri aukningu í framleiðslu afurða stóriðju þar sem enn gætir stækkunar járnblendiverksmiðjunnar og stækkun verksmiðju Norðuráls var tekin í gagnið á fyrri hluta þessa árs. Stefnir nú í 15% aukningu í framleiðslu járnblendis og 7% aukningu álframleiðslu á þessu ári. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir mikilli aukningu í framleiðslu annarra útflutningsvara. Í heild er útlit fyrir að útflutningsframleiðsla aukist um 2%. Þegar tekið er tillit til birgðabreytinga og útflutnings á skipum og flugvélum er áætlað að vöruútflutningur aukist um 4,7% á árinu 2001.

Á næsta ári blasir við samdráttur í framleiðslu sjávarafurða vegna minni fiskveiðikvóta og má búast við að framleiðslan minnki um 4% milli áranna 2001 og 2002. Ekki er reiknað með að framleiðsla járnblendis aukist þar sem verksmiðjan starfar á fullum afköstum á þessu ári. Á hinn bóginn mun stækkunar Norðuráls gæta enn og er gert ráð fyrir að álframleiðsla aukist um 7½% á árinu. Lægra gengi krónunnar mun örva annan útflutning sem gæti aukist um allt að 6% milli ára. Í heild mun útflutningsframleiðsla standa því sem næst í stað, en gert er ráð fyrir að vöruútflutningur dragist saman um 1½% milli áranna 2001 og 2002.

Mynd 9. Inn- og útflutningur vöru
Vísitala, vöruútflutningur 1990 = 100.



4.3 Vöruinnflutningur

Vöruinnflutningur hefur aukist ár frá ári allt frá árinu 1994. Á árinu 2000 jókst vöruinnflutningur í heild enn, eða um 3,8% að magni. Almennur innflutningur án eldsneytis og stóriðju jókst um 5,2%. Fyrstu sjö mánuði þessa árs hefur innflutningur á hinn bóginn dregist saman frá fyrra ári. Almennur innflutningur án eldsneytis og stóriðju hefur dregist saman um 7,8%. Samanburður á innflutningi eftir mánuðum í ár og í fyrra sýnir að alla mánuði nema janúar er innflutningur minni í ár og var samdrátturinn hvað mestur í maí og júní. Þá benda bráðabirgðatölur til mikils samdráttar í ágúst.

Mestur er samdrátturinn í innflutningi neysluvara og vega bifreiðar þyngst. Innflutningur

þeirra hefur dregist saman um 47% að magni fyrstu sjö mánuði ársins samanborið við sömu mánuði í fyrra. Innflutningur annarra neysluvara hefur minnkað um 3½%. Innflutningur á fjárfestingarvörum að undanskildum skipum og flugvélum hefur dregist saman um 15%. Innflutningur á skipum og flugvélum er á hinn bóginn meiri en í fyrra. Innflutningur á eldsneyti og olíu hefur minnkað frá fyrra ári, en innflutningur annarra rekstrarvara hefur aukist um 11%.

Fyrir árið í heild er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur án olíu dragist saman um 8½% að magni frá fyrra ári. Aukning er í innflutningi til stóriðju og innflutningur skipa og flugvéla er meiri en í fyrra. Vöruinnflutningur í heild dregst því minna saman, eða um nálægt 6%. Búist er við enn meiri samdrætti í vöruinnflutningi á árinu 2002 samhliða samdrætti í einkaneyslu og fjárfestingu. Þannig er reiknað með að almennur innflutningur og vöruinnflutningur í heild verði 7% minni en á árinu 2001.

4.4 Þjónustujöfnuður

Vöxtur þjónustuviðskipta hefur verið mjög mikill á undanförnum árum. Þar sem þjónustugjöld hafa vaxið hraðar en þjónustutekjur hefur afgangur á þjónustujöfnuði snúist í halla sem náði hámarki á síðasta ári er hann varð um 9 milljarðar króna. Á fyrri helmingi þessa árs hefur þessi þróun snúist við. Enn er nokkur vöxtur á þjónustuviðskiptum, en á fyrri helmingi ársins uxu þjónustutekjur mun meira en þjónustugjöld og halli á þjónustuviðskiptum hefur því minnkað. Þannig nam halli á þjónustuviðskiptum 3,3 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 2001 samanborið við 6,3 milljarða á árinu 2000.

Á föstu gengi hafa þjónustutekjur aukist um 15% á meðan þjónustugjöld hafa aukist um 4%. Á gjaldahliðinni munar mest um samdrátt í gjöldum vegna ferðalaga Íslendinga erlendis sem drógust saman um 12% á föstu gengi á fyrri hluta ársins.

Á árinu 2001 í heild er vænst svipaðrar þróunar og á fyrri hluta ársins og gert ráð fyrir að þjónustutekjur vaxi mun hraðar en þjónustugjöld. Þannig er búist við að þjónustutekjur aukist um nálægt 9% að raungildi á meðan þjónustugjöld aukast um 1%. Þjónustujöfnuður batnar því frá fyrra ári og reiknað er með að hallinn nemi um 6,2 milljörðum króna. Útlit er fyrir sömu þróun á árinu 2002 og fari hallinn þá niður í 1,2 milljarða króna.

4.5 Ferðaþjónusta

Frá árinu 1990 hefur erlendum ferðamönnum fjölgað um 7,1% á ári að meðaltali. Fjölgunin hefur verið misjöfn, allt frá samdrætti árið 1992 upp í 15% fjölgun árið 2000. Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði hins vegar um 6,7% á árinu 2000 sem bendir til styttri dvalartíma ferðamanna. Á árinu 2000 voru heildartekjur af erlendum ferðamönnum 30,5 milljarðar króna, sem er aukning um 5,5% á föstu verðlagi. Dvalartekjur voru þar af 18 milljarðar króna og fargjaldatekjur 12,5 milljarðar.

Um síðastliðin áramót hætti Útlendingaeftirlitið að telja ferðamenn sem koma landsins. Þjóðhagsstofnun hefur notað upplýsingar frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og frá Samtökum ferðaþjónustunnar, auk eldri gagna til að áætla fjölda ferðamanna til Íslands á þessu ári. Þessar upplýsingar benda til þess að fjöldi ferðamanna til Íslands verði svipaður eða nokkru minni en á síðasta ári. Nokkur fjölgun virðist hafa verið á fyrstu fjórum mánuðum ársins en samdráttur á sumarmánuðunum. Árásir hryðjuverkamanna á New York og Washington munu vafalítið hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu og flugsamgöngur hér á landi. Áhrifa Flóabardaga á ferðaþjónustu gætti í um tvö ár. Ekki er ástæða til að ætla að áhrif hryðjuverkanna verði önnur hér á landi en í nálægum löndum og að þeirra muni gæta næstu misseri.

Mynd 10. Meðalfjöldi erlendra ferðamanna á mánuði á árunum 1990-2001



Heimild: Útlendingaeftirlitið, Flugmálastjórn og Þjóðhagsstofnun.

Afkastageta á háannatíma hefur verið flöskuháls á fjölgun ferðamanna. Á þessu ári jókst gistirými á höfuðborgarsvæðinu um 100 herbergi. Öll aukning á gistirými á undanförnum árum hefur verið í ódýru eða miðlungs dýru gistirými. Þá ber einnig að hafa í huga að ferðaþjónusta á landsbyggðinni er mjög háð umfangi og afkomu annars atvinnurekstrar. Samdráttur í atvinnulífi á landsbyggðinni hefur komið niður á ferðaþjónustu þar.

Annað áhyggjuefni er slök afkoma í greininni. Flugrekstur er nær helmingur af atvinnugreininni. Rekstrartap Flugleiða og þær ráðstafanir sem stjórnendur félagsins hafa gripið til er áhyggjuefni fyrir atvinnugreinina í heild. Fjölgun ferðamanna til Íslands hefur öðru fremur byggst á mikilli ferðatíðni og fjölda áfangastaða í reglubundnu áætlunarflugi.

Erlendar spár um fjölgun ferðamanna í heiminum gera ráð fyrir að fjölgun verði 1-2 prósentustigum umfram hagvöxt. Því má reikna með að erlendum ferðamönnum fjölgi um 3-5% á komandi árum ef aðstaða verður fyrir hendi til að taka við auknum fjölda. Gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur lækkað um 15% frá áramótum fram í miðjan september. Áhrifa þeirrar gengislækkunar hefur ekki gætt í fjölda ferðamanna á þessu ári, en búast má við jákvæðum áhrifum á því næsta. Þá ber einnig að hafa í huga að áhrifa lækkunar á evru gagnvart dollara gætir í stöðnun í fjölda ferðamanna frá Þýskalandi.

Á árinu 2000 komu 283 þúsund Íslendingar frá útlöndum. Það var um 10% fjölgun frá fyrra ári. Útgjöld Íslendinga erlendis voru 37 milljarðar króna árið 2000. Það er um 17% aukning frá fyrra ári. Gera má ráð fyrir að ferðum Íslendinga til útlanda fækki um 3-5% á árinu 2001. Áætluð útgjöld Íslendinga erlendis árið 2001 eru 41 milljarður sem er 5% minna en í fyrra að raungildi.

4.6 Jöfnuður þáttatekna

Vegna mikilla erlendra skulda þjóðarbúsins er að jafnaði halli á jöfnuði þáttatekna. Á fyrri hluta þessa árs hefur hallinn tvöfaldast frá fyrra ári. Þessa hækkun má meðal annars rekja til aukinna erlendra skulda og gengislækkunar íslensku krónunnar. Þá er stór hluti skuldanna í dollurum, en dollarinn hefur hækkað meira en gengisvísitalan. Einnig er hugsanlegt að áhrifa breyttrar samsetningar erlendra skulda gæti þar sem erlendar skuldir hins opinbera hafa verið að lækka en skuldir einstaklinga og fyrirtækja að hækka. Að jafnaði eru lánskjör einkaaðila ekki eins góð og lánskjör opinberra aðila.

Til gjalda teljast auk vaxtagreiðslna af erlendum skuldum, gjöld vegna arðgreiðslna af eignum erlendra aðila hérlendis og launatekjur erlendra aðila hérlendis. Á móti útgjöldum vega tekjur af eignum erlendis og launatekjur Íslendinga erlendis.

Síðustu árin hefur halli á jöfnuði þáttatekna aukist mjög hratt. Frá árinu 1990 til 1999 var hallinn á bilinu 9-13½ milljarðar króna. Á árinu 2000 nam hann 19,8 milljörðum króna og í ár er búist við 32,2 milljarða króna halla. Þrátt fyrir mikinn bata á viðskiptum með vöru og þjónustu er á næsta ári gert ráð fyrir miklum

halla á viðskiptajöfnuði og er 80% hallans vegna halla á jöfnuði þáttatekna, en hann er áætlaður 36,9 milljarðar króna á árinu 2002.

4.7 Viðskiptajöfnuður

Þróun utanríkisviðskipta það sem af er ári 2001 er töluvert frábrugðin þróuninni síðustu ár. Innflutningur jókst ár hvert frá árinu 1994 fram til ársins 2000 á meðan vöxtur útflutnings var heldur stopulli. Jöfnuður á viðskiptum með vöru og þjónustu fór því versnandi ár frá ári og hefur verið halli frá árinu 1998. Það sem af er þessu ári hefur vöruinnflutningur á hinn bóginn dregist saman á meðan útflutningur hefur aukist nokkuð. Halli á viðskiptum með vöru og þjónustu er því minni en áður, en vegna mikillar skuldasöfnunar erlendis undanfarin ár og gengissigs krónunnar á þessu ári hafa afborganir af erlendum skuldum aukist hratt og halli á jöfnuði þáttatekna færst mjög í aukana. Því er ekki gert ráð fyrir því að halli á viðskiptajöfnuði minnki til muna á þessu ári.

Þegar breytingar verða á gengi er stundum talað um að gæti svokallaðra j-kúrfu áhrifa. Þannig hækkar innflutningur strax í verði við gengissig, en samdráttur í magni kemur fram með meiri tímatöf. Því eykst halli í viðskiptum fyrst í kjölfar gengislækkunar en minnkar þegar frá líður. Þróunin á vormánuðum hefur sýnt að þessi aðlögun getur átt sér stað nokkuð fljótt. Gengi íslensku krónunnar tók að síga í lok mars og seig þar til í seinni hluta júnímánaðar. Samdráttur í innflutningi í maí og júní var töluvert meiri en mánuðina á undan.

Tafla 3. Viðskiptajöfnuður 1998-2002
Milljónir króna.

	1998	1999	2000	Áætlun 2001	Spá 2002
Vöruútflutningur	136.592	144.928	149.273	186.295	192.007
Vöruinnflutningur	-161.611	-167.310	-186.755	-205.890	-199.068
Vöruskiptajöfnuður	**-25.019**	**-22.382**	**-37.482**	**-19.595**	**-7.061**
Útflutningur þjónustu	67.134	68.053	82.798	104.812	115.109
Innflutningur þjónustu	-68.444	-74.172	-91.885	-111.029	-116.347
Þjónustujöfnuður	**-1.310**	**-6.119**	**-9.087**	**-6.217**	**-1.238**
Jöfnuður þáttatekna	**-12.719**	**-13.502**	**-19.781**	**-32.210**	**-36.855**
Viðskiptajöfnuður	**-40.051**	**-42.728**	**-67.112**	**-58.649**	**-45.878**
% af landsframleiðslu	-6,9	-6,9	-10,0	-7,9	-5,9

Heimild: Seðlabanki og spá Þjóðhagsstofnunar.

Halli á vöruskiptajöfnuði náði hámarki á árinu 2000 og nam þá 37,5 milljörðum króna. Á þessu ári er gert ráð fyrir að hallinn verði nálægt helmingi minni, eða 19,6 milljarðar króna. Einnig er gert ráð fyrir að halli á þjónustuviðskiptum fari úr 9,1 milljarði króna í 6,2 milljarða króna. Á móti vegur að búist er við að halli á jöfnuði þáttatekna versni til muna og í stað 19,8 milljarða halla verði hann 32,2 milljarðar króna í ár. Því er spáð að viðskiptahallinn í heild batni um 8½ milljarð króna á milli ára og verði 58,6 milljarðar á árinu 2001. Þessi halli svarar til 7,9% af landsframleiðslu, samanborið við 10% halla í fyrra. Á fyrri hluta þessa árs nam halli á viðskiptajöfnuði 29,7 milljörðum króna, samanborið við 32,3 milljarða á sama tíma í fyrra.

Gert er ráð fyrir frekari bata á viðskiptajöfnuði á árinu 2002. Þá er búist við að halli á vöruviðskiptum fari niður í 7 milljarða króna og halli á þjónustuviðskiptum verði um 1,2 milljarðar

króna. Á móti vegur halli á jöfnuði þáttatekna sem búist er við að nemi 36,9 milljörðum króna. Að öllu samanlögðu er búist við 45,9 milljarða króna viðskiptahalla á árinu 2002, sem jafngildir 5,9% af landsframleiðslu.

Mynd 11. Viðskiptajöfnuður
Hlutfall af landsframleiðslu.



4.8 Fjármagnshreyfingar

Halli á viðskiptajöfnuði lýsir því að þjóðarútgjöld eru umfram þjóðartekjur. Þegar tekjur nægja ekki fyrir gjöldum verður annað hvort að auka skuldir eða selja eignir. Viðskiptahalli lýsir sér því í jafnhárri erlendri fjármögnun, þ.e. nettó fjármagnshreyfingum til landsins. Fjármögnunin getur verið margs konar en gróft á litið er hún annað hvort í formi skuldabréfa og lána eða í formi áhættufjármagns, þ.e. hlutabréfa og beinna fjárfestinga. Að öðru jöfnu veldur viðskiptahalli því lækkandi hreinni stöðu gagnvart útlöndum, en hrein staða mælir mismun á eignum Íslendinga í útlöndum og eignum erlendra aðila á Íslandi. Aðrir áhrifaþættir á hreina stöðu eru verðbreytingar, þ.e. gengishreyfingar og breytingar á hlutabréfaverði.

Mikill viðskiptahalli undanfarinna ára hefur valdið ört lækkandi hreinni stöðu þjóðarbúsins. Í lok árs 1998 var hún neikvæð um 49% af landsframleiðslu en í lok síðasta árs var hlutfallið neikvætt um 62%. Auk viðskiptahalla hefur gengislækkun krónunnar undanfarna mánuði og verðlækkun á erlendri hlutabréfaeign stuðlað að enn frekari lækkun hreinnar stöðu og vænta má að hún verði neikvæð sem nemur 84% af landsframleiðslu í árslok.

Tafla 4. Greiðslujöfnuður við útlönd
Milljarðar króna.

	2000	jan.-júní 2001
Viðskiptajöfnuður	-67,1	-29,7
Fjármagnsjöfnuður	65,7	26,7
Áhættufjármagn, nettó	-75,9	-20,2
Skuldabréf, lán, o.fl.	141,8	46,6
Fjárframlög, nettó	-0,2	0,2
Skekkja og vantalið	1,5	3,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Undanfarin ár hafa einkennst af aukinni sókn Íslendinga í erlenda áhættufjármuni. Á síðasta ári nam nettó fjárfesting í áhættufjármunum 76 milljörðum króna. Eins og árin á undan var þar fyrst og fremst um fjárfestingu í hlutabréfum að ræða. Beinar fjárfestingar voru þó einnig mjög miklar eða um 30 milljarðar króna alls og 18 milljarðar króna nettó, þ.e. þegar frá hafa verið dregnar beinar fjárfestingar útlendinga hér á landi. Auk viðskiptahallans hefur þjóðin því fjármagnað umtalsverðar fjárfestingar í áhættufjármunum með erlendum lántökum. Hækkun hreinnar skuldastöðu hefur því aukist hröðum skrefum eða úr 57% af landsframleiðslu í árslok 1998 í 88½% í lok síðasta árs. Útlit er fyrir lægri viðskiptahalla í ár en á síðasta ári og verulega hefur dregið úr fjárfestingum í áhættufjármunum. Engu að síður krefst hvort tveggja töluverðrar lántöku á árinu. Auk þess gætir nú lækkunar gengis frá fyrra ári og horfur eru á að hrein skuldastaða í árslok verði 111% af landsframleiðslu.

Svo mikil skuldasöfnun erlendis er ekki möguleg, eða a.m.k. mjög dýrkeypt, án góðs lánstrausts á erlendri grund. Hagfelld þróun efnahagsmála síðastliðin ár hefur stuðlað að hag-

stæðu lánshæfismati. Þar ber helst að nefna mikinn hagvöxt ásamt breytingum í frjálsræðisátt, afgangi á ríkissjóði og aukinni fjölbreytni í útflutningi. Innlendir bankar hafa einnig fengið tiltölulega hagstætt lánshæfismat en þar njóta þeir að hluta styrkrar stöðu ríkissjóðs. Matsfyrirtækin Standard & Poor's, Moody's og Fitch staðfestu öll lánshæfismat íslenska ríkisins í febrúar og mars á þessu ári. Standard & Poor's sá þó ástæðu til að breyta horfum um einkunn. Horfur eru nú stöðugar en voru áður jákvæðar. Tiltekur fyrirtækið þar helst vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis, auk þess sem beinar fjárfestingar erlendis og erlend verðbréfafjárfesting hafi kallað á útstreymi gjaldeyris. Þar sem skuldasöfnun erlendis hafi að miklu leyti farið fram í gegnum bankakerfið sé það viðkvæmara en áður fyrir ytri skellum.

Frá síðustu skýrslum matsfyrirtækjanna hefur gengið lækkað nokkuð og skuldastaðan er því hærri en vænst var fyrr á árinu. Á hinn bóginn er nú útlit fyrir minni viðskiptahalla í ár og á næsta ári en væntingar voru um fyrr á árinu. Þá hefur dregið mjög úr erlendum hlutabréfakaupum það sem af er ári miðað við árið í fyrra og þar með úr lántökuþörf þjóðarinnar af þeim sökum. Á fyrri helmingi ársins námu kaup í erlendum hlutabréfum að frádregnum kaupum útlendinga í innlendum hlutabréfum 8,6 milljörðum króna samanborið við 34,9 milljarða króna á fyrri helmingi síðasta árs. Beinar fjárfestingar hafa hins vegar verið tiltölulega miklar áfram eða 11,6 milljarðar króna nettó á fyrri helmingi ársins sem er 4,5 milljörðum króna hærri fjárhæð en á sama tímabili í fyrra.

Tafla 5. Hrein staða við útlönd
Milljarðar króna í lok tímabils.

	1999	2000	júní 2001
Hrein staða [1]	-305,7	-447,1	-591,8
þ.a. áhættufjármagn, nettó	117,8	192,4	207,1
þ.a. skuldabréf, lán o.fl, nettó	-423,5	-639,5	-798,9
Í hlutfalli af VLF [2]			
Hrein staða	-49,4%	-61,8%	-76,9%
Hrein skuldastaða	68,5%	88,5%	103,8%

[1] Á gengi í lok tímabils.

[2] Skuldastaða reiknuð á meðalgengi tímabils til samræmis við landsframleiðslu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

5. Atvinnuvegir

5.1 Framleiðsla og framleiðni

Á árinu 2000 óx landsframleiðslan um 5% eins og fram kemur hér að framan. Þessi breyting er fengin með því að meta útgjaldahlið þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd. Þá er byggt á þeirri bókhaldsjöfnu úr þjóðhagsreikningum að útgjöld sem varið er til endanlegra nota séu jöfn innlendri framleiðslu eftir að tekið hefur verið tillit til viðskipta við útlönd. En framleiðsluna er einnig unnt að meta með beinum hætti, þ.e. með því að líta á framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum, því samtals eiga þær breytingar að skila sömu niðurstöðu. Gallinn við þessa beinu aðferð er hins vegar sá að upplýsingar um einstakar atvinnugreinar liggja mun seinna fyrir en um útgjöldin. Miðað við núverandi tilhögun skýrslusöfnunar er það ekki fyrr en lokið er úrvinnslu úr ársreikningum fyrirtækja og uppgjöri þjóðhagsreikninga frá framleiðsluhlið að fá má mynd af framleiðslubreytingum eftir einstökum atvinnugreinum og framleiðslunni í heild. Engu að síður má þó fara nærri um framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum út frá ýmsum vísbendingum. Í sumum stórum atvinnugreinum liggja fyrir beinar tölur um framleiðslubreytingar og er þá byggt á þeim en í öðrum greinum verður að byggja á ýmsum vísbendingum, svo sem um útflutning og veltubreytingar samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Á grundvelli slíkra veltubreytinga og almennum verðbreytingum er framleiðslubreytingin áætluð í ýmsum greinum. Þessar breytingar eru síðan vegnar saman eftir vægi einstakra atvinnuvega í landsframleiðslu. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 6 en þar er leitast við að áætla framleiðsluna eftir atvinnugreinum og í heild og til samanburðar eru sýndar niðurstöður útgjaldauppgjörs. Áhersla skal á það lögð að hér er einungis um að ræða lauslegar vísbendingar og tilraun til þess að meta hvort unnt sé með ásættanlegri nákvæmni að rekja til einstakra atvinnugreina þær framleiðslubreytingar sem útgjaldahliðin sýnir.

Að réttu lagi ættu báðar uppgjörsaðferðir að sýna sömu framleiðslubreytingu, það er hagvöxt. Sú er þó ekki raunin og einstök ár kemur fram nokkur munur sem jafnast yfir fleiri ár. Þannig er metinn vöxtur þau þrjú ár sem hér eru sýnd, 1999-2001, áþekkur hvorri aðferðinni sem fylgt er eða 12,0% samkvæmt framleiðsluuppgjöri en 11,3% eftir útgjaldauppgjöri.

Ef litið er lengra aftur í tímann sýna báðar aðferðir einnig áþekka mynd af þróun hagvaxtarins í heild þótt breytingar frá ári til árs geti verið ólíkar.

Ef fylgt er framleiðsluuppgjörinu hefur heldur dregið úr hagvexti á liðnu ári frá því sem var næstu ár á undan en líkt og áður er vöxturinn nokkuð misjafn eftir greinum. Áberandi mestur vöxtur var í byggingarstarfsemi en einnig var talsverður vöxtur í orkubúskap, samgöngum og ýmissi einkaþjónustu. Samdráttur var í sjávarútvegi eins og raunar hefur verið meginhluta áratugarins. Í ár er því spáð að verulega hægi á hagvexti og nú er þess vænst að hagvöxtur verði um 2% á hvorn mælikvarðann sem litið er. Líkt og áður er vöxturinn verið mestur í byggingarstarfsemi en einnig er vænst talsverðs vaxtar í iðnaði öðrum en fiskiðnaði. Þá er talið að vöxtur þjónustustarfsemi verði áþekkur vexti landsframleiðslunnar en umsvif í verslun dragist heldur saman.

Tafla 6. Áætlaðar framleiðslubreytingar eftir atvinnugreinum
Frá fyrra ári, %.

	1999	2000	2001
Landbúnaður	3,9	0,5	2,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-1,9	-3,6	-1,2
Iðnaður án fiskvinnslu	7,1	4,5	4,2
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	12,0	5,8	3,5
Byggingarstarfsemi	6,5	10,0	6,0
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	7,0	4,1	-1,0
Samgöngur og önnur þjónusta	4,8	5,6	2,1
Starfsemi hins opinbera	5,1	3,7	3,4
Samtals	**5,1**	**4,3**	**2,2**
Til samanburðar:			
Breyting landsframleiðslu, skv. útgjaldauppgjöri	4,0	5,0	1,9
Aukning vinnuafls	2,7	2,2	1,7
Framleiðnibreyting, útgjaldauppgjör	1,2	2,8	0,2
Framleiðnibreyting, framleiðsluuppgjör	2,3	2,1	0,5

Þau þrjú ár sem hér eru til umfjöllunar hefur hagvöxturinn verið nokkru meiri en aukning vinnuaflsins og því hefur framleiðni vinnuafls aukist. Samkvæmt framleiðsluuppgjörinu óx framleiðnin um 2 til 2½% á árunum 1999 og 2000 en í ár er útlit fyrir að verulega dragi úr vexti framleiðni sem gæti orðið undir ½%. Útgjaldauppgjörið sýnir allt að 1% lægri framleiðni árið 1999, sem gengur þó að mestu til baka 2000 er framleiðsluuppgjörið sýnir um 0,7% meiri framleiðni. Fyrir árið 2001 er matið svipað með báðum aðferðunum.

Sé litið til lengri tíma eða allt frá 1973 og til 2001 þá lætur nærri að framleiðslan hafi vaxið um 144% eftir framleiðsluuppgjöri en 150% samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri. Á sama tíma fjölgaði ársverkum um 56%. Framleiðnin hefur því aukist álíka mikið og ársverkin eða um 56-60% en það eru um 1,6% til jafnaðar á ári. Hér er vissulega um grófa útreikninga að ræða og vert er að hafa í huga að hluta af framleiðniaukningunni má rekja til þess að aukið fjármagn stendur á bak við hvern vinnandi mann.

Tafla 7. Áætluð hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti, %

	1999	2000	2001
Landbúnaður	0,1	0,0	0,0
Fiskveiðar og -vinnsla	-0,2	-0,4	-0,1
Iðnaður án fiskvinnslu	0,9	0,6	0,5
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	0,5	0,3	0,2
Byggingarstarfsemi	0,5	0,8	0,5
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	1,0	0,6	-0,1
Samgöngur og önnur þjónusta	1,6	1,8	0,7
Starfsemi hins opinbera	0,7	0,5	0,5
Samtals	**5,1**	**4,3**	**2,2**

Rammi 1. Framlag einstakra atvinnugreina til hagvaxtar

Á liðnum áratug, 1990-2000, óx landsframleiðslan um 32,3% í heild eða um 2,8% á ári til jafnaðar. Vöxturinn var þó ekki jafn hvorki frá ári til árs né milli atvinnugreina. Mestur varð vöxturinn árið 1996 eða 6% en hann fór einnig yfir 5% á árunum 1998 og 1999. Framan af áratugnum ríkti stöðnun og hagvöxtur varð lítill sem enginn en á síðari hluta hans var vöxturinn nokkuð stöðugur á bilinu 4½ til 6%.

Áratugurinn í heild einkenndist af samdrætti í sjávarútvegi og reyndist framlag hans til hagvaxtarins neikvætt. Aftur á móti má rekja um 1/10 hluta hagvaxtarins til orkubúskapar og stóriðju, annan tíunda hluta til almenns iðnaðar og hlutur byggingariðnaðar var einnig áþekkur. Hlutur verslunar í hagvextinum var tæpur fimmtungur en rúman helming má rekja til þjónustu og samgangna, þar af var hlutur opinberrar þjónustu um sjöundi partur.

Sambærilegar tölur um hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvextinum eru tiltækar aftur til 1973. Á árunum 1973-1980 óx landsframleiðslan um 32,4% en þá var hlutur einstakra atvinnugreina í myndun hagvaxtarins með allt öðrum hætti. Hagvöxturinn þá var borinn uppi af sjávarútvegi en tæpan þriðjung hagvaxtarins á því tímabili mátti rekja beint til sjávarútvegs. Rúman tíunda part mátti rekja til almenns iðnaðar en nokkru minna til stóriðju og orkubúskapar.

Áratuginn þar á eftir, þ.e. 1980-1990, varð vöxturinn talsvert jafnari eftir atvinnugreinum, en þó varð vöxtur sjávarútvegs og almenns iðnaðar án stóriðju langt undir vexti atvinnugreinanna í heild.

Framlag einstakra atvinnugreina til hagvaxtar 1973-2000

	Vöxtur á tímabilinu, %			Hlutfall af heildarvexti, %		
	1973-'80	1980-'90	1990-'00	1973-'80	1980-'90	1990-'00
Landbúnaður	-5,6	-3,9	11,6	-1,2	-0,5	1,0
Fiskveiðar og -vinnsla	92,1	7,0	-15,6	32,3	3,2	-7,1
Iðnaður án fiskvinnslu	31,9	11,2	39,2	12,4	3,9	14,2
þar af: ál og kísiljárn	17,4	32,5	125,3	1,0	1,5	3,5
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	56,7	70,1	55,4	6,5	8,6	7,2
Byggingarstarfsemi	-2,6	18,1	36,2	-1,0	4,6	9,9
Verslun, veitinga- og hótelrekstur	17,6	41,7	46,2	6,5	12,2	18,7
Samgöngur og önnur þjónusta	30,7	53,8	44,8	26,4	39,7	42,3
Starfsemi hins opinbera	45,1	67,7	35,3	18,1	28,3	14,6
Samtals	**32,4**	**36,1**	**32,3**	**100,0**	**100,0**	**100,0**

Það framlag atvinnugreina til hagvaxtar sem hér hefur verið rakið sýnir eingöngu beint framlag þessara greina til hagvaxtar en vert er að hafa í huga að vöxtur eða samdráttur í einni grein leiðir af sér óbein áhrif á aðrar greinar. Þessi óbeinu áhrif eru ekki metin hér en þau geta verið misjafnlega mikil eftir greinum og ráðast af mikilvægi innbyrðis viðskipta milli greinanna sem og samkeppni við aðrar greinar um framleiðsluþætti. Innbyrðis viðskiptin eru best kortlögð með hinni svonefndu aðfanga- og afurðagreiningu (input-output analysis). Þjóðhagsstofnun lauk nýlega gerð fyrstu greiningar af þessu tagi fyrir íslenskan þjóðarbúskap og náði hún til ársins 1992. Sambærileg greining fyrir árið 1997 er nú á lokastigi.

Á grundvelli þessara talna um framleiðslubreytingar í einstökum atvinnugreinum er unnt að meta hvern þátt einstakar atvinnugreinar eiga í hagvexti. Þá kemur fram að á árinu 1999 mátti rekja um helming af vextinum til verslunar, samgangna og þjónustu á vegum einkaaðila og svipaða sögu er að segja um árið 2000. Myndin breytist all nokkuð á þessu ári þegar verulega hægir á vextinum. Þannig er því nú spáð að framlag verslunar til hagvaxtarins verði neikvætt sem eru talsverð umskipti frá því sem var næstu árin þar á undan. Á hinn bóginn er áætlað að almennur iðnaður og byggingarstarfsemi muni áfram leggja drjúgan skerf til vaxtarins.

5.2 Afkoma

Til að fá nokkra mynd af afkomu atvinnurekstrar á árinu 2001 hefur Þjóðhagsstofnun tekið saman yfirlit um afkomu 52 fyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Yfirlitið nær til þeirra fyrirtækja sem skiluðu hálfs árs uppgjörum fyrir ágústlok 2001 og hafa almanaksárið að reikningsári.

Verðbréfasjóðum og fyrirtækjum sem hafa eingöngu fjárfestingu í verðbréfum að markmiði er sleppt í þessari athugun. Yfirlitið er gert í samræmi við reglur reikningsskilaráðs um framsetningu ársreikninga. Samkvæmt því er söluhagnaður fastafjármuna meðal reglulegra tekna og söluhagnaður hlutabréfa meðal fjármunatekna og lækka fjármagnsgjöld sem því nemur í útreikningum. Þá ber þess einnig að geta að fyrirtæki sem eru með taprekstur reikna tekjuskattsinneign af tapi ársins og minnkar það tap fyrirtækjanna. Nýting á reiknaðri skattainneign fer eftir rekstarárangri fyrirtækjanna á komandi árum.

Hagnaður þessara fyrirtækja sem hlutfall af rekstrartekjum lækkar úr 1,6% af rekstrartekjum í 2,5% tap. Afkoma einstakra fyrirtækja versnar mjög mikið á milli ára og hefur það mikil áhrif á heildarútkomuna þar sem úrtakið er frekar lítið. Af þessum 52 fyrirtækjum eru 14 fyrirtæki með betri afkomu en á síðasta ári en 38 fyrirtæki með lakari afkomu. Allir flokkar fyrirtækja nema fjármálafyrirtæki eru með lakari afkomu á fyrri hluta þessa árs en á sama tímabili á síðasta ári. Afkomubreyting fjármálafyrirtækja er mismunandi. Tvö tryggingafélög og einn banki sýna betri afkomu, en afkoma þriggja banka versnar.

Verri afkomu fyrirtækja má einkum rekja til mun hærri fjármagnskostnaðar. Auk vaxtagreiðslna bætist við gengismunur af erlendum lánum fyrirtækjanna. Fjármagnskostnaður annarra en fjármálafyrirtækja hækkar úr 1% í 9% af rekstrartekjum. Það vekur athygli að aðeins eitt fyrirtæki er með gengishagnað af erlendum lánum og erlendum eignum. Þetta er ekki óeðlilegt hvað útflutningsfyrirtæki varðar þar eð þau hafa gengisvörn af framtíðartekjum í erlendri mynt, en þegar slík vörn er ekki fyrir hendi víkur öðru við. Svo virðist sem ekkert fyrirtæki hafi náð að verja erlendar skuldir sínar með framvirkum samningum um gjaldeyrisviðskipti eða öðrum gengisvörnum. Það er athyglisvert í ljósi þess að veruleg viðskipti voru á framvirkum gjaldeyrismarkaði á þeim tíma sem gengi íslensku krónunnar lækkaði á vormánuðum og í upphafi sumars. Tvö fyrirtæki færa til gjalda verulegt gengistap af opnum framvirkum samningum sem sýnir að varnir hafa virkað öfugt við það sem ætlað var.

Aðeins þrjú samgöngufyrirtæki eru skráð á Verðbréfaþingi og tvö þeirra, Eimskipafélag Íslands hf. og Flugleiðir hf., mynda 95% af veltunni. Afkoma þessara fyrirtækja á alla mælikvarða er lakari en á fyrra ári.

Miklar væntingar hafa verið til hátæknifyrirtækja og afkoma þeirra var með ágætum í fyrra. Á þessu ári eru mikil umskipti til hins verra í afkomu þessara fyrirtækja. Fimm af þessum fyrirtækjum eru með lakari afkomu á þessu ári en því síðasta og aðeins eitt er með betri afkomu. Áfram er þó mikils að vænta af þessum fyrirtækjum, svo og áhrifa þeirra á afkomu og framleiðni í öðrum fyrirtækjum.

Aðrir mælikvarðar á afkomu atvinnurekstrar eru veltufé frá rekstri og handbært fé frá rekstri

sem sýnir hverju rekstur skilar til greiðslu lána, fjárfestingar og til hagnaðar. Þessir mælikvarðar sýna minni mun á milli ára en samanburður á hagnaði gefur til kynna. Afkoma sjávarútvegs á þennan mælikvarða er mun betri árið 2001 en á árinu 2000. Meðalgengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum lækkaði um 14% frá áramótum til júníloka. Áhrifa gengislækkunar á fjármagnsliði og skuldir gætir að fullu í uppgjöri miðað við lok júní 2001 en áhrifa gengislækkunar gætir aðeins að litlu leyti í rekstrartekjum fyrirtækjanna. Gengislækkun krónunnar á að öðru óbreyttu að hafa jákvæð áhrif á útflutningsfyrirtæki, svo og þau fyrirtæki sem eiga í samkeppni við innflutta vöru.

Tafla 8. Rekstraryfirlit 52 fyrirtækja á Verðbréfaþingi Íslands á fyrri hluta áranna 2000 og 2001

		Rekstrar-	Hagnaður		Veltufé frá rekstri		Hand. fé frá rekstri	
	Fjöldi fyrirtækja	tekjur, m.kr.	m.kr.	% af tekjum	m.kr.	% af tekjum	m.kr.	% af tekjum
Sjávarútvegsfyrirtæki								
2000	15	27.409	219	0,8	3.562	13,0	-2.412	-8,8
2001	15	30.854	-3.745	-12,1	5.741	18,6	1.757	5,7
Iðnfyrirtæki								
2000	11	12.061	141	1,2	860	7,1	-397	-3,3
2001	11	17.401	-398	-2,3	1.101	6,3	-659	-3,8
Hátæknifyrirtæki								
2000	6	15.048	754	5,0	826	5,5	-194	-1,3
2001	6	14.649	-702	-4,8	251	1,7	242	1,6
Verslun og þjónusta								
2000	9	68.450	450	0,7	1278	1,9	1.004	1,5
2001	9	80.086	72	0,1	1.290	1,6	-440	-0,5
Olíufélög								
2000	3	18.356	646	3,5	1.163	6,3	998	5,4
2001	3	21.483	-541	-2,5	1.550	7,2	-904	-4,2
Samgöngufyrirtæki								
2000	3	24.582	-771	-3,1	-268	-1,1	1.064	4,3
2001	3	27.527	-3.175	-11,5	-1.217	-4,4	1.686	6,1
Fjármálafyrirtæki								
2000	5	37.888	1.877	5,0	-	-	2..770	7,3
2001	5	51.350	2.379	4,6	-	-	7.817	15,2
Samtals								
2000	**52**	**203.794**	**3.317**	**1,6**	**7.421**	**3,6**	**2.833**	**1,4**
2001	**52**	**243.350**	**-6.110**	**-2,5**	**8.715**	**3,6**	**9.499**	**3,9**
Samtals án fjármálafyrirtækja								
2000	**47**	**165.907**	**1.440**	**0,9**	**7.421**	**3,6**	**63**	**0,0**
2001	**47**	**192.000**	**-8.489**	**-4,4**	**8.715**	**3,6**	**1.682**	**0,9**

5.3 Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst með hefðbundnum hætti, þ.e.a.s. líkt og fyrirtækin setja fram niðurstöður ársreikninga sinna og áætlanir um afkomuna fram í tímann. En afkomuna er einnig unnt að skoða í öðru ljósi og þá með því að líta á þann virðisauka sem verður til við atvinnustarfsemina og hvernig hann skiptist á milli framleiðsluþátt-anna vinnuafls og fjármagns. Þetta verður best

gert með því að líta á niðurstöður þjóðhagsreikninga.

Þegar landsframleiðslan hefur verið lækkuð um skatta á framleiðslu en framleiðslustyrkjum bætt við fæst hugtak sem nefnt er vergar þáttatekjur. Þessum tekjum er síðan skipt upp milli launþega og þess sem fjármagnið og einyrkjar bera úr býtum. Í hlut launþega koma laun og launatengd gjöld en það sem fjármagnið ber úr býtum er hagnaður atvinnurekstrarins og þá er átt við hagnað áður en afskriftir, vextir eða arður hafa verið dregin frá. Þetta hagnaðarhugtak er nefnt vergur rekstrarafgangur. Í þessari framsetningu eru beinir skattar hvorki dregnir frá launum né hagnaði.

Tafla 9. Laun og hagnaður
Milljarðar króna.

				Breyting, %	
	1999	2000	2001	'99-'00	'00-'01
1. Verg landsframleiðsla	623,4	673,7	742,4	8,1	10,2
2. Frá dregst: Skattar á framleiðslu nettó og mismunur uppgjörs aðferða	114,7	124,0	136,7	8,1	10,2
3. Vergar innlendar þáttatekjur (3.= 1.-2.)	508,7	549,6	605,7	8,1	10,2
4. Laun og tengd gjöld	330,5	360,1	395,5	9,0	9,8
5. Vergur rekstrarafgangur	178,2	189,5	210,2	6,4	10,9

Skiptinguna milli launa og hagnaðar er unnt að setja fram fyrir einstakar atvinnugreinar eða þjóðarbúskapinn í heild. Ef litið er á þjóðarbúskapinn í heild út frá þessu sjónarhorni þá var landsframleiðslan 2000 á markaðsvirði 674 milljarðar króna. Að frádregnum sköttum á framleiðslu og leiðréttingarliðum en að viðbættum framleiðslustyrkjum var þessi fjárhæð, vergar þáttatekjur, 550 milljarðar króna. Hún skiptist síðan aftur milli launþega í formi launa og tengdra gjalda og fjármagns (þ.m.t. einyrkja) í formi rekstrarafgangs. Árið 2000 var skiptingin með þeim hætti að laun voru áætluð 360 milljarðar króna en hlutur fjármagnsins nam tæpum 190 milljörðum, þar af var talið að 84 milljarðar færu í slit og úreldingu fjármuna. Sambærileg skipting árið 1999 og áætlun fyrir árið 2001 er sýnd í töflu 9. Þar kemur fram að á liðnu ári er talið að launin hafi aukist ívið meira en það sem til skiptanna er, þ.e. vergar þáttatekjur, en í ár er þess að vænta að launin aukist litlu minna en þáttatekjurnar. Þróun hagnaðarhlutfallsins undanfarinn áratug er sýnd í mynd 12. Þar kemur fram að hlutfallið komst hæst á árinu 1994 og varð þá 40%. Það var rétt innan við 38% á árinu 1997, lækkaði síðan 1998 og 1999 en áætlanir benda til þess að hlutfallið hafi lítið breyst síðan, og sé nú rétt innan við 35%. Þetta hlutfall verður að telja lágt í sögulegu samhengi því allt frá því að sambærilegar tölur lágu fyrir, þ.e. frá árinu 1973 hefur hlutfallið örsjaldan farið niður fyrir 35% en það var árin 1979, 1987 og 1988.

Mynd 12. Vergur rekstrarafgangur



5.4 Fjárfesting atvinnuveganna

Hagvöxt undanfarinna ára má að nokkrum hluta rekja til fjárfestinga í stóriðju- og orkuverum sem náðu hámarki á árinu 1998. Frá 1995 hefur fjárfesting í heild aukist um 96% og fjárfesting atvinnuveganna um 64%. Á árinu 1995 var fjárfesting atvinnuveganna sem hlutfall af landsframleiðslu 9% en var komin í 18% árið 1998 og hafði ekki verið svo mikil síðan í byrjun níunda áratugarins. Hlutfall fjárfestingar í heild af landsframleiðslu var 25% árið 1998 en var 18% árið 1995, fyrir hrinu stóriðjuframkvæmda.

Mynd 13. Fjárfesting í heild
Hlutfall af landsframleiðslu.



Fjárfesting atvinnuveganna dróst hins vegar saman árið 1999 en jókst aftur í fyrra um 16,7%, aðallega vegna stækkunar Norðuráls. Fjárfesting hefur einnig verið mikil í öðrum atvinnugreinum. Þannig var fjárfesting í byggingariðnaði um 80% meiri árið 1998 en hún var 1990. Frelsi á fjarskiptamarkaðinum leiddi til mikillar fjárfestingar í tæknibúnaði, bæði í fjarskipta- og tölvubúnaði, og náði hún hámarki á árinu 2000. Á sama ári var jafnframt mikið byggt af atvinnuhúsnæði og er þar helst að nefna byggingu verslunarmiðstöðvarinnar í Smáralind og stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Loks má nefna að fjárfesting í landbúnaði var meiri á síðustu árum tíunda áratugarins en hún hefur verið um árabil aðallega vegna nýfjárfestinga í svína- og alifuglarækt. Hins vegar dró örlítið úr framkvæmdum hins opinbera í fyrra eða um 2%, en til samanburðar jókst fjárfesting hins opinbera að meðaltali um 3% á ári allan síðasta áratug. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst meira á árinu 2000 en fyrri spár gerðu ráð fyrir eða um um 11% sem er töluvert meiri aukning en mörg undanfarin ár.

Mynd 14. Fjárfesting atvinnuveganna, íbúðarhúsnæði og hins opinbera
Milljarðar króna á verðlagi 2000.



Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að fjárfestingin í heild dragist saman um 5% frá fyrra ári. Margt bendir til að samdráttur í fjárfestingu atvinnuveganna verði enn meiri eða um 9½%. Reiknað er með að verulega dragi úr fjárfestingu í samgöngum, á fjarskiptamarkaði og í tölvu- og skrifstofubúnaði. Vöxtur er hins vegar fyrirsjáanlegur í fjárfestingum orku- og stóriðjufyrirtækja, í íbúðafjárfestingu og í fjárfestingu hins opinbera. Horfur eru á að þessi þróun haldi áfram og enn frekar dragi úr fjárfestingu á árinu 2002. Útlit er fyrir að fjárfesting atvinnuveganna lækki á næsta ári um 20% frá því í ár enda mörgum stórframkvæmdum að ljúka og mikil óvissa ríkir um þróun stórra

verkefna á næstunni. Ákvarðanir um áframhaldandi uppbyggingu í stóriðju með tilheyrandi raforkuframkvæmdum mun að sjálfsögðu breyta þessum áætlunum verulega. Spáin gerir ráð fyrir því að framkvæmdir við íbúðarhúsnæði muni aukast um ríflega 3%, en fjárfesting hins opinbera er talin verða svipuð og í ár. Reiknað er með að fjárfesting í heild dragist saman um ríflega 13%. Þrátt fyrir samdráttinn er gert ráð fyrir að fjárfesting verði um fimmtungur af landsframleiðslu ársins 2002 sem er viðlíka og innan OECD ríkja.

5.5 Afli og útflutningur

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 2.008 þúsund tonn á árinu 2001 samanborið við 1.980 þúsund tonn árið 2000. Á föstu verði er gert ráð fyrir samdrætti í afla upp á 1,4%. Áætlað er að þorskafli dragist saman um 1% og afli af öðrum botnfiski um 3,6%.

Gert er ráð fyrir að samdráttur í öðrum afla verði 1,1% á föstu verði. Þar af eykst loðnuafli um 8,5% og síldarafli af Íslandsmiðum um 11,1%. Íslandssíldin dregst aftur á móti saman um 62,3%, fer úr 186 þúsund tonnum í 70 þúsund tonn og rækjuafli minnkar um 3,3%.

Fyrstu sjö mánuði ársins 2001 var verðmæti útfluttra sjávarafurða 66,5 milljarðar króna og hafði aukist um 19,4% frá sama tíma í fyrra. Verðlag sjávarafurða hækkaði um 21,4% og því telst magn útfluttra sjávarafurða hafa minnkað um 1,7%. Útflutningur landfrystra afurða jókst um 5,5%, en útflutningur sjófrystra afurða minnkaði um 18,7%. Útflutningur afurða botnfisksöltunar dróst saman um 10,1% en magn útfluttra loðnuafurða jókst um 15,8% og verð þeirra hækkaði um 28,9%.

Tafla 10. Afli og aflaverðmæti 2001-2002

	Afli, þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði, %	
	Áætlun 2001	Spá 2002	2000-2001	2001-2002
Þorskur	236	206	-1,0	-12,7
Annar botnfiskur	246	250	-3,6	1,5
Síld	110	125	11,1	7,9
Íslandssíld	70	132	-62,3	88,6
Loðna	1.000	1.000	8,5	0
Humar	1	2	-2,4	25,0
Rækja	32	29	-3,3	-9,9
Hörpudiskur	9	7	2,5	-30,1
Kolmunni	300	300	15,8	0
Annað	3	3	10,0	0
Botnfiskur	482	456	-2,1	-6,5
Annar afli	1.526	1.597	-1,1	0,5
Samtals	**2.008**	**2.053**	**-1,4**	**-4,8**

Að teknu tilliti til allra þessara þátta reiknar Þjóðhagsstofnun með að útflutningsframleiðsla sjávarafurða á árinu 2001 dragist saman um 1,0% frá fyrra ári.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Talið í þorskígildum eru heimildir um 5,3% minni en á síðasta fiskveiðiári. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast

á milli ára. Byggt er á reynslu undanfarinna ára við mat á veiðum sem ekki eru háðar kvóta. Áætlað er að þorskafli af Íslandsmiðum árið 2002 verði 206 þúsund tonn sem er um 12,7% samdráttur frá fyrra ári. Reiknað er með að annar botnfiskafli aukist um 1,5%. Þá er gert ráð fyrir að annar afli aukist um 0,5% og að rækjuafli dragist saman um 9,9%. Útlit er fyrir óbreyttan loðnuafla og 30% aukningu síldar.

Það sem af er árinu 2001 hafa íslensk skip veitt um 250 þúsund tonn af kolmunna, 32 þúsund tonna af úthafskarfa og um 70 þúsund tonn af 132 þúsund tonna kvóta af Íslandssíld. Samanlagt útflutningsverðmæti afla af fjarmiðum á árinu 2001 getur orðið um 10 milljarðar króna. Miðað við fyrstu átta mánuði ársins lítur út fyrir samdrátt frá fyrra ári í hráefniskaupum innlendrar fiskvinnslu á botnfiski af erlendum fiskiskipum, en erlend fiskiskip hafa nú þegar landað svipuðu magni af öðrum afla og allt árið í fyrra eða um 85 þúsund tonnum af loðnu, um 41 þúsund tonnum af kolmunna og um 13 þúsund tonnum af rækju.

Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða á milli áranna 2001 og 2002 dragist saman um 4,0%.

6. Vinnumarkaður og byggðaþróun

Ofþensla einkennir enn atvinnuástandið. Kemur þetta fram í litlu atvinnuleysi og umframeftirspurn eftir vinnuafli sem að verulegu leyti hefur verið leyst með erlendu vinnuafli. Margt bendir til að nú sé að slakna á spennu á vinnumarkaði. Þessa slaka mun gæta í meira mæli á næsta ári. Spáin gerir þó ekki ráð fyrir því snöggum umskiptum og í henni felst að vinnumarkaður gæti verði nálægt jafnvægi er líða tekur á næsta ár.

6.1 Framboð og eftirspurn á vinnumarkaði

Frá apríl 1998 til apríl í ár hefur starfandi fólki fjölgað um 13.800 manns að mati Hagstofu Íslands. Hluti þessarar fjölgunar kemur úr röðum atvinnulausra, en þeim hefur fækkað um 2.200 manns. Þá er áætlað að erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði hafi fjölgað um 3.000. Fjölgun Íslendinga á vinnumarkaðsaldri nemur um 5.500 manns að teknu tilliti til meðalatvinnuþátttöku. Að öðru leyti er breyting á vinnumarkaði skýrð með misjafnri atvinnuþátttöku eftir aldri og mæliskekkju enda er hér um áætlaðar tölur að ræða.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar á árinu 2000 töldust 83,5% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára til vinnuaflsins og hafði þetta hlutfall aukist um 0,3 prósentustig frá árinu 1999 og um 1,0 prósentustig frá árinu 1998. Aukinni eftirspurn eftir vinnuafli hefur þannig verið mætt að nokkru leyti af meira framboði. Það er til vitnis um að framboðshlið vinnumarkaðarins er sveigjanleg og bregst við vaxandi eftirspurn. Þetta hjálpar til við að draga úr spennu á vinnumarkaði og dregur úr þrýstingi á laun og verðlag. Í vinnumarkaðskönnun í apríl í ár bregður hins vegar svo við að atvinnuþátttakan mældist 83,7% sem er minnkun um 0,1 prósentustig frá samskonar könnun í apríl 2000.

Þegar betur er að gáð má rekja mestan hluta aukinnar atvinnuþátttöku til aldurshóps 16-24 ára, en samkvæmt vinnumarkaðskönnun í apríl taldist 80% hans til vinnuaflsins samanborið við tæplega 68% árið 1997. Á móti kemur að atvinnuþátttaka í aldurshópi 65-74 ára hefur minnkað verulega, eða úr tæpum 50% í upphafi tíunda áratugarins í 35% í lok hans. Atvinnuþátttaka fólks um miðjan starfsaldur breytist hins vegar lítið og má ætla að hún sé nú þegar við hámark.

Mynd 15. Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands.

Könnun Þjóðhagsstofnunar í apríl 2001 sýndi að vinnuaflsþörfin á landinu öllu var í jafnvægi, í fyrsta sinn frá árinu 1996. Þegar aprílkannanir síðustu fimm ára eru bornar saman má sjá að

atvinnurekendur vildu bæta við sig starfsfólki á landinu öllu (að undanskildu árinu 1996) og hámarki náði eftirspurnin á árinu 2000, þegar atvinnurekendur vildu bæta við sig tæplega 600 manns eða sem nam tæplega 0,7% af vinnuaflinu. Þróunin hefur verið önnur á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni hafa atvinnurekendur viljað halda í horfinu eða fækka við sig frá árinu 1996. Á síðustu tveimur árum hefur eftirspurnin minnkað um 1.200 manns, sem er um 3% af vinnuaflinu á landsbyggðinni.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirspurnin aukist og náði hámarki í apríl 2000, þegar atvinnurekendur vildu bæta við sig rúmlega 900 starfsmönnum, eða sem svarar til 1,6% af vinnuafli á svæðinu. Í könnun Þjóðhagsstofnunar í apríl síðastliðnum vildu atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu bæta við sig rúmlega 160 manns, eða um 0,3% af vinnuaflinu. Eins og fram kemur á mynd 17 er eftirspurn eftir vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu mun næmari fyrir breytingum í efnahagslífinu en á landsbyggðinni.

Mynd 16. Laus störf eftir landsvæðum í aprílmánuði



Horfur eru á að atvinnuástandið verði áfram gott það sem eftir er þessa árs. Nokkrum stórframkvæmdum, sem byrjað var á í fyrra verður þó lokið á næstu mánuðum.

Með athugunum á ársverkum, sem byggð er á launamiðum og upplýsingum launagreiðenda, er reynt að meta vinnumagnið í heild. Mæling á atvinnuþátttöku á grundvelli ársverka sýnir þá fjölda í ígildi fullrar vinnu og þá sem skráðir eru atvinnulausir. Síðustu tölur um ársverk á þessum grundvelli eru frá árinu 1997 og hafa þær verið færðar fram á grundvelli atvinnuástandskönnunar Þjóðhagsstofnunar til dagsins í dag.

Tiltækar vísbendingar um þróun ársverka eru nokkuð misvísandi. Atvinnuástandskönnun Þjóðhagsstofnunar í apríl síðastliðnum sýndi jafnvægi milli fjölda starfsmanna og æskilegs fjölda að mati forsvarsvarsmanna fyrirtækja. En einnig er ljóst að aðflutningur erlends vinnuafls hefur verið mjög mikill. Merki eru á hinn bóginn um minni eftirspurn eftir vinnuafli, svo sem í viðskipta- og tölvugreinum, nú á haustdögum. Náttúruleg fjölgun landsmanna á vinnualdri er um það bil 1,2% og bæði atvinnuþátttaka og atvinnuleysi óbreytt að kalla frá árinu 2000.

Þetta gefur vísbendingu um að ársverkum hafi fjölgað um sem nemur náttúrulegri fjölgun landsmanna á vinnualdri að viðbættum ársverkum erlendra ríkisborgara. Samkvæmt þessu má áætla að ársverkum hafi fjölgað um 1,7% frá fyrra ári. Þetta felur í sér heldur hægari vöxt á vinnumarkaði en undanfarin ár.

Á næsta ári eru líkur til að atvinnuleysi aukist, úr aðflutningi erlends vinnuafls dragi og atvinnuþátttaka minnki. Ársverkum gæti fjölgað um allt að ½%.

6.2 Atvinnuleysi

Engin merki eru um að atvinnuleysi sé að aukast. Fyrstu átta mánuði ársins var skráð atvinnuleysi að meðaltali 1,4% af mannafla en 1,5% á sama tíma í fyrra. Sumarmánuðina hefur atvinnuleysi verið nákvæmlega hið sama og í fyrra. Ljóst er að umframeftirspurn á vinnumarkaði hefur verið svo mikil á undan-

förnum árum að erfitt er að túlka smávægilegar breytingar á atvinnuleysistölum sem vísbendingar um almenna þróun.

Meiri ofþensla hefur verið á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum misserum en á landsbyggðinni. Á fyrstu átta mánuðunum í ár var atvinnuleysi 0,3 prósentustigum lægra á höfuðborgarsvæðinu en á sama tíma í fyrra. Þróunin var önnur á landsbyggðinni því atvinnuleysi var 0,2 prósentustigum hærra á fyrstu átta mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Eftir samfellda lækkun atvinnuleysis undanfarin sex ár stefnir nú í aukningu á landsbyggðinni, en atvinnuleysi mun væntanlega minnka á höfuðborgarsvæðinu. Verkfall sjómanna sem stóð frá apríl til miðs maímánaðar kann að koma við sögu hér, því þess hefur væntanlega fremur gætt í atvinnuleysi á landsbyggðinni. Vesturland sker sig úr hvað varðar lítið atvinnuleysi, aðeins tæpt 1% á fyrstu átta mánuðum ársins. Atvinnuleyi var hins vegar mest á Norðurlandi eystra og Austurlandi um 2% í báðum landshlutum.

Mynd 17. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð



Heimild: Vinnumálastofnun og Þjóðhagsstofnun.

Þjóðhagsstofnun spáir að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,4% í ár og svarar það til þess að um 2.000 manns verði án atvinnu. Sá samdráttur í þjóðarbúskapnum sem spáð er á næsta ári mun óhjákvæmilega draga mjög úr eftirspurn eftir vinnuafli. Reynslan kennir að margir atvinnurekendur muni bregðast við með því að draga úr eftirvinnu og bjóða lægra starfshlutfall áður en gripið er til uppsagna. Benda má á að vinnustundum á viku hefur fækkað úr 44,3 stundum í apríl 2000 í 43,5 í apríl í ár og fækkunin er enn meiri meðal fólks í fullu starfi eða úr 51,3 stundum í 50,1 stund. Þetta er vísbending um að þensla sé að minnka á vinnumarkaðinum, jafnvel þótt atvinnuleysi hafi lítið breyst. Atvinnuleysið eitt og sér er þannig ekki óyggjandi vísbending um stöðu á vinnumarkaði á líðandi stundu. Erfitt er að ráða í hvernig vinnumarkaður mun laga sig að minni eftirspurn. Hluti af þeirri aðlögun gæti til dæmis falist í því að erlent vinnuafl minnki verulega eða að vinna með námi dragist saman. Spá Þjóðhagsstofnunar um að atvinnuleysi á næsta ári verði 2% af mannafla er þannig nokkurri óvissu háð.

Mynd 18. Atvinnuleysi, 1998-2001



Heimild: Vinnumálastofnun og Þjóðhagsstofnun.

Rammi 2. Erlendir ríkisborgarar og þjóðarbúið

Ástæðum búferlaflutninga má skipta í tvennt: annars vegar eru aðstæður sem draga til sín fólk og hins vegar þættir sem ýta undir brottflutning. Oft myndast straumar milli landa og landssvæða. Fyrst flytja brautryðjendur, sem eru tilbúnir að taka áhættu en í kjölfarið koma aðrir sem gjarna eru í einhverjum tengslum við þá sem fyrir eru. Eftir því sem samfélag aðfluttra er orðið stærra og þróaðra er auðveldara að taka ákvörðunina um að flytja.

Undanfarin ár hefur verið meiri eftirspurn en framboð víðs vegar á íslenskum vinnumarkaði. Alllangt er síðan farið var að ráða útlendinga í fiskvinnslu, til ræstinga og umönnunarstarfa en breidd starfa hefur aukist. Á tímabilinu 1998 til 2001 er áætlað að erlendir ríkisborgarar hafi ráðist í nær fjórða hvert nýtt starf. Flutningur fólks til Íslands hefur fyrst og fremst verið drifinn áfram af eftirspurn eftir vinnuafli. Á hinum Norðurlöndunum hafa flóttamenn verið mjög hátt hlutfall aðfluttra. Á tímabilinu 1990-1999 voru hælisleitendur frá 20% af aðfluttum erlendum ríkisborgurum í Finnlandi upp í 56% í Svíþjóð. Hér á landi voru þeir 0,5% á sama tímabili. Þátttaka flóttamanna í atvinnulífinu hefur verið mjög lítil en hér á landi er atvinnuþátttaka aðfluttra álíka og heimamanna ef ekki heldur meiri.

Einn af þeim þáttum sem hvetur til brottflutnings úr einu landi og aðflutnings í annað er mikill munur á lífskjörum. Vandasamt er að mæla og bera saman lífskjör og víst er að meðaltöl geta ekki gert betur en gefa ákveðnar vísbendingar. Samkvæmt upplýsingum úr World Competitiveness Yearbook 2001 var kaupmáttur landsframleiðslu á mann í Póllandi innan við þriðjungur af því sem var á Íslandi árið 2000. Í Taílandi var hann 22% og á Filippseyjum 14%. Lífskjarabót þeirra sem flytjast frá þessum löndum til Íslands er því umtalsverð.

Búferlaflutningar fólks milli landa hafa ekki verið að aukast almennt í heiminum, enda þótt fólk með sérþekkingu, einkum á sviði tölvu- og hátækni flytjist í auknum mæli milli landa um allan heim. Flutningabylgjur hafa gjarna stafað af tímabundinni þörf fyrir vinnuafl í uppsveiflu, oft í þeim geirum efnahagsstarfseminnar þar sem erfiðast er að fá fólk til starfa. Þegar viðsnúningur verður í hagvexti leiðir hann ekki til þess að fólk snýr aftur, enda öðlast fólk smám saman réttindi til áframhaldandi búsetu. Aðfluttir eru gjarna sveigjanlegri en heimamenn, bæði að því er varðar viljann til starfa og staðsetningar og auka þannig sveigjanleika hagkerfisins á breytingarskeiðum. Tilkoma útlendinga losar um vinnuafl heimamanna sem þá ræðst til verðmætari starfa. Meðal annars þess vegna veldur aðflutningur bættum lífskjörum og hefur til að mynda ekki aukið atvinnuleysi heldur þvert á móti. Á hinn bóginn getur það haft letjandi áhrif á framleiðniþróun ef auðvelt er að ráða fremur fólk til starfa en að fjárfesta í afkastameiri búnaði. Að sjálfsögðu hefur aukinn fjöldi fólks af erlendum uppruna ýmis þjóðfélagsleg áhrif bæði til góðs og ills. Aukin fjölbreytni og þjóðfélagsleg gerjun getur leitt af sér nýjungar. Fjölgun fólks af erlendum uppruna, einkum ef það er öðru vísi í útliti en heimamenn, kallar hins vegar oft fram fordóma. Þannig er gjarna litið svo á að útlendingar taki störf frá heimamönnum enda þótt svo sé oftast nær ekki. Þá er aðlögun fólks með mjög ólíkan bakgrunn erfið og getur leitt af sér kostnað og vandamál. Engu að síður er almennt talið að aðfluttir útlendingar séu ekki baggi á samfélagsþjónustu í þeim löndum sem þeir flytja til, þ.e. að þeir njóti hennar umfram það sem þeir greiða til hennar.

Víða er þeim gert auðveldara að flytjast að sem hafa yfir að ráða einhverjum hæfileikum eða menntun sem sóst er eftir, nú einkum á sviði tölvumála og upplýsingatækni. Í mörgum löndum er auðveldara fyrir fólk að fá dvalarleyfi ef það á nána ættingja fyrir. Þessi hópur manna er orðinn stór hluti aðflutnings víða um lönd. Á þetta mun reyna í auknum mæli hér á landi. Annars vegar er frelsi til að flytjast hingað frá löndum EES í þeim tilgangi að leita að atvinnu eða hefja atvinnurekstur, en hins vegar getur fólk flust hingað ef það hefur fengið vinnu. Flóttamenn hafa hér sérstöðu en þeir hafa verið afar fáir eins og þegar er komið fram.

Á árinu 2000 var atvinnuleysi hvergi minna en hér á landi meðal OECD ríkjanna. Það var 9% á meðal aðildarríkja OECD í Evrópu og lækkaði um 0,9 prósentustig frá 1999, en 6,2% fyrir OECD í heild. Spá OECD fyrir árin 2001 og 2002 gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 6,3% bæði árin í OECD í heild, en að atvinnuleysið í aðildarríkjum OECD í Evrópu verði 8,1% á árinu 2001 en lækki í 7,9% á árinu 2002.

6.3 Íbúaþróun

Á undanförnum árum hefur þjóðinni fjölgað verulega umfram náttúrulega fjölgun vegna aðflutnings fólks frá útlöndum. Í ár er áætlað að náttúruleg fjölgun verði um 0,9% en heildarfjölgun íbúa allt að 1,6%. Náttúruleg fjölgun (fæddir umfram dána) á Íslandi er mjög mikil á evrópskan mælikvarða enda þótt fjöldi barna sem hver kona elur á ævi sinni hafi farið hægt minnkandi.

Mynd 19. Búferlaflutningar milli landa 1990-2001 eftir ríkisfangi



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Þjóðhagsstofnunar.

Þróun búferlaflutninga milli landa á undanförnum árum er sýnd á mynd 19. Dregið hefur úr flutningum íslenskra ríkisborgara í báðar áttir og ríkir jafnvægi í þeim. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum hefur hins vegar fjölgað stöðugt frá 1996 en fjöldi brottfluttra stendur nokkurn veginn í stað.

Á fyrri helmingi yfirstandandi árs voru aðfluttir erlendir ríkisborgarar um 900 fleiri en brottfluttir samanborið við tæplega 500 á sama tímabili árið 2000. Hér er reiknað með að heldur dragi úr aðflutningi á síðari hluta ársins og fjölgun erlendra ríkisborgara vegna aðflutnings geti numið um 1.500 manns í ár sem er um 0,5% af mannfjölda. Fari svo sem horfir verða erlendir ríkisborgarar sem hingað flytja í fyrsta sinn fleiri en aðfluttir Íslendingar.

Aðflutning erlendra ríkisborgara má rekja til eftirspurnar eftir vinnuafli og hefur aðflutningur fólks hingað til lands á undanförnum árum skipt miklu máli í mönnun á lausum störfum í atvinnulífinu. Landvinnsla á fiski er sem kunnugt er mönnuð að umtalsverðum hluta með erlendu vinnuafli og það á í auknum mæli við um fleiri greinar. Hlutur erlendra ríkisborgara í nýjum störfum er umtalsverður og má ætla að þeir gegni nær fjórðungi starfa sem orðið hafa til frá ársbyrjun 1998 til jafnlengdar í ár. Af því má sjá að hlutur þeirra í uppsveiflu undanfarinna ára er mikilvægur. Hefði þátttaka þeirra ekki komið til er vandséð hvernig hægt hefði verið að vinna þau störf sem eftirspurn hefur verið eftir.

Rætist spá stofnunarinnar um framvindu íbúaþróunar það sem eftir er af árinu mun erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði fjölga um nálægt 1.200 manns. Sú fjölgun er slagar hátt upp í náttúrulega fjölgun fólks á vinnumarkaði hér á landi. Nánar er fjallað um hlutverk erlendra ríkisborgara í hagkerfinu í ramma 2. Þjóðhagsstofnun telur að aðflutningur muni halda áfram á næstu árum enda þótt úr honum kunni að draga ef hægir á hagvexti um hríð. Á móti vegur að hingað hefur nú þegar flutt umtalsverður fjöldi fólks sem ekki mun flytjast til baka, meðal annars vegna þess að hann hefur fengið dvalarleyfi. Einnig má minna á að réttindi erlendra ríkisborgara til atvinnuleysistryggingar voru aukin síðastliðið vor vegna sjómanna-

verkfallsins. Á vorþingi var lagt fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp, sem ekki náðist að afgreiða, um útlendinga þar sem meðal annars er gert ráð fyrir auknum rétti til dvalarleyfis á Íslandi á grundvelli sameiningar fjölskyldna. Væntanlega mun töluverður fjöldi nýta sér þessa breytingu ef af henni verður. Þá getur einnig farið svo að Ísland taki á móti fleiri flóttamönnum á næstu árum en hingað til.

Mynd 20. Breyting mannfjölda frá fyrra ári



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Þjóðhagsstofnunar.

Íbúaspá til skemmri tíma er nátengd framvindu efnahagsmála vegna þess hversu miklu búferlaflutningar milli landa skipta. Horfur eru um nokkurn aðflutning til landsins í ár, en að úr honum dragi um helming á árinu 2002. Verði ráðist í þær stóriðjuframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru breytast þessar forsendur og einsýnt að aðflutningur vinnuafls myndi aukast. Náttúruleg fjölgun þjóðarinnar er áfram um 1% en með aðflutningi umfram brottflutning hefur þjóðinni fjölgað um 1,5-1,6% árin 2000 og 2001.

Íbúaþróun innanlands

Um miðjan síðasta áratug fluttust árlega milli 1.700 og 1.800 manns frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Árin 1999 og 2000 dró verulega úr þessum mismun og seinna árið nam hann 750 manns, um 43% af því sem hann hafði verið þegar mest var. Tölur um flutninga á fyrri hluta þessa árs sýna að mismunur brottfluttra og aðfluttra innanlands hefur aukist nokkuð á nýjan leik. Verði þróunin á seinni hluti ársins svipuð og á þeim fyrri gæti mismunur aðfluttra og brottfluttra innanlands orðið tæplega 1.000 manns landsbyggðinni í óhag.

Frá árinu 1996 hafa fleiri flust á landsbyggðina frá útlöndum en farið hafa þaðan til útlanda. Mismunurinn hefur farið stöðugt vaxandi og vegið nokkuð á móti fækkun íbúa vegna innanlandsflutninga. Útlit er fyrir að í ár verði fjölgun á landsbyggðinni vegna millilandaflutninga meiri en nokkru sinni fyrr. Náttúruleg fjölgun hefur farið minnkandi á undanförnum árum á landsbyggðinni.

Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu

Að því er varðar innanlandsflutninga er íbúaþróun höfuðborgarsvæðisins spegilmynd af landsbyggðinni. Öðru máli gegnir um búferlaflutninga milli landa. Þeir hafa vaxið stöðugt frá árinu 1995 en aðfluttir urðu fyrst fleiri en brottfluttir árið 1998. Árið 2000 urðu aðfluttir frá útlöndum fleiri en aðfluttir af landsbyggðinni. Í ár stefnir í að fjölgun vegna búferlaflutninga milli landa verði um það bil sú sama og náttúruleg fjölgun og verði meiri en nokkru sinni fyrr.

7. Verðlag

Vísitala neysluverðs hækkaði um 8,4% frá septembermánuði árið 2000 til jafnlengdar í ár. Er þetta mesta tólf mánaða hækkun vísitölunnar síðan í nóvember 1990 þegar hækkunin nam 9,2%. Gengislækkun krónunnar síðastliðið ár hefur komið fram í hækkun innfluttra vara en þær hafa hækkað um 10% síðastliðna tólf mánuði. Hækkun í verði innfluttra vara skýrir þó ekki aukna verðbólgu nema að hluta. Verðlag innlendrar vöru hefur hækkað um 8,3% síðustu tólf mánuði og verð á þjónustu annarra en opinberra aðila um 9½%. Opinber þjónusta hefur hækkað nokkuð minna í verði eða tæp 5% og húsnæðisliður vísitölu neysluverðs um 6½%.

Mynd 21. Tólf mánaða hækkun einstakra flokka vöru og þjónustu, mars 1998-september 2001



Heimild: Hagstofa Íslands.

Dregið hefur nokkuð úr mánaðarlegum verðhækkunum síðan þær náðu hámarki á öðrum ársfjórðungi og telur Þjóðhagsstofnun góðar líkur á að sú þróun haldi áfram. Komi ekki til endurskoðunar á kjarasamningum gæti dregið mjög úr verðbólguhraða þegar líða tekur á næsta ár. Í launaforsendu verðbólguspár Þjóðhagsstofnunar felst að úr spennu dragi á vinnumarkaði og að ekki komi til endurskoðunar á samningum. Reiknað er með að laun hækki um 8½% milli 2000 og 2001 og 5½% milli 2001 og 2002.

Þjóðhagsstofnun reiknar með að gengislækkunar krónunnar undanfarið ár muni áfram gæta í hækkun neysluverðlags á allra næstu mánuðum. Eins og kemur fram í töflu 11 hefur smásöluverð innfluttra vara ekki haldið í við breytingar í innflutningsverðlagi. Þjóðhagsstofnun áætlar að innflutningsverð innfluttra neysluvara hafi verið ríflega fimmtungi hærra fyrri hluta árs 2001 en á sama tímabili árið áður. Smásöluverð innfluttra vara hækkaði hins vegar innan við 5% milli þessara tímabila og um 3½% ef bensín er undanskilið. Í öllum flokkum hefur innflutningsverð hækkað mun meira en smásöluverð. Þann fyrirvara verður að hafa á þessum samanburði að ekki er víst að fullkomið samræmi sé í flokkun Þjóðhagsstofnunar á innfluttri vöru og flokkun vörunnar í neysluverðsvísitölunni þótt reynt sé að haga samanburðinum á þann veg að flokkunin sé sem sambærilegust. Ekki er ástæða til að ætla að smásöluverð innfluttra vara muni að lokum hækka til jafns við hækkun innflutningsverðs enda hafa innlendir kostnaðarliðir einnig áhrif á verð og þeir hafa hækkað mun minna. Einnig er hugsanlegt að samdráttur í eftirspurn komi fram í lægri verslunarálagningu og haldi þannig aftur af verðhækkunum og að opnun Smáralindar auki samkeppni á vissum sviðum verslunar. Vart er þó hægt að komast hjá þeirri

niðurstöðu að einhver hækkun smásöluverðs innfluttra vara eigi eftir að koma fram á næstu mánuðum að óbreyttu gengi. Í spá Þjóðhagsstofnunar er reiknað með að gildi gengisvísitölu krónunnar verði um 140 stig.

Heldur hefur dregið úr hækkun húsnæðisverðs á síðastliðnu ári. Frá ágúst 2000 til jafnlengdar í ár hækkaði fermetraverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um tæp 6% sem þýðir um 2% raunverðslækkun. Á undangengnum tólf mánuðum hafði hækkunin numið 13% eða 8% að raungildi. Spáin gerir ekki ráð fyrir að þróun fasteignaverðs muni hafa veruleg áhrif á neysluverðsvísitölu, þótt útlit sé fyrir einhverja raunlækkun fasteignaverðs.

Tafla 11. Samanburður á innflutningsverði og smásöluverði

	Breyting, % jan.-júní 1999/2000		Breyting, % jan.-júní 2000/2001		
Viðmið í innflutningi, skipting Þjóðhagsstofnunar	Innfl. verð	Neyslu-verð	Innfl. verð	Neyslu-verð	Viðmið í neysluverðsvísitölu
Matur og drykkjarvörur	-4,9	5,7	19,1	6,1	Innfluttar mat- og drykkjarvörur
Áfengi	2,9	2,3	19,4	2,3	Áfengi (021)
Lyf	2,1	1,9	19,5	3,3	Lyf og lækningavörur (061)
Tóbak	2,1	0,9	31,2	8,1	Tóbak (022)
Bensín	86,3	24,7	27,9	8,3	Bensín og olíur (0722)
Ökutæki til einkanota	1,2	0,0	26,3	5,1	Bílar (711)
Varahlutir í ökutæki til einkanota	-2,9	3,0	18,7	3,6	Varahlutir (721)
Varanlegar neysluvörur (t.d. heimilistæki)	-2,1	1,1	17,0	3,0	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl. (05)
Hálfvaranlegar neysluvörur (t.d. fatnaður)	-4,3	-0,8	17,7	0,6	Föt og skór (03)
Innflutningur neysluvara og bensíns	0,1	3,1	20,8	4,5	Innfluttar vörur alls
Innflutningur neysluvara án bensíns	-1,6	0,0	20,3	3,6	Innfluttar vörur alls, án bensíns

Heimildir: Þjóðhagsstofnun og Hagstofa Íslands.

Á þessum forsendum spáir Þjóðhagsstofnun að vísitala neysluverðs hækki um 8,8% frá upphafi til loka árs 2001 og 3,4% frá upphafi til loka 2002. Í spánni felst 6,5% hækkun verðlags milli 2000 og 2001 og 5,9% milli 2001 og 2002. Þessi verðbólguspá er áþekk þeirri sem stofnunin sendi frá sér í júní sl. enda hafa forsendur lítið breyst og verðbólga síðastliðinna mánaða verið í takt við þá spá. Í spá Þjóðhagsstofnunnar felst að árleg verðbólga næstu tvö árin verði að meðaltali tæp 3½-4%. Til samanburðar má geta að verðbólguálag á ríkisskuldabréf til tveggja ára er nú 4½%.

Tafla 12. Spá um ársbreytingar neysluverðsvísitölu

	Breytingar, %	
	2001	2002
Milli ára	6,5	5,9
Innan árs	8,8	3,4

Tafla 13. Spá um ársfjórðungslegar breytingar neysluverðsvísitölu

Ársfjórðungur	Meðalgildi neysluverðs-vísitölu	Breytingar, % Milli ársfj.	Frá sama ársfj. fyrra árs
2001:1	203,1	0,6	3,8
2001:2	209,5	3,2	5,6
2001:3	215,1	2,7	7,8
2001:4	218,2	1,4	8,1
2002:1	221,1	1,3	8,9
2002:2	223,9	1,3	6,9
2002:3	225,7	0,8	4,9
2002:4	227,0	0,6	4,0
2003:1	228,1	0,5	3,2
2003:2	229,4	0,6	2,4

* spágildi skyggð.

Verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar er heldur hærri en spár Seðlabanka og fjármálafyrirtækja en meginlínurnar eru þó þær sömu. Að jafnaði spá þessir aðilar 8% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs 2001 og 6½% milli áranna 2000 og 2001. Þá spá þeir að meðaltali 3,2% hækkun neysluverðs frá upphafi til loka árs 2002 og 4,8% hækkun milli 2001 og 2002. Hafa verður í huga að spár flestra annarra en Þjóðhagsstofnunar komu út áður en neysluverðsvísitalan fyrir september var birt. Þar sem hækkun vísitölunnar í september var í takt við væntingar ætti þetta þó ekki að skekkja samanburðinn.

Tafla 14. Helstu forsendur verðbólguspár

	Breytingar milli ársmeðaltala, % 2001	2002
Innflutningsgengi	18,1	4,6
Framleiðni vinnuafls*	1,5	1,5
Erlent verðlag	2,0	2,0
Hækkun launa	8,5	5,5

* Undirliggjandi framleiðnivöxtur.

Nokkur óvissa er í þeim forsendum sem spáin byggir á. Endurskoðun á kjarasamningum gæti breytt launaforsendu þessarar spár nokkuð til hækkunar. Ávallt er nokkur óvissa um gengisþróun og skammtímaáhrif gengishreyfinga á verðlag. Umtalsverð verðlækkun á húsnæði samfara hægari hagvexti mundi stuðla að lægri verðbólgu en hér er spáð. Miklar breytingar í bensínverði gætu einnig sett strik í reikninginn.

Tafla 15. Neysluverð í viðskiptalöndum Íslands (Ísland = 100)

Ár	Neysluverð í lok árs
1995	97,2
1996	95,5
1997	93,3
1998	93,3
1999	84,3
2000	88,3
2001 (júní)	99,0

Heimildir: OECD og Þjóðhagsstofnun.

Gengislækkun krónunnar hefur gjörbreytt hlutfallslegu verðlagi hérlendis og í helstu viðskiptalöndum eins og sjá má í töflu 15. Taflan sýnir neysluverð í lok hvers árs í viðskiptalöndunum í hlutfalli af verðlagi hér á landi. Við útreikning á meðalverði í viðskiptalöndunum er miðað við vigt landa í gengisvísitölunni á hverjum tíma. Í árslok 1999 var neysluverð ríflega 15% lægra í viðskiptalöndunum. Í árslok 2000 var munurinn 12% en í júní var hann nánast horfinn. Verð var um 17% hærra í Noregi en hér, 7% hærra í Danmörku, mjög svipað í Finnlandi en 5% lægra í Svíþjóð. Verðlag var svipað og í Bretlandi og Bandaríkjunum. Neysluskattar eru tiltölulega háir á Íslandi í samanburði við viðskiptalöndin. Lauslega áætlað var verð án neysluskatta um 5% lægra hér á landi en í viðskiptalöndunum í júní mánuði.

Rammi 3. Kjarnaverðbólga

Æ fleiri ríki hafa á síðasta áratug tekið upp verðbólgumarkmið sem viðmiðun peningastjórnunar. Gjarnan er þá horft til verðbólgu eins og hún er mæld með vísitölu neysluverðs. Vandamálið við þann mælikvarða er að breytingar á einstökum liðum eins og húsnæði og olíu, sem orsakast af sérstökum ástæðum, geta haft mikil áhrif á vísitölu neysluverðs án þess að vera lýsandi fyrir almenna verðlagsþróun.

Tvennt getur aðallega valdið óeðlilegum sveiflum í vísitölu neysluverðs, annars vegar miklar breytingar á verði einstakra vörutegunda vegna breytinga á framboði. Þar má nefna olíuverð og verð á grænmeti og ferskum matvörum. Hins vegar eru verðbreytingar sem gerast sjaldan og því meiri fyrir vikið. Þar má nefna verðskrárbreytingar og breytingar á skattlagningu vöru og þjónustu. Þessar verðbreytingar eiga það sammerkt að vera að miklu leyti utan áhrifasviðs seðlabanka.

Til að komast fyrir þessi vandamál hafa margir reynt að útbúa mælikvarða á almennar verðbreytingar með því að meta svo nefnda kjarnaverðbólgu. Kjarnaverðbólgu er ætlað að mæla verðbólgu, án þess að taka tillit til tímabundinna verðbreytinga eða breytinga vegna ákvarðana, t.d. um skattlagningu. Þannig er reynt að nálgast svokallaða undirliggjandi verðbólgu og með því fá betri vísbendingu um hvort verðbólga er á uppleið eða niðurleið og hver sé verðbólguþrýstingur til næstu ára. Þannig nýtist þessi mælikvarði betur til ákvarðana í peningamálum en hinn almenni verðbólgumælikvarði.

En þótt mælikvarði og þar með aðferðafræði við almenna verðbólgumælingu sé lítið umdeildur þá er enginn einn mælikvarði eða aðferðafræði til um hvernig best sé að mæla kjarnaverðbólgu. Kjarnaverðbólga hefur gjarna verið skilgreind sem vísitala neysluverðs án matvara og olíu. Aðrir mælikvarðar hafa verið verið þróaðir, t.d. hefur tölfræðilegum aðferðum verið beitt og sleppt þeim liðum vísitölu neysluverðs sem breytast mest. Einnig eru til mælikvarðar þar sem reynt er að leiðrétta verðbreytingar fyrir skattabreytingum, eða dreifa þeim yfir lengra tímabil. Til að draga úr áhrifum gengisbreytinga til skemmri tíma í litlum opnum hagkerfum mætti nota verðbreytingar innlendrar vöru og þjónustu sem mælikvarða á kjarnaverðbólgu.



Á myndinni má sjá tvenns konar mat á kjarnaverðbólgu. Annars vegar er vísitala neysluverðs þegar frá eru teknar búvörur sem hafa verið háðar verðlagsákvörðunum, áfengi sem breytist samkvæmt verðskrá, grænmeti og ávextir þar sem verð þeirra er mjög breytilegt, olía og húsnæði. Hins vegar er mælikvarði kjarnaverðbólgu þar sem beitt hefur verið tölfræðilegum aðferðum við að jafna sveiflur. Þeir liðir er taka mestum breytingum frá mánuði til mánuðar eru undanskildir. Þannig eru teknir frá þeir liðir sem eru a.m.k. fjórfalt breytilegri en vísitalan í heild og er þannig um fjórðungur vísitölunnar undanskilinn. Báðir þessir mælikvarðar vanmeta verðbólgu yfir lengra tímabil, en tölfræðilegi mælikvarðinn virðist betri þar sem hann fylgir betur vísitölu neysluverðs þegar til langs tíma er litið.

Heimild: Hagstofa Íslands.

* Vísitala neysluverðs að undanskildum þeim liðum er breytast mest á tímabilinu, m.a. grænmeti, ávextir, happrætti, föt, tóbak, bensín og lyf.

** Vísitala neysluverðs að undanskildum búvörum, áfengi, grænmeti, ávöxtum, olíu og húsnæði.

8. Heimilin

8.1 Kjaramál og launaþróun

Samningar við nær alla hópa opinberra starfsmanna eru nú í höfn og er þar með lokið þeirri kjarasamningalotu sem hófst í byrjun árs 2000. Almennt er gildistími samninganna 3½ ár og fyrstu samningarnir á almennum markaði munu að öðru óbreyttu falla úr gildi um miðjan september árið 2003. Allir samningar kveða á um endurskoðun, þannig að í febrúar hvert áranna 2001, 2002 og 2003 skal nefnd skipuð fulltrúum ASÍ og SA meta hvort forsenda samninganna um lækkandi verðbólgu hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist að mati nefndarinnar gerist annað tveggja; samkomulag næst um breytingu launaliðar samninga eða að launalið samninganna verður sagt upp. Sú spá sem hér er lögð fram hvílir á þeirri forsendu að ekki komi til endurskoðunar samninga.

Launavísitalan hefur hækkað nokkru meira en gert var ráð fyrir í vor. Annars vegar má rekja það til áframhaldandi spennu á vinnumarkaði og hins vegar meiri hækkana í kjarasamningum við opinbera starfsmenn en reiknað var með. Nú stefnir í að hækkun milli ársmeðaltala gæti orðið um 8½% og hækkun frá upphafi til loka árs tæp 8%. Kaupmáttur launa náði hámarki á fyrsta ársfjórðungi í ár og breyting frá sama tíma árið áður var um 5%. Þá fór saman að launahækkun tók gildi 1. janúar og verðbólga var enn hófleg. Athugun Kjararannsóknarnefndar sem nær til almenna vinnumarkaðarins sýnir enn meiri aukningu kaupmáttar yfir sama tímabil eða um 9½%. Aukin verðbólga á undanförnum mánuðum hefur lækkað kaupmátt og ljóst er að tólf mánaða hækkanir neysluverðs á seinni hluta ársins munu verða verulegar. Áætlanir benda þó til þess að kaupmáttur miðað við launavísitölu gæti orðið að meðaltali um 2% hærri en í fyrra. Þann 1. janúar 2002 hækka samningsbundin laun um 3%. Að því gefnu að úr spennu á vinnumarkaði dragi og þar með launaskriði á næsta ári er hér gert ráð fyrir að launavísitala hækki um 5½% milli ára.

Samkvæmt þessum áætlunum er þannig útlit fyrir að kaupmáttur launa m.v. launavísitölu lækki milli áranna 2001 og 2002 um ½%. Kaupmáttur hefur nú aukist jafnt og þétt allt frá árinu 1994 eða um sjö ára skeið og er áætlaður kaupmáttur ársins 2001 27½% hærri en 1994. Þetta er lengsta samfellda skeið kaupmáttaraukningar frá stríðslokum. Til samanburðar má nefna að kaupmáttur atvinnutekna jókst öll árin 1962-1966 eða um 5 ára skeið og jafnlangur samfelldur vöxtur varð árin 1970 til 1974.

Mynd 22. Kaupmáttur launa
Vísitala, 1990 = 100.



Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun.

8.2 Ráðstöfunartekjur

Staðgreiðsluskyldar tekjur eru mikilvæg heimild um tekjuþróun á líðandi stundu. Hér er um að ræða nánast allar tekjur heimilanna, að fjármagnstekjum og hagnaði af atvinnurekstri undanskildum. Samanburður á fyrstu sjö mánuðum í ár og í fyrra sýnir hækkun þessara tekna um 12% sem svarar til þess að kaupmáttur í heild hafi aukist um 6½%. Kaupmáttur tekna jókst mjög á fyrsta ársfjórðungi í ár, en til viðbótar við almennar launahækkanir kom uppgjör á greiðslum almannatrygginga samkvæmt lögum þeim er sett voru í kjölfar „öryrkjadómsins". Afdregnir staðgreiðsluskattar hafa hækkað nokkuð umfram tekjur eða um tæp 16% jafnvel þótt skatthlutföll hafi ekki breyst.

Fjölgun bótaþega og ýmsar lagabreytingar hafa í för með sér að greiðslur almannatrygginga hafa aukist verulega milli áranna 2000 og 2001. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa ennfremur hækkað mjög á undanförnum árum, sem að hluta er vegna fjölgunar bótaþega.

Skuldir heimila hafa vaxið mjög á undanförnum árum og mun hraðar en ráðstöfunartekjur og peningalegar eignir þeirra. Í byrjun tíunda áratugarins voru skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna um 95% en í aldarlok um 163%. Þetta hlutfall hækkaði um 10 prósentustig frá 1999 til 2000. Spáin gerir ráð fyrir því að á skuldaaukningunni hægist verulega og að hlutfallið verði um 168% árið 2002. Aukning skulda umfram eignir ásamt hækkandi vöxtum hafa dregið úr kaupmætti ráðstöfunartekna sem nemur rúmu 1 prósentustigi á mann í ár.

Að öllu samanlögðu er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í heild aukist um 1,5% frá 2000 til 2001. Útlit er fyrir að landsmönnum fjölgi um 1,5% í ár og þar með er kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann sá sami í ár og í fyrra. Spá um ráðstöfunartekjur til næsta árs tekur mið af horfum um kaupmátt launa, minni spennu á vinnumarkaði og horfa um aukinn peningalegan sparnað í ár. Þesar forsendur benda til þess að kaupmáttur í heild aukist lítillega á milli ára og kaupmáttur á mann verði 1,0% minni en í ár.

8.3 Skuldir og sparnaður

Í spá um einkaneyslu og ráðstöfunartekjur á þessu ári felst að sparnaður heimilanna muni glæðast. Þannig er því spáð að einkaneysla minnki um 2,5% á mann og að ráðstöfunartekjur á mann standi í stað. Ýmsar vísbendingar styðja þessar forsendur. Einkaneysla dróst lítillega saman á fyrri árshelmingi í ár miðað við sama tíma í fyrra samkvæmt ársfjórðungslegum þjóðhagsreikningum. Á sama tíma jókst kaupmáttur hins vegar umtalsvert. Þá má greina vísbendingar um að peningalegur sparnaður heimilanna sé að aukast, samtímis því sem spáð er auknum fjárfestingum í íbúðarhúsnæði. Aukinn fjársparnaður heimilanna kemur fram bæði í hægari vexti útlána og auknum peningalegum eignum.

Mikill vöxtur hefur verið í útlánum innlánsstofnana til heimila mörg undanfarin ár. Á síðari hluta árs í fyrra tók fyrir þennan vöxt og frá áramótum til loka júlí hafa skuldir heimila við innlánsstofnanir lækkað lítillega að raungildi. Á móti þessu hafa lán lífeyrissjóða til einstaklinga vaxið hratt frá því um miðbik ársins 1999. Frá ársbyrjun 1999 til maíloka í ár hafa skuldir heimila við sjóðina nær tvöfaldast á föstu verði og hækkað um 25% á tólf mánuðum til maí. Breyttar reglur um útlán margra sjóða og verðhækkun fasteigna eru mikilvægir þættir til skýringar. Svo virðist því sem heimilin hafi tekið lífeyrisssjóðslán til að greiða upp yfirdráttarlán o.fl. við innlánsstofnanir. Greiðslubyrðin hefur þá væntanlega lækkað sem í bráð getur aukið svigrúm til neyslu. Skuldir við Íbúðalánasjóð hafa hækkað jafnt og þétt að undanförnu, en hafa þarf í huga að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hefur vaxið undanfarin ár.

Ekki liggur fyrir flokkun peningalegra eigna heimilanna í lánakerfinu með sama hætti og skulda. Nokkrar vísbendingar má þó finna. Í fyrsta lagi hafa innlán í innlánsstofnunum, einkum ýmis bundin innlán, vaxið til muna og sömu sögu er að segja af verðbréfasjóðum á

undanförnum mánuðum. Í öðru lagi hafa hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðanna hækkað. Að einhverju leyti á þessi þróun rætur að rekja til mikillar forinnlausnar spariskírteina ríkissjóðs. Reiknað á föstu verðlagi má ætla að innstæður, spariskírteini og hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum hafi aukist um 12 milljarða króna á fyrstu fimm mánuðunum í ár, samanborið við minnkun um 4,7 milljarða á sama tíma í fyrra. Með sama hætti hafa skuldir í heild aukist um 32 milljarða króna í ár samanborið við 34 milljarða á sama tíma í fyrra.

Mynd 23. Skuldir heimila við lánakerfið á föstu verði
Vísitölur, janúar 1998 = 100.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

8.4 Einkaneysla

Flestir hagvísar benda til þess að einkaneyslan dragist saman í ár. Er þar fyrst að nefna að nú er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist ekki. Í öðru lagi eru heimilin í landinu orðin mjög skuldsett eftir skuldasöfnun undanfarin ár og aukin greiðslubyrði hamlar vexti einkaneyslunnar. Í þriðja lagi má nefna að mikil lækkun hlutabréfaverðs leggst á sömu sveif. Loks virðist markaður fyrir einkabíla og varanlegar heimilisvörur vera mettaður um stund eftir mikil kaup undanfarin ár.

Merki um samdrátt einkaneyslu 2001 er að finna í minnkandi veltu í atvinnugreinum sem tengjast neysluvörum og þjónustu auk þess sem innheimtur virðisaukaskattur lækkar að raungildi á fyrstu átta mánuðum þessa árs. Tölur um veltu fyrstu sex mánuði ársins benda til 0,7-0,9% samdráttar í þessum greinum. Innheimtur virðisaukaskattur er 0,5% minni fyrstu átta mánuði ársins en í fyrra, sem bendir til 5,5% samdráttar á föstu verðlagi. Einnig má nefna 16% samdrátt innfluttra neysluvara janúar-júlí 2001 miðað við sama tíma 2000. Munar þar mestu um 47% samdrátt í bílainnflutningi, en að honum slepptum er samdrátturinn um 3½%. Innflutningur á mat- og drykkjarvörum var rúmlega 1% meiri að raungildi janúar-júlí 2001, en kaup á varanlegum neysluvörum svo sem heimilistækjum var 13-14% minni að raungildi. Sömu sögu er að segja af innflutningi hálfvaranlegra neysluvara til dæmis fatnaði sem dróst saman um tæplega 8%. Hins vegar var rúmlega 4% aukning í innflutningi óvaranlegrar neysluvöru t.d. lyfjum, tóbaki, rekstrarvörum til heimilisnota o.fl.

Mynd 24. Þróun helstu liða í einkaneyslu 1980-2001
Vísitölur, 1990 = 100.



Samkvæmt greiðslujafnaðartölum fyrir fyrri árshelming 2001 drógust útgjöld Íslendinga í útlöndum saman um 12% á föstu gengi frá sama tíma 2000. Miðað við þær tölur og spár fyrir seinni árshelming 2001 stefnir í að útgjöldin í ár verði 5% lægri að raungildi en í fyrra.

Aukning á kreditkortanotkun fyrstu sjö mánuði ársins er veruleg, en veltan jókst um 9% á föstu verði, þar af 13% innanlands. Þessi niðurstaða kemur á óvart og er þvert á aðrar vísbendingar um samdrátt í einkaneyslu. Hér gætir einhverra áhrifa vegna fjölgunar verslana sem taka greiðslukort en lausleg athugun leiðir í ljós að það geti skýrt 3-4% veltuaukningarinnar. Fjöldi færsla stóð nánast í stað og meðalúttekt jókst því sömuleiðis um 9%. Debetkortanotkun jókst minna en notkun kreditkorta eða um 5%. Debetkortum hefur fjölgaði töluvert það sem af er árinu og voru í lok júlí orðin 313 þúsund og fjölgaði um 10% frá sama tíma í fyrra en um 4,6% frá áramótum. Á sama tíma fækkaði kreditkortum um 2,6% og voru þau í lok júlí sl. 184 þúsund og fækkaði um 4% frá áramótum.

Á Þjóðhagsstofnun hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga, sem ná aftur til 1997. Tölur um einkaneyslu á fyrri hluta árs 2001 benda til þess að neysla hafi dregist saman um 1% á öðrum ársfjórðungi eftir 2,3% vöxt á þeim fyrsta. Horfur eru á að neyslan haldi áfram að dragast saman á seinni helmingi ársins, bæði á þriðja og fjórða ársfjórðungi.

Tafla 16. Einkaneysla 1990-2001

	Hlutfallsleg skipting, %		Magnbreyting frá fyrra ári, %					
							Bráðab.	Áætlun
	1990	2000	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Matur, drykkjarvara og tóbak	25,7	21,0	4,1	4,2	4,7	3,5	0,7	2,6
Fatnaður	8,2	6,1	0,3	5,4	16,7	5,5	4,6	-6,5
Húsnæði, ljós og hiti	17,7	16,5	-2,7	0,3	3,3	1,2	1,5	1,7
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki	7,7	7,1	9,8	1,1	14,7	9,0	0,6	-5,0
Lyf og læknishjálp	1,8	2,7	8,4	5,4	12,6	3,8	9,4	3,4
Flutningatæki og samgöngur	11,7	14,9	13,8	14,5	15,1	12,1	1,0	-10,3
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál	10,0	10,8	6,2	5,9	12,3	12,5	11,9	4,4
Ýmsar vörur og þjónusta	10,5	12,6	6,9	6,2	12,1	9,5	5,5	3,6
Einkaneysla innanlands alls	**93,1**	**91,6**	**4,8**	**5,1**	**9,7**	**6,9**	**3,5**	**-0,4**
Útgjöld Íslendinga erlendis	7,6	9,3	10,5	9,8	20,6	11,3	14,3	-5,0
Útgjöld útlendinga á Íslandi	4,0	4,5	-4,8	3,2	17,1	6,4	7,9	5,0
Einkaneysla heimila alls	**96,7**	**96,4**	**5,7**	**5,6**	**10,2**	**7,3**	**4,2**	**-1,2**
Starfsemi samtaka	3,3	3,6	-2,0	3,1	3,6	4,7	3,5	3,5
Einkaneysla alls	**100,0**	**100,0**	**5,4**	**5,5**	**10,0**	**7,2**	**4,2**	**-1,0**
Þar af:								
Óvaranlegar neysluvörur	37,5	32,3	4,0	4,1	4,8	4,1	2,0	2,6
Hálfvaranlegar neysluvörur	13,3	11,0	1,4	3,7	15,9	6,7	3,3	-4,4
Varanlegar neysluvörur	9,6	13,1	23,0	14,9	25,7	17,3	3,4	-17,5
Þjónusta	39,6	43,6	3,4	4,4	7,6	6,2	6,7	2,0

Að öllu samanlögðu er því áætlað að einkaneyslan muni lækka um 1% að raungildi á árinu 2001 sem er töluverður viðsnúningur því neyslan jókst stöðugt árin 1994-2000 um 5,3% til jafnaðar á ári. Hér er því í reynd verið að spá 2-2½% samdrætti einkaneyslu á mann á yfirstandandi ári. Tafla 16 sýnir hlutfallslega skiptingu einkaneyslunnar á síðasta ári samanborið við árið 1990 ásamt magnbreytingu einstakra liða árin 1996-2001.

Undanfarin ár hefur verið stöðugur vöxtur í kaupum á varanlegum neysluvörum. Á þessu ári er gert ráð fyrir að umskipti verði og kaup á þessum vörum dragist saman um nálægt 17,5% á árinu. Þar vegur samdráttur í bílakaupum þyngst, en einnig er spáð samdrætti í kaupum á heimilistækjum. Sömuleiðis eru horfur á að verulega dragi úr fatakaupum. Vegna minni ferðalaga Íslendinga til útlanda er því spáð að ferðaútgjöldin dragist saman um 5% að raungildi en á móti eru horfur á að nokkur vöxtur verði í útgjöldum heimila til tómstundaiðju, skemmtunar, menntunar og menningarmála. Á næsta ári er því spáð að einkaneyslan dragist saman um 0,5%.

8.5 Fasteignamarkaður

Íbúðabyggingum fjölgar nú á ný eftir mikla lægð á undanförnum árum. Þannig fjölgaði bæði byrjunum og fullgerðum íbúðum á landinu á síðasta ári. Ætla má að þessi þróun haldi áfram á þessu ári.

Á árinu 1999 var lokið smíðum á 1.381 íbúð, en 1.258 á árinu 2000 sem er fækkun um 9%. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði fullgerðum íbúðum enn meira milli þessara ára, því lokið var smíði 1.174 íbúða árið 1999 og 967 íbúða árið 2000 og er fækkunin um 17½%. Eins og mynd 25 sýnir er fjöldi íbúða fullgerðra á ári hverju nú með allra lægsta móti. Á hinn bóginn fer íbúðum í byggingu fjölgandi sem og fjölda íbúða sem árlega er byrjað að smíða. Hafin var bygging um 1.650 íbúða árið 2000 sem er fjölgun um 30% frá fyrra ári og hafa byrjanir ekki verið svo margar síðan 1990. Í árslok 1999 voru 1.927 íbúðir í byggingu á öllu landinu en þær voru 2.312 í árslok 2000. Svipaða sögu er að segja af höfuðborgarsvæðinu, en þar fjölgaði íbúðum í bygginu úr 1.490 íbúðum árið 1999 í 1.743 árið 2000.

Mynd 25. Fjöldi íbúða í byggingu, fullgerðar íbúðir og byrjanir



Samþykkt skuldabréfaskipti hjá Íbúðalánasjóði voru 9.283 árið 2000 en voru 10.283 árið 1999. Á árinu 1999 voru gefin út húsbréf að fjárhæð 31,5 milljarður króna en útgáfan var minni árið 2000 eða 28,2 milljarðar. Til ágústloka í ár var heildarfjárhæð útgefinna húsbréfa um 900 milljónum hærri en á sama tíma á síðasta ári, sem er 5% hækkun. Það er til vitnis um auknar íbúðabyggingar að húsbréf útgefin vegna nýbygginga og endurbóta hækka um 1.700 milljónir króna sem er 25% aukning á föstu verði frá sama tíma í fyrra. Hins vegar lækkaði fjárhæð útgefinna húsbréfa til kaupa á eldri íbúðum um 800 milljónir eða 11% á föstu verði.

Ávöxtunarkrafa húsbréfa er nú á bilinu 5,4-5,9% eftir lengd lánstíma. Ávöxtunarkrafa lengri lánaflokka er lægri en þeirra styttri. Á sama tíma fyrir ári var ávöxtunarkrafa húsbréfa 5,6-5,9%.

Mynd 26. Verð á fermetra íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á verðlagi 1999



Heimild: Fasteignamat ríkisins.

Íbúðaverð hækkaði mjög hratt frá árslokum 1998 til jafnlengdar í fyrra. Verð á fermetra í íbúðum í fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 37% á því tímabili. Á föstu verðlagi miðað við neysluverðsvísitölu er það 25% hækkun. Á tímabilinu 1984-1998 var íbúðaverð í fjölbýlishúsum á höfuðborgarsvæðinu að meðaltali um kr. 80.000 á fermetra, á verðlagi ársins 1999, en var á haustmánuðum árið 2000 orðið um kr. 101.500. Þessi hækkun á sér margvíslegar skýringar, s.s. breytingar á lánafyrirkomulagi og kaupmáttaraukningu. Líklega er þó mikilvægasta skýringin sú að nýjum íbúðum hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Breytt efnahagsumhverfi mun vafalítið minnka eftirspurn eftir íbúðum sem og tilhneiging til aukins sparnaðar heimilanna sem hér er spáð. Á hinn bóginn má ætla að misvægi milli íbúaþróunar og nýbygginga á höfuðborgarsvæðinu muni viðhalda háu verði á íbúðum á næstunni.

9. Hið opinbera

Afkoma hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum var mjög góð á árinu 2000, en horfur eru ekki eins góðar fyrir árið 2001. Áætlaður halli ársins 2001 nemur 0,9 milljörðum króna samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar. Árið 2000 var tekjuafgangur af búskap hins opinbera sem nam um 15,5 milljörðum króna, en á árinu 1999 skilaði hið opinbera afgangi upp á 13,4 milljarða króna. Á árinu 2002 er hins vegar gert ráð fyrir halla hjá hinu opinbera upp á 3,4 milljarða.

Mynd 27. Tekjur, gjöld og skuldir hins opinbera 1980-2002
Hlutfall af landsframleiðslu.



Uppgjör Þjóðhagsstofnunar á búskap hins opinbera fylgir þjóðhagssreikningastaðli Sameinuðu þjóðanna. Veigamesti munurinn á því uppgjöri og ríkisreikningi er að hvorki hagnaður af sölu eignarhluta ríkisins í félögum né sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja er fært til tekna í uppgjöri þjóðhagsreikninga heldur fært á endurmatsreikning. Þá eru afskrifaðar skattakröfur vegna gjaldþrota ekki færðar til gjalda heldur á endurmatsreikning og að hluta til lækkunar tekna. Að síðustu má nefna að einungis eru færðar til gjalda þær viðbótar lífeyrissjóðsskuldbindingar sem tengjast launagreiðslum ársins. Ofangreindir liðir skýra þann mun sem er á afgangi ríkissjóðs árið 2000 samkvæmt þjóðhagsreikningum og uppgjöri ríkisbókhalds. Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2000 námu alls tæpum 25 milljörðum króna. Breytingar á launakerfi grunn- og framhaldsskólakennara sem samið var um í lok ársins 2000 og byrjun 2001 höfðu í för með sér bein áhrif á lífeyrisréttindi þessara aðila. Af þessum 25 milljörðum má áætla að um 5 milljarðar séu vegna ársins 2000, en í uppgjöri þjóðhagsreikninga er einungis sá hluti lífeyrisskuldbindinga færður til gjalda á árinu 2000. Þá námu afskriftir skattakrafna um 11 milljörðum króna á árinu 2000, en um 7 milljarða má rekja til endurskoðunar á eftirstöðvum fyrri ára og teljast þær ekki til útgjalda ársins samkvæmt þjóðhagsreikningum. Að lokum er sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja, að fjárhæð rúmlega 3 milljarðar króna, fært á endurmatsreikning í uppgjöri þjóðhagsreikninga en ekki til tekna eins og í ríkisreikningi.

9.1 Ríkisfjármál

Á fjárlögum þessa árs var stefnt að tekjuafgangi á A-hluta ríkissjóðs upp á 33,9 milljarða króna á rekstrargrunni. Útlit er fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 2,7 milljörðum meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Horfur eru á að tekjuskattar og tryggingagjöld gefi meiri tekjur en í fjárlögum, en að tekjur af sköttum á vöru og þjónustu verði lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Á gjaldahlið er reiknað með að útgjöldin aukist um tæpa 13 milljarða króna umfram fjárlög meðal

annars vegna aukinna launaútgjalda, lífeyrisskuldbindinga, rekstar- og neyslutilfærslna og fjárfestinga.

Í uppgjöri Þjóðhagsstofnunar á fjármálum ríkissjóðs sem eins og áður sagði fylgir þjóðhagsreikingastaðli Sameinuðu þjóðanna er áætlað að ríkissjóður verði rekinn með 2,8 milljarða króna halla á árinu 2001 eða 0,4% af landsframleiðslu. Þetta er mun óhagstæðari afkoma en árið á undan er tekjuafgangur nam 17 milljörðum króna. Þá er reiknað með að tekjur ríkissjóðs árið 2001 verði 30% af landsframleiðslu sem er um 1,3 prósentustigum lægra hlutfall en árið á undan. Ef litið er á útgjöldin þá er gert ráð fyrir að þau verði 30,4% af landsframleiðslu á árinu 2001 sem er 1,6 prósentustigi hærra hlutfall en árið 2000.

Mynd 28. Afkoma ríkissjóðs 1980-2002
Hlutfall af landsframleiðslu.



Með hliðsjón af fjárlögum ársins 2002 er útlit fyrir að tekjuafkoma ríkissjóðs verði lakari en í ár og að hallinn verði 6 milljarðar króna á árinu samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar. Þannig er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 29,6% af landsframleiðslu árið 2002 en gjöldin um 30,3% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að árið 1999 voru heildartekjur ríkissjóðs 28,9% af landsframleiðslu og útgjöld 31,6%.

9.2 Fjármál sveitarfélaga

Í áætlunum um fjármál sveitarfélaga árið 2001 er gert ráð fyrir að þau skili 1,8 milljarða króna tekjuafgangi á árinu 2001 sem er um 2,3% af tekjum. Til samanburðar er áætlaður tekjuhalli ársins 2000 1,6 milljarðar króna eða 2,4% af heildartekjum. Talið er að heildartekjur sveitarfélaga nemi 78,1 milljarði króna á þessu ári og heildarútgjöld þeirra 76,3 milljörðum króna eða 10,3% af landsframleiðslu.

Lauslegur framreikningur á grundvelli fjárhagsáætlana helstu sveitarfélaga fyrir árið 2001 sýnir að tekjuafgangur muni aukast og gæti hann orðið 2,5 milljarðar króna á næsta ári. Á árinu 2002 fellur niður sérstakt framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga upp á 700 milljónir króna til sveitarfélaga og einnig 265 milljóna króna framlag sjóðsins vegna grunnskólanna. Útsvarshlutfall hækkar um 0,33 prósentustig sem færir auknar útsvarstekjur og reiknað er með auknum tekjum af fasteignaskatti. Áætlað er að fjárfestingar sveitarfélaganna verði minni en undanfarin ár.

Tafla 17. Fjármál sveitarfélaga 1999–2002

	Milljarðar króna				Hlutfall af landsframleiðslu, %			
	1999	2000	2001	2002	1999	2000	2001	2002
Heildartekjur	60,8	67,6	78,1	84,1	9,8	10,0	10,5	10,7
Heildarútgjöld	63,7	69,2	76,3	81,6	10,2	10,3	10,3	10,4
Tekjuafgangur	-2,9	-1,6	1,8	2,5	-0,5	-0,3	0,2	0,3

9.3 Fjármál hins opinbera

Áætlanir benda til að tekjuafkoma hins opinbera verði neikvæð um 0,9 milljarða króna á þessu ári eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma ársins 2000 15,5 milljarður króna eða 2,3% af landsframleiðslu. Áætlað er að heildartekjur hins opinbera í ár verði 296 milljarðar króna sem er um 0,8% hækkun að raungildi frá fyrra ári miðað við neysluverð. Áætluð heildarútgjöld eru 297 milljarðar króna sem er 7,1% raunaukning frá síðasta ári. Ef heildarútgjöldin er skoðuð í hlutfalli af landsframleiðslu þá eru þau áætluð 40% í ár miðað við 38,6% á árinu 2000. Hlutfall samneyslunnar mælist nú 23,8% en á árinu 2000 var hlutfall samneyslunnar af landsframleiðslu 23,5%. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall verði 24,5% á árinu 2002. Á árinu 2000 voru vaxtaútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu 3,0% en áætlað er að þetta hlutfall verði 3,1% á árinu 2001 og 2,9% árið 2002. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld til fjárfestinga verði svipuð í ár mælt á þennan mælikvarða en að þau lækki á árinu 2002.

Tafla 18. Yfirlit um fjármál hins opinbera 2000–2002
Milljarðar króna.

	Brb.	Áætlun	Spá	Hlutfall af VLF, %		
	2000	2001	2002	2000	2001	200
Heildartekjur	275,8	296,0	308,3	40,9	39,9	39,4
1. Skatttekjur	257,8	277,3	292,4	38,3	37,4	37,3
2. Aðrar tekjur	18,0	18,7	15,9	2,6	2,5	2,1
Heildarútgjöld	260,3	296,9	311,7	38,6	40,0	39,8
1. Samneysla	158,3	176,8	191,9	23,5	23,8	24,5
- þar af afskriftir	13,6	15,2	16,3	2,0	2,0	2,1
2. Önnur útgjöld	115,6	135,3	136,1	17,1	18,2	17,4
Tekjuafgangur	**15,5**	**-0,9**	**-3,4**	**2,3**	**-0,1**	**-0,4**

Lánsfjárþörf opinberra aðila nær til ríkissjóðs, lánasjóða hins opinbera og ríkisfyrirtækja. Á árinu 2000 var lánsfjárþörf þessara aðila 19,5 milljarðar króna eða 2,9% af landsframleiðslu. Lánsfjárafgangur A-hluta ríkissjóðs nam 18,2 milljörðum króna, lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs 33,2 milljörðum króna og annarra opinberra aðila 4,6 milljörðum króna. Á árinu 2001 er gert ráð fyrir að lánsfjárþörf verði 24,9 milljarðar króna sem er 3,4% af landsframleiðslu. Horfur eru á að lánsfjárþörf A-hluta verði 5,9 milljarðar króna en að lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs og annarra aðila verði 19 milljarðar króna.

Tafla 19. Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1999-2002
Milljarðar króna.

	1999	2000	Áætlun 2001	Spá 2002
Hrein lánsfjárþörf				
- Ríkissjóður A-hluti [1]	-26,9	-18,2	5,9	-41,1
- Húsnæðiskerfið	31,2	33,2	15,1	13,7
- Aðrir opinberir aðilar	5,9	4,6	3,9	10,5
Hrein lánsfjárþörf, alls	10,3	19,5	24,9	-16,9
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	1,6	2,9	3,4	-2,2

[1] Hér er lánsfjárþörf sýnd áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Áætlað er að lánsfjárafgangur opinberra aðila verði um 16,9 milljarðar króna á árinu 2002 eða 2,2% af landsframleiðslu. Í þessari umfjöllun um lánsfjárþörf er ekki tekið tillit til framlaga ríkissjóðs í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á árinu 2000 var þetta framlag 8,7 milljarðar króna en er áætlað 12,5 milljarðar í ár og 9 milljarðar á því næsta.

Heildarskuldir hins opinbera eru áætlaðar 344 milljarðar króna í lok ársins 2001 sem er 46,3% af landsframleiðslu, eða 5,1 prósentustigum hærra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði rúmlega 204 milljarðar króna eða 27,5% af landsframleiðslu. Aukningu skulda á árinu 2001 má að nokkrum hluta rekja til aukningar á erlendum skuldum. Annars vegar er þar um að ræða uppfærslu skulda vegna gengisbreytingar, en hins vegar tók ríkissjóður lán að fjárhæð 25 milljarðar króna sem varið var til að styrkja gjaldeyrisforðann og hækka stofnfjárframlag til Seðlabanka Íslands. Áætlað er að heildarskuldir hins opinbera verði 41,1% af landsframleiðslu í lok ársins 2002 og lækki um 5,2 prósentustig af landsframleiðslu frá yfirstandandi ári. Þá er gert ráð fyrir að hreinar skuldir hins opinbera verði 25,9% af landsframleiðslu í árslok 2002.

Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1999-2002

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1999	Bráðab. 2000	Áætl. 2001	Spá 2002	1999	Bráðab 2000	Áætl. 2001	Spá 2002
1. Einkaneysla	365.909	398.740	423.487	445.304	7,2	4,2	-1,0	-0,5
2. Samneysla	143.433	158.329	176.874	191.857	5,1	3,7	3,4	2,9
3. Fjármunamyndun	142.457	160.666	170.762	154.510	-2,4	12,8	-5,1	-13,3
4. Neysla og fjárfesting alls	651.799	717.735	771.123	791.670	4,5	6,0	-1,1	-2,8
5. Birgðabreytingar [2]	120	2.494	-2.897	0	-0,1	0,3	-0,7	0,3
6. Þjóðarútgjöld, alls	651.919	720.229	768.226	791.670	4,4	6,3	-1,8	-2,5
7. Útflutningur vöru og þjónustu	212.981	232.071	291.107	307.117	4,8	6,3	6,1	0,7
8. Innflutningur vöru og þjónustu	241.482	278.640	316.919	315.415	5,7	9,3	-3,6	-4,8
9. Verg landsframleiðsla	**623.418**	**673.660**	**742.414**	**783.372**	**4,0**	**5,0**	**1,9**	**-0,3**
10. Jöfnuður þáttatekna	-13.502	-19.781	-32.210	-36.855	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög	-725	-762	-627	-724	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.–8.+10.+11.)	-42.728	-67.112	-58.649	-45.878	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**609.916**	**653.879**	**710.204**	**746.517**	**4,0**	**4,2**	**0,5**	**-0,7**
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	0,3	-1,1	0,1	0,1
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	4,2	3,1	0,6	-0,6
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	-6,9	-10,0	-7,9	-5,9

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

[3] Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1999-2002

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1999	Bráðab. 2000	Áætl. 2001	Spá 2002	1999	Bráðab. 2000	Áætl. 2001	Spá 2002
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	97.682	94.498	112.123	113.085	-1,2	-3,1	-1,0	-4,0
Ál	22.572	30.212	37.604	42.470	20,8	8,8	7,0	7,5
Kísiljárn	3.235	3.854	4.817	5.061	22,4	41,7	15,0	0,0
Annað	15.352	20.236	25.537	28.405	15,4	44,6	3,8	6,0
Samtals	**138.841**	**148.800**	**180.081**	**189.021**	**5,0**	**5,7**	**2,0**	**0,3**
Útflutt skip og flugvélar	6.207	2.967	3.317	2.987	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	120	2.494	-2.897	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**144.928**	**149.273**	**186.295**	**192.007**	**7,4**	**0,6**	**4,7**	**-1,4**
Vöruinnflutningur alls	**167.310**	**186.755**	**205.890**	**199.068**	**5,0**	**3,8**	**-5,8**	**-7,1**
Almennur vöruinnflutningur	143.417	160.013	172.506	168.134	5,0	3,8	-7,9	-6,5
þ.a. olía	8.601	16.587	19.472	18.997	5,1	2,4	-0,1	-0,3
þ.a. annað	134.816	143.426	153.034	149.137	5,0	3,9	-8,5	-7,1
Sérstakur vöruinnflutningur	23.893	26.742	33.384	30.934	5,2	4,1	6,3	-10,1
Vöruskiptajöfnuður	**-22.382**	**-37.482**	**-19.595**	**-7.061**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	68.053	82.798	104.812	115.109	-0,6	18,9	8,9	4,5
Þjónustugjöld	74.172	91.885	111.029	116.347	7,5	23,2	1,0	-0,2
Þjónustujöfnuður	**-6.119**	**-9.087**	**-6.217**	**-1.238**	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna	**-13.502**	**-19.781**	**-32.210**	**-36.855**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [2]	-725	-762	-627	-724	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	**-42.728**	**-67.112**	**-58.649**	**-45.878**	-	-	-	-

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Tilfærslur nettó frá útlöndum aðrar en launa- og eignatekjur og fjármagnstilfærslur.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1999-2002

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
	1999	Bráðab. 2000	Áætl. 2001	Spá 2002	1999	Bráðab. 2000	Áætl. 2001	Spá 2002
Fjármunamyndun alls	**142.457**	**160.666**	**170.762**	**154.510**	**-2,4**	**12,8**	**-5,0**	**-13,1**
I Atvinnuvegir	**95.754**	**110.570**	**114.405**	**94.337**	**-5,3**	**16,7**	**-9,5**	**-20,1**
1. Landbúnaður	5.174	5.968	6.323	4.934	26,3	14,0	-5,2	-25,6
2. Fiskveiðar	2.400	2.545	4.073	2.887	-52,5	6,6	39,5	-31,9
3. Vinnsla sjávarafurða	4.500	4.500	4.605	4.686	-15,8	-1,9	-3,7	0,0
4. Ál- og kísiljárnframleiðsla	3.557	5.191	6.953	1.250	-67,7	49,0	13,6	-82,3
5. Annar iðnaður	10.460	11.101	12.620	13.341	-1,4	3,2	5,2	1,2
6. Rafvirkjanir og rafveitur	13.170	11.655	14.259	6.633	-14,6	-13,9	12,2	-56,0
7. Hitaveitur	1.762	1.053	1.053	1.053	22,2	-42,0	-6,1	-4,8
8. Vatnsveitur	405	587	616	616	-27,0	40,6	-1,4	-4,8
9. Byggingarstarfsemi o.fl.	3.424	3.620	4.403	4.154	-13,6	6,0	2,2	-9,3
10. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	12.000	14.000	16.039	10.000	56,5	13,2	7,6	-40,6
11. Samgöngur	16.401	21.792	21.651	21.514	-5,0	32,4	-14,9	-4,6
12. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	4.867	8.274	6.194	6.855	14,7	68,8	-36,1	6,3
13. Tölvu- og skrifstofubúnaður	17.634	20.283	15.617	16.414	19,0	24,6	-32,4	0,6
II Íbúðarhús	**22.327**	**25.516**	**28.577**	**30.864**	**0,2**	**10,9**	**6,1**	**3,1**
III Starfsemi hins opinbera	**24.376**	**24.581**	**27.779**	**29.309**	**9,8**	**-2,1**	**6,1**	**0,5**
1. Vegir og brýr	4.082	4.672	5.955	7.000	13,9	11,1	19,7	12,0
2. Götur og holræsi	4.315	4.691	5.746	5.964	7,3	5,5	15,0	-1,1
3. Byggingar hins opinbera	15.979	15.218	16.079	16.346	9,5	-7,6	-0,8	-3,2

Skýringar:

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1991-2000

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Bráðab. 2000
1. Einkaneysla	239.517	240.278	237.402	247.821	258.215	278.656	298.170	332.239	365.909	398.740
2. Samneysla	81.501	83.927	88.618	93.823	98.961	105.563	112.775	127.754	143.433	158.329
3. Fjármunamyndun	83.940	76.885	71.776	74.398	75.386	97.868	109.868	144.493	142.457	160.666
4. Birgðabreytingar	-891	-486	1.016	-26	2.285	-1.202	102	908	120	2.494
5. Þjóðarútgjöld alls	404.067	400.604	398.812	416.017	434.847	480.885	520.915	605.393	651.919	720.229
6. Útflutningur alls	125.671	121.597	135.694	157.436	161.250	176.836	190.948	203.726	213.000	232.071
6.1 Vörur, fob	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607	125.690	131.213	136.592	144.947	149.273
6.2 Þjónusta	34.111	33.764	41.036	44.782	44.643	51.146	59.735	67.134	68.053	82.798
7. Frádr.: Innflutningur alls	130.491	121.784	122.466	134.631	144.725	173.755	187.717	230.055	241.482	278.640
7.1 Vörur, fob	94.634	87.910	82.386	92.992	103.251	124.489	130.959	161.611	167.310	186.755
7.2 Þjónusta	35.857	33.874	40.080	41.639	41.474	49.266	56.758	68.444	74.172	91.885
8. Verg landsframleiðsla	**399.248**	**400.417**	**412.039**	**438.822**	**451.372**	**483.966**	**524.146**	**579.064**	**623.438**	**673.660**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-10.655	-8.952	-9.890	-13.635	-12.826	-11.301	-11.892	-12.719	-13.502	-19.781
10. Vergar þjóðartekjur	**388.593**	**391.465**	**402.149**	**425.187**	**438.546**	**472.665**	**512.254**	**566.345**	**609.936**	**653.879**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-15.474	-9.139	3.338	9.170	3.699	-8.220	-8.661	-39.048	-41.984	-66.350
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-3.074	-77	12.272	19.662	13.356	1.201	254	-25.019	-22.363	-37.482
11.2 Þjónustujöfnuður	-1.746	-110	956	3.143	3.169	1.880	2.977	-1.310	-6.119	-9.087
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-10.655	-8.952	-9.890	-13.635	-12.826	-11.301	-11.892	-12.719	-13.502	-19.781
12. Afskrift fjármunaeignar	53.308	56.875	61.028	63.429	64.960	67.526	70.907	75.376	81.970	88.509
13. Hreinar þjóðartekjur á markaðsvirði (13.=10.-12.)	335.285	334.590	341.122	361.758	373.586	405.139	441.347	490.970	527.966	565.369
14. Rekstrarframlög nettó frá útlöndum	-510	-269	-211	-626	-306	-464	-238	-1.003	-725	-762
15. Ráðstöfunartekjur nettó	334.774	334.321	340.911	361.132	373.280	404.675	441.109	489.967	527.241	564.607
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	60,0%	60,0%	57,6%	56,5%	57,2%	57,6%	56,9%	57,4%	58,7%	59,2%
2. Samneysla	20,4%	21,0%	21,5%	21,4%	21,9%	21,8%	21,5%	22,1%	23,0%	23,5%
3. Fjármunamyndun	21,0%	19,2%	17,4%	17,0%	16,7%	20,2%	21,0%	25,0%	22,9%	23,8%
4. Birgðabreytingar	-0,2%	-0,1%	0,2%	0,0%	0,5%	-0,2%	0,0%	0,2%	0,0%	0,4%
5. Þjóðarútgjöld alls	101,2%	100,0%	96,8%	94,8%	96,3%	99,4%	99,4%	104,5%	104,6%	106,9%
6. Útflutningur alls	31,5%	30,4%	32,9%	35,9%	35,7%	36,5%	36,4%	35,2%	34,2%	34,4%
6.1 Vörur, fob	22,9%	21,9%	23,0%	25,7%	25,8%	26,0%	25,0%	23,6%	23,2%	22,2%
6.2 Þjónusta	8,5%	8,4%	10,0%	10,2%	9,9%	10,6%	11,4%	11,6%	10,9%	12,3%
7. Frádr.: Innflutningur alls	32,7%	30,4%	29,7%	30,7%	32,1%	35,9%	35,8%	39,7%	38,7%	41,4%
7.1 Vörur, fob	23,7%	22,0%	20,0%	21,2%	22,9%	25,7%	25,0%	27,9%	26,8%	27,7%
7.2 Þjónusta	9,0%	8,5%	9,7%	9,5%	9,2%	10,2%	10,8%	11,8%	11,9%	13,6%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,3%	-2,3%	-2,2%	-2,2%	-2,9%
10. Vergar þjóðartekjur	**97,3%**	**97,8%**	**97,6%**	**96,9%**	**97,2%**	**97,7%**	**97,7%**	**97,8%**	**97,8%**	**97,1%**
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga	-3,9%	-2,3%	0,8%	2,1%	0,8%	-1,7%	-1,7%	-6,7%	-6,7%	-9,8%
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-0,8%	0,0%	3,0%	4,5%	3,0%	0,2%	0,0%	-4,3%	-3,6%	-5,6%
11.2 Þjónustujöfnuður	-0,4%	0,0%	0,2%	0,7%	0,7%	0,4%	0,6%	-0,2%	-1,0%	-1,3%
11.3 Launa- og eignat. frá útl., nettó	-2,7%	-2,2%	-2,4%	-3,1%	-2,8%	-2,3%	-2,3%	-2,2%	-2,2%	-2,9%
12. Afskrift fjármunaeignar	13,4%	14,2%	14,8%	14,5%	14,4%	14,0%	13,5%	13,0%	13,1%	13,1%
13. Hreinar þjóðartekjur á markaðsvirði (13.=10.-12.)	84,0%	83,6%	82,8%	82,4%	82,8%	83,7%	84,2%	84,8%	84,7%	83,9%
14. Rekstrarframlög nettó frá útlöndum	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	-0,1%	0,0%	-0,2%	-0,1%	-0,1%
15. Ráðstöfunartekjur nettó	83,9%	83,5%	82,7%	82,3%	82,7%	83,6%	84,2%	84,6%	84,6%	83,8%
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	102,9	99,7	95,1	97,8	100,0	105,4	110,7	122,2	131,0	136,5
2. Samneysla	103,1	102,3	104,7	108,9	110,8	112,1	114,9	118,8	124,9	129,5
3. Fjármunamyndun	103,3	91,8	82,0	82,4	81,5	102,4	112,7	145,6	142,1	160,4
4. Þjóðarútgjöld alls	104,5	99,7	95,6	98,0	100,1	107,4	113,3	128,1	133,7	142,1
5. Útflutningur alls	94,1	92,3	98,7	108,4	106,2	116,6	123,3	126,0	132,0	140,4
5.1 Vörur	92,1	91,2	95,8	107,4	105,1	114,6	116,8	114,4	122,9	123,7
5.2 Þjónusta	99,8	95,4	106,9	111,2	109,3	122,4	141,9	159,1	158,1	188,0
6. Frádr.: Innflutningur alls	105,3	99,1	91,5	95,4	99,1	115,7	125,5	154,8	163,6	178,8
6.1 Vörur	104,9	99,8	87,2	93,7	99,7	116,3	123,1	152,9	160,5	166,7
6.2 Þjónusta	106,5	97,2	103,3	99,9	97,5	113,9	132,0	159,8	171,8	211,6
7. Verg landsframleiðsla	**100,7**	**97,4**	**98,0**	**102,4**	**102,5**	**107,8**	**112,7**	**118,7**	**123,4**	**129,6**
8. Vergar þjóðartekjur	**102,6**	**99,5**	**98,5**	**102,2**	**103,0**	**107,7**	**113,8**	**122,1**	**127,2**	131,1

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Bráðab. 2000
Verðvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	106,7	110,5	114,5	116,2	118,4	121,2	123,5	124,6	128,0	133,9
2. Samneysla	108,2	112,3	115,9	118,0	122,3	128,9	134,4	147,2	157,2	167,4
3. Fjármunamyndun	106,1	109,3	114,3	117,8	120,8	124,7	127,3	129,6	130,9	130,8
4. Þjóðarútgjöld alls	106,3	110,5	114,8	116,8	119,5	123,2	126,5	130,0	134,1	139,4
5. Útflutningur alls	106,9	105,5	110,1	116,2	121,6	121,3	123,9	129,4	129,1	132,3
5.1 Vörur	107,5	104,2	106,9	113,4	120,1	118,6	121,5	129,2	127,6	130,6
5.2 Þjónusta	105,3	109,0	118,2	123,9	125,7	128,7	129,6	129,9	132,5	135,6
6. Frádr.: Innflutningur alls	103,3	102,4	111,6	117,7	121,7	125,2	124,7	123,9	123,1	129,9
6.1 Vörur	102,9	100,5	107,8	113,2	118,1	122,1	121,4	120,6	118,9	127,8
6.2 Þjónusta	104,2	107,8	120,1	129,0	131,7	133,9	133,2	132,6	133,7	134,4
7. Verg landsframleiðsla	**107,6**	**111,6**	**114,1**	**116,3**	**119,5**	**121,9**	**126,2**	**132,4**	**137,1**	**141,0**
8. Vergar þjóðartekjur	**106,4**	**110,5**	**114,7**	**116,9**	**119,6**	**123,2**	**126,5**	**130,3**	**134,7**	**140,1**
%-breyting frá fyrra ári, magn										
1. Einkaneysla	2,9%	-3,1%	-4,7%	2,9%	2,2%	5,4%	5,1%	10,4%	7,2%	4,2%
2. Samneysla	3,1%	-0,7%	2,3%	4,0%	1,8%	1,2%	2,5%	3,4%	5,1%	3,7%
3. Fjármunamyndun	3,3%	-11,1%	-10,7%	0,6%	-1,1%	25,7%	10,0%	29,2%	-2,4%	12,8%
4. Þjóðarútgjöld alls	4,5%	-4,6%	-4,2%	2,5%	2,2%	7,2%	5,5%	13,1%	4,4%	6,3%
5. Útflutningur alls	-5,9%	-1,9%	7,0%	9,9%	-2,1%	9,9%	5,7%	2,2%	4,8%	6,3%
5.1 Vörur	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,2%	-2,2%	9,1%	1,9%	-2,1%	7,4%	0,6%
5.2 Þjónusta	-0,2%	-4,4%	12,0%	4,1%	-1,7%	12,0%	16,0%	12,1%	-0,6%	18,9%
6. Frádr.: Innflutningur alls	5,3%	-5,9%	-7,7%	4,2%	4,0%	16,7%	8,5%	23,3%	5,7%	9,3%
6.1 Vörur	4,9%	-4,9%	-12,7%	7,5%	6,5%	16,6%	5,8%	24,2%	5,0%	3,8%
6.2 Þjónusta	6,5%	-8,7%	6,2%	-3,3%	-2,5%	16,9%	15,8%	21,1%	7,5%	23,2%
7. Verg landsframleiðsla	**0,7%**	**-3,3%**	**0,6%**	**4,5%**	**0,1%**	**5,2%**	**4,6%**	**5,3%**	**4,0%**	**5,0%**
8. Vergar þjóðartekjur	**2,6%**	**-3,0%**	**-1,0%**	**3,7%**	**0,8%**	**4,6%**	**5,6%**	**7,3%**	**4,2%**	**3,0%**
%-breyting frá fyrra ári, verð										
1. Einkaneysla	6,7%	3,5%	3,6%	1,4%	1,9%	2,4%	1,8%	1,0%	2,7%	4,6%
2. Samneysla	8,2%	3,7%	3,2%	1,8%	3,6%	5,4%	4,2%	9,5%	6,8%	6,4%
3. Fjármunamyndun	6,1%	3,0%	4,6%	3,1%	2,5%	3,3%	2,1%	1,8%	1,0%	-0,1%
4. Þjóðarútgjöld alls	6,3%	3,9%	3,9%	1,8%	2,3%	3,1%	2,7%	2,8%	3,2%	3,9%
5. Útflutningur alls	6,9%	-1,3%	4,3%	5,6%	4,6%	-0,2%	2,1%	4,4%	-0,2%	2,5%
5.1 Vörur	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%	5,9%	-1,2%	2,5%	6,3%	-1,2%	2,3%
5.2 Þjónusta	5,3%	3,5%	8,5%	4,9%	1,4%	2,3%	0,7%	0,3%	2,0%	2,3%
6. Frádr.: Innflutningur alls	3,3%	-0,8%	8,9%	5,5%	3,4%	2,9%	-0,4%	-0,6%	-0,7%	5,6%
6.1 Vörur	2,9%	-2,4%	7,3%	5,0%	4,3%	3,4%	-0,6%	-0,6%	-1,4%	7,5%
6.2 Þjónusta	4,2%	3,5%	11,4%	7,4%	2,1%	1,6%	-0,5%	-0,4%	0,8%	0,5%
7. Verg landsframleiðsla	**7,6%**	**3,7%**	**2,3%**	**1,9%**	**2,7%**	**2,0%**	**3,6%**	**4,9%**	**3,6%**	**2,9%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	257.965	261.103	263.783	266.006	267.380	268.927	270.915	273.794	277.184	281.300
Magnvísitala, 1990=100	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9	105,5	106,3	107,5	108,8	110,4
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	101,6	97,3	91,8	93,7	95,3	99,8	104,1	113,7	120,5	123,6
2. Samneysla	101,8	99,9	101,1	104,3	105,6	106,2	108,0	110,6	114,8	117,3
3. Fjármunamyndun	102,0	89,6	79,2	79,0	77,7	97,0	106,0	135,5	130,6	145,3
4. Þjóðarútgjöld alls	103,2	97,3	92,3	93,8	95,4	101,7	106,5	119,2	122,9	128,7
5. Útflutningur alls	92,9	90,0	95,3	103,8	101,2	110,5	116,0	117,3	121,4	127,2
5.1 Vörur	91,0	89,0	92,5	102,9	100,1	108,6	109,8	106,5	113,0	112,0
5.2 Þjónusta	98,5	93,1	103,2	106,5	104,2	115,9	133,5	148,0	145,3	170,3
6. Frádr.: Innflutningur alls	104,0	96,7	88,4	91,3	94,5	109,6	118,0	144,0	150,3	161,9
6.1 Vörur	103,6	97,4	84,2	89,7	95,1	110,2	115,8	142,3	147,6	151,0
6.2 Þjónusta	105,2	94,9	99,8	95,7	92,9	108,0	124,1	148,7	157,9	191,7
7. Verg landsframleiðsla	**99,5**	**95,1**	**94,6**	**98,0**	**97,7**	**102,1**	**106,0**	**110,5**	**113,5**	**117,4**
8. Vergar þjóðartekjur	**101,4**	**97,1**	**95,2**	**97,9**	**98,2**	**102,1**	**107,0**	**113,6**	**116,9**	**118,7**
Landsframleiðsla á mann í dollurum										
1. VLF á mann, skráð gengi dollars	26.234	26.649	23.106	23.586	26.095	27.062	27.257	29.740	31.060	30.597
2. VLF á mann, jafnvirðisgildi dollars	18.059	18.454	18.842	19.616	22.241	23.433	24.154	25.359	26.306	27.432

Tafla 5. Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar 2000-2001

	2000				2001	
	1. árs-fjórðungur	2. árs-fjórðungur	3. árs-fjórðungur	4. árs-fjórðungur	1. árs-fjórðungur	2. árs-fjórðungur
Milljónir kr. á verðlagi hvers tíma						
Einkaneysla	90.940	100.521	100.900	106.379	96.392	105.804
Samneysla	34.562	38.762	40.608	44.398	38.309	43.553
Fjármunamyndun	36.558	43.828	40.710	39.570	46.187	37.523
Birgðabreytingar	-332	291	-469	3.004	-2.856	-41
Þjóðarútgjöld, alls	161.728	183.402	181.749	193.351	178.032	186.839
Útflutningur vöru og þjónustu	50.252	55.637	66.808	59.373	65.066	71.863
Innflutningur vöru og þjónustu	57.654	71.624	73.974	75.388	74.923	75.103
Verg landsframleiðsla	154.326	167.415	174.582	177.336	168.175	183.599
Magnbreyting frá fyrra ári, %						
Einkaneysla	3,3	5,6	3,3	4,5	2,3	-1,0
Samneysla	5,3	4,1	10,4	-3,0	5,5	3,8
Fjármunamyndun	18,4	6,4	12,4	16,1	18,0	-20,8
Birgðabreytingar [1)]	-0,3	-0,1	0,0	1,3	-0,8	-0,4
Þjóðarútgjöld, alls	6,7	5,4	6,7	6,4	5,9	-5,5
Útflutningur vöru og þjónustu	0,7	1,7	14,4	1,5	15,8	5,9
Innflutningur vöru og þjónustu	10,8	6,3	8,4	10,1	13,4	-14,7
Verg landsframleiðsla	2,9	3,6	8,8	3,3	6,2	3,0

Skýringar:

[1)] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 6. Tekjur, verðlag, kaupmáttur og gengi 1993-2002

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Áætlun 2001	Spá 2002
I Vísitölur 1990=100										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	106,7	108,3	114,2	121,6	126,8	140,2	150,8	160,9	171,3	179,6
Laun [1]	113,1	114,4	119,6	127,2	134,2	146,8	156,6	166,9	181,1	191,1
Verðlag										
Neysluverðsvísitala	115,3	117,0	119,0	121,7	123,9	126,0	130,3	136,9	145,8	154,4
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	92,5	92,5	96,0	99,9	102,4	111,3	115,7	117,5	117,5	116,3
Laun [1]	98,1	97,8	100,5	104,6	108,3	116,5	120,2	121,9	124,2	123,7
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	110,6	116,0	116,1	116,2	114,7	112,8	112,7	112,7	133,1	139,2
Raungengi miðað við verð	97,0	91,7	91,8	92,1	92,9	94,5	96,3	99,0	86,8	87,8
Raungengi miðað við laun	96,4	88,8	92,7	93,7	96,5	100,8	102,5	105,6	92,9	92,0
II Breytingar frá fyrra ári, %										
Tekjur										
Ráðstöfunartekjur á mann	-3,8	1,5	5,5	6,5	4,3	10,5	7,5	6,7	6,5	4,8
Laun [1]	1,4	1,2	4,5	6,4	5,4	9,4	6,8	6,6	8,5	5,5
Verðlag										
Neysluverðsvísitala, milli ársmeðalt	4,1	1,5	1,7	2,3	1,8	1,7	3,4	5,1	6,5	5,9
Neysluverðsvísitala, yfir ár	2,4	3,2	1,7	1,6	2	2,2	1,3	3,5	8,8	3,4
Kaupmáttur [2]										
Ráðstöfunartekjur á mann	-7,6	0,0	3,7	4,1	2,5	8,7	4,0	1,5	0,0	-1,0
Laun [1]	-2,6	-0,3	2,8	4,1	3,6	7,6	3,2	1,4	1,9	-0,4
Gengi										
Meðalverð erlendra gjaldmiðla [3]	9,8	4,9	0,1	0,1	-1,3	-1,7	-0,1	0,0	18,1	4,6
Raungengi miðað við verð	-5,4	-5,4	0,1	0,2	0,9	1,7	1,9	2,8	-12,3	1,1
Raungengi miðað við laun	-9,0	-7,9	4,4	1,1	2,9	4,5	1,7	3,0	-12,0	-1,0

Skýringar:

[1] Miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands.

[2] Miðað við neysluverðsvísitölu.

[3] Miðað við gengiskráningarvog, 31.12.1991=100.

Tafla 7. Afli og aflaverðmæti 1994-2002

Þúsund tonn	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Bráðab. 2001	Spá 2002
Þorskur	215	203	204	209	243	261	236	236	206
Annar botnfiskur	343	308	298	268	257	253	257	246	250
Ýsa	58	60	56	43	41	45	42	35	35
Ufsi	63	47	39	37	31	31	33	31	31
Karfi	95	89	68	73	69	67	71	64	70
Úthafskarfi	47	29	53	39	47	43	45	45	45
Steinbítur	13	13	15	12	12	14	15	15	13
Grálúða	28	27	22	19	11	11	15	20	20
Skarkoli	12	11	11	11	7	7	5	5	5
Annað	27	31	34	34	40	35	30	30	30
Síld	130	110	100	71	77	94	102	110	125
Íslandssíld	21	174	165	220	200	203	186	70	132
Loðna	754	716	1.179	1.319	750	704	892	1.000	1.000
Kolmunni	-	-	-	11	69	160	259	300	300
Humar	2	1	2	1	1	1	1	1	2
Rækja	75	84	90	83	63	43	33	32	29
Hörpudiskur	8	8	9	10	10	9	9	9	7
Annað	6	5	12	7	9	4	3	3	3
Heildarafli	1.555	1.609	2.059	2.199	1.679	1.732	1.980	2.008	2.053
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði[1], %:									
Samtals	-0,3	-0,6	8,1	-1,3	-7,9	-2,4	-3,9	-1,4	-4,8
Samtals án loðnu	-0,8	-1,7	0,0	-5,1	-1,3	-1,4	-5,2	-3,1	-5,6

Skýringar:

[1] Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Afli áranna 1994-1995 er á verðlagi ársins 1995. Afli áranna 1996-1998 er á verðlagi ársins 1998, afli áranna 1996-1999 er á verðlagi ársins 1998 og afli ársins 1999 á verði ársins 1999. Afli áranna 2000 og 2001 er á verðlagi ársins 2000. Allur afli, heima og erlendis, er verð- Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó upp í verðmæti útflutnings eftir fisktegund.

Tafla 8. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1960-2002 [1)]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,2	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,7	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,4	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,6	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,8	5,9%	74,4	6,1%
1979	72,2	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,3	5,7%	78,8	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,5	-2,2%	79,6	-3,7%
1984	82,8	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,1	10,7%
1988	98,6	-0,1%	101,1	-1,0%
1989	98,8	0,3%	99,4	-1,6%
1990	100,0	1,2%	100,0	0,6%
1991	100,7	0,7%	102,6	2,6%
1992	97,4	-3,3%	99,5	-3,0%
1993	98,0	0,6%	98,5	-1,0%
1994	102,4	4,5%	102,2	3,7%
1995	102,5	0,1%	103,0	0,8%
1996	107,8	5,2%	107,7	4,6%
1997	112,7	4,6%	113,8	5,6%
1998	118,7	5,3%	122,1	7,3%
1999	123,4	4,0%	127,2	4,2%
2000	129,6	5,0%	131,1	3,0%
2000	132,1	1,9%	131,7	0,5%
2002	131,8	-0,3%	130,8	-0,7%

Skýringar:

[1)] Bráðabirgðatölur fyrir 2000, áætlun fyrir 2001 og spá fyrir 2002.
Tölur frá 1990 eru í samræmi við þjóðhagsreikningsstaðal Evrópusambandsins ESA 95.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson,
Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller,
Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Úthlutun sóknardaga til báta sem hafa rétt til veiða samkvæmt þessari grein skal skert um 1/10 á fiskveiðiárinu 2002/2003. Eftir það skal skerða úthlutaða sóknardaga þeirra um sama fjölda að teknu tilliti til flutnings sóknardaga til bátsins og frá honum.

Fiskveiðiárið 2011/2012 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

Bátum sem hafa réttindi til veiða á sóknardögum samkvæmt þessari grein er einnig heimilt til og með fiskveiðiárinu 2010/2011 að róa aðra daga á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert enda hafi þeir þá lokið veiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um sóknardaga, tilkynnt um það til Fiskistofu og leigt til sín veiðiréttindi samkvæmt reglum þar um.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr. með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma. Heimilt er að svæðisbinda veiðar einstakra tegunda enda liggi fyrir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksveiðiþol þeirrar fisktegundar sem um ræðir á viðkomandi svæði.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skal úthlutað til einstakra skipa, sbr. þó ákvæði 6. gr. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild öðlast skip með eftirfarandi hætti:

1. Á fiskveiðiárinu 2002/2003 fær skipið úthlutað aflahlutdeild í samræmi við þau réttindi sem það á samkvæmt því kerfi sem við lýði var við gildistöku þessara laga, að frádreginni skerðingu sem nemur 1/10 aflahlutdeildar.

   Eftir það skal skerða upphaflegu hlutdeildina árlega fyrir úthlutun um sama hundraðshluta til viðbótar að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til skipsins og frá.

   Á fiskveiðiárinu 2011/2012 og framvegis fá þessi skip einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul.
2. Skip öðlast aflahlutdeild með því að leigja hana til sín, sbr. þó 1. tölul. Aflahlutdeild sem skip leigir til sín samkvæmt þessu ákvæði lýtur ekki skerðingarákvæðum 1. tölul.
3. Aflamark skips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 1. og 2. tölul.

Skal Fiskistofa senda útgerð hvers skips sérstaka tilkynningu um aflamark þess í upphafi veiðitímabils eða vertíðar.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Aflahlutdeild sem ekki er ráðstafað á annan hátt í lögum þessum skal boðin til leigu í einingum með stöðugu og jöfnu framboði.

Hver eining er hlutdeild í veiði á tiltekinni fisktegund til fimm ára í senn. Skal hæstbjóðandi fá samning um hverja einingu enda setji hann tryggingu fyrir greiðslu aflahlutdeildarsamningsins.

Fiskiskipaflotinn skiptist í eftirfarandi útgerðarflokka og skal heildaraflahlutdeild í hverjum útgerðarflokki vera samanlögð aflahlutdeild allra skipa og báta í flokknum við gildistöku þessara laga og skal bjóða þá aflahlutdeild sem losnar frá skipum í hverjum flokki til leigu til skipa innan hans:

1. flokkur: Almennur flokkur fiskiskipa sem ekki tilheyra 2. og 3. útgerðarflokki samkvæmt þessari grein og báta undir 15 brúttótonnum sem velja þennan kost.
2. flokkur: Fiskiskip sem veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og falla undir 1. flokk skipa samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga nr. 79 26. maí 1997.
3. flokkur: Bátar undir 15 brúttótonnum. Bátum úr þessum útgerðarflokki skal heimilt að leigja til sín aflamark frá skipum utan flokksins.

Heimildir til sérveiða skulu boðnar til leigu sérstaklega aðgreint eftir svæðum og tegundum.

Útgerðir allra skipa sem leyfi hafa til veiða samkvæmt lögum þessum skulu hafa jafnan rétt til að bjóða í þær aflaheimildir sem í boði verða hafi þær rétt til veiða á viðkomandi svæði og í viðkomandi útgerðarflokki. Sé atvinnuöryggi í sjávarbyggð ógnað vegna skorts á afla til vinnslu er ráðherra þó heimilt að láta bjóða aflaheimildir sérstaklega til leigu til útgerða sem skuldbinda sig til að landa afla til vinnslu þar. Heimildin er háð því skilyrði að Byggðastofnun hafi að beiðni sveitarstjórnar metið aðstæður og lagt til að heimildinni verði beitt.

Heimilt er að skila aflahlutdeild sem skip hafa hlotið skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. og skal þá bjóða hana til leigu að nýju svo fljótt sem auðið er með sambærilegum hætti og aðrar veiðiheimildir. Greitt skal sérstakt umsýslugjald vegna slíks útboðs.

Heimilt skal þeim útgerðum sem leigja til sín aflahlutdeild að framleigja 50% aflamarks og skipta á veiðiheimildum innan síns útgerðarflokks á því fiskveiðiári sem stendur hverju sinni.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd útboða á þeim aflaheimildum sem samkvæmt lögum þessum á að bjóða til leigu á markaði og ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með þessari starfsemi. Fiskistofa getur falið öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta, þar á meðal innheimtu leigugjalds.

Leigugjaldinu skal skila til ríkissjóðs.

Leigugjald vegna veiða á viðkomandi fiskveiðiári skal innheimta með þremur jöfnum greiðslum í samræmi við þá aflahlutdeild sem skipið hefur fengið úthlutað til veiða á því ári skv. 2. tölul. 2. mgr. 7. gr. Skulu eindagar greiðslnanna vera 1. september, 1. janúar og 1. maí.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu flotans í útgerðarflokka, uppboð, leigu og innskilun aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla skal bjóða aflaheimildirnar til leigu samkvæmt ákvæðum 7. gr. a.

5. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætist eftirfarandi málsliður: Ekki er heimilt að framselja aflahlutdeild sem skip hefur hlotið samkvæmt ákvæðum 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 skal skerða aflahlutdeild krókabáta um $^{1}/_{10}$ á ári þannig að fiskveiðiárið 2010/2011 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild $^{1}/_{10}$ af aflahlutdeild bátsins á fiskveiðiárinu 2002/2003 að teknu tilliti til flutnings aflahlutdeildar til og frá bátnum.

Á fiskveiðiárinu 2011/2012 og framvegis fá þessir bátar einungis úthlutað aflahlutdeild í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 7. gr.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2002/2003 skal skerða úthlutanir aflaheimilda samkvæmt ákvæði þessu um $^{1}/_{10}$ á ári þannig að fiskveiðiárið 2010/2011 jafngildi úthlutuð aflahlutdeild samkvæmt ákvæði þessu $^{1}/_{10}$ af því sem hún væri óskert en falli niður að loknu því ári.

9. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXVIII.)

Sjávarútvegsáðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta á næstu tveimur fiskveiðiárum og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða til útgerða. Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.

b. (XXIX.)

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd fimm sérfróðra manna til þess að fylgjast með framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar ef ástæða þykir til, svo sem um framsalsreglur og um framkvæmd aðstoðar við sjávarbyggðir sem eiga við alvarleg atvinnuvandamál að etja vegna skorts á afla til vinnslu. Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd og áhrif þessara laga innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 2002.

Greinargerð.

Meginatriði frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tillögur um verulegar breytingar á nokkrum mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistjórnunarlaga. Megintilgangur breytinganna er að tryggja jafnræði og atvinnufrelsi.

Jafnhliða er gert ráð fyrir breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994, og um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

1. Úthlutun aflahlutdeilda án endurgjalds verður afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á aflahlutdeildarsamningi til fimm ára í senn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Greiðslum fyrir veiðiheimildir verður dreift á það ár sem þær eru nýttar á. Allar aflahlutdeildir verða komnar á markað eftir tíu ár.
2. Fiskveiðiflotanum verður skipt í þrjá útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, og fær hver um sig tiltekinn hluta heildaraflahlutdeilda. Smábátunum er heimilað að leigja til sín aflakvóta frá öðrum útgerðarflokkum en útgerðarmenn annarra fiskiskipa öðlast ekki heimild til að leigja til sín aflakvóta frá smábátum.
3. Sérstakt tillit verður hægt að taka til sjávarbyggða þar sem við mikla atvinnuerfiðleika er að etja vegna skorts á afla til vinnslu með því að heimila sérstakt útboð á aflahlutdeildum til útgerða sem skuldbinda sig til að landa fiski til vinnslu á viðkomandi stað.
4. Vilji útgerð ekki nýta aflahlutdeild sem hún hefur aflað sér á markaði er henni ekki heimilt að framselja hlutdeildina heldur skal skila henni inn og verður hún þá umsvifalaust boðin öðrum. Einungis verður hægt að leigja frá sér innan ársins allt að 50% af aflaheimildum hvers árs, enda hafi útgerð staðið skil á greiðslu vegna heimildanna. Framsalskerfi aflahlutdeilda og aflamarks samkvæmt núverandi úthlutunarkerfi verður óbreytt þau tíu ár sem tekur að hverfa frá því.
5. Tekið er á brottkasti. Næstu tvö fiskveiðiár skal löndun á afla utan kvóta heimiluð. Verð aflans skal miðast við að útgerðir hagnist ekki á slíkum veiðum en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Slíkur afli skal seldur hæstbjóðanda og mismunur af andvirði þess sem útgerðin fær og greidds verðs skal renna til Hafrannsóknastofnunarinnar.
6. Fiskistofu verður falið að hafa umsjón með útboðum aflahlutdeilda en henni jafnframt gefin heimild til þess að fela öðrum aðilum einstaka þætti framkvæmdarinnar. Innheimta leigugjalda á sér stað þrisvar á ári á leigutímanum, jafnóðum og veiðum vindur fram. Leigutekjur renna í ríkissjóð og er m.a. ætlað að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem vegna hafrannsókna og eftirlits.
7. Skipuð verður sérstök nefnd sérfræðinga til þess að fylgjast með áhrifum og afleiðingum þessara breytinga, svo sem hvað varðar framsal aflaheimilda og vanda sjávarbyggða, og getur hún lagt til breytingar ef þurfa þykir hvenær sem er á tímabili kerfisbreytingarinnar. Innan fimm ára skal nefndin skila Alþingi sérstakri skýrslu um málið.

Grundvöllur stefnumörkunar.

Stjórn fiskveiða hefur um árabil verið eitt helsta deilumál meðal þjóðarinnar. Eftir að ljóst varð að takmarka þyrfti aðgang að auðlindinni hefur verið harðlega gagnrýnt að sameign þjóðarinnar skuli hafa verið afhent tilteknum aðilum án endurgjalds og að þeir hafi síðan ver-

ið sjálfráðir um hvort þeir nýttu veiðiréttindi sín til eigin veiða, leigðu þau öðrum eða seldu. Atvinnuréttindum í greininni og aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar var þannig breytt í sérréttindi. Þar með var jafnræði og atvinnufrelsi í þessari grein raskað. Útgerðarmenn hafa fengið að hagnast í skjóli sérréttinda samkvæmt núgildandi kerfi. Það verður aldrei sátt meðal þjóðarinnar um núgildandi úthlutun veiðiréttinda. Það stangast á við réttlætiskennd landsmanna að helsta auðlind hennar skuli þannig afhent fáum sem ígildi eignar.

Við framboð Samfylkingarinnar var sú stefna mótuð að komið skyldi á jafnræði þeirra sem nýta sjávarauðlindina. Þær vonir voru bundnar við niðurstöðu auðlindanefndar að tillögur hennar gætu skapað grundvöll sátta um nýtingu auðlinda í þjóðareign. Í tillögum auðlindanefndar sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir tveimur leiðum til gjaldtöku og úthlutunar veiðiréttinda. Önnur er svokölluð veiðigjaldsleið þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi úthlutun veiðiréttinda til útgerðarmanna líkt og verið hefur en með innheimtu gjalds af nýtingu auðlindarinnar. Nefndin gerir að tillögu sinni að verði veiðigjaldsleiðin farin skuli auka sveigjanleika og aðgengi að greininni með því að skylda útgerðarmenn til að selja hæstbjóðanda hluta af aflahlutdeild sinni árlega á opnum markaði. Útgerðarmenn fengju andvirðið og gætu líka keypt á þessum markaði meira eða minna en þeir seldu. Tillögur endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða liggja nú fyrir. Nefndin er klofin. Meiri hluti hennar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og annar fulltrúi Framsóknarflokksins vilja fara afbrigði af veiðigjaldsleið. Fulltrúar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hinn fulltrúi Framsóknarflokksins vilja hins vegar fara fyrningarleið. Fulltrúar Samfylkingarinnar, fyrst Sighvatur Björgvinsson og síðar Jóhann Ársælsson sem tók við af honum, lögðu til að farin yrði fyrningarleið á grundvelli tillagna Samfylkingarinnar. Góð samstaða virtist á tímabili í nefndinni um að breyta ætti veiðiréttinum í aflahlutdeildarsamninga. Til þess þarf innköllun veiðiheimilda og nýja úthlutun. Þeir sem skipa meiri hlutann nú hlupu frá þeirri umræðu þegar þeim varð ljóst að Samfylkingin mundi aldrei samþykkja að þessum samningum yrði úthlutað eingöngu til þeirra sem eru nú handhafar kvótans. Fulltrúi Samfylkingarinnar gerði þá kröfu að þeir sem vildu stunda útgerð fengju jafnan rétt til að keppa um þær veiðiheimildir sem breytt yrði í aflahlutdeildarsamninga. Helstu rök andstæðinga þeirrar leiðar voru þau að útgerðir mundu ekki þola innköllun veiðiheimilda vegna þess að þær yrðu að kaupa sambærilegar heimildir á markaðnum og þær misstu við innköllunina. Margar þessara útgerða hefðu goldið þessar veiðiheimildir fullu verði. Slík aðferð væri skattur á útgerðina. Þegar ljóst var að ekki næðist áfangi til sátta á þessum grundvelli í nefndinni lagði fulltrúi Samfylkingarinnar fram tillögu um að á næstu sex árum yrðu 5% aflahlutdeilda innkölluð hvert ár, breytt í aflahlutdeildarsamninga og sett á markað þar sem allir útgerðarmenn hefðu jafnræði til að nálgast heimildirnar en handhafar kvótans fengju andvirði samninganna þegar þeir yrðu seldir í fyrsta sinn. Með þessari leið væri komið mjög til móts við þá sem nú eru í útgerð en samt sem áður næðist verulegur áfangi lil lausnar á þessu stóra deilumáli.

Með þessari tillögu var látið reyna á raunverulegan vilja til sátta. Meiri hlutinn felldi þessa tillögu og féllst ekki á að halda áfram umræðum á þeim grundvelli sem þarna var lagður til. Sleit hann öllum viðræðum, lagði hugmyndir um aflahlutdeildarsamninga á hilluna og lagði fram tillögur sínar um þá leið sem Landssambands íslenskra útvegsmanna féllst á þegar auðlindanefnd skilaði af sér. Ekki fór þó meiri hlutinn að tillögum auðlindanefndar um aukinn aðgang að veiðiheimildum eða uppboð á heimildum vegna kostnaðargjalda.

Fyrirsjáanlegt er að ekki er unnt að fara þessa leið þannig að jafnræði og réttlæti verði tryggt. Í þessari leið felst áframhaldandi einokun og greinin verður áfram undir pilsfaldi stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir pólítískum ákvörðunum um upphæð veiðigjaldsins. Þessi tillaga er auk þess ekki í samræmi við meginlínu tillagna auðlindanefndarinnar. Þar er gert

ráð fyrir jafnræði aðila til nýtingar auðlinda í þjóðareign með útboðum nýtingarréttinda, að því tilskildu að samkeppniaðstæður séu fyrir hendi. Tillaga auðlindanefndarinnar um svokallaða fyrningarleið er hins vegar í þeim anda. Þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar er því í samræmi við aðaltillögu auðlindanefndar um ráðstöfun annarra auðlinda í þjóðareign þar sem jafnræði og opinn aðgangur að nýtingunni er haft að leiðarljósi.

Enginn vafi er á því að fyrningarleiðin, og þar með þetta frumvarp þingflokks Samfylkingarinnar, leysir úr aðalágreiningnum um aðgang og gjaldtöku fyrir aðgang að sjávarauðlindinni. Veiðigjaldsleiðin gerir það einungis að hluta og verði sú leið farin munu átökin um auðlindina halda áfram til óbætanlegs tjóns fyrir útgerð á Íslandi og þar með eiganda auðlindarinnar, þjóðina sjálfa.

Úthlutun aflahlutdeildarsamninga á leigumarkaði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að úthlutun aflaheimilda verði í stigvaxandi mæli í formi aflahlutdeildarsamninga sem verði seldir til á markaði þar sem jafnræði ríkir. Með vísan til þess sem fram kemur í þessari greinargerð um að löggjafinn hafi heimildir til að breyta núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi sýnist þingflokknum ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á kerfi sem byggist á gerð slíkra samninga við þá sem reiðubúnir eru að greiða fyrir þá hæst verð enda sé jafnræðis gætt meðal bjóðenda. Það er mat þingflokksins, stutt lögfræðilegum úttektum, að kerfi af þeim toga sem lagt er til að komið verði á rúmist fyllilega innan marka stjórnskipunarinnar.

Aflamarkskerfið hefur verið notað annars vegar sem fiskveiðistjórnunarkerfi og hins vegar í hagrænum tilgangi. Leiga veiðiheimilda er aðferð sem tryggir að mati hagfræðinga að fiskveiðiarðurinn verði áfram til staðar en hann mun skiptast með öðrum hætti en hann gerir nú. Sú aðferð sem notuð verður við uppboð veiðiréttarins mun ráðast af þeim markmiðum sem stefnt verður að. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að með þeim reglum sem settar verði skuli gæta sérstaklega að eftirfarandi:

a. að fulls jafnræðis milli þeirra sem starfa í greininni verði gætt,
b. að stöðugleiki skapist í greininni,
c. að reglur verði einfaldar og skýrar og þátttaka á markaðnum aðgengileg um allt land,
d. að framboði veiðiheimilda verði dreift með það að markmiði að verðlag verði sem stöðugast og útgerðarmenn hafi gott ráðrúm til að meta stöðu sína með tilliti til verðlags á heimildunum.

Heildarafli einstakra fisktegunda verður áfram ákveðinn árlega samkvæmt tillögum vísindamanna og fiskveiðiárið verður óbreytt. Lagt er til að sú leið verði valin að bjóða til sölu aflahlutdeildarsamninga. Með því móti verður auðveldara að gefa útgerðinni kost á veiðiheimildum til lengri tíma og það einfaldar kerfið hvað varðar breytileika fiskstofnanna.

Leiga veiðiheimilda innan ársins hefur verið hluti af viðskiptum með aflaheimildir á undanförnum árum. Eftir að frjálst framsal aflaheimilda var leyft árið 1990 myndaðist strax markaður með slíkar leiguheimildir. Útgerðarmenn þekkja vel til þessa leigukerfis. Takmarkað framboð hefur hins vegar spennt leiguverð langt upp fyrir þau mörk sem jafnvel bestu útgerðir geta borgað. Verðið sem þar hefur ríkt er jaðarverð sem ræðst af ýmsum öðrum aðstæðum en hagnaði af veiðum á viðkomandi tegund. Að loknu aðlögunartímabili, þegar allar aflahlutdeildir eru komnar á markað, má ætla að leigugjald verði í fullu samræmi við afkomumöguleika útgerðarinnar.

Framsal aflaheimilda.

Aflahlutdeildarsamningar sem útgerðir leigja til sín til fimm ára verða ekki framseljanlegir. Útgerðirnar geta hins vegar skilað samningunum til baka ef þær af einhverjum ástæðum sjá sér ekki hag í að nýta sér þá. Er með því horfið frá meginreglu núgildandi laga um óheft framsal aflahlutdeildar. Þingflokkurinn telur þó ekki skynsamlegt að breyta reglum um framsal aflahlutdeilda eða aflamarks í núgildandi kerfi meðan á aðlögunartímanum stendur. Fráleitt væri hins vegar að leyfa eingöngu þeim sem eru handhafar heimilda úr því kerfi að leigja frá sér og til sín. Af þessum ástæðum og til að viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í kerfinu er lagt til að þeir sem leigja til sín aflahlutdeild eftir nýju kerfi geti leigt frá sér 50% aflamarks innan ársins, enda hafi þeir þá staðið skil á leigugjaldinu.

Leigugjald verður innheimt árlega á þremur gjalddögum. Í því er fólgið mikið hagræði fyrir útgerðina þar sem aðgangur hennar að veiðiheimildum verður allur annar en ef reiða þyrfti fram fimm ára leigu á einu bretti. Þetta auðveldar líka aðgang nýliða að greininni.

Aðlögunartími.

Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að útgerðinni verði gert fært að laga sig að þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á stjórn fiskveiða. Í frumvarpinu er lagt til að aðlögun að leigukerfinu ljúki á fiskveiðiárinu 2010/2011. Að því er þá báta varðar sem stunda veiðar samkvæmt kerfi um sóknardaga er gert ráð fyrir að full skerðing eigi sér stað á fimm árum. Með vísan til reifunar Hæstaréttar í máli nr. 145/1998 er ástæða til að telja að slíkur aðlögunartími standist lög.

Aðlögunartíminn miðast við að komið verði í veg fyrir fjárhagsleg áföll útgerðarinnar eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, m.a. vegna fyrri fjárfestinga í aflahlutdeildum. Hann má þó ekki vera mjög langur vegna þess að hann skekkir verulega samkeppnisaðstöðu útgerða á leigumarkaðnum. Úthlutun samkvæmt eldra kerfi til þeirra útgerða sem hafa besta kvótastöðu veitir þeim forskot í samkeppninni og virkar með sama hætti og um ríkisstyrk væri að ræða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða kemur sú regla fram í 2. mgr. 7. gr. að veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skuli úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar og nefnist hún aflahlutdeild skips. Aflahlutdeild skips helst óbreytt frá ári til árs og er því varanleg.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að varanleg aflahlutdeild þeirra sem notið hafa úthlutunar á grundvelli núgildandi laga skerðist til fulls á tíu árum. Lagt er til að á aðlögunartímanum verði veiðirétturinn skertur jafnmikið öll árin. Með þessari aðferð fæst einföld og jöfn aðlögun. Þessi leið er valin með það fyrir augum að koma á jafnræði og sanngirni í atvinnugreininni en á sama tíma að veita þeim sem hafa aflahlutdeild samkvæmt núgildandi kerfi hæfilegt svigrúm til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Atvinnuréttindi og stjórnarskrárvernd.

Þar sem sjómenn eða útgerðarmenn hafa ef til vill áunnið sér ákveðin réttindi í skjóli núgildandi kerfis um stjórn fiskveiða, svo sem eignarréttindi eða atvinnuréttindi, er njóta stjórnarskrárverndar hafa spurningar vaknað um valdheimildir löggjafans til að breyta kerfinu og svipta með því rétthafa samkvæmt núgildandi kerfi þessum réttindum sínum. Ávallt verður að hafa í huga í þessu sambandi að skv. 1. gr. laga nr. 38/1990 myndar úthlutun veiðiheimilda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum“. Um efnið hefur margt verið rætt og ritað á sviði lögfræði og virðist það almennt álit fræðimanna

að breytinga sé vissulega kostur en að hugsanlega séu valdheimildum löggjafans sett ákveðin takmörk að því leyti.

Í ritgerð Þorgeirs Örlygssonar, þáverandi lagaprófessors, sem birt var í Tímariti lögfræðinga í febrúar 1998 og bar yfirskriftina *Hver á kvótann?* kemst hann meðal annars að þeim niðurstöðum um heimildir löggjafans til að breyta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi að löggjafinn geti afnumið núverandi kerfi og tekið upp annað, án þess að slíkt leiði til bótaskyldu, enda eigi núverandi rétthafar aðgang að nýju kerfi og njóti þar jafnræðis á við aðra. Enn fremur kemur fram í ritgerð Þorgeirs að telja verði að löggjafinn hafi rúmar heimildir til þess að breyta eða lagfæra núverandi kerfi, enda sé við slíkar breytingar gætt jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða að öðru leyti.

Ekki er ástæða til að rekja hér þær lögfræðilegu röksemdir sem framangreindu liggja til grundvallar heldur látið við það sitja að benda á að telja verði að það leiði af almennum valdheimildum löggjafans, m.a. til að kveða á um breytt skipulag atvinnu- og efnahagsmála, að hann geti gert breytingar á gildandi fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar. Ætla verður að slíkar breytingar mundu eiga sér stað bótalaust nema gengið yrði svo hart að einstökum aðilum að eignarnám gæti talist.

Það er skoðun þingflokks Samfylkingarinnar að frumvarpið styðjist við jafnræði og almennan efnislegan mælikvarða, sbr. áðurnefnd sjónarmið sem liggja breytingunum til grundvallar, og veiti handhöfum veiðiheimilda samkvæmt núgildandi kerfi fullnægjandi svigrúm til að aðlagast breyttum aðstæðum. Af því leiðir að þingflokkurinn fær ekki séð að kerfið sem frumvarpið miðast við feli í sér brot gegn einstökum greinum í stjórnarskrá lýðveldisins.

Eftir skoðun sérfróðra manna liggja þær niðurstöður fyrir að ekki standi efni til að ætla annað en að tillögur þær sem fram koma í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða standist ákvæði stjórnarskrár:

a. Tillögur um skerðingu varanlegra aflaheimilda á ákveðnu tímabili stangast ekki á við eignarréttarákvæði stjórnarskrár eða önnur ákvæði hennar.
b. Hugmyndir um leigu á aflaheimildum til hæstbjóðanda í samræmi við það fyrirkomulag sem er undirstaða 3. gr. frumvarpsins eru hvorki í ósamræmi við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár né eignarréttarákvæðið í 72. gr.
c. Takmörkun á rétti til framsals aflahlutdeildar og aflamarks, þótt mismunandi sé eftir því hvort aflahlutdeild er úr eldra kerfi eða því sem frumvarpið ráðgerir, er innan þeirra marka sem löggjafinn hefur til að meta nauðsyn slíkra reglna.

Öryggisráðstafanir.

Við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þarf að leitast við að skapa greininni sem best starfsumhverfi og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum og eru þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar við þetta miðaðar.

Margir óttast að rask geti orðið á útgerðarmynstri við breytingar á aðgangi að veiðiheimildum. Stórar og öflugar útgerðir geti náð til sín enn meiri veiðirétti og aukið vanda smærri útgerðarstaða og útgerða. Þingflokkurinn telur rétt að farið verði varlega í þessu efni meðan reynsla kemst á nýja skipan. Þess vegna er lagt til að heimilt verði að skipta flotanum í útgerðarflokka og eru þrír útgerðarflokkar skilgreindir sérstaklega. Með þessu er stórskipaútgerðin skilin frá grunnslóðarveiðiflotanum og smábátum afmarkaður sérstakur „pottur“. Þessi tilhögun á að tryggja að tilfærslur veiðiheimilda valdi ekki stórkostlegri röskun. Einnig munu allar heimildir til sérveiða verða boðnar sérstaklega til leigu.

Enginn vafi er á að staða sjávarbyggðanna mun batna við þá breytingu sem hér er lögð til ef stjórnvöld móta reglur um aðlögun að nýju kerfi og meðferð leiguheimilda með jafnræði

og réttlæti í huga. Stöðugt framboð leiguheimilda og lækkun stofnkostnaðar í útgerð mun tryggja stöðu nýliða í greininni. Sjávarbyggðirnar munu líka hafa allt aðra og betri stöðu en þær hafa nú í samkeppninni um veiðiréttinn.

Þó telur þingflokkurinn rétt að gæta fyllstu varúðar hvað varðar byggðarlög sem standa höllum fæti og er þess vegna gert ráð fyrir að Byggðastofnun geti, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, lagt mat á stöðu slíkra útgerðarstaða. Ráðherra getur á grundvelli slíks mats tekið til ráðstöfunar veiðiheimildir í því skyni að tryggja atvinnu á viðkomandi svæði.

Hlutverk Fiskistofu og ráðstöfun leigugjalds.

Lagt er til að Fiskistofa beri ábyrgð á útleigu veiðiheimildanna. Stofnunin sér um eftirlit með veiðum og að þær séu í samræmi við úthlutaðar heimildir. Allar upplýsingar um flotann og veiðirétt hans eru þar ævinlega til reiðu og þess vegna er skynsamlegt og hagkvæmt að fela stofnuninni þetta verkefni. Fiskistofu yrði hins vegar gefin heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um framkvæmd einstakra þátta en bæri þá ábyrgð á eftirliti með þeirri starfsemi.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir fjármunir sem til falla vegna leigu veiðiheimilda renni í ríkissjóð. Þingflokkur Samfylkingarinnar telur að við ákvarðanir um nýtingu fjármunanna hljóti hafrannsóknir og annar kostnaður við nýtingu auðlindarinnar að verða efst á blaði en einnig að taka eigi sérstakt tillit til byggðasjónarmiða og hagsmuna sveitarfélaga þegar þessum fjármunum verður ráðstafað.

Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á öðrum lögum:

A. Breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Í þeim breytingum felst að útgjöld vegna leigu veiðiheimilda á uppboði skuli heimilt að færa til rekstrargjalda innan hvers rekstrarárs í samræmi við það hvernig útgjöldin falla til. Jafnframt skuli heimilt að afskrifa á næstu tíu árum með 10% afskriftahlutfalli ár hvert þær aflahlutdeildir sem keyptar hafa verið og óafskrifaðar eru.

Einnig verða lagðar til þær breytingar á 17. gr. laganna að óheimilt verði að fresta greiðslu skatts af söluhagnaði hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu söluhagnaðar af hlutabréfum með kaupum á nýjum.

B. Breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994.

Í þeim breytingum felst að gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins (þróunarsjóðsgjald) skuli aðeins greiða af þeim afla sem ekki er tilkominn vegna uppboðs á aflahlutdeild og skal þróunarsjóðsgjaldið aðlagað þeim breytingum þannig að sjóðurinn geti lokið þeim verkefnum sem hann nú hefur innan tiltekins tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bátar á sóknardögum eru einu bátarnir í núgildandi kerfi sem ekki eru hluti af aflamarkskerfinu. Þessi flokkur báta er of smár og með of lítinn hluta aflaheimildanna til að skynsamlegt sé að hafa um hann sérreglur. Veiðiréttur hvers báts í þessum flokki er afar takmarkaður og augljóst virðist að þeir verði betur settir í almenna kerfinu sem á að taka við. Lagt er til að þessir bátar fái sama aðlögunartíma að nýju kerfi og aflamarksbátarnir.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að aflahlutdeild skips skerðist árlega um $1/10$ hluta þess sem hún er á yfir standandi fiskveiðiári og fyrnist þannig á tíu árum. Fiskveiðiárið 2011/2012 hafi skip því einungis þá aflahlutdeild sem það hefur öðlast með leigu á markaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skip öðlist hlutdeild í heildarafla hverrar tegundar á aðlögunartímanum með því að leigja hana til sín á grundvelli útboða til viðbótar því sem skipið fær úthlutað af ófyrntri aflahlutdeild skv. 2. gr.

Lagt er til að aflahlutdeildir sem losna samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga þessara verði boðnar út til fimm ára í senn. Þær verða boðnar út í þremur flokkum skipa, m.a. til að tryggja það að röskun á útgerðarmynstri verði ekki mikil á aðlögunartímanum.

Þótt aflahlutdeild sé leigð til fimm ára er einungis greitt fyrir hvert fiskveiðiár í senn og skal greiðslan innt af hendi á þremur gjalddögum. Ef útgerð nýtir ekki þá aflahlutdeild sem hún hefur tryggt sér skilar hún henni inn svo hún verði boðin öðrum. Ekki er heimilt að skila inn aflahlutdeild vegna yfirstandandi fiskveiðiárs. Umsýslugjald er aðeins vegna kostnaðar við nýtt útboð. Einungis verður heimilt að leigja frá sér 50% aflahlutdeildar innan ársins, enda er meginreglan sú að menn hafi ekki ráðstöfunarrétt á öðru en því sem þeir hafa greitt fyrir.

Fiskistofu verður falið að sjá um útboðið, enda sá aðili sem hefur allar upplýsingar um aflahlutdeild skipa og þær breytingar sem á þeim verða. Fiskistofu verður þó heimilt að fela öðrum framkvæmd einstakra þátta. Leigugjaldið rennur í ríkissjóð og er m.a. hugsað til þess að standa undir kostnaði hins opinbera af nýtingu auðlindarinnar, svo sem við hafrannsóknir og eftirlit.

Í þessari grein eru jafnframt úrræði fyrir stjórnvöld að bregðast við ef atvinnuöryggi í sjávarbyggð er ógnað vegna skorts á afla til vinnslu. Þetta úrræði er í samræmi við meginhugsun frumvarpsins um jafnræði hvað varðar aðgang að auðlindinni en sjávarútvegsráðherra verður heimilt að bjóða til leigu aflaheimildir sem þau skip ein geta boðið í sem skuldbinda sig til að landa aflanum til vinnslu í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 4. gr.

Verði veiðar takmarkaðar eftir að þessi lög taka gildi á tegundum sjávardýra sem ekki hafa áður verið takmarkaðar er lagt til að allar slíkar veiðiheimildir verði boðnar til leigu.

Um 5. gr.

Þetta frumvarp miðar að því að breyta aðgangi að aflaheimildum. Þess vegna væri ekki eðlilegt að auka hlut þeirra sem fengju úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar með heimildum sem ætlaðar eru til uppbóta.

Um 6.–8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Margir telja brottkast afla einn af verstu fylgifiskum núgildandi aflamarkskerfis. Stöðugt ganga sögur um að afla sé fleygt í sjóinn. Án vafa er fiski hent í nokkrum mæli en afar erfitt hefur hins vegar reynst að meta hve mikið meint brottkast er. Mjög mikilvægt er að fá um það örugga vissu hvort og í hve miklum mæli fiski er fleygt fyrir borð vegna kvótakerfisins. Hér er lagt til að gerð verði umfangsmikil athugun á þessu máli sem standi yfir í tvö ár. Að slíkri athugun lokinni er hægt að meta á grundvelli fullnægjandi þekkingar hvort og þá hvernig skuli bregðast við.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Árni Steinar Jóhannsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2003.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði fyrir eðlilega verðmyndun á öllum óunnum fiski á markaði, heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði.

Greinargerð.

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland eru bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvist má telja að það viðskiptalega umhverfi sem nú ríkir í verslun með óunninn fisk hér á landi fullnægi ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

b. Íslensk samkeppnislög.

Sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi."

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Óviðunandi ástand á innlendum fiskkaupamarkaði.

Með vísan til framangreindra ákvæða samkeppnislaga hlýtur það ástand sem nú ríkir og varað hefur um árabil á markaði um kaup og sölu á óunnum fiski, og alkunnugt er hvernig er háttað, að teljast óviðunandi. Engin skilyrði eru til eðlilegrar verðmyndunar á fiski og ótruflaðrar samkeppni í fiskviðskiptum þrátt fyrir að í landinu hafi um árabil verið starfandi uppboðsmarkaðir fyrir fisk.

Fiskviðskipti við núverandi kringumstæður skapa ófrið um verðlagningu á fiski milli sjómanna og útvegsmanna og grafa einnig undan tilvistargrundvelli innlendra fiskmarkaða. Skiptir þá ekki meginmáli hvort um viðskipti milli óskyldra eða skyldra aðila er að ræða. Þá er ríkjandi mikil samkeppnisleg mismunun í fiskvinnslunni sem bitnar hart á fiskvinnslufyrirtækjum sem ekki tengjast útgerð.

a. Viðskipti milli óskyldra aðila

Enda þótt sá fiskur sem kemur til sölu á íslenskum fiskmörkuðum seljist að öllu jöfnu á mjög háu verði er samt sem áður ríkjandi mikill fiskskortur á mörkuðunum. Í stað þess að selja fiskinn hæstbjóðanda leita útgerðir í auknum mæli eftir svokölluðum „beinum viðskiptum". Í slíkum viðskiptum er samið um fast verð á fiskinum sem er langt undir ríkjandi verði á mörkuðum, oftast aðeins um helmingur eða jafnvel minna.

Ástæðurnar fyrir slíkum viðskiptum er að finna í ákvæðum gildandi laga um fiskveiðistjórn sem heimila frjálst framsal aflaheimilda án þess að slíku framsali séu settar nægilegar skorður og enn mun framsalið og þessi viðskipti aukast með kvótasetningu smábátaflotans.

Þessi „beinu viðskipti" verða vegna þess að útgerð viðkomandi fiskiskips sér hag í því að leggja aflann upp hjá fiskverkanda með þeim skilmálum að hluti aflaverðmætis greiðist með peningum en hinn hlutinn með því að fiskverkandi kaupi veiðiheimildir á viðkomandi skip, eða leggi þær fram og fénýti á þennan hátt, hafi hann yfir slíkum heimildum að ráða. Aflahlutur áhafnar miðast síðan aðeins við þann hlutann sem greiddur er með peningum og sama máli gegnir með lögboðin gjöld, svo sem hafnargjöld. Raunverðið á fiski í þessum viðskiptum, þegar allt er talið, er hins vegar í fullu samræmi við ríkjandi verð á fiskmörkuðum á sama tíma.

b. Viðskipti milli skyldra aðila.

„Viðskipti" milli útgerðar og fiskvinnslu í eigu sama aðila eru að því leyti sama marki brennd og viðskipti milli óskyldra aðila að viðmiðunarverðið á fiskinum til hlutaskipta er

a.m.k. að mestu leyti úr öllum tengslum við ríkjandi markaðsverð. Eigandinn, þ.e. viðkomandi fyrirtæki, er því í raun með þessu að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Hvort sem fiskviðskiptin eiga sér stað milli óskyldra aðila eða innan sama fyrirtækis verður niðurstaðan sú sama, falskt fiskverð sem knúið er fram í krafti þeirrar stöðu sem útgerðin hefur með yfirráðum sínum yfir veiðiheimildum. Hérlendis ríkir feluleikur og óljósir viðskiptahættir um sjávarfang þar sem mörg viðskiptaform eru aldrei upplýst. Þetta ástand leiðir til þess að á Íslandi liggja upplýsingar um afurðaverð á erlendum mörkuðum fyrir unninn fisk og fiskafurðir ekki fyrir mánuðum og jafnvel árum saman. Á sama tíma eru auðfengnar allar upplýsingar um verð afurða hjá öðrum þjóðum, t.d. í Færeyjum og Noregi.

Fénýting veiðiheimilda í viðskiptum með fisk yrði bönnuð.

Núverandi ástand í fiskviðskiptum með svo brengluðu verðmyndunarkerfi, eins og fyrr er lýst, er algjörlega óhæft. Þær ráðstafanir sem Alþingi greip til árið 1998 með setningu laga um stofnun Kvótaþings og Verðlagsstofu skiptaverðs, og ætlað var að færa ástand þessara mála til betra horfs, hafa samkvæmt fenginni reynslu mistekist með öllu. Lögin um kvótaþing hafa nú verið afnumin án þess að bæta ástandið og á upplýsingavef Fiskistofu sést að uppgefin leiguverð á óveiddum fiski eru algjör markleysa. Því er brýnt að löggjafinn grípi inn í að nýju með því að áskilja með lögum fullan fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu. Að sjálfu leiðir að í slíkri löggjöf fælist algjört bann við því að veiðiheimildir yrðu fénýttar í viðskiptum með fisk.

Þjóðhagsleg hagkvæmni veiða og vinnslu mundi aukast.

Þessa fullyrðingu mætti rökstyðja í löngu máli en verður ekki gert hér, enda ætti þess ekki að gerast þörf. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, eins áður segir, að koma á eðlilegri samkeppni í viðskiptum með fisk. Virk samkeppni er árangursríkasta leiðin til þess að ná sem hagkvæmastri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins eins og kveðið er á um í 1. gr. gildandi samkeppnislaga. Löng reynsla annarra þjóða af virkri samkeppni sem árangursríkustu leiðinni til eðlilegra viðskiptahátta talar skýru máli. Til lengri tíma litið má því einnig telja fullvíst að breytingin yrði til góðs fyrir atvinnugreinina hér á landi.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrædd, og er því endurflutt.

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Flm.: Þuríður Backman, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á næstu árum átak til að efla byggð um land allt og stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs og mannlífs. Átakið hefjist 2002 á Austurlandi og beinist að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta- og menningarmála. Til þessa átaksverkefnis á Austurlandi verði veitt 400 millj. kr. árlega í sex ár af fjárlögum íslenska

ríkisins. Þróunarfélagi Austurlands verði falin ábyrgð á ráðstöfun fjárins að því er Austurland varðar. Árangur og framvinda verkefnisins verði metin áður en tímabilið er hálfnað og í ljósi þess verði öðrum landshlutabundnum átaksverkefnum hrundið af stað. Hvert átaksverkefni standi í allt að sex ár og verði metið á sama hátt og það fyrsta. Við val verkefna verði annars vegar lögð áhersla á fjölbreytni í atvinnusköpun og hins vegar á stuðning við hvers kyns nýsköpun og þróun.

Greinargerð.

Um nokkurra ára skeið hafa átt sér stað stórfelldir búferlaflutningar hér á landi. Mikil fólksfjölgun hefur verið á höfuðborgarsvæðinu en víðast hvar á landsbyggðinni hefur fólki fækkað að sama skapi. Þannig hefur t.d. ársstörfum undanfarið fækkað gífurlega í mörgum sjávarplássum með sölu og/eða flutningi aflaheimilda og aukinni tæknivæðingu í útgerð og fiskvinnslu. Á sama tíma hefur orðið mikill samdráttur í hefðbundnum búskap. Þjónusta við þessar undirstöðuatvinnugreinar hefur því einnig dregist saman. Einnig hefur dregið úr opinberri þjónustu á mörgum sviðum. Þegar búferlaflutningar verða umfram eðlilega þróun og fækkun íbúa fer að segja til sín í samfélaginu hefst flókið ferli sem ekki er einfalt að skilgreina. Við ákveðnar aðstæður flytur jafnvel það fólk sig um set sem hefur góða vinnu og húsnæði. Brýnt er að bregðast við þessari þróun og að mati flutningsmanna eðlilegt að til þess verði varið fjármagni úr sameiginlegum sjóði landsmanna en nýting þess verði á hendi heimaaðila. Með tillögunni sem hér er lögð fram er verið að stíga fyrsta skrefið af mörgum nauðsynlegum til að rétta hag landsbyggðarinnar.

Eðlilegt þykir að hefja átak af þessu tagi á Austurlandi enda hefur áðurnefnd þróun í íbúafjölda og atvinnumálum komið fram af miklum þunga á Austurlandi. Nú svo komið að margar byggðir standa þar mjög höllum fæti. Hætta er á að þær veikustu leggist smám saman af á næstu árum ef ekkert verður að gert. Við þessa þróun í íbúa- og atvinnumálum á Austurlandi bætist sú staðreynd að væntingar fólks um hugsanlega stóriðju á Reyðarfirði hafa verið miklar, biðin hefur leikið marga grátt. Óvissa um eigið atvinnuöryggi og framtíðarsýn við óbreyttar aðstæður hefur fyllt marga vonleysi og óöryggi. Fólki hefur verið haldið í spennitreyju, það telur sig hvorki geta farið né snúið sér að öðru. Flutningsmenn telja ekki að stóriðja með risaverksmiðjum sé það úrræði sem leysi vanda landsbyggðarinnar og gildir það raunar um landið í heild. Þess í stað eigi að hlúa að fjölþættu atvinnu- og menningarlífi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áríðandi að grípa til aðgerða nú þegar. Í tillögu þessari til þingsályktunar er gert ráð fyrir að sérstakt átak verði gert á Austurlandi í atvinnumálum og athygli sérstaklega beint að verkefnum á sviði þróunar-, byggða-, viðskipta og menningarmála með það að markmiði að efla byggðina og auka fjölbreytni mannlífsins.

Jöfnuður og jafnræði.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölmargar tillögur í byggða- og atvinnumálum frá því að flokkurinn fékk fulltrúa á Alþingi. Þær tillögur byggja á sjónarmiðum um jöfnuð og jafnræði og taka mið af því grundvallarsjónarmiði hreyfingarinnar að íbúar þessa lands eigi rétt á að búa við svipuð kjör óháð búsetu. Mikið vantar á að fólk sem býr utan stærstu þéttbýlisstaða njóti sömu kjara og þeir sem búa í nánd við þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi má nefna að lánakjör í bönkum virðast önnur þegar óskað er lána til starfsemi í dreifbýli ef taka á mið af aukinni ásókn í lán frá Byggðastofnun og gildir þá einu hvort um er að ræða skammtíma- eða langtímalán. Auk þessa virðist sem bankarnir reyni að komast hjá því að veita há lán til langs tíma til fyrirtækja á smærri stöðum.

Þá vill brenna við að viðhorf til frumkvöðla í hinum dreifðari byggðum séu neikvæð og skilningur á mikilvægi þess að styrkja nýsköpun virðist takmarkaður. Að mati flutningsmanna þessarar tillögu væri aukinn stuðningur við frumkvöðla í fámennari byggðarlögum mikil lyftistöng. Þannig yrði fleiri og fjölbreyttari stoðum skotið undir samfélagið. Sérhæfð þjónusta við fyrirtæki og frumkvöðla er afar takmörkuð í fámennari byggðarlögum og því eru möguleikar til að hrinda hugmyndum í framkvæmd ekki margir.

Aðgerð til jöfnunar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur það mikilvæga grundvallarforsendu í hverju velferðarsamfélagi að tryggja fulla atvinnu og störf við hæfi. Jafnframt er næg og fjölbreytt atvinna ásamt öflugri velferðarþjónustu, traustu menningarlífi og öruggu umhverfi grundvöllur hverrar lífvænlegrar byggðar og forsenda farsællar byggðaþróunar.

Í samræmi við þá afstöðu að jafna beri aðstöðu fólks og auka sem kostur er jöfnuð og jafnrétti í landinu, þar með talið aðstöðu manna óháð búsetu, vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð beita sér fyrir róttækum aðgerðum til að stöðva þá búseturöskun sem nú á sér stað og snúa þrónunni við með margháttuðum aðgerðum sem ná til landsins alls. Þær sérstöku aðstæður sem nú eru á Austurlandi kalla á tafarlausar aðgerðir af hálfu hins opinbera. Átaksverkefni til sex ára getur skilað miklu inn í austfirskt samfélag og nauðsynlegt er að slíkt verkefni sé sett fram og framkvæmt á forsendum íbúanna sjálfra. Átaksverkefnið þarf að vera hnitmiðað og jafnframt þarf það að treysta þá fjölmörgu þætti sem sterkt samfélag byggist á. Rétt er að endurskoða árangur og framvindu verkefnisins áður en tímabilið er hálfnað.

Styrkir og önnur fjárframlög til atvinnuþróunar í fámennari byggðarlögum eru af skornum skammti og mest af þeirri fyrirgreiðslu og þjónustu sem er til reiðu þarf að sækja til höfuðborgarinnar. Slíkt getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Stuðningurinn er oftast bundinn lágum fjárhæðum og einungis hluta þess kostnaðar sem um er að ræða. Slíkir styrkir veita hvorki hugmyndum brautargengi né eru líklegir til að stuðla að þróun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Þótt sveitarfélögin, Byggðastofnun og fleiri aðilar hafi sinnt margvíslegum verkefnum sem hafa það að markmiði að styrkja atvinnu og búsetu og þrátt fyrir að margt gott hafi verið unnið að tilstuðlan þessara aðila á liðnum árum einkennast mörg þessara verkefna frekar af því að bjarga rekstri tiltekinna fyrirtækja og atvinnuöryggi á viðkomandi stað en því að stuðla að nýsköpun eða framþróun fyrirtækja í rekstri.

Atvinnuþróunarfélögin sem þegar hafa unnið sér fastan sess á nokkrum stöðum á landinu gegna lykilhlutverki þegar um er að ræða byggðatengdar aðgerðir og stuðning stjórnvalda við verkefni á landsbyggðinni. Að mati flutningsmanna eru þau best til þess fallin að greina þarfir samfélagsins hvert á sínu svæði og veita þá sérfræðiþjónustu sem við á hverju sinni. Þess vegna gerir tillaga þessi ráð fyrir því að Þróunarfélagi Austurlands verði falin umsjá með ráðstöfun fjárins.

Þróunarstofa Austurlands.

Þróunarfélag Austurlands starfar á breiðum grunni að framþróun í atvinnulífi og jákvæðri samfélagsþróun á Austurlandi. Stjórn Þróunarfélagsins skipa fulltrúar atvinnulífs, sveitarfélaga og stofnana á Austurlandi auk fulltrúa Byggðastofnunar. Meginviðfangsefni félagsins er að vinna að eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga á Austurlandi. Til að sinna því sem best stendur félagið fyrir víðtæku þróunarstarfi í landshlutanum.

Félagið rekur Þróunarstofu Austurlands og er starfseminni skipt í þrjú svið, þróunarsvið, viðskiptasvið og byggðasvið. Meginmarkmið er að starfrækja sérhæfða þróunarstofu sem

hafi að leiðarljósi frumkvæði að framþróun í austfirsku samfélagi, sé fært um að axla ábyrgð varðandi atvinnu- og byggðaþróun og skili sýnilegum árangri. Starfsmenn þróunarstofunnar hafa sýnt í verki að þeir geta skilað góðum árangri á öllum sviðum stofnunarinnar og eftirspurn eftir vinnuframlagi er miklu meiri en þeir geta sinnt. Áhersla hefur verið lögð á að koma þróunarstarfi sem víðast að í samfélaginu, jafnt hjá fyrirtækjum í rekstri og með stofnun nýrra rekstrareininga. Með þessum hætti hefur Þróunarstofan komið á þróunarstarfi langt umfram afkastagetu félagsins sjálfs. Þjónusta Þróunarstofu Austurlands hefur haft hvetjandi áhrif á atvinnustarfsemi í fjórðungum, sérstaklega utan hefðbundinna atvinnuvega í fiskvinnslu og landbúnaði.

Þróunarstofa Austurlands hefur unnið að stefnumótunarverkefnum sveitarfélaga, í menningarmálum og ferðamálum, stofan tekur þátt í erlendu samstarfi, rekur frétta og þjónustuvef, stundar þróunarstarf af ýmsum toga og veitir ráðgjöf við stofnun nýrra fyrirtækja. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um starfssvið Þróunarstofunnar fram til þessa. Þessi árangur hefur bæði náðst með markvissri stefnu og því að flest stærstu fyrirtækin í landshlutanum, leiðandi fyrirtæki í mörgum greinum og ýmis önnur fyrirtæki, félög og stofnanir hafa stutt félagið með aðild, margháttaðri aðstoð og samstarfi. Á sama hátt hafa öll sveitarfélög á Austurlandi og Samband sveitarfélaga á Austurlandi staðið dyggilega að baki félaginu. Stuðningur Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands hefur verið starfsemi Þróunarstofunnar mikilvægur en sjóðurinn hefur stutt Þróunarstofuna fjárhagslega og með því að styrkja margvísleg verkefni á hennar vegum. Þróunarstofan sér um daglegan rekstur Atvinnuþróunarsjóðsins.

Þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum hefur fjárskortur haft mjög hamlandi áhrif á starfsemina. Fjárfestar hafa fram til þessa um of haldið að sér höndum þar sem mat á fjárfestingakostum er kostnaðarsamt og þar af leiðandi óhagkvæmt að koma að umfangslitlum fjárfestingaverkefnum, sem eru hlutfallslega mörg á landsbyggðinni. Auk þess eru fjárfestingakostir og framtíðarmöguleikar á landsbyggðinni enn ótrúlega illa kynntir og oft eru heimamenn sjálfir lítt trúaðir á þá kosti sem fyrir hendi eru. Þessu þarf að breyta. Miklir möguleikar eru fyrir hendi til að efla fjölbreytt atvinnu- og menningalíf á Austurlandi en til þess þarf aukið fjármagn. Féð þarf að vera aðgengilegt í formi styrkja og lána á hagstæðum kjörum til lengri tíma. Mörg verkefni bíða úrlausnar á Austurlandi. Fé það sem tilgreint er í tillögunni mætti m.a nýta til eftirtalinna verkefna: Að koma á styrktarkerfi fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni sem tengt væri frumatvinnugreinunum, setja á stofn sérstök þróunarverkefni í sjávarútvegi og landbúnaði og sinna uppbyggingu rannsóknaumhverfis og kerfis er lyti ekki síst að hagnýtum rannsóknum. Þá má nefna að uppbyggingarstarf á sviði ferðaþjónustu er mjög brýnt og t.d. markaðsstarf og kynning á landshlutanum erlendis, í tengslum við komu nýrrar ferju til Seyðisfjarðar og beint flug til útlanda um Egilsstaðaflugvöll en hvort tveggja er í undirbúningi. Annað brýnt verkefni er uppbygging aðstöðu til háskólanáms, t.d. í tengslum við framhaldsskólana og þátttöku í fjölþjóðasamstarfsverkefnum, norrænum og evrópskum. Gera þarf sveitarfélögum og fyrirtækjum í dreifðum byggðum kleift að hagnýta sér upplýsingatæknina, t.d. í tengslum við stjórnsýslu og önnur umsvif.

Fjármagn það sem veitt er til átaksverkefnisins skal ekki nota til framkvæmda sem eru á föstum fjárlagaliðum ríkis og sveitarfélaga. Jafnhliða átakinu þarf því að styrkja aðra grunnþætti samfélagsþjónustunnar svo átakið skili sér inn í austfirskt samfélag.

Góðar samgöngur eru meðal grunnþáttanna og því ber að flýta undirbúningi að frekari jarðgangagerð, sérstaklega með tilliti til bættra samgangna innan fjórðungsins. Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar ættu að vera forgangsverkefni. Útvega þarf sérstakt fjármagn til þess að unnt sé að flýta þessum og öðrum stórframkvæmdum á landsbyggðinni.

Styrkja þarf þær menntastofnarir sem fyrir eru í fjórðungnum og auka framboð á námi á háskólastigi, bæði grunnnámi og endurmenntun.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Kristján L. Möller, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Lög þessi taka til allra opinberra framkvæmda, sbr. 2. mgr., og er óheimilt að víkja frá ákvæðum þeirra nema slíkt sé sérstaklega tekið fram í lögum.
b. Á eftir orðunum „kostnaður ríkissjóðs“ í 1. mgr. kemur: við heildarframkvæmd.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Greinargerð um frumathugun skal send Framkvæmdasýslu ríkisins til umsagnar. Framkvæmdasýsla ríkisins sendir umsögn sína til hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytisins sem staðfestir hvort hún uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Ekki er heimilt að hefja vinnu við áætlunargerð fyrr en staðfesting fjármálaráðuneytisins um að greinargerð um frumathugun liggi fyrir og sé fullnægjandi.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Hlutaðeigandi aðilum, sbr. 1. mgr., er heimilt að fela sérstökum byggingarnefndum að framkvæma frumathugun og gera greinargerð um frumathugun fyrir sína hönd.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutaðeigandi aðilum, sbr. 1. mgr., er heimilt að fela sérstökum byggingarnefndum umsjón með gerð áætlunar um opinbera framkvæmd fyrir sína hönd.

4. gr.

Á eftir orðinu „fjármálaráðuneyti“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: og Framkvæmdasýslu ríkisins.

5. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins, og skal þá fjármálaráðuneytið taka áætlunina í heild eða skýrt afmarkaðan hluta hennar, er nær nýtanlegum áfanga, til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár. Fjármálaráðuneytið endursendir hlutað-

eigandi ráðuneyti áætlun, ásamt athugasemdum, ef hún er ekki samræmi við 7. og 8. gr. eða byggð á óraunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins.

Ef áætlun um opinbera framkvæmd liggur ekki fyrir eða er ekki í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. eða er byggð á óraunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins er fjármálaráðherra óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til hennar í frumvarpi til fjárlaga.

Ef í ljós kemur að framkvæmd er ekki í samræmi við áætlun og slíkt hefur í för með sér meiri kostnað fyrir ríkissjóð en gert var ráð fyrir í upphaflegri kostnaðaráætlun, er fjármálaráðherra óheimilt að mæla fyrir auknum fjárveitingum til hinnar opinberu framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga nema fyrir liggi endurskoðuð áætlun sem hlotið hefur staðfestingu Framkvæmdasýslu ríkisins, sbr. þó 16. gr.

Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki tillit til áætlunar, sem er í samræmi við 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins, við gerð fjárlagafrumvarps skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

6. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Nú hefur verið ákveðið að veita fé til opinberrar framkvæmdar í fjárlögum, án þess að áætlun liggi fyrir, og skal þá hlutaðeigandi aðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., sjá til þess að áætlun sé gerð samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. og hún send fjármálaráðuneytinu og Framkvæmdasýslu ríkisins til athugunar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því að frumathugun og áætlun, sem hlotið hefur staðfestingu Framkvæmdasýslu ríkisins skv. 9. gr., liggi fyrir og að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.
b. Á eftir orðunum „er tryggi að“ í 2. mgr. kemur: frumathugun og greiðsluáætlun liggi fyrir og að.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Sveitarfélag er sér um útboð vegna opinberrar framkvæmdar skal fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Þegar um er að ræða framkvæmd sem eingöngu er greidd af ríkisfé, sem og aðrar framkvæmdir þar sem ríkið, stofnanir þess eða opinberir aðilar teljast framkvæmdaraðilar, samkvæmt samningi eða venju, annast Framkvæmdasýsla ríkisins útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka, reikningshald, greiðslur og eftirlit vegna verksins.

9. gr.

Á eftir orðunum „hlutaðeigandi ráðuneyti“ í 15. gr. laganna kemur: í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins, endurskoða áætlunargerðina og.

10. gr.

Í stað 2. mgr. 16. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Framkvæmdasýsla ríkisins sér um að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis, hlutaðeigandi ráðuneyti og eignaraðila.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

11. gr.

Á eftir orðunum „verklegrar framkvæmdar“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: eftir því sem við á.

12. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

13. gr.

2. málsl. 19. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

c. Á eftir orðunum „skal hún“ í 1. mgr. kemur: auk þeirra verkefna sem henni eru falin í einstökum ákvæðum laga þessara.
d. a-, b- og c-liður 1. mgr. falla brott.

15. gr.

Á eftir 22. gr. kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Framkvæmdasýsla ríkisins skal fyrir 15. september ár hvert semja skýrslu yfir starfsemi sína á liðnu almanaksári og leggja fyrir fjármálaráðherra. Í framhaldi af því gerir fjármálaráðherra Alþingi grein fyrir efni skýrslunnar.

Skýrslan skal m.a. innihalda yfirlit yfir umsagnir, sbr. 4. gr., og álit, sbr. 9. gr., sem stofnunin hefur sent frá sér, yfirlit yfir allar opinberar verklegar framkvæmdir sem í gangi eru og jafnframt yfirlit yfir útgefin skilamöt á árinu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja traustari og vandaðri undirbúning opinberra framkvæmda og skilgreina betur hvar vald, ábyrgð og eftirlit liggur í stjórnsýslunni með endurskipulagningu á skipan og eftirliti með opinberum framkvæmdum.

Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

1. Tekið er skýrt fram að lögin taki til allra opinberra framkvæmda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.
2. Aðkoma Framkvæmdasýslu ríkisins er tryggð allt frá frumathugun til loka verks og eftirlitshlutverk hennar aukið verulega.
3. Krafist er staðfestingar fjármálaráðherra á greinargerð um frumathugun og óheimilt að ráðast í annan áfanga opinberrar framkvæmdar, þ.e. áætlunargerð, fyrr en sú staðfesting hefur fengist.
4. Hlutverk og valdsvið byggingarnefnda er skilgreint.

5. Eftirlitshlutverk fjármálaráðuneytisins er aukið verulega og jafnframt kveðið skýrt á um að fjármálaráðherra sé óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga nema áætlun liggi fyrir og hún sé í samræmi ákvæði 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins. Þetta tryggir að ekki verður ráðist í neina opinbera framkvæmd, sem fellur undir lögin, nema fylgt sé ákvæðum laganna varðandi frumathugun og áætlunargerð og jafnframt tryggir þetta að vandað sé til þessarar undirbúningsvinnu.
6. Tekið er skýrt fram að Framkvæmdasýsla ríkisins er sá aðili sem annast verklega framkvæmd fyrir hönd ríkisins. Í þessu felst m.a. umsjón með útboðum, undirbúningur samningsgerðar við verktaka, reikningshald, greiðslur og eftirlit vegna verks. Að auki er Framkvæmdasýslunni tryggð aðkoma þegar sveitarfélag annast hina verklegu framkvæmd, sbr. 13. gr. laganna.
7. Lagt er til að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir verði lögð niður, þar sem ekki er talin þörf fyrir hana miðað við þær breyttu forsendur sem frumvarp þetta skapar.
8. Þá er lagt til að Framkvæmdasýslan skuli ár hvert semja skýrslu um starfsemi sína og leggja hana fyrir fjármálaráðherra. Í framhaldi af því ber ráðherra að kynna efni skýrslunnar fyrir Alþingi. Þetta tryggir aðhald Alþingis á þessu sviði.

Alvarleg brotalöm hefur ítrekað komið í ljós á undanförnum missirum á skipan opinberra framkvæmda. Iðulega ríkir óvissa um vald og fjárhagslega ábyrgð. Virkt kostnaðareftirlit er oft ekki til staðar og framkvæmdir ekki boðnar út. Óvönduð ákvarðanataka og skortur á nauðsynlegum undirbúningi er algengt vandamál og felst m.a. í því að verið er að hanna og bæta við aukaverkum á framkvæmdatímanum, auk þess sem umfang framkvæmda hefur ekki takmarkast við fjárlagaheimildir. Þetta hefur haft í för með sér að kostnaður við framkvæmdir fer langt fram úr áætlunum. Við upphaf framkvæmda skortir verulega á að fyrir liggi hver sé ábyrgð hvers aðila sem að verkinu kemur. Má leiða að því líkur að á síðustu missirum hafi með þessu móti verið sólundað miklu af almannafé. Alltof algengt er að rokið sé í framkvæmdir án þess að nauðsynlegum undirbúningi, tæknilegum og fjárhagslegum, sé lokið. Nefna má í því sambandi að meginástæða þess að fjármál fóru úr böndum við framkvæmdir á skrifstofuhúsnæði Alþingis, Þjóðmenningarhúsi og Þjóðleikhúsi er að verk- og ábyrgðarskipting var óljós.

Hlutverk byggingarnefnda er einnig mjög óljóst og allan lagagrundvöll vantar um vald- og verksvið nefndanna. Þannig virðast sumar byggingarnefndir hafa fjárhagslegt umboð frá ráðuneytum en aðrar ekki. Þetta aga- og eftirlitsleysi er með öllu úr samhengi við gagnsæja, skilvirka og aðhaldssama stjórnsýslu og hefur leitt til þess að misfarið hefur verið með opinbert fé í stjórnsýslunni. Í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á byggingarnefnd Þjóðleikhússins koma brotalamir í opinberum framkvæmdum skýrt í ljós, en niðurstaða Ríkisendurskoðunar var að eftirlitsaðilar hefðu brugðist. Þar kemur fram að eftirlit Framkvæmdasýslunnar með framkvæmd og störfum byggingarnefndar Þjóðleikhússins hafi verið algerlega ófullnægjandi. Á sama hátt er menntamálaráðuneytið gagnrýnt fyrir að halda ekki vöku sinni nægjanlega, því það hafi oftar en einu sinni fengið ábendingar um að ekki væri nægilega faglega að verki staðið af hálfu nefndarinnar og að umdeilanlegt væri hvort störf hennar væru í samræmi við það umboð sem hún hefði fengið.

Forsendur fjárframlaga á fjárlögum til opinberra framkvæmda er að lokið hafi verið frumathugun og áætlanagerð sem ráðuneyti, sveitarfélög eða byggingarnefndir í umboði ráðuneyta eiga að senda fjármálaráðuneytinu til athugunar. Þótt ekki sé nú skýrt kveðið á um það í lögunum er ljóst að í framkvæmd er fjármálaráðherra óheimilt að taka inn fjárveitingar vegna opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarp nema verkið uppfylli skilyrði laga um

opinberar framkvæmdir, sbr. 7. og 8. gr. núgildandi laga. Ástæða er til að ætla að fjármálaráðherra hafi mælt fyrir fjárveitingum til opinberra framkvæmda í frumvarpi til fjárlaga þó að frumathugun og áætlanagerð hafi ekki legið fyrir í öllum tilvikum.

Auk þess sem að ofan greinir má nefna alvarlega vanrækslu varðandi gerð skilamata. Má nefna sem dæmi að á árunum 1995–2000 voru einungis gerð tíu skilamöt. Samkvæmt ákvæðum laga um skipan opinberra framkvæmda skal að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt fara fram skilamat á verkinu. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar. Skilamat og greinargerð um það á Framkvæmdasýsla ríkisins að leggja fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Framkvæmdasýslan hefur notað það sér til málsbóta að erfiðlega gangi oft að fá tilskilin gögn frá verkkaupum til að framkvæma skilamatið og engin úrræði séu fyrir hendi til að krefjast gagna. Skilamat er mikilvægur hlekkur í öllu eftirliti með opinberum framkvæmdum. Ákvæði frumvarpsins eiga að tryggja að skilamöt séu gerð og Alþingi verði gert kleift að fylgjast með framkvæmd þeirra.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að auka vald, ábyrgð og sjálfstæði Framkvæmdasýslu ríkisins og veita henni þá aðkomu og lagalegu úrræði sem nauðsynleg eru til að hún geti með fullnægjandi hætti sinnt hlutverki sínu. Mikilvægt er að auknu sjálfstæði fylgi aukin ábyrgð, skýrt skilgreint vald og verksvið og virk eftirfylgni, þannig að fyllsta aðhalds sé gætt í öllum opinberum framkvæmdum. Vald stofnunarinnar og úrræði virðast ekki vera í samræmi við þá ábyrgð og eftirlit sem hún á að hafa með opinberum framkvæmdum. Opinberlega hefur komið fram hjá forsvarsmönnum stofnunarinnar að Framkvæmdasýslan sé í hlutverki þjónustustofnunar og lítið sé um úrræði þegar pólitískur vilji og þrýstingur sé til að fara út í ákveðnar framkvæmdir þrátt fyrir skort á fjárveitingum eða fullnægjandi undirbúningi. Einnig hefur komið fram að Framkvæmdasýslan eigi erfitt með að fylgja lögunum eftir, ráðuneytin geti ákveðið upp á sitt einsdæmi að fara á svig við þau. Annars staðar á Norðurlöndum bera sambærilegar stofnanir ábyrgð á öllu framkvæmdaferlinu frá upphafi undirbúnings. Frumvarp þetta gengur nokkuð í þessa átt en frumathugun og áætlunargerð er þó haldið í höndum eignaraðila. Segja má að sú tilhögun sem lögð er til í þessu frumvarpi sé að mestu í samræmi við álit Ríkisendurskoðunar sem lögð var fyrir efnahags- og viðskiptanefnd á síðasta þingi, þegar fjallað var um breytingar á lögum um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda.

Ríkisendurskoðun komst þar að þeirri niðurstöðu að verulega skorti á að fylgt hefði verið ákvæðum laga um opinberar framkvæmdir, en stofnunin kannaði verklag við framkvæmd tiltekinna opinberra framkvæmda. Fram kom að ábyrgð þeirra sem að framkvæmdum koma sé óljóst, sem og upplýsingaskylda og fyrirkomulag ákvarðanatöku. Jafnframt kom fram að eftirlit virki ekki og umfang framkvæmda takmarkist ekki við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu. Skortur væri á samhæfingu og samráði á framkvæmdatímanum.

Ríkisendurskoðun taldi í umsögn sinni að þær breytingar sem gerðar voru á lögum um skipan opinbera framkvæmda sl. vor fælu ekki í sér þær breytingar frá núgildandi lögum sem tryggt gætu betri framkvæmd þessara mála. Gagnrýndi Ríkisendurskoðun framkvæmd laganna og lagði til grundvallarbreytingar. Gagnrýni stofnunarinnar var þessi helst:

- Starf samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir tryggir hvorki að fullnægjandi hönnun, kostnaðaráætlun eða nægjanlegar fjárveitingar séu til staðar áður en framkvæmdir hefjast.

- Ekki hefur legið nægjanlega ljóst fyrir við upphaf framkvæmda hver væri ábyrgð hvers aðila sem að framkvæmdum kemur, upplýsingaskylda og fyrirkomulag ákvarðanatöku.
- Mikið skortir á samhæfingu og samráð á framkvæmdatíma.
- Eftirlit virkar í raun ekki þar sem reglur eru ekki fyrir hendi um hvernig taka skal á tilteknum atriðum sem upp koma á framkvæmdatíma.
- Umfang framkvæmda virðist ekki takmarkast við fjárveitingar sem veittar eru til þeirra á fjárlagaárinu.

Ríkisendurskoðun velti upp nýjum hugmyndum sem fela í sér grundvallarbreytingu á skipan þessara mála, m.a. um verkaskiptingu milli fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins. Sú leið felur m.a. í sé að ekki er þörf á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Með þessari leið taldi Ríkisendurskoðun að ábyrgð yrði skýrari og eftirlit virkara, m.a. að fullnægjandi undirbúningur eigi sér stað áður en verk er boðið út og skrifað undir samninga við verktaka.

Afar mikilvægt er að verkferill opinberra framkvæmda sé í föstum skorðum. Í frumvarpi þessu er ábyrgð og valdsvið þeirra aðila sem að verki koma skýrt skilgreint og þannig búið um hnútana að ekki verður undan því vikist að fylgja ákvæðum laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna.

Ljóst er að núgildandi lögum um opinberar framkvæmdir er ætlað að taka til allra þeirra framkvæmda sem falla undir skilgreininguna í 1. mgr. 1. gr. laganna. Þetta er hins vegar ekki tekið fram með ótvíræðum hætti í lögunum sjálfum og er lagt til að úr því verði bætt svo að það valdi ekki vafa.

Framkvæmdum er oft og tíðum skipt upp í aðskilda verkáfanga sem eru þá framkvæmdir hver á eftir öðrum. Lagt er til að það verði áréttað sérstaklega að 5. millj. kr. viðmiðunin í 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga eigi við opinbera framkvæmd í heild en ekki einstaka verkáfanga þótt þeir kunni að vera nokkuð sjálfstæðir. Þannig að ef áætlaður kostnaður ríkissjóðs er 5 millj. kr. eða meira í heildarframkvæmd skal fara eftir ákvæðum laganna.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna.

Lagt er til að Framkvæmdasýslu ríkisins verði sendar greinargerðir um frumathuganir til umsagnar. Á grundvelli umsagna Framkvæmdasýslunnar ber fjármálaráðuneytinu síðan að meta hvort greinargerð sé fullnægjandi og staðfesta hana ef svo er. Staðfesting fjármálaráðuneytisins er síðan forsenda þess að heimilt sé að hefja vinnu við áætlunargerð.

Markmið framangreindra breytinga er tvíþætt, annars vegar að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslunnar frá upphafi í hverri framkvæmd, og hins vegar að greinargerð um frumathugun sé alltaf gerð, enda verður það með öllu óheimilt að ráðast í annan áfanga opinberra framkvæmda, þ.e. áætlunargerð, nema staðfesting ráðherra um fullnægjandi greinargerð liggi fyrir. Aðkoma Framkvæmdasýslunnar ætti að leiða til þess að greinargerðir um frumathuganir verði unnar á faglegri og samræmdari hátt en nú er og einnig tryggir þetta að Framkvæmdasýslan hafi yfirsýn yfir hverja framkvæmd allt frá upphafi sem ætti að auðvelda henni að sinna skyldum sínum samkvæmt lögunum, til að mynda við gerð skilamats.

Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er tiltekið að heimilt sé að fela byggingarnefnd að sjá um frumathugun og gerð greinargerðar um frumathugun samkvæmt lögunum. Hér er átt við nefndir sem eru sérstaklega skipaðar vegna tiltekinnar opinberrar framkvæmdar. Í 3. gr.

frumvarpsins er að finna sambærilegt ákvæði sem heimilar hlutaðeigandi aðilum að fela byggingarnefndum umsjón með gerð áætlunar um opinbera framkvæmd. Gert er ráð fyrir að heimildir byggingarnefnda geti aldrei orðið meiri en felst í þessu tvennu. Samkvæmt þessu eiga byggingarnefndir ekki að hafa með höndum verklega framkvæmd né fjármálalega stjórn opinberrar framkvæmdar umfram það sem felst í gerð frumathugunar og áætlunar. Mikilvægt er síðan að nánar sé kveðið á um hlutverk hverrar nefndar í erindisbréfi.

Um 3. gr.

Sjá umfjöllun um b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 8. gr. laganna.

Lagt er til að áætlunargerð skuli ekki aðeins send fjármálaráðuneyti til athugunar heldur einnig Framkvæmdasýslu ríkisins. Þessi breyting þjónar sama tilgangi og þær breytingar sem lagðar eru til í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslu ríkisins á öllum stigum opinberrar framkvæmdar. Þessi breyting helst í hendur við þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 9. gr. laganna og fela í sér að Framkvæmdasýslunni verði falið að kanna og meta hvort áætlunargerð sé í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og jafnframt hvort hún sé byggð á raunhæfum forsendum.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna.

Samkvæmt 9. gr. laganna skal áætlunargerð vera í fullu samræmi við 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytisins. Séu þessi skilyrði uppfyllt ber fjármálaráðherra að taka áætlunargerðina til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps næsta árs.

Eðlilegast er að skilja framangreint ákvæði laganna með þeim hætti að ef áætlunargerð vegna opinberrar framkvæmdar uppfyllir ekki framangreind skilyrði sé fjármálaráðherra óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til hennar í frumvarpi til fjárlaga. Þessi skilningur byggist að sjálfsögðu á þeirri forsendu að lögin séu ófrávíkjanleg.

Þrátt fyrir þetta virðist það tíðkast í nokkrum mæli að fjármálaráðherra mæli fyrir fjárveitingum til opinberra framkvæmda þótt skilyrðum 7. og 8. gr. laganna sé ekki fullnægt. Fullyrða má að ein helsta orsök þess að kostnaður við opinberar framkvæmdir fari úr böndunum sé sú að undirbúningi er ábótavant. Af þessum sökum er það afar mikilvægt að fyrir liggi ítarleg áætlunargerð, svo sem kveðið er á um í 7. gr. laganna, áður en fjárveiting er veitt til verklegra framkvæmda. Til að tryggja að svo sé er lagt til að tekið verði fram skýrum stöfum að fjármálaráðherra sé óheimilt að mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga nema áætlunargerð vegna hennar sé í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og byggð á raunhæfum forsendum að áliti Framkvæmdasýslu ríkisins. Ef Framkvæmdasýsla ríkisins gerir athugasemdir við áætlunargerð skal fjármálaráðuneytið endursenda hlutaðeigandi ráðuneyti hana ásamt athugasemdum Framkvæmdasýslunnar. Í framhaldinu má þá gera ráð fyrir að áætlunargerð verði lagfærð með tilliti til framkominna athugasemda. Lagfærða áætlunargerð á síðan að meðhöndla sem ný væri, með öðrum orðum skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda hana til Framkvæmdasýslunnar og fjármálaráðuneytisins á ný, sbr. 8. gr. laganna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er lagt til að mat á því hvort áætlunargerð sé í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og hvort hún sé byggð á raunhæfum forsendum er lagt í hendur Framkvæmdasýslu ríkisins en ekki fjármálaráðuneytis eins og nú.

Telja verður að Framkvæmdasýsla ríkisins sé mun betur í stakk búin en ráðuneytið til að meta þetta vegna sérfræðiþekkingar sinnar. Mat Framkvæmdasýslunnar á að vera hlutlægt og byggjast á faglegum og tæknilegum grunni. Framkvæmdasýslunni ber þannig t.d. að gera athugasemdir ef hún telur fullnaðaruppdrætti eða tæknilega verklýsingu ófullnægjandi og eins ef hún telur kostnaðaráætlun óraunhæfa. Endanlegt ákvörðunarvald um það hvort mælt sé fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi er svo að sjálfsögðu í höndum fjármálaráðherra.

Sú tilhögun að fela Framkvæmdasýslu ríkisins umrætt mat styrkir eftirlit með opinberum framkvæmdum verulega og tryggir að áætlunargerðir séu unnar með faglegum hætti.

Í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er kveðið á um að endurskoða skuli áætlunargerð komi í ljós að framkvæmd sé ekki í samræmi við hana og er slík endurskoðuð áætlunargerð forsenda þess að fjármálaráðherra sé heimilt að mæla fyrir hærri fjárveitingum til framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að menn setjist niður og kanni hvað úrskeiðis hefur farið áður en auknu fé er ráðstafað til framkvæmdar.

Um 6. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er m.a. fjallað um skilyrði þess að fjármálaráðherra megi mæla fyrir fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í fjárlagafrumvarpi. Þessi skilyrði gilda hins vegar ekki um fjárlaganefnd Alþingis né einstaka þingmenn. Ekkert er því til fyrirstöðu að fjárlaganefnd ákveði eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fram að gera breytingartillögur við það sem fela í sér fjárveitingar til opinberra framkvæmda, þó svo að hvorki frumathugun né áætlunargerð liggi fyrir, og það sama á við um einstaka þingmenn. Þetta byggist á þeirri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis. Ef framangreindar reglur mundu einnig ná til alþingismanna væri í raun búið að skilyrða fjárveitingavaldið sem verður að teljast varasamt gagnvart stjórnarskrá. Þá er ákveðinn sveigjanleiki nauðsynlegur við fjárlagasmíðina og því óæskilegt að binda hendur fjárlaganefndar og einstakra alþingismanna með þessum hætti.

Sjöttu grein frumvarpsins er ætlað að taka á þeim tilvikum þegar fjárveiting til opinberrar framkvæmdar hefur verið samþykkt í fjárlögum að tilstuðlan fjárlaganefndar eða einstakra þingmanna. Í þessum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., sjá til þess að áætlunargerð fari fram samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. laganna og hún send fjármálaráðuneytinu og Framkvæmdasýslu ríkisins til athugunar. Samfara þessu er lögð til breyting á 12. gr. laganna þess efnis að frumathugun og áætlunargerð, sem hlotið hefur staðfestingu Framkvæmdasýslu ríkisins, verði að liggja fyrir til að leyfilegt sé að hefja verklegar framkvæmdir, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna.

Með ákvæðinu er ætlunin að tryggja enn frekar að ekki sé ráðist í verklegar framkvæmdir fyrr en allri undirbúningsvinnu er lokið. Þessar breytingar hafa einkum þýðingu þegar fjárveiting hefur verið samþykkt að tilstuðlan fjárlaganefndar eða einstakra þingmanna, sbr. umfjöllun um 6. gr., enda á að vera tryggt að fjármálaráðherra mæli ekki fyrir fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga nema frumathugun og áætlunargerð sé lokið. Samkvæmt þessu verður staðfesting fjármálaráðuneytisins um að frumathugun og áætlunargerð liggi fyrir að hafa borist áður en heimilt er að hefja verklega framkvæmd.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 13. gr. laganna.

Í 13. gr. laganna er nú gert ráð fyrir að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir geti áskilið að sveitarfélag, sem sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram.

Lagt er til að þetta fyrirkomulag verði afnumið en þess í stað kveðið á um að sveitarfélag skuli ávallt fá samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu áður en útboð fer fram. Skoðun Framkvæmdasýslu ríkisins á að vera hlutlæg og byggjast á faglegum grunni. Sé útboðslýsing gölluð að mati Framkvæmdasýslunnar getur hún í samræmi við ákvæðið neitað að ljá henni samþykki sitt. Komi þessi staða upp verður viðkomandi sveitarfélag að lagfæra útboðslýsingu og leita síðan samþykkis Framkvæmdasýslunnar að nýju. Þessi skipan mála hvetur til vandaðri vinnubragða við gerð útboðslýsingar og útboðs og styrkir stöðu Framkvæmdasýslu ríkisins sem eftirlitsaðila með opinberum framkvæmdum.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er skilgreint í 20. gr. laganna. Þar segir m.a. að hún skuli undirbúa og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka, sjá um reikningshald og greiðslur vegna verka. Þrátt fyrir þetta er ljóst að Framkvæmdasýslan hefur ekki þetta hlutverk í öllum opinberum framkvæmdum samkvæmt lögunum, sbr. 13. gr., þar sem sveitarfélögum er ætlað að annast þessa hluti þegar um sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags er að ræða.

Til að það valdi ekki vafa hvaða skyldum Framkvæmdasýslan hefur að gegna er hér lagt til að það verði skilgreint nákvæmlega í hvaða tilvikum Framkvæmdasýslan hafi þessum hlutverkum að gegna.

Eftir standa þau tilvik þar sem aðrir eignaraðilar fara með hina verklegu framkvæmd samkvæmt samningi og teljast framkvæmdaraðilar í þeim skilningi. Í þeim tilvikum á Framkvæmdasýslan ekki aðkomu að hinni verklegu framkvæmd samkvæmt lögunum. Ákvæði laganna um frumathugun, áætlunargerð og skilamat gilda engu að síður um þessa aðila.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 15. gr. laganna.

Í 15. gr. laganna er tekið á þeim tilvikum þegar kostnaðar- eða tímaáætlun verks raskast vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum. Í þessum tilvikum verður ekki talin þörf á að endurskoða áætlunargerðina sem slíka eins og gert er ráð fyrir í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í tilvikum sem þessum nægir samkvæmt lögunum að hlutaðeigandi ráðuneyti geri tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun.

Hér er lagt til að umræddar tillögur til fjármálaráðuneytisins skuli gerðar í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins. Þetta þjónar fyrst og fremst því hlutverki að tryggja aðkomu Framkvæmdasýslunnar að þessum þætti í ferli verklegra framkvæmda.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 16. gr. laganna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir verði lögð niður og af því leiðir að skylda Framkvæmdasýslunnar til að leggja skilamat fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er felld brott.

Óeðlilegt er að Framkvæmdasýslan setji sjálfri sér reglur um gerð skilamats, eins og nú er gert ráð fyrir. Eðlilegra verður að ætla að fjármálaráðuneytið, en Framkvæmdasýslan heyrir undir það, setji þessar reglur og er lagt til að svo verði.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 17. gr. laganna.

Fyrirvari sá sem hér er lagt til að bætt verði við greinina lýtur að þeim tilvikum þegar einkaaðilar teljast framkvæmdaraðilar samkvæmt samningi eða ákvörðun ráðherra. Þegar þannig stendur á hefur Framkvæmdasýslan ekki aðkomu að hinni verklegu framkvæmd að öðru leyti en því að hún þarf að samþykkja áætlunargerð, og því er ljóst að hún getur ekki talist fara með yfirstjórn hennar í þeim tilvikum.

Um 12. gr.

Lagt er til að 18. gr. laganna falli brott.

Samkvæmt 18. gr. laganna á samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að vera fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna. Þá á nefndin að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdarstigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð og fylgjast að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ljóst er að nefndin hefur einkum sinnt því hlutverki að fylgjast með því hvort fjárheimildir séu til staðar og hefur hún í einhverjum tilfellum stöðvað framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum. Sem vettvangur mismunandi sjónarmiða eignaraðila hefur nefndin lítið látið að sér kveða og jafnframt hefur það heyrt til algerra undantekninga að hún hafi rannsakað frumathuganir og áætlunargerðir svo sem boðið er.

Fjármálaleg yfirstjórn opinberra framkvæmda er í höndum fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögunum. Í því felst m.a. að ráðuneytinu ber að fylgjast með því hvort fjárheimild sé til staðar þegar ráðist er í opinbera framkvæmd og verður að telja óþarft að það hafi sérstaka nefnd til að aðstoða sig við þá athugun. Þar sem svo virðist sem nefndin hafi ekki haft annan starfa með höndum er lagt til að hún verði felld niður.

Rannsókn á frumathugun og áætlunargerð kemur í hlut fjármálaráðuneytisins og Framkvæmdasýslunnar, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 19. gr. laganna.

Þar sem Framkvæmdasýslu ríkisins er ætlað að meta hvort áætlunargerð er í samræmi við 7. og 8. gr. laganna og hvort hún er byggð á raunhæfum forsendum samkvæmt frumvarpinu væri óeðlilegt að hún veitti ráðuneytum og ríkisstofnunum jafnframt ráðgjöf á undirbúningsstigi framkvæmdar. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni hefur lítið sem ekkert verið leitað eftir ráðgjöf af þessu tagi og hefur því niðurfelling þessa ákvæðis ekki í för með sér óþægindi eða kostnaðarauka fyrir framkvæmdaraðila sem áfram mun afla sér aðstoðar og ráðgjafar hjá einkaaðilum vegna undirbúnings framkvæmdar eins og verið hefur.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna.

Hvað varðar niðurfellingu a-liðar er vísað til athugasemda með 13. gr. frumvarpsins.

Efnisatriði b- og c-liðar eru tekin upp í b-lið 8. gr. frumvarpsins og því óþarfi að telja þau upp hér.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að Framkvæmdasýslan skuli árlega semja skýrslu yfir starfsemina á liðnu ári og leggja hana fyrir fjármálaráðherra. Í framhaldi af því er síðan lögð sú skylda á fjármálaráðherra að gera Alþingi grein fyrir efni skýrslunnar. Með þessu er tryggt að Alþingi hafi ávallt yfirsýn yfir þennan málaflokk og í því felst aðhald bæði fyrir Framkvæmdasýsluna og ráðherra.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um rekstur Ríkisútvarpsins.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 126. löggjafarþingi (þskj. 790, 503. mál) og er nú endurflutt.

Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja. Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum.

Í samræmi við það miðar tillagan að því að Alþingi kjósi nefnd sem semji frumvarp til nýrra laga um Ríkisútvarpið. Nefndinni ber að semja frumvarpið innan þess stefnuramma sem hér fer á eftir:

a. Ríkisútvarpið á að halda áfram að vera til sem sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign.
b. Horfið verði frá hugmyndum um sölu á Rás 2 frá Ríkisútvarpinu vegna þarfa landshlutaútvarps og annars efnis sem þykir æskilegt að aðgreina frá dagskrá Rásar 1.
c. Almannahagsmunir, ef vá ber að höndum, kalla eftir að Ríkisútvarpið, með sitt víðtæka dreifingarnet, sé ávallt tiltækt.
d. Ríkisútvarpið verði fjármagnað að fullu á fjárlögum ár hvert, t.d. innan ramma áætlunar eða þjónustusamnings til 3–5 ára í senn. Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum.
e. Ríkisútvarpið verði virkur fræðslumiðill, og bregðist þannig við vaxandi þörf fyrir símenntun og almenningsfræðslu, og verði lind og farvegur fyrir vakandi og frjóa samfélagsumræðu.
f. Ríkisútvarpið gæti að fjölbreytni í dagskrárgerð þannig að það, að öllu samanlögðu, mæti þörfum sem flestra landsmanna, m.a. með því að mismunandi rásir þjóni mismunandi hópum.

g. Dagskrárstefnan verði laus undan öllum markaðsáhrifum.
h. Gagnvirkni milli Ríkisútvarpsins og hlustenda varðandi dagskrárgerð er mikilvæg.
i. Ný skipan Ríkisútvarpsins þarf að sjá til þess að það verði raunverulega sjálfstætt þjóðarútvarp í stað þeirrar stofnunar sem er nú, þar sem flokkapólitísk áhrif og tengsl hafa verið ríkjandi.
j. Skipan og hlutverk útvarpsráðs verði með allt öðrum hætti en nú er. Yfir stofnunina verði sett allfjölmennt útvarpsráð, eins konar „akademía", e.t.v. 15 manna sem valdir væru af samtökum og stofnunum í samfélaginu: úr menningar- og listaheiminum, af fræðslustofnunum, úr vísinda- og rannsóknargeiranum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum launþega og e.t.v. fleiri aðilum. Seta í útvarpsráði væri mikilsverð viðurkenningar- og virðingarstaða sem eingöngu mundi veljast til hið hæfasta fólk með víða sýn yfir samfélagið. Ráðið hefði vel skilgreint verksvið og ákvæði megindrætti í dagskrárstefnu stofnunarinnar og verkaskiptingu milli Rásar 1, Rásar 2 og sjónvarpsins.
k. Ráðning útvarpsstjóra væri í höndum þessa útvarpsráðs. Stofnunin sjálf, þ.e. starfsfólk, og útvarpsráð veldi í sameiningu útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefði óskorað umboð til skipulagningar stofnunarinnar og til mannaráðninga og annars forræðis á rekstri, samhliða fullri ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar. Útvarpsráð hefði skilyrðislaust umboð til að setja útvarpsstjórann af ef því er ítrekað misboðið í því hvernig stofnunin hunsar þær ábendingar um dagskrárstefnu og rekstur sem ráðið setur fram.
l. Gætt verði fyllstu hlutlægni við val og flutning efnis og Ríkisútvarpið verði farvegur fyrir allar skoðanir.

Uppi eru hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi og þeim röksemdum beitt að stofnunin þurfi að geta brugðist skjótt við í samkeppni og verið fljót til ákvarðana. Hlutafélagsvæðing Ríkisútvarpsins er óþörf til að gefa stofnuninni slíkt svigrúm. Með lögum um stofnunina má gefa henni allt það umboð sem hún kann að þurfa á að halda til að vera jafn viðbragðsfljót til ákvarðana eins og hlutafélag getur verið. Breyting stofnunarinnar í hlutafélag gefur hins vegar til kynna að til greina kæmi að selja það hlutafélag. Minnsta vísbending í þá átt er að mati flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu beinlínis hættuleg fyrir íslenska menningu, fyrir öryggishagsmuni landsmanna og ekki hvað síst fyrir fjölmiðlaveröld landsins með tilliti til ríkjandi samþjöppunar í þeim geira og þess þroska lýðræðisins í landinu sem vænta má næstu ár og áratugi. Sú lýðræðisþróun yrði bæði heft og njörvuð niður ef frjálst Ríkisútvarp yrði lagt af. Ríkisútvarpið á þess vegna að halda áfram að vera til og tilvera þess er allri okkar samfélagsgerð og samfélagsþróun mikilvæg.

Núgildandi fjármögnun Ríkisútvarpsins með afnotagjöldum og auglýsingatekjum er óviðunandi. Afnotagjöld eru að vísu ekki há með tilliti til þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir, en rökin gegn skylduáskrift eru góð og gild. Sömuleiðis má segja að samkeppnin á auglýsingamarkaði við aðra ljósvakafjölmiðla sé alls ekki sanngjörn. Ríkisútvarpið nýtur í henni meðgjafar með afnotagjöldunum sem Stöð 2 nýtur að vísu einnig, en með eðlilegri markaðssetningu og sölu þjónustu sinnar. Hér þarf breyting að koma til. Ekki verður séð að önnur lausn sé til í stöðunni en sú að Ríkisútvarpið verði að fullu fjármagnað úr ríkissjóði á fjárlögum ár hvert og því um leið skákað út af auglýsingamarkaðnum.

Gerð er tillaga um að viðskiptaauglýsingar verði felldar út úr dagskrá útvarpsins. Hins vegar er þörf félagasamtaka og opinberra stofnana fyrir að koma á framfæri tilkynningum til almennings of brýn til að þær megi fjarlægja úr útvarpinu.

Útvarpið svarar ekki þeim gríðarlega áhuga sem nú speglast vetur eftir vetur í aðsókn almennings að hvers kyns fræðslu og símenntun á vegum ýmissa aðila. Fólk víðs vegar um land á ekki kost á þessari fræðslu og útvarpið, stundum sjónvarpið, eru hinir eðlilegu miðlar

til að jafna þennan aðstöðumun. Og sumir þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu vilja líka fræðast, en eiga ekki heimangengt. Þá vantar ekki síður í dagskrána skipulega valið, vel gert og ígrundað efni um samfélag okkar, vandamál þess og viðfangsefni, pólitísk eða ópólitísk, eins og þau eru í dag.

Þjóðarútvarpi þarf að vera stýrt af hæfum fulltrúum fólksins í landinu. Þessi tillaga ber með sér að núgildandi skipan á flokkapólitísku, þingkjörnu útvarpsráði þyki ekki fullnægjandi í þessu sambandi. Þess í stað er gerð tillaga um að safnað verði saman allstóru ráði hinna hæfustu fulltrúa víðs vegar að úr samfélaginu. Vel mætti hugsa sér að slík akademía yrði tilnefnd einungis í fyrsta skipti og endurnýi sig svo sjálf með einhverjum hætti.

Grunnurinn undir réttarbót af því tagi, sem hér er fjallað um, þarf að vera bjargföst, undanbragðalaus og metnaðarfull stefna um að menningarlífið í landinu, almenningsfræðsla og samfélagsumræða þurfi á sjálfstæðu og öflugu þjóðarútvarpi að halda sem máttarstólpa lýðræðislegrar umfjöllunar.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman,
Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Greinargerð.

Þjórsárver er sú gróðurvin á hálendi Íslands, sem talin er hvað dýrmætust. Kemur þar margt til, landslag er þar stórbrotið, vatnafarið einstaklega öflugur þáttur í lífríkinu og er vistkerfi veranna óvenju tegundaríkt og mikilvægt til viðhalds á mörgum tegundum dýra og plantna. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttar búsvæðagerðir, þar eru rústir, sífreri og flæðiengi. Verin eru vel afmörkuð heild og það svæði á Íslandi þar sem áhrifa manna gætir hvað minnst. Þau eru gífurlega mikilvæg varpstöð fyrir heiðargæsastofninn og fleiri fugla. Gróðursamfélagið er afar fjölbreytt, þar hafa fundist um 183 tegundir háplantna, eða meira en þriðjungur íslensku flórunnar, 225 mosategundir, eða um 38% íslensku mosaflórunnar og heildarfjöldi fléttna sem greindur hefur verið í Þjórsárverum er um 148 tegundir. Í Þjórsárverum er að finna síðustu leifar gróðurs sem áður mun hafa þakið mun stærra svæði af öræfunum, gróðurs sem sums staðar teygir sig upp í 1.000 – 1.100 m hæð yfir sjávarmáli í hlíðum Arnarfells hins mikla og Arnarfells hins litla.

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1988 skrifar dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir um Þjórsárver: „Nálægt miðju Íslands, suður af Hofsjökli, þar sem stærstu upptakakvíslar Þjórsár koma saman, eru víðáttumikil gróðulendi sem einu nafni kallast Þjórsárver. Þau eru ein stærsta en jafnframt einangraðasta gróðurvin á miðhálendi Íslands. Að norðan skríða fram jökultungur Hofsjökuls en annars liggja að þeim eyðisandar. Í suðvestri er Fjórðungssandur. Sprengi-

sandur er í norðaustri, en öræfin í austri og suðri eru nafnlaus. Allar bera þessar auðnir líkan svip; gráir melar á mishæðóttu landi þar sem hver ávöl og dökkleit aldan tekur við af annarri."

Samþykktir Gnúpverja.

Þjórsárver njóta sérstakrar verndar bæði sem friðland og sem Ramsar-svæði, sem staðfestir sérstöðu og mikilvægi þess sem votlendis á heimsvísu. Til Þjórsárverafriðlands var stofnað árið 1981 með heimild í lögum um náttúruvernd. Þá höfðu um nokkurt skeið verið uppi hugmyndir um stórt uppistöðulón í verunum í allt að 593,5 m yfir sjávarmáli. Þær hugmyndir mættu strax talsverðri andstöðu. Til marks um það er eftirfarandi ályktun almenns sveitarfundar Gnúpverja, sem haldinn var í Árnesi 17. mars 1972.

„Fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja haldinn að tilhlutan landgræðslunefndar Ungmennafélags Gnúpverja í félagsheimilinu Árnesi 17. mars 1972, lýsir yfir eindreginni andstöðu við rafvæðingaráætlanir þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum. Fundurinn vekur athygli á nokkrum mikilvægum atriðum varðandi Þjórsárver:

a) Þjórsárver eru geysistór og einstæð vin á miðhálendi Íslands. Þau eru umlukin auðnum á alla vegu og eiga ekki sinn líka hvað varðar fjölbreytilegan gróður og fuglalíf.
b) Gróðureyðing í aldaraðir er alvarlegasta vandamál náttúruverndar á Íslandi. — Verði Þjórsárver sett undir vatn er gróðri og gróðurfari landsins unnið óbætanlegt tjón. Auk þess eru miklar líkur á því að mismunandi hæð yfirborðs vatnsins í fyrirhuguðu lóni í Þjórsárverum orsaki uppblástur.
c) Þjórsárver eru verðmætt beitiland.
d) Talið er að ¾ hlutar alls heiðagæsastofnsins í heiminum verpi í Þórsárverum. Margar fuglategundir í heiminum eiga nú á hættu að verða útrýmt. Röskun í Þjórsárverum stofnar varplöndum heiðagæsarinnar í hættu.

Af ofangreindum ástæðum andmælir fundurinn hvers konar röskun á náttúru Þjórsárvera og skorar á almenning í landinu að sameinast um að varðveita þessa einstæðu perlu íslenskra öræfa."

Framkvæmdir hingað til og frekari áform.

Á þessum tíma var náttúruvernd á Íslandi ekki fyrirferðamikil í dægumálaumræðunni og ekki margir sem þekktu þá gersemi sem kúrði í miðri sandauðn miðhálendisins uppi undir Hofsjökli umgirt jökulkvíslum og erfið aðkomu, nema kannski fyrir fuglinn fljúgandi. Það munu helst hafa verið fjallmenn, sem smalað höfðu öræfin upp undir jökla, sem þekktu leyndardóm veranna. Stærsti hluti Þjórsárvera er á afrétti Gnúpverja og þekktar eru sagnir fjallmanna sem sneru aftur af fjalli með leyndardóminn í hjartanu og ævintýrið í augunum. Þetta mun vera drjúgur hluti ástæðunnar fyrir andstöðu Gnúpverja við hugmyndir um miðlunarlón í Þjórsárverum. Umræðan um náttúruverndargildi veranna og ásetningur Landsvirkjunar um miðlunarlón og virkjanir á efra vatnasviði Þjórsár leiddu til þess að Þjórsárver voru friðlýst með auglýsingu í desember 1981. Í friðlýsingunni var gert ráð fyrir þeim möguleika að uppistöðulóni yrði valinn staður í námunda við hið friðlýsta svæði, en þó var tekin afgerandi ákvörðun varðandi stærð mögulegs lóns. Þannig var verunum forðað frá algerri eyðileggingu og komið í veg fyrir þau áform Landsvirkjunar að sökkva þeim í heilu lagi undir 200 km^2 miðlunarlón. Hins vegar gerði friðlýsingin ráð fyrir undanþágu frá ákvæðum friðlýsingarinnar „til þess að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y.s. enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Náttúruverndar ríkisins]." Þetta kom þó

ekki í veg fyrir að heimilaðar yrðu veitur austanvert í verunum, austan Þjórsár; Kvíslarveitur 1.–5. áfangi. Þannig voru upptakakvíslir Þjórsár af Sprengisandi og austurþverár hennar teknar í áföngum og þeim veitt í Þórisvatn. Komið er stórt lón, Kvíslavötn, sem er um 30 km^2 og stíflur í þverár Þjórsár, Eyvindaverskvísl, Þúfuverskvísl og í Þjórsá sjálfa ofan Hreysis. Þessar aðgerðir hafa valdið talsverðum spjöllum á Þjórsárverum, 6 km^2 af grónu landi hefur verið sökkt undir vatn, auk þess sem umtalsvert landsvæði hefur farið undir veituskurði. Þá hefur meðalrennsli Þjórsár minnkað um allt að 40%, sem spillt hefur ýmsum einstökum fossum, Kjálkaversfossi, Dynk og Gljúfurleitarfossi. Ekki er vitað hvort þessum spjöllum á verunum austan Þjórsár og á Þjórsá sjáfri er lokið því enn lúra áform um 6. áfanga Kvíslaveitna á borðum Landsvirkjunar.

Afstaða Þjórsárveranefndar og ný ályktun Gnúpverja.

Síðustu mánuði hefur umræðan um lón við Norðlingaöldu blossað upp enn á ný, nú í tengslum við orkuöflun fyrir væntanlega stækkun álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. Landsvirkjun og Þjórsárveranefnd, sem er ráðgjafarnefnd Náttúruverndar ríkisins varðandi málefni Þjórsárverafriðlandsins, hafa í 20 ár átt í viðræðum um mögulegar lónhæðir, hin seinni ár hefur umræðan hverfst um lón frá 581 m yfir sjávarmáli til 575 m yfir sjávarmáli. Ekki verður annað ráðið en nokkur einhugur hafi ríkt í nefndinni, sem ætlað er það hlutverk samkvæmt friðlýsingarákvæðunum að vera til ráðuneytis um málefni friðlandsins og koma með tillögur að nauðsynlegum rannsóknum vegna ákvarðanatöku um endanleg mörk mannvirkja. Á fundi Þjórsárveranefndar 3. maí 2001var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma: „Þjórsárveranefnd hafnar áformum um 6. áfanga Kvíslaveitu. Nefndin hafnar einnig öllum hugmyndum um lón sem eru hærri en 575 m y.s. Nefndin samþykkir að fresta ákvörðun um lón í 575 m y.s., þar sem hluti nefndarmanna telur nauðsynlegt að fá fyllri úttekt á áhrifum þeirrar lónshæðar á náttúruverndargildi Þjórsárvera."

Það verður að telja eðlilegt að Þjórsárveranefnd vilji sýna varkárni nú þegar ljóst er hversu mikið virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum hafa þegar skaðað verin og dregið úr verndargildi þeirra. Það verður einnig að teljast eðlilegt að Gnúpverjar séu tregir til að fórna meiru en orðið er af Þjórsárverum. Lón við Norðlingaöldu yrði í farvegi Þjórsár og mundi raska svæðinu vestan Þjórsár, sem fram að þessu hefur verið óraskað. Fyrr í þessari greinargerð er sagt frá almennum sveitarfundi, sem haldinn var í Árnesi, Gnúpverjahreppi 1972, nú hefur það aftur gerst að Gnúpverjar sjá ástæðu til að álykta um framtíð Þjórsárvera.

„Almennur sveitarfundur haldinn í Árnesi 24. maí 2001 lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Þjórsárver og efri hluta Þjórsár ber að vernda sem einstætt vistkerfi og landslagsheild og minnt skal á að framkvæmdir á þessu svæði verða ekki aftur teknar.

Fundurinn bendir á að margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru þar sem þeir vara við allri röskun af manna völdum enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýstur.

Fundurinn vekur athygli á því að nú þegar hefur orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár með 1.–5. áfanga Kvíslaveitu.

Fundurinn minnir á ályktun fundar í Árnesi 17. mars 1972 og ítrekar fyrri mótmæli þar."

Athugasemdir við skipulag miðhálendisins.

Í svæðisskipulagi miðhálendsins, sem gildir fram til ársins 2015, er fjallað um Norðlingaölduveitu og hugsanlegt lónsvæði auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúru-

vernd. Þegar svæðisskipulagið var á umsagnarstigi mótmæltu þessu meðal annarra hreppsnefnd Gnúpverja og Náttúruverndarsamtök Íslands. Í athugasemdum Náttúruverndarsamtakanna við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands segir: „Í greinargerð samvinnunefndarinnar er talað um þrenn fyrirhuguð orkuvinnslusvæði eða virkjanahugmyndir í Rangárvallasýslu: Búðahálsvirkjun í Tungnaá, Vatnsfellsvirkjun og loks Norðlingaölduveitu. Í ritinu *Innlendar orkulindir til vinnslu raforku,* Iðnaðarráðuneytið 1994, eru hins vegar að auki greint frá áformum um Markarfljótsvirkjun. Náttúruverndarsamtök Íslands telja að það brjóti í bága við tilmæli skipulagsreglugerðar að gera ekki grein fyrir og sýna ekki á skipulagsuppdrætti allar fyrirliggjandi frumforsendur um landnotkun, þ.m.t. virkjunarhugmyndir. Annars fæst röng mynd af landnotkuninni og forsendur fyrir skipulaginu verða þar með rangar. Úr þessu þarf að bæta. Varðandi Norðlingaölduveitu leggja samtökin ríka áherslu á að stífluhæð við Norðlingaöldu verði ekki meiri en svo að ekki gangi frekar á gróðurlendi Þjórsárvera sunnan Hofsjökuls en nú er. Þjórsárver eru einstök náttúruperla og eitt stærsta samfellda gróðurlendi miðhálendisins með einstökum heimskautagróðri. Þá telja samtökin, eftir því sem bestur verður séð, að auðkenni samvinnunefndarinnar á Norðlingaölduveitulóni sem *„blönduð landnotkun þar sem fleiri en ein gerð landnotkunar fer saman, t.d. landgræðsla og verndun"* sé óraunsæ vægast sagt."

Í athugasemdum hreppsnefndar Gnúpverja segir: „Í greinargerð er gert ráð fyrir sérstöku náttúruverndarsvæði, nefnt Þjórsárver-Kerlingafjöll, þar sem eru tilgreind m.a. Þjórsárver og svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá að Kisu. Jafnframt er tilgreint fyrirhugað orkuvinnslusvæði í neðsta hluta Þjórsárvera, nefnt Norðlingaölduveita. Um friðland í Þjórsárverum gildir reglugerð frá 1979 og á grundvelli hennar er unnið að rannsóknum af Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórnum.

Hreppsnefnd telur ljóst að áhrif af Norðlingaölduveitu yrðu ekki síður veruleg á farveg Þjórsár milli væntanlegs Norðlingaöldulóns og Sultartangalóns, þar sem landslag er sérstætt og stórfenglegt og gróðurfar gróskumikið.

Hreppsnefnd álítur að varðveita beri þennan hluta Þjórsár í þeirri mynd sem hann er nú. Vatnsmagn árinnar hefur stórminnkað með Kvíslaveitum og frekari miðlun spillir hinum einstæðu fossum hennar.

Það er því álit hreppsnefndar að gerð Norðlingaölduveitu stangist á við áform um sérstakt náttúruverndarsvæði með Þjórsá og undirstrikar mikilvægi svæðisins sem útivistar- og ferðamannasvæðis."

Möguleg áhrif lóns við Norðlingaöldu.

Verði gert lón við Norðlingaöldu (575 m y.s.) færu gróðursvæði í Eyvafeni, Hnífárbotnum og neðsta hluta Tjarnavers á kaf. 5–15 m breitt öldurof yrði að öllum líkindum á 3 km belti í Tjarnaveri og Sóleyjarhöfða og grónum svæðum vestan Þjórsár. Í hvassri suðaustanátt hækkar vindaldan vatnsborð allt að 20 sm og líklegt er að slíkt geti haft ófyrirsjáanleg áhrif austan Sóleyjarhöfðavaðs eða í Tjarnarveri þar sem landslag í Þjórsárverum er mjög flatt og hæðarmunur lítill á stórum svæðum. Lón í 575 m hæð yfir sjávarmáli gæti valdið vindrofi úr fjöruborði á 7,1 km langri strandlínu sem er gróin í dag og er með halla 1–7% og úr 3,6 km langri strandlínu með meira en 7% halla. Alls væri þetta yfir 10 km strandlína með gróðurþekju, þar sem rof mundi hefjast. Alls yrði veruleg rofhætta á 22,7 km löngu belti í fjöruborði lónsins og nokkur hætta á 23,7 km belti, eða samtals á um ⅔ hluta alls fjöruborðsins. Rof gæti átt sér stað úr fjöruborðinu öllu þegar lágt væri í lóninu á haustin og fyrri hluta vetrar, þegar snjólétt væri, og einnig á vorin þegar snjóhula væri lítil. Mótvægisaðgerðir gætu að öllum líkindum eingöngu falist í fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem að reyna að

hindra frekari eyðileggingu sem alls er óvíst um árangur af, eða aðgerðum til að bæta fyrir skaðann, svo sem að reyna að endurheimta gróðursvæði annars staðar. Nær útilokað má telja að hægt sé að búa til svæði sem væri sambærilegt við Þjórsárver. Enn eru ótalin veruleg áhrif sem væntanlegt lón gæti haft á fugla- og dýralíf Þjórsárvera.

Yfirlýsing frá alþjóðlegum fuglaverndarsamtökum.

Alþjóðleg fuglaverndarsamtök, BirdLife International, hafa sent umhverfisráðherra erindi þar sem varað er við því að miðlunarframkvæmdir í Þjórsárverum verði til þess að minnka um 8% það landsvæði sem heiðagæsarstofninn hér á landi notar fyrir mökun og beitilönd um 13%. Enn fremur segir að framkvæmdirnar komi illa niður á sendlinga- og óðinshanastofninum og að þær geti haft ýmis óbein áhrif sem rýra mundu landgæði og möguleika fugla á að nýta svæðið. Þá eru stjórnvöld minnt á aðild Íslendinga að Ramsar-sáttmálanum og í niðurlagi bréfsins segir: „Fyrir hönd aðildarfélaga okkar og 2,5 milljóna félagsmanna, væntum við þess að íslensk stjórnvöld ígrundi skuldbindingar þær sem þau undirgengust með undirritun Ramsar-sáttmálans, sérstaklega þær er lúta að verndun Ramsar-svæða. Samtökin BirdLife International eru þess fullviss að þú deilir áhyggjunum með okkur og sért fær um að hafa áhrif í málinu þessu sérstæða svæðis til framdráttar."

Áhugamannasamtök um stækkun friðlandsins.

Hér að framan hefur verið greint frá ályktunum og samþykktum Gnúpverja varðandi Þjórsárver og er það ekki að ófyrirsynju. Enn ganga Gnúpverjar fram fyrir skjöldu til varnar verunum. Nú nýverið var stofnaður í Gnúpverjahreppi formlegur hópur áhugafólks um verndun Þjórsárvera. Hópurinn hefur farið þess á leit við Náttúruvernd ríkisins að skoðaðir verði möguleikar á stækkun friðlandsins og einnig kannaðir möguleikar á friðlýsingu Þjórsár frá friðlandsmörkunum að Sultartangalóni. Í greinargerð með tillögum hópsins segir: „Umtalsvert gróðurlendi er utan núverandi marka sem líta verður á sem hluta af heildarsvæðinu og myndar, ásamt verunum og jökulkvíslunum, einstakt vistkerfi. Má þar helst nefna svæðið austan Arnarfells og niður með vestustu kvísl Þjórsár, svæðið sunnan og suðaustan Sóleyjarhöfða suður fyrir Svartá, Eyvafen og drög þess til norðvesturs og Hnífárbotna. Í Þjórsá eru fossarnir Kjálkaversfoss (Hvanngiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss, hver um sig sérstakur og áhugaverður og ekki síður sem röð í stórfenglegu landslagi með aðliggjandi svæði í Búðarhálsi að austan og Norðurleit og Gljúfurleit að vestan þar sem er að finna fjölbreytt og gróskumikið gróðurfar, fuglalíf og lindasvæði. Friðlýsing eins og hér er lagt til stuðlar að mun víðtækari og markvissari verndun en nú er á þeirri sérstöku landslagsheild sem svæðið er."

Mikilvægi Þjórsárvera.

Um vistkerfi Þjórsárvera og verndargildi þeirra segir eftirfarandi á heimasíðu Náttúruverndar ríkisins (stutt samantekt á mögulegum áhrifum miðlunarlóns við Norðlingaöldu í friðlandinu Þjórsárverum):

„Sérstaða og tilvist Þjórsárvera felst aðallega í samspili margra þátta við vissar aðstæður, þ.e. jökuls, vatns, jarðvegs, veðráttu, gróðurs og dýralífs. Þjórsárver eru friðland og Ramsarsvæði. Öll ákvarðanataka um framtíð Þjórsárvera þarf því [...] að miðast við að nú þegar er búið að meta náttúruverndargildi Þjórsárvera sem óvenju mikið á héraðs-, lands- og heimsvísu.

Þjórsárver er stærsta varpland heiðagæsar í heiminum og fræðimenn hafa verið sammála um að verin geti haft úrslitaáhrif fyrir tilveru heiðagæsastofnsins. Það verður þó að líta á

Þjórsárver í mun víðara samhengi því ekki er það af engu sem heiðagæsin hefur valið sér þar búsvæði.

Gróðurvinjar hálendisins eru leifar áður víðáttumeira og samfelldara gróins lands og eru athvarf fjölmargra lífvera sem ekki þrífast í auðninni umhverfis. Þjórsárver verður líka að skoða m.t.t. að verin eru uppspretta fræja eða einskonar „fræbanki“ sem getur nýst þegar aðstæður leyfa í umhverfinu.

Hluti Þjórsárvera er flæðiengi sem óvíða finnst á hálendinu. Í Þjórsárverum er að finna fjölbreyttasta rústasvæði landsins sem er sjaldgæft landslagsfyrirbæri. Upplýsingar benda til þess að Þjórsárver séu tegundaauðugasta hálendisvin landsins hvað varðar flesta hópa lífvera s.s. háplöntur, mosa og fléttur, smádýr og fuglalíf. Þjórsárver eru mjög mikilvæg fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Ekki er til búsvæðakort/vistgerðakort (gróðurkort er til) yfir Þjórsárver. Út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið, gróðurkort o.fl., má telja víst að búsvæði í Þjórsárverum séu fjölbreyttari en í öðrum hálendisvinjum t.d. flæðiengi, tjarnastararflóar, gulstararflóar, brokflóar, flár með smágerðu mynstri rústa og tjarna, heiðagróður ýmis konar, jurtastóð og háfjallagróður. [...]

Mikilvægi Þjórsárvera felst einna helst í verndun búsvæða og verndun sérstakrar landslagsheildar sem enn er að mestu ósnortin, þótt Kvíslaveita sé í jöðrum friðlandsins. Landslagsheild Þjórsárvera er almennt viðurkennd sem fögur með jökul sem bakgrunn, fjölbreytt gróðurlendi, tjarnir og vötn, mikið fugla- og smádýralíf, jökulár svo ekki sé minnst á víðernið.

Þeim svæðum fer stöðugt fækkandi þar sem ekki eru vegir, kofar eða skálar, lón eða önnur mannvirki. Þótt vegir auðveldi aðkomu fyrir ferðamenn geta þeir líka valdið truflun á dýralífi og aukið „slit“ í náttúrunni. Ef ferðamannastraumur eykst óhindrað og ekki er fyrir hendi aðstaða og skipulag, sem tekur á þeim vandamálum sem koma upp, getur orðið erfitt að vernda bæði viskerfi veranna og landslagsheildina. Einmitt það sem sóst er eftir að njóta, þ.e. víðernið, kyrrðin og það að takast á við annað en malbik er fljótt að breytast.“

Fylgiskjal I.

Auglýsing
um friðland í Þjórsárverum.
(Stj.tíð. B, nr. 507/1987.)

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Náttúruvernd ríkisins] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnt jökulsker 1 250 m y. s. norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast dregin lína í öldu 644 m y. s. norðaustur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m y. s. austur af Þúfuveri, þaðan suðsuðvestur í öldu 634 m y. s. sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m y. s. vestnorðvestur yfir Þjórsá í öldu á Fjórðungssandi 622 m y. s. og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punktanna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrætti Íslands, blöðum 65 og 66, gefnum út af Geodætisk Institut 1954.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Sérstök nefnd [Náttúruvernd ríkisins] er til ráðuneytis um málefni friðlandsins. Hún skal þannig skipuð, að [Náttúruvernd ríkisins], Landsvirkjun, hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttamálafélags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Starfstímabil fulltrúa hreppanna er hið sama og kjörtímabil þeirra. [Náttúruvernd ríkisins] skipar formann ráðgjafarnefndar.
2. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi [Náttúruverndar ríkisins].
3. Óheimilt er að skaða gróður og trufla dýralíf, svo og að hrófla við jarðmyndunum, gæsaréttum og öðrum minjum.
4. Umferð ökutækja er óheimil utan merktra ökuslóða og skal merking háð samþykki ráðgjafanefndar samkvæmt 1. tölulið. Þó skal heimilt að nota snjóbíla og vélsleða á jökli og einnig á snjó og hjarni þegar gróðri stafar ekki hætta af.
5. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.
6. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum.
7. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.
8. Reglur þessar hagga ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum, sem viðkomandi hreppsnefnd eða stjórnir afréttarmála og [Náttúruverndar ríkisins] setja að fengnum tillögum ráðgjafanefndar.
9. Notkun skotvopna er óheimil á friðlandinu.
10. [Náttúruvernd ríkisins] getur veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum og kveðið nánar á um vernd svæðisins. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur þess lands sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. að ofan er Landsvirkjun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakakvíslum Þjórsár á Sprengisandi og austurþverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki.

Ennfremur mun [Náttúruvernd ríkisins] fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati [Náttúruverndar ríkisins]. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafanefndar samkvæmt 1. tl. Skal nefndin ennfremur fjalla um endanleg mörk umræddra mannvirkja, ráðstafanir til að draga úr óæskilegum áhrifum þeirra á vistkerfi Þjórsárvera og hugsanlega endurskoðun á vatnsborðshæð miðlunarlónsins. Nefndin skal og gera tillögu til stjórnar Landvirkjunar og [Náttúruverndar ríkisins] um nauðsynlegar rannsóknir í þessu sambandi og skal Landsvirkjun kosta þær að svo miklu leyti sem hlutaðeigandi rannsóknaráætlun hlýtur samþykki stjórnar Landsvirkjunar og [Náttúruverndar ríkisins].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 753/1981 um friðland í Þjórsárverum.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Fylgiskjal II.

Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

samþykkt einróma á opnum þingflokksfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem haldinn var í Þjórsárverum laugardaginn 21. júlí 2001.

Opinn fundur þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Þjórsárverum, laugardaginn 21. júlí 2001, telur að vernda eigi Þjórsárver og umhverfi þeirra en ekki spilla þessu einstaka, friðaða landsvæði og umhverfi þess með frekari virkjunum. Fundurinn tekur undir tillögur sem fram hafa komið um að friðlandið verði stækkað og mörk þess dregin þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Fundurinn mótmælir þess vegna harðlega framkomnum hugmyndum um Norðlingaölduveitu og þeirri skerðingu friðlandsins í Þjórsárverum sem af henni hlytist. Í stað þess að hrófla við Þjórsárverum frekar en orðið er þarf að endurmeta á faglegum forsendum hvar eðlileg mörk friðlandsins eiga að vera og færa þau út í samræmi við það. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun í upphafi þings beita sér fyrir því að þegar verði hafist handa í þessu máli.

Greinargerð.

Þjórsárver eru að hluta friðlýst enda þykir svæðið einstakt vegna landslags, gróðurfars og dýralífs. Í friðlýsingu Þjórsárvera kemur fram að ekki skuli virkja ef rannsóknir sýna að lónsmyndun yrði til þess að náttúruverndargildi veranna rýrnaði.

Nú þegar hefur 40% af Þjórsá verið veitt til Þórisvatns og síður en svo er séð fyrir endann á þeim áhrifum sem þessar veitur munu hafa á umhverfi Þjórsárvera og verin sjálf. Hætt er við að frekari breytingar á vatnafari svæðisins muni hafa ófyrirséð og alvarleg áhrif. Niðurstöður rannsókna dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur um gróður og miðlunarlón í Þjórsárverum sýna að veruleg áhætta er tekin með myndun uppistöðulóns eins og nú eru hugmyndir um. Slík lónsmyndun hefði mikil áhrif á svæðinu öllu og rýrði náttúruverndargildi veranna umtalsvert. Einnig er nauðsynlegt að hafa í huga að stórframkvæmdir með tilheyrandi vegagerð, línulögnum og öðrum mannvirkjum í nágrenni við friðlýsta svæðið hefðu að sjálfsögðu keðjuverkandi áhrif og kæmu niður á friðlandinu.

Mikil áhersla hefur á undanförnum árum verið lögð á gróðurvernd og uppgræðslu og kapp lagt á að hefta fok frá hálendi landsins. Hafa verður í huga að lón í Þjórsárverum myndi sökkva 7 km² gróins lands og orsaka öldurof og strandmyndun í vel grónu landi við Þjórsá. Það hefði í för með sér alvarlegan uppblástur og víðtæk áhrif á gróður á stóru svæði. Slíkar framkvæmdir væru því í fullkominni mótsögn við viðleitni til að hefta uppblástur og jarðvegseyðingu á hálendi landsins.

Umtalsvert gróðurlendi er utan marka núverandi friðlands. Líta verður á það sem hluta af heildarsvæðinu, því ásamt verunum, jökulkvíslunum, jöklinum að baki og aðliggjandi auðnum myndar allt þetta einstakt vistkerfi og er hluti stórfenglegrar landslagsheildar með margbreytilegu fugla- og dýralífi, gróskumiklu gróðurfari og fjölbreyttu vatnakerfi.

9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla eftir áfangaskýrslu frá verkefnastjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem helstu virkjunarkostir sem taka þarf ákvarðanir um á næstu missirum verði metnir.

Stjórnvöld taki mið af niðurstöðum áfangaskýrslunnar við val nýrra virkjunarkosta þar til rammaáætlunin hefur tekið gildi.

Greinargerð.

Í febrúar 1997 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, léti gera rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem skyldi lokið fyrir árið 2000. Markmið áætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti og vera grundvöllur að forgangsröðun þeirra. Á fyrri hluta ársins 1999 var unnið að undirbúningi verkefnisins sem fékk kjörorðið *Maður – nýting – náttúra; rammaáætlun um nýtingu jarðvarma.*

Í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur á 126. þingi um hvernig vinnu við gerð rammaáætlunar miðaði í upphafi árs 2001 kom fram að verkefnastjórnin hefði sett sér það markmið að í lok árs 2002 mundi hún skila fyrsta áfanga mats á allt að 25 virkjunarhugmyndum af hugsanlegum 100 sem komið gætu til umfjöllunar í rammaáætlun.

Verður að telja það afar bagalegt að ekki sé að vænta mats frá verkefnastjórninni fyrr en í fyrsta lagi í lok árs 2002 þar sem taka þarf mikilvægar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir fyrir þann tíma. Er því með tillögu þessari lagt til að kallað verði eftir áfangaskýrslu frá verkefnastjórninni. Þar verði þeir virkjunarkostir metnir sem að mati iðnaðarráðherra þarf nauðsynlega að taka ákvarðanir um á því tímabili sem líður þar til fyrsti áfangi rammaáætlunar liggur fyrir. Slík skýrsla yrði forsenda ákvarðana stjórnvalda við val nýrra virkjunarkosta auk þess sem hún gæti komið í veg fyrir hatrammar deilur um virkjunarkosti.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjald til sjóðsins skal nema 12% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 8%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna mynda tvö prósentustig af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að Lífeyrissjóður sjómanna getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Þrátt fyrir þetta vantar enn um 4.494 millj. kr. eða 6% til þess að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans samkvæmt tryggingafræðilegu mati miðað við árslok 2000, en halli sjóðsins árið á undan, þ.e. 1999, var 2.185 millj. kr. eða um 3,2%. Með viðvarandi halla sjóðsins yfir 5% verður lögum samkvæmt að grípa til ráðstafana sem felast í enn frekari lækkun réttinda sjóðfélaga, ef engar viðbótargreiðslur koma til.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðanda í Lífeyrissjóð sjómanna um tvö prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það sem upp á vantar til að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl. Til þess hníga ýmis rök, svo sem afar háar greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildarlífeyrisgreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum lífeyrissjóðum er mun lægra, í sumum tilfellum allt niður í 20%.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris fyrr en tryggingafræðileg úttekt sýnir að sjóðurinn getur staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum. Þess í stað verði auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til þess að brúa það sem upp á vantar hvað snertir skuldbindingar sjóðsins og framtíðarhagur sjóðfélaga þannig bættur. Jafnframt munu auknar greiðslur launagreiðenda verða til þess að stöðva enn frekari skerðingar á réttindum núverandi lífeyrisþega í Lífeyrissjóði sjómanna.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð: *Vatnasvið:* Landsvæði sem vatn safnast af í sameiginlegan farveg.

2. gr.

Við 1. mgr. 50. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið er þó aldrei heimill nema að fengnu sérstöku samþykki Alþingis; sama gildir um vatnsmiðlun skv. 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt ásamt þeirri greinargerð sem því fylgdi.

Vatnalögin frá 1923 eru með merkari lagabálkum. Þrátt fyrir að vera tæplega átta áratuga gömul halda velflest ákvæði þeirra fullu gildi þó að annað hafi minna gildi við þær aðstæður sem nú ríkja, svo sem ákvæði um áveitur.

Höfundar laganna hafa verið vel meðvitaðir um mikilvægi þess að mannvirkjagerð, hvort sem heldur væri áveitur, stíflugerð eða vatnstaka til neyslu eða virkjana, raskaði ekki meiru í náttúrunni en óhjákvæmilegt væri. Á mörgum stöðum er vikið að því að hvers kyns breytingum og raski skuli haldið í lágmarki og vatnsfarvegum ekki breytt meira en óhjákvæmilegt sé. Almenna reglan er skýrt mótuð í 1. mgr. 7. gr. laganna þar sem segir: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið.“ Frávikin frá þeirri meginreglu laganna helgast svo af því sem nauðsynlegt er vegna nýtingar vatnsorku eða vatnsmiðlunar. Athyglisverð er sú áhersla sem á það er lögð í IV. kafla, um áveitur, að eins lítið sé hróflað við náttúrulegum eða fornum rennslisháttum vatnsfalla og mögulegt er, sbr. t.d. 1. mgr. 41. gr.

Tæplega hafa menn við setningu vatnalaganna 1923 gert sér í hugarlund að áform yrðu uppi um jafnstórfellda vatnaflutninga og nú eru á dagskrá ef ráðist verður í Kárahnjúkavirkjun eystra og til eru á teikniborði í frumhugmyndum um nokkrar fleiri stórvirkjanir.

Allmiklir vatnaflutningar hafa þegar átt sér stað á Þjórsársvæðinu og með Kvíslaveitum og tilraun var gerð til að snúa kvíslum úr Skjálfandafljóti við í Vonarskarði þannig að það vatn félli suður af heiðum en ekki norður. Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri einföldu breytingu að allir meiri háttar vatnaflutningar verðir háðir sérstöku samþykki Alþingis í hverju einstöku tilviki. Er tilgangurinn sá að jafnalvarleg breyting og það er í náttúrunni að flytja vatnsfall milli vatnasviða fái ávallt sérstaka umfjöllun og skoðun og Alþingi sjálft taki um slíkt endanlega ákvörðun. Slíkt yrði að sjálfsögðu gert að undangengnu mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Rétt þykir að bæta inn í 1. gr. laganna einfaldri skilgreiningu á orðinu „vatnasvið“ þar sem efni frumvarpsins tekur til þess sérstaklega ef flytja á vatnsföll milli vatnasviða. Vatnasvið er það landsvæði sem vatn safnast saman af í sameiginlegan farveg af nokkru svæði þannig að um verða að ræða skýrt afmarkað vatnsfall. Ekki er með öðrum orðum átti við smákvíslar eða drög heldur meginfarveg sem safnar vatni af nokkru svæði. Á hinn bóginn er ekki gert að skilyrði að vatnsfall hafi sérstakan farveg allt til sjávar. Þverár hafa sín sjálfstæðu vatnasvið, sem aftur eru svo hluti af vatnasviði stærri vatnsfalla. Til að fyrirbyggja misskilning eru svo sett viðmiðunarmörk, sbr. 2. gr. frumvarpsins, þar sem miðað er við tiltekið meðaltalsársrennsli.

Lagt er til að flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 m^3/sek. úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið verði í öllum tilvikum háður sérstöku samþykki Alþingis. Frumvarpið tekur þannig til flutnings á vatnsföllum með svipað rennsli og Elliðaár í Reykja-

vík eða meira. Enginn slíkur flutningur í tengslum við virkjanir, sbr. V. kafla, eða vatnsmiðlun, sbr. VI. kafla, yrði heimill nema með sérstöku samþykki Alþingis og þá auðvitað að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Vatnaflutningarnir sem slíkir fengju því alltaf sérstaka skoðun og umfjöllun á Alþingi og þingið sjálft hefði síðasta orðið um hvort leyfðir yrðu.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um landsdóm, nr. 3/1963. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og ljúki hún störfum fyrir árslok 2002. Nefndin hafi að markmiði að einfalda framkvæmd laganna og tryggja tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt verði kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Samhliða þessari tillögu er flutt önnur tillaga sem felur í sér að einnig fari fram heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Hér er um tengd mál að ræða þannig að rétt er heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem orðin eru nær 40 ára gömul.

Forsagan og núverandi skipan mála.

Lög um landsdóm voru fyrst sett árið 1905 en heildarendurskoðun fór fram á þeim lögum árið 1960 og ný lög voru sett um dóminn á árinu 1963. Sú löggjöf fól í sér gagngerar breytingar á lögum um landsdóm. M.a. var dómurum fækkað um helming, en hann skipuðu áður 30 dómarar. Reglurnar um skipan dómsins þóttu úreltar og flóknar. Það nýmæli var þá sett í lögin að Alþingi kysi fimm menn úr sínum hópi, saksóknarnefnd, til að vera saksóknara til aðstoðar þegar mál væri höfðað gegn ráðherra.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1963 fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis til að höfða slík mál.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar er einnig kveðið á um að forseti Íslands geti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu sem landsdómur hefur

dæmt nema með samþykki Alþingis. Stjórnarskráin setur því breytingu á skipan þessara mála þröngar skorður en samkvæmt henni er ákæruvaldið gegn ráðherra í höndum Alþingis og dómsvaldið í þeim málum sem Alþingi samþykkir að höfða hjá landsdómi. Án breytingar á stjórnarskránni virðist löggjafinn því einungis geta ákvarðað um hvernig skipan dómsins skuli háttað, fyrir hvaða athæfi eða verknað ráðherra skuli sæta ábyrgð og hvaða viðurlögum hann skuli sæta.

Lögin um ráðherraábyrgð kveða á um efnisþætti ráðherraábyrgðar, skilyrði sakfellingar og viðurlög. Lögin um landsdóm kveða aftur á móti á um skipan dómsins og dómsferil.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ólafur Jóhannesson samdi um landsdóm og varð að lögum nr. 3/1963 kemur eftirfarandi fram: „Satt er það að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Þar getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gagnslaust."

Ákvæði laga um landsdóm hefur aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar er úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi ákvæði um landsdóm, sem staðið hafa óbreytt frá setningu þeirra, eru mjög þung í vöfum. Í raun má segja að þau séu orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa í dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Almennur dómstóll í stað landsdóms.

Það er mat flutningsmanna að ástæða væri til að einfalda mjög skipan þessara mála og jafnvel að leggja af landsdóm þannig að ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ.e. þeir verði saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. Það krefst breytingar á stjórnarskránni en engu síður er fyllsta ástæða til að kanna þennan kost. Þannig fyrirkomulag tíðkast í Englandi, en jafnframt eru í gildi þar í landi sérstakar siðareglur fyrir ráðherra. Þótt ábyrgð á hendur ráðherrum væri komið fram fyrir almennum dómstólum mætti engu síður hugsa sér að málshöfðunarrétturinn væri í höndum

Alþingis eins og áður. Rökin fyrir framangreindu eru m.a. þau að æðstu handhafar framkvæmdarvalds eru ráðherrar. Þær stofnanir sem fara með ákæruvald (ríkissaksóknari/lögreglustjóri) heyra undir ráðherra, a.m.k. að formi til. Í nágrannaríkjum okkar er þó þróunin sú að tryggt verði sjálfstætt ákæruvald. Því verður að telja eðlilegt að Alþingi fari með málshöfðunarréttinn í þessu tilviki. Ætla má að það hafi verið hugsunin að baki núverandi tilhögun ákærureglna landsdóms og ekki ástæða til að breyta því þótt mál gegn ráðherra verði rekin fyrir almennum dómstólum.

Í þessu samhengi má enn fremur benda á að fræðimenn hafa gagnrýnt tilvist dómsins. Dr. Gunnar G. Schram fjallar um þýðingu hans í bók sinni Um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Segir hann þar m.a.: „Má því spyrja, hvort ekki væri réttara að leggja dómstól þennan niður og fá verkefni hans Hæstarétti, sem fullfær er að annast það.“ Einnig segir dr. Gunnar: „Alþingi myndi eftir sem áður hafa í sínum höndum ákæruvaldið vegna embættisbrota ráðherra.“ Sýnist þetta mun einfaldari og heppilegri lausn. Nægilegt réttaröryggi ætti að vera fólgið í því að ákæruvaldið yrði áfram í höndum Alþingis. Jafnframt mundi sú skipun sem dr. Gunnar nefnir fella úr gildi þær vafasömu reglur sem nú gilda um skipan landsdóms. Sú hugmynd fer að verulegu leyti saman við hugmyndir sem hér eru settar fram um breytingu á dómnum. Þrátt fyrir niðurfellingu landsdóms mætti enn fremur skoða hvort ástæða væri til að huga að breytingum á réttarfarslögum og lögum sem fjalla um dómstóla þannig að Alþingi geti tilnefnt sérstaka meðdómendur í dómsmálum á hendur ráðherrum.

Hér má enn fremur benda á að í Danmörku hafa fræðimenn haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sem sé stirt og þunglamalegt geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð.

Réttur minni hluta þingmanna betur tryggður.

Flutningsmenn telja einnig að rétt sé að kanna hvort ekki væri eðlilegt að tryggja betur rétt minni hluta alþingismanna til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er algjörlega óvirk. Ástæða þess er að tillögur um skipan rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið sl. 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er því lagt til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm með því að leggja hann niður og að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir almennum dómstólum. Eins og komið hefur fram þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu. Jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipun dómsins, t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er tækju sæti í dómi kæmi til þess að höfðað verði mál á hendur ráðherra. Er lagt til að kostir og gallar þess verði kannaðir. Með framangreindum tillögum þarf ekki að afnema málshöfðunarrétt þingmanna, en lagt er til að réttur minni hluta þingmanna verði betur tryggður í því efni.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem skuli hafa lokið störfum fyrir árslok 2002. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar en Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt væri að í hóp nefndarmanna veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Vel kemur til greina að sömu menn veljist til setu í þessari nefnd og veljist í nefnd er endurskoði ákvæði laga um ráðherraábyrgð, sbr. þingsályktunartillögu þess efnis, enda um nátengd mál að ræða.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um kosningar til Alþingis.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skal hafa að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi og þingmenn 52 talsins. Skal helmingur alþingismanna kosinn af landslista og hinn helmingurinn kosinn persónubundinni kosningu þar sem 200 manna listi liggi til grundvallar. Þá skal nefndin sérstaklega huga að því hvort ekki eigi að leggja bann við tíðkuðum prófkjörum. Enn fremur skal leggja bann við birtingu skoðanakannana viku fyrir kosningar. Þá skal upp tekið ákvæði um að taki þingmaður sæti ráðherra skuli hann víkja úr þingsæti fyrir varamanni sínum.

Greinargerð.

Við afgreiðslu allsherjarnefndar á 125. löggjafarþingi um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis skilaði Sverrir Hermannsson svohljóðandi nefndaráliti:

„Mál þetta gefur vissulega tilefni til að rifjuð væri upp saga kjördæmaskipunar og kosningarréttar á Íslandi á þeirri öld sem senn er á enda runnin. Það verður þó látið hjá líða. Aðeins minnt á sleitulausa baráttu lýðræðisflokkanna fyrir réttlátara kerfi og jöfnun kosningaréttar allar götur frá því að sérgæsluflokkur Framsóknar nam hér land.

Í skjóli hróplegs ranglætis í þeim efnum deildi sá flokkur og drottnaði áratugum saman til óheilla fyrir land og lýð, þar sem flokkslegir sérhagsmunir sátu ávallt í fyrirrúmi, að ekki sé minnst á Hriflungaöld.

Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur hófu í öndverðu atlögu að hinu rangláta kerfi og seinna bættust sósíalistar í þann hóp.

Á árum áður þótti mönnum sem rök lægju til þess að strjálar byggðir ættu meira afl í atkvæði sínu en þéttbýlisfólk og þó einkum íbúar höfuðborgarinnar. Auðvitað reyndust þetta falsrök ein, enda verður í engu séð að misvægi atkvæða hafi nokkurs manns hagsmuni varið né byggðarlaga. Heldur þvert á móti, þar sem fulltrúar þéttbýlisins hafa hrammsað til sín að kalla allt framkvæmdarvaldið með beinni vísan til þess að með því móti væri verið að jafna atkvæðisréttinn. Á því lagi hefur a.m.k. flokksstjórn Sjálfstæðisflokksins legið. Til þess að geta skotið þeim skildi fyrir sig hefur enginn áhugi verið hjá forustu þess flokks á jöfnun atkvæðisréttar hina síðari áratugina, svo sem staðfest er rækilega með þeim óbermilega málatilbúnaði sem hér liggur fyrir afgreiðslu.

Árið 2000 liggur fyrir tillaga á Alþingi Íslendinga, og virðist njóta mikils meirihlutafylgis, um að misvægi atkvæða skuli vera allt að einn á móti tveimur, sem gerir hinn helga undirstöðurétt í lýðræðisríki að skrípi. Og örþjóðinni, sem er ekki fjölmennari en meðalþorp á öðrum löndum, skal skipt upp í kjördæmi, sem eiga sér enga stoð aðra en að innan þeirra búi sem jafnastur fjöldi fólks. Sem leiðir til þess að höfuðborginni þarf að skipta þvers og kruss eða hvorutveggja og hallvika kjördæmamörkum þar eftir stærð fjölbýlishúsa og fjölda íbúa þeirra.

Þetta illa strokkaða tilberasmjör úr strokki þingflokka síðasta kjörtímabils hlýtur, ef að lögum verður, að opna augu þings og þjóðar fljótlega fyrir þeirri nauðsyn að landið verði allt eitt kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi frumburðarréttur einstaklinganna, atkvæðisrétturinn, jafn og óskertur. Það má heita með ólíkindum ákvæðið, sem kveður svo á að skilyrði til að fá úthlutað jöfnunarþingsæti sé að framboð fái á landsvísu 5% atkvæða, enda þótt slíkt framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann.

Af sjálfu leiðir að Frjálslyndi flokkurinn á enga aðild að málatilbúnaði þessum og ætlar sér ekki að hafa, enda sýnist siglt fyrir öll sker um framgang málsins. Þingmenn flokksins áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum ef fram koma. Þeir munu sitja hjá við lokaafgreiðslu þess og vísa með því frá sér allri ábyrgð á því. Þeir munu hins vegar beita sér fyrir endurupptöku málsins þegar á næsta þingi."

Það er augljóst mál að ekki verður búið við hina nýju kjördæmaskipan. Þess vegna er fyrsti tíminn bestur til að breyta um skipan þessa undirstöðumáls lýðræðisins.

Tillaga sama efnis var lögð fram á síðasta þingi en komst ekki á dagskrá og er því lögð fram að nýju.

14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna rammaáætlun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Áætlunin feli í sér úttekt á félagsstarfi sem til greina kemur í þessu sambandi, svo sem starfi á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Einnig verði gerðar tillögur um með hvaða hætti vænlegast sé að efla slíkt starf þannig að árangur náist.

Heimilt verði að verja allt að 75 millj. kr. á árinu 2001 til að hefja framkvæmd átaksins og síðan allt að 200 millj. kr. árlega í fimm ár.

Ríkisstjórnin skili Alþingi árlega skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar þar sem árangur átaksins er metinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð.

Ljóst er að neysla fíkniefna er alvarlegt samfélagsvandamál á Íslandi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja til að bregðast við þessum vanda og í umræðu um þessi efni er jafnan lögð mikil áhersla á forvarnir. Sú tillaga sem hér er flutt er hugsuð sem innlegg í baráttuna gegn neyslu ávana- og fíkniefna og snýr að félagslegum forvörnum. Um leið er ætlunin að stuðla að þroskandi þátttöku ungs fólks, bæði félagslega, andlega og líkamlega, í uppbyggilegu félagsstarfi.

Það er ekki markmið forvarnastarfs í sjálfu sér að hafa úrslitaáhrif á það hvernig einstaklingar haga sínu lífi eftir að þeir eru komnir á fullorðinsár. Segja má að forvarnir snúist um að stuðla að því að fólk láti vera að nota vímuefni eða hefji a.m.k. ekki notkun þeirra fyrr en það getur tekið yfirvegaða ákvörðun um það og neyti þeirra þá ekki í óhófi. Það er samdóma álit þeirra sem vinna að forvörnum að það eitt að seinka notkun vímuefna hjá ungu fólki sé alltaf til bóta, enda hljóti það að vera betur í stakk búið til að umgangast vímugjafa eftir því sem það öðlast meiri þroska og þekkingu á þeim efnum sem um er að ræða.

Félagslegar forvarnir hafa þann mikla kost að í raun eru þátttakendurnir sjálfir að sinna eigin forvörnum með því að taka þátt í þroskandi og uppbyggjandi félagsstarfi og sniðganga vímuefnin í senn. Slíkt félagsstarf eykur alla jafna samskiptahæfni fólks, eflir sjálfstraust þess og virðingu fyrir öðrum. Hvað félagslegar forvarnir snertir er höfuðatriði að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Eðlilegt er að líta til nemendafélaga, tómstundafélaga, skáta, félagsmiðstöðva, trúfélaga og síðast en ekki síst íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin vinnur sem kunnugt er geysilega mikilvægt starf á þessu sviði. Kannanir sýna að íþróttir gegna stóru hlutverki í félagslegum forvörnum gegn ávana- og fíkniefnum. Þar kemur ekki aðeins til hið mikla félagslíf sem íþróttaiðkun fylgir. Unglingar sem stunda íþróttir velja sér einnig frekar fyrirmyndir úr hópi íþróttafólks og það hvetur þá á sinn hátt til að hlúa enn frekar að heilsunni og láta vímuefni ósnert.

Þótt margvíslegt íþrótta- og tómstundastarf sé í boði á vegum fjölmargra félagasamtaka er fjöldi unglinga sem ekki finnur þar neitt við sitt hæfi. Jafnframt er brottfall úr íþróttum mikið meðal unglinga. Félagsmiðstöðvar gegna því afar mikilvægu hlutverki í lífi nútímaunglinga og skipta þá stöðugt meira máli. Í félagsmiðstöðvum er boðið upp á vímulaust, verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst. Þar er yfirleitt að finna starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu og þar eru forvarnir útgangspunktur.

Starf félagsmiðstöðvanna er afar fjölbreytt og í sem stystu máli mætti segja að hlutverk þeirra sé að aðstoða unglinga við að gera það sem þeir hafa áhuga á, hvort sem það snýst um tónlist, leiklist, kvikmyndagerð, námskeið og fræðslufundi, skáldskap, íþróttir eða annað tómstundastarf. Fyrirlestrar af ýmsu tagi eru mikilvægur þáttur í starfi félagsmiðstöðvanna enda miða þeir að því að uppfræða unglinga og eyða fordómum, svo sem gagnvart tilteknum sjúkdómum og minnihlutahópum. Tilgangur starfsins er þó ekki síst að styrkja sjálfsímynd unglinga og gefa þeim raunverulegt val um hvernig þeir verja frítíma sínum. Oft þarf í raun og veru ekki annað en að útvega unglingum aðstöðu til að vinna að áhugamálum sínum. Á það ekki síst við um alls kyns íþróttir sem ekki hafa náð mikilli útbreiðslu, eða svokallaðar „jaðaríþróttir“, sem gjarnan ná fyrst og fremst hylli unglinga og geta átt eftir að festa rætur í íþróttalífi landsmanna síðar meir. Sem dæmi má nefna að meðal unglinga er snjóbrettaiðkun nú orðin útbreiddari en skíðaiðkun.

Nú eru meira en 70 félagsmiðstöðvar starfræktar víðs vegar um landið. Þar er unnið mikilvægt starf en fjárveitingar eru af skornum skammti. Staðreyndin er sú að á bilinu 92–97% af rekstrarfé félagsmiðstöðvanna fara í launagreiðslur. Þá er bersýnilega lítið sem ekkert eftir til viðhalds og efnis- og tækjakaupa, hvað þá til að greiða utanaðkomandi fyrirlesurum þóknun. Ófært er að ætlast til þess að félagsmiðstöðvar afli sértekna af einhverju tagi. Það gefur

augaleið að þá sem þangað sækja má ekki krefja um aðgangseyri eða þátttökugjöld. Ljóst er að aðstæður unglinganna eru afar misjafnar og gjaldtaka gæti leitt til þess að þeir heltust úr lestinni sem síst mega við því.

Samkvæmt mælingum á vegum Gallup taka nú á bilinu 50–65% unglinga þátt í félagsstarfi á vegum félagsmiðstöðvanna og er það heldur meiri þátttaka en í íþróttaiðkun á vegum íþróttahreyfingarinnar. Einnig ber að hafa í huga að félagsmiðstöðvar, einkum í Reykjavík, gegna í vaxandi mæli því hlutverki að vera eins konar hverfamiðstöðvar fyrir alla aldurshópa. Dæmi eru um að 6–9 ára börnum sé sinnt allan ársins hring með frístundaheimili og leikjanámskeiðum. Því er óhætt að segja að félagsmiðstöðvar sinni stöðugt fleiri verkefnum á sviði æskulýðsmála í landinu. Allur kostnaður við rekstur þeirra er greiddur af sveitarfélögum og styrktaraðilum. Mun það vera einsdæmi innan Evrópusamtaka félagsmiðstöðva (ECYC) að landssamtök félagsmiðstöðva, í okkar tilviki Samfés sem allar félagsmiðstöðvar landsins eru í, byggist alfarið á félagsgjöldum og kostun.

Ljóst er að stórefla má félagslegt forvarnastarf með tiltölulega litlum viðbótarfjármunum. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrst og síðast byggðar upp á fólkinu sem þar starfar þannig að þær þarfnast aðallega svigrúms til að kosta viðhald, efni og annað slíkt. Þó ber að hafa í huga að áríðandi er að félagsmiðstöðvarnar geti aukið starfsemi sína verulega á næstunni. Þar kemur ekki síst til þörf fyrir að þjóna aldurshópnum 16–18 ára sem virðist í auknum mæli leita í öryggi og afþreyingu miðstöðvanna. Sýnilegt er að nýleg hækkun á sjálfræðisaldri íslenskra unglinga kallar á sérstaka skoðun á málefnum þessa aldurshóps.

Í tillögunni er lagt til að gerð verði yfirgripsmikil úttekt á þeirri starfsemi sem fallið getur undir félagslegar forvarnir. Enn fremur að gerð verði áætlun um að efla slíkar forvarnir og veita til þess umtalsverða fjármuni. Til að meta árangurinn af slíku átaki skal ríkisstjórnin árlega skila skýrslu til Alþingis um framkvæmd áætlunarinnar.

15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um heildarendurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að heildarendurskoðun skuli fara fram á ákvæðum laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu. Í því skyni skipi forsætisnefnd Alþingis fimm manna nefnd og skal hún hafa hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Nefndin ljúki störfum fyrir árslok 2002.

Forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndarinnar. Hæstiréttur tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu og í því skyni verði höfð hliðsjón af ráðherra-

ábyrgðarlögum í öðrum löndum. Samhliða þessari tillögu er flutt önnur tillaga sem felur í sér að fram fari heildarendurskoðun á lögum um landsdóm. Þar sem hér er um nátengd mál að ræða er rétt að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem eru orðin nær 40 ára gömul.

Lagaleg og pólitísk ábyrgð ráðherra.

Ráðherraábyrgð getur hvort tveggja verið lagaleg og pólitísk. Samkvæmt lögum nr. 4/1963 getur lagaleg ábyrgð t.d. falist í stjórnarskrárbroti, broti á landslögum eða að ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættismörk sín, og stofnar með því heill einstaklinga eða almennings í hættu. Lögin eiga því við um embættisbrot ráðherra. Skilyrði refsiábyrgðar eru að brotin séu annaðhvort framin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Stjórnmálaleg ábyrgð lýtur öðru fremur að hinni þingræðislegu ábyrgð, en um hana segir í tímaritinu Sagnir frá 1985 í grein eftir Magnús Hauksson: „Stjórnmálalega ábyrgðin er nokkuð annars eðlis en sú lagalega. Hún er engum lagareglum háð. Það má hugsa sér að hún skiptist í nokkra þætti. Í fyrsta lagi er ríkisstjórn ábyrg gagnvart kjósendum því í lýðræðisríkjum verða ráðherrar að leggja embættisverk sín og stjórnarstefnu undir dóm kjósenda við almennar kosningar. Jafnvel þótt ráðherra vilji ekki vera áfram í embætti skiptir dómur kjósenda máli því flokkur hans líður fyrir verk hans eða nýtur þeirra eftir atvikum. Það má því einnig tala um flokkslega ábyrgð ráðherra. Loks má nefna þinglega ábyrgð ráðherra þar sem þingræði er í heiðri haft. Ráðherrar verða að standa þinginu reikningsskil ráðsmennsku sinnar og verja stefnu sína og framkvæmdir. Þar eð þingið ræður í raun og veru hverjir sitja í ráðherrastólunum verða þeir sem í þeim sitja hverju sinni að gæta þess að haga hvorki orðum sínum né gerðum á þann veg að þeir glati trausti meirihluta þingsins.“ Fram kemur einnig í þessari grein að auðvelt ætti að vera að halda lagalegu ráðherraábyrgðinni aðgreindri frá þingræðishugtakinu. Öðru máli gegni hins vegar um stjórnmálalegu ábyrgðina. Þingræði og þingleg ráðherraábyrgð merki það sama.

Pólitíska ábyrgðin lýtur þannig nokkuð öðrum lögmálum en sú lagalega. Má segja að um hana gildi frekar skráðar og óskráðar siðareglur og það traust og trúnaður sem ráðherra hefur hjá þingi og þjóð. Hjá nágrannaþjóðum okkar er það algengt, þótt hér heyri það til undantekninga, að ráðherra segi af sér sem ekki nýtur lengur trausts til að gegna þeim trúnaðarstörfum sem honum er treyst fyrir. Hér þarf ekki eingöngu að vera um að ræða refsi- eða bótaábyrgð fyrir embættisbrot eða brot gegn lögum. Miklu fremur liggur hin pólitíska og siðferðilega ábyrgð að baki afsögn ráðherra erlendis. Ljóst er einnig að því markvissari og skýrari sem ráðherraábyrgðarlögin eru verður auðveldara að leggja mat á hina pólitísku ábyrgð ráðherra.

Tilhögun í nágrannalöndum.

Skipan þessara mála er með ýmsu móti í nágrannalöndum okkar. Ákvæði er í stjórnarskrám margra landa um ráðherraábyrgð og um sérstakan dómstól til að dæma í þeim málum sem þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Í Danmörku gilda svipaðar reglur og á Íslandi um ábyrgð ráðherra og landsdóm. Hefur fimm sinnum komið til kasta landsdóms þar í landi á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og sýnir reynsla Dana að ákvæði um ábyrgð ráðherra geta komið í góðar þarfir. Má í því sambandi nefna að fjögur af þessum fimm málum voru höfðuð í kringum aldamótin 1900 og hafði landsdómur því legið í dvala í um 80 ár áður en hann var endurvakinn í svokölluðu Tamílamáli sem höfðað var gegn fyrrverandi dómsmálaráðherra Danmerkur og dæmt var í árið 1995. Í því tilviki var ráðherrann sakfelldur fyrir að hafa af ásettu ráði og á refsiverðan hátt vanrækt þær skyldur sem á honum hvíldu

samkvæmt lögum og eðli stöðu hans. M.a. með hliðsjón af nýlegri reynslu Dana verður ekki um villst að ákvæði laga um ráðherraábyrgð og refsiábyrgð ráðherra vegna brota í starfi eiga fullan rétt á sér, en af og til hafa komið upp mál hérlendis sem hafa vakið upp spurningar um ábyrgð ráðherra. Athygli vekur hins vegar í þessu samhengi að í Danmörku hafa fræðimenn m.a. haft á orði að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan um landsdóm þar í landi og einfalda hana. Er í því sambandi bent á að núverandi kerfi sé stirt og þunglamalegt og geti í raun komið í veg fyrir að ráðherrar sæti raunverulegri refsiábyrgð. Er eins og áður segir lögð fram þingsályktunartillaga samhliða þessari er kveður á um endurskoðun á lögum um landsdóm, nr. 3/1963.

Markmið heildarendurskoðunar á lögunum.

Ástæða þess að gerð er tillaga um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr og má þá t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstaklega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum.

Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi eins og komið verður nánar að hér á eftir. Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar hefur áður lagt fram frumvörp þessa efnis til breytinga á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, sem ekki hafa náð fram að ganga. Rétt þykir hins vegar nú að leggja til að heildarendurskoðun fari fram á ákvæðum laganna samhliða tillögu um heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 3/1963, um landsdóm.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því er nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvægt ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að ráðherrar sæti ábyrgð samkvæmt lögunum gefi þeir þinginu röng svör eða villandi upplýsingar. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að lög um ráðherraábyrgð taki til tilvika eins og þeirra ef ráðherrar veita röng eða villandi svör við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Sambærileg ákvæði má finna í dönskum og norskum lögum sem fjalla um ábyrgð ráðherra en eins og áður segir taka núgildandi lög um ráðherraábyrgð ekki sérstaklega til ábyrgðar ráðherra vegna upplýsinga sem þeir veita Alþingi. Of oft hefur það hins vegar komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar. Slíkt getur leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra. Auk þess er hætta á að ef vafi leikur á að ráðherrar gefi Alþingi réttar upplýsingar geti það leitt til óvandaðrar málsmeðferðar og lagasetningar sem byggist ekki á staðreyndum um efni máls. Því er nauðsynlegt að nefnd sú er endurskoðar lög um ráðherraábyrgð taki tillit til þessa. Með því verður það refsivert ef ráðherra er fundinn sekur um athæfi eins og að framan greinir. Hér má nefna að þegar lög um ráðherraábyrgð voru sett í Danmörku árið 1964, ári

eftir að lög um ráðherraábyrgð voru sett hérlendis, var lögð á það rík áhersla að ráðherra yrði refsiábyrgur í slíkum tilvikum og var það talið mikilvægt til að styrkja stöðu þjóðþingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Niðurlag.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að nefnd verði skipuð sem skuli vinna að heildarendurskoðun á lögum nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Endurskoðunin á að taka mið af því að færa ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrannalöndum okkar. Sérstaklega á að skoða ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef ráðherra greinir rangt frá og gefur þingmönnum og þingi rangar upplýsingar eða leynir upplýsingum sem mikilvægar eru fyrir meðferð mála. Mikilvægt er einnig að styrkja ákvæði laga um ráðherraábyrgð sem kveða á um að ráðherra sé ábyrgur fyrir stjórnarframkvæmdum öllum, þar með talið vegna athafna undirmanna hans.

Í þessu skyni er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sem skuli hafa lokið störfum fyrir árslok 2002. Forsætisnefnd tilnefni þrjá nefndarmenn og úr þeim hópi komi formaður nefndarinnar og Hæstiréttur Íslands og lagadeild Háskóla Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn. Æskilegt er að í nefndina veljist menn er hafi víðtæka þekkingu og reynslu af stjórnskipunarrétti og stjórnmálafræði. Vel kemur til greina að sömu menn veljist til setu í þessari nefnd og veljist í nefnd er skal endurskoða ákvæði laga um landsdóm, sbr. þingsályktunartillögu þess efnis, enda um nátengd mál að ræða.

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.

Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um.

Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félags-

manna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til réttarbót fyrir launþega ef upp kemur sú staða að kjarasamningar eru lausir mánuðum saman. Viðbótarákvæðin, sem lagt er til með frumvarpi þessu að komi í 5. gr. laga nr. 80/1938, með síðari breytingum, eru efnislega þau að tryggja launþegum sambærilegar launabreytingar og öðrum launþegum hafa verið tryggðar fyrir sömu tímabil eða ár ef svo hagar til að gerð nýrra kjarasamninga dregst verulega á langinn. Ákvæðin sem bætt er í 5. gr. laganna eiga aðeins við og verða því aðeins virk að kjarasamningar viðkomandi stéttarfélags hafi verið lausir lengur en í sex mánuði. Sé nýr kjarasamningur gerður innan sex mánaða frá því að eldri kjarasamningur féll úr gildi hafa þau ákvæði sem frumvarpið felur í sér enga beina virkni. Ákvæðin ættu samt sem áður að hafa óbeina virkni í þá veru að hvetja aðila kjaradeilu til þess að leysa mál sín fyrr en ella.

Réttarbót launþegans felst í því að honum sem einstaklingi er tryggð leiðrétting á launum í samræmi við það sem samið hefur verið um við önnur launþegasamtök eða stéttarfélög. Ákvæðin verða virk þegar svo hagar til að samtök launþega og vinnuveitendur hafa ekki gert nýjan kjarasamning innan sex mánaða frá því að eldri samningur féll úr gildi. Um leið og sex mánuðir eru liðnir (6 x 30 = 180 dagar) er launþeganum tryggt að kjarabætur til hans verða afturvirkar í þrjá mánuði (3 x 30 = 90 daga). Jafnframt eru ákvæði um að fyrir hverja 60 daga sem dregst að endurnýja eða gera nýjan kjarasamning bætast 30 dagar við afturvirkni hækkunar kaupliða og kjaraatriða. Dragist í 12 mánuði að gera kjarasamninga á launþeginn orðið lögvarinn rétt til þess að fá upphafshækkun reiknaða aftur í tímann til þess dags er eldri kjarasamningur féll úr gildi. Að þessum lagabreytingum gerðum ætti það að vera úr sögunni að vinnuveitendur hagnist á því árum og áratugum saman, eins og dæmi eru um, að draga gerð kjarasamninga. Ákvæðin ættu einnig að verða til þess almennt að bein inngrip löggjafans í kjaradeilur yrðu sjaldséðari en verið hefur á undanförnum árum.

Eins og sést í fylgiskjali með frumvarpi þessu hafa kjarasamningar oft dregist mjög á langinn hjá fiskimönnum sem lengst hafa átt LÍÚ að beinum viðsemjendum þótt samtök vinnuveitenda og nú síðast Samtök atvinnulífsins, SA, hafi verið þar með hlutverk. Sú saga er reyndar mun lengri en fylgiskjalið sýnir og má rifja hana upp síðar ef þurfa þykir. Það sem upp úr stendur við þessa samantekt er að „samningatækni“ LÍÚ sl. 14 ár hefur haft þau áhrif á kjör og kjarasamninga fiskimanna að þeir hafa ekki notið kaupbreytinga á launaliði eða annarra kjarabóta til jafns við aðra launþega í landinu. Þar munar miklu í tíma, 2.403 dögum eða um það bil sex og hálfu ári á þeim 19 árum sem gerð er grein fyrir í fylgiskjalinu. Samtök fiskimanna verða varla með sanngirni sökuð um of mikla verkfallsgleði til þess að þvinga útgerðina til samninga þegar litið er á að fiskimenn voru sex og hálft ár á sl. 14 árum með lausa kjarasamninga þegar aðrir nutu kauphækkana mestallan þann tíma. Þess eru þó dæmi að kjarasamningar annarra hafi verið lausir einhverja mánuði, en „afrek“ LÍÚ í þessum efnum er einsdæmi.

Þrátt fyrir þetta er löggjafinn sjaldan langt undan þegar kemur að kjaradeilum sjómanna. Tímamæling á því væri fróðleg en flutningsmaður kann þá sögu. Oftast voru 15–25 dagar sá tími sem LÍÚ þurfti að bíða uns LÍÚ-vinveittu ríkisstjórnirnar settu lög á kjaradeilur sjómanna. Því væri full ástæða til þess að setja ákvæði inn í vinnulöggjöfina um að þegar kjara-

deilu er frestað tímabundið með lögum skuli það ástand sem lögin frestuðu koma aftur upp þegar gildistíma laganna lýkur. Þetta þýðir í reynd að verkfall hæfist sjálfkrafa á nýjan leik um leið og lögbundinn samningstími væri runninn út. Sú tillaga er þó ekki flutt að þessu sinni.

Ef setja ætti slíkt ákvæði í lög ætti það að koma sem ný grein á eftir 19. gr. laganna og hljóða svo:

Vinnustöðvanir, þ.e. verkbönn og verkföll eins og þau eru skilgreind í lögum þessum, sem ákveðnar eru með lögum, hefjast að nýju þann dag sem þau lög falla úr gildi eða að loknum þeim tíma sem tiltekin ákvæði kjarasamningsins skulu gilda samkvæmt sömu lögum.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum 15. janúar 1985 – 31. desember 2003*)

Gildistími kjarasamninga eða laga	Undirskrift kjarasamninga eða laga	Samningslaust tímabil
15.01.85–30.11.88	03.06.89	185 dagar
01.06.89–31.12.89	20.11.90	324 dagar
20.11.90–15.09.91	27.07.92	315 dagar
27.07.92–01.03.93	**14.01.94**	320 dagar
14.01.94–15.06.94	15.06.95	365 dagar
15.06.95–31.12.96	**27.03.98**	451 dagar
27.03.98–15.02.00	**19.03.01**	397 dagar
19.03.01-01.04.01	**16.05.01**	46 dagar
16.05.01-31.12.03)**	?	–
		Alls 2.403 dagar

*) Gildistími gerðardóms samkvæmt lögum nr. 34/2001 er til 31. desember 2003.
**) Gildir ekki fyrir félagsmenn.

Athugasemdir: Feitletraðar dagsetningar tákna setningu og gildistíma laga til framlenginga á kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Gildistími kjarasamninga eða laga: Hér er átt við þann gildistíma sem kveðið er á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða lögum. Hins vegar er hinn raunverulegi gildistími lengri eins og dæmin sanna, þar sem gildi nýs kjarasamnings tekur ekki gildi fyrr en nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður eða lög sett.

Samningslaust tímabil: Hér er átt við þann tíma sem skilur á milli frá gildislokum kjarasamnings/laga og þar til undirritun kjarasamnings/setning laga hefur farið fram.

Á framangreindu yfirlitstímabili, þ.e. frá 15. janúar 1985 til 31. desember 2003, eru 6.920 dagar. Á þessu tímabili eru 2.403 „samningslausir" dagar eða rúmlega 35% af yfirlitstímanum. Á þessu tímabili hafa lög framlengt kjarasamninga um 2.622 daga eða sem nemur um 38% af yfirlitstímanum. Samtals eru því sjómenn á fiskiskipum samningslausir og bundnir lögum sem nemur um ¾ af yfirlitstímanum.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um að spornað verði við uppsögnum eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis hefur tvívegis verið lögð fram án þess að hljóta afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt en í tillögutextanum eru teknar til greina ýmsar ábendingar sem komu fram við umræðuna á fyrri þingum.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða fremur ungt fólk til starfa en eldra fólk, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Sumar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka þá stefnu upp að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við þau aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði. Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga þannig að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að liggja fyrir fengju þeir launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks. Í þessu sambandi má benda á að Samband íslenskra bankamanna og fleiri samtök hafa lýst þungum áhyggjum yfir því misrétti gegn eldra starfsfólki sem viðgengst á vinnustöðum og segja þau að það færist mjög í vöxt að fólk sé látið gjalda aldurs.

Meðal ábendinga sem fram hafa komið má nefna að Mannréttindaskrifstofa Íslands telur ástæðu til að ítreka grundavallarreglu Sameinuðu þjóðanna um eldra fólk sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1991. Þar kemur m.a. fram að eldra fólk eigi að hafa um það að segja hvenær og á hvern hátt starfslok verða.

Í umsögnum sem Alþingi hafa borist vegna þessa máls hafa almennt komið fram mjög jákvæð viðbrögð og er hvatt til þess að málið fái framgang. Á meðal þeirra sem tekið hafa undir efni þingsályktunartillögunnar má nefna Landssamband eldri borgara, Mannréttindaskrifstofu Íslands, BHM, BSRB, Þjóðkirkjuna, Eyþing, Öryrkjabandalag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vissulega hafa einnig komið fram gagnrýnisraddir og varnaðarorð. Þannig segir í umsögn Samtaka atvinnulífsins: „Löggjöf eins og hér er gerð tillaga um skapar hins vegar fleiri vandamál en henni er ætlað að leysa. Hún er eingöngu til þess fallin að skerða snerpu og viðbragðsflýti fyrirtækja og dregur þannig úr samkeppnishæfni þeirra og þá

jafnframt atvinnumöguleikum starfsmanna. " Flutningsmaður telur þetta sjónarmið ekki eiga við rök að styðjast. Þvert á móti hafi komið fram sterkar vísbendingar um að æskudýrkun sem svo hefur verið nefnd geti komið fyrirtækjum í koll og beinlínis orðið til þess að veikja stöðu þeirra.

18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 37. gr., svohljóðandi:

Stimpilgjald óþinglýstra skjala skal lækka um fimmtung árlega frá 1. janúar 2002 fram til 1. janúar 2006. Frá þeim tíma skal stimpilgjald af skjölum sem ekki ber skylda til að þinglýsa fellt endanlega niður.

Stimpilgjald þinglýstra skjala skal lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er við stimplunina 1. janúar 2002.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Taka skal lög þessi til heildarendurskoðunar með tilliti til þess hvort fella eigi þau úr gildi fyrir 1. júlí 2006.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 126. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Það er endurflutt óbreytt.

Í núgildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Nokkuð er misjafnt eftir því hvers konar skjal er um að ræða hversu hátt stimpilgjaldið er.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Einnig má líta svo á að með innheimtu stimpilgjalds af lánum til einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja sé í raun verið að innheimta nokkurs konar „fátækraskatt", en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar með eigin fé. Þá bendir flutningsmaður jafnframt á að óeðlilegt

sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Hér er lagt til að stimpilgjald af óþinglýstum skjölum verði afnumið í þrepum, þannig að það lækki um fimmtung árlega og falli endanlega niður 1. janúar 2006. Þá er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2002 verði stimpilgjald þinglýstra skjala lækkað niður í raunkostnað við þá þjónustu sem veitt er. Eftir stendur þá þjónustugjald í stað skatts. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð í heild með tilliti til þess hvort fella eigi þau endanlega úr gildi eigi síðar en 1. júlí 2006.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum.

2. gr.

Fullum aðskilnaði ríkis og hinnar evangelisku lútersku kirkju skal náð innan fimm ára frá gildistöku laga þessara. Með fullum aðskilnaði er átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað.

3. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skal skipa nefnd fimm manna til að undirbúa nauðsynleg lagafrumvörp og sjá um annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr.

Nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

4. gr.

Eftir að lög þessi hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í samræmi við 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið annast undirbúning atkvæðagreiðslunnar. Hún skal vera leynileg og ræður meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Um nánari framkvæmd kosninganna fer eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

5. gr.

Ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda hafi meiri hluti þeirra er greiddu atkvæði veitt þeim samþykki sitt.

Ákvæði 4. gr. öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði og í samræmi við það skuli stefnt að aðskilnaði ríkis og hinnar evangelisku lútersku kirkju.

Kirkjuskipan sú sem við búum við er bundin í stjórnarskrá, nánar tiltekið í 62. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styrkja hana og vernda."

Í 2. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er síðan tekið fram að þessu megi breyta með lögum, og þýðir það að sú kirkjuskipan sem mælt er fyrir um í greininni nýtur ekki verndar 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um hina hefðbundnu meðferð sem frumvörp til breytinga á stjórnarskránni verða að hljóta áður en þau geta talist gild stjórnskipunarlög. Einungis þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem varin eru af 1. mgr. 79. gr. teljast til grundvallarlaga í íslenskum rétti. Ákvæði 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki í þeim flokki þar sem breyta má þeirri kirkjuskipan sem þar er kveðið á um með almennum lögum frá Alþingi. Þótt ákvæði 1. mgr. 62. gr. teljist ekki til grundvallarlaga nýtur það þó sérstakrar verndar sem kveðið er á um í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg."

Frumvarp það sem hér liggur fyrir miðar að því að breyta kirkjuskipan ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar og því ber að leggja málið, hljóti það samþykki á Alþingi, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu skv. 2. mgr. 79. gr. og ræður niðurstaða þeirra kosninga úrslitum um það hvort lögin öðlast gildi eða ekki.

Þótt kirkjuskipan sú sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar teljist ekki til grundvallarlaga eins og flest önnur ákvæði stjórnarskrárinnar má segja að sú vernd sem ákvæðinu er veitt í 2. mgr. 79. gr. sé ekki minni en felst í 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar þótt annars eðlis sé. Þjóðaratkvæðagreiðsla um löggjafarmál er einungis stjórnarskrárbundin í tveimur tilvikum, annars vegar skv. 2. mgr. 79. gr. sem hér hefur verið rædd og hins vegar þegar forseti hefur synjað staðfestingar á lögum skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að stjórnarskráin veitir ríkjandi kirkjuskipan mikla og sérstaka vernd sem tryggir að henni verður ekki breytt án mikillar og almennrar umræðu í þjóðfélaginu.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skulu njóta jafnréttis að lögum. Þetta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Núverandi ástand er í andstöðu við þau meginsjónarmið sem þetta ákvæði stjórnarskrárinnar byggist á. Ef 63. gr. stjórnarskrárinnar um trúfrelsi er skoðuð með hliðsjón af 65. gr. er eðlilegast að draga þá ályktun að hvers kyns forréttindi eins trúfélags umfram önnur gangi gegn þeim grundvallarsjónarmiðum sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla eru byggð á. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins felur í sér að óheimilt er að mæla fyrir um það í lögum að eitt trúfélag skuli njóta einhverra sérréttinda umfram önnur og kemur þannig til móts við þá kröfu að menn skuli hafa jafnan rétt og jafna möguleika á að iðka trú sína.

Í 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um aðskilnað ríkisins og hinnar evangelisku lútersku kirkju og skal honum náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Kveðið er á um fullan aðskilnað og með því átt við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Ákvæði

2. gr. er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins og í raun rökrétt afleiðing þeirrar greinar þar sem jafnrétti verður ekki talið ríkja meðal trúarsafnaða og kirkjudeilda fyrr en þessi aðskilnaður hefur farið fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er flókið verk og margt sem þarf að huga að og því er ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að aðskilnaðurinn sé að fullu yfirstaðinn fyrr en að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2002.

Hér verður ekki fjallað að öðru leyti um það samkomulag sem ríkisvaldið og kirkjan hafa gert með sér hvað varðar eignaskiptingu o.fl., enda varðar það ekki grundvallaratriði þessa frumvarps, heldur er það framkvæmdaratriði sem leysa verður þegar grundvallaratriðið um aðskilnað ríkis og kirkju hefur verið fest í lög.

Fleiri rök eru fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. Íslenskir söfnuðir, sem standa utan þjóðkirkjunnar, eru margir og þeim hefur fjölgað ört á undanförnum árum.

Hér á landi hafa lengi starfað fríkirkjusöfnuðir, sumir hverjir evangelisk-lúterskir eins og þjóðkirkjan, en hafa þó ekki notið aðstoðar ríkisvaldsins með sama hætti og þjóðkirkjan.

Sífellt fleira fólk flyst hingað til lands frá öðrum þjóðlöndum, fólk sem iðkar ólík trúarbrögð. Því fólki og þeim trúarbrögðum ber okkur skv. 65. gr. stjórnarskrárinnar að sýna fyllstu virðingu. Mismunun gagnvart þeim er engan veginn sæmandi.

Með núverandi skipan mála má segja að öðrum trúarhópum en þjóðkirkjunni sé sýnt óréttlæti sem ekki samrýmist eiginlegu trúfrelsi.

Skoðanakannanir hafa leitt í ljós að 60–65% þjóðarinnar styðja aðskilnað ríkis og kirkju. Skoðanakannanir Gallups á Íslandi um aðskilnað ríkis og kirkju hafa verið gerðar átta sinnum á síðastliðnum átta árum. Alltaf hefur verið spurt sömu spurninganna. Úrtakið hefur verið um 1200 manns í hvert sinn. Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar, sem Gallup gerði í september 2000, voru tæplega tveir af hverjum þremur fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju en rúmur þriðjungur andvígur. Á sama tíma eru nær níu af hverjum tíu landsmönnum skráðir í þjóðkirkjuna og bendir það til þess að þeir vilji þrátt fyrir það hverfa frá núverandi skipan mála.

Tengsl þjóðkirkjunnar við fólkið í landinu hafa slævst. Til marks um það var kristnihátíð á Þingvöllum sumarið 2000 sem almenningur sýndi mikið tómlæti.

Flytjendum þessa frumvarps er öldungis ljóst mikilvægi hins menningarlega og félagslega hlutverks kirkjunnar í samfélaginu. Því felur frumvarpið ekki á neinn hátt í sér óvild í garð kirkjunnar. Með því er einungis ætlunin að tryggja jafnrétti allra þegnanna á þessu sviði sem öðrum í samfélaginu.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra skipa sérstaka nefnd sem verði honum til aðstoðar við gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa og við annan undirbúning fyrir aðskilnað ríkis og kirkju skv. 2. gr. Til þess að fyllsta hlutleysis verði gætt er lagt til að ráðherra skipi nefndarmenn samkvæmt tilnefningum frá Hæstarétti Íslands. Þá er gert ráð fyrir að a.m.k. tveir nefndarmenn hafi lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands sem er eðlileg krafa ef horft er til þeirra verkefna sem nefndinni er ætlað að inna af hendi.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með hvaða hætti skuli leggja málið undir atkvæði kosningarbærra manna í landinu, sbr. 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Í greininni er síðan kveðið á um að um nánari framkvæmd kosninganna skuli fara eftir lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á sem felur meðal annars í sér að um kosningarrétt manna fer eftir þeim lögum.

Álitaefni er með hvaða hætti eigi að fara með frumvarpið eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 79. gr. virðist nærtækast að skilja ákvæðið svo að efnt skuli til þjóðaratkvæðagreiðslu áður en málið er lagt fyrir forseta Íslands til

staðfestingar, enda veitir staðfesting forseta því lagagildi, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nema það öðlist gildi síðar samkvæmt ákvæðum sínum. Þetta fyrirkomulag vekur hins vegar spurningar um það hvernig með skuli fara ef forseti, eftir að málið hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu, synjar frumvarpinu staðfestingar. Hér vaknar það álitaefni hvort leggja beri frumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu að nýju, sbr. 26. gr., eða hvort synjunarréttur forseta sé niður fallinn í þessum tilvikum. Í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, annarri útgáfu 1978, bls. 300, segir svo um þetta efni:

„Eigi er þess getið í stjórnarskránni hvernig með skuli fara, ef forseti synjaði slíku frumvarpi staðfestingar, sem reyndar er ekki sennilegt, en þó ekki fræðilega útilokað. Samkvæmt 26. gr. stjskr. er að vísu ljóst, að lögin taka þegar gildi, þrátt fyrir synjun forseta, en spurningin er, hvort leggja þurfi málið að nýju undir þjóðaratkvæði vegna synjunar á staðfestingu. Eftir orðanna hljóðan mætti ætla að lögin þyrftu að nýju að ganga til þjóðaratkvæðis, en það væri þó heldur umsvifamikið að láta þannig tvisvar sinnum hvað eftir annað fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um sama frumvarpið. Sennilega yrði því ekki talin þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, heldur yrði hin fyrri talin fullnægjandi, og fengju þá lögin fullt gildi til frambúðar, þótt forseti synjaði staðfestingar. Þýðir það í reyndinni, að forseti hefur ekki málskotsrétt gagnvart þeim lögum, sem þegar hafa gengið til þjóðaratkvæðis, og ber því að staðfesta þau. Hin aðferðin, að bera frumvarpið fyrst upp fyrir forseta, verður ekki höfð, því að lögin fá gildi við staðfestingu hans eða synjun samkvæmt 26. gr. stjskr., en það er ekki ætlunin samkv. 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Síðan segir í sama riti:

„Reyndar mætti mæla svo fyrir í lögunum, að þau öðluðust ekki gildi fyrr en þau hefðu verið samþykkt af kjósendum við almenna atkvæðagreiðslu. Mætti þá sjálfsagt leita staðfestingar forseta fyrir þjóðaratkvæðið, þótt ekki sé það alveg í samræmi við bókstaf 2. mgr. 79. gr. stjskr."

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er síðastnefnda leiðin farin. Gert er ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar með hefðbundnum hætti eftir að það hefur verið samþykkt frá Alþingi. Eftir að lögin hafa verið lögð fyrir forseta Íslands til staðfestingar skal leggja málið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu og er lagt til að kosningarnar fari fram samhliða næstu almennu sveitarstjórnarkosningum vorið 2002. Þessi leið hefur þann kost að ef hún er farin reynir ekki á það álitaefni sem nefnt var hér að framan hvað skuli gera ef forseti synjar staðfestingar eftir að lögin hafa verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því að setja málið fram með þeim hætti sem hér er gert hefur synjun forseta enga réttarlega þýðingu því skyldan til þjóðaratkvæðagreiðslu er þegar fyrir hendi og um leið tryggt að ekki þurfi að fara fram tvær þjóðaratkvæðagreiðslur um sama málið. Þá gefur þessi leið möguleika á því að kveða nánar á um þjóðaratkvæðagreiðsluna í sama lagafrumvarpinu og þar sem kveðið er á um hina breyttu kirkjuskipan, svo sem gert er í því frumvarpi sem hér liggur fyrir. En telja verður nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd kosninga í lögum þar sem ekki er kveðið á um einstök framkvæmdaratriði kosninganna í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við framangreint er gildistaka laganna tvískipt. Annars vegar öðlast 4. gr. laganna gildi með hefðbundnum hætti en hins vegar ræður þjóðaratkvæðagreiðslan, sbr. 4. gr., úrslitum um hvort ákvæði 1.–3. gr. öðlast gildi eða ekki eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. þingi en komst ekki dagskrá og er því endurflutt.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um umbætur í velferðarmálum og þróun velferðarsamfélagsins.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera rammaáætlun um markvissar umbætur í velferðarmálum og framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi. Áætlunin taki til helstu þátta velferðarþjónustunnar og meðal annars eftirfarandi atriða:

Almannatryggingar og félagsmál.

Gerð verði heildarendurskoðun á almannatryggingalögum með það að meginmarkmiði að:

a. tryggja öllum sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar laun, samfélagslaun, sem duga til framfærslu og binda í lög að slík laun fylgi fortakslaust almennri launaþróun,
b. tryggja öryrkjum sjálfstæðan, einstaklingsbundinn rétt til framfærslu án tillits til hjúskaparstöðu,
c. auka hlutdeild almannatrygginga í tannlæknaþjónustu og efla forvarnastarf,
d. hraða endurskoðun á samspili almannatrygginga, lífeyrisréttinda og skattkerfis, endurskoða alla viðmiðun tekjutenginga og sameina meðferð almannatrygginga, atvinnuleysisbóta og lífeyrismála í einu ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands.

Jafnframt verði unnið að:

a. hækkun atvinnuleysisbóta og auknum stuðningi til endurmenntunar og starfsendurhæfingar.
b. hækkun barnabóta og réttindi foreldra og aðstandenda langveikra barna tryggð,
c. verulegu átaki til að auka framboð félagslegs leiguhúsnæðis,
d. auknum stuðningi við tekjulága einstaklinga og fjölskyldur vegna húsnæðiskostnaðar og sá stuðningur samræmdur,
e. áætlun um að auðvelda sveigjanleg starfslok,
f. aðgerðum til að útrýma kynbundnum launamun sem verði sérstakt forgangsverkefni næstu árin,
g. styttingu vinnuvikunnar og hækkun dagvinnulauna, til að rjúfa vítahring lágs tímakaups og langrar vinnuviku, sem verði meginmarkmið í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins,
h. setningu laga sem varna því að fólki sé mismunað á vinnumarkaði vegna aldurs,
i. heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

Heilbrigðismál.

Heilbrigðisþjónustan verði efld og aðgangur allra landsmanna að henni tryggður án tillits til tekna, búsetu, aldurs, kynferðis eða annarra þátta. Meðal brýnna verkefna eru:

a. afnám sjúklingaskatta og komugjalda á heilsugæslustöðvar,
b. endurskoðun lyfjakostnaðar,
c. réttarbætur fyrir langveik börn,
d. að auka rými á sjúkrastofnunum og afnema sumarlokanir þannig að fullnægjandi þjónusta sé í boði árið um kring,

e. að endurskoða reglur um þátttöku hins opinbera í greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga sem lið í að tryggja jafnrétti í heilbrigðismálum,
f. umbætur í geðheilbrigðismálum, m.a. með stuðningi við fjölskyldur geðsjúkra,
g. aukið forvarnastarf á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar.

Menningarmál, uppeldis- og menntamál.

Opinber stuðningur við menningarmál, uppeldis- og menntamál verði endurskoðaður og tryggt að menntun og menningarstarfsemi verði aldrei séreign fáeinna einstaklinga eða hópa. Þannig er m.a. mikilvægt að:

a. fjárhagslegar aðstæður sveitarfélaga til rekstrar leikskóla og grunnskóla verði endurskoðaðar og bættar,
b. tryggt verði að opinbert fé til skólastarfs á öllum skólastigum skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla og ákvæði sett í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað umfram opinbert skólastarf,
c. fjölgað verði tækifærum til framhaldsnáms og námsfólki á landsbyggðinni boðið samfellt nám í heimabyggð sinni til 18 ára aldurs,
d. fjölgað verði námsleiðum á framhaldsskólastigi og komið á fót stuttum starfsmenntabrautum,
e. átak verði gert til að jafna aðstöðu til náms og hagnýta möguleika fjarkennslu til að bæta aðstöðu landsbyggðarfólks,
f. tryggt verði að þeir sem eiga í félagslegum erfiðleikum eða námserfiðleikum njóti ráðgjafar og stuðnings til að geta nýtt sér þær námsleiðir sem í boði eru,
g. viðmiðunarmörk Lánasjóðs íslenskra námsmanna um framfærslu og frítekjumark hækki til samræmis við framfærsluþörf,
h. gert verði sérstakt átak í fræðslumálum fatlaðra á framhaldsskólastigi, jafnrétti þeirra til náms tryggt og fullorðinsfræðsla og starfsþjálfun fatlaðra efld,
i. sérstakt átak verði gert til að efla og styrkja mikilvægustu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir o.fl.,
j. skipulagður stuðningur verði veittur til sjálfsprottinnar menningarstarfsemi víðs vegar um land og starf áhugahópa á sviði menningar og lista stutt þannig að slíkir hópar og einstaklingar eigi þess kost að starfa á sínum heimaslóðum á eigin forsendum.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Markvisst verði brugðist við ýmsum knýjandi verkefnum sem við blasa í samfélaginu. Meðal forgangsverkefna á þessu sviði er að:

a. tryggja að móttaka innflytjenda til Íslands lúti samræmdum reglum og að nýir íbúar verði búnir undir fullgilda þátttöku í samfélaginu af kostgæfni og alúð,
b. gera stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra sem og að tryggja mannréttindi fatlaðra á öllum sviðum samfélagsins með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna,
c. takast á við þau verkefni sem breyting á sjálfræðisaldri hafði í för með sér,
d. efla forvarnir gegn notkun fíkniefna,
e. veita fjármagn til að taka á vanda ungmenna sem af einhverjum ástæðum eiga þess ekki kost að stunda almennt skólanám, hvort sem er á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi,
f. auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða,
g. koma á fjölskylduvænu skattkerfi,
h. stuðla að sveigjanlegum vinnutíma.

Fjármögnun velferðarkerfisins.

Skattkerfið verði tekið til heildstæðrar skoðunar með það að markmiði að tryggja réttláta skattbyrði, tekjujöfnun og fjölskylduvænt fyrirkomulag skattheimtu. Gerð verði langtímaáætlun um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og skattstofnar sveitarfélaga endurskoðaðir með það í huga að tekjur sveitarfélaga dugi til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna. Brýnustu verkefni á þessu sviði eru að:

a. tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir,
b. skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga verði fjölgað,
c. skattleysismörk fylgi launaþróun,
d. skattur á fjármagnstekjur og arðgreiðslur verði endurskoðaður.

Greinargerð.

Inngangur og rökstuðningur.

Hér er endurflutt þingsályktunartillaga sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa að stofni til flutt á tveimur undangengnum þingum en fékk í hvorugt skiptið framgang. Í þessari nýju tillögu hefur fáu verið breytt frá síðasta flutningi hennar en ýmsir útreikningar sem fram koma í greinargerð hafa verið reiknaðar aftur auk þess sem nokkrar breytingar koma fram í texta.

Meðal helstu nýmæla sem stefnumótun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á sviði velferðarmála felur í sér má nefna:

1. Horfið verði frá „bóta- og ölmusuhugsunarhætti“ sem enn gætir allt of mikið í almannatryggingakerfinu og þess í stað tekið upp hugtakið „samfélagslaun“.
2. Sjálfstæður réttur hvers einstaklings til mannsæmandi afkomu verði styrktur og sérstaklega skilgreindur. Af þessu leiðir að horfið verði með öllu frá niðurlægjandi viðmiðun við tekjur maka hjá öryrkjum og aldrei gengið svo langt í slíkum tekjutengingum eða viðmiðunum að hver og einn njóti ekki fullrar sjálfsvirðingar sem einstaklingur og búi við fullnægjandi afkomuöryggi.
3. Endurskoðun og samræming lífeyrisréttinda, almannatrygginga og skattkerfis verði forgangsmál og málaflokkur lífeyrisréttinda, almannatrygginga og atvinnuleysisbóta verði sameinaður í einu ráðuneyti.
4. Sett verði lög sem banna mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli aldurs.
5. Sett verði heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.
6. Hafið verði á nýjan leik átak í byggingu félagslegra leiguíbúða og stuðningur við lágtekjufólk vegna húsnæðiskostnaðar samræmdur og aukinn.
7. Komugjöld og sjúklingaskattar verði afnumin.
8. Hugtakið „jafnrétti til þjónustu“ verði grundvallarregla heilbrigðiskerfisins.
9. Sett verði ákvæði í lög sem tryggja að einkaskólum verði ekki hyglað á kostnað opinbers skólastarfs.
10. Öllum verði tryggður réttur og möguleiki á samfelldu námi til 18 ára aldurs í heimabyggð.
11. Gert verði stórátak í aðgengismálum hreyfihamlaðra og réttindamálum fatlaðra með hliðsjón af viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna.
12. Hafin verði barátta fyrir styttingu vinnuvikunnar.
13. Sérstakt forgangsverkefni á næstu árum verði að útrýma kynbundnum launamun.
14. Skattþrepum í tekjuskatti verði fjölgað.

Með þessari þingsályktunartillögu leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til aðgerðir í nokkrum þeirra mála sem hvað brýnast er að takast á við í íslensku

samfélagi um þessar mundir. Það ber þó að ítreka að hér verður ekki látið staðar numið, þingflokkurinn mun halda áfram að vinna að tillögum um úrbætur og endurreisn velferðarkerfisins til hagsbóta fyrir alla Íslendinga og leggja línur fyrir framtíðarþróun velferðarsamfélags á Íslandi.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að líta heildstætt á velferðarþjónustuna og vill ráðast í lagabreytingar með skýra og markvissa framtíðarsýn. Sama gildir um atvinnu- og umhverfismál, en samhliða þessari tillögu flytur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þingsályktunartillögu um sjálfbæra atvinnustefnu. Þessir málaflokkar voru umfjöllunarefni á stjórnmálafundum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð efndi til um land allt undir yfirskriftinni: Græn framtíð — atvinna, velferð, umhverfi. Tillögurnar eru því sprottnar úr starfi á vegum flokksins og umræðum á almennum fundum í öllum kjördæmum landsins. Afrakstur starfsins sést í þessum tillögum, en því er ekki lokið þar með heldur verður unnið áfram að viðfangsefninu.

Uppbyggileg framtíðarstefna.

Kannanir benda til þess að félagslegrar mismununar sé farið að gæta innan velferðarþjónustunnar hér á landi. Við þetta eiga Íslendingar ekki að sætta sig. Með þessari þingsályktunartillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er lagt til að hafin verði gagnsókn til að styrkja og bæta velferðarkerfið. Það mun gagnast öllu samfélaginu, gera það kröftugra og betur í stakk búið að takast á við verkefni í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að horft sé til langs tíma og mörkuð uppbyggileg stefna til að skapa velferðarsamfélagi framtíðarinnar traustan grunn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að í allri stefnumótun verði kvenfrelsissjónarmið lögð til grundvallar og allar ákvarðanir stjórnvalda metnar með tilliti til þess hvaða áhrif þær hafa á stöðu kvenna.

Aukin misskipting.

Íslenska velferðarkerfið varð aldrei jafnþróað og velferðarkerfi annarra Norðurlandaþjóða. Þegar skoðað er umfang opinbera geirans í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð árin 1980 og 1996 kemur í ljós að auk þess sem Íslendingar vörðu minni hluta vergrar landsframleiðslu til velferðarsamfélagsins en hinar þjóðirnar árið 1980 varð þróunin allt önnur á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum á næstu 16 árum. Þetta kemur greinilega fram í eftirfarandi töflu:

Heildarútgjöld til velferðarmála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1980	1996
Danmörk	56,2	61,5
Finnland	38,1	57,4
Ísland	32,5	38,4
Noregur	43,3	45,5
Svíþjóð	60,1	64,7

Heimild: Íslenska leiðin, Stefán Ólafsson, Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan 1999.

Á þeim 16 árum sem tafla þessi tekur til varð afturför í velferðarmálum mest á undangengnum áratug en þá kom til sögunnar hærri gjaldtaka innan heilbrigðis- og skólakerfis. Á sama tíma var dregið úr stuðningi við barnafólk með stórfelldum niðurskurði á barnabótum. Barnabætur voru 1,21% af vergri landsframleiðslu (VLF) í byrjun tíunda áratugarins, en eru nú aðeins 0,60%. Auk þessa voru skattbyrðar auknar hjá láglauna- og millitekjuhópum. Frá

1988 til 1999 hefur staðgreiðsluhlutfall skatta hækkað um 9%. Hækkunin var mest fyrstu ár staðgreiðslunnar, en síðan hækkaði staðgreiðsluhlutfallið þrisvar sinnum: 1993 til að fjármagna lækkun aðstöðugjalds, 1994 til að fjármagna hluta af lækkun virðisaukaskatts á matvæli og í ársbyrjun 1997 vegna yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans. Árið 1997 var síðan ákveðið að lækka skatthlutfallið um 4% í áföngum. Á meðfylgjandi töflu, sem að stofni til er fengin úr skýrslu ASÍ og BSRB, Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks, má sjá breytingu á tekjuskattshlutfalli, útsvari og persónuafslætti á árabilinu 1988–2001.

Ár	Tekjuskatts-hlutfall	Útsvar	Staðgreiðslu-hlutfall[1]	Hátekju-skattur[2]	Persónu-afsláttur	Skattleysis-mörk, kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.
1988	28,5	6,70	35,2		15.552	44.182	44.182
1989	30,8	6,94	37,74		18.631	49.367	49.367
1990	32,8	6,99	39,79		21.482	53.988	53.988
1991	32,8	6,99	39,79		23.377	58.750	58.751
1992	32,8	7,05	39,85		23.968	60.144	60.144
1993	34,3	7,04	41,34	5,00	23.761	57.477	57.477
1994	33,15	8,69	41,84	5,00	23.930	57.193	57.193
1995	33,15	8,78	41,93	5,00	24.495	58.419	59.310
1996	33,15	8,79	41,94	5,00	24.544	58.522	60.332
1997	30,41	11,57	41,98	5,00	24.544	58.466	60.902
1997	29,31	11,57	40,88	7,00	23.901	58.466	60.902
1998	27,41	11,61	39,02	7,00	23.360	59.867	62.361
1999	26,41	11,93	38,34	7,00	23.329	60.848	63.383
2000	26,41	11,96	38,37	7,00	23.912	62.320	64.916
2000	26,41	11,96	38,37	7,00	24.510	63.878	66.540
2001	26,08	12,68	38,76	7,00	25.245	65.132	67.845

[1] Tekjuskattur og útsvar.
[2] Sérstakur tekjuskattur.
Heimild: Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks. Úttekt. Lífeyris-, velferðar- og skattanefnd ASÍ, skattanefnd BSRB, september 1999.

Skattleysismörk hafa ekki þróast í samræmi við launaþróun og veldur tvennt: tekjuskattshlutfall hefur verið hækkað án þess að persónuafsláttur hækki nægilega til að viðhalda óbreyttum skattleysismörkum og persónuafsláttur hefur að auki lækkað, eins og fram kemur í töflunni.

Þegar líða tók á tíunda áratuginn varð ljóst að aukin misskipting var farin að valda alvarlegri félagslegri mismunun. Í skýrslu sem landlæknisembættið gaf út í apríl 1997 undir heitinu Heilbrigðisþjónustan, árangur og skipulag í nútíð og framtíð, segir m.a.: „Gjalda ber varhug við frekari hækkun gjalda eða verulegum þjónustugjöldum, því að í óbirtri rannsókn landlæknisembættisins kemur í ljós að meðal barnafólks, sem hefur lægstar ráðstöfunartekjur á mánuði, er *allstór hópur sem hefur frestað eða hætt við að leita læknismeðferðar og taka út lyf vegna fjárskorts.*“ Í skýrslunni kemur fram að það er einkum á sviði tannlækninga sem fólk veigrar sér við að leita lækninga. „*Hér hefur orðið grundvallarbreyting á, því að fyrri rannsóknir benda ekki til misræmis í aðgengi fólks eftir stéttum og efnum.*“

Góð samfélagsþjónusta gagnast öllu samfélaginu.

Í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið lét gera meðal atvinnurekenda árið 1996 á því hvaða þættir skiptu mestu máli þegar þeir ákváðu staðsetningu fyrirtækja sinna kom fram að góð almannaþjónusta skipti höfuðmáli við valið. Yfir 90% sögðu að skólamál, heilbrigðismál og löggæsla skiptu meginmáli. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og stoðkerfi samfélagsins, þ.e. samgöngur, veitur, sími og póstur. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu. Þessi könnun ber þess glögglega vott að forsvarsmenn í atvinnurekstri gera sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi þess að treysta innviði samfélagsins. Þarna fara því saman efnahagslegar forsendur uppbyggingar í atvinnulífi og kröfur um félagslegt réttlæti og samábyrgð þegnanna.

Þessi sjónarmið koma sérstaklega til álita þegar hugað er að byggðastefnu því að traust samfélagsþjónusta er lykilatriði til að tryggja atvinnulíf og þar með byggð. (Bætum samfélagsþjónustuna, BSRB, 1999.)

Einkavæðing veikir samfélagsþjónustuna.

Á undanförnum árum hafa nokkrar stofnanir í eigu ríkisins verið gerðar að hlutafélögum með það að markmiði að selja þær í hendur einkaaðilum. Innan velferðarþjónustunar er þessarar stefnu einnig farið að gæta bæði í skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni. Þegar hafa elliheimili verið boðin út á grundvelli svokallaðra einkaframkvæmda. Athygli vekur að í kynningu á einkaframkvæmdum leggur ríkisstjórnin áherslu á að „sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum ...“ (Skýrsla frá árinu 1998, Einkaframkvæmd). Hér er beinlínis verið að boða skólagjöld og sjúklingaskatta sem koma til með að valda mismunun í þjóðfélaginu í framtíðinni, ef svo fer fram sem horfir.

Sú einkavæðingarstefna sem fylgt hefur verið undangenginn áratug hefur orðið til að veikja samfélagsþjónustuna og draga úr almannaþjónustu, einkum á landsbyggðinni þar sem þjónustan er talin hafa hlutfallslega mestan kostnað í för með sér. Þannig er nú verið að fækka starfsmönnum innan póst- og símaþjónustu á landsbyggðinni og hætt er við því að með frekari einkavæðingu innan almannaþjónustunnar muni starfsfólki enn fækka á þeim stöðum sem síst mega við frekari röskun. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur beitt sér fyrir því á Alþingi að allri einkavæðingu verði slegið á frest og breiðri sátt náð um markalínur milli opinbers rekstrar og einkarekstrar. Þeim mun brýnna er að huga að samspili skipulagsbreytinga í samfélaginu og byggðaþróunar að á undanförnum árum hefur orðið meiri byggðaröskun í landinu en verið hefur áratugum saman.

Byggðaröskun.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur straumurinn legið frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið um 12.500. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið, en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu, og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Fjölbreytni er forsenda góðrar byggðastefnu.

Við svo mikla byggðaröskun verður atvinnuþróun óhagstæðari og atvinnulíf einhæfara, einkum í fámennari byggðarlögum. Hafa ber í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun byggðarlaga hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir fólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að álykta að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri þróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Skal nú vikið að einstökum áhersluatriðum, þáttum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að hafa skuli forgang við endurreisn velferðarkerfisins í samræmi við þingsályktunartillöguna sem hér er flutt.

Almannatrygginga- og félagsmál.

Almannatryggingalöggjöfin er mjög yfirgripsmikil heildarlöggjöf með fjölda réttinda- og heimildarákvæða. Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar breytingar á einstökum liðum laganna án tillits til þess hver áhrif þær breytingar hafa á aðra þætti. Þetta hefur valdið því að kerfið er hvorki gagnsætt né skilvirkt, í mörgum tilvikum getur eitt rekist á annars horn og þeir sem þurfa á þjónustu kerfisins að halda þekkja iðulega ekki rétt sinn og hafa litla möguleika á að kynna sér hann. Almannatryggingakerfið er öryggiskerfi sem allir landsmenn njóta góðs af, en ljóst er að þegar fram líða stundir mun lífeyrissjóðakerfið að verulegu leyti leysa það af hólmi. Sú breyting mun hins vegar taka langan tíma og mikilvægt er að menn rasi ekki um ráð fram við tekjutengingu lífeyris.

Breyttar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill gerbreyttar áherslur í almannatryggingakerfinu. Í stað þess að nota hugtökin „bætur“ og „bótaþegi“ um þá sem fá greiðslur úr almannatryggingum og atvinnuleysistryggingum ber að tala um „laun“ til að leggja áherslu á þann rétt sem einstaklingnum ber til tekna hvort sem um er að ræða atvinnutekjur eða samfélagslaun.

Þá vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð afnema skerðingu tekjutryggingar öryrkja vegna tekna maka og draga úr öðrum tekjutengingum innan almannatryggingakerfisins. Koma þarf í veg fyrir að kerfið festi í sessi ríkjandi hugmyndir um karlinn sem aðalfyrirvinnu og konu hans sem efnalega háða honum.

Stuðningur við atvinnulausa.

Enda þótt atvinnuleysi hafi minnkað mjög á síðustu árum er það engu að síður enn alvarlegt vandamál þúsunda einstaklinga og fjölskyldna. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé komið niður fyrir 2% eru tæplega 3.000 manns á atvinnuleysisskrá. Brýnt er að tryggja réttindi þessa fólks til endurmenntunar og sjá til þess að það fái stuðning til að finna starf við hæfi. Þá má aldrei

gleymast að tryggja þarf atvinnulausu fólki tekjur til að sjá sér farborða, stunda menningarlíf og veita sér og börnum sínum þá lífsfyllingu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins telja sjálfsagða.

Sveigjanleg starfslok.

Ryðja þarf úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fólk geti hætt starfi, breytt starfshlutfalli eða á annan hátt endurskipulagt vinnu sína þegar það kemst á efri ár.

Heilbrigðismál.

Vel starfhæft heilbrigðiskerfi sem reist er á þeirri meginforsendu að allir hafi þar sama rétt til þjónustu er einn af hornsteinum sterks velferðarkerfis. Þar til fyrir fáum árum uppfyllti íslenska heilbrigðiskerfið allvel þessar kröfur. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið vegið að þessari þjónustu með niðurskurði og kerfisbreytingum sem hafa bæði bitnað á þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og starfsfólki heilbrigðiskerfisins. Jafnframt hafa verið innleiddir sjúklingaskattar í ýmsum myndum. Það hefur haft þær afleiðingar að tekjulægsta fólkið, sem þó þarf oft mest á heilbrigðisþjónustu að halda, getur ekki notað hana vegna útgjaldanna sem það hefur í för með sér.

Langtímaáætlun.

Skipulag heilbrigðisþjónustunnar þarf að hugsa til langs tíma. Á því leikur ekki vafi að þegar til lengri tíma er litið mundi það spara mikla fjármuni ef forvarnastarf yrði eflt innan heilbrigðisþjónustunnar og öflug, almenn heilsugæsla tæki tímanlega á málum áður en þau komast á alvarlegt stig. Auk þess mætti grípa til margvíslegra aðgerða til að gera þjónustuna markvissari og hagkvæmari. Í því sambandi má nefna svokölluð sjúkrahótel sem er millistig milli sjúkrahúss og heimilis. Þegar í stað þarf hins vegar að ráðast í lagabreytingar til að tryggja jöfnuð innan kerfisins. Afnema þarf sjúklingaskatta og komugjöld á heilsugæslustöðvar og brýnt er að taka lyfjakostnað til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að draga úr óhóflegum kostnaði sem veldur því að efnalítið fólk hefur ekki ráð á því að kaupa nauðsynleg lyf.

Meðal brýnna verkefna á sviði heilbrigðismála eru réttarbætur fyrir langveik börn og fjölskyldur þeirra. Þá leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ríka áherslu á nauðsyn umbóta í geðheilbrigðismálum.

Menntun og menning.

Menning þjóðarinnar birtist í hvers konar athöfnum hennar þar sem saman fara verk hugar og handa. Góð grunnmenntun er undirstaða þess að menning, vísindi og listir blómstri og það er skylda samfélagsins að sjá til þess að allir þegnar þess eigi jafnan aðgang að bestu grunnmenntun á hverjum tíma.

Leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli.

Kostnaður við rekstur leikskóla og grunnskóla eru stærstu útgjaldaliðir sveitarfélaganna og jafnframt einn mikilvægasti málaflokkurinn sem þau sinna. Í ljós hefur komið að eins og margir óttuðust hafa breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla haft í för með sér grundvallarbreytingar á því skólastigi. Mörg sveitarfélög ráða illa við hinn mikla kostnað sem skólarekstrinum fylgir og það hefur m.a. orðið til þess að skólar hafa verið lagðir niður eða sameinaðir. Mjög áríðandi er að tekjustofnar sveitarfélaga til skólarekstrarins verði endurskoðaðir og tryggt að öll sveitarfélög geti staðið undir góðu og metnaðarfullu skólastarfi, bæði í leikskóla og grunnskóla.

Áhugi stjórnvalda á því að styðja einkaframkvæmdir og draga úr opinberum rekstri hefur meðal annars orðið til þess að hluti þess opinbera fjármagns sem ætlað er til skólastarfs

grunnskóla og framhaldsskóla fer til að styrkja einkaskóla sem síðan afla viðbótarfjár með skólagjöldum og/eða styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum. Í Reykjavík þar sem reknir eru nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi er einkaskólunum ætluð sama fjárhæð fyrir hvern nemanda og grunnskólar sveitarfélagsins fá. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur þessa þróun ógna mjög þeirri jafnréttishugsun sem mikilvægt er að höfð sé að leiðarljósi þegar grunnmenntun þjóðarinnar er annars vegar og leggur áherslu á að tryggt verði að opinber fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólastarfs skerðist ekki vegna stuðnings við einkaskóla, hvort sem er á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi.

Samfellt grunnnám allra ungmenna.

Engin stéttaskipting er hættulegri en menningarleg stéttaskipting. Það er því grundvallaratriði að ungmenni, hvar sem þau búa á landinu og hver sem efnahagsleg staða þeirra eða fjölskyldna þeirra er, eigi greiðan aðgang að skólanámi a.m.k. til 18 ára aldurs. Benda má á þá mismunun sem felst í miklum námskostnaði þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína, en ekki er fjarri lagi að kostnaður við það sé 300–500 þús. kr. á ári. Á vegum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er einnig lögð fram þingsályktunartillaga um tólf ára samfellt grunnnám alls staðar á landinu svo að unglingar innan sjálfræðisaldurs geti stundað nám daglega frá heimili sínu.

Verknám.

Þróun menntamála undanfarin ár hefur orðið til þess að stefna æ fleiri nemendum til bóknáms þegar komið er á framhaldsskólastig og jafnvel svo að ástæða er til að óttast um framtíð verkmenntunar í landinu. Sem dæmi má nefna að í Iðnskólanum í Reykjavík, stærsta iðnmenntaskóla landsins, hefur fjölgun nemenda í skólanum í heild fyrst og fremst orðið á bóknámsbrautum, svo sem í almennu námi, fornámi og á tölvufræðibraut, en á þeirri braut eru nemendur þrisvar sinnum fleiri nú en þeir voru í upphafi tíunda áratugarins. Nemendum hefur hins vegar fækkað mjög á nær öllum iðnnámsbrautum. Þetta eru alvarleg tíðindi þegar hugsað er til iðn- og verkmenntunar í landinu og mikilvægt að grípa í taumana og styrkja sérstaklega verknáms- og iðnnámsbrautir og gera slíkar námsbrautir fýsilegar fyrir góða námsmenn.

Allt skólastarf á að miða að því að samfara góðri fræðslu í mismunandi námsgreinum verði lögð áhersla á að efla samfélags- og siðferðisvitund nemenda, frumkvæði þeirra og hugmyndaflug. Mikilvægt er einnig að nám sé metið til jafns við aðra vinnu og áhersla lögð á að nám sérhvers námsmanns sé mikilvægt fyrir þjóðina alla. Því ber að gera öllum kleift að stunda háskólanám, starfstengt nám og endurmenntun með stuðningi hagstæðra námslána sem einnig taka til efnis- og bókakaupa.

Listir og menning.

Listsköpun og hvers kyns menningarstarfsemi skilar þjóðinni bæði menningarlegum og fjárhagslegum verðmætum. Þess vegna er mikilvægt að efla skilning á hlut lista og menningar í þjóðlífinu, í hugsun og handverki, smekk, tísku og lífsmáta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur grundvallaratriði að helstu menningarstofnanir þjóðarinnar, svo sem Ríkisútvarpið, Þjóðarbókhlaða, atvinnuleikhús, sinfóníuhljómsveitir og listasöfn, eflist sem máttarstólpar menningarinnar í landinu og verði áfram burðarásar hver á sínu sviði og í eigu þjóðarinnar allrar. Jafnframt er nauðsynlegt að veita sjálfsprottinni menningarstarfsemi víðs vegar um land skipulegan stuðning þannig að starf áhugahópa á sviði menningar og lista geti dafnað og blómstrað, en slíkt styður ekki síst við farsæla byggðaþróun.

Mannvænt samfélag umhyggju og samhjálpar.

Hnignun velferðarkerfisins á Íslandi hefur m.a. haft í för með sér að samfélagið hefur þróast meira og meira í átt til sérhyggju og hagsmunagæslu fyrir þá sem best standa fjárhagslega og félagslega. Jafnframt hefur verið horfið frá ýmsum gildum sem fram á síðustu ár hafa verið undirstaða velferðarkerfisins. Þannig kemur víða fram að umhyggja fyrir öðrum, samhjálp og samábyrgð þykja gamaldags og afturhaldssöm viðhorf. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er því ósammála og leggur þess í stað áherslu á að tekið verði markvisst og skipulega á málum margra samfélagshópa sem ekki eiga þess alltaf kost að gæta eigin hagsmuna. Hér er aðeins getið örfárra mikilvægra verkefna sem við blasa.

Móttaka útlendinga sem setjast að á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur fjölgað útlendingum sem setjast að á Íslandi eða óska eftir að gera Ísland að heimalandi sínu. Þetta er fjölbreyttur hópur og ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að síðustu ár hafa nokkrir hópar erlendra flóttamanna komið hingað og sest hér að, íslenskt atvinnulíf hefur tímabundið sóst eftir erlendu vinnuafli og Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum útlendinganna sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó miklu fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar og tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingakerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur, er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og fyrra samfélag.

Hækkun sjálfræðisaldurs.

Þegar sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 bentu margir á að sú ákvörðun hefði í för með sér að endurskoða þyrfti og hugsanlega breyta fjölda lagaákvæða sem varða ungmenni á þessum aldri. Í skýrslu umboðsmanns barna fyrir 1996 er að finna ítarlega greinargerð um þau atriði sem umboðsmaðurinn telur að taka þurfi til endurskoðunar. Þó að svo kunni að hafa verið gert að einhverju marki er ástæða til að skipulega verði farið yfir alla löggjöf þar sem fjallað er um ungmenni á aldrinum 16–18 ára og gengið úr skugga um að réttur þessa hóps sé að öllu leyti tryggður.

Forvarnir og fíkniefni.

Notkun fíkniefna er sívaxandi vandamál hér á landi og því miður virðist neysla fíkniefna færast æ neðar í aldurshópa. Brýnt er að taka í taumana, bæði með því að stórefla forvarnastarf og fjölga meðferðarúrræðum.

Í bæklingi sem Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur sent frá sér er aðgerðum í fíkniefnamálum skipt í þrennt. Þar er forvarnastarf nefnt fyrsta aðgerðastig í fíkniefnamálum. Forvarnir beinast fyrst og fremst að þeim sem ekki hafa neytt fíkniefna. Annað aðgerðastig er íhlutun sem hefur það að markmiði að draga sem mest úr hugsanlegum eða yfirvofandi vanda sem

hlýst af neyslu fíkniefna. Þriðja stig er svo meðferð þar sem brugðist er við neyslu sem farin er að hafa afgerandi áhrif á neytanda eða stjórna lífi hans.

Ef takast á að ná fram markmiðum áætlunar um Ísland án eiturlyfja árið 2002 er ljóst að verja verður umtalsverðu fjármagni, tíma og vinnu í að sameina krafta þeirra sem þegar starfa á þessu sviði, tengja starf stjórnvalda, stofnana og félagasamtaka og leita nýrra leiða til ná betri árangri.

Einnig er nauðsynlegt að auka fjármagn og fjölga valkostum til meðferðar og stuðnings við ungmenni sem eiga við alvarlegan félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda að stríða, en slíkur vandi er oft afleiðing vímuefnaneyslu, annaðhvort unglingsins sjálfs eða nákomins ættingja hans.

Skattar.

Mikilvægt er að tryggja ríki og sveitarfélögum trausta tekjustofna svo að þau rísi undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna. Það er staðreynd að á sama tíma og verkefni hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga skortir á að nægilegt fjármagn hafi fylgt með. Þetta segir til sín m.a. í versnandi skuldastöðu sveitarfélaganna.

Versnandi hagur sveitarfélaganna að þessu leyti er gagnstæður því sem gerist hjá ríkinu sem á undanförnum árum hefur greitt niður skuldir sínar.

Tekjuþróun hjá hinu opinbera.

Miklu máli skiptir að skattlagning sé réttlát og að þeir beri skatta sem eru aflögufærir. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig tekjur hins opinbera hafa þróast á undanförnum árum hér á landi sem hlutfall af VLF. Upplýsingarnar eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun.

Tekjur hins opinbera 1990–98 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
Tekjuskattar	10,11	10,23	10,52	11,15	11,10	11,68	12,20	12,70	13,35
1100 Tekjuskattar einstaklinga	9,34	9,45	9,61	10,32	10,25	10,55	11,29	11,26	11,71
1200 Tekjuskattar fyrirtækja	0,77	0,78	0,91	0,82	0,86	1,13	0,91	1,04	1,16
1300 Fjármagnstekjuskattur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,40	0,47
Launa- og tryggingagjöld	1,98	2,46	2,54	2,48	2,49	2,58	2,81	2,79	2,82
Vöru- og þjónustuskattar	17,07	17,25	17,18	16,15	15,66	15,63	15,86	15,42	15,95
Skatttekjur hins opinbera, samtals	33,50	34,48	34,82	33,09	32,46	33,22	34,08	34,09	35,17

Eins og getið er hér að framan hafa álögur á einstaklinga, einkum láglauna- og millitekjuhópa, farið vaxandi þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun auk þess sem dregið hefur úr stuðningi við barnafólk. Á sama tíma hafa skattbyrðar á fyrirtæki verið minnkaðar, aðstöðugjaldi verið aflétt og tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur farið lækkandi. Jafnframt voru skattar á arðgreiðslur lækkaðir úr tekjuskattshlutfalli niður í 10%, sem er sama hlutfall og skattur af fjármagnstekjum.

Þróun tekjuskatts hjá fyrirtækjum.

Á meðfylgjandi töflu má sjá hvernig tekjuskattur fyrirtækja hefur þróast á árunum 1990–98 til samanburðar við þróun tekjuskatts einstaklinga og skattleysismörk.

Skattur lagður á	Vegna tekna ársins	Hf., %	Sf., %	Einstaklingur, %	Einstaklingur í Reykjavík, %	Þar af ríki, %	Þar af útsvar, %	Persónuafsláttur, kr.	Skattleysismörk ellilífeyrisþega, kr.	Skattleysismörk launamanns, kr.	Hátekjuskattur, %	Hátekjumörk á mánuði, kr.
1990	1989	50,00	50,00	37,74	37,50	30,80	6,94	18.631	49.367	49.367		
1991	1990	45,00	45,00	39,79	39,50	32,80	6,99	21.482	53.988	53.988		
1992	1991	45,00	45,00	39,79	39,50	32,80	6,99	23.377	58.751	58.751		
1993	1992	39,00	41,00	39,85	39,50	32,80	7,05	23.968	60.144	60.144		
1994	1993	33,00	41,00	41,34	41,00	34,30	7,04	23.761	57.477	57.477	5,00	203.340
1995	1994	33,00	41,00	41,84	41,55	33,15	8,69	23.930	57.193	57.193	5,00	207.840
1996	1995	33,00	41,00	41,00	41,55	33,15	8,78	24.494	58.419	59.310	5,00	233.820
1997	1996	33,00	41,00	41,94	41,55	33,15	8,79	24.544	58.522	60.332	5,00	233.820
1998	1997	33,00	41,00	41,98	41,55	30,41	11,57	24.544	58.466	60.902	5,00	233.820
1998	1997	33,00	41,00	40,00	40,55	29,31	11,57	23.901	58.466	60.902	5,00	233.820
1999	1998	30,00	38,00	39,02	38,65	27,41	11,61	23.360	59.867	62.361	7,00	266.500
2000	1999	30,00	38,00	38,00	37,00	26,41	11,93	23.329	60.848	63.386	7,00	273.063
2000	2000	30,00	38,00	38,37	38,00	26,00	11,96	23.912	62.320	64.916	7,00	273.063
2001	2000	30,00	38,00	38,37	38,40	26,00	11,00	24.510	63.878	66.540	7,00	273.063
2002	2001	30,00	38,00	38,76	38,78	26,08	12,00	25.245	65.132	67.845	7,00	273.063

Heimild: Embætti ríkisskattstjóra, að undanskildum útreikningi á skattleysismörkum.

Stundum er því haldið fram að íslenskt atvinnulíf búi við þyngri álögur en atvinnurekstur annars staðar á Norðurlöndum eða innan OECD. Þetta er hins vegar ekki rétt. Hlutföll og uppbygging skattkerfisins hér á landi eru talsvert frábrugðin því sem þekkist annars staðar. T.d. er hlutfall tekjuskatta, bæði einstaklinga og fyrirtækja, lægra hér á landi og sama gildir um launa- og tryggingagjöld. Skattar á vöru og þjónustu eru hins vegar hærri hér á landi en í Evrópuríkjum OECD og annars staðar á Norðurlöndum.

1998	Ísland	Norðurlönd	Evrópuríki OECD	ESB
Tekjuskattur einstaklinga	11,9	17,5	10,2	10,8
Tekjuskattur fyrirtækja	1,2	3,5	3,2	3,5
Launa- og tryggingagjöld	2,9	10,3	11,5	11,9
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	14,5	12,4	12,3
Skatttekjur sem hlutfall af VLF	35,9	47,9	39,8	41,3
Heildartekjur sem hlutfall af VLF	38,1	52,9	-	44,5
Heildartekjur sem hlutfall af VLF, 2000	40,9	51,8	-	44,8

Heimildir: Revenue Statistics, OECD, 2000, Economic Outlook, OECD, júní 2001 og Þjóðhagsstofnun.

Þessu til viðbótar má svo nefna að hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi er mjög lágt miðað við ríki OECD.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Karl V. Matthíasson, Sverrir Hermannsson, Guðjón A. Kristjánsson.

I. KAFLI
Fjárframlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar. Skulu stjórnmálasamtök skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

Til frambjóðenda samkvæmt lögum þessum teljast einstaklingar sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

2. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og ber þeim að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi. Samþykktir reikningar skulu sendir dómsmálaráðuneyti, sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

3. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, þó þannig að fari heildarframlög frá einstökum aðilum yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Með orðunum fjárframlagi eða ígildi þess er átt við peninga, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem veittur er án gagngreiðslu, þó ekki venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess skv. 1. mgr. ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist stjórnmálasamtökum fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

4. gr.

Frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttu og fjármögnun hennar og útbúa yfirlit yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um að reikningar framboðsins hafi verið endurskoðaðir í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Gera skal annars vegar grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum eða ígildi þeirra sem frambjóðandi veitir viðtöku. Jafnframt skal gera grein fyrir ef stuðningshópur, eða annar félagsskapur sem

myndaður hefur verið til stuðnings frambjóðandanum, hefur veitt fjárframlögum viðtöku fyrir hans hönd. Sundurliða skal framlög eftir því hvort um er að ræða stuðning frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum. Andvirði fjárframlags og nafn stuðningsaðila skal sérstaklega tekið fram ef heildarfjárframlag eða ígildi þess, sbr. 2. mgr. 3. gr., nemur meira en 150.000 kr.

Frambjóðanda er óheimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess ef um nafnlaust fjárframlag er að ræða eða að öðru leyti óljóst hver stendur að því. Berist frambjóðanda fjárframlag eða ígildi þess samkvæmt þessari málsgrein skal fela dómsmálaráðuneyti vörslu og skráningu þess.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka og þingflokka.

5. gr.

Stjórnmálasamtök sem bjóða fram til Alþingis skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. til almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti eiga rétt á framlagi sem svarar til eins þingsætis í eitt ár. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

6. gr.

Greiða skal þingflokkum tiltekna lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálasamtaka, sem hafa komið á fót landssamtökum.

7. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem veitt er hverju sinni til aðstoðar þingflokkum.

8. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár sem þeir veita móttöku samkvæmt þessum kafla eftir nánari reglum sem forseti Alþingis setur. Sama gildir um þingmenn utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum eftir því sem við á.

10. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd sem móti samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka hefur verið flutt á sex síðustu þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Á síðasta þingi voru gerðar á því nokkrar breytingar en það er nú endurflutt óbreytt. Frumvarp um fjárreiður stjórnmálasamtaka er því nú lagt fram í sjöunda skipti í röð á Alþingi. Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem þótt hefur vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsemi stjórnmálasamtaka en ítarlega er fjallað um fjárreiður stjórnmálasamtaka og jafnframt um fjárreiður frambjóðenda í kosningum til Alþingis, sveitarstjórna eða til embættis forseta Íslands.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þau stjórnmálasamtök sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd hvíli yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Einnig getur verið hætta á hagsmunaárekstrum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálasamtaka hér á landi, enda eru þau hvorki framtalsskyld né skattskyld. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda opin og sýnileg, enda er leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka og einstakra frambjóðenda. Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka frá fyrri þingum kom fram að ríkisskattstjóri teldi það mjög til bóta að settar yrðu réttarreglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi árlega fram endurskoðaða reikninga í dómsmálaráðuneytinu. Jafnframt er lagt til að fari fjárframlag eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þ.e. einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum, yfir 300 þúsund krónur skuli birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi og iðulega miðað við, eins og hér er gert, að birta nöfn styrktaraðila opinberlega fari framlög yfir tiltekna fjárhæð. Má t.d. nefna að nýlega voru lögfestar í Noregi og Finnlandi reglur þar að lútandi og taka ákvæði þessa frumvarps mið af þeim. Jafnframt má geta þess að í Bretlandi hafa verið settar mjög ítarlegar reglur um takmarkanir á fjárstuðningi við stjórnmálasamtök og tilkynningar um fjárstuðning. Í frumvarpinu þykir ekki ástæða til að ganga jafnlangt og þar en þess í stað er stuðst við framangreindar norrænar fyrirmyndir.

Í frumvarpinu eru þau nýmæli að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða til emb-

ættis forseta Íslands, sem náð hafa kjöri, skulu fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þessi ákvæði frumvarpsins styðjast við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt, líkt og lagt er til um framlög til stjórnmálasamtaka, að uppi á borðum sé hverjir styrki frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Í Finnlandi er miðað við 10.000 finnsk mörk til frambjóðenda og 20.000 finnsk mörk í framlögum til stjórnmálasamtaka. Fjárhæðir í þessu frumvarpi eru svipaðar eða 150.000 króna framlag til einstaklinga og 300.000 króna framlag til stjórnmálasamtaka. Ef til vill væri ástæða til að skoða hvort framlög til frambjóðenda í kosningabaráttu skyldu vera frádráttarbær frá skatti líkt og nú gildir um framlög til stjórnmálasamtaka.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni telji hún ástæðu til.

Árið 1993 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálasamtaka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki verði frumvarpið að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslensk stjórnmálasamtök fjármögnuð af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum. Í flestum OECD-löndunum hefur opinber fjárstuðningur við stjórnmálasamtök aukist á undanförnum árum. Í lýðræðisþjóðfélögum gegna stjórnmálasamtök veigamiklu hlutverki. Fjárhagsstuðningur hins opinbera er mikilvægur til að samtök geti sinnt nauðsynlegri stjórnmálastarfsemi og til að nokkurt jafnræði geti ríkt milli stjórnmálasamtaka. Auk þess er það grundvallaratriði að stjórnmálasamtök verði ekki fjárhagslega háð neinum styrktaraðila.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekningalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálasamtök geri grein fyrir fjárreiðum sínum, hvort sem um er að ræða ráðstöfun opinberra fjármuna eða framlaga frá fyrirtækjum og einstaklingum. Lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem öll stjórnmálasamtök geti gengið að. Enn fremur þykir rétt að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir slíka aðstoð eingöngu ætlaðar til aðstoðar þingflokkum eins og nafnið bendir til. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrkjanna verður virkari.

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálasamtök sem ekki

náði fram að ganga. Þar var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálasamtaka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Frá árinu 1995 hefur á hverju ári verið flutt frumvarp til laga um að lögfesta ákvæði um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1995 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálasamtök og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum stjórnmálasamtakanna. Hún starfaði í mörg ár, eða allt fram á árið 1999.

Niðurstaða nefndarinnar var að gera ekki neitt nema lögfesta gildandi framkvæmd á fjárhagsstuðningi ríkisins við stjórnmálasamtök og að leggja til fjárframlög úr ríkissjóði til forsetaframbjóðenda, ásamt því að slík framlög væru undanþegin lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki náðist samstaða í nefndinni um að skylda flokkana til að birta upplýsingar um fjárhagsmálefni sín eða að birta nöfn þeirra styrktaraðila sem gefa framlög yfir tiltekinni fjárhæð. Vekur furðu að eftir fimm ára starf nefndar forsætisráðherra skuli ekki einu sinni hafa náðst samstaða um að stjórnmálasamtök birti ársreikninga sína opinberlega. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu eru líka fráleit.

Í skýrslu nefndarinnar þar sem hún gerir grein fyrir niðurstöðu sinni kemur fram að nefndin telur að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995 innihaldi frekari löghelgun og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmálasamtaka en áður gilti og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verði hróflað við af Alþingi. Fram kemur einnig orðrétt: „Með breytingunni var þessi skilningur staðfestur, en telja verður þó að Alþingi verði eftir breytinguna að gæta meiri varfærni í hugsanlegri lagasetningu er tengist starfsemi stjórnmálaflokka en áður. Stafar það af því, að nú er komin afdráttarlaus löghelgun á stjórnmálaflokkum í stjórnarskránni og afskipti af starfsemi stjórnmálaflokka verði því ekki undirorpin teygjanlegri lagatúlkun eða lagasetningu á sama hátt og áður hefði e.t.v. verið hugsanlegt."

Svona rökleysa og kattarþvottur er til þess fallinn að magna enn frekar tortryggni gagnvart fjármálum stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru orðin langt á eftir í þeirri þróun sem orðið hefur með kröfum um opnari stjórnsýslu, en leynd og pukur með fjármál stjórnmálasamtaka er ógn við lýðræði og heilbrigða stjórnarhætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sett fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frumvarpið. Skilyrði fyrir því að samtök teljist stjórnmálasamtök samkvæmt frumvarpinu er að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis. Jafnframt er kveðið á um að stjórnmálasamtök skuli skráð hjá dómsmálaráðuneytinu. Einnig er í þessari grein skilgreining á frambjóðendum samkvæmt frumvarpinu, en það eru þeir sem eru í kjöri til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að öll stjórnmálasamtök sem falla undir skilgreiningu 1. gr. séu bókhaldsskyld. Er það í samræmi við gildandi rétt. Samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru stjórnmálasamtök undanþegin framtals- og skattskyldu. Eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálasamtökum er því mjög lítið. Til að tryggja nauðsynlegt aðhald gerir frumvarpið ráð fyrir að stjórnmálasamtökum verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði árlega endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og þeir lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða á öðrum sambærilegum vettvangi. Jafnframt er kveðið á um að ársreikningar

stjórnmálasamtaka skuli sendir dómsmálaráðuneyti sem hlutast til um birtingu þeirra í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálasamtaka við einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sjóði. Reynt er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með því að gera kröfu um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka eða sjóða sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Í 2. mgr. er, að fyrirmynd úr finnskum lögum frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, skilgreint hvað felst í fjárframlagi eða ígildi þess. Átt er við gjafafé, vörur, þjónustu og önnur samsvarandi framlög og stuðning sem hægt er að meta til fjár án þess að gagngreiðsla sé veitt. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi. Undanskilið er þó venjubundið ókeypis vinnuframlag í kosningabaráttu og við kosningar. Í 3. mgr. er enn fremur lagt bann við því að stjórnmálasamtök taki við fjárframlagi eða ígildi þess ef ekki er ljóst hver stendur að baki því. Telja verður þá reglu eðlilega þar sem að öðrum kosti væri auðvelt að komast hjá þeim mörkum sem tiltekin eru í 1. mgr. Ef stjórnmálasamtökum berst nafnlaust fjárframlag ber að fela það dómsmálaráðuneytinu til vörslu og skráningar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er að finnskri fyrirmynd, sbr. lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum, kveðið á um að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórnar eða til embættis forseta Íslands, sem hafa náð kjöri, skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttu og hvernig hún var fjármögnuð og skulu þeir birta yfirlit yfir tekjur og gjöld framboðsins ásamt yfirlýsingu löggilts endurskoðanda um endurskoðun reikninga framboðsins. Með heildarútgjöldum er átt við allan kostnað sem hlýst af kosningabaráttu frambjóðanda, þ.m.t. kostnað sem hlýst af þátttöku í undanfarandi prófkjöri eða annan kostnað í aðdraganda framboðs, svo sem við uppröðun á lista flokks. Jafnframt skal annars vegar gerð grein fyrir eigin fjármunum frambjóðanda sem notaðir eru í kosningabaráttu og hins vegar utanaðkomandi fjárframlögum. Skulu slík fjárframlög sundurliðuð eftir því hvort þau berast frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sjóðum. Til að koma í veg fyrir hættu á hagsmunaárekstrum og óeðlilegum fyrirgreiðslum er mikilvægt að það sé uppi á borðum hverjir styrki frambjóðendur með verulegum framlögum. Því er kveðið á um að tiltaka skuli sérstaklega andvirði fjárframlags eða ígildis þess og hver standi að því ef það nemur meira en 150.000 kr. Með sömu rökum og í 3. gr. er lagt bann við því að frambjóðendur taki við nafnlausum framlögum.

Um 5. gr.

Til þess að vega upp á móti hertum reglum um styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum gerir frumvarpið ráð fyrir að framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka verði lögbundin og verði framlag til stjórnmálasamtaka sérstakur liður í fjárlögum. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka.

Um 6.–8. gr.

Ákvæði laga um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru hér tekin efnislega óbreytt í frumvarpið þar sem eðlilegra þykir að hafa öll lagaákvæði sem snúa að stjórnmálasamtökum á einum stað.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum. Komi hins vegar til brota á öðrum lögum, svo sem bókhaldslögum, geta legið við þyngri refsingar.

Um 10.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Engar samræmdar reglur gilda um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem stjórnmálasamtökum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem hjá Hagstofu Íslands eða undirstofnunum ráðuneyta. Stjórnmálasamtök hafa t.d. iðulega fengið afslátt af gjöldum Pósts og síma, en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort hið sama á við um alla í því efni. Eðlilegt er að settar verði skýrar samræmdar reglur um þetta sem stjórnmálasamtök geta gengið að vísum.

22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

1. gr.

206. gr. laganna orðast svo:

Hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Hver sem hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn, yngra en 18 ára, til þess að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að fólk sé flutt úr landi eða til landsins í því skyni að það taki þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði, hvort sem viðkomandi er kunnugt um þennan tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki.

Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi holdlegt samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita, svo sem með útleigu húsnæðis eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru.

Hver sem býður upp á kynferðislegar nektarsýningar og hefur þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu skal sæta allt að 4 ára fangelsi. Sömu refsingu varðar það að skipuleggja og reka kerfisbundna klámþjónustu gegnum síma eða tölvur.

2. gr.

1. og 2. mgr. 210. gr. laganna orðast svo:

Ef klám birtist á prenti, myndbandsspólum eða geisladiskum skal sá sem ábyrgð ber á birtingu þess sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það þann sem er ábyrgur fyrir að auglýsa í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi aðgang að klámi í hvaða mynd sem það er fram borið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að meginhluta samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi (þskj. 840, 540. mál). Það frumvarp byggðist á sambærilegu frumvarpi sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi (þskj. 693, 428. mál).

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á 206. grein laganna:

— Refsiábyrgð vegna vændis breytist þannig að kaup á vændi og annarri kynlífsþjónustu verði refsiverð en vændi sem stundað er til framfærslu verði ekki lengur refsivert.
— Gert er ráð fyrir að refsing fyrir að hafa milligöngu um vændi annarra verði þyngd, sömuleiðis að þyngd verði refsing fyrir það að ginna, hvetja eða aðstoða barn til að stunda vændi eða aðra kynlífsþjónustu.
— Orðalaginu í gildandi lögum „hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra“ verði breytt í „hefur tekjur af milligöngu um vændi annarra“.
— Lagt er til að orðinu „lauslæti“ í gildandi lögum verði breytt í „vændi“.
— Orðinu „ungmenni“ í gildandi lögum er breytt í „barn“ og orðalaginu „viðurværi sitt af lauslæti“ er breytt í „stunda hvers konar kynlífsþjónustu“.
— Ákvæði 4 mgr. 206. gr verði breytt þannig að aldursmörk hverfi út úr greininni og gert ráð fyrir því að athæfi það sem greinin fjallar um verði refsivert hvort sem viðkomandi er kunnugt um tilgang fararinnar eða ekki og hvort sem samþykki viðkomandi liggur fyrir eða ekki. Eins og greinin er í gildandi lögum virðist refsing einungis liggja við athæfinu ef sá sem fluttur er á milli landa er undir 21 árs aldri og er ekki kunnugt um tilgang fararinnar. Þá er lagt til að orðalagið „hafa viðurværi sitt af lauslæti“ breytist í „taka þátt í hvers kyns klám- eða kynlífsiðnaði“.
— Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir því að orðalagið „gerir sér lauslæti annarra að tekjulind“ breytist í „hefur tekjur af kynlífsþjónustu sem aðrir veita“.
— Í nýrri málsgrein í lok greinarinnar er gert ráð fyrir því að refsivert verði að bjóða upp á kynferðislegar nektarsýningar og hafa þar með nekt annarra sér að féþúfu og til sölu. Sömuleiðis að refsivert verði að reka kerfisbundna klámþjónustu í gegnum síma eða tölvur.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum á 210. gr. laganna:

— Hámarksrefsing verði þyngd vegna brota er varða klámefni það sem getið er um í 1. og 2. mgr. núgildandi laga.
— Birting klámefnis skv. 1. mgr. nái ekki einungis til prentefnis, eins og í gildandi lögum, heldur taki einnig til klámefnis á myndbandsspólum og geisladiskum.
— Við refsingu varði að auglýsa í fjölmiðlum, netmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi aðgang að klámi.

Um hugtökin „vændi“ og „lauslæti“.

Hvorki hugtakið „vændi“ né hugtakið „lauslæti“ hafa verið skilgreind í lagatexta og ekki heldur í greinargerðum með lögum. Af því má draga þá ályktun að erfitt hafi verið fyrir lögregluyfirvöld sem dómstóla að starfa eftir bókstaf laganna. Þegar að er gáð kemur líka á daginn að einungis fjórir dómar er lúta að vændi finnast í dómasafni Hæstaréttar. Þar af eru þrír frá svokölluðum ástandsárum, eða fyrir 1956. Einn dómur hefur verið kveðinn upp í Hæstarétti þar sem sakfellt hefur verið á grundvelli 206. gr. almennra hegningarlaga á grunni þeirra ákvæða er lúta að vændi eða milligöngu um vændi.

Í mikilvægri og nákvæmri skýrslu dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi, getur að líta eftirfarandi um hugtakið „lauslæti“: „Í 2.–5. mgr. 206. gr. íslensku hegningarlaganna er ávallt notað orðið lauslæti. Í 1. mgr. er aftur á móti notað orðið vændi. Orð sambærileg við lauslæti voru framan af notuð í lagatexta nágrannaríkjanna en hafa nú að mestu leyti vikið fyrir orðinu „prostitution“ (vændi) sem þykir mun nútímalegra orðfæri. Ástæða er til þess að hafa þetta í huga ef íslensku lögin verða endurskoðuð.“ Margt fleira sem fram kemur í þessari skýrslu er þess eðlis að það ýtir undir að lagabreytingar af því tagi sem hér er lagt til að verði gerðar.

Nútímaþrælasala og alþjóðlegar aðgerðir.

Síðustu tvö árin hefur verið áberandi hversu umræðan um klám og vændi hefur færst í vöxt hér á landi sem annars staðar í nágrannalöndum okkar. Ástæður þess má að miklu leyti rekja til þess að þjóðir á Vesturlöndum hafa opnað augu sín fyrir því að stunduð er skipulögð verslun með manneskjur sem eru fluttar til Vesturlanda frá fátækari heimshlutum. Fórnarlömb þessarar skipulögðu nútímaþrælasölu, eins og þessi starfsemi hefur verið kölluð, eru aðallega konur og börn og eru þau ýmist ginnt eða neydd til að þjóna sívaxandi klám- og kynlífsiðnaði á Vesturlöndum. Menn telja sig nú orðið hafa fullvissu fyrir því að umfang þessarar starfsemi, sem talin er rekin af skipulögðum glæpahringjum um allan heim, jafnast orðið á við umfang eiturlyfja- og vopnasölu í veröldinni. Talið er að árlega sé verslað með hundruð þúsunda kvenna og barna um allan heim og áætlað hefur verið að tekjur glæpahringja af starfseminni nemi jafngildi um 7 milljörðum Bandaríkjadala á ári. Þjóðir heims hafa brugðist við á ýmsan hátt, t.d. með því að endurskoða ákvæði í löggjöf sinni er lúta að vændi og öðrum þáttum klám- og kynlífsiðnaðar. Þá hafa fjölþjóðlegir samningar verið gerðir til að freista þess að koma lögum yfir starfsemi af þessu tagi. Má þar nefna Samning Sameinuðu þjóðanna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og tvo viðauka sem gerðir voru við þann samning. Fjallar annar þeirra sérstaklega um mansal, einkum barna og kvenna og er markmiðið samkvæmt viðaukanum að sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem viðurkennd er skylda þjóða til að vernda og aðstoða þolendur slíkra glæpa eftir fremsta megni. Komið hefur fram í umræðum á Alþingi að samningur þessi hafi verið undirritaður fyrir Íslands hönd og vænta megi þess að hann verið fullgiltur þegar undirbúningsvinnu þess ferlis er lokið. Evrópusambandið hefur brugðist við með ýmsum hætti og er skemmst að minnast sameiginlegs fundar dómsmálaráðherra sambandsins í lok september, þar sem ákveðið var að samræma löggjöf um smygl á fólki og mansal og herða refsingar.

Íslensk stjórnvöld hafa undirritað mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þar með undirgengist m.a. að banna að hneppa menn í þrældóm eða nauðungarvinnu og banna þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem hún nefnist. Þá eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum ákvæði þess efnis að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal staðfesta lagasetningu, til þess að hamla

gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi sem tengist vændi kvenna. Þannig er Ísland þegar skuldbundið samkvæmt samningum af þessu tagi og því ekki seinna vænna að færa gildandi lög til betri vegar í þessum efnum.

Skýrsla um vændi á Íslandi.

Mikilvægt innlegg í þessa umræðu og jafnframt öflugt tæki í þeirri vinnu sem framundan hlýtur að vera í þessum málaflokki hjá löggjafarvaldinu, er skýrsla sú sem dómsmálaráðherra lét gera og út kom fyrr á þessu ári. Skýrslan ber heitið *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Í skýrslunni er staðfest það sem áður hefur verið bent á, t.d. í grein eftir Áshildi Bragadóttur stjórnmálafræðing í Veru, 1. tbl. 2000. Í greininni er að finna fimm skilgreiningar á vændi sem fullyrt er að stundað sé hér á landi. Í fyrsta lagi kemur fram að hér á landi eru starfrækt vændishús „þar sem einn aðili á eða stjórnar starfseminni, tekur á móti pöntunum og útvegar viðskiptavinum hold. Vændið fer ýmist fram innan veggja vændishússins, á hótelum, vinnustöðum viðskiptavinarins eða heimili hans." Í öðru lagi kemur fram að eigendur eða rekstraraðilar ákveðinna veitingahúsa hafi tekið að sér að vera milliliðir viðskiptavinarins og þess sem „seldi sig". Í þriðja lagi er nefnd svokölluð fylgiþjónusta. Í fjórða lagi er talað um vændi þar sem karlmenn „gera skipulega út á konur". Í fimmta lagi kemur fram í áðurnefndri grein Áshildar Bragadóttur að hér á landi þrífist það sem hún nefnir tilviljanakennt götuvændi.

Í skýrslu dómsmálaráðherra eru allar upplýsingar Áshildar staðfestar og niðurstaða skýrslunnar er eftirfarandi: Vændi á sér stað á Íslandi í ýmsum myndum, meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu, meðal eldri einstaklinga heimahúsum, tilviljanakennt götuvændi, vændi gegnum auglýsingar í dagblöðum, á símalínum og á internetinu, vændi sem rekið er gegnum milliliði af ýmsu tagi og skipulagt vændi í tengslum við starfsemi nektardansstaða.

Í skýrslu dómsmálaráðherra er gerð grein fyrir þeim kynlífsiðnaði, sem umræðan hefur snúist um og er upptalning skýrslunnar yfirgripsmikil og greinargóð. Samkvæmt skýrslunni er með kynlífsiðnaði vísað til klámtímarita, starfsemi nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á Internetinu, skipulagðs vændis, götuvændis, símavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu. Við þessa upptalningu má bæta auglýsingum um ýmiss konar kynlífsþjónustu, t.d. í dagblöðum, auk þess sem talið er að í tengslum við ákveðnar vefsíður sé stundað skipulagt vændi.

Vændi skilgreint sem ofbeldi.

Samkvæmt leiðbeinandi reglum sem jafnréttisnefnd Evrópuráðsins og ráðherranefnd þess hafa afgreitt telst mansal til kynlífsþrælkunar eða kynlífsmisnotkunar vera til staðar „þegar einstaklingur, lögpersóna og/eða samtök útvega og/eða flytja innan lands eða milli landa á löglegan eða ólöglegan hátt einstaklinga, jafnvel með samþykki þeirra, í þeim tilgangi að nýta þá kynferðislega í gróðaskyni og beita til þess meðal annars þvingunum, einkum ofbeldi eða hótunum, blekkingum og misnotkun valds eða misnota sér bága stöðu einstaklinganna." (Elsa Þorkelsdóttir, Mansal, erindi flutt á fræðslufundi undir yfirskriftinni *Mansal — kynlífsþrælkun — staðreynd eða upphrópun á Íslandi,* á Hótel Borg, 8. febrúar 2000.)

Kaup á kynlífi og kynlífsþjónustu eru því gróf valdbeiting, kynferðislegt ofbeldi, þar sem valdastaða þess sem kaupir, selur eða hefur milligöngu um þjónustuna er staða hins sterka. Þá er þess einnig að geta að talið er að verslun með konur til kynlífsþrælkunar sé oftast tengd annarri glæpastarfsemi, svo sem eiturlyfjasmygli, peningaþvætti og öðrum ólöglegum athöfnum.

Afleiðingar vændis eða sölu hvers kyns kynlífsþjónustu eru iðulega mjög svipaðar og hjá öðrum þolendum kynferðisofbeldis, þ.e. brotin sjálfsmynd, sjálfsfyrirlitning, þunglyndi, sjálfsvígsþankar og tilraunir til sjálfsvíga. Ótal kannanir hafa einnig sýnt að konur sem selja líkama sinn eru að stórum hluta konur sem beittar hafa verið kynferðisofbeldi í bernsku og hafa því alla tíð staðið höllum fæti í lífinu. Á síðari árum hafa fátækt og litlar vonir um mannsæmandi framtíð einnig knúið fólk til vændis og auðveldað þannig þeim sem kaupa kynlífsþjónustu eða gerast milligöngumenn um slíkt að ná valdi yfir því.

Það sem viðgengst hér varðar við lög hjá nágrönnum okkar.

Ein er sú þjónusta sem nektardansstaðirnir hér á landi bjóða upp á og kölluð er einkadans. Í einkadansi bjóða eigendur staðanna viðskiptavinum aðgang að litlum klefum þar sem stúlka dansar nakin fyrir þá eina. Verðlagningin tekur mið af þeim tíma sem viðskiptavininum er tryggð einvera með dansaranum. Verðlistar hanga uppi á stöðunum og viðskiptavinurinn greiðir staðnum fyrir þjónustuna, en ekki stúlkunni. Stúlkurnar munu síðan gera samninga við staðina um sinn hlut greiðslunnar. Þessi hluti starfsemi staðanna hefur verið harðlega gagnrýndur m.a. af þeim aðilum hér á landi sem hafa með höndum þjónustu til handa fórnarlömbum kynferðisofbeldis.

Samkvæmt upplýsingum frá PRO-miðstöðinni í Kaupmannahöfn, sem er opinber fræðslu-, ráðgjafar- og rannsóknarmiðstöð um vændi og kynlífsiðnað í Danmörku, er einkadans af þessu tagi ekki leyfður þar í landi. Þar er í gildi reglugerð sem kveður á um að viðskiptavinir á nektardansstöðum þurfi að halda sig í a.m.k. fjögurra metra fjarlægð frá stúlkunum. Hjá PRO-miðstöðinni í Noregi fást þær upplýsingar að einkadansinn tíðkist ekki heldur þar í landi. Þar vakti það gífurlega hörð viðbrögð þegar opnaðir voru barir þar sem þjónustustúkur gengu um berbrjósta. Nú er aðeins einn slíkur bar starfandi í Ósló. Sænsk yfirvöld hafa gengið hvað lengst í lagasetningu til að stemma stigu við kaupum á kynlífsþjónustu. Þau hafa gengið fram fyrir skjöldu, svo eftir hefur verið tekið víða um heim, og bannað kaup á kynlífsþjónustu, hvaða nafni sem hún nefnist.

Hollenska leiðin.

Ekki verður fjölyrt hér frekar um þá kynlífs- og klámþjónustu sem í boði er hér á landi. Þó verður ekki hjá því komist að benda á þá staðreynd að dæmi eru um stór og virðuleg hótel í Reykjavík, sem birta í sjónvarpskerfum sínum auglýsingar frá nektardansstöðum um ókeypis akstur í límósínu frá hótelinu á viðkomandi nektardansstað, auk þess sem boðið er upp á fylgdarþjónustu. Þá hefur einnig rutt sér til rúms hér á landi sá siður að bjóða hótelgestum upp á þann möguleika að kaupa sér aðgang að klámefni á lokuðum sjónvarpskerfum hótelanna. Ef þetta er það sem Íslendingar leggja metnað sinn í að bjóða erlendum gestum er spurning hvort ekki fari á endanum fyrir okkur eins og Hollendingum, sem hafa lögleitt vændi þannig að nú geta þeir sem stunda vilja vændi sótt um starfsleyfi til hins opinbera. Þar með er búið að gera kynlífsiðnaðinn löglegan og nú segja sumir að Hollendingar byggi 5% þjóðarframleiðslu sinnar á kynlífsiðnaðinum.

Sænska leiðin.

Í frumvarpi þessu er lagt til að við Íslendingar förum eins að og Svíar. Sænsku lögin gengu í gildi 1999 og samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fram á norrænni ráðstefnu, sem haldin var hér á landi í ágúst sl. af samtökum norrænna kvenna sem berjast gegn ofbeldi, kom fram að þegar væru fallnir nokkrir dómar á grundvelli hins nýja ákvæðis. Á þessari ráðstefnu var samþykkt svohljóðandi yfirlýsing:

„*Norrænar konur gegn ofbeldi* líta á vændi sem ofbeldi gegn konum. Svíþjóð er eina landið á Norðurlöndunum sem hefur haft kraft til þess að beina sjónum frá þolendum ofbeldisins að ofbeldismönnunum með því að hafa árið 1999 gert kaup á kynlífsþjónustu ólögleg. Um 80% af sænsku þjóðinni styðja þessi lög.

Þrátt fyrir samnorræn viðhorf löggjafa um jafnrétti fer fjöldi vændiskvenna vaxandi. Þar að auki eru fleiri útlenskar konur og unglingar seld til réttindalauss lífs á Norðurlöndunum til þess að þjóna auknum fjölda kynlífskaupenda. Norðurlöndin öll hafa lög sem hægt hefði verið að beita til þess að hindra vöxt og viðgang kynlífsiðnaðar og vændis í löndum okkar. Lögin eru almennt ekki notuð.

Norrænar konur gegn ofbeldi líta svo á að kominn sé tími til þess að Norðurlöndin öll fari að dæmi Svía. Með því að gera kaup á kynlífsþjónustu ólögleg er áherslan flutt frá þeim sem fyrir ofbeldinu verða og yfir á ofbeldismennina. Þar með viðurkenna ríkisstjórnir, löggjafarvald og félagsþjónusta ofbeldið gegn konum og hafna því að líkamar barna og kvenna séu til sölu.“

Lokaorð.

Auknar umræður hafa orðið um þessi mál á Alþingi nú á síðustu missirum og á haustþingi 1999 var samdóma álit þingmanna sem tóku til máls í umræðum utan dagskrár um málið að stemma þyrfti stigu við þeim klám- og vændisiðnaði sem virðist hafa haslað sér völl á Íslandi. Þá ber einnig að hafa í huga hið dýrmæta tæki sem Alþingi hefur nú í höndunum í skýrslu Sólveigar Pétursdóttur dómsmálaráðherra um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. sem nefnd var hér að framan. Í henni koma fram afar gagnlegar upplýsingar sem eiga eftir að vera styrkur í vinnu við breytingar á löggjöf þeirri sem hér um ræðir.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að fenginni umsögn og mati heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 125 og 126. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt nær óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili og önnur meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa margoft bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Þar sé ekki aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings sem hefur ánetjast fíkniefnum er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan tekur við biðtími þar til pláss fæst á meðferðarheimili eða í annarri meðferð. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda áður en meðferð hefst og eftir að henni „lýkur". Þá þarf stöðuga umönnun og eftirfylgni ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut í lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn voru viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þessum sjúkdómi. Þó þarf oft að annast börn í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi.

Í umsögnum sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd um málið þegar það var lagt fram á fyrri þingum komu fram efasemdir þess efnis að erfitt yrði að leggja mat á það hvenær barn eða ungmenni sem ánetjast fíkniefnum telst svo veikt að þörf sé á umönnun heima og einnig að um meðvirkni foreldra gæti verið að ræða. Því hafa flutningsmenn frumvarps þessa bætt inn í textann því ákvæði að leita þurfi umsagnar heimilislæknis, félagsráðgjafa og meðferðarfulltrúa þeirra sem um umönnunarlaun sækja. Ráðherra er síðan falið að sjá um nánari útfærslu á framkvæmd ákvæðisins. Þá komu einnig fram þær athugasemdir að brýnna væri að bæta úr þörfinni fyrir meðferðarúrræði og faglega eftirmeðferð. Flutningsmenn taka undir þau sjónarmið að brýnt sé að bæta þjónustu hins opinbera hvað varðar möguleika til meðferðar við fíkniefnaneyslu barna og unglinga en benda á nauðsyn þess að foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna sem háð eru fíkniefnum sé gert kleift að taka fullan þátt í meðferðinni. Stór þáttur í því er réttur til þess að fá greidd umönnunarlaun. Það er orðið löngu tímabært að viðurkenna í verki að hér er um alvarleg veikindi barna og ungmenna að ræða.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um aukaþing Alþingis um byggðamál.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að haldið verði aukaþing um byggðamál. Þar verði fjallað um framtíðarþróun byggðar í landinu og í framhaldi af því mótuð markviss byggðastefna til næstu tveggja áratuga. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna með aðild sveitarstjórna, helstu stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, félagasamtaka og einstaklinga.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki brautargengi. Tillagan er því flutt aftur og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á greinargerð.

Mörg undanfarin ár hafa byggðamál og þróun byggðar í landinu verið talin með mikilvægustu úrlausnarefnum í íslensku samfélagi. Fólk hefur þyrpst á höfuðborgarsvæðið með þeim afleiðingum að dregið hefur úr þrótti landsbyggðarinnar til þess að viðhalda atvinnu, sjá um viðunandi þjónustu fyrir íbúana og hlúa að blómlegu mannlífi. Hugmyndir stjórnvalda um stóriðju hafa haldið einstökum landsfjórðungum í spennitreyju óvissu um langa hríð svo að dregið hefur úr þrótti þeirra byggðarlaga sem um ræðir til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífinu, fólk býr við öryggisleysi og vonleysi. Víðs vegar á landinu hefur dregið svo úr samfélagslegri þjónustu að sækja þarf almenna grunnþjónustu um langan veg. Þrátt fyrir að sums staðar á landinu hafi veruleg uppbygging orðið og ýmis sveitarfélög séu á margan hátt fullkomlega fær um að taka við mun meiri og fjölbreyttari atvinnu en þar er nú skortir þau mannafla til þess.

Landsmenn verða sífellt betur meðvitaðir um neikvæðar afleiðingar byggðaröskunar undanfarinna ára. Æ fleiri gera sér ljóst hvaða möguleikar eru í því fólgnir fyrir þjóðlífið að nýta kosti dreifðra byggða landsins, svo sem fengsæl fiskimið, búsældarlegar sveitir og fjölbreytta, einstæða náttúru. Jafnframt vex skilningur á því að til þess að svo megi verða í nútíð og framtíð þarf að efla byggðirnar og auka hlutverk þeirra í sameiginlegum rekstri þjóðarbúsins. Þetta er liður í ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Á undanförnum árum hefur mörgum aðgerðum stjórnvalda verið ætlað að efla og treysta byggð í landinu. Sumar þeirra hafa borið árangur, aðrar ekki. Helsta ástæða árangursleysis eru ómarkviss viðbrögð við tímabundnum vanda einstakra byggða. Oft er gripið til ráðstafana án þess að hagsmunir heildarinnar séu hafðir að leiðarljósi af því að á það hefur skort að vandinn á landsvísu hafi verið skilgreindur. Þingmenn sem þingflokkar hafa lagt fram margar tillögur sem bera vott um metnað og framsýni en hafa ekki verið til lykta leiddar. Sveitarstjórnir, félagasamtök og einstaklingar hafa leitað nýrra leiða en ekki heldur haft erindi sem erfiði nema að takmörkuðu leyti.

Mikilvægt er að þjóðarsátt náist um leiðir til þess að leysa þann knýjandi vanda sem byggðaþróunin hefur skapað og skapar enn, enda er um að ræða hagsmuni þjóðarinnar allrar. Af þeim sökum er fyllsta ástæða fyrir stjórnvöld að fara skipulega yfir allar tillögur sem komið hafa fram á undanförnum þingum ásamt hugmyndum einstaklinga og sveitarfélaga um farsæla þróun byggðar í landinu, taka formlega afstöðu til þessa efnis, leita sameiginlegra lausna og setja fram markvissa áætlun um framtíðarþróun byggðar á Íslandi.

Þess vegna er lagt til að boðað verði til aukaþings þar sem eingöngu verði fjallað um byggðamál, aðgerðir hins opinbera í þeim efnum og tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á síðustu áratugum til lausnar vanda í byggðaþróun. Í tengslum við þingið verði haldin almenn byggðaráðstefna þar sem fulltrúar sveitarstjórna, stofnana sveitarfélaga og hins opinbera sem annast byggðamál, fulltrúar félagasamtaka og einstaklingar sem láta sig málið varða geta borið saman bækur sínar og veitt þinginu stuðning og aðhald í störfum.

25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem megináhersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en fékkst ekki afgreidd frá nefnd og er því endurflutt.

Þann 17. og 21. júní 2000 urðu tveir öflugir jarðskjálftar á Suðurlandi með tilheyrandi eftirskjálftum. Fyrri jarðskjálftinn sem átti upptök sín í Holtum var um 6,6 á Richter, en sá síðari með upptök nálægt Hestfjalli var af stærðinni 6,5 á Richter.

Báðir þessir jarðskjálftar ollu töluverðu tjóni á íbúðarhúsnæði og öðrum mannvirkjum. Nú þegar hefur verið tilkynnt um 1.800 tjón. Tjón þessi eru að sjálfsögðu mismunandi mikil. Nokkur hús sem skemmdust mjög mikið hafa verið dæmd ónýt, en önnur sem einnig eru mikið skemmd hafa verið dæmd viðgerðarhæf. Þá var einnig um að ræða verulegt tjón á innbúi, vöru og framleiðslu fyrirtækja ásamt óbeinu tjóni sem ekki fellur beint undir tryggingar. Telja verður einstakt lán að ekki urðu umtalsverð slys á fólki í þessum öflugu jarðskjálftum.

Í flestum tilvikum voru það eldri hús og byggingar sem fóru illa, en einnig hús sem staðsett voru nálægt upptökum skjálftanna. Vegna fjarlægðar frá upptökum sluppu ýmsir stórir þéttbýliskjarnar á vestanverðu Suðurlandi við verulegar skemmdir á húsnæði. Öflugir jarðskjálftar hafa orðið á Suðurlandi á undanförnum árum þótt þeir næðu ekki sömu stærð og skjálftarnir sumarið 2000. Sagan og staðfestar mælingar sýna að jarðskjálftar geta orðið enn stærri en þeir sem þá urðu og verulegar líkur eru taldar á því að þessari skjálftahrinu á Suðurlandi sé ekki lokið. Búast má við stórum skjálfta í Flóa eða Ölfusi innan skamms tíma og þá við eða nálægt stórum þéttbýlissvæðum.

Suðurland er ekki eina virka jarðskjálftasvæðið. Nægir að minna á Norðurland þar sem stórir skjálftar gætu ógnað byggð á stórum svæðum.

Það er eðlilegt í kjölfar jarðskjálftanna sumarið 2000 og þeirra jarðskjálfta sem þekktir eru að menn leiði hugann að því hvernig efla má varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum, með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til þess að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum. Tillagan gerir ráð fyrir að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu og að kostnaður vegna þess verði greiddur úr ríkissjóði. Í framhaldi af þessari vinnu verði einnig tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að því að kaupa eða bæta þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til tjóns af völdum jarðskjálfta.

Mikil vinna hefur verið lögð í að meta það tjón sem varð í jarðskjálftunum 17. og 21. júní 2000 og er sú vinna vel á veg komin. Þar er um að ræða mat á tjóni í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um Viðlagatryggingu Íslands. Í þessari vinnu hefur berlega komið í ljós að nauðsynlegt er fyrir Alþingi að taka til endurskoðunar lög um Viðlagatryggingu og aðra löggjöf sem málið varðar og einnig þær viðmiðanir sem hafðar eru að leiðarljósi, svo sem gildandi brunabótamat sem reynst hefur mjög ótryggur grunnur til að byggja matsniðurstöður á. Þá er langt í frá að Viðlagatryggingu Íslands sé ætlað að standa undir öllu því tjóni sem varð og því má reikna með að enn sé um óleystan vanda að ræða hjá mörgum þeim sem urðu fyrir tjóni í Suðurlandsskjálftunum. Þann vanda þarf að leysa og einnig að koma til móts við þau sveitarfélög þar sem tjónin urðu hvað mest. Þau hafa óhjákvæmilega borið mikinn kostnað vegna þessara náttúruhamfara. Margir urðu fyrir óbætanlegu tjóni, en það er mjög mikilvægt að allir þeir aðilar sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni fái það bætt með þeim hætti að enginn verði verr settur fjárhagslega en fyrir skjálftana.

Það má draga mikinn lærdóm af jarðskjálftunum sem urðu sumarið 2000. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hefur tekið saman skýrslu um skjálftana og afleiðingar þeirra. Einnig býr mikil vitneskja hjá sveitarfélögum, matsmönnum Rauða krossins, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fleiri aðilum. Þessari vitneskju þarf að sjálfsögðu að safna saman.

Mjög mismunandi er hvernig húsum og innbúi reiddi af í jarðskjálftunum. Nokkur hús skemmdust mikið og hafa verið dæmd ónýt, önnur hús í næsta nágrenni við mesta skjálftasvæðið virðast vera lítið sem ekkert skemmd. Sama máli gegnir um innbú í húsum; víða varð stórtjón en á öðrum stöðum var komið í veg fyrir verulegt tjón með fyrirbyggjandi ráðstöfunum. Þessi lýsing á við þekkt tjón en einnig má reikna með að í nokkrum tilvikum hafi skemmdir orðið á innviðum húsa án þess að þær hafi enn komið í ljós eða að mannvirki eigi eftir að skemmast vegna ýmiss konar röskunar sem varð í skjálftunum. Sem dæmi má nefna að vitað er að víða varð sig á jarðvegi við hús og líkur eru á að einnig hafi orðið sig á fyllingum undir gólfplötum og jafnvel undir sökklum húsa. Við slíkar aðstæður verða gjarnan skemmdir á lögnum undir húsum og við þau, auk þess sem sökklar og gólfplötur geta farið að síga og brotna á næstu mánuðum eða árum. Í timburhúsum gætu þéttingar hafa rofnað þannig að þau verði óþétt í vindi og kaldari, eða að raki fari að safnast í grindur og húsin að fúna. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um hvort slíkar duldar skemmdir hafa orðið, bæði til að unnt verði að gera við húsin ef þess er kostur og einnig til að eyða röngum grunsemdum ef ekkert er að.

Mikilvægt er að á næstu árum verði unnið rétt og skipulega að undirbúningi jarðskjálftavarna. Liður í því er að nýta þá vitneskju sem fékkst í sumar um eðli og afleiðingar jarð-

skjálfta. Þar verður að forðast allar öfgar og má hvorki stinga höfðinu í sandinn og vona að nú sé þetta búið í bili og ekkert þurfi að gera né ganga of langt í varkárni og öryggiskröfum. Jarðskjálftar á Íslandi eru staðreynd sem nauðsynlegt er að búa sig undir af skynsemi og af varkárni. Til þess þarf að draga almennan lærdóm af skjálftunum og koma þeim upplýsingum á skipulegan hátt til almennings. Þar sem enn eru taldar verulegar líkur á að stórir jarðskjálftar verði innan tíðar á Suðurlandi þarf að hefjast handa strax.

Gera þarf með skipulegum hætti úttekt á því svæði þar sem skjálftarnir urðu sumarið 2000 og nýta þá þekkingu til forvarna. Þá þarf einnig að gera úttekt á öllum byggingum á Suðurlandi þar sem búast má við að stórir skjálftar verði þannig að hægt verði að grípa til ráðstafana sem mögulegar eru til að lágmarka það tjón sem kann að verða.

Í framhaldi þarf síðan að fara í skipulega úttekt á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu og gera áhættugreiningu. Á grundvelli slíkrar áhættugreiningar mætti síðan flokka byggingar í áhættuflokka.

Þær upplýsingar væri síðan hægt að nota til að forgangsraða endurnýjun eða endurbótum á byggingum, setja fram hönnunarreglu og leiðbeiningar um forvarnir. Í þessari könnun verði sérstök áhersla lögð á t.d. íbúðarhúsnæði, skóla, leikskóla, sjúkrahús, dvalarheimili og annað húsnæði sem daglega hýsir margt fólk.

Af fenginni reynslu er augljóst að á þekktum jarðskjálftasvæðum er húsnæði sem þarf að afskrifa eða styrkja. Slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér kostnað sem ekki er hægt að velta alfarið yfir á eigendur þess.

Eðlilegt er að strax að lokinni ítarlegri úttekt á fyrsta hluta þess landsvæðis sem gerð yrði úttekt á verði ákveðið hver beri kostnað af niðurrifi eða endurbótum á hættulegu húsnæði. Þar má t.d. hugsanlega víkka hlutverk ofanflóðasjóðs og styrkja þannig að um verði að ræða sjóð vegna allra náttúruhamfara og hann eigi að bera kostnað af verkefnum eins og þessum.

Þá má nýta úttekt eins og þá sem tillagan gerir ráð fyrir til vinnu við leiðbeiningar um hvernig ganga þarf frá innanstokksmunum svo að öryggi íbúa sé sem best tryggt.

Þá er ekki síður mikilvægt að nota þá þekkingu sem fæst til að setja reglur hvað varðar hönnun bygginga.

Af framansögðu má ljóst vera að verkefnið sem tillaga þessi felur í sér er viðamikið og tímafrekt. Það krefst einnig sérþekkingar á mörgum sviðum, en þó ekki síst á sviði jarðskjálftaverkfræði. Slík sérfræðiþekking er til staðar í Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, en starfsmenn miðstöðvarinnar hafa sýnt og sannað hæfni sína við að takast á við verkefni eins og þau sem hér um ræðir og nægir í þeim efnum að benda á þær skýrslur sem frá Rannsóknarmiðstöðinni hafa komið. Markmið Rannsóknarmiðstöðvarinnar er að sinna rannsóknum, þróunarverkefnum og ráðgjöf á sviði jarðskjálftaverkfræði og skyldra greina.

Með því að fela Rannsóknarmiðstöðinni leiðandi hlutverk í þeim verkefnum sem tillagan gerir ráð fyrir mun verða stigið stórt skref til að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum og til að bæta öryggi íbúa landsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, Ragnar Sigbjörnsson, 3. október 2000.
II. Bréf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til ríkisstjórnar Íslands, Selfossi, 9. október 2000.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 116 (116. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 764–772.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar svo ber undir skal fjármálaráðherra leggja slíkt frumvarp fyrir Alþingi bæði þegar er það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð þá eigi rætt og er nú endurflutt óbreytt.

Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er gert ráð fyrir því að með frumvarpi til fjáraukalaga sé leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir ef nauðsyn krefur. Meginákvæði laganna hvað þetta varðar kveða á um að heimilda til slíkra útgjalda skuli leitað fyrir fram, þ.e. áður en skuldbindandi ákvörðun er tekin, nema í undantekningartilvikum, sbr. 33. gr. og 1. mgr. 44. gr. laganna.

Hvergi í lögunum er kveðið á um hversu oft eða hvenær skuli leggja fram frumvarp til fjáraukalaga. Þó segir í 44. gr. að heimilda fyrir ófyrirséðum fjárráðstöfunum sem grípa þurfi til eftir samþykkt fjáraukalaga skuli leitað í lokafjárlögum. Það gæti vísað til þess að fjáraukalög skuli aðeins vera ein á árinu, enda virðist sú hefð hafa mótast að frumvarp til fjáraukalaga sé lagt fram einu sinni á ári, þ.e. að hausti, og taki til fjárráðstafana sem nauðsynlegt hefur þótt að grípa til án þess að heimild hafi verið fyrir þeim á fjárlögum. Fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár hafa svo verið afgreidd og samþykkt frá Alþingi í desember eða um líkt leyti og fjárlög næsta árs.

Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á er ekki í anda laga um fjárreiður ríkisins. Frumvarp þetta miðar að því að frumvarp til fjáraukalaga verði lagt fyrir Alþingi tvisvar á ári ef þörf krefur, að vori áður en þingi er slitið og svo aftur að hausti í upphafi þings. Frá áramótum til vors geta aðstæður breyst þannig að forsendur verði fyrir breytingum á útgjöldum ríkisins. Ný lög sem hafa í för með sér fjárútlát geta hafa verið samþykkt eða aðrar ástæður verið fyrir breytingum á fjárheimildum sem krefjast afgreiðslu þingsins. Flutningsmaður telur að með þeirri breytingu sem hér er lögð til sé um að ræða eðlilegan og nauðsynlegan þátt í ábyrgð og aðkomu Alþingis að fjármálum ríkisins.

Annars gilda almennt ákvæði 33. gr. laganna þar sem segir: „Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún enga bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði geðlækninga, barnalækninga, sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. löggjafarþingi og á nokkrum þingum áður. Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur fjallað um frumvarpið og fengið fjölda jákvæðra umsagna, en engu að síður hefur málið ekki fengist afgreitt frá nefndinni. Frumvarpið er því lagt fram aftur nær óbreytt frá 126. löggjafarþingi. Breyting er þó gerð á 2. gr. frumvarpsins þar sem sérfræðingar á sviði geðlækninga og barnalækninga bætast í hóp þeirra sem sótt geta um greiðsluþátttöku vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er það gert með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert er ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu, þ.e. að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976, um sálfræðinga, og lög nr. 95/1990, um félagsráðgjöf. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Vaxandi þörf er fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dveljast á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir verulega á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo að hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þörf er á. Við breytingu á grunnskólalögum fyrir nokkrum árum varð breyting á þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan í mörgum tilvikum vísað annað til meðferðar. Því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram þær ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins á sama hátt og áður var. Með þessu er verið að færa þjónustuna í auknum mæli út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu vegna þessarar sérfræðiþjónustu við börn eða ungmenni getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur margoft bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réð sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið reyndi þannig að bregðast við vanda þessara fjölskyldna.

Til lengri tíma litið er fráleitt að félagasamtök beri kostnað af þessari nauðsynlegu sérfræðiþjónustu. Hér hlýtur að vera um samfélagslegt verkefni að ræða sem líta ber á sem sjálfsagðan hluta öflugrar heilbrigðisþjónustu.

Börn og ungmenni sem hafa mátt þola hvers konar líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi þurfa oft um langan tíma á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda. Sú þjónusta er að hluta greidd úr almannatryggingakerfinu. En þau þurfa einnig þjónustu sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar í langan tíma. Það sama á við þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri gildar ástæður mætti að sjálfsögðu nefna því að ljóst er að þörfin fyrir þessa sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum.

Í reglugerð skv. 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði geðlækninga, barnalækninga, sálfræði, félagsráðgjafar eða sérkennslu.

Sveitarfélög hafa í nokkrum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þarf í lengri eða skemmri tíma að nota þjónustu sálfræðings og/eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, allra síst þegar um er að ræða börn eða ungmenni.

Umsagnir sem bárust heilbrigðis- og tryggingaefnd voru eins og áður sagði jákvæðar um efni þessa frumvarps og því er það lagt fram nær óbreytt. Í ljósi jákvæðra umsagna vænta

flutningsmenn þess að málið fái skjóta afgreiðslu. Umsagnir um frumvarpið sem bárust nefndinni á síðasta þingi eru birtar sem fylgiskjöl.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Barnageðlæknafélags Íslands, 23. apríl 2001.
II. Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar, 11. apríl 2001.
III. Umsögn Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, 8. maí 2001.
IV. Umsögn Vímulausrar æsku, 2. maí 2001.
V. Umsögn Barnaheilla, 31. maí 2001.
VI. Umsögn Félags íslenskra heimilislækna, 24. apríl 2001.
VII. Umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa, 7. ágúst 2001.
VIII. Umsögn Sálfræðingafélags Íslands, 22. ágúst 2001.
IX. Umsögn Fagráðs Samtaka krabbameinssjúkra barna, 15. maí 2001.

28. Frumvarp til fjáraukalaga [28. mál]

fyrir árið 2001.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist:

8.23 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Vandi sveitarfélaganna á landinu er síst minni nú en hann hefur verið undanfarin ár og því er talið sjálfsagt að leggja frumvarpið fram aftur. Með samþykkt þess fengist hæfilega rúm fjárheimild til þess að hefja aðgerðir nú þegar.

Fjárhagserfiðleikar sveitarfélaganna eru ekki síst til komnir vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Ríkisvaldið, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd víða um land. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða hvar ábyrgðin ætti að liggja. Og Alþingi ákvað að fela sveitarfélögunum fjárhagslega bakábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Meðal annars var lögð á þau innlausnarskylda á félagslegum eignaríbúðum.

Nú er fjárhagsvandi nokkurra sveitarfélaga orðinn svo mikill að þau eiga í verulegum örðugleikum með að standa við skuldbindingar sínar og jafnframt veita íbúunum lögboðna

þjónustu. Þetta ástand er ekki síst að kenna skuldum þeirra við félagslega íbúðakerfið. Auk þess hafa mörg þeirra orðið fyrir miklum tekjumissi vegna brottflutnings íbúanna.

Í umræðum á síðasta þingi um hlutafélagavæðingu og yfirtöku ríkisins á Orkubúi Vestfjarða kom fram að félagsmálaráðherra hefði skipað nefnd til að móta tillögur um hvernig ætti að leysa fjárþörf félagslega íbúðakerfisins á landsvísu með heildstæðum aðgerðum. Nefnd þessi mun hafa skilað minnisblaði til ráðherra síðastliðið vor, en ekki verður séð að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar í framhaldi af því og lítur út fyrir að starf nefndarinnar hafi þar með lognast út af.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja afar brýnt að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega íbúðarkerfisins heildstætt og á landsvísu og eru ósammála því að einstök sveitarfélög séu þvinguð til að selja eignir sínar til að standa skil á skuldbindingum sem þjóðin öll ber sameiginlega ábyrgð á. Má í því sambandi benda á hvernig farið er að Vestfirðingum þegar þeim er gert að selja orkubú sitt og láta eignarhlutina ganga upp í skuldbindingar við opinbera sjóði eins og Íbúðalánasjóð. Flutningsmenn telja brýnt að leysa með almennum hætti vanda þeirra sveitarfélaga sem nú eiga í fjárhagsörðugleikum vegna skuldbindinga sem þeim var gert að taka á sig í tengslum við félagslega íbúðakerfið.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um siðareglur í stjórnsýslunni.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmið með setningu reglnanna er að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Hafa skal m.a. til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni og réttindi eða skyldur borgaranna. Jafnframt taki reglurnar mið af leiðbeiningarreglum OECD um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Reglurnar skulu undirbúnar í samráði við samtök opinberra starfsmanna og taka gildi eigi síðar en 1. júní 2002.

Greinargerð.

Tillaga þessi felur í sér að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Siðareglur.

Í mörgum ríkjum heims hefur á síðustu árum verið unnið að því að móta siðareglur fyrir starfsmenn ríkisins, ýmist fyrir stjórnsýsluna í heild eða einstakar starfsstéttir innan hennar. Starfsstéttir hér á landi hafa einnig í vaxandi mæli sett sér siðareglur, enn fremur má nefna að á vegum Alþjóðaverslunarráðsins hafa verið settar siðareglur um auglýsingar og markaðsstarfsemi sem birtar hafa verið hér á landi. Ýmis fyrirtæki og stofnanir hafa sett starfsmönnum sínum starfsreglur sem ekki flokkast sem siðareglur en hafa engu að síður siðferðilegt innihald. Fjármálaeftirlitið hefur þannig nýverið gefið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna

fjármálafyrirtækja og útgefenda verðbréfa um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Þá hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir siðareglum. Þar er nefnt að aukin valddreifing og auknar kröfur sem gerðar séu til þjónustu sem veitt er á vegum hins opinbera hafi haft í för með sér nýja sýn á hlutverk og skyldur opinberra starfsmanna. Eigi það jafnt við um stjórnendur sem aðra starfsmenn. Orðrétt segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Lög byggja jafnan á og fela í sér ýmiss konar siðferðileg viðmið. Siðareglur opinberra starfsmanna geta að sönnu aldrei komið í staðinn fyrir lög en eru þörf og góð viðbót við ákvæði þeirra. Full ástæða er til að kanna með skipulegum hætti möguleika á því að mótaðar verði siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi.“

Leiðbeiningarreglur OECD.

Nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um opinbera stjórnsýslu hefur birt leiðbeiningar til aðildarríkjanna um hvernig stuðla beri að bættu siðferði í opinberum rekstri. Nefndin leggur til að við mótun siðareglna taki ríkin mið af eftirtöldum meginreglum:

1. Viðmið um hegðun og breytni skulu vera skýr og afdráttarlaus.
2. Siðareglur skulu endurspeglast í lögum.
3. Leiðbeiningar um breytni og háttsemi skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar.
4. Opinberir starfsmenn eiga að þekkja rétt sinn og skyldur í þeim tilvikum þegar grunur þeirra vaknar um að misfarið sé með vald.
5. Stjórnmálamenn skulu vera opinberum starfsmönnum góð fyrirmynd.
6. Ákvörðunartaka innan stjórnsýslunnar á að vera gagnsæ og opin fyrir gagnrýni.
7. Skýrar reglur skulu gilda um samskipti opinberra aðila og einkaaðila.
8. Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og beita sér fyrir því að starfsmenn tileinki sér siðareglur.
9. Stefna, verkferlar og vinnulag skulu endurspegla siðareglur.
10. Starfsmannastefna og vinnuumhverfi skal stuðla að því að efla siðferðisvitund starfsmanna.
11. Skipulag stjórnsýslunnar skal tryggja að stjórnendur beri ábyrgð.
12. Skipulag og reglur skulu tryggja að unnt sé að rannsaka og refsa fyrir misgjörðir.

Samkvæmt reglunum er það því ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Markmið tillögunnar — reglufesta innan stjórnsýslunnar.

Á 122. löggjafarþingi flutti fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum tillögu til þingsályktunar um bætt siðferði í opinberum rekstri. Tillagan var samþykkt í breyttri mynd 2. júní 1998 og í samræmi við þá ályktun Alþingis var skipuð nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Skýrsla forsætisráðherra um framangreint efni var lögð fram á 125. löggjafarþingi. Þar kemur m.a. fram að hér á landi hafi ekki verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn, en ýmis lög sem taka til athafna opinberra starfsmanna séu þó byggð á siðferðisreglum. Eru þar nefnd almenn hegningarlög, nr. 19/1940, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, upplýsingalög, nr. 50/1996, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Af hálfu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins hefur verið tekin saman skrá yfir helstu meginreglur framangreindra laga er snerta kröfur til háttsemi ríkisstarfsmanna. Skráin

er hvorki tæmandi né er henni ætlað að koma í stað lagareglna eða raunverulegra siðareglna. Markmið skrárinnar er að draga fram kjarna þeirra krafna sem gerðar eru til ríkisstarfsmanna og vera grundvöllur að umræðum. Þar kemur fram að ætlast er til að ríkisstarfsmaður virði meginreglur góðs stjórnarfars, sé til fyrirmyndar um fagleg vinnubrögð og háttsemi, gegni starfi sínu eins vel og honum er unnt, noti aðstöðu sína aðeins í þágu almannahagsmuna, misnoti ekki stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings og sýni varkárni varðandi persónulega háttsemi. Ljóst er að skrá þessi fullnægir ekki meginreglum þeim sem nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar leggur til að ríki taki mið af við mótun siðareglna.

Siðareglur, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar, kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Sé það vald misnotað í eigin þágu eða annarra sérhagsmuna brýtur það í bága við hagsmuni og siðferðisvitund þjóðarinnar. Skráðar siðareglur geta skýrt ábyrgð valdhafa og embættismanna og gert þeim ljóst hvar siðferðisskylda þeirra sem opinberra embættismanna liggur. Ljóst er að skráðar reglur koma þó ekki í staðinn fyrir þær óskráðu sem í grundvallaratriðum byggjast á réttlæti, heiðarleika og siðferðisþreki.

Það er skoðun flutningsmanna að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ásamt almennum innri stjórnvaldsfyrirmælum, skráðum siðareglum, skýrum erindisbréfum og skýrt skilgreindri ábyrgð, stjórnunar- og eftirlitsheimildum innan stjórnsýslunnar ættu að geta myndað góðan ramma um sterka, heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu, þar sem hagsmunir almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Hinu eru flutningsmenn líka sammála, sem m.a. kemur fram í framangreindri skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, að vandaðar og ítarlegar siðareglur leysa ekki allan þann vanda sem upp kemur og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni.

Í fyrrnefndri skýrslu er einnig m.a. getið um hvað endurmenntun og þjálfun opinberra starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum sé mikilvæg. Nefna má í því sambandi hve mikilvægt væri að opinberir starfsmenn hefðu þekkingu á almennum reglum stjórnsýsluréttar sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni, rétt eða skyldur borgaranna. Jafnframt kemur fram að góð stjórnsýsla byggist m.a. á vel menntuðu starfsfólki með sjálfstæða siðferðislega hugsun og dómgreind. Orðrétt segir: „Þegar best lætur fer menntun starfsmanna og skráning siðareglna saman, þ.e. þegar skráning þeirra er a.m.k. öðrum þræði afurð af glímu starfsmanna sjálfra við siðferðileg viðfangsefni.“ Í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi sérstakir stjórnsýsluskólar. Eðlilegt væri jafnframt að skoða eins og þar er nefnt hvort ekki beri að starfrækja slíkan skóla hér á landi.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er gert ráð fyrir skipan nefndar til að móta siðareglur í stjórnsýslunni. Ekki er mælt fyrir um það á hvern hátt nefndin skuli skipuð. Flutningsmenn leggja þó áherslu á að í henni sitji sérfróðir einstaklingar á sviði stjórnsýsluréttar og siðfræði.

Telja verður að setning siðareglna sé ótvírætt í samræmi við kosti reglna og reglufestu innan stjórnsýslunnar sem aftur tryggir aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð opinberra fjármuna.

30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um siðareglur fyrir alþingismenn.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem móti siðareglur fyrir alþingismenn. Reglurnar skulu lagðar fram fyrir forsætisnefnd til staðfestingar. Reglurnar taki gildi í upphafi þings árið 2002.

Greinargerð.

Rétt er og eðlilegt að þingmenn setji sér siðareglur líkt og ýmsar aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu. Með því styrkja þeir þingræðið og trúnað við kjósendur sína og þjóðina í heild.

Siðareglur í danska og sænska þinginu.

Siðareglur hafa verið settar fyrir þingmenn á ýmsum erlendum þjóðþingum. Samkvæmt upplýsingum frá danska þinginu (Folketinget) gefst þingmönnum kostur á að gangast undir reglur þess efnis að skrá störf sín utan þings og fjárhagslega hagsmuni sem þeir kunna að hafa. Í þessu sambandi má nefna stjórnunarstöður í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, önnur launuð störf, sjálfstæða atvinnustarfsemi og hlutabréfaeign. Þá ber þingmönnum að greina frá dýrum gjöfum, fjárhagslegum styrkjum og utanlandsferðum sem eru ekki að fullu borgaðar af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé. Ef þingmenn velja að gangast undir reglurnar verða þeir að beygja sig undir öll ákvæði þeirra því ekki er hægt að velja úr ákveðnar reglur og sleppa öðrum.

Meiri hluti þingmanna á danska þinginu hefur gengist undir þessar reglur. Þá skal þess getið að samkvæmt meginreglunni um aðskilnað ríkisvalds segir í 3. gr. dönsku stjórnarskrárinnar að konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) og þingið fari sameiginlega með löggjafarvaldið. Konungurinn (þ.e. ríkisstjórnin) fari með framkvæmdarvaldið. Þar af leiðir að þingmenn eru ekki tilnefndir í nefndir á vegum ríkisins til að vinna að undirbúningi löggjafar. Ríkisstjórnin tilnefnir hins vegar sérfræðinga og ríkisstarfsmenn í þá vinnu. Þingmenn eru ekki heldur tilnefndir til setu í stjórnum eða ráðum hjá opinberum stofnunum eða fyrirtækjum. Þó er gert ráð fyrir því í einstaka löggjöf að þingmenn sinni slíkum störfum og þá í stjórnunar- og eftirlitshlutverki.

Hjá sænska þinginu (Riksdagen) voru fyrir nokkrum árum settar reglur þess efnis að þingmenn gætu tilkynnt hvaða tekjur þeir hefðu fyrir utan tekjur af þingstörfum og hvaða verkefni þeir hefðu með höndum utan þingstarfanna. Þingmönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir láta þessar upplýsingar í té en samkvæmt upplýsingum frá sænska þinginu hafa 295 af 349 þingmönnum gert það.

Siðareglur í breska þinginu.

Skráðar siðareglur (the Code of Conduct for Members of Parliament) gilda í neðri deild enska þingsins (House of Commons). Í siðareglunum er að finna ákvæði um tilgang þeirra og skyldu þingmanna gagnvart almenningi, bæði í opinberum störfum og persónulegu framferði. Sem dæmi um reglur sem lúta að því síðarnefnda má nefna óeigingirni, heiðarleika, hlutleysi og skyldu til að bera ábyrgð á gerðum sínum. Jafnframt gilda í neðri deild enska þingsins ítarlegar reglur um framferði þingmanna (the Guide to the Rules Relating to the

Conduct of Members). Þær hafa að geyma ákvæði um skráningu þeirra hagsmuna sem þingmenn kunna að hafa utan þingsins. Um er að ræða 10 flokka sem taka m.a. til launaðra stjórnarstarfa í fyrirtækjum eða stofnunum, hvort sem er á vegum hins opinbera eða einkaaðila, annarra launaðra starfa, þjónustu við viðskiptavini vegna fyrrnefndra starfa, styrkja til þingmanna, m.a. styrkja fyrir kosningar sem nema meira en 25% af kostnaði við kosningabaráttu viðkomandi þingmanns. Þá ber að gera grein fyrir dýrum gjöfum, ferðum til útlanda sem eru ekki borgaðar að fullu af þingmanninum sjálfum eða opinberu fé og hlutafjáreign þingmannsins og fjölskyldu hans. Einnig má nefna að í reglunum er að finna flokkinn „ýmislegt“ sem tekur þá til þess sem ekki fellur augljóslega undir aðra flokka, en þingmanninum finnst samt rétt að skrá. Því er sterklega höfðað til siðferðiskenndar þingmannsins sjálfs í reglunum.

Einnig eru í gildi reglur um skyldur þingmanns til að lýsa yfir hagsmunum sem hann hefur í umræðum í þinginu og nefndum þess eða í samskiptum við aðra þingmenn eða ráðherra. Mælikvarðinn er sá að þingmaður eigi að upplýsa um hagsmuni ef aðrir gætu haft ástæðu til að ætla að hann ætti að gera það. Jafnframt er að finna reglu þess efnis að þingmaður megi ekki taka að sér mál eða styðja gegn greiðslu. Þessi regla er nátengd reglunum sem fyrr var getið, þess efnis að þingmaður þurfi að tilkynna um fjárhagslega hagsmuni sem hann hefur. Kvörtunum um að þingmaður hafi brotið fyrrgreindar reglur skal beint til sérstaks embættismanns hjá þinginu (the Parliamentary Commissioner for Standards). Neðri deildin hefur samþykkt ályktanir um fyrrgreindar reglur þess efnis að hún sé samþykk því sem þar kemur fram. Þá skal þess getið að í neðri deild enska þingsins sæta þingmenn takmörkunum hvað varðar setu í stjórnum og/eða ráðum hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Þingmenn lávarðadeildarinnar sæta einnig slíkum takmörkunum þótt ekki séu þær jafnviðamiklar.

Loks skal nefnt að nýverið hafa verið samþykktar siðareglur fyrir lávarðadeild enska þingsins (Code of Conduct for Members of the House of Lords). Þær taka ekki gildi fyrr en í mars 2002, en hafa að geyma ákvæði keimlík þeim sem gilda um þingmenn neðri deildarinnar, bæði í siðareglum og reglum um framferði þingmanna. Siðareglur lávarðadeildarinnar eru þó styttri og hnitmiðaðri. Í þeim eru ákvæði um tilgang reglnanna, skyldu þingmannanna gagnvart almenningi og persónulegt framferði þeirra. Sömu reglur gilda um persónulegt framferði þingmanna í lávarðadeild og þingmanna í neðri deild. Þingmönnum lávarðadeildarinnar er einnig gert að skrá þá hagsmuni sem þeir hafa, hvort sem þeir eru fjárhagslegir eða ekki. Þá er tekið fram að þingmaður megi ekki taka við greiðslu frá utanaðkomandi aðila fyrir athöfn sem á sér stað í lávarðadeildinni.

Siðareglur hér á landi.

Eins og fram hefur komið hafa nokkrar starfsstéttir hér á landi sett sér skráðar siðareglur. Þingflokkur Samfylkingarinnar samþykkti í júní 1999 reglu þess efnis að þingmenn flokksins skyldu ekki gegna föstu starfi utan þings né sitja í stjórnum banka, sjóða eða annarra stofnana sem dregið gæti úr hæfi þeirra til þingstarfa, leitt til hagsmunaárekstra eða raskað að öðru leyti stjórnarskrárbundnum skyldum þeirra. Á 126. löggjafarþingi lagði fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum fram frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálasamtaka og frambjóðenda í kosningum (þskj. 956, 599. mál). Í 4. gr. þess er það nýmæli að lagt er til að frambjóðendur til Alþingis, sveitarstjórna eða embættis forseta Íslands sem náð hafa kjöri skuli fyrir lok kosningaárs gera grein fyrir heildarútgjöldum kosningabaráttunnar og fjármögnun hennar. Þetta ákvæði frumvarpsins styðst við finnsk lög frá 12. maí 2000, um tilkynningu fjármögnunar frambjóðenda í kosningum. Til að komast hjá hagsmunaárekstrum og óeðlilegri fyrirgreiðslu þótti flutningsmönnum frumvarpsins mikilvægt að engin leynd hvíldi yfir hverjir

styrktu frambjóðendur með verulegum fjárframlögum. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út leiðbeiningar um siðferði í opinberri stjórnsýslu. Samkvæmt þeim er það ein meginforsenda góðs siðferðis opinberra starfsmanna að til þeirra séu gerðar skýrar kröfur og að þeir séu upplýstir um hverjar þær séu.

Ekki hafa verið mótaðar siðareglur fyrir stjórnsýsluna hér á landi og hefur Ríkisendurskoðun í starfsskýrslu sinni fyrir árið 2000 kallað eftir slíkum reglum. Samhliða þessari tillögu hefur því fyrsti flutningsmaður ásamt fleirum lagt fram tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni. Þar kemur fram að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Megintilgangur þeirra yrði að styrkja þar vönduð vinnubrögð og stuðla að því að starfsemin þjóni betur hagsmunum almennings.

Mótun siðareglna fyrir þingmenn.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvaða efnisatriði skuli tekin upp í siðareglum fyrir þingmenn. Telja verður eðlilegra að nefndin hafi þar frjálsar hendur, enda líklegra að þannig náist víðtæk samstaða um reglurnar. Vísað er þó til þeirra reglna sem gilda á Norðurlöndum og í Bretlandi og hér er getið. Þau atriði sem flutningsmenn leggja til að verði skoðuð eru eftirfarandi:

- að þingmenn leggi reglulega fram lista yfir öll störf og setu í stjórnum, ráðum og nefndum utan þings og launakjör þeim tengd,
- hvort takmarka eigi störf þingmanna og þátttöku í stjórnum, ráðum og nefndum utan þings,
- hvort skrá eigi hlutabréfaeign þingmanna.

Þau atriði sem hér eru sett fram eru hvorki bindandi né tæmandi. Aðalatriðið er að fulltrúar þingflokka og forsætisnefnd fari yfir málið og meti hvaða reglur sé rétt að setja og breið samstaða getur náðst um.

Ljóst er að siðareglur fyrir alþingismenn og aðrar starfsstéttir leysa ekki allan vanda og sífellt koma upp ný siðferðileg álitaefni. Telja verður þó að skýrar leiðbeinandi reglur styrki störf þingmanna og auki trúnað og traust almennings.

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, með síðari breytingum, og lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján L. Möller.

I. KAFLI

Breyting á lögum um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

1. gr.

3. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Sé hús sem skaðast hefur byggt að nýju eða við það gert skal vátryggingarfjárhæð miðuð við endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 2. tölul., svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. skulu húseignir viðlagatryggðar fyrir sömu fjárhæð og endurstofnverð þeirra nemur samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 15. gr., svohljóðandi:

Upplýsingaskylda.

Viðlagatrygging Íslands skal láta vátryggðum í té allar þær upplýsingar í tengslum við vátryggingaratburð og meðferð og afgreiðslu bótamáls sem hann óskar eftir í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum eru ofarlega í minni jarðskjálftarnir sem urðu á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 þar sem fjöldi fólks varð fyrir verulegu eignatjóni.

Fljótlega eftir að farið var að meta tjónið kom í ljós að verulegur munur er á brunabótamati sambærilegra eigna milli svæða eða sveitarfélaga og jafnvel sambærilegra eigna innan sama svæðis. Bætur vegna náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eru greiddar af Viðlagatryggingu Íslands. Við ákvörðun bóta vegna tjóna sem Viðlagatrygging bætir er farið eftir meginreglum vátryggingaréttar, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 83/1993, um Viðlagatryggingu Íslands.

Gildandi brunabótamat eignar er lögákveðin vátryggingarfjárhæð við upphaf vátryggingarinnar en ekki ákvarðandi varðandi tjónabótafjárhæð. Þannig getur bótafjárhæð verið lægri en brunabótamat, en það er þó alltaf hámark bótafjárhæðar skv. 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar um Viðlagatryggingu Íslands.

Tilkvaddir matsmenn eiga því samkvæmt reglugerð að ákveða verðmæti vátryggðrar eignar með hliðsjón af því hvert var raunverulegt verðmæti hennar þegar tjón varð. Við þetta mat skal samkvæmt upplýsingum frá Viðlagatryggingu Íslands tekið tillit til verðrýrunar vegna aldurs, notkunar, minnkandi notagildis eða annarra ástæðna.

Við ákvörðun um hvernig staðið skuli að mati er vísað í 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, en þar segir í 1. mgr.: „Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika.“

Í 2. mgr. 37. gr. segir: „Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi.“

Þá segir í 3. mgr. 37. gr: „Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs."

Svo virðist af skriflegum svörum sem borist hafa við erindum til Viðlagatryggingar að allar málsgreinar 37. gr. laga um vátryggingarsamninga séu notaðar til hliðsjónar við mat á tjóni á húseign. Brunabótamatið er þó eftir sem áður sá grunnur sem matsmönnum er ætlað að byggja á ásamt settum vinnureglum Viðlagatryggingar Íslands.

Öllum var ljóst áður en jarðskjálftarnir urðu að mikið ósamræmi ríkti á þessu svæði hvað varðar brunabótamat eigna. Fáir áttuðu sig þó á að til væru sérstakar fyrningarreglur sem nýttar væru í tilvikum sem þessum. Þetta hefur komið mjög illa við þá sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum, ásamt því að brunabótamatið reyndist í nokkrum tilvikum óraunhæf viðmiðun.

Það hlýtur einnig að teljast óeðlilegt að iðgjald sé greitt af brunabótamati sem þegar á reynir er ekki marktæk viðmiðun. Það á eingöngu við ef eignin skemmist af völdum náttúruhamfara og bætur greiðast af Viðlagatryggingu Íslands því sömu reglur eru að því best verður séð ekki notaðar t.d. ef hús eyðilegst í bruna.

Þeir sem starfað hafa við að meta tjón einstaklinga og fyrirtækja eftir jarðskjálftana á Suðurlandi hafa unnið gott starf en reglur og lagaákvæði sem þeim er ætlað að starfa eftir verður að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu.

Ljóst er að brunabótamat eigna er ekki grunnur sem hægt er að byggja á við mat á tjóni af völdum náttúruhamfara. Mun eðlilegra er að byggja á endurstofnverði eignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Þá er einnig ljóst að þær vinnureglur sem settar hafa verið um mat á fyrningum húseigna og byggðar eru á ákvæðum 37. gr. laga um vátryggingarsamninga þurfa endurskoðunar við og eðlilegra að taka tillit til aldurs og ástands tryggðra mannvirkja í endurstofnverði þeirra þannig að eigendur viti hver staðan er hverju sinni.

Frumvarp þetta er flutt til þess að skýra réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum jarðskjálfta eins og þeirra sem urðu sumarið 2000, en einnig tjóna sem kunna að verða af völdum annarra náttúruhamfara eins og við þekkjum frá liðnum árum. Valin var sú leið að flytja í einu frumvarpi breytingu á tvennum lögum þar sem verið er að fjalla um sambærileg ákvæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 3. mgr. 37. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, þar sem tekinn er af allur vafi um við hvað skal miðað þegar bætur fyrir tjón á húseignum eru ákvarðaðar, þ.e. endurstofnverð eignarinnar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins á hverjum tíma.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, þar sem um er að ræða sambærilegt ákvæði, þ.e. að miðað skuli við endurstofnverð húseigna þegar þær eru viðlagatryggðar. Einnig er lagt til að lögtekið verði ákvæði um upplýsingaskyldu þar sem kveðið er á um að tjónþoli skuli eiga rétt á öllum upplýsingum um meðferð og afgreiðslu eigin bótamáls í samræmi við ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga. Að lokum er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögin skuli endurskoða fyrir 1. janúar árið 2003. Nauðsynlegt er að endurskoðun þessara laga fari nú þegar af stað og að í henni taki þátt t.d. fulltrúar frá þeim sveitarfélögum þar sem tjón hefur orðið verulegt af völdum náttúruhamfara.

Ljóst er af þeirri sáru reynslu sem margir hafa orðið fyrir vegna tjóns af völdum náttúruhamfara að nauðsynlegt er fyrir okkur að búa við trausta löggjöf sem dregur sem mest úr þeim skaða sem einstaklingar, fjölskyldur, fyrirtæki, sveitarfélög og þjóðfélagið allt geta orðið fyrir og umfram allt að reglur séu skýrar og almenningi sé fullljós réttarstaða sín þegar áföll verða.

32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.

Flm.: Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

4. mgr. 71. gr. a laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öll gjöld sem innheimt hafa verið á grundvelli 4. mgr. 71. gr. a laga nr. 60/1998, frá því að lög nr. 74/2000 tóku gildi, skulu endurgreidd án ástæðulauss dráttar frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp um niðurfellingu leiðarflugsgjalda var flutt á 126. löggjafarþingi og bárust samgöngunefnd þá jafnframt umsagnir um málið sem allar voru jákvæðar. Frumvarpið varð hins vegar ekki útrætt og er því flutt að nýju.

Á 125. þingi voru með lögum nr. 74/2000 tekin upp svokölluð leiðarflugsgjöld á flugleiðum innan lands. Þessi gjöld eru nýmæli hér á landi. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi til framangreindra laga er þessu gjaldi ætlað að standa straum af kostnaði vegna flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Á fundi samgöngunefndar kom fram hjá fulltrúum samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar að þessi kostnaður væri tæpar 200 millj. kr. á árinu 2000 og gert var ráð fyrir að innheimta 30 millj. kr. fyrir árið 2000 (júní–desember) og tæpar 50 millj. kr. á árinu 2001. Var á þeim að heyra að stefnt væri að því að gjaldið stæði straum af öllum kostnaðinum í framtíðinni.

Frumvarpið var sent nokkrum aðilum til umsagnar sem allir mótmæltu þessu nýja gjaldi á innanlandsflugið. Þeir bentu á að ný gjaldheimta mundi fara beint út í verðlagið, með öðrum orðum yrði tekinn upp *flugmiðaskattur*.

Í umsögn Flugleiða og dótturfélagsins Flugfélags Íslands hf. sagði m.a.:

„Öðru máli gegnir um nýmæli í síðari hluta 2. gr. þar sem ætlunin er að lögfesta álagningu nýrra leiðarflugsgjalda í innanlandsflugi, og innheimta á „fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum“. Samkvæmt formúlu, sem gilda á um þessi nýju gjöld, þýðir að greiða þarf t.d. 10,65 kr. fyrir hvern floginn kílómetra Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila Flugmálastjórn um 30 millj. kr. viðbótartekjum í ár.“

Aðdragandi þessarar nýju gjaldtöku af innanlandsfluginu kom fram á fundi sem samgönguráðuneytið hélt 19. ágúst 1999 með fulltrúum sex íslenskra flugrekenda. Á þeim fundi kom m.a. fram að hér væri *„aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu“* að ræða. Á þeim fundi mótmæltu flugrekendurnir harðlega slíkum viðbótarálögum og vitnuðu í því sambandi til þeirrar staðreyndar að íslenskt innanlandsflug hefur um árabil verið rekið með töluverðu tapi.

Í kjölfar þessa fundar sendu Samtök ferðaþjónustunnar bréf til samgönguráðherra, með afriti til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, flugráðs, flugmálastjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar var m.a. vísað til eftirfarandi tveggja þátta í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, dags. 28. maí 1999:

- „Að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni. Kraftmikið og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf, aðgangur að góðri menntun og velferðarþjónustu ásamt lægri orkukostnaði og góðum samgöngum eru forsendur blómlegs atvinnulífs í landinu öllu."
- „Að auka veg ferðaþjónustunnar með öflugu kynningarátaki á helstu mörkuðum. Þannig verði nýtt þau sóknarfæri sem gefast í þeirri grein, ekki síst á sviði menningar- og heilsutengdrar ferðaþjónustu. Unnið verði að lengingu ferðamannatímans um land allt og betri nýtingu fjárfestingar í greininni."

Framangreind markmið voru síðar áréttuð í þjóðhagsáætlun sem forsætisráðherra lagði fram 1. október sl., sbr. II. kafla um efnahagsstefnuna. Að mati íslenskra flugrekenda er augljóst að álagning nýrra og aukinna opinberra gjalda á íslenskt innanlandsflug, sem nú þegar er rekið með halla, er ekki til þess fallin að þessum markmiðum verði náð.

Í framangreindu bréfi Samtaka ferðaþjónustunnar, fyrir hönd flugrekendanna, var jafnframt minnt á þær grunnreglur um gjaldtöku af flugrekstri sem birtar hafa verið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) sem Ísland hefur verið fullgildur aðili að frá 1947. Þar er um að ræða yfirlýsingar fastaráðsins (*Statements by the Council to Contracting States on Charges for Airports and Air Navigation Services)*, svo og þær alþjóðlegu leiðbeiningar sem er að finna í hlutaðeigandi handbók (ICAO Manual on Route Air Navigation Facility Economics).

Í yfirlýsingu fastaráðsins eru aðildarríkin sérstaklega hvött til varkárni í stefnumörkun sinni við álagningu leiðarflugsgjalda og að þau taki tillit til þeirra áhrifa sem slík gjaldtaka hafi á notendur, sérstaklega flugrekendur sem gætu þurft að hækka gjaldskrár með hliðsjón af auknum kostnaði við ný og hærri gjöld.

Bæði Flugleiðir hf. og dótturfélagið Flugfélag Íslands hf. mæltu eindregið gegn lögfestingu nýrrar opinberrar gjaldtöku af íslensku innanlandsflugi og lögðu því til að 4. mgr. a-liðar 2. gr. frumvarpsins yrði felld niður.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar segir m.a.:

„Boðuð aukin gjöld ríkisins af íslensku innanlandsflugi, sem hefur ekki notið opinberra styrkja, eru ekki til þess fallin að ofangreindum markmiðum ríkisstjórnarinnar verði náð. Kunnugt er að hliðstæð flugstarfsemi í nágrannalöndunum er víðast hvar verulega ríkisstyrkt. Við samanburð á álagningu ýmissa tegunda gjalda hérlendis og hjá öðrum ríkjum er því nauðsynlegt að taka fullt tillit til þessarar staðreyndar."

Íslandsflug mótmælti einnig þessu nýja gjaldi:

„Í öðru lagi vill félagið mótmæla upptöku á leiðarflugsgjöldum. Rekstur innanlandsflugs hefur verið erfiður og þolir engar frekari álögur. Ekki eru fordæmi um að aðrar greinar greiði sambærileg gjöld. Ef þetta gjald verður hins vegar tekið upp leggjum við til að þjálfunarflug verði undanþegið þessu gjaldi."

Flugráð fjallaði um frumvarpið á 32. fundi sínum 23. mars 2000. Í b-kafla umsagnar þess segir svo um leiðarflugsgjöldin:

„Í ljósi þeirrar erfiðu afkomu á innanlandsflugi sem raun ber vitni, þar sem sífellt fækkar flugrekendum og áfangastöðum er nauðsynlegt að sýna varkárni við ný gjöld og skoða þarf vel hvaða áhrif þau hafa á notendur. Flugráð er því mótfallið því að setja leiðarflugsgjöld á við núverandi aðstæður og án samhengis við aðra gjaldtöku Flugmálastjórnar."

Fram kemur í bréfi flugráðs að umsögnin hafi verið samþykkt með fjórum atkvæðum, en einn flugráðsmaður sat hjá. Í flugráði sitja eftirtaldir aðilar: Hilmar Baldursson, Óli J. Gunnarsson, Gunnar Hilmarsson, Karvel Pálmason og Árni Johnsen sem reyndar var fjarstaddur þennan fund, en varamaður hans Guðmundur Hallvarðsson sat fundinn.

Þessi nýju leiðarflugsgjöld valda íslenskum flugrekendum enn meiri vandræðum og bætast við þann mikla kostnaðarauka sem orðið hefur vegna olíuverðshækkana undanfarið. Þessi gjaldtaka leggst hlutfallslega þyngst á rekstur smærri flugvéla og gerir rekstur þeirra enn erfiðari en ella. Með þessum flugvélartegundum hefur flugi til ýmissa staða á landsbyggðinni verið þjónað og veldur þetta nýja gjald því m.a. að flugfélög gefast upp á flugi til minni staða sem eru mjög háðir góðum og öruggum flugsamgöngum.

Upptaka leiðarflugsgjaldanna mun því auka álögur á íbúa landsbyggðarinnar sem nota flug mikið, svo og höfuðborgarbúa og síðast en ekki síst ferðamenn sem fljúga mikið innan lands. Má með sanni segja að þessi flugmiðaskattur sé enn einn *landsbyggðarskatturinn.*

Auknar gjaldtökur leiða til hærra verðlags og gjald þetta hefur nú þegar átt sinn þátt í þeim miklu verðhækkunum sem orðið hafa í innanlandsflugi og frekari hækkanir eru fram undan.

Hátt verð á farmiðum í innanlandsflugi mun einnig fækka flugfarþegum á mörgum innanlandsflugleiðum sem aftur leiðir til þess að flugfélög sjá sér ekki fært að stunda slíkan rekstur og gefast upp á starfseminni.

Af þessum sökum leggja flutningsmenn þessa frumvarps til að gjaldtökuákvæði þetta verði fellt úr gildi og þau gjöld sem þegar hafa verið innheimt verði endurgreidd.

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um stöðu óhefðbundinna lækninga.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sverrir Hermannsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálarstungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), hnykklækningar (chiropractic), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.
2. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.
3. Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.
4. Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. maí 2002 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2002.

Greinargerð.

Forsaga þessarar tillögu er sú að fyrsti flutningsmaður hennar á sæti í félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefnd Evrópuráðsins (Social, Health and Family Affairs Committee) og lagði árið 1999 þar fram skýrslu um óhefðbundnar lækningaaðferðir sem ber heitið „A European approach to non-conventional medicines". Skýrsla þessi var síðan samþykkt sem ályktun (resolution) til ríkisstjórna aðildarlanda Evrópuráðsins.

Samkvæmt tillögu þeirri sem hér er lögð fram er heilbrigðisráðherra falið að skipa nefnd til að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi. Í tillögunni eru taldar upp nokkrar lækningaaðferðir sem taldar eru óhefðbundnar á mælikvarða vestrænna læknavísinda en sú upptalning er engan veginn tæmandi. Að auki má nefna jóga, heilun og náttúrulækningar ýmiss konar og er gert ráð fyrir að nefndin kanni einnig stöðu þessara aðferða eftir því sem tök eru á. Í 2. mgr. tillögugreinarinnar eru talin upp nokkur atriði sem gert er ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega. Þar er ekki heldur um tæmandi upptalningu að ræða en gert er ráð fyrir að nefndin kanni að eigin frumkvæði fleiri atriði sem málinu tengjast.

Þá er í 3. mgr. lagt til að nefndin hafi forgöngu um að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækningaaðferða og hversu algengt er að menn nýti sér þær. Fleiri atriði mætti athuga í könnun sem þessari og er gert ráð fyrir að nefndarmenn meti hvort gagnlegt er að gera það.

Þegar nefndin hefur lokið þeirri vinnu sem að framan greinir er lagt til að hún móti og skili til heilbrigðisráðherra tillögum, byggðum á fengnum niðurstöðum, um það hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga.

Mikilvægt er að sem flestir hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í nefndinni. Eðlilegt er að læknar og hjúkrunarfræðingar eigi sinn fulltrúa hvorir. Þá er nauðsynlegt að hafa a.m.k. tvo aðila með sérþekkingu á óhefðbundnum lækningum og loks væri eðlilegt að formaður nefndarinnar og varaformaður verði lögfræðingar. Annars er heilbrigðisráðherra frjálst að skipa nefndina eins og hann telur best, sbr. orð ályktunarinnar. Flutningsmenn vilja þó leggja áherslu á að nefndin verði skipuð víðsýnum mönnum með góða sérþekkingu á sínu sviði.

Óhefðbundnar lækningar hafa orðið sífellt meira áberandi á undanförnum árum og ljóst að sjúklingar reyna í auknum mæli ný meðferðarúrræði. Tekið skal fram og lögð á það áhersla að ekki eru dregnir í efa yfirburðir hefðbundinna lækninga. Hins vegar verður að telja að ólík form lækninga eigi að geta dafnað hlið við hlið án þess að til beinna hagsmunaárekstra þurfi að koma.

Frelsi sjúklings til að velja sér meðferð á að vera meginregla sem ganga skal út frá við setningu laga og reglna um þessi efni. Fara verður varlega í að takmarka þetta frelsi og sterk rök verða að vera fyrir slíkum takmörkunum. Gild rök gætu verið að tiltekin meðferð sé beinlínis hættuleg heilsu og lífi manna. Ekki er nægjanlegt að yfirvöld láti málin afskiptalaus. Í afskiptaleysi felast takmarkanir sem nauðsynlegt er að afnema. Þær koma meðal annars fram í því að notendur óhefðbundinna lækninga njóta ekki sama bótaréttar og notendur almennrar heilbrigðisþjónustu ef þeir verða fyrir tjóni. Þá felst veigamikil takmörkun í því

að þeir sem stunda óhefðbundnar lækningar eiga ekki möguleika á að fá nám sitt viðurkennt og fá starfsréttindi en það gerir notendum þjónustunnar erfitt um vik við að meta hvort bjóðandi hennar er í raun hæfur til að veita hana. Óhefðbundnar lækningar hafa ekki verið taldar falla undir skilgreiningu á hugtakinu „eiginleg heilbrigðisþjónusta“, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Því eru óhefðbundnar lækningar ekki undanþegnar virðisaukaskatti eins og önnur heilbrigðisþjónusta. Þetta gerir það að verkum að þjónustan verður oft dýrari en góðu hófi gegnir, sem hlýtur að takmarka möguleika fólks á að nýta sér hana.

Það skal tekið skýrt fram að flutningsmenn telja ekki að óhefðbundnar lækningar eigi að njóta niðurgreiðslna af hálfu hins opinbera með sama hætti og hefðbundin heilbrigðisþjónusta að svo stöddu. Meta verður það í hverju tilviki fyrir sig hvort tiltekið meðferðarform hafi gefið það góða raun að réttlætanlegt sé að verja almannafé til eflingar þess.

Til að unnt sé að afnema takmarkanir sem þessar er nauðsynlegt að skapa lagaramma um starfsemina. Hér er fyrst og fremst átt við reglur um viðurkenningu náms og veitingu starfsréttinda. Slíkar reglur eru forsenda þess að yfirvöldum sé unnt að skilja á milli þeirra sem eru hæfir til að stunda mismunandi greinar óhefðbundinna lækninga og þeirra sem í almennu tali eru kallaðir fúskarar eða skottulæknar, en það vill loða við að allir sem leggja stund á óhefðbundnar aðferðir séu settir undir sama hatt að þessu leyti, oft óverðskuldað.

Áhrif og ávinningur af setningu reglna um þetta efni eru margvísleg og að ýmsu leyti ótvíræð. Í fyrsta lagi má gera ráð fyrir að starfsemi þessi yrði sýnileg en ekki er óvarlegt að fullyrða að núna séu þessar lækningar að miklu leyti stundaðar sem svokölluð svört atvinnustarfsemi. Með setningu reglna er kominn grundvöllur fyrir eftirlit yfirvalda, sem ásamt stofnun hagsmunasamtaka þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar ætti að leiða til aukinna gæða þjónustunnar og um leið aukins öryggis þeirra sem nýta sér hana. Hagsmunum sjúklinga er best borgið með vel menntuðum og hæfum sérfræðingum, sem eru meðvitaðir um eigin takmarkanir og starfa í samræmi við siðareglur og aðrar reglur sem settar kunna að verða af samtökum þeirra, ásamt því að njóta aðhalds frá hinu opinbera.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að vandað sé til verka við setningu umræddra reglna. Nauðsynlegt er, sérstaklega á tilteknum sviðum óhefðbundinna lækninga, að greina á milli vandaðra og óvandaðra vinnubragða og ávallt verður að setja kröfuna um öryggi sjúklinga í öndvegi.

Óraunhæft er að ætla sér að hindra tilkomu nýrra meðferðarúrræða í heilbrigðisgeiranum. Nær er að setja reglur um starfsemi á því sviði til hagsbóta þeim sem veita þjónustuna og neytendum hennar.

Í framtíðinni ættu mismunandi form lækninga að geta farið saman og læknar sem stunda hefðbundnar lækningar ættu að geta stundað það sem hér er kallað óhefðbundnar lækningar samhliða hinum hefðbundnu á sama hátt og vel þjálfaðir sérfræðingar á því sviði. Til að þetta megi verða þyrfti að koma til kennsla í háskólum í meðferðarúrræðum sem hingað til hafa ekki verið talin eiga heima þar.

Mikilvægt er að efla rannsóknir á virkni og áhrifum hinna margvíslegu óhefðbundnu lækninga þar sem þekking, og þá sérstaklega það sem við köllum vísindaleg þekking, er að ýmsu leyti takmörkuð.

Á undanförnum árum hefur fjölgað mjög nýjum meðferðarúrræðum í Evrópu og jafnvel enn meira í Bandaríkjunum. Í Frakklandi hefur verið áætlað að a.m.k. 35–50% landsmanna sæki sér reglulega lækningar eða meðferð hjá aðilum sem stunda óhefðbundnar lækningar. Þá hefur verið talið að 20–50% manna í löndum Evrópu noti óhefðbundin lyf, þ.e. náttúrulyf ýmiss konar o.fl.

Það sem hefur háð þessum meðferðarúrræðum er að þau eru yfirleitt ekki viðurkennd í vestrænum læknavísindum og þeim er að mestu eða öllu leyti úthýst úr læknaskólum. Þeir sem ekki hafa hlotið lækningaleyfi en stunda óhefðbundnar lækningar geta átt von á því að verða ákærðir og saksóttir fyrir störf sín. Læknum með tilskilin réttindi er hins vegar frjálst að nýta sér óhefðbundnar lækningar í starfi, svo fremi sem öryggi sjúklings sé ekki teflt í tvísýnu.

Óhefðbundnar lækningar hafa þó á síðustu árum hlotið aukna viðurkenningu og þá einkum í Bandaríkjunum. Árið 1992 setti ríkisstjórn Bandaríkjanna upp sérstaka skrifstofu (Office of Alternative Medicine) sem á að standa fyrir rannsóknum á óhefðbundnum læknislyfjum (hressingarlyfjum) og kynna niðurstöður þeirra. Einnig skal bent á nýútkomna skýrslu landlæknisembættisins þessu tengda og nýlega norska skýrslu um óhefðbundnar lækningar. Gert er ráð fyrir að nefndin muni, ef hún verður skipuð, kynna sér þessar rannsóknir. Árið 1997 var bandarísku skrifstofunni, sem gengur undir skammstöfuninni OAM, úthlutað 12 milljörðum Bandaríkjadala til verkefnisins. Þá var sérstakur einkarekinn háskóli stofnaður árið 1978 í Bandaríkjunum til að bjóða upp á nám í óhefðbundnum lækningum (Alternative Medicine) og nú hefur einn stærsti læknaskóli Bandaríkjanna tekið upp námskeið í þessum fræðum. Að lokum má nefna að Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (National Institutes of Health) hefur opinberlega viðurkennt að nálarstungumeðferð sé gagnleg í baráttunni við tiltekna sjúkdóma.

Þróunin í Evrópu hefur verið í sömu átt þótt aðstæður þar séu talsvert öðruvísi. Útbreiddast þessara meðferðarforma eru nálarstungur og smáskammtalækningar. Í Bretlandi og Írlandi eru smáskammtalækningar stundaðar bæði af læknum og öðrum sem aflað hafa sér þekkingar á þeim og má í raun segja að hverjum sem er sé frjálst að stunda þessa tegund lækninga. Í Bretlandi er starfræktur sérstakur skóli í smáskammtalækningum og er hann opinberlega viðurkenndur sem miðstöð fyrir lækna í framhaldsnámi á þessu sviði og lækningaaðferðin er jafnframt viðurkennd af heilbrigðisstofnun landsins. Í Austurríki og Þýskalandi þurfa læknar að ljúka sérstökum námskeiðum til að öðlast opinbera viðurkenningu til að stunda smáskammtalækningar.

Í Þýskalandi hefur svokölluð antrópósófísk læknisfræði (anthroposophical medicine) verið viðurkennd og er þessi grein kennd sem hluti af framhaldsnámi í lyflækningum. Í þessari grein er litið á sjúkdóma sem afleiðingu af ójafnvægi á milli líkamlegra, geðrænna og andlegra þátta mannsins. Þar í landi, sem og í Hollandi og Sviþjóð, eru starfrækt sérstök sjúkrahús sem vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði, en rétt er að taka fram að aðferðum hefðbundinna læknavísinda er engan veginn hafnað heldur er reynt að sameina þetta tvennt í sterka heild.

Lið- og beinskekkjulækningar eru viðurkenndar á Bretlandseyjum, Sviss og að einhverju leyti á Norðurlöndunum. Á Spáni, Ítalíu og Portúgal geta menn starfað án þess að eiga það á hættu að verða saksóttir en aðferðin er hins vegar ekki viðurkennd opinberlega.

Náttúrulækningar eru látnar afskiptalausar í löndum eins og Noregi og Sviþjóð, en í öðrum löndum, til dæmis Ítalíu, Grikklandi og Portúgal hafa menn verið saksóttir fyrir að leggja stund á þær.

Á Íslandi er engum heimilt að stunda lækningar nema hann hafi til þess leyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og í raun eru það einungis hefðbundnir læknar sem fá slík leyfi. Þrátt fyrir þetta hafa ýmsar óhefðbundnar lækningar verið stundaðar hér á landi óáreittar. Félag íslenskra nuddara (FÍN) hefur öðrum fremur barist fyrir aukinni viðurkenningu óhefðbundinna meðferðarforma. Hér má skjóta inn í að nú er unnt að stunda nám í nuddi við Fjölbrautaskólann í Ármúla, en hins vegar öðlast þeir sem þaðan útskrifast ekki starfsréttindi í grein sinni. Þann 13. og 14. mars 2000 voru stofnuð norræn samtök fólks sem vinnur

við óhefðbundin meðferðarform og hlutu samtökin nafnið Nordisk samarbejds komite for ikke-konventionell medisin/terapy (NSK). FÍN var stofnaðili að þessum samtökum en ætlunin er að stofna regnhlífasamtök fagfélaga á þessu sviði sem síðan eiga að taka við af FÍN sem fulltrúi Íslands í NSK. Helstu markmið NSK eru að vinna að því að komið verði á fót góðri samnorrænni grunnmenntun í óhefðbundnum meðferðarformum, að starfsréttindi verði viðurkennd og að vinna að samstöðu og samvinnu meðal þeirra sem leggja stund á óhefðbundnar lækningar og annarra heilbrigðisstétta.

Þótt mikilvægi hefðbundinna læknavísinda sé ekki dregið í efa á nokkurn hátt er mikilvægt að hafa í huga að aðferðir hinna óhefðbundnu lækninga eiga sér oftar en ekki langa sögu og sumar hafa verið reyndar og prófaðar í þúsundir ára og sjúklingar sækjast eftir því í auknum mæli að fá aðgang að þessum meðferðarúrræðum.

Það er von flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að hún fái góðan stuðning meðal þingmanna og geti þar með orðið upphafið að heildarstefnumörkun og setningu laga og reglna um þetta efni. Þá vilja flutningsmenn varpa þeirri hugmynd fram hvort ekki sé rétt að leita samstarfs við önnur Norðurlönd um grundvöll samnorrænna reglna á þessu sviði.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126. löggjafarþingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

34. Beiðni um skýrslu [34. mál]

frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um umfang og rekstrarkostnað heilbrigðisþjónustunnar að undanskildum lyfjakostnaði á árunum 1990–2001.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Karli V. Matthíassyni, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um umfang og rekstrarkostnað heilbrigðisþjónustunnar að undanskildum lyfjakostnaði á árunum 1990–2001. Beiðni sama efnis var lögð fram á 126. þingi en skýrsla barst ekki fyrir þingfrestun og er hún því ítrekuð nú.

Óskað er eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Hvaða breytingar hafa orðið á rekstrarformi heilbrigðisstofnana og viðfangsefnum í heilbrigðisþjónustu á árunum 1990–2001? Í hvaða tilvikum hefur rekstur verið að færast frá opinberum rekstri yfir í einkarekstur á tímabilinu? Hvaða ný viðfangsefni hafa einkarekin fyrirtæki tekið að sér með kostnaðarþátttöku ríkisins á tímabilinu? Hver hefur þróun útgjalda ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu verið samhliða þessum breytingum sem hlutfall af þjóðarútgjöldum? Í hvaða tilvikum er starfsfólk í opinberum heilbrigðisstofnunum líka í einkarekstri? Hversu margt er það starfsfólk? Leggja opinberar heilbrigðisstofnanir til aðstöðu fyrir slíkan rekstur, þ.e. húsnæði, tæki eða starfsfólk, og ef svo er, hvernig er gjaldtöku fyrir slíka aðstöðu háttað? Svör við öllum spurningunum óskast sundurliðuð eftir eftirfarandi rekstrareiningum:

   a. sjúkrahúsum,
   b. hjúkrunar- og dvalarheimilum,
   c. sjálfstætt starfandi læknastofum,
   d. rannsóknarstofum,
   e. heilsugæslu.
2. Hvernig hefur þróunin verið á notkun þjónustunnar á árunum 1990–2001?
   a. Hvernig hefur fjöldi heimsókna til sjálfstætt starfandi sérfræðinga þróast á tímabilinu?
   b. Hvernig hafa komur í heilsugæslu þróast á tímabilinu?
   c. Hvernig hefur fjöldi aðgerða í einkageira þróast, greint á sérgreinar?
   d. Hvernig hefur fjöldi rannsókna þróast, greint á sérgreinar?
   e. Hvernig hefur fjöldi aðgerða á sjúkrahúsum þróast, greint á sérgreinar?
   f. Hvernig hefur fjöldi innlagna á sjúkrahúsin þróast á tímabilinu, greint á sérgreinar, annars vegar á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík (Landspítali – háskólasjúkrahús) og hins vegar á öðrum sjúkrahúsum?
   g. Hvernig hefur fjöldi heimsókna á göngudeildir stóru sjúkrahúsanna þróast?
   h. Hvernig hefur fjöldi ferliverka þróast á tímabilinu, á sjúkrahúsum, á læknastofum og þeirra sem unnin eru af sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sjúkrahúsum?
3. Hvernig hefur fjöldi koma á slysa- og bráðamóttökur þróast á tímabilinu 1990–2001? Hvernig hefur fjöldi innlagna á lyflæknisdeildir breyst á sama tímabili?
4. Hvernig hefur aldurssamsetning innlagna á sjúkrahúsum þróast á tímabilinu 1990–2001? Hvernig hefur aldurssamsetning þjóðarinnar þróast á sama tíma? Hefur hjúkrunarþyngd verið að breytast á tímabilinu? Ef svo er, þá hvernig?
5. Hvernig er aldurssamsetningu þeirra sem farið hafa í aðgerðir á árunum 1990–2001 háttað, flokkað eftir sérgreinum:
   a. inni á sjúkrahúsum,
   b. á sjálfstætt starfandi læknastofum,
   c. á rannsóknarstofum?
6. Hver er stefnumótun heilbrigðisráðuneytisins um frekari einkarekstur í heilbrigðiskerfinu, einkum í sjúkrahúsþjónustu? Hvernig sér ráðuneytið stöðu Landspítala – háskólasjúkrahúss í þeirri stefnumótun?
7. Hvernig er samningum um kaup og kjör lækna háttað og hver fer með samningsumboð fyrir hönd heilbrigðisstofnana og Tryggingastofnunar? Hefur verið íhugað að hafa samningsumboð við alla lækna á einni hendi? Hvað kemur í veg fyrir að það sé gert?
8. Hvernig er uppbyggingu á launagreiðslum til lækna háttað fyrir þá þjónustu sem þeir veita? Óskað er eftir upplýsingum um það í hvaða tilvikum er um fastlaunagreiðslur að ræða, greiðslur fyrir einingar/læknisverk, hlunnindi o.s.frv.:
   a. á sjúkrahúsum,
   b. á sjálfstætt starfandi læknastofum,
   c. í heilsugæslu,
   d. á rannsóknarstofum.
9. Hvernig hefur þróunin verið í kaupum Tryggingastofnunar ríkisins á læknisþjónustu á árunum 1990–2001? Hversu stór hluti rekstrarkostnaðar heilbrigðiskerfisins hefur þessi þáttur verið á sama tíma og hversu hátt hlutfall af þjóðarútgjöldum? Óskað er eftir að svar sé flokkað eftir sérgreinum.

10. Hvernig hefur þróun útgjalda til sjúkrahúsanna verið á tímabilinu 1990–2001, sem hlutfall af rekstrarkostnaði heilbrigðiskerfisins annars vegar og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum hins vegar:
    a. stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík (Landspítala – háskólasjúkrahúss),
    b. Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri,
    c. annarra sjúkrahúsa á landsbyggðinni?
11. Hvaða samanburðarrannsóknir hafa verið gerðar á starfsemi og hlutverki sjúkrahúsa hér á landi og hyggst ráðherra endurskipuleggja hlutverk sjúkrahúsa á grundvelli slíkra rannsókna?
12. Hvernig hafa útgjöld til heilsugæslu þróast á tímabilinu 1990–2001 sem hlufall af rekstrarkostnaði heilbrigðiskerfisins í heild annars vegar og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum hins vegar?
13. Hefur verið lögð í það einhver vinna af hálfu heilbrigðisyfirvalda að auka upplýsingaflæði („heilsunet“) innan heilbrigðiskerfisins? Hafa kröfur um virkt upplýsingaflæði til heilsugæslunnar verið settar sem skilyrði fyrir rekstri einkarekinnar/opinberrar heilbrigðisþjónustu? Hafa einhver önnur skilyrði verið sett fyrir rekstrarleyfi til slíkrar þjónustu?
14. Hefur verið lögð í það einhver vinna af hálfu heilbrigðisyfirvalda að auka samvinnu á milli frumheilsugæslu og sérfræðisþjónustu á borð við það sem reynt hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum (Praksiskonsulentordningen)? Hefur Ísland tekið þátt í samnorrænum samstarfshópi um slíka samvinnu? Hafa aðrar leiðir verið reyndar á árunum 1990–2001 til aukinnar samnýtingar og samræmingar þeirrar þjónustu sem heilbrigðiskerfið hefur upp á að bjóða, og ef svo er, hverjar? Hefur náðst mælanlegur árangur í forgangsröðun heilbrigðisþjónustu á tímabilinu?
15. Hver er rekstrarkostnaður opinberrar heilsugæslu á tímabilinu (annars vegar sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðiskerfisins og hins vegar sem hlutfall af þjóðarútgjöldum) og hvernig hafa útgjöld ríkisins vegna einkarekinnar heilsugæslu þróast á sama tíma (sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðiskerfisins og sem hlutfall af þjóðarútgjöldum)?
16. Hvernig hefur fjármögnun heilbrigðisþjónustu verið háttað á tímabilinu 1990–2001? Hafa verði lögð drög að því að gera breytingar á fjármögnunarkerfinu? Ef svo er, hver og á hvaða stigi er sú vinna?

35. Frumvarp til laga [35. mál]

um lagaráð.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Á vegum Alþingis starfar lagaráð sem hefur það hlutverk að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð er Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar.

2. gr.

Lagaráð er skipað þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Þeir skulu hafa embættispróf í lögfræði. Forseti Alþingis skipar lagaráð, einn nefndarmann að tillögu forsætisnefndar Alþingis og skal hann jafnframt vera formaður, annan að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja að tillögu Lögmannafélags Íslands. Forsætisnefnd Alþingis setur ráðinu starfsreglur og kveður nánar á um starfssvið þess og starfsskilyrði.

3. gr.

Starfsemi lagaráðs skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum hvers árs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1929, um laganefnd.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Árið 1998 samþykkti Alþingi tillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir flutti ásamt nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar um að skipuð yrði nefnd til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Nefndin, sem laut forustu Páls Hreinssonar, dósents við Háskóla Íslands, skilaði skýrslu á síðasta þingi þar sem fram komu margar tillögur til úrbóta varðandi starfshætti í stjórnsýslunni. Í skýrslunni kemur m.a. fram að annars staðar á Norðurlöndum sé það liður í starfsemi ráðuneyta að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort á þeim séu lagatæknilegir ágallar eða hvort þau samræmist stjórnarskrá. Þetta er ekki reyndin hér á landi og ekki er hér heldur starfandi lagaráð á vegum Alþingis sem hefði þetta hlutverk með höndum. Í skýrslunni um starfsskilyrði stjórnvalda kemur hins vegar fram að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annarra norrænna ríkja og hefur umboðsmaður Alþingis m.a. séð ástæðu til að vekja athygli þingsins á meinbugum á lögum í 45 af fyrstu 2.000 málum sem hann hefur fengið til afgreiðslu, sbr. SUA 1997:34. Sem dæmi má nefna misræmi eða árekstra milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta, að gerður sé að lögum mismunur á milli manna án þess að til þess hafi staðið viðhlítandi rök og að ákvæði laga séu ekki í samræmi við stjórnarskrá eða þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum. Rétt er að vekja athygli á því hér að á síðustu árum hefur verið unnin mikil samræmingarvinna af hálfu skrifstofu Alþingis hvað varðar löggjafarundirbúning og sérfræðiaðstoð á vegum þingsins hefur stórlega aukist. Eigi að síður er þörf á enn markvissari úrbótum á þessu sviði og því er frumvarp þetta lagt fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á stofn sérstakt lagaráð á vegum Alþingis, skipað af forseta Alþingis til fjögurra ára í senn. Ráðið skuli skipað mönnum er hafi embættispróf í lögfræði og skuli forsætisnefnd Alþingis sjálf velja einn sem jafnframt sé formaður ráðsins, annar skuli tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands og sá þriðji af Lögmannafélagi Íslands. Hlutverk ráðsins er að setja samræmdar reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning löggjafarmála. Lagaráð skal jafnframt vera Alþingi og Stjórnarráðinu til ráðgjafar um undirbúning löggjafar, um það hvort frumvörp standast stjórnarskrá eða alþjóðasamninga sem Ísland er bundið af eða hvort á frumvörpum eru lagatæknilegir ágallar. Starfsemi ráðsins skal tryggð með framlögum úr ríkissjóði ár hvert.

Ástæðan fyrir því að sú leið er farin hér að stofna lagaráð en ekki lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands sem hefði sama hlutverk með höndum er fyrst og fremst sú að með þessu

fyrirkomulagi er þáttur Alþingis í lagasetningunni styrktur. Sú stjórnskipan sem við búum við og byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald hefur réttilega verið gagnrýnd fyrir það hversu sterkt framkvæmdarvaldið hefur verið á kostnað hinna þáttanna tveggja og úr því þarf að bæta til þess að efla og bæta lýðræðið hér á landi. Þá er tillagan um lagaráð í anda þess sem lög nr. 48/1929, um laganefnd, gera ráð fyrir en sú nefnd hefur aldrei verið skipuð. Með frumvarpi þessu er því lagt til að samhliða samþykkt þessa frumvarps verði lögin um laganefnd felld úr gildi.

36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. hafa einstæðir foreldrar sem búa tímabundið í sérstöku húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra rétt til húsaleigubóta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 126. þingi var samþykkt breyting á lögum um húsaleigubætur þar sem einstaklingar sem dvelja á stúdentagörðum fengu rétt á greiðslu húsaleigubóta þótt þeir deildu salernis- og/eða eldunaraðstöðu með öðrum. Sömu réttindi öðluðust einnig þeir sem búa á sambýlum fyrir fatlaða. Þá fluttu flutningsmenn þessa frumvarps breytingartillögu um að þennan rétt til húsaleigubóta fengju einnig einstæðir foreldrar sem búa tímabundið með börnum sínum í húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra þar sem er sameiginleg salernis- og/eða eldunaraðstaða. Þessi tillaga var felld. Í ljósi þess að eftir gagngerar breytingar á húsnæði á vegum félagsins búa aðeins sex fjölskyldur við þessar aðstæður hverju sinni er þessi tillaga flutt að nýju í frumvarpsformi.

37. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um heilsuvernd í framhaldsskólum.

Flm.: Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Katrín Fjeldsted,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Þuríður Backman, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig skipulagðri heilsuvernd fyrir ungt fólk verði háttað.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar var flutt á 126. löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Því er hún flutt að nýju óbreytt.

Eitt mesta mótunarskeið í lífi hvers manns eru árin frá 16 ára til tvítugs. Ákvarðanir sem ungmenni taka geta haft mikil áhrif á lífsskeið þeirra til góðs eða ills. Það er sameiginlegt með ungu fólki hvarvetna í heiminum að það gengur í gegnum ákveðið ferli á leið sinni til vits og þroska, sálrænt, félagslega, líkamlega og tilfinningalega. Ungmenni mynda sér skoðanir um eigin heilbrigði og viðhorf til lífsins um leið og þau leita eigin sjálfsmyndar innan fjölskyldu, hóps, skóla, vinnustaðar og í þjóðfélaginu.

Á þessum aldri getur komið upp margvíslegur vandi sem varðar heilbrigði og þroska þar sem faglegrar aðstoðar er þörf. Á þessum árum byrjar fólk að stunda kynlíf og felur það í sér hættu á ótímabærum þungunum, kynsjúkdómum og öðrum alvarlegum smitsjúkdómum, svo sem HIV-smiti. Unglingar stunda áhættuhegðun í meira mæli en fólk á öðrum aldursskeiðum, sem kemur m.a. fram í virðingarleysi fyrir ýmsum reglum samfélagsins. Til dæmis má rekja fjölda umferðarslysa þar sem ungmenni eiga í hlut til áhættuhegðunar þótt reynsluleysi megi þar einnig kenna um. Ungt fólk tekur einnig þá áhættu að prófa að neyta tóbaks, áfengis og eiturlyfja sem því er vel kunnugt um að felur í sér hættu á heilsuskaða. Þá eiga ungmenni á hættu að koma sér upp átröskun, svo sem lotugræðgi og lystarstoli. Vel þekkt er einnig að svörun ungmenna við álagi getur verið öfgakennd sem lýsir sér m.a. í hárri tíðni þunglyndis og kvíða. Einnig má benda á að sjálfsvíg eru alvarlegt vandamál hér á landi, sérstaklega hjá ungum karlmönnum. Hvernig heilbrigðisþörfum ungmenna er sinnt getur markað framtíð þeirra alla og vellíðan.

Heilsufar ungmenna fær gjarnan litla athygli þar sem almennt viðhorf er að ungt fólk sé heilbrigt og þurfi ekki sérstaka heilbrigðisþjónustu. Á hinn bóginn má fullyrða að með því að sinna heilbrigðis- og þroskaþörfum ungs fólks sé verið að fjárfesta til framtíðar og kemur sú fjárfesting til með að skila arði til lengri tíma.

Skólaheilsugæsla.

Skipulögð heilsugæsla fyrir ungmenni í framhaldsskólum er ekki til staðar hér á landi og ekki er gert sérstaklega ráð fyrir slíkri þjónustu í fjárveitingum til heilsugæslunnar eða til framhaldsskólanna sjálfra. Í 13. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er kveðið á um að allir framhaldsskólar skuli rækja heilsuvernd. Samkvæmt þessum lögum er heilsugæslustöð í nágrenni skólans falið að annast heilsuverndina undir umsjón héraðslækna í umboði heilbrigðisstjórnar. Ber héraðslækni að líta eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi. Starfsfólki við heilsuvernd í skólum er gert skylt að hafa náið samstarf við skólameistara um framkvæmdina.

Heilsugæsla í grunnskóla er skipulögð í beinu framhaldi af heilsugæslu ungbarna. Henni sinna hjúkrunarfræðingar og læknar á heilsugæslustöð í nágrenni skólans. Þannig njóta börn og unglingar þjónustu skipulagðrar skólaheilsugæslu þar til þau ljúka grunnskólanámi árið sem þau verða 16 ára gömul.

Í nokkrum tilvikum hefur heilsugæslustöð í nágrenni framhaldsskóla eða aðrir aðilar annast takmarkaða heilsugæslu nemenda, t.d. hefur heilsugæslan á Egilsstöðum sérstaklega sinnt heilsugæslu ungmenna sem þurfa á henni að halda. Það er mat þeirra sem hafa sinnt þessu starfi að það hafi skipt sköpum varðandi námsframvindu og líðan margra nemenda. Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla bjóða hjúkrunarfræðingar sem eru kennarar í heilbrigðisfræðum nemendum reglulega viðtalstíma og eru þeir nú þrisvar í viku. Nemendur hafa nýtt

sér þjónustuna og er talin vera full þörf á henni. Meginástæður fyrir komu nemenda í viðtal eru kvíði og þunglyndi, en einnig líkamlegir kvillar.

Ungt fólk í framhaldsskólum.

Samkvæmt íbúaskrá Hagstofu Íslands frá 1. desember 1999 voru Íslendingar á aldrinum 16–20 ára 22.199 talsins. Samkvæmt upplýsingum sömu stofnunar voru 19.871 nemandi skráður í nám á framhaldsskólastigi haustið 1999. Því má fullyrða að stór hluti íslenskra ungmenna stundi nám í framhaldsskólum landsins. Hins vegar er það áhyggjuefni hve brottfall nemenda á þessu námsstigi er hátt. Nýleg rannsókn, sem Björg Jóna Birgisdóttir, náms- og starfsráðgjafi, vann, bendir t.d. til þess að brottfallið sé 33%. Mörgum sem hætta námi líður illa og standa þeir oft frammi fyrir ýmsum erfiðleikum. Talið er að stuðningur foreldra og stuðningur við nemendur innan veggja skóla skipti mestu um hvort ungmenni nái að ljúka framhaldsskóla. Þá er það sérstakt íhugunarefni að brottfall tvítyngdra unglinga sem notið hafa aðstoðar nýbúafræðslu er á bilinu 90–100%. Taka þarf sérstaklega á því máli.

Aðgengi ungs fólks að heilbrigðisþjónustu.

Ungt fólk nýtir sér síður heilbrigðisþjónustu en fólk í öðrum aldurshópum. Í rannsókn um „aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi“ frá árinu 1999 komust Rúnar Vilhjálmsson o.fl. að þeirri niðurstöðu að verulegur munur væri á aðgengi einstakra hópa að heilbrigðisþjónustu hér á landi. Samkvæmt erlendum stöðlum um áætlaða þjónustuþörf er íslensk læknisþjónusta vannýtt, sérstaklega af yngstu aldurshópunum. Í umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar kemur fram að miklu hærra hlutfall nemenda er í þessum hópi en öðrum aldurshópum, bæði framhaldsskólanemendur og háskólanemendur, en hins vegar er ekki boðið upp á hjúkrunarþjónustu eða aðra heilsugæslu fyrir þennan hóp í skólum.

Ástæður þess að ungt fólk nýtir sér ekki skipulagða þjónustu heilbrigðisstofnana eru taldar vera eftirfarandi:

- Ungt fólk áttar sig ekki á eigin þörf fyrir heilbrigðisþjónustu.
- Ungt fólk veit ekki hvaða aðstoð heilbrigðisþjónustan veitir eða hvaða gagn hún gerir.
- Ungt fólk veit ekki hvernig maður nýtir sér heilbrigðisþjónustu.
- Heilsugæslan er opin á óhagkvæmum tíma.
- Ungt fólk er hrætt við að ræða trúnaðarupplýsingar við heilbrigðisstarfsmenn.
- Ungt fólk óttast fordæmingu eða refsingu fyrir tiltekna hegðun sem hefur leitt til heilbrigðisvandamáls.
- Kostnaður við heilbrigðisþjónustu.
- Ungt fólk er tregt til að ræða ákveðna hluti, t.d. tengda kynlífi og kynheilbrigði.

Nýleg rannsókn við námsbraut í hjúkrunarfræði sem Bára H. Jóhannsdóttir og fleiri unnu og fjallar um þjónustu um kynheilbrigði fyrir ungt fólk bendir til að ungu fólki þyki erfitt að leita til heilsugæslustöðva og nefna þau viðmót starfsfólks og opnunartíma í því sambandi.

Í rannsókn Sóleyjar Bender um viðhorf íslenskra ungmenna gagnvart kynheilbrigðisþjónustu kom fram að helmingur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni vildu nýta sér þjónustu á sérstakri móttöku utan hefðbundinna heilbrigðisstofnana, þ.e. utan sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Einungis þriðjungur vildi leita slíkrar þjónustu á heilsugæslustöðvum. Jafnframt kom fram að ungmennin vildu hafa aðgang að þessari þjónustu alla daga vikunnar, sérstaklega síðdegis, og að þau vildu að ungt fólk veitti þjónustuna. Einnig kom fram að þau vildu geta leitað til sálfræðinga og félagsráðgjafa.

Ljóst virðist að ungt fólk vill geta leitað til fagfólks um heilbrigði og þroskaviðfangsefni á skólatíma og á svæði sem er kunnuglegt og vinsamlegt.

Í fyrrgreindri rannsókn Rúnars Vilhjálmssonar o.fl. um aðgang að heilbrigðisþjónustu á Íslandi segir „að mikilvæg leið fyrir heilsugæsluna til að nálgast ungmennin sé í gegnum skólana. Hér hefur Ísland þá sérstöðu í samanburði við mörg nágrannalönd, að ekki er boðið upp á nemendaheilsugæslu á framhaldsskóla- eða háskólastigi ... Eðlilegt er að hérlendis fari fram skipuleg athugun á því hvort og með hvaða hætti reglubundin heilsugæsla í framhaldsskólum og háskólum landsins geti verið fýsilegur kostur".

Heilbrigðishegðun íslenskra ungmenna.

Ýmsar rannsóknir hér á landi gefa vísbendingar um heilbrigði íslenskra ungmenna og þætti sem geta haft áhrif á heilsu og möguleika þeirra til aukins þroska. Til að glöggva sig á þessu eru hér teknar saman upplýsingar og gerð grein fyrir nokkrum rannsóknum sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Upptalningin er engan veginn tæmandi en er vísbending um hvar skórinn kreppir.

a. Næring.

Ekki liggja fyrir rannsóknir hér á landi þar sem næring ungmenna á aldrinum 16–20 er sérstaklega skoðuð, svo vitað sé. Hins vegar benda íslenskar rannsóknir á næringu aldurshópsins 10–15 ára til að hlutfall sykurs í mataræði sé of hátt og mun hærra en hjá sama aldurshópi annars staðar á Norðurlöndunum og að sama skapi er neysla grænmetis og ávaxta of lítil. Rannsóknir benda til þess að allir aldurshópar hér á landi séu að þyngjast og að þeim sem teljast vera of feitir hafi fjölgað verulega. Í nýlegri rannsókn Helgu Hannesdóttur, barna- og unglingageðlæknis, koma fram ákveðnar vísbendingar um að átröskun sé algeng í íslensku þjóðfélagi, bæði hjá unglingum og fullorðnum. Niðurstöður athugana hennar, sem náðu til um 600 unglinga, eru að tæp 40% unglingsstúlkna og tæp 30% unglingspilta á aldrinum 13–18 ára töldu sig borða of mikið. 22% stúlkna og 18% pilta álitu sig vera of feit. Ýmsar vísbendingar eru einnig um að konur þjáist af lystarstoli og lotugræðgi og er það algengast meðal unglingsstúlkna.

b. Ótímabærar þunganir unglingsstúlkna.

Á hverju ári verða um 500 unglingstúlkur á aldrinum 15–19 ára ófrískar, eða 4–5%. Helmingur þeirra lætur eyða fóstri, en hinn helmingurinn, um 250 stúlkur, kýs að ganga með og eiga börnin.

Það er 2–3 sinnum algengara að íslenskar unglingsstúlkur eigi börn en samaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndunum og um 5–6 sinnum algengara en t.d. í Hollandi. Fóstureyðingum hefur fjölgað hér á landi á síðustu árum, sérstaklega hjá ungum stúlkum. Nýbirt rannsókn Sóleyjar Bender hjúkrunarfræðings um viðhorf íslenskra ungmenna til skipulags fræðslu og þjónustu í tengslum við kynlíf og barneignir bendir til að meðalaldur íslenskra ungmenna við fyrstu kynmök sé 15,4 ár og sama rannsókn leiddi í ljós að einungis 60% þeirra notuðu getnaðarvörn við fyrstu kynmök.

Ýmsar skýringar má finna á þessu. Í íslensku samfélagi ríkir umburðarlyndi gagnvart barneignum utan hjónabands og aðgengi að getnaðarvörnum virðist ekki vera nógu gott. Þá er ljóst að kynfræðslu í skólum er ábótavant og má velta fyrir sér hvort heilbrigðis- og skólakerfinu hafi mistekist að samhæfa aðgerðir sínar til að takast á við þennan vanda. Í rannsókn Sóleyjar Bender kemur fram að stór hluti ungmenna telur að ráðgjöf og fræðsla um kynlíf og barneignir sé ekki nægilega góð.

Ýmsar rannsóknir benda til þess að hagur ungra mæðra sé fremur bágborinn. Samkvæmt nýlegum rannsóknum lenda ungar mæður oftar í erfiðri félagslegri og fjárhagslegri stöðu, þær

verða oftar einstæðar mæður, hafa minni menntun, eiga að jafnaði fleiri börn og eru háðari félagslegri og fjárhagslegri aðstoð.

Reynsla annarra þjóða sýnir að besta leiðin til að draga úr óæskilegum þungunum er að auka fræðsluna og auðvelda aðgang að getnaðarvörnum. Nýverið var tekin ákvörðun í ríkisstjórn um sérstakar aðgerðir til að sporna við fóstureyðingum og ótímabærum þungunum ungra stúlkna með það að markmiði að fækka þeim um 50% á næstu 10 árum. Aðgerðirnar lúta að ýmsu, t.d. aukinni fræðslu og ráðgjöf, sem og lækkun verðs á getnaðarvörnum og heilbrigðisþjónustu. M.a. er lagt til að bæta aðgengi að neyðargetnaðarvörn með því að hafa hana ólyfseðilsskylda. Sérstaklega er gert ráð fyrir að skólahjúkrunarfræðingar axli ábyrgð á fræðslu og dreifingu á slíkri getnaðarvörn.

c. Slys.

Slys eru algengasta dánarorsök og helsta orsök örorku ungmenna. Samkvæmt nýrri skýrslu um kostnað af slysum á börnum á Íslandi, sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir slysavarnaráð, létust að meðaltali fjögur ungmenni á aldrinum 15–18 ára á ári af völdum slysa á árunum 1990–1995. Þegar slys eru skoðuð almennt kemur í ljós að algengast er að ungmenni í þessum aldurshópi slasist í íþróttum, eða yfir 500, rúmlega 400 í umferðarslysum, um 300 í heimaslysum og um 150 í skólaslysum. Alls leita því 1350–1400 ungmenni árlega til slysa- og bráðamóttöku SHR (nú Landspítala, Fossvogi) vegna slysa. Ekki liggja fyrir tölur um slys ungmenna hjá öðrum heilbrigðisstofnunum landsins.

d. Ofbeldi.

Í skýrslu dómsmálaráðuneytis og Rauða kross Íslands um ofbeldi meðal íslenskra unglinga sem kynnt var í byrjun árs 2000 kom fram að fjórði hver unglingur óttast að verða beittur ofbeldi, sem er mun hærra hlutfall en annars staðar á Norðurlöndunum. Rannsóknin náði til efri bekkja grunnskóla.

e. Reykingar.

Verulega hefur dregið úr reykingum unglinga á undanförnum áratugum. Árið 1974 reyktu um 42% 16 ára unglinga daglega en þá dró verulega úr daglegum reykingum sem náðu lágmarki um 1990 þegar um 14% unglinga í þessum aldurshópi reyktu daglega. Upp úr því fjölgaði þeim 16 ára unglingum sem reyktu daglega aftur þar til hámarki var náð um 1998, 24%. Samkvæmt nýjum könnunum reykja nú um 16% 16 ára unglinga daglega. Sams konar þróun hefur orðið meðal ungmenna í framhaldsskólum og reykti fimmtungur framhaldsskólanema daglega árið 1994. Samkvæmt upplýsingum frá Tóbaksvarnarnefnd hefur heldur dregið úr reykingum ungmenna í framhaldsskólum síðan, t.d. reyktu um 9,4% nemenda í MR og 7,7% nemenda í Verslunarskóla Íslands í byrjun ársins 2000 en árið áður höfðu um 11,5% nemenda beggja skóla reykt daglega. Að jafnaði reykja fleiri stúlkur en piltar í hverjum árgangi.

Ekki þarf að fjölyrða um hættuna af reykingum þótt þekking á skaðsemi þeirra virðist ekki hafa áhrif á ákvarðanir sumra ungmenna um tóbaksneyslu. Rannsóknir benda til þess að hafi unglingur ekki byrjað að reykja fyrir 18 ára aldur séu litlar líkur á að hann taki upp á því eftir það. Einnig hafa rannsóknir sýnt fram á mjög hátt hlutfall reykinga meðal ungmenna sem leiðast út í neyslu áfengis og ólöglegra vímuefna. Því er haldið fram að börn og ungmenni sem leiðast út í neyslu byrji yfirleitt á að fikta við tóbak. Því er fræðsla og stuðningur við ungmenni til að forðast tóbak forvörn sem skiptir máli fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild.

f. Áfengi og önnur vímuefni.

Áfengisneysla meðal íslenskra ungmenna er algeng. Í könnun Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála um vímuefnaneyslu ungs fólk frá 1997 kemur fram að ríflega 81% nemenda í 10. bekk hefur einhvern tíma á ævinni drukkið áfengi og hátt í 62% segjast hafa orðið drukkin a.m.k. einu sinni. Í samanburði 20 Evrópulanda frá árinu 1995 kemur í ljós að þarna eru íslenskir unglingar í 6. sæti. Talið er líklegt að áfengisneysla sé fyrsta skrefið á leið sem liggur til neyslu ólöglegra efna, enda hafa rannsóknir sýnt að 99% þeirra sem leita sér meðferðar vegna misnotkunar annarra vímuefna misnota einnig áfengi.

Sé litið á aðrar rannsóknir á neyslu framhaldsskólanema á ólöglegum vímuefnum má sjá að neysla þeirra hefur farið vaxandi á síðustu árum. Árið 1994 höfðu um 23,2% nemenda í 4. bekk framhaldsskóla neytt hass en fimm árum fyrr höfðu 15,7% neytt þess. Neysla sterkari vímuefna á sér einnig stað meðal ungmenna á framhaldsskólaaldri og benda tölur, m.a. frá SÁÁ, til mikillar neysluaukningar. Rannsóknir benda til að fleiri piltar en stúlkur neyti ólöglegra efna.

Fyrir utan áhrif neyslunnar sjálfrar á heilsu og velferð ungmenna sýndi framangreind rannsókn á vímuefnaneyslu ungs fólks fram á þá óhugnanlegu staðreynd að um 15% ungmenna í 10. bekk hafa orðið fyrir óæskilegri kynlífsreynslu vegna eigin áfengisneyslu, um 16% þeirra hafa lent í slagsmálum, 14% hafa orðið fyrir meiðslum eða lent í slysi og frá 9% þeirra hefur verið stolið eða þau verið rænd vegna eigin áfengisneyslu. Athygli vekur að íslensk ungmenni lenda í meira klandri vegna áfengisneyslu en jafnaldrar þeirra í Evrópu, en í flestum tilvikum voru þau í efsta eða efri sætum í því sem að framan greinir.

g. Geðheilsa.

Streita er eðlilegur þáttur daglegs lífs. Á vegi sínum til aukins þroska lenda ungmenni í ýmsum aðstæðum sem leiða til streituviðbragða. Sé ekki brugðist við þeim á heilbrigðan máta er hætta á óæskilegum afleiðingum, bæði líkamlega og andlega.

Í nýrri kandídatsritgerð í lyfjafræði um algengi þunglyndis meðal ungs fólks á aldrinum 18–25 ára, sem unnin er af Tinnu Traustadóttur, kom fram að algengi þunglyndis og kvíðaröskunar hjá þessum aldurshópi er 37,8%. Með frekari nálgun var fundið út að 17,2% ungs fólks þjást af þunglyndi og notuðu 4% þunglyndislyf á árinu 1999. Rannsóknin benti til sambands milli þunglyndisraskana og áfengis- og vímuefnaneyslu, en samkvæmt niðurstöðum hennar hafði helmingur þátttakenda neytt ólöglegra vímuefna og 17% ungs fólks á Íslandi hneigðust til að misnota áfengi.

Mikilvægt er að vinnustaðir ungmenna, sem í flestum tilvikum eru skólar, séu vakandi fyrir merkjum um vanlíðan þeirra sem geta haft áhrif á geðheilsu þeirra. Einnig er nauðsynlegt að skólakerfið veiti ungmennum möguleika á að þroska félagslega hæfni og samskiptahæfni og veiti ráð um hvernig takast á við streituvaldandi aðstæður.

h. Sjálfsvíg.

Í skýrslu um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur til úrbóta, sem gefin var úr í október 1996 og er unnin samkvæmt þingsályktun frá árinu 1992, kemur fram að sjálfsvíg voru næstalgengasta dánarorsök karlmanna á aldrinum 15–24 ára á árunum 1990–94. Sams konar þróun hefur einnig átt sér stað annars staðar á Vesturlöndum. Í fyrrgreindri kandídatsritgerð Tinnu Traustadóttur lyfjafræðings kemur fram að stór hluti þátttakenda, eða um 43%, sagðist hafa hugleitt að taka líf sitt en mundu ekki gera það. Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni höfðu 5,4% reynt að fyrirfara sér. Þekkt er að þunglyndi, misnotkun áfengis og fíkniefna, auk tilfinningalegra vandamála, eins og vonleysis, svo og tengsl við for-

eldra og jafnaldra hefur áhrif á sjálfsvígshugleiðingar og sjálfsvígstilraunir. Í skýrslu um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi er lögð áhersla á að bæta úrræði innan skólakerfisins fyrir nemendur sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna félagslegra og persónulegra vandamála. Áhersla verði lögð á að greina áhættuhegðun barna og unglinga í skólum og aðstoða þá sem þess þurfa. Auk þess er markviss fræðsla og almennt forvarnarstarf gegn sjálfsvígum mikilvægt. Enn fremur er nauðsynlegt að sinna áfallahjálp vegna sjálfsvíga ungmenna.

i. Afbrot.

Í skýrslu nefndar um málefni ungra afbrotamanna, sem dómsmálaráðherra kynnti í júlí 1999, kom fram að á árinu 1998 hafði lögreglan afskipti af um 1.000 einstaklingum undir 18 ára aldri vegna afbrota í 2.500 tilvikum. Í 40% tilvika var um umferðalagabrot að ræða en annars þjófnað, ofbeldisbrot og fíkniefnabrot. Athygli vakti að fólk í aldurshópnum undir 18 ára á þátt í 30–40% allra afbrota þegar afbrot allra aldurshópa eru skoðuð. Erlendar rannsóknir benda til þess að mestar líkur séu á að hægt sé að breyta hegðun fólks til hins betra við byrjun brotaferils.

Að lokum.

Rannsóknir hafa sýnt að skipulag og aðgerðir samfélagsins hafa áhrif á tíðni þunglyndis, sjálfsvígshugleiðinga, eineltis, hollustu mataræðis, slysatíðni, notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, þátttöku í íþróttum og öðru samfélagslegu starfi, svo fátt eitt sé nefnt. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hvatt ríki heims til að leggja áherslu á að skólastarf verði skipulagt með hliðsjón af hvatningu til heilsueflandi hegðunar (Health promoting school). Heilsugæsla nemenda er mikilvægur þáttur þess.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal veita heilsuvernd í framhaldsskólum. Skipulögð heilsugæsla er hins vegar ekki í framhaldsskólum hér á landi og leiðbeiningar um slíkt fyrirfinnast ekki. Hins vegar hafa verið gerðar tilraunir með heilsugæslu í framhaldsskólum, ýmist að frumkvæði heilsugæslunnar á viðkomandi svæði eða skólastjórnenda, og gefist vel. Ungmenni glíma við ýmsan heilsufarsvanda og þurfa stuðning fagfólks í heilbrigðisþjónustu til að leysa hann. Margt bendir til þess að æskilegt sé að nálgast ungt fólk á þeirra vettvangi, þ.e. í framhaldsskólum. Því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Fylgiskjal.

Bryndís Benediktsdóttir:

Skólaheilsugæslan Fjölbraut í Garðabæ.

Árið 1989 hóf undirrituð starf sem skólalæknir við Fjölbrautarskólann í Garðabæ (FG) að undirlagi skólameistara Þorsteins Þorsteinssonar sem farið hafði þess á leit við Heilsugæsluna að hún tæki að sér þessa starfsemi eins og gert var ráð fyrir í lögum um framhaldsskóla. Á sama tíma hóf hjúkrunarfræðingur störf við skólann, en því starfi sinnti lengst af Þóra Elín Guðjónsdóttir. Frá áramótum 1998–99 hefur Þórhildur Sigtryggsdóttir heilsugæslulæknir í Garðabæ verið skólalæknir.

Þar sem ekki var um auðugan garð að gresja í upphafi starfseminnar, hvað varðar reglugerðir eða ráð um heilsugæslu í framhaldsskóla frá hinu opinbera mótaðist starfsemin að miklu leyti í byrjun af reynslu minni sem læknir við Studenthälsan, sem var heilsugæslustöð fyrir stúdenta við háskólann í Uppsölum í Svíþjóð, þar sem ég starfaði árið 1986–87.

Starfsemin þróaðist og breyttist með tímanum í takt við tíðaranda og nýjar áherslur. Upphaflega var húsnæði starfseminnar óhentugt og þröngt, en í nýja húsnæði skólans var sérhannað rými fyrir skólaheilsugæsluna. Aðstaðan er í sambýli við námsráðgjafa skólans sem mikil samvinna er við.

Eins og áður var getið hafa stjórnendur Heilsugæslunnar í Garðabæ verið tregir til að veita lækni leyfi til að sinna þessu starfi innan vinnutíma á heilsugæslustöðinni og varð að hætta þessu starfi haustið 2000. Með stuðningi Landlæknisembættisins tókst þó að fá leyfi fyrir áframhaldandi starfsemi og hefst hún vonandi eftir kennaraverkfall.

Hér að neðan er lýst í stórum dráttum markmiðum og starfsemi skólaheilsugæslunnar við Fjölbraut í Garðabæ.

Markmið.

Við settum okkur það markmið að reyna að viðhalda og efla heilbrigði nemenda bæði líkamlega, andlega og félagslega. Hvatt var til líkamshreyfingar, reglulegs mataræðis og svefns. Áhersla var lögð á að skilgreina og bregðast við áhættu hegðun nemenda. Stefnt var að því að koma í veg fyrir neyslu löglegra og ólöglegra vímuefna nemenda og styðja þá sem leiðst höfðu út í neyslu til að leita sér meðferðar og hætta. Reynt var að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir stúlkna með því að auka fræðslu og aðgengi að getnaðarvörnum. Veita ráðgjöf til varnar kynsjúkdómum og leiðbeina um meðferð. Gefa persónulega ráðgjöf um heilsuvernd t.d. áhættuþætti fyrir hjarta- og æðasjúkdómum, drykkjusýki, krabbamein og framkvæmd ónæmisaðgerða.

Til að reyna að ná þessu markmiði skipulögðum við starfsemina á eftirfarandi hátt:

Opin móttaka.

Unglingar eru hvatvísir og hentar sjaldnast að panta tíma með löngum fyrirvara eða fara á annan stað til að hitta lækni eða hjúkrunarfræðing, nema málið sé brennandi eða komið í óefni. Opin móttaka í skólanum þar sem nemendur eru hvattir til að koma og bera mál undir lækni eða hjúkrunarfræðing getur verið gagnleg. Í FG var móttaka tvisvar í viku 2 klst. í senn hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi. Móttakan var auglýst víða í skólanum, í gögnum sem nemendur fengu afhent í upphafi annar og í skólablöðum. Í auglýsingu var reynt að undirstrika að allir væru velkomnir. Þeir þyrftu ekki að vera veikir til að leita sér ráða, þó svo að velkomið væri að leita með veikindi og meiðsl. Bent var á að hægt væri að fá ráð varðandi getnaðarvarnir, kynsjúkdóma, mataræði og líkamsþjálfun. Þeir voru hvattir til að leita ráða vegna reykinga, áfengisneyslu eða neyslu annarra vímuefna, hvort sem það var vegna þeirra sjálfra, vina eða ættingja. Þagnarskyldu var heitið, ekki þyrfti að panta tíma eða borga fyrir viðtalið. Opin móttaka sem þessi er vettvangur forvarna á einstaklingsgrundvelli og ekki síður tækifæri til íhlutunar. Reynslan hefur sýnt að þeir einstaklingar innan skólans sem eiga í vanda, hvort sem hann er líkamlegur, andlegur eða félagslegur eru tíðustu gestirnir.

Spurningalistar.

Leitað var kerfisbundið að nemendum í áhættuhópi með spurningalistum í upphafi náms. Spurt var út í líkamlega heilsu, andlega líðan og félagslegar aðstæður t.d. vinnu með skóla. Neysla löglegra og ólöglegra vímuefna könnuð og spurt út í einkenni áhættuhegðunar. Þeir

nemendur sem taldir voru í vanda eða áhættuhóp voru skilgreindir út frá svörum og boðið viðtal við lækni eða hjúkrunarfræðing, þar sem persónulega var reynt að taka á vandanum. Lögð var áhersla á að þessir nemendur yrðu ekki merktir innan skólans og að þagnarskylda væri virt. Reynt var að sníða forvarnarstarf eftir svörum. Einnig voru lagðir fyrir spurningalistar fyrir stúdentsefni hverrar annar og var þá auk ofanskráðs, spurt nánar út í fjölskyldusögu til að kanna áhættuþætti t.d. tíðni hjarta- og æðasjúkdóma í fjölskyldu, háþrýstings, sykursýki, hækkaðrar blóðfitu svo að eitthvað sé nefnt.

Fjarvistarlistar.

Einföld leið til að finna nemendur sem farnir eru að sýna áhættuhegðun er að fara reglulega yfir fjarvistarlista nemenda skólans í samvinnu við skólastjórnendur eða umsjónarkennara. Þeim nemendum sem sýndu miklar fjarvistir var boðið viðtal hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi. Meðal þessara nemenda reyndust oft einstaklingar með áhættuhegðun, andleg eða félagsleg vandamál.

Einnig tókum við að okkur að fara yfir öll læknisvottorð vegna fjarvista, einkum úr leikfimi og í samráði við íþróttakennara og nemendur reyndum við að finna hreyfingu og þjálfun sem hæfði viðkomandi ef kostur var.

Þátttaka í kennslu og samvinna við annað starfsfólk.

Náið samstarf var við stjórnendur skólans, kennara, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa og fulltrúa nemendafélaga t.d. jafningjafræðslu. Slíkt samstarf er grundvöllur þess að forvarnarstarf í skólaheilsugæslunni heppnist. Við reyndum að vera mjög sýnilegar í skólastarfinu og tilbúnar að taka þátt í kennslu. Þannig tókum við að okkur kennslu um getnaðarvarnir og kynsjúkdóma í líffræðiáfanga sem var skylduáfangi fyrir alla nemendur í upphafi náms og var það kjörinn vettvangur að hvetja nemendur að taka á þessum málum og leita til okkar persónulega. Einnig tókum við þátt í umræðufundum nemenda og í verkefnagerð í námskeiði um samskipti og tjáningu sem einnig var skylduáfangi. Þessi áfangi byggir talsvert á lífsleiknifræðslu. Þar gafst tækifæri til að örva umræður um samskipti, t.d. einelti, og hæfileikann til að segja nei þegar kemur að samskiptum svo sem kynlífi og fíkniefnaneyslu o.fl.

Hjúkrunarfræðingur tók að sér kennslu í heilbrigðisfræðum. Við reyndum að vera jafningjafræðslu innan handar um ráð og fræðslu.

Reglubundið eftirlit og ónæmisaðgerðir.

Ekki voru skipulagðar hefðbundnar líkamsskoðanir og mælingar á öllum nemendum skólans, en fremur reynt að miða viðtöl og skoðanir við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og áhættuhópa. Þannig var nemendum sem gáfu ástæðu til í svörum á spurningalistum boðið til frekari viðtals hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi.

Öllum stúdentsefnum var boðið persónulegt viðtal. Farið var gegnum svör úr spurningalista sem lýst var hér að ofan og gefin persónuleg ráðgjöf varðandi heilsufar, áhættuþætti, lífstíl og ónæmisaðgerðir. Líkamskoðun eftir þörfum. Framtíðaráform um menntun og atvinnu rædd með hliðsjón af heilsu. Afhent ónæmisskírteini og leiðbeiningar varðandi viðhald þeirra.

Rannsóknir.

Rannsóknin „Svefn framhaldsskólanema“ var gerð 1998–1999 að undirlagi undirritaðrar, Þóru Elínar Guðjónsdóttur og fleirum. Þetta er umfangsmikil rannsókn sem kannar líkamlega heilsu, andlega líðan, félagslegar aðstæður, ásamt svefn, námsárangri og mataræði. Þóra Elín

notar niðurstöður úr þessari rannsókn í mastersritgerð við Nordiska Hälsovårdshögskolan þar sem hún kannar tengsl mataræðis, svefns og námsárangurs. Vil ég sérstaklega geta þessa þar sem nefnt var í þingsályktuntillögu að engar rannsóknir lægju fyrir um mataræði framhaldsskólanema.

Erfitt er í stuttu máli að lýsa starfsemi sem þessari, sem að hluta til var breytileg eftir árum og aðstæðum. Er það von mín að þessi lýsing geti þó gefið hugmyndir um starfsemi sem mætti koma á fót í framhaldsskólum landsins.

38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson, Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 125. og 126. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu. Er hún nú endurflutt án breytinga.

Í lýðræðisríkjum hafa frjáls félagasamtök (Non-Governmental Organisations, NGOs) gegnt sífellt mikilvægara hlutverki undanfarna áratugi. Á þetta ekki síst við á sviði umhverfismála. Þau veita stjórnvöldum og atvinnurekendum mikilvægt aðhald og sinna bæði fræðslu- og eftirlitshlutverki. Einkenni frjálsra félagasamtaka er að þau eru óháð ríkisvaldinu, hafa sjálfstæðan fjárhag, eru rekin án gróðasjónarmiða og hafa fagleg vinnubrögð að leiðarljósi. Æ fleiri viðurkenna nauðsyn þess að virkja mannauð og þekkingu frjálsra félagasamtaka.

Stjórnvöld í ríkjum heims hafa gengið einna lengst í að viðurkenna nauðsyn þess að almenningur og frjáls félagasamtök séu höfð með í ráðum þegar umhverfismálum er skipað. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Ríó 1992 var í samningi um Dagskrá 21, 27. kafla, fjallað um nauðsyn þess að styrkja stöðu frjálsra félagasamtaka og mikilvægt hlutverk þeirra í umfjöllun um sjálfbæra þróun.

Sameinuðu þjóðirnar hafa einnig haldið svæðisbundnar ráðstefnur um umhverfismál. Á fjórða ráðherrafundi umhverfisráðherra um umhverfismál í Evrópu, sem haldinn var í Árósum í Danmörku 23.–25. júní 1998, var gengið skrefi lengra og undirritaður alþjóðasamningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Samningurinn felur í sér viðurkenningu á réttindum borgaranna að því er varðar umhverfismál og er, eins og fram kom í yfirlýsingu umhverfisráð-

herranna, mikilsvert framfaraskerf bæði fyrir umhverfið og lýðræðið. Með samningnum er staðfest mikilvægi þess að einstaklingar og frjáls félagasamtök taki þátt í mótun umhverfisreglna og viðurkennt að stjórnvöldum beri að hafa eðlilegt samráð við almenning við mótun umhverfisstefnu.

Flutningsmenn tillögunnar telja eðlilegt að skipuð verði nefnd er geri annars vegar úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og samskiptum stjórnvalda við þau og hins vegar tillögur byggðar á Árósa-samningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Flutningsmenn gera hvorki tillögu um fjölda nefndarmanna né hvernig þeir verði skipaðir. Eðlilegt er að nefndin verði skipuð á breiðum grunni, þ.e. með þátttöku hins opinbera, atvinnulífsins, launþegasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

39. Frumvarp til laga [39. mál]

um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Flm.: Gunnar Birgisson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Vilhjálmur Egilsson, Einar Oddur Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón A. Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Sigríður Ingvarsdóttir.

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 125. löggjafarþingi en var þá fellt. Það var lagt fram aftur á 126. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Er það nú lagt fram á ný óbreytt.

Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Með frumvarpi þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Rétt er að taka fram að ólympískir hnefaleikar eru keppnisgrein á Ólympíuleikum og hafa verið það lengi. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni.

Gera verður skýran greinarmun á annars vegar ólympískum hnefaleikum, með öðrum orðum áhugamannahnefaleikum, og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru stundaðir í öllum heimsálfum. Reglur og öryggiskröfur greinanna eru afar ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum en þannig slys hafa ekki orðið í áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem um þá gilda. Samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 1990, sem Yvonne Haglund læknir gerði á því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika, virðist svo ekki vera sé fylgt ströngum áhugamannareglum eins og í Svíþjóð.

Lögð er áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Að öðru leyti standa óbreytt lög nr. 92/1956 sem banna hnefaleika í atvinnuskyni.

40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

Flm.: Ásta Möller, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson,
Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Fjeldsted.

1. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Bannað er að selja eða afhenda skotelda einstaklingi yngri en 18 ára. Heimilt er þó að selja þeim sem eru eldri en 15 ára skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fyrir á 126. löggjafarþingi en ekki náðist að afgreiða það. Því er frumvarpið flutt að nýju efnislega óbreytt, en með orðalagsbreytingum.

Samkvæmt 1. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, er með skoteldum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda. VI. kafli vopnalaga fjallar um meðferð skotelda. Þar er m.a. kveðið á um að sala eða afhending skotelda til barna yngri en 16 ára sé bönnuð sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum og að öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára sé óheimil.

Ráðherra er heimilt skv. 33. gr. vopnalaga að setja reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda og um sérstakt eftirlit í því skyni. Núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda, nr. 536/1988, er frá 19. desember 1988, en samkvæmt svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn um sölu og eftirlit með skoteldum á 125. löggjafarþingi (fylgiskjal I) hefur reglugerðin verið til endurskoðunar um nokkurt skeið í ráðuneytinu. Markmið endurskoðunarinnar er að samræma og endurbæta þessar reglur og auka öryggi í meðferð skotelda. Samkvæmt upplýsingum dómsmálaráðuneytisins verður hún birt innan skamms.

Hér á landi hefur athygli og umræður um skotelda og slys af völdum þeirra að öllu jöfnu verið bundin við áramót, enda er almenn notkun og sala skotelda til almennings einungis heimil á tímabilinu 27. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum, nema með leyfi lögreglustjóra, samkvæmt núgildandi reglugerð um sölu og meðferð skotelda.

Samkvæmt 32. gr. vopnalaga er ekki leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri nema þess getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu ákvæði er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára, en það er í verkahring hans að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Almenn notkun skotelda um áramót er mikil. Tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Nauðsynlegt er að herða öryggisreglur um meðhöndlun skotelda og reglur um sölu á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum þar sem aldursmörk um sölu á skoteldum hafa verið færð upp til 18 ára aldurs og tekin hefur verið upp flokkun á skoteldum.

Með þessu frumvarpi er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda séu færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss. Skoteldar sem ætlaðir eru til notkunar innan húss eru t.d. reykbombur, innisprengjur, borðsprengjur, kastbombur, skrauteldspýtur, knöll og snákar. Að jafnaði er miðað við að áhrifasvæði skotelda sem falla undir þessa skilgreiningu sé að hámarki 0,5 m radíus frá kveikjustað og falla stjörnuljós því undir þennan flokk skotelda, þótt þau séu almennt notuð utan húss. Þetta eru skoteldar sem falla í flokk 1 samkvæmt evrópskum stöðlum um flokkun skotelda. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda, sem væntanleg er innan tíðar, setji skýrari reglur um flokkun þeirra. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 32. gr. vopnalaga yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja til yngri aldurshópsins heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Sala skotelda.

Á undanförnum árum hefur orðið gríðarleg aukning á framleiðslu, innflutningi og sölu skotelda hér á landi. Má í eiginlegri og óeiginlegri merkingu tala um sprengingu í þessu sambandi. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á 125. löggjafarþingi um skotelda (fylgiskjal II) kemur fram að framleiðsla á skoteldum á Íslandi hefur aukist verulega undanfarin ár. Framleiðslan jókst um 36% frá 1998 til 1999, en um 60% í stykkjum talið á fimm ára tímabili, 1995–99. Að sama skapi hefur innflutningur á skoteldum margfaldast á undanförnum árum. Hann jókst um 100% frá 1998 til 1999, en hefur nær fjórfaldast á fimm ára tímabili, 1995–99 (úr 147 tonnum á árinu 1995 í rúmlega 550 tonn 1999).

Þau sérstöku tímamót sem urðu um áramótin 1999/2000 höfðu áhrif á aukna sölu skotelda, en samkvæmt könnun Gallup stefndu um 71% Íslendinga að því að skjóta upp flugeldum um þau áramót. Þá hefur aukin almenn velmegun í landinu einnig haft sitt að segja í þessum efnum. Til þess bendir m.a. fyrrgreind aukning á innflutningi og sölu skotelda. Innflutningur og sala á skoteldum í tilefni áramótanna 2000/2001 var að mati söluaðila álíka mikil og áramótin þar á undan.

Slys af völdum skotelda.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á slysum af völdum skotelda hér á landi. Í athugun augnlæknanna Haraldar Sigurðssonar, Guðmundar Viggóssonar og Friðberts Jónassonar um

augnáverka af völdum augnslysa, sem birtist í Læknablaðinu árið 1991, voru skoðaðir augnáverkar af völdum skotelda á 13 ára tímabili 1978–91. Á tímabilinu höfðu 15 manns hlotið áverka á augum af völdum skotelda og voru lagðir inn á sjúkrahús vegna þeirra. Langflestir voru undir 20 ára aldri eða 12 talsins, þrír þeirra voru undir 10 ára aldri. Það eru aðallega drengir sem slasast. Flest slysin voru um áramótin 1987/1988 eða fimm og höfðu þrír þeirra fengið áverka af völdum „tívolíbomba“ sem voru bannaðar í kjölfarið. Átak í fræðslu um meðhöndlun skotelda áramótin á eftir leiddi til fækkunar augnslysa.

Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á 125. löggjafarþingi um tíðni slysa af völdum skotelda (fylgiskjal III) kemur fram að frá kl. 12 á gamlársdag 1999 til sama tíma á nýársdag árið 2000 leituðu 23 manns til slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur (nú Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fossvogi) vegna áverka af völdum einhvers konar sprengna, blysa, tertna eða flugelda. Karlmenn voru í meiri hluta (19) og voru flestir á aldrinum 3–10 ára (9) og 37–47 ára (10). Þrjá þurfti að leggja inn á sjúkrahús. Yfirleitt höfðu hinir slösuðu ekki notað öryggisbúnað eins og hlífðargleraugu og hlífðarhanska. Stórar sprengjur ollu alvarlegustu áverkunum. Þetta eru tvöfalt fleiri slys en vant er um áramót.

Í samantekt Haraldar Sigurðssonar augnlæknis um skoteldaslys um áramótin 1999/2000, dags. 31. janúar 2000, kemur fram að sex sjúklingar (þar af þrír sem komu ekki frá SHR), allt karlmenn og helmingur undir tvítugu, leituðu til augndeildar Landspítalans vegna áverka af völdum skotelda. Þar af þurftu fjórir sérhæfða þjónustu, en tveir fengu skoðun án innlagnar. Tveir munu sennilega bera varanlegan skaða eftir þessi slys. Enginn þeirra notaði öryggisgleraugu. Þessar tölur benda til alvarlegs ástands þessara mála og slaga hátt í áramótin 1987/1988 en slysin þá vöktu mikil viðbrögð.

Samkvæmt athugun yfirlæknis slysa- og bráðamóttöku og í samantekt Slysavarnafélagsins Landsbjargar um flugelda áramótin 1999/2000, sem birtist í tímariti samtakanna, *Fréttir*, 1. tbl., 2. árg. 2000, bls. 20, kemur fram að á tímabilinu 28. desember 1999 til 2. janúar 2000 leituðu alls 35 manns til slysa- og bráðavaktar Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna slysa af völdum skotelda. Þar af var 21 á aldrinum 0–19 ára og 13 þeirra á aldrinum 10–14 ára. Af hinum slösuðu var 31 karlkyns. Upplýsingar um slys af völdum skotelda frá öðrum landshlutum liggja ekki fyrir.

Í samantekt Landsbjargar kemur fram að undanfarin áramót hafi að meðaltali um tíu manns leitað á slysadeild Reykjavíkur vegna flugeldaslysa á nýársnótt, en ljóst er að rúmlega tvöfalt fleiri þurftu aðstoð og aðhlynningu um áramótin 1999/2000 en áður. Athygli vekur hve margir hinna slösuðu eru ungir, en 60% þeirra eru 19 ára og yngri og 37% af öllum slösuðum eru strákar á aldrinum 10–14 ára. Þegar slys verða má í mörgum tilvikum kenna um óvitaskap, óvarkárni og því að ekki er farið eftir leiðbeiningum.

Samkvæmt niðurstöðum ýmissa rannsókna á áverkum af völdum skotelda kemur fram að brunar og sár á höndum og andliti eða öðrum hlutum líkamans eru algengastir, auk augnáverka, heyrnarskemmda og beinbrota.

Slysa- og bráðasvið Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fossvogi gerði athugun á fjölda og áverka slasaðra sem komu á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahússins um áramótin 1999/2000 vegna sprengjuslysa. Þar kemur fram að áverkar í andliti og/eða augum hafi verið algengastir, en einnig var um að ræða áverka á höndum og fingrum. Í nær öllum tilvikum var um bruna að ræða, en nokkrir hlutu sár og skurði, sem og beinbrot. Einnig kemur fram í athugun deildarinnar að hefðbundinn öryggisbúnaður, eins og hlífðargleraugu og hanskar, var í fæstum tilvikum notaður.

Eftir því sem næst verður komist voru slys af völdum skotelda um áramótin 2000/2001 færri en áður og má finna ýmsar skýringar á því. M.a. hefur verið bent á að töluverð umfjöll-

un varð um slys af völdum skotelda í fjölmiðlum fyrir áramótin, m.a. mikil umræða um það frumvarp sem lagt var fram á síðasta hausti og er nær samhljóða því sem nú er lagt fram. Þessi umræða hefur sennilega vakið fólk til umhugsunar um hættu sem börnum stafar af meðhöndlun skotelda.

Undanfarin ár hefur verið rekinn áróður fyrir gætilegri umgengni við skotelda til að forðast slys af völdum þeirra. Fyrir áramótin 1999/2000 var t.d. gefinn út bæklingur í samvinnu Árvekni – átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, Löggildingarstofu og Sambands íslenskra tryggingafélaga þar sem eru upplýsingar um meðhöndlun skotelda, um öryggisútbúnað og aðrar leiðbeiningar. Var bæklingnum dreift víða og jafnframt vakin athygli á honum í fjölmiðlum. Nauðsynlegt er að finna þessum áróðri fastar skorður.

Tíðni slysa af völdum skotelda.

Margt bendir til að slys af völdum skotelda séu nokkru algengari hér á landi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Miðað við framangreindar tölur var tíðni slysa af völdum skotelda á Íslandi um áramótin 1999/2000 12,7/100.000 íbúa og er þá eingöngu byggt á upplýsingum frá slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur en tölur frá öðrum landshlutum liggja ekki fyrir. Vonir standa til að upplýsingar um slys af völdum skotelda verði ítarlegri þegar samræmdri slysaskráningu um allt land verður komið á á næstu mánuðum.

Erfitt er að fá tölur um tíðni slysa af völdum skotelda í öðrum löndum og hafa örfáar rannsóknir þess efnis birst í fagtímaritum. Í danska læknablaðinu, Ugeskrift for læger, frá desember 1997 er birt niðurstaða rannsókna Ipsen og Jörgsholm um áverka af völdum skotelda í Danmörku um áramótin 1995/1996 og 1996/1997, þar sem upplýsingar fengust frá öllum slysamóttökum í landinu. Fyrri áramótin voru áverkar 381 á 5.300.000 íbúa, þar sem 59 þurftu innlagnar við, og seinni áramótin voru áverkar 433, en 90 þurftu innlagnar við. Í um helmingi tilfella var um skaða á höndum að ræða og augnslys í um 20% tilvika. Þriðjungur áverka var af völdum ólöglegra skotelda. Tíðni slysa af völdum skotelda í Danmörku áramótin 1995/1996 var því 7,1/100.000 íbúa, en ári seinna, um áramótin 1996/1997, var tíðnin 8,2/100.000 íbúa.

Í sömu grein er vísað til athugunar frá Umeå í Svíþjóð þar sem kemur fram að tíðni skaða af völdum skotelda er 7/125.000, þ.e. 5,6/100.000 íbúa.

Í ársskýrslu Department of Trade and Industry í Bretlandi, þar sem greint er frá áverkum af völdum skotelda á árinu 1998, kemur fram að í öllu landinu hafði 831 leitað til heilbrigðisstofnana af völdum skotelda í kringum „Bonfire Night" sem er í byrjun nóvember ár hvert, en þá fagnar almenningur með skoteldum. Tíðnin í Bretlandi er 1,4/100.000 íbúa. Þess ber að geta að í lok árs 1997 tók þar í landi gildi ný reglugerð þar sem aldursmörk voru hækkuð í 18 ár, settar voru reglur um hvaða skoteldar mættu vera í almennri sölu og um merkingar ákveðinna tegunda skotelda. Veruleg fækkun hefur orðið á slysum af völdum skotelda í Bretlandi sem á síðari árum náði hámarki á árunum 1994 og 1995 með 1.500–1.600 slysum í kringum þessi hátíðahöld.

Ný lög og reglur um skotelda í nágrannalöndunum.

Á undanförnum árum hefur verið gert átak í þessum málum í ýmsum nágrannalöndum okkar og hafa lög verið endurskoðuð og nýjar reglugerðir settar.

Helstu atriði sem hafa verið endurskoðuð varða eftirtalda þætti:

– Aldursmörk þeirra sem má selja skotelda hækkuð.

- Skoteldar flokkaðir, ákveðið hvaða skoteldar eru í hvaða flokki, hvaða flokkar skotelda eru ætlaðir til sölu til almennings og hverjir eingöngu til sýninga.
- Kröfur um öryggi, gæði, merkingu skotelda og t.d. magn púðurs í skoteldum sem flytja má inn.
- Kröfur um prófun skotelda áður en þeir fara í sölu eða vottun sem viðurkennd er innan ESB á sama máta og gert er við rafvörur.
- Kröfur til söluaðila varðandi sölu á varningnum, aldur þeirra sem afgreiða og geymslu skotelda.

Í nokkrum löndum Evrópu hafa aldursmörk við sölu á skoteldum verið endurskoðuð. Ný reglugerð um öryggi skotelda tók gildi í Danmörku haustið 1999. Í Danmörku er sala á skoteldum til barna undir 18 ára aldri bönnuð, en heimilt að selja og afhenda börnum eldri en 15 ára stjörnuljós og aðrar álíka vörur sem flokkast undir skotelda og eru yfirleitt ætlaðar til notkunar innan húss. Í Noregi tók ný endurskoðuð reglugerð sama efnis gildi 1. júlí 1999. Í Noregi er almennt miðað við 18 ára aldursmörk við sölu á skoteldum, en 16 ár við minni háttar skotelda í flokki 1 sem eru ætlaðir til notkunar innan húss. Í Bretlandi er almennt miðað við 18 ára aldur við sölu og afhendingu skotelda og tók sú breyting gildi með nýrri reglu gerð sem sett var í árslok 1997.

Bretland hefur verið talið í fararbroddi þeirra landa sem hafa látið sig varða öryggi skotelda og hefur breskur staðall um mismunandi flokka skotelda verið notaður sem fyrirmynd ýmissa Evrópuríkja um staðlagerð og laga- og reglugerðarumgjörð í þessum málum. Drög að evrópskum staðli um skotelda hefur verið í vinnslu um nokkurt skeið og hafa Bretar leitt þá vinnu. Þessi flokkun skotelda er í notkun m.a. í Danmörku, Noregi, Bretlandi og Þýskalandi. Í drögum að nýrri endurskoðaðri reglugerð um meðferð og notkun skotelda sem verður gefin út innan tíðar af dóms- og kirkjumálaráðuneyti eru skoteldar flokkaðir á svipaðan máta.

Umsagnir um frumvarpið.

Á126. löggjafarþingi var frumvarpið sent til umsagnar ýmissa aðila og bárust svör frá Augnlæknafélagi Íslands, Árvekni – átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga, Flugleiðum, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, Kiwanisklúbbnum Þyrli, Akranesi, Knattspyrnufélaginu Víkingi, KR-flugeldum, Landssambandi lögreglumanna, Læknafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, slysa- og bráðamóttöku Landspítala og slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Flestir umsagnaraðilar fagna framkomnu frumvarpi og lýsa stuðningi sínum við það. Slysavarnafélagið Landsbjörg, KR-flugeldar og Knattspyrnufélag Reykjavíkur lýsa yfir stuðningi við að aldursmörk við kaup á stærri flugeldum séu almennt færð í 18 ár, en mæla með því að lægri aldursmörkum, sem miðast nú við 12 ára aldur, verði haldið. Knattspyrnufélagið Víkingur mælir hins vegar með að miða við ófrávíkjanlegt 16 ára aldursmark við sölu skotelda. Kiwanis-klúbburinn Þyrill á Akranesi lýsti sig mótfallinn þeirri breytingu sem felst í frumvarpinu.

Í umsögn slysa- og bráðamóttöku Landspítalans, kemur fram að „óopinberar tölur, sem unnar hafa verið á vegum slysavarnafélagsins Landsbjargar sl. 2 áratugi sýna, að allstór hluti þeirra, sem meiðast af völdum flugelda og skotelda um áramót eru börn og unglingar. Það er gagnstætt leiðbeiningum flestra framleiðenda skotelda að leyfa þessum aldurshópi að handleika flugelda og fara með þá á annan hátt, enda vandmeðfarinn varningur eins og reynslan hefur sýnt.“ Látin er í ljósi von um að Alþingi samþykki frumvarpið og það verði að lögum.

Árvekni – átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga bendir á í umsögn sinni að allt of mörg alvarleg slys verði hér á landi árlega af völdum skotelda. Þá er lögð áhersla á að regl-

ur hér á landi um skotelda taki mið af samevrópskum reglum á þessi sviði, t.d. hvað varðar flokkun skotelda, skilgreina þurfi hvaða tegundir skotelda eru í hverjum flokki og setja strangar reglur um notkun þessarar vöru. „Reynslan í nágrannalöndum okkar sýnir að þar sem þessi mál hafa verið tekin föstum tökum hefur slysatíðni af völdum skotelda lækkað verulega."

Í umsögn Landssambands lögreglumanna kemur fram að „í ljósi slysa og hættu sem getur stafað af ógætilegri meðferð skotelda er full ástæða til að þrengja þau mörk sem nú eru í gildi". Jafnframt benda lögreglumenn á að þörf er á að setja ákvæði um aldurslágmörk þeirra sem selja skotelda „því misræmi er í því að barn undir 18 ára aldri geti selt eða afhent skotelda, en geti ekki keypt eða tekið við þeim".

Í umsögn KR-flugelda kemur fram að KR-flugeldar og Knattspyrnufélag Reykjavíkur séu ekki mótfallin því að aðalaldursmörk við sölu skotelda til einstaklinga verði hækkuð í 18 ár og bent er á að undanfarin 2–3 ár hafi kraftmeiri flugeldar frá fyrirtækinu verið merktir til notkunar fyrir fullorðna, 18 ára og eldri, og hafi sú ákvörðun verið tekin m.a. vegna breytinga á sjálfræðisaldri. Í umsögn söluaðila skotelda kemur fram að þeir eru almennt mótfallnir því að neðri aldursmörk við sölu á skoteldum til notkunar innan húss verði færð úr 12 ára aldri í 15 ár og koma þau sjónarmið fram að það geti jafnvel falið í sér aukna hættu á fikti með ólöglega skotelda meðal barna.

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík koma fram þau sjónarmið „að breyting á borð við þá sem lögð er til í frumvarpinu sé ekki fallin ein og sér til þess að fækka slysum af völdum skotelda". Koma fram áhyggjur af að „verði möguleikar barna til að komast yfir skotelda skertir frá því sem nú er munu þau freistast til að verða sér úti um þá með ólögmætum hætti og kunni það að auka líkur á slysum fremur en draga úr þeim". Leggur lögreglustjórinn í Reykjavík áherslu á að eftirlit með sölu og meðferð skotelda verði aukið svo sem kostur er samfara þeim breytingum sem frumvarpið leggur til, en embættið mælir með því að það verði að lögum. Embættið leggur til að fjár til eftirlits mætti afla með sérstöku gjaldi á innflutning og sölu skotelda.

Í umsögn Landsbjargar kemur fram að verið er að undirbúa umfangsmikið slysavarnaátak sem tengist flugeldum. Það verður kynnt rækilega um næstu áramót og er mikils vænst af.

Söluaðilar skotelda leggja mikla áherslu á að ný reglugerð um skotelda, þar sem skoteldar eru flokkaðir, taki gildi sem fyrst, en sú reglugerð hefur verið í smíðum um nokkurt skeið á vegum dómsmálaráðuneytis.

Að lokum.

Almenn notkun skotelda um áramót er mikil. Tíðni slysa af völdum skotelda hér á landi er há og á það sérstaklega við um slys á börnum. Aldursmörk við sölu á skoteldum til barna hér á landi eru lægri en í löndunum í kringum okkur. Nauðsynlegt er að herða öryggisreglur um meðhöndlun skotelda og reglur um sölu á skoteldum, taka upp flokkun á skoteldum og endurskoða aldursmörk við sölu þeirra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þróunar í nálægum löndum.

Samkvæmt 32. gr. núgildandi vopnalaga er leyfilegt að selja og afhenda skotelda til barna undir 16 ára aldri nema annars sé getið í leiðbeiningum. Sala á skoteldum er óheimil til barna undir 12 ára aldri. Samkvæmt þessu er það lagt í hendur framleiðanda eða innflytjanda vörunnar að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að selja vöruna börnum yngri en 16 ára, en það er í verkahring hans að sjá um að leiðbeiningar um meðferð vörunnar séu límdar á hana.

Með frumvarpi þessu er lagt til að aldursmörk við sölu skotelda verði færð úr 16 ára aldri til 18 ára aldurs. Þó sé heimilt að selja börnum frá 15 ára aldri skotelda sem ætlaðir eru til

notkunar innan húss. Gert er ráð fyrir að ný reglugerð um skotelda sem væntanleg er innan tíðar setji skýrari reglur um flokkun skotelda. Með þeirri breytingu sem lögð er til á 32. gr. vopnalaga með þessu frumvarpi yrði það ekki lengur á valdi framleiðanda eða innflytjanda að ákvarða hvaða skotelda megi selja til yngri aldurshópsins, heldur yrði skýrt kveðið á um það í lögum og nánar útfært í reglugerð um skotelda.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um sölu og eftirlit með skoteldum. Sjá þskj. 1175, 442. mál 125. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 5451–5455.

II. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um skotelda. Sjá þskj. 1176, 441. mál 125. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 5455–5457.

III. Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um tíðni slysa af völdum skotelda. Sjá þskj. 695, 334. mál 125. löggjafarþings, í A-deild Alþt. 1999–2000, bls. 3857–3859.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Guðjón A. Kristjánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Matsverð fasteigna skal ákveðið þannig: Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð.

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að setja reglur, sem félagsmálaráðherra staðfestir, um leiðréttingu á matsverði notaðra og nýrra íbúða við sérstakar aðstæður.

2. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir einstaklingar sem veitt hefur verið skert lán vegna lágs brunabótamats frá 1. maí 2000 eiga þess kost að sækja um viðbótarlán sem nemur mismuninum á kaupverði íbúðar og því láni sem upphaflega var fengið að því tilskildu að þeir hafi haft greiðslugetu til þess að fá fullt lán á þeim tíma sem lánið var upphaflega veitt, þó þannig að ekki sé farið yfir hámörk sem giltu á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hætt verði að taka mið af brunabótamati þegar matsverð fasteigna er ákveðið. Þess í stað verði miðað við kaupverð eigna, þó þannig að hámark lánveitinga miðist við núverandi hámörk sem ákveðin voru með reglugerð nr. 408/2001, sem breytti reglugerð nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti. Um er að ræða 8 millj. kr. vegna notaðra íbúða og 9 millj. kr. vegna nýbygginga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að núgildandi ákvæði 20. gr. laga um húsnæðismál verði fellt brott, en þar segir að stjórn Íbúðalánasjóðs setji reglur, sem félagsmálaráðherra staðfesti, um eðlilegt matsverð fasteigna sem skuli byggjast á viðmiðun við markaðsverð, brunabótamat, byggingarkostnað og samþykktan kostnað við meiri háttar endurnýjun eða endurbætur á íbúðarhúsnæði. Þess í stað verði fest í lagatexta hvernig matsverð fasteigna skuli ákveðið í stað þess að ákveða það í reglugerð. Við mótun ákvæðisins sem ætlað er að koma í stað núgildandi 20. gr. laganna hefur verið stuðst við texta úr reglugerð nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti, eins og henni var breytt með reglugerð 27. ágúst 2001. Þannig er gert ráð fyrir að matsverð notaðrar íbúðar sé kaupverð hennar og matsverð nýrrar íbúðar sé samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð eftir aðstæðum hverju sinni. Með þessari breytingu er ekki lengur miðað við brunabótamat þegar veðhæfni eignar er metin, heldur kaupverð viðkomandi eignar hverju sinni. Jafnframt eru tekin upp í ákvæði 1. gr. frumvarpsins heimildarákvæði til handa Íbúðalánasjóði til að leiðrétta matsverð við ákveðnar aðstæður sem kunna að skapast, en reglur þessa efnis er nú að finna í 29. gr. reglugerðar nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti. Þar sem heimild til reglusetningar er felld brott með þeim breytingum á 20. gr. laganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir er talið rétt að lögfesta þessa heimild. Reglurnar gera ráð fyrir að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt, að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverð á viðkomandi landsvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði, og að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Þá segir í reglunum að Íbúðalánasjóður geti falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast fyrrgreint mat. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins öðlist strax gildi, en sett verði bráðabirgðaákvæði þess efnis að þeir einstaklingar sem fengið hafa skert lán vegna lágs brunabótamats eigi þess kost að sækja um viðbótarlán sem nemi mismuninum á kaupverði íbúðar og því láni sem upphaflega var veitt, svo framarlega sem þeir hafa haft greiðslugetu til þess að fá fullt lán á þeim tíma sem lánið var veitt. Ekki má þó veita hærra lán en nemur hámörkum sem giltu á hverjum tíma. Gengið er út frá því að þeir sem fengið hafa skert lán frá 1. maí 2000 geti sótt um viðbótarlán, en um þetta leyti voru bráðabirgðareglur Fasteignamats ríkisins um brunabótamat íbúða felldar úr gildi.

Aðdragandi – brunabótamat ónothæfur lánagrundvöllur.

Þær verðhækkanir á fasteignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem fylgdu m.a. í kjölfar breytinga á húsnæðiskerfinu sem tók gildi 1998 hafa leitt í ljós að brunabótamat er ónothæfur grundvöllur veðhæfni fasteigna í lánaviðskiptum. Frá þeim tíma hefur bilið milli söluverðs eigna og brunabótamats þeirra stöðugt vaxið, með þeim afleiðingum að íbúðarkaupendur hafa fengið skert lán hjá Íbúðalánasjóði þrátt fyrir næga greiðslugetu.

Á undanförnum missirum og árum hefur stefnt í algjört óefni í þessum málum. Ekki síst vegna þess að til viðbótar mikilli verðhækkun eigna varð breyting á brunabótamati í kjölfar

lagabreytingar sem gerð var árið 1999. Á grundvelli þeirrar breytingar tekur nýtt brunabótamat gildi, en með henni var heimilað að afskrifa vátryggingarverðmæti fasteigna. Afleiðingarnar urðu þær að brunabótamat lækkaði á 70 þús. fasteignum, þar af 35 þús. eignum sem lækkuðu meira en afskriftir eða að meðaltali um 20%. Dæmi eru um að brunabótamat fasteigna hafi lækkað um allt að 50%.

Afstaða stjórnvalda.

Með þessari breytingu á brunabótamati varð flestum ljóst að breyta yrði viðmiði lánveitinga við brunabótamat. Brunabótamatið hefur á undanförnum mánuðum og missirum skapað ómælda erfiðleika hjá fjölda fasteignaeigenda sem fengið hafa skert lán hjá Íbúðalánasjóði þrátt fyrir fullnægjandi greiðslugetu. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fasteignasala, stjórnar Íbúðalánasjóðs og fasteignaeigenda um að gildandi viðmið væri ónothæfur grundvöllur við mat á veðhæfni eigna, hefur niðurstaða stjórnvalda engu að síður orðið sú að miða áfram við brunabótamat, þ.e. húsbréfalán má ekki fara yfir 85% af brunabótamati eignar. Áfram er því notaður ónothæfur veðhæfnigrundvöllur fyrir lánveitingar Íbúðalánasjóðs sem er alls óviðunandi og getur leitt til hreinnar eignaupptöku hjá fjölda heimila. Afstaða stjórnvalda virðist fyrst og fremst ráðast af sjónarmiðum Seðlabankans í málinu sem ekki hefur teflt fram neinum haldbærum rökum gegn því að hætta að miða lánshæfni eigna við brunabótamat. Erfitt er að finna rök fyrir því að heimila ekki a.m.k. lánshæfni við fullt (100%) brunabótamat sem kostað hefði 10–20 millj. kr. til viðbótar við þær 170 millj. kr. sem breytingar úr 65–70% í 85% höfðu í för með sér. Ljóst er að þessi niðurstaða mun auka á útþenslu lána í bankakerfinu og hjá lífeyrissjóðum sem eru mun dýrari fyrir fasteignaeigendur.

Ljóst er einnig að áhætta Íbúðalánasjóðs við það að hætta að miða við brunabótamat en taka upp viðmið við kaupverð eigna með ákveðnu hámarksþaki á lánveitingar er lítil sem engin. Afar sjaldgæft er að veð tapist hjá Íbúðalánasjóði vegna brunatjóna. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði eru nú 1.619 millj. kr. á afskriftareikningi. Þar af voru 564 millj. kr. lagðar á reikninginn á síðasta ári. Endanlega töpuð útlán á því ári námu 48 millj. kr. Áhættuálag til að mæta útlánatöpum er 0,35% ofan á 4,75% húsbréfavexti. Rök Seðlabankans um mikla áhættu ef lánveitingar verða miðaðar við 100% brunabótamat eða að lánshæfni fasteigna miðist við kaupverð með ákveðnu þaki á lánveitingum eru því ekki trúverðug.

Upplýsingar frá Íbúðalánasjóði.

Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar sl. sumar fór Íbúðalánasjóður yfir umsóknir frá 1. janúar 1999 til júlí 2001, en fyrir þann tíma var brunabótamat í langflestum tilvikum hærra en kaupverð. Skoðaðar voru 15.531 umsóknir, en af þeim voru 3.366 þar sem kaupverð var hærra en brunabótamat. Af 3.366 umsóknum fengu 410 hámarkslán þannig að hærra kaupverð skipti ekki máli. Eftir standa 2.956 umsóknir þar sem lán var skert. Af þessum 2.956 umsóknum var lán skert um 100 þús. kr. eða minna hjá 1.623 umnsækjendum. Skerðing yfir 100 þús. kr. varð því hjá 1.333 umsækjendum. Einnig kemur fram að farið hafi verið yfir lánveitingar frá 1. janúar 1991 og bornar saman eftirstöðvar áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs á 25 þús. íbúðum miðað við gildandi brunabótamat. Af þessum 25 þús. íbúðum eru 100 íbúðir þar sem uppreiknaðar eftirstöðvar lána Íbúðalánasjóðs eru hærri en brunabótamatið að teknu tilliti til annarra áhvílandi lána eins og þau voru við lánveitingu Íbúðalánasjóðs.

Af þessu má sjá að mjög virðist gengið á rétt fasteignaeigenda og hreinlega er verið að rýra verðgildi eigna þeirra. Búast má við að veruleg fjölgun verði á íbúðum þar sem eftirstöðvar lána verða hærri en brunabótamatið eftir gildistöku nýs brunabótamats 15. september

sl. Endurskoðað brunabótamat mun einnig að óbreyttu fjölga verulega þeim sem fá skert lán vegna lágs brunabótamats.

Ástæða er til að geta þess að á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í júní sl. kom fram hjá fulltrúa Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja að lánveitingar bankanna til fasteignakaupa miðuðust við markaðsverð íbúðar en ekki brunabótamat. Þar kom líka fram að mikill munur á markaðsverði eignar og brunabótamati hennar gæti leitt til þess að bankarnir mundu endurskoða lánshlutfall sitt.

Tilgangur brunabótamats.

Samkvæmt ákvæðum laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, er brunabótamati ætlað að finna vátryggingarverðmæti húseignar á þeim tíma sem virðing fer fram. Vátryggingarfjárhæðin á að nægja til þess að byggja eign upp aftur í heild eða að hluta við brunatjón. Lagaákvæði um brunabótamat og ákvörðun vátryggingarfjárhæðar í brunatryggingum húsa eiga einungis að vera til nota í vátryggingaviðskiptum, enda hefur nú komið í ljós að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að ákvarða veðhæfni eigna.

Segja má að það sé andstætt tilgangi laga um brunatryggingar að gera brunabótamat að grundvelli veðhæfni eigna. Benda má einnig á að í 18. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, segir að um skilyrði þess að húsbréfadeild samþykki skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf fari eftir viðmiðunarreglum sem stjórn Íbúðalánasjóðs setji um veðhæfni fasteigna og greiðslugetu skuldara fasteignaveðbréfa. Síðara skilyrðið stangast hreinlega á við að brunabótamat sé grundvöllur veðhæfni eigna því að fasteignakaupandi getur haft rúma greiðslugetu til kaupa fasteignar en brunabótamat viðkomandi eignar hindrað kaupin. Á umliðnum missirum hafa því húsbréfalán sem hlutfall af kaupverði eignar iðulega farið lækkandi en dýrari lán eins og skammtímalán og lífeyrissjóðslán orðið stærri hluti í lánveitingum til íbúðarkaupa. Rök gegn viðmiðun við brunabótamat eru líka þau að matið endurspeglar ekki verðmæti eignarinnar því að lögin taka ekki til lands eða lóðar sem eignin stendur á né verðmætis sem felst í staðsetningu.

Í þessu sambandi má jafnframt benda á að þrátt fyrir reglugerðarákvæði um að húsbréfalán megi ekki fara yfir 85% af brunabótamati gildir sama regla ekki þegar um er að ræða viðbótarlán sem eru ætluð þeim sem búa við erfiðar aðstæður og þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Samkvæmt reglugerð getur viðbótarlán orðið allt að 25% af markaðsverði íbúðar sem er kaupverð hennar samkvæmt skilgreiningu í reglugerð. Brunabótamat er hins vegar ekki notað sem „öryggismörk“ í viðbótarlánunum eins og húsbréfalánunum. Þar sem viðbótarlán bætist við húsbréfalán er sá möguleiki fyrir hendi að brunabótamat skerði húsbréfalán en ekki viðbótarlán.

Brunabótamat lækkar á 70 þúsund eignum.

Markaðsverð fasteignar er oftast töluvert annað og hærra en brunabótamat sömu eignar. Á síðustu þremur árum hefur verð fasteigna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hækkað um 30–40% og bilið milli markaðsverðs eigna og brunabótamats þeirra hefur því stöðugt verið að breikka. Ofan á þessar gífurlegu verðhækkanir fasteigna bætist nú nýtt brunabótamat sem enn eykur á þessa gliðnun. Þannig lækkar brunabótamat á 70 þús. fasteignum, þar af lækkar brunabótamat á 34 þús. þeirra meira en nemur afskriftum, að meðaltali um 20%. Þetta virðist bitna mjög harkalega á Reykvíkingum en brunabótamat lækkar hjá helmingi fasteignaeigenda í Reykjavík um meira en nemur afskriftum eða að meðaltali um 21%.

Ábendingar Fasteignamats ríkisins.

Með bréfi 28. apríl 1999 vakti Fasteignamat ríkisins athygli félagsmálaráðuneytisins á breytingu á lögum um brunatryggingar sem nú hefur leitt til verulegrar lækkunar á brunabótamati fjölda eigna í landinu, en þau höfðu verið samþykkt á Alþingi í mars sama ár. Þar kom fram að í kjölfar hækkandi fasteignaverðs breikki stöðugt bilið milli kaupverðs notaðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu og matsverðs Íbúðalánasjóðs þar sem kaupverð notaðra íbúða, einkum 2–4 herbergja, sé í mörgum tilvikum mun hærra en brunabótamat. Þetta leiði til þess að væntanlegir kaupendur geti ekki fengið lán í húsbréfakerfinu fyrir 65–70% af kaupverði þótt þeir teljist hafa til þess greiðslugetu þar sem hámarksviðmiðun Íbúðalánasjóðs varðandi matsverð er brunabótamat. Jafnframt var í bréfinu bent á að matsmenn stofnunarinnar væru undir miklum þrýstingi að ákveða brunabótamat íbúða óeðlilega hátt svo að hámarkslán frá Íbúðalánasjóði fáist. Stjórnvöldum hefur því lengi verið ljóst í hvaða öngþveiti stefndi á fasteignamarkaði og alvarlegar afleiðingar þess fyrir þúsundir heimila.

Niðurstaða þessara ábendinga Fasteignamatsins frá 1999 var sú að Íbúðalánasjóður gæti ekki lagt til breytingar á lögum eða reglugerðum, einkum vegna afstöðu Seðlabanka Íslands sem lagst hefur gegnum breytingunni með vægast sagt hæpnum rökum eins og fram kemur í þessari greinargerð.

Hæpin lagastoð.

Í minnisblaði Fasteignamats ríkisins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. júní sl., kemur eftirfarandi fram: „Í lögum um brunatryggingar er ekki vikið að hlutverki brunabótamats í sambandi við lánveitingar.“ Síðan er vísað til umfjöllunar Páls Hreinssonar í riti um stjórnsýslulögin, sem gefið var út af forsætisráðuneytinu 1994, þar sem hann fjallar um að sérhvert stjórnvald hafi ákveðinn og afmarkaðan verkahring og því beri að beita því stjórnsýsluvaldi sem það er lögum bært að fara með, með þau markmið fyrir augum sem því ber að vinna að lögum samkvæmt. Í riti Páls Hreinssonar kemur orðrétt fram: „Samkvæmt hinni skipulagslegu aðgreiningarreglu (d. organisatoriske specialitetsprincip) er stjórnvaldi óheimilt að leggja sjónarmið til grundvallar ákvörðunum sínum til að ná fram markmiði sem öðru stjórnvaldi ber að vinna lögum samkvæmt. Stjórnvöld eiga að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim ber að vinna lögum samkvæmt, en láta vera að skipta sér af málefnum sem heyra undir aðra og þau hafa ekki sérþekkingu á.“

Í sambandi við þessa afstöðu Páls Hreinssonar er rétt að rifja upp að í september 1999 setti Fasteignamat ríkisins svokallaðar bráðabirgðareglur um brunabótamat íbúða. Virðist svo vera að þær hafi verið settar til að bregðast við mikilli hækkun á fasteignamati og um leið minnkandi veðhæfni eigna. Í bréfi sem stofnunin gaf út til matsmanna í Reykjavík og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu segir að stofnunin sé að hefja viðræður við Íbúðalánasjóð til þess að brunabótamatið verði ekki jafnafgerandi sem viðmiðun um veðhæfni íbúða og nú. Ljóst er að þessar reglur byggðust á hæpinni lagastoð og gengu á svig við lög um brunabótamat.

Minnisblað nefndasviðs Alþingis.

Í þessu sambandi er líka ástæða til að geta minnisblaðs nefndasviðs Alþingis um breytingu á fasteigna- og brunabótamati frá ágúst 2001, en þar segir að þær reglur sem Fasteignamat ríkisins setti í september 1999 hafi eingöngu verið bráðabirgðareglur. Þegar ljóst var að Íbúðalánasjóður og félagsmálaráðuneyti voru ekki hlynnt þeim hafi þær strax verið felldar úr gildi. Orðrétt segir síðan: „Hafi komið til þess eftir niðurfellingu reglnanna að skert veðhæfi eigna hafi rýrt verðgildi þeirra þyrfti að skoða hvert einstakt tilvik með hliðsjón af jafnræðisreglunni, en jafnframt hinum sérstöku aðstæðum sem þarna voru til staðar og áður er lýst. Mögulegt er að í einhverjum tilvikum gæti íslenska ríkið borið ábyrgð.“

Víðtækar afleiðingar.

Sú staðreynd blasir við sem stjórnvöld verða að viðurkenna að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur til að miða lánveitingar við.

Miða á lánveitingar Íbúðalánasjóðs við kaupverð eigna með ákveðnu þaki á lánveitingum. Afar hæpið er að halda því fram að slík breyting leiði til þenslu. Afleiðingar af óbreyttu ástandi eru miklu fremur þær að fólk neyðist til að leita í dýrari lán í bankakerfinu sem auka mun bæði á þenslu í útlánum og á greiðsluerfiðleika heimila. Veðhæfni margra eigna getur líka minnkað um tugi prósenta og þar með verðfellt eigur fólks sem getur leitt til að uppreiknaðar eftirstöðvar éti upp þá eignamyndun sem orðin er. Ungt fólk hefur með því verið hneppt í þá fjötra að geta ekki skipt um húsnæði og stækkað við sig. Fjölga mun verulega í hópi þeirra sem eru með meiri skuldir en eignir. Það getur þýtt hreina eignaupptöku hjá fjölda heimila í landinu.

Jafnframt gæti reynt á skaðabótaskyldu ríkisins, að minnsta kosti í þeim tilvikum þar sem Fasteignamat ríkisins hefur með nokkurra mánaða millibili hækkað brunabótamat og síðan lækkað aftur um tugi prósenta. Mikilvægt er líka að líta til þess að það er ekki eingöngu verið að hafa verðmæti og eignir af fólki heldur er hætta á að verið sé að innleiða opinbera verðstýringu á fasteignum og ganga gegn lögmálum framboðs og eftirspurnar. Í því sambandi er rétt að vitna til ályktunar Félags fasteignasala frá 29. ágúst 2001 þar sem segir m.a.:

„Til fasteignasala hafa leitað á síðustu dögum og vikum mikill fjöldi fasteignaeigenda og kaupenda, sem hafa verulegar áhyggjur af nýjum reglum og óttast afleiðingar þeirra á fjárhag sinn. Miðað við núverandi aðstæður á fasteignamarkaði er ljóst að æ fleiri kaupendur munu eiga í erfiðleikum með að koma sér þaki yfir höfuðið og húseigendur óttast um verðgildi eigna sinna.

Viðmiðun lánveitinga Íbúðalánasjóðs við brunabótamat fasteigna er ranglát, mismunar aðilum og er til þess fallin að skekkja eðlilega verðmyndun á fasteignum. Auk þess er verið að þvinga kaupendur til að leita dýrari og óhagstæðari leiða til lántöku en ella sem leiðir til þess að greiðslubyrði lána verður mun þyngri.

Stjórn Félags fasteignasala mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra beiti slíkri „handaflsaðgerð“ á fasteignamarkaðinn og fellst ekki á rök ráðherrans um að slíkt muni draga úr þenslu. Er slíkt framferði stjórnvalda óábyrgt, þar sem stjórnvöld með slíkum aðgerðum ógna fjárhagslegri afkomu og sjálfstæði einstaklinga, sem eiga yfirleitt allt sparifé sitt bundið í fasteignum þeim er fjölskyldur nota til íbúðar.“

Öll rök, sanngirni og réttlæti mæla því með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

42. Frumvarp til laga [42. mál]

um breytingu á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Skal matið taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað (endurstofnverð) án tillits til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Brunabótamat fasteigna eins og það var fram til 15. september 2001 skal gilda þar til nýtt brunabótamat hefur verið gefið út og kynnt húseigendum. Frá þessari reglu má víkja í þeim tilvikum þar sem Fasteignamat ríkisins og húseigandi komast að samkomulagi um aðra tilhögun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að afnema heimild til afskrifta á vátryggingarverðmæti húseigna samkvæmt lögum nr. 34/1999 sem breyttu lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar.

Gert er ráð fyrir að 5. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna verði breytt þannig að í stað þess að tekið verði tillit til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti verði tekið fram að ekki skuli tekið tillit til þessara þátta við mat á vátryggingarverðmæti húseignar. Vátryggingarverðmæti húseignar verður því miðað við byggingarkostnað án afskrifta, þ.e. endurstofnverð eignarinnar. Gert er ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins öðlist þegar gildi, en sett verði bráðabirgðaákvæði þess efnis að eldra brunabótamat skuli gilda þar til nýtt brunabótamat sem ekki tekur tillit til afskrifta húseigna hefur verið gefið út og kynnt húseigendum. Svigrúm er þó gefið til að víkja frá reglunni í þeim tilvikum þar sem Fasteignamat ríkisins og húseigandi komast að samkomulagi um aðra tilhögun, t.d. vegna þess að nýjar eignir hafa bæst við sem ekki voru teknar inn í heildarendurmat brunabótamats í júní 2001 eða vegna þess að húseigendur hafa óskað eftir endurmati á eigin kostnað eftir að fresturinn til 15. september 2001 rann út.

Helstu efnisatriði og megintilgangur.

Með því að hrinda markmiði frumvarpsins í framkvæmd verður óheimilt að beita afskriftum á vátryggingarverðmæti fasteigna vegna brunatjóns. Til að taka af allan vafa er líka lagt til að kveðið verði á um að vátryggingarverðmæti sem vátryggingarskilmálar á grundvelli laga um vátryggingarsamninga heimila verði núvirt og taki mið af endurbyggingarverði (þ.e. endurstofnverði) án afskrifta. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins felur brunabótamat þar sem ekki er tekið tillit til afskrifta í sér endurstofnverð auk álags (10%), m.a. vegna hreinsunar brunarústa. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á að vera tryggt að notað sé núvirt endurbyggingarverð við altjón og hlutatjón vegna bruna en með því er verið að innleiða sömu tryggingavernd og gildir víða annars staðar, svo sem í Danmörku. Í samræmi við það á brunabótamatið að endurspegla raunverulegt verðmæti eignarinnar miðað við að fasteignaeigendur verði jafnsettir fyrir og eftir brunatjón sem er í samræmi við meginreglu vátryggingaréttar. Eftir sem áður verður Fasteignamati ríkisins að sjálfsögðu heimilt að samræma brunabótamat á sambærilegum eignum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994, þar sem segir að stofnunin geti endurmetið skyldutryggðar húseignir þegar hún sjái ástæðu til.

Frumvarpi þessu um breytingar á lögum um brunatryggingar og öðru sem flutt er samhliða um breytingar á lögum um húsnæðismál er ætlað að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar sem að óbreyttu blasa við mörgum heimilum. Frumvarpið um breytingu á lögum um húsnæðismál felur í sér að brunabótamat verði ekki lengur mælikvarði á veðhæfni eigna. Mark-

mið þessa frumvarps er aftur á móti það að fella niður það ákvæði 2. gr. laganna sem kveður á um að heimilt sé að beita afskriftum á vátryggingarfjárhæð fasteigna.

Áhrif breytinga á fasteigna- og brunabótamat.

Að óbreyttu verða áhrifin af nýlegri breytingu á fasteigna- og brunabótamati víðtæk. Tryggingavernd fasteigna í brunatjóni minnkar verulega. Veðhæfni eigna verður mun minni, sem rýrt getur verðgildi eigna. Verðmyndun á fasteignamarkaði skekkist. Lán til fasteignakaupa verða dýrari sem leitt getur til aukinna greiðsluerfiðleika heimilanna. Lögmál framboðs og eftirspurnar á fasteignamarkaði breytist vegna áhrifa brunabótamats, en með því eru innleidd ríkisafskipti af verðstýringu fasteigna. Breytingin á fasteignamatinu hefur áhrif á skattstofna sem leitt getur til skattahækkana nema ríki og sveitarfélög grípi til sérstakra ráðstafana eins og forsvarsmenn þeirra lofuðu að gera fyrr í sumar.

Bæði fasteignamat og brunabótamat eru grundvöllur skattlagningar. Hækkun á fasteignamati leiðir til hækkunar á fasteignagjöldum, eignarskatti, erfðafjárskatti og stimpilgjöldum og getur auk þess leitt til lækkunar á vaxtabótum. Ýmis gjöld eru líka tengd brunabótamati, svo sem brunavarnagjald, umsýslugjald, iðgjöld viðlagatrygginga og skipulagsgjald, svo og gjald til Ofanflóðasjóðs. Þessi gjöld, að frátöldu skipulagsgjaldi, námu á sl. ári 1.100–1.200 millj. kr. Þessi gjöld munu væntanlega lækka og einnig rýra tekjur Fasteignamats ríkisins. Brunabótaiðgjöld nema 500–600 millj. kr. árlega. Alls nema þessi gjöld því 1.600–1.800 millj. kr. án skipulagsgjalds. Óvíst er hvort tryggingafélögin lækki iðgjöld þrátt fyrir verulega lækkun á brunabótamatinu.

Lagasetning frá árinu 1999.

Það vekur athygli að í frumvarpi til breytingar á lögum um brunatryggingar sem viðskiptaráðherra lagði fram á Alþingi 1999 er hvorki í greinargerð né í framsögu ráðherra getið um það ákvæði sem heimilar að beita afskriftum og leitt hefur til verulegrar lækkunar á brunabótamati hjá meira en þriðjungi heimila í landinu. Má leiða að því líkur að m.a. þess vegna hafi engar umræður orðið á Alþingi um þessar víðtæku afleiðingar af breytingu á brunabótamati. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar sem fjallaði um málið er að sama skapi ekkert fjallað um ákvæðið eða afdrifaríkar afleiðingar þess.

Útreikningar Fasteignamats ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins lækkar brunabótamat meira en nemur afskriftunum á rúmlega 35 þús. af 102 þús. eignum í landinu eða um 34,5% af heildinni um meira en afskriftahlutfall, að meðaltali um 20% eða tæplega 2.700 þús. kr. Athyglisvert er að brunabótamatið lækkar meira en nemur afskriftum hjá rúmlega helmingi fasteignaeigenda í Reykjavík eða að meðaltali um 20%, þ.e. 2,7 millj. kr. á hverja íbúð. 31.800 eignir, eða 31,2% eignanna hækka í brunabótamati að meðaltali um 24% eða 1.473 þús. kr. 34.866 eignir eða 34,3% eignanna lækka í brunabótamati en minna en afskriftahlutfall, að meðaltali um 9% eða 1.197 þús. kr. Þessar eignir hefðu hækkað í brunabótamati ef afskriftir hefðu ekki komið til. Samtals lækkar brunabótamat því á tæplega 70 þús. af 102 þús. fasteignum.

Afskriftareglan sem heimiluð var með lögunum frá 1999 vegur mjög þungt fyrir tugi heimila í landinu. Það sést best á því að í útreikningum frá Fasteignamati ríkisins á brunabótamati sem einungis taka tillit til samræmingar á brunabótamati á hliðstæðum eignum en ekki til afskrifta eykst tryggingaverndin verulega hjá tugum heimila. Þannig lækka aðeins 11.500 eignir í brunabótamati meira en nemur afskriftahlutfalli að meðaltali um 17% í stað þeirra 35 þús. eigna sem lækkuðu meira en afskriftahlutfall að meðaltali um 20%. Í þeim út-

reikningum lækka í mati í heild tæplega 42 þús. eignir í stað um 70 þús. eigna þegar tekið er tillit til afskrifta.

Leiða má einnig að því líkur að stofnast geti skaðabótaskylda á hendur ríkinu ef eign er metin lægra en svarar til núvirðis hennar vegna lágs brunabótamats. Má í því sambandi benda á að Fasteignamat ríkisins hefur með nokkurra mánaða millibili eftir að lögin frá árinu 1999 voru sett verið að hækka brunabótamatið og lækka síðan aftur um tugi prósenta, jafnvel á eignum sem aukist hafa að verðgildi vegna endurbóta. Ætla verður að stofnunin hafi lagt til grundvallar vátryggingarverðmæti eignarinnar þegar það hækkaði brunabótamatið, en við ákvörðun brunabótamats ber Fasteignamati ríkisins einvörðungu að hafa þau markmið sem fram koma í lögum um brunatryggingar að leiðarljósi. Ekki síst ber að skoða málið í því ljósi að brunabótamat er grundvöllur veðhæfni eigna og því líklegt að skert veðhæfni vegna lækkunar á brunabótamati geti rýrt verðgildi eigna.

Nýja matskerfið.

Nýja matskerfið sem Fasteignamat ríkisins beitir nú við endurmat á brunabótamati vekur líka upp spurningar. Í greinargerð sem forsvarsmenn Fasteignamats ríkisins skrifa í Morgunblaðið 8. september sl. kemur fram að á þenslutímum eins og ríkt hafa undanfarin ár sé brunabótamatið mjög háð því að byggingarvísitalan endurspegli það sem hún á að endurspegla, þ.e. hlutfallslega breytingu á byggingarkostnaði milli tímabila. Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps leitaði til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins með fyrirspurn um ýmis atriði sem snerta byggingarvísitöluna og samsetningu hennar. Þar kemur fram að vísitala byggingarkostnaðar miðast við byggingarkostnað fjölbýlishúss. Vísitöluhúsið er fjögurra hæða með 10 íbúðum. Byggingarvísitalan mælir hlutfallslegar breytingar á verði aðfanga til byggingar þess húss. Þar sem byggingarkostnaður húsa sé breytilegur er ekki talið æskilegt að nota verð vísitöluhússins sem viðmið á því hvað hús kosta almennt í byggingu á fermetra eða rúmmetra. Einnig kemur fram í svari frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að þeir telja að verð vísitöluhússins á fermetra eða rúmmetra endurspegli ekki byggingarkostnað húsa almennt, t.d. vegna brunatjóns. Þá kemur fram að beinir launaliðir vísitölunnar séu reistir á töxtum iðnaðarmanna og fylgi breytingum launataxta í kjarasamningum, en beinir vinnuliðir í vísitölu septembermánaðar sl. eru 33,4%, en hlutfall beinna efnisþátta var 33,3% Afgangurinn er blandaðir liðir 18,5%, en í þeim eru óbeinir vinnuliðir tæp 7%. Lóð, ýmis gjöld og teikningar eru síðan alls 14,8%. Það sem er athyglisvert í þessum upplýsingum er heildarvinnuþátturinn í vísitölunni, þ.e. beinir og óbeinir vinnuliðir eru 40,2%, þar af er beini vinnuliðurinn sem byggist á töxtum iðnaðarmanna um 33,2%. Óbeini vinnuliðurinn sem byggist hins vegar í meira mæli á upplýsingum um verð á útseldum tímatöxtum á markaði er einungis 7%. Ljóst er að byggingarvísitalan hefur veruleg áhrif á vátryggingarverðmæti fasteigna og brunabótamatið. Það hlýtur því að teljast verulegur galli að hún mælir ekki raunverulegan launakostnað og breytingar á honum milli tímabila.

Mikilvægt er því að skoðaður verði þáttur byggingarvísitölunnar í brunabótamatinu, en í 11. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar segir að vátryggingarfjárhæð breytist til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar hinna ýmsu tegunda húseigna og í reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna, nr. 809/2000, er þetta útfært nánar í 4. mgr. 5. gr. þar sem segir að vátryggingarfjárhæð breytist „mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar útgefinni af Hagstofu Íslands“. Samkvæmt þessu uppfærist brunabótamat nú mánaðarlega samkvæmt byggingarvísitölu, en auk þess er brunabótamati breytt einu sinni á ári samkvæmt þeim breytingum sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna, t.d. iðnaðarhúsnæðis, einbýlishúsa, fjölbýlis o.s.frv., næstliðið ár að teknu tilliti til út-

reiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils, sbr. 3. mgr. 5. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Í þessu sambandi má jafnframt benda á að í greinargerð nefndasviðs Alþingis frá ágúst sl. kemur fram að ekki sé hægt að líta fram hjá þeim möguleika að einhverjar villur hafi leynst í reiknilíkani Fasteignamats ríkisins sem stofnunin beri ábyrgð á gagnvart húseigendum.

Tryggingavernd minnkar.

Af framangreindu er ljóst að tryggingavernd rýrnar verulega og eru dæmi um allt að 50% lækkun á brunabótamati. Draga má í efa að 20–50% skerðing á brunabótamati standist þá reglu vátryggingaréttar að tjónþoli verði jafnsettur fyrir og eftir brunatjón, einkum þegar um altjón er að ræða. Fjárhagsöryggi fasteignaeigenda er því sett í uppnám verði um brunatjón að ræða, enda hafa tryggingafélögin viðurkennt að breytt brunabótamat geti leitt til þess að fólk fái minni bætur en sem nemur virði viðkomandi eignar.

Athyglisvert er einnig að svo virðist sem afskriftareglum sé ekki beitt í brunatjóni í nágrannalöndunum. Í því sambandi má benda á að í nýlegri samantekt um reglur um vátryggingarfjárhæð í lögum sem prófessor Arnljótur Björnsson gerði fyrir viðskiptaráðuneytið kemur eftirfarandi fram: „Frádráttur vegna aldurs og notkunar, sem gera skal skv. almennum reglum um vátryggingaverð, kunna í ýmsum tilvikum að koma sér illa fyrir húseiganda. Aðstæður geta verið þannig að vátryggingarbætur hrökkvi ekki til að byggja upp svipaða húseign í stað þeirrar, sem eyðileggst hefur. Þess vegna hafa vátryggingafélög víða um lönd alllengi haft á boðstólum svonefnda núvirðistryggingu. Í henni felst, að í skilmálum brunatrygginga og ýmissa annarra vátrygginga eru ákvæði þess efnis, að vátryggingarbætur greiðast án frádráttar vegna aldurs og notkunar. Hins vegar skal taka tillit til verðrýrnunar vegna minnkaðs notagildis og annarra atvika. Núvirðisákvæði munu ekki þekkjast hér á landi í skilmálum fyrir brunatryggingu húsa.“ Jafnframt kemur fram í samantektinni að tryggingafélögin hér á landi greiða núvirðisbætur fyrir innbú og innanstokksmuni og hluti til persónulegra nota, og er verðrýrnun vegna aldurs og notkunar því aðeins dregin frá verðinu að telja megi að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað verulega.

Tryggingavernd í brunatjóni virðist því vera mun minni hér en í nágrannalöndum. Jafnframt má benda á að fram kemur í skýrslu Arnljóts að vátryggingarfjárhæðin ræður ekki úrslitum um ákvörðun vátryggingabóta, en bætur geta þó ekki orðið hærri en henni nemur. Einnig kemur fram að venjulega svari vátryggingarfjárhæðin til þess verðgildis sem vátryggingartaki telur eignina hafa við upphaf eða endurnýjun vátryggingarinnar og loks að ef vátryggingarfjárhæð hlutar er lægri en vátryggingarverð hans gildir reglan um vátryggingu undir verði (undirtrygging), sbr. 40. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. Þegar þeirri reglu er beitt fær vátryggður ekki fullar bætur fyrir tjón sitt. Ljóst virðist að líkur eru á að í verulegum mæli sé um slíka undirtryggingu að ræða samkvæmt nýja brunabótamatinu.

Viðbótartryggingar.

Það hlýtur líka að þurfa sérstakrar skoðunar við að tryggingafélög treysta sér til að bjóða fólki viðbótartryggingar sem svara til mismunarins á gamla og nýja brunabótamatinu í kjölfar breytinga á brunabótamatinu nú. Af því verður vart annað ráðið en að tryggingafélögin telji að gamla brunabótamatið hafi verið eðlilegt og endurspegli raunverulegt vátryggingarverðmæti eignarinnar. Annars er verið að bjóða tryggingar umfram raunverulegt verðmæti fasteigna. Má í því sambandi nefna að í skýrslu sem Fasteignamat ríkisins gaf út í september sl. og ber heitið „BRUNABÓTAMAT – afskriftir“ kemur eftirfarandi fram: „Sjónarmið í lögunum er að brunatryggingin sé til hagsbóta fyrir eigenda. Vátryggingarfjárhæðin er upphæð

brunabótamats sem húseigendur og tryggingafélög eru bundin við, þannig að ekki er unnt að tryggja húseignir fyrir hærri eða lægri fjárhæðir.“ Breyting á brunabótamatinu virðist því skila því einu að tryggingafélögin fái tilefni til tekjuöflunar með viðbótartryggingum.

Niðurlag.

Flutningsmenn taka undir að það hafi verið tilefni til að samræma brunabótamat á hliðstæðum eignum sem að hluta til má rekja til fyrri verklagsreglna Fasteignamats ríkisins, ekki síst bráðabirgðareglna sem gefnar voru út á haustdögum 1999. Einnig má væntanlega rekja nokkurt ósamræmi í brunabótamati eigna milli og innan sveitarfélaga til þess að áður var matið ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum hvers sveitarfélags og ekki voru til staðar samræmdar verklagsreglur. Samræming á matinu án afskrifta ætti því að nægja til að fá fram rétt og eðlilegt mat sem tryggi vátryggingarverðmæti eignanna sem miða á við núvirðistryggingu þannig að fasteignaeigendur verði örugglega eins settir fyrir og eftir brunatjón.

Öll rök standa því til þess að Alþingi endurskoði ákvörðun sína frá árinu 1999 nú þegar ljósar eru alvarlegar afleiðingar hennar sem Alþingi fjallaði ekki um eða tók afstöðu til þegar lögin voru samþykkt. Þetta ástand hefur skapað mikið óöryggi hjá fasteignaeigendum bæði að því er varðar tjón vegna bruna og veðhæfni eigna. Engin efnisleg rök standa til þess að hafa brunabótamatið með því fyrirkomulagi að heimila afskriftir, enda virðist ávinningurinn af því einungis vera hjá tryggingafélögunum. Til þess ber líka að líta að brunatrygging húseignar er skyldutrygging þar sem fasteignaeigendur hafa ekkert val. Hér er því um hluta af velferðarkerfinu að ræða sem á að treysta öryggi þegnanna, m.a. við áföll af ýmsum toga. Flutningsmenn leggja áherslu á að um málið náist víðtæk samstaða og leitað verði allra leiða til að vátryggingarverðmæti eigna tryggi betur eignir fólks en nýja brunabótamatið gerir. Ástæða er í þessu sambandi að geta annarrar leiðar en frumvarp þetta kveður á um sem rétt væri að efnahags- og viðskiptanefnd sem fær málið til meðferðar skoðaði ef um hana gæti náðst víðtækari sátt en þá leið sem hér er lögð til. Matið gæti hugsanlega verið tvíþætt. Annars vegar að matið (endurbyggingarkostnaður) miðaðist við það að þegar húseign verður tilbúin undir tréverk og taki á því byggingarstigi til efnislegra verðmæta húseignarinnar og byggingarkostnaðar án tillits til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Hins vegar að matið miðaðist við þau efnislegu verðmæti húseignarinnar eftir að því byggingarstigi (tilbúið undir tréverk) er náð, sem eyðilagst geta af eldi og miðast þá við byggingarkostnað *að teknu tilliti* til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Eignaaukningu vegna innréttinga og gólfefna sem sérstaklega er viðhaldið væri síðan alltaf hægt að fá metna sérstaklega.

Væntanlega deilir enginn um það að ef fólk missir eigur sínar að hluta eða fullu í bruna er um alvarlegt fjárhagstjón að ræða sem ekki verður bætt ef dregið er úr tryggingavernd. Það er tilgangur þessa frumvarps að tryggja að fólk fái skaða sinn bættan að fullu.

43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um bætta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Kristján L. Möller,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á stofnun uppbyggingarsjóða sambærilegra þeim sem Evrópusambandsríkin og Noregur hafa til að efla atvinnu á tilteknum svæðum, endurskipuleggja atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu þess.

Að lokinni slíkri athugun verði skýrsla og tillögur lagðar fyrir Alþingi, eigi síðar en í mars 2002.

Greinargerð.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki áhuga á að Ísland gangi í Evrópusambandið. Á þau stendur þó sú krafa að búa íslensku atvinnulífi sambærileg kjör þeim sem atvinnulífinu eru búin annars staðar í Evrópu. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum aðallega verið upptekin af skatta umhverfi atvinnulífsins og breytingar á því gjarnan útskýrðar, eða réttlættar, með samkeppnisstöðu þess gagnvart öðrum löndum. Það eru hins vegar fleiri þættir sem hafa áhrif á samkeppnisstöðuna, einkum ef við viljum skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og ná nýjum atvinnufyrirtækjum og tæknikunnáttu inn í landið.

Evrópusambandið er með öfluga uppbyggingarsjóði sem það notar til að ná markmiðum sínum bæði í byggðamálum og í því að endurskipuleggja atvinnulífið. Norðmenn hafa einnig, á þeim grundvelli að þeir ákváðu að hafna aðild að ESB, byggt upp öflugan sjóð, SND, sem veitir stofnstyrki við uppbyggingu atvinnulífsins. Fyrirmynd hans er evrópski byggðaþróunarsjóðurinn. Við skoðun á uppbyggingarsjóðum væri því einnig rétt að líta til þess hvernig uppbygging og framkvæmd er í Noregi.

Miklar breytingar á atvinnuháttum hafa orðið á undanförnum árum og eiga sér enn stað. Mikilvægt er að stjórnvöld geti mótað og fylgt eftir skilvirkri stefnu um það hvernig við skuli brugðist á hverjum tíma og á hverju svæði landsins. Iðnaðarráðuneytið hefur skilgreint landið með tilliti til möguleika hvers svæðis. ESA hefur nú nýverið samþykkt nýtt byggðakort fyrir Ísland sem gilda á frá ágúst 2001 til ársloka 2006, en slíkt kort er grundvöllur byggðaaðgerða, bæði við núverandi aðstæður og einnig ef það yrði niðurstaðan að stofna til uppbyggingarsjóða á Íslandi. Í samningnum um EES fékkst undanþága frá því ákvæði að atvinnuleysi þyrfti að vera af tiltekinni stærð til að beita mætti byggðaaðgerðum. Hér á landi eru hins vegar stór og strjálbýl svæði með einhæft atvinnulíf sem uppfylla mundu styrkjaákvæðin. Ákvörðun ESA um afmörkun nýs byggðakorts fyrir Ísland byggir á mannfjöldaviðmiði á því svæði sem styrkja má, en þar búa 0,92 íbúar á ferkílómetra eða rétt um þriðjungur landsmanna.

Mikilvægt er að gegnsæjar reglur gildi og að fagleg vinnubrögð verði viðhöfð til að þessi aðferð virki með tilætluðum hætti. ESB gerir mjög strangar kröfur og SND gerir líka ríkar faglegar kröfur. Sú stefna að veita stofnstyrki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og á jafnréttisgrundvelli þannig að allir sem eins er ástatt um á sama svæði eigi rétt til þeirra, er sú leið sem stjórnvöld í okkar helstu samkeppnislöndum hafa valið til að geta markað og rekið árangursríka byggðastefnu og til að einstök svæði geti tekist á við breytingar eða þróun sem

á sér stað í tilteknum atvinnugreinum. Þannig hafa Evrópusambandsríkin t.d. tekist á við endurnýjun atvinnulífsins á svæðum sem dregist hafa aftur úr í tækniþróun.

Dæmi eru um að fyrirtæki sem von var um að stofnsett yrðu hérlendis hafi endað í öðru landi sem býður stofnstyrki í samræmi við þær leikreglur sem við verðum að sætta okkur við að aðrar þjóðir viðhafi en höfum ekki tekið upp sjálf. Flutningsmenn telja rétt að upptaka uppbyggingarsjóða og stofnstyrkja verði könnuð með tilliti til þess að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs verði sem best.

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á 126. þingi en varð ekki útrædd.

44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

Flm.: Árni R. Árnason, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Gísli S. Einarsson, Halldór Blöndal, Katrín Fjeldsted, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Þuríður Backman, Jónína Bjartmarz, Ögmundur Jónasson, Árni Steinar Jóhannsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd víðtæku forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameina hér á landi og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarna- og leitarstarf vegna þeirra.

Leitar- og forvarnastarf verði byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og samstarfsaðila þess, auk víðtækrar samvinnu allra aðila innan og utan heilbrigðisþjónustunnar sem vinna að málefnum krabbameinssjúkra, í heilbrigðisþjónustu, við rannsóknir, í forvarnastarfi, fræðslu og stuðningsþjónustu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 126. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Um krabbameinssjúkdóma á Íslandi.

Á hverju ári greinast um eitt þúsund Íslendingar með krabbamein. Samkvæmt tölum úr krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands greindust 505 karlmenn og 481 kona með krabbamein árið 1998. Þriðjungur karla og helmingur kvenna sem fær krabbamein er yngri en 70 ára við greiningu. Árlega deyja um 450 manns úr krabbameini.

Skipuleg skráning krabbameina á vegum Krabbameinsfélags Íslands hófst árið 1954 og hefur því verið hægt að fylgjast með breytingum á tíðni krabbameina hér á landi í hartnær hálfa öld. Á þessu tímabili hefur orðið um 1% árleg aukning á tíðni krabbameina, að teknu tilliti til fjölgunar íbúa og breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar. Þriðji til fjórði hver Íslendingur getur vænst þess að greinast með krabbamein einhvern tíma fyrir áttrætt. Fram til ársins 2010 er talið að nýgengi krabbameina muni aukast um 37% og dánartíðni um 32% og

er þessi aukning talin verða nokkru meiri hjá konum en körlum. Þá má gera ráð fyrir að um 1.400 Íslendingar greinist með krabbamein á ári hverju.

Fimm mannskæðustu krabbameinin hjá körlum eru krabbamein í blöðruhálsi, lungum, ristli, þvagblöðru og maga. Tíðni einstakra meina hefur breyst verulega frá því að farið var að skrá þau. Hjá karlmönnum hefur tíðni krabbameins í blöðruhálskirtli nær fjórfaldast og lungnakrabbameins þrefaldast, en á hinn bóginn er tíðni magakrabbameins einungis þriðjungur af því sem áður var og má það helst þakka breyttum neysluvenjum Íslendinga.

Fimm mannskæðustu krabbameinin hjá konum eru krabbamein í brjóstum, lungum, ristli, eggjastokkum og legbol, í þessari röð. Tíðni lungnakrabbameins hjá konum hefur fjórfaldast, en á hinn bóginn er tíðni leghálskrabbameins einungis þriðjungur af því sem áður var, sem skýrist helst af árangri leitar að sjúkdómnum á forstigi (tafla 1).

Um langt skeið jafngilti það nánast dauðadómi að fá krabbamein. Það hefur hins vegar breyst verulega á síðustu áratugum vegna aukinnar þekkingar á krabbameini og framförum í meðferð. Þannig hafa lífshorfur sjúklinga sem fá krabbamein batnað verulega og eru nú um sjö þúsund Íslendingar á lífi sem hafa fengið krabbamein, um 3.000 karlar og um 4.000 þúsund konur (tafla 2).

Tafla 1. Algengustu krabbamein.
Árlegur meðalfjöldi nýrra tilfella 1994–1998.
(Nóvember 1999. Krabbameinsfélag Íslands.)

Karlar		*Konur*	
Blöðruhálskirtilskrabbamein	144	Brjóstakrabbamein	131
Lungnakrabbamein	59	Lungnakrabbamein	51
Ristilkrabbamein	43	Ristilkrabbamein	35
Þvagblöðrukrabbamein	38	Eggjastokkakrabbamein	27
Magakrabbamein	27	Legbolskrabbamein	23
Nýrnakrabbamein	27	Skjaldkirtilskrabbamein	18
Eitlasarkmein	20	Sortuæxli	18
Húðkrabbamein	19	Heilaæxli	17
Heilaæxli	15	Nýrnakrabbamein	15
Endaþarmskrabbamein	14	Leghálskrabbamein	15

Tafla 2. Á lífi með krabbamein.
Miðað við árslok 1998.
(Krabbameinsfélag Íslands.)

Karlar		*Konur*	
Blöðruhálskirtilskrabbamein	818	Brjóstakrabbamein	1.323
Þvagblöðrukrabbamein	287	Skjaldkirtilskrabbamein	290
Ristilkrabbamein	220	Legbolskrabbamein	277
Eistnakrabbamein	153	Leghálskrabbamein	269
Nýrnakrabbamein	141	Eggjastokkakrabbamein	252
Magakrabbamein	118	Ristilkrabbamein	211
Húðkrabbamein	116	Sortuæxli	192
Heilaæxli	108	Heilaæxli	157
Eitlasarkmein	104	Húðæxli	125
Lungnakrabbamein	96	Nýrnakrabbamein	75

Um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum.

Forvörnum gegn sjúkdómum, þar með krabbameini, er almennt skipt í þrjú stig:

Fyrsta stigs forvarnir snúa að því að minnka hættu á sjúkdómum, að koma í veg fyrir þá með því að fjarlægja áhættuþætti og orsakir, m.a. með tilteknum breytingum á lífsháttum. Talið er að umhverfisþættir eigi mikinn þátt í myndun átta til níu af hverjum tíu krabbameinum í mönnum. Í fyrsta stigs forvörnum gegn krabbameini felst m.a. að ráðleggja fólki að reykja ekki, nota áfengi í hófi, virða öryggisreglur á vinnustað, forðast geislun, nota estrógen einungis ef þörf krefur, stunda sólböð í hófi og ávallt með sólarvörn, borða fjölbreytt trefjaríkt fæði, minnka fituneyslu, auka neyslu grænmetis og ávaxta og forðast offitu. Einnig að hreyfa sig reglulega og forðast streitu eða hafa stjórn á henni.

Annars stig forvarnir snúa að áhættuhópum og þeim sem eru með forstigseinkenni krabbameins. Þær felast í því að greina krabbamein á forstigi, stöðva framgang sjúkdómsins og skilgreina einstaklinga eða hópa sem eru í hættu og leita að forstigseinkennum hjá þeim. Í annars stigs forvörnum felst m.a. fræðsla til almennings um einkenni krabbameins og hvatning til að bregðast við þeim. Skipuleg krabbameinsleit telst til annars stigs forvarna. Markmið skipulegrar krabbameinsleitar er að greina sjúkdóminn hjá einstaklingum sem eru án ytri einkenna. Þær kröfur eru gerðar til leitaraðferðarinnar að hún sé nægilega nákvæm og áreiðanleg til að hægt sé að greina sjúkdóminn á frumstigi eða greina forstig hans og að meðferð sem stendur til boða beri árangur. Þannig er ekki talið skynsamlegt að beita skipulegri leit að krabbameini við allar tegundir krabbameina, heldur er það háð ýmsum skilyrðum og hafa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðakrabbameinssamtökin skilgreint ströng skilyrði fyrir slíkri leit.

Þriðja stigs forvarnir eiga við þá sem eru með krabbamein. Tilgangurinn er að efla andlegt og líkamlegt atgervi fólks að meðferð lokinni til að hefta framgang sjúkdómsins og koma í veg fyrir eða minnka líkur á fylgikvillum og endurkomu sjúkdómsins.

Þingsályktunartillaga þessi snýr fyrst og fremst að fyrsta og annars stigs forvörnum gegn krabbameini í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi.

Um forvarna- og leitarstarf vegna krabbameinssjúkdóma á Íslandi.

Skipuleg leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna hefur staðið yfir hér á landi um áratugaskeið. Þannig hefur skipuleg leit að leghálskrabbameini í konum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands staðið sleitulaust frá 1964. Fram til ársins 1995 féll nýgengi sjúkdómsins um 67% og dánartíðni um 76%. Leghálskrabbamein var í þriðja sæti yfir algengi krabbameins hjá konum þegar leitarstarf hófst, en er nú í níunda sæti algengustu krabbameina hjá konum. Skipuleg leit að brjóstakrabbameini hjá konum hófst árið 1971, en árið 1987 var skipuleg leit með röntgenmyndatöku hafin. Rannsóknir benda til þess að regluleg brjóstamyndataka á 18–24 mánaða fresti hjá konum á aldrinum 40–69 ára geti lækkað dánartíðni af völdum brjóstakrabbameins um 30–45%. Af ýmsum ástæðum, t.d. lélegu mætingarhlutfalli kvenna, hefur dánartíðni íslenskra kvenna af völdum brjóstakrabbameins eftir að skipuleg leit var hafin ekki lækkað.

Önnur skipuleg leit að krabbameini hefur ekki farið fram hér á landi.

Um krabbameinssjúkdóma í meltingarvegi á Íslandi.

Krabbamein í maga hefur verið á undanhaldi á síðustu áratugum, hefur fallið um 70% hjá báðum kynjum frá sjötta áratugnum. Þá var það algengasta krabbamein hjá körlum og næstalgengast hjá konum en hefur nú fallið um fimm sæti hjá báðum kynjum. Þessa þróun ber helst að þakka breyttum neysluvenjum, minni neyslu á söltuðum og reyktum mat og aukinni

neyslu grænmetis og ávaxta. Einnig má þakka nýjum lyfjameðferðum við magabólgum þessa þróun, en magabólgur geta verið undanfarar magakrabbameins. Athyglisvert er að tíðni magakrabbameins er hærri utan höfuðborgarsvæðis, sem er öfugt við allar aðrar tegundir krabbameina. Það hefur verið mat sérfræðinga að ósennilegt sé að hafin verði skipuleg leit að magakrabbameini hér á landi.

Krabbamein í ristli og endaþarmi eru þriðju algengustu krabbameinin hér á landi hjá báðum kynjum, samtals litlu færri en lungnakrabbamein. Tíðni sjúkdómsins hefur aukist um 60% frá sjötta áratugnum. Þekkt er að blóð í hægðum er einkenni um krabbamein í ristli og endaþarmi og einnig að sepamyndun í þessum líffærum getur verið merki um byrjandi krabbameinsvöxt. Krabbameinsfélag Íslands gerði á árunum 1986–1988 könnunarrannsókn til að athuga notagildi rannsóknar (skimunar) á blóði í hægðum til að greina þessar tegundir krabbameina, en reglubundin leit hefur að öðru leyti ekki farið fram að einkennum þessara sjúkdóma. Erlendar rannsóknir benda til þess að hægt sé að lækka dánartíðni um allt að 15–33% með rannsókn á blóði í hægðum á eins til tveggja ára fresti.

Leit að krabbameini í ristli og endaþarmi fer nú fram í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Japan og er í undirbúningi í Ástralíu og Ísrael. Leit í þessum löndum er gerð hjá fólki sem leitar læknis í því skyni en íbúar eru ekki almennt boðaðir til leitar. Læknasamtök og krabbameinssamtök gefa út leiðbeiningar- og fræðsluefni um einkenni, áhættuþætti og leitarstöðvar. Í grein eftir Kristján Sigurðsson, yfirlækni Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands, sem bar heitið „Krabbameinsleit til framtíðar litið“ og birtist í Morgunblaðinu 16. desember 2000, kom fram sú skoðun að rétt væri að hefja undirbúning að leit að krabbameinum í ristli og endaþarmi hér á landi. Þá kom einnig fram að nefnd (skimunarnefnd) á vegum landlæknis kanni nú hvað gera beri í þessu máli og er þess vænst að nefndin skili niðurstöðu á þessu ári.

Í Læknablaðinu 2/2001 (2001/87) var birt ritgerðin „Ristilkrabbamein á Íslandi 1955–1989/Meinafræðileg athugun“ eftir læknana Lárus Jónasson, Jónas Hallgrímsson, Ásgeir Theodórs, Þorvald Jónsson, Jónas Magnússon og Jón Gunnlaug Jónasson. Þar segir m.a. í inngangi: „Ristilkrabbamein eru meðal algengustu krabbameina vestrænna þjóða og er hlutfallslega algeng orsök dauðsfalla hjá þeim sem árlega greinast með illkynja æxli. Undanfarna áratugi hefur nýgengi ristilkrabbameina farið hækkandi meðal þeirra þjóða heims sem búa við almenna velmegun og á það ekki síst við um Norðurlandaþjóðirnar. Þó virðist sem mögulega séu vísbendingar um nokkra lækkun á nýgengi ristilkrabbameina í Bandaríkjunum síðasta áratug.“ Einnig segir í niðurstöðum: „Aldursstaðlað nýgengi heildarinnar 1205 aðlagað alþjóðastaðli á 100 þúsund íbúa jókst á rannsóknartímabilinu, eða úr 8,2 á 100.000 íbúa í 21,8 á 100.000 hjá körlum og úr 7,9 á 100.000 í 15,8 á 100.000 hjá konum.“ Þá segir um nýgengi: „Ristilkrabbamein er á meðal algengustu krabbameina hjá þróuðum þjóðum heims og var nýgengi á árunum 1983–1987 hæst í Norður-Ameríku, Norður-Evópu og Ástralíu eða á bilinu 16–35 á 100.000 íbúa. Á Norðurlöndum, á árabilinu 1955–1980, var nýgengi samkvæmt krabbameinsskrám hjá báðum kynjum hæst í Danmörku, síðan nokkuð lægra en svipað innbyrðis á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð, og áberandi var það lægst í Finnlandi. Hækkun nýgengis var nokkuð jöfn hjá báðum kynjum á öllu tímabilinu í löndunum fimm. Á tímabilinu 1987–1993 hafði nýgengi í Noregi náð svipuðu marki og í Danmörku, samkvæmt krabbameinsskrám (karlar: Noregur 23,3, Danmörk 22,6, og konur: Noregur 20,8, Danmörk 22,0), á Íslandi og í Svíþjóð var það nokkuð lægra (karlar: Ísland 19,6, Svíþjóð 17,1, og konur: Ísland 15, Svíþjóð 14,9) og enn var það lægst í Finnlandi (karlar: 13,0 og konur: 11,7).

Nýgengi samkvæmt Krabbameinsskrá hjá Íslendingum á rannsóknartímabili okkar nær þrefaldaðist á meðal karla og nær tvöfaldaðist á meðal kvenna og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum nema Svíum varð aukning á svipuðu tímabili eða nær tvöföldun hjá báðum

kynjum. Höfundar hafa ekki fundið rannsóknaniðurstöður frá öðrum löndum og þar á meðal ekki frá hinum Norðurlöndunum þar sem gögn frá krabbameinsskrám hafa verið endurskoðuð á sama hátt og við höfum gert.

Ekki er skýring til á breytilegri tíðni ristilkrabbameina milli Norðurlandaþjóða og ekki er ákveðin skýring til á nýgengisaukningu þessara æxla. Breytingar þær sem orðið hafa á fæðuvenjum á Íslandi, það er hækkun á hlutfalli grófmetis, grænmetis og ávaxta, hefur að minnsta kosti ekki náð að draga úr nýgengisaukningunni hjá Íslendingum á rannsóknartímabilinu. Tilkoma ristilspeglana á síðari hluta rannsóknartímabilsins ásamt fjarlægingu ristilsepa hefur heldur ekki náð að draga sýnilega úr nýgengisaukningu á tímabilinu."

Af framangreindu má sjá að ristilkrabbamein er meðal algengustu krabbameina hjá vestrænum þjóðum og þróuðum þjóðum heims. Í ritgerðinni kemur fram að eina hugsanlega vísbendingin um nokkra lækkun nýgengis var í Bandaríkjunum síðastliðinn áratug. Við það má bæta að í Bandaríkjunum hefur einnig orðið nokkur fækkun dauðsfalla af völdum þessara krabbameina og er álitið að hvort tveggja megi rekja til leiðbeiningar- og fræðslustarfs bandarísku krabbameinssamtakanna og læknasamtakanna um viðbrögð við einkennum um þau mein, svo og ábendingar samtakanna til fólks yfir 50 ára aldri um að leita eftir skimun fyrir einkennum. Í okkar heimshluta er einna hæst nýgengi ristilkrabbameina og á Íslandi er það sambærilegt við nýgengi annars staðar á Norðurlöndum, nema Finnlandi þar sem það er lægst. Framfarir á síðari hluta tímabilsins í læknisskoðun ristils og brottnámi ristilsepa náðu ekki að draga úr nýgengi. Nýgengi á Íslandi á tímabilinu hefur nær þrefaldast hjá körlum og nær tvöfaldast hjá konum (tafla 3).

Tafla 3. Aldursstaðlað nýgengi ristilkrabbameins á Íslandi.
Árlegur meðalfjöldi nýrra tilfella 1955–1989.



Aldursstaðlað nýgengi ristilkrabbameins á 100 þúsund íbúa á Íslandi á 35 ára tímabili, 1955–1989.

Um tillöguna.

Á síðustu árum hafa orðið framfarir í læknavísindum og tækjakosti til rannsókna og aðgerða sem gera það kleift að beina forvarnastarfi og leit að einkennum um forstig krabbameina í ristli og endaþarmi. Forvarnastarf krefst almennra rannsókna til að greina forstig

krabbameins eða mein á frumstigi og skipulegra viðbragða vegna þeirra sem greinast með sjúkdóm. Það krefst heildrænnar skráningar sjúkdómanna á öllum stigum, allt frá góðkynja forstigi (separ), frumstigi (kirtilæxli), til langt fram genginna meina og sjúkdóma er þeim fylgja. Það kallar á fræðslu og vakningu meðal almennings og innan heilbrigðisþjónustunnar allrar um þessa sjúkdóma, einkenni um þá, afleiðingar þeirra og áhrif á lífsgæði, aðferðir til að draga úr áhættu af þeim, úrræði til að stöðva þá eða hefta framgang þeirra og draga úr fylgikvillum, og um möguleika og leiðir sjúklinga til að lifa og njóta lífsgæða þrátt fyrir þá.

Tillaga þessi er lögð fram í því skyni að grundvöllur verði lagður að víðtækara forvarna- og leitarstarfi á sviði krabbameinssjúkdóma. Byggt verði á því ágæta starfi sem unnið er á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og annarra í þessum efnum. Greina má efni tillögunnar í tvo meginþætti.

Forvarnir og leit að krabbameini í ristli og endaþarmi.

Fyrri efnisþáttur tillögunnar er að undirbúið verði og hrundið í framkvæmd forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi, og skilgreindar forsendur til að greina áhættuhópa, svo sem vegna aldurs, hugsanlegs arfgengis, næmis eða af öðrum ástæðum.

Tvær ástæður valda því að tillagan gerir ráð fyrir því að hefja forvarnir og skipulega leit að þessu krabbameini:

- Fullnægjandi forsendur skortir til leitar að forstigum krabbameins í blöðruhálskirtli karla og virðast læknar samdóma um að leit að forstigum lungnakrabbameins verði gagnslaus, en besta forvörnin sé að forðast reykingar.
- Krabbamein í ristli og endaþarmi eru að mestu samkynja mein og því rétt að líta á heildarfjölda eða samanlagða tíðni þeirra sem jafngildir tíðni krabbameins í lungum. Sama leit nær til beggja meinanna.

Þar sem nú er til þekking og búnaður til leitar að forstigum krabbameins í ristli og endaþarmi, meinið er svo algengt sem að framan greinir og vitað að meðhöndlun sjúkdóms á forstigum er léttbærari fyrir sjúklinga og kostnaðarminni en meðhöndlun langt genginna og útbreiddra meina og fylgikvilla er ljóst að umtalsverður ávinningur getur fengist af því að hefja víðtækt forvarnastarf og almenna leit að þessum sjúkdómum.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir með leit að einkennum krabbameins í ristli og endaþarmi hérlendis og í ýmsum öðrum löndum. Hafa þær náð til nokkurra þúsunda manna og þykja skila þeim niðurstöðum að leit muni skila árangri í baráttunni við þessi mein. Samtök sérfræðinga í meltingarsjúkdómum hafa víða um Evrópu undirbúið átak til að fræða almenning og vekja til að bregðast við einkennum krabbameins í ristli og endaþarmi og leita fljótt læknis vegna þeirra. Slíkt átak er í undirbúningi hér á landi á vegum félags sérfræðinga í meltingarsjúkdómum og í samstarfi við fjölmarga aðra aðila. Sem fyrr sagði hefur nefnd (skimunarnefnd) á vegum landlæknis unnið að skilgreiningu læknisfræðilegs grundvallar að skipulegri leit að þessum meinum og er niðurstöðu hennar að vænta á næstunni. Þing Póllands hefur samþykkt að framkvæmd skuli almenn leit um land allt að krabbameini í meltingarvegi fólks og er hún hafin. Fyrir danska þinginu liggur tillaga þess efnis.

Áhugamenn um almenna og skipulega leit að krabbameini í meltingarvegi hafa kannað möguleika á því að meta þjóðhagsleg áhrif hennar, þ.e. ávinninginn af því að meðhöndla forstig krabbameins eða sjúkdóminn á frumstigum samanborið við tilkostnað og fórnarkostnað við ríkjandi ástand sem er einungis meðhöndlun langt genginna sjúkdóma, jafnvel útbreiddra krabbameina. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur lýst sig reiðubúna til að vinna mat á þjóðhagslegum áhrifum almennrar skipulegrar leitar að krabbameini í meltingarvegi, þ.e. í ristli og endaþarmi.

Í forvarna- og leitarstarfi gæti m.a. falist:

1. Skipulagt leitar- og forvarnastarf á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands, heilbrigðisstofnana og annarra aðila meðal fólks í áhættuhópum og frá skilgreindu aldursmarki.
2. Fræðsluátak um þá sjúkdóma sem starfið beinist að þar sem markmiðið er að auka vitund og þekkingu almennings á sjúkdómum í meltingarvegi. Í því felist m.a. gerð fræðsluefnis og námsefnis fyrir almenning og nemendur um krabbamein í meltingarvegi og aðra krabbameinssjúkdóma, hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilsu manna og hættu á að fá krabbamein, forvarnir og leit að einkennum, áhrif slíkra sjúkdóma á daglegt líf fólks, hvernig bregðast skuli við þeim og hvernig má hefta framgang þeirra. Fræðsluefni verði m.a. aðgengilegt á vefsíðum.
3. Þekking starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar á sjúkdómum í meltingarvegi verði efld.
4. Komið verði á heildrænum gagnagrunni allra sjúkdómseinkenna sem talin eru tengjast þessum sjúkdómum. Skráð verði öll þekkt byrjunareinkenni frumubreytinga og sjúkdóma sem álitið er að geti leitt til krabbameins í meltingarvegi, sjúkdómseinkenni og sjúkdómsferill. Skráning verði skipulögð með það fyrir augum að tengja megi grunninn við upplýsingar í öðrum gagnagrunnum í því skyni að greina:
   a. orsakavalda sjúkdóma,
   b. áhættu af sjúkdómum innan fjölskyldna og ætta,
   c. hvort og þá hvernig forðast mætti sjúkdóma,
   d. helstu þætti í framgangi sjúkdóma,
   e. hvernig stöðva mætti eða hefta framgang sjúkdóma.

Sömu aðferðum verði beitt í baráttu við aðra algenga krabbameinssjúkdóma.

Síðari efnisþáttur tillögunnar er að hafinn skuli undirbúningur að því að beita sömu aðferðafræði í baráttu við aðrar tegundir krabbameinssjúkdóma og hefja síðar skipulagt og reglubundið forvarnastarf og krabbameinsleit í fleiri líffærum og líkamshlutum fólks, í því skyni að slík starfsemi, allt frá forvörnum til leitar að sjúkdómum á frumstigi, beinist að öllum þekktustu og algengustu krabbameinssjúkdómum.

45. Frumvarp til laga [45. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Vilhjálmur Egilsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Árni R. Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar K. Guðfinnsson,Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Sigríður A. Þórðardóttir.

1. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: 74% fjárhæðar sem einstaklingar og lögaðilar hafa fengið greidda í arð frá veiðifélögum skv. VIII. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lögð til sú breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt að heimilaður verði frádráttur á mótteknum arði frá veiðifélögum. Í framkvæmd hefur verið mismunur á skattlagningu eftir því hvort jarðareigandi telst stunda atvinnurekstur á þeirri jörð er veiðihlunnindi fylgja. Einstaklingar í rekstri hafa þannig greitt tekjuskatt af slíkum tekjum en aðrir jarðareigendur, sem talist hafa utan rekstrar, hafa greitt 10% fjármagnstekjuskatt af sams konar tekjum. Með lagafrumvarpi þessu er leitast við að jafna þennan mismun, enda eiga ekki sömu sjónarmið við að því er varðar tekjur af þessum eignum og öðrum eignum sem teljast rekstrareignir.

Ákvæði 1. gr. felur í sér að rekstraraðilum, hvort sem um er að ræða einstaklinga í rekstri eða félög, er heimilaður frádráttur á móti mótteknum arði frá veiðifélögum sem nemur 74% af þeim heildararði sem viðkomandi hefur móttekið. Arður þessi telst til rekstrartekna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en með því að heimila frádrátt á móti sem nemur 74% af mótteknum arði verður raunskattlagning þessara tekna sem næst 10%, eða 10,14% hjá einstaklingum í rekstri og 7,8% hjá hlutafélagi en 9,6% sé skattlagning hluthafa tekin með í reikninginn.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 126. þingi en komst ekki á dagskrá og er því lagt fram að nýju.

46. Tillaga til þingsályktunar [46. mál]

um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Árni R. Árnason, Ásta Möller, Vilhjálmur Egilsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Katrín Fjeldsted, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guðmundsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöðum hennar skilað fyrir 1. október 2011.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar strax að henni lokinni.

Greinargerð.

Nýjar erlendar rannsóknir leiða æ meiri líkur að því að rafsegulsvið hvers konar geti haft alvarleg áhrif á heilsu og líðan fólks og jafnvel valdið krabbameini. Umræðan um rafsegulsvið og áhrif þess á mannslíkamann eykst stöðugt og undanfarin ár hafa augu almennings og fræðimanna beinst æ meira að umhverfi okkar til að skoða hvort orsakir sjúkdóma og vanheilsu sé að finna þar, þ.e. hvort rafmagnsmannvirki geti valdið heilsutjóni hjá þeim sem búa í nágrenni þeirra.

Nýverið hefur opinber bresk stofnun viðurkennt opinberlega að tengsl geti verið milli krabbameinstilfella og háspennulína. Rannsóknir framkvæmdar af faraldsfræðingnum Richard Doll leiddu í ljós að börn sem búa í grennd við háspennulínur eiga frekar á hættu að fá krabbamein en önnur börn. Rannsóknarhópur í háskólanum í Toronto í Kanada og Hospital

for Sick Children tilkynnti að rannsóknir hefðu sýnt að börn sem búa við há gildi rafsegulsviðs eiga frekar á hættu að fá hvítblæði en börn sem ekki búa við slík skilyrði. Mælingar á heimahögum veikra barna leiddu í ljós að 2–4 sinnum meiri líkur væru á að börn með hvítblæði hefðu búið við há gildi rafsegulsviðs.

Jafnframt hafa faraldsfræðilegar rannsóknir Dana og Svía sýnt fram á tengsl milli hvítblæðis í börnum og búsetu í nálægð við rafmagnsmannvirki. Hið sama kann að gilda um fullorðna, en það er ekki vitað fyrir víst. Því er tímabært að hér á landi verði framkvæmd faraldsfræðileg rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannslíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins. Lagt er til að rannsóknin verði framkvæmd á næstu tíu árum og niðurstöður hennar kynntar Alþingi eigi síðar en 1. október 2011. Flutningsmenn benda á að slík rannsókn geti farið fram á vegum landlæknisembættisins og hugsanlegt er að hún geti verið afturvirk að einhverju leyti.

Tillaga sama efnis var lögð fram á 126. þingi en komst ekki á dagskrá og er því lögð fram að nýju.

47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kjartan Ólafsson, Sigríður A. Þórðardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin verði skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, einum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Samtökum ferðaþjónustunnar, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerðinni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 125. og 126. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt með þeirri breytingu að einn nefndarmaður skal nú skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar.

Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi. Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendinu þannig að komast megi um það án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir á borð við leiðirnar að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagn-

ið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart“ til nýjar slóðir hér og þar.

Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Almenningi er þannig gefinn kostur á að njóta stórkostlegrar náttúru, nokkuð sem ekki hefur hingað til verið mögulegt á venjulegum farartækjum.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi miðhálendis Íslands við skipulagningu vegakerfis um hálendið. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið og njóti náttúrunnar að degi til en dveljist eins og við verður komið við jaðar þess eða á skipulögðum svæðum yfir nætur.

48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123., 125. og 126. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að ekið verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri – Hjalteyri – Hauganes – Árskógssandur – Dalvík – Ólafsfjörður.
2. Akureyri – Kristnes – Hrafnagil – Laugaland.
3. Akureyri – Svalbarðseyri – Laufás – Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

- Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
- Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
- Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
- Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
- Aðgerðin er orkusparandi.

Að beiðni Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar hefur fyrirtækið Rekstur og ráðgjöf, Norðurlandi, unnið skýrslu um fjárhagslegar forsendur verkefnisins. Þar kemur fram að árlegur rekstrarkostnaður slíks almenningssamgöngukerfis yrði um 34–37 millj. kr. Erfiðara er að áætla tekjurnar en talið er að þær gætu numið frá 20–35 millj. kr. Að öðru leyti vísast til aðalatriða skýrslunnar sem birt eru í fylgiskjali með tillögunni.

Fylgiskjal.

Jón Helgi Pétursson:

Almenningssamgöngur í Eyjafirði – rekstrargrundvöllur.

Aðalatriði skýrslu.

- Helstu hópar líklegra viðskiptavina almenningssamgöngukerfis eru framhalds-, sérskóla- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn auk almennings. Auk þess er hugsanlegt að kerfið geti nýst til hagræðingar í akstri grunnskólanema.
- Rekstrarkostnaður kerfisins, miðað við þær forsendur sem byggt er á, er áætlaður 34–37 millj. kr. á ári. Rekstrartekjur er erfitt að meta nema að fenginni reynslu en þó er líklegt að greiða þurfi með rekstrinum líkt og nær algilt er varðandi rekstur sem þennan.
- Við mat á rekstrargrundvelli kerfisins verður einnig að taka til greina þann kostnað sem sparast mun með tilkomu kerfisins. Kostnaður sem tveir stórir vinnustaðir á svæðinu þurfa að bera vegna aksturs vinnuafls, auk kostnaðar sem sveitarfélög bera af núverandi almenningssamgöngum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, nemur hátt í 6 millj. kr. Til viðbótar verður að taka inn í myndina mögulega hagræðingu í akstri grunnskólanema.
- Almenningssamgöngukerfi um Eyjafjarðarsvæðið er skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapar sterkara mótvægi við höfuðborgarsvæðið, þar sem fólk hefur fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu og meira frelsi til búsetuvals.
- Almenningssamgöngur eru mikilvægur hluti eflingar Eyjafjarðarsvæðisins sem ferðamannasvæðis.
- Gerð er tillaga um að boðinn verði út rekstur almenningssamgöngukerfis í tilraunaskyni. Slík tilraun yrði á vegum sveitarfélaga á svæðinu með stuðningi hins opinbera. Lágmarkstími tilraunar sem þessarar er tvö ár en þyrfti helst að vera lengri, t.d. fimm ár. Að loknum reynslutíma skal árangur tilraunar metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tillögur um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu. Áætlun um aðgerðir í þessu skyni miði m.a. að eftirfarandi:

1. Að efla vestnorrænt og fjölþjóðlegt samstarf við norðan- og norðvestanvert Atlantshaf með frumkvæði af Íslands hálfu sem landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum tengipunkti slíks samstarfs. Mótuð verði í þessu skyni íslensk nærsvæðastefna.
2. Að fylgja eftir uppbyggingu vestnorrænnar samvinnu sl. tvo áratugi með markvissum aðgerðum og auknum fjárframlögum, m.a. á sviði menningar- og menntamála, atvinnu- og byggðamála, umhverfis- og náttúruverndarmála og samgöngu- og ferðamála.

3. Að efla tengsl við nágrannalönd vestnorrænu landanna í austri og vestri með uppbyggingu skipulagðrar svæðissamvinnu á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu í huga.
4. Að stuðla að rannsóknum á og ritun sögu Norðvestur-Atlantshafssvæðisins þar sem m.a. verði lögð áhersla á eftirfarandi:
   a. landnám Íslendinga á Grænlandi og sögu búsetu norrænna manna þar,
   b. sérstök tengsl Íslands og Færeyja, menningarlegan skyldleika, samstarf á sviði atvinnumála og samstöðu og skyldleika þjóðanna almennt,
   c. norræna arfleifð á skosku eyjunum og á Írlandi, Bretlandi og vesturströnd Evrópu,
   d. landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku,
   e. söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs,
   f. sögu siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur norðan- og norðvestanverðs Atlantshafs.
5. Að fylgja eftir kynningu á vestnorrænni sögu og framlagi Íslands á sviði landafunda og landnáms í Vesturheimi í kjölfar 1000 ára afmælis Vínlandsfundar, siglingar Íslendings og annarra atburða í tilefni af landafundaafmælinu.
6. Að rækta tengsl Íslands við Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum.
7. Að efla stöðu Íslands sem tengipunkts á sviði samgöngu- og ferðamála á þessu svæði.
8. Að móta stefnu um fjárveitingar til framangreindra verkefna til fjögurra ára í senn sem lögð verði fyrir Alþingi og endurskoðuð með reglulegu millibili.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Hún er því endurflutt óbreytt ásamt greinargerð.

Norðurlandaráð er ein mikilvægasta stoð Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi og norræna samstarfið hefur reynst afar vel. Til marks um hversu sterkt þetta samstarf hefur verið má benda á að það stóð af sér blokkaskiptingu kalda stríðsins þrátt fyrir að Norðurlöndin væru ekki öll á áhrifasvæði sama risaveldisins.

Það var ekki síst í tengslum við mikla umræðu um byggðamál og svæðisbundið samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs í lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda að stofnað var til sérstakrar samvinnu Íslands, Færeyja og Grænlands árið 1985 en það hefur kallast Vestnorræna ráðið frá 1997. Samstarf vestnorrænu þjóðanna er reist á sögulegum og menningarlegum tengslum ásamt sameiginlegum hagsmunum í efnahagsmálum og umhverfismálum. Vestnorræna ráðið hefur á liðnum árum lagt höfuðáherslu á umhverfismál, menningarmál, sjávarútvegsmál, samgöngur og viðskiptamál.

Eftir að kalda stríðinu lauk og hinar pólitísku markalínur þess, sem áður skildu nágrannalönd að, voru úr sögunni hefur margs konar svæðisbundið samstarf aukist mjög. Sem dæmi um slíkt samstarf í okkar heimshluta má benda á Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Eystrasaltsráðið var stofnað í mars 1992 með þátttöku Danmerkur, Finnlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, auk Noregs og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fyrirmynd ráðsins hvað snertir skipulag og starfsemi er einkum hið hefðbundna samstarf Norðurlandanna. Eystrasaltsráðið er vettvangur margs konar samstarfs aðildarríkjanna og gegnir ekki síst því hlutverki að tengja saman grannríki sem þrátt fyrir nálægðina eru um margt ólík og misjafnlega á vegi stödd. Samstarfið er einnig að hluta til reist á sögulegum grunni enda var Eystrasaltið um aldir miðpunktur margvíslegra samskipta þessara ríkja. Það var m.a. á grundvelli sögulegra tengsla sem Ísland fékk aðild að

Eystrasaltsráðinu árið 1995 en einnig vegna breyttra áherslna Norðurlanda varðandi samstarf grannsvæða.

Í janúar 1993 var stofnað sérstakt Barentsráð með yfirlýsingu sem undirrituð var af utanríkisráðherrum sex ríkja, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Barentsráðið er vettvangur til að fjalla um tvíhliða og fjölþjóðlegt samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, vísinda og tækni, ferðaþjónustu, umhverfismála, samgangna, mennta- og menningarmála, svo og verkefna sem varða bættar aðstæður frumbyggja á svæðinu. Ísland hefur ekki átt jafnnáið samstarf og hin Norðurlöndin við Rússland í gegnum Barentsráðið, m.a. vegna legu landsins.

Norðurskautsráðið var stofnað í september árið 1996. Aðildarríkin eru átta talsins, Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Bandaríkin, Rússland og Kanada. Þar að auki eiga nokkur samfélög frumbyggja á norðurslóðum beina aðild að ráðinu. Helstu verkefni Norðurskautsráðsins beinast að því að vernda umhverfi og náttúru norðurskautsins og tryggja sjálfbæra þróun til að efla efnahagslega, félagslega og menningarlega velferð fólks á norðurslóðum. Íslendingar hafa lagt mikla áherslu á að efla samstarf ríkjanna í Norðurskautsráðinu og jafnframt verið virkir þátttakendur í því. Tvær skrifstofur á vegum ráðsins eru staðsettar hér á landi, nánar tiltekið á Akureyri, og lúta báðar að samstarfi á sviði umhverfismála. Þær eru CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna), sem hefur umsjón með samvinnuverkefni um náttúruvernd á norðurslóðum, og PAME (Protection of the Arctic Marine Environment), sem annast verkefni á sviði hafverndar.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri hafa verið mjög virkir þátttakendur af Íslands hálfu í auknu samstarfi á norðurslóðum. Má þar nefna uppbyggingu Háskóla norðurslóða og Rannsóknarþings norðursins (Northern Research Forum) en frumkvöðull og sérstakur hvatamaður að því samstarfi er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Hugmyndina setti hann fram í ræðu í Rovaniemi á afmælishátíð Háskólans í Lapplandi árið 1998. Háskólinn á Akureyri hefur tekið þátt í undirbúningi náms í Norður-Atlantshafsfræðum (North Atlantic Studies) í samstarfi við háskóla í Skotlandi, á Írlandi og í Norðaustur-Kanada. Einnig má nefna að við stofnun Vilhjálms Stefánssonar er íslenskt aðsetur alþjóðlegu samtakanna North Atlantic Biocultural Organisation (NABO). NABO eru þverfræðileg samtök náttúruvísindafólks og félagsvísindamanna sem stunda rannsóknir og fræðslu sem beinist að umhverfi, auðlindum, sögu og menningu fólks við norðanvert Atlantshaf. Stofnunin er einnig aðsetur Samtaka um landbúnað á norðurslóðum (Circumpolar Agricultural Association) sem hafa það að markmiði að stuðla að alþjóðasamstarfi hvað varðar atvinnu, rannsóknir og stjórnun og eflingu sjálfbærs landbúnaðar. Á Akureyri er því, eins og sjá má af framantöldu, þegar til staðar ákveðinn vísir að miðstöð samstarfs á norðurslóðum. Því er eðlilegt að horfa til Akureyrar og þeirra stofnana sem þar eru starfandi þegar að því kemur að skipuleggja þau verkefni og byggja upp það samstarf sem tillagan gerir ráð fyrir.

Loks er rétt að nefna í þessu sambandi að vestnorræn samvinna hefur smátt og smátt sett á kortið svæðishugtakið Vestur-Norðurlönd eða útnorðrið eins og það heitir svo skemmtilega á færeysku.

Margt bendir einnig til þess að áhugi á ýmiss konar nærsvæðasamstarfi og þörf fyrir það fari ört vaxandi á tímum hnattvæðingar þar sem svo virðist sem allur heimurinn renni í auknum mæli saman sem viðskipta- og samskiptaheild. Má þar taka sem dæmi að í tengslum við stækkun Evrópusambandsins hefur umræðan um mikilvægi svæðisbundinnar samvinnu innan stærri heilda dafnað á nýjan leik og lítill vafi er á því að hnattvæðingin eða alþjóðavæðingin í heild sinni hefur í för með sér svipaða þróun.

Slík stefnumótun, þar sem horft er til ákveðinna svæða innan stærri heilda, er mjög víða á döfinni. Til viðbótar því sem áður er nefnt má benda á „norðurstefnu“ kanadísku alríkisstjórnarinnar en veigamikill hluti hennar er stofnun sjálfsstjórnarsvæða inúíta í Norður-Kanada, Nunavut. Bandaríkin fylgja einnig ákveðinni stefnu í þessum efnum, svokallaðri „norðursvæðastefnu“. Sama gildir um Evrópusambandið sem á sínum vettvangi er að þróa hugtakið „norræna vídd“ að frumkvæði Finnlands.

Á sama hátt og Finnar höfðu frumkvæði að því að skilgreina sérstaka, norræna vídd í Evrópusamstarfinu er hugmyndin að baki tillögunni að Íslendingar taki frumkvæði að auknu svæðasamstarfi við norðvestanvert Atlantshaf. „Íslensk nærsvæðastefna“ er eingöngu vinnuheiti á slíkri hugmynd sem er reyndar ekki ný af nálinni. Þannig hafa menn talsvert rætt um það innan vébanda vestnorrænnar samvinnu að útvíkka hana þannig að hún taki til skosku eyjanna og vesturstrandar Noregs og reyndar gerir hún það að hluta til nú þegar í Nora-nefndinni en þar eiga fylki á vesturströnd Noregs aðild.

Staðreynd er að Ísland hefur lengi horft talsvert í vesturátt ekkert síður en austurátt varðandi samstarf vegna mikilla viðskiptahagsmuna í Norður-Ameríku, sögulegra tengsla við Kanada, sameiginlegra sjávarútvegshagsmuna og af sögulegum og samgöngupólitískum ástæðum. Í enn ríkara mæli gildir þetta um Grænland sem landfræðilega er hluti af Norður-Ameríku og Grænlendingar hafa m.a. verið að byggja upp samstarf sitt við norðursvæðin í Kanada. Færeyingar eiga sér langa hefð fyrir því að sækja á fiskimið við austurströnd Norður-Ameríku, Ísland og Grænland. Þannig má segja að Vestur-Norðurlöndin hafi í ýmsum skilningi myndað ákveðna brú milli heimsálfanna. Ef horft er til sögulegra, landfræðilegra og náttúrufræðilegra þátta er þar margvísleg rök að finna fyrir því að Íslendingar gefi meiri gaum að þessari vídd og samvinnu og samstarfi á þessum grundvelli heldur en hingað til hefur verið gert.

Það skal undirstrikað að ætlunin er ekki að slíkt samstarf verði á nokkurn hátt á kostnað norrænnar samvinnu eða dragi úr mikilvægi þess að við ræktum góð tengsl við ríki á meginlandi Evrópu eða annars staðar. Aðstæður í alþjóðamálum kalla á að menn vinni að slíkum málum með mjög opnum huga og slíkt hentar best hagsmunum Íslands. Þá er einnig rétt að fara yfir möguleika Íslands í þessum efnum út frá þeim tækifærum sem slíkar áherslur eiga að geta skapað landinu. Í því sambandi má nefna uppbyggingu á orðspori Íslands og kynningu á landinu sem brú milli tveggja heima eða tengipunkt í norðanverðu Atlantshafinu. Stefnumótun af þessu tagi á einnig að geta fallið vel að uppbyggingu þeirrar ímyndar landsins að hér búi sjálfstæð smáþjóð sem hafi vegnað vel í kjölfar síns nýlega fengna sjálfstæðis. Þessi þáttur málsins er áhugaverður ekki síst nú þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar, eru á leið til sjálfstæðis og þeirrar tilhneigingar gætir víða að auka sjálfsstjórn svæða eða héraða.

Enginn vafi er á því að í sögu og fordæmi Íslands er að sækja mikla hvatningu til annarra sem búa við sambærilegar aðstæður. Hafa ýmsir bæði fyrr og síðar staldrað við sjálfstæði Íslands þegar leitað er skýringa á því að um margt hefur Íslendingum vegnað best þeirra samfélaga við norðanvert Atlantshaf sem byggja á sambærilegum aðstæðum, fyrst og fremst þeim að vera mjög háð nýtingu sjávarauðlinda. Að sjálfsögðu eiga Íslendingar að líta á það sem skyldu sína að rækta gott samstarf til allra átta en þó ekki síst við þá sem um margt eru sambærilega settir og við í okkar heimshluta. Síðast en ekki síst eiga Íslendingar að efla með sér sjálfstraust til að taka fullgildan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leitast við að hafa þar áhrif burtséð frá smæð þjóðarinnar.

Gerð verður nánari grein fyrir hverjum tölulið tillögunnar fyrir sig í framsöguræðu við flutning hennar.

50. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vest-norrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveimur síðustu þingum, en varð í hvorugt skiptið útrædd. Hún er því endurflutt efnislega óbreytt að mestu leyti, en orðalag hefur verið gert skýrara og það alþjóðasamstarf tilgreint í sjálfri tillögugreininni sem leggja beri sérstaka áherslu á. Hér á eftir fylgir óbreytt greinargerð frá 126. þingi.

Tillaga þessi var flutt á 125. þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt, en með aukinni og endurbættri greinargerð þar sem tekið er mið af þróun mála frá því að tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Má t.d. nefna skýrslu utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi sem lögð var fram og rædd eftir að tillagan var flutt. Einnig hefur verið rætt áfram um ýmsa þætti íslenskrar utanríkisstefnu.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að íslensk utanríkisstefna eigi að byggjast á góðum samskiptum til allra átta og að forðast beri að loka landið af innan hvers konar ríkjabandalaga. Það er eindregin skoðun flutningsmanna að skynsamlegast sé fyrir Íslendinga að halda óháðri stöðu sinni gagnvart efnahagsbandalögum og leita eftir hagstæðum samningum við slík bandalög í Evrópu, Norður-Ameríku, Austur-Asíu og víðar. Þannig gætu Íslendingar fært sér legu landsins í nyt og átt farsæl samskipti við marga heimshluta án þess að afsala sér sjálfsákvörðunarrétti sínum eða forræði yfir náttúruauðlindum. Slíkt er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing aðildar að Evrópusambandinu.

Hvað efnahagslífið snertir hefur Ísland alla burði til þess að farnast vel sem óháðu ríki í þjóðbraut milli meginlanda. Af sömu ástæðum yrði landið aldrei annað en jaðarsvæði í stórum efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Náttúruauðlindir landsins eru miklar, bæði til lands og sjávar, og ef landsmönnum tekst að viðhalda yfirráðum yfir þeim og koma í veg fyrir mengun og ofnýtingu geta lífskjör hér á landi verið eins og þau gerast best í heiminum. Mörgum smærri þjóðum hefur tekist að nýta sér sérstöðu sína á grundvelli sjálfstæðis eða mikillar sjálfstjórnar. Þær gæta eigin hagsmuna á sjálfstæðum forsendum og gera smæð sína í hópi þjóðanna að styrkleika en ekki veikleika með sjálfstæðri rödd og sjálfstæðum vilja. Staðreyndin er sú að þessum þjóðum hefur vegnað mjög vel. Lífskjör eru til að mynda með því besta sem þekkist í flestum smáríkjum Evrópu og jafnvel Asíu.

Þróun alþjóðaviðskipta.

Þróun alþjóðaviðskipta er í raun nokkuð mótsagnakennd þar sem hún einkennist samtímis af vaxandi blokkamyndun og viðleitni til fríverslunar. Þannig eru nú þrjár meginviðskiptablokkir í heiminum: Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og hópur landa í Suðaustur-Asíu (ASEAN). Jafnframt er unnið að stórum fríverslunarsamningum á heimsvísu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Eðli alþjóðavæðingarinnar er mál út af fyrir sig og fylgifiskar hennar mæta nú víða vaxandi gagnrýni og andstöðu. Umfjöllun um annmarka hennar og mögulegar hættur fellur hins vegar utan þessarar greinargerðar.

Íslendingar þurfa að laga utanríkisviðskipti sín að framangreindri þróun alþjóðaviðskipta sem fyrst. Það væri óráð að loka sig af innan eins efnahagssvæðis vegna þess hversu smátt íslenska hagkerfið er og atvinnuvegirnir tiltölulega einhæfir. Innan Evrópusambandsins ráða ferðinni hagsmunir gamalgróinna iðnríkja Vestur-Evrópu og áhrif Íslands á þeim vettvangi yrðu hverfandi. Þar er sjávarútvegi, sem er stærsta atvinnugrein Íslendinga, fyrst og fremst stjórnað með hafta- og styrkjafyrirkomulagi sem á að vernda sjávarútveg aðildarríkjanna.

Ísland og Evrópusambandið.

Allt frá mótun samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (EES) á árunum um og eftir 1990 hefur framtíð samningsins þótt nokkuð óviss. Svokölluð EFTA-stoð hans varð fljótlega mun veikari en til stóð þar sem Svisslendingar höfnuðu aðild að samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og bæði Svíar og Finnar gengu í Evrópusambandið. Norðmenn höfnuðu um sama leyti aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú lætur umræða um þriðju aðildarumsóknina, en sú umræða hefur að mestu legið í láginni síðan, aðeins á sér kræla á nýjan leik í Noregi. Enginn vafi er þó á því að úrslit atkvæðagreiðslunnar í Danmörku 28. september sl. munu hafa mikil áhrif. Afdráttarlaus meiri hluti dönsku þjóðarinnar hafnaði evrunni og aðild að myntbandalagi og sendi um leið skýr skilaboð til ráðamanna bæði heima fyrir og í Brussel. Þrátt fyrir að allar helstu valdastofnanir í dönsku samfélagi, þ.e. stærstu stjórnmálaflokkarnir, atvinnurekendur, verkalýðshreyfing, flestir fjölmiðlar o.s.frv., með algera yfirburði fjármagns á bak við sig að auki, reyndu að þvinga fram samþykki kaus danska þjóðin að stíga ekki þetta skref í evrópska samrunaferlinu. Þessi niðurstaða er, fyrir utan að vera stóráfall fyrir dönsku kratastjórnina, áfall fyrir stjórnmálamenn og stjórnmálaöfl hér á landi sem hafa viljað keyra af stað umræðu um nánari tengsl eða aðild okkar að Evrópusambandinu. Þess vegna er líklegt að rólegra verði í þessum efnum en ella hefði orðið og bæði Danir og nágrannar þeirra, eins og Svíar og Bretar, fari sér hægt á næstunni og hugsi sig vel um áður en þeir aðhafast frekar. Því er síður en svo ástæða til óðagots hér á landi eða í Noregi og hyggilegt væri fyrir ráðamenn þessara landa sem annarra að láta sér lexíuna frá Danmörku að kenningu verða.

Vissulega er staða Íslands í samskiptum við Evrópusambandið á grundvelli EES-samningsins langt frá því að vera eins og tillögumenn teldu heppilegasta. Við Íslendingar höfum hins vegar aðlagað okkur að þeim aðstæðum sem EES-samningurinn skapar um nokkurt árabil. Tollalækkanir samkvæmt samningnum hafa auðvitað verið til bóta, enda höfum við borgað fyrir með veiðiheimildum og greiðslum í þróunarsjóð sem voru framlengdar með þvingunum. Þá höfum við líka þurft að bera okkar hlut af rekstrarkostnaði þunglamalegs stofnanakerfis o.s.frv. Deilur um hið liðna þjóna hins vegar litlum tilgangi, enda engan samanburð hægt að gera við það sem ella hefði orðið, t.d. samskipti á grundvelli einfaldari viðskipta- og samstarfssamninga í stað EES. Þá getur það tæpast þjónað hagsmunum Íslands að við veikjum tiltrú á eða gröfum með málflutningi undan samskiptum okkar við Evrópusambandið

hvað sem um EES-samninginn má segja sem slíkan. Hlýtur málflutningur núverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að vekja furðu því að engu er líkara en að hann hafi tekið sér fyrir hendur að sannfæra alla sem málið varðar um bága og versnandi stöðu Íslands innan EES.

Óvissa skaðleg íslenskum hagsmunum.

Sú óvissa sem ríkir um það hvernig samskiptum Íslands við Evrópusambandið verði háttað í framtíðinni er óheppileg. Svo lengi sem vafi leikur á um hver framtíðarstefnan verður eru aðilar í hálfgerðri biðstöðu og Íslendingar geta ekki skipulagt samskipti sín við ýmsa aðila í löndum ESB eða einbeitt sér sem skyldi að samskiptum við aðra heimshluta. Það gildir jafnt um utanríkisþjónustuna, ráðuneyti og opinberar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Því er nauðsynlegt að Alþingi taki af skarið og marki stefnuna í stórum dráttum svo að forsendur eða grundvöllur samskiptanna liggi fyrir. Þá verður hægt að byggja upp það fyrirkomulag sem best samrýmist hagsmunum Íslands til framtíðar litið. Við athugun þessara mála þarf þjóðin að líta til allra átta, óbundin af núverandi stöðu. Gera verður þá kröfu til stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka að þeir reyni að tala skýrt í þessu afdrifaríka máli. Umræða um mikilsverð utanríkismál eins og framtíðarfyrirkomulag samskipta okkar við Evrópusambandið er mikilvæg og sjálfsögð og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og þingmenn hennar eru hvar og hvenær sem er tilbúnir til slíkra umræðna. Einnig þurfum við sem þjóð, að sjálfsögðu hér eftir sem hingað til, að fylgjast með þróun mála í kringum okkur. Nauðsyn þessa er hins vegar ekki afsökun fyrir því að tala óljóst og dulbúa afstöðu, eða þá afstöðuleysi, í endalausum orðavaðli um að það þurfi að taka málið á dagskrá, ræða það og skoða, fylgjast með, tímarnir séu að breytast o.s.frv. Í öllum aðalatriðum liggur fyrir hvað fælist í aðild að Evrópusambandinu og skýrsla utanríkisráðherra frá sl. vori er gagnlegt innlegg í þá umræðu. Mönnum er því engin vorkunn að taka skýra afstöðu til mála í ljósi aðstæðna og þar sem ekki er líklegt að þær breytist í grundvallaratriðum í fyrirsjáanlegri framtíð ætti slík stefnumörkun að fá staðist.

Rök með og á móti aðild.

Skipta má helstu rökum stuðningsmanna aðildar að Evrópusambandinu í tvennt. Annars vegar eru það nauðhyggjuröksemdir og hins vegar rök sem ganga út á nauðsyn aðildar til að hafa áhrif.

Af fyrra taginu eru fullyrðingar eins og þær að EES-samningurinn sé á fallanda fæti, verði EES-samningurinn ónothæfur í núverandi mynd sé ekki um annað að ræða en að „stíga skrefið til fulls“, þ.e. að ganga í Evrópusambandið. Einnig er óspart látið að því liggja að Norðmenn kunni að ganga í Evrópusambandið einhvern tímann á komandi árum. Þá er sagt að allir aðrir séu að ganga í Evrópusambandið og er þá væntanlega verið að vísa til stækkunar þess til austurs og þannig mætti áfram telja. Í slíkum fullyrðingum eru ekki fólgnar efnislegar röksemdir heldur miklu fremur ákveðin tegund hræðsluáróðurs eða nauðhyggju eins og áður sagði. Hafa ber í huga að samskipti Íslands við aðrar þjóðir og heimshluta byggjast á tvíhliða samskiptum. Sá kostur er að sjálfsögðu einnig opinn að því er snertir samskipti við Evrópusambandið. Ekkert bendir til að við eigum ekki alla möguleika á að búa farsællega um samskipti okkar við Evrópusambandið án aðildar þó að samningurinn um EES breytist eða t.d. stofnanir hans hverfi. Slíkt gæti jafnvel einfaldað þau atriði sem mestu máli skipta, viðskiptaþættina, samstarf á sviði menntunar og rannsókna og, eftir atvikum, samræmingu löggjafar, sem við getum að sjálfsögðu framkvæmt að eigin frumkvæði, og fleira.

Sú röksemd að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku sem þar fer fram virðist á yfirborðinu nokkuð gild, en dugir skammt þegar betur er að gáð. Fyrir það fyrsta verður að svara því hver líkleg áhrif smáríkis á borð við Ísland í stækkandi Evrópusambandi yrðu og hvaða verði yrðu þau „áhrif" keypt? Hvað mundi það kosta smáríki eins og okkar að gæta hagsmuna okkar innan frá á öllum vígstöðvum þessa mikla bákns og hvað með okkar sérstöðu og áhrif annars staðar á alþjóðavettvangi? Færa má rök fyrir því að þessu með áhrifin sé einmitt öfugt varið því að með aðild missum við sjálfstæða rödd og sjálfstæða fulltrúa í öðrum alþjóðasamskiptum og færumst yfir í baksveitir sem minnsta þjóðin af 15 eða 25 á bak við fulltrúa framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs. Hefðu áhrif Íslands verið meiri eða minni, t.d. í hafréttarmálum, utan eða innan Evrópusambandsins sl. þrjátíu ár eða svo? Svarið liggur nokkuð í augum uppi. Það var vegna sjálfstæðis okkar og fullveldis að við gátum beitt okkur sem raun ber vitni, ekki síst í andstöðu við Evrópusambandsríkin.

Ókostir aðildar.

Ef farið er yfir helstu ókosti aðildar að Evrópusambandinu, kostnað og fórnir sem henni yrðu samfara, vegur eftirfarandi þyngst að mati flutningsmanna:

1. Afsal sjálfstæðis og fullveldis, glötuð sérstaða.

Framsal á fullveldi Íslands er veigamesta ástæðan fyrir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur að mati tillögumanna. Þar með væru Íslendingar skuldbundnir til að innleiða alla lagasetningu Evrópusambandsins hér á landi og Evrópudómstóllinn yrði æðsti dómstóll Íslendinga. Breytingin frá því sem við búum við nú yrði umtalsverð vegna þess að íslenskir dómstólar skýra innlendar réttarreglur til samræmis við EES-samninginn á grundvelli íslenskra lögskýringarreglna. Landsdómstólar í aðildarríkjum ESB framselja hins vegar þetta vald til Evrópudómstólsins.

Því er stundum haldið fram í umræðu um þessi mál að með aðild að ESB kæmu Íslendingar beint að lagasetningu ESB og gætu þannig haft mun meiri áhrif en nú. Einnig er sagt að þeir fengju neitunarvald í ráðherraráðinu sem mundi styrkja mjög stöðu Íslands á þessum vettvangi. Minnt skal á að það er engan veginn auðvelt að beita neitunarvaldi vegna fjölmargra samtengdra hagsmuna og samskipta. Jafnframt hafa leikreglur breyst hratt innan ESB með breytingum á stofnsamningi þar sem meirihlutaákvörðun gildir á æ fleiri sviðum. Á sinn hátt gildir svipað um þetta og „öryggisákvæðið" í EES-samningnum sem ekki hefur verið beitt fram að þessu.

Að öllu samanlögðu er það mat tillögumanna að langskynsamlegast sé að þróa samskipti Íslands við Evrópusambandið í átt til tvíhliða samninga um fríverslun, rannsóknir og vísindi og félagslegt og menningarlegt samstarf. Eðlilegt er að leita eftir slíkum samningum á grundvelli tiltekinna þátta í EES-samningnum og með hliðsjón af Lúxemborgaryfirlýsingunni frá 1984 en hún varðaði m.a. samstarf á sviði mennta- og menningarmála, umhverfismála og rannsókna- og þróunarstarfs.

2. Skertir möguleikar til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar.

Ljóst er að aðild að Evrópusambandinu mundi skerða mjög möguleika íslenskra stjórnvalda til sjálfstæðrar efnahagsstjórnar frá því sem nú er. Sveiflur í efnahagslífinu hér á landi eiga sér aðrar rætur en gengur og gerist á meginlandi Evrópu. Þar af leiðandi er afar varhugavert fyrir Íslendinga að vera bundnir af sameiginlegri efnahagsstefnu ESB, enda hefðu íslensk stjórnvöld þá enga möguleika á að bregðast sjálfstætt við, t.d. til að koma í veg fyrir

stórfellt atvinnuleysi. Endastöð slíkrar bindingar væri aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins (EMU) sem flestöll ríki ESB verða aðilar að innan tíðar. Þar með væri sjálfstæð gengisskráning úr sögunni sem er afar óheillavænleg staða fyrir land sem treystir jafnmikið á útflutning og raun ber vitni. Sveiflur efnahagslífsins á Íslandi mundu eðlilega ekki hafa nokkur minnstu áhrif á sameiginlega gengisskráningu í Evrópusambandinu sem hefur innan sinna vébanda mörg stór hagkerfi, þar á meðal fjögur af sjö helstu iðnríkjum heims. Tæpast þarf að fjölyrða um hversu alvarlegar afleiðingar aðild að efnahagsstefnu ESB, svo ekki sé talað um sameiginlegan gjaldmiðil, hefði haft fyrir íslenskt efnahagslíf við þær aðstæður sem hér hafa ríkt á allra síðustu árum.

3. Hagsmunum sjávarútvegsins fórnað.

Ljóst er að með inngöngu í Evrópusambandið mundu Íslendingar glata forræði yfir auðlindum hafsins við Ísland til framkvæmdastjórnar ESB. Að undanförnu hafa ýmsir haldið því fram að reglur Evrópusambandsins um stjórn fiskveiða mundu leiða til þess að Íslendingar sætu einir að veiðunum þar sem aðrar þjóðir hafi nánast enga veiðireynslu á Íslandsmiðum. Þar með er sú einkennilega staða komin upp að einhver mikilvægasti ávinningur sjálfstæðisbaráttunnar, útfærsla efnahagslögsögunnar og afleiðingar hennar, er notaður sem rök fyrir því að óhætt sé að afsala sér sjálfstæðinu í þessum efnum. Í þeim málflutningi er látið undir höfuð leggjast að fjalla um augljósar afleiðingar ESB-aðildar sem m.a. varða svokallað kvótahopp. Í því felst að fyrirtækjum í aðildarlöndum sambandsins væri í lófa lagið að skrá skip sín á Íslandi, fá veiðiheimildir hér en landa aflanum í heimalandinu. Þetta er vel þekkt innan ESB og hefur valdið mörgum sjávarbyggðum þar miklum vandræðum. Evrópudómstóllinn hefur svo ofan í kaupið dæmt í óhag ríkjum eins og Bretlandi, sem haft hafa uppi tilburði til að stöðva kvótahopp. Einnig er borðleggjandi að af hálfu þjóða eins og Spánverja yrði viðvarandi þrýstingur á að komast inn í íslensku landhelgina og gjarnan reynt að versla um slíka hluti í tengslum við lausn óskyldra deilumála eins og dæmin sanna. Slík hrossakaup eru venjulegur framgangsmáti innan Evrópusambandsins, eins og Íslendingar fengu meðal annars að kynnast í deilunum um áframhaldandi greiðslur í þróunarsjóðinn á grundvelli EES-samningsins.

Engar líkur eru á að í þessum efnum standi Íslandi annað til boða en í mesta lagi tímabundin aðlögun að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Eftir slíkan aðlögunartíma mundu ýmis málefni sem snerta þessa mikilvægu atvinnugrein flytjast til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Þar má nefna ákvörðun um heildarveiðiheimildir, stjórn veiða úr deilistofnum og samskipti við önnur ríki, t.d. óútkljáð deilumál um skiptingu veiðiheimilda úr flökkustofnum. Það yrði óumdeilanlega mikil afturför ef sjálfstæð rödd Íslands í hafréttarmálum á alþjóðavettvangi hljóðnaði.

4. Áfall fyrir íslenskan landbúnað.

Eins og fram kemur í fyrrnefndri skýrslu utanríkisráðherra bendir allt til þess að aðild að Evrópusambandinu yrði áfall fyrir allar greinar landbúnaðarins hér á landi, nema helst sauðfjárræktina. Útkoma sauðfjárbænda yrði þó undir því komin að ná hingað sem mestu af þeim styrkjum sem Evrópusambandið veitir greininni á þeim forsendum að hún er algjör aukabúgrein í ESB.

Oft er látið að því liggja að ESB-aðild mundi koma neytendum mjög til góða í formi lægra verðs á matvælum. Þessu var mjög haldið á loft í Finnlandi og Svíþjóð á sínum tíma og um það snúast einmitt einhver mestu vonbrigði almennings í þessum löndum eftir inngönguna í ESB. Matvælaverð hefur ekki lækkað eins og stuðningsmenn aðildar fullyrtu að mundi

gerast en inngangan hefur jafnframt reynst landbúnaðinum í þessum löndum þung í skauti, einkanlega í Finnlandi.

5. Hagsmunir ferðaþjónustunnar.

Mörg álitamál tengjast hagsmunum einnar helstu vaxtargreinar íslensks atvinnulífs um þessar mundir, þ.e. ferðaþjónustunnar, og mögulegri aðild að Evrópusambandinu. Flestir eru sammála um að óumflýjanleg aðild að tollsamstarfinu, og þar með afnám tollfrjálsrar verslunar, kæmi sér illa fyrir ferðaþjónustuna, fyrir rekstur flug- og ferjuhafna, fríhafnarverslana og skattfrjálsrar ferðamannaverslunar. Einnig óttast margir að verr gengi að tefla fram og kynna sérstöðu landsins og gera það spennandi að ferðast hingað ef landið væri orðið hluti af Evrópusambandinu. Möguleikar Íslands til að setja sérreglur, t.d. á sviði umhverfismála vegna mikilla og sérstakra hagsmuna ferðaþjónustunnar, minnkuðu og fleira mætti nefna.

6. Fjarlægt og miðstýrt Brusselvald, ólýðræðisleg ákvarðanataka.

Miðstöð stjórnvalds í Evrópusambandinu er í Brussel. Þar situr framkvæmdastjórnin og Evrópudómstóllinn og Brussel er einn þriggja samkomustaða Evrópuþingsins. Sú skoðun er afar útbreidd í ESB-löndunum að stjórnkerfi sambandsins einkennist af óhóflegri miðstýringu og mikil fjarlægð sé á milli valdhafanna og þegnanna. Óhætt er að segja að þeir sem gagnrýna miðstýringuna hafi mikið til síns máls og má í því sambandi benda á að einstök ríki Bandaríkjanna hafa í sumum tilfellum mun meira sjálfstæði gagnvart alríkisstjórninni en ESB-ríki gagnvart æðstu stjórn Evrópusambandsins í Brussel.

Um fjarlægðina á milli valdhafanna í ESB og almennings í aðildarlöndunum má nefna tvö dæmi, hvort frá sinni hlið. Annars vegar er kjörsókn í kosningum til Evrópuþingsins yfirleitt mjög slök og hróplega léleg í samanburði við aðrar kosningar í ESB-löndunum, svo sem til þings og sveitarstjórna. Úrslitin gefa iðulega til kynna að kjörsókn í Evrópuþingskosningum sé mun meiri meðal andstæðinga ESB-aðildar en fylgismanna. Almenningur virðist því ekki hafa mikla trú á Evrópuþinginu sem slíku og þarf það ekki að koma á óvart þar sem það er aðeins ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina en hefur ekki eiginlegt löggjafarvald.

Hins vegar má benda á hvernig samrunaferlið innan ESB hefur verið knúið áfram af valdhöfunum gagnvart almenningi í aðildarlöndunum. Skemmst er að minnast þess þegar Danir felldu Maastricht-samkomulagið í þjóðaratkvæðagreiðslu og stjórnvöld efndu til nýrra kosninga um málið eftir að hafa fengið undanþágur frá tilteknum ákvæðum samkomulagsins. Það hefur líka sýnt sig að þar sem á annað borð er efnt til kosninga um samrunaferlið er gríðarlegum fjármunum varið til að sannfæra almenning um ágæti þess. Nú síðast var þetta áberandi í þjóðaratkvæðagreiðslu Dana um þátttöku í myntbandalagi Evrópusambandsins og notkun evrunnar í stað dönsku krónunnar.

Í raun og veru eiga aðildarríkin lítið val þegar kemur að breytingum á Rómarsáttmálanum, stofnsáttmála sambandsins, á borð við Maastricht- og Amsterdam-samkomulagið. Að hafna slíkum gerðum jafngildir úrsögn úr Evrópusambandinu og það er viðurkennt að í stofnsáttmálanum er einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að ríki geti gengið úr Evrópusambandinu þegar þau eru einu sinni komin þangað inn.

Þessu til viðbótar má nefna að langur vegur er frá því að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð þegar ákvarðanir eru teknar af framkvæmdastjórn og ráðherraráði ESB. Ráðherrar einstakra ríkja geta beitt neitunarvaldi en til þess hefur enn ekki komið, enda væri sambandið þá í uppnámi. Af þeim sökum fer iðulega fram mikill kaupskapur til að tryggja stuðning fulltrúa allra ríkja við nýjar ákvarðanir. Þetta leiðir af sér óeðlilega mikið vægi sérhagsmuna við

afgreiðslu margra mála enda þarf þá að launa einstökum fulltrúum fyrir stuðning við fyrri ákvarðanir.

7. Varhugaverðir tollmúrar.

Íslendingar eiga afar mikið undir útflutningi, einkum á sjávarafurðum. Með inngöngu í Evrópusambandið yrðu Íslendingar að taka upp sömu tollastefnu og önnur lönd bandalagsins gagnvart ríkjum utan ESB. Þar með væri forræði landsins á sviði viðskiptasamninga úr sögunni og samningsumboðið á hendi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta mundi augljóslega hefta möguleika Íslendinga á að sækja fram og leita nýrra markaða í öðrum heimshlutum. Það kæmi sér sérstaklega illa ef markaðurinn í ESB-löndum brygðist af einhverjum ástæðum. Nauðsynlegur sveigjanleiki í þessum efnum er best tryggður með samningum við efnahagsbandalög og einstök ríki um fríverslun og félagsleg og menningarleg samskipti.

Rétt er að benda á að tveir mikilvægustu útflutningsmarkaðir Íslendinga utan Evrópu, Norður-Ameríka og Suðaustur-Asía, hafa myndað viðskiptablokkir sem keppa við Evrópusambandið og standa í illdeilum við það á mörgum sviðum, m.a. varðandi tollamál og viðskiptakjör. Hagsmunir Íslands mundu af augljósum ástæðum ekki vega þungt í samskiptum ESB við þessar viðskiptablokkir og því er varhugavert fyrir Íslendinga að lenda innan tollmúra Evrópusambandsins.

8. Mikill kostnaður.

Það liggur fyrir að aðild að Evrópusambandinu yrði Íslendingum dýr. Að óbreyttu er hún talin kosta í kringum 8 milljarða kr. en líklegt er að með stækkun sambandsins yrði þessi upphæð á bilinu 10–12 milljarðar. Í besta falli væri mögulegt að fá helming þeirra fjármuna til baka í formi styrkja. Rétt er þó að hafa í huga að slíkir styrkir koma sjaldnast fyrirhafnarlaust. Því fylgir mikil vinna að krækja í þá, oftar en ekki er krafa um mótframlag af hálfu heimalandsins og upphæðinni að endingu skipt milli fleiri aðila. Þess vegna gætir oft þess misskilnings í umfjöllun um styrkupphæðir og sameiginleg verkefni að heildarfjárhæðin renni til viðkomandi aðila sem nettóframlag frá Evrópusambandinu, sem sjaldnast er tilfellið. Allir slíkir útreikningar eru auðvitað háðir mörgum óvissuþáttum, enda eiga þeir ekki að vera neitt aðalatriði í málinu. Ísland er vissulega eitt af ríkustu löndum heims og mætti gjarnan leggja meira af mörkum til aðstoðar þeim löndum sem verr standa. Það geta Íslendingar hins vegar hæglega gert á eigin forsendum ef viljinn er fyrir hendi og ráðstafað þeim fjármunum eins og þeir sjálfir telja skynsamlegast. Ekki má heldur gleyma því að það er dýrt að halda uppi velferðarsamfélagi í fámennu og strjálbýlu landi. Engin trygging er fyrir því að þær sérstöku aðstæður, sem við búum við á Íslandi, mundu alltaf mæta skilningi hjá framkvæmdarvaldinu í Brussel.

Loks er rétt að taka fram að flutningsmenn hafa allan fyrirvara á gagnvart þeirri hugmyndafræði sem mestu ræður bak við tjöldin um þróun mála hjá Evrópusambandinu. Hagsmunir fjármagnseigenda og stórfyrirtækja hafa verið drifkrafturinn á bak við markaðsvæðingu og afnám allra hindrana í vegi fjármagnsflutninga, fjárfestinga milli landa o.s.frv. Almenningur aðildarlandanna gerir sér æ betur grein fyrir því að þrátt fyrir tal um Evrópu fólksins og ýmis ágæt markmið og reglur á sviði t.d. félagsmála og umhverfismála er það samt fyrst og fremst Evrópusamband fjármagnsins og Evrópusamband stórfyrirtækjanna sem verið er að skapa. Þetta er án efa ein skýringin á þeirri miklu og breikkandi gjá sem hefur verið að skapast á milli almennings og þeirra sem ráða ferðinni og reka Evrópusamrunann áfram.

Samningar Svisslendinga.

Á síðasta ári gerðu Svisslendingar tvíhliða samning við Evrópusambandið um samskipti á sjö sviðum. Þau eru afnám tæknilegra viðskiptahindrana, frjálsar ferðir fólks, rannsóknir, opinber innkaup, samgöngur á landi, farþegaflug og viðskipti með landbúnaðarafurðir. Gert er ráð fyrir að samningurinn gangi í gildi árið 2001 og verði þá hluti af löggjöf beggja samningsaðila. Samningurinn felur ekki að neinu leyti í sér framsal löggjafarvalds til yfirþjóðlegra stofnana. Meiri hluti samningsákvæðanna felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á löggjöf beggja samningsaðila. Hins vegar er kveðið á um upplýsingaskyldu og sérstakt viðræðuferli ef annar samningsaðili hyggst breyta sinni löggjöf á sviðum samningsins. Ekki er vafi á því að vænlegt gæti verið fyrir Íslendinga að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum og leita eftir tvíhliða samningum um samskipti við Evrópusambandið á afmörkuðum sviðum.

Aðrir heimshlutar.

Eðlilegt er að líta á vaxandi samskipti við Norður-Ameríku sem rök fyrir því að halda óháðri stöðu gagnvart efnahagsbandalögum á borð við Evrópusambandið. Ísland hefur um langt skeið átt mikil samskipti við Bandaríkin, m.a. á sviði viðskipta og mennta- og menningarmála. Þessi samskipti munu áfram hafa mikla þýðingu fyrir Íslendinga en aðild Íslands að Evrópusambandinu mundi fljótlega hafa veruleg áhrif á þróun þeirra. Þarf raunar ekki beina aðild til, eins og glöggt má sjá af Schengen-samningnum sem nú er að verða að veruleika. Undanfarin ár hafa samskipti Íslands og Kanada einnig aukist verulega, ekki síst í tengslum við afmæli landafunda norrænna manna í Vesturheimi og vaxandi áhuga Íslendinga og Kanadamanna af íslenskum ættum á sögu íslensku vesturfaranna. Á síðasta ári var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg og Ísland hefur ákveðið að opna sendiráð í Kanada þegar á næsta ári.

Fleira bendir til vaxandi samskipta og viðskipta við Norður-Ameríku í náinni framtíð. Gert er ráð fyrir að viðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada um fríverslunarsamning ljúki innan tíðar og að hann verði undirritaður áður en langt um líður. Þetta er stærsti fríverslunarsamningur sem EFTA-ríkin hafa gert frá því að EES-samningurinn var undirritaður. Með honum verður útflytjendum í EFTA-löndunum tryggður tollfrjáls aðgangur að Kanadamarkaði og jafngóð útflutningsskilyrði og útflytjendur búa við í hinum NAFTA-ríkjunum, Bandaríkjunum og Mexíkó. Samningurinn gerir samkeppnisaðstöðu EFTA-landanna betri en ESB-landa hvað snertir vöruútflutning til Kanada. Landfræðilega markar samningurinn ákveðin tímamót því að hingað til hefur EFTA einkum beint sjónum sínum að Mið-Evrópu og löndum við Miðjarðarhaf. Þá eru samningaviðræður EFTA og Mexíkós um fríverslun hafnar og ráðgerðar eru viðræður við Chile.

Þótt afturkippur hafi komið í efnahagslíf margra Asíulanda fyrir nokkru og þess gæti enn að nokkru leyti í utanríkisviðskiptum þeirra er eftir sem áður vænlegur markaður þar. Vissar afurðir hafa fyrst og fremst farið héðan til Asíu, einkum Japans sem er efnahagslegt stórveldi og stendur utan ASEAN-hópsins. Mögulegt er að viðskiptin verði ekki síður mikil við Kína í framtíðinni en margir telja að þar sé álitlegur markaður fyrir sjávarafurðir. Slík viðskipti gætu haft í för með sér stóraukna vinnslu á uppsjávarfiski til manneldis. Loks má nefna að Íslendingar hyggjast opna sendiráð í Japan árið 2001 og japönsk stjórnvöld hafa lýst yfir að þau muni opna sendiráð hér á landi sama ár.

Niðurstaða.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að Íslendingar geti skapað sér sterka stöðu utan stórra efnahags- og ríkjasambanda og nýtt með því þá kosti sem felast í legu

landsins. Treysta á möguleika á alhliða samskiptum við umheiminn en forðast að lokast af innan einstakra viðskiptablokka eða ríkjasambanda. Stefnumörkun í þessum efnum varðar miklu um framtíð lands og þjóðar. Það er staðreynd sem ekki verður hrakin að Íslendingum hefur vegnað vel sem sjálfstæðri þjóð og aldrei betur en síðustu fimmtíu ár. Á þeim tíma höfum við nær alfarið haft forræði eigin mála. Á grundvelli fullveldis gátum við stigið mikilvægustu skrefin til að tryggja afkomu og velferð þjóðarinnar. Nærtækasta og skýrasta dæmið er útfærsla landhelginnar og þau áhrif sem Íslendingar, sem fullvalda þjóð með sjálfstæða rödd á alþjóðavettvangi, höfðu á þróun hafréttarins. Sama gildir um sjálfstæða stöðu okkar í samningum um fiskveiðiréttindi og skylda hluti. Við höfum sjálf getað gætt auðlinda okkar og nýtt þær eða virkjað í eigin þágu og í samræmi við eigin hagsmuni. Sjálfstæðið hefur sem slíkt reynst okkur verðmæt auðlind. Tillagan sem hér er flutt snýst um að marka grundvallarstefnu og meginlínur í alþjóðasamskiptum Íslendinga. Vegna mikilvægis málsins og þess hversu gæfuríkt það væri ef landsmönnum tækist að sameinast um megináherslur í þessu afdrifaríka máli er lagt til að skipuð verði þverpólitísk nefnd allra stjórnmálaflokka til að vinna að því með stjórnvöldum. Á það má minna að á árunum 1988–90 starfaði nefnd níu alþingismanna, svonefnd Evrópustefnunefnd, um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu kosin hlutbundinni kosningu á Alþingi og því skipuð fulltrúum allra þingflokka.

Fylgiskjal.

Kafli úr stefnuyfirlýsingu stofnfundar
Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs.

Sjálfstæð utanríkisstefna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu. Hreyfingin vill binda enda á aðild Íslands að hernaðarbandalögum og veru erlends hers í landinu. Brýnt er að friðlýsa landið og lögsögu þess fyrir kjarnorkuvopnum og banna umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar aðild Íslands að Evrópusambandinu þar eð slík aðild mundi skerða fullveldi Íslands og forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar. Í stað hægfara innlimunar í Evrópusambandið ber að þróa samskiptin í átt til einfaldari tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla samstarf allra þjóða heims á grundvelli jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Við vörum við aðgerðum sem beint er gegn velferð þjóða og þjóðarbrota. Nauðsynlegt er að leggja hömlur á spákaupmennsku með fjármagn heimshorna á milli með sérstakri skattlagningu eða alþjóðlegum reglum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla þátttöku Íslands í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í svæðisbundnum samtökum, svo sem Norðurlandaráði, Evrópuráði og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Við viljum efla starfsemi Sameinuðu þjóðanna og styrkja lýðræðislega starfshætti á vettvangi þeirra. Treysta ber stoðir þjóðaréttar í þágu friðar og mannréttinda og stuðla að aukinni þátttöku almennra félagasamtaka í stefnumörkun alþjóðamála.

Ísland á að styðja eindregið markmið Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindayfirlýsingarinnar með því að leggja sitt af mörkum til útrýmingar fátæktar, hungurs, félagslegs ranglætis, misskiptingar auðs, kynþáttamismununar, mannréttindabrota og hernaðarhyggju.

51. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um tólf ára samfellt grunnnám.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi, atvinnu- og menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu. Endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tæknináms, sérnáms og háskólanáms með tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við alla framhaldsmenntun í landinu.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var lögð fram á tveimur síðustu þingum en var ekki útrædd. Af umsögnum sem um tillöguna bárust í meðferð fyrri þinga má ráða að víða um land er mikill áhugi á auknu námi í heimabyggð og því að leiðir séu fundnar til þess að ungmenni geti dvalist heima hjá sér lengur en nú er. Þeir sem lýstu efasemdum gerðu það fyrst og fremst á fjárhagslegum forsendum. Í ljósi þessara góðu undirtekta er tillagan lögð fram enn á ný óbreytt en greinargerð hefur verið breytt lítillega.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að auka almenna grunnmenntun í landinu og laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þegar einn vetur í framhaldsskóla kostar á bilinu 300–500 þús. kr. fyrir einstakling sem verður að kaupa fæði og húsnæði fullu verði hlýtur það að leiða til þess að unglingar sem koma frá tekjulágum heimilum lendi í verulegum vandræðum með að kosta nám sitt. Slíkt skerðir augljóslega jafnrétti til náms.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir

átt erfitt uppdráttar og ekki notið nægjanlegs stuðnings stjórnvalda eða næsta móðurskóla, sbr. ákvarðanir sem teknar voru í fyrra, en þá var framhaldsnám á Dalvík lagt niður og menntamálaráðherra hafnaði því að starfræktur yrði 2. bekkur framhaldsdeildar í Stykkishólmi. Áhugi sveitarfélaga á því að koma upp námi í heimabyggð fyrir nemendur undir 18 ára aldri fer vaxandi. Sveitarfélögin við utanverðan Eyjafjörð, t.d. Dalvík og Ólafsfjörður, hafa leitað eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið um að koma á slíku námi. Sömu sögu má segja um sveitarfélögin við utanvert Snæfellsnes en þau vilja koma á auknu framhaldsskólanámi heima fyrir. Þá hefur sveitarstjórnin á Hólmavík óskað eftir viðræðum við menntamálaráðuneytið um sama efni. Vafalaust leita fleiri sveitarfélög á landinu leiða til þess að auka og bæta formlegt menntunarstig í sinni heimabyggð.

Af svari menntamálaráðherra á þskj. 237 á 125. löggjafarþingi er ljóst að hlutfall nemenda í hverjum árgangi sem hefur framhaldsnám er talsvert misjafnt eftir landshlutum. Fyrir því eru vafalaust nokkrar samverkandi ástæður en telja verður líklegt að áðurnefndur kostnaður og leyst fjölskyldubönd eigi þar hlut að máli. Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða kross Íslands um fátækt á Íslandi er talið að um 45% íslenskra framhaldsskólanema ljúki ekki skilgreindu framhaldsskólanámi.

Því er ljóst að ýmislegt bendir til þess að brýnt sé að endurskoða skipulag og framkvæmd menntamála í landinu í nýju ljósi. Að því miðar þessi þingsályktunartillaga. Hér er lagt til að boðið verði upp á tólf ára samfellt nám í öllum byggðarlögum landsins, þ.e. tveimur árum lengra nám en nú er. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að þau tvö ár sem þar með bætast við byggist að hluta á starfstengdu námi með öflugri tengingu við atvinnulíf, sögu, menningu og náttúrufar viðkomandi byggðarlags. Með því að auka vægi þessara þátta í námi má efla sjálfsvitund unglinga og samábyrgð þeirra gagnvart fólki og umhverfi. Rannsóknir benda til að góð þekking nemenda á heimabyggð sinni auki líkurnar á því að þeir kjósi að búa þar á fullorðinsárunum.

Á þennan hátt eykst jöfnuður í aðgengi til náms óháð búsetu. Ungu fólki er auðveldað að sækja sér meiri almenna menntun jafnframt því sem verkmenntun er efld í landinu, en það er ekki síður brýnt. Þessar breytingar þurfa ekki sjálfkrafa að kalla á breytingar á skólaskyldualdri þótt ýmislegt gefi tilefni til að ætla að hann beri að endurskoða. Fyrst og fremst er verið að skylda stjórnvöld til að sjá til þess að slíkt nám standi til boða. Hér er því um fræðsluskyldu að ræða en ekki endilega skólaskyldu. Að sjálfsögðu munu framhaldsskólar landsins að stærstum hluta geta séð fyrir námsframboði á tveimur síðustu árum í samfelldu tólf ára námi, en þar sem framhaldsskólar eru ekki til staðar er eðlilegt að þetta nám verði byggt upp við þá grunnskóla sem fyrir eru. Þá er rétt að minna á þá miklu möguleika sem eru á að styrkja nám á heimaslóðum með fjarnámi. Má nefna Grundarfjörð í því sambandi þar sem komið hefur verið á námi að loknum grunnskóla með öflugum stuðningi fjarnáms.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tækninám og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Undirbúningsvinnan mun taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmdar, hugsanlega í áföngum. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á auknu námi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Aukið almennt menntunarstig þjóð-

ar er ein af grunnforsendum framfara og aukinnar hagsældar. Jafnframt er hér áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um talsmann útlendinga á Íslandi.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna embætti talsmanns útlendinga á Íslandi sem sinni hagsmuna- og réttindagæslu þeirra.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands bjuggu 14.927 útlendingar á Íslandi um áramótin 1999 og 2000, þar af 11.034 á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi, 1.231 á Vesturlandi og Vestfjörðum, 1.210 á Norðurlandi eystra og vestra, 561 á Austurlandi og 891 á Suðurlandi. Hér er um fjölda fólks að ræða sem oft á ekki auðvelt með að sinna hagsmuna- og réttindamálum sínum en mikilvægt er að þeim málum sé sinnt heildstætt svo að góð yfirsýn fáist. Ekki er síður mikilvægt að gera útlendinga meðvitaða um þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og tryggja að ekki sé gengið á lögbundinn rétt þeirra. Hlutverk embættis talsmanns útlendinga mundi auk fyrrgreinds vera að fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna útlendinga. Þá mundi hann aðstoða útlendinga við rekstur dómsmála, hvort sem um er að ræða einkamál eða opinber mál. Talsmaður útlendinga yrði samkvæmt fyrrgreindu hlutverki að vera löglærður.

Til að tryggja að talsmaður útlendinga geti gegnt starfi sínu sem best er jafnframt nauðsynlegt að kynningarefni á algengustu tungumálum, auk íslensku, um hlutverk hans og staðsetningu sé aðgengilegt á sem flestum opinberum stöðum, svo sem á landamærastöðvum og í menntunar- og heilbrigðisstofnunum. Þá er ljóst að miklu skiptir að greiður aðgangur verði að talsmanni útlendinga og því þarf embætti hans að vera staðsett miðlægt, t.d. í fyrirhuguðu alþjóðahúsi sem er væntanlegt samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en talsmaður mundi jafnframt vinna afar náið með væntanlegum landshlutamiðstöðvum. Stofnun embættis talsmanns útlendinga yrði því ekki síður mikilvægt og gagnlegt Íslendingum.

53. Frumvarp til laga [53. mál]

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki tryggja það sem á vantar að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarks fjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álítur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til 25. október 2001.

Trygging ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða vátryggjendur hefja að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga samkvæmt 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til fylgiskjals I.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti tímabundið tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslensk flugfélög kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í lána- og flugvélaleigusamningum íslenskra flugrekenda sem stunda flug til og frá Íslandi og utan lands sé almennt kveðið á um að viðkomandi flugrekandi skuli vátryggður fyrir nánar tiltekinni lágmarksfjárhæð gegn hverju einstöku tjóni af völdum viðkomandi loftfars sem verði hjá þriðja aðila vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka og áþekkra atvika. Eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum hinn 11. september sl. og vegna þeirrar óvissu sem ríkt hafi í kjölfarið hafi vátryggingarfélög um allan heim sagt upp slíkum ábyrgðartryggingum og tilkynnt flugrekendum að þau muni aðeins veita lítinn hluta af þeirri vátryggingavernd sem þau hafa veitt til þessa. Þessi breyting taki gildi á miðnætti 24. september 2001. Lánveitendur íslenskra flugrekenda og eigendur flugvéla sem þeir nota hafi tilkynnt að það feli í sér vanefndir á viðkomandi láns- og flugvélaleigusamningum uppfylli ábyrgðartryggingar ekki áfram áskilnað viðkomandi samninga. Þótt talsverðar líkur séu taldar á að fljótlega verði unnt að fá keyptar einhverjar viðbótartryggingar á alþjóðlegum tryggingamörkuðum sé ljóst að það muni ekki standa til boða áður en núgildandi ábyrgðartryggingar falla úr gildi. Því liggi fyrir að allt flug íslenskra flugrekenda til og frá landinu og erlendis muni stöðvast á miðnætti mánudaginn 24. september 2001 ef ekki hafi fyrir þann tíma tekist að veita þeim nauðsynlegar viðbótartryggingar. Flugfélög um allan heim hafi leitað eftir því hjá stjórnvöldum í heimaríkjum sínum að þau takist á hendur nauðsynlegar ábyrgðartryggingar og hafi í mörgum tilvikum þegar fengist staðfesting á að það verði gert. Sums staðar sé til athugunar að þetta verði gert í formi endurtryggingar ríkisins á ábyrgðartryggingu sem flugrekandi taki hjá vátryggingarfélagi. Á fundi efnahags- og fjármálaráðherra Evrópusambandsins hinn 22. september sl. hafi verið samþykkt að við ríkjandi aðstæður gengi tímabundinn stuðningur ríkisstjórna sambandsins við að veita flugrekendum nauðsynlegar ábyrgðartryggingar ekki gegn meginreglum sambandsins og væri miðað við að slíkar stuðningsaðgerðir gætu staðið í einn mánuð. Afar brýnt sé að flugrekstur íslenskra flugfélaga stöðvist ekki. Ekki verði séð að koma megi í veg fyrir það nema ríkissjóður geti tímabundið veitt flugrekendum tilskilda ábyrgðartryggingu, endurtryggt vátryggingarfélag sem slíka tryggingu veitir eða tekið þátt í samstarfi nágrannaríkja um slíkt, ef þess verði kostur. Lagaheimildar sé þörf til þess að ríkissjóður geti átt atbeina að því að veita nauðsynlegar tryggingar.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars

sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki tryggja það sem á vantar að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarks fjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar samkvæmt 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álítur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til 25. október 2001.

Trygging ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða vátryggjendur hefja að bjóða viðbótar ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga samkvæmt 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. september 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L.S.)

Davíð Oddsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ríkissjóður takist á hendur tímabundið til 25. október 2001 að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Tryggingafélagi hefur verið falið

að annast um tryggingarnar en ríkissjóður tekur ábyrgð á hugsanlegum tjónabótum sem endurtryggjandi. Gert er ráð fyrir að innheimt verði iðgjald fyrir hvern farþega og að 15% af því verði varið til að mæta kostnaði tryggingarfélagsins en að 85% renni í ríkissjóð. Ekki er því gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð svo fremi sem ekki kemur til atvika sem valdið geta bótaábyrgð á tímabilinu.

54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Jóhann Ársælsson,
Gísli S. Einarsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta gera nauðsynlegar forathuganir til þess að hægt sé að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði. Stefnt verði að því að nauðsynlegum rannsóknum í þágu verkefnisins verði lokið fyrir haustið 2003.

Greinargerð.

Ávallt er þörf fyrir orku í samfélaginu og nauðsynlegt er að hafa þekkingu á því hvar hægt sé að fá hana með góðu móti. Orkuöflun í sem flestum hlutum landsins tryggir aukinheldur öryggi í orkuöflun landsmanna. Fjöldi ónýttra möguleika bíður okkar til notkunar og rannsókna. Einn þeirra möguleika sem við eigum til orkuöflunar er Hvalá í Ófeigsfirði á Ströndum.

Ekki er óeðlilegt að afmarka fyrst virkjunarsvæðið og kanna hvort líkur séu á því að virkjun þarna sé hagkvæm því ef svo reynist ekki liggur ekki á að gera miklar umhverfisrannsóknir vegna virkjunarframkvæmda. Ekki er óvarlegt að áætla að þær rannsóknir sem hér um ræðir gætu kostað um 20 millj. kr., en eins og segir hér á eftir mundu þær fela í sér samanburðarrennslismælingar við láglendi, myndkort, gróðurkort, jarðfræðikort og yfirlitsathuganir á vötnum (stöðuvötnum og straumvötnum).

Nú þegar hafa farið fram forathuganir á virkjunarmöguleikum á þessum stöðum og taka þær mið af því að miðlunarlón verði í Vatnalautavötnum í um 340–350 m hæð yfir sjávarmáli. Athuganir þessar byggjast á rennslismælingum í Hvalá niður við sjó, en slíkt gefur aðeins hugmynd um meðalrennsli af öllu vatnasvæði árinnar. Því er nauðsynlegt að fram fari frekari rannsóknir á vatnsmagni og afrennsli svæðisins.

Engar náttúrufarsrannsóknir hafa farið fram, hvorki varðandi tæknilega útfærslu né umhverfismál, svo sem jarðfræði og gróðurfar. Slíkar rannsóknir eru nú um stundir unnar á grunni myndkorta í tölvu. Því er nauðsynlegt að láta gera myndkort af öllu virkjunarsvæðinu sem nær yfir um 500 km². Þegar þau gögn liggja fyrir er hægt að hefjast handa um gerð jarðfræðikorta og síðan gerð gróðurkorta og vistgerðakorta ef líkur eru á að virkjun Hvalár geti orðið hagkvæm.

Öllum má ljóst vera hversu jákvæð áhrif það hefði á atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum ef virkjun Hvalár yrði að raunveruleika. Eins og fram hefur komið er beisluð orka mjög dýrmæt. Það yrði Vestfirðingum mikil fengur ef koma mætti upp orkufrekri og arðvænlegri atvinnustarfsemi sem samrýmdist landsháttum og náttúru Vestfjarða. Í þessu sambandi mætti jafnvel hugsa sér vetnisframleiðslu sem menn beina sjónum sínum að í æ ríkari mæli. Þá er

fiskeldi einnig vaxandi atvinnugrein og ekki er vafi á því að mikið fiskeldi þarfnast mikillar raforku, einkum ef framtíðin krefst þess að það verði eingöngu stundað í kerum á landi.

Þá er einnig ljóst að álverið á Grundartanga hyggur á stækkun starfsemi sinnar og álverið í Straumsvík hefur einnig látið slíkan vilja í ljós. Verði Hvalárvirkjun að raunveruleika er ljóst að rafmagn framleitt á Vestfjörðum mætti einnig selja til þessara verksmiðja sem þó ætti að verða síðri kostur en að það nýttist á sjálfum Vestfjörðum.

55. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Jónína Bjartmarz, Bryndís Hlöðversdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna gildi þess fyrir framgang heilbrigðisáætlunar og jafnframt hagkvæmni þess að koma á auknu samstarfi heilsugæslu við aðrar fagstéttir svo sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar.

Greinargerð.

Mikilvægi heilsugæslunnar sem einnar af grunnstoðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu er óumdeilt. Talið hefur verið að 80–85% af landsmönnum ættu að geta fengið þjónustuþörf sinni fullnægt innan heilsugæslunnar. Jafnframt því sem áhersla er lögð á að fjölga heimilislæknum þarf að huga að aðkomu skjólstæðinga að stoðþjónustu og ráðgjöf annarra fagstétta og hefur löggjafinn gert ráð fyrir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veitt þjónusta af ýmsu tagi. Í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, er kveðið á um starfsemi heilsugæslustöðva, en þar segir:

„19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.
4. Heimahjúkrun.
5. Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:

5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
5.2. Mæðravernd.
5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
5.4. Heilsugæsla í skólum.
5.5. Ónæmisvarnir.
5.6. Berklavarnir.
5.7. Kynsjúkdómavarnir.
5.8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
5.9. Sjónvernd.
5.10. Heyrnarvernd.
5.11. Heilsuvernd aldraðra.

5.12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
5.13. Félagsráðgjöf, þ.m.t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
5.14. Umhverfisheilsuvernd.
5.15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.
5.16. Slysavarnir.
Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.“

Nánar er síðan fjallað um inntak þessarar þjónustu í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982, sem reyndar er komin nokkuð til ára sinna og brýnt að ný og endurskoðuð reglugerð verði sett hið fyrsta.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra verði falið að kanna hagkvæmni þess að heilsugæslan auki starfstengsl sín við fleiri fagstéttir en nú er. Tillögunni er ætlað að stuðla að auknu og bættu þjónustustigi innan heilsugæslunnar þannig að hún sé betur fær um að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til hennar. Aukið samstarf við aðrar fagstéttir ætti jafnframt að létta nokkuð álagi af heimilislæknum og um leið auka afköst heilsugæslunnar í heild sinni. Þannig gæti heilsugæslan m.a. samið við félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa, sálfræðinga o.fl. um samstarf til stuðnings þeim skjólstæðingum sem heimilislæknar stöðvanna teldu að þyrftu á slíkri þjónustu að halda. Vert er í þessu sambandi að minnast á verkefnið „Nýja barnið“. Það var þróunarverkefni Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri og lagði stöðin þar áherslu á að nýta fjölskylduráðgjöf til að þróa nýja vídd í heilsuverndarstarfi, sérstaklega í mæðra- og ungbarnavernd. Verkefnið var síðan tilnefnt af heilbrigðisráðuneytinu sem framlag Íslands í samkeppni þróunarverkefna sem efnt var til í tilefni 50 ára afmælis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 1998 og þar fékk það sérstaka viðurkenningu. Þá hefur samstarf um fyrirbyggjandi aðgerðir komist á milli heilsugæslunnar í Hafnarfirði við skólaskrifstofu og aðra faghópa og jafnframt á heilsugæslan í Grafarvogi aðild að Miðgarði þar sem rekin er fjölskylduþjónusta fyrir íbúa Grafarvogs.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktun um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Í þeirri ályktun eru sett fram metnaðarfull markmið til næstu ára. Til að þessi markmið megi nást verður heilsugæslan að geta veitt þá þjónustu sem lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um starfsemi heilsugæslustöðva gera ráð fyrir. Af þessum sökum er lagt til að ráðherra kanni gildi aukins samstarfs fyrir framgang heilbrigðisáætlunar sérstaklega. Með því að efla samstarf við aðrar fagstéttir er unnt að renna styrkari stoðum undir starfsemi heilsugæslunnar í landinu.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á seinasta þingi en eigi var mælt fyrir henni og er hún nú lögð fram að nýju, óbreytt.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um rannsóknir á þorskeldi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarða- og kvíaeldi á þorski verði eflt

og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.

Greinargerð.

Á Íslandi hefur ekki verið mótuð nein stefna varðandi eldi á þorski eða þorskseiðum.

Mikill vöxtur hefur orðið í öllu eldi á heimsvísu og samkvæmt FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) er fiskeldi sú grein matvælaiðnaðarins sem vex hraðast. Þess má geta að fiskeldi annaði heildaraukningu á fiskneyslu heimsins á árunum 1990–97, aukningu sem nam um 20 milljónum tonna.

Ástæður aukinnar heildarneyslu fisks eru ekki eingöngu fólksfjölgun heldur einnig almennt meiri fiskneysla. Þau vandamál sem upp hafa komið í evrópskum landbúnaði á síðustu missirum ættu, ef að líkum lætur, að auka enn frekar fiskneyslu.

Frændur okkar Norðmenn hafa lagt fyrir sig laxeldi með góðum árangri og er nú svo komið að verðmæti framleiðslu þeirra á eldislaxi eru orðin meiri en sem nemur verðmæti útflutnings okkar Íslendinga á þorski, ýsu, ufsa og karfa. Ótaldar eru þó tekjurnar sem þeir hafa af útflutningi þekkingar og tækni sem tengist fiskeldi.

Á undanförnum árum hefur þorskafli minnkað í Atlantshafi og hefur það leitt til hækkandi verðs á þorskafurðum. Minnkandi afli og hækkandi olíuverð hefur leitt til aukins kostnaðar við veiðarnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt að framleiðslukostnaður við eldi fer lækkandi og markaðirnir kalla eftir þeim stöðugleika í framboði og gæðum sem eldisfiskur býður upp á.

Eðlilegt má því telja að Íslendingar horfi til eldis og er óhætt að segja að þorskurinn standi okkur næst, enda samlegðaráhrif þorskeldis og sjávarútvegs á Íslandi nokkuð augljós og augljósari en t.d. laxeldis og sjávarútvegs. Ræður þar mestu þekking á vinnslu og mörkuðum og markaðsstaða íslenska þorksins. Aðstæður til þorskeldis eru á margan hátt hagstæðar hér við land og hafa eldistilraunir hingað til lofað góðu og nokkuð góður vöxtur náðst í þeim. Einnig má benda á að við ýmsa fiskvinnslu á Íslandi fellur til mikið af aukaafurðum sem nýta mætti til að fóðra eldisfisk.

Hinar miklu væntingar sem gerðar voru til laxeldis á áttunda áratugnum brugðust. Ástæðurnar voru ef til vill fyrst og fremst skortur á þekkingu, rannsóknum og þróun. Mikilvægt er að læra af reynslunni og standa betur að undirbúningi nýrrar atvinnugreinar nú.

Eins og kemur fram hér á eftir hafa fyrirtæki og hið opinbera meðal margra þjóða þegar markað sér stefnu í þorskeldismálum. Nái áform þessara þjóða fram að ganga gæti sú staða komið upp innan nokkurra ára að við yrðum eftirbátar þeirra í samkeppninni.

Hugsanlega eru hér ónýttir möguleikar, möguleikar sem áfram geta haldið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð.

Ótal vandamál eru óleyst í þorskeldi.

Skortur á seiðum stendur stríðeldi á þorski fyrir þrifum, ótímabær kynþroski er vandamál sem og hátt lifrarhlutfall. Ekki hefur verið þróað nógu skilvirkt fóður, þekking á atferli þorsks í eldi er takmörkuð, vöxtur er ekki nógu hraður, sjúkdómar hafa ekki verið rannsakaðir nægjanlega og samspil eldis við umhverfið og villta þorskstofna er óþekkt. Sum þessara vandamála blöstu við laxeldismönnum í árdaga þeirrar atvinnugreinar en hafa nú verið leyst. Ekki er ástæða til að ætla annað en að slík vandamál megi einnig leysa í þorskeldi en til þess þarf markvissar rannsóknir og samvinnu eldisaðila.

Þorskeldi getur orðið mikil lyftistöng fyrir landsbyggðina og hafa ýmsir reynt fyrir sér í greininni á undanförnum árum. Rétt væri að nýta áhuga þeirra, þekkingu og reynslu til samstarfs um rannsóknir.

Staða þorskeldis.

Ísland.

Þorskseiðaframleiðsla á Íslandi er eingöngu stunduð hjá útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Stað við Grindavík. Þar hafa verið framkvæmdar ýmsar tilraunir með eldi á þorskseiðum frá árinu 1993. Frá árinu 1994 þar til nú hefur ársframleiðslan verið á bilinu 1.000–7.000 seiði. Stofnunin hefur einnig verið með hrygningarstofn og tilraunir með áframeldi í landkerum. Þarna er um að ræða lítið tilraunaverkefni þar sem fjárveitingar hafa verið af skornum skammti hingað til.

Við tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa verið gerðar rannsóknir á sjúkdómum og sníkjudýrum í þorskseiðum. Síðasta áratug hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með áframeldi og fjarðaeldi á Íslandi. Tilgangur þessara tilrauna var m.a. að kanna holdgæði, vaxtarhraða o.fl. Niðurstöðurnar eru nokkuð misvísandi, en þó eru þær ákveðinn grunnur til að byggja síðari tilraunir á.

Við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri hefur verið vaxandi áhugi á þorskeldi. Nemendur þar hafa unnið nokkur verkefni tengd þorskeldi í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og er Háskólinn í samstarfi við fyrirtæki um rannsóknir á þorskeldi. Í Eyjafirði stendur til að fara af stað með fóðurtilraun og er það samstarf nokkurra nema við sjávarútvegsdeild Háskólans og sjávarútvegsfyrirtækis.

Ársframleiðsla á eldisþorski hefur undanfarin ár verið á milli 20 og 30 tonn. Nú er vitað um tvær tilraunir með áframeldi. Á Vestfjörðum hefur einn aðili sótt um leyfi fyrir þrjár kvíar í Álftafirði. Þar stendur til að gera tilraun með heilsársáframeldi.

Á Tálknafirði er að fara af stað tilraunaverkefni um áframeldi í samstarfi Hafrannsóknastofnunarinnar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og heimamanna. Enn fremur hafa nokkur sjávarútvegsfyrirtæki sótt um leyfi til þorskeldis, samtals á milli 10 og 20 þúsund tonn.

Noregur.

Í Noregi er um þessar mundir mikill áhugi á þorskeldi. Nú eru 20 seiðaeldisstöðvar í burðarliðnum og gæti framleiðsla þeirra numið um 19 milljónum seiða árið 2004. Þegar hafa rúmlega tvö hundruð leyfi verið gefin út til stöðva sem hyggja á matfiskeldi og rúmlega eitt hundrað umsóknir til viðbótar liggja nú hjá yfirvöldum til meðhöndlunar. Framleiðsla nú er u.þ.b. 150 tonn á ári en gæti farið í 50 þúsund tonn á næstu árum.

Nýfundnaland og Austur-Kanada.

Mjög lítil seiðaframleiðsla hefur verið í Kanada. Hugmyndir eru um að byggja seiðaeldisstöð með framleiðslugetu upp á 2 milljónir seiða. Í Kanada hefur verið lögð áhersla á áframeldi og snýst umræðan þar um að eingöngu verði leyfðar þorskveiðar til áframeldis. Tvær ástæður eru helst nefndar fyrir því, annars vegar er það bágt ástands þorskstofna þar og hins vegar efling dreifðra byggða. Árið 1999 nam framleiðslan 200 tonnum af þorski og kom hún öll frá einyrkjum í áframeldi.

Bretland.

Áætlað er að koma upp fimm til sex seiðaeldisstöðvum í samvinnu háskóla og eldisfyrirtækja. Reiknað er með að framleiðslan verði um 2,1 milljón seiða strax árið 2004 og 5.000 tonna „hágæðaafurð" árið 2006, sem jafnast á við íslenskan „flugfisk" í verði og gæðum. Komið hefur fram að Bretar stefna leynt og ljóst í eldisáformum sínum á ferska markaðinn. Í fyrra var framleiðsla Breta um 50 tonn og var það samvinna Marks & Spencer og Seafish.

Við sölu á þessum fiski var hann aðgreindur frá villtum fiski og sérmerktur sem eldisþorskur. Eldisfiskurinn þótti ekki gefa þeim villta neitt eftir í gæðum og var mjög vinsæll. Vinsældirnar voru fyrst og fremst til komnar af því að um var að ræða eldisafurð en ekki fisk úr ofveiddum stofni. Rétt er að vekja athygli á því að um mjög lítið magn var að ræða og því óvíst hvort umhyggja fyrir ofveiddum stofnum sé almenn.

Danmörk.

Danir hafa uppi mikil áform í þorskeldi. Þar er aðallega um eitt fyrirtæki að ræða og fer þar fremstur í flokki Björn Westh, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Dana. Áform eru uppi um 20–30 þúsund tonna ársframleiðslu og verður verkefnið styrkt af Evrópusambandinu. Jafnvel eru hugmyndir um að flytja þorskinn lifandi í tankbílum á markað! Áætlað er að hefja rekstur á næsta ári.

Af framangreindu má sjá að Íslendingum er ekki til setunnar boðið hvað þorskeldi varðar og er brýnt að hafist verði hér handa um að móta ákveðna stefnu í þessum málum landi og lýð til heilla.

57. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við samtök aldraðra og öryrkja að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega svo að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín. Þá skal sérstaklega taka tillit til sérstöðu ungra öryrkja sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Samningur um afkomutryggingu taki gildi frá og með 1. janúar 2002 og verði undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 126. þingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt. Henni fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Alltof margir þjóðfélagsþegnar búa við kjör sem duga ekki fyrir nauðþurftum eða brýnustu framfærslu. Á það ekki síst við ýmsa aldraða, öryrkja og einstæða foreldra, atvinnulausa og þá sem búa við langvarandi sjúkdóma.

Samfylkingin hefur það stefnumál að komið verði á afkomutryggingu svo að enginn þurfi að una fátækt og óvissu um kjör sín. Með þeirri tillögu sem hér er flutt er stigið fyrsta skrefið í þessa átt og lýtur hún að afkomutryggingu aldraðra og öryrkja.

Í næsta áfanga mun þingflokkur Samfylkingarinnar beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður milli ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um afkomutryggingu þeirra sem af félags-, heilsufars- eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum hafa ekki sér til framfærslu það sem samsvarar lágmarkslaunum í þjóðfélaginu hverju sinni. Í því sambandi þarf m.a. að huga að afnámi skattlagningar á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og skattlagningar húsaleigubóta og tryggja að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sé á hverjum tíma með þeim hætti að enginn þurfi að una því að eiga ekki fyrir nauðþurftum.

Til að ná því markmiði sem að er stefnt með þessari þingsályktunartillögu verði teknar upp viðræður milli stjórnvalda og samtaka lífeyrisþega um nýjan samning um afkomutryggingu sem komi til framkvæmda um næstu áramót og verði síðan undirstaða nýrra laga um almannatryggingar.

Þjóðfélag getur ekki talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim tryggð sómasamleg kjör. Margt hefur verið vel gert í málefnum þessa fólks á umliðnum áratugum. Samt býr allt of stór hópur aldraðra og öryrkja við bágborið ástand og í heild hefur þessi hópur ekki fengið sanngjarnan eða eðlilegan hlut í góðæri liðinna ára. Í því efni hefur verulega dregið sundur með lífeyrisþegum og þeim sem verst hafa kjörin á vinnumarkaðnum. Sama gildir um bilið milli meðallauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna. Þegar á allt er litið fer því fjarri að afkoma og aðbúnaður margra aldraðra hér á landi sé mannsæmandi.

Sú staðreynd að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum staðfestir bág kjör allt of stórs hóps aldraðra í íslensku þjóðfélagi. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu. Í skýrslu um kjör öryrkja sem Samfylkingin óskaði eftir frá forsætisráðherra og lögð var fram á Alþingi á síðasta ári kom fram að 43% allra öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Athyglisvert er einnig að 22% ellilífeyrisþega, 5.855 manns, voru með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði á árinu 1999.

Frá 1995 til 1. október 2000 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað um nálægt 25% en launavísitala hins vegar hækkað frá sama tíma um 41,5%. Þegar litið er á kaupmátt lífeyrisgreiðslna samanborið við lágmarkslaun liggur fyrir að kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er langt undir kaupmætti lágmarkslauna verkafólks og hefur munurinn aukist jafnt og þétt, ekki síst eftir að slitið var á tengsl launa og lífeyrisgreiðslna árið 1995.

Fram hefur komið að grunnlífeyrir og tekjutrygging voru samtals 51,7% af meðaldagvinnulaunum verkamanna á árinu 1991 en 1999 var hlutfallið komið niður í 43,8%. Grunnlífeyrir og tekjutrygging þarf þannig að hækka um 18% til að aldraðir haldi stöðu sinni gagnvart verkafólki. Það þyrfti því að auka lífeyrisgreiðslur um 3–4 milljarða kr. til að hlutfallið milli dagvinnulauna verkamanna og lífeyrisgreiðslna, þ.e. grunnlífeyris og tekjutryggingar, sé það sama nú og var árið 1991.

Ef miðað er við nýlega kjarasamninga stefnir í að grunnlífeyrir og tekjutrygging haldi áfram að lækka sem hlutfall af launum verkamanna og verður hlutfallið að óbreyttu komið niður í 42,4% árið 2003. Árið 1989 námu lífeyrisgreiðslur 80,2% af lágmarkslaunum verkakarla. Þetta hlutfall var 60,5% árið 1998 og 64% á sl. ári. Þau viðmið sem hér hafa verið nefnd ætti m.a. að hafa í huga þegar metnar eru leiðir til að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega.

Staða flestra lífeyrissjóða er sem betur fer traust og því munu aukin lífeyrisréttindi bæta kjör eldri borgara á komandi árum. Hlutur almannatrygginga í eftirlaunum mun minnka og lífeyrissjóðanna aukast. Þó ber að hafa í huga að þeir sem nú þegar eru komnir á eftirlaun munu ekki njóta þess, heldur aðeins þeir sem hefja töku lífeyris á komandi árum.

Eignastaða aldraðra hér á landi er yfirleitt góð og ber að fagna því. Þó er allt of algengt að tekjustaða þeirra sé slæm og þeim reynist erfitt að greiða skatta og skyldur af eignum sínum sem oftast eru fólgnar í íbúðum sem fólkið býr sjálft í og hefur mikinn kostnað af.

Húsnæðisaðstaða of margra er þó afar bágborin. 15% þeirra sem eru í 700 leiguíbúðum á vegum Reykjavíkurborgar eru aldraðir, eða vel á annað hundrað, og aldraðir á biðlista eftir leiguíbúðum hjá borginni eru 126. Á biðlistum eftir þjónustuíbúðum í Reykjavík eru 250 aldraðir og eftir hjúkrunarheimilum um 230.

Þannig bíða um 600 aldraðir eftir hjúkrunar- eða þjónustuíbúðum auk leiguíbúða, en stærsti hluti þessa hóps er í mjög brýnni þörf fyrir húsnæði, aðhlynningu eða þjónustu.

Sama gildir um öryrkja en stór hópur öryrkja er á leigumarkaði og langur biðlisti er eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu, en á fimmta hundrað bíða þar eftir húsnæði.

Lífeyrisþegar voru ekkert of sælir af kjörum sínum á árum niðursveiflu í efnahagslífinu 1988–1993, en þá var þó miklu betur reynt að tryggja að lífeyrir öryrkja og aldraðra fylgdi lágmarkslaunum, þrátt fyrir það að raunhækkun á tekjum hins opinbera hafi aðeins verið rúmir 4 milljarðar kr. á þessu sex ára tímabili.

Á sl. sex árum hefur aftur á móti orðið 64 milljarða kr. raunhækkun á tekjum hins opinbera. Þrátt fyrir þennan gífurlega tekjuauka hafa lífeyrisgreiðslur aldrei verið lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu, hvort sem miðað er við lágmarkslaun í þjóðfélaginu eða meðallaun verkamanna. Lífeyrisgreiðslur með fullri tekjutryggingu eru innan við 50 þús. kr. en lágmarkslaunin rúmlega 76 þús. kr.

Það er því deginum ljósara að lífeyrisþegar hafa ekki fengið sinn hlut í góðærinu og eiga raunar rétt og kröfu til þess að fá eðlilega og sanngjarna leiðréttingu á kjörum sínum. Ljóst er einnig að mikill tekjuafgangur á ríkissjóði, sem var á síðasta ári 26 milljarðar kr., er m.a. fenginn með því að taka af öldruðum og öryrkjum eðlilegan hlut þeirra í góðærinu.

Ákveðið var með lögum sem tóku gildi í byrjun árs 1998 að bætur almannatrygginga ættu að breytast í samræmi við þróun launa en hækka þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Á þessu tímabili hafa lífeyrisgreiðslurnar nær undantekningarlaust verið miðaðar við það sem lægst hefur gefið lífeyrisþegum, þ.e. vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu. Þannig hafa lífeyrisgreiðslurnar einungis hækkað um 11% á þessu tímabili en launavísitala hækkað mun meira, um 17%.

Á þessu ári hafa lífeyrisgreiðslur, þ.e. tekjutrygging og grunnlífeyrir, einungis hækkað um rúm 5% og það í áföngum á árinu, sem gerir um 1.500 kr. eftir skatt á lífeyri og fulla tekjutryggingu, en láglaunafólk, sem er með um 76 þús. kr. á mánuði, á að fá 8,9%.

Á undanförnum missirum hafa þær litlu hækkanir sem runnið hafa til lífeyrisþega iðulega verið teknar aftur með ýmsum hætti. Hér skal minnt á nokkur veigamikil atriði sem hafa skert kjör lífeyrisþega til viðbótar skerðingu á lífeyrisgreiðslum.

Skemmst er að minnast mikillar hækkunar á lyfjakostnaði um mitt þetta ár, um allt að 37% á algengum lyfjum. Nú er svo komið að sumir lífeyrisþegar og láglaunafólk geta ekki leyst út nauðsynleg lyf.

Húsnæðiskostnaður öryrkja og aldraðra hefur líka hækkað gífurlega á síðustu árum, ekki síst þeirra sem eru á leigumarkaði. Styrkir til bifreiðakaupa öryrkja eru líka færri og að raungildi lægri en þeir voru árið 1995. Auk þess hefur ríkisstjórnin afnumið þau hagstæðu bifreiðakaupalán sem öryrkjum stóðu áður til boða og vísar þeim nú á almennar lánastofnanir.

Benda má einnig á að skattleysismörk eru u.þ.b. þau sömu og í byrjun tíunda áratugarins. Þau hafa ekki aðeins dregist aftur úr launaþróun, heldur einnig vísitölu neysluverðs. Þessi raunlækkun vegur afar þungt fyrir lífeyrisþega og hefur veruleg áhrif á kaupmátt þeirra.

Frítekjumörk þeirra lífeyrisþega, sem ná því að fá rúmar 9 þús. kr. úr lífeyrissjóði og eiga ekki útivinnandi maka, hafa einnig dregist mun meira aftur úr launavísitölu en sjálfar bótaupphæðirnar.

Notkun síma er lífeyrisþegum mjög mikilvæg, ekki aðeins til að draga úr einangrun sem oft er að finna í þessum hópi, heldur er hér einnig um mikið öryggistæki að ræða. Verulega hefur dregið úr þeirri aðstoð sem öryrkjar og aldraðir hafa fengið til að standa undir afnotagjöldum.

Afar brýnt er orðið að móta heildarstefnu í málefnum aldraðra, m.a. út frá breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum, en öldruðum mun fjölga mjög hratt og mun meira hlutfallslega en þeim sem eru á vinnumarkaði.

Heildarstefnumótun í málefnum lífeyrisþega þarf auk tryggingagreiðslna að taka til heilbrigðis-, húsnæðis- og atvinnumála þeirra. Sérstaklega þarf að skoða markvissa stefnumótun í uppbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimila og sveigjanleg starfslok aldraðra.

Velferðarkerfið á Íslandi er miklu veikara en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld ríkissjóðs hér mun minni en annars staðar gerist. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru t.d. miklu lægri hér á landi en í flestum OECD-löndunum. Í samantekt, sem Kristinn Karlsson tók saman í október 1999 um útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum árið 1997, kemur fram að útgjöld til félags- og heilbrigðismála aldraðra og öryrkja, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru langlægst hér á landi. Á Íslandi er hlutfallið 7,7% af landsframleiðslu en allt upp í 17,3% af landsframleiðslu í Svíþjóð, 14,6% í Danmörku, 13,9% í Finnlandi og 12,4% í Noregi.

Í því efnahagsumhverfi sem við búum við nú er mjög brýnt að hafa öflugt velferðarkerfi sem tryggir að enginn þurfi að þola fátækt eða öryggisleysi. Í löndum þar sem óheft frjálshyggja og markaðshyggja er allsráðandi í stefnu stjórnvalda hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Þetta hefur líka gerst á Íslandi. Atvinnu- og ráðstöfunartekjur þeirra tekjuhærri í þjóðfélaginu hafa á undanförnum árum aukist mun meira en þeirra tekjulægri, þannig að misskiptingin hefur vaxið.

Þegar litið er til þess misréttis sem við blasir í tekjuskiptingunni er ljóst að öflugt markaðskerfi sem tryggir heilbrigða samkeppni kallar líka á styrkar stoðir velferðarkerfisins, annars breikkar bilið milli ríkra og fátækra eins og dæmin sanna. Þannig þarf samhliða öflugu markaðskerfi að tryggja öflugt og skilvirkt velferðarkerfi sem m.a. tryggir örugga afkomu þeirra sem höllum fæti standa og að allir geti lifað með fullri reisn.

Mikilvægt er að stjórnvöld líti til þess að hér er ekki aðeins um útgjöld að ræða heldur skilar hluti kostnaðarins sér til baka í formi beinna og óbeinna skatta, auk þess sem markmið tillögunnar er að vinna gegn félagslegri misskiptingu.

Árið 1998 voru lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum til aldraðra samtals 9 milljarðar kr. og 2,5 milljarðar kr. til öryrkja. Úr almannatryggingakerfinu voru hins vegar greiddir 10 milljarðar kr. í lífeyrisgreiðslur (grunnlífeyri og tekjutryggingu) til aldraðra og 3,5 milljarðar kr. til öryrkja.

Á næstu árum munu lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum enn aukast og má ætla að á síðasta ári hafi hlutur almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum verið svo til jafn, en að strax á þessu ári verði hlutur lífeyrissjóðanna meiri en almannatryggingakerfisins og fari upp úr því vaxandi. Hlutur lífeyrissjóðanna mun þannig jafnt og þétt stækka með auknum lífeyrisréttindum og hærra hlutfalli aldraðra af heildarfjölda þjóðarinnar.

Rétt og eðlilegt er því að horfa á lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja í þessu samhengi um leið og þjóðarsátt verði um það markmið að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem tryggi að enginn þurfi að una fátækt eða óvissu um kjör sín.

Tillagan gerir ráð fyrir því að kjör ungra öryrkja verði sérstaklega bætt og að með því verði viðurkennd sérstaða þeirra. Framfærslubyrði ungra öryrkja er oft mjög mikil, ekki síst ef þeir hafa fyrir fjölskyldu að sjá. Í því sambandi skal minnt á ályktun Öryrkjabandalagsins frá 1998. Þar var skorað á Alþingi að hækka grunnlífeyri sérstaklega og mest hjá þeim sem verða fyrir varanlegri örorku á æskuárum. Tillaga bandalagsins var sú að verði einstaklingur fyrir varanlegri örorku 20 ára eða yngri skuli grunnlífeyrir hans nema ekki lægri upphæð en 51.000 kr. á mánuði og fylgi sú upphæð þróun launavísitölu. Verði einstaklingur fyrir örorku síðar á starfsævinni skal grunnlífeyrir hans nema hlutfallslega lægri upphæð eða sem svarar

1,4% fyrir hvert ár umfram tvítugt uns ellilífeyrisaldri er náð. Flutningsmenn leggja til að þessi tillaga Öryrkjabandalagsins komi til skoðunar verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt.

Ætla má að það kosti a.m.k. 3–5 milljarða kr. að gera sérstakt átak í málefnum lífeyrisþega og ungra öryrkja eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir. Til álita kæmi að skipta þessum útgjöldum á tvö ár. Fyrri áfangi yrði um næstu áramót, 1. janúar 2001, með samningi um afkomutryggingu sem gerður yrði við samtök öryrkja og aldraða. Síðari áfangi yrði 1. janúar 2002 og yrði þá lokið endurskoðun almannatryggingakerfisins, en tillaga þessi gerir ráð fyrir að samningur um afkomutryggingu verði undirstaða nýrra laga um lífeyristryggingar almannatrygginga. Í undirbúningi eru tillögur til að mæta þessum útgjöldum, þar á meðal tilfærslur í skattkerfinu sem kynntar verða síðar.

58. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um áframeldi á þorski.

Flm: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason,
Kristinn H. Gunnarsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að Hafrannsóknastofnuninni verði heimilað í tilraunaskyni að úthluta allt að 500 lesta þorskkvóta árlega næstu fimm árin til áframeldis á veiddum þorski. Þessum aflaheimildum verði skipt í sjö jafna hluta og dreift um landið til einstaklinga. Jafnframt verði Hafrannsóknastofnuninni falið að skrá og fylgjast með tilrauninni og birta niðurstöður um reynslu tímabilsins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 126. löggjafarþingi en fékkst ekki útrædd. Hún er því endurflutt núna.

Að undanförnu hafa nokkrir einstaklingar stundað tilraunir með áframeldi þorsks. Ber flestum saman um að tilraunir þessar lofi góðu. Felast þær í að veiddum þorski er haldið lifandi en síðan komið fyrir í sjókvíum þar sem hann er alinn upp í sláturstærð. Dæmi eru um að fiskur hafi allt að tvöfaldað þyngd sína í kvíum á hálfu ári. Nemendur sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri hafa unnið nákvæma skýrslu um möguleika á þorskeldi af þessum toga. Margt bendir til þess að um geti verið að ræða arðbæran rekstur.

Í tillögunni er kveðið á um að Hafrannsóknastofnunin úthluti í tilraunaskyni næstu fimm árin allt að 500 lestum af þorskkvóta til sjö aðila á mismunandi stöðum á landinu. Gert er ráð fyrir að bátar, sem taka þátt í tilrauninni, komi með lifandi þorsk í sjókvíar en þar verði fiskurinn fóðraður í sláturstærð. Margt bendir til þess að eldisþorskur af þessum toga vaxi í heppilega sláturstærð á tiltölulega skömmum tíma með réttri fóðrun og að nýtingarhlutfall eldisþorsks sé betra en villts þorsks vegna sérstaks vaxtar í holdinu. Ormar virðast auk þess mun færri í eldisþorski og er hann því ódýrari til vinnslu en villtur þorskur. Þá skal á það bent að kostur eldisþorsks er m.a. sá að unnt er að stýra markaðssetningu hans eftir verðþróun þannig að hann fari á markað þegar verðið er hvað hæst. Hér getur verið um byggðavæna aðgerð að ræða sem felur í sér að aflaheimildir geti aukist í raun um allt að 20% frá úthlutuðum heimildum. Hafrannsóknastofnuninni er ætlað að annast yfirumsjá með tilraun

þessari, safna upplýsingum og birta niðurstöður í lok tímabilsins svo að marka megi áframhaldandi stefnu um málið.

Nágrannaþjóðir okkar, svo sem Norðmenn, Skotar og Hjaltlendingar, leggja nú mikla áherslu á seiða- og áframeldi á þorski. Ýmsir halda því fram að eldisþorskur kunni á næstu árum að hafa stórvægileg áhrif á markaðsverð þorsks. Áframeldi á þorski getur verið stoð fyrir slíka þróun og því augljóst að um verulega hagsmuni þjóðarinnar er að ræða.

59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um tryggingarskilmála vátryggingafélaga.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að endurskoða ákvæði laga um vátryggingastarfsemi er lúta að tryggingarskilmálum með það að markmiði að ábyrgð og skyldur tryggingafélaga gagnvart tryggingartaka verði skilgreindar nánar en nú er gert.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur athygli manna í auknum mæli beinst að réttarstöðu neytenda. Í ljós hefur komið að við setningu laga hefur ekki ávallt verið gætt jafnvægis milli kaupanda og seljanda hvers kyns þjónustu. Nokkur framför hefur þó orðið í þessum málum á undanförnum árum.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að sérstakri nefnd verði falið að endurskoða ákvæði þau er lúta að tryggingarskilmálum í lögum um vátryggingastarfsemi.

Aðstaða hins almenna tryggingartaka er veik gagnvart tryggingafélögunum. Mjög erfitt er fyrir hann að fá ákvæðum í stöðluðum tryggingarskilmálum breytt þótt hann hafi athugasemdir við þau og því stendur hann oft í þeim sporum að gangast undir tryggingarskilmála eða verða af tryggingaverndinni ella. Staða tryggingartaka er sérlega slæm að þessu leyti þegar um skyldutryggingar er að ræða því að þá er honum skylt að kaupa tryggingu þó svo að hann kunni að vera ósáttur við þá tryggingarskilmála sem bjóðast. Samkeppni milli tryggingafélaga virðist ekki nægja til að réttur manna sé tryggður að þessu leyti.

Í tilvikum þar sem einn aðilinn ber höfuð og herðar yfir annan vegna stærðar sinnar og sérfræðikunnáttu eru skyldur löggjafans mun meiri en almennt gerist til að tryggja að ákveðið jafnvægi og jafnræði ríki í viðskiptum milli aðila. Í þessu felst í raun kjarni nútímaneytendaverndar. Aðstaða tryggingafélaganna gagnvart tryggingartaka er í flestum tilvikum með þessum annmarka og því nauðsynlegt að löggjafinn tryggi sanngjarnt viðskiptaumhverfi.

Það er álit flutningsmanna að tryggja þurfi með skýrari hætti en nú er gert í lögum hverjar skyldur tryggingafélaganna eru og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Alkunna er að tryggingafélög ráða því hvaða aðilum þeir selja tryggingu og geta hafnað hverjum sem er án þess að gefa upp ástæðu þar að lútandi. Sem dæmi má nefna að félag feitra á í deilum vegna þess að einstaklingum hefur verið neitað um tryggingarkaup.

Einstaklingum hefur verið neitað um slysatryggingu þrátt fyrir að hafa lagt fram fullgild læknisvottorð um heilbrigði og hreint sakavottorð.

Fyrir dómstólum eru á hverjum tíma mörg mál sem einstaklingar hafa höfðað á hendur tryggingafélögum. Flutningsmönnum er kunnugt um marga sem telja sig fara halloka í viðskiptum við tryggingafélögin þó svo að þau mál hafi ekki endað sem dómsmál.

Það er álit flutningsmanna að skerpa þurfi verulega á og bæta við ákvæði laga um vátryggingastarfsemi sem lúta að neytendavernd.

60. Frumvarp til laga [60. mál]

um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Jóhann Ársælsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að víkja frá skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I ef gildar ástæður eru fyrir hendi að mati bótanefndar. Í þeim tilvikum þar sem bótanefnd hefur hafnað umsókn um greiðslu bóta á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína berist um það ósk frá umsækjanda. Umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar skal hafa borist bótanefnd innan árs frá gildistöku þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er gert ráð fyrir að bótanefndin geti, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, tekið til afgreiðslu umsóknir vegna tjóns sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna, þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé útrunninn.

Við setningu laganna um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota var miðað við að umsóknir um bætur vegna tjóns sem leiddi af brotum sem framin voru fyrir 1. júlí 1996 þyrftu að berast bótanefnd innan árs frá gildistöku laganna.

Þessi frestur var í stysta lagi og má til samanburðar nefna að almennur frestur laganna, sbr. 2. mgr. 6. gr., til að leggja fram umsókn er tvö ár frá því að brot var framið. Auk þess var með lögum nr. 118/1999 veitt heimild til að víkja frá skilyrðum 2. mgr. 6. gr. laganna ef veigamikil rök mæltu með því. Engin heimild er til að víkja frá settum fresti varðandi brot sem framin voru fyrir 1. júlí 1996.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum nr. 118/1999 kemur fram að lögunum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt sé gert ráð fyrir að önnur tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undantekningarheimild sem hér er lögð til nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr. en jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir ákvæðið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr.

Gert er ráð fyrir að auk þeirra tilvika sem nefnd eru í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 118/1999 geti gildar ástæður í þessu samhengi t.d. verið að tjón hafi

ekki verið komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en frestur samkvæmt lögunum rann út og framlagning umsóknar af þeim sökum erfiðleikum bundin. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að bótanefndin meti það út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

Til að taka af allan vafa er tekið fram að bótanefnd sé heimilt að endurskoða ákvarðanir sínar í þeim málum þar sem greiðslu bóta hefur verið hafnað á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Það heimildarákvæði sem hér er lagt til tekur aðeins til tjóns vegna brota sem framin voru fyrir gildistöku laganna þann 1. júlí 1996. Af þeim sökum og eins vegna þess að hér er um rýmra ákvæði að ræða en hið almenna ákvæði í 3. mgr. 6. gr. laganna er lagt til að umsókn um bætur eða beiðni um endurskoðun ákvörðunar samkvæmt ákvæðinu verði að hafa borist innan árs frá gildistöku ákvæðisins.

61. Fyrirspurn [61. mál]

til umhverfisráðherra um áhrif framræslu votlendis á fuglalíf.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvaða fuglategundir hafa horfið úr röðum íslenskra varpfugla að einhverju eða öllu leyti vegna framræslu votlendis, eða eiga í vök að verjast af þeim sökum?

62. Fyrirspurn [62. mál]

til umhverfisráðherra um verndaráætlun fyrir Breiðafjörð.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvað líður gerð verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð sem ber að gera samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar sem samþykkt voru árið 1995?

63. Fyrirspurn [63. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu löng bið er eftir greiningu og ráðgjöf hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins?
2. Á hvaða aldri eru þeir sem bíða, þ.e. hve margir í hverjum aldursflokki?
3. Eru einhverjir hópar fatlaðra sem njóta ekki þjónustu stöðvarinnar?
4. Eru uppi áform um úrbætur í málefnum stöðvarinnar og ef svo er, hverjar eru þær?

64. Fyrirspurn [64. mál]

til heilbrigðisráðherra um innkaup heilbrigðisstofnana.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hverjir hafa eftirlit með og endurskoða innkaup heilbrigðisstofnana sem eru á fjárlögum ríkisins og hvernig er því eftirliti háttað?
2. Hverjir samhæfa tækjakaup heilbrigðisstofnana til að koma í veg fyrir hugsanlega offjárfestingu?

65. Fyrirspurn [65. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu ríkisjarða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða ríkisjarðir hafa verið seldar á undanförnum fimm árum, hverjum var selt og á hvaða verði?
2. Hvernig var staðið að hverri sölu, var eignin auglýst, var um útboð að ræða eða hvaða háttur var hafður á við söluna?
3. Hvert var markaðsverð á sambærilegum eignum á sama tíma á sama svæði?
4. Hverjir eru eigendur þessara jarða í dag?

Skriflegt svar óskast.

66. Fyrirspurn [66. mál]

til heilbrigðisráðherra um bið eftir heyrnartækjum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hve langur biðtími er eftir heyrnarmælingu annars vegar og heyrnartækjum hins vegar? Hve mikið þurfa notendur þjónustunnar að greiða fyrir hana hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hve mikið hjá einkaaðila?
2. Hve mikið fjármagn hefur ríkisvaldið veitt árlega sl. fimm ár til heyrnarmælinga annars vegar og heyrnartækja hins vegar og hver hefur verið árleg fjölgun þeirra sem á þessari þjónustu þurfa að halda? Hvað má áætla að það kosti að tæma biðlistana?
3. Hve margir, börn og fullorðnir, bíða eftir fyrrgreindri þjónustu og hvernig hefur biðlistinn breyst á sl. þremur árum?
4. Hvaða áhrif hefur langur biðtími eftir heyrnartækjum á þroskaferil barna, félagslegt umhverfi og skólagöngu, þ.m.t. leikskóla?

5. Hvaða áhrif hefur langur biðtími eftir heyrnartækjum á félagslegt umhverfi og atvinnumöguleika fullorðinna?
6. Hvaða áform og áætlanir eru uppi um að stytta biðlista og hvernig réttlætir ráðherra langa bið eftir heyrnarmælingum og heyrnartækjum?

Skriflegt svar óskast.

67. Fyrirspurn [67. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslur fyrir tannlæknaþjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru árleg útgjöld Tryggingastofnunar og fjöldi þeirra sem fékk endurgreiðslu á tannlæknakostnaði sl. þrjú ár og hver hefðu þau orðið ef gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar hefði fylgt verðlagsþróun? Útgjöld óskast aðgreind eftir hópum í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.
2. Hve mikil er hlutfallsleg lækkun, sbr. 1. tölul., árlega sl. þrjú ár skipt milli hópa? Hvað má ætla að sú lækkun sé mikil í fjárhæðum að raungildi í heild? Sérstaklega óskast sundurgreind lækkun endurgreiðslna á þessum tíma fyrir lífeyrisþega annars vegar og börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaða einstaklinga 17 ára og eldri hins vegar miðað við endurgreiðslur Tryggingastofnunar til þessara hópa sl. þrjú ár.
3. Hvers vegna beitir ráðherra ekki ákvæðum 37. gr. almannatryggingalaga og setur einhliða gjaldskrá sem tekur mið af verðlagsþróun sl. þrjú ár?
4. Hver er staðan núna í samningaviðræðum milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar, hver eru helstu ágreiningsatriðin að mati ráðherra og hvað hyggst ráðherra gera til að leysa þann hnút sem samningamálin eru komin í? Mun ráðherra beita sér fyrir því að þeir sem hafa fengið skerta endurgreiðslu sl. þrjú ár fái mismun á nýrri og eldri gjaldskrá greiddan?

Skriflegt svar óskast.

68. Fyrirspurn [68. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikið hefur verið greitt úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja árlega sl. fimm ár og hvernig skiptast gjaldþrotin eftir atvinnugreinum? Hve hátt hlutfall eru greiðslurnar af heildartekjum sjóðsins?

2. Hvernig skiptast greiðslurnar skv. 1. tölul. eftir 5. gr. laga um ábyrgðasjóð:
   a. kröfur um vinnulaun,
   b. kröfur um orlofslaun,
   c. bætur vegna launamissis vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamninga,
   d. tjón af völdum vinnuslyss,
   e. vangoldin lífeyrisgjöld,
   f. annað?
3. Hve hátt hlutfall hafa greiðslur sjóðsins verið af heildarkröfum árlega sl. þrjú ár skipt í samræmi við a–g-lið 5. gr. laganna?
4. Hversu oft má ætla sl. fimm ár að skipt hafi verið um kennitölu í framhaldi af gjaldþroti og nýtt fyrirtæki stofnað í staðinn? Óskað er eftir sundurgreindum upplýsingum eftir rekstraraðilum eða atvinnugreinum liggi þær fyrir.
5. Er ástæða til að ætla að brögð séu að því og þeim fyrirtækjum fari fjölgandi sem ekki greiða lögboðin launatengd gjöld né standi skil á greiðslum launa eða opinberra gjalda?
6. Hvaða ástæður liggja að baki því að félagsgjöld til stéttarfélaga njóta ekki ábyrgðar hjá sjóðnum og er fyrirhugað að breyta því?

Skriflegt svar óskast.

69. Fyrirspurn [69. mál]

til heilbrigðisráðherra um útgjöld heimila til lyfja- og læknisþjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hefur hlutur heimilanna verið í heildarlyfjakostnaði annars vegar og heildarkostnaði við læknisþjónustu hins vegar frá árinu 1995? Óskað er eftir að fram komi árlegar breytingar á sambærilegu verðlagi í milljónum króna.
2. Hvaða breytingar hafa orðið árlega sl. fimm ár á hlut sjúklinga í greiðslum fyrir:
   a. sérfræðilæknisþjónustu,
   b. heilsugæsluþjónustu,
   c. röntgen- og rannsóknarþjónustu,
   d. lyf?

   Óskað er eftir að fram komi annars vegar hlutur sjúklinga af árlegum heildarkostnaði og hins vegar hlutur sjúklinga með og án sérstaks afsláttar. Fram komi hlutfallslegar breytingar á heildarkostnaði milli ára og einnig samanburður á kostnaði á sambærilegu verðlagi.
3. Hve háar hafa endurgreiðslur vegna lyfjakostnaðar verið árlega sl. fimm ár og hve margir hafa fengið endurgreiðslur?

Skriflegt svar óskast.

70. Fyrirspurn [70. mál]

til félagsmálaráðherra um réttarstöðu erlendra kvenna sem vinna á einkaheimilum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Er lokið könnun á aðstæðum, réttarstöðu og skyldum erlendra kvenna sem koma til landsins og vinna á einkaheimilum? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar könnunar?
2. Nær könnunin einnig til þeirra sem starfa á heimilum fulltrúa erlendra ríkja sem hér dvelja um lengri eða skemmri tíma?
3. Hafa kvartanir eða kærur borist frá erlendum konum sem vinna á einkaheimilum hér á landi? Ef svo er, hve margar eru kvartanirnar, hver tók við þeim og hvernig hefur verið unnið úr þeim?

71. Fyrirspurn [71. mál]

til menntamálaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

72. Fyrirspurn [72. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

73. Fyrirspurn [73. mál]

til umhverfisráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

74. Fyrirspurn [74. mál]

til dómsmálaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

75. Fyrirspurn [75. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

76. Fyrirspurn [76. mál]

til fjármálaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til landbúnaðarráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

78. Fyrirspurn [78. mál]

til forsætisráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

79. Fyrirspurn [79. mál]

til utanríkisráðherra um stöðu jafnréttismála í utanríkisþjónustunni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess erlendis? Ef svo er, hvenær var það gert og hvernig er áætluninni fylgt eftir?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?
5. Hversu margir
   a. starfa sem sendiráðsritarar,
   b. starfa sem sendiráðunautar,
   c. starfa sem sendifulltrúar,
   d. eru í starfi sendiherra

   og hvernig skiptast þeir eftir kynjum?

6. Fara þeir einstaklingar sem gegna þessum stöðum í sérstök hæfnispróf áður en stöðurnar eru veittar?

Skriflegt svar óskast.

80. Fyrirspurn [80. mál]

til sjávarútvegsráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

81. Fyrirspurn [81. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um styrkveitingar úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er heildarupphæð styrkja sem veittir hafa verið úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir sjóðum, árum, verkefnum og landsvæðum?
2. Hversu margir einstaklingar hafa fengið slíka styrki á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir kyni umsækjenda, sjóðum, upphæðum, árum, verkefnum og landsvæðum?

Skriflegt svar óskast.

82. Fyrirspurn [82. mál]

til utanríkisráðherra um stækkun Evrópusambandsins.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða afleiðingar hefur stækkun Evrópusambandsins fyrir hagsmuni Íslands í Evrópu?

83. Fyrirspurn [83. mál]

til utanríkisráðherra um endurskoðun á EES-samningnum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun á EES-samningnum sem ráðherra hefur ýtt úr vör?
2. Er ágreiningur milli Noregs og Íslands um þá framvindu mála?

84. Fyrirspurn [84. mál]

til fjármálaráðherra um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað líður sérstakri úttekt á áhrifum lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu?

85. Fyrirspurn [85. mál]

til landbúnaðarráðherra um tillögur vegsvæðanefndar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum vegsvæðanefndar?
2. Hver er afstaða ráðherra til þess að girða búfé af í beitarhólfum í stað þess að girða vegina af?

86. Fyrirspurn [86. mál]

til dómsmálaráðherra um meðlagsgreiðslur.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu mörgum hefur í meðlagsúrskurði verið gert að greiða tvöfalt meðlag með barni eða börnum við sambúðarslit eða hjónaskilnað sl. fimm ár? Hversu margir þeirra hafa staðið skil á þessum greiðslum?
2. Ef um vanskil er að ræða, hver er heildarupphæð vanskila og í hve mörgum tilvikum hefur verið leitað til dómstóla vegna slíkra mála?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggja betur að úrskurði um greiðslu á tvöföldu meðlagi verði framfylgt?

87. Fyrirspurn [87. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslur fyrir tjón af völdum jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Er lokið heildaruppgjöri á tjóni sem varð í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Ef svo er, hverjar voru heildargreiðslur vegna bótaskyldra tjóna og um hve margar eignir var að ræða?
2. Hafa þeir einstaklingar og fjölskyldur sem áttu lágt metnar eignir fengið styrki til endurbóta eða til að eignast nýtt húsnæði? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða? Hversu margir einstaklingar eða fjölskyldur sóttu um slíkan stuðning og hversu margir fengu styrk?
3. Voru eða verða veittir styrkir til þeirra fyrirtækja sem urðu fyrir verulegu tjóni í jarðskjálftunum sem ekki fæst bætt úr almennum tryggingum? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða? Hversu mörg fyrirtæki sóttu um styrk og hversu mörg fengu?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að fé verði veitt til heildarskoðunar á ástandi húsnæðis á jarðskjálftasvæðunum og ef svo er, hvenær mun slík úttekt fara fram?
5. Mun ráðherra skila skýrslu til Alþingis um jarðskjálftana sem urðu 17. og 21. júní 2000, afleiðingar og úrbætur, og ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

88. Fyrirspurn [88. mál]

til viðskiptaráðherra um tjón á útihúsum af völdum jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Í hve mörgum tilvikum var um að ræða bótaskylt tjón á útihúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Í hve mörgum tilvikum var um altjón að ræða?
2. Hverjar eru bótafjárhæðir viðlagatryggingar þegar um var að ræða altjón útihúsa, sundurliðað eftir eignum borið saman við þágildandi brunabótamat, endurstofnverð og áætlaðan endurbyggingarkostnað?
3. Var eða verður mismunur á útgreiddum bótum byggðum á brunabótamati útihúsa og raunverulegum endurbyggingarkostnaði sömu eigna greiddur þeim sem urðu fyrir tjóni?
4. Var eða verður þeim eigendum útihúsa þar sem um var að ræða bótaskylt tjón af völdum jarðskjálftanna bættur sá kostnaður sem hlaust af röskun og/eða breytingum á atvinnurekstri þeirra? Ef svo er, um hvaða fjárhæðir er að ræða?

Skriflegt svar óskast.

89. Fyrirspurn [89. mál]

til viðskiptaráðherra um greiðslur til sveitarfélaga vegna jarðskjálfta.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur verið tekinn saman sá kostnaður sem féll á sveitarfélög vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða og hver var kostnaður hvers sveitarfélags?
2. Hefur sveitarfélögunum verið bættur þessi kostnaður? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

90. Fyrirspurn [90. mál]

til dómsmálaráðherra um nálgunarbann.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvernig hafa ákvæði um nálgunarbann í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, nýst?
2. Hversu margar kærur hafa borist til lögreglu vegna háttsemi sem leitt getur til nálgunarbanns og hvernig hafa þær skipst á milli lögregluembætta?
3. Í hve mörgum tilfellum hefur lögregla krafist nálgunarbanns fyrir héraðsdómi?
4. Í hve mörgum tilfellum hefur héraðsdómur orðið við slíkri kröfu lögreglu?
5. Hvert er eðli þeirra mála sem upp hafa komið?
6. Hefur farið fram sérstök kynning fyrir lögreglumenn á ákvæðum um nálgunarbann?

Skriflegt svar óskast.

91. Fyrirspurn [91. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvað líður rannsókninni á ákvörðun refsinga við líkamsárásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum sem Alþingi ályktaði á 122. löggjafarþingi (þskj. 940, 484. mál) að dómsmálaráðherra léti fara fram og hvenær er áætlað að henni ljúki?
2. Hvenær má vænta niðurstaðna úr rannsókninni?
3. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til rannsóknarinnar og hvernig skiptast þeir milli einstakra þátta hennar?
4. Hverjir starfa við þessa rannsókn nú og hver er áætlaður heildarkostnaður við störf þeirra?
5. Er forgangsröðun á brotaflokkum í rannsókninni og ef svo er, hver er hún?

Skriflegt svar óskast.

92. Fyrirspurn [92. mál]

til viðskiptaráðherra um erlenda fjárfestingu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hversu mikil var erlend fjárfesting á Íslandi á árunum 1998, 1999 og 2000?
2. Hvernig skiptist sú fjárfesting á milli atvinnugreina?
3. Hvernig skiptist erlend fjárfesting á Íslandi milli landa í árslok 2000?
4. Hve mikil voru viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum sem skilgreind voru sem verðbréfaviðskipti?
5. Hversu hátt hlutfall erlendra fjárfestinga eru fjárfestingar eignarhaldsfyrirtækja sem eru í eigu Íslendinga?

Skriflegt svar óskast.

93. Fyrirspurn [93. mál]

til viðskiptaráðherra um óbeina fjárfestingu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig hefur óbein fjárfesting erlendra aðila í sjávarútvegi þróast eftir að hún var heimiluð?

Skriflegt svar óskast.

94. Fyrirspurn [94. mál]

til umhverfisráðherra um styttingu rjúpnaveiðitímans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvert er viðhorf ráðherra til þess að stytta rjúpnaveiðitímann og hefja veiðar t.d. 1. nóvember í stað 15. október í því skyni að hlífa stofninum við óhóflegu veiðiálagi og draga úr hættu á að akstur veiðimanna utan vega valdi landspjöllum?

95. Fyrirspurn [95. mál]

til menntamálaráðherra um lækkun virðisaukaskatts á bókum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að virðisaukaskattur á bókum verði felldur niður eða lækkaður, svipað og gert hefur verið í sumum nálægum löndum að undanförnu?

96. Fyrirspurn [96. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður efndum þeirra fyrirheita ríkisstjórnarinnar frá því fyrir síðustu alþingiskosningar að koma upp menningarhúsum á landsbyggðinni?

97. Fyrirspurn [97. mál]

til heilbrigðisráðherra um biðlista í heilbrigðiskerfinu.

Frá Þuríði Backman og Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur fjöldi sjúklinga á biðlistum og lengd biðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu þróast sl. fimm ár til haustsins 2001? Svarið óskast sundurliðað eftir helstu tegundum aðgerða og þjónustuflokka, skipt niður á þær heilbrigðisstofnanir sem framkvæma viðkomandi aðgerðir eða veita viðkomandi þjónustu.
2. Hvernig hefur fjöldi sambærilegra aðgerða eða sjúklinga sem sambærilegrar þjónustu nutu hjá viðkomandi stofnun þróast á fyrrgreindu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

98. Fyrirspurn [98. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvernig sinnir Íbúðalánasjóður því hlutverki sínu að „fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði“, sbr. 7. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998?
2. Hafa öll sveitarfélög séð til þess að húsnæðisnefndir geri árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, hafi milligöngu um, og hugsanlega frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoði einstaklinga við húsnæðisöflun, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna? Svar óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.
3. Hvernig er staðið að vinnu við árlega áætlanagerð um þörf á íbúðarhúsnæði hjá Reykjavíkurborg, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Akureyri í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laganna?
4. Hvernig hafa þau sveitarfélög sem hér hafa verið nefnd aðstoðað einstaklinga við húsnæðisöflun?
5. Hvað eru margir einstaklingar og fjölskyldur í áðurnefndum sveitarfélögum án húsnæðis?
6. Hvernig hefur Íbúðalánasjóður fylgst með áætlanagerð um íbúðarhúsnæði hjá Reykjavíkurborg, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Akureyri.

Skriflegt svar óskast.

99. Fyrirspurn [99. mál]

til heilbrigðisráðherra um samtengingu sjúkraskráa.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra heimilt að tengja sjúkraskrár á milli:
   a. heilsugæslustöðva eða heilbrigðisstofnana,
   b. heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa,
   c. aðgreindra deilda innan sjúkrahúsa,
   d. sjúkrahúsa?
2. Ef svo er, á hvaða lagaheimildum og útgefnum reglum er byggt í hverju tilviki (sbr. a–d-liði 1. tölul.)?
3. Er ráðuneytinu kunnugt um að brotið hafi verið gegn settum reglum og fyrirmælum um fyrrgreind atriði?
4. Hvaða tryggingu hefur sjúklingur fyrir því að upplýsingar sem hann gefur lækni um heilsu sína og hagi séu ekki aðgengilegar læknum sem ekki stunda viðkomandi sjúkling eða einstaklingum úr öðrum heilbrigðisstéttum?

Skriflegt svar óskast.

100. Fyrirspurn [100. mál]

til iðnaðarráðherra um sérstakt mat umsjónarnefndar á vegum Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður starfi svokallaðrar umsjónarnefndar á vegum Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem getið er í svari iðnaðarráðherra á þskj. 1414 á 126. löggjafarþingi (698. mál) við fyrirspurn á þingskjali 1114, en samkvæmt því svari var ekki vitað hvenær vænta mætti endanlegrar skýrslu frá nefndinni, en talið að hún mundi liggja fyrir á sama tíma og skýrsla Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar?

101. Fyrirspurn [101. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflamark í ýsu.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvert var úthlutað aflamark í ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári og því síðasta, sundurliðað eftir verstöðvum?
2. Hver var hlutdeild einstakra verstöðva í ýsukvótanum á yfirstandandi fiskveiðiári og því síðasta?

Skriflegt svar óskast.

102. Fyrirspurn [102. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskóla- og háskólanám með fjarkennslusniði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

3. Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði, annars vegar á háskólastigi og hins vegar á framhaldsskólastigi? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.
4. Hversu margir stunduðu slíkt nám á síðasta skólaári?
5. Hvaða skólar á framhaldsskólastigi og háskólastigi bjóða upp á slíkt nám?
6. Hversu margir stunda slíkt fjarnám við einstaka skóla?

Skriflegt svar óskast.

103. Fyrirspurn [103. mál]

til umhverfisráðherra um lífríkið á Hornströndum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Telur ráðherra tilefni til þess að bregðast við upplýsingum um að fjölgun refa og minka sé farin að hafa neikvæð áhrif á lífríkið í friðlandinu á Hornströndum?

104. Fyrirspurn [104. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Lyfjastofnun.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hver varð árangurinn af tilmælum ráðherra á árinu 2000 um að færa verkefni hinnar nýju Lyfjastofnunar, svo sem eftirlitsþætti, í auknum mæli út á land?

105. Fyrirspurn [105. mál]

til iðnaðarráðherra um orkukostnað lögbýla sem eru ekki tengd veitukerfum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra fól að kanna stöðu þeirra lögbýla sem eru ekki tengd veitukerfum orkufyrirtækjanna?

106. Fyrirspurn [106. mál]

til forsætisráðherra um opinber framlög til hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða hagsmunasamtök eða frjáls félagasamtök fá opinbert framlag til reksturs starfsemi sinnar með gjaldi sem ákvarðað er með lögum?
2. Hvaða lagaákvæði er um að ræða í hverju tilviki?
3. Um hve háa fjárhæð er að ræða í hverju tilviki sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

107. Fyrirspurn [107. mál]

til dómsmálaráðherra um skemmtanahald á útihátíðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður vinnu starfshóps sem settur var á stofn í kjölfar útihátíða um síðustu verslunarmannahelgi og ætlað var að fara yfir reglur um skemmtanahald á útihátíðum?

108. Fyrirspurn [108. mál]

til forsætisráðherra um störf hjá hinu opinbera.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hefur störfum hjá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum ellegar hlutafélögum sem þessir aðilar eiga 30% eða meira í, fjölgað eða fækkað frá árinu 1995?
2. Hversu mörg eru þessi störf til fjölgunar eða fækkunar frá árinu 1995, sundurliðað eftir árum?
3. Í hvaða atvinnugreinum og hjá hvaða aðilum hafa þessi störf helst verið?
4. Hversu mikið, á föstu verðlagi, hafa launaútgjöld aukist eða minnkað á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

109. Fyrirspurn [109. mál]

til umhverfisráðherra um skógræktarmál og Bernarsamninginn.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Getur ráðherra staðfest að alþjóðlegu fuglaverndarsamtökin Birdlife International hafi kært íslensk stjórnvöld til skrifstofu Bernarsamningsins í Strassborg fyrir að ógna fuglastofnum með stefnu sinni í skógræktarmálum?
2. Ef svo er, í hverju felst kæran, hefur skrifstofa samningsins tekið kæruna til greina og að hvaða ákvæðum samningsins lýtur kæran?
3. Hver er afstaða ráðherra í þessu máli?

110. Frumvarp til laga [110. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „vaxtabætur“ í 7. tölul. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/1987, sbr. lög nr. 122/1993, kemur: húsaleigubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 123. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fékk þá 14 umsagnir um málið. Einn aðili, Vinnumálasambandið, mælti gegn samþykkt frumvarpsins. Þeir sem eindregið studdu það voru eftirfarandi aðilar: BSRB, Öryrkjabandalag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Akureyrarbær, Leigjendasamtökin, Neytendasamtökin, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp, ASÍ, Reykjavíkurborg og Bandalag háskólamanna. Frumvarpið var síðan endurflutt á 125. og 126. löggjafarþingi en náði þá ekki heldur fram að ganga.

Frumvarpið er flutt til að tryggja að markmiðum laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur, um lækkun húsnæðiskostnaðar tekjulágra leigjenda verði náð og dregið úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru húsaleigubætur skattskyldar sem hverjar aðrar tekjur. Þá ber að staðgreiða skatt af húsaleigubótum skv. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skv. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru vaxtabætur með öllu undanþegnar skattskyldu. Svo húsaleigubætur nái tilgangi sínum að lækka húsnæðiskostnað leigjenda er nauðsynlegt að farið verði með slíkar greiðslur eins og vaxtabætur þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Mikið óréttlæti felst í því að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar. Nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Hér er því um að ræða tekjulægstu hópa þjóðfélagsins. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru hvorar tveggja aðstoð samfélagsins til að auðvelda fólki að standa straum af húsnæðiskostnaði. Því má líkja við brot á jafnræðisreglunni þegar bætur sem komið er á í nánast sama tilgangi, þ.e. að auðvelda fólki að fá húsaskjól, hljóta mismunandi meðferð í skattkerfinu.

Engin sanngirni er í því að þeir sem eiga íbúðir fái 3.300 millj. kr. skattfrjálsar í vaxtabætur, en af 200–300 millj. kr. húsaleigubótum, sem þeir verst settu fá, þurfi að greiða skatt. Einnig má benda á þá framkvæmd sem víða hefur verið komið á að húsaleigubætur koma í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga. Þótt tilgangurinn með því sé fyrst og fremst að koma á samræmdu húsaleigubótakerfi fyrir allan leigumarkaðinn, hvort sem um er að ræða félagslegar leiguíbúðir eða íbúðir á almenna markaðnum, getur þessi breyting í mörgum tilvikum þýtt að stærri hluti framfærslunnar hjá lægst launuðu hópunum fari í húsnæðiskostnað. Þannig getur húsaleigan við þá breytingu að færa húsaleigu í leiguíbúðum sveitarfélaga

upp í raunkostnað en greiða þess í stað húsaleigubætur þýtt mun hærri mánaðarleigu hjá stórum hópi lágtekjufólks, nema sveitarfélögin bæti þeim sérstaklega mismuninn. Auk þess þarf nú láglaunafólk sem áður fékk mikið niðurgreidda íbúð en engar húsaleigubætur að greiða skatt af breyttu formi hins opinbera á niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar, þ.e. af húsaleigubótunum. Skattur af húsaleigubótum bætist því ofan á minni niðurgreiðslu frá hinu opinbera í húsnæðisaðstoð til lágtekjufólks en áður var. Því til viðbótar bætast nú húsaleigubætur ofan á tekjur viðkomandi og hafa því áhrif til lækkunar á barnabótum, en skerðingarhlutfall barnabóta vegna tekna nemur 5% fyrir eitt barn, 9% fyrir tvö börn og 11% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Af framangreindu má vera ljóst að öll rök hníga í þá átt að jafnræði sé í skattalegri meðferð á húsaleigubótum og vaxtabótum. Það er tilgangur frumvarpsins. Nái það fram að ganga mun það bæta verulega afkomu tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu greiðslur húsaleigubóta árið 1997 321 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að margir geta nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu á skatti af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. kr. á ári, nái frumvarpið fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ákvæði um húsaleigubætur í 7. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en með þeirri breytingu verða húsaleigubætur skattfrjálsar.

111. Fyrirspurn [111. mál]

til samgönguráðherra um einbreiðar brýr.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margar einbreiðar brýr eru óbreikkaðar á þjóðvegi 1, sundurliðað eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan?
2. Hvaða áform eru uppi um breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1, sundurliðað eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan, og hver mun kostnaðurinn verða?

Skriflegt svar óskast.

112. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson,
Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. 1. tölul. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að um fiskiðnað gildi almennt sömu reglur og annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gildandi lögum um útgerð.

Samkvæmt gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri er þeim heimilt að eiga óbeinan hlut í íslenskum sjávarútvegi og ekki er gerður greinarmunur á veiðum og vinnslu nema að því er varðar tiltekna vinnsluþætti. Heimild til óbeinnar eignaraðildar var lögfest til að laga lögin að veruleikanum, en vitað var um óbeina eignaraðild erlendra fyrirtækja í sjávarútvegsfyrirtækjum og ekki var talið ráðlegt að fylgja fortakslausu banni eftir, eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Með því að heimila einungis óbeina eignaraðild voru því engir nýir möguleikar opnaðir.

Með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði, eins og í öðrum matvælaiðnaði, geta skapast ýmsir nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir annan matvælaiðnað þar sem mjög er nú sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki. Þekking erlendra aðila á Íslandi er lítil, hvort sem um er að ræða aðila í matvælaframleiðslu eða fjárfesta, en mestar líkur eru á að þekking þeirra tengist sjávarútvegi í einhverri mynd. Heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti því laðað að aðila sem síðar, eða jafnframt, vildu gerast þátttakendur í öðrum matvælaiðnaði.

Erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum mörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint í fiskvinnslu þýddi því ekki útflutning hráefnis miðað við reynslu okkar heldur gæti sú skipan mála eflt frekari vinnslu hérlendis.

Fjölmörg veigamikil rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum:

- Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru.
- Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.
- Lengi hefur verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. Það hefur helst gengið í stóriðju hingað til en lítið verið um fjárfestingar í öðrum greinum.

- Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geta örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.
- Fiskiðnaðurinn gæti sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé.
- Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum.
- Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis. Þróunin hefur verið sú að fyrirtæki verði til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af.
- Heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá geta orðið til hliðarfyrirtæki með nýjum umsvifum.
- Lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Ætlunin er eingöngu að bjóða upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og að ekki þurfi að fara kringum lögin. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá stofna sérstakt fyrirtæki um þann vinnsluþátt sem þau hyggjast efna til samstarfs um.

Í núgildandi lögum eru eftirtaldar vinnslu- og/eða geymsluaðferðir þegar undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Ef frumvarp þetta verður að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir aðilar fjárfestu í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu.

Þar sem sumar vinnsluaðferðir eru nú þegar undanþegnar lögunum um fjárfestingu erlendra aðila en í öðrum má eignaraðild einungis vera óbein verður framkvæmd laganna bæði flókin og erfið. Aðilar beina jafnvel samstarfinu í allt annan farveg en æskilegt væri þar sem erfitt getur verið að skipta vinnslunni upp eftir einstökum þáttum.

Íslendingar hafa undanfarin ár afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Afnám sérstakra takmarkana í fiskvinnslu er eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Í frumvarpinu er lagt til að orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 4. gr. laganna falli brott en með því ná takmarkanir við fjárfestingu erlendra aðila aðeins til útgerðar. Enn fremur er felld niður skilgreining á vinnslu sjávarafurða sem lýtur sérstökum takmörkunum.

Frumvarp sama efnis var flutt á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

113. Fyrirspurn [113. mál]

til utanríkisráðherra um fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur tillögum nefndar sem ráðherra skipaði um mótun fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar verið fylgt eftir?
2. Ef svo er, hver var niðurstaðan varðandi þau níu atriði þar sem nefndin taldi að úrbóta væri þörf samkvæmt sundurliðun í fylgiskjali með áliti nefndarinnar, þ.e. varðandi:
   a. lífeyrisréttindi maka flutningsskyldra starfsmanna,
   b. kostnaðarhlutdeild ráðuneytisins í skólagjöldum barna flutningsskyldra starfsmanna,

c. kostnaðarhlutdeild ráðuneytisins í forskólagjöldum barna flutningsskyldra starfsmanna,
d. styrki vegna fjölskylduheimsókna,
e. styrki vegna heimsókna barna starfsmanna til búsetustaðar erlendis,
f. öryggiseftirlit á heimilum flutningsskyldra starfsmanna erlendis,
g. tengsl barna starfsmanna sem búsett eru erlendis við íslenska skólakerfið, einkum með tilliti til íslenskukennslu og kennslu íslenskra fræða,
h. bókasöfn með íslensku efni í sendiráðum og fastanefndum sem hafi að geyma íslenskar bókmenntir, Íslendingasögur, myndbönd og hljóðsnældur á íslensku, svo dæmi séu tekin,
i. aðstoð vegna móðurmálskennslu fyrir börn flutningsskyldra starfsmanna við heimkomu?

114. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
a. Á eftir orðinu „Hlutafélögum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: samlagshlutafélögum.
b. Í stað orðsins „Sameignarfélögum“ í 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: Samlagsfélögum og sameignarfélögum.
c. Í stað orðsins „sameignarfélag“ í 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: samlagsfélag eða sameignarfélag.
d. Í stað orðsins „sameignarfélags“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: samlagsfélags eða sameignarfélags.
e. 4. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
a. Á eftir orðinu „hlutareiganda“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð.
b. Á eftir orðinu „hlutafélagi“ í 2. mgr. kemur: eða samlagshlutafélagi.

c. Á eftir orðinu „félagi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.
d. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996, eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga og áður fengins söluhagnaðar eftir því sem nánar er ákveðið í 11.–27. gr.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna og fengnar fyrningar við framtalsgerð á árinu 2002. Sama gildir um stofnverð ófyrnanlegra eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsársins 2001, sbr. 33. gr.
Við ákvörðun söluhagnaðar af ófyrnanlegum eignum sem einstaklingur hefur eignast fyrir árslok 2001 og ekki eru tengdar atvinnurekstri hans skal stofnverð þeirra hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

5. gr.

Orðin „þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

6. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum niðurfærslum skv. 31. gr. A og söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr., hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979 í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr.
b. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
c. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði og kaupverði, eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr.
e. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður“ í 3. málsl. 6. mgr. falla brott.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, sbr. 4. mgr. 10. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðið „framreiknaður“ í 4. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði og stofnverði að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr.
c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð þeirra að frádregnu jöfnunarverðmæti, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
c. Orðin „annarra en eigin bréfa“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
d. 6. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli frá árslokum 1996 til ársloka 2001 enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Orðin „þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tölul. 31. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Þó skal hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 2001 ákvarðast sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun árs 2001 eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

13. gr.

Orðin „án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr.“ í 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðið „framreiknaðs“ í 4. tölul. fellur brott.

b. 5. tölul. orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 67 ára aldri.

   Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða miðað við 67 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í fimmtán ár frá 67 ára aldri.

   Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 67 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára. Miða skal við að lífeyrissparnaður í séreign sé greiddur með jöfnum greiðslum í fimmtán ár frá 67 ára aldri.

   Við útreikning áunninna réttinda og framtíðarréttinda skal miða við 3,5% vexti.

   Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

   Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins.

c. Í stað orðanna „barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur“ í 7. tölul. kemur: og vaxtabætur.

d. 8. tölul. orðast svo: Matshækkun búfjár skv. 2. tölul. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

e. Við greinina bætist nýr töluliður svohljóðandi: Húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997.

18. gr.

4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður svohljóðandi: Niðurfærslu vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 74. gr.
b. Orðin „framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 7. tölul. falla brott.
c. Við 8. tölul. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Orðin „að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.

21. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „119.508“ í 1. málsl. kemur: 150.000.
b. 2. málsl. fellur brott.

24. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Í stað tilvísunar í „7. tölul. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. A laganna kemur: 8. tölul. 31. gr.

27. gr.

Á eftir 57. gr. B laganna kemur ný grein, 57. gr. C, svohljóðandi:

Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.

Stofni einstaklingur í atvinnurekstri einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hefur með höndum sams konar rekstur eða starfsemi skal sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Eigandi rekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr.
b. Félagið er tekur við rekstrinum skal skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr.

c. Við yfirfærsluna fær eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagngjald fyrir allar eignir og skuldir rekstrarins.
d. Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja stofnefnahagsreikningur, endurskoðaður af endurskoðanda eða skoðunarmanni, og yfirlýsing um yfirfærslu einkareksturs yfir í einkahlutafélag. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingunni skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Stofnverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í stofnefnahagsreikningi.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Endurgjald fyrir vinnu þeirra sem reikna skulu sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal eigi vera lægra en launatekjur launamanns hefðu orðið ef starfið hefði verið unnið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um lágmark reiknaðs endurgjalds og framkvæmd þessara ákvæða að öðru leyti. Við ákvörðun lágmarks reiknaðs endurgjalds skal höfð hliðsjón af kjarasamningum og raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið til samræmis við þá fjárhæð, sem til viðmiðunar er samkvæmt þeim reglum, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi gjaldandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning sem gefa skattstjóra tilefni til að fallast á lægra reiknað endurgjald. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta að umfangi starfs, starfsemi og afkomu rekstrarins svo og starfstíma og aðstöðu viðkomandi manns, aldurs hans og heilsu.

Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Reiknað endurgjald elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur skal ekki ákveðið hærra en svo að ekki myndist við það tap á rekstrinum.

29. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tölul. 62. gr. laganna kemur: 8. tölul. 1. mgr. 31. gr.

30. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „26,08“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 25,75.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „20“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: 15.
b. Í stað hlutfallstölunnar „13“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 10.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „30“ í 1. mgr. kemur: 18.
b. Á eftir orðinu „sameignarfélaga“ í 2. mgr. kemur: og samlagsfélaga.
c. Í stað hlutfallstölunnar „38“ í 2. mgr. kemur: 26.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. Orðin „og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 1. tölul. falla brott.
b. Orðin „og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.“ í 1. mgr. 3. tölul. falla brott.
c. Orðin „án endurmats“ í 2. mgr. 3. tölul. falla brott.
d. Við 4. tölul. bætist við nýr málsliður svohljóðandi: Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði.
e. Orðin „eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.“ í 8. tölul. falla brott.

34. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Sama gildir um sambærileg markaðsverðbréf og skuldabréf gefin út af aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ á tveimur stöðum í greininni kemur: 4.720.000.
b. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ kemur: 0,6.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 0,6.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ í 2. og 3. mgr. kemur: 4.720.000.

37. gr.

Í stað orðanna „skriflega rökstudda kæru“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur: rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

38. gr.

Á eftir 105. gr. laganna kemur ný grein, 105. gr. A, svohljóðandi:

Áætlanagerð og hagrannsóknir.

Fjármálaráðherra getur óskað eftir skýrslum frá skattstjórum, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, í því formi er hann ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða áætlanagerð og hagrannsóknir fjármálaráðuneytisins.

39. gr.

7. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóra er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr., setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

40. gr.

Við 4. mgr. 117. gr. laganna bætast sex nýir málsliðir svohljóðandi: Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 50.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en fjármálaráðherra lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald samkvæmt þessari málsgrein. Ákvörðun um fjárhæð gjalds samkvæmt þessari málsgrein er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

41. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum svo breytt.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða XLI, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 149/2000, orðast svo:

   Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2001 skal árið 2002 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

   Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.865.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.730.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

   Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.865.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.865.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

   Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Við bætast fimm ný ákvæði, svohljóðandi:

   A. (I.)

   Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2002 skal árið 2003 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

   Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.980.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.960.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

   Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.980.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.980.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

   Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2002 til desember 2002. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001 umfram 3.980.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 7.960.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst 2002 til og með desember 2002. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

B. (II.)

Við framtalsgerð á árinu 2003 skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga og færa með öðru eigin fé í efnahagsreikningi.

C. (III.)

Heimilt er að færa til frádráttar rekstrartekjum eftirstöðvar rekstrartapa áranna 1994 til og með 2001 í samræmi við ákvæði 8. tölul. 31. gr., eftir að eftirstöðvarnar hafa verið framreiknaðar samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

D. (IV.)

Aðilar sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 2. mgr. 13. gr., 4. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 5. mgr. 17. gr. eða 2. mgr. 27. gr. fyrir gildistöku laga þessara skulu hækka söluhagnaðinn eða eftirstöðvar hans samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

E. (V.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í B-lið 69. gr. og 78. gr. sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3,0% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess árs.
b. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,25% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2004 vegna tekna á árinu 2003 og eigna í lok þess árs.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

43. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.277.058“ í a-lið 3. gr. laganna kemur: 6.332.500.

44. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
Lögin falla úr gildi 31. desember 2002.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

45. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,34“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 5,11.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

46. gr.

Við 2. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um mann sem launagreiðandi skal ákveða endurgjald fyrir skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr.

47. gr.

2. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

48. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Manni sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald, sbr. 59. gr. laga nr. 75/1981, fyrir 20. janúar ár hvert á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðandi sem hefur í þjónustu sinni starfsmann sem ákveða skal endurgjald fyrir skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 skal við staðgreiðslu reikna honum endurgjald í samræmi við reglur ríkisskattstjóra, sbr. 59. gr. sömu laga.
Telji skattstjóri að endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., á staðgreiðsluári sé lægra en samræmist reglum ríkisskattstjóra skv. 59. gr. laga nr. 75/1981 skal hann ákvarða endurgjaldið í samræmi við þær reglur. Þó má skattstjóri víkja frá lágmarki endurgjalds samkvæmt reglum ríkisskattstjóra við ákvörðun sína á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

49. gr.

25. gr. laganna fellur brott.

50. gr.

3. málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna orðast svo: Birta skal reglur reikningsskilaráðs í B-deild Stjórnartíðinda.

51. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. laga um ársreikninga og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

Endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. b-lið 25. gr. þessara laga má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

52. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

53. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 30. gr. laga um bókhald og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé efnahagsreiknings.

VII. KAFLI
Gildistaka laganna.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003. Þó skulu ákvæði 1. gr., a-, b- og c-liðir 3. gr., b- og c-liðir 17. gr., c-liður 19. gr., 34. gr., a-liður 35. gr., b-liður 36. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., 41. gr., a-liður 42. gr., 43. gr. og 50. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002. Ákvæði 45. gr. öðlast gildi 1. janúar 2003 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári og álagningu á árinu 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt auk breytinga á lögum um sérstakan eignarskatt, lögum um tryggingagjald, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Í stórum dráttum má skipta þessum breytingum í fjóra meginþætti.

Í fyrsta lagi er um að ræða margvíslegar breytingar á skatthlutföllum og viðmiðunarstærðum skattkerfisins bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Þannig lækka tekjuskattar fyrirtækja umtalsvert og sama má segja um eignarskatta fyrirtækja. Eignarskattar einstaklinga lækka einnig verulega, auk nokkurrar lækkunar á tekjuskatti þeirra, jafnt á almenna skatthlutfallinu og viðmiðunarmörkum „hátekjuskattsins“. Á móti er gert ráð fyrir tiltölulega litilli hækkun á tryggingagjaldi til þess að geta stigið stærri skref en ella í skattalækkunum. Í öðru lagi er afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum og reikningsskilum sem er stórt skref í átt að aðlögun okkar kerfis að kerfum annarra ríkja. Í þriðja lagi er lagt til að skattaleg meðferð einstaklinga í atvinnurekstri við yfirfærslu rekstrar í einkahlutafélag lúti sömu reglum og yfirfærslur milli annarra félagaforma. Í fjórða lagi eru ýmsar aðrar breytingar er fyrst og fremst snúa að túlkun og framkvæmd laganna, auk nokkurra lagfæringa. Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir hverjum þessara þátta.

1. Skattabreytingar fyrirtækja og einstaklinga.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á skattalögum, sem varða bæði einstaklinga og fyrirtæki. Tekjuskattar fyrirtækja lækka verulega og sama má segja um eignarskatta fyrirtækja og einstaklinga. Nokkur lækkun verður einnig á tekju-

skatti einstaklinga auk þess sem skattskylda húsaleigubóta fellur niður. Á móti er gert ráð fyrir lítilsháttar hækkun á tryggingagjaldi. Breytingarnar taka gildi á árunum 2002–2003.

Ekki er auðvelt að meta áhrif þessara aðgerða á afkomu ríkissjóðs. Ef einungis er horft til bráttóáhrifa, þ.e. án tillits til hugsanlegra áhrifa þeirra á almenna framvindu efnahagsmála og þar með einnig á afkomu ríkissjóðs, má ætla að tekjur ríkissjóðs gætu lækkað um nálægt 7 milljarða króna á næstu þremur árum. Þessi fjárhæð gefur hins vegar engan veginn rétta mynd af stöðunni þar sem hér er alveg litið fram hjá ýmsum veigamiklum efnahagslegum áhrifum þessara aðgerða sem munu m.a. birtast í auknum fjárfestingum, aukinni atvinnu, aukinni tekjumyndun og almennt auknum umsvifum í þjóðarbúskapnum. Meðal annars má ætla að þessar aðgerðir muni leiða til bæði aukinna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi og koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki flytji starfsemi sína til útlanda. Jafnframt má ætla að lækkun eignarskatta skili sér að hluta í auknum þjóðhagslegum sparnaði og að hluta í aukinni veltu. Öll þessi atriði eru í reynd grundvallarforsenda þess að gripið er til þessara aðgerða.

Niðurstöður útreikninga á efnahagslegum áhrifum aðgerðanna benda til þess að nettóáhrif skattalækkana af þessari stærðargráðu á afkomu ríkissjóðs séu um það bil helmingur þeirrar fjárhæðar sem áður var nefnd, eða nálægt 3,5 milljörðum króna. Jafnvel má telja sennilegt að jákvæðu áhrifin verði mun meiri, ekki síst þegar fram í sækir. Í þessu sambandi má benda á að þegar tekin var ákvörðun um samræmdan fjármagnstekjuskatt, sem m.a. fól í sér umtalsverða lækkun á skattlagningu arðs, söluhagnaðar af hlutabréfum og húsaleigu, var gert ráð fyrir að hugsanlegt tekjutap mundi skila sér til baka vegna aukinna umsvifa og viðskipta á fjármagnsmarkaði. Sú varð líka raunin og reyndar gott betur þar sem skatttekjurnar tvö- til þrefölduðust frá því sem áður var og urðu miklu meiri en jafnvel bjartsýnustu áætlanir gerðu ráð fyrir fyrirfram. Þetta sýnir hve erfitt er að meta áhrif svo umfangsmikilla skattkerfisbreytinga sem hér um ræðir og því allt eins líklegt að hér sé varlega áætlað.

Enn fremur er fróðlegt að skoða hvernig tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum fyrirtækja hafa þróast á undanförnum árum. Árið 1991 skiluðu tekjuskattar fyrirtækja rétt um 5 milljörðum króna í ríkissjóð. Þessi fjárhæð var tvöfalt hærri árið 2000, hvort tveggja reiknað á verðlagi þess árs. Á sama tíma hafði skatthlutfallið hins vegar lækkað úr 45% í 30%. Þótt hér blandist vissulega inn í áhrif efnahagsuppsveiflunnar má heldur ekki gleyma þætti skattalækkunarinnar í þessari uppsveiflu.

Veigamestu atriði frumvarpsins varðandi skattabreytingar eru eftirfarandi:

- Lækkun tekjuskatts hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð úr 30% í 18% á árinu 2002 sem kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2003. Á sama tíma lækkar tekjuskattur sameignarfélaga og samlagsfélaga úr 38% í 26%.
  - *Bráttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -2.700 m.kr.*
- Afnám verðbólguleiðréttinga frá 1. janúar 2002.
  - *Áhrif á tekjur ríkissjóðs eru óveruleg.*
- Hækkun fríeignamarka eignarskatts og sérstaks eignarskatts einstaklinga um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar fasteignamats.
  - *Bráttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -1.000 m.kr. ef ekki kæmi til þessi hækkun.*
- Afnám sérstaks eignarskatts lögaðila og einstaklinga í árslok 2002.
  - *Bráttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -800 m.kr.*
- Helmings lækkun almenns eignarskatts lögaðila og einstaklinga, þ.e. úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002.
  - *Bráttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -3.100 m.kr.*

- Lækkun á tekjuskatti einstaklinga úr 26,08% í 25,75% frá 1. janúar 2002.
  - *Brúttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -1.250 m.kr.*
- Hækkun frítekjumarka í sérstökum tekjuskatti einstaklinga um 15% vegna tekna á árinu 2001.
  - *Brúttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -600 m.kr.*
- Skattskylda húsaleigubóta afnumin á árinu 2002.
  - *Brúttóáhrif á tekjur ríkissjóðs -150 m.kr.*
- Hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,77% sem kemur til framkvæmda í staðgreiðslu frá 1. janúar 2003.
  - *Brúttóáhrif á tekjur ríkissjóðs 2.500 m.kr. Þar af greiða atvinnufyrirtæki þrjá fjórðu hluta.*

Auk framantaldra breytinga sem allar felast í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir lækkun stimpilgjalds frá 1. janúar 2003 sem áætlað er að kosti ríkissjóð um 900 m.kr. á ári. Jafnframt er á döfinni að heimila fyrirtækjum að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt frá 1. janúar 2002 að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Frumvörp þessa efnis verða lögð fyrir Alþingi á næstunni.

Nú er tæplega áratugur frá því að gripið var til umfangsmikilla skattalækkana á fyrirtæki til þess að treysta stöðu atvinnulífsins og koma efnahagslífinu upp úr þeirri lægð sem það var í. Hæst bar verulega lækkun tekjuskatts fyrirtækja og afnám aðstöðugjalds. Með þessu varð skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi með því besta sem þekktist í okkar helstu viðskiptalöndum.

Frá þessum tíma hafa hins vegar orðið stórfelldar breytingar á alþjóðavettvangi sem hafa gjörbreytt þessari stöðu. Samhliða auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa augu stjórnvalda í vaxandi mæli beinst að því að treysta samkeppnisstöðu fyrirtækja, meðal annars með lækkun fyrirtækjaskatta. Af hálfu atvinnulífsins hefur verið brugðist við þessum breyttu aðstæðum með aukinni hagræðingu, sameiningu fyrirtækja o.fl. Þessi þróun var og er nauðsynleg til þess að fyrirtæki geti mætt sífellt aukinni samkeppni erlendra keppinauta þar sem landamæri skipta sífellt minna máli og fjármagn og fyrirtæki leita einfaldlega til þeirra landa sem bjóða hagstæðustu aðstæðurnar.

Íslenskt atvinnulíf býr að mörgu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar o.fl. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Enn fremur bendir margt til þess að íslenskt atvinnulíf búi ekki lengur við það forskot sem hér ríkti í skattalegu tilliti á síðasta áratug. Þetta á bæði við um tekjuskattshlutfallið, sem í dag er rétt undir meðallagi OECD-ríkjanna, en var langt fyrir neðan það fyrir tæplega áratug. Einnig er rétt að hafa í huga að samhliða lækkun skatthlutfallsins hér á landi var skattstofninn breikkaður með afnámi ýmissa frádráttarheimilda og er skattstofninn því óvíða jafn breiður og hér. Eins má halda því fram að álagning eignarskatta á fyrirtæki líkt og hér er gert sé að verða einsdæmi meðal vestrænna ríkja, enda hafa flest ríki sem enn lögðu eignarskatta á fyrirtæki í upphafi síðasta áratugar fellt þá niður. Sömu sögu má segja um álagningu stimpilgjalds sem rýrir samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Tillögur OECD í nýlegri úttekt á íslenska skattkerfinu hníga einnig í sömu átt.

Álagning eignarskatta í núverandi mynd er að mörgu leyti barn síns tíma og endurspeglar viðhorf til skattlagningar sem voru ríkjandi þegar eignamyndun og fjármagnsstraumar voru með öðrum hætti en nú er. Aukin alþjóðavæðing og opnari fjármagnsmarkaðir leiða hins

vegar glöggt í ljós ýmsa augljósa galla eignarskatta og gera endurskoðun álagningar þeirra mjög brýna. Þetta á sérstaklega við um eignarskatta fyrirtækja sem hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu og hvetja til aukinnar eyðslu og halda þar með aftur af framleiðni- og hagkvæmniþróun í atvinnulífinu.

Með upptöku samræmds fjármagnstekjuskatts með 10% skatti á nafnvexti sem áður voru skattfrjálsir og lækkun skatta á öðrum fjármagnstekjum má enn fremur segja að veigamiklar forsendur fyrir álagningu eignarskatta á einstaklinga hafi brostið. Enda hefur verið á það bent að skattlagning á fjármagnstekjum getur orðið afar há þegar áhrif eignarskatta eru tekin með í reikninginn. Það er því mjög náið samhengi milli fjármagnstekjuskatts og eignarskatta og nauðsynlegt að taka tillit til þess við mat á heildarskattlagningu fjármagns. Af ýmsum ástæðum var þó á þessum tíma ekki talið tímabært að afnema eignarskatta samhliða álagningu fjármagnstekjuskatts, ekki síst þar sem fyrstu áætlanir gáfu til kynna að fjármagnstekjuskatturinn mundi skila miklu minni tekjum en eignarskattarnir.

Af þessum ástæðum er eðlilegt að stíga myndarlegt skref í átt til lækkunar eignarskatta einstaklinga. Jafnframt eru gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að nýleg hækkun fasteignamats leiði til hækkunar eignarskatta einstaklinga á næsta ári með hækkun fríeignamarka. Loks eru frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga, sem stundum er ranglega nefndur „hátekjuskattur“, hækkað enda leggst skatturinn núorðið í auknum mæli á fólk með tekjur rétt yfir meðaltali þar sem viðmiðunarmörkin hafa dregist verulega aftur úr almennri launaþróun undanfarin ár. Þá er einnig rétt að hafa í huga að nú þegar hefur verið ákveðið að lækka tekjuskattshlutfallið um 0,33% um næstu áramót.

Til þess að auka svigrúm ríkissjóðs til lækkunar á tekju- og eignarsköttum er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,77 prósentustig sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu frá 1. janúar 2003.

Efnahagsleg rök fyrir þessum breytingum eru margvísleg. Hér er valin sú leið að lækka skatta á fjármagn og hækka skatta á vinnuafl sem er rökrétt miðað við ríkjandi aðstæður hér á landi og stuðlar að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Einnig er rétt að hafa í huga að tryggingagjöld hér á landi eru tiltölulega lág miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum jafnvel þótt tekið sé tillit til lífeyrisiðgjalda. Hér eru jafnframt á ferðinni einhverjar umfangsmestu skattalækkunaraðgerðir sem gripið hefur verið til gagnvart atvinnulífinu hér á landi. Enginn vafi er á að þær munu örva atvinnulífið og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu þess, bæði fyrir tilstilli innlendra og erlendra fyrirtækja, og þannig renna traustari stoðum undir íslenskt efnahagslíf. Af þessum ástæðum geta þessar aðgerðir fyllilega samrýmst áframhaldandi traustri og aðhaldssamri hagstjórn þar sem þær munu, þegar upp er staðið, stuðla að stækkun skattstofna sem vegur upp á móti þeirri tekjulækkun sem verður í upphafi. Hins vegar er áfram mikilvægt að gæta ítrasta aðhalds í ríkisfjármálum.

2. Afnám verðbólguleiðréttinga.

Árið 1998 skipaði fjármálaráðherra nefnd til skoða verðbólgureikningsskil. Verkefni nefndarinnar var að draga fram og meta kosti þess og galla að hverfa frá verðbólgureikningsskilum, jafnframt því að gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar. Nefndin skilaði skýrslu sinni til fjármálaráðherra í júní sl. ásamt þeirri megintillögu að lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt þannig að öll ákvæði laganna um leiðréttingar fyrir áhrif verðlagsbreytinga verði felld niður. Jafnframt lagði hún til að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga.

Í frumvarpinu er að finna lagalega útfærslu á tillögum nefndarinnar, en skýrsla hennar ásamt fylgiskjölum fylgir hér með sem fylgiskjal I. Til frekari glöggvunar er þó í eftirfarandi umfjöllun tæpt á helstu atriðum tillagnanna.

Verðbólguleiðréttingar skattskila hafa tíðkast hér á landi í rúmlega tvo áratugi. Upphaf þeirra verður rakið til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, en áður en þau lög komu til framkvæmda voru gerðar veigamiklar breytingar á þeim með lögum nr. 7/1980 og aftur með lögum nr. 25/1978. Þannig breytt voru lög um tekjuskatt og eignarskatt síðan endurútgefin sem lög nr. 75/1981 sem enn eru í gildi.

Allan áttunda áratuginn ríkti hér á landi ástand óðaverðbólgu og ekki seinna vænna að margra áliti að takast á við vandann við reikningsskil og skattálagningu. Á ýmsum tímum höfðu þó verið gerðar tímabundnar breytingar á ákvæðum skattalaga í því augnamiði að lagfæra skattstofna vegna áhrifa hennar. Má þar nefna endurmat fyrnanlegra eigna, flýtifyrningar, verðstuðulsfyrningar, niðurfærslu vörubirgða og skattfrelsi söluhagnaðar eftir tiltekinn eignarhaldstíma.

Markmið fyrrgreindra lagabreytinga á árum 1978 og 1981 var hins vegar það að bæta afkomuhugtakið sjálft og allt eignamat með því að aðlaga það verðbólgunni. Tekið var upp árlegt endurmat fastafjármuna og fyrningareglum var breytt, svo og reglum um skattlagningu söluhagnaðar. Verðbreytingarfærslan var innleidd en hún hafði meðal annars þann tilgang að færa áhrif verðbreytinga á peningalegar eignir og skuldir í rekstrarreikning þannig að afkoma eftir færslu verðbreytingarfærslunnar sýni raunverðsbreytingu á eigin fé sem stafar af rekstri. Þessi mismunur á peningalegum eignum annars vegar og skuldum hins vegar gefur tilefni til gjaldfærslu ef eignir eru hærri en skuldir, en tekjufærslu ef skuldir eru umfram eignir sem svarar til almennra verðlagsbreytinga.

Hækkun verðbreytingarstuðuls milli ára, %

1980	45,51	1991	19,16
1981	54,91	1992	6,18
1982	53,49	1993	1,17
1983	53,78	1994	3,11
1984	71,67	1995	1,84
1985	26,72	1996	3,21
1986	28,68	1997	6,08
1987	28,43	1998	2,02
1988	17,95	1999	1,27
1989	18,48	2000	5,61
1990	22,24	2001	4,18

Umfang verðbólguleiðréttinga. Áhrifin af verðbólguleiðréttingum skattalaga hafa verið mikil, einkum á því tímabili þegar verðbólgan var sem hæst. Fyrstu fimm árin eftir að lögin komu til framkvæmda var verðleiðrétting samkvæmt ákvæðum skattalaga yfir 40% en framtalsárið 1984 fór hún í tæp 72%. Næstu sjö árin þar á eftir var verðbreytingin á bilinu 19% til 29% en hefur síðan verið undir 7%. Á framtalsárinu 2001 er verðbreytingarstuðullinn 1,0418 og verðbreytingin milli ára því 4,18%. Í töflunni hér að framan er til fróðleiks stillt upp hækkun verðbreytingarstuðuls milli ára frá upphafi.

Áhrif verðbólguleiðréttinga. Með því að falla frá verðleiðréttum skattskilum er í raun farið að skattleggja nafnverðsafkomu í stað raunverðsafkomu sem á verðbólgutímum getur leitt til hugsanlegrar ofsköttunar. Þá þykja verðbólgureikningsskil fræðilega réttari, auk þess að ná betur því markmiði að sýna raunverulega afkomu og efnahag fyrirtækja. Með verðleið-

réttum skattskilum er verið að leitast við að skattleggja raunhagnað fyrirtækjanna. Á hinn bóginn er ljóst að taka má tillit til hugsanlegrar ofsköttunar eftir öðrum aðferðum en beinum verðleiðréttingum.

Verðleiðrétting skattskila fyrir áhrifum verðbólgu getur verið vandkvæðum bundin og hafa fáar þjóðir lögleitt slíkar reglur og þá eingöngu þjóðir þar sem veruleg verðbólga ríkir. Sú leið sem valin var hér á landi felur í raun í sér mjög mikla einföldun þar sem verðleiðréttingin miðast við heildarstærðir í byrjun reikningsárs og reglur um árlegt endurmat eigna og afskriftir eru hafðar einfaldar. Þrátt fyrir að aðferðin sé einföld er nokkur vinna við að gera skattskil í samræmi við verðbólguákvæði skattalaga bæði hjá þeim sem framkvæma uppgjörið og hjá þeim sem vinna við skatteftirlit.

Þegar verðbólga er lág minnkar þörfin fyrir að leiðrétta skattstofna vegna hennar. Miðað við núverandi aðstæður má því spyrja hvort ástæða sé til að viðhalda þessum verðleiðréttingum og leggja í þá vinnu sem því fylgir. Auk þess er allur samanburður við reikningsskil erlendra fyrirtækja ómarktækur vegna verðbólguleiðréttra reikningsskila hér á landi, en eins og áður hefur komið fram hefur ekkert af nágrannaríkjum okkar talið ástæðu til að taka upp árlegar verðleiðréttingar á sama hátt og við. Vaxandi alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja kallar einnig á samræmingu í reikningsskilum við önnur lönd.

Áhrif verðbólguleiðréttinga á skattskil. Í skýrslu nefndar um verðbólgureikningsskil, sbr. fylgiskjal I, er að finna niðurstöður athugunar nefndarinnar á áhrifum verðleiðréttra skattskila á skattgreiðslur rúmlega 10 þúsund fyrirtækja fyrir rekstrarárin 1998 og 1999. Leitast var við að endurreikna skatta þessara fyrirtækja eftir að færslur vegna verðbólguleiðréttinga voru teknar út. Ekki er um að ræða sama hóp fyrirtækja bæði árin, en niðurstöðurnar ættu þó að gefa nokkuð góða mynd af útkomunni þessi tilteknu ár. Rétt er að vekja athygli á að ekki er tekið með í þessa útreikninga sjálfstæð starfsemi eða atvinnurekstur einstaklinga.

Þegar á heildina er litið hækka heildargreiðslur tekjuskatts lítillega bæði árin, en breytingin er mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Breytingin er meiri árið 1999, en þá var verðbreytingarfærslan hærri og félögin fleiri. Í stórum dráttum virðast það helst hafa verið fjármálafyrirtækin sem nutu lægri skatta á þessum árum vegna verðbreytingarfærslunnar, enda þau fyrirtæki jafnan með mikla gjaldfærslu vegna stöðu peningalegra eigna og skulda þeirra. Aðrar greinar hafa í fljótu bragði greitt hærri skatta vegna leiðréttingarinnar. Við brottfall verðbólguleiðréttingarinnar snýst staðan við. Til skamms tíma litið ætti ríkissjóður því ekki að verða af tekjum vegna afnáms verðbólguleiðréttinga í skattskilum en vegna hækkunar á yfirfæranlegu tapi gætu áhrifin til lengri tíma litið leitt til lægri skattgreiðslu fyrirtækja.

Að lokum er rétt að vekja athygli á því að við afnám verðbólguleiðréttinga má búast við að eignarskattsstofninn lækki þar sem varanlegir rekstrarfjármunir verða ekki framreiknaðir árlega en ekki hefur það verið metið sérstaklega. Að öðru leyti er vísast til skýrslu nefndarinnar, sbr. fylgiskjal I með þessu frumvarpi.

Verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum. Í gegnum tíðina hafa skattalögin verið sá grunnur sem ársreikningagerð fyrirtækja hefur öðru fremur byggst á og mótast af. Svo er að vissu marki enn a.m.k hvað varðar minni fyrirtæki. Mikill fjöldi smárra fyrirtækja hefur lagt höfuðáherslu á gerð ársreikninga í samræmi við ákvæði skattalaga og gerð þeirra gagna sem fylgja skulu skattframtalinu. Minna var hirt um þýðingu reikningsskilalegra hugtaka um afkomu eða fjárhagsstöðu.

Á ýmsum tímum hafa verið gerðar tímabundnar breytingar á ákvæðum skattalaga sem áttu að taka nokkurt mið af verðbólgu og lagfæra skattstofna vegna áhrifa hennar. Þessar breytingar höfðu einnig áhrif á reikningsskil fyrirtækja. Sem dæmi má nefna heimildir til flýtifyrninga og einskiptis endurmat eigna.

Með lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var tekin upp verðbólguleiðrétting í skattskilum. Mat eigna var aðlagað verðbólgunni með árlegum framreikningi þeirra.

Það er ekki fyrr en með lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, sem fram koma ákvæði um árlegt endurmat í reikningsskilum og ákvæði um að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga. Í lögunum er heimilað að leiðrétta liði efnahagsreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skulu þá slíkar leiðréttingar einnig taka til rekstrarreiknings.

Verðbólguleiðréttingar í lágri verðbólgu hafa ekki sömu þýðingu og þegar mikil verðbólga ríkir. Til þess að íslensk og erlend reikningsskil verði samanburðarhæf er nauðsynlegt að hverfa frá leiðréttum reikningsskilum og til þeirra aðferða sem almennt eru notaðar í samanburðarlöndum. Ekkert annað OECD ríkjanna en Ísland leiðréttir reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu þrátt fyrir að nokkur verðbólga sé í þeim ríkjum. Mikilvægt er að saman fari afnám verðleiðréttra reikningsskila og skattskila.

Erlendir viðskiptaaðilar skilja almennt ekki afkomuhugtak íslenskra fyrirtækja og er erfitt að skýra fyrir þeim framreikning á kostnaðarverði eigna og þá sérstaklega verðbreytingarfærslu. Jafnframt má nefna, sem er þó einna þýðingarmest í þessu sambandi, að alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja og allt starfsumhverfi þeirra krefst þess að reikningsskilin verði samanburðarhæf við reikningsskil erlendra fyrirtækja.

3. Yfirfærsla á einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag.

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Markmiðið með þessari breytingu er að gera einstaklingum í atvinnurekstri kleift að breyta um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar komi. Eingöngu er gert ráð fyrir að hægt sé að breyta einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag en ekki í hlutafélag eða önnur rekstrarform.

Við skattframkvæmd er litið svo á að þegar einstaklingur í atvinnurekstri stofnar einkahlutafélag sem tekur við eða kaupir atvinnurekstur hans fari fram sala eða afhending á þeim eignum sem tengst hafa atvinnurekstrinum. Einkahlutafélagið er meðhöndlað sem sjálfstæður skattaðili og því telst yfirfærsla eigna til félagsins frá einkarekstrinum sala. Uppgjör söluhagnaðar hefur farið eftir ákvæðum 10.–27. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt og er hann skattlagður eins og aðrar atvinnurekstrartekjur.

Á undanförnum árum hefur hlutafélagaformið (einkahlutafélög) rutt sér til rúms hér á landi. Þannig þykir eftirsóknarvert að styðjast við lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sem hafa að geyma skýrar reglur um ábyrgð, stofnun og form einkahlutafélaga.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði er fjalla um sameiningar og skiptingar félaga (IV. kafli laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt). Samkvæmt umræddum ákvæðum hefur skipting eða sameining hlutafélaga, samvinnufélaga og sameignarfélaga ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann er lætur eignarhlut sinn í hlutafélagi, samvinnufélagi eða sameignarfélagi af hendi enda séu skilyrði umræddra ákvæða uppfyllt að öðru leyti.

Með vísan til framangreinds þykir eðlilegt að einstaklingum sem stundað hafa rekstur í eigin nafni verði heimilt að umbreyta rekstrarforminu og færa reksturinn yfir í einkahlutafélag án þess að til skattskyldu verði stofnað enda er í raun ekki um yfirfærslu eigna að ræða heldur fyrst og fremst umbreyting á rekstrarformi. Á hinn bóginn þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt eigi aðilar að njóta þeirrar heimildar sem um ræðir í 1. mgr. Nánar er fjallað um þau skilyrði í athugasemdum með 26. grein frumvarpsins.

Við yfirfærslu rekstrarins skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum einstaklingsrekstrarins þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr. enda um samskonar rekstur eða starfsmemi að ræða. Þó ber sá sem stundaði einstaklingsreksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberru gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Kaupverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í einstaklingsrekstrinum við yfirfærsluna.

4. Aðrar breytingar.

Aðrar breytingar frumvarpsins eru allmargar og sumar hverjar nokkuð umfangsmiklar, án þess þó að hafa í för með sér efnislegar breytingar á lögunum. Í ljósi þess er rétt að fjalla sérstaklega um þrjár þeirra. Í fyrsta lagi er nánari útfærsla á skattalegri meðferð samlagsfélaga, samlagshlutafélaga og eigenda þeirra. Í öðru lagi er ítarlegri skilgreining á reiknuðu endurgjaldi. Í þriðja lagi er nánari útfærsla á skattalegri meðferð og frádráttarbærni lífeyrisiðgjalda.

Skattaleg meðferð samlagsfélaga, samlagshlutafélaga og eigenda þeirra. Engin ákvæði eru um samlagshlutafélög í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög er hins vegar vikið að samlagshlutafélögum. Taka lögin til samlagshlutafélaga eftir því sem við á samkvæmt 134. gr. sömu laga. Samlagshlutafélag öðlast rétthæfi við skráningu í hlutafélagaskrá skv. 1. mgr. 10. gr., sbr. 134. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og eru því lögaðilar. Einkenni samlagshlutafélaga er það að einn félagsmaður að minnsta kosti ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á meðan aðrir félagsmenn bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli þess hlutafjár sem þeir hafa greitt til rekstrarins.

Þessu félagsformi hefur verið skipað á bekk með hlutafélögum með tilliti til skattskyldu. Þannig var að finna ákvæði um samlagshlutafélög í eldri skattalögum, en með lögum nr. 30/1971 féll það ákvæði niður. Ástæða þess er talin sú að menn hafa á þeim tíma ekki talið félagsform þetta skipta miklu máli, þar sem það tíðkaðist lítt hér á landi. Að stofni til er enn í gildi reglugerð nr. 245 frá 1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar er samlagshlutafélaga getið ásamt hlutafélögum. Þótt ekki hafi á undanförnum árum verið sérstaklega minnst á þessi félög í skattalögum, verður að telja eðlilegast að skipa þeim með hlutafélögum í þessu tilliti, þ.m.t. reglur 9. gr. laganna um skattalega meðferð arðs og fella undir skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, enda virðast þessi félög hafa verið talin félög með takmarkaðri ábyrgð í skattalögum, þótt þeirra sé ekki sérstaklega getið í félagarétti.

Með samlagsfélögum í frumvarpi þessu er átt við félag þar sem minnst einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Þetta félagsform hefur hingað til verið sjaldgæft hér á landi, en þó hefur nokkuð farið að bera á því á síðustu árum. Í ljósi þess að mismunandi skatthlutfall gildir um lögaðila þykir eðlilegt að félög þessi skattleggist með sama hlutfalli og sameignarfélög og lúti sömu skilyrðum skattalega og þau félög.

Ekki hafa verið sett sérstök lög um samlagsfélög fremur en sameignarfélög. Samlagsfélögum svipar hins vegar mjög til sameignarfélaga og eru reglur um þau félög taldar gilda um samlagsfélög þar sem sérstakar ástæður leiða ekki til annars. Ákvæði laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð eru keimlík um bæði þessi félagsform. Almennt hefur verið talið að óeðlilegt sé að aðrar og vægari kröfur séu gerðar um skattalega stöðu samlagsfélaga en sameignarfélaga, þar sem sömu rök eiga við um skattalega meðferð beggja þessara félagsforma.

Breytingar á reglum um reiknað endurgjald. Á undanförum árum hafa einstaklingar í atvinnurekstri í auknum mæli verið að færa rekstur sinn yfir í einkahlutafélagaformið. Með

þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frumvarpi á tekjuskattlagningu lögaðila er ljóst að sú þróun heldur áfram, jafnvel í ríkari mæli en áður. Af þeim sökum er talið nauðsynlegt að styrkja þá framkvæmd að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila (sameignarfélagi, hlutafélagi, samlagshlutafélagi, einkahlutafélagi o.fl.), sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að, verði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í eigin rekstri. Þetta er gert með tillögum að breytingum um ítarlegra orðalag í 7. gr. og 59. gr. gildandi laga sem fjalla um reiknað endurgjald í atvinnurekstri. Með þeim breytingum er reynt að koma í veg fyrir að hluthafar eða hlutareigendur í fyrirtækjum ákvarði sér laun langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila.

Skattaleg meðferð framlags launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda. Á 125. löggjafarþingi var lagt fram stjórnarfrumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem laut m.a. að skattalegri meðferð framlags vinnuveitanda til lífeyrissjóða. Efnahags- og viðskiptanefnd gerði breytingartillögu við þá tillögu sem fram kom í frumvarpinu og var hún samþykkt og frumvarpið varð að lögum nr. 86/2000, sbr. 5. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Með lögum nr. 86/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var lögfest sú venjuhelgaða regla að launagreiðanda sé heimilt að draga iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda frá skattskyldum tekjum. Fram að þeim tíma var ekki að finna í lögum skýr ákvæði um rétt launagreiðenda til að draga iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna sinna frá sem rekstrarkostnað. Samkvæmt núgildandi ákvæði telst framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ekki til skattskyldra tekna. Þó skal telja til skattskyldra tekna framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni skapa réttindi umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri. Samkvæmt ákvæðinu skal við mat á réttindum til ellilífeyris miðað við að áfram sé greitt í lífeyrissjóð af meðallaunum launþegans síðustu fimm ára eftir því sem lög og kjarasamningar mæla fyrir um. Þá skulu aldrei teljast til skattskyldra tekna iðgjöld í lífeyrissjóð hafi um þau verið samið í kjarasamningum eða þau bundin í lögum.

Framkvæmd ákvæðisins hefur valdið nokkrum vandkvæðum. Það leiðir einkum af því að forsendur fyrir útreikningum á því með hvaða hætti meta skulu áunnin lífeyrisréttindi og þau lífeyrisréttindi sem gert er ráð fyrir að aflað verði til framtíðar eru nokkuð óljósar. Því eru í frumvarpi þessu lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðinu með það að markmiði að skýra það og auðvelda framkvæmd þess um leið og leitast er við að breyta efnisreglu þess sem minnst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagðar til breytingar á 2. gr. laganna sem fjallar um skattskyldu lögaðila. Breytingar sem hér eru lagðar til felast í því að samlagshlutafélög eru sérstaklega tilgreind í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. til að taka af öll tvímæli um skattlagningu þessa félagaforms. Sama máli gegnir um samlagsfélögin sem lagt er til að verði sérstaklega tilgreind í 3. tölul. 1. mgr. sem mun þá eftir breytinguna fjalla um skattskyldu samlags- og sameignarfélaga. Markmið þessara breytinga er eins og áður sagði að taka af öll tvímæli um skattalega meðferð samlagsfélaga og samlagshlutafélaga.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan eru engin ákvæði um samlagshlutafélög í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en í lögum nr. 138/1994, um

einkahlutafélög er hins vegar vikið að samlagshlutafélögum. Taka lögin til samlagshlutafélaga eftir því sem við á samkvæmt 134. gr. sömu laga. Samlagshlutafélag öðlast réttindi við skráningu í hlutafélagaskrá samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 134. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög og eru því lögaðilar. Litið er á félagsform þetta sem blöndu af einkahlutafélagi og samlagsfélagi sem hefur verið skipað á bekk með hlutafélögum með tilliti til skattskyldu. Þar af leiðandi fellur sérhver afhending verðmæta úr slíku félagi til eigenda undir 9. gr. laganna um skattalega meðferð arðs. Ekki hafa heldur verið sett sérstök lög um samlagsfélög fremur en sameignarfélög, en með samlagsfélögum er átt við félag þar sem minnst einn félagsaðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Samlagsfélögum svipar hins vegar mjög til sameignarfélaga, og eru reglur um þau félög taldar gilda um samlagsfélög, þar sem sérstakar ástæður leiða ekki til annars.

Um 2. gr.

Hér er ekki um eiginlega efnisbreytingu að ræða á 7. gr. gildandi laga um skattskyldar tekjur heldur er verið að styrkja þá framkvæmd að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila (sameignarfélagi, hlutafélagi, samlagshlutafélagi, einkahlutafélagi o.fl.), sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að, verði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í einkarekstri. Þessi breyting er gerð í tengslum við aðrar breytingar frumvarpsins um lækkun tekjuskatthlutfalls lögaðila í þeim tilgangi að girða fyrir að hluthafar eða hlutareigendur ákvarði sér laun langt undir því sem almennt getur talist eðlilegt endurgjald fyrir sambærileg störf fyrir óskylda eða ótengda aðila.

Um 3. gr.

Í a-, b- og c-liðum greinarinnar eru lagðar til breytingar á 9. gr. gildandi laga um skattskyldan arð til að taka af öll tvímæli um skattalega meðferð á afhendingu verðmæta til eigenda félaga sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., þ.m.t. samlagshlutafélaga, óháð því hvernig ábyrgð þeirra er háttað.

Í d-lið greinarinnar er lögð til breyting vegna afnáms verðbólguleiðréttinga. Breytingin lýtur að því að tilvísun í 26. gr. laganna fellur brott.

Um 4. gr.

Í 10. gr. gildandi laga er að finna sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna og skattalega meðferð hans, þ.m.t. verðbólguleiðréttingar.

Í a-lið greinarinnar er lögð til breyting vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að bætt verði við gildandi ákvæði, sem fjallar almennt um söluhagnað eigna, tveimur nýjum málsgreinum vegna afnáms verðbólguleiðréttinga. Í fyrri málsgreininni er fjallað um söluhagnað af fyrnanlegum eignum í atvinnurekstri sem skattaðili hefur eignast fyrir lok rekstrarársins 2001. Valin er sú leið að miða við lok rekstrarársins 2001 þar sem ýmis fyrirtæki hafa annað reikningsár en almanaksárið.

Í síðari málsgreininni er almennt ákvæði um hvernig ákvarða skuli stofnverð söluhagnaðar af ófyrnanlegum eignum einstaklinga utan atvinnurekstrar sem hann hefur eignast fyrir árslok 2001. Er lagt til að stofnverðið ákvarðist í samræmi við þær reglur sem í gildi voru um framreikning stofnverðs við sölu eigna á árinu 2001.

Um 5.–7. gr.

Tillögur að breytingum í þessum þremur greinum, sem fjalla um söluhagnað eigna sem heimilt er að fyrna, eru tilkomnar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 8. gr.

Í greininni eru einungis efnisbreytingar á 14. gr. gildandi laga sem lúta að afnámi verðbólguleiðréttinga. Í ákvæði þessu er fjallað um hvernig fara beri með söluhagnað eigna sem ekki er heimilt að fyrna. Hér er um að ræða ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, sölu á bújörðum og sölu aflahlutdeildar. Þá ná ákvæði greinarinnar einnig til eigna einstaklinga sem eru utan atvinnurekstrar svo sem sumarhús, hesthús, jarðir o.fl. svo og íbúðarhúsnæðis sem er umfram tilgreind stærðarmörk.

Um 9. gr.

Þessi breyting á 15. gr. gildandi laga er gerð vegna afnáms verðbólguleiðréttinga, en heimilt verður að framreikna stofnverð lausafjár sem ekki má fyrna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, eftir þeim reglum sem fram koma í 4. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 4. gr. frumvarps þessa.

Um 10. gr.

Grein þessi fjallar um söluhagnað af íbúðarhúsnæði. Ekki er um að ræða aðrar efnisbreytingar en þær sem lúta að afnámi verðbólguleiðréttinga.

Um 11. gr.

Í a-, b-, d- og e-liðum eru lagðar til breytingar á 17. gr. gildandi laga vegna afnáms verðbólguleiðréttinga, en núgildandi grein tekur til söluhagnaðar af eignarhlutum í félögum.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að fella brott ákvæði um sölu eigin bréfa þar sem hún telst ekki vera skattskyld samkvæmt gildandi reglum.

Um 12. gr.

18. gr. fjallar um hagnað af sölu eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum, en þær breytingar sem hér eru lagðar til eru eingöngu vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 13. gr.

20. gr. fjallar um hagnað af sölu eigna sem falla undir atvinnurekstur eða sölu eigna þegar þeirra hefur verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði. Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 14.–16.gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru allar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga, þar á meðal er brottfall 26. gr. gildandi laga. Sú grein tekur til þess hvernig ákvarða á árlegan verðbreytingarstuðul til notkunar við endurmat á eignum og skuldum aðila eftir því sem við á.

Um 17. gr.

28. gr. gildandi laga fjallar um hvað ekki telst til tekna.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar er varða afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum.

Í b-lið greinarinnar eru lagðar til ýmsar breytingar er varða skattalega meðferð og frádráttarbærni lífeyrisiðgjalda.

Eins og áður er komið fram hefur við framkvæmd ákvæðisins komið í ljós að það er ekki nægjanlega skýrt orðað og hefur það valdið erfiðleikum. Einkum skortir nokkuð á forsendur fyrir útreikning þeirra viðmiðunarfjárhæða sem skattskyldan miðar við. Til að eyða þeirri

óvissu er lagt til að við ákvæðið verði bætt nokkrum atriðum sem gera forsendur útreikningsins skýrari. Rétt er að taka fram að um óverulegar efnisbreytingar á ákvæðinu er að ræða. Fyrst og fremst er verið að skapa þær reikningslegu forsendur sem skort hefur og kveða skýrar á um atriði er valdið hafa vafa.

Þannig er í fyrsta lagi lagt til að í 2. málsl. 1. mgr. verði bætt inn orðunum „að viðbættum áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum“. Með þessu er tekinn af allur vafi um það að tillit verði bæði tekið til áunninna lífeyrisréttinda sem og þeirra framtíðarlífeyrisréttinda sem launþeginn kann að afla sér. Með orðinu meðallaun í 2. málsl. 1. mgr. er átt við tekjur skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.

Í annan stað er lagt til að við mat á áunnum réttindum skuli leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða miðað við 67 ára aldur í stað 65 ára aldur nú. Það byggist á því að almennt er taka ellilífeyris miðuð við 67 ára aldur og lífeyrissjóðir miða útreikning lífeyrisréttinda lífeyrissjóða við það aldursmark.

Í þriðja lagi er lagt til að miðað verði við að lífeyrissparnaður í séreign verði greiddur út með jöfnum greiðslum í fimmtán ár frá 67 ára aldri. Nauðsynlegt er að lögfesta tiltekið aldursmark sem miða skal útreikning lífeyrisréttinda við þannig að unnt sé að meta að hvaða marki greiðslur til öflunar lífeyrisréttinda eru skattfrjálsar. Aldursmarkið 82 ár byggist á mati tryggingastærðfræðinga á meðalaldri sjóðfélaga lífeyrissjóða.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris verði miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 67 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára. Við mat á réttindunum skal við það miðað að lífeyrissparnaður í séreign sé greiddur með jöfnum greiðslum í fimmtán ár frá 67 ára aldri. Með þessu er lagt til að miðað verði við fasta hlutfallstölu í stað þess að vísa til laga og kjarasamninga almennt. Þessi breyting ætti að leiða til mun einfaldari framkvæmdar þar sem ekki þarf að skoða sérstaklega hvaða lög og kjarasamningar gilda um hvern og einn einstakling. Eðlilegt þykir að miðað sé við 10% þar sem það er lögbundið lágmark til öflunar lífeyrisréttinda.

Í fimmta lagi er lagt til að við útreikning áunninna réttinda og framtíðarréttinda skuli miða við 3,5% vexti. Þetta er sama vaxtaviðmið og miðað er við við núvirðisreikning væntanlegs lífeyris, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Loks er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að setja nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. hvaða upplýsinga unnt sé að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega um vegna framkvæmdar ákvæðisins.

Í c-lið greinarinnar eru orðin barnabótaauki og húsnæðisbætur felld brott. Húsnæðisbætur voru afnumdar með lögum nr. 79/1989 og með lögum nr. 65/1997 var barnabótaauki afnuminn, en með breytingum þessum láðist að fella brott tilvísun í 28. gr.

Í d-lið eru gerðar breytingar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Í e-lið er lagt til að skattskylda húsaleigubóta verði afnumin.

Um 18. gr.

2. mgr. B-liðar 30. gr. fjallar um hækkun heildarfyrningargrunns íbúðarhúsnæðis í atvinnurekstri. Þær breytingar sem lagðar eru til hér eru vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 19. gr.

31. gr. fjallar um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að veitt verði heimild til niðurfærslu vörubirgða í tengslum við afnám verðbólguleiðréttinga um allt að 5% af matsverði þeirra.

Í b-lið greinarinnar er að finna leiðréttingar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að fjármálaráðherra setji reglur um hvernig skilgreina beri orðalagið „með sambærilegum hætti“ í 8. tölul. 31. gr.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um fyrningargrunn eigna.

Í a-lið greinarinnar eru gerðar breytingar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að fyrningargrunnur og fengnar fyrningar haldist eins og ákvarðað verður við framtalsgerð á árinu 2002. Með þessu ákvæði er verið að viðhalda hlutfalli ófyrnanlegs hluta eignarinnar eftir samþykkt þessa frumvarps.

Um 21.–22. gr.

Í 36. gr. gildandi laga er fjallað um fyrningargrunn eigna og í 37. gr. um færslu endurmatsreiknings í tengslum við verðbreytingar eigna. Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 23. gr.

41. gr. fjallar um kostnaðarverð þeirra eigna sem heimilt er að færa til gjalda að fullu á því ári þegar þeirra er aflað. Fjárhæðin hefur hækkað á hverju ári samkvæmt verðbreytingarstuðli.

Í a-lið greinarinnar er sú hámarksfjárhæð sem leyfilegt er að fyrna á einu ári hækkuð sérstaklega vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Í b-lið eru lagðar til breytingar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 24. gr.

Í gildandi lögum fjallar 44. gr. annars vegar um fyrningu eigna á móti skattskyldum hluta söluhagnaðar, en það ákvæði er einnig 13. gr., og hins vegar um sérstakar aukafyrningar á móti verðbreytingartekjum. Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru vegna afnáms verðbólguleiðréttinga.

Um 25. gr.

Greinin fjallar um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga og er hún því ein megingrein verðbólguleiðréttinga í skattskilum. Í henni kemur fram hvernig skattlagning fjármunatekna og frádráttur fjármagnskostnaðar frá tekjum tekur mið af áhrifum verðbólgunnar. Miðað við gildandi reglur hefur verðbólguleiðrétting þau áhrif að frádráttur vegna vaxtakostnaðar verður alla jafna lægri en ella þar sem á móti kemur tekjufærsla í samræmi við skuldir rekstrarins. Á móti kemur að vaxtatekjur eru einnig alla jafna lægri vegna gjaldfærslu verðbólguleiðréttinga í samræmi við peningaverðseignir. Með afnámi verðbreytingarfærslunnar sem hér er lagt til er því verið að skattleggja nafnverðsvaxtatekjur að fullu, þ.m.t gengishagnað, en til frádráttar kemur að fullu allur fjármagnskostnaður, þ.m.t. gengistap, á árinu þrátt fyrir að gengishagnaður og gengistap komi ekki til greiðslu fyrr en með greiðslu afborgana á næstu árum.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Með þessari grein er lagt til að heimilt verði að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft. Með umræddri breytingu frestast skattlagning þess hagnaðar sem myndast við yfirfærsluna þar til hlutir eiganda einkahlutafélagsins, sem hann fékk sem gagngjald fyrir rekstur sinn, verða seldir.

Í greininni eru talin upp fjögur skilyrði sem uppfylla verður til að unnt sé að njóta þeirrar heimildar sem getið er í 1. mgr. Í fyrsta lagi skal eigandi einstaklingsrekstrarins bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Í öðru lagi skal félagið sem tekur við einstaklingsrekstrinum vera skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr. laganna. Í þriðja lagi skal eigandi einstaklingsrekstrarins eingöngu fá við yfirfærsluna hluti í félaginu sem gagngjald fyrir allar eignir og skuldir einstaklingsrekstrarins. Í fjórða og síðasta lagi skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er við tilkynningu til hlutafélagskrár um stofnun félagsins samkvæmt lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, fylgja stofnefnahagsreikningur sem skal vera endurskoðaður af endurskoðanda eða skoðunarmanni og yfirlýsing um að um sé að ræða yfirfærslu einkareksturs yfir í einkahlutafélag. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingunni skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins. Eru ákvæðin um stofnefnahagsreikning í samræmi við kröfur 2. mgr. 6. gr. laga um einkahlutafélög þegar um er að ræða kaup einkahlutafélags á öðru fyrirtæki í tengslum við stofnun þess.

Við yfirfærslu rekstrarins skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum einstaklingsrekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, að því skilyrði uppfylltu að um sams konar rekstur eða starfsemi sé að ræða eftir breytinguna. Þó ber sá sem stundaði einstaklingsreksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberru gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Kaupverð hluta í einkahlutafélaginu ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í einstaklingsrekstrinum við yfirfærsluna.

Um 28. gr.

59. gr. er nokkuð breytt frá orðalagi núgildandi greinar. Annars vegar eru ákvæði um að skattyfirvöld setji viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald flutt úr lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda í lögin um tekjuskatt og eignarskatt þar sem þau eiga betur heima. Hins vegar eru ákvæðin um reglur þessar styrkt og kveðið nánar á um viðmiðun þeirra. Eins og í núgildandi ákvæði getur skattstjóri fallist á lægra reiknað endurgjald séu til þess málefnalegar ástæður og það sé eðlilegt í ljósi rekstrarins. Sömu takmarkanir og nú eru fyrir hækkun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi með tilliti til taps í rekstri.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga í 67. gr. Lagt er til að skatthlutfall tekjuskatts lækki úr 26,08% í 25,75%, sbr. ákvörðun ríkisstjórnarinnar í tengslum við endurskoðun kjarasamninga snemma á þessu ári. Þessi breyting kemur til framkvæmda 1. janúar 2002 vegna staðgreiðslu á árinu 2002 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2003.

Um 31. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á afdráttarskatti aðila með takmarkaða skattskyldu, sbr. 71. gr., í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 30. gr. frumvarpsins en þær lúta að lækkun á skatthlutfalli lögaðila.

Um 32. gr.

Lagt er til að skatthlutfall hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 72. gr., lækki úr 30% í 18% á árinu 2002 og komi til framkvæmda við álagningu 2003. Jafnframt lækkar skatthlutfall sameignarfélaga og samlagsfélaga úr 38% í 26%. Varðandi frekari skýringar við þessa grein vísast til almennra athugasemda.

Um 33. gr.

74. gr. fjallar um mat skattskyldra eigna, en breytingar þær sem hér eru lagðar til í a-, b-, c- og d-liðum tengjast allar afnámi verðbólguleiðréttinga.

Um 34. gr.

Breyting sú sem hér er lögð til er tilkomin vegna rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA. Í áliti frá stofnuninni kemur fram að sá greinarmunur sem gerður er á innlendum markaðsverðbréfum, ríkisskuldabréfum og hlutdeildarskírteinum gefnum út af ríkissjóði og hliðstæðum erlendum bréfum fari í bága við ákvæði EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga.

Um 35. og 36. gr.

Þær breytingar á 83. gr. og 84. gr. sem hér eru lagðar til varða lækkun á skatthlutfalli eignarskatts úr 1,2% í 0,6% jafnt hjá einstaklingum sem lögaðilum. Auk þess er lögð til 20% hækkun á fríeignamarki einstaklinga vegna sérstakrar hækkunar fasteignamats. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 37. gr.

Hér er lagt til að heimilt verði skv. 99. gr. að leggja inn rafræna kæru til skattstjóra en það er í samræmi við þær tækniframfarir er orðið hafa við skattskil.

Um 38. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýrri grein eftir 105. gr., þ.e. gr. 105 A, vegna þarfar ráðuneytisins á upplýsingum úr skattframtölum vegna áætlanagerðar og hagrannsókna ýmiss konar.

Um 39. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði í 114. gr. er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti krafið aðila með takmarkaða skattskyldu um sérstaka tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum. Sú breyting sem hér er lögð til lýtur að því að í stað fjármálaráðherra verði það skattstjóri sem fari með þessa heimild.

Um 40. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hefur ríkisskattstjóri heimild til að taka gjald fyrir útgáfu bindandi álita, sbr. lög nr. 91/1998, um bindandi álit. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt sams konar heimild fyrir útgáfu bindandi álita er varða túlkun tvísköttunarsamninga. Einnig eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjaldsins frá því sem verið hefur.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 42. gr.

Um a-lið.

Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að viðmiðunarmörk sérstaka tekjuskattsins við álagningu 2002 vegna tekna á árinu 2001 hækki um 15% frá því sem að ákveðið var í bráðabirgðaákvæði nr. II í lögum nr. 149/2000, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Um b-lið.

Um A-lið (I.). Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að sérstaki tekjuskatturinn verði framlengdur um eitt ár. Lagt er til að viðmiðunarmörkin verði hækkuð um 3% í samræmi við almennar launahækkanir á árinu 2002.

Um B-lið (II.). Lagt er til að endurmatsreikningur sem myndaður hefur verið vegna verðbólguleiðréttinga verði lagður niður og færður með öðru eigin fé í efnahagsreikningi. Breyting þessi hefur engin skattaleg áhrif.

Um C-lið (III.). Í þessu bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að verðleiðréttingar rekstrartapa frá fyrri árum reiknist til ársloka 2001 og haldist óbreytt eftir það.

Um D-lið (IV.). Í þessu bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að verðleiðréttingar frestaðs söluhagnaðar og eftirstöðva hans reiknist til ársloka 2001 og haldist óbreytt eftir það.

Um E-lið (V.). Lagt er til að fjárhæðir í B-lið 69. gr. laganna um vaxtabætur og 78. gr. laganna sem lýtur að hámarki frádráttar vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna verði hækkaðar um 3,0% 1. janúar 2002 og 2,25% 1. janúar 2003 í samræmi við breytingar sem ákveðnar hafa verið á barnabótum og persónuafslætti.

Um 43. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á fríeignamörkum sérstaka eignarskattsins fyrir gjaldárið 2002 vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati.

Um 44. gr.

Samkvæmt ákvæðinu verður sérstakur eignarskattur síðast álagður á gjaldárinu 2002.

Um 45. gr.

Um skýringu á þessari grein vísast til almennra athugasemda.

46.–48. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á staðgreiðslulögum vegna breytinga á 7. gr. og 59. gr. laga tekjuskattslaganna, sbr. 2. gr. og 27. gr. frumvarps þessa.

Um 49. gr.

Í 25. gr. laga um ársreikninga er heimilað að taka tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Lagt er til að greinin verði felld brott og þar með verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum. Um frekari skýringar um niðurfellingu þess ákvæðis vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 50. gr.

Samkvæmt 80. gr. laganna skal Reikningsskilaráð stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðinu er með þessu ákvæði falið að setja reglur sem falla undir niðurlagsákvæði 1. mgr. 2. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, sbr. lög nr. 95/1994. Í stað þess að auglýsa í Lögbirtingarblaðinu skrá yfir útgefnar reglur og álit þá er lagt til með þessari breytingu að birting reglna ráðsins í B-deild Stjórnartíðinda sé fullnægjandi.

Um 51. gr.

Í a-lið 1. mgr. 25. gr. laganna, sem lagt er til að fella niður skv. 47. gr. frumvarpsins, er heimilað að leiðrétta liði ársreiknings, þar á meðal eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu. Verðlagsleiðréttingar þessar ber að færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár og í 3. mgr. 25. gr. er lagt til að ráðstafa megi þessum endurmatsreikningi með þeim hætti sem nánar greinir frá í liðum 3. mgr. 25. gr. Ráðstöfun þessi er í samræmi við heimild félaga með takmarkaða ábyrgð til ráðstöfunar á öðru eigið fé sem ekki er eyrnamerkt samkvæmt lögum eða samþykktum til annarra þarfa félagsins.

Í b-lið 1. mgr. 25. gr. laganna er um að ræða sértækt endurmat þar sem heimilað er að hækka bókfært verð fastafjármuna þegar raunverði þeirri er verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð og hækkunin talin varanleg. Þetta sértæka endurmat ber að færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og nánar er tilgreint í lagagreininni, sem lagt er til að felld verði niður, hvernig megi ráðstafa þessum sérstaka endurmatsreikningi. Lagt er til að á meðan ekki eru þau tilvik fyrir hendi hjá félögunum sem heimila ráðstöfun reikningsins sé hann látinn halda sér í bókum félaganna og ársreikningi.

Um 52. gr.

Í 30. gr. laganna er heimilað að taka tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag. Um frekari skýringar varðandi niðurfellingu þessa ákvæðis vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 53. gr.

Í 30. gr. laga um bókhald, sem lagt er til að fella niður skv. 52. gr. frumvarpsins, er heimilað að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag starfseminnar. Verðlagsleiðréttingar þessar ber að færa á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Lagt er til að þessi endurmatsreikningur verði leystur upp og sameinaður öðru eigin fé starfseminnar.

Um 54. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla og tillögur nefndar um verðbólgureikningsskil.

(22. júní 2001.)

Inngangur.

Snemma árs 1998 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að fjalla um verðbólgureikningsskil. Nefndin var skipuð í kjölfar þingsályktunar sem samþykkt hafði verið á Alþingi árið áður.

Verkefni nefndarinnar var að draga fram og meta kosti þess og galla að hverfa frá verðbólgureikningsskilum og gera tillögur um lagabreytingar ef hún teldi nauðsyn á því.

Nefndina skipa:

Jón Guðmundsson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, formaður,
Guðmundur Guðbjarnason, viðskiptafræðingur hjá ríkisskattstjóra,
Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda,
Ragnheiður Snorradóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu,
Rúnar Bj. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af iðnaðarráðherra og
Stefán Svavarsson, dósent og löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af Háskóla Íslands.

Ritari nefndarinnar var Hermann Jónasson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, þar til hann hætti störfum í ráðuneytinu. Nefndin hélt alls 17 fundi. Á nokkra fundi hjá nefndinni komu þeir Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Vilhjálmur Bjarnason og Stefán Þór Jansen, starfsmenn Þjóðhagsstofnunar.

Nefndin hefur farið ítarlega yfir röksemdir með og móti verðleiðréttum skattskilum og reikningsskilum við þær verðbólguaðstæður sem nú eru. Meðaltal verðlagsbreytinga á tíunda áratugnum var um 3% á ári samkvæmt vísitölu neysluverðs. Árleg verðbreyting samkvæmt verðbreytingastuðlum skattalaga hefur verið undir 7% síðustu 10 ár. Verðbreytingastuðull samkvæmt ákvæðum skattalaga frá árinu 1992 fór lægst í 1,0117 (1,17%) framtalsárið 1993 en fór hæst í 1,0618 (6,18%) framtalsárið 1992. Stuðullinn er 1,0418 (4,18%) fyrir framtalsárið 2001. Yfirlit um verðbreytingastuðla er að finna í fskj. 2

Nefndin hefur lagt á það áherslu að áður en tillögur um afnám verðleiðréttra skattskila verði lagðar fram þurfi að liggja fyrir heildstæðar upplýsingar um það hvaða áhrif verðbólguleiðréttingar skattalaga gætu haft á skattgreiðslur fyrirtækja og tekjur ríkissjóðs.

Með tilkomu staðlaðs skattframtals lögaðila hafa skapast nokkuð góðar aðstæður til að gera athuganir á þessum áhrifum. Staðlað skattframtal lögaðila var tekið upp fyrir þremur árum. Í fyrstu vantaði töluvert á að lögaðilar skiluðu á hinu nýja framtalsformi en þau skil hafa aukist ár frá ári. Áður lágu mjög takmarkaðar upplýsingar fyrir hjá skattyfirvöldum á tölvutæki formi um ársreikninga. Nú er aftur á móti að verða til góður gagnagrunnur um margvíslegar stærðir í ársreikningum þótt enn vanti á að allir lögaðilar geri skil í þessu formi.

Þjóðhagsstofnun fær reglulega hjá skattyfirvöldum þann gagnagrunn sem fæst með þessum hætti og hefur reyndar bætt við upplýsingum úr framtölum sem skilað er á pappír og úr ársreikningum eftir föngum. Þar er því að finna miklar upplýsingar um lögaðila á tölvutæku formi. Nefndin leitaði til stofnunarinnar eftir þessum gögnum til að endurreikna skatta þeirra lögaðila sem eru í gagnagrunninum miðað við tilteknar forsendur. Niðurstaða þeirra útreikninga er í kaflanum *Áhrif verðbólguleiðréttinga á skattskil.*

Þá hefur nefndin farið yfir hvaða greinum þurfi að breyta í lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um bókhald og ársreikninga ef verðbólguleiðréttingar verða lagðar af. Ljóst er að ákvæði um verðlagsbreytingar koma víða fyrir í lögum. Í fskj. 3, með skýrslu þessari eru tilgreindar 24 greinar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem þarf að breyta.

Reglur og aðferðir við gerð reikningsskila annars vegar og skattskila hins vegar hafa ekki almennt farið saman. Síðastliðin tuttugu ár hafa mörg fyrirtæki gert verðleiðrétt reikningsskil með aðferðum sem í ýmsu eru frábrugðnar þeim aðferðum sem skattalög mæla fyrir um, m.a. vegna þess að hinar síðarnefndu aðferðir hafa leitt til misvísandi niðurstöðu rekstrar- og efnahagsreiknings innan hvers tímabils. Nefndin telur hins vegar afar mikilvægt að þegar nú er hugað að afnámi verðleiðréttinga, komi breyting á reglum skattskila annars vegar og breyttar aðferðir við gerð reikningsskila að þessu leyti hins vegar til framkvæmda á sama tíma.

Kostir og gallar verðleiðréttra reikningsskila.

Að mati nefndarinnar er þýðingarmikið að skoða hvaða kostir fylgja því að hverfa frá verðleiðréttum reikningsskilum og hvaða kostir eru því samfara að fylgja enn um sinn óbreyttum reglum.

Varðandi þá kosti að falla frá verðleiðréttingum reikningsskila má fyrst nefna að verðbólguleiðréttingar í lágri verðbólgu hafa ekki sömu þýðingu og þegar mikil verðbólga ríkir. Til þess að íslensk reikningsskil og erlend reikningsskil verði samanburðarhæf er nauðsynlegt að hverfa frá verðleiðréttum reikningsskilum og til þeirra aðferða sem almennt eru notaðar í samanburðarlöndum. Ekkert annað OECD ríkjanna en Ísland leiðréttir reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu þrátt fyrir að nokkur verðbólga ríki í þeim ríkjum.

Erlendir viðskiptaaðilar skilja almennt ekki afkomuhugtak íslenskra fyrirtækja og er erfitt að skýra fyrir þeim framreikning á kostnaðarverði eigna og þá sérstaklega verðbreytingarfærslu. Jafnframt má nefna sem er þó einna þýðingarmest í þessu sambandi að alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja og allt starfsumhverfi þeirra krefst þess að reikningsskilin verði samanburðarhæf við reikningsskil erlendra fyrirtækja.

Með því að falla frá verðleiðréttum skattskilum er farið að skattleggja nafnverðsafkomu í stað raunverðsafkomu en taka má tillit til hugsanlegrar ofsköttunar eftir öðrum aðferðum en beinum verðleiðréttingum.

Varðandi kosti þess að viðhalda núverandi verðleiðréttum reikningsskilum má nefna að verðbólgureikningsskil þykja fræðilega rökrétt og ná því markmiði að sýna afkomu og efnahag fyrirtækja á raunverðlagi. Niðurstöður sýna rauntölur og raunbreytingar en ekki nafnverðsbreytingar. Áhrif verðbólgu sem ekki eru leiðrétt í reikningsskilum geta skekkt þann grundvöll sem stjórnendur fyrirtækja nota til að taka ýmsar ákvarðanir sínar um reksturinn. Samsöfnun lítillar verðbólgu eru býsna mikil þegar til lengdar lætur. Þannig svarar 2% verðbólga á ári í tuttugu ár til þess að almennt verðlag hafi hækkað um 49% og 4% verðbólga hækkar verðlag á sama tíma um 119%.

Með verðleiðréttum skattskilum er verið að leitast við að skattleggja raunhagnað fyrirtækjanna. Án verðleiðréttinga í skattskilum verður afkoman smátt og smátt sýnd betri eða verri en hún er í raun og veru og skattálögur aðrar. Það eru einkum afskriftir og kostnaðarverð seldra vara sem verða vanmetin og fjármagnskostnaður eða fjármunatekjur ofmetin.

Verðbólguleiðréttingar í skattskilum.

Upphaf verðbólguleiðréttinga á Íslandi má rekja til róttækra breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt sem komu til framkvæmda við álagningu skatta árið 1980. Þá hafði verðbólgan verið mjög há um nokkurra ára skeið sem leiddi til þess að þáverandi afkomuhugtak og bókfært verð eigna og eigin fjár atvinnurekstrarins gat gefið misvísandi mynd af afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækja. Tekjuskattsstofn var annað hvort of hár eða of lágur miðað við verðleiðrétta afkomu fyrirtækja.

Markmið lagabreytinganna var að bæta afkomuhugtakið og eignamat og aðlaga það að verðbólgunni. Tekið var upp árlegt endurmat (framreikningur) fastafjármuna, fyrningareglum var breytt svo og reglum um skattlagningu söluhagnaðar. Verðbreytingafærslan var innleidd en samkvæmt henni voru tekjur og gjöld leiðrétt um fjárhæð sem fundin var sem tiltekið hlutfall (verðbreytingastuðull) af mismun peningalegra eigna og skulda. Miðað var við stöðu þessara eigna og skulda eins og þær voru í upphafi reikningsárs. Nánari samantekt á sögulegum aðdraganda og efnisreglum lagasetningarinnar er að finna í fskj. 1.

Nefndin telur að áhrifin af verðbólguleiðréttingum skattalaga hafi verið mikil einkum á því tímabili þegar verðbólgan var sem hæst. Fyrstu fimm árin eftir að lögin komu til fram-

kvæmda var verðleiðrétting samkvæmt ákvæðum skattalaga yfir 40% en framtalsárið 1984 fór hún í tæp 72%. Næstu sjö árin þar á eftir var verðbreytingin á bilinu 19% til 29% en hefur síðan verið undir 7%. Ljóst var því að leiðrétting vegna áhrifa verðbólgu var nauðsynleg en nú hefur dregið úr þeirri þörf.

Verðleiðrétting skattskila fyrir áhrifum verðbólgu getur verið vandkvæðum bundin og hafa fáar þjóðir lögleitt slíkar reglur og þá eingöngu þjóðir þar sem veruleg verðbólga ríkir. Sú leið sem valin var hér á landi er í raun mjög einföld þar sem verðleiðréttingin miðast við heildarstærðir í byrjun reikningsárs og reglur um árlegt endurmat eigna og afskriftir hafðar einfaldar. Þrátt fyrir að aðferðin sé einföld er nokkur vinna við að gera skattskil í samræmi við verðbólguákvæði skattalaga bæði hjá þeim sem framkvæma uppgjörið og að því er varðar eftirlit skattyfirvalda.

Sem dæmi um einföldun við verðbólguleiðréttingu skattalaga má nefna í þessu sambandi:

1. Eignir sem keyptar eru á reikningsárinu eru ekki endurmetnar á því ári en það leiðir til vanmats þeirra við skilyrði verðbólgu.
2. Varanlegir rekstrarfjármunir sem seldir eru á reikningsárinu eru endurmetnir með verðbreytingarstuðli söluárs en það kann að leiða til ofmats þeirra og lægri söluhagnaðar eða hærra sölutaps.
3. Á kaupári er afskrifað í heilt ár af kaupverði án tillits til hvenær keypt er á því ári en engar afskriftir eru á söluári. Afskriftir geta því verið ofmetnar eða vanmetnar á viðkomandi reikningsári.
4. Verðbreytingafærsla er miðuð við stöðu peningalegra eigna og skulda í byrjun reikningsárs, þ.e. efnahagsreikningi sl. árs. Verulegar breytingar innan ársins t.d. vegna kaupa eða sölu á varanlegum rekstrarfjármunum geta leitt til umtalsverðrar skekkju í þessum útreikningi.
5. Verðbreytingarfærslan var á fyrstu árunum miðuð við breytingu á meðaltali vísitölu byggingarkostnaðar milli ára en ekki innan viðkomandi reikningsárs. Síðar var því breytt þannig að stuðullinn miðast við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils.

Þegar verðbólga er lág minnkar þörfin fyrir að leiðrétta skattstofna vegna hennar. Miðað við núverandi aðstæður má því spyrja hvort ástæða sé til að viðhalda þessum verðleiðréttingum og leggja í þá vinnu sem því fylgir. Eins og áður hefur komið fram hefur ekkert af nágrannaríkjum okkar talið ástæðu til að taka upp árlegar verðleiðréttingar á sama hátt og við enda ekki búið við eins hátt verðbólgustig.

Verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum.

Í gegnum tíðina hafa skattalögin verið sá grunnur sem ársreikningagerð fyrirtækja hefur öðru fremur byggst á og mótast af. Svo er að vissu marki enn a.m.k hvað varðar minni fyrirtæki. Mikill fjöldi smárra fyrirtækja hefur lagt höfuðáherslu á gerð ársreikninga í samræmi við ákvæði skattalaga og gerð þeirra gagna sem fylgja skulu skattframtalinu. Minna var hirt um þýðingu reikningsskilalegra hugtaka um afkomu eða fjárhagsstöðu.

Á ýmsum tímum hafa verið gerðar tímabundnar breytingar á ákvæðum skattalaga sem áttu að taka nokkuð mið af verðbólgu og lagfæra skattstofna vegna áhrifa hennar. Þessar breytingar höfðu einnig áhrif á reikningsskil fyrirtækja. Sem dæmi má nefna heimildir til flýtifyrninga og einskiptis endurmat eigna.

Með lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, var í raun ákveðið að hafna forsendu hefðbundinna reikningsskila um stöðugt verðlag. Sú úrlausn sem fest var í umrædd lög miðaðist við þá tegund verðbólgureikningsskila, sem nefnd hefur verið staðverðsreiknings-

skil. Afleiðing þess að hafna forsendunni um stöðugt verðlag er tvíþætt. Annars vegar er nauðsynlegt að framreikna kostnaðarverð efnislegra eigna og hins vegar þarf að taka tillit til áhrifa verðbólgu á peningalegar eignir og skuldir.

Upplýsingagildi íslenskra ársreikninga batnaði stórlega við það að taka ofangreindar verðbólguleiðréttingar inn í reikningsskilin.

Fljótlega varð þó ljóst að leiðréttingaraðferðir skattalaga fullnægðu í vissum tilvikum ekki þeim fyrirtækjum sem gerðu miklar kröfur til afkomumælinga innan einstakra ára vegna þeirrar einföldunar sem felast í ákvæðum laganna um útreikning á áhrifum verðbólgu. Niðurstöður í skattskilum gátu orðið ónákvæmar og jafnvel misvísandi um afkomu innan einstakra reikningstímabila.

Í ársbyrjun 1982 gaf reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda út leiðbeiningar til félagsmanna sinna um ársreikningagerð þar sem byggt var á ákvæðum skattalaga varðandi verðleiðréttingar svo og hlutafélagalögunum. Leiðbeiningar um frávik frá aðferðum skattalaga við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á ársreikninga fyrirtækja gaf félagið út í ársbyrjun 1985. Tilgangur þessara leiðbeininga var að móta stefnu um notkun svonefndrar fráviksaðferðar í þeim tilvikum sem reglur skattalaga um endurmat eigna, afskriftir og reiknaða verðbreytingarfærslu voru taldar gefa misvísandi niðurstöðu um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækja.

Telja verður að þetta framtak félagsins hafi öðru fremur orðið til þess að stuðla að meira samræmi í ársreikningagerð en ella hefði orðið. Helstu þættir sem fráviksaðferðin tekur á eru:

1. Endurmat (framreikningur) eigna er að jafnaði miðað við kaupmánuð.
2. Afskriftir eru reiknaðar miðað við eignarhaldstíma innan hvers reikningsárs.
3. Þegar reiknuð eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir er tekið tillit til þeirra breytinga sem verða á stöðu þessara eigna og skulda innan ársins.
4. Vísitalan sem notuð er miðast við breytingar innan reikningsársins í stað milli ára eins og var upphaflega í skattalögunum.

Það var ekki fyrr en með lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, að fram komu ítarleg ákvæði um árlegt endurmat í reikningsskilum og ákvæði um að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga.

Í reynd hafa því einkum tvær aðferðir verið notaðar við verðleiðréttingu reikningsskila hér á landi frá árinu 1982, sem báðar hafa verið taldar góðar og gildar. Það er annars vegar reikningsskil í samræmi við ákvæði skattalaga sem flest minni félög og fyrirtæki einstaklinga nota og hins vegar fráviksaðferð Félags löggiltra endurskoðenda sem flest stór eða stærri félög nota.

Áhrif verðbólguleiðréttinga á skattskil.

Nefndin taldi nauðsynlegt að gera sér grein fyrir umfangi verðbólguleiðréttinga í skattframtölum atvinnurekstrarins eftir atvinnugreinum.

Nefndin fékk Þjóðhagsstofnun til að endurreikna skatta félaga fyrir rekstrarárin 1998 og 1999 þannig að leiðréttingar vegna verðlagsbreytinga væru teknar út úr skattstofni til tekjuskatts eftir því sem unnt væri. Þjóðhagsstofnun hefur eins og áður greinir safnað saman fjárhagslegum upplýsingum úr stöðluðum skattframtölum félaga og bætt við það safn upplýsingum allmargra félaga sem ekki töldu fram á stöðluðu skattframtali. Árin eru tekin fyrir hvort fyrir sig því að ekki er um sama hóp félaga að ræða og seinna árið voru talsvert fleiri sem töldu fram á stöðluðu framtali.

Þau ákvæði skattalaga sem gera ráð fyrir útreikningi á áhrifum verðlagsbreytinga með tilteknum hætti eru einkum eftirfarandi:

- Reglur um endurmat á fyrningarstofnum varanlegra rekstrarfjármuna og útreikning afskrifta af endurmetnum stofni.
- Reglur um útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir og heimild til að verja hluta tekjufærslu vegna þessa til sérstakra fyrninga.
- Reglur um útreikning söluhagnaðar.

Þjóðhagsstofnun reiknaði út skatta þeirra félaga sem eru í gagnagrunninum samkvæmt fyrirliggjandi skattstofnum bæði árin. Síðan voru leiðréttingar vegna verðbólgu teknar út eftir því sem unnt var og skattar reiknaðir að nýju. Jafnframt voru rekstrartöp þeirra félaga sem voru með taprekstur endurreiknuð með sama hætti. Í fskj. 4, eru töflur sem sýna breytingu á sköttum og tapi fyrir og eftir leiðréttinguna skipt eftir atvinnugreinum. Nefndin telur að útreikningarnir gefi nokkuð góða hugmynd um áhrif verðbólguleiðréttingar í einstökum atvinnugreinum samkvæmt reglum skattalaga.

Helstu niðurstöður fyrir rekstrarárið 1998 eru þessar:

- Verðbreytingastuðull ársins var 1,0127 (1,27%).
- Alls voru 9.404 félög í gagnagrunninum þar af voru 2.937 félög sem greiddu skatt.
- Þá voru 5.925 með rekstrartap og 575 greiddu engan skatt eða höfðu ekkert yfirfæranlegt tap, þ.e. þau notuðu væntanlega aukafyrningar þannig að tekjuskattsstofn varð á núlli.
- Við endurreikning skattstofna með tilliti til afnáms verðbólguleiðréttinga fjölgar félögum um 196 sem eiga að greiða skatt en heildarskattgreiðslur þeirra sem greiða skatt hækka um 196,2 millj. kr. eða 3,55%.
- Heildartap ársins lækkar um 2.939,6 millj. kr. Félögum með rekstrartap fjölgar um 33 eða 0,6%. Félög sem verða hvorki með tap eða hagnað verða alls 346.
- Skattgreiðslur flestra atvinnugreina hækka nokkuð. Mest hækkar fiskvinnslan eða um 20,9 millj. kr. sem er 16,29% og fjármálaþjónusta sem hækkar um 55 millj. kr. sem er 11,38%. Tapið eykst einnig mest í þessum greinum hjá þeim félögum sem eru með taprekstur.

Helstu niðurstöður fyrir rekstrarárið 1999 eru þessar:

- Verðbreytingastuðull ársins var 1,0561 (5,61%).
- Alls voru 10.121 félög í gagnagrunninum þar af voru 3.185 félög sem greiddu skatt, 6.225 voru með tap og 711 með engan skatt eða ekkert yfirfæranlegt tap, þ.e. þau gerðu aukafyrningar væntanlega þannig upp að tekjuskattsstofn varð á núlli.
- Við endurreikning skattstofna með tilliti til afnáms verðbólguleiðréttinga fækkar félögunum um 12 sem greiða skatt en heildarskattgreiðslurnar hækka um 404,1 millj. kr. eða 5,82%.
- Tap hækkar um 5.179,6 millj. kr. Félögum með tap fjölgar um 308 eða 4,9%. Félög sem verða hvorki með tap eða hagnað verða alls 415.
- Áhrifin eru ekki jafn einsleit og árið áður. Sumar atvinnugreinar fá lægri skatta og aðrar hækka umtalsvert. Til dæmis lækkar fiskvinnslan um 26 millj. kr. en fjármálaþjónusta hækkar um 292 millj. kr. sem er 41% hækkun. Það er jafnframt um 72% af nettóhækkun allra félaga sem greiddu skatt. Tapið eykst mest í fiskvinnslu, fasteignaviðskiptum og fiskveiðum svo og fjármálaþjónustu.

Rétt er að vekja athygli á að ekki er tekið með í þessa útreikninga sjálfstæð starfsemi eða atvinnurekstur einstaklinga heldur aðeins félög (lögaðilar) sem skiluðu stöðluðu skattframtali.

Þegar á heildina er litið er hækkun skattgreiðslna ekki veruleg hvorugt árið en breytingin er mismunandi í einstökum atvinnugreinum. Breytingar rekstrarárið 1999 eru meiri enda verðbreytingastuðullinn hærri og félögin fleiri. Hin mikla breyting á sköttum fjármálafyrirtækja kemur ekki á óvart þar sem slík fyrirtæki eru jafnan með mikla gjaldfærslu vegna stöðu peningalegra eigna og skulda þeirra. Til skamms tíma litið mun ríkissjóður ekki verða af tekjum vegna afnáms verðbólguleiðréttinga í skattskilum en vegna hækkunar á yfirfæranlegu tapi gætu áhrifin til lengri tíma litið leitt til lægri skattgreiðslu fyrirtækja.

Við afnám verðbólguleiðréttinga má búast við að eignarskattsstofninn lækki þar sem varanlegir rekstrarfjármunir verða ekki framreiknaðir árlega en nefndin hefur ekki látið meta það sérstaklega.

Nefndin telur í ljósi þessara upplýsinga að ekki þurfi að búast við verulegum breytingum á skattbyrði atvinnurekstrar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga við núverandi aðstæður þegar á heildina er litið. Þó er nauðsynlegt að huga að stöðu einstakra atvinnugreina.

Tillögur nefndarinnar.

Mikil umræða fer nú fram í þjóðfélaginu um afnám verðbólgureikningsskila. Vaxandi alþjóðavæðing fyrirtækja kallar á meiri samræmingu í reikningsskilagerð en áður og er unnið að slíkri samræmingu á alþjóðavettvangi. Verðleiðrétt reikningsskil eins og hér þekkjast eru ekki notuð hjá OECD-ríkjunum. Vegna verðbólguleiðréttinga verður samanburður við reikningsskil erlendra fyrirtækja erfiður.

Nefndin hefur rætt þessi mál ítarlega og telur að reynslan af verðbólgureikningsskilum okkar hafi í öllum aðalatriðum verið góð. Við þær aðstæður sem voru í verðlagsmálum þegar verðleiðréttingar var tekin upp var nauðsynlegt að bregðast við með þeim hætti sem gert var. Verðleiðréttu reikningsskilin voru mun betri við þessar aðstæður en hefðbundin reikningsskil. Núverandi aðstæður eru aftur á móti allt aðrar. Verðbólgan er komin á annað stig en áður og þrátt fyrir bakslag á allra síðustu mánuðum er áfram búist við því að verðbólgan á Íslandi verði lág eða svipuð og í nágrannaríkjunum. Því er eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé rétt að afnema verðleiðréttu reikningsskilin hér á landi og taka upp sambærilegar aðferðir og viðhafðar eru í þeim löndum sem við berum okkur saman við og eigum samskipti við.

Það er álit nefndarinnar að stefna eigi að afnámi verðleiðréttinga bæði í skattframtölum og í reikningsskilum atvinnurekstrarins og að þegar verði hafist handa við undirbúning að slíkri breytingu. Niðurstöður nefndarinnar eru þessar:

Nefndin leggur til að lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt þannig að öll ákvæði laganna um leiðréttingar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga verði felld niður. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur virðast skammtímaáhrif á skatttekjur ríkissjóðs í heild vera lítil en breytileg innan einstakra atvinnugreina.

Nefndin telur að kanna þurfi nánar ýmis ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt sem varða skattlagningu atvinnurekstrar eftir að tekin hefur verið ákvörðun um afnám verðbólguleiðréttinga. Í því sambandi þarf að huga að breytingum á lögum sem dregið geta úr áhrifum niðurfellingarinnar. Þau atriði sem nefndin telur að þurfi að kanna nánar eru m.a. eftirfarandi:

- Reglur um söluhagnað, bæði hjá rekstraraðilum og einstaklingum. Má þar til dæmis nefna sölu ófyrnanlegra eigna svo sem jarða, sumarbústaða, eignarhluta í félögum o.fl.
- Fyrningareglur þarf að skoða með tilliti til þess hvort heimila eigi hraðari fyrningar á fyrstu árum eignarhaldstíma (fyrning af bókfærðu verði).
- Kanna hvort heimila eigi niðurfærslu birgða með hliðstæðum hætti og heimilt var fyrir tilkomu verðlagsleiðréttinga.
- Ýmis ákvæði sem tengjast upphafsári afnáms verðbólguleiðréttinga.

Fleiri þætti mætti nefna, en við slíka breytingu þarf að huga að sambærilegum reglum í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum til að tryggja samkeppnistöðu íslensks atvinnulífs.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með þeim hætti að fella niður heimild til árlegrar leiðréttingar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga þótt þar sé um heimildarákvæði að ræða.

Nefndin hefur rætt nokkuð hvort æskilegt væri að afnema verðbólgureikningsskilin í áföngum. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að eðlilegast væri að breytingin kæmi að fullu til framkvæmda á sama tíma. Ef talið yrði nauðsynlegt að milda áhrifin á skattgreiðslur fyrirtækja væri það gert með tímabundnum ákvæðum í skattalögum.

Nefndin telur mikilvægt að breytingar skattalaga vegna þessa efnis og breytingar á almennum reikningsskilaaðferðum hér á landi með afnámi leiðréttinga fyrir áhrifum verðlagsbreytinga fylgist að þannig að breytingarnar komi til framkvæmda á sama tíma. Fallist ráðherra á hugmyndir nefndarinnar ætti að vera unnt að hefja þegar undirbúning að breytingunum sem ættu að geta komið til framkvæmda frá og með skattárinu og reikningsárinu 2002, en þó því aðeins að nauðsynlegar lagabreytingar hafi náð fram að ganga fyrir næstu áramót.

Fylgiskjöl:

1. Sögulegur aðdragandi verðbólgureiknisskila.
2. Verðbreytingastuðlar.
3. Ákvæði tekjuskattslaga sem fjalla um verðbólgureiknisskil.
4. Töflur um áhrif verðbólguleiðréttinga samkvæmt samræmdum skattframtölum félaga rekstrarárin 1998 og 1999.

Fskj. 1.

Saga verðbólguleiðréttinga skattalaga og reikningsskila.

Inngangur.

Verðbólguleiðréttingar skattskila hafa tíðkast hér á landi í 22 ár. Upphaf þeirra verður rakið til frumvarps sem lagt var fram á Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977–1978. Frumvarpið varð að lögum nr. 40/1978 sem lög um tekjuskatt og eignarskatt. Áður en þau lög komu til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1980 voru gerðar veigamiklar breytingar á þeim á 101. löggjafarþinginu 1979–1980 með lögum nr. 7/1980. Þá var aftur gerð breyting á lögunum með lögum nr. 25/1981 og þannig breytt voru lög um tekjuskatt og eignarskatt endurútgefin sem lög nr. 75/1981. Halda lögin enn því númeri. Ákvæði í nefndum lögum laut að ákvörðun á skattstofnum að teknu tilliti til verðbólgunnar bæði hjá lögaðilum og einstaklingum með atvinnurekstur sem og einstaklinga utan atvinnurekstrar að því er varðar skattlagningu söluhagnaðar.

Þar sem verðbólguleiðréttingar bæði við skattskil fyrirtækja svo og við reikningsskil þeirra hafa svo lengi verið við líði hér á landi þykir við hæfi að draga upp mynd að aðdraganda að lögum nr. 40/1978 svo og breytingum á lögum um reikningsskil fyrirtækja varðandi verðleiðréttingar. Með lögum 40/1978 voru gerðar róttækar breytingar á skilgreiningum afkomu og eigin fé með því að taka tilliti til almennra verðlagsbreytinga sem voru miklar á þessum tíma og árin á undan.

I.

Í inngangi að athugasemdum við fyrrnefnt lagafrumvarp sem varð að lögum nr. 40/1978 eru taldar upp helstu stefnubreytingar frá gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem í frumvarpinu felast og undir 4. tölul. segir:

Veruleg breyting er ráðgerð á fyrningarreglum og reglum um skattlagningu söluhagnaðar.

Að því er varðar fyrningar munar mest um þá ráðgerðu breytingu að reikna fyrningar af endurmatsverði með lægri hundraðshlutum en samkvæmt gildandi lögum. Endurmatið er byggt á breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar og reiknast eins fyrir allar eignir. Fyrningarákvæðum frumvarpsins er ætlað að koma í stað fjölmargra fyrningarákvæða gildandi laga, þ.á m. verðstuðulsfyrninga. Þá eru í frumvarpinu ákvæði um skerðingu fyrninga þegar fjármögnun fyrnanlegra eigna byggist að nokkru eða öllu á lánsfé.

Í kaflanum *Fyrningar og söluhagnaður* segir svo í athugasemdum:

Gert er ráð fyrir að fyrningar verði reiknaðar af endurmatsverði með lægri hundraðshlutum heldur en samkvæmt gildandi lögum. Endurmatið miðast við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Í árslok á hverju ári skal ríkisskattstjóri birta verðbreytingarstuðul er miðist við þá hækkun sem orðið hefur á meðaltali gildandi byggingarvísitölu frá árinu á undan og skal þessi stuðull gilda fyrir allar eignir. Fengnar fyrningar skulu hækkaðar á sama hátt. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir endurmati á þeim eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir skerðingu frádráttar vegna fyrninga þegar fyrnanlegar eignir eru að einhverju eða öllu leyti fjármagnaðar með lánsfé.

Þá segir um söluhagnaðinn:

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna verður samkvæmt ákvæðum frumvarpsins þannig að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hagnaðurinn telst mismunur á söluverði annars vegar og stofnverði (kostnaðarverði) þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum, framreiknuðu með verðbreytingarstuðli, hins vegar. Sá munur, sem þá stendur eftir sem söluhagnaður, ætti að svara til hagnaðar sem myndast hefur, t.d. vegna þjóðfélagslegra aðgerða eða breytinga, svo sem vegna fenginna fyrninga umfram slit eigna við öflun tekna...

Svipað ákvæði gildir um söluhagnað af ófyrnanlegum fasteignum, þ.m.t. lönd, lóðir og ófyrnanleg náttúruauðæf, og söluhagnað af fyrnanlegum fasteignum.

Í athugasemdum við 26. gr. frumvarpsins, sem fjallar um árlegan útreikning verðbreytingarstuðuls til notkunar við ákvörðun verðmæti eigna, söluhagnaðar og fyrningum segir svo:

Greinin hefur að geyma ákvæði um árlegan útreikning verðbreytingarstuðuls til framreiknings á stofnverði (eða fasteignamati) eigna við ákvörðun á söluhagnaði. Sami verðbreytingarstuðull er notaður til framreiknings á stofnverði eigna til fyrninga og á fengnum fyrningum. Einnig er stuðullinn notaður við framreikning söluhagnaðar þegar skattlagningu söluhagnaðar er frestað.

Verðbreytingarstuðullinn er sá sami fyrir allar eignir og miðar við breytingar á byggingarvísitölu, sbr. lög nr. 93/1975. Útreikningurinn fer þannig fram að reiknað er meðaltal þeirrar vísitölu sem í gildi hefur verið útreikningsárið (ársfjórðungsleg vísitala) og á verðbreytingarstuðullinn að sýna hækkun sem orðið hefur á sömu meðaltalsvísitölu frá árinu áður.

Eins og fram kemur var verðbreytingarstuðullinn miðaður við breytingar á byggingarvísitölu sem reiknuð var út ársfjórðungslega en með verðbreytingarstuðli sem reiknaður var út fyrir árið 1991 og til og með 1997 byggðist á byggingarvísitölu sem reiknuð var út mánaðarlega. Verðbreytingarstuðullinn sem reiknaður var út fyrir árið 1998 og síðar miðast nú við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils. Vísitala þessi er reiknuð út mánaðarlega. Sérstaklega reiknaður verðbreytingarstuðull sem byggðist á vísitölu neysluverð til verðtryggingar gilti einnig að vali skattaðila á árinu 1997.

Í 37. gr. frumvarpsins eru ákvæði um að árlegar verðbreytingar samkvæmt 36. gr. laganna skuli færast til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni eigna og áður fengnum fyrningum. Mismunur breytinganna færist síðan á sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem teljast skal til eigin fjár.

Í 3. tölul. 74. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við mat á lausafé til eignarskatts skuli tekið tillit til verðbreytinga á hliðstæðan hátt og gert skal við ákvörðun fyrninga og söluhagnaðar.

Í 44. og 45. gr. frumvarpsins er kveðið á um takmörkun á fyrningarrétti þeirra sem fjármagnað höfðu fyrnanlegar eignir með lántökum. Þessar greinar sem tóku gildi með lögum nr. 40/1978 komu aldrei til framkvæmda og voru leystar af hólmi með nýjum ákvæðum í 53. gr. laganna um verðbreytingarfærslu.

Í athugasemdum í frumvarpinu við þessar greinar segir svo:

Eins og þegar hefur komið fram gerir frumvarpið ráð fyrir því að stofnverð eigna sé árlega endurmetið til fyrninga. Ekki hefur þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé, en frumvarpið gerir ráð fyrir því að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur og gengistap af lánum, sé gjaldfært óháð fyrningum. Ótakmarkaðar endurmatsfyrningar samhliða gjaldfærslu alls fjármagnskostnaðar myndi í reynd auka mismunun milli þess atvinnurekstrar sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé og hins sem fjármagnar þær með lánsfé.

Í þessum greinum eru sett fram skerðingarákvæði til að draga úr þessum mismunun í þeim tilvikum sem skuldir skattaðila í heild fara fram úr eignum hans, að undanskildum fyrnanlegum eignum, er gert ráð fyrir því að fyrnanlegar eignir séu að hluta til fjármagnaðar með lánsfé. Skerðing á fyrningum er síðan reiknuð út frá þessum mismun eigna og skulda. Reiknað er árlegt tillag í sérstakan reikning, mótreikningsfyrninga, sem er ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð sem skuldir eru umfram þessar eignir, þ.e. eignir í atvinnurekstri, aðrar en fyrnanlegar eignir. Hlutfallið miðast við sama verðstuðul og endurmat eigna, og er mótreikningurinn eða eftirstöðvar hans síðan framreiknaður árlega með árlegum verðbreytingarstuðli. Í lok hvers árs er síðan reiknuð fyrning af mótreikningnum, nokkurs konar neikvæð fyrning, sem er tekjufærð á móti almennum fyrningum.

Við ákvörðun eignarskattsstofns er mótreikningur fyrninga dreginn frá eftirstöðvum fyrningarverðs eigna í heild.

Með lagasetningu þessari var gerð tilraun til að aðlaga tekjuhugtakið að þeim verðbólgutímum sem höfðu lengi gengið. Skattalög höfðu ekki tekið mikið mið af verðbólgu og má rekja helstu galla skattlagningar til þeirra áhrifa sem verðbólgan hafði haft. Ákvæði um skattfrelsi söluhagnaðar, aukaafskriftir vörubirgða og fastafjármuna, verðstuðulsfyrningu o.fl. eru allt ákvæði sem var ætlað að draga úr áhrifum verðbólgu. Þessi ákvæði tóku þó ekki mið af breytilegri stöðu hinna ýmsu atvinnurekstraraðila.

II.

Með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fram á Alþingi haustið 1979 og varð að lögum nr. 7/1980 voru gerðar breytingar sem fólu í sér efnisbreytingar á vissum þáttum skattlagningarinnar. Einkum þeim þáttum sem tengdir voru skattlagningu eða frádráttarbærni fjármunatekna og fjármagnskostnaðar og varðar tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Ákvæðum 44. og 45. gr. laganna sem takmörkuðu fyrningarrétt þeirra sem fjármagnað höfðu fyrnanlegar eignir með lántökum var fellt niður en í stað þess var lögfest ákvæði um verðbreytingarfærslu sem gekk í báðar áttir þ.e. gjaldfærsla ef peningalegar eignir voru hærri en skuldir en tekjufærsla ef skuldir voru hærri en peningalegar eignir. Þeirri megin hugsun sem í ákvæðum 44. og 45. gr. fólst var haldið en í breyttri og víðtækari mynd.

Með lögum nr. 40/1978 var stigið stórt skref í þá átt til þeirra sjónarmiða sem fram koma í svokölluðu vísitölureikningsskilum öðru nafni staðverðsreikningsskil. Með breytingartillögum frumvarpsins voru ákvæði þessi gerð þannig innbyrðis að samræmi verði og áhrif verðbreytinga mæld á báða vegu, þ.e. bæði á ágóða og tap vegna verðbreytinga.

Reglur 53. gr. laganna hafa þann tilgang að færa áhrif verðbreytinga á peningalegar eignir og skuldir í rekstrarreikning þannig að afkoma eftir færslu verðbreytingarfærslunnar sýni raunverðsbreytingu á eigin fé sem stafar af rekstri. Reglur þessar eru mjög einfaldar og eru auðveldar í framkvæmd.. Engar leiðréttingar fara fram á einstökum liðum, heldur þarf aðeins að finna mismun á veltufjármunum (peningalegum eignum, þ.m.t. vörubirgðum) og skuldum hins vegar. Þessi mismunur gefur tilefni til tekjufærslu eða gjaldfærslu sem svarar til almennum verðlagsbreytingum. Lög nr. 40/1978 gerðu aðeins ráð fyrir tekjufærslu, en sú aðferð þótti ekki samræmast almennum reglum um leiðréttingu vegna áhrifa verðbreytinga og tryggðu ekki óbreytt raunviði eigin fjár í ársbyrjun og árslok í þeim tilvikum að peningalegar eignir eru hærri en skuldir. Breytingartillögur frumvarpsins gengu út á það að reglan væri almenn og hlutlaus og hefði því sömu áhrif hjá aðilum með sambærilegan rekstur, sem hún hafði ekki fyrir breytinguna.

Í athugasemdum um 22. gr. frumvarpsins sem varð 53. gr. laganna segir svo:

Grein þessi kemur í stað 44. og 45. gr. laga nr. 40/1978 og byggir á sömu meginhugsun og þar. Um nánari skýringar á þessum hugmyndum og áhrifum þeirra vísast til almennra athugasemda. Það eru einkum tvö efnisatriði sem lagt er til að breytt verði frá 44. og 45. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að séu skattalega óverðtryggðar eignir hærri en skuldir, og aðilar því að tapa á verðbólgunni, skuli heimiluð gjaldfærsla sem verðrýrnunin munarins nemur.

Með þessari breytingu gengur reglan í báðar áttir en eðlilegt þykir að taka jafnt tillit til hagnaðar og taps vegna verðbreytinga. Ef það er ekki gert er hætt við að skattaðilar stofni til fjárfestingar og skulda beinlínis vegna ákvæða laganna. Slíkt er mjög óæskilegt og nauðsynlegt að þessi mikilvæga regla um útreikning vegna verðbreytinga sé hlutlaus og hafi svipuð áhrif hjá aðilum með sambærilegan rekstur og aðstæður. Hins vegar er lagt til að mótreikningur fyrninga verði lagður niður en tekjufærslu samkvæmt greininni verði þess í stað heimilt að dreifa að vissu marki með flýtifyrningum, sbr. 18. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein.

III.

Í „Greinargerð fjármálaráðherra um könnun ríkisskattstjóra á áhrifum tiltekinna þátta í...“ lögum nr. 40/1978 og nr. 7/1980 á skattbyrði sem lagt var fram á Alþingi haustið 1981 (147. mál) segir m.a. svo:

Með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7/1980 um breytingu á þeim lögum var mörkuð ný stefna varandi áhrif verðbólgunnar á skattlagningu í atvinnurekstri sem fólst í mjög róttækum breytingum á þeim skattlagningarreglum sem gilt höfðu þar sem stefnt var að aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni. Beindist breytingin einkum að þeim þáttum sem tengdust skattlagningu fjármunatekna og frádráttarbærni fjármagnskostnaðar, fyrningu á árlega endurmetnu stofnverði eigna og tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga.

Meginbreytingin varðandi skattalega meðferð fjármunatekna og fjármagnsgjalda í atvinnurekstri er fólgin í því að til tekna skuli telja eða til gjalda, eftir því sem við á, verðbætur á höfuðstól og vexti eða gengismun án tillits til þess hvort eða að hvaða marki sú hækkun fæst greidd eða er greidd á árinu. Breytingin er fólgin í því að samkvæmt eldri lögum var gengismunur annaðhvort gjaldfærður á fimm árum með jafnri fjárhæð árlega eða uppfærður á þá eign sem lánið hafði verið til kaupa á og fyrndur á eftirstöðvum fyrningatíma eignarinnar.

Önnur meginbreytingin er varðandi einskiptis endurmat eigna er aðilar í atvinnurekstri áttu fyrir gildistöku laganna og endurmat fenginna fyrninga, svo og fyrningu eigna af árlega endurmetnu stofnverði eða kostnaðarverði þeirra. Hins vegar var hundraðshluti fyrninga sem gilti samkvæmt eldri lögum jafnframt almennt lækkaður.

Þriðja meginbreytingin varðar þá þætti sem tengdir eru skattlagningu fjármunatekna og frádráttarbærni fjármagnsgjalda og leiðréttingu vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á peningaverðseignir að frádregnum skuldum. Í greinargerð fyrir frumvarpi, sem varð að lögum nr. 7/1980, er bent á að verðbólga undanfarinna ára hafi haft í för með sér gífurlegan tilflutning verðmæta milli aðila í þjóðfélaginu án þess að tekið hafi verið tillit til þess í skattlagningu. Eigendur sparifjár og annarra peningaeigna hafi þannig mátt þola verulega rýrnun eigna þessara án skattalegrar umbunar og jafnvel skattskyldu á neikvæðum vöxtum. Skuldarar hafi notið samsvarandi verðrýrnunar skuldanna án þess að tillit hafi verið tekið til þess við skattlagningu en vextir og verðbætur af skuldum aftur á móti heimilaðir að fullu til frádráttar.

Ákvæði 53. gr. laganna felur í raun í sér að peningakröfueigendur í atvinnurekstri geta gjaldfært mun á verðbólgustigi og fjármunatekjum ef vextir eru neikvæðir en til tekna koma endanlega einungis vextir umfram verðbólgustig. Á sama hátt geta skuldarar í rekstri einungis að lokum gjaldfært þann hluta fjármagnskostnaðar sem umfram er verðbólgustig en þegar vextir eru lægri en verðbólgustigið fær skattaðili í reynd tekjufærslu vegna skuldanna. Með þessu er skattlagningin miðuð við raunvirði peningaeigna og skulda þar sem tekið sé tillit til áhrifa verðbólgunnar. Ef vextir eru almennt undir verðbólgustiginu hafa þessar reglur í för með sér að almennt munu skuldarar í rekstri missa vaxtafrádrátt með því að fá tekjufærslu í samræmi við skuldir þeirra. Þeir sem eiga peningaverðseignir í rekstri umfram skuldir munu almennt losna við að fá til tekna vextina með því að fá gjaldfærslu í samræmi við þessar eignir. Regla þessi stefnir að því að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár í árbyrjun og ársloka.

Í kafla II. greinargerðarinnar segir svo:

Framangreindar breytingar frá reglum eldri skattalaga er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum leiða til þess að skattbyrðin flyst til aðila sem fjármagna fjárfestingar og rekstur með lánsfjármagni frá aðilum sem fjármagna þessa þætti með eigin fé. Þeirra aðila, sem fyrst og fremst hafa orðið fyrir verulegri þyngingu á skattbyrði miðað við reglur eldri skattalaga, er að leita meðal þeirra sem reikna sér verðbreytingarfærslu til tekna en þyngingin vegur þó misjafnlega og fer eftir því hvernig framangreindir tveir þættir vega hjá hverjum og einum og að hvaða marki heimildarákvæði 44. gr. laganna um sérstakar fyrningar eru nýttar.

IV.

Í gegnum tíðina hafa skattalögin verið sá grunnur sem ársreikningagerð fyrirtækja hefur öðru fremur byggst á og mótast af. Svo er að vissu marki enn a.m.k hvað varðar minni fyrirtæki. Mikill fjöldi smárra fyrirtækja hefur lagt höfuðáherslu á gerð ársreikninga í samræmi við ákvæði skattalaga og gerð þeirra gagna sem fylgja skulu skattframtalinu. Minna var hirt um þýðingu reikningsskilalegra hugtaka um afkomu eða fjárhagsstöðu.

Allan áttunda áratuginn hafði geysast hér óðaverðbólga og ekki seinna vænna að margra áliti að takast á við vandann við reikningsskil og skattálagningu. Á ýmsum tímum hafa verið gerðar tímabundnar breytingar á ákvæðum skattalaga sem áttu að taka nokkuð mið af verðbólgu og lagfæra skattstofna vegna áhrifa hennar. Af eldri ákvæðum í skattalögum um þetta efni má nefna:

1. Einskiptis endurmat fyrnanlegra eigna (1962 og 1971 og að lokum 1979).
2. Flýtifyrningar.
3. Verðstuðulsfyrningar (sem ekki höfðu áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs).
4. Niðurfærsla vörubirgða og skuldunauta.
5. Skattfrjáls söluhagnaður eigna í atvinnurekstri eftir tiltekinn eignarhaldstíma.

Þessi ákvæði höfðu einnig áhrif á reikningsskil fyrirtækjanna en umræddar breytingar á endurmati eigna og fyrninga og niðurfærslu voru færðar í bækur fyrirtækjanna.

Á árinu 1978 voru sett ný lög um hlutafélög, nr. 32/1978, og voru þar ítarleg ákvæði um gerð ársreikninga í XII. kafla þeirra. Var í kaflanum að finna margvísleg ákvæði bæði um efnisinnihald og form allra helstu þátta ársreiknings svo sem ársskýrslu, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar á tilteknum atriðum sem var litið á sem hluta ársreikningsins. Þótt þessi lög hafi verið sett á sama árinu og Alþingi samþykkti ný lög um tekjuskatt og eignarskatt þar sem fjallað var að hluta um sama grundvallarefnið, þ.e. reikningsskil atvinnurekstrarins, annars vegar til skattskila og hins vegar til samningu ársreikninga hlutafélaga, var tekið mjög mismunandi á efninu, sem er athyglisvert þegar tekið er tilliti til þeirrar verðbólgu sem geisað hafði á þessum árum og umræðu um reikningsskil fyrirtækja í því sambandi. Í hlutafélagalögunum var gert ráð fyrir svonefndri kostnaðarverðsreglu eins og í bókhaldslögunum frá 1968 við mat á eignum og gjaldfærslu afskrifta og ekki tekið á verðbólguvandanum við reikningsskilagerð. Segja má til skýringar að í reikningsskilum almennt var ekki farið að ræða leiðir og aðfarir til að taka mið af áhrifum almennra verðlagsbreytinga á ársreikninga fyrirtækja nema þá með tilliti til skattálagningar. Áhugi manna beindist frekar að sjálfri skattlagningunni og áhuga á að finna varanlegar leiðir til ákvörðunar á skattstofnum þannig að félögin gengu ekki á vanmetnar eignir sínar vegna skattgreiðslna. Ákvæði hlutafélagalaganna um samningu ársreikninga komu til framkvæmda frá og með reikningsárinu 1979 þótt meginefni laganna tæki gildi 1. janúar 1980.

Engin breyting var gerð á lögum um bókhald eða þeim kafla laga um samvinnufélög er kveða á um samningu ársreikninga með tilliti til verðbólgu samhliða upptöku verðbólgureikningsskila skattalaganna frekar en í hlutafélagalögunum. En með ákvæðum í 57. gr. laga nr. 7/1980, um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, var við lögin bætt nýju ákvæði, ákvæði til bráðabirgða XI, og orðaðist svo: „*Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga nr. 51/1968, um bókhald, XII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. þessara laga, er öllum bókhaldsskyldum aðilum heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði þessara laga að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu vegna verðbreytinga. Lögin raska þó ekki ákvæðum tilvitnaðra laga um að eignir í ársreikningi skuli ekki tilfæra með hærra verði en raunverulega svarar til verðmætis þeirra.*“

Í ræðu framsögumanns nefndarinnar er frumvarpið kom til 2. umræðu víkur hann að þessu breytingarákvæði og segir: *Það er ljóst, að hvorki lög um hlutafélög né lög um bókhald gera ráð fyrir stöðugu endurmati, eins og hér er gert ráð fyrir. Þess vegna þótti nauðsynlegt að taka það fram í þessum lögum, að þetta væri heimilt þrátt fyrir ákvæði þessara laga um gerð ársreikninga og einnig væri heimilt að miða varasjóðstillag, arðsúthlutun og úthlutun á tekjuafgangi við niðurstöðu rekstrarreiknings samkvæmt skattalögum, þrátt fyrir ákvæði þessara laga um svipuð efni.*

Það næsta sem gerist í lagasetningu um bókhald og ársreikninga er að með lögum nr. 69/1989 um breyting á lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, eru gerðar breytinga á XII. kafla laganna um ársreikning og ársskýrslu stjórnar. Þar kemur fram að hækkun á bókfærðu verði fastafjármuna sem stafar af því að raunvirði þeirra er verulega hærra en bókfært verð þeirra í efnahagsreikningi síðasta reikningsár skuli færa í endurmatsreikning svo og skuli gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir. Þá er ákvæði um ráðstöfun endurmatsreiknings. Gildistökuákvæðið varðandi ráðstöfun endurmatsreiknings er gert afturvirkt til upphafs árs 1979. Hliðstætt ákvæði um árlegt endurmat eigna og er í skattalögunum er ekki að finna í breyttum lögum um hlutafélög.

Samsvarandi ákvæði koma fram í lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, varðandi endurmatsreikning að frátöldu gildistökuákvæðinu.

Með lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var í raun ákveðið að hafna forsendu hefðbundinna reikningsskila um stöðugt verðlag. Sú úrlausn sem fest var í umrædd lög miðaðist við þá tegund verðbólgureikningsskila, sem nefnd hefur verið staðverðsreikningsskil. Afleiðing þess að hafna forsendunni um stöðugt verðlag er tvíþætt. Annars vegar er nauðsynlegt að framreikna kostnaðarverð efnislegra eigna og hins vegar þarf að taka tillit til áhrifa verðbólgu á peningalegar eignir og skuldir.

Almennt var álitið að með framreikningi væri verið að reyna að nálgast endurkaupsverð sambærilegra fjármuna með einhvers konar endurmati og í því sambandi skiptir ekki litlu máli að hækkun eigna vegna framreikningsins væri færð á sérstakan endurmatsreikning. En með framreikningi eigna er aðeins verið að sýna kaupmátt þess fjár sem látið var af hendi þegar eign var keypt, þ.e. hvert er verðgildi peninganna sem afhentir voru á núverandi verðlagi. Staðverðsreikningsskil byggjast í raun á sömu grundvallarreglum um reikningsskil og hefðbundin reikningsskil þ.e. reglunni um að skrá skuli eignir við upphaflegu kostnaðarverði og reglunni um að tekjur séu aðeins færðar í reikningsskil við sölu eigna eða við innlausn. Munurinn er þó sá að við gerð staðverðsreikningsskila er þeirri forsendu hefðbundinna reikningsskila hafnað að mælieiningin sé stöðug. Í hefðbundnum reikningsskilum eru viðskipti skráð við kaupmætti þeirra króna, þegar þau fóru fram. Forsenda hefðbundinna reikningsskila er að mælieiningin, þ.e. krónan, sem mælingarnar miðast við, sé stöðug. Endurmatið

er í raun ekki endurmat, heldur framreikningur á kostnaðarverði fyrir áhrifum almennra verðbreytinga og hlutverk afskrifta er ekki til vitnis um raunverulega rýrnun, þannig að bókfært verð segi til um raunvirði. Grundvallarhugsunin er sú að ekki komi fram hagnaður í rekstrarreikningi nema kaupmáttur eigin fjár hafi aukist á því tímabili sem hann tók til.

V.

Fljótlega varð þó ljóst að hinar einföldu leiðréttingaaðferðir skattalaga fullnægðu í vissum tilvikum ekki þeim fyrirtækjum sem gerðu miklar kröfur til nákvæmni varðandi rekstrarafkomu sem stærri fyrirtæki vildu gera til afkomumælinga innan einstakra ára vegna þeirrar einföldunar sem felast í ákvæðum laganna um útreikning á áhrifum verðbólgu. Niðurstöður í skattskilum gátu orðið ónákvæmar og jafnvel misvísandi um afkomu innan einstakra reikningstímabila.

Í ársbyrjun 1982 gaf reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda út leiðbeiningar til félagsmanna sinna um ársreikningagerð þar sem byggt var á ákvæðum skattalaga varðandi verðleiðréttingar svo og hlutafélagalögunum. Leiðbeiningar um frávik frá aðferðum skattalaga við útreikning á áhrifum verðlagsbreytinga á ársreikninga fyrirtækja gaf félagið út í ársbyrjun 1985. Tilgangur þessara leiðbeininga var að móta stefnu um notkun svonefndrar fráviksaðferðar í þeim tilvikum sem reglur skattalaga um endurmat eigna, afskriftir og reiknaða verðbreytingarfærslu voru taldar gefa misvísandi niðurstöðu um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækja.

Telja verður að þetta framtak félagsins hafi öðru fremur orðið til að auðvelda mönnum að framkvæma þær miklu breytingar sem lögin höfðu í för með sér, jafnframt því sem þetta framtak stuðlaði að meira samræmi í ársreikningagerð en ella hefði orðið.

Sem dæmi um einföldun við verðbólguleiðréttingu skattalaga má nefna í þessu sambandi:

1. Eignir sem keyptar eru á reikningsárinu eru ekki endurmetnar á því ári en það leiðir til vanmats þeirra við skilyrði verðbólgu.
2. Varanlegir rekstrarfjármunir sem seldir eru á reikningsárinu eru endurmetnir með verðbreytingarstuðli söluárs en það kann að leiða til ofmats þeirra og lægri söluhagnaðar eða hærra sölutaps.
3. Á kaupári er afskrifað í heilt ár af kaupverði án tillits til hvenær keypt er á því ári en engar afskriftir eru á söluári. Afskriftir geta því verið ofmetnar eða vanmetnar á viðkomandi reikningsári.
4. Verðbreytingafærsla er miðuð við stöðu peningalegra eigna og skulda í byrjun reikningsárs, þ.e. efnahagsreikningi sl. árs. Verulegar breytingar innan ársins t.d. vegna kaupa eða sölu á varanlegum rekstrarfjármunum geta leitt til umtalsverðrar skekkju í þessum útreikningi.
5. Verðbreytingarfærslan var á fyrstu árunum miðuð við breytingu á meðaltali vísitölu byggingarkostnaðar milli ára en ekki innan viðkomandi reikningsárs. Síðar var því breytt þannig að stuðullinn miðast við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils.

Helstu þættir sem fráviksaðferðin tekur á eru:

1. Endurmat (framreikningur) eigna er að jafnaði miðað við kaupmánuð.
2. Afskriftir eru reiknaðar miðað við eignarhaldstíma innan hverseikningsárs.
3. Þegar reiknuð eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir er tekið tillit til þeirra breytinga sem verða á stöðu þessara eigna og skulda innan ársins.

4. Vísitalan sem notuð er miðast við breytingar innan reikningsársins stað milli ára eins og var upphaflega í skattalögunum.

Það er ekki fyrr en með lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, er fram komu ákvæði um árlegt endurmat í reikningsskilum og ákvæði um að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag félaga. Í lögunum er heimilað að leiðrétta liði efnahagsreiknings, þar með talið eigið fé, vegna áhrifa verðbólgu og skulu þá slíkar leiðréttingar einnig taka til rekstrarreiknings. Með samþykkt laganna voru ársreikningskaflar hlutafélagalaganna og samvinnufélagalaganna felldir niður og ein og sömu lögin giltu um ársreikninga þessara félagaforma. Lög þessi voru sett í framhaldi af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) en Evrópusambandið, ESB, hafði gefið út tvær félagatilskipanir, sem eru númer 4 og 7, um reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga með takmarkaða ábyrgð. Var talið að nauðsynlegt að samræma íslenska löggjöf um reikningsskil ákvæðum þessara félagatilskipana.

Samkvæmt 32. gr. fjórðu félagatilskipunar er það meginregla að reikningsskil skuli grundvallast á upphaflegu kostnaðarverði en gefinn er kostur á því í 33. gr. að heimila í löggjöf aðildarríkjanna, þar til annað yrði ákveðið, að leiðrétta megi reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu, án þess að það sé skýrt nákvæmlega í greininni. Í lögum um ársreikninga eru ekki settar reglur um hvernig þessi verðbólguleiðréttingar eigi að fara fram en samkvæmt almennum athugasemdum við III. kafla frumvarpsins um ársreikninga var gert ráð fyrir að tekið yrði tillit til áhrifa verðbólgu í samræmi við viðteknar reikningsskilavenju hér á landi og sömu reglur sem mótast höfðu af framkvæmd skattalaga og fráviksaðferð Félags löggiltra endurskoðenda yrðu viðhafðar.

Í 30. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, er að finna samsvarandi ákvæði varðandi matsreglur vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstur og efnahag hjá þeim bókhaldsskyldu aðilum sem ekki ber skylda til að fara eftir lögum um ársreikninga í reikningsskilum sínum.

Í reynd hafa því einkum tvær aðferðir verið notaðar við verðleiðréttingu reikningsskila hér á landi frá árinu 1982, sem báðar hafa verið taldar góðar og gildar. Það er annars vegar reikningsskil í samræmi við ákvæði skattalaga sem flest minni félög og fyrirtæki einstaklinga nota og hins vegar fráviksaðferð Félags löggiltra endurskoðenda sem flest stór eða stærri félög nota.

Fskj. 2.

I. Verðbreytingarstuðlar framtalsáranna 1980–2001, reikningsáranna 1979–2000.
II. Verðbreytingarstuðlar framtalsáranna 1961–1979, reikningsáranna 1960–1978 ef verðbreytingarstuðlar hefðu verið í gildi á þeim árum.

I. Raunverul. stuðull 1980–1998.			II. Útreiknaður stuðull 1961–1979.		
Framt.ár	**Stuðull**	**Hækkun**	**Framt.ár**	**Stuðull**	**Hækkun**
2001	1,0418	4,18%			
2000	1,0561	5,61%			
1999	1,0127	1,27%			
1998	1,0202	2,02%	1979	1,4815	48,15%
1997	1,0608	6,08%	1978	1,2814	28,14%
1996	1,0321	3,21%	1977	1,2543	25,43%
1995	1,0184	1,84%	1976	1,4875	48,75%
1994	1,0311	3,11%	1975	1,4699	46,99%
1993	1,0117	1,17%	1974	1,2418	24,18%
1992	1,0618	6,18%	1973	1,1884	18,84%
1991	1,1916	19,16%	1972	1,1473	14,73%
1990	1,2224	22,24%	1971	1,1718	17,18%
1989	1,1848	18,48%	1970	1,2305	23,05%
1988	1,1795	17,95%	1969	1,0822	8,22%
1987	1,2843	28,43%	1968	1,0438	4,38%
1986	1,2868	28,68%	1967	1,1757	17,57%
1985	1,2672	26,72%	1966	1,1410	14,10%
1984	1,7167	71,67%	1965	1,1535	15,35%
1983	1,5378	53,78%	1964	1,0603	6,03%
1982	1,5349	53,49%	1963	1,1250	12,50%
1981	1,5491	54,91%	1962	1,1022	10,22%
1980	1,4551	45,51%	1961	1,0578	5,78%

Fskj. 3.

Ákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjalla um verðbólguleiðréttingar.

Þær greinar laga um tekjuskatt og eignarskatt sem orðin „verðbreyting/verðbreytingarfærsla/tekjufærsla," „endurmat/endurmeta," „framreikningur/umreikningur" kemur fyrir í eru: 9., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 20., 21., 26., 27., 28., 30., 31., 35., 36., 37., 41, 44., 53. og 74. gr.

9. gr., 3. mgr. [Nú er félagi slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna. Einnig telst til arðs lækkun hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, umfram kaupverð. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.][1)]

[1)] *L. 154/1998, 2. gr.*

Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna.

10. gr., 1. mgr. Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengins söluhagnaðar og verðbreytinga eftir því sem nánar er ákveðið í 11.–27. gr.

Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna.

11. gr. Hagnaður af sölu eigna, sem heimilt er að fyrna skv. 32. gr., og af sölu réttinda, sem tengd eru þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra, að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar, þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.

12. gr. Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV[1] að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

[1] *Um þetta brbákv. vísast til Lagasafns 1983.*

13. gr., 2. mgr. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna.

14. gr. Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum [niðurfærslum skv. 31. gr. og][1] söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakri fyrningu skv. 3. mgr. 44. gr.,[2] skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr.

Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a.m.k. fimm ár á síðast liðnum

átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a.m.k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

[Hagnaður af sölu þeirra réttinda sem um ræðir í 50. gr. A telst að fullu til tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu réttindi. Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði annars vegar og kaupverði, eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr., og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Þegar ákveða skal hagnað af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skal á hverjum tíma litið svo á að fyrst sé seldur sá hluti aflahlutdeildar í sömu fisktegund sem skattaðili keypti fyrst en úthlutaðri aflahlutdeild sé ráðstafað eftir að öll keypt aflahlutdeild í tegundinni hefur verið seld.

Á því ári sem skattskyldur hagnaður af sölu aflahlutdeildar eða sambærilegra réttinda í sjávarútvegi skv. 5. mgr. færist til tekna er skattaðila heimilt að færa niður stofnverð aflahlutdeildar, sem keypt hefur verið á tekjuárinu eða á síðustu 12 mánuðum áður en salan fór fram, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Þá getur skattaðili farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðarins um tvenn áramót, enda kaupi hann aflahlutdeild í sjávarútvegi innan þess tíma og færi hana niður um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef aflahlutdeild er ekki keypt innan tilskilins tíma samkvæmt þessari málsgrein telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist, framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður, að viðbættu 10% álagi. Niðurfærsla eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein er því aðeins heimil að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.][3)]

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem er undir stærðarmörkum þeim er greinir í 16. gr. og er í eigu manna, sbr. 5. mgr. þeirrar greinar.

[1)] L 111/1992, 1. gr. [2)] 3. mgr. 44. gr. var felld niður með 8. gr. l. 8/1984. [3)] L 118/1997, 1. gr. Um heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar af aflahlutdeild fyrir 23. desember 1997, sjá 2. mgr. 4. gr. s.l.

15. gr., 1. mgr. Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði.

16. gr., 2., 3. og 4. mgr. Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinnar nýju eignar. Ef eignarinnar er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn, framreiknaður, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist.

[Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., og 25% af innlausn innstæðu húsnæðissparnaðarreiknings, í tengslum við kaup, byggingu eða endurbætur íbúðarhúsnæðisins, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um húsnæðissparnaðarreikninga, hins vegar þegar stofn-

verðið, söluhagnaðurinn og 25% innstæðuinnlausnar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.][2)]

Þegar maður selur íbúðarhúsnæði sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan [tveggja][1)] ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan [tveggja][1)] ára frá söludegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt ákvæðum 26. gr.

[2)] *L. 47/1985, 1. gr.*

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum.

17. gr., 2., 4., 5. og 7. mgr.

2. mgr.: [Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar, [sbr. þó 4. mgr.][1)] [Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.][2)] Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. [Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endur mat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög skal ákvarðast jafnt fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs.][3)] [Kaupverð hlutabréfa sem seljandi hefur eignast vegna kaupréttar skv. 8. gr. A skal ákvarðast jafnt gangverði því sem lagt var til grundvallar við ákvörðun tekna samkvæmt því ákvæði.][4)] Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda.

4. mgr.: Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð bréfanna að frádregnu jöfnunarverðmæti þeirra, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996 þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., til söluárs, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.][1)] [...[1)]][6)]

5. mgr.: [Lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr., geta farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa, þar á meðal skiptum á hlutabréfum, annarra en eigin bréfa, um tvenn áramót frá söludegi. Sama gildir um einstaklinga í atvinnurekstri enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupi slíkur aðili önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar kaupverði þeirra bréfa. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn til skattskyldra tekna á öðru ári frá því að hann myndaðist. Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari málsgrein skal hann hækkaður eða lækkaður samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.][2)]

7. mgr.: [Við sölu hlutabréfa í sparisjóði, sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, skal skattskyldur söluhagnaður þeirra bréfa sem stofnfjáreigandi fékk í skiptum fyrir stofnbréf sín vera söluverð bréfanna að frádregnu kaupverði þeirra. Kaupverð hlutabréfa í eigu stofnfjáreigenda skal ákveðið sem

stofnfé sjóðsins endurmetið til ársloka 1996, skv. 23. gr. laga nr. 113/1996, að viðbættu innborguðu stofnfé frá þeim tíma þar til sparisjóðnum var breytt í hlutafélag. Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. þessara laga, frá árslokum 1996 til söluárs, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum. Kaupverð hlutabréfa í sparisjóði sem sjálfs eignarstofnun hefur eignast samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996 ákvarðast sem raunvirði hreinnar eignar sparisjóðsins í árslok 1996 að frádregnu kaupverði hlutabréfa í eigu stofnfjár eigenda, sbr. framangreint. Raunvirði hreinnar eignar skal ákveðið samkvæmt þeim reglum sem gilda um ákvörðun á jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr.][9]

1) Sbr. 3. gr. laga nr. 154/1998. 2) Sbr. 3. gr. laga nr. 95/1998. 3) Sbr. 2. gr. laga nr. 30/2001. 4) Sbr. 3. gr. laga 86/2000. 6) Sbr. 4. gr. laga nr. 98/1996. 9) Sbr. 1. gr. laga nr. 60/2001.

18. gr., 2. mgr. Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. [Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tölul. 31. gr.][1]

1) L. 8/1984, 3. gr.

Ýmis ákvæði um söluhagnað.

20. gr. Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr. Með sama hætti telst söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri ávallt til skattskyldra tekna.

21. gr. Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna, og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 10.–27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan þriggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til tekna en færist til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

Þrátt fyrir frestun eða dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

25. gr. Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar

þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

26. gr. Verðbreytingarstuðull til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum skal reiknaður árlega, í fyrsta sinn fyrir árið 1980. [Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils. Miða skal breytinguna við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.][1)]

Ríkisskattstjóri skal birta verðbreytingarstuðul í lok hvers tekjuárs og gildir hann fyrir það ár.

[1)] *L. 141/1997, 1. gr.*

27. gr. Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. [Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði.][1)] Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir söludag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

[Þegar skattskyldum söluhagnaði er dreift samkvæmt þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingastuðli, sbr. 26. gr., fram til þess árs sem hann er tekjufærður.][1)]

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

[1)] *L. 85/1991.*

28. gr., 4. og 8. tölul. Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

4. tölul.: Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

8. tölul.: Endurmatshækkun fyrnanlegra eigna samkvæmt ákvæðum laga þessara né matshækkun búfjár samkvæmt 2. tölul. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

2. mgr. B-liðar 30 gr. Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tölul. A-liðs 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu

eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar. [Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi [27.000.000][12] kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en [54.000.000][12] kr. ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut.][16] [Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.][12]

[12] Sbr. 4. gr. laga nr. 149/2000. [16] Sbr. 4. gr. laga nr. 8/1984.

31. gr., 7. tölul. Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

7. [Eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu [átta][7] árum á undan tekjuári, framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.][8] [Þó er ekki heimilt að nýta rekstrartap til frádráttar tekjum ef veruleg breyting hefur orðið á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á, svo sem með breytingu á eignaraðild að lögaðila eða á tilgangi rekstrar, nema sýnt þyki að umræddar breytingar hafi verið gerðar í eðlilegum og venjulegum rekstrartilgangi.][9]

[7] L. 137/1996, 4. gr. [8] L. 85/1991, 4. gr. [9] L. 147/1994, 3. gr.

35. gr. Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna. Fyrningargrunnur eigna telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr. Þegar stofnverð eigna hækkar eða lækkar eftir að hafin er nýting þeirra skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs þegar breytingin verður.

36. gr. Fyrningargrunn fyrnanlegra eigna, eins og hann er í byrjun hvers rekstrarárs, skal hækka samkvæmt verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. 26. gr. Sama á við um stofnverð eigna þótt ekki sé hafin nýting þeirra við öflun tekna enda séu þær í eigu skattaðila í byrjun þess rekstrarárs þegar verðbreyting er reiknuð.

Heildarfjárhæð áður fenginna fyrninga, eins og hún er í byrjun þess rekstrarárs, þegar verðbreyting er reiknuð, skal breyta á sama hátt og fyrningargrunni.

Ef fyrningargrunnur lækkar á einhverju ári samkvæmt verðbreytingarstuðli skulu áður fengnar fyrningar einnig lækkaðar. Fyrningargrunnur skal þó ekki lækkaður niður fyrir stofnverð.

37. gr. Árlegar verðbreytingar samkvæmt 36. gr. færast til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni eigna og áður fengnum fyrningum. Mismunur breytinganna færist síðan á sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem teljast skal til eigin fjár.

41. gr. Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir [128.697 kr.][1] er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár. [Fjárhæðir samkvæmt þessari málsgrein skulu hækka árlega með verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr.][2]

[1] Sbr. ákvæði til bráðabirgða VI í lögum nr. 65/1997. [2] Sbr. 5. gr. laga nr. 149/2000. Ákvæðið kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2002 vegna tekna og eigna á árinu 2001.

44. gr. [Til viðbótar fyrningu skv. 38. og 55. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna.][1] Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs. Fyrirframfyrning samkvæmt þessari málsgrein og 2. málsl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkvæmt 53. gr. vegna viðkomandi árs.

... [1]

Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

[1] *L. 8/1984, 8. gr.*

Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga.

53. gr. Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra, er um ræðir í 3. mgr., og skulda þeirra, er um ræðir í 4. mgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda skv. 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. séu eignirnar hærri, en til tekna skv. B-lið 7. gr. séu skuldirnar hærri.

Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkanir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t.d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t.d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum. Helmingur af matsverði bústofns telst til eigna við útreikning þennan. Niðurfærsla skv. 4. tölul. og 2. mgr. 5. tölul. 74. gr. skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, [fjárfestingarsjóður][1] og aðrir eiginfjárreikningar. [Skuldir og inneignir stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga, sbr. 1., 2. og 4. tölul. 2. gr., svo og skuldir og inneignir hluthafa í hlutafélögum og ógreidd hlutafjárloforð, teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan nema því aðeins að skuldir

þessar og inneignir séu vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma. Skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tölul. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan.][2] Ekki teljast heldur til skulda í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á innlagðar afurðir mjólkurbúa og sláturhúsa. Hjá mönnum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki með í þessu sambandi skuldir og inneignir þeirra hjá atvinnurekstrinum og ekki heldur skuldir og eignir þessara aðila sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarbærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 500.000 kr. og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málsl. þessarar málsgreinar er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

[1] *L. 8/1984, 9. gr.* [2] *L. 97/1988, 5. gr.*

74. gr., 1. og 3. tölul. Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

1. Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.

3. Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV[1] og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.

(2. mgr.) Lausafé manna, sem ekki er heimilt að fyrna og ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skal telja til eignar á upphaflegu kaup- og kostnaðarverði án endurmats. [Þó skal ár hvert heimilt að færa niður verð bifreiða um 10% af því verði sem þær voru taldar til eignar hjá framteljanda árið áður.][2]

[1] *Um þetta brbákv. vísast til Lagasafns 1983.* [2] *L. 145/1995, 10. gr.*

Fskj. 4.

Töflur um áhrif verðbólguleiðréttinga á tekjuskatt og yfirfæranlegt tap samkvæmt samræmdum skattframtölum félaga rekstrarárin 1998 og 1999.

Samræmt skattframtal rekstraraðila 2000 (rekstur 1999)
Fjárhæðir í millj. kr.

	Félög með skattgreiðslur	Skattar fyrir	Fjöldi	Skattar eftir	Fjöldi	Mism.	%
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	40.367	39	35.749	36	-4.618	-11,44
B	Fiskveiðar	303.214	141	294.344	130	-8.870	-2,93
CB	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa	59.161	4	65.668	5	6.507	11,00
DA	Matvæla- og drykkjavöruiðnaður;	251.860	97	229.096	94	-22.764	-9,04
	Þar af fiskvinnsla	101.542	55	75.149	48	-26.393	-25,99
D	Annar iðnaður	775.195	370	793.448	364	18.253	2,35
E	Veitur	227	3	201	2	-26	-11,64
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	748.823	444	758.060	454	9.236	1,23
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2.329.998	746	2.422.757	752	92.759	3,98
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	59.632	46	54.219	40	-5.413	-9,08
I	Samgöngur og flutningar	251.845	94	209.000	97	-42.844	-17,01
J	Fjármálaþjónusta og vátryggingar	713.643	69	1.005.757	82	292.114	40,93
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	1.193.725	855	1.265.005	840	71.279	5,97
L	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	0	0	0	0	0	
M	Fræðslustarfsemi	1.957	13	1.930	14	-27	-1,36
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	124.403	115	123.141	110	-1.262	-1,01
O	Önnur samfélagsþjónusta, menningarstarfsemi o.fl.	70.803	117	67.985	116	-2.818	-3,98
R	Engin starfsemi	6.879	11	11.700	17	4.821	70,08
S	Ótilgreind starfsemi	8.495	21	6.309	20	-2.185	-25,73
	Samtals	6.940.227	3.185	7.344.368	3.173	404.141	5,82

Samræmt skattframtal rekstraraðila 2000 (rekstur 1999)
Fjárhæðir í millj. kr.

	Félög með rekstrartap	Tap, fyrir	Fjöldi	Tap, eftir	Fjöldi	Mism.	%	Fj.	Fyrir	Eftir
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	-626.990	127	-707.576	134	80.585	12,85	7	7	3
B	Fiskveiðar	-8.831.075	297	-9.782.162	343	951.087	10,77	46	45	10
CB	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra	-301.970	12	-285.478	11	-16.492	-5,46	-1	1	1
DA	Matvæla- og drykkjavöruiðnaður;	-16.982.576	305	-18.641.873	316	1.659.297	9,77	11	17	9
	Þar af fiskvinnsla	-14.776.674	176	-16.390.887	190	1.614.213	10,92	14	12	5
D	Annar iðnaður	-7.538.744	620	-7.627.785	650	89.041	1,18	30	37	13
E	Veitur	-69.026	19	-69.549	20	523	0,76	1	2	2
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	-3.049.532	555	-3.244.083	580	194.551	6,38	25	56	21
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	-9.442.919	1.300	-9.783.037	1.334	340.118	3,60	34	75	35
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	-2.481.486	291	-2.750.265	308	268.779	10,83	17	14	3
I	Samgöngur og flutningar	-3.426.643	242	-3.816.392	253	389.749	11,37	11	19	5
J	Fjármálaþjónusta og vátryggingar	-2.878.606	88	-2.305.607	90	-572.999	-19,91	2	25	10
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	-13.088.792	1.550	-14.701.472	1.668	1.612.680	12,32	118	203	100
L	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	-2.191	2	-2.288	2	97.697	4,46	0	1	1
M	Fræðslustarfsemi	-78.766	33	-80.272	34	1.506	1,91	1	5	3
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	-103.158	73	-111.647	79	8.488	8,23	6	6	5
O	Önnur samfélags-þjónusta, menningar-starfsemi o.fl.	-2.271.167	317	-2.414.305	322	143.138	6,30	5	22	18
R	Engin starfsemi	-727.070	233	-700.943	228	-26.127	-3,59	-5	134	133
S	Ótilgreind starfsemi	-447.833	161	-503.393	161	55.561	12,41	0	42	43
	Samtals	-72.348.544	6.225	-77.528.127	6.533	5.179.584	7,16	308	711	415

Samræmt skattframtal rekstraraðila 1999 (rekstur 1998)
Fjárhæðir í millj. kr.

	Félög með skattgreiðslur	Skattar fyrir	Fjöldi	Skattar eftir	Fjöldi	Mismunur	%	Fj.
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	43.931	43	45.310	44	1.379	3,14	1
B	Fiskveiðar	507.778	134	516.513	155	8.736	1,72	21
CB	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa	45.510	4	47.887	5	2.378	5,22	1
DA	Matvæla- og drykkjavöruiðnaður;	246.333	86	270.226	99	23.893	9,70	13
	Þar af fiskvinnsla	127.995	50	148.851	60	20.856	16,29	10
D	Annar iðnaður	671.850	360	691.851	391	20.001		
E	Veitur	51	1	54	1	3	5,24	0
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	505.303	378	514.869	398	9.566	1,89	20
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	1.827.943	724	1.860.725	757	32.782	1,79	33
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	48.834	52	49.245	56	411	0,84	4
I	Samgöngur og flutningar	149.900	94	157.436	105	7.537	5,03	11
J	Fjármálaþjónusta og vátryggingar	486.081	56	541.415	61	55.334	11,38	5
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	844.762	779	875.697	816	30.935	3,66	37
M	Fræðslustarfsemi	2.110	16	2.088	18	-22	-1,03	2
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	80.786	77	82.055	80	1.270	1,57	3
O	Önnur samfélagsþjónusta, menningarstarfsemi o.fl.	57.011	89	58.250	97	1.239	2,17	8
R	Engin starfsemi	2.575	14	2.917	20	341	13,26	6
S	Ótilgreind starfsemi	10.728	29	11.099	29	371	3,46	0
	Samtals	5.531.658	2.937	5.727.820	3.133	196.162	3,55	196

Samræmt skattframtal rekstraraðila 1999 (rekstur 1998)
Fjárhæðir í millj. kr.

	Félög með rekstrartap	Tap, fyrir	Fjöldi	Tap, eftir	Fjöldi	Mismunur	%	Fj.	Fyrir	Eftir
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	-501.518	101	-485.226	103	-16.293	-3,25	2	5	2
B	Fiskveiðar	-9.401.346	294	-9.362.610	312	-38.736	-0,41	18	47	8
CB	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra	-194.060	11	-188.846	14	-5.214	-2,69	3	5	1
DA	Matvæla- og drykkjavöruiðnaður;	-11.062.630	286	-10.579.807	284	-482.823	-4,36	-2	15	4
	Þar af fiskvinnsla	-9.003.370	167	-8.633.211	168	-370.159	-4,11	1	12	1
D	Annar iðnaður	-7.464.883	615	-7.015.727	603	-449.155		-12	31	12
E	Veitur	-64.000	15	-60.454	15	-3.546	-5,54	0	0	0
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	-3.102.150	540	-2.955.254	537	-146.896	-4,74	-3	38	21
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	-9.367.015	1.303	-8.952.215	1.304	-414.800	-4,43	1	53	19
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	-2.196.743	282	-2.141.662	284	-55.081	-2,51	2	9	3
I	Samgöngur og flutningar	-3.441.094	217	-3.193.257	214	-247.837	-7,20	-3	18	10
J	Fjármálaþjónusta og vátryggingar	-5.312.740	85	-4.641.202	86	-671.538	-12,64	1	12	6
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	-10.676.462	1.367	-10.385.009	1.405	-291.454	-2,73	38	161	86
M	Fræðslustarfsemi	-50.551	33	-47.878	30	-2.672	-5,29	-3	1	2
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	-74.881	63	-72.802	61	-2.079	-2,78	-2	5	4
O	Önnur samfélagsþjónusta, menningarstarfsemi	-1.659.440	302	-1.609.509	302	-49.931	-3,01	0	21	13
R	Engin starfsemi	-623.584	225	-585.865	219	-37.719	-6,05	-6	113	113
S	Ótilgreind starfsemi	-446.261	151	-422.500	150	-23.761	-5,32	-1	41	42
	Samtals	-65.644.532	5.892	-62.704.980	5.925	-2.939.551	-4,48	33	575	346

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til margvíslegar breytingar á gildandi skattalögum. Breytingunum er m.a. ætlað að örva atvinnulífið og styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum en miða einnig að því að draga úr skattbyrði einstaklinga. Á móti er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á tryggingagjaldi. Í athugasemdum við frumvarpið eru raktar breytingar á þeim lögum sem í hlut eiga og sett fram mat á áætluðum áhrifum þeirra á tekjuhlið ríkissjóðs. Talsverðum vandkvæðum er bundið að spá fyrir um tekjutap ríkissjóðs í kjölfar slíkra breytinga þegar til lengri tíma er litið. Þar veldur mestu óvissan um í hvaða mæli lækkun tekna verður vegin upp af hækkun tekna vegna vaxandi umsvifa í þjóðarbúskapnum en tilgangurinn með þessum ráðstöfunum er einmitt að stuðla að betri skilyrðum fyrir hagvexti. Í athugasemdum frumvarpsins er því lagt mat á áhrif breytinganna með því að áætla annars vegar tekjutapið að óbreyttu miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002 og hins vegar tekjuávinninginn af aukinni veltu sem talið er að skattalækkanirnar hafi í för með sér. Niðurstöður þeirrar áætlunar koma fram í töflunni hér fyrir neðan.

Breytingar á skattalögum	2002	2003	Samtals
Tekjuskattur fyrirtækja lækki úr 30% í 18% frá 1. jan. 2002		-2.700	-2.700
Sérstakur eignarskattur fyrirtækja falli niður í árslok 2002		-400	-400
Eignarskattur fyrirtækja lækki úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002		-1.100	-1.100
Fríeignamörk í eignarsk. einstaklinga hækki um 20% í árslok 2001	-1.000		-1.000
Fríeignamörk í sérst. tekjuskatti einstakl. hækki um 15% á árinu 2001	-600		-600
Sérstakur eignarskattur einstaklinga falli niður í árslok 2002		-400	-400
Eignarskattur einstaklinga lækki úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002		-2.000	-2.000
Tekjuskattur einstaklinga lækki um 0,33% frá 1. jan. 2002	-1.250		-1.250
Skattlagning húsaleigubóta falli niður frá 1. jan. 2002	-150		-150
Tryggingagjald hækki um 0,77% frá 1. jan. 2003		2.500	2.500
Skattalækkun að óbreyttum efnahagsumsvifum	**-3.000**	**-4.100**	**-7.100**
Tekjur af auknum efnahagsumsvifum			**3.500**
Nettóáhrif skattalækkana	**-3.000**	**-4.100**	**-3.600**

Þessir útreikningar benda þannig til þess að verði frumvarpið lögfest lækki tekjur ríkissjóðs að óbreyttu um rúmlega 7 milljarða króna á ársgrundvelli frá árinu 2003 en á móti komi um 3,5 milljarða króna tekjur af auknum efnahagsumsvifum í kjölfar þessara aðgerða. Nettóáhrifin á afkomu ríkissjóðs yrðu samkvæmt þessu í kringum 3,5 milljarðar króna þegar breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda.

Í tekjuáætlun frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2002 hefur þegar verið gert ráð fyrir þeim breytingum á skattalögum sem hefðu áhrif á það ár.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á lögum um bókhald og ársreikninga, ásamt viðeigandi breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, til að nema úr gildi ákvæði um verðbólgureikningsskil hér á landi. Sú breyting er talin hafa óveruleg áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

Frumvarpið snýr einkum að breytingum á tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld svo nokkru nemi þótt gera þurfi einhverjar breytingar á prósentum og fjárhæðarmörkum í skattkerfum o.þ.h. Fjármálaráðuneytið fyrirhugar því að koma ákvæðum frumvarpsins í framkvæmd innan óbreytts útgjaldaramma.

115. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989 og 4. nóvember 1993.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögunum verða þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. reglu:
   a. Í stað orðanna „Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja“ í 2. mgr. g-liðar kemur: Hugtakið „skip með takmarkaða stjórnhæfni“ nær til, en takmarkast þó ekki við.
   b. 3. tölul. 2. mgr. g-liðar orðast svo: skip við móttöku eða losun eldsneytis, vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust.
2. Í stað orðsins „dyggilega“ í 5. reglu kemur: dyggilegan.

3. Eftirfarandi breytingar verða á 10. reglu:
   a. Í stað orðsins „siglingaleiðar“ í 1. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleiðar.
   b. Í stað orðsins „siglingaleið“ í 3. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleið.
   c. Í stað orðanna „afmarkaða siglingaleið“ í c-lið kemur: afmarkaðar einstefnuleiðir, og í stað orðanna „hinnar afmörkuðu siglingaleiðar“ kemur: skipaumferðarinnar.
   d. 1. tölul. d-liðar orðast svo: Skip á ekki að sigla strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir þeirri einstefnuleið er við á í aðskilinni siglingaleið sem næst liggur. Þó mega skip, sem eru styttri en 20 metrar, seglskip og skip að fiskveiðum sigla strandleiðina.
   e. Í stað orðanna „Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði“ í 1. mgr. e-liðar kemur: Að jafnaði má ekki sigla skipi inn á svæði.
4. A-liður 14. reglu orðast svo: Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðum stefnum eða því nær gagnstæðum stefnum, svo að hætta er á árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort framhjá öðru á bakborða.
5. Í stað orðanna „torvelda góða útsýn frá skipinu“ í b-lið 20. reglu kemur: torvelda að halda dyggilegan útvörð á skipinu.
6. 2. tölul. c-liðar 23. reglu orðast svo: Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og siglir með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er.
7. Í stað orðanna „svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina“ í i-lið 24. reglu kemur: sérstaklega með því að lýsa upp dráttartaugina.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 26. reglu:
   a. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. b-liðar falla brott.
   b. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. c-liðar falla brott.
   c. D-liður orðast svo: Viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur, á við skip sem er að fiskveiðum rétt námunda við önnur skip að fiskveiðum.
9. Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka:
   a. 2. tölul. f-liðar 2. hluta, *Lóðrétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra,* orðast svo: Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. gr. b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið(in) eða lóðrétt milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóssins (sigluljósanna), svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.
   b. Nýr stafliður, d-liður, bætist við 3. hluta, *Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra,* svohljóðandi: Á vélskipi sem er aðeins skylt að hafa uppi eitt sigluljós skal ljósið vera framan við miðju skipsins. Á skipum, styttri en 20 metrar, er þó ekki skylt að hafa ljósið framan við miðju skipsins, en það skal haft eins framarlega á skipinu og unnt er.
   c. B-liður 9. hluta, *Láréttir ljósgeirar*, verður liður b. 1. og við bætist nýr liður, b. 2., svohljóðandi: Sé óframkvæmanlegt að fara eftir lið b. 1. í þessum hluta með því að hafa uppi aðeins eitt hringljós, skal hafa uppi tvö hringljós, sem skulu eftir því sem frekast er unnt og þar sem best hentar sett upp á þann veg eða þannig búin hlífum, að ljósin sjáist sem eitt ljós í einnar sjómílu fjarlægð.
   d. Nýr hluti bætist við, 13. hluti, svohljóðandi, og breytist röð annarra hluta samkvæmt því: *13. Mjög hraðskreið skip.* Á mjög hraðskreiðu skipi, þar sem hlutfallið af lengd

skipsins á móti breidd þess er minna en 3,0, má sigluljósið vera lægra en mælt er fyrir um í l. gr. a-liðar 2. hluta þessa viðauka, svo framarlega sem hornið við grunnlínu á jafnarma þríhyrningi, sem sigluljósið og hliðarljósin mynda, þegar horft er á ljósin framan frá, er ekki minna en 27°.

10. Eftirfarandi breytingar verða á II. viðauka, 2. hluta, *Merki skipa að togveiðum:*
    a. A-liður orðast svo: Skip að togveiðum, 20 metrar á lengd eða lengra, skal, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, hafa uppi.
    b. B-liður orðast svo: Á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri og toga vörpu á milli sín, skal á hvoru þeirra um sig hafa uppi.
    c. Nýr stafliður, c-liður, bætist við, svohljóðandi: Skip styttra en 20 metrar má, eftir því sem við á, hafa uppi þau ljós sem mælt er fyrir um að hafa uppi í a- eða b-lið þessa hluta, hvort sem skipið er að veiðum með botnvörpu eða flotvörpu eða togar vörpu með öðru skipi.
11. O-liður 1. hluta IV. viðauka: Viðurkennd merki sem send eru frá fjarskiptakerfum, hér með taldir ratsjársvarar í björgunarförum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, sem gerð var í Lundúnum 20. október 1972. Samþykktin var fullgilt 21. apríl 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 6/1975 og 4/1977.

Með lögum nr. 56/1986 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. nóvember 1981. Breytingarnar tóku gildi 1. júní 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 4/1983.

Með lögum nr. 25/1990 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. nóvember 1987. Breytingarnar tóku gildi 19. nóvember 1989. Með lögum nr. 19/1993 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar sem gerðar voru á samþykkt frá 1972 um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó í Lundúnum 19. október 1989. Breytingarnar tóku gildi 19. apríl 1991.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðareglunum. Á 18. þingi stofnunarinnar voru með ályktun A.736(18), dags. 4. nóvember 1993, gerðar þær breytingar á alþjóðareglunum um siglingar sem greinir í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Þær öðluðust gildi alþjóðlega 4. nóvember 1995, en með frumvarpi þessu er lagt til að þær öðlist lagagildi hér á landi.

Fylgiskjal I.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972, sem voru samþykktar á 18. allsherjarþingi IMO hinn 4. nóvember 1993 og tóku alþjóðlegt gildi 4. nóvember 1995.

ÁLYKTUN A.736(18)

Samþykkt 4. nóvember 1993.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972.

Allsherjarþingið

minnir á grein VI í samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972 varðandi breytingar á alþjóðasiglingareglunum,

eftir að hafa fjallað um breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1972, sem voru samþykktar af Öryggismálanefndinni (MSC) á 61. fundi nefndarinnar og komið þeim samþykktum til allra samningsaðila í samræmi við 2. mgr. VI. gr. samþykktar um alþjóðasiglingareglurnar ásamt tilmælum Öryggismálanefndarinnar varðandi gildistöku þessara breytinga,

1. samþykkir í samræmi við 3. mgr. VI. gr. samþykktarinnar þær breytingar, sem koma fram í viðauka við þetta skjal um þessa ákvörðun þingsins;

2. ákveður í samræmi við 4. mgr. VI. gr. samþykktarinnar, að breytingarnar skuli taka gildi 4. nóvember 1995, nema meira en þriðji hluti þátttökuríkja hafi sent skrifleg mótmæli við breytingunum;

3. biður aðalritarann í samræmi við 3. mgr. VI. gr. að tilkynna öllum aðildarríkjum að Samþykktinni um Alþjóðasiglingareglurnar þessa ályktun til samþykktar;

4. mælist til að aðildarríki að samþykktinni tilkynni öll hugsanleg mótmæli við breytingunum ekki síðar en 4. maí 1994, en að þeim tíma liðnum verður litið svo á að samþykkt hafi verið að breytingarnar taki gildi eins og þær hafa verið ákveðnar í fyrirliggjandi ályktun.

1. 26. regla b. 1 um skip að togveiðum:
   Eftirfarandi texti er felldur úr gildi:
   á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
2. 26. regla c. 1 um skip, annað en skip að togveiðum:
   Eftirfarandi texti er felldur úr gildi:
   á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
3. 26. regla d.:
   Í stað núgildandi texta komi eftirfarandi:
   d. Viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur, á við skip sem er að fiskveiðum rétt námunda við önnur skip að fiskveiðum.
4. I. viðauki, 3. hluti. Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra:
   Eftirfarandi nýjum lið, d., er bætt við:
   d. Á vélskipi sem er aðeins skylt að hafa uppi eitt sigluljós skal ljósið vera framan við miðju skipsins. Á skipum, styttri en 20 metrar, er þó ekki skylt að hafa ljósið framan við miðju skipsins, en það skal haft eins framarlega á skipinu og unnt er.

5. I. viðauki, 9. hluti. Láréttir ljósgeirar:
   Núverandi b-liður verði b. 1. og eftirfarandi nýjum lið, b. 2., er bætt við:
   b. 2. Sé óframkvæmanlegt að fara eftir lið b. 1. í þessum hluta með því að hafa uppi aðeins eitt hringljós, skal hafa uppi tvö hringljós, sem skulu eftir því sem frekast er unnt og þar sem best hentar sett upp á þann veg eða þannig búin hlífum, að ljósin sjáist sem eitt ljós í einnar sjómílu fjarlægð.
6. I. viðauki, „13. hluti – Samþykki“ verði „14. hluti. Samþykki“ og eftirfarandi nýjum hluta, 13. hluta, er bætt við:
   13. Mjög hraðskreið skip. Á mjög hraðskreiðu skipi, þar sem hlutfallið af lengd skipsins á móti breidd þess er minna en 3,0, má sigluljósið vera lægra en mælt er fyrir um í 1. gr. a-liðar, 2. hluta þessa viðauka, svo framarlega sem hornið við grunnlínu á jafnarma þríhyrningi, sem sigluljósið og hliðarljósin mynda, þegar horft er á ljósin framanfrá, er ekki minna en 27°.
7. II. viðauki, 2. hluti. Merki skipa að togveiðum:
   Í stað núgildandi texta í a-lið um gildissvið liðarins komi eftirfarandi:
   a. Skip að togveiðum, 20 metrar á lengd eða lengra, skal, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, hafa uppi:
   Í stað núgildandi texta í b-lið um gildissvið liðarins komi eftirfarandi:
   b. Á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri og toga vörpu á milli sín, skal á hvoru þeirra um sig hafa uppi:
   Eftirfarandi nýjum lið, c., er bætt við:
   c. Skip styttra en 20 metrar má, eftir því sem við á, hafa uppi þau ljós sem mælt er fyrir um að hafa uppi í a- eða b-lið þessa hluta, hvort sem skipið er að veiðum með botnvörpu eða flotvörpu eða togar vörpu með öðru skipi.
8. IV. viðauki, 1. hluti:
   Í stað núgildandi texta í o-lið komi eftirfarandi:
   o. Viðurkennd merki sem send eru frá fjarskiptakerfum, hér með taldir ratsjársvarar í björgunarförum.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, 25/1990 og 19/1993.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisstjórninni verði heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglum til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó sem samþykktar voru á þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 4. nóvember 1993. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér verði það óbreytt að lögum.

116. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um átak til að auka framboð á leiguhúsnæði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Gísli S. Einarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisvaldinu að ráðast í átak til að fjölga leiguíbúðum og stuðla að viðráðanlegum leigukjörum í samráði við sveitarfélögin, verkalýðshreyfinguna og félagasamtök. Í því skyni verði gerð fjögurra ára áætlun með það að markmiði að leysa húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlista eftir leiguhúsnæði og þeirra sem nú eiga hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.

Þessu markmiði verði náð með eftirfarandi hætti:

a. Heimilt verði að veita 95% lán til sveitarfélaga og félagasamtaka og annarra aðila sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum fyrir láglaunafólk, enda lúti þeir reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð og þinglýsingu á leigusamningi. Stofnað verði til sérstaks lánaflokks hjá Íbúðalánasjóði þar sem settar verði samræmdar reglur og skilyrði fyrir slíkum lánum.
b. Vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir, svo og húsaleigubætur tryggi að leigukjör fari ekki yfir 6% af stofnverði íbúðar.
c. Stimpilgjöld falli niður hjá framkvæmdaraðilum leiguíbúða, enda verði slík niðurfelling skilyrt útleigu á íbúðum. Jafnframt verði kannað hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum vegna byggingar slíkra íbúða.
d. Skattlagning á húsaleigubætur verði felld niður og rýmkuð skilyrði til að fá húsaleigubætur.
e. Leitað verði samstarfs við lífeyrissjóði um að styrkja átakið með kaupum á sérstökum húsnæðisbréfum.
f. Rýmkuð verði tekjuskilyrði fyrir rétti til leiguíbúða fyrir fólk sem nú á hvorki rétt til almennra né félagslegra lána.
g. Ríkissjóður greiði 85% þess framlags sem til þarf til að ná fyrrgreindu markmiði og sveitarfélögin 15%.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára verði lögð fyrir Alþingi strax á vorþingi 2002 ásamt nauðsynlegum lagabreytingum sem taki gildi eigi síðar en 1. júlí 2002.

Greinargerð.

Flestir viðurkenna að neyðarástand ríkir í húsnæðismálum láglaunafólks, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Beint samhengi er á milli þess að félagslega húsnæðiskerfið var lagt niður og langra biðlista sem hafa tvöfaldast á sl. þremur árum. Þótt leitað sé langt aftur í tímann eru það fáar ef nokkrar aðgerðir sem haft hafa eins afgerandi áhrif til að draga niður lífskjör láglaunafólks og að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið án þess að á sama tíma lægi fyrir lausn á húsnæðismálum láglaunafólks. Auk langra biðlista hefur bæði fasteignaverð og leiguverð íbúða rokið upp í kjölfar breytinganna á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Þannig hækkaði íbúðaverð um 30–40% á skömmum tíma og leiguverð íbúða enn meira, en algengt er að leiguverð tveggja til þriggja herbergja íbúða í Reykjavík sé nú 70–90 þús. kr.

Niðurlagning félagslega húsnæðiskerfisins ásamt miklum flutningi fólks af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið hefur átt hér stærstan hlut að máli.

Áhrif þessara breytinga á húsnæðiskerfinu urðu mjög víðtæk en auk langra biðlista og sprengingar á íbúða- og fasteignaverði hækkaði í kjölfarið fasteignamat íbúða og þar með fasteignagjöld og því fylgdi í mörgum tilvikum skerðing á barna- og vaxtabótum og hækkun á eignarskatti. Enginn einn þáttur hefur átt eins drjúgan þátt í að magna upp verðbólguna og hækkun íbúða- og leiguverðs ef undan er skilin stöðug hækkun á bensínverði.

Biðlistar.

Í apríl 2000 kom út skýrsla nefndar á vegum félagsmálaráðuneytisins sem falið var að vinna að úttekt á leigumarkaði og kanna þörf fyrir leiguíbúðir. Þar kemur fram að það vantaði um 1.250 leiguíbúðir til að tæma biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögum og 679 leiguíbúðir vantaði til að tæma biðlista hjá félagasamtökum. Nálægt 2.000 einstaklingar og fjölskyldur virðast því vera á biðlistum eftir leiguíbúðum.

Nýlegar upplýsingar benda til að aðeins í Reykjavík séu um 600–700 einstaklingar og fjölskyldur í þörf fyrir leiguíbúðir. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru umsóknir um 835 á síðasta ári og ekki var hægt að leysa þörf nema um 50–60% nemenda. Hjá Öryrkjabandalaginu voru í janúar sl. 440 manns á biðlista og við þann biðlista bætast um 100 manns árlega. Hjá stórum hluta þess fólks sem er á biðlistum ríkir hreint neyðarástand. Verði ekkert að gert stefnir í afturhvarf til fortíðar, bæði vegna aðgerða og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar, afturhvarf til ömurlegrar húsnæðisaðstöðu fátæks fólks eins og hún var í upphafi síðustu aldar.

Félagsmálastjóri Reykjavíkur sagði nýverið opinberlega að ástandið á leigumarkaðnum færi stöðugt versnandi – biðlistarnir lengdust sífellt og fjöldi manns byggi við algjörlega óviðunandi aðstæður. Orðaði hún það svo að hún gæti af fullri einlægni sagt að það hefði aldrei verið eins slæmt ástand á leigumarkaðnum í Reykjavík frá því að hún hóf störf sem félagsmálastjóri fyrir sex árum.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Þessari miklu neyð sem ríkir hjá hundruðum fjölskyldna, einkum í Reykjavík, svarar ríkisstjórnin með sérstakri vaxtahækkun á húsnæðislán þeirra sem við verstu kjörin búa. Vextir hafa hækkað frá 1998 úr 1% í 3,9%. Í janúar sl. frestaði félagsmálaráðherra í bili enn frekari hækkun, eða í 4,9%. Viðbótarlán sem áttu að vera ígildi félagslegra lána til eignaríbúða fyrir fólk sem býr við erfiðar aðstæður hafa hækkað úr 2,4% í 5,7% á þremur árum og bera nú mun hærri vexti en húsbréfalánin. Með þeirri ákvörðun um vaxtahækkun til leiguíbúða og viðbótarlána sem tekin var um sl. áramót var endanlega lagður af 1% lánaflokkur til leiguíbúða, en vextir af lánum til leiguíbúða hafa verið óbreyttir sl. 25 ár. Þrátt fyrir að oft og tíðum hafa á þessum árum verið gífurlegir erfiðleikar í efnahagslífinu hefur verið sátt um það í þjóðfélaginu að hækka ekki vexti á leiguíbúðum – þar til núverandi ríkisstjórn keyrir þá fast upp að markaðsvöxtum.

Flestir sem fá viðbótarlán og eru þegar með 85–90% lánað af íbúðaverði hafa þegar nýtt sér að fullu vaxtabæturnar og því er hér um raunhækkun á vöxtum að ræða sem ekki verður bætt með vaxtabótum. Sama virðist gilda hjá mörgum sem fá húsaleigubætur að ef leiga hækkar vegna þessarar vaxtahækkunar verður það ekki bætt með húsaleigubótum.

Í fyrrgreindri skýrslu nefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði til að gera úttekt á leigumarkaðnum, kemur fram að hækkun vaxta á lánum til leiguíbúða úr 1% í 4,9% gæti að óbreyttu kallað á að leigugreiðslur á 60 fermetra íbúð hækkuðu úr 24.791 kr. á mánuði í 41.117 kr. eftir greiðslu húsaleigubóta, þ.e. um rúmar 16 þús. kr. á mánuði eða um 192 þús.

kr. á ári. Jafnvel þótt greiddir yrðu 2 millj. kr. stofnstyrkir með hverri íbúð til framkvæmdaraðila hækkaði mánaðargreiðsla leigjenda engu síður um rúmar 5 þús. kr. á mánuði. Hér er miðað við 60 fermetra íbúð sem kostar 7,6 millj. kr. Samkvæmt skýrslunni þarf að veita nálægt 3 millj. kr. stofnstyrki til framkvæmdaraðila sem byggir slíka íbúð til að tryggja óbreytta mánaðarleigu eins og hún var miðað við 1% vexti.

Félagasamtök og sveitarfélög halda nú að sér höndum því engin svör fást við því hvernig mæta eigi þessari gríðarlegu vaxtahækkun. Ljóst er að uppbygging félagslegra íbúða mun stöðvast verði ekkert að gert. Á meðan eykst vandi láglaunafólksins sem bíður eftir úrlausn í húsnæðismálum, en flestir sem eru á biðlistum eru einstæðir foreldrar, lífeyrisþegar, námsmenn og mjög tekjulágar barnafjölskyldur.

Framkvæmdaáætlun til fjögurra ára.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að þegar í stað verði ráðist til atlögu við þann mikla vanda sem við er að glíma í húsnæðismálum láglaunafólks. Það verði gert með fjögurra ára áætlun til að auka framboð og uppbyggingu á leiguíbúðum. Að því verki þurfa að koma ríki, sveitarfélög, verkalýðshreyfingin, lífeyrissjóðir og félagasamtök sem byggja og koma á fót leiguíbúðum fyrir félaga sína.

Aðgerðir sem grípa þarf til eru margvíslegar. Þær þurfa bæði að ná til þeirra sem uppfylla skilyrði til að fá leiguíbúðir og eru á biðlistum. Sá hópur fer líka stækkandi sem hvorki uppfyllir skilyrði til að fá leiguíbúðir né lánafyrirgreiðslu í húsbréfakerfinu. Þessi hópur hefur algjörlega lent á milli í þeirri breytingu sem ríkisstjórnin stóð fyrir á húsnæðiskerfinu fyrir þremur árum. Áður fékk þetta fólk aðstoð bæði í gegnum kaupleiguíbúðir og með 100% láni til eignaríbúða, en þessir valkostir gerðu fjölda einstaklinga og fjölskyldna kleift að eignast húsnæði. Kaupleigukerfið, sem nú hefur verið lagt af, leysti vanda margra, ekki síst þeirra sem hvorki höfðu rétt til leiguíbúða né uppfylltu skilyrði fyrir lánum á almenna markaðnum. Nauðsynlegt er að kanna hvort taka eigi aftur upp kaupleigukerfi og/eða rýmka tekjuskilyrði fyrir því að fá leiguíbúð.

Í tillögunni er lagt til að í þessu átaki verði heimilt að veita 95% lán til að koma á fót leiguíbúðum fyrir láglaunafólk og um þær lánveitingar verði stofnaður sérstakur lánaflokkur en rétt til þeirra lánveitinga eigi sveitarfélög og félagasamtök. Hér er einnig lagt til að í þessari fjögurra ára framkvæmdaáætlun geti líka átt rétt á lánum aðrir aðilar sem hafa það að markmiði að koma á fót leiguhúsnæði fyrir láglaunafólk og uppfylla skilyrði og reglur sem Íbúðalánasjóður setur fyrir slíkum lánum. Þannig verða þeir að lúta reglum um eftirlit með byggingarkostnaði, leiguverð, sem ekki fari yfir 6% af stofnverði íbúðar, auk þinglýsingar á leigusamningi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að felld verði niður stimpilgjöld af þessum lánum og kannað verði hvort rétt sé að veita afslátt af gatnagerðargjöldum.

Lagt er til að endurskoða húsaleigubótakerfið og hætta skattlagningu húsaleigubóta. Húsaleigubætur hafa reynst mjög góð kjarabót fyrir láglaunafólk. Engin sanngirni er í því að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar. Þar sem húsaleigubætur eru skattskyldar geta þær bæði skert barnabætur og námslán sem vaxtabætur gera ekki. Húsaleigubótakerfið þarf bæði að skoða með tilliti til þess að rýmka tekjumörkin til að fleiri hafi aðgang að leiguíbúðum og einnig að rýmka réttinn um stærð leiguíbúðar, eins og að einstaklingsherbergi veiti einnig rétt til húsaleigubóta, en það mundi gagnast námsmönnum sérstaklega. Í tillögunni er miðað við að leigugreiðslur fari aldrei yfir 6% af stofnverði íbúðar, en þá er gert ráð fyrir að vaxtaendurgreiðslur og/eða stofnstyrkir verði 2–3 millj. kr. á hverja íbúð og að hætt verði skattlagningu á húsaleigubætur. Fjárhæð stofnstyrkja er byggð á út-

reikningum í fyrrnefndri skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að kanna þörf á leiguhúsnæði. Niðurstaða þeirra nefndar var að 2–3 millj. kr. stofnstyrki þyrfti að greiða með tveggja til þriggja herbergja íbúð til að viðhalda sömu niðurgreiðslu á leiguíbúðum og var með 1% vaxtakjörum af 90% láni til leiguíbúða. Leigugreiðslur sem ekki fara yfir 6% af stofnverði íbúðar eiga að duga til að standa straum af afborgunum og vöxtum af 95% láni, vöxtum af framlagi framkvæmdaraðila, fasteigna- og brunabótaiðgjöldum og viðhaldi íbúðar og sameignar.

Forsendur þessara útreikninga eru svipaðar og notaðar eru hjá sveitarfélögunum vegna leiguíbúða. Leiguverð á tveggja og þriggja herbergja íbúð gæti með þeim aðgerðum sem tillagan gerir ráð fyrir numið um 25–30 þús. kr. á mánuði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir komi að fjármögnun og uppbyggingu þessarar framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára, enda er ljóst að félagsmenn þeirra muni margir njóta góðs af þessu átaki. Átakið mun kosta á bilinu 4–6 milljarða kr. á fjórum árum eða um 1.000–1.500 millj. kr. á ári í beinum framlögum í formi vaxtaendurgreiðslna og/eða stofnstyrkja, svo og niðurfellingar eða lækkunar á gjöldum hjá ríki og sveitarfélögum.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að til að ná fyrrgreindu markmiði verði framlag ríkisvaldsins 85% og sveitarfélaganna 15%. Hlut sveitarfélaga mætti skoða í samhengi við áframhaldandi vinnu við tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga en fyrir liggur að sveitarfélögin hafa borið þar skarðan hlut frá borði.

117. Fyrirspurn [117. mál]

til viðskiptaráðherra um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvaða árangur hefur orðið af samstarfi viðskiptaráðuneytisins og Verslunarráðs Íslands um kynningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum?

118. Fyrirspurn [118. mál]

til dómsmálaráðherra um nauðgunarmál.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margar nauðganir hafa verið tilkynntar til löggæslu- eða heilbrigðisyfirvalda á ári frá 1977 til 2000?
2. Hafa þessar nauðganir verið tilkynntar:
   a. til lögregluyfirvalda,
   b. til neyðarmóttöku (eftir 1993),
   c. til heilbrigðisyfirvalda annarra en neyðarmóttöku,
   d. annað (hvert)?
3. Hversu margar nauðganir hafa sætt lögregluranns ókn á ári frá 1977 til 2000?

4. Hversu mörg nauðgunarmál hafa lögregluyfirvöld sent ríkissaksóknara á ári frá 1977 til 2000?
5. Hversu margar ákærur hefur ríkissaksóknari gefið út í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?
6. Hversu mörg nauðgunarmál hafa komið fyrir dóm á ári frá 1977 til 2000?
7. Hversu mörgum nauðgunarmálum hefur lokið með dómi á ári frá 1977 til 2000?
8. Hversu margir sýknudómar hafa verið kveðnir upp í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?
9. Hversu margir dómar hafa fallið í nauðgunarmálum þar sem sakfellt hefur verið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á ári frá 1977 til 2000?
10. Hversu mörgum dómum í nauðgunarmálum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og hvernig hafa dómar í þeim málum fallið?
11. Er um þessar mundir unnið að sértækum aðgerðum á vegum dómsmálaráðuneytisins til að bregðast við ástandinu í þessum málaflokki eða stemma stigu við brotum af þessu tagi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samkvæmt nýjustu könnunum sem gerðar hafa verið á nauðgunarmálum í Bretlandi, á Norðurlöndunum og víðar í Vestur-Evrópu koma í ljós sláandi staðreyndir um feril nauðgunarmála í löggæslu- og dómskerfinu og virðast niðurstöðurnar nokkuð samhljóða í mismunandi löndum: tilkynntum nauðgunum og ákærum í nauðgunarmálum fjölgar en sakfellingar standa nokkurn veginn í stað.

Talsvert af þeim upplýsingum sem beðið er um í þessari fyrirspurn er nú þegar hægt að finna í eldri þingskjölum og í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989, en til að öðlast yfirsýn yfir heildstæða þróun þessara mála á Íslandi er orðið tímabært að bera saman þær tölur sem aðgengilegar eru fram til dagsins í dag.

119. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði

annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 121., 122., 123., 125. og 126. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur þannig smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær hafa nú þegar skv. 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæð-

is í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri málsgrein 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í síðari málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

120. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um þjóðfána Íslendinga í þingsal Alþingis.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Árni R. Árnason, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Kristján Pálsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að í þingsal Alþingis skuli vera þjóðfáni Íslendinga.

Greinargerð.

Við setningu Alþingis, 126. löggjafarþings, sagði forseti Íslands m.a. í ávarpi sínu að það væri sér gleðiefni hve hinum erlendu þjóðhöfðingjum sem hefðu heimsótt landið á sl. fjórum árum hefði þótt mikilsvert að heimsækja með formlegum hætti elsta þjóðþing veraldar:

„Alþingi ætti að hugleiða þær breytingar á þingsköpum sem opnuðu leiðir til að bjóða erlendum þjóðarleiðtogum að ávarpa Alþingi. Sú skipan gæti gert heimsókn í Alþingi að hápunkti Íslandsdvalar og veitt hinum erlendu áhrifamönnum tækifæri til að lýsa stefnu sinni og viðhorfum á vettvangi sem hefði einstæðan sess í lýðræðissögu veraldarinnar."

En hvernig má það vera að innan veggja Alþingis, hvar rætt er um eflingu, vegsemd og gildi þingsins sjálfs, skuli þjóðfáni vor ekki hafinn til vegs og virðingar?

„Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans, hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á svæði framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er því göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar.“ (Úr ræðu Sigurðar Eggerz fjármálaráðherra sem gegndi störfum forsætisráðherra 1. desember 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki.)

Í tengslum við heimsóknir þjóðhöfðingja hingað til lands hafa birst fréttamyndir í sjónvarpi frá viðkomandi landi og þingi þar sem að öllu jöfnu er áberandi þjóðfáni landsins við forsæti eða ræðustól.

Með lögum nr. 67/1998, um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, voru heimildir til að nýta þjóðfánann rýmkaðar. Var það m.a. gert til að aflétta ofverndun íslenska þjóðfánans og stuðla að því að gera hann sýnilegri.

Alla daga þá Alþingi starfar eru beinar útsendingar sjónvarps frá þingsal og verður ekki annað sagt en að mikil blæbrigði yrðu á sjónvarpsmynd og ásýnd önnur ef þjóðfáni Íslendinga væri sýnilegur við eða nærri forsetastól.

Flutningsmenn telja það mjög við hæfi að þjóðfáni Íslendinga skipi veglegan sess í þingsal Alþingis. Það yrði hinu háa Alþingi til sóma, sem og þjóðfána vorum til vegs og virðingar.

121. Fyrirspurn [121. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um áhrif nýs byggðakorts ESA á Suðurnesjum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða áhrif mun nýtt byggðakort ESA hafa á aukningu hlutafjár í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja í samræmi við byggðaáætlun?
2. Hvaða áhrif mun það hafa á þátttöku Byggðastofnunar í rekstri Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar samkvæmt samningi?
3. Hvaða áhrif mun það hafa á þjónustu Byggðastofnunar á Suðurnesjum að öðru leyti?

122. Fyrirspurn [122. mál]

til fjármálaráðherra um afskrifaðar skattskuldir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptust beinar og óbeinar afskrifaðar skattskuldir milli einstaklinga og lögaðila árlega á árunum 1995–2001 og hvernig er áætlað að þær skiptist árið 2002, sundurliðað eftir tegundum skatta? Hve margir einstaklingar og lögaðilar fengu afskrifaðar skattskuldir?
2. Hver er skýringin á þeföldun afskrifta á skattskuldum á reikningi ársins 2000?
3. Hve hátt hlutfall af nettó-skattlagningu á lögaðila var afskrifað árlega á árunum 1995–2001?

4. Telur ráðherra ástæðu til sérstakra aðgerða vegna afskrifta á skattskuldum?

Skriflegt svar óskast.

123. Fyrirspurn [123. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve margir heimilis- og heilsugæslulæknar eru starfandi samtals á höfuðborgarsvæðinu?
2. Hve margir starfa við hverja heilsugæslustöð í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði?
3. Hversu mörgum íbúum er hverjum lækni ætlað að sinna?
4. Hversu margar nýjar stöður heilsugæslulækna hafa verið heimilaðar af hálfu heilbrigðisráðuneytisins á árunum 2000 og 2001?
5. Hve mörgum stöðum heilsugæslulækna var óskað eftir í fjárlagatillögum heilsugæslustöðvanna á umræddu svæði fyrir árin 2000, 2001 og 2002?
6. Hvað áformar heilbrigðisráðuneytið að veita leyfi fyrir mörgum nýjum stöðum heilsugæslulækna á næsta ári?

Skriflegt svar óskast.

124. Fyrirspurn [124. mál]

til landbúnaðarráðherra um landshlutabundin skógræktarverkefni og Suðurlandsskóga.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hverjir hafa fengið framlög samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og Suðurlandsskóga á þessu ári og hversu há framlög hafa þeir fengið frá upphafi verkefnisins?
2. Á hvaða bújörðum fór gróðursetningin fram, hverjir eru ábúendur viðkomandi jarða og hverjir eigendur?
3. Hvaða tegundir plantna voru gróðursettar á þessum jörðum og hversu margar plöntur af hverri tegund?

Skriflegt svar óskast.

125. Frumvarp til laga [125. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns er búsettur hér á landi.

2. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Faðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður, manns sem telur sig vera föður barns eða varnaraðila, sbr. og 2. mgr.

Nú á sóknaraðili ekki varnarþing hér á landi og má þá höfða mál á varnarþingi móður barns eða þess manns sem telur sig vera föður barns, eða því varnarþingi sem annað þeirra átti síðast hér á landi ef þau eru farin af landi eða ókunnugt er hvar þau eru niður komin eða á varnarþingi þar sem með bú þeirra er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns ef varnarþingi hér á landi skv. 1. og 2. mgr. er ekki til að dreifa eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis.

3. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Sóknaraðili faðernismáls er móðir barns, barnið sjálft eða maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns. Nú hefur móðir barns höfðað mál og hún andast áður en máli er lokið og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag sem við framfærslu barns hefur tekið að nokkru eða öllu haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns eða móðir barns. Nú er varnaraðili látinn áður en mál er höfðað og má þá höfða það á hendur búi hans. Varnaraðili máls getur einnig verið sá einstaklingur eða það sveitarfélag sem við framfærslu barns hefur tekið að nokkru eða öllu við andlát móður.

Ef víst má þykja eða líklegt að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns skal stefna þeim báðum eða öllum ef móðir barns er sóknaraðili máls.

4. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Meðan á meðferð faðernismáls stendur á sóknaraðili kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar eftir því sem dómari telur þörf á.

Sóknaraðili faðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

5. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Aðilum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu sem þeim er unnt að gefa fyrir dómi og leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „varnaraðilum“ í 1. málsl. kemur: þeim manni eða þeim mönnum sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.
b. Í stað orðsins „varnaraðila“ í 3. málsl. kemur: þess manns eða manna sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

7. gr.

Síðari málsliður 49. gr. laganna orðast svo: Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með aðilum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa máls er að bæta úr þeim ágalla á barnalögum að einungis móðir og barn geti átt aðild að barnsfaðernismáli. Mál þetta var áður flutt á 125. þingi, en Hæstiréttur Íslands kvað upp þann dóm 18. desember 2000 að þessi ágalli á barnalögum brjóti í bága við 70. gr. stjórnarskrár.

Faðerni barna er ákvarðað með fernum hætti samkvæmt núgildandi lögum. Í fyrsta lagi verða börn sem fæðast í hjúskap foreldra sjálfkrafa börn eiginmanns. Hér gildir svokölluð faðernisregla eða „pater-est“-reglan sem byggist á því að svo sterkar líkur séu fyrir því að barnið sé getið við samfarir konunnar við eiginmann sinn að gengið er út frá því sem reglu. Reglan er því öðrum þræði hagkvæmnisregla en hún miðar einnig að því að vernda barnið og fjölskylduna í heild meðan þau vilja sjálf una við niðurstöðu reglunnar. Í öðru lagi nær reglan einnig til barna sambýlisfólks þegar foreldrar búa saman við fæðingu barnsins en er þó bundin því skilyrði að móðir hafi lýst mann föður. Í þriðja lagi verður barn sem fæðist utan hjónabands eða sambúðar feðrað með faðernisviðurkenningu þess manns sem móðir kennir föður þess. Í fjórða lagi verður barn fætt utan hjónabands eða sambúðar feðrað með dómi í faðernismáli gangist maður sem móðirin hefur lýst föður barns ekki við faðerninu.

Réttarþróun hér á landi.

Mikilvægustu réttarheimildina á sviði feðrunar barna er að finna í barnalögum, nr. 22/1992, en þau eru jafnframt mikilvægasti lagabálkurinn á sviði barnaréttar. Barnalögunum má að efni til skipta í þrennt, þ.e. ákvörðun á faðerni barna og dómsmál vegna faðernis í II. og VII. kafla, um framfærslu barna í III., V. og IX. kafla og um forsjá og umgengnisrétt í VI., VII. og IX. kafla. Barnalögin frá 1992 leystu af hólmi barnalög, nr. 9/1981, sem voru fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Fyrir árið 1981 giltu lög nr. 57/1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og lög nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Með barnalögum frá 1981 varð mikil breyting á réttarstöðu barna á Íslandi. Stigið var stórt skref í átt að því að afnema mismuninn á milli skilgetinna og óskilgetinna barna og var jafnframt leitast við að jafna félagslega stöðu barna með ákvæðum um framfærslu þeirra. Fyrir gildistöku laganna frá 1981 áttu börn ekki sjálfstæðan rétt til umgengni við feður sína né heldur áttu feður rétt til umgengni við börn sín. Það var því fyrst árið 1981 sem börn á Íslandi öðluðust sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldrum sínum án tillits til stöðu þeirra. Með lögunum frá 1992 var sjálfstæð réttarstaða barns gagnvart foreldrum sínum styrkt, réttarstaða

barna varð hin sama án tillits til hjúskaparstöðu foreldra og gengið enn lengra í þá átt að jafna stöðu foreldra með því að styrkja réttarstöðu föður.

Árið 1989 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning um réttindi barnsins, The Convention on the Rights of the Child. Samningurinn var staðfestur fyrir Íslands hönd árið 1990. Markmið hans er að vernda börn í heiminum og byggist hann á því að börn hafi hvorki þroska til að skilgreina þarfir sínar né til að fylgja eftir réttindum sínum og þess vegna verði aðrir að gera það fyrir þau. Samkvæmt samningnum skulu börn hafa sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða annarra forráðamanna.

Skylda til feðrunar.

Í íslenskum rétti er ekki að finna ákvæði sem skyldar móður til að feðra barn sitt og karlmaður sem telur sig vera föður að barni hefur engin bein lagaúrræði til að fá skorið úr um hugsanlegt faðerni sitt ef móðirin lýsir hann ekki föður. Þó má lesa úr barnalöggjöfinni þau grundvallarsjónarmið að ekki sé einungis æskilegt að börn verði feðruð heldur einnig að þau verði réttilega feðruð. Það birtist m.a. í því að ákveði móðirin að feðra ekki barn sitt öðlast hún ekki rétt til barnalífeyris skv. 14. gr. almannatryggingalaga. Öðru máli gegnir ef móður tekst ekki að feðra barn sitt þrátt fyrir tilraunir til þess. Þá öðlast hún rétt til greiðslu barnalífeyris frá hinu opinbera en hún þarf að leggja fram gögn sem sýna að feðrun hafi ekki tekist. Þá miða mörg ákvæða barnalaganna að því að niðurstaðan í faðernismálum leiði til rétts faðernis, þ.e. að sá maður sem lagði til sæði sem náði að frjóvga egg móðurinnar verði ákvarðaður faðir barnsins. Þannig eru gerðar strangar form- og hæfiskröfur til faðernisviðurkenningar, svo sem í reglum um lögræði sem varða aldur og andlegt hæfi. Komi í ljós að fleiri en hinn lýsti faðir hafi haft samfarir við móður á líklegum getnaðartíma barnsins er ekki tekið mark á viðurkenningu heldur verður að höfða mál. Reglur um málsmeðferð barnsfaðernismála mótast einnig af því að faðir og barn hafi hagsmuni af því að niðurstaðan leiði til þess að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum. Hið opinbera hefur og hagsmuni af feðrun barns.

Hagsmunir barnsins af því að vera feðrað.

Barnalöggjöfin byggist á því meginsjónarmiði að barnið hafi sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldum og öðrum og sama gildir um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi réttindi barnsins geta verið lagaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg. Reglurnar miða að því að koma til móts við þarfir barnanna og þjóna hagsmunum þeirra. Þegar hagsmunir barns rekast á hagsmuni annarra, t.d. foreldra, skulu hagsmunir annarra víkja en hagur og þarfir barnsins sitja í fyrirrúmi.

Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum eiga börn rétt til verndar og umönnunar foreldra sinna. Um leið og slík réttindi eru virt er sú skylda lögð á herðar foreldrum að þau gegni þessum uppeldisskyldum. Í skyldunni felst að tryggja barni öryggi, sjá fyrir líkamlegum þörfum þess, sýna barni umhyggju og nærfærni og sjá til þess að barnið fái menntun í samræmi við hæfileika og áhugamál. Því má segja að réttur barnsins til umönnunar kynföður síns sem vill taka þátt í uppeldinu sé sjálfstæður réttur þess. Lagarök þessa sjálfstæða réttar eru byggð á sálfræðilegum og félagslegum viðhorfum, svo sem þörfinni til að þekkja réttan uppruna sinn og nauðsyn persónulegra tengsla við sína nánustu sem er mikilvægt fyrir mótun sjálfsímyndar og almennan þroska barnsins. Í 1. mgr. 7. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Ljóst er að börn hafa og fjárhagslega hagsmuni af réttri feðrun. Fyrir utan framfærslu föður njóta þau erfðaréttar eftir föður og föðurfrændur og þau geta öðlast skaðabótarétt fyrir missi framfæranda og lífeyrisréttindi við lát foreldris.

Rétti föður til umgengni við barn sitt verður að fullu jafnað við rétt móður.

Í réttarvitund almennings er krafan um jafnan rétt eintaklinga orðin sjálfsögð og hefur náð að lita innviði samfélagsins. Þetta hefur speglast í löggjöf Vesturlanda. Þannig hefur réttarþróun miðað að því að jafna stöðu íslenskra barna án tillits til ytri aðstæðna, svo sem hjúskaparstöðu foreldra. Þróunin hefur einnig mætt kröfunni um að jafna beri stöðu foreldra gagnvart börnum sín með því að styrkja réttarstöðu föður, t.d. þegar óvígðri sambúð var jafnað við hjúskap við feðrun. Það gerðist einnig með lögfestingu réttar föður til umgengni við óskilgetið barn sitt. Þá hefur löggjafinn leitast við að jafna stöðu foreldra í ágreiningsmálum um forsjá og lögfest reglu um sameiginlega forsjá. Því er réttarstaða feðra í faðernismálum í hrópandi andstöðu við almenna réttarvitund og eðlilega þróun í jafnréttismálum á Íslandi. Hagsmunum föður af því að hafa samskipti við barn sitt verður að öllu leyti jafnað við hagsmuni móður. Því er það andstætt lögum nr. 97/1995 sem kveða á um að allir skuli jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis. Það er einnig í andstöðu við 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, og alþjóðasamninga á sviði jafnréttismála, sbr. 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, þar sem kveðið er á um rétt manna til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta, og í 14. gr. sömu laga er mælt fyrir um að þessi réttindi skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis.

Rétturinn til óháðra dómstóla.

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 97/1995, er kveðið á um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Takmörkun á aðgangi þeirra sem telja sig vera feður barna að dómstólum landsins gæti því verið í andstöðu við regluna sem tryggir aðgang manna að dómstólum og rétt þeirra til að fá þar úrlausn um hagsmuni sína, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum. Rétturinn er einnig tryggður í mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér í heild og alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Í andstöðu við réttarvitund almennings.

Fjölskyldumynstrið hefur breyst ört á síðustu árum og í sífellt fleiri fjölskyldum er aðeins eitt foreldri ásamt barni eða börnum. Nú eru einstæðir foreldrar orðnir 8.665 og fara þeir með forsjá 12.479 barna. Árið 1996 fæddist 2.181 barn í sambúð foreldra en 445 börn utan sambúðar eða hjúskapar. Feðrun 2.626 barna ákvarðaðist því við faðernisviðurkenningu, dóm eða á grundvelli faðernisreglunnar eftir að móðir hafði lýst tiltekinn mann föður að barni. Kjósi móðirin að feðra ekki barn sitt er maður sem telur sig vera hinn rétta kynföður varnarlaus, hann getur ekki aðhafst og verður að una algjöru forræði móður.

Hér hefur verið bent á að reglur barnalaga miða að mörgu leyti að því að kynfaðir verði jafnframt faðir að lögum, en það er einnig stefna laganna að það gerist með sem minnstri röskun fyrir móðurina. Í seinni tíð hefur faðernismálum fækkað mjög og koma þar til örar framfarir í vísindum og tækni við rannsóknir í mannerfðafræði. Niðurstaða slíkra rannsókna kemst svo nálægt því að staðreyna rétt faðerni að nær öruggt er að dómari legði hana til grundvallar í dómi sínum. Þegar niðurstaða er fengin kemur viðurkenning oftast í kjölfarið og er dómsmál því óþarft eða fellur niður ef það hefur þegar verið höfðað. Því er vart um að ræða verulega röskun og óþægindi fyrir móður af málarekstrinum. Þá er og ólíklegt að kostn-

aður ríkisins af rekstri faðernismála verði mikill þótt lögbundin gjafsókn haldist hjá sóknaraðilum án tilltis til þess hver höfðar málið. Hið opinbera hefur og fjárhagslega hagsmuni af því að barn verði feðrað. Reglu sem felur í sér slíka mismunun kynjanna og stríðir gegn almennri réttarvitund ætti að leiðrétta til samræmis við breyttan tíðaranda. Þótt mál af þessu tagi hafi í raun ekki verið mörg felur fjöldi þeirra barna sem feðruð eru að undangenginni yfirlýsingu móður í sér hættu á að slík mál komi upp og vert er að koma í veg fyrir það. Þá er fjöldi ágreiningmála ekki mælikvarði á tíðni tilvika því að búast má við því að einhverjir gefist upp og leiti ekki réttar síns þegar í ljós kemur að þeir eiga ekki aðgang að dómstólum til að fá skorið úr réttindum sínum og skyldum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að maður sem leiðir að því líkur að hann geti verið faðir barns geti sótt málið.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að móðir barns og barnið sjálft geti verið varnaraðili málsins þegar maður sem telur sig vera föður barnsins og vill fá úr því skorið geti sótt málið.

Um 3. gr.

Hér er vikið frá meginreglu 43. gr. barnalaga um sóknar- og varnaraðila í barnsfaðernismálum. Gert er ráð fyrir að líklegur faðir geti höfðað feðrunarmál telji hann sig vera föður tiltekins barns.

2. málsl. 1. mgr. er samhljóða 2. málsl. 1. mgr. 43. gr. barnalaga. Þar er að finna reglu um fyrirsvar þegar móðir andast eftir að hafa höfðað mál og áður en niðurstaða liggur fyrir og er þá gert ráð fyrir að framfærandi barns taki við rekstri málsins.

Í 2. mgr. er í samræmi við breytingar varðandi sóknaraðila. Hér er gert ráð fyrir að móðir barns og barnið geti einnig verið varnaraðilar. Reglan um að höfða megi mál á hendur búi varnaraðila sem teljast verður líklegur faðir er óbreytt. Þá er lagt til að höfði líklegur faðir mál til feðrunar geti hann höfðað mál á hendur þeim aðila sem hefur haft með höndum framfærslu barns, einstaklingi eða sveitarfélagi.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 43. gr. barnalaga.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sóknaraðili skuli eiga kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar eftir því sem dómari telur þörf á og tekur það einnig til þess þegar líklegur faðir hefur höfðað málið, enda verður að telja að liðveisla barnaverndarnefndar miði að því að vernda hagsmuni barnsins. Þá er einnig lagt til að hin lögbundna gjafsókn nái einnig til föður höfði hann barnsfaðernismál.

Um 5. gr.

Lagt er til að móðurinni verði eins og öðrum gert skylt að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu að kröfu dómara. Þá verði henni gert skylt eins og öðrum aðilum máls að leggja sig og barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega óbreytt að öðru leyti en því sem varðar aðildina. Hér er miðað við að varnaraðildin sé ekki einvörðungu bundin við líklegan föður.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður, barni eða líklegum föður. Í reynd mundi lögmaður aðila sækja þing með honum.

Fylgiskjal.

Bergþóra Ingólfsdóttir,
Dýrleif Kristjánsdóttir,
Edda Björk Andradóttir,
Guðríður A. Kristjánsdóttir,
Gunnhildur Pétursdóttir,
Marín Ólafsdóttir,
Sigríður Anna Ellerup.

Pater est – aðild þriðja manns að véfengingarmáli.

(Rannsóknarverkefni unnið af Mannréttindahóp ELSA Ísland 2000–2001. Mannréttindaskrifstofa Íslands, rit nr. 7, Reykjavík 2001.)

Formáli

Samstarf ELSA Ísland (samtök evrópskra laganema á Íslandi) og Mannréttindaskrifstofu Íslands hófst af einhverri alvöru á vordögum 1999. Þá settust niður Anna Dögg Hermannsdóttir, þáverandi mannréttindafulltrúi ELSA, og Bjarney Friðriksdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar og ákváðu að vinna saman eitt verkefni á ári. Ragnar Aðalsteinsson hrl., formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands, var einnig til ráðgjafar um verkefnið. Fyrsta verkefnið var könnun á réttarstöðu þeirra sem skipt hafa um kyn og lauk því með málþingi í Kornhlöðunni í janúar 2000.

Hluti af markmiðum ELSA er að koma á fót lagarannsóknanefndum sem kanna laga- og dómaframkvæmd í Evrópu. Þetta starf er í samræmi við þessi markmið. Ætlun ELSA og Mannréttindaskrifstofunnar er að kanna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu (hér eftir MDE) og gera athugun á því hvort framkvæmdin á Íslandi er í samræmi við dómaframkvæmd hans. Fyrstu skrefin eru því alltaf könnun á dómum MDE í því skyni að finna þar mál sem hafa þýðingu á Íslandi.

1. Inngangur

Upphaf þessa verkefnis var að undirrituð, mannréttindafulltrúi ELSA árið 2000, fór á fund Bjarneyjar og ákváðum við að verkefni þessa árs yrði að skoða tvo dóma MDE sem fjalla um faðernisregluna. Ég kom svo saman lagarannsóknanefnd en í henni eru auk mín: Bergþóra Ingólfsdóttir, Dýrleif Kristjánsdóttir, Guðríður A. Kristjánsdóttir, Gunnhildur Pétursdóttir, Marín Ólafsdóttir og Sigríður Anna Ellerup. Ásta Stefánsdóttir vann að auki með hópnum í upphafi.

Verkefnið var nokkuð erfitt í fæðingu, vorpróf og sumarfrí settu strik í reikninginn. Haustið 2000 var þó kominn skriður á. Hópurinn skipti með sér verkum og hittist á fundum á eins til tveggja vikna fresti. Við könnuðum dóma MDE, dóma Hæstaréttar, skýrslur umboðsmanns Alþingis og lásum okkur til í íslenskum og erlendum ritum. Mál skv. faðernisreglunni þurfa að fara fyrir dóm og því ekki óeðlilegt að hvorki var að finna upplýsingar hjá sýslumanni né nokkuð í skýrslum umboðsmanns Alþingis hvað varðar beitingu faðernisreglunnar.

Rétt eftir áramótin fór verkefnið að taka á sig endanlega mynd en eftir var að setja niður, með skipulegum hætti, þau sjónarmið sem við veltum upp í þessu verkefni – og það var að sjálfsögðu mesta vinnan. Við settum okkur í samband við Ábyrga feður og Láru V. Júlíusdóttur hrl. og lásu þau verkefnið yfir. Bjarney var okkur til halds og trausts og kom með athugasemdir og tillögur að úrbótum. Við höfum lagt okkur fram um að vinna þetta fræðilega og með opnum huga og það er von okkar að þetta verkefni verði innlegg í fræðilega umræðu og stefnumótun um málefnið.

Edda Andradóttir mannréttindafulltrúi ELSA Ísland 2000

2. Pater est quem nuptiæ demonstrant

Samkvæmt barnalögum nr. 20/1992 (hér eftir BL) er hægt að ákvarða faðerni barna með fernum hætti. Fyrst ber að nefna faðernisregluna eða pater est regluna, en hinar leiðirnar eru faðernisviðurkenning, dómur í faðernismáli og samþykki eiginmanns eða sambúðarmanns til tæknifrjóvgunar.

Faðernisregluna má rekja til hins forna Rómarréttar, þar sem hún byggði á eignaréttarlegum grunni. Eiginmaðurinn átti eiginkonu sína og þar með einnig þau börn sem hún fæddi. Reglan var tekin upp í kanoníska rétt á miðöldum þar sem hún var mótuð frekar. Faðernisreglan hefur um aldaraðir verið til í norrænum rétti, lengst af sem ólögfest meginregla og bundin við hjúskap.

Faðernisreglan var lögfest berum orðum með barnalögum nr. 9/1981 en tók þá aðeins til hjúskapar. Með BL voru gerðar veigamiklar breytingar á gildissviði faðernisreglunnar hér á landi. Eftir þessa breytingu tekur reglan einnig til óvígðrar sambúðar og hefur að því leyti sérstöðu miðað við löggjöf annarra ríkja. Með þessu móti er val foreldra um sambúðarform látið hafa sem minnst áhrif á réttarstöðu barns. Þessarar þróunar hefur gætt nokkuð lengi og endurspeglar breyttar hugmyndir manna um sambúðarform. Athyglisvert er þó að reglan gerir greinarmun á stöðu foreldra, að því leyti að þegar móðir er í óvígðri sambúð, þarf hún að lýsa sambúðarmann sinn föður að barninu en reglan gerir ekki ráð fyrir því að móðir þurfi að kenna eiginmanni sínum barnið til að faðernisreglan gildi.

Í dag kemur reglan fram í 2. gr. BL:

> **Eiginmaður móður barns telst faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins.**
>
> **Nú giftist móðir barns eftir fæðingu þess manni er hún hefur kennt barnið og telst hann þá faðir þess.**
>
> **Ef móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, búa saman við fæðingu þess samkvæmt því er greinir í þjóðskrá eða öðrum ótvíræðum gögnum telst hann faðir barnsins. Sama er ef móðir barns og maður, er hún lýsir föður þess, taka upp sambúð samkvæmt framansögðu, enda sé barn þá ófeðrað.**

Megininntak reglunnar er að eiginmaður eða sambýlismaður móður telst faðir þeirra barna sem hún elur. Í 3. gr. BL er fjallað um tæknifrjóvgun og verður barn einnig feðrað á grundvelli faðernisreglunnar, liggi fyrir samþykki eigin- eða sambúðarmanns fyrir tæknifrjóvgun.

Margvíslegir hagsmunir eru tengdir því að barn sé feðrað og eru ítarleg ákvæði í BL í samræmi við það. Þetta eru hagsmunir barnsins, móður þess og föður og hagsmunir hins opinbera. Sjónarmið að baki feðrunarreglum BL byggjast á þessum hagsmunum. Þau eru í aðalatriðum tvenns konar, annars vegar þau að reglan leiði til réttrar niðurstöðu, þ.e. að líffræðilegur faðir barns verði faðir þess að lögum, og svo hins vegar að niðurstaða fáist með sem minnstu óhagræði fyrir móðurina.

Faðernisreglan, okkar athugunarefni, felur í sér sönnunarreglu sem byggir á tvenns konar líkum, að kona hafi haft samfarir við eiginmann sinn og að barnið sé getið við þær samfarir. Líkurnar á því að þetta eigi sér stað, eru taldar svo miklar, að óhætt sé að byggja á þeim reglu.

Faðernisreglan hefur ýmislegt til síns ágætis. Hún er hagkvæm, hún leiðir oftast til réttrar niðurstöðu og losar fólk undan þeirri fyrirhöfn að þurfa að sanna faðerni í hvert sinn sem barn fæðist. Reglan veitir barninu sjálfu vernd og fjölskyldunni í heild. Hún forðar deilum um faðerni svo lengi sem hjónin og barnið una niðurstöðunni.

3. Véfenging

Véfengingarmál er mál sem höfðað er til að hnekkja faðerni barns sem ákvarðað hefur verið með faðernisreglunni. Reglur um véfengingu faðernis er að finna í 7. kafla B BL. Í 1. mgr. 52. gr. kemur fram hverjir geti átt aðild að véfengingarmáli:

> **Mál til vefengingar á faðerni barns skv. 2. og 3. gr. geta höfðað eiginmaður og sambúðarmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns sem sérstaklega er skipaður ef því er að skipta; enn fremur að eiginmanni eða sambúðarmanni látnum sá erfingi hans er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.**

Af þessari upptalningu er ljóst að þriðji maður, sem telur sig vera föður barns, getur ekki höfðað véfengingarmál. Þessi takmörkun á aðild að véfengingarmáli er byggð á því að vernda þurfi fjölskylduna og þá fyrst og fremst barnið gegn því að aðilar utan hennar geti krafist ógildingar á faðerni.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á undan, er faðernisreglan grundvölluð á tvenns konar líkum. Í fyrsta lagi að kona hafi haft samfarir við eiginmann sinn og í öðru lagi að barnið sé getið við þær samfarir. Algengast er í véfengingarmálum að byggt sé á því að vegna aðskilnaðar eða annarra ástæðna hafi samfarir ekki átt sér stað. Hitt er sjaldgæfara að byggt sé á að barnið sé ekki getið við samfarir hjóna t.d. vegna ófrjósemi mannsins. Á hverju sem byggt er, ber sá sem véfengja vill faðerni barns sönnunarbyrðina fyrir því að barn sé ekki rétt feðrað og gerðar eru miklar sönnunarkröfur til þess að véfenging nái fram að ganga.

Í BL kom inn ný regla að sænskri og norskri fyrirmynd, en skv. henni getur dómari kveðið upp véfengingardóm á grundvelli sameiginlegrar skriflegrar yfirlýsingar aðilanna þriggja (móður, eiginmanns og þriðja manns) um að þriðji maður sé faðir barnsins. Þessi regla var sett, þar sem gagnrýnt hafði verið að mikil hætta væri á, að börn væru ranglega feðruð vegna hinna ströngu skilyrða fyrir véfengingu.

Frestir aðila til að véfengja faðerni koma fram í 2. mgr. 52. gr. : „Mál skal höfða innan eins árs frá því að sóknaraðili fékk vitneskju um atvik sem orðið getur efni til þess að véfengja faðerni barns og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu þess.“ Í lokamálslið 2.

mgr. er tekið fram að þessir frestir gildi ekki ef barnið sjálft höfðar mál. Að baki þessum reglum eru sömu verndarsjónarmið og að baki takmörkunum á aðild.[1]

4. Er refsivert að rangfeðra barn?

Í íslensku hegningarlögunum nr. 19/1940 (hér eftir HGL) er ákvæði sem gerir það refsivert að rangfeðra barn. Þó má láta refsingu falla niður, ef byggt er á faðernisreglunni og eiginmaðurinn samþykkir það. Umrætt ákvæði er 192. gr. sem hljóðar svo:

> **Hver, sem rangfærir sönnun fyrir faðerni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta fangelsi allt að 1 ári eða sektum.**
>
> **Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefur getið utan hjónabands, hefur verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefur samþykkt það.**

Í greinargerð með 192. gr. segir (feitletrun er skýrsluhöfunda): „Í greininni er aðeins lögð refsing við því að tilgreina rangt eða ófullnægjandi um faðerni barns eða móðerni í tilkynningu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningu fæðingar. Ákvæðið nær jafnt til skilgetinna barna sem óskilgetinna og jafnt til þess, hvort heldur faðerni eða móðerni er rangfært. **Ákvæði síðari mgr. nær bæði til þess, að kona hafi verið vanfær, er hún gekk í hjónaband, og annar en eiginmaður sé faðir, og einnig hins, að kona hafi getið barn með öðrum en eiginmanni sínum, eftir að hjónaband þeirra stofnaðist.** Væntanlega mun mega beita ákvæðum þessarar mgr. analogiskt, þegar svo stendur á, að ekkja eða fráskilin kona, sem þunguð er af völdum bónda síns, giftist á ný og eignar síðari manni sínum barnið."[2]

Í dómasafni Hæstaréttar er ekki að sjá að nokkurn tímann hafi verið ákært fyrir brot á þessari grein og hefur því tilvist hennar litla þýðingu í reynd.

5. Norrænn réttur

5.1. Inngangur

Íslenskur sifjaréttur hefur mótast mjög af norrænni löggjöf á þessu sviði. Hér verður danskur og sænskur réttur skoðaður sérstaklega og borinn saman við þann íslenska.

5.2. Efni faðernisreglunnar

Í dönskum lögum er faðernisreglan í 2. gr. dönsku barnalaganna, börneloven nr. 293 frá 2. maí 1995. Samkvæmt 1. mgr. er barn sem hugsanlega er getið í hjónabandi, barn eiginmanns móðurinnar. Þetta gildir ekki ef það sannast að móðirin hafði samfarir við annan mann og telja má líklegt að barnið sé getið við þær, eða vegna erfðaeiginleika barnsins eða annarra sérstakra ástæðna megi telja öruggt að eiginmaðurinn sé ekki faðirinn. Í 2. mgr. segir að hafi foreldrar ekki búið saman á getnaðartíma eða samlíf hjónanna niður fallið vegna ósættis, gildi 1. mgr. einungis ef sannaðar eru samfarir þeirra á getnaðartíma barnsins. Í 3. mgr. segir að barn fætt í hjónabandi en getið áður, sé talið barn eiginmanns nema véfengingarmál sé höfðað. Í þessu felst að þá eru ekki talin sömu líkindi fyrir faðerni eiginmanns og ef barnið er getið í hjónabandi.

Það er sameiginlegt íslenska og danska ákvæðinu að bæði fela í sér feðrunarreglu, en gildissvið þess íslenska er rýmra þar sem það tekur bæði til hjónabands og sambúðar, en það

---

[1] Kafli 2 og 3 eru að mestu unnir upp úr bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, Barnaréttur.

[2] Greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 19/1940.

danska einungis til hjónabands. Í íslenska ákvæðinu er tekið fram að reglan gildi ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins og er það að því leyti þrengra en það danska. Í raun eru þetta tímamörk á því hvenær faðernisreglan hættir að gilda. Eftir það á reglan ekki við heldur er feðrað eftir öðrum reglum. Í danska ákvæðinu eru ekki slík tímamörk, heldur eru talin þar atvik, sem leitt geta til að reglan eigi ekki við sbr. hér á undan, en á þau verður að reyna í véfengingarmáli.

Í sænskum lögum kemur faðernisreglan fram í Föräldrabalken 1949:381, 1. gr. 1. kafla. Reglan tekur einungis til hjúskapar eins og danska reglan. Með sama hætti og í dönsku lögunum eru í 2. gr. 1. kafla þeirra sænsku talin atvik sem geta leitt til að dæmt sé að eiginmaður sé ekki faðir barns. Eru þau í öllum aðalatriðum þau sömu og í danska ákvæðinu.

5.3. Réttarfarsatriði sem þýðingu hafa þegar reynir á faðernisregluna

5.3.1 Aðild að véfengingarmáli

Aðild að véfengingarmáli skv. íslensku og dönsku lögunum er nánast með sama hætti. Samkvæmt þeim hafa eiginmaður móður, móðir, barnið og lögráðamaður þess aðild. Að auki veita íslensku lögin sambúðarmanni móður aðild og erfingjum eiginmanns/sambúðarmanns að honum látnum.

Samkvæmt sænsku lögunum hafa einungis eiginmaður móður og barnið sjálft aðild að véfengingarmáli. Ef eiginmaðurinn er látinn, fá tilteknir erfingjar hans aðild að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Svíþjóð er ólíkt hinum löndunum að því leyti að hægt er að fá leyst úr véfengingarmáli fyrir stjórnvaldi (Socialnämnden). Ef eiginmaður, eiginkona og þriðji maður eru öll sammála geta þau gengið fyrir nefndina og hún þá staðfest faðerni þriðja manns að uppfylltum ákveðnum formkröfum.

Í dönskum rétti gildir svokölluð „anærkendelseslære". Reglan er ólögfest og felur í sér, að grunur um að annar en eiginmaður sé raunverulegur faðir, án þess að nokkuð sé aðhafst af því tilefni, getur leitt til þess að eiginmaður móður barns eða móðirin sjálf, fyrirgeri rétti sínum til að véfengja faðernið. Þetta sýnir mikilvægi „félagslegs faðernis" í dönskum rétti, því að barn feðrað með faðernisreglunni missir stöðu sína sem skilgetið barn ef véfenging nær fram að ganga. Hafa verður í huga að dönsku lögin frá 1995, gera enn greinarmun á skilgetnum og óskilgetnum börnum. Sama regla var áður lögfest í Svíþjóð, en var felld úr gildi 1976. Sjónarmið að baki lagabreytingunni var að faðerni að lögum skyldi vera í samræmi við *líffræðilegt faðerni, en það var og er talið barninu fyrir bestu.*

Það er sameiginlegt íslensku, dönsku og sænsku lögunum að þriðji maður, hefur ekki sjálfstæðan rétt til að krefjast viðurkenningar á því að teljast faðir tiltekins barns, hvort sem barn er feðrað með faðernisreglunni eða á annan hátt.

5.3.2 Málshöfðunarfrestir

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. BL skal mál til að véfengja faðerni barns skv. 2. og 3. gr., höfðað innan árs frá því að sóknaraðili fékk vitneskju um atvik sem orðið geta tilefni til þess að véfengja faðerni barns og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu þess. Málshöfðunarfrestur fyrir erfingja eiginmanns/sambúðarmanns er styttri, eða sex mánuðir frá því að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins eða dauða eiginmannsins/sambúðarmannsins. Samkvæmt ákvæðinu eiga tímafrestirnir ekki við þegar barnið höfðar mál.

Í 5. gr. dönsku barnalaganna nr. 293 frá 2. maí 1995 er málshöfðunarfrestur 3 ár frá fæðingu barns og gildir það fyrir alla aðila véfengingarmáls, nema barnið sjálft höfði það mál eftir 18 ára aldur.

Í sænsku lögunum eru engir málshöfðunarfrestir.

5.3.3 Niðurstöður

Réttarreglur ofangreindra landa eru svipaðar á þessu sviði. Feðrað er með faðernisreglunni í hjónabandi og réttarfarsreglur veita ekki þriðja manni sjálfstæða aðild að véfengingarmálum. Mun það vera ríkjandi réttarástand í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

6. Íslensk dómaframkvæmd

Dómar um véfengingu faðernis eru ekki margir og fundum við enga eldri en frá 1950. Allmargir dómar eru þess efnis að konur kenndu mönnum börn, sem ekki vildu kannast við faðernið. Eðli málsins samkvæmt hafa þessir dómar breyst mikið og þeim fækkað sökum aukinnar þekkingar í læknavísindum, sem leitt hefur til betri sönnunaraðferða. Þeir dómar sem hér verða reifaðir snerta ekki allir beitingu faðernisreglunnar. Við höfum kosið að reifa, auk dóma um faðernisregluna, ýmsa dóma sem snerta feðrun barna, til þess að sýna þá þróun sem orðið hefur á sjónarmiðum, sem lögð eru til grundvallar við úrlausn þessara mála.

Þess ber að geta að hér á landi tíðkast nafnleynd í þessum málum og aðilar því auðkenndir með bókstöfum.

H 1952:175 Faðerni viðurkennt og véfenging of seint fram komin

Hér voru málsatvik þau að maður og kona kynntust í júní 1945 og í september sama ár ól konan barnið Z. Í desember sama ár gengu maðurinn og konan í hjónaband. Maðurinn vissi að hann var ekki faðir barnsins en kvaðst þó hafa fallist á það, að Z yrði talið hans barn vegna tilmæla konunnar. Við skírn barnsins var það skráð barn eiginmannsins, með vitund hans og samþykki, í prestþjónustubók. Hjónin skildu að lögum 1950. Í desember 1951 höfðaði maðurinn svo véfengingarmál. Talið var að framangreind framkoma mannsins fæli í sér viðurkenningu á faðerni Z og var barnið því skilgert skv. 3. gr.[3] sbr. 8. gr.[4] laga nr. 57/1921. Mál til véfengingar faðerni skyldi höfða innan 6 mánaða frá fæðingu barns, auk þess sem ekki væri unnt að höfða slíkt mál eftir að aðili hefði gengist við faðerninu. Brast því heimild til höfðunar málsins og var því vísað frá dómi.

H 1963:7 Frestur liðinn

Maður (M) og kona (K) gengu í hjúskap 28. júní 1958, en þau höfðu áður búið saman. Áður en þau gengu í hjúskap greindi K M frá því að hún væri þunguð af völdum B. Í september 1958 fengu þau M og K leyfi til skilnaðar að borði og sæng, eða aðeins þremur mánuðum eftir að til hjúskaparins var stofnað. K ól svo barn 25. febrúar 1959 en lögskilnað fengu hjónin 7. október 1960. Í júní 1960 fékk K úrskurð um meðlag á hendur B með barninu en B gekkst við því fyrir valdsmanni. Ekki kom fram fyrir valdsmanni að K væri í hjúskap. Var þessi úrskurður síðar ónýttur að kröfu B, þar sem í ljós kom að barnið var skilgetið. M höfðaði véfengingarmál 30. júní 1961 gegn K f.h. barns þeirra og véfengdi faðernið. Hæstiréttur

---

[3] „Nú véfengir eiginmaður að barn konu hans sé skilgetið og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en sex mánuðir eru liðnir frá því, að honum var kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna. Nú næst ekki til lögráðamanns eða hann er að dómi héraðsdómara ekki fær um að gæta réttar barnsins og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað. Nú er eiginmaður sviptur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits og gengur þá lögráðamaður í hans stað."

[4] „Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert skv. 37. eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og telst það barn þá skilgetið."

sagði að barnið hefði verið fætt áður en hjúskap þeirra M og K lauk. Væri það því skilgetið skv. 1. gr. laga nr. 57/1921, uns faðernið hefði verið véfengt að lögum. Þegar M höfðaði málið var liðinn 6 mánaða frestur sem í 3. gr. laga nr. 57/1921 greinir og málinu var því vísað frá.

H 1992:858 Skráning Hagstofu

J krafðist þess fyrir héraðsdómi að viðurkennt yrði að skráning hjá Hagstofu Íslands, þess efnis að hann væri faðir G, væri röng. Þ, móðir G, var ógift þegar G fæddist árið 1955 en þá giltu lög nr. 87/1947 um óskilgetin börn. Í 3. gr. þeirra laga taldist karlmaður faðir óskilgetins barns er kona kenndi honum, ef hann gekkst við því fyrir presti, valdsmanni eða bréflega og vottfast. G var skírð og J skráður faðir hennar. 35 árum síðar höfðar J þetta mál og krefst ógildingar á þeirri skráningu Hagstofu að hann sé faðir G. Málsaðilar voru ósammála um hvort skráningin hafði verið með vilja J og engum vitnum var til að dreifa eða óvéfengjanlegum sönnunum á hvorn veginn. Í héraði kom fram að ekki hefði verið sýnt fram á að skráningin hefði verið lögformlega röng. Hins vegar sagði í héraðsdóminum að sá þáttur málsins sem snéri að faðerni G væri ekki nægilega upplýstur en úr því máli yrði ekki leyst og var því málinu vísað frá. Hæstiréttur fjallaði um þessa frávísun og staðfesti hana með þeim rökum að til þess að fá úr þessu skorið yrði að höfða véfengingarmál því skv. lögum nr. 9/1981 væru ekki skilyrði fyrir aðild J að slíku máli og ekki væri heldur hægt að höfða ógildingarmál skv. 10. gr. sömu laga.

H 1997:2816 Tæknifrjóvgun

M krafðist þess að hann yrði ekki talinn faðir tveggja sveinbarna sem K ól. M og K gengu í hjónaband 1988. Þau eignuðust dóttur 1993 sem getin var með gjafasæði. M og K höfðu við það tilefni undirritað skriflega yfirlýsingu þar sem M lýsti því yfir að börn/barn sem K fæddi eftir slíka tæknifrjóvgun myndi hann skoða sem sín. Sumarið 1994 kom til tals að þau eignuðust annað barn en M og K voru ekki sammála um hvað var afráðið í þeim efnum. K fór í slíka aðgerð í desember 1994. M og K slitu samvistum í febrúar 1995 en K eignaðist tvíbura 13. ágúst það ár. 22. mars 1996 fengu þau leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Óumdeilt var að M gat ekki verið líffræðilegur faðir barnanna. Hann var þó talinn faðir þeirra skv. faðernisreglunni sem fram kemur í 1. mgr. 2. gr. BL. Ekki lá fyrir skriflegt samþykki hans fyrir seinni tæknifrjóvguninni og eins og fyrr segir var umdeilt hvort hann hefði verið henni samþykkur. Í héraðsdómi var talið að hann hefði vitað eða mátt vita hver ætlun K var. Hæstiréttur staðfesti þennan dóm en felldi niður málskostnað vegna þess að lögáskilið samþykki M skorti.

H 1997:2729 Blóðrannsókn heimiluð

M og K voru í sambúð þegar barnið X var getið og fætt árið 1992. Eftir sambúðarslitin hafði M notið umgengnisréttar við barnið. 1996 tók K fyrir þá umgengni og leitaði M þá til sýslumanns um ákvörðun um umgengnisrétt. Þá kom á daginn að K hafði aldrei lýst M föður barnsins. M vildi því fá úrskurð um blóðrannsókn. Einnig taldi hann atvik öll og hátterni K benda til þess að hann væri faðir X. K krafðist frávísunar þar sem M, skv. ákvæðum BL, gæti ekki átt aðild að málinu. Í dómi héraðsdóms eru rakin þau skilyrði BL um aðild sem málið varða, ennfremur er þar vísað til 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög nr. 33/1944 með síðari breytingum (hér eftir stjskr.) um jafnan rétt. Rakin eru markmið reglna um málsmeðferð í faðernismálum, að rétt niðurstaða fáist og líffræðilegur faðir barns verði faðir þess að lögum.

Í dóminum segir jafnframt: „Leggja verður hagsmuni föður af því að hafa samskipti við barn sitt að jöfnu við hagsmuni móður. Þá verður að telja að barn hafi ríka hagsmuni, persónulega og fjárhagslega, af því að eiga bæði föður og móður. Þykir því rétt, að móðir barns og faðir eigi jafnan rétt til að teljast foreldrar þess að lögum“. Með vísan til 48. gr. BL var því krafan um blóðrannsókn tekin til greina í héraði.

Hæstiréttur staðfesti þennan úrskurð. Dómurinn taldi að varnarorð K um aðildarskort ættu ekki við, þar sem ekki var verið að höfða vefengingarmál.

H 15. febrúar 2000 mál nr. 37/2000

Konan X stefndi dánarbúum tveggja manna, þeirra Þ og T, til viðurkenningar á að Þ skyldi teljast faðir hennar. Fallist var á þá niðurstöðu héraðsdóms að X hefði verið löglega feðruð sem dóttir T með faðernisviðurkenningu hans. Þar sem ekki var krafist ógildingar þeirrar viðurkenningar varð að vísa málinu frá dómi.

Konan K fæddi X, sem stefndi í þessu máli. Stuttu eftir fæðinguna fór fram blóðrannsókn til að ákvarða faðerni hennar og sættu þeir T og Þ henni. Samkvæmt henni var hvorki hægt að útiloka Þ né T frá faðerni. T og K giftust 1963 og var X þá skráð dóttir hans en hafði áður verið skráð dóttir Þ, þó ekki lægi fyrir faðernisviðurkenning frá honum. Nokkru eftir að K og T gengu í hjónaband lýsti T sig föður X fyrir presti, en það var í samræmi við réttarreglur á þeim tíma og við það öðlaðist X réttarstöðu skilgetins barns. T lést 1994 en Þ 1998. Þá óskaði X eftir því að fram færu DNA rannsóknir til athugunar á faðerni hennar. Niðurstöður tveggja slíkra rannsókna voru þær að Þ væri að öllum líkindum líffræðilegur faðir X, líkurnar meiri en 99%. Hins vegar varð niðurstaðan í héraði sú að ekki hefði verið farið fram á ógildingu faðernisviðurkenningar T og því væri hann faðir X. Hæstiréttur staðfesti þetta.

H 18. desember 2000 mál nr. 419/2000

M og K voru í sambandi á meðan K var við nám í Bandaríkjunum, en í málinu varð síðar ágreiningur um hversu náið samband þeirra hefði verið. Varð K þunguð um sumar 1997. Í fyrstu mæðraskoðun gaf K upp nafn M sem föður barnsins. K afturkallaði síðar faðernið hjá sýslumanni. M leitaði þá til sýslumanns til að gangast við faðerni barnsins en var vísað frá, þar sem formleg beiðni um faðernisviðurkenningu frá K lá ekki fyrir. M höfðaði mál gegn K og krafðist viðurkenningar á því að hann væri faðir barnsins. Krafðist K frávísunar fyrir héraðsdómi með þeim rökum að M gæti ekki átt aðild að faðernismáli, enda væru aðilar að slíkum málum tæmandi taldir í 1. og 2. mgr. 43. gr. BL.

Héraðsdómur féllst á rök K og taldi að ekki væri hægt að lögjafna frá nefndu lagaákvæði á þann veg að M gæti átt þennan rétt til jafns við K. Jafnframt taldi dómurinn að feðrunarreglur BL brytu hvorki í bága við mannréttindaákvæði stjskr., né Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE). Málinu var því vísað frá dómi en sú frávísun var kærð til Hæstaréttar.

Við úrlausn málsins hafði Hæstiréttur hliðsjón af breytingum, sem gerðar voru á stjskr. eftir gildistöku BL. Í 70. gr.[5] stjskr. felst nú, eins og í 6. gr. MSE, sjálfstæð regla um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla og verður að skýra ákvæði í almennum lögum, sem takmarka þann rétt með hliðsjón af því. 43. gr. BL felur í sér, skv. orðanna

[5] 70. gr. hljóðar svo:
„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli ...“

hljóðan, tálmun þess að M geti leitað dómsviðurkenningar á því að hann sé faðir barns. Í 2. mgr. 65. gr.[6] stjskr. er sérstaklega áréttað að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Sams konar bann við mismunun birtist í 14. gr. MSE. Hæstiréttur taldi að ekki yrði ráðið af lögskýringargögnum, að sú mismunun kynjanna sem birtist í 43. gr. BL byggðist á málefnalegum rökum, sem hníga sérstaklega að því að vernda hagsmuni kvenna í þessu tilliti fremur en karla. Mikilvægir þjóðfélagslegir hagsmunir væru fólgnir í því að faðerni barna sé leitt í ljós og ákvarðað auk þess sem barnið sjálft hafi ríka hagsmuni af því að það sé réttilega feðrað. Við mat á því hvort M skyldi heimilt að fá efnisúrlausn um kröfur sínar, vó þungt sú staðreynd að M hafði leitt að því líkur, að hann gæti verið faðir barnsins. Fallist var á það með M að löggjöf, sem við þessar aðstæður takmarkaði rétt manns til að fá úrlausn dómstóla, bryti gegn 70. gr. stjskr., sbr. 6. gr. MSE. Þá var ekki fallist á að nægar málefnalegar forsendur stæðu til þeirrar mismununar sem birtist í reglum BL um aðild að faðernismálum. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

7. Ályktanir um íslenska dómaframkvæmd fram til þessa

Það er ljóst að hvort sem faðernisreglan eða faðernisviðurkenning hefur verið lögð til grundvallar ákvörðun um faðerni, hefur þeirri ákvörðun ekki verið hnekkt nema að uppfylltum ströngustu réttarfarsskilyrðum. Það er einnig ljóst af eldri dómum að hagsmunir móður hafa vegið þyngra en föður eða þeirra karla sem koma að faðernismálum. Vísindalegar rannsóknir við ákvörðun faðernis eru nú orðnar mjög áreiðanlegar og þess sér stað í dómaframkvæmd.

Í tæknifrjóvgunarmálinu frá 1997 er greinilegt að hagsmunir barnanna sitja í fyrirrúmi og þeim tryggt faðerni. Hagsmunir barna eru farnir að skipta meira máli í öllum nýrri dómum Hæstaréttar. Það er í samræmi við alþjóðlega þróun í málefnum barna.

Í nýjasta dómi Hæstaréttar frá 18. desember 2000 gætir athyglisverðra sjónarmiða sem e.t.v. gefa tóninn til framtíðar. Í þessum dómi er beinlínis vísað í MSE til fyllingar mannréttindaákvæðum stjskr. og ákvæði BL beinlínis talin fara gegn þeim. Í dómum MDE, sem síðar verða reifaðir, kemur hins vegar fram að dómstóllinn sjálfur túlkar þessi ákvæði á annan veg en Hæstiréttur Íslands.

8. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Ísland er aðili að Evrópuráðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1954, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. MSE var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga eru úrlausnir MDE ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Engu að síður hafa dómar hans verið taldir hafa mikil áhrif á íslenska dómaframkvæmd.

Þetta verkefni fólst fyrst og fremst í því að kanna tvo dóma MDE um faðernisregluna og bera þá saman við íslenska dóma- og lagaframkvæmd. Dómarnir sem teknir voru til skoðunar voru Rasmussen gegn Danmörku og Kroon gegn Hollandi. Síðar bættist við Nylund gegn

---

[6] 65. gr. hljóðar svo:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."

Finnlandi. Sá dómur er ekki síður athyglisverður þar sem hann er nýrri en hinir tveir. Þær greinar MSE sem reynir á í þessu sambandi eru 6. gr.,[7] 8. gr.[8] og 14. gr.[9]

8.1. Rasmussen gegn Danmörku, mál nr. 9-1983-65-100

Í máli þessu kvartaði maður að nafni Rasmussen yfir þeim fresti sem dönsk lög settu honum til að véfengja faðerni hans á stúlku, sem var fædd í hjónabandi hans og móðurinnar. Skv. þeim þurfti eiginmaður að höfða véfengingarmál innan 5 ára frá fæðingu barns. Hins vegar settu lögin móðurinni enga fresti til að höfða véfengingarmál. Því væri um að ræða brot á 6. gr. í tengslum við 14. gr. og 8. gr. í tengslum við 14. gr. MSE.

Rasmussen og kona hans giftu sig 1966. Þau eignuðust tvö börn, dreng fæddan árið 1966 og stúlku, P, fædda 1971. Rasmussen grunaði allt frá fæðingu P að hann væri ekki líffræðilegur faðir hennar, en þar sem hann var staðráðinn í að bjarga hjónabandi sínu, hafðist hann ekkert að í málinu. 1973 var Rasmussen hjónunum veittur skilnaður að borði og sæng. Konan fékk forræði barnanna og var honum gert að greiða með þeim meðlag, sem hann gerði allt til ársins 1975.

Í mars 1975 lagði Rasmussen á ráðin um rekstur véfengingarmáls og sótti um gjafsókn. Í apríl 1975 gerðu Rasmussen hjónin með sér samkomulag um að hún félli frá kröfum um meðlag og hann lofaði að hætta við málareksturinn. Í júlí 1975 var þeim veittur lögskilnaður og staðfest að konan færi með forræði barnanna og honum gert að greiða meðlag með þeim en því mótmælti hann ekki.

Þann 16. janúar 1976 (4 dögum fyrir 5 ára afmæli P) sendi konan honum tilkynningu þess efnis að hún teldi sig ekki bundna af samkomulagi þeirra frá 1975 og sótti hún stuttu seinna um meðlagsgreiðslur til yfirvalda í Danmörku.

27. janúar 1976 sótti Rasmussen um leyfi til Eystri Landsréttar til að hefja málarekstur til véfengingar á faðerni P. Því var hafnað, þar sem aðstæður hans þóttu ekki nógu aðkallandi og sérstakar, til þess að hægt væri að veita undanþágu frá frestinum. Þessari synjun áfrýjaði hann ekki innan settra tímamarka til Hæstaréttar. Í júlí 1976 sótti hann um undanþágu til dómsmálaráðuneytisins til að mega bera erindi sitt undir Hæstarétt, en því var hafnað. Í nóvember 1978 sótti hann aftur um leyfi til málssóknar fyrir Eystri Landsrétti en konan mótmælti því með þeim rökum að það myndi hafa slæm áhrif á barnið. Var umsókn hans hafnað.

Rasmussen ákvað því að leita til MDE. Hann byggði mál sitt á því að sér hefði verið mismunað á grundvelli kynferðis, þar sem honum væri settur ákveðinn frestur til að véfengja faðerni P, en móðurinni ekki. Til rökstuðnings máli sínu vísaði hann til 14. gr. sbr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð og 14. gr. sbr. 8. gr. MSE um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Ákvæðum um fresti til véfengingar faðernis var þó breytt 1982, áður en málið kom til dóms hjá MDE. Þeim var breytt með þeim rökum, að þau ættu ekki lengur við vegna breyttra

---

[7] 6. gr. hljóðar svo:

„Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli ...“

[8] 8. gr. hljóðar svo:

„Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta ...“

[9] 14. gr. hljóðar svo:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinaálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.“

þjóðfélagsaðstæðna. Með breytingunum var móðurinni einnig settur frestur, sá sami og föðurnum eða 3 ár. Í dönskum rétti gildir einnig ólögfest tómlætisregla. Í henni felst að eiginmaður telst hafa viðurkennt faðerni og þannig fyrirgert rétti sínum til að höfða vefengingarmál, fylgi hann ekki eftir grunsemdum sínum um að annar maður sé faðir barns eiginkonunnar.

Niðurstaða MDE var að bæði 6. gr. og 8. gr. MSE ættu við í málinu. MDE taldi að Rasmussen og fyrrum eiginkonu hans væri mismunað varðandi möguleika á að vefengja faðerni barns. Það sem dómstóllinn gerði næst var að spyrja sig hvort þau væru í sambærilegri aðstöðu en það er skilyrði fyrir vernd 14. gr. skv. fyrri dómum MDE. Dómstóllinn taldi sig ekki þurfa að svara þeirri spurningu, heldur gæti hann gengið út frá því að svo væri, ekki síst þar sem sömu sjónarmið kæmu til skoðunar við þá ákvörðun og við næstu spurningu sem skv. hefðbundinni aðferðafræði dómstólsins þyrfti að svara. Sú spurning var hvort mismunun væri nauðsynleg og byggðist á hlutlægum grundvelli. Ljóst væri, af fyrri dómum MDE, að aðildarríki hefðu ákveðið svigrúm til að gera mun á réttarstöðu aðila í sambærilegri stöðu. Hvert það svigrúm væri, færi eftir aðstæðum, atvikum og forsögu máls hverju sinni. Við mat á því hvort ríki hafi farið út fyrir þetta svigrúm, skiptir máli hvort samræmi er í löggjöf aðildarríkja MSE um tiltekið atriði eða ekki. Rannsókn á lögum þeirra leiddi í ljós að í flestum löndunum væri í flestum löndunum mismunur á réttarstöðu mæðra og feðra varðandi málshöfðunarfresti í vefengingarmálum. Taldi dómurinn að í dönsku lögunum, sem kært var út af (frá 1960), hefði markmið málshöfðunarfrestsins verið að tryggja lagalega festu og vernda hagsmuni barnsins. Að þessu leyti voru þau ekki verulega frábrugðin lögum annarra aðildarríkja. Sjónarmiðin að baki þessari mismunun voru, að frestir væru síður nauðsynlegir fyrir mæður því að hagsmunir þeirra færu yfirleitt saman við hagsmuni barnsins, því yfirleitt fengju þær forræði yfir börnunum. Þó að lagareglum í Danmörku hefði verið breytt til samræmis við þjóðfélagsþróun og frestir fyrir mæður og feður væru nú samræmdir, þýddi það ekki að mat löggjafans á sínum tíma hefði ekki verið réttlætanlegt.

Áður hefur verið minnst á hina ólögfestu tómlætisreglu dansks réttar, en á grundvelli hennar geta aðilar glatað rétti sínum til vefengingar faðernis. MDE taldi það hins vegar ekki ólögmætt að setja eiginmönnum ákveðna fresti í lögum, en fela dómstólum að meta það í hverju einstöku tilviki, hvort tómlætisreglan leiddi til þess að móðirin væri útilokuð frá því að vefengja faðerni. Því var það niðurstaða MDE að hvorki 6. gr. né 8. gr., báðar með hliðsjón af 14. gr. MSE, hefðu verið brotnar í þessu máli.

8.2. Kroon gegn Hollandi, mál nr. 29-1993-424-503

Í máli þessu var kvartað undan því, að móðir gat ekki vefengt faðerni barns fætt í hjónabandi og því gæti líffræðilegur faðir barnsins ekki viðurkennt faðernið. Eiginmaðurinn hefði hins vegar rétt til vefengingar og því væri brotið gegn 8. gr. í tengslum við 14. gr. MSE.

Forsaga málsins er sú, að árið 1979 giftist Kroon Ó. 1980 slitnaði upp úr sambandi þeirra án þess að sótt væri um skilnað og 1986 fór hann frá Amsterdam en óvíst var hvert. Kroon tók upp samband við annan mann, A og eignuðust þau soninn S 18. október 1987. Hann var skráður sonur eiginmanns hennar, Ó. Kroon sótti um skilnað í nóvember og var hann veittur í júlí 1988.

13. október 1988 óska Kroon og A eftir því við skráningaryfirvöld, að skráning faðernis S yrði breytt þannig að eiginmaðurinn væri ekki skráður faðir hans heldur A. Því var synjað, þar sem barnið var fætt í hjónabandi og skráningunni yrði ekki breytt nema eiginmaðurinn vefengdi faðernið.

Þá ákváðu þau að leita réttar síns fyrir dómstólum. Fyrir héraðsdómi óskuðu Kroon og A eftir úrskurði um, að skráningaryfirvöldum væri skylt að fara að óskum Kroon um skráningu faðernisins. Þessu var synjað í öllum aðalatriðum, vegna þess að sjónarmið um lagalega festu skyldu ganga framar sjónarmiðum um rétt líffræðilegs föður.

Áfrýjunardómstóll sagði, að 8. gr. MSE ætti við en hefði ekki verið brotin. Skilyrði 2. mgr. 8. gr. væru uppfyllt, þau réttlættu skertan rétt móður til véfengingar. Hins vegar væri 8. gr. MSE í tengslum við 14. gr. brotin, þar sem ekki væri réttlætanlegur sá munur sem væri á rétti móður og eiginmanns til véfengingar. Það væri hins vegar ekki á færi dómsins að breyta gildandi rétti heldur löggjafans.

Í Hæstarétti var heldur ekki tekið undir sjónarmið þeirra. Hæstiréttur taldi ekki nauðsynlegt að taka afstöðu til 8. og 14. gr. MSE, þar sem ekki væri á færi dómstóla að leysa vandann. Sérstaklega var horft til þess að það myndi stefna félagslegum hagsmunum barnsins í hættu, ef móðirin gæti dregið faðernið til baka.

Kroon og A fóru, ásamt barninu, með málið fyrir MDE og kvörtuðu yfir því að ekki væri mögulegt að fá breytingu á skráningu faðernis vegna hindrana í hollenskri löggjöf þar á. Þar báru þau fyrir sig 8. gr. sbr. 14. gr. MSE. Dómurinn taldi að fjölskyldulíf ætti ekki bara við um hjónaband heldur einnig óvígða sambúð og venjulega væri sambúð skilyrði fjölskyldulífs í skilningi 8. gr. MSE. Í undantekningartilvikum gætu önnur tengsl nægt og í þessu tilviki áframhaldandi barneignir Kroon og A. Barn sem fætt er í slíku sambandi, er hluti af þeirri fjölskyldueiningu strax frá fæðingu. Vegna þessa var samband þeirra talið jafngilda fjölskyldulífi og 8. gr. því talin eiga við. Þá varð að skera úr um hvort um brot væri að ræða. Parið hélt því fram að þessi lög væru ónauðsynleg hindrun í lýðræðisþjóðfélagi. Hollenska ríkið hélt því hins vegar fram að þau gætu farið leið ættleiðingar eða fengið sameiginlegt forræði, skv. frumvarpi sem þá lá fyrir þinginu, og þannig væru fyrir hendi úrræði sem þau gætu nýtt sér til að ná fram vilja sínum. MDE sagði að þau gætu ekki nýtt sér þessi úrræði, t.d. væru mörg skilyrði fyrir ættleiðingu og með forræðisleiðinni væri ekki breytt réttarstöðunni milli S og líffræðilegs föður hans. Hollensk lög leiddu til ástands sem væri algjörlega í andstöðu við líffræðilegan og félagslegan raunveruleika og óskir þeirra sem málið varðaði, án þess að vera nokkrum í hag. Með þessum úrræðum væri rétturinn til fjölskyldulífs ekki virtur og því um brot á 8. gr. MSE að ræða. Þau báru einnig fyrir sig 14. gr. MSE en þar sem búið var að ákvarða að um brot á 8. gr. MSE væri að ræða, taldi dómurinn ekki nauðsynlegt að fjalla um hvort brotið væri gegn 14. gr. í tengslum við 8. gr.

8.3 Nylund gegn Finnlandi, mál nr. 27110-95

Þegar verkefnið var hafið rákumst við á þennan dóm, sem er nýrri en hinir og varpaði hann nokkru ljósi á þau sjónarmið sem MDE leggur til grundvallar enn þann dag í dag, í málum sem þessum.

Maður að nafni Nylund kvartaði yfir því að geta ekki fengið úrlausn, fyrir dómstólum í Finnlandi, um það hvort hann væri líffræðilegur faðir barns sem getið var í sambúð hans og konunnar T, en fætt í hjónabandi hennar og annars manns. Hann taldi þetta brot á 6. og 8. gr. MSE, bæði einum sér og í tengslum við 14. gr. Málavextir voru þeir að Nylund og T hófu sambúð í nóvember 1987, trúlofuðu sig í janúar 1988 og í maí kom í ljós að T var ófrísk. Í júní sama ár slitu þau samvistum. Í júlí giftist T manninum R og fæddist stúlkubarnið J í janúar 1989.

Nylund viðurkenndi faðernið fyrir stjórnvaldi í september 1989. Samkvæmt finnskum lögum var viðurkenningin send héraðsdómara til staðfestingar en hann hafnaði henni þar sem barnið væri feðrað skv. faðernisreglunni og T viðurkenndi ekki að Nylund væri faðir J. Hún

hélt því fram að hún hefði þegar verið í sambandi við R á getnaðartímanum og hann væri faðir barnsins en ekki Nylund. Þessum úrskurði héraðsdómara var ekki hægt að áfrýja. T neitaði beiðnum Nylund um DNA próf og einnig óskum hans um að fá að sjá barnið. Í júní 1991 höfðaði Nylund mál til að fá úr því skorið hvort hann væri líffræðilegur faðir J eða ekki. Dómstóllinn vísaði málinu frá þar sem Nylund gæti ekki, skv. finnskum barnalögum, átt sóknaraðild að slíku máli.

Nylund áfrýjaði þá málinu til áfrýjunardómstóls og vildi enn fá staðfestingu á því að hann væri líffræðilegur faðir barnsins og taldi það grundvallarrétt barnsins, að fá að vita hver væri líffræðilegur faðir þess. M lagði áherslu á þá spurningu, hvort kona sem hefði orðið ófrísk í sambúð, gæti komið í veg fyrir að fram færi rannsókn á líffræðilegu faðerni barns og hvort það teldist eðlilegt og sanngjarnt að hún gæti notfært sér lagabókstafinn til að „ræna" hann barninu, eingöngu með því að giftast öðrum manni. Dómstóllinn komst að sömu niðurstöðu og héraðsdómur en með annarri röksemdafærslu þó. Staðfesting á því eingöngu, hver sé líffræðilegur faðir barns, skapar hvorki rétt né skyldur fyrir hann eða barnið og því hefði Nylund ekki lögvarða hagsmuni af því, að fá úr þessu skorið. Hagsmunir barnsins krefjast þess ekki endilega að úr þessu sé skorið auk þess sem þetta getur valdið uppnámi í samskiptum fjölskyldunnar.

Nylund óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, m.a. á grundvelli 8. gr. MSE en því var hafnað í maí 1993. 1994 leitar Nylund úrlausnar fyrir MDE. Eins og áður er fram komið, byggði hann á því að brotið væri gegn 6. og 8. gr. einum sér og í tengslum við 14. gr. MSE.

Fyrst var skoðað hvort 6. gr. ætti við, annað hvort ein sér eða í tengslum við 14. gr. Bæði Nylund og finnska ríkið töldu 6. gr. eiga við. Finnsk stjórnvöld héldu því fram að rétturinn til að flytja mál sitt fyrir dómstólum væri ekki algildur. Þau töldu að Nylund hefði í raun fengið að flytja mál sitt, þar sem hann hefði fengið tækifæri til að bera málið upp fyrir dómstólum og þeir hefðu skoðað lagalegan grundvöll þess. Nylund taldi að hann hefði ekki haft neina raunhæfa möguleika til þess að fá úr því skorið, hvort hann væri líffræðilegur faðir barnsins, gegn mótmælum móðurinnar. MDE metur hins vegar sjálfstætt hvort ákvæði MSE eigi við og taldi hann að í þessu máli ætti 6. gr. ekki við. Rökin fyrir því tengjast aðferðafræði dómstólsins. Til þess að ákvæði MSE eigi við þarf að vera ágreiningur um rétt eða skyldu sem viðurkennd er að landsrétti. MDE benti á að ekki væri fyrir hendi heimild í finnskum lögum til að fá úrskurð um líffræðilegt faðerni barns, án þess að því fylgi nokkur réttaráhrif. Ef dómstóllinn ætti hins vegar að líta á kröfur Nylund sem ósk um véfengingu faðernis og viðurkenningu á því að hann væri faðir barnsins, væri sá réttur heldur ekki fyrir hendi skv. finnskum lögum og því ætti 6. gr. ekki við, hvorki ein né í tengslum við 14. gr.

Hvað 8. gr. varðar töldu finnsk stjórnvöld að hún ætti ekki við, en Nylund taldi að hann og hin ófríska sambýliskona hans hefðu verið fjölskyldueining sem félli undir 8. gr. MSE. Dómstóllinn taldi að 8. gr. gæti verndað fjölskyldulíf, þó það væri ekki byggt á hjónabandi, en aðstæður í þessu tilviki gerðu það að verkum að málið félli ekki undir 8. gr. Hins vegar verndi 8. gr. ekki bara fjölskyldulíf, heldur líka einkalíf og þetta mál varði einkalíf Nylund. Það sem eftir stóð var þá spurningin um það hvort réttur Nylund til einkalífs væri brotinn. Til að svara því voru hagsmunir aðila vegnir og við það mat talið lögmætt að samsama hagsmuni barnsins hagsmunum fjölskyldunnar í heild og þeir taldir vega þyngra en hagsmunir Nylund. Dómstóllinn ítrekaði jafnframt að við 15 ára aldur, gæti barnið sjálft fengið úr því skorið, hver hinn líffræðilegi faðir þess væri. Með þessu telur rétturinn einnig að sanngjörnu jafnvægi milli hagsmuna Nylund og almannahagsmuna sé náð. Niðurstaða MDE var því að réttur Nylund til einkalífs væri ekki brotinn.

Varðandi 14. gr. MSE er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að hún hefur ekki sjálfstætt gildissvið, heldur vísar hún eingöngu til réttinda skv. öðrum ákvæðum sáttmálans. Grundvallaratriði við beitingu 14. gr. er hvort aðilar eru taldir vera í sambærilegri stöðu og hvort skynsamlegar og hlutlægar ástæður réttlæta mismunun. Dómstóllinn taldi þá staðreynd að T og R væru í hjónabandi, vera nægilega til þess að þau og Nylund væru ekki í sambærilegri stöðu og því hafi Nylund ekki vera mismunað.

9. Sjónarmið að baki faðernisreglunni

Við teljum mikilvægt að það komi skýrt fram að faðernisreglan er hagkvæm meginregla, sem í flestum tilvikum leiðir til réttrar niðurstöðu. Hins vegar getur beiting reglunnar leitt til rangrar niðurstöðu í einstaka tilfelli, þ.e. þegar þriðji maður er líffræðilegur faðir þess barns sem feðrað hefur verið með faðernisreglunni. Ef hjónin og barnið eru tilbúin að una niðurstöðunni, þ.e. að eiginmaðurinn/sambúðarmaðurinn sé faðir barnsins að lögum, eru öll sund lokuð þriðja manni. Vegna þessa teljum við að gera þurfi þriðja manni, sem leiðir að því líkur, að hann sé faðir barnsins, kleift að fara í mál.

Hér ætlum við að draga fram þau sjónarmið sem við teljum að skipti máli og vega og meta hagsmuni allra þeirra sem að málinu geta komið.

9.1. Sjónarmið sem snúa að þjóðfélaginu

Beiting faðernisreglunnar endurspeglast einkum á fernan hátt í þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi er barn sjálfkrafa feðrað með faðernisreglunni. Að jafnaði leikur ekki vafi á því hver móðirin er og ef hún er í hjónabandi eru yfirgnæfandi líkur á því að eiginmaðurinn sé faðir þess barns sem hún elur. Þannig má segja að í öðru lagi skapi reglan ákveðinn stöðugleika í samfélaginu. Reglan gengur út frá því að á milli fólks ríki ákveðið traust og það traust skapar öryggi. Í seinni tíð hefur mikið verið lagt upp úr því að jafna réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð við réttarstöðu fólks í hjónabandi, með ýmsum lagabreytingum. Þar á meðal var BL breytt 1992, þannig að faðernisreglan nær nú til barna fæddra í óvígðri sambúð foreldra, með þeirri takmörkun þó, að móðirin verður að hafa kennt manninum barnið.

Í þriðja lagi er það hagkvæmt að faðernisreglan skuli gilda. Hjón þurfa ekki að hlaupa til þegar þau eignast barn og feðra það með formlegum hætti og tilheyrandi skriffinnsku. Um leið losnar ríkið við ýmsan kostnað sem fylgir því að þurfa að staðreyna faðerni formlega í hvert sinn sem barn fæðist.

Í fjórða lagi hafa fjárhagsleg sjónarmið áhrif. Feðrun fylgir fjárhagsleg ábyrgð á barninu. Ef barn er ekki feðrað, er það ríkið sem borgar meðlag með barninu. Í íslenskum lögum er ekkert ákvæði sem skyldar móður til að feðra barn sitt en ákveði móðirin að feðra það ekki, öðlast hún ekki rétt til barnalífeyris skv. 14. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993. Ef móðir tekst hins vegar ekki að feðra barn sitt, þrátt fyrir tilraunir til þess, öðlast hún rétt til greiðslu barnalífeyris frá hinu opinbera sýni hún fram á gögn um að feðrun hafi ekki tekist. Þó ríkið hafi hagsmuni af því að barn sé feðrað, virðast það ekki vera hagsmunir þess að barnið sé endilega rétt feðrað. Það lýsir sér í því að engin rannsókn fer fram á því hvort móðir feðrar barn sitt réttilega. Vilji löggjafans birtist þó í 192. gr. HGL þar sem það er gert refsivert að rangfeðra barn. Eins og áður var nefnt hefur þessu ákvæði aldrei verið beitt.

Þessi fjögur atriði sem hér hafa verið nefnd (feðrun, stöðugleiki, hagkvæmni og fjárhagslegir hagsmunir ríkisins) eru ákaflega mikilvæg rök við réttlætingu faðernisreglunnar, því ljóst er að í langflestum tilvikum leiðir hún til réttrar niðurstöðu.

9.2. Sjónarmið sem snúa að móðurinni og hjónabandi hennar

Hvernig horfir reglan við móðurinni og eiginmanni/sambúðarmanni hennar? Við fæðingu barns þeirra eru þau í hjónabandi/sambúð og verður hann því sjálfkrafa skráður faðir barnsins. Réttarreglur vernda þannig þessa fjölskyldueiningu og þriðji maður fær ekki hróflað við henni. Með faðernisreglunni og réttarfarsreglum er einkalíf þeirra og friðhelgi fjölskyldunnar verndað.

Stutt er síðan að þjóðfélagsgerðin var þannig að félagsleg staða konunnar var algerlega samtvinnuð fjölskyldunni og velferð hennar. Hagsmunir barnsins voru um leið hagsmunir móðurinnar. Þessi staða réttlætti þá sérstöku vernd sem faðernisreglan veitir konunni. Í dag eru viðhorfin að breytast. Vaxandi þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur gert það að verkum að konur eru ekki lengur jafn efnahagslega háðar karlmönnum og áður. Um leið hefur fjölskyldugerðin breyst mikið. Fjölbreyttara samfélag viðurkennir nú önnur fjölskylduform, eins og staðfesta samvist, óvígða sambúð og einstæða foreldra.

Reglur BL miða að því að líffræðilegur faðir verði jafnframt faðir að lögum. Það er einnig stefna laganna að það verði með sem minnstri röskun fyrir móðurina. Þetta fer ekki alltaf saman, vegna þess að móðirin hefur ákveðna sérstöðu frá upphafi. Hún gengur með barnið og elur það. Ef eiginmaður konunnar er ekki líffræðilegur faðir barnsins getur hún útilokað að barnið verði rétt feðrað, svo fremi sem eiginmaður hennar samþykkir það. Hér kemur skýrlega fram hvernig þau geta brotið gegn 192. gr HGL.

Karlmaður sem telur sig föður að barni hefur engin bein lagaúrræði til að fá skorið úr um faðerni, ef móðir lýsir hann ekki föður. Hefur móðirin því ákveðið vald fram yfir hinn líffræðilega föður, þar sem hann verður að una þessari ákvörðun hennar.

Jafnvel þó að faðernisreglan taki nú einnig til óvígðrar sambúðar, gerir hún ákveðinn greinarmun á því hvort fólk er í óvígðri sambúð eða hjónabandi, því móðir sem er í óvígðri sambúð þarf að lýsa sambýlismann sinn föður að barninu til þess að reglan gildi. Með þessari lagabreytingu fékkst fram réttarvernd og hagræði fyrir foreldra í óvígðri sambúð. Þrátt fyrir þetta getur móðirin eftir sem áður látið vera að feðra barn sitt eða jafnvel rangfeðrað það ef sá maður sem hún lýsir föður samþykkir það.

9.3. Sjónarmið sem snúa að barninu

Í frumvarpi til laga um breytingu á núgildandi BL sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi vorið 2000, en dagaði uppi, sagði m.a.: „Barnalöggjöfin byggist á því meginsjónarmiði að barnið hafi sjálfstæða réttarstöðu gagnvart foreldrum og öðrum og sama gildir um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi réttindi barnsins geta verið lagaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg. Reglurnar miða að því að koma til móts við þarfir barnanna og þjóna hagsmunum þeirra. Þegar hagsmunir barns rekast á hagsmuni annarra, t.d. foreldra, skulu hagsmunir annarra víkja en hagur og þarfir barnsins sitja í fyrirrúmi."

Hægt er að velta því fyrir sér hvort að með því að veita þriðja manni ekki aðild að véfengingarmáli sé verið að brjóta gegn þessum grundvallarréttindum barns. Í 1. mgr. 7. gr. barnasáttmála SÞ segir að börn eigi rétt á að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Aðildarskortur þriðja manns til að fá úr því skorið hvort hann sé líffræðilegur faðir barns, getur leitt til þess að barnið fái ekki að þekkja annað foreldri sitt. Réttur barns til umönnunar líffræðilegs föður síns, sem vill taka þátt í uppeldinu er sjálfstæður réttur barnsins. Þessi sjálfstæði réttur er byggður á sálfræðilegum og félagsfræðilegum viðhorfum og þeirri viðurkenndu þörf manneskjunnar að þekkja uppruna sinn. Persónuleg tengsl við sína nánustu eru einnig mikilvæg við mótun sjálfsímyndar og fyrir almennan þroska. Þó að íslensku BL geri ráð fyrir því að barn geti fengið úr því skorið hver líffræðilegur faðir þess er, þegar það hefur

náð ákveðnum aldri, verður ekki litið fram hjá því, að þangað til er hægt að loka fyrir öll samskipti föður og barns. Um leið er komið í veg fyrir að barnið fái að kynnast fjölskyldu föðurins.

Ákvæði BL byggja á því grundvallarsjónarmiði að það er ekki eingöngu mikilvægt að börn séu feðruð, heldur einnig að þau séu rétt feðruð. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir barnið ef það er ekki rétt feðrað?

Börn hafa fjárhagslega hagsmuni af feðrun. Fyrir utan að njóta framfærslu föður njóta þau erfðaréttar og geta eftir atvikum öðlast skaðabótarétt vegna missis framfæranda og rétt til líf-eyrisgreiðslna.

Vísindum og tækni hefur fleygt mikið fram á undanförnum árum og áratugum. Með tilkomu DNA rannsókna er m.a. hægt að komast að því, með nær óyggjandi hætti, hver er líffræðilegur faðir barns. Þessi möguleiki var ekki fyrir hendi áður. Leiða má líkur að því, að sú staðreynd, að ekki var hægt að sanna líffræðilegt faðerni, hafi styrkt faðernisregluna. Rétt feðrun leiðir einnig til þess að ljóst er hver eru systkini barns og kemur þannig í veg fyrir skyldleikagiftingar.

Í kjölfar nýrrar þekkingar á sviði læknavísinda, er ekki síður mikilvægt að vita uppruna sinn og getur það oft skipt sköpum. Nýir möguleikar til lækninga alvarlegra sjúkdóma byggjast á skyldleika, s.s. merg- og líffæraflutningar. Margir sjúkdómar tengjast erfðum og getur vitneskja um þær bætt möguleika á fyrirbyggjandi aðgerðum. Það hlýtur því að vera réttmæt krafa barns að fá að vita hver líffræðilegur faðir þess er, hvernig svo sem fjölskyldumynstrið er, sem það fæðist inn í. Við teljum því að hagsmunir barnsins séu ekki hafðir að leiðarljósi, þegar aðild þriðja manns er útilokuð.

9.4. Sjónarmið sem snúa að þriðja manni

Til að geta barn, þarf enn sem komið er, karl og konu. Við getnað fær barnið hluta af erfðaeiginleikum móður sinnar og hluta af erfðaeiginleikum föður síns. Þó konan gangi með barnið og fæði það, bera þau bæði ábyrgð á tilvist þess og framtíð. En útiloka réttarreglur einhvern tíma foreldri frá því að þekkja barn sitt? Samkvæmt faðernisreglunni er eiginmaður móður barns talinn faðir þess, jafnvel þó þriðji maður geti leitt að því líkur að hann sé hinn líffræðilegi faðir. Samkvæmt 43. gr. BL getur hann ekki átt sóknaraðild að dómsmáli til fá úr faðerninu skorið. Er hægt að réttlæta þetta í dag? Hagsmunir föður, sem hefur löngun til að þekkja barn sitt, hljóta að vega þungt. Barnið er jafn mikið hans og það er barn móðurinnar. Ábyrgð hans er því sú sama og ábyrgð móðurinnar, þ.á m. fjárhagsleg ábyrgð. Eins og barnið hefur hagsmuni af því, í heilsufarslegu tilliti, að þekkja uppruna sinn, getur faðirinn haft það líka, sbr. það sem áður var sagt um framfarir í læknavísindum.

Engin ástæða er til að gera minna úr tilfinningum karla til barna sinna en tilfinningum kvenna. Vegna þjóðfélagsgerðarinnar hafa karlmenn almennt haft færri tækifæri til að vera samvistum við börn sín og rækta tilfinningaleg tengsl við þau. Í ljósi breyttra þjóðfélagshátta og jafnréttisáherslna virðast sjónarmið sem gera tilfinningum móður hærra undir höfði úrelt.

Þjóðfélagið í dag gerir miklar kröfur til jafnréttis á öllum sviðum og krafan um jafnan rétt einstaklinga þykir sjálfsögð. Konur og karlar eiga að vera jöfn fyrir lögum, sbr. 2. mgr. 65. gr. stjskr. Árið 1995 voru gerðar mikilsverðar breytingar á stjskr. í samræmi við alþjóðaskuldbindingar Íslands. Sett voru ákvæði í 65. gr. um jafnræði borgaranna og 70. gr. um rétt þeirra til að fá úrlausn um réttindi og skyldur fyrir dómstólum.

Samkvæmt 65. gr. stjskr. þurfa að liggja málefnaleg rök að baki mismunun. Vaknar því sú spurning hvort mismunun sú sem felst í 43. gr. BL byggi á málefnalegum rökum, þar sem hún verndar sérstaklega hagsmuni kvenna í þessu tilliti, en ekki karla. Ef skoðuð er réttarþró-

un á þessu sviði, þá miðar hún að því að jafna stöðu barna án tillits til ytri aðstæðna, svo sem hjúskaparstöðu foreldra. Þróunin hefur einnig verið sú að jafna stöðu foreldra gagnvart börnum sínum, með því að styrkja réttarstöðu föður. Þegar þetta er skoðað verður að telja að réttarstaða þriðja manns sé í ósamræmi við eðlilega þróun í jafnréttismálum. Hagsmunum þriðja manns af því að hafa samskipti við barn sitt verður að öllu leyti jafnað við hagsmuni móður.

Hér má einnig benda á að aðildarreglur um vefengingu gefa fjárhagslegum hagsmunum erfingja eiginmanns/sambúðarmanns mikið vægi, með því veita honum aðild að faðernismáli, að eiginmanni/sambúðarmanni látnum. Erfðir hafa því mikið vægi og sýnir þetta, að barn getur einnig haft hagsmuni af því að erfa sinn líffræðilega föður. Með því yrði undirstrikað mikilvægi fjárhagslegra hagsmuna, auk persónulegra og tilfinningalegra hagsmuna.

Samkvæmt 70. gr. stjskr. eiga menn almennt rétt á að bera mál sín undir dómstóla. Sambærilega reglu er að finna í 6. gr. MSE. Sú takmörkun, sem í 43. gr. BL felst, á aðgangi að dómstólum og þar með takmörkun á réttinum til að fá úrlausn sinna mála, verður að vera byggð á málefnalegum forsendum.

Eins og áður er sagt er um mjög mikilsverða hagsmuni að ræða, bæði fyrir þriðja mann og fyrir barnið, að geta fengið úr því skorið hvort hann sé líffræðilegur faðir þess. Í ljósi þessa verður að telja, að geti maður leitt líkur að því að hann sé faðir barns, eigi takmörkun 43. gr. BL ekki lengur við. Verður að ætla að hann eigi rétt til að bera mál sitt undir dómstóla og fá þar úrlausn þessa.

10. Niðurstöður

Íslenskar feðrunarreglur eru sambærilegar við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum og að því er virðist í öðrum aðildarríkjum MSE. Mismunurinn virðist fremur tæknilegs eðlis, en að þar sé munur vegna mismunandi sjónarmiða eða mats á hagsmunum. Þetta má sjá af þeim dómum MDE sem við höfum skoðað. Aðeins í einum þeirra, taldi dómstóllinn, að lög aðildarríkis brytu gegn MSE. Þetta var í málinu Kroon gegn Hollandi, þar sem hollensk lög um aðild að vefengingarmáli voru talin leiða til niðurstöðu, sem væri algerlega í andstöðu við líffræðilegan og félagslegan raunveruleika og óskir aðila.

Dómstóllinn hefur litið svo á, að aðildarríkin hafi ákveðið svigrúm við útfærslu samningsskyldna sinna við lagasetningu. Samkvæmt dómum MDE telst það ekki mismunun, þó aðilar í sambærilegri stöðu fái ólíka meðferð, ef hún byggist á málefnalegum rökum og telst nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Það hefur hins vegar verið gagnrýnt hvernig MDE metur, hvort aðilar eru í sambærilegri stöðu. Má þar sem dæmi taka Nylund gegn Finnlandi, þar sem aðilar eru ekki taldir í sambærilegri stöðu, þó bæði telji þau sig foreldra sama barnsins, þannig að um mismunun í skilningi 14. gr MSE sé að ræða. Það mat er byggt á því að T er í hjónabandi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja en Nylund ekki. MDE virðist á þessu sviði fastheldinn á gömul gildi og telur friðhelgi fjölskyldunnar, sem einingar, vega þyngra en mikilvægi tengsla barns við líffræðilega foreldra sína.

Það mun vera viðurkennd fræðiskoðun, að í málum sem tengjast viðkvæmum persónulegum málefnum, þá beiti MDE þeirri aðferð, að finna það sem sameiginlegt er löggjöf aðildarríkjanna. Við teljum að það þýði að einstök lönd verði að taka fyrsta skrefið þegar kemur að því að breyta réttarstöðu þriðja manns og karlmanna yfirleitt í feðrunarmálum. Ef til vill má segja að Hæstiréttur Íslands hafi tekið afdrifaríkt skref í þessa átt, með dómi sínum frá 18. desember 2000. Engu að síður er niðurstaðan, sem þar birtist, eðlilegt framhald af réttarþróun síðastliðinna áratuga og í samræmi við ríkjandi viðhorf.

Við teljum ekki ósennilegt að breyting verði á lagaumhverfinu hér á landi, í tengslum við réttarstöðu þriðja manns. Segja má að hlutverk föður í uppeldi og umönnun barna sinna hafi

hlotið viðurkenningu samfélagsins í æ ríkari mæli. Endurspeglast þetta m.a. í löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof.

Við teljum að faðernisreglan verði áfram góð og gild meginregla, fái þriðji maður, sem leiðir að því líkur að hann sé faðir barns fætt í hjónabandi annarra, möguleika á aðild. Þetta teljum við vera mannréttindi þriðja manns og barnsins. Við teljum þessa hagsmuni vega þyngra en þá hagsmuni sem búa að baki reglunni eins og hún er í dag.

Heimildaskrá

1. Davíð Þór Björgvinsson. 1995. *Barnaréttur.* Bókaútgáfa Orators, Reykjavík.
2. Greinargerð með lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.
3. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992. Flutningsmenn: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir. Lagt fram á 125. löggjafarþingi 1999–2000.
4. Dr. Thomas Bull. 2000. Diskriminering och dekonstruktion: Om positiv faderskapstalan. *Tidskrift for Retsvisen,* bls. 693–737.

126. Frumvarp til laga [126. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, sbr. lög nr. 8/1999.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Steingrímur J. Sigfússon, Magnús Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir, Ásta Möller, Þuríður Backman, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal, að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð, sjá til þess að allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, séu merktar á áberandi stað með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman. Texti viðvörunarinnar skal vera á íslensku og vera vel læsilegur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flutningsmenn sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Með frumvarpi þessu er lagt til að allar umbúðir undir áfengi séu merktar á áberandi stað þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.

Á fylgiskjali I er að finna yfirlit yfir ölvunarakstur og umferðarslys á síðustu árum, þ.e. aldursskiptingu ölvaðra ökumanna í umferðarslysum 1995–99, kynjaskiptingu ökumanna í

slysum með meiðslum og banaslysum þar sem orsök slyssins var ölvunarakstur árin 1993–99, hlutfall ölvunaraksturs í banaslysum og slysum með meiðslum sömu ár og fjölda ölvaðra ökumanna sem áttu aðild að slysunum. Fram kemur að ölvaður ökumaður veldur að jafnaði umferðarslysi í hverri viku á þessum árum.

Mikið hefur verið fjallað um fósturskaða af völdum áfengis frá því að heilkennið var greint árið 1973. Með rannsóknum hafa fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi áfengis fyrir fóstur. Heilkenni fósturskaða af völdum áfengis ásamt áfengistengdri röskun á taugaþroska kann að vera fyrir hendi hjá allt að 9,1 barni af hverjum 1.000, samkvæmt framskyggnri rannsókn frá Seattle í Bandaríkjunum. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum séu alvarlega skemmd af þessum sökum. Tölur um tíðni heilkennis fósturskaða af völdum áfengis eru mjög breytilegar eftir því hvaða skilmerki eru notuð og hvers konar þýði er skoðað. Í ritum um efnið er algengast að tíðni þess sé talin vera eitt til þrjú af hverjum lifandi fæddum börnum meðal vestrænna þjóða. Meiri hluti þeirra barna sem verða fyrir áhrifum áfengis í móðurkviði eru ekki með útlitseinkenni og vaxtarskerðingu sem þurfa að vera fyrir hendi til að uppfylla greiningaskilmerki fyrir heilkenni fósturskaða af völdum áfengis. Börnin geta samt verið með alvarlegar vitsmuna- og hegðunartruflanir sem koma fram hjá áfengissköðuðum börnum og stafa af breytingum sem verða á starfsemi heilans og/eða byggingu hans. Oft eru þessi börn hvorki greind né fá viðeigandi meðferð. Lýsingar á börnum sem orðið hafa fyrir áfengisáhrifum í móðurkviði fela í sér m.a. greindarskerðingu, ofvirkni, athyglisbrest, námserfiðleika, minnistruflanir, málhömlun, skertar fínhreyfingar og skerta rúmskynjun. Fósturskaða af völdum áfengis hefur verið lýst sem helstu þekktu orsök greindarskerðingar en rannsóknir hafa sýnt að aðeins hluti áfengisskaðaðra einstaklinga er strangt til tekið þroskaheftur og margir þeirra fara því á mis við ýmsa opinbera þjónustu á sviði menntunar og starfa sem ætluð er fötluðum.

Við áfengisneyslu móður verður alkóhólmagnið í fóstrinu innan fárra mínútna það sama og í blóði móður. Lifur fóstursins hefur aðeins 10% afkastagetu miðað við lifur móður og eftir að alkóhól er horfið úr blóði fóstursins eru enn þá leifar í legvatninu. Þess vegna er fóstrið lengur en móðirin undir áhrifum áfengis. Áfengistengdur skaði á börnum er líklega algengari en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis.

Í Bandaríkjunum var fyrir rúmum áratug lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skuli vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun:

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.
2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og lögboðið er í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður en sé gert ráð fyrir þessu strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

Frumvarp þetta er sett fram í þeim tilgangi að vernda borgarana og þótt einhver aukakostnaður hljótist af er hann léttvægur á móti því ef eitthvað tekst að sporna gegn þeirri miklu slysahættu eða hættu á fósturskaða sem neysla áfengra drykkja getur haft í för með sér.

Greinargerð með frumvarpi þessu er byggð á upplýsingum í yfirlitsgrein Sólveigar Jónsdóttur, deildarstjóra hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala, og er greinin birt sem fylgiskjal II.

Fylgiskjal I.

Umferðarráð.

Ölvunarakstur og umferðarslys.

Aldursskipting ölvaðra ökumanna í umferðarslysum 1995–99.

Aldur	1995 Fjöldi	%	1996 Fjöldi	%	1997 Fjöldi	%	1998 Fjöldi	%	1999 Fjöldi	%
7-14 ára	0	0,0	0	0,0	0	0,0	1	1,6	0	0
15-16 ára	4	6,9	3	5,0	3	5,5	2	3,3	0	0
17-20 ára	13	22,4	15	24,6	16	29,1	19	31,1	15	25,9
21-24 ára	5	8,6	10	16,4	6	10,9	4	6,6	13	22,4
25-40 ára	21	36,2	22	36,0	17	30,9	19	31,1	16	27,6
41-64 ára	11	19,0	9	14,7	11	20,0	14	23,0	12	20,7
65 og eldri	4	6,9	2	3,3	2	3,6	2	3,3	2	3,4
Alls	58	100,0	61	100,0	55	100,0	61	100,0	58	100,0

Kynjaskipting ökumanna í slysum með meiðslum og banaslysum þar sem orsök slyssins var ölvunarakstur 1993–99.

Ár	Karlar	Konur	Samtals
1993	42	10	52
1994	49	15	64
1995	42	16	58
1996	49	12	61
1997	39	16	55
1998	46	15	61
1999	41	17	58
Alls	308	101	409

Meðaltal árin 1993–99: 58 ökumenn.
Að meðaltali veldur því u.þ.b. einn ölvaður ökumaður umferðarslysi í hverri viku.

Hlutfall ölvunaraksturs í banaslysum og slysum með meiðslum 1993–99.

Ár	Fjöldi slysa þar sem ölvun er orsök	Fjöldi slysa alls	%
1993	52	1003	5,2
1994	64	1016	6,3
1995	58	1076	5,4
1996	61	1085	5,3
1997	55	1041	5,3
1998	61	1122	5,4
1999	58	1195	4,8

Fjöldi ölvaðra ökumanna sem aðild hafa átt að slysum með meiðslum 1993–99.



Fylgiskjal II.

Sólveig Jónsdóttir,
sálfræðingur við barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Fósturskaði af völdum áfengis — yfirlitsgrein.
(Úr Læknablaðinu, 2. tbl. 1999.)

Ágrip.

Áfengisneysla á meðgöngu getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir hið ófædda barn. Líkamleg vansköpun og vaxtarskerðing, sem einkenna heilkenni fósturskaða af völdum áfengis (fetal alcohol syndrome, FAS), er aðeins toppurinn á fósturskaðaísjakanum. Hinn starfræni skaði, sem ekki sést með berum augum, er sá sem hefur alvarlegastar afleiðingar til lengri tíma litið, en ekki útlitseinkennin sem slík. Vitsmunaskerðing og hegðunarvandamál, sem koma fram hjá áfengissköðuðum börnum, stafa af breytingum sem verða á starfsemi heilans og/eða byggingu hans. Það fer eftir alkóhólmagni, sem neytt er á meðgöngu og því á hvaða tíma meðgöngunnar neyslan er, hve miklum skaða heilinn verður fyrir. Heilkenni fósturskaða af völdum áfengis ásamt með áfengistengdri röskun á taugaþroska (alcohol-related neurodevelopmental disorder, ARND) kann að vera fyrir hendi hjá allt að 9,1 barni af hverjum 1000, samkvæmt framskyggnri rannsókn frá Seattle í Bandaríkjunum. Langtímarannsóknir sýna hátt hlutfall andlegra og félagslegra vandamála hjá þessum börnum. Ekki er vitað um tíðni fósturskaða af völdum áfengis á Íslandi. Fjallað er um ýmsar rannsóknarniðurstöður og hugsanlegar ábendingar fyrir meðferð.

Inngangur.

Rannsóknir á dýrum og mönnum undanfarinn aldarfjórðung hafa varpað æ skýrara ljósi á hin afdrifaríku áhrif sem neysla áfengis á meðgöngu getur haft á þroska fóstursins. Áfengi veldur bæði líkamlegum og starfrænum fósturskaða sem getur verið misalvarlegur eða allt frá því að valda dauða fósturs til þess að valda vægri hegðunarröskun hjá börnum.

Í aldanna rás hefur fólk grunað að áfengisneysla á meðgöngu gæti haft skaðleg áhrif á fóstrið. Sem dæmi má nefna að í Karþagóborg til forna var brúðhjónum bannað að drekka vín á brúðkaupsnóttina af ótta við að afbrigðilegt barn kæmi undir (1). Í svokölluðum ginfaraldri á Bretlandi á fyrri hluta 18. aldar vöruðu læknar við því að áfengisneysla á meðgöngu gæti skaðað fóstrið (2). Árið 1932 lýsti Huxley því í bók sinni Veröld ný og góð, hvernig Gammar, Deltar og Epsilonar voru búnir til í svokölluðu Bokanovskyferli. Það ferli var nokkurs konar klónunaraðferð á fólki, sem fólst í því að hindra eðlilegan vöxt og þroska hjá frjóvguðum eggjum með því meðal annars að gefa þeim næstum banvænan skammt af alkóhóli. Þeir sem lifðu þetta ferli af urðu kyrkingslegir vexti og treggáfaðir (3). Þessi trú manna á neikvæð áhrif áfengisneyslu hélst fram á 20. öldina, en eftir bannárin var tilhneiging hjá læknum að líta á ótta við áfengisneyslu á meðgöngu sem óþarfa siðavendni. Talið var að börn drykkjukvenna fæddust óeðlileg vegna erfðafræðilegra þátta, þeirra sömu og yllu drykkjusýkinni hjá mæðrum þeirra (4).

Það var ekki fyrr en í lok sjöunda áratugarins og byrjun þess áttunda að áhugi á neikvæðum afleiðingum áfengisneyslu á meðgöngu vaknaði á ný. Árið 1968 birti hópur franskra vísindamanna niðurstöðu rannsóknar á 127 börnum sem áttu drykkjusjúka foreldra. Þeir lýstu

mjög einkennandi útliti þessara barna, einkum ef mæðurnar voru áfengissjúklingar (5,6). Árið 1973 voru það svo sérfræðingar í lýtalækningum, Jones og félagar, sem lýstu svipuðum niðurstöðum í Lancet og komu fram með skilgreininguna á heilkenni fósturskaða af völdum áfengis (fetal alcohol syndrome, FAS) (1,7). Þrír aðgreinandi þættir heilkennisins voru vaxtarskerðing, andlitsvanskapnaður og þroskaskerðing. Vanskapnaðurinn og vaxtarskerðingin sem einkenna heilkennið eru afleiðing mikillar áfengisneyslu snemma á meðgöngu og er aðeins toppurinn á fósturskaðaísjakanum.

Minni áfengisskammtar og tíðari, heldur en þeir sem valda heilkenninu, geta valdið starfrænum skaða í formi vitsmunaskerðingar og hegðunarvandamála. Starfræni skaðinn, sem veldur einstaklingnum miklu alvarlegri erfiðleikum til langs tíma litið heldur en sá líkamlegi, stafar aðallega af neyslu áfengis eftir fyrsta þriðjung meðgöngu. Meiri hluti þeirra barna sem verða fyrir áhrifum áfengis í móðurkviði eru ekki með úlitseinkenni og vaxtarskerðingu sem þurfa að vera fyrir hendi til að uppfylla greiningarskilmerkin fyrir heilkenni fósturskaða af völdum áfengis. Börnin geta samt verið með alvarlegar vitsmuna- og hegðunartruflanir sem oft eru hvorki greindar né fá viðeigandi meðferð. Lýsingar á börnum sem orðið hafa fyrir áfengisáhrifum í móðurkviði fela í sér meðal annars greindarskerðingu, ofvirkni, athyglibrest, námserfiðleika, minnistruflanir, málhömlun, skertar fínhreyfingar og skerta rúmskynjun. Fósturskaða af völdum áfengis hefur verið lýst sem helstu þekktu orsök greindarskerðingar, en rannsóknir hafa sýnt að aðeins hluti áfengisskaðaðra einstaklinga er strangt til tekið þroskaheftur (með greindarvísitölu undir 70, það er tvö staðalfrávik undir meðallagi) og fer því á mis við ýmsa opinbera þjónustu á sviði menntunar og starfa, sem ætluð er fötluðum.

Rannsóknir á dýrum hafa einnig leitt í ljós ýmsar starfrænar afleiðingar áfengisneyslu á meðgöngu eins og ofvirkni, skerta hæfni til að bæla viðbrögð og skerta náms- og minnishæfni.

Greiningarskilmerki.

Samkvæmt greiningarskilmerkjum sem Institute of Medicine (IOM) í Bandaríkjunum gaf út árið 1996 (8, tafla I) þá er heilkenni fósturskaða af völdum áfengis greint, þegar eftirfarandi einkenni eru fyrir hendi:

1. Einkenni um sérstakt mynstur vansköpunar í andliti eins og stuttar augnrifur, þunna og flata (skorulausa) efri vör og flatt miðandlit.
2. Einkenni um vaxtarseinkun, sem kemur fram í lækkaðri fæðingarþyngd miðað við meðgöngulengd, litla þyngdaraukningu yfir tíma án þess að um næringarskort sé að ræða og tiltölulega litla þyngd miðað við hæð.
3. Einkenni um óeðlilegan þroska miðtaugakerfisins eins og sýnir sig til dæmis með höfuðsmæð við fæðingu, heilasmæð, stundum vantar hvelatengslin (corpus callosum) alveg eða að hluta og litli heili (cerebellum) er stundum rýr. Einnig getur verið um að ræða skertar fínhreyfingar, heyrnarskerðingu, lélegt hæll í tá göngulag (tandem gait) og lélega samhæfingu sjónar og handa.

Hugtakið áfengistengdur fósturskaði (fetal alcohol effect, FAE) hefur oft verið notað, þegar barn hefur aðeins tvö af ofangreindum þremur einkennum. Þetta hugtak hefur verið gagnrýnt fyrir óljós greiningarskilmerki og óskipulega notkun um börn með hin marvíslegustu vandamál (9). Í nýjum greiningarskilmerkjum IOM eru í stað þessa hugtaks komin hugtökin áfengistengdir fæðingargallar (alcohol-related birth defects, ARBD) og áfengistengd röskun á taugaþroska (alcohol-related neurodevelopmental disorder, ARND). Greiningarskilmerki fyrir áfengistengda röskun á taugaþroska eru:

1. Einkenni um óeðlilegan þroska miðtaugakerfisins eins og lýst er í lið 3 hér að ofan og/eða:
2. einkenni um marvíslegan afbrigðilegan hegðunar- og vitsmunaþroska sem er í ósamræmi við þroskastig og skýrist ekki af erfðum og umhverfisáhrifum eingöngu. Þar má nefna erfiðleika við að læra, skerta frammistöðu í skóla, lélega hvatastjórnun, skort á innsæi í mannlegum samskiptum, skertan málskilning og máltjáningu, erfiðleika við afstæða hugsun, sértæka stærðfræðierfiðleika eða vandamál í sambandi við minni, athygli eða dómgreind.

Greining á heilkenni fósturskaða af völdum áfengis hefur reynst erfið vegna þess að hana er aðeins hægt að framkvæma með klínísku mati og flest tilfelli (89%) eru greind eftir sex ára aldur (10).

Tíðni.

Tölur um tíðni heilkennis fósturskaða af völdum áfengis eru mjög breytilegar eftir því hvaða skilmerki eru notuð og hvers konar þýði er skoðað. Í ritum um efnið er algengast, að tíðni þess sé talin vera eitt til þrjú af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum meðal vestrænna þjóða (11,12). Abel telur tíðnina um eitt af hverjum 1000 börnum í hinu almenna fæðingarþýði og 4,3% meðal ofdrykkjufólks eða þeirra sem drekka 3,7 drykki á dag eða meira. Hann álítur að tíðnin sé 20 sinnum hærri í Bandaríkjunum (1,95/1000) samanborið við Evrópu og önnur lönd (0,08/1000). Í Bandaríkjunum er tíðnin hæst í lægri stéttum samfélagsins og meðal svartra og indíána (2,29/ 1000), en lægri í mið- og efri stéttum og hjá hvítu fólki (0,26/1000).

Í rannsókn, sem gerð var fyrir rúmum áratug í einangruðu fátæku indíánasamfélagi í bresku Kólumbíu þar sem áfengissýki var á háu stigi, kom í ljós að 190 börn af hverjum 1000 undir 18 ára aldri voru með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis eða áfengistengdan fósturskaða (13).

Samkvæmt rannsóknum í Svíþjóð var tíðni heilkennis fósturskaða af völdum áfengis áætluð vera eitt af hverjum 600 lifandi fæddum börnum í Gautaborg árið 1976, en árið 1983 hafði tíðnin minnkað í eitt af hverjum 2400 börnum og var það þakkað forvarnarstarfi heilbrigðisstarfsmanna og félagsráðgjafa meðal þungaðra kvenna og einnig upplýsingamiðlun fjölmiðla. Áfengisneysla meðal ungra kvenna í Svíþjóð minnkaði frá 2,2 lítrum af hreinum vínanda á ári árið 1976 niður í 1,2 lítra á ári 1985. Neyslan hafði aukist aftur í 1,9 lítra á ári 1989 og var það eingöngu vegna aukinnar neyslu á sterkum bjór. Ekki er vitað um núverandi tíðni í Svíþjóð (14).

Tíðnitölur hafa mjög verið gagnrýndar af Sampson og félögum. Þeir telja að einungis þrjár rannsóknir, sem gerðar hafa verið í heiminum til þessa, leyfi áreiðanlegt mat á tíðni heilkennis fósturskaða af völdum áfengis. Rannsóknir þessar eru frá Seattle og Cleveland í Bandaríkjunum og Roubaix í Frakklandi. Í Seattle rannsókninni, sem er frá 1975, var úrtakið að mestu leyti hvítar, giftar miðstéttarkonur sem álitnar voru lítill áhættuhópur. Tíðnin í því úrtaki var áætluð vera að minnsta kosti 2,8 af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum. Í rannsókninni í Cleveland, sem gerð var seint á áttunda áratugnum, voru flestar mæðurnar fátækar og félagslega illa staddar. Tíðnin í því þýði var 4,6 af hverjum 1000 börnum. Í Roubaix þýðinu frá árunum 1977–1990 var tíðnin frá 1,3 til 4,8 af hverjum 1000 börnum eftir því við hversu alvarleg einkenni var miðað.

Með því að byggja á upplýsingum um röskun á taugaþroska úr langtímarannsókn, sem staðið hefur yfir í Seattle frá 1975, áætla Sampson og félagar, að samanlögð tíðni heilkennis

fósturskaða af völdum áfengis og áfengistengdrar röskunar á taugaþroska, eins og hún er skilgreind af Institute of Medicine, sé að minnsta kosti 9,1 af 1000 lifandi fæddum börnum (15).

Taugameinafræði.

Atferlisröskun og vitsmunaskerðing sem einkenna börn skömmuð af áfengi stafa af breytingum á starfsemi heilans og/eða byggingu hans. Við áfengisneyslu móður verður alkóhólmagnið í fóstrinu innan fárra mínútna það sama og í blóði móður. Lifur fóstursins hefur aðeins 10% afkastagetu miðað við lifur móður og eftir að alkóhól er horfið úr blóði fóstursins eru enn þá leifar eftir í legvatninu. Þess vegna er fóstrið lengur undir áhrifum áfengis heldur en móðirin (12). Sýnt hefur verið fram á að alkóhól veldur æðasamdrætti í naflastrengnum, sem skerðir blóðrennsli og getur valdið blóðsúr og viðvarandi súrefnisþurrð hjá fóstrinu (16). Alkóhól virkar með beinum hætti á heilafrumurnar með því að:

1. Draga úr taugafrumuskiptingunni, eins og kemur fram í höfuðsmæð.
2. Hraða eðlilegum frumudauða.
3. Trufla ferð taugafrumna og glíafrumna á réttan stað í heilanum.
4. Trufla myndun gripla og síma.
5. Trufla myndun taugamóta (17).

Heilabörkurinn (cerebral cortex), litli heili (cerebellum) og sæhesturinn (hippocampus) eru svæði þar sem skaðleg áhrif alkóhóls hafa verið tengd atferlisröskun hjá börnum. Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að sæhesturinn, nánar tiltekið taugamótin í honum, er hvað viðkvæmasti hluti heilans fyrir áhrifum alkóhóls. Jafnvel lítill skammtur alkóhóls getur valdið langvarandi skerðingu á ummótunarhæfni taugamótanna í sæhestinum og stungið hefur verið upp á því að þetta geti átt þátt í vitsmunaskerðingu barna sem skömmuð eru af völdum áfengis, en sæhesturinn er ákaflega mikilvægur fyrir allt nám og minni (18, 19).

Segulómanir hafa leitt í ljós að áfengisáhrif á fósturskeiði geta valdið ýmiss konar óeðlilegum breytingum á byggingu heilans. Börn með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis eru með hátt hlutfall vanskapnaðar í miðlínu heilans, sem helst í hendur við aukinn vanskapnað í andliti. Þessar niðurstöður benda til þess að meginbyggingarskaði heilans verði frá þriðju til 13. viku meðgöngu. Segulómanir sýna einnig að heildarstærð heilans er skert og hlutar litla heila, hvelatengsla (corpus callosum) og grunntaugahnoða (basal ganglia, sérstaklega caudate nucleus) eru tiltölulega litlir í börnum sem skömmuð eru af völdum áfengis (20–24).

Rannsóknir á dýrum og mönnum hafa sýnt að umfang heilaskemmdanna tengist bæði þroskastiginu, sem heilinn er á þegar áhrifin verða, og því hve alkóhólskammturinn er stór. Eins og áður kom fram eru skemmdir á byggingu heilans tengdar áfengisáhrifum á fyrsta þriðjungi meðgöngunnar, en starfrænar skemmdir tengjast meir áfengisneyslu eftir þann tíma, sem nær jafnvel fram yfir fæðingu í gegnum móðurmjólkina. Rannsóknir á rottum, sem fengu fáa en stóra skammta af alkóhóli á fósturskeiði, hafa sýnt að vöxtur á öllum heilanum, framheilanum og litli heilanum var tiltölulega skertari ef áfengisáhrifin urðu á síðasta þriðjungi meðgöngu borið saman við vaxtarskerðingu, sem varð eftir áfengisgjöf á öðrum tímum meðgöngunnar, enda er vaxtarhraði heilans mikill á því tímabili. Höfundar þessarar rannsóknar telja niðurstöðurnar styrkja þá skoðun að þó svo áfengisneyslu sé ekki hætt fyrr en á síðasta þriðjungi meðgöngu, þá geti það samt dregið þó nokkuð úr fósturskaðanum (25).

Dýrarannsóknir hafa einnig sýnt að vaxtarskerðing á litla heila og fjöldi Purkinje-frumna í honum tengist beint þeim tíma fósturskeiðsins sem alkóhóláhrifin verða á og hámarksþéttni alkóhóls í blóðinu. Fækkun Purkinje-frumna reyndist vera meiri ef áhrifin urðu á síðasta

þriðjungi borið saman við annan þriðjung meðgöngu. Þessar heilaskemmdir voru tengdar ýmsum atferlisbreytingum, þeirra á meðal jafnvægistruflunum (26). Erfiðleikar við að halda líkamlegu jafnvægi hafa einnig komið fram hjá börnum sem orðið hafa fyrir áfengisáhrifum í móðurkviði (27).

Konovalov og félagar gerðu rannsókn á fósturvísum og fóstrum (aldur 5–14 vikur) mæðra sem neyttu áfengis á meðgöngu. Í 75,5% tilfella var um óeðlilega heilamyndun að ræða. Algengast var að myndun heilaholsveggja og laganna í heilaberki væri afbrigðileg. Þegar tilfellum var raðað eftir því hve alkóhólneyslan var mikil, kom í ljós að fóstur alvarlega áfengissjúkra mæðra (sem drukku 100–500 ml af hreinum vínanda á dag, fjóra til sjö daga á viku) voru með vanskapaðan heila í 100% tilfella. Jafnvel þegar um tilfallandi notkun áfengis hafði verið að ræða (35–100 ml af hreinum vínanda neytt við þrjú tilfelli á meðgöngu), kom fram vansköpun í 28,5% tilfella (28).

Alkóhól berst út í móðurmjólkina, þar sem það nær um það bil sömu þéttni og er í blóði móður. Little og félagar athuguðu tengslin á milli áfengisneyslu móður meðan á brjóstagjöf stóð og þroska barna við eins árs aldur og komust að raun um að hreyfiþroski, eins og hann er mældur með Psychomotor Development Index (PDI), var marktækt lakari hjá börnum mæðra sem neyttu áfengis reglulega meðan á brjóstagjöf stóð (ekki hafði verið um alkóhólneyslu á meðgöngu að ræða). Áhrifin voru skammtatengd, þannig að því meiri sem alkóhólneyslan var á meðan brjóstagjöf stóð þeim mun slakari var hreyfiþroskinn við eins árs aldur (29).

Því hefur verið haldið fram að áfengisneysla feðra geti orsakað fósturskaða. Rannsóknir á rottum hafa sýnt að karlkynsrottur, sem gefið hafði verið alkóhól fyrir getnað, gátu afkvæmi sem sýndu skerta athafnasemi, voru viðkvæm fyrir sýkingum (30), kyrkingsleg vexti og vansköpuð (31). Rannsóknir á áfengissjúkum karlmönnum hafa leitt í ljós marktækar óeðlilegar formbreytingar á sæði þeirra (32), en eins og málum er háttað í dag hefur hvorki tekist að sanna né afsanna að einhver af þeim áhrifum, sem talin eru tengjast áhrifum alkóhóls í móðurkviði, gætu stafað af stökkbreytingum á sæði sem orðið hefur fyrir áhrifum alkóhóls (12).

Vísbendingar hafa komið fram um það að erfðaeiginleikar einstaklinga geti haft áhrif á hversu alvarlegur alkóhólskaðinn verður. Tvíburarannsóknir hafa sýnt að hann birtist með áþekkari hætti hjá eineggja tvíburum heldur en tvíeggja (33).

Taugasálfræðilegar afleiðingar.

Frá því heilkenni fósturskaða af völdum áfengis var greint árið 1973 hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á röskun á taugaþroska í áfengissködduðum börnum. Rannsóknir þessar hafa sýnt að hvorki vaxtarskerðing né vansköpun í andliti eru eins næmur mælikvarði á áhrif áfengis og taugasálfræðileg mælitæki. Röskun á þroska, sem oftast er nefnd sem afleiðing áfengisáhrifa, er: skert greind, ofvirkni, athyglibrestur, léleg hvatastjórnun, námserfiðleikar, málröskun, skert minni, skert óhlutbundin hugsun og dómgreind, skert rúmskynjun og skertar fínhreyfingar (4).

Taugasálfræðilegar rannsóknir á börnum hafa leitt í ljós að tegund og umfang þroskaröskunar tengist beint magni og tímasetningu áfengisneyslu á meðgöngu. Streissguth og félagar í Seattle hafa rannsakað langtímaafleiðingar hóflegrar áfengisneyslu á meðgöngu á 482 börn. Rannsókn þessi leiddi í ljós skammtatengd áhrif alkóhóls á ýmsa taugasálfræðilega þætti frá fæðingu til 14 ára aldurs. Mestu áhrifin voru á athygli, hraða við úrvinnslu áreita og námsgetu. Áhrifin voru til staðar frá fæðingardegi í formi skertrar aðlögunarhæfni (hæfni til að halda aftur af viðbrögðum við endurteknum og óviðkomandi áreitum). Því meiri sem áfengis-

neysla á meðgöngu hafði verið því erfiðara áttu börnin með að venjast áreitum frá ljósi, hringlu og bjöllu. Neysla tveggja áfengra drykkja á dag eða meira, tengdist sjö stiga lækkun á greindarvísitölu, þegar börnin voru orðin sjö ára gömul. Námsvandamál tengdust fylleríisneyslu eða þegar drukknir voru fimm drykkir eða fleiri við sama tækifæri að minnsta kosti einu sinni, sérstaklega í mánuðinum áður en þungun kom í ljós. Áhrif þessi voru í beinum tengslum við mat mæðranna sjálfra á neyslu, þegar þær voru spurðar annars vegar snemma á meðgöngu og hins vegar á fimmta mánuði meðgöngu. Tengslin héldust eftir að leiðrétt hafði verið fyrir þætti sem gætu haft áhrif á niðurstöðuna, eins og næringu móður, menntun foreldra, leikskólagöngu og áhrif af völdum nikótíns, koffíns og aspiríns. Streissguth og félagar komust einnig að raun um að mikil drykkja á stuttum tíma hafði alvarlegri afleiðingar heldur en sama magn drukkið á lengri tíma og að drykkja snemma á meðgöngu var skaðlegri en drykkja á miðri meðgöngu (34).

Í rannsókn sinni á ýmsum neyslumynstrum komst Korkman að annarri niðurstöðu en Streissguth. Hún fann marktæk áhrif á ýmsa taugasálfræðilega þætti hjá börnum ef þau höfðu orðið fyrir áhrifum áfengis alla meðgönguna, en fann ekki marktæk áhrif ef neyslan hafði aðeins átt sér stað á fyrsta þriðjungi meðgöngu. Korkman telur að muninn á niðurstöðunum megi ef til vill rekja til erfðafræðilegra þátta, þannig að í Seattle rannsókninni hafi það verið börn mæðra, sem erfðafræðilega séð voru með tilhneigingu til áfengisneyslu, athyglibrests og námserfiðleika, sem sýndu merki um námsvandamál í tengslum við drykkju snemma á meðgöngu (35).

Nýleg frönsk langtímarannsókn á áhrifum hófdrykkju á þroska 160 forskólabarna leiddi í ljós, að neysla 44,36 ml (1,5 oz) af hreinum vínanda á dag (það er þrjár bjórdósir, þrjú vínglös eða tveir blandaðir drykkir) á meðgöngunni, leiddi af sér sjö stiga lækkun á greindarvísitölu hjá fjögurra og hálfs árs börnum. Höfundar vara þó við því að líta á þetta neyslumagn sem einhvern öryggisþröskuld, því niðurstöður rannsóknarinnar leyfi ekki að ályktanir séu dregnar varðandi áhrif minni áfengisneyslu. Rannsóknin staðfesti hins vegar að mun minni áfengisneysla en sú sem þarf til að valda heilkenni fósturskaða af völdum áfengis, getur haft áhrif á þroska barna (36).

Goldschmidt og félagar gerðu rannsókn á námsstöðu sex ára barna. Mæður þeirra tilheyrðu lágri þjóðfélagsstétt og notuðu áfengi í hófi. Áfengisneysla um miðja meðgöngu tengdist skertri frammistöðu í lestri, stafsetningu og reikningi. Frammistaða í reikningi versnaði eftir því sem áfengisskammtarnir höfðu verið stærri, en frammistaða í lestri og stafsetningu tengdist meir þröskuldsáhrifum. Áfengisþröskuldurinn, sem tengdist skertri frammistöðu, var um það bil einn drykkur á dag um miðbik meðgöngu (37).

Rannsóknir á börnum með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis hafa leitt í ljós að greind þeirra er á mörkum vægrar þroskaheftingar (meðalgreindarvísitala ~ 68), en greindarstigið getur verið mjög breytilegt eða allt frá alvarlegri þroskaheftingu til meðalgreindar. Börn sem hafa aðeins tvö af þremur einkennum heilkennisins eru með aðeins hærri meðalgreind (38). Þótt fullorðið fólk með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis hafi greind innan eðlilegra marka, er það samt með óeðlilega hátt hlutfall ýmissa taugasálfræðilegra ágalla (39).

Meiri hluti þeirra barna, sem verða fyrir miklum áfengisáhrifum í móðurkviði, uppfylla ekki greiningarskilmerkin fyrir heilkenni fósturskaða af völdum áfengis. Mattson og félagar hafa sýnt fram á, að þótt börn áfengissjúkra kvenna séu ekki með andlitseinkenni eða vaxtarseinkun sem einkenna heilkennið, þá hafi þau samt skerta greind. Rannsókn þeirra sýndi að börn, sem orðið höfðu fyrir áhrifum alkóhóls en uppfylltu ekki greiningarskilmerki fyrir heilkenni fósturskaða af völdum áfengis, höfðu meðalgreindarvísitöluna 83,6 sem er um það bil

eitt staðalfrávik fyrir neðan meðallag (40). Þeir báru einnig frammistöðu barna með heilkennið og barna, sem höfðu orðið fyrir mikilli áfengisneyslu á meðgöngu án þess að vera með heilkenni fósturskaða, saman við frammistöðu heilbrigðra barna á taugasálfræðilegum prófum. Fyrrgreindu hóparnir tveir stóðu sig mun lakar en sá síðarnefndi á prófum sem mældu málfærni, yrt minni, námshæfileika, fínhreyfingahraða og samhæfingu sjónar og handa (41).

Vandamál tengd athygli og hvatastjórnun eru mjög algeng hjá áfengissköðduðum börnum. Rannsóknir, sem fylgt hafa eftir börnum með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis, sýna að ofvirkni og athyglibrestur virðist einna helst standa í vegi fyrir því að þessi börn eigi áfallalausan skólaferil. Vegna þess hversu algengt vandamál þetta er meðal áfengisskaðaðra barna, hefur því jafnvel verið haldið fram að áfengi gæti verið orsakavaldur athyglibrests með ofvirkni (attention deficit hyperactivity disorder, ADHD). Nanson og Hiscock báru saman annars vegar börn með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis og áfengistengdan fósturskaða og hins vegar börn með athyglibrest (attention deficit disorder, ADD) og fundu ýmislegt sameiginlegt með þessum hópum. Þótt áfengissköðuðu börnin væru marktækt greindarskertari, þá voru alhyglisbrestur og hegðunarvandamál svipuð og hjá börnunum með athyglibrest (42).

Coles og félagar komust að annarri niðurstöðu í nýlegri rannsókn. Þeir báru saman fjóra hópa svartra, bandarískra barna úr sama lágtekjuhópnum. Börnum sem höfðu orðið fyrir áhrifum alkóhóls í móðurkviði var skipt í tvo hópa, annars vegar þau sem voru með andlitseinkenni og hins vegar þau sem voru án þeirra. Áfengissköðuðu börnin voru síðan borin saman annars vegar við börn sem greind höfðu verið með athyglibrest með ofvirkni og áttu mæður sem ekki höfðu neytt áfengis á meðgöngu og hins vegar við eðlileg börn. Niðurstöður leiddu í ljós að áfengissköðuð börn með andlitseinkenni (heilkenni fósturskaða af völdum áfengis) og ofvirku börnin mældust með svipaða skerðingu á greindarprófum borið saman við áfengissköðuð börn án andlitseinkenna og eðlileg börn. Hins vegar kom fram greinilegur munur á þessum tveimur hópum á taugasálfræðilegum prófum og hegðunarmælitækjum, þar sem ofvirku börnin stóðu sig mun lakar á prófum sem mæla athyglibrest og hegðunarröskun. Ofvirk börn með athyglibrest áttu erfiðara með að einbeita sér og viðhalda athygli, en áfengissköðuðu börnin áttu erfiðara með verkefni sem reyna á rúmskynjun, úrvinnslu upplýsinga (encoding) og sveigjanleika við úrlausn verkefna. Það er skoðun höfunda þessarar rannsóknar að niðurstöðurnar gætu skipt máli varðandi kennslu og meðferð áfengisskaðaðra barna. Á meðan til dæmis örvandi lyf kunni að hjálpa áfengissköðuðum, ofvirkum börnum að einbeita sér betur, þá geti þau ekki hjálpað þeim við að festa upplýsingar í minni og leysa verkefni. Hjálparúrræði sem beinast að þessum veiku hliðum gætu einnig verið til bóta. Annað einkenni sem virðist aðgreina ofvirk börn og áfengissköðuð er það að þau síðarnefndu eru yfirleitt ekki eins hvatvís og þau fyrrnefndu (43).

Mattson og félagar fundu einnig vandamál sem tengdust úrvinnslu upplýsinga í rannsókn sinni á námshæfni og minni áfengisskaðaðra barna. Rannsókn þeirra leiddi í ljós að börn með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis eiga mjög erfitt með að læra og muna munnlegar upplýsingar. Bæði minni á efni, sem rifjað var upp strax, og minni á efni, sem rifjað var upp eftir lengri tíma, var verulega skert. Þegar hins vegar börnin náðu loks að læra efnið, þá tókst þeim að halda því í minni (44). Þessir erfiðleikar í sambandi við úrvinnslu upplýsinga og minni eru í samræmi við fyrrnefndar dýrarannsóknir sem sýndu að sæhesturinn, sem er ábyrgur fyrir því hlutverki, er sérlega viðkvæmur fyrir áfengisskaða.

Langtímaafleiðingar.

Áfengistengd röskun á taugaþroska er ekki aðeins vandamál í æsku heldur einnig ævilöng fötlun. Með aldrinum dregur úr andlitseinkennum, vaxtarseinkunin er ekki eins áberandi og hjá ungu barni, en einkenni tengd miðtaugakerfi vara ævilangt. Greindarskortur er algengt vandamál og lagast ekki með aldrinum og þau börn sem eru greindari eru oft í meiri áhættu en þau síður gefnu, vegna þess að þau uppfylla ekki þau viðmiðunarskilyrði sem þarf til að hljóta ýmiss konar aðstoð varðandi nám, störf og félagslega þjónustu. Önnur algeng vandamál hjá fullorðnum áfengissködduðum einstaklingum eru ofvirkni, tilfinningaleg vandamál, svefntruflanir og óeðlilegir kækir. Börn og unglingar með fósturskaða af völdum áfengis eiga oft við vandamál að stríða eins og lágt sjálfsmat, árásarhneigð og misheppnaða skólagöngu. Áfengissýki, eiturlyfjanotkun, andfélagsleg hegðun og tíðar þunganir eru algeng vandamál sem fylgja hækkandi aldri. Stór hluti fullorðinna einstaklinga með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis þarf á geðmeðferð að halda, einkum vegna vímuefnamisnotkunar, þunglyndis og geðhvarfasýki. Mannleg samskipti eru þeim erfið, tjáskiptahæfni er skert og svo til enginn nær að lifa sjálfstæðu lífi (39,45–50).

Meðferð.

Taugalíffræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að taugakerfið er mótanlegt. Við nám og þjálfun verða breytingar á taugafrumunni og í næsta nágrenni hennar og breytingar þessar geta átt sér stað alla ævi einstaklingsins. Í ljósi þessa gefa rannsóknir á ýmiss konar taugaþjálfun góða von. Samkvæmt Klintsova og félögum hafa rannsóknir á meðferð við áfengisskaða verið fáar. Þeir rannsökuðu endurhæfingaráhrif flókinnar hreyfiþjálfunar á rottur, sem höfðu fengið stóra skammta af alkóhóli á þeim tíma sem samsvarar síðasta þriðjungi meðgöngu hjá mönnum. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að áfengi veldur marktækri og varanlegri fækkun á Purkinje- og kornafrumum í litla heila með þeim afleiðingum að rottur hafa skerta hreyfifærni. Vísindamennirnir höfðu áhuga á að vita, hvort bæta mætti hreyfifærnina með því að kenna rottunum ýmis flókin hreyfiverkefni sem sýnt hafði verið fram á að gátu valdið fjölgun taugamóta í berki litla heila og að hve miklu leyti taugafrumur í litla heila eru mótanlegar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að með þjálfun mátti bæta hreyfifærni áfengisskaddaðra rotta og að eftirlifandi Purkinje-frumur höfðu ennþá hæfileikann til að fjölga taugamótum (51).

Eins og áður hefur komið fram hafa rannsóknir á dýrum og mönnum sýnt að sæhesturinn er sérstaklega viðkvæmur fyrir áhrifum áfengis. Dýrarannsóknir hafa leitt í ljós að þegar sæhesturinn er örvaður með úttauga snerti- og rafboðum, verður aukning á starfseminni og hann gefur frá sér acetýlkólín (52). Í því kann einnig að felast von um meðferð fyrir áfengissköðuð börn.

Samantekt og niðurstaða.

Neikvæðar afleiðingar áfengisneyslu á meðgöngu hafa verið rannsakaðar ítarlega síðan heilkenni fósturskaða af völdum áfengis var skilgreint árið 1973. Þrjú aðaleinkenni heilkennisins eru vaxtarskerðing, vansköpun í andliti og röskun á starfsemi miðtaugakerfisins. Öll einkenni heilkennisins koma aðeins fram í börnum mæðra sem drukkið hafa mikið alla meðgönguna og talið er að það geti átt við eitt til þrjú af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum. Minni neysla áfengis getur valdið ýmsum taugasálfræðilegum einkennum og eru þær afleiðingar mun algengari en heilkennið sjálft.

Hegðunarvandamál og vitsmunaskerðing, sem einkenna áfengissköðuð börn, stafa af breytingum á starfsemi og/eða byggingu heilans. Viðkvæmasti hluti heilans fyrir áfengis-

áhrifum eru taugamótin í sæhestinum. Algengustu taugasálfræðilegu ágallar barna, sem orðið hafa fyrir alkóhóláhrifum í móðurkviði, eru greindarskerðing, ofvirkni, athyglibrestur og vandamál tengd minni og námi. Hversu alvarlegir ágallarnir eru fer eftir því á hvaða tíma meðgöngu fóstrið varð fyrir áhrifum áfengis og hve mikið áfengismagnið var. Langtímarannsóknir hafa sýnt að taugasálfræðileg einkenni vara lengst og valda einstaklingunum mestum skaða. Geðræn og félagsleg vandamál eru algeng hjá fullorðnum með heilkenni fósturskaða af völdum áfengis.

Athyglibrestur með ofvirkni, námserfiðleikar og hegðunarröskun eru algeng vandamál hjá börnum í þjóðfélagi okkar. Þau hafa alvarlegar langtímaafleiðingar fyrir einstaklinga og þarfnast víðtækrar kostnaðarsamrar meðferðar. Rannsóknir á orsakaþáttum þessara vandamála eru mikilvægar vegna framvinduforspár, forvarna og meðferðar. Taugasálfræðilegar athuganir gegna mikilvægu hlutverki í þeim rannsóknum. Hvað varðar afleiðingar áfengisneyslu á meðgöngu á börn, þá eru taugasálfræðileg próf næmasti mælikvarðinn á áhrif alkóhóls á taugakerfið. Þau geta því nýst til greiningar sértækra áhrifa þess og þannig vísað veginn til árangursríkrar meðferðar. Taugakerfi manna er mótanlegt og breyta má starfsemi taugafrumna á markvissan hátt með þjálfun. Í þessu ljósi gefa nýlegar rannsóknir á dýrum góða von, en þær sýna að skemmdir af völdum alkóhóls má bæta að vissu marki, því með þjálfun má örva taugafrumur til að umbreyta og fjölga taugamótum.

Þegar ekki er vitað um orsakir þroskafrávika hjá börnum, er mikilvægt að fá upplýsingar um áfengisneyslu á meðgöngu, vegna þess að hún gæti skýrt vandamálið. Einnig getur vitneskjan um áfengisskaða skipt máli varðandi meðferð og stuðning. Þegar kemur að rannsóknum ýmissa vandamála sem hafa svipað birtingarform, þá er mikilvægt að vita hvort áfengi á þátt í þeim eða ekki. Nauðsynlegt er að fylgja vel eftir börnum mæðra, sem vitað er að hafa misnotað áfengi á meðgöngu, þó svo þau beri ekki nein sjáanleg merki um skaða, þannig að stuðningur og meðferð geti hafist sem allra fyrst. Meta þarf hvert barn fyrir sig, svo meðferðaráætlanir geti tekið mið af veikum og sterkum hliðum þess.

Áfengistengdur skaði á börnum er líklega algengari en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Þar eð hann er vandamál sem hægt er að koma í veg fyrir er mikilvægt að forvarnarstarf og öflug upplýsingamiðlun sé stöðugt í gangi og þá sérstaklega meðal þeirra hópa sem eru í mestri áhættu, en það eru aðallega áfengissjúkir, ungt fólk, fólk með litla menntun og þeir sem standa illa félagslega.

Ekki er vitað um tíðni fósturskaða af völdum áfengis á Íslandi, en það væri verðugt verkefni að kanna hana nánar. Þótt heildaráfengisneysla Íslendinga sé lítil miðað við aðrar vestrænar þjóðir, þá hafa þeir tilhneigingu til að neyta mikils magns á stuttum tíma, en það neyslumynstur virðist hvað skaðlegast ófæddum börnum.

HEIMILDIR

1. Jones KL, Smith DW. Recognition of the fetal alcohol syndrome in early infancy. Lancet 1973; 2: 999–1001.
2. Warner RH, Rosett HL. The effects of drinking on offspring. J Stud Alcohol 1975; 36: 1395–420.
3. Huxley A. Veröld ný og góð. Frumútgáfa 1932. Íslensk þýðing Kristjáns Oddssonar. Reykjavík: Mál og menning 1988.
4. Mattson SN, Riley EP. A review of the neurobehavioral deficits in children with fetal alcohol syndrome or prenatal exposure to alcohol. Alcoholism: Clinical and Experimental Research 1998; 22: 279–94.
5. Lamache MA. Communications: réflexions sur la descendance des alcooliques. Bull Acad Natl Méd 1967; 151: 517–21.

6. Lemoine P, Harousseau H, Borteyru J-P, Menuet J-C. Les enfants de parents alcooliques: anomalies observées. A propos de 127 cas. Ouest Medica 1968; 21: 476–82.
7. Jones KL, Smith DW, Ulleland CN, Streissguth AP. Pattern of malformation in offspring of chronic alcoholic mothers. Lancet 1973; 1(7815): 1267–71.
8. IOM-Institute of Medicine (U.S.). Division of Biobehavioral Sciences and Mental Disorders. Committee to Study Fetal Alcohol Syndrome. In: Stratton K, Howe C, Battaglia F, eds. Fetal Alcohol Syndrome: Diagnosis, Epidemiology, Prevention, and Treatment. Washington, DC: National Academy Press 1996.
9. Aase JM, Jones KL, Clarren SK. Do we need the term "FAE"? Pediatrics 1995; 95: 428–30.
10. MMWR. Morb Mortal Wkly Rep 1997; 28: 1118–20.
11. Abel EL. An update on incidence of FAS: FAS is not an equal opportunity birth defect. Neurotoxicol Teratol 1995; 17: 437–43.
12. Duerbeck NB. Fetal alcohol syndrome. Comprehensive Therapy 1997; 23: 179–83.
13. Robinson GC, Conry JL, Conry RF. Clinical profile and prevalence of fetal alcohol syndrome in an isolated community in British Columbia. Can Med Assoc J 1987; 137: 203–7.
14. Olegård R. Alcohol and narcotics: epidemiology and pregnancy risks. Int J Technol Assessment Health Care 1992; 8/Suppl.1: 101–5.
15. Sampson PD, Streissguth AP, Bookstein FL, Little RE, Clarren SK, Dehaene P, et al. Incidence of fetal alcohol syndrome and prevalence of alcohol-related neurodevelopmental disorder. Teratology 1997; 56: 317–26.
16. Mukherjee AB, Hodgen GD. Maternal ethanol exposure induces transient impairment of umbilical circulation and fetal hypoxia in monkeys. Science 1982; 12; 218(4573): 700–2.
17. Swaab DF, Boer GJ, Feenstra MG. Concept of functional neuroteratology and the importance of neurochemistry. Prog Brain Res 1988; 73: 3–14.
18. Tanaka H. Fetal alcohol syndrome: a Japanese perspective. Ann Med 1998; 30: 21–6.
19. Sutherland RJ, McDonald RJ, Savage DD. Prenatal exposure to moderate levels of ethanol can have long-lasting effects on hippocampal synaptic plasticity in adult offspring. Hippocampus 1997; 7: 232–8.
20. Mattson SN, Riley EP, Sowell ER, Jernigan TL, Sobel DF, Jones KL. A decrease in the size of the basal ganglia in children with fetal alcohol syndrome. Alcoholism: Clin Exp Res 1996; 20: 1088–93.
21. Riley EP, Mattson SN, Sowell ER, Jernigan TL, Sobel DF, Jones KL. Abnormalities of the corpus callosum in children prenatally exposed to alcohol. Alcoholism: Clin Exp Res 1995; 19: 1198–202.
22. Roebuck TM, Mattson SN, Riley EP. A review of the neuroanatomical findings in children with fetal alcohol syndrome or prenatal exposure to alcohol. Alcoholism: Clin Exp Res 1998; 22: 339–44.
23. Sowell ER, Jernigan TL, Mattson SN, Riley EP, Sobel DF, Jones KL. Abnormal development of the cerebellar vermis in children prenatally exposed to alcohol: size reduction in lobules I–V. Alcoholism: Clin Exp Res 1996; 20: 31–4.
24. Swayze VW2nd, Johnson VP, Hanson JW, Piven J, Sato Y, Giedd J, et al. Magnetic resonance imaging of brain anomalies in fetal alcohol syndrome. Pediatrics 1997; 99: 232–40.
25. Maier SE, Chen WJ, Miller JA, West JR. Fetal alcohol exposure and temporal vulnerability regional differences in alcohol-induced microencephaly as a function of the timing of binge-like alcohol exposure during rat brain development. Alcoholism: Clin Exp Res 1997; 21: 1418–28.
26. West JR. Acute and long-term changes in the cerebellum following developmental exposure to ethanol. Alcohol Alcoholism 1993; Suppl. 2: 199–202.
27. Roebuck TM, Simmons RW, Mattson SN, Riley EP. Prenatal exposure to alcohol affects the ability to maintain postural balance. Alcoholism: Clin Exp Res 1998; 22: 252–8.
28. Konovalov HV, Kovetsky NS, Bobryshev YV, Ashwell KW. Disorders of brain development in the progeny of mothers who used alcohol during pregnancy. Early Hum Dev 1997; 48: 153–66.

29. Little RE, Anderson KW, Ervin CH, Worthington-Roberts B, Clarren SK. Maternal alcohol use during breast-feeding and infant mental and motor development at one year. N Engl J Med 1989; 321: 425–30.
30. Abel EL, Lee JA. Paternal alcohol exposure affects offspring behavior but not body or organ weights in mice. Alcoholism: Clin Exp Res 1988; 12: 349–55.
31. Bielawski DM, Abel EL. Acute treatment of paternal alcohol exposure produces malformations in offspring. Alcohol 1997; 14: 397–401.
32. Villalta J, Ballesca JL, Nicolas JM, Martinez de Osaba MJ, Antunez E, Pimentel C. Testicular function in asymptomatic chronic alcoholics: relation to ethanol intake. Alcoholism: Clin Expl Res 1997; 21: 128–33.
33. Streissguth AP, Dehaene P. Fetal alcohol syndrome in twins of alcoholic mothers: concordance of diagnosis and IQ. Am J Med Genet 1993; 47: 857–61.
34. Streissguth AP, Barr HM, Sampson PD, Bookstein FL. Prenatal alcohol and offspring development: the first fourteen years. Drug Alc Dependence 1994; 36: 89–99.
35. Korkman M, Autti-Ramö I, Koivulehto H, Granström M-L. Neuropsychological effects at early school age of fetal alcohol exposure of varying duration. Child Neuropsychol 1998; 4: 199–212.
36. Larroque B, Kaminski M. Prenatal alcohol exposure and development at preschool age: main results of a French study. Alcoholism: Clin Exp Res 1998; 22: 295–303.
37. Goldschmidt L, Richardson GA, Stoffer DS, Geva D, Day N. Prenatal alcohol exposure and academic achievement at age six: a non-linear fit. Alcoholism: Clin Exp Res 1996; 20: 763–70.
38. Streissguth AP. Fetal alcohol syndrome: What's new in alcohol and drugs? Brown University Dig Addict Theory Application 1997; 16: 12.
39. Kerns KA, Don A, Mateer CA, Streissguth AP. Cognitive deficits in nonretarded adults with fetal alcohol syndrome. J Learn Disabil 1997; 30: 685–93.
40. Mattson SN, Riley EP, Gramling L, Delis DC, Jones KL. Heavy prenatal alcohol exposure with or without physical features of fetal alcohol syndrome leads to IQ deficits. J Pediatrics 1997; 131: 718–21.
41. Mattson SN, Riley EP, Gramling L, Delis DC, Jones KL. Neuropsychological comparison of alcohol-exposed children with or without physical features of fetal alcohol syndrome. Neuropsychology 1998; 12: 146–53.
42. Nanson JL, Hiscock M. Attention deficits in children exposed to alcohol prenatally. Alcoholism: Clin Exp Res 1990; 14: 656–61.
43. Coles CD, Platzman KA, Raskind-Hood CL, Brown R, Falek A, Smith IE. A comparison of children affected by prenatal alcohol exposure and attention deficit, hyperactivity disorder. Alcoholism: Clin Exp Res 1997; 21: 150–61.
44. Mattson SN, Riley EP, Delis DC, Stern C, Jones KL. Verbal learning and memory in children with fetal alcohol syndrome. Alcoholism: Clin Exp Res 1996; 20: 810–6.
45. Astley SJ, Clarren SK. A fetal alcohol syndrome screening tool. Alcoholism: Clin Exp Res 1995; 19: 1565–71.
46. Famy C, Streissguth AP, Unis AS. Mental illness in adults with fetal alcohol syndrome or fetal alcohol effects. Am J Psychiatry 1998; 155: 552–4.
47. Thomas SE, Kelly SJ, Mattson SN, Riley EP. Comparison of social abilities of children with fetal alcohol syndrome to those of children with similar IQ scores and normal controls. Alcoholism: Clin Exp Res 1998; 22: 528–33.
48. Steinhausen HC, Spohr HL. Long-term outcome of children with fetal alcohol syndrome: psychopathology, behavior, and intelligence. Alcoholism: Clin Exp Res 1998; 22: 334–8.
49. Streissguth AP, Aase JM, Clarren SK, Randels SP, La Due RA, Smith DF. Fetal alcohol syndrome in adolescents and adults. JAMA 1991; 265: 1961–7.
50. Streissguth AP. Fetal alcohol syndrome in older patients. Alcohol Alcoholism 1993; Suppl. 2: 209–21.

51. Klintsova AY, Matthews JT, Goodlett CR, Napper RM, Greenough T. Therapeutic motor training increases parallel fiber synapse number per Purkinje neuron in cerebellar cortex of rats given postnatal binge alcohol exposure: preliminary report. Alcoholism: Clin Exp Res 1997; 21: 1257–63.
52. Scherder EJ, Bouma A, Steen LM. Effects of "isolated transcutaneous" electrical nerve stimulation on memory and affective behavior in patients with probable Alzheimer's disease. Biol Psychiatry 1998; 43: 417–24.

127. Frumvarp til laga [127. mál]

um lyfjatjónstryggingu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Gísli S. Einarsson.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga allir þeir sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi af völdum skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laga þessara. Sama á við um þá sem missa framfæranda af þessum sökum.

Sjúklingar, sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun, eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Sama rétt hafa þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms sem viðkomandi er haldinn. Sama gildir um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð til hvaða tjónsatvika lögin skuli ná.

2. gr.

Takmörkun bótaréttar.

Bætur eru einungis greiddar ef lyfi hefur verið dreift hér á landi í samræmi við ákvæði lyfjalaga til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna. Bótaréttur er einungis til staðar ef lyf hefur verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi, af lækni, stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr., eða af öðrum þeim sem á hverjum tíma teljast hafa heimild til að afhenda lyf samkvæmt lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Lyfjatjón sem lyfseðilsskylt lyf hefur valdið er því aðeins bætt að sá sem varð fyrir tjóninu hafi fengið lyfið samkvæmt fyrirmælum læknis.

3. gr.

Hugtakið lyf.

Með lyfjum er í lögum þessum átt við vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Við mat á því hvort vara teljist lyf í skilningi laga þessara skal taka mið af ákvæði 5. gr. lyfjalaga.

Lög þessi taka til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, svo og til lyfja sem seld eru án lyfseðils en fengist hefur markaðsleyfi fyrir hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á, sbr. 3. mgr. 1. gr., verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga.

Lögin taka einnig til forskriftarlyfja, sbr. 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. lyfjalaga, og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á til nota fyrir einstaklinga.

Náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga (hómópatalyf), vítamín og steinefni falla ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda þó um slík efni sem rannsökuð eru í klínískum rannsóknum með það fyrir augum að leyfi fáist til að markaðssetja þau sem lyf.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða lyf falla undir lögin.

4. gr.

Til lyfjatjóns teljast ekki sjúkdómar og eða annars konar tjón sem rekja má til:

a. þess að lyf hefur ekki tilætlaða verkun á viðkomandi sjúkling,
b. mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu þess,
c. þess að lyf hefur verið notað á rangan hátt.

5. gr.

Lyfjatjón sem rekja má til aukaverkana lyfja fellur undir lögin að því marki sem tjónið telst umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Þetta á við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki.

Við ákvörðun um hvort bótaábyrgð hafi stofnast skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi atriðum:

a. eðli sjúkdómsins sem meðferðinni var beint gegn og á hvaða stigi hann var,
b. heilsufari tjónþola,
c. umfangi tjónsins og
d. þeim möguleikum sem fyrir hendi voru á að meta líkur á tjóni.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um það hvers konar tjón af völdum lyfja, sbr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar, falli undir lögin.

6. gr.

Tjón er því aðeins bætt að verulega líklegt teljist að það megi rekja til lyfjanotkunar.

II. KAFLI
Bótaábyrgð. Bótafjárhæðir o.fl.

7. gr.

Ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir ákvæðum skaðabótalaga og ákvæðum þessa kafla.

Bætur greiðast aðeins ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri upphæð.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við þegar tjón er að rekja til atvika sem getur í 3. mgr. 1. gr.

Ekki skal greiða bætur eftir lögum þessum til að fullnægja endurkröfum.

8. gr.

Endurkröfuréttur.

Beri bótaskyldur aðili skv. 10. gr. bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

9. gr.

Eigin sök.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

10. gr.

Bótaskyldir aðilar.

Bótaábyrgð samkvæmt lögum þessum bera framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda, sbr. 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

11. gr.

Vátryggingarskylda.

Bótaskyldir aðilar skv. 10. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem má reka vátryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi, sbr. þó 12. gr.

Ráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Ráðherra er heimilt að binda starfsleyfi framleiðenda og dreifingaraðila sem ekki falla undir 12. gr. því skilyrði að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

12. gr.

Eigin áhætta.

Framleiðendur og dreifingaraðilar sem eru að fullu í eigu ríkisins eru undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 11. gr. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 11. gr.

13. gr.

Hóptjón.

Með hugtakinu hóptjón er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og

a. stafar af aukaverkunum sem voru á þeim tíma þegar lyfið var afhent ekki skráðar í samræmi við 19. gr. lyfjalaga né í lyfjaskrá og valda tjóni sem er þess eðlis að ósanngjarnt er að ætla að fagmaður hefði á þeim tíma getað séð það fyrir, eða
b. stafar af galla á lyfinu sem rekja má til galla eða mistaka í leiðbeiningum, framleiðslu eða dreifingu þess.

Hóptjón telst til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun, án tillits til þess hvenær seinni tjón eru tilkynnt.

14. gr.

Hámark bótafjárhæða.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóna sem falla undir lögin skal vera að hámarki 750 millj. kr. fyrir hvert almanaksár.

Samanlögð bótafjárhæð fyrir hvert hóptjón, sbr. 13. gr., skal þó vera að hámarki 500 millj. kr.

Samanlögð bótafjárhæð vegna tjóns af völdum lyfja við vísindarannsóknir skal vera að hámarki 130 millj. kr. fyrir hverja rannsókn.

Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal vera 5 millj. kr.

15. gr.

Skerðing bóta.

Ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skerðast bætur vegna einstakra krafna hlutfallslega, þó einungis ógreiddar bætur, að því marki er hámarksupphæð næst. Ef í ljós kemur eftir að tjón hefur orðið að slík skerðing er nauðsynleg er hægt að ákveða að greiða einungis hluta bótafjárhæðarinnar fyrst um sinn.

16. gr.

Skaðabótaréttur.

Að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafa fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum er ekki hægt að hafa uppi kröfu samkvæmt reglum skaðabótaréttar á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Regla 1. mgr. á ekki við í þeim tilvikum þar sem skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð.

17. gr.

Framkröfur.

Að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi við ákvæði laga þessara öðlast það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

III. KAFLI
Málsmeðferð.

18. gr.

Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 12. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

19. gr.

Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

20. gr.

Lyfjatjónstrygging Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 12. gr. Lyfjatjónstrygging Tryggingastofnunar

ríkisins skal einnig standa straum af bótagreiðslum sem rekja má til aðstæðna er greinir í 2. mgr. 1. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

21. gr.

Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafið heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögunum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

22. gr.

Tilkynning um niðurstöðu máls.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

23. gr.

Ársskýrsla Tryggingastofnunar ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um meðferð vátryggingafélaga á bótakröfum vegna lyfjatjónstryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Fyrning krafna.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fyrnast þegar þrjú ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fyrnist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

25. gr.

Viðurlög.

Brot gegn 1. mgr. 11. gr., sbr. þó 12. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 21. gr. varða sektum eða fangelsi, sbr. V. kafla almennra hegningarlaga.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá lögaðila, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

26. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma.

Við gildistöku laganna verður eftirfarandi breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

Á eftir orðunum „lögum um sjúklingatryggingu“ í 3. málsl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: og lögum um lyfjatjónstryggingu.

Greinargerð.

Frumvarpið sem hér er lagt fram sækir fyrirmynd sína til Danmerkur, en þar hafa frá árinu 1995 verið í gildi sérstök lög um tjón af völdum lyfja. Á 125. löggjafarþingi voru samþykkt lög um sjúklingatryggingu. Tilgangur þeirra laga var að tryggja sjúklingum sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð o.fl. víðtækari rétt á bótum en þeir eiga samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná rétti sínum. Lög um sjúklingatryggingu taka hins vegar ekki til tjóns af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem notuð eru við rannsóknir eða við sjúkdómum, sbr. 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Slíkt tjón fellur almennt undir lög um skaðsemisábyrgð. Þrátt fyrir að lög um sjúklingatryggingu taki almennt ekki til lyfjatjóns hindrar það ekki bótarétt þótt lyf sé meðorsök tjóns ef skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögunum eru á annað borð fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta geta komið upp þau atvik þar sem lyfjatjón verður hvorki talið falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Af þessari ástæðu og þeirri að tryggja sjúklingum sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja víðtækari rétt á bótum, með sama hætti og lögin um sjúklingatryggingu gera, er þetta frumvarp lagt fram.

Lagt er til að lögin nái til allra sem verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja hér á landi að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Lögin taka jafnt til líkamlegs sem geðræns tjóns. Þeir eiga einnig bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins og verða fyrir tjóni þar vegna skaðlegra eiginleika lyfja. Þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum eiga rétt á bótum samkvæmt lögunum ef þeir verða fyrir tjóni og eins þeir sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá meðferð. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga og verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja njóti bótaréttar.

Bótaábyrgð samkvæmt frumvarpinu er í eðli sínu skaðsemisábyrgð með sama hætti og í lögum um skaðsemisábyrgð, nr. 25/1991. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir víðtækari bótarétti að því leyti að tjón af völdum aukaverkana er bótaskylt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Það leiðir af því að hér er um skaðsemisábyrgð að ræða að tjón sem rekja má til mistaka eða vanrækslu í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu eða að lyf hefur ekki tilætluð áhrif á sjúkling eða lyf er tekið inn á rangan hátt fellur ekki undir lögin, sbr. 4. gr.

Bótaskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu eru framleiðendur og dreifingaraðilar lyfja sem tjóni valda. Þetta er í samræmi við lögin um skaðsemisábyrgð þar sem framleiðendur og dreifingaraðilar vöru sem tjóni veldur bera ábyrgðina. Til nánari skilgreiningar á því hver teljist framleiðandi og hver dreifingaraðili er vísað til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Í frumvarpinu er lagt til að öllum sem framleiða lyf hér á landi eða dreifa þeim verði gert skylt að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi. Undantekning er gerð frá þessu þegar um er að ræða framleiðendur eða dreifingaraðila sem ríkið á að fullu. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins annist lyfjatjónstryggingu þessara aðila, sbr. 20. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram meginreglur um það til hverra lögin taka. Samkvæmt frumvarpinu nær tryggingin til allra sem verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja að uppfylltum nánari skilyrðum laganna. Nefnd skilyrði koma einkum fram í 2.–6. gr.

Fóstur fellur undir gildissvið frumvarpsins og á því rétt til bóta svo framarlega sem það fæðist lifandi og önnur skilyrði bótaréttar eru fyrir hendi.

Frumvarpið tekur til líkamlegs og geðræns tjóns. Með því síðarnefnda er bæði átt við geðrænar afleiðingar líkamstjóns og hreint geðrænt tjón.

Þá falla þeir sem taka þátt í klínískum lyfjaprófunum sem ekki eru liður í sjúkdómsgreiningu eða meðhöndlun sjúkdóms undir gildissvið frumvarpsins. Sama á við um þá sem gefa líkamsvef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva og verða fyrir tjóni vegna skaðlegra eiginleika lyfja í tengslum við þá aðgerð.

Þá geta þeir sem hafa með höndum umönnun eða hjúkrun sjúklinga öðlast bótarétt samkvæmt frumvarpinu ef þeir verða fyrir tjóni af völdum skaðlegra eiginleika lyfja sem þeir meðhöndla í starfi sínu.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram takmörkun á bótarétti samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt henni taka lögin aðeins til lyfja sem dreift er hér á landi í samræmi við ákvæði lyfjalaga til notkunar eða til klínískra lyfjarannsókna.

Tjón af völdum lyfja sem keypt eru erlendis falla ekki undir lögin, jafnvel þótt þeim hafi verið ávísað af lækni, þau gefin á sjúkrahúsi eða keypt í apóteki. Það er jafnframt skilyrði fyrir bótaskyldu að lyf hafi verið afhent í apóteki eða sjúkrahúsi eða af lækni eða stjórnanda rannsóknar, sbr. 3. mgr. 1. gr. Ekki er gerð krafa um að lyf sé afhent af lækni eða stjórnanda í orðsins fyllstu merkingu heldur er gert ráð fyrir að nóg sé að það sé gert í umboði hans. Þá er gerður fyrirvari varðandi aðra sem samkvæmt landslögum á hverjum tíma hafa heimild til að afhenda lyf.

Þegar lyfseðilsskyld lyf valda tjóni er bótaábyrgð samkvæmt lögunum takmörkuð við að tjónþoli hafi fengið lyfið samkvæmt fyrirmælum læknis, þ.m.t. tannlæknis.

Um 3. gr.

Í greininni er skilgreint hvað teljist lyf samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að lyf teljist vörur sem ætlað er að fyrirbyggja, lina, meðhöndla eða lækna sjúkdóma eða sjúkdómseinkenni og sársauka eða hafa áhrif á líkamsstarfsemi. Um nánari skilgreiningu er vísað til 5. gr. lyfjalaga þegar meta skal hvort vara teljist lyf í skilningi laganna eða ekki.

Í 2.–5. mgr. koma fram nánari útlistanir á því hvaða lyf muni falla undir lögin. Í fyrsta lagi taka lögin til lyfja sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til að markaðssetja og selja gegn lyfseðli hér á landi. Ef um er að ræða lyf sem unnið er að rannsóknum á verður að liggja fyrir sérstakt leyfi Lyfjastofnunar til þeirrar rannsóknar, samkvæmt ákvæðum lyfjalaga. Í öðru lagi taka lögin til lyfja sem seld eru án lyfseðils en fengist hefur markaðsleyfi fyrir hér á landi. Í þriðja

lagi taka lögin til svokallaðra forskriftarlyfja og óskráðra lyfja sem Lyfjastofnun hefur leyft innflutning á. Lögin gilda ekki um tjón sem verður vegna mistaka við blöndun forskriftarlyfja í lyfjabúðum. Bótaábyrgð vegna slíks tjóns fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Í fjórða lagi er sérstaklega tekið fram að náttúrulyf, efni til smáskammtalækninga, vítamín o.fl. falli ekki undir lögin. Rétt er að geta þess að þetta er ekki tæmandi upptalning heldur geta fleiri lyf fallið undir lögin ef þau á annað borð uppfylla skilyrði 1. mgr. greinarinnar.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti kveðið nánar á um það í reglugerð hvaða lyf falli undir lögin.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið af skarið um það að tjón sem á óbeinan hátt má rekja til notkunar lyfs falli ekki innan gildissviðs frumvarpsins.

Samkvæmt a-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón verður af þeim sökum að lyf hefur ekki tilætlaða verkun á sjúkling. Lyf skila í fæstum tilvikum 100% árangri heldur er það iðulega svo að þótt lyf virki vel á flesta sjúklinga er oftast ákveðið prósentuhlutfall sem lyfið virkar verr á eða alls ekki. Ekki er eðlilegt að varpa ábyrgð á framleiðendur eða dreifingaraðila vegna þessa.

Samkvæmt b-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til vanrækslu eða mistaka í tengslum við ávísun lyfs eða afhendingu. Sem dæmi um þetta má nefna að læknir ávísar röngu lyfi eða rangt lyf er afgreitt í apóteki. Lögum þessum er ekki ætlað að taka á atvikum sem þessum.

Samkvæmt c-lið fellur það utan gildissviðs frumvarpsins ef tjón má rekja til þess að lyf er notað á rangan hátt. Hér er einkum átt við að lyf sé notað í of stórum eða of litlum skömmtum. Slíkt hlýtur að vera á ábyrgð einstaklinganna og fellur því utan gildissviðs frumvarpsins.

Ofangreindar takmarkanir leiða af því að frumvarpið kveður fyrst og fremst á um skaðsemisábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila lyfja eins og hún hefur verið skilgreind.

Um 5. gr.

Í greininni kemur fram að tjón af völdum aukaverkana lyfja falla undir gildissvið frumvarpsins ef þær eru umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist. Samkvæmt greininni á þetta við hvort sem um er að ræða þekktar eða óþekktar aukaverkanir eða hvort aukaverkun telst líkleg eða ekki. Í 2. mgr. eru síðan sett fram viðmiðunarsjónarmið sem nota skal við mat á því hvort aukaverkun teljist það alvarleg að hún sé umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt gat talist.

Flest lyf hafa í för með sér einhverjar aukaverkanir og almenna reglan er sú að tjón af völdum þeirra falli ekki undir gildissvið frumvarpsins. Rétt þykir hins vegar að fella undir frumvarpið tjón af völdum aukaverkana sem er umfram það sem sennilegt og fyrirsjáanlegt getur talist með tilliti til allra aðstæðna.

Í 3. mgr. er ráðherra síðan veitt heimild til að útfæra nánar hvaða tjón af völdum lyfja falla undir lögin.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram að tjón sé aðeins bætt að það teljist líklegt að tjón megi rekja til lyfjanotkunar. Með þessu ákvæði er verið að árétta að hin almennu skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu verði að vera til staðar til að bótaréttur stofnist.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að um ákvörðun bótafjárhæðar skuli fara eftir skaðabótalögunum og ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram takmörkun á rétti til bóta, en samkvæmt greininni fá þeir engar bætur sem verða fyrir minna tjóni en nemur 50 þús. kr. Þykir eðlilegt að tjónþolar beri einhverja eigin áhættu í þessum efnum. Þá aukast erfiðleikar við að meta tjón og skilja á milli bótaskyldra tjóna og annarra þegar um mjög smávægileg tjón er að ræða og því liggja hér ákveðin hagkvæmnisrök að baki. Fari tjón fram úr lágmarkinu skal bæta það upp að 5 millj. kr. án þess að draga lágmarkið frá.

Í 3. mgr. er lagt til að heilbrigðir menn sem bíða heilsutjón af læknisfræðilegum tilraunum eða við það að gefa vefi, líffæri eða líkamsvökva njóti sérstöðu þannig að bótaréttur þeirra sé ekki háður skerðingarákvæðum 2. mgr.

Af 4. mgr. leiðir að einungis þeir sem verða fyrir tjóni eða bíða tjón við andlát framfæranda geta átt rétt á bótum samkvæmt lögunum. Lyfjatjónstrygging greiðir ekki endurkröfu af hálfu aðila sem innt hefur af hendi bætur vegna tjónsatviks sem lögin taka til. Þetta hefur m.a. þau áhrif að vinnuveitandi sem hefur greitt tjónþola lög- og samningsbundið kaup í veikinda- eða slysaforföllum getur ekki krafist greiðslu úr lyfjatjónstryggingu vegna þeirra útgjalda.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að girt verði fyrir að vátryggingafélög, eða eftir atvikum Tryggingastofnun, geti endurkrafið lækni eða annan sem kann að valda tjóni af gáleysi, jafnvel þótt stórfellt sé. Með þessu er vikið frá almennum réttarreglum. Rökin að baki reglu sem þessari eru að hugsanlega gæti ótti heilbrigðisstarfsmanna við skaðabótakröfur í einhverjum tilvikum spillt eða tafið fyrir rannsókn á orsökum tjóns. Þykir nauðsynlegt að tryggja sem best að hlutaðeigandi veiti fúslega upplýsingar og aðstoð við rannsókn málsatvika.

Fullur endurkröfuréttur er jafnan fyrir hendi ef leitt er í ljós að tjóni hafi verið valdið af ásetningi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Venjulegt eða einfalt gáleysi hefur engin áhrif á bótarétt tjónþola, en það er í samræmi við almennar reglur laga um vátryggingarsamninga og laga um almannatryggingar. Almennar reglur skaðabótaréttar um eigin sök tjónþola eru hins vegar strangari í garð tjónþola því að eftir þeim getur einfalt gáleysi hans oft leitt til skerðingar bótaréttar.

Um 10. gr.

Í greininni kemur fram að það séu framleiðendur og dreifingaraðilar þeirra lyfja sem tjóni valda sem bera ábyrgðina samkvæmt frumvarpinu. Ábyrgð þessara aðila er óskipt. Vísað er til 4. gr. laga um skaðsemisábyrgð um skilgreiningu á hugtökunum framleiðandi og dreifingaraðili.

Um 11. og 12. gr.

Í 11. gr. er mælt fyrir um skyldu bótaskyldra, sbr. 10. gr., til að kaupa vátryggingu (lyfjatjónstryggingu) hjá vátryggingafélagi sem má reka vátryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisráðherra setji með reglugerð ákvæði

um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldunnar.

Í 12. gr. er síðan gert ráð fyrir því að framleiðendur og dreifingaraðilar sem ríkið á að fullu séu undanþegnir vátryggingarskyldu skv. 11. gr., þótt þeim sé heimilt að kaupa vátryggingu ef þeir kjósa að gera slíkt.

Um 13. gr.

Í greininni kemur fram nýyrði í íslensku lagamáli, „hóptjón“. Með hóptjóni er átt við lyfjatjón sem fleiri en einn verða fyrir og orsakast af sama eiginleika sama efnis í einu eða fleiri lyfjum og stafar af aukaverkunum sem ekki voru þekktar eða galla, sbr. a- og b-lið 1. mgr.

Í 2. mgr. er tekið fram að hóptjón teljist til þess árs þegar fyrsta bótakrafan kemur fram við vátryggingafélag eða Tryggingastofnun. Þetta skiptir máli þegar litið er til 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um hámark bótafjárhæða samkvæmt lögunum. Nauðsynlegt er talið að setja eitthvert hámark á bætur vegna skaðsemistjóna. Slík tjón geta í eðli sínu orðið mjög stór og umfangsmikil. Skaðlegur eiginleiki í einhverju tilteknu lyfi getur bitnað á fjölda manns og reiknað tjón getur numið háum upphæðum. Þetta gæti orðið til þess að iðgjöld trygginga yrðu óeðlilega há og illviðráðanleg fyrir bóta- og vátryggingarskylda aðila. Rétt er að taka það fram að þessar hámarksbætur takmarka ekki rétt til bóta úr hendi framleiðenda og dreifingaraðila eftir almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um skaðsemisábyrgð, en þess má geta að þar er einnig að finna ákvæði um hámarksbætur vegna tjóna sem verða vegna sama galla í sömu vöru.

Um 15. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ef þær upphæðir sem tilgreindar eru í 14. gr. nægja ekki til að fullnægja öllum kröfum skuli skerða þær hlutfallslega. Þetta á þó einungis við um ógreiddar bætur og því ljóst að þeir sem fengið hafa bætur greiddar verða ekki endurkrafnir um þær. Rétt er taka fram að bætur falla ekki niður þótt þær skerðist niður fyrir 50 þús. kr. markið skv. 2. mgr. 7. gr. enda er virt tjón 50 þús. kr. eða hærra. Til að minnka líkur á ósanngjarnri niðurstöðu er vátryggingafélagi eða Tryggingastofnun ríkisins heimilt að fresta greiðslu bóta að hluta ef sýnt þykir að skerðing sé nauðsynleg. Ljóst er að ákvæði 14. og 15. gr. geta leitt til ósanngjarnar niðurstöðu en rétt er að ítreka að aðrar bótaleiðir standa eftir sem áður opnar fyrir þá sem ekki fá fullar bætur.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að að svo miklu leyti sem tjónþoli eða eftirlifandi aðstandendur hans hafi fengið bætur eða eiga rétt á þeim samkvæmt lögunum sé ekki hægt að krefja aðra um bætur sem hugsanlega beri ábyrgð á tjóninu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins. Ákvæði þetta felur í sér að eigi menn á annað borð rétt á bótum samkvæmt lögunum beri þeim að sækja þær bætur áður en krafa er höfð upp á hendur öðrum sem hugsanlega bera skaðabótaábyrgð á tjóninu. Fáist ekki fullar bætur með þeim hætti er að sjálfsögðu heimilt að sækja þær til annarra skaðabótaskyldra aðila.

Í 2. mgr. kemur fram að regla 1. mgr. eigi ekki við þegar skaðabótaábyrgð er til staðar samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð. Þetta þýðir í raun að ef ábyrgð er til staðar bæði

samkvæmt þessum lögum og lögum um skaðsemisábyrgð hafi tjónþoli val um það á hvorum lögunum hann byggir bótakröfu sína. Mun auðveldara og ódýrara verður að sækja bætur á grundvelli lyfjatjónstryggingar ef frumvarp þetta verður að lögum og má því gera ráð fyrir að menn velji almennt þann kostinn ef báðir standa til boða.

Um 17. gr.

Í greininni kemur fram að að svo miklu leyti sem ríkið greiðir bætur í samræmi ákvæði frumvarpsins öðlist það framkröfu á hendur framleiðanda eða dreifingaraðila viðkomandi lyfs, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Framkröfurétturinn er bundinn við þau atvik sem koma fram í 3. mgr. 11. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Um 18. og 19. gr.

Í 18. og 19. gr. er fjallað um meðferð bótakrafna vegna lyfjatjónstryggingar. Meðferðin er mismunandi eftir því hvort bótaskyldur aðili hefur keypt vátryggingu eða ekki.

Bótakröfu vegna tjóns hjá aðila sem keypt hefur vátryggingu skal beina til vátryggingafélags viðkomandi sem afgreiðir kröfuna í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða og skilmála sem settir verða á grundvelli þeirra.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

Bótakröfu vegna tjóns hjá bótaskyldum aðila sem undanþeginn er vátryggingarskyldu skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að annast lyfjatjónstryggingu vegna þeirra sem bera tjón í eigin áhættu.

Kostnaður af framkvæmd Tryggingastofnunar skal greiðast úr ríkissjóði. Þá skal ráðherra setja reglugerð um starfsemi og málsmeðferð lyfjatjónstryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 21. og 22. gr.

Í 21. gr. er fjallað um málsmeðferð Tryggingastofnunar ríkisins en stofnunin skal afla gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað þeirra fyrir dómi. Þá getur stofnunin krafið heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn um gögn, m.a. sjúkraskýrslur.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldunnar og ákveður fjárhæð bóta.

Samkvæmt 22. gr. ber Tryggingastofnun ríkisins síðan að tilkynna öllum hlutaðeigandi um niðurstöðu sína og má skjóta niðurstöðunni til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á Tryggingastofnun ríkisins að taka árlega saman skýrslu til ráðherra um störf vegna lyfjatjónstryggingarinnar og geta þar eftir því sem kostur er starfsemi vátryggingafélaga vegna lyfjatjónstryggingar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakan fyrningarfrest á bótakröfum, m.a. vegna þess hversu erfitt er að ganga úr skugga um hvort skilyrði bóta er fyrir hendi löngu eftir að málsatvik gerðust.

Miðað er við sama fyrningarfrest og í lögum um skaðsemisábyrgð, enda um eðlislíka bótaábyrgð að ræða.

Ákvæðið um upphaf þriggja ára fyrningarfrestsins getur leitt til þess að tjónþoli haldi kröfu sinni miklu lengur en í þrjú ár frá því að tjónsatvik bar að höndum. Þessi tími getur þó aldrei orðið lengri en tíu ár, sbr. 2. mgr.

Almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna samkvæmt fyrningarlögum er fjögur ár, en eins og áður hefur verið minnst á er fyrningarfrestur hér miðaður við þrjú ár til samræmis við lög um skaðsemisábyrgð. Um slit fyrningar fer eftir almennum réttarreglum um fyrningu.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Rétt þykir að miða gildistöku laganna við 1. janúar 2003 og að þau taki til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma. Gera verður ráð fyrir að það taki nokkurn tíma fyrir vátryggingafélög og Tryggingastofnun að undirbúa nýja skyldutryggingu eins og þá sem hér um ræðir, eins er nauðsynlegt að ráðherra gefist tími til að setja reglugerðir um þau atriði sem honum er skylt samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. er lögð til breyting á 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga þannig að bætur samkvæmt lögum um lyfjatjónstryggingu dragist frá skaðabótakröfu.

128. Frumvarp til fjáraukalaga [128. mál]

fyrir árið 2001.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**-5.004,5**	**484,3**
Skattar á tekjur og hagnað	1.340,0	1.037,0
Tryggingagjöld	894,5	1.154,0
Eignarskattar	1.138,0	1.245,6
Skattar á vörur og þjónustu	-8.868,0	-3.383,3
Aðrir skattar	491,0	431,0
Aðrar rekstrartekjur	-1.126,1	-159,9
Sala eigna	6.000,0	-10.500,0
Fjárframlög	16,0	16,0
Tekjur samtals	**-114,6**	**-10.159,6**

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	9,4	9,4
Forsætisráðuneyti	341,5	341,5
Menntamálaráðuneyti	839,3	788,3
Utanríkisráðuneyti	89,0	89,0
Landbúnaðarráðuneyti	107,6	107,6
Sjávarútvegsráðuneyti	66,0	66,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	344,6	344,6
Félagsmálaráðuneyti	-299,5	-299,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.439,7	2.684,7
Fjármálaráðuneyti	8.657,5	5.657,5
Samgönguráðuneyti	491,2	241,2
Iðnaðarráðuneyti	85,0	85,0
Viðskiptaráðuneyti	8,0	-10,8
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	23,2	23,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.190,0	1.740,0
Gjöld samtals	**13.392,5**	**11.867,7**
Tekjujöfnuður	**-13.507,1**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs
2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-13.507,1
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	11.023,4
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-8.883,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-214,0
Handbært fé frá rekstri	**-11.580,7**

	m.kr.
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-22.185,0
Veitt löng lán	-70,0
Afborganir veittra lána	-7.850,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-12.045,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	9.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-33.150,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-44.730,7**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	33.300,0
Afborganir lána	14.650,0
Fjármögnun samtals	**47.950,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	2.500,0
Breyting á handbæru fé	**5.719,3**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

1. Í stað orðanna „allt að 27.600 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 60.900 m.kr.
2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 3.900 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 3.970 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 150 m.kr.“ í lið 2.3 kemur: allt að 220 m.kr.
3. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 2.600 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 3.100 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.6 kemur: allt að 2.100 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

Nýir liðir:

1.3 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

2.36 Að selja Háeyrarvelli 36, Eyrarbakka.

4.58 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.

6.5 Að selja rannsóknaskipið Feng RE og ráðstafa andvirðinu til þróunaraðstoðar.

6.6 Að ráðstafa eignum sjúkrahússapóteksins við Hringbraut til Sjúkrahússapóteksins ehf.
7.30 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Skipulagsstofnun ríkisins.
7.31 Að kaupa flugskýli á Egilsstaðaflugvelli
7.32 Að kaupa jörðina Víðimýri í Skagafirði.
8.23 Að heimila, með samþykki menntamálaráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi til reksturs landskerfis fyrir bókasöfn.
8.24 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2001.
8.25 Að ráðstafa söluandvirði Kísiliðjunnar hf. í þágu atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit.
8.26 Að ráðstafa helmingi af hlut ríkissjóðs í úthlutuðu eigin fé Hitaveitu Suðurnesja til Eignarhaldsfélags Suðurnesja.

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	2.340,0	2.290,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	-80,0	170,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	250,0	270,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**2.510,0**	**2.730,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-1.700,0	-2.223,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	530,0	530,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**1.340,0**	**1.037,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	754,5	952,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	140,0	202,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**894,5**	**1.154,0**
	Tryggingagjöld	**894,5**	**1.154,0**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	11,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	45,0	102,6
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	990,0	1.140,0
	Skattar á hreina eign	**1.035,0**	**1.242,6**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	193,0	193,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-90,0	-190,0
	Eignarskattar	**1.138,0**	**1.245,6**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-6.820,0	-1.630,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	60,0	85,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-120,0	-120,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-2.250,0	-2.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-20,0	-20,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-345,0	-180,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	285,0	285,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	230,0	230,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	30,0	30,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-8.950,0**	**-3.410,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-40,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	438,0	438,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-45,0	-45,0
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	-2,5	-2,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-270,5	-275,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2,0	2,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**82,0**	**26,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-8.868,0**	**-3.383,3**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	450,0	450,0
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30,0	-30,0
	Aðrir skattar	**480,0**	**420,0**
	Skatttekjur, samtals	**-5.004,5**	**484,3**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-20,0	450,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-1.035,0	-1.035,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-1.055,0**	**-585,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.374,7	703,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-2.600,0	-920,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.920,0	1.320,0
	Aðrar eignatekjur	**694,7**	**1.103,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**-360,3**	**518,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.–3. gr.) o.fl.	-455,0	-455,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-80,0	-80,0
9.1.3.17	Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs	-29,0	-29,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-39,9	-33,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-20,0	-20,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-623,9**	**-617,9**
	Ýmsar tekjur	**-623,9**	**-617,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-102,4	-80,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	5,5	65,0
	Sektir	**-96,9**	**-15,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-45,0	-45,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-1.126,1**	**-159,9**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.000,0	-10.500,0
	Sala eigna, samtals	**6.000,0**	**-10.500,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-59,0	-59,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
	Fjárframlög, samtals	**16,0**	**16,0**
	Heildartekjur samtals	**-114,6**	**-10.159,6**

Sundurliðun 2
Fjármál ríkisaðila í A-hluta

m.kr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:
1.81 Opinberar heimsóknir 7,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisstjórn 2,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

	m.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**9,4**
Greitt úr ríkissjóði	**9,4**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	20,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,7

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	300,0
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	1,3
Almennur rekstur samtals	301,3
Gjöld samtals	**301,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	301,3

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:	
1.01 Óbyggðanefnd	10,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,8

	m.kr.
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**342,8**
Greitt úr ríkissjóði	**342,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	80,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,0

02-236 Vísindasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Vísindasjóður	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.91 Háskólar, óskipt	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

m.kr.

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.14 Sérkennsla	10,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	360,0
Almennur rekstur samtals	370,0
Gjöld samtals	**370,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	370,0

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.09 Önnur verkefni	16,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,7

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	270,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	270,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	2,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
Gjöld samtals	**8,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,5

m.kr.

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,6

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.76 Menningarsjóður félagsheimila 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðleg samskipti 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 839,3
Greitt úr ríkissjóði 839,3
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 2,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,0

m.kr.

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.19 Ráðstefnur 32,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 32,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 89,0
Greitt úr ríkissjóði 89,0
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.31 Skógræktarfélag Íslands ..... -2,1
1.90 Ýmis verkefni 8,2
Almennur rekstur samtals 6,1

Gjöld samtals 6,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,1

m.kr.

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

04-311 Landgræðsla ríkisins

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,5

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.91 Loðdýrafóður 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **107,6**
Greitt úr ríkissjóði **107,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

m.kr.

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,0

Gjöld umfram tekjur ..... **-7,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -7,0

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:
1.01 Kvótaþing ..... -8,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**66,0**
Greitt úr ríkissjóði	**73,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-7,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	
06-102 Stjórnartíðindi	
Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0
06-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmislegt	6,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,2
06-201 Hæstiréttur	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,3
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma	-6,7
Almennur rekstur samtals	7,6
Gjöld samtals	**7,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	6,4
Gjöld umfram tekjur	**14,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,0

m.kr.

06-210 Héraðsdómstólar

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 140,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 49,0

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 20,0

Gjöld samtals **69,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður 13,8
1.11 Útgáfa ökuskírteina 6,0
Almennur rekstur samtals 19,8

Gjöld samtals **19,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,8

m.kr.

06-701 Biskup Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðkirkja Íslands 68,3

Stofnkostnaður:
6.26 Auðunarstofa 10,0

Gjöld samtals **78,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,3

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 2,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **344,6**
Greitt úr ríkissjóði **344,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

07 Félagsmálaráðuneyti

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 15,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 43,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 200,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -80,0

Gjöld umfram tekjur **120,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 120,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -360,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði ..... -80,0
1.41 Framlög og styrkir ..... -40,0
Almennur rekstur samtals ..... -480,0

Gjöld samtals ..... **-480,0**

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-300,0
Gjöld umfram tekjur	**-780,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-780,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	250,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis framlög	16,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-299,5**
Greitt úr ríkissjóði	**-299,5**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,1

m.kr.

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins ..... -12,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -12,8

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.15 Umönnunarbætur 30,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur ..... -10,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir 115,0
1.41 Heimilisuppbót 20,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót ..... -80,0
1.51 Uppbætur ..... -15,0
Almennur rekstur samtals 60,0

Gjöld samtals **60,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Ellilífeyrir 150,0
1.15 Örorkulífeyrir 40,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega 100,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega 400,0
1.26 Tekjutryggingarauki 350,0
1.35 Barnalífeyrir 30,0
1.41 Fæðingarorlof 80,0
Almennur rekstur samtals 1.150,0

Gjöld samtals **1.150,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.395,0
Viðskiptahreyfingar ..... -1.245,0

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.21 Hjálpartæki	30,0
1.35 Tannlækningar	-30,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	60,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-20,0
1.91 Annað	35,0
Almennur rekstur samtals	75,0
Gjöld samtals	**75,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	3,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,8

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	61,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,9

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.17 Vísindasiðanefnd	3,3
1.53 Tóbaksvarnir	7,7
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrasaltslöndunum	13,8
1.90 Ýmis framlög	1,9
Almennur rekstur samtals	26,7
Gjöld samtals	**26,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 26,7

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 36,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.15 Sjúkraflug 23,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,9

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 10,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,7

Gjöld umfram tekjur **8,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,1

m.kr.

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 1.448,7
Greitt úr ríkissjóði 2.693,7
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar ..... -1.245,0

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 5,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals 7,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,9

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkistollstjóri ..... -138,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður ..... -7,0

Gjöld samtals ..... -145,8

Sértekjur:
Sértekjur 1,4

Gjöld umfram tekjur ..... -144,4

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -144,4

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 132,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **137,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **136,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 3.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 3.000,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ..... -150,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -150,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 700,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	700,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	600,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	600,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	3.969,0
Sértekjur:	
Sértekjur	50,0
Gjöld umfram tekjur	**4.019,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.019,0

09-995 Skýrsluvélakostnaður

Stofnkostnaður:	
6.11 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi	350,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	350,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu	18,0
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	120,5
Almennur rekstur samtals	138,5
Gjöld samtals	**138,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 138,5

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **8.657,5**
Greitt úr ríkissjóði **5.657,5**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **3.000,0**

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 1,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,8

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:
1.13 Styrkir til innanlandsflugs 54,0

Stofnkostnaður:
6.10 Nýframkvæmdir 100,0

Gjöld samtals **154,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 154,0

m.kr.

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:
1.01 Flugmálastjórn 10,0
1.11 Styrkir til innanlandsflugs ..... -29,6
Almennur rekstur samtals ..... -19,6

Gjöld samtals ..... **-19,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,4
Innheimt af ríkistekjum ..... -29,0

10-472 Flugvellir

Stofnkostnaður:
6.80 Flugvellir, framkvæmdir 348,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 98,0
Viðskiptahreyfingar 250,0

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur **491,2**
Greitt úr ríkissjóði **270,2**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-29,0**
Viðskiptahreyfingar **250,0**

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 45,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 85,0
Greitt úr ríkissjóði 85,0
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

12 Viðskiptaráðuneyti

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 0,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -18,8
Viðskiptahreyfingar 18,8

	m.kr.
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**8,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-10,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**18,8**

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	2,1
1.90 Ýmis verkefni	2,0
Almennur rekstur samtals	4,1
Gjöld samtals	**4,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,1

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.02 Setur í Reykjavík	3,6
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	13,0
Gjöld samtals	**16,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,6

	m.kr.
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**23,2**
Greitt úr ríkissjóði	**23,2**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.190,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.740,0
Viðskiptahreyfingar	-550,0
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**1.190,0**
Greitt úr ríkissjóði	**1.740,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-550,0**

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta

		m.kr.
01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	330,1
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	355,0
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	49,0
	Samtals	**734,1**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	50,0
	Samtals	**50,0**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	16,6
	Samtals	**16,6**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta óta.	10,0
	Samtals	**10,0**
Almenn opinber þjónusta samtals		**810,7**

		m.kr.
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	88,8
	Samtals	**88,8**
03.2	Dómstólar	163,0
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	153,7
Löggæsla og öryggismál samtals		**405,5**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	370,0
	04.2.2 Sérskólastig	16,7
	Samtals	**386,7**
04.3	Æðra skólastig	
	04.3.1 Háskólastig	410,0
	Samtals	**410,0**
Fræðslumál samtals		**796,7**
05.	**Heilbrigðismál**	
05.1	Sjúkrahúsaþjónusta	
	05.1.2 Sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	36,0
	Samtals	**36,0**
05.2	Heilsugæsla	
	05.2.1 Almenn heilsugæsla	35,0
	05.2.2 Sérstæð heilsugæsla	61,9
	05.2.3 Tannlæknisþjónusta	-30,0
	Samtals	**66,9**
05.4	Lyf og hjálpartæki	30,0
05.6	Önnur heilbrigðismál	129,6
Heilbrigðismál samtals		**262,5**
06.	**Almannatryggingar og velferðarmál**	
06.1	Almannatryggingar	
	06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	310,0
	06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	1.100,0
	06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-780,0
	06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	30,0
	06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	600,0
	Samtals	**1.260,0**

		m.kr.
06.2	Velferðarmál	
	06.2.3 Málefni fatlaðra	51,5
	06.2.6 Önnur velferðarþjónusta, óta.	3,2
	Samtals	**54,7**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals		**1.314,7**
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.2 Skipulagsmál	17,4
	Samtals	**17,4**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**17,4**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.2 Söfn, listir ofl.	17,6
	08.0.4 Kirkjumál	80,6
	Samtals	**98,2**
Menningarmál samtals		**98,2**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.2	Orkumál	
	09.2.3 Orkumál, óta.	10,0
	Samtals	**10,0**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**10,0**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.1 Jarðræktarmál	4,5
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	45,0
	10.1.5 Dýralæknisþjónusta	52,0
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	6,1
	Samtals	**107,6**
10.3	Sjávarútvegsmál	
	10.3.3 Tekju- og verðlagsmál sjávarafurða	-15,0
	10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	50,0
	10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	31,0
	Samtals	**66,0**
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals		**173,6**

		m.kr.
11.	**Iðnaðarmál**	
11.2	Iðnaðarstarfsemi	45,0
	Iðnaðarmál samtals	**45,0**
12.	**Samgöngumál**	
12.1	Landsamgöngur	
	12.1.1 Vega- og gatnagerð	100,0
	Samtals	**100,0**
12.4	Loftsamgöngur	
	12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	382,4
	Samtals	**382,4**
12.7	Önnur samgöngumál	5,8
Samgöngumál samtals		**488,2**
13.	**Önnur útgjöld vegna atvinnuvega**	
13.4	Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	18,0
13.5	Almenn launa- og atvinnumál	120,0
13.6	Önnur atvinnumál	30,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals		**168,0**
14.	**Önnur útgjöld ríkissjóðs**	
14.0	Önnur útgjöld ríkissjóðs	
	14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	1.190,0
	14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	43,0
	14.0.3 Önnur þjónusta	7.569,0
	Samtals	**8.802,0**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals		**8.802,0**
Heildargjöld samtals		**13.392,5**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta

	m.kr.
Rekstrargjöld	
Laun	4.049,6
Lífeyrisskuldbindingar	3.000,0
Önnur gjöld	1.484,9

	m.kr.
Sértekjur	-333,3
Rekstrargjöld samtals	**8.201,1**
Fjármagnskostnaður	**1.190,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Lífeyristryggingar	1.150,0
Vaxtabætur	600,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	270,0
Fæðingarorlof	250,0
Ábyrgðasjóður launa	200,0
Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	120,5
Sjúkratryggingar	75,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	60,0
Styrkir til innanlandsflugs	54,0
Þróunaraðstoð	50,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	-480,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	887,2
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**3.236,7**
Viðhald	**47,5**
Fjárfesting	
Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi	350,0
Flugvellir	348,0
Vegagerð	100,0
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-150,0
Annað	69,1
Fjárfesting samtals	**717,1**
Gjöld samtals	**13.392,4**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2001

		Sjóðs-hreyfingar m.kr.
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	
	Sveinsbréf	-2,5
	Greitt úr ríkissjóði	-2,5
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**	
	Sérstakur eignaskattur, einstaklingar	52,6
	Sérstakur eignarskattur, lögaðilar	140,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Skerðing markaðra tekna	192,6

		m.kr.
05-204	**Fiskistofa**	
	Tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
05-211	**Kvótaþing**	
	Þóknun Kvótaþings fyrir skráningu á kvótatilboðum	-8,0
	Greitt úr ríkissjóði	-8,0
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Vinnueftirlits ríkisins	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	3,0
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0
	Greitt úr ríkissjóði	120,0
	Viðskiptahreyfing	-109,0
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	202,0
	Greitt úr ríkissjóði	-780,0
	Viðskiptahreyfing	982,0
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Hluti Fæðingarorlofssjóðssjóðs í almennu tryggingargjaldi	78,0
	Greitt úr ríkissjóði	250,0
	Viðskiptahreyfing	-172,0
08-204	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	870,0
	Greitt úr ríkissjóði	870,0
10-211	**Vegagerðin**	
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald	368,0
	Þungaskattur, fast árgjald	70,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0
	Viðskiptahreyfing	338,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	1,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	1,0

		m.kr.
12-302	**Löggildingarstofa**	
	Eftirlitsgjald vottunaraðila rafrænna undirskrifta	2,0
	Greitt úr ríkissjóði	2,0
	Heildartekjur	**1.790,1**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**554,5**
	Mismunur	**1.235,6**
	Þar af skerðing	**192,6**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**1.043,0**

Séryfirlit 4
Aðrar rekstrartekjur stofnana 2001

		Sjóðs-hreyfingar m.kr.
05-210	**Sjóður til síldarrannsókna**	
	Vaxtatekjur sjóðs til síldarrannsókna	-7,0
10-471	**Flugmálastjórn**	
	Flugleiðsöguþjónusta vegna innanlandsflugs	-20,0
	Veðurþjónustugjald vegna innanlandsflugs	-9,0
	Heildartekjur	**-36,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**0,0**
	Mismunur	**-36,0**
	Þar af skerðing	**0,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**0,0**

Séryfirlit 5
Lögbundin framlög 2001

		Sjóðs-hreyfingar m.kr.
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	43,0
	Greitt úr ríkissjóði	43,0
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	7,7
	Greitt úr ríkissjóði	7,7
	Lögbundin framlög alls	**50,7**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**50,7**
	Mismunur, skerðing	**0,0**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2001. Tillögurnar eru í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu. Tekið er tillit til nýrrar lagasetningar, ófyrirséðra útgjalda og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld.

Endurskoðaðar afkomuhorfur árið 2001. Fjárlög ársins 2001 voru afgreidd með 33,9 milljarða króna tekjuafgangi. Heildartekjur voru áætlaðar 253 milljarðar og útgjöld 219,2 milljarðar. Lánsfjárafgangur var áætlaður 38,7 milljarðar og byggði meðal annars á þeirri forsendu að tekjur af sölu eigna yrðu 18 milljarðar á árinu. Nú hafa áætlanir um tekjur og gjöld verið endurmetnar í ljósi þróunar efnahagsmála, gengisbreytinga og áhrifa nýrra kjarasamninga við starfsmenn ríkisins.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	253,0	253,0	0,0
Gjöld	219,2	232,0	12,8
Rekstrarafkoma	**33,8**	**21,0**	**-12,8**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-24,7	-23,4	1,3
Handbært fé frá rekstri	**9,1**	**-2,4**	**-11,5**
Fjármunahreyfingar	29,6	-3,6	-33,2
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38,7**	**-6,0**	**-44,7**

Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað áætlanir um afkomu ríkissjóðs í ljósi upplýsinga um framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu og miðað við horfur til ársloka. Er nú áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs lækki um tæplega 13 milljarða króna frá fjárlögum og verði 21 milljarður árið 2001. Lánsfjárafgangur, áður en lagt er til viðbótarframlag í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, minnkar enn meira og er áætlað að hann verði neikvæður um 6 milljarða. Auk minni tekjuafgangs, sem leiðir til minna handbærs fjár frá rekstri, er gert ráð fyrir að leggja 9 milljarða króna stofnframlag til Seðlabanka Íslands og fyrirhuguð kaup á hlut sveitarfélaga í Orkubúi Vestfjarða skýra 2,8 milljarða lækkun lánsfjárafgangs. Þá verður ekki af 8 milljarða króna endurgreiðslu á lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og áætlað var. Innlausn spariskírteina fyrir gjalddaga var meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Loks fer eignasala ríkisins það seint fram á árinu að gert er ráð fyrir að rúmlega 21 milljarður króna af heildarsölutekjum færist yfir á næsta ár og kemur til hækkunar á lánsfjárafgangi þess árs.

Athygli er vakin á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um og áætlaðrar afkomu ríkissjóðs á árinu. Stafar það af því að bæði eru ónýttar fjárheimildir fluttar til næsta árs og umframútgjöld ýmissa stofnana verða dregin frá fjárheimildum ársins. Gert er ráð fyrir að nokkuð af stofnkostnaðarheimildum til vegagerðar verði ekki nýttar á árinu 2001. Á móti koma ónýttar skuldir stofnana frá árinu 2000. Nánari grein er gerð fyrir þeim breytingum í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 1999 sem lagt verður fram innan skamms.

Hér á eftir verður fjallað um breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög ársins 2001.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur ríkissjóðs árið 2001. Í upphafi er farið yfir helstu niðurstöður samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir árið en síðan er fjallað stuttlega um helstu frávik frá fjárlögum ársins 2001. Þessi umfjöllun miðast við rekstrargrunn sem sýnir álagðar tekjur fyrir viðkomandi ár án tillits til þess hvenær þær innheimtast.

Tekjuhorfur 2001. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 gætu numið tæplega 253 milljörðum króna. Þessi áætlun var byggð á niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 2000, spá Þjóðhagsstofnunar og áætlun fjármálaráðuneytisins um þróun helstu hagstærða á árinu 2001. Þessar forsendur hafa breyst í ýmsum veigamiklum atriðum. Annars vegar sýna niðurstöðutölur ríkisreiknings nokkuð aðra útkomu en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar fjárlaga þótt heildartölur séu nálægt lagi. Hér munar mestu að afskriftir skatta nær þrefölduðust milli ára, meðal annars vegna breyttra viðmiðana. Hins vegar hefur þróun efnahagsmála vikið umtalsvert frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í fjárlögum. Þannig hefur innlend eftirspurn dregist meira saman en þar var gert ráð fyrir. Mestu munar um samdrátt í neyslu heimilanna, sem einkum birtist í minni innflutningi, auk þess sem fjárfesting er talin dragast meira saman en spáð var. Á móti vegur aukinn útflutningur.

Á grundvelli endurskoðaðrar tekjuáætlunar má gera ráð fyrir að hagvöxtur verði nálægt 1½% á árinu 2001. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 2002 kemur fram að Þjóðhagsstofnun áætlar að hagvöxtur á árinu 2001 verði heldur meiri, eða 1,9%. Munur á mati fjármálaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar felst fyrst og fremst í mismunandi mati á þróun einkaneyslunnar þar sem Þjóðhagsstofnun reiknar með 1% samdrætti, en fjármálaráðuneytið telur að samdrátturinn verði heldur meiri, eða nær 2%, miðað við það sem lesa má út úr þróun skatttekna það sem af er árinu. Þessu til viðbótar er Þjóðhagsstofnun heldur bjartsýnni á þróun útflutnings á þessu ári.

	Spá ÞHS í des. 2001	Áætlun FJR 2001	Frávik frá fjárlögum
Einkaneysla	1,7	-2,0	-3,7
Samneysla	3,0	3,5	0,5
Fjárfesting	-2,6	-5,0	-2,4
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	0,9	-2,2	-3,1
Útflutningur vöru og þjónustu	0,0	4,0	4,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,2	-6,0	-4,8
Landsframleiðsla	1,6	1,5	-0,1
Ráðstöfunartekjur á mann	6,3	6,5	0,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	0,5	0,0	-0,5
Vísitala neysluverðs	5,8	6,5	0,7

Við endanlega afgreiðslu á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2001 var stuðst við spá Þjóðhagsstofnunar í meginatriðum. Þó var miðað við lægri verðbólguspá, eða 4,5%, sem var meira í takt við verðbólguspár flestra stofnana á fjármálamarkaði. Hin mikla lækkun á gengi krónunnar hefur hins vegar raskað öllum fyrri verðlagsforsendum. Verðbólguspá ráðuneytisins byggði á þeirri hefðbundnu forsendu að gengi krónunnar héldist óbreytt á þessu ári. Reyndin hefur hinsvegar orðið sú að meðalgengi krónunnar á árinu 2001 er nú talið verða um 10% lægra en reiknað var með í árslok 2000. Það er því ekki að undra að verðbólgan hafi

orðið meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2001. Sú staðreynd að meðalhækkun neysluverðs 2000–2001 er nú talin verða um 6½%, eða aðeins 2% umfram áætlun fjárlaga þrátt fyrir hina miklu lækkun á gengi krónunnar, sýnir áhrif breyttra aðstæðna og aukinnar samkeppni í efnahagslífinu til þess að halda aftur af verðlagshækkunum.

Breyttar efnahagsforsendur hafa orðið til þess að veikja tekjuáætlun ríkissjóðs og eru skatttekjur nú taldar verða 5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Hér skiptir þó nokkuð í tvö horn. Annars vegar lækka veltuskattar umtalsvert, bæði vegna minni eftirspurnar og eins vegna aukinna skattafskrifta, einkum í virðisaukaskatti. Hins vegar hækka tekju- og eignarskattar einstaklinga nokkru meira en áætlað var sem fyrst og fremst má rekja til meiri tekju- og eignabreytinga. Tekjuskattur lögaðila er þó talinn verða nokkru lægri vegna lakari afkomuhorfa á síðasta ári en áður var áætlað. Á móti minni skatttekjum vegur að nú er gert ráð fyrir að sala eigna skili mun meiri tekjum en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Að öllu samanlögðu er því talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 geti numið 253 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og reiknað var með í fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Frávik frá fjárlögum %
I Skatttekjur	**217.126**	**212.121**	**-5.005**	**-2,3**
Skattar á tekjur og hagnað	63.207	64.547	1.340	2,1
Einstaklingar	51.250	53.760	2.510	4,9
Lögaðilar	9.700	8.000	-1.700	-17,5
Ótalið annars staðar	2.257	2.787	530	23,5
Tryggingagjöld	20.204	21.099	895	4,4
Eignarskattar	10.686	11.824	1.138	10,6
Skattar á vörur og þjónustu	122.464	113.596	-8.868	-7,2
Virðisaukaskattur	82.220	75.400	-6.820	-8,3
Vörugjöld	25.359	22.684	-2.675	-10,5
Aðrir sértækir veltuskattar	6.816	7.361	545	8,0
Bifreiðaskattar	6.992	7.390	398	5,7
Aðrir skattar	565	1.056	491	87,0
II Aðrar rekstrartekjur	**19.612**	**18.486**	**-1.126**	**-5,7**
Arðgreiðslur og leigutekjur	1.978	923	-1.055	-53,3
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	12.472	13.167	695	5,6
Neyslu- og leyfisgjöld	4.438	3.814	-624	-14,1
Annað	724	582	-142	-19,6
III Sala eigna	**15.516**	**21.516**	**6.000**	**38,7**
V Fjárframlög	**809**	**825**	**16**	**2,0**
Heildartekjur ríkissjóðs	**253.063**	**252.949**	**-115**	**0,0**
Sjóðshreyfing	**235.735**	**225.576**	**-10.160**	**-4,3**

Skattar á tekjur og hagnað. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga skili tæplega 54 milljörðum króna í tekjur á árinu 2001, eða 2½ milljarði umfram fjárlagaáætlun. Þetta frávik má fyrst og fremst rekja til meiri launahækkana. Tekjur af fjármagnstekjuskatti eru taldar geta numið 6½ milljarði króna, eða tæplega 1 milljarði umfram áætlun sem nær alfarið má rekja til áforma um aukna sölu eigna og aukinnar greiðslu fjármagnstekjuskatts af ríkissjóði þess vegna. Tekjuskattar lögaðila eru hins vegar taldir verða rúmlega milljarði lægri en áður var áætlað vegna lakari afkomu fyrirtækja á árinu 2000. Þessi áætlun er nokkuð óviss og verður endurskoðuð þegar álagning liggur fyrir í haust. Í heild er því áætlað að skattar á tekjur og hagnað skili rúmlega 1½ milljarði króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld skili heldur meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun sem, líkt og gildir um tekjuskattana, má rekja til meiri launabreytinga. Endurskoðuð áætlun sýnir hækkun úr 20,3 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum í rúmlega 21 milljarð.

Eignarskattar. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að eignarskattar muni, þegar á heildina er litið, skila um það bil einum milljarði króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða 11,8 milljörðum króna. Í ljósi þróunar tekna innan árs 2001 er ljóst að rekstrargrunnur fjárlaga er vanmetinn.

Skattar á vöru og þjónustu. Almennir veltuskattar eru taldir munu skila umtalsvert minni tekjum en fjárlagaáætlun gerði ráð fyrir. Mest munar um minni tekjur af virðisaukaskatti sem lækka úr 82,2 milljörðum króna frá fjárlögum í 75,4 milljarða samkvæmt endurskoðaðri áætlun, eða um tæplega 7 milljarða króna. Eins og áður hefur komið fram má rekja meginskýringu þessa fráviks, eða um 5 milljarða, til mikillar lækkunar álagningarstofns virðisaukaskatts vegna stóraukinna skattaafskrifta í ríkisreikningi ársins 2000. Auk þess hefur þróun efnahagsmála verið með öðrum hætti en áður var gert ráð fyrir og samdráttur í innlendri eftirspurn verið meiri. Jafnframt hefur um það bil 40% samdráttur í bifreiðainnflutningi á árinu leitt til samsvarandi lækkunar á innheimtu vörugjalda af bifreiðainnflutningi.

Aðrar tekjur. Af öðrum tekjuliðum má nefna að arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum hafa almennt lækkað, bæði frá árinu 2000 og eins frá áætlun fjárlaga, sem endurspeglar versnandi afkomu þessara fyrirtækja, líkt og fyrirtækja á almenna markaðinum. Vaxtatekjur eru einnig undir fjárlagaáætlun. Þar skiptir hins vegar í tvö horn. Annars vegar leiðir versnandi greiðslustaða gagnvart Seðlabanka til minni vaxtatekna. Á móti vega meiri verðlagshækkanir og áhrif gengislækkunar krónunnar. Loks má nefna að nú er gert ráð fyrir að söluhagnaður eigna skili 6 milljörðum króna meiri tekjum í ríkissjóð en reiknað var með í áætlun fjárlaga.

Niðurstaða endurskoðaðrar áætlunar 2001. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs verði 5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Heildartekjur ríkissjóðs eru hins vegar taldar geta numið 253 milljörðum króna, eða svipaðri fjárhæð og í fjárlögum, og gætir þar fyrst og fremst aukinna tekna vegna sölu ríkiseigna.

2 Gjöld A-hluta

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinu við önnur ráðuneyti lagt mat á fjárvöntun til einstakra verkefna og stofnana og farið yfir til efni til aukinna fjárveitinga í fjáraukalögum. Að venju var miðað við að í fjáraukalögum verði bætt ófyrirséð útgjöld, áhrif kjarasamninga, breytingar á gengi og endurskoðun almannatrygginga. Einnig eru lagðar til breytingar vegna nýrrar lagasetningar á árinu og tekið tillit til nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Loks er lagt til að rekstrarhalli nokkurra stofnana verði gerður upp og er það í þeim tilvikum að gripið hefur verið til aðgerða til að tryggja að rekstur verði framvegis innan fjárheimilda í samræmi við reglur um framkvæmd fjárlaga.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir verði samtals hækkaðar um 13,4 milljarða króna, þar af eru launa-, lífeyris- og gengisbreytingar 7 milljarðar eða sem nemur 3,2% af útgjöldum fjárlaga. Aðrar breytingar eru 6,5 milljarðar, eða 3% af útgjöldum fjárlaga 2001. Þar af eru útgjöld almannatrygginga 1,3 milljarðar, vaxtagjöld ríkisins 1,2 milljarðar, fjármagnstekjuskattur af söluhagnaði eigna 700 m.kr. og vaxtabætur 600 m.kr. Aðrar breytingar eru samtals 2,6 milljarðar nettó og eru skýrðar í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

Rekstrarkostnaður verður samkvæmt frumvarpinu 8,2 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Þar af skýra kjarasamningar 3,2 milljarða króna, lífeyrisskuldbindingar 3 milljarða og gengisbreytingar 0,2 milljarða. Útlit er fyrir að rekstur stofnana verði 300–400 m.kr. umfram heimildir fjárlaga og verður stærsti hluti þess færður yfir áramót og stofnunum gert að ná jafnvægi í rekstrinum á lengri tíma en einu ári. Aðrar helstu breytingar á rekstrarkostnaði eru 700 m.kr. í aukinn fjármagnstekjuskatt sem ríkissjóður greiðir af söluhagnaði eigna, 300 m.kr. kostnaður vegna undirbúnings á sölu ríkisfyrirtækja, 230 m.kr. til að ljúka kennslu í í framhaldsskólum í kjölfar verkfalls kennara, 140 m.kr. vegna aukins málskostnaðar í opinberum málum og 100 m.kr. til endurskipulagningar stjórnunarstarfa í framhaldsskólum.

Neyslu- og rekstrartilfærslur aukast um 3,4 milljarða frá fjárlögum. Þar af eru 950 m.kr. gengisbreytingar og 280 m.kr. launabætur á tilfærsluframlög aðallega til hjúkrunarheimila. Á móti falla niður 600 m.kr. af launa og verðlagslið. Nettó hækkun vegna launa- og gengisbreytinga er því 630 m.kr. Helstu breytingar eru hækkun framlaga til almannatrygginga um 1,3 milljarða króna, vaxtabætur 600 m.kr., framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 270 m.kr., útgjöld Fæðingarorlofssjóðs 250 m.kr. og framlög til Ábyrgðasjóðs launa 200 m.kr. loks má nefna 120 m.kr. vegna kostnaðar í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi árið 2000. Á móti lækka útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs um 480 m.kr. vegna minna atvinnuleysis en forsendur fjárlaga byggðu á. Aðrar breytingar eru minni.

Rekstrargrunnur	Fjárlög 2001 m.kr.	Áætlun 2001 m.kr.	Breyt. frá fjárlögum m.kr.	Breyt. frá fjárlögum %
Rekstrargjöld				
Laun	63.380	66.206	2.826	4,5
Lífeyrisskuldbindingar	6.535	9.535	3.000	45,9
Önnur gjöld	33.499	36.142	2.642	7,9
Sértekjur	-11.243	-11.623	-380	3,4
Rekstrargjöld samtals	**92.172**	**100.260**	**8.088**	**8,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur				
Lífeyristryggingar	19.220	20.370	1.150	6,0
Sjúkratryggingar	11.301	12.201	900	8,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	6.990	6.990	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	5.855	5.989	134	2,3
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	5.800	5.800	0	0,0
Vaxtabætur	3.885	4.485	600	15,4
Barnabætur	4.430	4.430	0	0,0
Daggjaldastofnanir	4.055	4.355	300	7,4
Fæðingarorlofssjóður	2.369	2.619	250	10,6
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.150	2.420	270	12,6
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.410	2.410	0	0,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.284	1.924	-360	-15,8
Ríkisútvarpið	1.625	1.625	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	16.175	16.398	223	1,4
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**88.548**	**92.015**	**3.467**	**3,9**
Fjármagnskostnaður	**16.200**	**17.390**	**1.190**	**7,3**
Viðhald				
Vegagerðin	4.228	4.228	0	0,0
Annað	1.204	1.204	0	0,0
Viðhald samtals	**5.432**	**5.432**	**0**	**0,0**
Fjárfesting				
Vegagerðin	5.955	5.655	-300	-5,0
Háskólar og framhaldsskólar	1.475	1.475	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir	1.384	1.384	0	0,0
Hafnarframkvæmdir	1.293	1.293	0	0,0
Flugvellir	613	861	248	40,5
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	560	560	0	0,0
Annað	5.533	5.976	443	8,0
Fjárfesting samtals	**16.813**	**17.204**	**391**	**2,3**
Gjöld samtals	**219.164**	**232.300**	**13.136**	**6,0**

Fjármagnskostnaður er áætlaður 1.190 m.kr. hærri en í fjárlögum 2001 og munar þar mestu um gjaldfærða vexti af inneign atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa af mörkuðum tekjum sem hækka um 685 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Þá hækkar innlendur lántökukostnaður um tæplega 300 m.kr. vegna þóknunar fyrir viðskiptavakakerfi ríkisverðbréfa. Aðrar breytingar eru minni og nettast áhrif gengisbreytinga á erlendum lánum nánast út á móti lægri erlendum vöxtum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er 765 m.kr. umfram áætlun fjárlaga 2001. Þar af eru 350 m.kr. til endurnýjunar á fjárhagskerfum ríkisins í samræmi við niðurstöður útboðs, 250 m.kr. til að flýta framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll samkvæmt samningi við verktaka, 108 m.kr. hækkun á framlagi til samræmis við flugmálaáætlun árið 2000 og 100 m.kr. til nýframkvæmda í vegagerð m.a. í ljósi verðbreytinga á árinu. Á móti kemur að heimildarliður er lækkaður um 150 m.kr. Aðrar breytingar eru minni.

Nánar er fjallað um útgjöldin í athugasemdum við einstaka fjárlagaliði.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármögnun ríkissjóðs, ríkisyfirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tölulið 3. gr. frumvarpsins er farið fram á að bein lánsfjárheimild ríkissjóðs hækki úr 27.600 m.kr. í 60.900 m.kr., eða um 33.300 m.kr. Skýringarnar á því að sótt er um hækkun lántöluheimildar A-hluta ríkissjóðs eru: Í fyrsta lagi 25 milljarða króna lán sem tekið er í samræmi við yfirlýsingu frá í júní í ár og varið yrði til að efla erlenda stöðu Seðlabanka Íslands auk þess að auka stofnfé bankans. Í öðru lagi er um að ræða erlendar lántökur sem varið er til endurfjármögnunar á erlendum lánum ríkissjóðs.

Í 2. tölulið 3. gr. er farið fram á að lántöluheimild Alþjóðaflugþjónustunnar hækki um 70 m.kr. og verði 220 m.kr. Er hækkunin alfarið vegna gengisbreytinga og fer til að standa undir endurfjármögnun eldri lána og aukins kostnaðar við fjárfestingar. Ríkissjóður endurlánar fé til Alþjóðaflugþjónustunnar og aukast því endurlán ríkissjóða um 70 m.kr.

Í 3. tölulið 3. gr. er farið fram á að veittar ríkisábyrgðir hækki um 800 m.kr. Annars vegar er um að ræða hækkun á lántökuheimild Íbúðalánasjóðs um 500 m.kr. vegna viðbótarlána og hins vegar er 300 m.kr. aukin lántökuheimild til Lánasjóðs landbúnaðarins. Skýring á auknum viðbótarlánum felst í auknum umsóknum sveitarfélaga, en lánin eru veitt á ábyrgð sveitarfélaga og koma til viðbótar almennum húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Er varasjóði í eigu og ábyrgð sveitarfélaganna ætlað að standa undir hugsanlegum útlánatöpum sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna lánanna. Greiða sveitarfélögin 5% af hverju viðbótarláni í sjóðinn, en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 var einnig gert ráð fyrir að gerðir yrðu samningar á milli Íbúðalánasjóðs og viðkomandi sveitarfélaga um skuldabréfaábyrgð sem nemi heildarupphæð lánanna.

Hækkun á lántökuheimild Lánasjóðs landbúnaðarins er leiðrétting á fjárþörf sjóðsins. Villa í hugbúnaði olli vanmati á lánsfjárþörf sjóðsins sem lögð var til grundvallar í fjárlögum.

Í milljónum króna	Fjárlög 2001	Áætlun 2001	Breyting frá fjárlögum m.kr.
Handbært fé frá rekstri	**9.169**	**-2.412**	**-11.581**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-400	-22.585	-22.185
Veitt löng lán	-3.900	-3.970	-70
Afborganir veittra lána	15.650	7.800	-7.850
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-300	-12.345	-12.045
Sala hlutabréfa og eignarhluta	18.500	27.500	9.000
Fjármunahreyfingar samtals	**29.550**	**-3.600**	**-33.150**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.719**	**-6.012**	**-44.731**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	6.000	6.000	0
Tekin löng lán	21.600	54.900	33.300
Afborganir af teknum lánum	-36.800	-22.150	14.650
Fjármögnun samtals	**-9.200**	**38.750**	**47.950**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-15.000	-12.500	2.500
Breyting á handbæru fé	**14.519**	**20.238**	**5.719**

Eins og fram kemur í inngangi frumvarpsins lækkar tekjuafgangur ríkissjóðs um 13 milljarða frá því sem er í fjárlögum 2001. Lækkun tekjuafgagns skýrir 11,6 milljarða rýrnum handbærs fjár frá rekstri í sjóðstreymi ríkissjóðs. Þar til viðbótar skila fjármunahreyfingar 33,2 milljörðum minna en ráðgert var í fjárlögum. Þar af er stærsti hlutinn eða ríflega 21 milljarður vegna þess að áætlað er að stærsti hluti af söluandvirði eigna í lok þessa árs innheimtist á næsta ári. Þá verður ekki af 8 milljarða króna endurgreiðslu á lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og til stóð, en á móti skila önnur veitt lán 150 m.kr. hærri afborgunum í ríkissjóð. Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög eru um 12 milljörðum króna hærri en áætlað var í fjárlögum og skýrist það af þremur tilefnum: Í fyrsta lagi er lagt til að greitt verði 9 milljarða króna stofnframlag til að auka eigið fé Seðlabanka Íslands. Í öðru lagi er í samræmi við heimild í 7. gr. fjárlaga 2001 lagt til að ráðstafað verið allt að 2,8 milljörðum til að kaupa hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða. Í þriðja lagi er lagt til að greidd verði samtals 145 m.kr. stofnframlög til atvinnumála. Annars vegar er um að ræða söluandvirði Kísiliðjunnar, 50 m.kr., sem verði ráðstafað til atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit og hins vegar að 95 m.kr. af innborgun af eigin fé ríkissjóðs í Hitaveitu Suðurnesja verði ráðstafað til Eignarhaldsfélags Suðurnesja. Loks er gert ráð fyrir að söluandvirði eigna í árslok verði 9 milljörðum hærra en áætlað er í fjárlögum og nemi samtals 27,5 milljörðum.

Eins og nánar er rakið að ofan er lagt til að lántökur ríkissjóðs verði auknar um 33 milljarða frá fjárlögum og afborganir af veittum lánum verði 14,7 milljörðum minni en til stóð. Þá verði 12,5 milljarða aukaframlög greidd til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í stað 15 milljarða. Samtals batnar því staða ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands um rúmlega 20 millj-

arða frá upphafi til loka árs, sem er tæplega 6 milljörðum umfram það sem áætlað er í fjárlögum 2001.

4 Heimildir

Sótt er um níu nýjar heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að ein heimild er til eftirgjafar gjalda, ein til sölu húsnæðis, ein til sölu á lóðum og jörðum, tvær til ráðstöfunar á eignum, þrjár til kaupa á fasteignum og ein til þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi.

Sótt er um heimild til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar. Heimildin er til komin vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila og er reiknað með að hún standi yfir um nokkurra ára skeið. Rannsóknin hófst á þessu ári og er því sótt um heimild í fjáraukalögum vegna þess kostnaðar.

Heimild 2.36 er til komin vegna sölu á embættisbústað forstöðumanns fangelsisins á Litla-Hrauni en forstöðumaðurinn leysir húsnæðismál sín nú með öðrum hætti og hefur hætt notum á bústaðnum.

Heimild 4.58 er vegna sölu eða leigu á svokölluðu neðra Nikkelsvæði en það svæði hefur verið á forræði varnarliðsins vegna starfsemi þess en verður bráðlega skilað á ný til íslenskra stjórnvalda að lokinni hreinsun.

Heimildir 6.5 skýrir sig að mestu sjálf en hún er til komin vegna rannsóknarskipsins Fengs RE og er sótt um heimild til að ráðstafa söluandvirði til þróunaraðstoðar í stað þess að ráðstafa skipinu sjálfu í þessum tilgangi eins og fyrirhugað var. Heimild 6.6 er til komin vegna skipulagsbreytinga eftir að ríkissjóður tók yfir rekstur Borgarspítalans í Fossvogi. Í þeim viðskiptum fylgdi Sjúkrahúsapótekið ehf. og er sótt um að hlutafélagið reki einnig apótek Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut og eignum apóteksins verði því ráðstafað til félagsins.

Heimildir 7.30–7.32 eru vegna kaupa á fasteignum. Þröngt hefur verið um Skipulagsstofnun að Laugavegi 166 og er sótt um heimild til kaupa hluta af Laugavegi 164 en ríkissjóður á nú þegar helming þess. Auðvelt er að opna á milli þessara tveggja eignarhluta. Heimild 7.31 er vegna óska Flugmálastjórnar um að kaupa flugskýli á Egilsstaðarflugvelli til að nota sem geymslu fyrir búnað sem nauðsynlegur er við rekstur flugvallarins. Heimild 7.32 er vegna kaupa á jörðinni Víðimýri í Skagafirði en lagt hefur verið til að Víðimýrarkirkja sem stendur á jörðinni verði skráð á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Heimild 8.23 er til komin vegna áforma um að stofna hlutafélag um rekstur landskerfis fyrir bókasöfn með það að markmiði að öll bókasöfn hérlendis verði í einu kerfi. Með heimild 8.24 er farið fram á að ríkissjóður leggi fram 9 milljarða stofnframlag til Seðlabanka Íslands sem er í samræmi við yfirlýsingu frá miðju ári í kjölfar nýrrar lagasetningar um bankann. Farið er fram á í heimild 8.25 að lagt verði fram 50 m.kr. stofnframlag til atvinnusköpunar í Mývatnssveit, eða sem nemur söluandvirði Kísiliðjunnar h.f. Loks er undir tölulið 8.25 farið fram á heimild til að leggja fram stofnframlag til Eignarhaldsfélags Suðurnesja. Er framlagið miðað við allt að helmingi þeirrar inngreiðslu sem kom í hlut ríkissjóðs af eigin fé fyrirtækisins við formbreytingu þess, eða 95 m.kr.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar verði hækkuð um 9,4 m.kr., þar til viðbótar eru 35,3 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Embætti forseta Íslands.

1.81 Opinberar heimsóknir. Lögð er til aukafjárveiting að fjárhæð 7 m.kr. til að mæta kostnaði vegna aukinna umsvifa í rekstri embættisins árið 2000, sem stöfuðu einkum af atburðum tengdum hátíðarhöldum og opinberum heimsóknum.

301 Ríkisstjórn.

1.01 Ríkisstjórn. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. viðbótarfjárveitingu á þennan fjárlagalið vegna breytinga í starfsliði aðstoðarmanna ráðherra og vegna ráðherraskipta.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 341,5 m.kr., þar til viðbótar eru 26,4 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 20,7 m.kr. viðbótarfjárveitingu til skrifstofunnar vegna aukins rekstrarkostnaðar hennar í ár og í fyrra. Kostnað á árinu 2000 má rekja til aukinna umsvifa í tengslum við tímabundin verkefni, m.a. vegna 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi, til að minnast árþúsundanna og landafundanna í vesturheimi og vegna ráðstefnuhalda hér á landi. Verkefni forsætisráðuneytisins hafa aukist á undanförnum árum og fyrirséð er að fjárheimildir nægja ekki fyrir útgjöldum ársins 2001. Ráðuneytið sinnir í vaxandi mæli ýmsum sameiginlegum verkefnum fyrir stjórnarráðið í heild. Kostnaður vegna nefndastarfa og aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, sem m.a. er til kominn vegna ályktana Alþingis er verulegur, auk þess sem kostnaður við öryggismál og vörslu fasteigna hefur vaxið. Í fjárlagafrumvarpi 2002 er gerð tillaga um hækkun fjárveitinga til reksturs ráðuneytisins miðað við umfang verkefna.

190 Ýmis verkefni.

Farið er fram á 300 m.kr. aukafjárveitingu til tveggja viðfangsefna á þessum lið.

1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Lagt er til að veitt verði 300 m.kr. aukafjárveiting vegna kostnaðar við sölu á hlutabréfum ríkisins. Um er að ræða kostnað vegna ráðgjafar, umsjónar með sölu og frágangi skjala. Ákveðið hefur verið að selja hlutabréf ríkisins í Landssíma Íslands hf., Landsbanka Íslands hf., Íslenskum aðalverktökum hf. og Stofnfiski hf. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna sölu á hlutabréfum árið 2001 eru um 28 milljarðar króna.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis. Farið er fram á 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu til endurbóta og viðhalds á Þingvallabænum í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 13. febrúar sl.

261 Óbyggðanefnd.

1.01 Óbyggðanefnd. Farið er fram á 10,8 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna fyrirsjáanlegs halla þessa og fyrra árs. Þegar fyrstu fjárlagatillögur fyrir Óbyggðanefnd voru unnar var í raun með öllu óvíst hver þróunin yrði í rekstri nefndarinnar, auk þess sem reynslutölur lágu ekki fyrir. Fjölga hefur þurft starfsmönnum og umsvif hafa orðið meiri en áætlað var. Kostnaður við útgáfu- og kynningarstarfsemi, ferða- og dvalarkostnaður vegna þjóðlendumála og kaup á sértækri þjónustu hefur orðið mun meiri en upphaflega var séð fyrir.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 839,3 m.kr., þar til viðbótar eru 1.771,6 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lagt er til að veittar verði 80 m.kr. vegna fyrirhugaðs samnings um rannsóknir á vegum skólans. Að auki er sótt um 40 m.kr. til rannsóknarmála á lið 236 Vísindasjóður, 10 m.kr. á lið 239 Rannsóknarnámssjóður og um 20 m.kr. á lið 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Samtals er því lagt til að veitt verði 150 m.kr. aukafjárveiting til rannsóknarmála á fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins.

236 Vísindasjóður.

6.60 Vísindasjóður. Farið er fram á 40 m.kr. aukafjárveitingu til að auka styrki til vísindarannsókna.

239 Rannsóknarnámssjóður.

1.01 Rannsóknarnámssjóður. Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu til sjóðsins.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.91 Háskólar, óskipt. Farið er fram á 20 m.kr. aukafjárveitingu til rannsókna í háskólum. Gerð verður tillaga um skiptingu framlags á þessum lið við 2. umræðu fjáraukalaga.

319 Framhaldsskólar, almennt.

Alls er farið fram á 370 m.kr. aukafjárveitingu á þessum fjárlagalið.

1.14 Sérkennsla. Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi vegna kostnaðar sem verður til í haust við að lengja námstíma 35 fatlaðra nemenda í framhaldskólum upp í fjögur ár.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Í fyrsta lagi er óskað eftir 230 m.kr. aukafjárveitingu til að greiða framhaldsskólakennurum laun fyrir að ljúka kennslu og prófum á skólaárinu 2000–2001. Vegna verkfalls framhaldsskólakennara frá október til janúar sl. féll niður kennsla sem ákveðið var að bæta framhaldsskólanemendum svo þeir teföust ekki í námi. Fjárveiting vegna launa sem ekki voru greidd meðan á verkfalli stóð verður felld niður í lokafjárlögum 2000. Ákveðið var að greiða fyrir kennslu í allt að 9 daga sl. vor umfram vinnuskyldu kennara og er sótt um heimild fyrir útgjöldum sem af þessu leiðir. Í öðru lagi er um að ræða 100 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við að efla og breyta stjórnunarstörfum í framhaldsskólum frá og með haustönn 2001. Í kjarasamningi framhaldsskólakennara er samið um að ýmis umsjónar- og skipulagsvinna sem kennarar sinntu áður gegn kennsluafslætti eða í yfirvinnu færist inn í dagvinnuskyldu þeirra. Í

tengslum við þessa breytingu var ákveðið að gera ráð fyrir ráðningu verkefnisstjóra og fjármálastjóra í skólana. Í þriðja og síðasta lagi er farið fram á 30 m.kr. vegna kostnaðar við breytingu á launum deildarstjóra í framhaldsskólunum sem leiddi af samkomulagi sem fjármálaráðuneytið gerði við Kennarasamband Íslands í ársbyrjun 2000 og gilti þar til nýr kjarasamningur tók gildi í janúar sl.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.11 Símenntun og fjarkennsla. Lagt er til að skipting útgjalda á gjaldategundir verði leiðrétt. Breytingin hefur ekki áhrif á útgjöld ríkisins. Er framlagið nú fært sem tilfærsla þar sem um styrki er að ræða til símenntunarmiðstöðva en við skiptingu á liðnum í fjárlögum breyttust innbyrðis hlutföll milli rekstrargjalda og tilfærslna.

516 Iðnskólinn í Hafnarfirði.

1.09 Önnur verkefni. Farið er fram á 16,7 m.kr. aukafjárveitingu þar sem gert var ráð fyrir því í fjárveitingu skólans að virðisaukaskattur af húsaleigu fengist endurgreiddur, en af því verður ekki og þarf því að hækka framlag sem nemur virðisaukaskattinum.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Farið er fram á 270 m.kr. aukafjárveitingu vegna fjölgunar lántakenda, aukinna lána til skólagjalda, gengisþróunar og hækkunar á framfærsluviðmiðun í samræmi við verðlagsþróun. Útlán eru áætluð 3.905 m.kr. í fjárlögum 2001 en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að þau verði 520 m.kr. meiri en þar af greiðir ríkið 52%. Hækkun lána til skólagjalda innanlands skýrir 60 m.kr. hækkun, fjölgun lánþega 90 m.kr. og gengislækkun mismuninn, 370 m.kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

Óskað er samtals eftir 9 m.kr. aukafjárveitingu til safnsins á þessum fjárlagalið.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Farið er fram á 3 m.kr. vegna nýrra þjóðminjalaga sem kveða á um að málefni fornleifaverndar verði færð frá Þjóðminjasafni Íslands til nýrrar ríkisstofnunar Fornleifaverndar Íslands og ráðinn forstöðumaður að þeirri stofnun frá 1. september sl. að telja.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. viðbótarfjárheimild til viðgerða á fornum torfbæ á Keldum á Rangárvöllum sem skemmdist mikið í jarðskjálfta á Suðurlandi sumarið 2000.

976 Menningarsjóður.

1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993. Farið er fram á 5,6 m.kr. aukafjárveitingu til að bæta sjóðnum tekjutap á seinni hluta ársins 1998 vegna afnáms laga um skemmtanaskatt á því ári.

982 Listir, framlög.

1.76 Menningarsjóður félagsheimila. Lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. aukafjárveiting til að bæta sjóðnum tekjutap á seinni hluta ársins 1998 eftir að lög um skemmtanaskatt voru afnumin á því ári.

985 Alþjóðleg samskipti.

1.90 Alþjóðleg samskipti. Farið er fram á 15 m.kr. viðbótaframlag vegna uppsafnaðs kostnaðar við þjónustuskrifstofur annars vegar á sviði vísinda- og menntamála og hins vegar á sviði menningar- og æskulýðssamstarfs. Kostnaðurinn var áður greiddur af Evrópusambandinu. Til stendur að yfirfara og endurmeta umfang og skipulag þessarar þjónustu.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 89 m.kr., þar til viðbótar eru 355,9 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Sótt er um 2 m.kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðrar formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 27. febrúar sl. að Ísland taki að sér formennsku í ráðinu frá september 2002 fram á haust 2004. Kostnaður við formennsku er töluverður og felst einkum í starfsmannahaldi, skrifstofukostnaði, fundakostnaði, ferðakostnaði og framlögum til verkefna, þar sem setja þarf upp skrifstofu Norðurskautsráðsins á Íslandi á formennskutímanum. Fyrirhugað er að ráða starfsmann til skrifstofunnar nú í haust og verður hann síðan sendur til starfa við skrifstofu Norðurskautsráðsins í Finnlandi í ársbyrjun 2002 til að kynnast starfseminni og tryggja eðlilegt áframhald þegar Ísland tekur við á haustmánuðum. Því er sótt um 2 m.kr. framlag í fjáraukalögum 2001. Gert er ráð fyrir kostnaði sem fellur til á næsta ári í frumvarpi til fjárlaga 2002.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Ráðstefnur. Sótt er um 32 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið. Annars vegar 30 m.kr. vegna undirbúnings utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins sem fyrirhugað er að halda á Íslandi vorið 2002. Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir, en ljóst er að nokkuð af útgjöldunum mun falla til á þessu ári. Undirbúningskostnaðurinn er vegna launa starfsfólks, ferðakostnaðar, ráðgjafar og ýmiss konar samráðs. Hins vegar er sótt um 2 m.kr. vegna viðbótarkostnaðar við ráðstefnu fyrir kjörræðismenn Íslands erlendis sem haldin var í Reykjavík 3.–5. september sl. Markmið ráðstefnunnar var að auka þekkingu og skilning ræðismanna á Íslandi og íslenskum hagsmunum og að efla tengsl þeirra við utanríkisráðuneytið og forráðamenn á sviði viðskipta og ferðaþjónustu. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 2. nóvember 1999 að beita sér fyrir 20 m.kr. framlagi til ráðstefnunnar í fjárlögum 2001 og var þá miðað við að 120 ræðismenn tækju þátt, en þegar til kom þá mættu um það bil 150 og skýrir það umframkostnaðinn.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Sótt er um 5 m.kr. aukafjárveitingu til embættis sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli til að mæta útgjöldum vegna gin- og klaufaveikifaraldursins í Evrópu, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 20. mars 2001. Hin auknu útgjöld eru vegna kröfu um að sýslumaður herði tolleftirlit með farþegum sem koma frá Evrópu.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag vegna skuldbindinga í erlendum gjaldmiðli sem stofnunin hefur þegar gengist undir.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 107,6 m.kr., þar til viðbótar eru 39,6 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Farið er fram á 2,1 m.kr. lækkun framlags, þar sem við endurskoðun samnings milli Skógræktarfélag Íslands, landbúnaðarráðherra og ríkissjóðs kom fram að sú upphæð hafi verið ofgreidd miðað við þá upphæð sem samningurinn kveður á um.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag til Félags um uppkaup netalagna í sjó. Um er að ræða síðustu laxveiðinetalagnir í sjó og þar með er öllum uppkaupum laxveiða í net lokið af hálfu ríkissjóðs. Lagnir þessar eru í Vopnafirði og tilheyra jörðinni Hámundarstöðum sem er í eigu sveitafélagsins. Stendur til að jörðin og veiðiréttindi verði boðin til sölu. Þykir því rétt kaupa upp réttindin áður en að sölu kemur. Heildarverðmæti uppkaupanna eru 8 m.kr., en auk ríkissjóðs greiðir Fiskiræktarsjóður 2,5 m.kr. og veiðiréttareigendur 1,5 m.kr. Einnig er lagt til 4,2 m.kr. framlag til úttektar á hugsanlegri hættu neytenda af neyslu vara sem innihalda innflutt nautakjöt eða nautakjötsafurðir í kjölfar kúariðu í Evrópu. Samhliða verður gerð úttekt á lögum, reglum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands sem snúa að innflutningi matvæla.

233 Yfirdýralæknir.

1.01 Yfirdýralæknir. Farið er fram á 46 m.kr. aukafjárveitingu til að leiðrétta launalið embættisins sem er vegna ákvörðunar kjaranefndar frá 16. nóvember 1999, en í fjárlögum láðist að gera ráð fyrir kostnaðinum. Að auki er gert ráð fyrir 3,7 m.kr. sem vantar upp á full biðlaun fyrrverandi starfsmanna vegna skipulagsbreytinga í kjölfar lagasetningar um dýralækna og heilbrigði dýra nr. 66/1999. Loks er óskað eftir 6 m.kr. framlagi til að standa straum af varnarstarfi gegn gin- og klaufaveiki vegna hættu á smiti frá nágrannalöndum.

311 Landgræðsla ríkisins.

5.01 Viðhaldsfé. farið er fram á 4,5 m.kr. fjárveitingu á móti 3,5 m.kr. framlagi frá Landsvirkjun til viðgerða á hreyfli landgræðsluvélarinnar Páls Sveinssonar. Áætlað er að nýr hreyfill kosti 8 m.kr. án flutningskostaðar sem Flugleiðir munu gefa eftir.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

1.91 Loðdýrafóður. Óskað er eftir 45 m.kr. framlagi til að niðurgreiða loðdýrafóður samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 19. júní 2001 og er í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var fulltrúum landbúnaðarráðuneytis, Búnaðarsambandsins, Byggðastofnunar og Sambands íslenskra loðdýrabænda.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 66 m.kr., þar til viðbótar eru 43,2 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 8 m.kr. vegna aukins umfangs og nýrra verkefna.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Alls er sótt um 20 m.kr. aukafjárveitingu undir þessum fjárlagalið. Farið er fram á 12 m.kr. viðbótarframlag vegna endurskoðunar á stofnstærð þorsksstofnsins. Áætlaður kostnaður af erlendu sérfræðiáliti er 10 m.kr. og einnig er gert ráð fyrir 2 m.kr. til að halda ráðstefnu í nóvember næst komandi um niðurstöður könnunarinnar. Þá er óskað eftir 8 m.kr. framlagi til greiðslu gerðadóms sem úrskurðaði um ágreiningaatriði sem upp komu í kjaradeilu á milli sjómanna og útvegsmanna samkvæmt 2. gr. laga um kjaramál fiskimanna.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Almenn starfsemi. Farið er fram á 50 m.kr. framlag vegna hvalatalningar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 13. mars 2001. Talið var frá skipum og flugvélum með sérhæfðum aðferðum. Slík talning er mikilvæg undirstaða allrar ráðgjafar um verndun og nýtingu hvalastofna auk þess sem slík göng eru nauðsynleg ef meta á áhrif hvala á vistkerfi hafsins. Almennt er álitið að talningar þurfi að fara fram á u.þ.b. fimm ára fresti til að fylgjast með og vakta þróun hvalastofna.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Gert er ráð fyrir innheimtu á 3 m.kr. ríkistekjum sem renni til gjaldahliðar vegna tilkynninga um flutning aflamarks samkvæmt breytingu á lögum um kjaramál fiskimanna o.fl. nr. 34/2001.

210 Sjóður til síldarrannsókna.

1.10 Sjóður til síldarrannsókna. Vaxtatekjur sjóðsins hafa verið flokkaðar sem ríkistekjur en eiga að teljast til sértekna. Framlag til sjóðsins breytist ekki.

211 Kvótaþing.

1.01 Kvótaþing. Gert er ráð fyrir að 8 m.kr. ríkistekjur sem runnu til gjaldahliðar innheimtist ekki vegna skráningu á kvótatilboðum, þar sem Kvótaþing var lagt niður á miðju ári skv. lögum um kjaramál fiskimanna o.fl. nr. 34/2001, sem samþykkt voru á vorþingi.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 344,6 m.kr., þar til viðbótar eru 458,7 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

102 Stjórnartíðindi.

1.01 Stjórnartíðindi. Lagt er til að framlag til Stjórnartíðinda verði hækkað um 6 m.kr. Á grundvelli álitsgerðar starfshóps um lögleiðingu EES-gerða var samþykkt í ríkisstjórn

fyrr á þessu ári að birting EES-samningsins á netinu verði flutt frá utanríkisráðuneytinu til Stjórnartíðinda sem fái sérstaka fjárveitingu að fjárhæð 6 m.kr. til að sinna verkefninu og vinna að undirbúningi netbirtingar. Ráðinn hefur verið sérstakur starfsmaður til að sinna verkefninu. Ekki er gert ráð fyrir að útgjöld utanríkisráðuneytisins lækki við flutning þessa verkefnis.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Lagt er til að veitt verði 6,2 m.kr. viðbótarframlag til hönnunar og prentunar nýrra kirkjubóka, sem teknar voru í notkun á sl. ári, bæði fyrir þjóðkirkjuna og önnur trúfélög. Eldri gerð bókanna var orðin úrelt og þarfnaðist gagngerrar endurskoðunar við. Endurskoðunarefnd var að störfum í rúm tvö ár. Áhöld voru um hvort einstök trúfélög ættu að greiða kostnaðinn. Einnig var til skoðunar hvort verkefnið hefði flust til biskups eins og flest önnur kirkjumál með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Eftir ítarlega athugun er það mat dóms- og kirkjumálaráðuneytis að ríkissjóði beri að standa straum af kostnaðinum á grundvelli 2. ml. 2. mgr. 2. gr. laga um kirkju- og manntalsbækur, nr. 3/1945. Ljóst er að skerpa þarf á lögunum hvað ákvæðið varðar.

201 Hæstiréttur.

1.01 Yfirstjórn. Óskað er eftir að alls verði veitt 14 m.kr. aukaframlag til reksturs Hæstaréttar. Þar af er lagt til að framlag til yfirstjórnar hækki um 14,3 m.kr. en að framlag til útgáfu hæstaréttardóma lækki um 0,3 m.kr. Dómurinn hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða sem m.a. stafar af lækkun tekna af sölu hæstaréttardóma en sala hefur dregist verulega saman á síðustu árum. Útgjöld hafa ekki lækkað samsvarandi þar sem lögskylt er að gefa dómana út á prenti og grunnkostnaður er að mestu fastur þótt sparnaður verði vegna færri eintaka. Að auki fellur til kostnaður við að birta dómana á netinu og rekstur heimasíðu en sá kostnaður færist á yfirstjórn. Einnig hefur rekstrarkostnaður í nýju húsi sem tekið var í notkun 1996 verið vanmetinn en fjölga þurfti starfsfólki auk þess sem húsið var dýrara í rekstri en áætlað hafði verið. Að lokum hafa fallið til útgjöld vegna veikinda og er talið að þau nemi rúmlega 4 m.kr. í árslok 2001.

1.02 Útgáfa hæstaréttardóma. Gert er ráð fyrir að framlag til útgáfu hæstaréttardóma lækki um 0,3 m.kr. eins og fram kemur í skýringum um tillögu við viðfangsefni 1.01.

210 Héraðsdómstólar.

6.01 Tæki og búnaður. Lögð er til 9 m.kr. fjárveiting vegna flutnings héraðsdóms Reykjaness í nýtt húsnæði. Í fjárlögum 2001 eru ætlaðar 20 m.kr. til að standa undir kostnaði við ýmsar breytingar á húsnæðinu, öryggiskerfi, húsbúnað og annan stofnkostnað. Hefur það framlag ekki reynst nægilegt, m.a. vegna aukins kostnaðar við hönnunarvinnu og upptökutæki í dómssali.

231 Málskostnaður í opinberum málum.

1.10 Málskostnaður í opinberum málum. Lagt er til að framlag til málskostnaðar í opinberum málum hækki um 140 m.kr. Hér er að mestu um að ræða sakarkostnað sem er endurkræfur hjá brotamönnum en til sakarkostnaðar teljast óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og meðferðar sakamála, s.s. þóknun verjanda sakbornings og réttargæslumanns brotaþola, kostnaður við sérfræðilegar álitsgerðir, birtingagjöld o.fl. Á þennan lið eru einnig færð útgjöld vegna sérstakra rannsókna sem ríkissaksóknara er heimilt að

mæla fyrir um þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því. Nettóútgjöld árið 2000 voru um 235 m.kr. og miðað við hálfs árs uppgjör þessa árs má ætla að þau verði lítt lægri árið 2001. Framlag í fjárlögum 2001 er 96 m.kr. og er því lagt til að veitt verði viðbótarframlag að fjárhæð 140 m.kr. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002.

305 Lögregluskóli ríkisins.

1.01 Lögregluskóli ríkisins. Í fjárlögum ársins 2001 er gert ráð fyrir 15 m.kr. fjárveitingu til skólans sem ætluð var til að gera skólanum kleift að greiða lögreglunemum grunnlaun á þjálfunartíma í stað þess að þeir væru ráðnir sem afleysingarmenn hjá löggæsluembættum. Samhliða þessu átti að stytta starfsþjálfunartímann þannig að hann yrði þrjár fjögurra mánaða annir á einu ári. Nú er gert ráð fyrir að fjárveitingunni verði fremur ráðstafað til að standa undir kostnaði við fjölgun nemenda. Nú þegar hefur verið fjölgað úr 32 nemendum í 40 í árgangi. Þykir brýnt að fjölga menntuðum lögreglumönnum og þá sérstaklega í ljósi þess að í nýsamþykktum kjarasamningi fjármálaráðherra við Landssamband lögreglumanna er gert ráð fyrir að starfslok lögreglumanna verði við 65 ára aldur. Úrbætur í löggæslu í landinu eru mjög háðar því að hægt verði að fjölga menntuðum lögreglumönnum og mæta fækkun í lögregluliði sem verður vegna lækkaðs hámarksaldurs lögreglumanna. Þótt fjárveiting skólans verði óbreytt eftir sem áður þykir rétt að gera grein fyrir breyttri ráðstöfun hennar í frumvarpinu þar sem upphaflega var ætlunin að fjárveitingin nýttist með öðrum hætti.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að framlag til reksturs Landhelgisgæslunnar hækki um 49 m.kr. af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða 4,5 m.kr. vegna hækkunar tryggingaiðgjalda í kjölfar kjarasamninga í vor og sumar. Í samningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna félagsmanna þess í starfi hjá Landhelgisgæslu Íslands er kveðið á um hækkun bótafjárhæða og með kjarasamningi sjómanna fylgdi yfirlýsing um að bætur til þeirra skuli nú ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga. nr. 50/1993. Það leiðir til um 9 m.kr. hækkunar iðgjalda á ári en tillagan í frumvarpinu miðast við kostnað á hálfu ári. Í öðru lagi er gerð tillaga um að veittar verði 44,5 m.kr. vegna skemmda á TF-SIF við nauðlendingu í maí á þessu ári. Landhelgisgæslan þarf að greiða 320.000 Bandaríkjadali vegna varahluta og vinnu en kostnaður umfram þá fjárhæð greiðir vátryggingafélag samkvæmt tryggingaskilmálum. Miðað við gengi í september má ætla að kostnaðurinn nemi um 33 m.kr. Viðbótarkostnaður fellur til þar sem nauðsynlegt hefur reynst að nota TF-LÍF, í stað TF-SIF, sem er mun dýrari í rekstri og hefur verið áætlað að sá kostnaður geti numið um 11,5 m.kr.

5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta. Lögð er til 20 m.kr. fjárveiting til að fjármagna nauðsynlegar breytingar á flugfarkosti sem gera þarf til að uppfylla reglur Flugöryggissamtaka Evrópu. Um er að ræða árekstrarvara í TF-SÝN og viðnámskerfi í siglingatæki og fjarskiptatæki flugvélarinnar. Beiðnin er í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra frá því í apríl sl. sem staðfest er með bréfi fjármálaráðuneytisins 30. apríl.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

Samtals er sótt um 19,8 m.kr. fjárveitingu á þennan fjárlagalið sem skiptist á tvö viðfangsefni.

1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður. Á þessu viðfangsefni fjárlaga er farið fram á 13,8 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er um að ræða 12,8 m.kr. fjárheimild vegna úrskurðar kjaranefndar um kjör sýslumanna. Frá og með 1. janúar 2001 er gerð sú formbreyting að umboðsþóknun frá Tryggingastofnun ríkisins verður ekki lengur greidd af stofnuninni heldur færist eftirleiðis sem einingalaun í gegnum launakerfið. Samsvarandi tillaga er gerð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002. Hins vegar er um að ræða 1 m.kr. fjárheimild til að standa undir kostnaði sýslumannsembætta við að bjóða sérfræðiráðgjöf til handa aðilum sem eiga í ágreiningi um umgengni og forsjá barna á grundvelli nýsamþykktra laga um breytingu á barnalögum. Gera má ráð fyrir að um helmingur mála komi til kasta sýslumannsembættisins í Reykjavík og er þegar áætlað fyrir 1 m.kr. á fjárlagalið embættisins. Að öðru leyti er erfitt að áætla með hvaða hætti kostnaður fellur til og er því gert ráð fyrir færa fjárveitinguna á safnlið sem embættin geta sótt um framlag af.
1.11 Útgáfa ökuskírteina. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag til stofnkostnaðar vegna nýrra ökuskírteina. Fyrir nokkrum árum var tekin upp ný gerð ökuskírteina hér á landi en ljósmyndir á skírteinunum entust illa. Nauðsynlegt var að breyta framleiðslu skírteinanna og var gerð þeirra boðin út í samráði við Ríkiskaup. Í upphafi þessa árs var fallist á tilboð frá þýsku fyrirtæki og er stofnkostnaður áætlaður um 6 m.kr. Er þar um að ræða kostnað við útboðið, kaup á skanna, forritunarbúnað o.fl. Samningurinn er til tveggja ára og gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður muni lækka nokkuð frá því sem nú er. Uppsafnaður rekstrarhalli á útgáfu ökuskírteina er um 18,4 m.kr. í lok árs 2000 en ekki er gerð tillaga um að veita fé til að fella niður þann halla heldur er við það miðað að vinna á honum á nokkrum árum af núverandi rekstrarfjárveitingu.

701 Biskup Íslands.
1.01 Þjóðkirkja Íslands. Í samræmi við samning milli ríkis og kirkju er lagt til að framlag hækki um 68,3 m.kr. á grundvelli úrskurða kjaranefndar 5. desember 2000, 20. mars 2001 og 20. apríl 2001 og úrskurðar Kjaradóms um laun biskups Íslands 8. maí 2001.
6.26 Auðunarstofa. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. aukaframlag til byggingar Auðunarstofu. Í fjárlögum 2001 er framlag til þessa verks 33 m.kr. Kostnaður hefur farið verulega fram úr áætlun, m.a. vegna gengisbreytinga en einnig hefur bæst við kostnaður vegna almennra launahækkana, vaxtakostnaðar og meira umfangs við nokkra þætti en ráð var fyrir gert.

707 Kristnisjóður.
1.10 Kristnisjóður. Lagt er til að framlag hækki um 2,3 m.kr. í samræmi við samning milli ríkis og kirkju. Framlagið fylgir hækkun launa presta í fámennustu prestaköllum landsins en þau laun hækkuðu með úrskurði kjaranefndar um laun presta, prófasta og vígslubiskupa frá 20. mars og 20. apríl 2001.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 299,5 m.kr., þar til viðbótar eru 245,2 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.
1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 15 m.kr. viðbótarframlag til að greiða ferðakostnað starfsmanna. Svæðisskrifstofan hefur sbr. ákvæði í kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsmannafélags ríkisstofnana og að höfðu samráði við Starfsmannaskrifstofu

fjármálaráðuneytisins greitt daglegan ferðakostnað núverandi og fyrrverandi starfsmanna sinna allt að fjögur ár aftur í tímann hafi þeir farið yfir svokallaða flutningslínu sem til margra ára hefur miðast við Elliðaá.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Óskað er eftir 15 m.kr. framlagi vegna úrskurðar Félagsdóms nr. 9/2001 um viðurkenningu þess að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandi vestra beri að greiða starfsmönnum sem þess óskuðu laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 21,5 m.kr. fjárveitingu til að greiða uppsafnaðan halla á svæðisskrifstofunni þar sem gripið hefur verið til ráðstafana sem miða að því að rekstur skrifstofunnar verði framvegis innan fjárheimilda.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður fær framlag úr ríkissjóði sem nemur annars vegar 1,4% skatttekjum ríkisins og samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun mun það skila sjóðnum 6 m.kr. Hins vegar mun útsvarsstofn árið 2001, þ.e. tekjuárið 2000, nema 393.671 m.kr. og 0,264% hlutfall af honum skilar sjóðunum 1.039 m.kr. sem er 37 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Samtals nemur því hækkun lögbundinna framlaga til sjóðsins 43 m.kr. og er sótt um þá fjárhæð.

982 Ábyrgðasjóður launa.

Farið er fram á 120 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins. Gerð er tillaga um 200 m.kr. hækkun þar sem útgreiðslur úr sjóðnum hafa aukist verulega frá fyrra ári. Í ljósi þess og miðað við þær kröfur sem borist hafa sjóðnum má gera ráð fyrir að fjárþörf hans á árinu nemi u.þ.b. 300 m.kr. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að 80 m.kr. vaxtatekjur sjóðsins verði færðar sem sértekjur í samræmi við ríkisreikning.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

Lagt er til að útgjöld á þessum fjárlagalið lækki um 780 m.kr. samtals.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að framlag til atvinnuleysisbóta lækki um 660 m.kr. og eru skýringarnar tvær. Annars vegar gera áætlanir ráð fyrir að á árinu 2001 verði atvinnuleysi að meðaltali 1,4%. en í forsendum fjárlaga 2001 var gert ráð fyrir 1,8%. Kostnaður á hvert atvinnuleysisstig er áætlað 900 m.kr. og þess vegna lagt til að framlag til atvinnuleysisbóta lækka um 360 m.kr. Hins vegar eru 300 m.kr. vaxtatekjur færðar sem sértekjur til samræmis við ríkisreikning.

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði. Lagt er til að framlög til námskeiða og átaksverkefna lækki um 80 m.kr. enda hefur þeim fækkað vegna minnkandi atvinnuleysis.

1.41 Framlög og styrkir. Lagt er til að framlög og styrkir lækki um 40 m.kr. enda hafa útgjöld þeirra vegna lækkað vegna minnkandi atvinnuleysis.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Farið er fram á 250 m.kr. aukafjárveitingu á liðinn í samræmi við endurskoðaða áætlun sem byggist á upplýsingum um útgreiðslur Trygg-

ingastofnunar ríkisins fyrstu 8 mánuði ársins 2001. Í ljós kemur að fleiri nýta sér rétt til fæðingarorlofs en gert var ráð fyrir í upphafi og hlutfallslega fleiri flokkast á vinnumarkaði og færri utan vinnumarkaðar en áætlað var.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Óskað er eftir 16 m.kr. fjárheimild til móttöku flóttamanna. Fjárheimildinni er ætlað að mæta útgjöldum vegna móttöku 15–20 flóttamanna á næstu mánuðum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.439,7 m.kr., þar til viðbótar eru 1.896,9 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

6.01 Tæki og búnaður. Óskað er eftir 4,1 m.kr. til bifreiða- og tækjakaupa á aðalskrifstofu vegna ráðherraskipta á þessu ári.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárveiting stofnunarinnar lækki um 12,8 m.kr. við þá formbreytingu sem hefur orðið með úrskurði kjaranefndar að sýslumenn í umboðsstörfum Tryggingarstofnunar skuli frá og með 1. janúar s.l. fá laun sín greidd úr launakerfi ríkisins. Útgjöld Tryggingastofnunar lækka því sem þóknuninni nemur en útgjöld embættanna hækka að sama skapi.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Óskað er eftir 60 m.kr. samtals til viðfangsefna á þessum fjárlagalið. Um mitt ár gengu í gildi víðtækar breytingar á almannatryggingakerfinu og við það hækkaði m.a. endurhæfingarlífeyrir og heimilisuppbót, en sérstök heimilisuppbót féll niður sem sérstakur greiðsluflokkur. Í hans stað kemur tekjutryggingarauki lífeyristrygginga sem er hærri en sérstök heimilisuppbót var. Áætlað er að útgjöld almannatrygginga vegna aukinna bótagreiðslna hækki um 700 m.kr. á þessu ári vegna breytinganna. Ekki er unnt að svo stöddu að sundurliða nákvæmlega þá hækkun niður á einstaka greiðsluflokka lífeyristrygginga og greiðsluflokka þessa fjárlagaliðar. Breytingar á einstökum viðfangsefnaliðum er sem hér segir:

1.15 Umönnunarbætur. Framlag hækkar um 30 m.kr. vegna hækkunar umönnunarbóta í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001.

1.25 Ekkju- og ekkilsbætur. Framlag lækkar um 10 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ekkju- og ekkilsbóta árið 2001.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Farið er fram á 115 m.kr. til greiðslu endurhæfingarlífeyris en áætlað er að stór hluti þeirrar fjárhæðar sé kominn til vegna breyttra laga.

1.41 Heimilisuppbót. Farið er fram á 20 m.kr. framlag vegna hækkunar heimilisuppbóta í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001.

1.45 Sérstök heimilisuppbót. Farið er fram á 80 m.kr. lækkun á framlagi til sérstakrar heimilisuppbóta í samræmi við breytingar á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi um mitt ár og fela m.a. í sér að bótaflokkurinn fellur niður og nýr bótaflokkur komi í hans stað undir lífeyristryggingum.

1.51 Uppbætur. Lagt er til að framlag lækki um 15 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld ekkju- og ekkilsbóta árið 2001.

204 Lífeyristryggingar.

Lögð er til 1.150 m.kr. hækkun framlaga til lífeyristrygginga. Þyngst vega áhrif lagabreytinga frá miðju ári sem vísað er til að framan og er áætlað að útgjaldaauki almannatrygginga vegna gildistöku þeirra nemi 700 m.kr. á þessu ári og fellur stærsti hluti þeirrar fjárhæðar á greiðsluflokka lífeyristrygginga, þ.e. tekjutryggingarauka, sem er nýr greiðsluflokkur, tekjutryggingu ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega svo og grunnlífeyri. Að svo stöddu er ekki nákvæmlega ljóst hvernig fjárhæðir skiptast á einstaka greiðsluflokka og gera má ráð fyrir að endurskoða þurfi þá skiptingu fyrir afgreiðslu frumvarpsins. Frá ársbyrjun hefur Tryggingastofnun greitt auknar bætur til örorkulífeyrisþega samkvæmt nýjum lögum nr. 3/2001, um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem höfðu áhrif á bótagreiðslur til um 10% öryrkja. Er áætlað að greiðslur tekjutryggingarauka örorkulífeyrisþega hækki vegna þeirra um 100 m.kr. á þessu ári. Með lögum nr. 9/2001 voru ellilífeyrisþegum tryggð sömu réttindi og örorkulífeyrisþegum og er gert ráð fyrir að greiðslur tekjutryggingarauka ellilífeyrisþega hækki um 140 m.kr. á árinu. Þá er lagt til að 80 m.kr. viðbótarframlagi verði varið til greiðslu fæðingarorlofs þar sem sýnt þykir að útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingarorlofs verði umfram fjárheimildir. Verulega hefur dregið úr útgjöldum Tryggingastofnunar vegna fæðingarorlofs síðustu mánuði, en fæðingarorlofssjóður tók til starfa í upphafi ársins samanber lög um fæðingar- og foreldraorlof. Þetta er lokafjárveiting til verkefnisins. Að öðru leyti skýrast breytingar að mestu leyti af verðlagsbreytingum og breytingum á fjölda bótaþega.

Í samræmi við lög nr. 3/2001 greiddi Tryggingastofnun út leiðrétta tekjutryggingu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Hér er um að ræða endurreikning tekjutryggingar fyrir tímabilið 1. janúar 1997–31. desember 2000. Greidd var tekjutrygging ásamt 5,5% vöxtum auk orlofs- og desemberuppbótar. Til frádráttar komu greiðslur tekjutryggingar og orlofs- og desemberuppbóta sem þegar höfðu verið greiddar á árunum 1997–2000. Heildarkostnaður reyndist vera 1.245 m.kr. og er sótt um þá fjárhæð. Kostnaðurinn er gjaldfærður í ríkisreikningi 2000 og er hér sótt um greiðsluheimild, þar sem greiðsla fór fram árið 2001.

206 Sjúkratryggingar.

Lagt er til að veitt verði 75 m.kr. aukafjárveiting til viðfangsefna á þessum fjárlagalið sem skiptist þannig:

1.21 Hjálpartæki. Farið er fram á 30 m.kr. hækkun til hjálpartækja sem hafa hækkað í verði m.a. annars vegna gengisbreytinga.

1.35 Tannlækningar. Lagt er til að framlag lækki um 30 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld á árinu en hún byggir á upplýsingum um greiðslur fyrstu átta mánuði ársins.

1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis. Lagt er til að framlag hækki um 60 m.kr. m.a. vegna gengisbreytinga.

1.55 Sjúkradagpeningar. Lagt er til að framlög til sjúkradagpeninga lækki um 20 m.kr. í samræmi við spá sem byggð er á upplýsingum um greiðslur Tryggingastofnunar fyrstu átta mánuði ársins.

1.91 Annað. Lögð er til 35 m.kr. hækkun til annarra útgjalda sjúkratrygginga í samræmi við spá sem byggð er á útgjöldum sjúkratrygginga fyrstu átta mánuði ársins. Á þennan

lið eru færð útgjöld vegna sængurlegu í heimahúsum en fæðingum í heimahúsum hefur fjölgað talsvert að undanförnu.

Á launa- og verðlagslið fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir allt að 700–800 m.kr. fjárveitingu vegna áhrifa gengisbreytinga á lyfjaútgjöld árið 2001. Verður sú fjárhæð endurskoðuð í ljósi þróunar lyfjaverðs á árinu.

301 Landlæknir.

1.01 Yfirstjórn. Óskað er eftir 3,8 m.kr. framlagi til að ráða sérmenntaðan heilbrigðisstarfsmann til starfa hjá embættinu, sem skal fylgja eftir tillögum nefndar sem skipuð var til að koma með tillögur um viðbrögð og aðgerðir til að bregðast við aukinni tíðni sjálfsvíga.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Sótt er um 61,9 m.kr. aukafjárveitingu til stöðvarinnar. Í fyrsta lagi er óskað eftir 35 m.kr. framlagi til að greiða upp skuld stofnunarinnar við Ríkiskaup en á undanförnum árum hafa útgjöld hennar til að sinna lögboðnum kröfum um afhendingu heyrnartækja verið umfram fjárveitingar. Biðlistar hafa lengst og skjólstæðingar hafa þurft að bíða í yfir ár eftir þjónustu. Stjórnendur stofnunarinnar hafa aukið skuldina við Ríkiskaup sem sér um innkaup á heyrnartækjum. Þá er lagt til að veittar verði 23,8 m.kr. til að greiða uppsafnaðan halla fyrri ára. Er það liður í því að koma rekstri stofnunarinnar í það horf að hún geti sinnt skyldum sínum og stytt biðtíma eftir heyrnartækjum. Er nú unnið að heildarendurskoðun á rekstri stofnunarinnar og fyrirkomulagi á þjónustu við heyrnarskerta. Loks er farið fram á 3,1 m.kr. fjárveitingu til greiðslu orlofsbóta frá fyrri árum í ljósi dóms um orlofsrétt starfsmanns í hliðstæðu máli.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

Farið er fram á 26,9 m.kr. aukafjárveitingu til viðfangsefna á þessum lið.

1.17 Vísindasiðanefnd. Farið er fram á 3,5 m.kr. viðbótafjárveitingu vegna rekstrar Vísindasiðanefndar í ár. Í fjárlögum ársins er 9,3 m.kr. fjárveiting en bókfærður kostnaður nefndarinnar um mitt ár er 9,1 m.kr. en þar af eru 2,6 m.kr. frá fyrra ári. Starfsemi nefndarinnar hefur vaxið verulega en aukning í skráðum erindum frá árinu 2000 til ársins 2001 er um 70% að jafnaði á mánuði. Skýringu á auknum umsvifum er að finna í vaxandi rannsóknarstarfsemi á sviði heilbrigðisvísinda. Á árinu 2000 voru samþykkt ný lög um lífsýnasöfn og um persónuvernd, en nefndin kom mikið að undirbúningi lagasetningarinnar sem hefur enn frekar aukið verkefni hennar.

1.53 Tóbaksvarnir. Óskað er eftir 7,7 m.kr. framlagi til tóbaksvarnar en með breytingu á lögum nr. 101/1996 um tóbaksvarnir er tóku gildi 1. ágúst 2001 skal verja a.m.k. 0,9% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarna í stað 0,7% samkvæmt eldri ákvæðum.

1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrasaltslöndunum. Farið er fram á 13,8 m.kr. tímabundið framlag til sóttvarna á Eystrasaltssvæðinu vegna áranna 2000 og 2001. Á vegum forsætisráðherra þeirra 11 þjóða sem eiga aðild að Eystrasaltsráðinu hefur verið stofnaður sérstakur hópur um sóttvarnir á Eystrasaltssvæðinu. Lungna- og berklavarnasamtök á Norðurlöndunum hafa leitað til ríkisstjórna landanna um fjárframlög til verkefnisins. Á ríkisstjórnarfundi 22. júní 2000 var samþykkt að Ísland tæki þátt í þessu verkefni og stæði straum af kostnaði við ráðningu íslensks læknis sem alþjóðlegs ráðgjafa við verkefnið, en það láðist að áætla fyrir framlagi í fjáraukalögum 2000 og í fjárlögum 2001.

1.90 Ýmis framlög. Farið er fram á 1,9 m.kr. til að greiða þátttökugjald ráðuneytisins í MISSOC sem er samstarvettvangur ESB-ríkja um að gefa út aðgengilegar upplýsingar um almannatryggingakerfi ríkjanna í formi bæklings og á tölvuneti. Ísland ásamt öðrum EFTA-ríkjum er aðili að þessu samstarfi.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ. Lagt er til að veitt verði 36 m.kr. aukaframlag til sjúkrastöðva SÁÁ til leiðréttingar á rekstrargrunni fyrir árin 2000 og 2001.

501 Sjúkraflutningar.

1.15 Sjúkraflug. Gerð er tillaga um 23,9 m.kr. aukafjárveitingu á þennan lið. Í fyrsta lagi er óskað eftir 18,5 m.kr. framlagi til sjúkraflugs á Vestfjarðasvæði og suðursvæði. Nýr samningur var gerður við Íslandsflug um sjúkraflug á Vestfjarða- og suðursvæði frá 1. apríl 2001. Þá er farið fram á 5,4 m.kr. framlag vegna samnings sem gerður hefur verið við Leiguflug Ísleifs Ottesen um lok á samningi við fyrirtækið um sjúkraflug. Samningurinn er gerður sameiginlega af samgönguráðuneytinu og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og skiptist fjárhæðin á milli ráðuneytanna.

517 Læknavaktin.

1.01 Læknavaktin. Óskað er eftir 8,1 m.kr. aukafjárveitingu til Læknavaktarinnar. Samkvæmt þjónustusamningi, sem gerður var við Læknavaktina á árinu 1998 voru greiðslur miðaðar við 17.000 komur sjúklinga á ári. Frá því að samningurinn tók gildi hefur komum fjölgað verulega og er áætlað að þær verði um 50.000 á yfirstandandi ári.

578 Heilsugæslustöðin Hveragerði.

1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði. Gerð er tillaga um 3 m.kr. aukafjárveitingu til greiðslu húsaleigu í nýrri heilsugæslustöð. Á miðju ári flutti stöðin í nýtt húsnæði en var áður í eigin húsnæði. Ekki var gert ráð fyrir leigugjöldum í fjárlögum 2001.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 8.657,5 m.kr., þar af eru 3.916,5 m.kr. launa- og verðlagsbreytingar sem færast á önnur ráðuneyti.

101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að á þetta viðfangsefni verði millifærð fjárveiting að fjárhæð 5,9 m.kr. af fjárlagaliðnum 09-261 Ríkistollstjóri. Með lögum nr. 155/2000, um breytingu á tollalögum, var ákveðið að leggja niður embætti ríkistollstjóra og færa flest verkefni stofnunarinnar til embættis tollstjórans í Reykjavík, en auk þess var ákveðið að færa ákveðin stefnumótunarverkefni til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins ásamt einum starfsmanni.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að 2 m.kr. fjárveiting verði færð á aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins á árinu 2001 með hliðsjón af því að búið er að leggja niður Ríkistollstjóraembættið og flytja hluta af verkefnum embættisins til ráðuneytisins. Um er að ræða tímabundið stofnkostnað og er fyrirhugað að í fjárlögum ársins 2003 verði þessi upphæð færð á embætti tollstjórans í Reykjavík.

261 Ríkistollstjóri.

1.01 Ríkistollstjóri. Lagt er til að millifærð verði fjárveiting að fjárhæð 131,5 milljónir króna af þessu viðfangsefni á fjárlagaliðinn *09-262 Tollstjórinn í Reykjavík.* Með lögum nr. 155/2000, um breytingu á tollalögum, var ákveðið að leggja niður embætti ríkistollstjóra og færa flest verkefni stofnunarinnar til embættis tollstjórans í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir að millifærð verði fjárveiting að fjárhæð 5,9 m.kr. af fjárlagaliðnum á fjárlagaliðinn *09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa* þar sem ákveðið að færa ákveðin stefnumótunarverkefni til aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins ásamt einum starfsmanni.
6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að 5 m.kr. stofnkostnaðarfjárveiting verði færð á fjárlagaliðinn *09-262 Tollstjórinn í Reykjavík* með hliðsjón af því að embætti ríkistollstjóra var lagt niður með lögum í upphafi ársins og að 2 m.kr. fjárveiting verði færð á fjárlagaliðinn *09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.*

262 Tollstjórinn í Reykjavík.

1.01 Tollstjórinn í Reykjavík. Lagt er til að á þetta viðfangsefni verði millifærð fjárveiting að fjárhæð 131,5 milljónir króna af fjárlagaliðnum *09-261 Ríkistollstjóri.* Með lögum nr. 155/2000, um breytingu á tollalögum, var ákveðið að leggja niður embætti ríkistollstjóra og færa flest verkefni stofnunarinnar til embættis tollstjórans í Reykjavík.
6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að 5 m.kr. stofnkostnaðarfjárveiting verði færð á tollstjóraembættið í Reykjavík með hliðsjón af því að embætti ríkistollstjóra var lagt niður með lögum í upphafi ársins og meginstarfsemi þess flutt til tollstjórans í Reykjavík.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Áætlað er að hækkun lífeyrisskuldbindinga verði um 3 milljarðar króna frá forsendum gildandi fjárlaga miðað við horfur um áhrif kjarasamninga. Hækkunin á skuldbindingunum stafar af breytingum sem gerðar voru á launakerfi nokkurra stéttarfélaga í kjarasamningum þar sem grunnlaun voru hækkuð verulega en yfirvinna og aukagreiðslur lækka á móti. Þar er um að ræða félög háskólakennara, þroskaþjálfa, tollvarða og lögreglumanna. Nánari áætlun um gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verður lögð fram fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 150 m.kr. lækkun á fjárheimild þessa liðar. Áætlun um nýtingu þessara heimilda er jafnan háð töluverðri óvissu.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af eigin vaxtatekjum og söluhagnaði eigna hækki um 700 m.kr. frá fjárlögum 2001 og verði 2.270 m.kr. Skýrist það af því að áformað er að sala á eignum ríkisins verði meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Sama fjárhæð færist til tekna hjá ríkissjóði þannig að afkoman verður óbreytt eftir sem áður.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna vaxtabóta hækki um 600 m.kr. Sú hækkun byggir á endurskoðaðri áætlun um vaxtabætur í ljósi greiðslna fyrstu 8 mánuði ársins.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Við undirbúning fjárlagafrumvarps ársins 2001 lá fyrir að kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna rynnu úr gildi undir lok ársins 2000 og ríkti veruleg óvissa um hvenær tækist að koma á nýjum samningum við félögin og hver niðurstaða þeirra yrði. Í launaforsendum fjárlaga var því miðað við 3% hækkun frá 1. janúar auk þess að gert var ráð fyrir fjárhæð er nam 1% af launalið fjárlaga undir þessum fjárlagalið. Samningaviðræður við stéttarfélögin stóðu yfir fram eftir þessu ári og í september hafði verið gengið frá samningum við nær öll félögin. Kjaradómur og kjaranefnd hafa einnig úrskurðað um sambærilegar hækkanir á launum embættismanna. Í flestum tilvikum var samið um 6,9% hækkun við gildistöku samninga á árinu 2001. Samningar nokkurra félaga viku þó frá þessu, t.d. samningur framhaldsskólakennara þar sem samið var um verulega breytingu á launakerfinu.

Fjármálaráðuneytið hefur endurmetið launaforsendur fjárlaga þessa árs með tilliti til hækkana á launakjörum starfmanna umfram þau 3% sem þegar hafði verið gert ráð fyrir, bæði hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum og öðrum aðilum sem fá rekstrartilfærslur úr ríkissjóði. Hefur þá hækkun hverrar stofnunar verið metin sérstaklega með tilliti til vægi stéttarfélaga í launaútgjöldunum og mismunandi hækkunar félaganna. Hlutfallslegar hækkanir á launafjárveitingum stofnana geta því verið nokkuð mismunandi eftir því hvaða stéttarfélögum starfsmenn þeirra tilheyra og hvenær samningar þeirra tóku gildi.

Þessu til viðbótar hefur farið fram endurmat á helstu liðum fjárlaga þar sem útgjöld eru greidd í erlendri mynt með tilliti til þeirrar lækkunar á gengi íslensku krónunnar sem orðið hefur frá því sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þar vega þyngst aukin útgjöld sendiráða og alþjóðlegra verkefna utanríkisráðuneytis og lyfjakostnaður sjúkratrygginga.

Samtals er í frumvarpinu gert ráð fyrir um 5,1 milljarðs króna hækkun vegna þessa, eða 3,9 milljarða króna hækkun á launagjöldum og öðrum rekstrargjöldum stofnana og um 1,2 milljarða króna hækkun á tilfærsluframlögum sjúkratrygginga og rekstrartilfærslum til sjálfseignastofnana og annarra aðila. Þar af nema hækkanir vegna gengisbreytinga um 1,2 milljörðum króna og munar þar mest um 790 m.kr. hækkun lyfjakostnaðar. Sótt er um þessar fjárheimildir í einu lagi undir launa- og verðlagsmálalið fjárlaga í frumvarpinu en þær hafa verið færðar inn í greiðsluáætlanir stofnana í samræmi við endurmatið með fyrirvara um afgreiðslu frumvarpsins í þinginu.

Í fjárlögum ársins 2001 er gert ráð fyrir 1,3 milljarða króna fjárheimild til að mæta frávikum á launa- og verðlagsforsendum. Í kjölfar endurmats á launaforsendum fjárlaganna sem nemur 5,1 milljarðs króna hækkun er lagt til að þessi fjárheimild fjárlaga verði felld niður, að undanskildum um 140 m.kr. sem nýta þarf til að bæta heilsugæslustöðvum launahækkanir vegna nýs framgangskerfis hjúkrunarfræðinga og 50 m.kr. sem nýta þarf til að mæta nokkrum öðrum verðlagsfrávikum.

995 Skýrsluvélakostnaður.

6.11 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og starfsmannakerfi. Lagt er til að veitt verði 350 m.kr. viðbótarframlag í fjáraukalögum til hugbúnaðarkaupa. Samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins og Skýrr hf. er kostnaður vegna nýs fjárhags- og starfsmannakerfis ríkisins um 819 m.kr. Kostnaður vegna kerfisins á þessu ári er áætlaður um 580 m.kr. Afgangur fjárheimilda frá árinu 2000 og fjárveiting í fjárlögum 2001 nema 230 og er leitað eftir fjárheimild fyrir því sem á vantar. Heildarkostnaður þessa árs samanstendur

af eftirfarandi: Hugbúnaður, leyfisgjöld 294,6 m.kr., uppsetning og aðlögun kerfisins 150 m.kr., kennsla á kerfið 5 m.kr., viðhald hugbúnaðar 55 m.kr., aukaverk vegna aðlögunar og uppsetningu 15 m.kr., flutningur gagna og tengingar kerfisins 20 m.kr., ráðgjafavinna og aukið starf Ríkisbókahalds 41 m.kr. Um sundurliðun kostnaðaráætlunar fyrir árið 2002 og 2003 vísast í fjárlagafrumvarp fyrir árið 2002.

999 Ýmislegt.

1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu. Lagt er til að veitt verði 18 m.kr. tímabundin fjárveiting til vöktunar á jarðhræringum í Eyjafjallajökli og Kötlu út árið 2001. Um er að ræða sérstakt tímabundið átak sem verið hefur í gangi frá árinu 1999. Fyrirhugað er að framvegis verði vöktun þessi á forræði Veðurstofu Íslands.

1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Alls er gert ráð fyrir 120,5 m.kr. aukafjárveitingu til þessa viðfangsefnis í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er gerð er tillaga um 90 m.kr. fjárveitingu til að bæta ýmis tjón og fjármagna bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem misstu hús sín. Í fjáraukalögum ársins 2000 var veitt 350 m.kr. framlag í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi. Sú fjárveiting var að mestu nýtt til að koma upp húsnæði fyrir þær fjölskyldur sem þess þurftu með. Þá hefur ríkisstjórn samþykkt styrkveitingar til einstaklinga, stofnana og sveitarfélaga vegna jarðskjálftatjóns sem ekki er bætt af Viðlagatryggingu eða Bjargráðasjóði. Þessi framlög nema samtals um 440 m.kr. eða um 90 m.kr. umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir. Á móti vegur að á næstu tveimur árum verður gengið frá sölu á bráðabirgðahúsnæðinu og skila sölutekjur sér því seinna en útgjöldin.

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til styrktar framkvæmdum við Vatnsveitu Biskupstungnahrepps. Í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi sl. sumar eyddust vatnsból veitunnar. Áætlaður heildarkostnaður við nýja vatnsöflun er 35 m.kr. Hreppurinn hefur leitað eftir styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og standa væntingar til að sjóðurinn veiti allt að 14 m.kr. styrk til framkvæmdarinnar.

1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Lagt er til að veitt verði 15,5 m.kr. framlag til að aðstoða bændur sem misstu útihús sín í jarðskjálfta á Suðurlandi sumarið 2000 við að koma upp aðstöðu til búreksturs á ný. Miðað er við að veittur verði styrkur sem nemi 60% af mismuni endurstofnkostnaðar og bóta Viðlagatryggingar sem miðast við brunabótamat. Er þá m.a. litið til þess að bændur eiga að öllu jöfnu möguleika á lánafyrirgreiðslu hjá Lánasjóði landbúnaðarins sem nemur allt að 65% af kostnaði við varanlegar endurbætur á útihúsum á aðeins 3,43% vöxtum.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 491,2 m.kr., þar til viðbótar eru 84,6 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 1,8 m.kr. fjárveitingu vegna ófyrirséðra útgjalda aðalskrifstofu ráðuneytisins við samningagerð o.fl. í kjölfar flugslyss.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Farið er fram á 4 m.kr. fjárveitingu vegna afskrifta krafna við sölu Ferðaskrifstofu ríkisins. Eftir söluna kom í ljós að innheimta útistandandi krafna var minni

en gert hafði verið ráð fyrir við uppgjörið og voru 4 m.kr. gjaldfærðar á ýmis verkefni hjá samgönguráðuneyti. Er nú farið fram á að fjárheimild á móti gjaldfærslunni.

211 Vegagerðin.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á 4,4 m.kr. framlag til að standa við samning sem gerður hefur verið við Leiguflug Ísleifs Ottesen um lok á fyrri samningi við fyrirtækið um áætlunarflug.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu vegna samnings við Íslandsflug um áætlunarflug á Vestfjarðasvæði og suðursvæði. Um er að ræða samning sem gerður var við Íslandsflug í kjölfar samnings sem gerður var um samningslok við Leiguflug Ísleifs Ottesen.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Millifærðar eru 29,6 m.kr. af viðfangsefni 10-471-1.11 á nýtt viðfangsefni 10-211-1.13 Styrkir til innanlandsflugs hjá Vegagerðinni. Samkvæmt viðauka í samningi vegna áætlunarflugs á Norðursvæði og Ísafirði við Flugfélag Íslands frá í febrúar 2001 er kveðið á um að Vegagerðin taki við öllum réttindum og skyldum samgönguráðuneytisins í samningum. Flugmálastjórn hefur greitt á árinu 2001 tvær af þrem greiðslum til Flugfélags Íslands og hluta af greiðslu vegna lúkningar samnings við Leiguflug Ísleifs Ottesen. Afgangurinn af fjárveitingunni er því millifærður á Vegagerðina.

6.10 Nýframkvæmdir. Farið er fram á 100 m.kr. fjárveitingu til nýframkvæmda. Í fjárlögum 2001 er dregið úr framkvæmdum fyrir 800 m.kr. og er nú farið fram á að ráðstafa 100 m.kr. í nýframkvæmdir m.a. vegna verðlagsbreytinga.

471 Flugmálastjórn.

1.01 Flugmálastjórn. Fjármögnunarliðurinn innheimt af ríkistekjum lækkar um 29 m.kr. vegna minni tekna af leiðarflugsgjöldum fyrir veðurþjónustu og flugleiðsögn en fjármögnunarliðurinn greitt úr ríkissjóði hækkar í sama mæli. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar hefur flugleiðsögugjald verið fellt niður frá og með 1. júlí sl.

1.01 Flugmálastjórn. Farið er fram 10 m.kr. fjárveitingu til að ráða tvo starfsmenn til að auka eftirlit með lofthæfi og flugrekstri auk þess að sinna flugöryggismálum almennt. Á móti er lagt til að tilteknum framkvæmdum við flugvelli samkvæmt flugmálaáætlun verði frestað.

1.11 Styrkir til innanlandsflugs. Lagt er til að 29,6 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefninu á nýtt viðfangsefni 10-211-1.13 Styrkir til innanlandsflugs hjá Vegagerðinni. Samkvæmt viðauka í samningi vegna áætlunarflugs á Norðursvæði og Ísafirði við Flugfélag Íslands frá febrúar 2001 tekur Vegagerðin við öllum réttindum og skyldum samgönguráðuneytisins í samningum. Flugmálastjórn hefur greitt á árinu 2001 þann kostnað sem fallið hefur til fram að flutningi verkefnisins. Afgangurinn af fjárveitingunni er því millifærður á Vegagerðina.

472 Flugvellir.

6.80 Flugvellir, framkvæmdir. Samþykkt var í ríkisstjórn s.l. sumar tillaga samgönguráðherra um að fjármagna af Flugmálaáætlun kostnað við starf tveggja nýrra starfsmanna á flugöryggissviði Flugmálastjórnar. Kostnaður við starf þeirra á yfirstandandi ári er áætlaður 10 m.kr. Á móti verði eftirtöldum verkefnum sem áður höfðu verið ákveðin skv. flugmálaáætlun frestað: Endurnýjun aðflugsljósa á Vestmannaeyjaflugvelli að fjárhæð 6 m.kr., endurnýjun á vararafstöð og endurbætur á flugstöð á Hornafjarðar-

flugvelli að fjárhæð 2,15 m.kr., auk listskreytinga í flugstöðvum að fjárhæð 0,85 m.kr. Því er hér farið fram á heimild til að fresta ofangreindum framkvæmdum við flugvelli skv. flugmálaáætlun samtals að fjárhæð 10 m.kr., og að fjárhæðinni verði ráðstafað til að standa straum af kostnaði við aukið eftirlit á sviði lofthæfi flugfara og í flugöryggismálum almennt. Tillaga um hinar frestuðu framkvæmdir verður lögð fram við endurskoðun samgönguáætlunar.

6.80 Flugvellir, framkvæmdir. Farið er fram á 250 m.kr. gjaldaheimild vegna flýtingar á framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli á árinu 2001. Í frumvarpi til fjárlaga 2002 er samsvarandi lækkun á gjaldaheimildinni.

6.80 Flugvellir, framkvæmdir. Farið er fram á 108 m.kr. framlag til framkvæmda við flugvelli í samræmi við flugmálaáætlun 2000–2003 sem samþykkt var á vorþingi 2000. Í fjárlögum 2000 var samþykkt 100 m.kr. lækkun á framlagi til flugvalla og var fjárveitingin til flugvalla á því ári 519 m.kr. Með hinni nýju flugmálaáætlun skyldu framkvæmdir á flugvöllum á árinu 2000, að teknu tilliti til frestunar vera 627 m.kr., eða 108 m.kr. hærri en fram kom í fjárlögum þess árs. Ekki var sótt um þá fjárheimild í fjáraukalögum 2000 en er það gert nú.

481 Rannsóknanefnd flugslysa.

1.01 Rannsóknanefnd flugslysa. Farið er fram á 3 m.kr. fjárveitingu vegna ófyrirséðra útgjalda Rannsóknarnefndar flugslysa í kjölfar flugslyss sem leiddi til viðamikillar rannsóknar sem varð mjög kostnaðarsöm.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 85 m.kr., þar til viðbótar eru 17,7 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Farið er fram á að 45 m.kr. framlag vegna kostnaðar af undirbúningsvinnu Fjárfestingarstofnunnar við uppbyggingu stóriðju. Þar vegur þyngst undirbúningur Reyðaráls í mati á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði. Auk þess er um að ræða kostnað við kynningarstarf og vegna undirbúnings samningagerðar.

301 Orkustofnun.

1.01 Yfirstjórn. Farið er fram á 10 m.kr. fjárveitingu til undirbúnings á frumvarpi til raforkulaga.

411 Byggðastofnun.

1.10 Byggðastofnun. Farið er fram á 30 m.kr. framlag í afskriftarsjóð útlána til að mæta tímabundnum vanda sem skapast hefur við sauðfjárslátrun. Stofnunin tekur að sér að ábyrgjast endurgreiðslu afurðalána sem geta numið allt að 1,5 milljörðum króna. Áhættan á vangreiðslu er talin aðeins 2% þar sem ekki gætir verðfalls eða rýrnunar á verðmæti birgða til sölu innanlands. Ábyrgðin er talin geta lækkað vaxtakjör afurðalána um allt að 5%. Reyni ekki á ábyrgðina er gert ráð fyrir að stofnunin skili fjárveitingunni aftur í ríkissjóð.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 8 m.kr., þar til viðbótar eru 7,9 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

302 Löggildingarstofa.

1.01 Löggildingarstofa. Farið er fram á 8 m.kr. framlag vegna skyldna sem lög um rafrænar undirskriftir leggja á stofnunina, en stofnuninni er ætlað að hafa eftirlit með vottunarstofum. Kostnaður er áætlaður um 8 m.kr. Innheimt verður gjald að upphæð 1 m.kr. fyrir hvert fyrirtæki sem sækir um að votta fullgildar rafrænar undirskriftir. Áætlað er að 2 m.kr. komi á móti kostnaði þar sem tvö fyrirtæki hafa þegar sótt um starfsleyfi.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Farið er fram á að framlög úr ríkissjóði verði lækkuð um 18,8 m.kr. Þó breytast útgjöld stofnunarinnar ekki þar sem um er að ræða leiðréttingu en færslan var skráð sem greiðsla úr ríkissjóði, en átti með réttu að bókast sem hækkun á ríkistekjum.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 23,2 m.kr., þar til viðbótar eru 36,9 m.kr. færðar á launa- og verðlagslið hjá fjármálaráðuneyti.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Óskað er eftir 2,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við aðkeypta sérfræðiþjónustu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

190 Ýmis verkefni.

Lagt er til að veitt verði 4,1 m.kr. aukafjárveiting til viðfangsefna á þessum lið.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Farið er fram á 2,1 m.kr. aukafjárveitingu vegna vinnufundar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í Reykjavík í september sl. Fundurinn var haldinn í kjölfar þess að á aðalfundi stofnunarinnar fyrr á árinu var samþykkt tillaga Íslands um að leitað yrði leiða til að samhæfa fyrirliggjandi upplýsingar um mengun og annan skaða á lífríki hafsins svo ná mætti fram betri yfirsýn yfir málið.

1.90 Ýmis verkefni. Núpsstaður í Skaftárhreppi er talinn merkilegur staður bæði vegna náttúrufars og menningarverðmæta. Þar hefur lengi verið búið með fornum hætti og hús þar flest með fornu sniði. Í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 28. september 1999, um að skipuð skyldi nefnd til að undirbúa kaup ríkisins á jörð og húsum að Núpsstað í því skyni að vernda þau verðmæti sem þar eru að finna, er hér gerð tillaga um 2 m.kr. aukafjárveitingu til starfsemi nefndarinnar.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

Óskað er eftir samtals 16,6 m.kr. aukafjárveitingu til viðfangsefna á á þessum lið.

1.02 Setur í Reykjavík. Farið er fram á 3,6 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af auknum húsaleigukostnaði á þessu ári og því næsta vegna flutnings á hluta af starfsemi stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

5.21 Fasteignir. Farið er fram á 13 m.kr. aukafjárveitingu til að standa straum af kostnaði við breytingar og innréttingar á húsnæði Náttúrufræðistofnunar við Hlemm og Súðarvog. Þann 1. nóvember nk. missir stofnunin hluta af húsnæði því sem hún hefur haft á leigu við Hlemm. Í staðinn hefur verið tekið á leigu húsnæði við Súðarvog og mun það aðallega verða nýtt sem geymsluhúsnæði fyrir vísindasöfn stofnunarinnar. Endurskipuleggja þarf nýtingu húsnæðisins við Hlemm og innrétta með tilliti til þess, auk þess sem standsetja þarf húsnæðið við Súðarvog. Áætlað er að kostnaður við breytingar á húsnæði og flutningur safnanna geti orðið um 13 m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vegna vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 1.190 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild vegna gjaldfærðra vaxta ríkissjóðs hækki um 1,2 milljarða króna frá áætlun gildandi fjárlaga en að vextir sem koma til greiðslu á árinu hækki um 1,7 milljarða króna.

Í hækkun gjaldfærðra vaxta munar mest um 685 milljóna króna hækkun vaxta á inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga hjá ríkissjóði. Sjóðirnir hafa á undanförnum árum ekki nýtt að fullu þær mörkuðu tekjur sem þeim eru ætlaðir og hefur því safnast upp inneign sem sjóðirnir fá vexti af samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Þá hækkar innlendur lántökukostnaður um 290 milljónir króna. Þar er um að ræða þóknun vegna viðskiptavakakerfis ríkisverðbréfa en komið var á samningi um slíkt kerfi við fjórar fjármálastofnanir á miðju síðasta ári. Samningurinn var boðinn út að nýju sl. sumar og samkvæmt honum er hámarksþóknun greidd hverjum aðila á gildistíma samningsins. Áætlað er að vaxtagjöld erlendra lána standi nánast í stað þrátt fyrir veikingu krónunnar á árinu en það skýrist af vaxtalækkunum erlendis sem leiða til lækkunar á vöxtum lána sem bera breytilega vexti.

Því sem næst allt frávik greiddra vaxta frá áætlun fjárlaga er vegna sérstakrar forinnlausnar spariskírteina en reiknað er með að vextir vegna þessarar innlausnar komi til með að nema 1,5 milljörðum króna. Þá hækkar innlendur lántökukostnaður um 290 milljónir og skýrist það af þóknun vegna viðskiptavakakerfis ríkisverðbréfa.

129. Fyrirspurn [129. mál]

til fjármálaráðherra um skattgreiðslur fyrirtækja og einstaklinga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur tekjuskattshlutfall félaga breyst hér á landi samanborið við önnur ríki OECD á síðasta áratug?
2. Hvert er heildartekjuskattshlutfall á rekstrarhagnað félaga, þ.e. tekjuskattur félags að viðbættum skatti á eigandann við úttekt á arði, hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD?

3. Hve mörg fyrirtæki greiða tekjuskatt hér á landi, hvernig skiptast þau eftir atvinnugreinum og skattumdæmum árin 1999–2001 og hver er tekjuskattur fyrirtækja þessi ár sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
4. Hverjar eru skattgreiðslur fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar á árunum 1999–2001:
   a. sem hlutfall af heildarsköttum,
   b. sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
   Óskað er einnig eftir samanburði á þessum efnisþáttum við skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja innan annarra ríkja OECD.
5. Hvert er hlutfall heildarskattlagningar á tekjur af atvinnurekstri annars vegar og laun hins vegar hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD á árunum 1997–2001?

Skriflegt svar óskast.

130. Fyrirspurn [130. mál]

til fjármálaráðherra um skattlagningu launa og fjármagns.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra að misræmi milli skatta á launatekjur annars vegar og skatta á félög og arð hins vegar hafi valdið því að félög séu stofnuð í þeim tilgangi að lækka skattgreiðslur, og ef svo er, telur ráðherra ekki ástæðu til að dregið sé úr misræminu?
2. Hver getur mismunur á skattlagningu á tekjur af starfsemi orðið mestur eftir því hvort hún er rekin í formi einstaklingsreksturs eða í formi hlutafélags þegar tekið er tillit til tekjuskatts og útsvars einstaklinga, sérstaks tekjuskatts, tekjuskatts félaga og tryggingagjalds?
3. Hver hefur verið fjölgun skattskyldra lögaðila síðastliðin fimm ár?
4. Hver hefur verið fjölgun sjálfstætt starfandi einstaklinga síðastliðin fimm ár og hvernig hafa laun þeirra (reiknað endurgjald) breyst síðastliðin fimm ár í samanburði við almennar launabreytingar?
5. Hvert er hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi samanborið við önnur OECD-ríki og hverjar eru tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskattinum sem hlutfall af þjóðarframleiðslu samanborið við önnur OECD-ríki?

Skriflegt svar óskast.

131. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Örlygur Hnefill Jónsson, Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Björgvin G. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að standa hið fyrsta fyrir rannsóknum á útbreiðslu, stofnstærð og veiðiþoli kúfskeljar umhverfis Ísland. Kanna skal útbreiðslu og magn tegundarinnar utan þekktra veiðisvæða og veiðidýpis og meta veiðiþol á núverandi veiðisvæðum. Jafnframt skulu gerðar aðrar líffræðilegar rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að nýting kúfskeljar sé með sjálfbærum hætti. Markmið rannsóknanna skal vera að kanna betur núverandi veiðisvæði en jafnframt að finna ný mið, og tryggja þannig rekstraröryggi núverandi veiðiréttarhafa og auka afrakstur kúfskeljar við Ísland.

Greinargerð.

Töluverður árangur hefur náðst hjá Hraðfrystistöð Þórshafnar í veiðum og vinnslu kúfskeljar. Markaðir eru ágætir í Bandaríkjunum fyrir afurðirnar, 9 kg pakkningar af frystum skelfiski, sem stórkaupendur hakka í súpur o.fl. Því er ekki fjarri lagi að fyrirtækið geti fært út kvíarnar. Sömuleiðis gæti reynsla HÞ leitt til þess að vinnsla á kúfskel yrði búhnykkur fyrir fleiri fyrirtæki í sjávarútvegi. Það helgast þó af því að niðurstaða úr þeim rannsóknum, sem hér eru lagðar til, réttlæti auknar veiðar. Þekking á útbreiðslu tegundarinnar, landfræðilega og eftir dýpi – og þar með á veiðiþoli – er hins vegar af skornum skammti. Dreifing kúfskeljar hefur verið kortlögð að einhverju leyti við allt Ísland, að Suðurlandi undanskildu. Þessi kortlagning hefur þó aðeins farið fram á mjög takmörkuðu dýptarbili og engar frekari rannsóknir á þessu sviði hafa verið gerðar síðan árið 1995. Þörfin fyrir frekari kortlagningu er tvíþætt. Í fyrsta lagi að auka veiðisvæði og þar með heildarafla og í öðru lagi til að geta dreift veiðum þannig að ekki sé gengið of nærri núverandi veiðisvæðum.

Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að kúfskel getur orðið ákaflega gömul, eða yfir 200 ára. Nýliðun virðist hæg og er ekki þekkt til hlítar. Slíkar aðstæður bjóða heim hættunni á staðbundinni ofveiði. Reynsla erlendis sýnir einmitt að liggi ekki fyrir vísindalegar upplýsingar um stofnstærð og veiðiþol getur það leitt til ofveiði á staðbundnum miðum. Í Bandaríkjunum hafa kúfskeljaveiðar flust frá upphaflegum veiðisvæðum, sem voru á syðri útbreiðslumörkum tegundarinnar, og norður eftir. Flutningurinn á milli veiðisvæða hefur haft í för með sér flutning verksmiðjanna sem svo aftur hefur leitt til aukins kostnaðar við vinnsluna. Þess má geta að Fiskistofa hefur aðeins gert heilnæmisúttekt á tveimur veiðisvæðum kúfskeljar við Norðausturland og þar með aðeins getað veitt Hraðfrystistöð Þórshafnar leyfi til veiða á þessum tveimur svæðum. Í viðtali við viðskiptablað Morgunblaðsins í júlí sl. kvað talsmaður HÞ nauðsynlegt að fá leyfi til veiða víðar, til þess að auka veiðina og hlífa núverandi veiðisvæðum.

Fyrri tilraunir til að veiða og vinna kúfskel til sölu erlendis gengu ekki upp. Reynslan frá Þórshöfn sýnir þó að með góðu skipi, réttum vinnubrögðum og farsælli markaðssetningu er hægt að skapa mikilvægan gjaldeyri og verulegan fjölda starfa í tengslum við kúfskel. Á Þórshöfn starfa nú fjórir sjómenn við veiðarnar og um 15–18 manns að vinnslunni á einni vakt. Stefnt er að því að taka upp aðra vakt, þannig að 30 starfsmenn gætu starfað við kúfskel

í landi. Í viðtali við Morgunblaðið snemma árs 2001 (sjá fylgiskjal) kom fram að forráðamenn HÞ áforma að gera vinnslu kúfskeljar að burðarstoð í landvinnslu fyrirtækisins.

Nauðsyn rannsókna.

Fleiri upplýsingar um kúfskel skortir, svo sem um útbreiðslu og magn, til að efla rekstraröryggi núverandi veiðiréttarhafa en jafnframt til að stefna að aukinni nýtingu á tegundinni við landið allt. Víða eru takmarkaðar upplýsingar fyrir hendi og sums staðar engar. Fyrir heilum landsfjórðungum, eins og Suðurlandi þar sem góður botn er víða fyrir kúfskel, hafa alls engar rannsóknir verið gerðar á dreifingu og magni tegundarinnar. Sömuleiðis liggja engar upplýsingar fyrir um útbreiðslu kúfskeljar neðan 50 m dýpis. Það er athyglisvert í ljósi þess að helstu mið við strendur Bandaríkjanna eru á 50–100 m dýpi.

Veiðar á nær öllum nytjategundum sjávar eru studdar af hinu opinbera með rannsóknum og leit að miðum. Nægir að minna á árvissa – og eðlilega – leit að síld og loðnu sem ríkið tekur ævinlega þátt í með einhverjum hætti, oft sem fullgildur þátttakandi á eigin rannsóknarskipum. Það er lágmark á tímum þegar kallað er eftir nýjum möguleikum til útflutnings og aukinni sköpun gjaldeyris að ríkið styðji með eðlilegum og brýnum rannsóknum nýja vaxtarsprota á borð við veiðar á kúfskel. Frumherjastarfið á Þórshöfn hefur sýnt óyggjandi að í veiðunum liggja miklir, ónýttir möguleikar, svo fremi markaðir haldist. Hins vegar er brýn þörf á auknum rannsóknum til að hægt sé að breyta þeim möguleikum í beinhörð verðmæti. Þess vegna leggur Samfylkingin fram þessa tillögu til þingsályktunar.

Veiðar og nýting.

Veiðar á kúfskel hófust við austurströnd Bandaríkjanna undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Um miðjan áttunda áratuginn færðist aukinn kraftur í þær og áratug síðar, eða 1993, var afli Bandaríkjamanna nálægt 200 þús. tonnum. Þó virðist sem þá hafi verið gengið of nærri stofnunum því að afli á sóknareiningu fór minnkandi þegar leið nær aldarlokum. Lítils háttar veiðar voru á kúfskel í Kanada en þó miklu minni en í Bandaríkjunum. Sama ár, 1993, voru þar aðeins veidd 9 þús. tonn.

Frá því að veiðarnar hófust hefur markaður smám saman þróast fyrir skelina. Í upphafi var hann einkum í Bandaríkjunum en kúfskel er nú eftirsótt víðs vegar um heiminn. Vaxandi eftirspurn stafar af á háu próteininnihaldi og miklum bragðgæðum skeljarinnar, en einnig þeirri staðreynd að veiðar á kúfskel og skyldum samlokum hafa minnkað í kjölfar ofnýtingar og mengunar í hafi. Helsti markaðurinn er áfram í Bandaríkjunum, bæði fyrir ferska skel af heimaslóð og fyrir hreinsaðan og frystan kúfisk (eins og Íslendingar hafa frá alda öðli kallað skelfiskinn), sem kaupendur þíða svo, hakka og vinna áfram í súpukraft. Í Evrópu hefur eftirspurn aukist hratt, meðal annars eftir ferskum, nýveiddum kúfiski. Fersk skel er einkum eftirsótt í Frakklandi, þar sem hefð er fyrir neyslu nýveidds kúfisks, en mengun hefur leitt til þess að heimastofnar nýtast ekki sem forðum.

Útbreiðsla og líffræði.

Kúfskel er algeng við Ísland og lifir frá fjöruborði niður á 100 m dýpi eða jafnvel dýpra í fínsendnum eða leirkenndum botni. Hún grefur sig niður í botninn, hversu djúpt hún getur farið er ekki vitað, en gjarnan liggur hún rétt undir yfirborði þannig að aðeins sjást inn- og útstreymisop hennar. Skelin er staðbundin eftir að lirfustigi sleppir en hún hefur gildan fót sem hún notar til að færa sig upp og niður í botnlaginu. Kúfskelin andar með tálknum sem sía örsmáa fæðu úr umhverfinu, svo sem bakteríur, lífrænar leifar plantna og dýra og plöntu- og dýrasvif. Vöxturinn hægist með aldri en ræðst að öðru leyti af fæðu, hitastigi og seltu.

Kúfskel finnst einnig á landgrunninu beggja vegna N-Atlantshafsins. Vestanhafs lifir hún norðan frá Nýfundnalandi til Norður-Karólínu í Bandaríkjunum en austanmegin er hún tíð við strendur meginlands Evrópu frá Hvítahafi suður til Spánar. Hún er algeng við eylendur Evrópu, svo sem Færeyjar, Stóra-Bretland og Hjaltland, auk Íslands.

Fyrri rannsóknir.

Rannsóknir á stærð kúfskeljastofna við Ísland hófust árið 1988 þegar Hrafnkell Eiríksson mat stærð stofnanna 280 þús. tonn í Faxaflóa, 100 þús. tonn í Breiðafirði og 125 þús. tonn við Suðausturland. Verkinu var ekki fram haldið fyrr en árið 1994 þegar Guðrún G. Þórarinsdóttir og Sólmundur T. Einarsson komust að þeirri niðurstöðu að 124 þús. tonn væru af kúfskel við Norðvesturland, 76 þús. tonn við Norðurland, og 104 þús. tonn við Austurland. Könnunarsvæðin náðu frá Patreksfirði í vestri og til Álftafjarðar í austri. Stofninn var kannaður á 5–50 m dýpi, en þó var langmest skoðað á 15–30 m dýpi.

Í þessu samhengi er mikilvægt að benda á tvennt: Í fyrsta lagi að kúfskel virðist geta lifað niður á 200 m dýpi þó að hér við land hafi tilvist hennar ekki verið könnuð svo djúpt. Í öðru lagi að Bandaríkjamenn veiða mest af sinni kúfskel á 50–100 m dýpi, eða dýpra en hér hefur verið skoðað, eins og áður sagði. Mögulega eru því umfangsmikil mið kúfskeljar enn ófundin neðan þess dýpis sem nýtt er hér við land.

Varnaðarorð.

Kúfskel er með afbrigðum langlíf. Elsti einstaklingurinn sem hér hefur verið aldursgreindur var 201 árs, en í Bandaríkjunum var elsta mælda skelin 221 árs. Vöxtur kúfskeljar er mjög hægur og rannsóknir Guðrúnar G. Þórarinsdóttur benda til að nýliðunin sé í samræmi við það. Kúfskelin verður kynþroska að meðaltali við 15 ára aldur og 4–5 sm skellengd. Meginþorri skeljanna í veiðinni hér við land eru 6–9 sm langar skeljar, eða frá 20 ára aldri og upp úr. Þessar upplýsingar gefa til kynna að varlega þurfi að fara í nýtingu stofnsins og endurnýjunartími hans sé langur. Þær undirstrika því nauðsyn öflugra rannsókna til að tryggja aukna og sjálfbæra nýtingu kúfskeljastofna við Ísland.

Bandarískir vísindamenn hafa stundað rannsóknir á kúfskel við austurströnd Bandaríkjanna. Niðurstaða þeirra er að stofninn sé langlífur og hægvaxta. Náttúruleg dánartíðni hans sé ekki nema 2–3% og að engin nýliðun hafi átt sér stað þar um 20–30 ára skeið. Af sjálfu leiðir að slíkur stofn er mjög viðkvæmur fyrir ofveiði. Þetta kemur fram í yfirlitsgrein sem birtist í Náttúrufræðingnum 1997, eftir Guðrúnu G. Þórarinsdóttur og Sólmund T. Einarsson. Þar er sagt frá því að nýliðun kúfskeljar við Ísland sé ekki þekkt en rannsóknir bendi til að hún gæti verið lítil. Síðan er sleginn eftirfarandi varnaðartónn: „Niðurstöður rannsóknanna við Ísland benda til þess að samsetning kúfskeljastofnsins sé svipuð hér og vestanhafs þar sem meginuppistaðan eru stórar og gamlar skeljar. Þetta vekur grun um að nýliðun gæti verið lítil í kúfskeljastofninum við Ísland ... Því er nauðsynlegt að nýliðun verði rannsökuð á komandi árum og fylgjast verður náið með áhrifum veiða á stofninn."

Nytjar fyrri alda.

Þrátt fyrir gnótt kúfskeljar og prýðileg matgæði hennar virðast Íslendingar ekki hafa nytjað skelina fyrr en leið fram á 18. öldina. Ekkert er minnst á kúfskel í Jarðabók Árna og Páls, sem rituð er snemma á 18. öldinni, en í Ferðabók Eggerts og Bjarna, sem byggð er á ferðum þeirra um miðja öldina, er sagt frá því að kúfskel sé hirt til beitu við Álfsnes í Kollafirði en vestan lands sé hún nýtt til manneldis. Aðallega var það rekakúskel, sem fannst á fjörum eftir illviðri. Lúðvík Kristjánsson segir í tímamótaverki sínu, Íslenskum sjávarháttum,

að kúfskel hafi ekki verið nýtt að nokkru ráði til beitu fyrr en seint á 19. öldinni. Það gerðu fyrst og fremst Vestfirðingar. Kúfskel rak oft í hrönnum við Ísafjarðardjúp og þar hófu menn fyrstir að nota hana í beitu, eða kringum 1880. Kúfiskurinn reyndist afbragðsbeita og vann fljótt á. Til marks um það má nefna að á Patreksfirði var honum fyrst beitt 1898, en var þremur árum síðar orðinn aðalagnið. Norðlendingar og Austfirðingar nýttu ekki kúfskel til beitu fyrr en miklu síðar. Í verstöðvunum miklu á Snæfellsnesi og Suðurlandi var kúfskel aldrei beitt að ráði. Þess má geta að á Þórshöfn er kúfskel sem ekki þykir hæf til manneldis unninn til beitu og þykir enn hið besta agn.

Kúfskelja öfluðu menn með ferns konar hætti. Kaldranalegasta aðferðin fólst í að vaða hana uppi, eins og gert var við Skersbug við Patreksfjörð. Menn gengu þá í sjó fram fast að mjöðmum, lutu niður til að taka skelina, yfirleitt án stakks eða bróka, enda forblautar skinnflíkur ekki notalegar í kalsaveðri. Í stillilogni, þegar sást til botns, var kúfskel stungin. Yfirleitt voru þrír mislangir stingir hafðir í takinu, frá hálfum og upp í þriggja metra lengd, allt eftir veiðidýpinu. Ísfirðingar voru atorkumestir við stingveiði sem var einkum stunduð kringum Tangana. Sérstakar hrífur voru líka notaðar til að kraka upp kúfskel, einkanlega í grennd við Ísafjarðarkaupstað.

Fjórða og afkastamesta aðferðin, sem síðast var tekin upp, voru plógveiðar. Sumarliði Sumarliðason úr Æðey var staddur á fiskveiðisýningu í Björgvin árið 1865, þar sem kúfiskplógur af Finnmörku var sýndur, 15 árum seinna smíðaði Sumarliði fyrsta plóginn. Á Byggðasafni Vestfjarða er gamalt eintak frá upphafsárum veiðanna. Honum svipar um margt til fyrstu norsku plóganna. Þó að vart sé hann frumsmíð Sumarliða hafa margir vestra fyrir satt að hann sé smíðaður af honum. Illa gekk þegar Sumarliði dró plóginn í fyrsta sinn á árabát sínum. Eftir að Guðmundur Rósinkarsson í Æðey endurbætti plægingaraðferðina með því að draga hann með spili að landi, reyndist auðvelt að plægja umtalsvert magn af skel til beitu. Þessi aðferð var nýtt víða vestra. Faðir fyrsta flutningsmanns tók þannig á æskuárum sínum fyrir 1930 þátt í að plægja kúfisk á landspili fyrir Keldudal í Dýrafirði og þótti púlsvinna.

Kúfiskurinn reyndist slík afbragðsbeita að um skeið töldu menn að kúfiskbeittar lóðir í fjarðarmynnum stöðvuðu fisksig inn firði. Árið 1887 komu Inndjúpsmenn af þeim sökum fram banni á notkun kúfskeljar í beitu. Töldu þeir hana tálma fiskgengd inn Djúpið. Banninu var ekki hrundið fyrr en 1904.

Óleystur vandi.

Hér á landi hafa komið upp þreytandi vandamál sem tengjast vinnslu kúfskeljarinnar. Svo virðist sem prótein í kúfisknum sjálfum, eða extrakti úr honum, vekji ofnæmi hjá starfsfólki í vinnslunni. Þetta hefur birst hjá háu hlutfalli starfsmanna HÞ. Skyld vandamál hafa komið upp í vinnslu vestanhafs en þó í mun minna mæli en hérlendis sem bendir til að hægt sé að hemja vandann. Jafnskjótt og ofnæmið gerði vart við sig fyrir tæpum hálfum áratug leituðu forustumenn Hraðfrystistöðvar Þórshafnar liðsinnis stjórnvalda til að ráða bót á vandamálinu. Skortur á fjárveitingum leiddi til þess að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gat ekki, þrátt fyrir góðan vilja, lagt í þær rannsóknir sem stofnunin taldi nauðsynlegar til að brjóta vandann til mergjar. Hann er því enn til staðar. Hér er um tæknilega örðugleika að ræða sem verður að ráða bót á til að vinnsla á kúfskel geti orðið sjávarútvegi á Íslandi sá búhnykkur sem efni standa að öðru leyti til.

Samfylkingin mun ganga ríkt eftir því við stjórnvöld að þau styðji rannsóknir á orsökum ofnæmis starfsmanna í kúfskelvinnslu samhliða þeim rannsóknum sem hér eru lagðar til. Ef nauðsyn krefur mun flokkurinn leggja fram sérstakt þingmál um það.

Ný sókn í sjávarútvegi.

Íslendingar búa að talsverðri þekkingu á kúfskel og eiga prýðilega sérfræðinga um lífshætti hennar eins og sést af fjölmörgum vísindaritgerðum Guðrúnar G. Þórarinsdóttur sjávarlíffræðings, auk skrifa fiskifræðinganna Sólmundar T. Einarssonar og Hrafnkels Eiríkssonar og annarra. Það breytir ekki bráðri nauðsyn frekari hagnýtra rannsókna varðandi nýtingu kúfskeljar. Þess vegna leggur Samfylkingin fram þessa tillögu til þingsályktunar. Hún er liður í vinnu flokksins að nýrri sókn í sjávarútvegi, ein af fjölmörgum hugmyndum Samfylkingarinnar sem kynntar verða á þessum vetri, þar sem bent er á leiðir til að margfalda verðmætasköpun úr hafinu við Ísland.

Fylgiskjal.

Langþráð kjölfesta í landvinnsluna.

(Úr Verinu, 22. febrúar 2001.)

FOSSÁ ÞH 362, hið nýja kúfiskveiðiskip Hraðfrystistöðvar Þórshafnar, kom til heimahafnar á Þórshöfn á þriðjudagsmorgun eftir tveggja mánaða siglingu frá Kína. Skipið var smíðað í Huangpu-skipasmíðastöðinni í Gung Zhou í Kína, en það er hannað af Ráðgarði – Skiparáðgjöf. Skipið kostaði 170 milljónir króna og er reiknað með því að það haldi á veiðar upp úr næstu mánaðamótum.

Jóhann A. Jónsson, framkvæmdastjóri HÞ, segir að með komu nýja skipsins sé hægt að hefja framleiðslu á kúfiski á nýjan leik og langþráð kjölfesta sé komin í landvinnsluna. „Með tilkomu skipsins vonumst við til að um nokkuð stöðuga kúfiskvinnslu verði að ræða á einni til tveimur vöktum eftir því hve mikið er að gera í öðru. Við ætlum okkur að keyra þessa landvinnslu þannig að kúfiskvinnslan verði grunnurinn og síðan frystum við loðnu, síld og hrogn þegar sá fiskur kemur að landi. Með þessu ættum við að ná saman árinu í atvinnu fyrir það fólk sem hér stundar landvinnslu.

Við reiknum með því að um 20 til 30 manns vinni í vinnslunni þegar hún verður komin í gang á einni til tveimur vöktum eftir því hvernig gengur. Það er eftirspurn eftir afurðunum og frekar meiri en minni þannig að ég á von á að við komum til með að vinna á tveimur vöktum hluta af árinu. Síðan verða 4 til 5 menn á sjónum."

Fossá er fyrsta fiskiskipið sem byggt er fyrir Íslendinga í Kína en talsvert mörg önnur skip eru þar í byggingu nú. Jóhann segir reynsluna af því að byggja skip í Kína í heildina vera góða. „Reynslan af samskiptunum við Kínverjana er ágæt. Þeir eru nýir á þessum markaði og eru enn að átta sig á kröfum vestræna markaðarins. Þetta er fyrsta skipið sem smíðað er fyrir Íslendinga í Kína og í heildina hafa samskiptin við Kínverjana gengið ágætlega. Vissulega hefði eitthvað orðið öðruvísi ef skipið hefði verið byggt annars staðar en á heildina litið gekk þetta vel og ég tel að við höfum fengið gott skip fyrir það verð sem sett var upp."

Vinna 10–15 þúsund tonn af skel á ári.

HÞ byggði upp kúfiskverksmiðju á Þórshöfn á árunum 1995 og 1996 og hófust veiðar um haustið 1996. Jóhann segir að það hafi verið mikið áfall fyrir vinnsluna þegar kúfiskveiðiskip vinnslunnar sökk úti fyrir Langanesi 1997. „Síðan þá hefur engin stöðug kúfiskvinnsla verið hér. Við höfðum um tíma bát í leigu frá Flateyri í fyrra og það er það eina sem hefur verið unnið hér í verksmiðjunni síðan skipið okkar sökk um árið.

Með nýja skipinu gera áætlanir okkar ráð fyrir að vinna um 10 til 15 þúsund tonn af skel á ári og framleiða þannig um þúsund tonn af kjöti fyrir Ameríkumarkað. Kúfiskurinn er heilsársveiði og því standa vonir okkar til að geta veitt þetta á ársgrunni. Síðan er stefnan að framleiða fleiri afurðir úr kúfiskinum þannig að verðmætastigið vaxi smátt og smátt. Við byrjum sem sagt á kjötinu en síðan ætlum við sem fyrst að hirða soðið og kúfiskkraftinn og auka þannig verðmætin."

Ofnæmisvandamálið vonandi úr sögunni.

Þegar kúfiskvinnsla var hafin á Þórshöfn gekk hún ekki þrautalaust fyrir sig og komu upp vandamál vegna próteinofnæmis hjá starfsfólki. Jóhann segir að síðan hafi menn lagt mikla vinnu í að átta sig á hver skýringin væri. „Það er búið að bera þessa verksmiðju hér saman við verksmiðju í Ameríku með tilliti til loftræstingar og annars. Þar finnst sami ofnæmisvaldurinn í fiskinum en mun minna verður vart við ofnæmiseinkenni í fólki þar. Niðurstaðan úr þessu starfi var sú að breytingar voru gerðar á loftræstingunni hér þannig að hún verði skilvirkari og vonumst við til að vandamálið sé úr sögunni með þessum aðgerðum. Það mun þó ekki koma óyggjandi í ljós fyrr en á það reynir þegar framleiðsla verður hafin að nýju. Það er eins með þetta og margt annað að svona vinnsla tekur tíma að þróast og komast á flug og það kom á óvart á sínum tíma að þetta ofnæmi skyldi koma upp."

Þurfum ekki að finna aftur upp hjólið.

Kúfiskvinnsla hefur áður verið reynd á Flateyri en þar gekk hún ekki sem skyldi. Jóhann segir að verksmiðja þeirra byggi á sömu vinnslu og áður hafi verið reynd hérlendis en það er að taka fiskinn úr skelinni og hreinsa hann. Frá því að kúfiskvinnsla hófst á Þórshöfn hefur HÞ verið í samstarfi við bandaríska aðila og segir Jóhann að það samstarf hafi reynst þeim mikils virði. „Við höfum verið í miklum samskiptum við Ameríkanana sem hafa verið í þessu með okkur og þeir hafa kennt okkur mikið um veiðar, vinnsluna og eins markaðinn. Þetta samstarf hefur tryggt það að við höfum ekki þurft að eyða kröftum okkar í að finna upp hjólið aftur og aftur þar sem við höfum aðgang að þekkingu, sem hefur verið okkur mikils virði. Eins höfum við búið við nokkuð stöðuga veiði á kúfisk, sem er vel.

Aðalmarkaðurinn fyrir kúfisk er í Ameríku og er sá markaður nokkuð stöðugur og frekar meiri eftirspurn en hitt. Þar hafa samstarfsaðilar okkar einnig verið okkur innan handar og það hefur komið sér vel í marga staði."

Landvinnslan glæðist á ný.

Jóhann segir að tiltölulega rólegt hafi verið yfir landvinnslu HÞ síðan hætt var að vinna Rússafisk á miðju síðasta ári en vonir standi til að landvinnslan glæðist með komu nýja skipsins. „Við vorum að vinna Rússafisk þar til á miðju síðasta ári, ásamt loðnu, síld og hrognum þegar það hráefni barst. Það hefur verið rólegt yfir þessari vinnslu í haust þar sem við höfum ekki haft Rússafiskinn sem grunn en það má segja að jafnvægi sé að skapast nú með kúfiskvinnslunni, því sú vinnsla gefur okkur þann möguleika að við getum flutt fólk til eftir því hvað við erum að framleiða og því fellur það vel saman við hitt."

Hjá HÞ er aðstaða til að verka frosinn fisk sem og saltfisk en Jóhann segir óvíst hver framtíð þeirrar vinnslu sé. „Það er eins með þá vinnslu og aðra að hún byggist á því hvernig tekjur og gjöld koma út í þessu. Þar sem ekki er mikið framboð af fiski á þessu svæði nema kannski yfir hásumarið, ef vel fiskast á færi hér, fer það algerlega eftir því hver afkoman í þeirri vinnslu er hvort það er vitrænt að vinna hana. Við höfum ekki getað byggt upp bolfiskvinnslu á okkar kvótaeign, sem er um 1.400 tonn, við höfum ekki séð grunn í því að veiða og vinna

og byggja á því hér. Um tíma unnum við hér Rússafisk sem féll ágætlega að því að frysta loðnu, síld og hrogn. Þegar þeir toppar komu var Rússinn geymdur á meðan í frysti en það er erfiðara að fá slíkt til að falla vel saman við ferskan fisk sem ekki getur beðið.

Hér er allt til staðar til að vinna bolfisk og við erum ekki að hugsa um að slátra þeirri aðstöðu nema upp komi þörf til þess. Við viljum frekar sjá hverju fram vindur og hver þróun mála verður," segir Jóhann A. Jónsson.

132. Frumvarp til laga [132. mál]

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Lokamálsliður 13. gr. laganna orðast svo: Rafbréf í sama verðbréfaflokki er heimilt að eignarskrá í fleiri en einni verðbréfamiðstöð, enda sé tryggt að aðeins sé hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæða þeirrar breytingar sem hér er lögð til á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er að sú staða kann að koma upp að útgefandi verðbréfaflokks í verðbréfamiðstöð vilji bjóða hluta af þeim einingum sem gefnar hafa verið út í viðkomandi verðbréfaflokki til sölu erlendis. Einnig kunna erlendir aðilar að sækjast eftir því að hluti af verðbréfaútgáfu þeirra sé tekinn til skráningar á Íslandi. Mikilvægt er því fyrir útgefendur að geta flutt ákveðinn hluta þessara rafbréfa til verðbréfamiðstöðvar í því landi þar sem markaðurinn fyrir bréfin er.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að auðvelda rafræna eignarskráningu verðbréfa erlendis. Frumvarpið er ekki talið hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

133. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf sem felur það í sér að stjórnvaldsfyrirmæli um nánari útfærslu laga komi til skoðunar Alþingis, t.d. þeirrar þingnefndar sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög, og hljóti ekki staðfestingu ráðherra fyrr en samþykki viðkomandi þingnefndar liggur fyrir.

Greinargerð.

Samkvæmt grundvallarreglum stjórnskipunar Íslands, sbr. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er það hlutverk Alþingis að setja þegnum landsins lög. Í þessu felst heimild til handa Alþingi, kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, til að setja þegnunum löggjöf hvort heldur hún varðar samskipti þegnanna innbyrðis eða samskipti þegnanna við ríkisvaldið.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gerir þannig ráð fyrir þrígreiningu ríkisvaldsins. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Ef 2. gr. stjórnarskrárinnar er skilin eftir orðanna hljóðan og með hliðsjón af því að hugtakið löggjafarvald táknar þá starfsemi sem fólgin er í setningu réttarreglna, hverju nafni sem nefnast, ætti öðrum en löggjafanum að vera óheimilt að setja réttarreglur. Löggjafanum ætti samkvæmt þessu að vera óheimilt að framselja löggjafarvald sitt, og skal í því sambandi bent á að í stjórnarskránni eru engin ákvæði sem heimila löggjafanum að framselja þetta vald sitt.

Öllum er hins vegar ljóst að sú venja er löngu helguð að í einstökum lögum sé heimild eða boð til framkvæmdarvaldshafa um að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna eða önnur tilgreind atriði í reglugerð eða öðrum stjórnvaldsboðum. Hefur þetta tíðkast allt frá setningu stjórnarskrárinnar árið 1874, en ljóst er að þetta hefur færst í vöxt. Hefur þessi framkvæmd þannig helgast af langri venju. Ástæða þessa er að löggjafinn getur sparað sér að setja ítarlegar reglur um hrein framkvæmdaratriði og lagasetning öll yrði flóknari og yfirgripsmeiri og löggjafarstarf allt seinunnara. Þá þarf oft að breyta reglum þegar reynsla af þeim liggur fyrir eða í einstökum málaflokkum varðandi daglega útfærslu og því oft nauðsyn að hafa þennan hátt á, og má nefna ýmsar ástæður svo sem þessar:

1. *Tímaskortur.* Á Alþingi er oft mikið vinnuálag og fjöldi aðkallandi mála getur verið mikill. Hér kemur einnig til að þingið situr ekki allt árið, sumarhlé, jólaleyfi o.fl. stytta starfstímann.

2. *Mannekla.* Nátengd tímaskorti þingmanna er mannekla á Alþingi. Meðan stöðugt fjölgar starfsfólki hjá hinu opinbera hefur ekki verið sama þróun á Alþingi. Þetta leiðir til aukins vinnuálags á þingmenn sem hefur það m.a. í för með sér að þingmenn verða að fela framkvæmdarvaldshöfum mikinn þátt í setningu réttarreglna með því að bjóða eða heimila þeim setningu reglugerða og annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

3. *Tæknileg viðfangsefni.* Nútímalöggjöf krefst oft lagasetningar um flókin tæknileg viðfangsefni sem ekki er á færi nema sérfróðra manna að fást við svo vel sé. Erfitt getur verið fyrir stjórnmálamenn að átta sig á þessum viðfangsefnum og setja um þau þær réttarreglur sem vel mundu hæfa í hverju einstöku tilviki. Þetta leiðir oft til þess að löggjafinn framselur löggjafarvald sitt um þessi efni til sérfróðra framkvæmdarvaldsaðila.

4. *Ófyrirsjáanlegar aðstæður.* Þegar lög eru sett miða þau yfirleitt við það ástand sem er á hverjum tíma, enda löggjafanum ekki frekar en öðrum gefið að sjá fram í tímann. Framkvæmd lagasetningar hefur þannig þróast í þá átt að Alþingi hefur sett lög, grunnreglur, en falið handhöfum framkvæmdarvalds, ráðherrum, að setja reglur um nánari útfærslu laganna. Hér er því um það að ræða sem kallað er framsal löggjafarvalds, þ.e. þegar um er að ræða heimild í lögum til þess að setja þegnunum fyrirmæli eða reglur, sem án slíkrar lagaheimildar hefði aðeins verið hægt að setja í lögum.

Eftirlitsvald dómstóla með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa leiðir af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þess ber þó að gæta að í þessu felst engin frumkvæðisskylda dómstóla varðandi þetta eftirlitsvald með t.d. reglugerðum. Það reynir því aðeins á þetta eftirlit dómstóla að eitthvað það komi fram í máli sem til þeirra er skotið sem athugavert þykir t.d. við lagastoð reglugerðar.

Vegna þessa er eðlilegt að koma á þeirri skipan að Alþingi hafi eftirlit með þeim fyrirmælum sem koma frá framkvæmdarvaldshöfum á grundvelli framsals Alþingis á löggjafarvaldi.

Eðlilegast er að sá aðili sem veitir öðrum heimild til þess að vinna þessi verk, að setja þegnunum reglur, hafi eftirlit með því að heimildin sé notuð á þann hátt sem heimildargjafinn getur samþykkt og ekki sé farið út fyrir heimildina. Hér er því gerð tillaga um að eftirlit þetta verði í höndum Alþingis, t.d. á þann hátt að sú nefnd sem áður hefur fjallað um viðkomandi lög fari yfir reglugerðirnar og framkvæmdarvaldsfyrirmælin og þau hljóti ekki staðfestingu fyrr en að þeirri skoðun lokinni. Þannig er tryggt virkt eftirlit Alþingis með því löggjafarvaldi sem það hefur framselt til framkvæmdarvaldshafa að reglugerðir hafi bæði lagastoð og séu í samræmi við þau lög sem þær byggjast á og anda þeirra laga. Með þessu fyrirkomulagi væru skerptar línur 2. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi fari með löggjafarvaldið.

134. Frumvarp til laga [134. mál]

um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við A-lið 9. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Sé markaðsverð fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi slík matsgjörð, sem ekki er eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu skv. 1. mgr. 11. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með setningu laga um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, voru lögbundnar reglur um greiðslu skatts til erfðafjársjóðs af öllum fjárverðmætum og fjármunaréttindum. Við setningu laganna

var gengið út frá því að löggjafinn hefði sett reglur sem mismunuðu þegnunum ekki með tilliti til skattlagningar. En tímar breytast og þær reglur sem voru sanngjarnar og réttlátar við setningu geta snúist upp í andhverfu sína.

Á þeim tíma sem ákvörðun er tekin um það að miða í 9. gr. laga nr. 83/1984 við fasteignamatsverð til gjaldstofns erfðafjárskatts var um að ræða reglu sem telja má að verið hafi sanngjörn öllum þegnum þjóðfélagsins. Á þessum tíma má segja að undantekningalítið hafi söluverð eigna verið hærra en gildandi fasteignamatsverð, óháð því hvar á landinu eignir voru og því hvort þær voru í þéttbýli eða sveit. Nú er staðan hins vegar sannanlega önnur. Þeim dæmum fjölgar stöðugt, og þá sérstaklega í hinum dreifðu byggðum, að ekki er hægt að selja eignir fyrir fasteignamatsverð. Með öðrum orðum er fasteignamatsverð, sem er gjaldstofn, í mörgum tilvikum orðið hærra, og það mikið hærra, en raunverulegt söluverð eignanna. Til eru einnig þau tilvik að ekki er hægt að koma viðkomandi eignum í verð. Því er ljóst að erfingjar geta staðið frammi fyrir því að þurfa að greiða umtalsverðan erfðafjárskatt af eign sem í raun er miklu minna virði. Það er því þannig komið að mikið óréttlæti felst í skattlagningu sem byggð er á A-lið 9. gr. varðandi fasteignir og hallar þar mjög á landsbyggðina og erfingja eigna þar. Hins vegar er ljóst að í öðrum liðum greinarinnar er gert ráð fyrir að hægt sé að byggja á matsverði eða markaðsverði varðandi eignir sem þar er fjallað um.

Sú breyting sem lögð er til á lögunum er réttlætismál, þ.e. að þegnarnir séu skattlagðir í samræmi við raunverulega eign sína, en ekki út frá mati sem ekki fylgir fasteignaverði um stóran hluta landsins. Þetta mál er því byggðamál jafnframt því að vera jafnréttismál þegar svo er komið að fólk sem búsett er á ákveðnum stöðum landsins þarf að greiða hlutfallslega hærri skatta miðað við verðmæti en þeir sem búsettir eru eða erfa eignir sem eru t.d. á höfuðborgarsvæðinu þar sem raunverð fasteigna hefur haldist hátt og umfram fasteignamatsverð, en þar geta þó fundist tilvik sem þessi lagabreyting gæti bætt.

Til að fullnægja réttlæti í þessum efnum er lagt til að erfingjar geti valið að fá metnar fasteignir sem þeir erfa. Er þá miðað við að matið yrði unnið og framkvæmt af matsmönnum sem sýslumenn tilnefna, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., og að varðandi mat þetta sé farið eftir ákvæðum II. kafla laga nr. 20/1991 eftir því sem við getur átt.

Til þess að ekki séu notuð gömul gögn varðandi þetta mat er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að gögn um slíkt mat, þ.e. matsgjörðir, megi ekki vera eldri en fjögurra vikna.

135. Frumvarp til laga [135. mál]

um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,
Árni R. Árnason, Ásta Möller, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 6. gr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal framselja einkaleyfi sitt til smásölu áfengis samkvæmt áfengislögum til verslana sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Rekstraraðili verslunar hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs á áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi.

2. Rekstraraðili verslunar, sem fyrst og fremst verslar með aðrar vörur, hefur fengið leyfi sveitarstjórnar til reksturs áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni, enda nemi það hillurými sem nýtt er undir áfengi að hámarki 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar. Skulu áætlanir um hillurými fyrir áfengi og útreikningar þar að lútandi lagðir fyrir sveitarstjórn samhliða umsókn um leyfi til rekstrar áfengisútsölu.

Verslunum sem selja áfengi skv. 1. mgr. er óheimill aðgangur að innkaupakerfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að opnað verði fyrir smásöluverslun með áfenga drykki á vegum fleiri aðila en Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR). Smásöluverslun með áfengi er nú alfarið í höndum ÁTVR sem hefur einkaleyfi á þessari starfsemi samkvæmt áfengislögum. Þróun íslensks samfélags á undanförnum árum hefur leitt til þess að núverandi fyrirkomulag á smásöluverslun með áfengi er orðið tímaskekkja. Viðskiptavinirnir gera sífellt aukna kröfu um þjónustu og þess vegna þjónar einokun ríkisins á smásöluverslun með áfengi ekki lengur þeim tilgangi að takmarka aðgang viðskiptavinanna að vörunni. Á undanförnum árum hafa margar útsölur verið opnaðar og ÁTVR hefur gert þá stefnubreytingu að leitast við að koma sífellt meira til móts við þarfir viðskiptavinanna. Lögum um verslun með áfengi var enn fremur breytt á vorþingi 1999 þar sem afgreiðslutími var rýmkaður og tekin af öll tvímæli um að heimilt væri að greiða fyrir vöruna með greiðslukortum.

Nú er svo komið að viðskiptavinir gera sífellt harðari kröfur um eðlilegan aðgang að vörunni, enda er neysla áfengis fyllilega lögleg eftir að tilskildum aldri er náð innan þess ramma sem áfengislög eða önnur lög leyfa. Sífellt fleiri viðskiptavinir vilja ekki vera neyddir til viðskipta við ÁTVR og taka ekki undir þá skoðun að viðskipti þeirra séu slíkt vandamál að það þarfnist einokunar ríkisins á þeim. Markmiðið með rekstri einkasölu ríkisins á áfengi hefur verið að draga úr neyslu þess með takmörkuðum aðgangi að því. Með sífellt fleiri útsölum og bættri þjónustu hefur þetta markmið smám saman vikið og fyrirkomulag starfseminnar líkist æ meira venjulegum einokunarrekstri þar sem leitast er við að uppfylla þarfir viðskiptavinanna án þess þó að kosta of miklu til. Aldrei verður þó sambærilegur möguleiki til þjónustu við viðskiptavini hjá einokunaraðila og þegar fleiri fá tækifæri til að þjóna markaðnum.

Verði sú breyting gerð sem lögð er til í frumvarpi þessu fá viðskiptavinir eðlilegan aðgang að vörunni. Sjálfsagt mun neysla áfengis eitthvað aukast, en aukningin mun væntanlega koma fram hjá þeim sem neyta áfengis í hófi. Þeir sem ofnota áfengi hafa ekki látið takmarkaðan aðgang aftra sér við neysluna hingað til þannig að lítil breyting verður á högum þeirra. Unglingum verður eftir sem áður óheimil neysla áfengis en á um það er kveðið í áfengislögum. Hófleg neysla áfengis hjá fullorðnu fólki hefur almennt verið talin skaðlaus og jafnvel í ýmsum tilvikum til bóta fyrir heilsu og líðan.

Frumvarp þetta er einfalt í sniðum og gerir ráð fyrir að hin formlega breyting feli í sér að ÁTVR verði skylt að framselja einkaleyfi sitt til annarra aðila sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru. Þeir sem fá leyfi til smásölu fá samkvæmt frumvarpinu fullar heimildir til þess að ákveða sjálfir um framboð af vörunni innan þess ramma sem settur yrði. Þeir munu væntanlega eiga bein viðskipti við framleiðendur og heildsöluaðila í innkaupum sínum á áfengi.

Samkvæmt áfengislögum veita sveitarstjórnir leyfi fyrir áfengisútsölum og geta bundið leyfin skilyrðum, svo sem um staðsetningu verslunar og afgreiðslutíma. Enn fremur eru gerð-

ar kröfur til smásöluaðilans um að hann ábyrgist öryggis- og eftirlitsbúnað húsnæðisins og afmörkun frá öðrum rekstri eftir því sem við á. Dómsmálaráðherra getur kveðið nánar á um hámarksafgreiðslutíma og önnur skilyrði varðandi smásöluleyfi í reglugerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að áfengi verði selt í sérverslunum eða í blönduðum verslunum ásamt öðrum vörum, t.d. matvörum. Í öllum venjulegum bókhaldskerfum er unnt að halda viðskiptum með þessa vöru í blönduðum verslunum aðgreindum frá öðrum rekstri og unnt er að setja skilyrði um frágang á hillum, kælum eða annarri söluaðstöðu sem og að mæla fyrir um takmarkaðri afgreiðslutíma fyrir áfengi en aðrar vörur ef svo sýnist skynsamlegt.

Smásöluaðilum er sjálfum falið að ákveða vöruframboð og verði þetta frumvarp að lögum má reikna með að sérverslanir af ýmsu tagi gætu séð dagsins ljós sem sérhæfðu sig í sölu einstakra tegunda áfengis. Ætla má að blönduðu verslanirnar sem seldu áfengi yrðu fyrst og fremst matvöruverslanir þar sem meginframboðið yrði vín og bjór. Leyfishafar fá ekki aðgang að innkaupakerfi ÁTVR til að koma í veg fyrir mismunun.

Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að ÁTVR verði lögð niður en ætla má að samkeppnisstaða einokunarsölunnar versni nokkuð við þessa breytingu. Tíminn einn leiðir svo í ljós hvort fyrirtækið er samkeppnisfært í þeirri takmörkuðu samkeppni sem það þarf að takast á við verði frumvarp þetta að lögum. Sérstaklega má þó reikna með að breyting verði til batnaðar fyrir kaupendur vörunnar í hinum fámennari byggðum á landsbyggðinni sem hingað til hafa mátt þola grófa mismunun af hálfu ÁTVR.

136. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 40. gr. a, sem orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, voru sett á sínum tíma var ekki talin þörf á að hafa reglugerðarheimild í lögunum. Sú þörf er hins vegar fyrir hendi nú. Tengist hún breytingu á 36. gr. laganna um ósanngjarna samningsskilmála eins og greininni var breytt m.a. með 36. gr. a–d, sbr. lög nr. 14/1995.

Með lögunum frá 1995 voru tekin upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum en þessi tilskipun ráðs Efnahagsbandalags Evrópu varð hluti af EES-samningnum. Samráð var haft við önnur Norðurlönd um undirbúning að breytingu á löggjöfinni á þessum tíma enda eru samningalögin byggð á norrænum grunni.

Í viðauka við framangreinda tilskipun er skrá yfir samningsskilmála sem teljast ósanngjarnir og er skráin til leiðbeiningar en ekki tæmandi. Var skráin birt sem fylgiskjal með lagafrumvarpinu á sínum tíma.

Dómstólum og jafnvel stjórnvöldum er ætlað að tryggja framkvæmd framangreindra ákvæða í samningalögum um ósanngjarna samningsskilmála. Var eigi talið nauðsynlegt við upptöku tilskipunarinnar í íslenskan rétt að setja sérstaka reglugerð vegna upptalningar á ósanngjörnum samningsskilmálum í viðauka við gerðina, sér í lagi þar eð dómstólar og viðkomandi stjórnvöld mundu kynna sér þá upptalningu í þingskjalinu. Í ljós hefur hins vegar komið að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ekki talið að viðaukinn við tilskipunina, með upptalningu á ósanngjörnum samningsskilmálum, sé tekinn upp í rétt aðildarríkja sambandsins með viðunandi hætti og hefur málarekstur verið í gangi fyrir dómstóli Evrópubandalaganna (mál framkvæmdastjórnarinnar gegn Svíþjóð). Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA spurst fyrir um upptöku tilskipunarinnar hér á landi og þá m.a. þetta atriði. Þykir með hliðsjón af þessu rétt að hafa reglugerðarheimild í lögunum. Er þá einnig horft til þess að taka átti ákvæði framangreindrar tilskipunar upp í lög hér á landi í síðasta lagi 31. desember 1994.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að veita viðskiptaráðherra heimild til að gefa út reglugerð sem kveður nánar á um framkvæmd laganna. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

137. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf að fenginni umsögn næsta iðnráðs eða iðnráðs Reykjavíkur, svo og iðnaðarleyfi.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Stofna má iðnráð í sveitarfélagi með yfir 5.000 íbúa. Skal hlutverk þess vera að veita lögreglustjórum aðstoð við að halda uppi eftirliti með ákvæðum laga þessara varðandi handiðnað og einnig annarra laga, vera stjórnvöldum almennt til ráðuneytis um mál er iðnað varða og veita eftir atvikum öðrum aðilum aðstoð á sviði iðnaðarmála. Leita skal til næsta iðnráðs

eða iðnráðs Reykjavíkur. Stofna má eitt iðnráð fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög sem fullnægja framangreindum skilyrðum um íbúafjölda.

Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum og skulu þeir kosnir til 4–6 ára. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kosningu til iðnráða og starfssvið þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að nokkrum breytingum á ákvæðum iðnaðarlaga um iðnráð vegna þróunar í starfsemi þeirra á undanförnum árum. Skylt hefur verið að kjósa iðnráð í kaupstöðum en með frumvarpinu er í staðinn gert ráð fyrir heimild til að stofna iðnráð í sveitarfélagi með yfir 5.000 íbúa og að hafa eitt iðnráð fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélög sem fullnægja skilyrðinu um íbúafjölda. Jafnframt er kveðið ítarlegar á um hlutverk iðnráða með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 217/1971, um kosningu og starfssvið iðnráða. Þá er tekið inn í frumvarpið ákvæði um að leita skuli til næsta iðnráðs eða iðnráðs Reykjavíkur. Loks er kveðið á um það að kosning í iðnráð skuli vera til 4–6 ára en í gildandi reglugerð hefur verið miðað við 4 ár.

Iðnráðum hefur farið fækkandi og vorið 2001 voru einungis starfandi iðnráð í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, fyrst og fremst við að veita umsögn um umsóknir iðnaðarmanna um meistarabréf. Viðvíkjandi ákvæði frumvarpsins um sveitarfélag með yfir 5.000 íbúa skal tekið fram að á árinu 1999 voru alls níu sveitarfélög með þann fjölda, þ.e. 1. Reykjavík, 2. Kópavogur, 3. Hafnarfjörður, 4. Reykjanesbær, 5. Akureyri, 6. Garðabær, 7. Mosfellsbær, 8. Akranes og 9. Árborg. Fimm hin fyrsttöldu voru með yfir 10.000 íbúa. Alls voru þá tuttugu sveitarfélög með yfir 2.000 íbúa og voru Egilsstaðir minnsta sveitarfélagið með þá íbúatölu. Þar eð erfitt hefur verið að halda uppi starfsemi iðnráða í litlum sveitarfélögum þykir rétt að miða nú við sveitarfélög með yfir 5.000 íbúa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er m.a. að rýmka starfsskilyrði iðnráða og tryggja þar með betur starfsgrundvöll þeirra. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

138. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Orðin „sbr. lög um Ríkisútvarpið“ í lok 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli sem verður IV. kafli, en fyrirsögn hans verður: **Útvarpsráð.** Í þeim kafla verða fimm nýjar greinar sem verða 7., 8., 9., 10. og 11. gr., svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Útvarpsráð.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

b. (8. gr.)

Skyldur útvarpsráðs.

Útvarpsráð skal sjá til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði send út til landsins alls og næstu miða árið um kring. Útvarpsráð skal tryggja að dagskrár þessar nái til allra íbúa landsins og að þær lúti ákvæðum 18. gr. um öryggi og almannaheill.

Útvarpsráði er heimilt að sjá til þess að hljóðvarpað sé til annarra landa.

Dagskrár skv. 1. mgr. skulu m.a. fela í sér almenna fréttaþjónustu og starfrækja vettvang fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða varða almenning. Þær skulu innihalda fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri og þess skal gætt sérstaklega að á boðstólum sé fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Enn fremur skal vera á boðstólum efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Veita skal almenna fræðslu.

Efni sem sent er út skv. 3. mgr. skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Lögð skal sérstök rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Veitt skal öll sú þjónusta sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

Tryggt skal að frumflutt dagskrárefni sem kostað er af útvarpsráði verði varðveitt til frambúðar.

c. (9. gr.)

Útboðsskylda.

Útvarpsráð skal bjóða út rekstur einstakra þátta þeirrar hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir samkvæmt ákvæðum 8. gr. Enn fremur skal það bjóða út útsendingu, dreifingu og öryggisþjónustu. Útvarpsráð skal skilgreina einstaka þætti, gera kröfulýsingu og setja gæðastaðla. Útboðin skulu vera til þriggja ára lengst. Við útboðin skal farið eftir lögum um framkvæmd útboða. Útvarpsráð skal fylgjast með framkvæmd útboða og leggja mat á gæði þeirra. Fyrir liggi hver á höfundarrétt hverju sinni.

d. (10. gr.)

Fjárhagur.

Kostnaður við störf útvarpsráðs og útboð þeirrar dagskrár sem það er ábyrgt fyrir er greiddur af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir árlega tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar útvarpsráðs. Þeim sem taka að sér útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár skv. 9. gr. er heimilt að afla tekna í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara um tekjustofna útvarpsstöðva.

e. (11. gr.)

Að öðru leyti gilda ákvæði V. kafla laganna um skyldur útvarpsstöðva.

3. gr.

1. málsl. 9. gr. laganna, sem verður 14. gr., verður svohljóðandi: Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi.

4. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 34. gr. laganna, sem verður 39. gr., fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I. Stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins.

Stofna skal hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins þann 2. maí 2002. Hlutverk félagsins er að hafa á hendi þá starfsemi sem Ríkisútvarpið hefur haft með höndum. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Við gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra þriggja manna undirbúningsnefnd sem annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags skv. 1. mgr. Nefndin undirbýr löggerninga er varða stofnun hlutafélagsins og fyrirhugaða starfsemi og aflar nauðsynlegra leyfa til útvarpsrekstrar í umboði menntamálaráðherra og í samráði við útvarpsráð. Löggerningar þessir skulu hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Stjórnendur og starfsmenn Ríkisútvarpsins skulu veita nefndarmönnum nauðsynlega aðstoð.

Hinn 1. júlí 2002 tekur Ríkisútvarpið hf. við rekstri og starfsemi Ríkisútvarpsins og skal Ríkisútvarpið þá lagt niður. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal starfandi útvarpsráð gera samning við Ríkisútvarpið hf. um rekstur dagskrár skv. 8. gr. frá 1. júlí 2002 til 31. desember 2003.

II. Hlutafé, hlutir og meðferð hlutafjár.

Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Ríkisútvarpinu hf. Við stofnun skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs. Menntamálaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Ríkisútvarpsins við stofnun. Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár. Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Stefnt skal að sölu hlutafjár ríkissjóðs fyrir 1. júlí 2003 og skulu starfsmenn hafa forkaupsrétt á allt að 50% hlutafjár á gengi sem er 30% hagstæðara en aðrir greiða. Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um innborgun hlutafjár í Ríkisútvarpinu hf. Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/ 1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Ríkisútvarpinu hf.

III. Réttindi starfsmanna.

Allir starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. við yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins.

Maður sem gegnir starfi hjá Ríkisútvarpinu og tekur við starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. skal njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Ríkisútvarpinu fellur niður er hann tekur við starfinu.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem verða til vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins áður en rekstur þess er yfirtekinn af Ríkisútvarpinu hf. Hið sama gildir um aðrar lífeyrisskuldbindingar.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Ríkisútvarpsins hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélags og yfirtöku þess á rekstri Ríkisútvarpsins greiðist af Ríkisútvarpinu hf.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, falla úr gildi 1. júlí 2003. Þó skulu ákvæði 15., 17. og 18. gr. halda gildi sínu til 1. júlí 2006.

Greinargerð.

Við samningu þessa frumvarps naut flutningsmaður aðstoðar nefndasviðs Alþingis. Ábendingar bárust frá Hauki Erni Birgissyni laganema, Hafsteini Þór Haukssyni laganema, Pétri Árna Jónssyni laganema og Ragnari Jónassyni lögfræðingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, verði felld úr gildi í heild sinni, en nánar tilgreind ákvæði þeirra verði tekin upp í útvarpslög, nr. 53/2000. Stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu og njóta forgangs um kaup á hlutafé í því.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að útvarpsráð starfi áfram en með breyttu sniði. Það verði áfram tilnefnt af Alþingi og því verði áfram ætlað að standa vörð um íslenska menningu og íslenska dagskrárgerð sem hingað til. Því sé áfram ætlað að tryggja dreifingu útvarpsefnis til allrar þjóðarinnar og tryggja öryggi þjóðarinnar. Þessum markmiðum verði náð með útboði á efni og rekstri í stað þess að standa í rekstri.

Nái frumvarpið fram að ganga verður útvarpsráði skylt bjóða út þá dagskrá sem það er ábyrgt fyrir og skal það hafa til þess fjárveitingu sem ákveðin verður á fjárlögum ár hvert.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að bætt verði við útvarpslögin sérstökum kafla sem beri heitið Útvarpsráð og þar verði að finna ákvæðin sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Við gildistöku frumvarpsins mundu lög um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, falla úr gildi og þar með væri skylduáskrift landsmanna að fjölmiðlum lokið.

Í lögum nr. 122/2000 er skilgreint að hlutverk Ríkisútvarpsins sé eftirfarandi:

1. Að standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.
2. Að gæta lýðræðislegra grundvallarreglna og málfrelsis.
3. Að flytja óhlutdrægar fréttir og skoðanaskipti.
4. Að flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn.
5. Að útvarpa lista- og menningarefni og veita almenna fræðslu.

6. Að tryggja öllum landsmönnum aðgang að efni sínu.
7. Að gegna öryggishlutverki á hættutímum.

Helstu röksemdir fyrir frumvarpinu eru þær að óþarft virðist að ríkið standi í útvarpsrekstri til þess að ná fram þessum markmiðum. Þeim er öllum hægt að ná með útboðum þar sem allar útvarpsstöðvar, sem bolmagn hafa, keppa um að bjóða bæði góðar og hagkvæmar lausnir á þessum markmiðum. Þannig verður samkeppnin virk og einstakar stöðvar gætu sérhæft sig á ákveðnum sviðum, t.d. í gerð barnaefnis. Hægt verður að koma á gæðaeftirliti og eftirliti með framkvæmd sem erfitt er um vik við núverandi aðstæður.

Í útvarpslögum er ákvæði um að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsveitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn beri til og almannaheill krefjist. Sú röksemdafærsla að Ríkisútvarpið sé öryggistæki þjóðarinnar er fallin um sjálfa sig þar sem það hefur komið berlega í ljós á síðustu missirum að hún á ekki við rök að styðjast. Nægir hér að nefna Suðurlandsskjálftana í júní 2000 og atvik þegar utanaðkomandi aðili náði að slökkva á Ríkisútvarpinu án þess að nokkur gerði athugasemdir við ferðir hans.

Skylduáskrift að Ríkisútvarpinu hefur runnið sitt skeið á enda. Hún skekkir allan markaðinn og kemur í veg fyrir eðlilega samkeppni. Það er fráleitt að skylda fólk til að greiða áskrift til aðila A þegar það ætlar að kaupa þjónustu hjá aðila B. Þegar öryggisrökin eru auk þess ekki lengur til staðar er fráleitt að skylda landsmenn til þess að borga af dagskrá sem þeir hafa e.t.v. engan áhuga á að færa sér í nyt. Útvarpsgjaldið er þess vegna trauðla þjónustugjald heldur nokkurs konar nefskattur. Sem skattur stingur þetta gjald mjög í stúf við aðra skatta sem með réttu eða röngu eru sniðnir að greiðslugetu fólks. Þessi skattur er mjög ófélagslegur því allir verða að greiða hann óháð tekjum eða greiðslugetu. Gjaldið er umtalsverður hluti af launum lágtekjufólks en hátekjufólk munar lítið um að greiða þennan skatt.

Innheimta útvarpsgjaldsins er svo kapítuli út af fyrir sig. Smásmugulegt eftirlit með viðskiptum einstaklinga sín á milli og spurningar um hvar hver sefur eru ekki í takt við tímann.

Undanfarið hafa frjálsar útvarpsstöðvar, sem verða að lifa á auglýsingatekjum, kveinkað sér undan samkeppninni við „stóra bróður“ sem í krafti skylduaðildar og ríkisábyrgðar er sagður undirbjóða auglýsingar. Þessi „samkeppni“ verður sérstaklega sársaukafull þegar harðnar á dalnum í efnahagslífinu og auglýsingamarkaðurinn dregst saman. Umræðan hefur snúist um þá lausn að Ríkisútvarpinu verði bannað að taka þátt í auglýsingamarkaðnum og fái í staðinn fé á fjárlögum. Þetta óttast auglýsendur því að samkeppnin minnkar þegar einn aðili dettur út. Ef Ríkisútvarpið fer að fá framlög á fjárlögum verður stutt í að fólk vilji fella niður þann nefskatt sem skylduáskriftin er og taka upp fjárveitingar til alls rekstur Ríkisútvarpsins. Færi þá enn minna fyrir samkeppni á markaðnum, bæði útvarps- og auglýsingamarkaði.

Rekstur Ríkisútvarpsins líður fyrir þá annmarka sem há ríkisrekstri almennt. Ekki er hægt að gera vel við afburðastarfsmenn og þeir fara annað eða missa móðinn. Stjórnendur standa ekki og falla með ákvörðunum sínum og bera ekki fjárhagslega ábyrgð. Þegar reksturinn er gagnrýndur er alltaf borið við skorti á fjárveitingum eða of lágu afnotagjaldi; viðbárur sem neytanda koma ekkert við í einkarekstri.

Útvarpsráð og Ríkisútvarpið hafa alla tíð verið í forustu í mótun menningar og lista. Það hefur jafnvel verið ljóst og leynt markmið sumra sem sitja í útvarpsráði að ala þjóðina upp í „góðri“ menningu. Þetta var mjög áberandi um miðbik síðustu aldar. Sumir hafa gagnrýnt að menningu sé stýrt þannig ofan frá og bent á að menning sé í víðasta skilningi allt það sem menn stunda. Hvort sem það er „hámenning“ eins og sinfóníur eða „lágmenning“ eins og „popp“-hljómleikar svo dæmi sé tekið af tónlist. Annað hefur verið stórlega styrkt af ríki og

sveitarfélögum, hitt ekki. Þessi stýring lýsir vanmati á getu einstaklingsins til að skapa sér menningu út frá eigin forsendum eða hreinlega stjórnunar- og valdatilburðum ríkisvaldsins, enda eru ríkisfjölmiðlar mikilvæg tæki í einræðisríkjum og frjáls fjölmiðlun eitur í beinum slíkra valdhafa.

Ekki er ætlunin að hverfa alveg frá þessari stýringu á menningu í þessu frumvarpi en hún er milduð í þeim skilningi að sami aðilinn tekur ekki bæði ákvörðun um hvaða menningar og hvernig frétta þjóðin á að njóta og sjái svo um framkvæmdina á því hvernig það er gert. Mikilvægi þessarar stýringar hefur reyndar dvínað verulega eftir að Ríkisútvarpið fékk samkeppni og brást við henni t.d. með Rás 2.

Sú lausn, sem hér er stungið upp á, leysir öll þessi vandamál. Aðilum fækkar ekki á markaði því að Ríkisútvarpið yrði verðugur þátttakandi en samkeppnin yrði tryggð með útboðum á þeim þáttum sem hafa verið hlutverk Ríkisútvarpsins í tímans rás. Útvarpsráð mundi áfram sjá um að því hlutverki sé sinnt.

Hlutverk hins nýja útvarpsráðs yrði í meginatriðum þetta: Útvarpsráð skilgreini afmarkað dagskrárefni, t.d. barnaefni (kvikmyndir, leikrit, tónlist, viðtalsþætti, fræðsluefni, spurningakeppni o.s.frv.). Það setji upp tímaramma og gæðastaðla. Svo verði einstakir þættir boðnir út. Sumir eru boðnir út í eitt skipti, t.d. ákveðið leikrit. Aðrir þættir, t.d. framhaldsþættir, eru boðnir út til lengst þriggja ára.

Útvarpsráð skilgreini enn fremur hvað felst í útsendingu og dreifingu efnis um allt land. Í það geta aðilar boðið sem sérhæfa sig á því sviði. Ný stafræn tækni mun gera þessa þætti bæði miklu ódýrari og auðveldari til útboðs. Um þessa dreifileið eru dagskrárnar sendar.

Þá þarf útvarpsráð að skilgreina hvað felst í öryggishlutverki þess. Það hlutverk felst væntanlega í því að einhver útvarpsstöð sendir út allan sólarhringinn um fyrrgreint dreifinet, er í nánum tengslum við almannavarnakerfið, er reiðubúin til að rjúfa dagskrá sína hvenær sem er og kynnir hlutverk sitt ítarlega fyrir almenningi.

Útvarpsráð skilgreini hvaða gæði skuli nást á einstökum útboðsþáttum og hvernig fylgst sé með að þeim gæðum sé náð.

Eðlilegt er að útvarpsráð bjóði einnig út það starf að skilgreina ýmsa þætti dagskrár, gerð gæðaeftirlits og eftirfylgni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er tekin út undanþága fyrir Ríkisútvarpið um að það þurfi ekki að fá leyfi útvarpsréttarnefndar til útvarps. Eðlilegt er að hið nýja hlutafélag, Ríkisútvarpið hf., þurfi að fá slíkt leyfi eins og aðrar útvarpsstöðvar.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að nýr kafli með fimm nýjum greinum, 7.-11. gr., sem hafi fyrirsögnina **Útvarpsráð**, verði tekinn upp í lögin.

A-liður (7. gr.) hefur að geyma ákvæði um að útvarpsráð starfi áfram og verði kosið af Alþingi með sama hætti og verið hefur.

Í b-lið (8. gr.) er lagt til að útvarpsráð sjái til þess að a.m.k. ein hljóðvarpsdagskrá og ein sjónvarpsdagskrá verði sendar út til landsins alls og næstu miða árið um kring. Hlutverk útvarpsráðs breytist. Það á að standa vörð um íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð eins og hingað til, en því er ekki jafnframt ætlað að standa í stóratvinnurekstri til þess að sinna þessu hlutverki. Hinu nýja útvarpsráði sé ætlað að sjá um að því hlutverki sem Ríkisútvarpið hefur nú með höndum verði sinnt en ekki að sjá um framkvæmdina.

Í c-lið (9. gr.) er lagt til að með útboðum verði tryggð samkeppni og möguleiki til gæðaeftirlits og eftirfylgni sem er nýmæli. Útvarpsráð mun því koma fram sem nokkurs konar framkvæmdastjórn útvarps.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið mun útvarpsráð sjá um að það starf sem Ríkisútvarpið innir af hendi í dag verði framkvæmt. Þetta má sjá í 1., 3. og 4. mgr. væntanlegrar 8. gr. laganna þar sem fjallað er um þá dagskrá og útvarpsefni sem útvarpsráð er ábyrgt fyrir að verði framkvæmd. Þessi ákvæði eiga sér hliðstæðu í 1., 3. og 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000. Þá er áréttuð sú skylda útvarpsráðs að sjá til þess að dagskráin nái til alls landsins og að öryggi þjóðarinnar sé tryggt. Heimild er til handa útvarpsráði að láta hljóðvarpa íslensku útvarpsefni til annarra landa og er það í samræmi við heimild í 3. mgr. 4. gr. téðra laga. Þá er ákvæði um varðveislu efnis í samræmi við 5. gr. umræddra laga.

Gert er ráð fyrir að útvarpsráð bjóði út rekstur þeirrar hljóðvarpsdagskrár og þeirrar sjónvarpsdagskrár sem það er ábyrgt fyrir að send sé út samkvæmt ákvæðum kaflans. Ákvæði kaflans miðast við að útvarpsráð hafi fjárveitingu frá ríkinu til þess að standa undir kostnaði við útboð á dagskránum, sbr. d-lið (9. gr.).

Um 3. gr.

Hér er hnykkt á ákvæði 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, um að það skuli halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi. Sleppt er ákvæði um að gætt skuli fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Slíkt gæti stundum reynst erfitt, t.d. þegar lýsa á landsleik.

Eðlilegt er að ákvæði þessa efnis eigi við um allar útvarpsstöðvar samkvæmt útvarpslögum. Ákvæði um tjáningarfrelsi er þegar til staðar í 2. málsl. 9. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, og því ekki ástæða til að fjalla nánar um það.

Um 4. gr.

Hér er felld brott tilvísun í lögbundið útvarpsleyfi Ríkisútvarpsins þar sem það verður ekki lengur til staðar nái frumvarpið fram að ganga.

Um 5. gr.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins eru sniðin eftir ákvæðum I., II. og III. kafla laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, nr. 50/1997. Þau fjalla um stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins, hlutafé, hluti og meðferð hlutafjár og réttindi starfsmanna.

Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið hf. taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi nefnd sem skal annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélagsins.

Þá hefur frumvarpið að geyma ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra fari með eignarhlut ríkisins í Ríkisútvarpinu hf., en að stefnt skuli að sölu þess fyrir 1. júlí 2003.

Loks er að finna ákvæði í frumvarpinu sem tryggja réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins við yfirtöku Ríkisútvarpsins hf. á stofnuninni. Lagt er til að allir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem taka laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga skuli eiga kost á sambærilegu starfi hjá Ríkisútvarpinu hf. Einnig eru ákvæði um lífeyrisréttindi og biðlaunarétt.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi þegar við samþykkt. Þá verður strax hægt að fara að undirbúa stofnun hlutafélags sem stofna á 2. maí 2002. 1. júlí 2002 taki hlutafélagið yfir rekstur Ríkisútvarpsins en Útvarpsráð geri samning við hlutafélagið til eins og hálfs árs, eða til ársloka 2003. Hlutafélagið verði selt fyrir 1. júlí 2003, en þann dag falli úr gildi lög nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið. Þó er gert ráð fyrir að þau ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið sem fjalla um innheimtu á útvarpsgjaldi í vanskilum haldi gildi sínu til 1. júlí 2006 til að tryggja að sá innheimtuferill sem þar er lýst haldi áfram í eðlilegan tíma eftir þá breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

139. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um markvisst átak til að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Örlygur Hnefill Jónsson, Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Björgvin G. Sigurðsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra í samráði við Ferðamálaráð, Byggðastofnun og Samtök ferðaþjónustunnar að hrinda af stað markvissu átaki til að lengja ferðaþjónustutímann á Íslandi svo nýting gistrýma og annarrar þjónustu við ferðamenn aukist til muna. Sérstaklega skal tekið tillit til landsbyggðarinnar í þessu máli þar sem ferðaþjónusta er mun minni yfir vetrartímann en hún gæti orðið, miðað við þá aðstöðu og möguleika sem fyrir hendi eru.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er afar mikilvæg atvinnugrein á Íslandi og hefur farið ört vaxandi undanfarin ár, svo mjög að hún er orðin sá atvinnuvegur sem aflar næstmestra gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið. Gífurleg fjölgun ferðamanna sem komu til Íslands yfir sumartíma hin síðari ár sýnir þetta hvað gleggst. Þá hefur aukist fjöldi erlendra ferðamanna sem koma til Reykjavíkur og nágrennis yfir vetrartímann. Í því tilviki er það oft fólk sem kemur hingað á ráðstefnur en fer lítið sem ekkert út fyrir borgarmörkin.

Gistirýmum á Íslandi hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Miklar fjárhæðir hafa verið lagðar í byggingu hótela, gistiheimila og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þessar fjárfestingar eru nauðsynlegar til þess að við getum tekið á móti ferðamönnunum sem koma hingað. Svo líkingamál sé notað má segja að hótelin séu bátar ferðaþjónustunnar. Ekki fiskast nema bátar séu til þess að sækja aflann. En hin öra uppbygging hefur líka orsakað miklar skuldir og rekstrarleg þörf greinarinnar fyrir aukna nýtingu, og þar með arðsemi, er gríðarlega mikil.

Víða um land standa hótel og aðrir gististaðir að miklu leyti ónýttir yfir vetur, vor og haust þótt aðstaða sé öll hin besta. Fjárhagsleg staða margra hótela úti á landi er frekar bágborin og því geta eigendur þeirra eða rekstraraðilar ekki staðið í mikilli markaðssókn og auglýsingum á erlendri grund.

Því er mjög eðlilegt að ríkið komi hér að með myndarlegum hætti og stuðli að komu fleiri ferðamanna til Íslands á þeim tíma sem nú nýtist ferðaþjónustunni frekar illa. Allt það fjármagn sem sett er í markaðssetningu á Íslandi sem ferðamannaparadís mun skila sér margfalt

til baka. Ef ferðamönnum fjölgar hér til muna og ferðaþjónusta vex, t.d. það mikið að hún skilar þrefalt meiri tekjum en núna, hefði það mjög jákvæð áhrif á efnahagslífið hér.

Þetta mundi jafnframt styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni, auka þar fjölbreytni heilsársstarfa og hafa um leið þau áhrif að ferðaþjónustan efldist enn sem grundvallaratvinnugrein í landinu.

140. Frumvarp til laga [140. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Flm.: Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögur um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi voru fluttar á 121. og 122. löggjafarþingi en náðu ekki fram að ganga. Að þessu sinni er málið flutt sem frumvarp til breytinga á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

Markmið frumvarpsins er að taka upp þá meginreglu að bifreiðastjórum verði heimilt að beygja til hægri á umferðarljósum á móti rauðu ljósi. Að öðru leyti skulu almenn umferðarlög gilda, svo sem um stöðvunarskyldu og forgang umferðar úr öðrum áttum. Þessi regla hefur um langt bil verið gildandi í Bandaríkjunum og Kanada og gefið góða raun. Oft neyðist bifreiðastjóri, sem hyggst taka hægri beygju, til að bíða á móti rauðu ljósi þótt engin umferð sé í þá akstursstefnu. Mikið hagræði væri af því að bifreiðastjórinn gæti haldið för sinni áfram án þess að bíða eftir grænu ljósi. Það stytti biðtíma margra bílstjóra, losaði um umferðarteppu á álagstímum og greiddi almennt fyrir umferð. Þá er ónefndur sá þáttur að slík heimild drægi úr kostnaði við lagningu afreina í sumum tilvikum.

Áhersla er lögð á að bifreiðastjóra ber að meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur þegar ákvörðun um hægri beygju móti rauðu ljósi er tekin. Í raun er um svipaða ábyrgð og ákvörðun að ræða og þegar bifreiðastjóri tekur ákvörðun um að aka úr aðrein inn á aðalbraut. Í einhverjum tilvikum getur verið óheppilegt að leyfa hægri beygju móti rauðu ljósi og skal þá tekið sérstaklega fram með þar til gerðum merkingum að slík beygja sé óheimil. Meginreglan á að vera sú að hægri beygja móti rauðu ljósi sé heimil nema annað sé tekið fram sérstaklega.

141. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um skipulagða áfallahjálp innan sveitarfélaga þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að ríkisstjórn í samstarfi við sveitarfélög komi á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er mælst til þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því í samstarfi við sveitarfélögin að koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga og/eða í samstarfi þeirra.

Við alvarleg og mannskæð slys er höfuðáhersla lögð á fyrstu aðstoð, þ.e. björgunaraðgerðir og líkamlega aðhlynningu fórnarlamba. Björgunarsveitir, lögregla, sjúkraflutningamenn og fjöldi sjálfboðaliða hafa staðið sig með eindæmum vel við slíkar aðgerðir. Hins vegar virðist sem markviss áfallahjálp í kjölfarið sé yfirleitt ekki til staðar. Of mörg dæmi benda eindregið til þess. Fórnarlömb slysa og náttúrhamfara telja sig mörg skilin eftir óstudd og í óvissu eftir að fyrstu aðgerðum lýkur. Virðist sem sjaldan sé í boði kerfisbundin aðstoð við að takast á við sorg í kjölfar slysa og náttúruhamfara. Gildir það um andlega líðan og tilfinningar fórnarlamba, fjármál þeirra og aðstæður til að fóta sig í tilverunni að nýju. Fagleg aðstoð virðist af skornum skammti. Þá virðist sem áfallahjálp til björgunarfólks, fjölskyldna fórnarlamba og vinnufélaga sé lítil sem engin. Mannskæð slys hafa djúp og varanleg áhrif á alla aðstandendur, jafnt innan fjölskyldna sem meðal vinnufélaga. Oft hafa válegir atburðir áhrif á heilt samfélag. Mikilvægt er að bregðast rétt við slíkri sorg, af fagmennsku og með kerfisbundnum hætti.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að í hverju sveitarfélagi eða í samstarfi nærliggjandi sveitarfélaga sé komið á markvissri stjórn áfallahjálpar. Slíkri stjórn er ætlað að bregðast við kerfisbundið þegar ósköp dynja yfir. Stjórnunarnefndinni er ætlað að taka frumkvæði í að veita þeim faglega áfallahjálp sem hinir válegu atburðir snerta mest. Má þar benda á þá sem lifa af atburðina og fjölskyldur þeirra, ættingja þeirra sem kunna að hafa farist, vinnufélaga fórnarlamba, björgunarfólk og aðra sem tengjast hinum válegu atburðum náið.

Mikilvægt er að slík stjórnunarnefnd sé skipuð formlega með aðal- og varamönnum þannig að þegar hörmungar dynja yfir komi nefndin strax saman, skilgreini aðstæður, bregðist markvisst við og af fagmennsku.

Ekki er óeðlilegt að í hverri stjórnunarnefnd áfallahjálpar sveitarfélaga sitji fulltrúar heilsugæslu, prestar, lögreglumenn, björgunarsveitarfólk, fulltrúar peningastofnunar, tryggingafélags, skóla og atvinnulífs.

Þá er eðlilegt að skipuð verði yfirstjórn áfallahjálpar fyrir landið allt til þess að veita staðbundnum stjórnum áfallahjálpar faglega ráðgjöf sem og til að fylgjast með skipan og fyrirkomulagi áfallahjálpar á hverjum stað. Gildi fræðslu fyrir einstaklinga í slíkum stjórnum, á vinnustöðum og heimilum er ómetanlegt.

Áhrif mannskæðra slysa geta verið langvarandi og alvarleg fyrir einstaklinga jafnt sem samfélagið í heild. Segja má að aðstoð við að takast á við sorgina sé jafnmikilvæg og fyrstu björgunaraðgerðir. Því telja flutningsmenn það hafa mikið forvarnagildi fyrir samfélagið í

heild að markvissum aðgerðum við sorgarviðbrögðum verði komið á þannig að unnið verði kunnáttusamlega að því að einstaklingar og hópar nái sem fyrst fyrri styrk sínum eftir að alvarleg og mannskæð slys ber að höndum.

142. Fyrirspurn [142. mál]

til félagsmálaráðherra um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
3. Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?
4. Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [143. mál]

til samgönguráðherra um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Frá Ármanni Höskuldssyni.

1. Hafa rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru hafist, sbr. ályktun Alþingis frá 5. desember 2000? Ef svo er, hvaða áfangar rannsóknarinnar eru áætlaðir í ár?
2. Hversu miklir fjármunir eru áætlaðir til rannsóknanna á árinu 2002?
3. Hvenær er áætlað að þessum rannsóknum ljúki?

Skriflegt svar óskast.

144. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um milliliðalaust lýðræði.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að setja á stofn nefnd sem kanni möguleika á notkun netsins við að þróa milliliðalaust lýðræði.

Nefndin kanni hvernig hægt er að nota netið til að þróa milliliðalaust lýðræði og hafi þar að leiðarljósi öfluga persónuvernd við framkvæmd kosninga og þjóðaratkvæðagreiðslna á netinu. Nefndin skal skipuð fulltrúa Háskóla Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stúdentaráðs Háskóla Íslands, Alþingis Íslendinga og fulltrúum allra stjórnmálaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin kanni jafnframt hvaða áhrif milliliðalaust lýðræði hefði á samfélagið, efnahagslega, félagslega og stjórnmálalega, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórna og sveitarfélaganna þar sem auðvelt og byltingarkennt gæti verið að nota milliliðalaust netlýðræði í miklum mæli. Stefna skal að því að kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari samhliða heföbundnum kosningum fram á netinu innan fárra ára.

Greinargerð.

Ljóst er að þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum á Vesturlöndum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar allt á að fólk hafi miklu meira um hagi sína að segja en áður. Sá tími er liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir og tímabært að færa valdið í meira mæli til fólksins. Netið býður upp á möguleika til að auka stórum milliliðalaust lýðræði og gera það að veruleika án þeirra galla sem fylgja tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum, þar sem kjósendur þurfa að fara á kjörstað til að greiða atkvæði. Reynslan frá Sviss segir að kjósendur verði leiðir og kjörsókn minnki þar sem of mikið umstang fylgi því að fara oft á ári á kjörstað. Þessu gjörbreytir netið, líkt og dæmi frá Bandaríkjunum sýnir.

Netkosningar veruleiki.

Kosningar á netinu í kjölfar upplýsinga- og tæknibyltinganna eru að verða að veruleika og brýnt að kanna þegar í stað kosti þeirra og galla. Tímabært er að stíga skrefið frá Aþenu til internetsins við lýðræðislega stjórnarhætti og færa völdin í meira mæli til fólksins. Fulltrúalýðræðið hefur að mörgu leyti gengið sér til húðar, þó því fari fjarri að hægt sé að leggja það af. Fráleitt væri að tala um stjórnskipan sem byggist ekki á fulltrúalýðræðinu og hinn almenni borgari getur ekki tekið þennan þátt í störfum Alþingis í sínar hendur í almennum atkvæðagreiðslum. Kjörnir stjórnmálamenn mundu eftir sem áður semja lögin og útfæra.

Frá Aþenu til internetsins.

Í raun er kominn tími til að lýðræðið leiti upprunans, en í stað handauppréttinganna á Agora-torginu í Aþenu á gullöld Grikkja rétta menn nú upp hönd á netinu þess í stað. Fulltrúalýðræði hins illa upplýsta og fátæka almennings hefur runnið sitt skeið á enda og næsta framfaraskeið mannkynsins þarf að eiga sér stað á stjórnmálasviðinu með milliliðalausu lýð-

ræði og notkun netsins við að koma því á, gera það ódýrara og auðveldara í framkvæmd. Því er brýnt að kanna áhrif þess á samfélagsþróunina að taka upp og efla beint lýðræði nú í kjölfar upplýsingabyltingarinnar, þegar tölvueign og tölvuaðgengi hefur aukist um mörgþúsund prósent á nokkrum árum.

Lýðræði 21. aldarinnar.

Hlutverk og tilgangur þessarar tillögu er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar fólks og betra aðgangs að upplýsingum sem leiðir til þess að hinn almenni borgari getur nú tekið ákvarðanir í formi beins lýðræðis um mörg meginmál samfélagsins. Sú aðferð kemur þó ekki í stað þeirrar nákvæmnisvinnu sem löggjafarstarfið er. Það er fjarstæðukennt að ætla að 21. öldin sætti sig við óbreytt fulltrúalýðræði og þeim hverfandi áhrifum sem kjósendur hafa á stjórnun samfélagsins í gegnum það. Þess verður krafist að bilið á milli þeirra sem stjórna og er stjórnað minnki verulega. Við innleiðingu netsins í lýðræðisferil okkar er einnig komið á samræðu borgaranna við stjórnvöld, þar sem borgarar landsins geta lagt inn hugmyndir og verið virkir þátttakendur í stjórnun lands síns. Með sama hætti eflist og styrkist stjórnmálasamræða í millum borgaranna um kjör sín, eins og að mörgu leyti hefur nú þegar átt sér stað á netinu hin síðari ár.

Bandaríska dæmið.

Líkt og fram kemur í grein Karls Blöndal í Morgunblaðinu 16. mars árið 2000 þá gerðu bandarískir demókratar merka tilraun með lýðræði á netinu í prófkjöri sem viðhaft var í Arizona í mars 2000. Var það í fyrsta sinn sem gerð var tilraun með lagabindandi kosningu með þeim hætti í Bandaríkjunum. Ásamt netatkvæðinu var hægt að kjósa með því að mæta á kjörstað eða í pósti. Tilraunin tókst vonum framar og miklum mun fleiri tóku þátt í prófkjörinu en í fyrri prófkjörum flokksins í því fylki. Þátttaka jókst stórum og tilgangnum var náð. Skráðum kjósendum var útdeilt kennitölu og síðan þurftu þeir að skrá inn upplýsingar af tvenns konar skilríkjum til að geta greitt atkvæði á netinu, segir Karl í grein sinni. Atkvæðagreiðslan tók um tvær mínútur og kjósendur þurftu ekki að ómaka sig á kjörstað. Nema þeim sem gátu ekki eða vildu ekki kjósa á netinu stóð til boða að greiða atkvæði með hefðbundnum hætti. Kosning á netinu dregur jafnframt stórum úr því umfangi og þeim kostnaði sem fylgir stórum atkvæðagreiðslum.

Nýjar leiðir.

Það fyrirkomulag sem viðgengist hefur síðustu tvær aldirnar í formi fulltrúalýðræðisins hefur að mörgu leyti gengið sér til húðar. Það er löngu tímabært að kanna nýjar leiðir til að íbúar geti haft áhrif á stjórn samfélagsins með beinum og milliliðalausum hætti. Heimurinn hefur gjörbreyst frá þeim tíma þegar verjandi var að óskir fólksins þyrftu að fara í gegnum fulltrúa þess að einu eða öllu leyti, fulltrúa sem höfðu tíma og aðstæður til að sinna mikilvægum ákvarðanatökum en almenningur ekki. Nú hefur þorri almennings aðstæður og upplýsingu til að taka sjálfur stærri ákvarðanir um hagi sína og líf.

Starfsemi flokkanna.

Milliliðalaust lýðræði í gegnum netið þar sem fólkið tekur í æ meira mæli ákvarðanir sjálft er sú framþróun sem þarf að eiga sér stað í stjórnmálalífinu. Þá í formi þjóðaratkvæðagreiðslna þar sem ákveðinn hluti atkvæðisbærra borgara getur krafist þess að ákveðin mál verði tekin til atkvæða af þegnum þjóðarinnar eða íbúum einstakra sveitarfélaga, sérstaklega með tilliti til þeirra auknu verkefna sem sveitarfélögunum hefur verið falið. Einnig ber að

skoða sérstaklega hvernig notkun netsins getur, og hefur þegar, gjörbreytt starfsemi og eðli stjórnmálaflokka og þátttöku félaga þeirra í starfseminni, í gegnum netið og tölvupóstlista og hina ýmsu umræðuhópa sem starfræktir eru á netinu og fólk skráir sig sérstaklega í. Þetta er umbylting á möguleikum til öflugrar og skapandi stjórnmálaumræðu innan flokka. Með þessum hætti styrkir netið stjórnmálastarf og stjórnmálaflokka í stað þess að veikja, eins og vikið er að síðar.

Persónuvernd.

Hættan er sú að tíðar atkvæðagreiðslur valdi því að fólk verði leitt á því að taka þátt í þeim, nenni ekki að ómaka sig á kjörstað oft eða nokkrum sinnum á ári. Lausnin á þeim vanda og fram hjá þeirri hættu er lýðræði á netinu. Við þróun og notkun netsins við atkvæðagreiðslur er brýnt að gæta fyllsta öryggis við persónuvernd og kanna til hlítar allar leiðir til að tryggja það í rafrænum kosningum. Gæta skal þess að áfram verði viðhafðar hefðbundnar atkvæðagreiðslur til hliðar við netkosningar til að tryggja að fólk sem sökum fátæktar, elli eða annarra aðstæðna getur ekki nýtt sér netið hafi fulla aðkomu að kosningunum. Stefna skal að því að allar þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram á netinu, samhliða hefðbundnum kosningum eða póstkosningum og síðar meir kosningar til Alþingis og sveitarstjórna.

Gætt að minnihlutahópum.

Mesta áhyggjuefnið er hvernig minnihlutahópum reiðir af við beint lýðræði, og sérstaklega beint lýðræði á netinu. Tryggja þarf að engir hópar verði út undan í þessari þróun enda er tilgangurinn stóri að gera fólk að betri og ábyrgari borgurum. Tölur sýna að þátttaka fólks sem er fátækt og lítið menntað er minni en annarra í þjóðaratkvæðagreiðslum, svo dæmi sé tekið. Skoða þarf sérstaklega hvernig tryggja má að kjör og aðgengi tiltekinna minnihlutahópa að samfélaginu og ákvarðanatöku innan þess versni ekki í milliliðalausu lýðræði, heldur batni.

Spilling og mútur.

Meginviðfangsefni stjórnmálastarfsins er að komast að því hvaða lausnir flestir telja bestar og séu til mestra hagsbóta. Einfaldast er að spyrja fólkið að því beint í stað þess að fela það nokkrum fulltrúum þess. Beint lýðræði upprætir óhófleg áhrif fjársterkra og háværra hagsmunaafla sem oft hafa mikil áhrif á kjörna fulltrúa stjórnmálaflokkanna, ekki síst þegar litið er til Íslands þar sem bókhald flokkanna er lokað og fjárreiður þeirra leyndarmál, í því efni vísa flutningsmenn í frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns um fjárreiður flokkanna. Miklu erfiðara er að hafa áhrif á kosningu heillar þjóðar enda erfitt að múta þjóð og erlendar rannsóknir frá Bandaríkjunum og Sviss sýna fram á að fjársterk hagsmunasamtök mega sín mun minna í þjóðaratkvæðagreiðslum en í beinum áhrifum á kjörna fulltrúa. Fjölmiðlar og borgarar landsins eiga skýlausa kröfu á að vita hvaða stórfyrirtæki hafa styrkt flokkanna og sjá þannig svart á hvítu hver ítök þeirra eru í viðkomandi flokki.

Leynd og pukur með fjármál flokkanna grafa undan tiltrú almennings á stjórnmálum og stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu. Það er ekki hægt að byggja upp öflugt samfélag nema við búum við öflugt lýðræði. Ríki leynd yfir fjárreiðum stjórnmálaflokka er líklegt að dragi úr trausti almennings gagnvart lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðþinga og ekki síður gagnvart stofnunum samfélagsins, sem hafa umboð löggjafarvaldsins til að sinna eftirliti með leikreglum samfélagsins. Milliliðalaust lýðræði er leiðin til að brjóta á bak aftur ægivald hagsmunaaflanna og peningaaflanna í samfélaginu og færa valdið til fólksins milliliðalaust.

Hæg þróun.

Ákveðin skilyrði þarf að setja um umfang mála sem borin eru undir þjóðina og fjölda þeirra á ári. Brýnt er að ofgera ekki þjóðinni með of tíðum atkvæðagreiðslum. Notkun netsins slær hins vegar á hættuna á því að fólk hætti að ómaka sig við að mæta á kjörstað þar sem miklum mun auðveldara verður að framkvæma kosninguna. Þróunin frá Apenu til internetsins hefur í sjálfu sér verið afar hæg ef miðað er við þær miklu breytingar sem orðið hafa á samfélagsháttum og aðstæðum almennings í lýðræðislöndum heims síðustu tvö hundruð árin.

Ísland tilraunastofa.

Þegar litið er til framþróunar lýðræðisins er gagnlegt að vitna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar sendiherra og fyrrum alþingismanns jafnaðarmanna: „Íslendingar ættu að geta hugsað sér að verða tilraunastofa í frekari þróun lýðræðislegra stjórnarhátta vegna lýðræðisheiðar okkar, menntunarstigs og fámennis þjóðarinnar sem ætti að auðvelda að láta tilraunina heppnast. Lýðræði okkar er í grundvallaratriðum vanburðugt og ófullkomið vegna þess að við höfum aldrei í lýðveldissögunni notið þeirra grundvallarmannréttinda sem felast í jöfnum atkvæðisrétti, einn maður eitt atkvæði, né heldur notið þess að geta ráðið persónuvali í kosningum. Af þessum sökum er vafalaust kominn tími til að endurmeta reynsluna og hugsa stærra. Hugmyndir um að nýta upplýsingatækni og miðlun í tilraunum með þjóðaratkvæðagreiðslur og beina þátttöku almennings, með minna vægi fulltrúalýðræðisins, eru fyllilega tímabærar og mjög áhugaverðar. Tilgangurinn er auðvitað að auka ábyrgð og sjálfsaga kjósenda, þeir yrðu að taka beina ábyrgð á afleiðingum gerða sinna með slíku vali. Það væri verið að styrkja þá sem stoð lýðræðisins sem byggist ekki aðeins á réttindum heldur líka skyldum.“ Jón Baldvin Hannibalsson, Mbl. 25. maí 1997.

Jafn atkvæðaréttur.

Um leið og við eflum beint lýðræði er nauðsynlegt að jafna atkvæðaréttinn til fulls og gera Ísland að einu kjördæmi. Fyrir því eru engin rök að atkvæði allra Íslendinga séu ekki jafngild. Misjafnt vægi atkvæða er ekkert annað en skýlaust mannréttindabrot og svartur blettur á stjórnmálum landsins. Jafn atkvæðisréttur er þó fyrst og fremst spurning um mannréttindi og með því að gera landið að einu kjördæmi þá væri tryggt að allir í landinu hefðu nákvæmlega sömu möguleika til að hafa áhrif á stjórn landsins, því öll atkvæði væru jafnþung.

Stefna ætti að því um leið og stigin eru fyrstu skref í átt til milliliðalauss lýðræðis að atkvæðavægi verði jafnt með því að landið verði gert að einu kjördæmi.

Breytt stjórnmál.

Milliliðalaust og beint lýðræði hefur það vissulega í för með sér að það veikir stjórnmálaflokkana sem lýðræðislega kjölfestu í stjórnmálum en styrkir þá með öðrum hætti, eins og komið er inn á í greinargerðinni. Hins vegar hefur það á margan hátt átt sér stað nú þegar. Með hruni alræðisríkjanna í austri hefur vægi hinnar hugmyndafræðilegu baráttu sem skipaði fólki í tvær hatrammar fylkingar, gráar fyrir pólitískum járnum, minnkað verulega þó að átök hugmyndafræðinnar séu að sjálfsögðu enn við lýði og verði alltaf þegar menn takast á um hlutverk ríkisvaldsins, skattheimtu og forgangsröðun verkefna hins opinbera o.s.frv. Á móti kemur að með endalokum átakanna miklu á milli pólanna tveggja sem tókust á í kalda stríðinu skapast jarðvegur fyrir heilbrigða stjórnmálaumræðu og þar af leiðandi fyrir milliliðalaust lýðræði. Líkt og segir í þeirri máttugu úttekt sem breska tímaritið Economist gerði fyrir fimm árum og Morgunblaðið birti í aukablaði árið 1997: „En þetta eru smáatriði borið saman

við þá hávaðasömu bardaga sem sósíalisminn og einstaklingshyggjan, markaðshagkerfið og miðstýringin háðu forðum.“ Mbl. 25. maí 1997.

Hvað er lýðræði?

En hvað er lýðræði? Ef við skilgreinum lýðræði sem hugmyndina um að fólkið skuli ráða þá er milliliðalaust lýðræði mun nær upprunanum en það lýðræðisfyrirkomulag sem tíðkast hefur víðast hvar og felur í sér kosningar til löggjafar- og eða framkvæmdarvalds á nokkurra ára fresti. Til að taka nýlegt íslenskt dæmi um raunverulegt lýðræði má nefna atkvæðagreiðsluna sem átti sér stað í Reykjavík fyrir nokkrum mánuðum um framtíðarstað flugvallarins í Vatnsmýrinni. Sú atkvæðagreiðsla var merkileg tilraun í milliliðalausu lýðræði og líklegt er að hún gefi tóninn fyrir innleiðingu beins lýðræðis á sveitarstjórnarstiginu, þar sem það á allra best við og líklegast til að taka út sinn þroska sem lýðræðisform framtíðarinnar.

Tæknin hefur breytt eðli og inntaki lýðræðisins, líkt og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði svo eftirminnilega í ræðu við setningu Alþingis í október árið 2000. Nú er einstaklingurinn hjá jafn vel upplýstri þjóð og Íslendingum þess umkominn að veita álit sitt og umsögn, nánast hvenær sem er í krafti þekkingar sinnar og hæfni. Menntabyltingin og aðgengi að upplýsingum gera þetta að veruleika og eiga að fleyta okkur frá fulltrúalýðræði síðustu alda til milliliðalausrar þátttöku borgaranna sjálfra við stjórnun samfélags síns.

145. Frumvarp til laga [145. mál]

um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,12% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal gjaldhlutfall endurskoðað árlega af Póst- og fjarskiptastofnun. Verði útgjöld meiri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda meiri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

b. Á eftir orðinu „innheimtu“ í 5. mgr. kemur: þ.m.t. fyrirframgreiðslu.

2. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fastasímanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði.

Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Um málsmeðferð fer skv. 27. og 28. gr.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð skv. 1. mgr. sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn verði að fullu innleidd í íslensk lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur það annars vegar að markmiði að tryggja aðgang að heimtaugum rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild og þar með fullnægja skuldbindingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en hins vegar að koma gjaldstofni vegna jöfnunarsjóðs alþjónustu í varanlegt form.

1. *Alþjónusta.*

Samkvæmt IV. kafla laga um fjarskipti, nr. 107/1999, er gert ráð fyrir að hægt sé að kveða á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita alþjónustu. Umfang alþjónustu er skilgreint í 13. gr. laganna og ákvæðum reglugerðar nr. 641/2000, um alþjónustu, þar sem nánar er mælt fyrir um hvaða þættir fjarskiptaþjónustu geta fallið þar undir. Þurfi fjarskiptafyrirtæki að veita alþjónustu þrátt fyrir að hún sé rekin með tapi eða óarðbær vegna ákvörðunar stjórnvalda getur það öðlast endurkröfurétt á hendur sérstökum jöfnunarsjóði. Sá sjóður er fjármagnaður með gjaldi sem lagt er á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet og/eða almenna talsímaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Hefur þjónusta Neyðarlínunnar sem lýtur að neyðarsímsvörun verið talin til alþjónustu sem fjármagna bæri með framlögum úr jöfnunarsjóði.

Tvö undanfarin ár hefur gjaldstofn sjóðsins verið ákveðinn með sérstökum lögum fyrir hvert einstakt ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. fjarskiptalaga, en með frumvarpi þessu er ætlunin að gjaldstofn verði ótímabundinn og því þurfi ekki að leggja sérstakt frumvarp árlega fyrir Alþingi nema breytingar verði á fjárþörf eða tekjum jöfnunarsjóðsins.

2. *Gildandi ákvæði um aðgang að heimtaug í umráðum rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild.*

Með frumvarpi þessu er stefnt að innleiðingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2000 í íslenskan landsrétt til samræmis við kröfur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í ákvörðuninni fólst að fella bæri í EES-rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum. Heimtaugar eru koparsímalínur sem tengja notendur við næstu símstöð. Reglugerð um sundurliðaðan aðgang að heimtaugum í notendakerfum tók gildi í aðildarríkjum ESB hinn 1. janúar 2001.

Gildandi fjarskiptalög mæla nú þegar fyrir um aðgang að heimtaug rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild en Landssími Íslands hf. er eina fjarskiptafyrirtækið sem fellur undir þá skilgreiningu hér á landi. Reglugerðin sem hér er lögfest leggur afdráttarlausari kvaðir á rekstrarleyfishafa um að veita aðgang að heimtaug en gildandi ákvæði. Birtist það í því að gildandi lög mæla fyrir um að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið að önnur fjar-

skiptafyrirtæki fái aðgang að heimtaug þegar nánar tilgreind skilyrði eru uppfyllt. Þannig er skylda rekstrarleyfishafa til að veita aðgang að einstökum heimtaugum háð mati hverju sinni. Hin nýja reglugerð gerir hins vegar þá kröfu til rekstrarleyfishafanna að þeir bjóði öllum frá og með 31. desember 2000 aðgang að heimtaugarnetum sínum samkvæmt fyrirframákveðnu viðmiðunartilboði sem er eins konar heildsöluverðskrá fyrir veitta þjónustu. Lagaleg sjónarmið að baki EES-samningnum leiða til þess að nauðsynlegt er að innleiða reglugerðir samningsins í heild sinni og orðrétt, jafnframt því sem afnema þarf lagaákvæði sem ganga skemur.

Reglugerðir hafa bein réttaráhrif innan aðildarríkja ESB og verða þær sjálfkrafa hluti af æðstu löggjöf aðildarríkjanna án nokkurs tilverknaðar af hálfu þeirra. Meira að segja er formleg innleiðing reglugerðar óheimil, þar sem hún mundi varpa efasemdum á lagalegt eðli ákvæða hennar og gildistöku. Þetta dregur á engan hátt úr valdi og skyldu aðildarríkjanna til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ákvæðunum í gildi innan sinnar lögsögu. Réttarverkanir innan aðildarríkja ESB vegna ákvæða reglugerðarinnar eru ólíkar því sem gildir hér á landi. Stafar það af því að við gerð samningsins um Evrópska efnahagssvæðið var ekki ætlunin að veita stofnunum bandalagsins lagasetningarvald gagnvart íslenskum þegnum og því þarf að grípa til sérstakra ráðstafana af hálfu íslenskra stjórnvalda til þess að reglugerðir bandalagsins öðlist gildi, sbr. 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þrátt fyrir að reglugerðir samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið öðlist ekki bein lagaáhrif hér á landi og verði þar af leiðandi ekki hluti landsréttar hvílir sambærileg skylda á stjórnvöldum til að tryggja að reglugerðin öðlist gildi, sbr. hollustureglu 3. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 10. gr. Rómarsáttmálans. Þar sem reglugerðir hafa bein réttaráhrif í löggjöf aðildarríkja telur framkvæmdastjórn sambandsins sig hafa mikilvægu hlutverki að gegna við framkvæmd þeirra. Eftirlitsstofnun EFTA fer með samsvarandi hlutverk gagnvart íslenskum stjórnvöldum.

Í 20. gr. gildandi fjarskiptalaga, nr. 107/1999, segir að þegar fjarskiptafyrirtæki geti ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands, geti Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum. Lögin tóku gildi hinn 1. janúar 2000, hins vegar var í bráðabirgðaákvæði laganna mælt fyrir um að aðgangur að heimtaug skyldi heimilaður sex mánuðum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun hefði ákvarðað fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað og hæfilega álagningu. Skylda þess fjarskiptafyrirtækis hér á landi sem telst rekstrarleyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild, Landssíma Íslands hf., til að veita aðgang að heimtaug sinni varð því virkur 1. október 2000.

Vegna fyrirhugaðrar gildistöku heimtaugarákvæðis fjarskiptalaga stofnaði Póst- og fjarskiptastofnun vinnuhóp í ágúst 2000 með þátttöku fjarskiptafyrirtækja sem talin voru eiga hagsmuna að gæta. Vinnuhópurinn náði samkomulagi um verklag fyrir heimtaugaleigu 2. janúar 2001. Samkvæmt verklagsreglunum geta fjarskiptafyrirtæki sem ekki eiga hagkvæman kost á eigin heimtaugum leigt þær af Landssíma Íslands hf. annaðhvort til að veita talsímaþjónustu eða gagnaflutningsþjónustu eins og ADSL. Jafnframt er í reglunum gert ráð fyrir að Landssími Íslands hf. leigi fjarskiptafyrirtækjunum aðstöðu fyrir símabúnað þeirra í símstöðvum þar sem því verður við komið en að öðrum kosti koma fjarskiptafyrirtækin sér fyrir í nágrenni símstöðvar. Af þessu öllu leiðir að símnotendur geta nú pantað talsímaþjónustu og/eða ADSL-gagnaflutningsþjónustu hjá fleirum en einu fyrirtæki. Símnotendur gera samning við fjarskiptafyrirtæki um þjónustu sem þeir vilja þiggja hjá fyrirtækinu og það sendir umsókn um leigu á heimtaug símnotandans til Landssíma Íslands hf. Afhending heimtaugar skal eiga sér stað eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku umsóknar fjarskiptafyrirtækisins.

Undir verklagsreglurnar hafa skrifað Hringiðan ehf., Íslandssími hf. og Landssími Íslands hf. ásamt Póst- og fjarskiptastofnun. Öðrum fjarskiptafyrirtækjum er heimill aðgangur að samkomulaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum nr. 160/2000, um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, hefur verið lagt til að jöfnunargjald verði 0,12% fyrir árið 2001. Í greinargerð með frumvarpinu var sérstaklega vísað til laga nr. 75/1981 en í því felst að frumvarpið gerði ráð fyrir að innheimta og álagning jöfnunargjalds á veltu ársins 2001 færi ekki fram fyrr en á árinu 2002. Þar sem þegar hefur verið mælt fyrir um skatthlutfall af veltu felur frumvarp þetta ekki í sér afturvirkni skattalaga. Með ákvæðinu er á hinn bóginn ætlunin að koma jöfnunargjaldinu inn í álagningar- og innheimtukerfi þinggjalda með varanlegri hætti þannig að ekki þurfi að leggja sérstakt frumvarp fyrir Alþingi á hverju ári nema fjárþörf jöfnunarsjóðsins breytist. Í því fælist m.a. að innheimt yrðu gjöld á árinu 2002 vegna veltu ársins 2001 og á árinu 2003 vegna veltu ársins 2002. Lagt er til að skatthlutfallið verði að finna í lögum um fjarskipti auk ákvæða um fyrirframgreiðsluna.

Tekjur jöfnunarsjóðs alþjónustu eru hlutfall bókfærðrar veltu fjarskiptafyrirtækja af rekstri almenns fjarskiptanets og/eða almennrar talsímaþjónustu. Skatthlutfallið er ákveðið fyrirfram samkvæmt mati á framtíðartekjum og því er ljóst að endanleg niðurstaða getur ýmist leitt til þess að tekjur sjóðsins verði meiri eða minni en gert var ráð fyrir. Vegna þessa er mikilvægt að sjóðurinn geti flutt hagnað eða tap á milli ára. Verði halli af rekstri sjóðsins þarf annað tveggja að koma til að dregið verði úr alþjónustuskyldum eða að samgönguráðherra leggi fram frumvarp til hækkunar á gjaldstofni jöfnunargjalds.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessarar greinar frumvarpsins er að því stefnt að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, í íslenskan rétt þannig að rekstrarleyfishöfum með umtalsverða markaðshlutdeild verði ótvírætt skylt að verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Í 3. gr. reglugerðar nr. 2887/ 2000 er að finna kjarna aðgangsskyldu að heimtaug sem gilda mun á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Í 1. mgr. 3. gr. er kveðið á um skyldu rekstrarleyfishafa til þess að gera aðgang að heimtaug og viðeigandi aðstöðu að hluta viðmiðunartilboðs. Í gildandi fjarskiptalögum er þegar gert ráð fyrir því að rekstrarleyfishafar gefi út viðmiðunartilboð og felur samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar í sér að lágmarkskröfur um innihald slíks tilboðs hafa verið auknar svo heimtaugarleiga falli þar undir. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, greinir á milli skyldu er hvílir á rekstrarleyfishöfum sem taldir eru hafa umtalsverða markaðshlutdeild og skyldum er hvíla á fjarskiptastofnunum. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. hennar gerir kröfu til þess að umræddir rekstrarleyfishafar birti frá 31. desember 2000 viðmiðunartilboð fyrir aðgang að heimtauginni einni og sér og tengdri aðstöðu sem vísað er til í viðauka reglugerðarinnar. Hér er um að ræða lágmark þannig að unnt er að gera kröfu um að viðmiðunartilboð innihaldi frekari upptalningu en fram kemur í viðauka sé það í samræmi við eftirspurn á markaði. Tekið er skýrt fram að viðmiðunartilboðið þurfi að vera nægjanlega sundurgreint þannig að kaupendur þjónustunnar þurfi ekki að greiða fyrir annað en það sem þeir hafa þörf fyrir. Þá á að kveða á um lýsingu á um hvaða netþætti sé að ræða

og skilmála, m.a. verð þjónustunnar. Gildandi ákvæði fjarskiptalaga um heimtaug gerðu einnig ráð fyrir því að fyrirkomulag aðgangs mætti vera með ýmsum hætti því í lögum er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild veiti aðgang að netum sínum í samræmi við markaðsþarfir og að kaupandi þjónustunnar þurfi ekki að greiða fyrir annað en það sem tengist beint umbeðinni þjónustu. Nokkur ágreiningur hefur verið uppi um það hvort gildandi ákvæði um aðgang að heimtaug geti falið í sér svokallaðan skiptan aðgang (e. shared access). Með frumvarpi þessu eru öll tvímæli tekin af um það.

Samkvæmt frumvarpi þessu er ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar einnig leitt í íslensk lög. Þar segir að eftir 31. desember 2000 skuli umræddir rekstrarleyfishafar verða við öllum sanngjörnum óskum um aðgang að heimtauginni samkvæmt gagnsæjum, sanngjörnum skilmálum þar sem einstökum kaupendum þjónustunnar er ekki mismunað. Óskum um aðgang má því aðeins hafna að það sé gert á grundvelli hlutlægrar reglu sem taki mið af tæknilegum forsendum eða mikilvægi þess að viðhalda heildstæði fjarskiptaneta. Í þessum áskilnaði felst einnig að umræddir rekstrarleyfishafar þurfa að bjóða kaupendum sambærilega þjónustuþætti og þeir veita sínum eigin rekstrareiningum og með sömu skilmálum og tímafrestum.

Í 3. mgr. segir að samgönguráðherra skuli setja reglugerð til að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2887/2000 öðlist gildi í íslenskum rétti. Eins hefði verið mögulegt að birta hana sem fylgiskjal með lögunum. Á hinn bóginn er á það að líta að frá stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins streymir fjöldi laga og reglna og því hætt við því að lagasafn A-deildar Stjórnartíðinda yrði óhæfilega yfirgripsmikið og óglöggt ef reglugerðir erlendra stofnana væru ávallt birtar sem fylgiskjöl heimildarlaga.

Í ákvæði 4. gr. reglugerðar 2887/2000 er fjallað um skyldur stjórnvalda við eftirlit með því að eftir henni sé farið. Þar sem greinin rúmast þegar innan valdheimilda Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt lögum nr. 110/1999, um Póst- og fjarskiptastofnun, þykir ekki þörf á að setja nánari ákvæði um skyldu stjórnvalda í efnisákvæði frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal I.

Reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000

frá 18. desember 2000

um opinn aðgang að heimtauginni
(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í niðurstöðu Evrópuráðsins í Lissabon frá 23. og 24. mars 2000 kemur fram að fyrirtæki og borgarar þurfi að hafa aðgang að ódýrum samskiptakerfum í heimsflokki og yfirgripsmikilli þjónustu svo að vaxtar- og starfsmöguleikar í stafrænu hagkerfi, sem grundvallast á þekkingu, verði nýttir að fullu í Evrópu. Leitað er til aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að vinna að því að koma á aukinni samkeppni í staðaraðgangsnetum fyrir lok ársins 2000 og opna aðgang að heimtaug í þeim tilgangi að ná fram verulegri lækkun kostnaðar við notkun á Netinu. Evrópuráðið í Feira frá 20. júní 2000 ljáði tillögunni um aðgerðaráætlunina „e-Evrópa" fylgi, en í henni er gert grein fyrir að opinn aðgangur að heimtaug hafi bráðabirgðaforgang.

2) Opinn aðgangur að heimtaug ætti að vera til fyllingar á ákvæðum sem fyrir eru í lögum bandalagsins og tryggja altæka þjónustu og sanngjarnan aðgang fyrir alla borgara með því að auka samkeppni, tryggja arðsemi og sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur.

3) „Heimtaugin" er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnuðum vírum í fasta almenna símnetkerfinu sem tengir nettengipunktinn hjá símnotandanum við aðaltengigrind eða sambærilega þjónustu. Eins og fram kemur í fimmtu skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd lagabálks EB um fjarskipti er staðaraðgangsnetið sá geiri sem gefinn hefur verið frjáls á fjarskiptamarkaðinum sem er síst samkeppnishæfur. Nýir aðilar hafa ekki annað yfirgripsmikið netgrunnvirki og geta ekki, með venjulegri tækni náð þeirri stærðarhagkvæmni eða þeirri útbreiðslu sem fyrirtæki með sterka markaðsstöðu í föstum almennum símanetum hafa. Ástæðan er sú að þessi fyrirtæki komu upp málmgrunnvirkjum fyrir staðaraðgang á töluvert löngum tíma þar sem þau nutu verndar einkaréttarins og var kleift að fjármagna kostnaðinn við fjárfestinguna með einokunarleigutekjum.

4) Í ályktun Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar í endurskoðaðri orðsendingu frá 1999 er lögð áhersla á mikilvægi þess að í þessum geira fái að þróast grunnvirki sem stuðlar að auknum rafrænum fjarskiptum og rafrænni verslun ásamt mikilvægi þess að þeim sé stjórnað með vöxt þeirra í huga. Þar er bent á að aðgangur að heimtaug varðar nú aðallega málmgrunnvirki yfirburðafyrirtækis og ef fjárfest er í öðrum grunnvirkjum verður það að tryggja sanngjarnan hagnaðarhlut þar sem það gæti greitt fyrir útbreiðslu á þessum grunnvirkjum á svæðum þar sem þau eru lítið útbreidd.

5) Veiting nýrra heimtauga með mikla ljósleiðaragetu beint til stærstu viðskiptavina er sérstakur markaður sem er að þróast við samkeppnisskilyrði með nýjum fjárfestingum. Þessi reglugerð gildir þess vegna um aðgang að málmheimtaugum án þess að hafa áhrif á innlendar skuldbindingar hvað varðar aðrar gerðir staðaraðgangs að grunnvirkjum.

6) Það væri ekki fjárhagslega hagkvæmt fyrir nýja aðila að koma upp öðru heilu, nákvæmlega eins málmgrunnvirki fyrir staðaraðgang innan hæfi-

[1] Áliti var skilað 19. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

[2] Álit Evrópuþingsins frá 26. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2000.

legra tímamarka. Önnur grunnvirki, svo sem kapalsjónvarp, gervihnöttur, þráðlausar heimtaugar, hafa almennt ekki sama nýtanleika eða sömu heildarútbreiðslu fyrst um sinn, þótt aðstæður í aðildarríkjum kunni að vera mismunandi.

7) Opinn aðgangur að heimtauginni gerir nýjum aðilum kleift að keppa við tilkynnta rekstraraðila og bjóða gagnaflutningsþjónustu á miklum bitahraða með samfelldum Netaðgangi og fyrir margmiðlunarnotkun sem byggist á stafrænni áskriftarlínutækni (DSL) ásamt talsímaþjónustu. Réttmæt beiðni um opinn aðgang gefur til kynna að aðgangurinn sé nauðsynlegur til að hægt sé að veita rétthafa þjónustu, og að höfnun beiðninnar hindraði, takmarkaði eða raskaði samkeppni í þessum geira.

8) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um að opinn aðgang að málmheimtaugum veiti eingöngu tilkynntir rekstraraðilar sem viðkomandi innlend eftirlitsyfirvöld hafa kynnt með sterka markaðsstöðu, hvað varðar framboð á föstum almennum símanetum á markaðinum, með viðeigandi ákvæðum bandalagsins (hér á eftir nefndir „tilkynntir rekstraraðilar“). Aðildarríkin hafa þegar tilkynnt framkvæmdastjórninni um heiti þeirra rekstraraðila fastra almennra símanetkerfa sem eru með sterka markaðsstöðu í 1. hluta I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum með tilliti til altækrar þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) ([1]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi ([2]).

9) Ekki er hægt að krefjast þess að tilkynntur rekstraraðili veiti aðgang sem hann hefur ekki vald til að veita, til dæmis þegar framkvæmd beiðninnar yrði til þess að brotið væri á lagalegum rétti sjálfstæðs þriðja aðila. Sú skuldbinding að útvega opinn aðgang að heimtaug felur ekki í sér að tilkynntir rekstraraðilar verði að setja sérstaklega upp algjörlega nýtt grunnvirki fyrir staðarnet til að uppfylla kröfur þess sem nýtur góðs af því.

10) Jafnvel þótt viðskiptaviðræður séu æskileg aðferð til að ná samkomulagi um tæknileg atriði og verðlagningu varðandi aðgang að heimtaug sýnir reynslan að í flestum tilvikum eru regluleg afskipti nauðsynleg í ljósi ójafnrar samningsstöðu nýju aðilanna og tilkynntu rekstraraðilanna, auk þess að ekki eru aðrir kostir í boði. Við vissar aðstæður geta innlend eftirlitsyfirvöld, samkvæmt lögum bandalagsins, gripið inn í að eigin frumkvæði til að tryggja sanngjarna samkeppni, arðsemi og að það sé til sem mestra hagsbóta fyrir notendur. Ef tilkynnti rekstraraðilinn virðir ekki afgreiðslufrestinn ætti notandi að eiga rétt á bótum.

11) Reglur um kostnað og verðlagningu vegna heimtauga og skyldrar þjónustu ættu að vera gagnsæjar, án mismununar og hlutlægar til að tryggja að sanngirni sé viðhöfð. Reglur um verðlagningu ættu að tryggja að veitandi heimtaugarinnar geti greitt viðeigandi kostnað hvað þetta varðar og fengið sanngjarnan hagnaðarhlut að auki til að tryggja langtímaþróun og endurnýjun á staðaraðgangsgrunnvirki. Reglur um verðlagningu á heimtaugum ættu að stuðla að sanngjarnri og lífvænlegri samkeppni, með tilliti til þess hver þörfin er á að fjárfesta í öðrum grunnvirkjum og til að tryggja að engin röskun verði á samkeppni, einkum engin bjögun á réttum hlutföllum milli heildsöluverðs og verðs á smásöluþjónustu tilkynnts rekstraraðila vegna óeðlilega lágrar álagningar. Þess vegna er talið mikilvægt að haft sé samráð við samkeppnisyfirvöld.

12) Tilkynntir rekstraraðilar ættu að veita þriðja aðila upplýsingar og opinn aðgang með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og væri um eigin þjónustu að ræða eða þjónustu við systurfyrirtæki. Í þessu augnamiði mundi birting tilkynnts rekstraraðila á fullnægjandi viðmiðunarútboði á opnum aðgangi að heimtaug, innan skammra tímamarka og helst á Netinu, og undir stjórn innlenda eftirlitsyfirvaldsins, stuðla að því að gagnsæ markaðsskilyrði án mismununar sköpuðust.

13) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB frá 25. maí 2000 um opinn aðgang að heimtaug, sem auðveldar samkeppni á öllum sviðum þjónustu vegna rafrænna fjarskipta, þar með

---

[1] Stjtíð. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjtíð. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).

[2] Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

talið margmiðlunar á breiðbandi og háhraðaneti ([1]), og í orðsendingu sinni frá 26. apríl 2000 ([2]) lagði framkvæmdastjórnin fram nákvæmar leiðbeiningar innlendum eftirlitsyfirvöldum til aðstoðar við sanngjarnt eftirlit á mismunandi gerðum af opnum aðgangi að heimtaug.

14) Í samræmi við dreifræðisregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. í sáttmálanum geta aðildarríkin ekki náð því markmiði að fá samræmdan ramma yfir opinn aðgang að heimtauginni til að skapa samkeppnisgrundvöll á ódýrum fjarskiptagrunnvirkjum í heimsflokki og víðtækri þjónustu fyrir öll fyrirtæki og borgara í bandalaginu á öruggan, samræmdan og fljótlegan hátt og verður því betur náð fram á vettvangi bandalagsins. Í samræmi við hlutfallsregluna eins og hún er sett fram í þessari grein ganga ákvæði reglugerðarinnar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessu markmiði í þessu augnamiði. Þau eru samþykkt án þess að hafa áhrif á innlend ákvæði sem hlíta lögum bandalagsins þar sem settar eru fram ítarlegri ráðstafanir, til dæmis um sýndarstaðsetningu.

15) Þessi reglugerð er til fyllingar lagaramma fyrir fjarskipti, einkum tilskipanir 97/33/EB og 98/10/EB. Í nýja lagarammanum fyrir rafræn fjarskipti ættu að felast viðeigandi ákvæði sem koma í stað þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að auka samkeppni og hvetja til tækninýsköpunar á markaðinum fyrir staðaraðgang með því að setja samræmd skilyrði fyrir opinn aðgang að heimtauginni, að stuðla að samkeppni á víðtæku sviði þjónustu er varðar rafræn fjarskipti.

2. Þessi reglugerð skal gilda um opinn aðgang að heimtaugum og skyldri þjónustu tilkynntra rekstraraðila eins og skilgreint er í a-lið 4. gr.

3. Þessi reglugerð skal gilda með fyrirvara um þær skuldbindingar að tilkynntir rekstraraðilar fylgi jafnræðisreglunni þegar þeir nota fasta almenna símanetið í þeim tilgangi að veita þriðju aðilum háhraðaaðgang og gagnaflutningaþjónustu á sama hátt og um eigin þjónustu væri að ræða eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum í samræmi við ákvæði bandalagsins.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að viðhalda ráðstöfunum eða taka þær upp í samræmi við lög bandalagsins, en í þeim felast ítarlegri ákvæði en þau sem sett eru fram með þessari reglugerð og/eða falla ekki undir þessa reglugerð, meðal annars með tilliti til annars konar aðgangs að staðargrunnvirkjum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tilkynntur rekstraraðili“ er rekstraraðili fastra almennra símaneta sem hefur verið tilnefndur af innlendu eftirlitsyfirvaldi með sterka markaðsstöðu hvað varðar framboð á föstum almennum símanetum og þjónustu eins og tilgreint er í 1. hluta I. viðauka tilskipunar 97/33/EB eða tilskipunar 98/10/EB;

b) „rétthafi“ er þriðji aðili sem er viðurkenndur í samræmi við tilskipun 97/13/EB ([3]) eða hefur rétt á að veita fjarskiptaþjónustu samkvæmt innlendum lögum og uppfyllir skilyrði fyrir opinn aðgang að heimtaug;

c) „heimtaug“ er símalína sem gerð er úr tveimur samtvinnuðum vírum og tengir saman nettengipunkt hjá símnotanda við aðaltengigrind eða sambærilegan búnað í fasta almenna símanetkerfinu;

d) „heimtaugargrein“ er hluti af heimtaug sem tengir nettengipunktinn hjá símnotanda við tengigrind eða sérstaka millitengingu í fasta almenna símanetkerfinu;

e) „opinn aðgangur að heimtaug“ er bæði fullur aðgangur að heimtauginni og samnýttur aðgangur að henni; í því felst ekki breytt eignarhald á heimtauginni;

f) „ótakmarkaður opinn aðgangur að heimtaug“ er þegar veittur er aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild á heildartíðnisviði samtvinnuðu víranna;

---

[1] Stjtíð. EB L 156, 29.6.2000, bls. 44.

[2] Stjtíð. EB C 272, 23.9.2000, bls. 55.

[3] Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma fyrir almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15).

g) „samnýttur aðgangur að heimtaug“ er þegar veittur er aðgangur að heimtaug eða heimtaugargrein tilkynnts rekstraraðila með notkunarheimild fyrir samtvinnaða víra á tíðnisviði sem ekki er fyrir raddflutning; tilkynnti rekstraraðilinn notar áfram heimtaugina til að geta veitt almenningi símaþjónustu;

h) „sameiginleg staðsetning“ er veiting svæðis- og tækniþjónustu sem nauðsynleg er til að koma viðeigandi búnaði rétthafa fyrir með góðu móti og tengja hann, eins og fram kemur í B-lið viðaukans;

i) „skyld þjónusta“ er þjónusta sem tengist því að veita opinn aðgang að heimtaug, einkum sameiginlega staðsetningu, kapaltengingar og viðeigandi upplýsingatæknikerfi, og er nauðsynlegt fyrir þann sem nýtur aðgangsins að veitt sé þjónusta á sanngjörnum samkeppnisgrundvelli.

3. gr.

Veiting á opnum aðgangi

1. Tilkynntir rekstraraðilar skulu birta, og uppfæra, viðmiðunarútboð á opnum aðgangi að heimtaugum sínum og skyldri sérþjónustu frá 31. desember 2000 og skulu felast í því að minnsta kosti þau atriði sem skráð eru í viðaukann. Útboðið skal vera nægilega opið svo að rétthafi þurfi ekki að greiða fyrir netþætti eða sérþjónustu sem ekki er þörf á þegar þeir fá þjónustu, í því skal einnig vera lýsing á efnisþáttum útboðsins, tengdum skilmálum og skilyrðum, þar með talið gjald.

2. Tilkynntir rekstraraðilar skulu frá 31. desember 2000 verða við réttmætum beiðnum frá þeim sem njóta opins aðgangs að heimtaugum þeirra og skyldri þjónustu, við gagnsæ og sanngjörn skilyrði og án mismununar. Beiðnum skal aðeins hafnað ef þær byggjast á hlutlægum viðmiðunum, þeirri nauðsyn að viðhalda heildstæði netsins eða eru af tæknilegum ástæðum. Ef aðgangi er hafnað getur sá aðili sem hallað er á lagt málið til meðferðar til lausnar deilumála sem vísað er til í 5. mgr. 4. gr. Tilkynntir rekstraraðilar skulu veita rétthöfum sambærilega þjónustu og væri um eigin þjónustu að ræða eða þjónustu sem þeir veita systurfyrirtækjum sínum, með sömu skilyrðum og innan sömu tímamarka.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. 4. gr. setja tilkynntir rekstraraðilar upp verð fyrir opinn aðgang að heimtaug og skylda þjónusta á grundvelli kostnaðartengingar.

4. gr.

Eftirlit innlenda eftirlitsyfirvaldsins

1. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sjá til þess að gjöld vegna opins aðgangs að heimtaug stuðli að sanngjarnri og lífvænlegri samkeppni.

2. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal hafa heimild til:

a) að gera breytingar á viðmiðunarútboði fyrir opinn aðgang að heimtaug og skyldri þjónustu, einnig verðbreytingar þar sem ástæða er til; og

b) að krefjast þess að tilkynntir rekstraraðilar láti í té upplýsingar er tengjast framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Innlenda eftirlitsyfirvaldið getur, þegar ástæða er til, gripið inn í að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að tryggja jafnræði, sanngjarna samkeppni, arðsemi og sem mesta hagsmuni fyrir notendur.

4. Þegar innlenda eftirlitsyfirvaldið ákvarðar að staðaraðgangsmarkaðurinn sé nægilega samkeppnishæfur skal það losa tilkynntu rekstraraðilana undan skuldbindingunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. um verðlagningu sem grundvallast á kostnaðartengingu.

5. Deilumál milli fyrirtækja um málefni sem þessi reglugerð tekur til skulu falla undir innlenda málsmeðferð til lausnar deilumálum sem ákveðin er í samræmi við tilskipun 97/33/EB og skal þeim framfylgt á skjótan, sanngjarnan og gagnsæjan hátt.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. Fontaine	D. Voynet
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

LÁGMARKSSKRÁ UM LIÐI Í VIÐMIÐUNARÚTBOÐI FYRIR OPINN AÐGANG AÐ HEIMTAUG SEM TILKYNNTIR REKSTRARAÐILAR SKULU BIRTA

A. Skilyrði fyrir opnum aðgangi að heimtaug

1. Netþættir sem aðgangur er boðinn að og ná einkum til eftirfarandi þátta:
   a) aðgangur að heimtaug,
   b) aðgangur að heimtaug með tíðnisvið sem ekki er fyrir raddflutning, í því tilviki að um samnýttan aðgang að heimtaug sé að ræða.
2. Upplýsingar um staðsetningu aðgangsstaða ([1]), fáanleika heimtauga í tilteknum hlutum aðgangsnetsins.
3. Tæknileg skilyrði tengd aðgangi og notkun heimtaugar, þar með taldir tæknilegir eiginleikar samtvinnuðu víranna í heimtauginni.
4. Framkvæmd á pöntunum og veitingum, notkunartakmarkanir.

B. Þjónusta vegna sameiginlegrar staðsetningar

1. Upplýsingar um viðeigandi staði tilkynntra rekstraraðila ([1]).
2. Valkostir um sameiginlega staðsetningu á stöðum sem tilgreindir eru í 1. lið (þar með talin náttúrleg staðsetning og, þar sem við á, fjarstaðsetning og sýndarstaðsetning).
3. Eiginleikar búnaðar: takmarkanir, ef einhverjar eru, á búnaði sem hægt er að raða niður.
4. Öryggisatriði: tilkynntir rekstraraðilar gera ráðstafanir til að tryggja öryggi staðsetninga sinna.
5. Aðgangsskilyrði fyrir starfsmenn samkeppnisrekstraraðila.
6. Öryggisstaðlar.
7. Reglur fyrir úthlutun rýmis þar sem rými fyrir sameiginlega staðsetningu er takmarkað.
8. Skilyrði fyrir rétthafa til að skoða staðsetningu þar sem náttúrleg staðsetning er fyrir hendi, eða staði þar sem beiðni um sameiginlega staðsetningu hefur verið hafnað vegna skorts á fjarskiptagetu.

C. Upplýsingakerfi

Skilyrði fyrir aðgangi að rekstrarstuðningskerfi tilkynnts rekstraraðila, upplýsingakerfi eða gagnagrunnum fyrir fyrirframpantanir, veitingum, pöntunum, beiðnum um viðhald og viðgerðir og reikningagerð.

D. Afgreiðsluskilyrði

1. Frestur til að svara beiðnum um afgreiðslu á þjónustu og sérþjónustu; þjónustusamningar, gera ráðstafanir vegna bilana, aðferðir til fara aftur á venjulegt þjónustustig og færibreytur um gæði þjónustunnar.
2. Stöðluð samningsskilyrði, þar með talið, ef við á, bætur veittar ef afgreiðslufresturinn er ekki virtur.
3. Verð eða verðlagningarreglur fyrir hvert einkenni, hlutverk og sérþjónustu sem skráð er hér að ofan.

---

[1] Takmarka má aðgang að þessum upplýsingum við hagsmunaaðila til að tryggja almannaöryggi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

Tilgangur frumvarpsins er að setja í lög að gjaldstofn vegna jöfnunarsjóðs alþjónustu skuli vera 0,12% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja. Gjaldið hefur verið hingað til ákveðið á hverju ári með sérstökum lögum. Samkvæmt lögum um fjarskipti má skylda fjarskiptafyrirtæki til þess að veita svokallaða alþjónustu sem er skilgreind í 13. gr. Ef þjónustan felur í sér meiri tilkostnað en sem nemur tekjum getur viðkomandi fyrirtæki krafist fjárframlaga sem tryggja eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna. Til að standa straum af þessum greiðslum skal innheimt jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að stofn til álagningar jöfnunargjalds verði 18–20 milljarðar kr. fyrir árið 2001. Samkvæmt því eru áætlaðar tekjur af jöfnunargjaldinu u.þ.b. 22 m.kr. á árinu 2002.

Í frumvarpinu er jafnframt tryggður aðgangur að heimtaugum rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild. Stefnt er að því að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, í íslenskan rétt. Rekstrarleyfishöfum með umtalsverða markaðshlutdeild verður ótvírætt skylt að verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu sem slíkum aðgangi tengist.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir tekjum á móti gjöldum.

146. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Orðin „samfellt í a.m.k. fimm ár“ í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. lög nr. 23/1991, falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, að því er varðar heimild útlendinga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt að fasteignum hér á landi.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 23/1991, má enginn öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi nema hann sé íslenskur ríkisborgari eða hafi verið með lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár.

Skv. 2. mgr. sömu greinar getur ráðherra veitt leyfi til að víkja frá þessu skilyrði. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögunum að fallið verði frá áskilnaði um að útlendingur þurfi að hafa átt hér lögheimili í fimm ár til að geta eignast fasteign. Þannig verði nægjanlegt fyrir útlending að eiga lögheimili hér á landi og því þyrftu aðeins þeir útlendingar að sækja um leyfi sem ekki eiga lögheimili hér. Réttur útlendings sem öðlast eignarrétt yfir fasteign með þessum hætti er bundinn því að hann eigi hér áfram lögheimili. Útlendingur sem flytur af landi brott verður því að sækja um leyfi samkvæmt lögunum, sbr. 8. gr. laganna.

Á undanförnum árum hefur mikill fjöldi útlendinga sótt um undanþágu frá skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Fjöldi slíkra mála í dómsmálaráðuneytinu á undanförnum árum var sem hér segir: Árið 1997 bárust 103 beiðnir, árið 1998 183 beiðnir, árið 1999 232 beiðnir og árið 2000 bárust ráðuneytinu 287 slíkar umsóknir. Langstærstur hluti þessara beiðna kemur frá útlendingum búsettum hér á landi sem ekki fullnægja skilyrðinu um að hafa haft hér lögheimili samfellt í fimm ár. Mjög margir þessara útlendinga eru makar íslenskra ríkisborgara. Á undanförnum áratugum hefur beiðni útlendings með lögheimili hér á landi um undanþágu frá skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna aldrei verið hafnað. Verði frumvarp þetta að lögum mun það létta umtalsverðu og vaxandi álagi af ráðuneytinu og bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem hér eiga lögheimili og vilja fjárfesta í fasteign.

Ekki þykja nú efni til að leggja til frekari breytingar á lögunum. Þannig er ekki lagt til að breytt verði ákvæðum um heimild félaga sem útlendingar eiga hlut í til að eiga fasteign hér, sbr. 2.–4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Það og önnur atriði laganna bíða frekari endurskoðunar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lagaákvæðum um heimildir útlendinga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

147. Fyrirspurn [147. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um greiðslu kostnaðar við heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Ástu Möller.

Telur ráðherra að niðurstaða Evrópudómstólsins 12. júlí sl. um að sjúklingar eigi rétt á að fá greiddan kostnað við heilbrigðisþjónustu, sem ekki er unnt að veita á tímabæran hátt í heimalandinu en framkvæmd er í öðru aðildarríki Evrópubandalagsins, hafi fordæmisgildi á Evrópska efnahagssvæðinu og gildi því fyrir Íslendinga jafnt sem aðra þegna á svæðinu?

148. Fyrirspurn [148. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um innkaup heilbrigðisstofnana.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu mikið af útgjöldum heilbrigðisstofnana fór til tækjakaupa undanfarin fimm ár, aðgreint eftir árum?
2. Hversu mikið af innkaupunum var boðið út?
3. Hvernig var staðið að þeim innkaupum sem ekki voru boðin út?
4. Á vegum hverra fóru útboðin fram?

Sambærilegar upplýsingar óskast um innkaup heilbrigðisstofnana á:

a. rekstrarvörum,
b. húsgögnum,
c. annarri nauðsynjavöru.

Skriflegt svar óskast.

149. Fyrirspurn [149. mál]

til heilbrigðisráðherra um markaðssetningu lyfjafyrirtækja.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Eru til einhverjar reglur um markaðssetningu lyfjafyrirtækja fyrir lækna? Ef svo er ekki, telur ráðherra að setja eigi slíkar reglur?
2. Hefur verið kannað hvort boðsferðir lyfjafyrirtækja fyrir lækna hafi áhrif á lyfjaverð og lyfjakostnað hins opinbera?

150. Frumvarp til laga [150. mál]

um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum geta stjórnvöld eða samtök, sem um ræðir í 2. og 3. gr., leitað eftir aðgerðum skv. 4. gr. til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðni um aðgerðirnar að því að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru

ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn eftirtöldum tilskipunum sem þar gilda, eins og þær hafa verið leiddar inn í íslensk lög:

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.
2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva.
3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12. febrúar 1987, bls. 48), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/7/EB.
4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur: 10. til 21. gr. eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB.
5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.
6. Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
7. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.
8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.
9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.
10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 99/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.
11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“).

2. gr.

Erlend stjórnvöld, sem getið er á skrá Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ákvæða í tilskipun 98/27/EB, geta að fullnægðum ákvæðum 1. gr. krafist hér á landi þeirra aðgerða sem nánar greinir í 4. gr. Sama á við um samtök sem þannig eru skráð og gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði ef brot beinist gegn slíkum hagsmunum.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur fyrir yfirvöldum eða dómstólum hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu krafist þeirra aðgerða, sem nánar greinir í 4. gr., til að vernda heildarhagsmuni íslenskra neytenda, enda hafi afleiðinga athafnarinnar gætt hér á landi.

Ráðherra getur jafnframt útnefnt íslensk félagasamtök, sem gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði, til að njóta heimildar til að grípa til aðgerða eins og um ræðir í 1. mgr. Setja má í reglugerð nánari skilyrði fyrir þessari heimild og neytingu hennar. Ráðherra skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um nafn og tilgang samtaka sem hann útnefnir samkvæmt þessu og nánari skilyrði, sem kunna að verða sett um heimild þeirra í reglugerð, til að fá þau tekin þar á skrá, sbr. 2. gr.

4. gr.

Í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. gr., geta stjórnvöld eða samtök, sem njóta réttar skv. 2. og 3. gr., leitað lögbanns hér á landi við athöfn sem ákvæði 1. gr. geta tekið til. Um lögbannsbeiðni, meðferð hennar, lögbannið sjálft, áhrif þess og höfðun máls til að fá það staðfest gilda almennar reglur að öðru leyti en því að gerðarbeiðandi getur að fengnu lögbanni krafist þess að sýslumaður láti birta auglýsingu um það svo komið verði í veg fyrir að áfram gæti afleiðinga af háttseminni sem lögbann var lagt við. Fallist sýslumaður á að nauðsyn beri til slíkrar auglýsingar skal hann verða við kröfu um að fá hana birta en kostnaður af því greiðist þá úr ríkissjóði.

Í sama skyni og um ræðir í 1. mgr. geta stjórnvöld eða samtök, sem þar greinir, höfðað einkamál hér á landi til að fá bann lagt við athöfn.

5. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/99 24. september 1999, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til þess að innleiða í íslensk lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda. Viðskiptaráðuneytið aflaði álits réttarfarsnefndar með bréfum, dags. 13. ágúst 1998 og 15. október 1999, á því hvort efni væri til að breyta íslenskum lögum vegna þessarar tilskipunar Evrópusambandsins eða hvort ákvæði gildandi laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, skýrð til samræmis við samninginn um Evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993, mundu veita svigrúm til að vernda hagsmuni neytenda með lögbannsaðgerð eða málssókn. Í bréfi réttarfarsnefndar, dags. 16. des. 1999, segir m.a. að nauðsynlegt sé að setja sérlög um þetta efni hér á landi:

„Er það einkum vegna þess að með tilskipuninni er sem áður segir stefnt að því að vernda heildarhagsmuni neytenda, en ekki aðeins samanlagða hagsmuni þeirra, sem brot hafi beinst gegn, en að baki umræddri 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 býr áskilnaður um að félög eða samtök, sem láta mál til sín taka, hafi innan vébanda sinna félagsmenn, sem sjálfir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn þess. Í þessu ljósi verður að telja verulegan vafa leika á því að íslensk lög veiti að óbreyttu þau úrræði, sem krafist er með tilskipun 98/27.

Vegna þess, sem að framan greinir, telur réttarfarsnefnd að ástæða sé til að setja sérstök lög til að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru með umræddri tilskipun. Í því sambandi skal þess getið að nefndin fær ekki séð hvernig unnt yrði að leysa þarfir í þessum efnum með því einu að breyta lögum á sviði réttarfars, enda er hér um að ræða mjög afmarkaðan flokk mála, sem illa færi á að setja sérreglur um í löggjöf um lögbann, auk þess að lagaheimildar væri væntanlega þörf til að fela samtökum eða stofnun gæslu þeirra hagsmuna, sem tilskipunin tekur til, sbr. áðurnefnda 3. gr. hennar."

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu réttarfarsnefndar skipaði viðskiptaráðherra 15. september 2000 nefnd til að gera „tillögur um lagabreytingar sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunarinnar". Í nefndina voru skipuð:

Tryggvi Axelsson, formaður, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, Benedikt Bogason, þá skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Telma Halldórsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af Neytendasamtökunum, en síðar tók hennar sæti Geir Marelsson lögfræðingur, einnig tilnefndur af Neytendasamtökunum.

Með bréfi dags 5. september 2001 skilaði nefndin viðskiptaráðherra drögum að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun 98/27/EB og er frumvarp þetta byggt á tillögu nefndarinnar.

Í tilskipun 98/27/EB er lagt til grundvallar að í öllum aðildarríkjum á EES-svæðinu séu til réttarúrræði til þess að stöðva ólögmæta markaðsfærslu (viðskiptahætti) sem eru í andstöðu við þær níu tilskipanir á sviði neytendaverndar sem taldar voru upp í viðauka tilskipunarinnar þegar hún var upphaflega birt. Síðar hefur tveimur tilskipunum verið bætt við þann lista, þ.e. tilskipun 99/44/EB, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi, og tilskipun 2001/31/EB, um rafræn viðskipti. Tilgangur tilskipunar 98/27/EB er ekki að samræma réttarúrræði eða réttarfar aðildarríkjanna heldur að auðvelda hlutaðeigandi yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum að krefjast dómsúrskurðar eða lögbanns gegn ólögmætum athöfnum í því ríki þar sem varnarþing fremjanda brotsins er. Heimild þessara aðila samkvæmt frumvarpi þessu nær þó ekki til hvers kyns athafna heldur aðeins þeirra sem kunna að brjóta gegn þeim lögum sem hlutaðeigandi ríki hafa sett vegna lögleiðingar á þeim tilskipunum sem taldar eru upp í viðauka 98/27/EB, sbr. og 1. gr frumvarpsins. Tilskipunin gerir þó þær lágmarkskröfur til aðildarríkjanna að þau veiti aðgang að þeim stjórnvöldum og dómstólum sem séu bærir til þess með skjótum hætti að stöðva brot á tilskipunum sem taldar eru upp í viðaukanum. Aðildarríkjum er einnig skylt að tilnefna fyrir sitt leyti og viðurkenna með gagnkvæmum hætti þau stjórnvöld (eða samtök) sem önnur aðildarríki hafa veitt heimild og tilnefnt vegna lögleiðingar þessarar tilskipunar til þess að teljast bær um að höfða dómsmál, að undangengnu lögbanni ef þörf krefur, gegn ólögmætum athöfnum og þar með brotum á ákvæðum þeirra tilskipana sem frumvarp þetta tekur til. Aðildarríkin skulu tilkynna til framkvæmdastjórnar ESB hvaða stjórnvöld (eða samtök) hafi fengið slíkt vald og birtir hún síðan einn heildarlista yfir þá aðila sem tilkynnt hefur verið um í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. EFTA-ríkin í EES tilkynna með samsvarandi hætti um framangreinda aðila til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Í tilskipun 98/27/EB er ekki að finna ákvæði sem víkja að mati á því hvort leggja skuli lögbann við athöfn sem talin er andstæð ákvæðum tilskipunarinnar. Veltur það því á almennum reglum í hverju tilviki fyrir sig. Aðildarríkjum er líka heimilt að setja reglur um að samráð skuli haft við innlend eftirlitsstjórnvöld í því landi sem fyrirtækið (fremjandi brots) á varnarþing og veita því stjórnvaldi möguleika á því að hefja málssókn í staðgöngu hins erlenda stjórnvalds en um slíkt samstarf færi samkvæmt samkomulagi hlutaðeigandi aðila og almennum reglum um málflutningsumboð, o.fl.

Á alþjóðavettvangi fer fram ýmislegt samstarf aðila sem fara með eftirlit á sviði markaðsfærslu yfir landamæri. Árið 1992 stofnuðu stjórnvöld ýmissa ríkja til samstarfs og stofnuðu með sér samtök er nefnast International Marketing Supervision Network (IMSN) en þátttakendur í því samstarfi eru ýmis ríki í Evrópu og fjölmörg OECD-ríki. Árið 1999 var stofnaður undirhópur í framangreindu samstarfi (IMSN Europe) þar sem þátt taka stjórnvöld ýmissa EES-ríkja sem eiga að framfylgja ákvæðum í löggjöf Evrópusambandsins á sviði neytendaverndar. Meginástæða þess að stofnað var til sérstaks samstarfs þessara aðila var sú að styrkja samstarf þessara aðila, einkum vegna sífellt aukinnar markaðsfærslu yfir landamæri og stuðla þannig að því að skipst verði á upplýsingum með skipulögðum hætti og gagnkvæm aðstoð veitt ef á þarf að halda. Eins og áður hefur komið fram er einn megintilgangur tilskipunar 98/27/EB og þessa frumvarps að koma í veg fyrir ólögmætar athafnir þegar viðskipti

eru stunduð yfir landamæri. Loks má geta þess að á ráðherrafundi neytendamála á Norðurlöndum sem fór fram í Finnlandi 19. júní 2001 var kynntur nýr samstarfssamningur hinna fjögurra starfandi umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum þar sem þeir hafa samið um gagnkvæma aðstoð við framkvæmd laga sem lögleiða tilskipun 98/27/EB. Við samþykkt þessa frumvarps mun ráðuneytið kanna hvort hagkvæmt sé að Ísland gerist aðili að þeim samstarfssamningi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Af greininni kemur skýrt fram að ákvæði þessa frumvarps eiga aðeins við þegar ástæða þykir til að krefjast lögbanns í því skyni að vernda hagsmuni neytenda samkvæmt þeim lagaákvæðum sem sett hafa verið í innlendan rétt samkvæmt þeim tilskipunum sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun 98/27/EB. Ákvæði þessa frumvarps eiga við þegar íslensk fyrirtæki eða viðskiptaaðilar framkvæma athafnir sem brjóta gegn áðurnefndum lagaákvæðum ef afleiðingar brotsins koma fram í öðru EES-ríki enda meginmarkmið þessa frumvarps að styrkja framkvæmd laga þegar um er að ræða viðskipti yfir landamæri á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er gert ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið eða samtök sem það tilnefnir, sbr. 3. gr., geti gripið til úrræða samkvæmt lögunum.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er erlendum stjórnvöldum og samtökum veitt málshöfðunarheimild fyrir íslenskum dómstólum í því skyni að fá stöðvað með dómsúrskurði eða lögbanni ólögmætar athafnir íslensks viðskiptaaðila sem þau telja að séu brot á einhverjum þeirra lagabálka sem settir hafa verið til þess að innleiða þær tilskipanir sem taldar eru upp í viðauka tilskipunar 98/27/EB í hlutaðeigandi ríki. Framkvæmdstjórn ESB og eftirlitsstofnun EFTA (ESA) eiga samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar að taka saman lista yfir þá aðila sem aðildarríkin hafa tilnefnt í samræmi við þetta ákvæði tilskipunarinnar og birta hann í Stjórnartíðindum ESB og EES-tíðindunum. Á þessum lista verða því stjórnvöld (eða samtök er gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði) í aðildarríkjum EES sem teljast hafa lögmæta hagsmuni af því að tryggja framkvæmd þeirra tilskipana sem taldar eru upp í viðauka tilskipunarinnar og hafa til þess leyfi samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis. Væntanlega munu dómstólar byggja ákvörðun um rétt aðila til málshöfðunar á þessum lista sem birtur verður opinberlega með framangreindum hætti. Hins vegar er rétt að benda á að það takmarkar ekki á nokkurn hátt rétt dómstólanna til þess að kanna með venjubundum hætti hvort hinir tilkynntu aðilar í hverju einstöku máli fyrir sig hafi lögvarða hagsmuni af málssókninni. Til dæmis gæti dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að tiltekin samtök bifreiðaeigenda í Evrópu væru á framangreindum lista hefðu þau ekki lögvarða hagsmuni af því að lagt yrði bann við tiltekinni lyfjaauglýsingu vegna upplýsinga sem þar kæmu fram. Auk þess verður alltaf að gera þá kröfu að sú athöfn sem krafist er lögbanns gegn hafi í reynd áhrif í því ríki þar sem viðkomandi stjórnvald (eða samtök) sem leggja fram kröfuna eru staðsett.

Um 3. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um hvaða aðilar geta farið með sókn máls á grundvelli þessa frumvarps. Nauðsynlegt er að það liggi skýrt fyrir að minnsta kosti einn aðili hér á landi hafi samkvæmt lögum rétt og skyldu að geta krafist þess að athafnir sem kunna að brjóta í bága við lagaákvæði sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins verði stöðvaðar. Eðlilegt

er að viðskiptaráðuneytinu sé falið það verkefni enda fellur neytendavernd undir verksvið ráðuneytisins. Í 2. mgr. er ráðherra einnig veitt heimild til þess að útnefna íslensk félagasamtök sem gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði og tilkynna þau á listann sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) mun halda yfir þá aðila í EFTA-ríkjunum í EES sem tilnefndir hafa verið með hliðsjón af tilskipun 98/27/EB. Að svo stöddu er einungis gert ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið verði tilkynnt til ESA en með hliðsjón af framkvæmd og reynslu af ákvæðum þessa frumvarps kann síðar að koma í ljós hvort æskilegt sé og jafnvel hagfellt að tilnefna fleiri innlenda aðila og tilkynna um það til eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis reynsla næstu ára muni skera úr um það atriði. Í heimild ráðherra til þess að geta í samráði við hlutaðeigandi aðila tilnefnt fleiri aðila til þess að vera sóknaraðilar í málum, sem falla undir ákvæði þessa frumvarps, felst einnig að ráðherra getur afturkallað slíka tilnefningar ef ástæða þykir til.

Um 4. gr.

Af ákvæði þessarar greinar leiðir að unnt verður að leita eftir að lagt verði bann eða eftir atvikum lögbann við athöfn íslensks aðila sem brýtur í bága við ákvæði þeirra tilskipana sem vísað er til í 1. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er ekki tekið fram hvaða efnisréttur skuli lagður til grundvallar í málum samkvæmt þessari grein og veltur það á þeim reglum sem reynir á í hverju tilviki. Að öðru leyti fer um lögbannsbeiðni, meðferð hennar og lögbannið sjálft, áhrif þess og höfðun máls eftir almennum reglum réttarfarsins að öðru leyti en því að gerðarbeiðandi getur krafist þess að sýslumaður láti birta auglýsingu um það svo komið verði í veg fyrir að áfram gæti afleiðinga af háttseminni, sem lögbann er lagt við. Fallist sýslumaður á að nauðsyn beri til slíkrar auglýsingar skal hann verða við kröfu um að fá hana birta, en kostnaður af því greiðist þá úr ríkissjóði.

Um 5.–6. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákveðnum tilskipunum, sem taldar eru upp í skrá sem er viðauki við þessa tilskipun, eru settar reglur um neytendavernd.

2) Ekki er alltaf unnt að stöðva nógu fljótt brot gegn sameiginlegum hagsmunum neytenda með þeim aðferðum sem nú eru tiltækar hvort heldur er á landsvísu eða á bandalagsvísu, til þess að tryggja að farið sé að þessum tilskipunum. Sameiginlegir hagsmunir eru þeir hagsmunir sem ekki eru uppsafnaðir hagsmunir einstaklinga sem hafa orðið fyrir skaða vegna brots. Þetta hefur ekki áhrif á lögsókn af hálfu einstaklinga sem hafa orðið fyrir skaða vegna brots.

3) Áhrifin af innlendum ráðstöfunum til að leiða í lög framangreindar tilskipanir, sem er ætlað að binda enda á viðskiptahætti sem eru ólöglegir samkvæmt gildandi landslögum, að meðtöldum verndarráðstöfunum sem ganga lengra en krafist er í þessum tilskipunum, að því tilskildu að þessar ráðstafanir samrýmist stofnsáttmálanum og séu leyfilegar samkvæmt tilskipununum, geta orðið að engu þegar slíkir viðskiptahættir hafa áhrif í öðru aðildarríki en þar sem þeir eru upprunnir.

4) Þessi vandkvæði geta raskað snurðulausri starfsemi innri markaðarins vegna þess að þetta hefur í för með sér að ekki þarf annað en að flytja ólöglega viðskiptahætti til annars lands til þess að komast undan hvers konar réttaraðför. Veldur þetta röskun á samkeppni.

---

[1] Stjtíð. EB C 107, 13.4.1996, bls. 3 og Stjtíð. EB C 80, 13. 3. 1997, bls. 10.
[2] Stjtíð. EB C 30, 30. 1. 1997, bls. 112.
[3] Ályktun Evrópuþingsins frá 14. nóvember 1996 (Stjtíð. EB C 362, 2. 12. 1996, bls. 236). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 30. október 1997, (Stjtíð. EB C 389, 22. 12. 1997, bls. 51) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1998 (Stjtíð. EB C 104, 6. 4. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 23. apríl 1998.

5) Þessi vandkvæði eru líkleg til að rýra traust neytenda á innri markaðinum og geta takmarkað svigrúm til aðgerða af hálfu þeirra samtaka, sem gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda, eða óháðra opinberra aðila sem bera ábyrgð á því að gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda sem verða fyrir skaða vegna viðskiptahátta er brjóta gegn lögum bandalagsins.

6) Þessir viðskiptahættir ná oft út fyrir landmærin milli aðildarríkjanna. Því er áríðandi að samræma sem fyrst innlend ákvæði sem myndu binda enda á framangreint form ólöglegs athæfis, án tillits til þess í hvaða landi hið ólöglega athæfi hefur áhrif. Að því er varðar lögsögu hefur þetta ekki áhrif á ákvæði í reglum alþjóðlegs einkamálaréttar eða samninga sem í gildi eru milli aðildarríkjanna, en taka ber tillit til almennra skuldbindinga aðildarríkjanna sem af sáttmálanum leiðir, einkum skuldbindinga sem varða snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

7) Einungis bandalagið getur náð fram fyrirhuguðum markmiðum þessara aðgerða. Bandalaginu ber því skylda til að bregðast við.

8) Þriðja málsgrein 3. gr. b í sáttmálanum leggur þær kvaðir á bandalagið að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná fram markmiðum sáttmálans. Í samræmi við þá grein verður að taka tillit til sérstakra einkenna innlendrar löggjafar að því marki sem unnt er með því að eftirláta aðildarríkjunum valið á milli mismunandi möguleika sem hafa samsvarandi áhrif. Dómstólar og yfirvöld á sviði stjórnsýslu sem eru til þess bær að taka ákvörðun um þá málsmeðferð sem vísað er til í 2. gr. þessarar tilskipunar skulu hafa rétt til að rannsaka áhrif fyrri ákvarðana.

9) Einn þessara möguleika skal felast í því að krefjast þess að einn eða fleiri óháðir opinberir aðilar, sem eru sérstaklega ábyrgir fyrir því að gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda, framfylgi réttinum til lögsóknar sem greint er frá í þessari tilskipun. Annar möguleiki skal felast í ráðstöfunum, sem veita samtökum, sem gæta sameiginlegra hagsmuna neytenda þennan rétt, í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum.

10) Aðildarríkin skulu geta valið á milli þessara möguleika eða notað þá báða við tilnefningu innlendra stofnana og/eða samtaka sem eru viðurkennd samkvæmt markmiðum þessarar tilskipunar.

11) Við brot innan bandalagsins skal meginreglan um gagnkvæma viðurkenningu gilda um þessar stofnanir og/eða samtök. Aðildarríkin skulu, samkvæmt fyrirmælum sinna innlendu stofnanna/samtaka, tilkynna framkvæmdastjórninni nöfn og tilgang innlendra stofnana/samtaka sem eru til þess bærar eða bær að bera fram kæru í heimalandi sínu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

12) Það er framkvæmdastjórnarinnar að tryggja að birt verði skrá yfir þessar viðurkenndu stofnanir/samtök í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Þar til tilkynning hefur borist um annað, telst viðurkennd stofnun/samtök hafa rétthæfi ef nafn hennar/þeirra er í skránni.

13) Aðildarríki skulu geta farið þess á leit að málsaðili sem hyggst hefja málsókn vegna brota geti, áður en til þess kemur, haft samráðsfund með stefnda til að gefa honum tækifæri til að binda enda á brotið sem um er deilt. Aðildarríki skulu geta farið þess á leit að þessi samráðsfundur eigi sér stað á sameiginlegum fundi ásamt óháðri opinberri stofnun sem tilnefnd er af þessum aðildarríkjum.

14) Þegar aðildarríkin hafa ákveðið slíkt samráð skal veittur tveggja vikna frestur eftir að beiðni um slíkar viðræður berst þannig að ef ekki er bundinn endir á hið brotlega athæfi á stefnandi rétt á að hefja málsókn á vettvangi dómstóls eða yfirvalds á sviði stjórnsýslu án frekari tafa.

15) Rétt er að framkvæmdastjórnin gefi skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og þá sérstaklega um gildissvið hennar og undanfarandi viðræður.

16) Beiting þessarar tilskipunar skal ekki hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna bandalagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er að samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna er varða lögbannsaðgerðir sem um getur í 2. gr. og miða að verndun sameiginlegra hagsmuna þeirra neytenda, sem fjallað er um í þeim tilskipunum sem skráðar eru í viðaukanum, með það fyrir augum að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

2. Í þessari tilskipun merkir brot hvers konar verknað sem brýtur gegn þeim tilskipunum sem taldar eru upp í viðaukanum eins og þær eru teknar upp í landsrétt aðildarríkjanna og skaðar þá sameiginlegu hagsmuni sem um getur 1. mgr.

2. gr.

Lögbannsaðgerðir

1. Aðildarríkin skulu tilnefna til þess bæra dómstóla og yfirvöld á sviði stjórnsýslu til þess að úrskurða um dómsmál, sem stofnað er til af viðurkenndum stofnunum/samtökum í skilningi 3. gr., og leita eftir:

a) skjótum úrskurði, með einfaldaðri málsmeðferð ef það á við, þar sem krafist er stöðvunar eða banns við hvers konar broti;

b) aðgerðum, ef það á við, svo sem birtingu ákvörðunarinnar, í heild eða að hluta, með því sniði sem sýnist fullnægjandi og/eða birtingu á tilkynningu um leiðréttingu með það fyrir augum að koma í veg fyrir áframhaldandi áhrif brotsins;

c) að því marki sem löggjöf aðildarríkisins leyfir, úrskurði um sektargreiðslu stefnda ef hann tapar málinu, í ríkissjóð eða til hvers þess rétthafa sem skilgreindur hefur verið í eða samkvæmt innlendri löggjöf, ef viðkomandi hlítir ekki úrskurði innan þeirra tímamarka sem sett hafa verið fyrir dómstólum eða af stjórnsýsluyfirvöldum, er nemi tiltekn-

um dagsektum eða annarri fjárhæð sem kveðið er á um í innlendri löggjöf, með það fyrir augum að tryggja að úrskurði sé hlítt.

2. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á reglur alþjóðlegs einkamálaréttar, með tilliti til gildandi laga, sem leiðir að öllu jöfnu til beitingar laga þess aðildarríkis þar sem brotið á sér stað eða laga þess aðildarríkis þar sem brotið hefur áhrif.

3. gr.

Aðilar sem geta hafið málsókn

Í þessari tilskipun merkir „viðurkennd stofnun/samtök“ hverja þá stofnun eða samtök sem eru stofnuð formlega í samræmi við lög aðildarríkisins, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta við að tryggja að þeim ákvæðum sem vísað er til í 1. gr. sé hlítt, einkum þegar um er að ræða:

a) eina eða fleiri óháðar opinberar stofnanir, sérstaklega ábyrgar fyrir því að verja þá hagsmuni sem vísað er til í 1. gr., í þeim aðildarríkjum þar sem slíkar stofnanir eru til og/eða

b) samtök sem hafa þann tilgang að verja þá hagsmuni sem um getur í 1. gr., í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í landslögum.

4. gr.

Brot innan bandalagsins

1. Hvert aðildarríki skal, ef brot á sér stað í því aðildarríki, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að hver viðurkennd stofnun eða samtök frá öðru aðildarríki, þar sem brotið hefur áhrif á hagsmuni sem stofnunin eða samtökin eiga að verja, geti vísað málinu til dómstóls eða stjórnsýsluyfirvalds sem um getur í 2. gr. með því að framvísa skránni sem kveðið er á um í 3. mgr. Dómstólar eða stjórnvöld skulu viðurkenna skrána sem sönnun á rétthæfi stofnunarinnar eða samtakanna án þess að það hafi áhrif á rétt þeirra til að rannsaka hvort tilgangur viðurkenndu stofnunarinnar/samtakanna réttlæti að þau grípi til aðgerða í tilteknu tilviki.

2. Varðandi brot innan bandalagsins, og án þess að það hafi áhrif á réttindi annarra aðila samkvæmt landslögum, skulu aðildarríkin, að beiðni viðurkenndrar stofnunar/samtaka, tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar að þessi stofnun/samtök séu viðurkennd til að hefja málsókn samkvæmt 2. gr. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni nöfn og markmið þessarar viðurkenndu stofnunar/samtaka.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera tillögu að skrá yfir viðurkenndar stofnanir/samtök sem vísað er til í 2. gr., ásamt lýsingu á markmiðum þeirra. Þessa skrá skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Breytingar á þessari skrá skal birta án tafar; endurskoðaða skrá skal birta á sex mánaða fresti.

5. gr.

Undanfarandi viðræður

1. Aðildarríki geta samþykkt eða haldið í gildi ákvæðum um að sá aðili sem hyggst krefjast lögbanns geti því aðeins hafið það ferli að hann hafi áður reynt að stöðva hið brotlega athæfi með viðræðum við annaðhvort stefnda eða bæði stefnda og viðurkennda stofnun/samtök í

samræmi við 3. gr. a, í því aðildarríki þar sem leitað er eftir lögbanni. Það er aðildarríkisins að ákveða hvort sá málsaðili sem krefst lögbannsins verði að eiga viðræður við viðurkennda stofnun/samtök. Ef ekki tekst að stöðva hið brotlega athæfi innan tveggja vikna frá því að beiðni um viðræður berst getur viðkomandi málsaðili hafið lögbannsaðgerðir.

2. Þær reglur sem hafa verið settar um viðræður ber að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og skal birta þær í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

6. gr.

Skýrslur

1. Á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu tilskipunarinnar.

2. Í fyrstu skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin sérstaklega rannsaka:

— gildissvið þessarar tilskipunar með tilliti til verndunar á sameiginlegum hagsmunum einstaklinga sem stunda verslunar-, iðnaðar-, listiðnaðar- eða atvinnustarfsemi;

— gildissvið þessarar tilskipunar eins og það er ákvarðað í tilskipununum sem skráðar eru í viðaukanum;

— hvort samráðsviðræður 5. gr. hafi stuðlað að skilvirkri verndun neytenda.

Þessari skýrslu skulu fylgja tillögur með það fyrir augum að breyta þessari tilskipun, þar sem það á við.

7. gr.

Ákvæði um frekari aðgerðir

Þessi tilskipun skal ekki hindra aðildarríkin í að setja eða halda í gildi ákvæðum sem veita hæfum stofnunum/samtökum og hverjum þeim öðrum sem málið varðar víðtækari réttindi til að hefja málsókn innanlands.

8. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30 mánuðum eftir að hún tekur gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

10. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. maí 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. M. GIL-ROBLES	G. BROWN
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TILSKIPANIR SEM FALLA UNDIR 1. GR. (*)

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17).

2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1985, bls. 31).

3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).

4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur: 10. til 21. gr. (Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23 eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60)).

5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59).

6. Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 113, 30.4.1992, bls. 13).

---

* Tilskipanir nr. 1, 6, 7, og 9 innihalda sérstök ákvæði um lögbannsaðgerðir.

7. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).
9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga (Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19).

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

Tilgangur frumvarpsins er að efla vörn gegn ólögmætum viðskiptaháttum milli landa sem er hluti öryggisverndar neytenda á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt frumvarpinu geta íslensk stjórnvöld krafist fyrir erlendum dómstólum lögbanns á ólögmæta viðskiptahætti sem stefnt er gegn Íslendingum. Alls er óvíst hvernig þessi réttur verði nýttur, ef svo fer er gert ráð fyrir að kostnaðurinn falli undir meðferð opinberra mála. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi annan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

151. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um persónuafslátt barna.

Flm.: Ármann Höskuldsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til þess að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að foreldrar njóti 50% persónuafsláttar fyrir hvert barna sinna.

Greinargerð.

Þjóðinni er mikilvægt að halda jöfnum og jákvæðum vexti svo að jafnvægi aldurssamsetningarinnar raskist ekki. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að ríkisvaldið taki af skarið og byggi upp skattkerfið þannig að það taki tillit til barnmargra fjölskyldna. Öllum má vera ljóst að barnafjölskyldur verða fyrir hlutfallslega meiri útgjöldum en einstaklingar og barnlausir sambýlingar. Tekjutenging barnabóta er enn óeðlilega mikil. Fyrirvinnur barnmargra fjölskyldna þurfa að vinna meira til að metta munnana og brjóta því skjótt launamúrinn sem notaður er til viðmiðunar barnabóta. Þannig hefur kerfið í raun snúist upp í andstöðu gagnvart fjölskyldum í landinu, smáum sem stórum. Hagstætt skattaumhverfi til handa barnafjölskyldum er engu þýðingarminna fyrir þjóðarhag en hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja. Framtíð þjóðarinnar byggist ekki hvað síst á eðlilegri fjölgun þegnanna.

152. Fyrirspurn [152. mál]

til forsætisráðherra um matvælaeftirlit.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hvað líður áformum ríkisstjórnarinnar um að koma öllu matvælaeftirliti undir eina stofnun?
2. Undir hvaða ráðuneyti er ætlunin að sú stofnun heyri?

153. Fyrirspurn [153. mál]

til landbúnaðarráðherra um skimun fyrir riðu.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Er á döfinni að taka upp skimun fyrir riðu í nautgripum og sauðfé sem slátrað er hér á landi eins og nefnd á vegum ráðherra lagði til í skýrslu í mars sl.?

154. Fyrirspurn [154. mál]

til iðnaðarráðherra um háspennulínur í jörð.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Hve mikill aukakostnaður felst í því að leggja háspennulínur í jörð, t.d. í stað umdeildrar loftlínu frá Sultartanga að Brennimel í Hvalfirði eða frá fyrirhugaðri Kárahnjúkavirkjun til Reyðarfjarðar?

155. Fyrirspurn [155. mál]

til fjármálaráðherra um framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttir.

1. Eru lög um opinberar framkvæmdir að einhverju leyti frávíkjanleg að mati ráðherra? Ef svo er, í hvaða tilvikum er heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra? Hefur ákvæðum laganna í einhverjum tilvikum ekki verið fylgt á þessum grundvelli sl. þrjú ár? Ef svo er, hvaða framkvæmdir var þar um að ræða?

2. Eru dæmi þess að frumathugun og greinargerð um frumathugun hafi ekki verið unnin í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga um opinberar framkvæmdir á síðustu þremur árum? Ef svo er, við undirbúning hvaða opinberra framkvæmda var það ekki gert?
3. Hefur ráðherra í einhverjum tilvikum, á sl. þremur árum, mælt fyrir um sérstaka fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga án þess að áætlunargerð skv. 7. og 8. gr. laga um opinberar framkvæmdir hafi legið fyrir? Ef svo er, í tengslum við hvaða framkvæmdir var þetta gert og um hversu háar fjárveitingar var að ræða í hverju tilviki fyrir sig?
4. Hefur í einhverjum tilvikum frá árinu 1999 verið greitt fé úr ríkissjóði til opinberrar framkvæmdar án þess að áætlunargerð skv. 7. og 8. gr. laga um opinberar framkvæmdir hafi legið fyrir? Ef svo er, til hvaða framkvæmda var féð greitt og um hversu háar fjárhæðir var að ræða í hverju tilviki fyrir sig?
5. Hversu margar byggingarnefndir eru starfandi á vegum hins opinbera, vegna hvaða framkvæmda eru þær starfandi og hversu víðtækt umboð hefur þeim verið fengið í hverju tilviki fyrir sig?
6. Í hverju felst sú aðstoð sem samstarfsnefnd um opinberrar framkvæmdir veitir fjármálaráðuneytinu í tengslum við fjármálalega framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir?
7. Hefur samstarfsnefnd um opinberrar framkvæmdir sinnt því að rannsaka frumathuganir og áætlunargerðir svo sem henni er boðið að gera skv. 2. mgr. 18. gr. laga um opinberar framkvæmdir? Ef svo er, hefur nefndin einhvern tímann gert athugasemdir til ráðherra í kjölfar slíkrar rannsóknar?
8. Hefur samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir haft frumkvæði að því að verkleg framkvæmd væri stöðvuð eða að hún væri ekki hafin? Ef svo er, hvaða framkvæmdir áttu þá í hlut og á hvaða grundvelli beitti nefndin sér fyrir slíku?

Skriflegt svar óskast.

156. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Katrín Fjeldsted.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 75/1981.

1. gr.

Orðið „sjómannaafsláttur“ í 7. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

B-liður 68. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. og 5. gr. laga þessara um afnám sjómannaafsláttar skal sjómannaafsláttur á árinu 2002 nema ⅔ hlutum og á árinu 2003 ⅓ hluta þess sem hann er í árslok 2001 og lúta að öðru leyti sömu reglum og giltu fyrir gildistöku laga þessara.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987.

5. gr.

Orðin „og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við“ í fyrri málslið 2. mgr. 15. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 121. og 122. löggjafarþingi og er það nú endurflutt lítið breytt.

Samkvæmt svari fjármálaráðherra á þskj. 371 á 123. löggjafarþingi við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um sjómannaafslátt er það skoðun ráðherra að sjómannaafslátturinn sé í eðli sínu niðurgreiðsla á launakostnaði útgerðar og að uppruni afsláttarins og saga hans beri það með sér.

Aðstæður útgerðar og sjómanna hafa breyst mikið til batnaðar að undanförnu. Gengi erlendra gjaldmiðla hefur hækkað verulega, eða um 20%, frá áramótum. Fiskur er nær allur fluttur út og því mun fiskverð líklega hækkað ámóta og erlendur gjaldeyrir og tekjur útgerða og sjómanna því hækka umtalsvert. Þess vegna er útgerðin vel í stakk búin til að taka á sig niðurfellingu á þessum styrk. Einnig hefur endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða skilað skýrslu sinni og leggur til að útgerðinni verði gert að greiða auðlindagjald. Eðlilegt er að útgerðin hætti að fá styrk frá ríkinu áður en farið er að láta hana greiða auðlindagjald.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpinu sem flutt var á 122 löggjafarþingi (þskj. 36 – 36. mál) en þar sagði svo m.a.:

„Verði frumvarp þetta að lögum verður að telja eðlilegt að kjarasamningar sjómanna við útgerðarmenn verði endurskoðaðir og má jafnvel líta svo á að með lögfestingu frumvarpsins séu kjarasamningar lausir þar sem forsendum þeirra hafi verið breytt. Nauðsynlegt er því að aðilar þeirra kjarasamninga sem um ræðir taki efni þeirra til endurskoðunar út frá þessum breyttu forsendum.“

Á 115. löggjafarþingi, 1990–91, var flutt stjórnarfrumvarp sem meðal annars átti að takmarka sjómannaafsláttinn við þá daga sem sjómaðurinn er á sjó. Með því frumvarpi fylgdi meðal annars eftirfarandi greinargerð:

„Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara. Rökin, sem færð

voru fyrir honum, voru að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var og upp tekinn sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Breyting þessi var gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungi mannaður erlendum sjómönnum.

Með lögum nr. 43/1967 er hlífðarfatafrádrátturinn og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972 er tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu einnig með þeim lögum hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978 voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985 einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Með lögum nr. 49/1987 var þessum frádráttarliðum steypt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.

Þessi rök höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau enn rýrnað í tímans rás. Kostnaður vegna vinnufata er eðlilegur hluti af kostnaði launþega við að sinna starfi sínu og er að jafnaði borinn af honum. Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf, sem sérstaks búnaðar krefjast, séu í tengslum við sjósókn eða ekki. Með hliðsjón af því að algengast er að vinnuveitendur beri kostnað af sérstökum hlífðarfatnaði má eins líta á skattfrádrátt af þessum ástæðum sem ívilnun þeim til handa en ekki til handa sjómönnum. Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar brostnar.

Um fæðiskostnað gildir í grundvallaratriðum hið sama og um hlífðarfötin. Að hluta til eru hinar upphaflegu forsendur þess efnis að sjómenn sjái sér sjálfir fyrir fæði brostnar og í annan stað er um að ræða kostnað sem er sambærilegur því sem fjöldi annarra launþega býr við.

Rökunum vegna fjarveru frá heimili hefur að því leyti sem þau voru fyrir hendi verið eytt, m.a. vegna þrýstings frá þeim sem þessarar ívilnunar hafa notið, með því að teygja gildissvið hennar yfir á fjölda aðila án þess að um langtímafjarveru frá heimili sé að ræða eða jafnvel nokkra fjarveru, sbr. hlutaráðna landmenn. Auk þess er að nefna að utan raða sjómanna er fjöldi launþega sem við slíka fjarveru býr án þess að það sé bætt með skattpeningum.

Um ívilnanir þessar sem launauppbætur í tengslum við kjarasamninga er tvennt að segja. Annars vegar er að á sínum tíma voru ívilnanirnar rökstuddar með tilvísun til sérstaks tíma-

bundins ástands, skorts á sjómönnum o.s.frv. Þær forsendur, sem þá voru í því efni, eru ekki lengur fyrir hendi og ætti því ekki að vera ástæða til að halda bótunum áfram. Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum.

Þá er þess að geta að í framkvæmd eru þessar skattaívilnanir og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna. Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notuð fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilarnir meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum. Kemur það í þessu tilviki að sjálfsögðu fram í því að þriðji aðilinn, þ.e. aðrir skattborgarar, greiðir hærri skatta en ella væri.“

Enn fremur sagði í greinargerðinni:

„Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna þótt hann geti óneitanlega haft áhrif á starfskjör þeirra. Hann veldur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga. Eðlilegt er að útgerðin beri þann launakostnað sem leiðir af því að kjör sjómanna eftir greiðslu á tekjuskatti séu þannig að manna megi flotann í samkeppni á vinnumarkaði. Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til. Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð.

Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri.

Sjómannaafsláttur mismunar einnig launþegum og hefur sú mismunun farið vaxandi bæði vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur. Sem dæmi um þessa mismunun má nefna að beitingamenn, sem ekki fara á sjó, fá afslátt meðan annað landverkafólk nýtur hans ekki. Sjómenn, sem geta verið í landi og eru að jafnaði heima hjá sér að næturlagi, njóta afsláttar en ekki t.d. langferðabílstjórar eða verkafólk í vinnuflokkum fjarri heimili sínu. Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins. Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum ekki. Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattafslætti sem þessum.

Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin.“

Við þessa greinargerð er því að bæta að tekjuskattur hér á landi er skattur á brúttótekjur en ekki nettótekjur. Þannig getur skattgreiðandi almennt ekki dregið frá tekjum sínum kostnað við að afla teknanna. Má þar nefna ferðir til og frá vinnu, gæslu barna, fatnað o.s.frv. Þetta varð sérstaklega áberandi eftir að tekin var upp staðgreiðsla skatta. Þetta veldur því t.d. að fólk á atvinnuleysisbótum og félagslegum bótum verður mjög tregt til að taka við vinnu því tekjurnar verða að vera mjög háar til að aðili, sem t.d. hefur passað tvö börn heima, tapi ekki á því að fara að vinna. Með vísan til þessa verða þau rök fyrir sjómannaafslættinum að hann eigi að bæta upp kostnað við að afla tekna mjög veik.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan má rekja upphaf sjómannaafsláttarins til þess ástands að ekki tókst að manna síðutogara upp úr 1955. Þá var mjög algengt að erlendir sjómenn, aðallega frá Færeyjum, störfuðu á íslenskum fiskiskipum. Þar sem tekjuskattur var greiddur árlega eftir á komust margir þessara erlendu sjómanna hjá því að greiða tekjuskatt. Þetta olli óánægju meðal innlendra sjómanna og átti þátt í upptöku sjómannaafsláttarins. Þessar ástæður eru með öllu fallnar úr gildi. Mjög mikil eftirspurn er nú eftir plássi á veiðiskipum, sérstaklega frystitogurum, og laun margra sjómanna eru með þeim hæstu hér á landi miðað við kröfur um menntun og ábyrgð í starfi (sbr. meðal annars árlega launakönnun tímaritsins Frjálsrar verslunar).

Eitt af markmiðum skattalaga fyrir utan það að afla ríkissjóði tekna er tekjujöfnun. Fólk nýtur þjónustu ríkisins óháð tekjum. Heilbrigðisþjónusta, öldrunarþjónusta, menntakerfi, löggæsla og önnur þjónusta er veitt jafnt til tekjulágra sem tekjuhárra. Fólk greiðir þó ekki fyrir þjónustuna óháð tekjum. Þeir sem hærri hafa tekjurnar greiða meira. Ekki bara í hlutfalli við tekjur heldur miklu meira. Þannig greiðir fólk sem hefur tvöfaldar tekjur ekki aðeins tvöfaldan skatt heldur margfalt meira. Einstaklingur með 100 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir um 17 þús. kr. í staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts. Einstaklingur sem hefur 200 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir aftur á móti 58 þús. kr. í staðgreiðslu eða ríflega þrefalt (3,5) meira. Skattkerfinu er þannig ætlað að jafna út launamun. Þetta á ekki við um sjómenn. Þeir geta haft umtalsverðar tekjur án þess að greiða af þeim háa skatta. Þannig greiðir fiskverkakona með 125 þús. kr. tekjur á mánuði sömu staðgreiðslu og sjómaður eða beitingamaður með 167 þús. kr. á mánuði eða 24 þús. kr. á mánuði. Sjómaður greiðir sömu skatta og aðrir launþegar með 42 þús. kr. lægri laun á mánuði eða um 240 þús. kr. lægri skatta á ári. Þetta eru tvenn mánaðarlaun fiskverkakonu.

Bent hefur verið á að sjómenn greiði skatt af fæðispeningum en þeir sem fara í viðskiptaferðir fái skattfrjálsa dagpeninga fyrir fæði og uppihaldi. Sjómenn og útgerðarmenn geta að sjálfsögðu tekið upp dagpeningakerfi samkvæmt núgildandi lögum eins og aðrar stéttir. Er slíkt mun eðlilegra fyrirkomulag en að hafa í skattalögum sérstakar ívilnanir sjómönnum til handa. En varðandi dagpeninga er einnig ljóst að samræmingar er þörf. Á meðan tekjuskattur er í eðli sínu skattur á inntekjur ætti að skattleggja fæðispeninga í öllum tilfellum. Því er einnig brýnt að taka upp nýjar reglur um skattlagningu dagpeninga sem fyrst.

Sjómannaafslátturinn gerir það að verkum að störf við frystingu í frystitogurum úti á sjó njóta skattfrelsis á meðan sambærileg störf í landi eru sköttuð að fullu. Hann virkar því sem eins konar niðurgreiðsla á vinnu um borð í frystitogurum og stuðlar þannig að því að frystingin flyst út á sjó og veldur atvinnuleysi í landi.

Yfir 98% þeirra sem greiddu til Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Launamunur sjómanna og fiskvinnslufólks er mikill. Sjómannaafslátturinn eykur enn frekar þann mun."

Svo mörg voru þau orð í greinargerð með frumvarpinu á 122. löggjafarþingi.

Eftirfarandi tafla sýnir staðgreiðslu af launum venjulegs launamanns og sjómanns miðað við að staðgreiðslan sé 38,76%, 4% renni skattfrjálst til lífeyrissjóðs, persónuafsláttur sé 25.245 á mánuði og að sjómannaafsláttur sé 691 kr. á dag í 30 daga í mánuði, auk þess sem taflan sýnir hvernig skattgreiðslur sjómanna munu aukast í þrepum ár hvert þar til þær eru að fullu orðnar samræmdar skattgreiðslum venjulegra launþega, sbr. bráðabirgðaákvæði laganna:

Sjómannaafsláttur		691,00	460,67	230,33
Skatthlutfall	38,76%	38,76%	38,76%	38,76%
Persónuafsláttur	25.245	25.245	25.245	25.245
	Venjulegur launþegi	Sjómaður nú	Sjómaður árið 2002	Sjómaður árið 2003
Mánaðartekjur kr.	Skattur, kr. á mán.			
75.000	2.662	-	-	-
100.000	11.965	-	-	5.055
125.000	21.267	537	7.447	14.357
150.000	30.569	9.839	16.749	23.659
200.000	49.174	28.444	35.354	42.264
300.000	86.384	65.654	72.564	79.474
400.000	123.593	102.863	109.773	116.683
500.000	160.803	140.073	146.983	153.893
700.000	235.222	214.492	221.402	228.312

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sjómannaafslátturinn felldur út úr upptalningu þeirra liða í 7. tölul. 1. mgr. 28. gr. sem ekki teljast til tekna, en það eru auk hans persónuafsláttur, barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur.

Um 2. gr.

Hér er fellt niður það ákvæði að frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul., þ.e. 30,41% af tekjuskattsstofni skuli, auk persónuafsláttar skv. 2. tölul., dragast sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr. þegar tekjuskattur ársins er reiknaður.

Um 3. gr.

Í B-lið 68. gr. er fjallað um og skilgreind öll ákvæði sem snerta sjómannaafsláttinn, hverjir eigi að njóta hans og frá hvaða launum megi draga hann. Enn fremur upphæð sjómannaafsláttar fyrir hvern dag, hvaða dagar veiti rétt til sjómannaafsláttar og reglugerðarheimild. Lagt er til að þessi liður verði í heild felldur brott.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sjómannaafslátturinn verði felldur niður í þremur áföngum. Fyrst verði hann lækkaður um ⅓ í ársbyrjun 2002 og aftur um sömu upphæð í ársbyrjun 2003. Hann falli alveg út í ársbyrjun árið 2004. Tilgangur þess að lækka sjómannaafsláttinn í þremur áföngum er að gefa þeim aðilum sem málið varðar tíma og tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum með nýjum kjarasamningum og hagræðingu, en ekki síður að ná fram sátt um breytinguna.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, til samræmis við meginefni og tilgang þessa frumvarps.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. janúar 2002 til þess að gefa þeim aðilum sem málið varðar tækifæri til að aðlaga sig breyttum aðstæðum, sbr. athugasemdir við 4. gr.

157. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um gerð svæðisskipulags fyrir landið allt.

Flm.: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að hlutast til um að gert verði svæðisskipulag fyrir þau svæði á landinu sem ekki hafa þegar verið skipulögð. Kannað verði hvernig komið verði til móts við sveitarfélögin til að standa straum af kostnaði við svæðisskipulagsgerð umfram það sem kveðið er á um í skipulagslögum.

Greinargerð.

Stefnumótun og áætlanagerð er forsenda markvissrar framtíðarþróunar. Skipulögð áætlun um einstaka þætti framkvæmda er forsenda markvissrar ákvarðanatöku og skynsamlegrar stýringar á uppbyggingu. Skipulagsferlið er eitt öflugasta stjórntæki til að stýra byggðaþróun.

Í 1. gr. skipulags- og byggingarlaga segir:

„Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Forsenda þess að ná fram viðkomandi markmiðum er að skipulagsáætlun liggi fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun var einungis búið að vinna svæðisskipulag af hluta landsins í lok árs 2000.

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skal svæðisskipulag gert að frumkvæði sveitarstjórna eða Skipulagsstofnunar. Sveitarfélög eru aftur á móti misjafnlega í stakk búin til að eiga frumkvæði að slíku. Því er lagt til að yfirstjórn skipulagsmála í landinu eigi frumkvæði að því að svæðisskipulagsvinna fari í gang í þeim sveitarfélögum þar sem hún er ekki þegar hafin.

Skipulagsáætlun er stefnumótandi áætlun um byggðaþróun og landnotkun og þannig grundvöllur markvissrar ákvarðanatöku á öllum stigum stjórnsýslunnar.

158. Svar [101. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um aflamark í ýsu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var úthlutað aflamark í ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári og því síðasta, sundurliðað eftir verstöðvum?*
2. *Hver var hlutdeild einstakra verstöðva í ýsukvótanum á yfirstandandi fiskveiðiári og því síðasta?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í töflunni hér á eftir. Tölurnar miðast við slægðan fisk. Sérstakar úthlutanir aflamarks eru ekki innifaldar í tölunum. Aflamarkið miðast við lestir. Heimahöfn skipa miðast við skrá Siglingastofnunar á hverjum tíma.

Úthlutað aflamark af ýsu og aflahlutdeild eftir heimahöfnum fiskveiðiárin 2000/2001 og 2001/2002.

	Fiskveiðiárið 2000/2001			Fiskveiðiárið 2001/2002		
Heimahöfn	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**
Vestmannaeyjar	Aflamark	3.745,5	15,3%	Aflamark	3.946,2	15,9%
				Krókaaflamark	41,3	0,2%
				Samtals	3.987,5	16,1%
Stokkseyri	Aflamark	85,5	0,4%	Aflamark	86,7	0,3%
Eyrarbakki	Aflamark	45,8	0,2%	Aflamark	46,4	0,2%
Selfoss	Aflamark	0,2	0,0%	Aflamark	0,2	0,0%
				Krókaaflamark	0,6	0,0%
				Samtals	0,9	0,0%
Þorlákshöfn	Aflamark	560,8	2,3%	Aflamark	568,9	2,3%
				Krókaaflamark	73,2	0,3%
				Samtals	642,1	2,6%
Grindavík	Aflamark	1.927,4	7,9%	Aflamark	1.922,0	7,8%
				Krókaaflamark	239,3	1,0%
				Samtals	2.161,4	8,7%
Hafnir	Aflamark			Krókaaflamark	0,6	0,0%
Sandgerði	Aflamark	286,8	1,2%	Aflamark	47,1	0,2%
				Krókaaflamark	111,1	0,4%
				Samtals	158,2	0,6%
Garður	Aflamark	475,0	1,9%	Aflamark	539,2	2,2%
				Krókaaflamark	2,9	0,0%
				Samtals	542,1	2,2%
Keflavík	Aflamark	311,1	1,3%	Aflamark	373,3	1,5%
				Krókaaflamark	49,6	0,2%
				Samtals	422,9	1,7%
Njarðvík	Aflamark			Krókaaflamark	20,6	0,1%
Vogar	Aflamark	181,7	0,7%	Aflamark	226,4	0,9%
				Krókaaflamark	0,0	0,0%
				Samtals	226,4	0,9%
Hafnarfjörður	Aflamark	664,2	2,7%	Aflamark	615,6	2,5%
				Krókaaflamark	75,3	0,3%
				Samtals	690,9	2,8%
Kópavogur	Aflamark	0,3	0,0%	Aflamark	0,3	0,0%
				Krókaaflamark	0,2	0,0%
				Samtals	0,4	0,0%

	Fiskveiðiárið 2000/2001			Fiskveiðiárið 2001/2002		
Heimahöfn	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**
Reykjavík	Aflamark	1.794,1	7,3%	Aflamark	1.842,7	7,4%
				Krókaaflamark	144,6	0,6%
				Samtals	1.987,3	8,0%
Akranes	Aflamark	896,6	3,7%	Aflamark	985,2	4,0%
				Krókaaflamark	40,4	0,2%
				Samtals	1.025,6	4,1%
Borgarnes	Aflamark			Krókaaflamark	4,0	0,0%
Arnarstapi	Aflamark	4,0	0,0%	Aflamark	4,1	0,0%
				Krókaaflamark	3,4	0,0%
				Samtals	7,5	0,0%
Hellnar	Aflamark			Krókaaflamark	1,7	0,0%
Hellissandur	Aflamark	108,7	0,4%	Aflamark	126,0	0,5%
				Krókaaflamark	8,2	0,0%
				Samtals	134,2	0,5%
Rif	Aflamark	727,7	3,0%	Aflamark	744,8	3,0%
				Krókaaflamark	32,3	0,1%
				Samtals	777,1	3,1%
Ólafsvík	Aflamark	212,4	0,9%	Aflamark	247,0	1,0%
				Krókaaflamark	97,9	0,4%
				Samtals	344,8	1,4%
Grundarfjörður	Aflamark	955,6	3,9%	Aflamark	849,4	3,4%
				Krókaaflamark	52,7	0,2%
				Samtals	902,0	3,6%
Stykkishólmur	Aflamark	102,8	0,4%	Aflamark	105,4	0,4%
				Krókaaflamark	33,0	0,1%
				Samtals	138,5	0,6%
Brjánslækur	Aflamark	1,2	0,0%	Krókaaflamark	1,6	0,0%
Patreksfjörður	Aflamark	194,7	0,8%	Aflamark	141,3	0,6%
				Krókaaflamark	12,4	0,0%
				Samtals	153,6	0,6%
Tálknafjörður	Aflamark	42,4	0,2%	Aflamark	43,0	0,2%
				Krókaaflamark	74,7	0,3%
				Samtals	117,7	0,5%
Bíldudalur	Aflamark	14,5	0,1%	Aflamark	13,6	0,1%
				Krókaaflamark	4,9	0,0%
				Samtals	18,5	0,1%
Þingeyri	Aflamark	76,4	0,3%	Aflamark	226,6	0,9%
				Krókaaflamark	11,2	0,0%
				Samtals	237,8	1,0%
Flateyri	Aflamark			Krókaaflamark	5,5	0,0%
Suðureyri	Aflamark	25,7	0,1%	Aflamark	26,0	0,1%
				Krókaaflamark	248,6	1,0%
				Samtals	274,6	1,1%
Bolungarvík	Aflamark	254,7	1,0%	Aflamark	258,3	1,0%
				Krókaaflamark	296,9	1,2%
				Samtals	555,2	2,2%
Hnífsdalur	Aflamark	229,1	0,9%	Aflamark	232,4	0,9%
Ísafjörður	Aflamark	378,0	1,5%	Aflamark	385,6	1,6%
				Krókaaflamark	118,3	0,5%
				Samtals	503,9	2,0%
Súðavík	Aflamark	59,4	0,2%	Aflamark	60,2	0,2%
				Krókaaflamark	1,7	0,0%
				Samtals	62,0	0,3%
Norðurfjörður	Aflamark			Krókaaflamark	2,6	0,0%
Djúpavík	Aflamark	0,4	0,0%	Aflamark	0,4	0,0%

	Fiskveiðiárið 2000/2001			Fiskveiðiárið 2001/2002		
Heimahöfn	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**
Drangsnes	Aflamark	5,6	0,0%	Aflamark	4,4	0,0%
				Krókaaflamark	9,6	0,0%
				Samtals	14,0	0,1%
Hólmavík	Aflamark	80,5	0,3%	Aflamark	9,5	0,0%
				Krókaaflamark	4,6	0,0%
				Samtals	14,1	0,1%
Hvammstangi	Aflamark	1,1	0,0%	Aflamark	1,1	0,0%
				Krókaaflamark	9,4	0,0%
				Samtals	10,5	0,0%
Blönduós	Aflamark	0,1	0,0%	Aflamark	0,1	0,0%
				Krókaaflamark	0,0	0,0%
				Samtals	0,1	0,0%
Skagaströnd	Aflamark	454,9	1,9%	Aflamark	461,4	1,9%
				Krókaaflamark	0,0	0,0%
				Samtals	461,4	1,9%
Sauðárkrókur	Aflamark	425,3	1,7%	Aflamark	431,4	1,7%
				Krókaaflamark	0,0	0,0%
				Samtals	431,4	1,7%
Hofsós	Aflamark	1,6	0,0%	Aflamark	1,6	0,0%
Siglufjörður	Aflamark	347,4	1,4%	Aflamark	437,3	1,8%
				Krókaaflamark	10,1	0,0%
				Samtals	447,4	1,8%
Ólafsfjörður	Aflamark	433,7	1,8%	Aflamark	355,0	1,4%
				Krókaaflamark	1,3	0,0%
				Samtals	356,3	1,4%
Grímsey	Aflamark	0,8	0,0%	Aflamark	0,8	0,0%
				Krókaaflamark	3,3	0,0%
				Samtals	4,1	0,0%
Hrísey	Aflamark	16,6	0,1%	Aflamark	16,9	0,1%
				Krókaaflamark	1,6	0,0%
				Samtals	18,5	0,1%
Dalvík	Aflamark	607,6	2,5%	Aflamark	585,8	2,4%
				Krókaaflamark	0,0	0,0%
				Samtals	585,8	2,4%
Árskógssandur	Aflamark	26,5	0,1%	Aflamark	1,9	0,0%
				Krókaaflamark	0,9	0,0%
				Samtals	2,7	0,0%
Árskógsströnd	Aflamark	5,1	0,0%	Aflamark	5,2	0,0%
				Krókaaflamark	0,2	0,0%
				Samtals	5,4	0,0%
Hauganes	Aflamark	8,1	0,0%	Aflamark	6,7	0,0%
Hjalteyri	Aflamark	0,1	0,0%	Aflamark	0,1	0,0%
				Krókaaflamark	0,6	0,0%
				Samtals	0,7	0,0%
Akureyri	Aflamark	1.858,9	7,6%	Aflamark	2.061,4	8,3%
				Krókaaflamark	3,0	0,0%
				Samtals	2.064,4	8,3%
Grenivík	Aflamark	583,2	2,4%	Aflamark	591,6	2,4%
				Krókaaflamark	1,5	0,0%
				Samtals	593,0	2,4%
Húsavík	Aflamark	97,0	0,4%	Aflamark	98,4	0,4%
				Krókaaflamark	20,3	0,1%
				Samtals	118,7	0,5%

	Fiskveiðiárið 2000/2001			Fiskveiðiárið 2001/2002		
Heimahöfn	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**	**Stjórnkerfi**	**Aflamark**	**Aflahlutdeild**
Kópasker	Aflamark	0,5	0,0%	Aflamark	0,5	0,0%
				Krókaaflamark	0,1	0,0%
				Samtals	0,5	0,0%
Raufarhöfn	Aflamark	20,0	0,1%	Aflamark	20,2	0,1%
				Krókaaflamark	18,5	0,1%
				Samtals	38,7	0,2%
Þórshöfn	Aflamark	115,7	0,5%	Aflamark	19,7	0,1%
				Krókaaflamark	1,4	0,0%
				Samtals	21,1	0,1%
Bakkafjörður	Aflamark	25,8	0,1%	Aflamark	26,2	0,1%
				Krókaaflamark	18,2	0,1%
				Samtals	44,4	0,2%
Vopnafjörður	Aflamark	136,0	0,6%	Aflamark	138,0	0,6%
				Krókaaflamark	2,1	0,0%
				Samtals	140,1	0,6%
Borgarfjörður eystri	Aflamark	17,1	0,1%	Aflamark	17,3	0,1%
				Krókaaflamark	9,7	0,0%
				Samtals	27,0	0,1%
Seyðisfjörður	Aflamark	260,4	1,1%	Aflamark	264,1	1,1%
				Krókaaflamark	8,9	0,0%
				Samtals	273,0	1,1%
Mjóifjörður	Aflamark	1,6	0,0%	Aflamark	2,4	0,0%
Neskaupstaður	Aflamark	464,1	1,9%	Aflamark	557,6	2,3%
				Krókaaflamark	22,1	0,1%
				Samtals	579,7	2,3%
Eskifjörður	Aflamark	237,8	1,0%	Aflamark	206,5	0,8%
				Krókaaflamark	4,0	0,0%
				Samtals	210,4	0,8%
Reyðarfjörður	Aflamark	3,1	0,0%	Aflamark	3,1	0,0%
				Krókaaflamark	11,3	0,0%
				Samtals	14,4	0,1%
Fáskrúðsfjörður	Aflamark	398,6	1,6%	Aflamark	403,8	1,6%
				Krókaaflamark	0,7	0,0%
				Samtals	404,4	1,6%
Stöðvarfjörður	Aflamark	105,5	0,4%	Aflamark	162,5	0,7%
				Krókaaflamark	41,8	0,2%
				Samtals	204,3	0,8%
Breiðdalsvík	Aflamark	2,4	0,0%	Aflamark	2,5	0,0%
				Krókaaflamark	7,3	0,0%
				Samtals	9,7	0,0%
Djúpivogur	Aflamark	327,8	1,3%	Aflamark	256,5	1,0%
				Krókaaflamark	1,4	0,0%
				Samtals	257,9	1,0%
Hornafjörður	Aflamark	947,0	3,9%	Aflamark	885,1	3,6%
				Krókaaflamark	49,9	0,2%
				Samtals	935,0	3,8%
	Alls	**22.379,9**	**91,67%**	**Alls**	**24.775,8**	**100%**
				Aflamark	**22.700,4**	**91,62%**
				Krókaaflamark	**2.075,4**	**8,38%**

159. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Flm.: Ármann Höskuldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Drífa Hjartardóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Meginmarkmið með þjóðgarðinum verði að varðveita og kynna jarðsögu Heklu.

Greinargerð.

Hekla er eitt þekktasta eldfjall Íslands sem og heimsins alls. Hekla er ekki einungis fræg fyrir það að hafa um nokkrar aldir verið talin einn megininngangurinn til hins neðra heldur er hún eitt þeirra eldfjalla á Íslandi þar sem nær allar tegundir eldgosa hafa orðið. Íslenskt samfélag varð fyrst vart við Heklu er hún gaus fyrsta sinni á sögulegum tíma 1104 með miklu sprengigosi. Í því gosi lögðust allar byggðir í Þjórsárdal og nágrenni í eyði vegna öskufalls. Síðan þá hefur Hekla gosið 17 sinnum, síðast í febrúar árið 2000. Undanfarna þrjá áratugi hefur hún gosið á um 10 ára fresti. Þrátt fyrir að forsöguleg gossaga Heklu sé ekki að fullu þekkt má fullyrða að hún er ekki síður mikilfengleg en virkni hennar á sögulegum tíma. Best eru þekkt forsöguleg gos hennar, nefnd H3 (um 2.900 ára), H4 (um 4.800 ára) og H5 (um 7.000 ára), sem samkvæmt Sigurði heitnum Þórarinssyni prófessor eru með stærstu eldgosum landsins á nútíma. Menjar þessara eldgosa eru notuð sem tímamerki við rannsóknir á forsögulegum tíma á Íslandi og í Evrópu. Eldgos í Heklu eru einna mestu valdar búsifja í sögu byggðar á landinu. Má það einkum rekja til mikillar ösku og flúors er upp kemur í gosum hennar.

Hekla flokkast til megineldstöðva, en það eru þau eldfjöll sem gjósa um sömu sprunguna aftur og aftur þannig að upp hlaðast mikil fjöll. Hekla er þó frábrugðin erlendum systrum sínum þar sem hún gýs um eldsprungu er liggur eftir endilöngu fjallinu. Þannig hefur Hekla byggst upp sem hryggur en ekki keila eins og hinar erlendu systur hennar.

Berggerð Heklu er einnig einstök í flokki íslenskra eldfjalla. Langalgengasta bergtegund er upp kemur í íslenskum eldfjöllum er basalt, en í Heklu er algengasta berggerðin aftur á móti andesít, sem er súrara og seigara en basaltið. Umhverfi Heklu ber þess merki enda hraun hennar úfin og ill yfirferðar. Frá ísaldarlokum hefur kvikukerfi eldfjallsins þróast þannig að efnasamsetning kvikunnar er upp kemur í eldgosum mótast af þeirri tímalengd er líður á milli gosa. Svo taktviss eru þessi tengsl goshlés og efnasamsetningar að einstakt þykir á heimsvísu.

Eldvirkni Heklu nær langt inn í síðustu ísöld og má því finna í nágrenni hennar menjar eldgosa frá tímum aljöklunar landsins sem og hinum íslausa tíma síðustu 10 þúsund ár.

Útræn öfl herja á Heklu milli gosa, hraun veðrast og gróður nemur í þeim land. Sökum mikillar og reglubundinnar virkni eldfjallsins er nánasta umhverfi þess eins og opin kennslubók í þessum fræðum þar sem má finna hraun á öllum stigum þessarar þróunar.

Fræðagildi þjóðgarðsins er ótvírætt og býður upp á mikla möguleika fyrir fróðleiksfúsa.

160. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna.

a. Við bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: *Búsvæði:* Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrifist.
b. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., sem orðast svo: *Vistgerðir:* Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.

2. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Umhverfisþing.

Umhverfisráðherra skal boða til umhverfisþings að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Á umhverfisþingi skal fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Fjórða hvert ár skal á umhverfisþingi fjalla um aðgerðaáætlanir um sjálfbæra þróun. Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkisins og sveitarfélaga, fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: jarðmyndanir og vistkerfi.

6. gr.

Í stað orðanna „skal liggja fyrir umsögn þeirra um framkvæmdina áður en leyfi er veitt“ í 2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

7. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 51. gr. og í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

8. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í 1. mgr. kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.
b. Í stað orðsins „búsvæða“ í b-lið 2. mgr. kemur: vistgerða.

10. gr.

Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í c-lið 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.

11. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í umhverfisráðuneytinu. Þær breytingar sem frumvarp þetta mælir fyrir um lúta einkum að því að lagt er til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og að gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Jafnframt er lagt til að náttúruverndarþingi verði breytt og það nefnt umhverfisþing. Þinginu er ætlað að fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Á þinginu væri hægt að taka til umfjöllunar og stefnumörkunar mál tengd sjálfbærri þróun í íslensku samfélagi, náttúruverndaráætlun og landsáætlanir um landgræðslu og skógrækt svo dæmi séu tekin. Auk þess er í frumvarpinu lögð til breyting á 47. gr. laganna er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku á landi eða úr hafsbotni innan netlaga. Gerð er tillaga um að óheimilt sé að gefa út slíkt framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefndar í þeim tilvikum þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem framangreindir aðilar hafa veitt umsögn sína um. Að lokum eru lagðar til breytingar sem varða skilgreiningu hugtaka.

Með setningu náttúruverndarlaga, nr. 93/1996, tók Náttúruvernd ríkisins við hlutverki þágildandi Náttúruverndarráðs, en jafnframt mælti lögin fyrir um að sett yrði á fót ráðgefandi ráð, Náttúruverndarráð, sem fékk annað hlutverk en eldra Náttúruverndarráð, sbr. 12. gr. laga nr. 93/1996.

Í núgildandi náttúruverndarlögum er kveðið á um að starfandi skuli vera Náttúruverndarráð, sbr. 8. gr. laganna, og er hlutverk þess að mestu það sama og var samkvæmt lögum nr. 93/1996, þ.e. að stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Frá því að Náttúruverndarráð fór að starfa á árinu 1997 hafa orðið miklar breytingar á umfjöllun og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins hefur eflst á þessum tíma og reynslan sýnir að með auknu stjórnsýsluhlutverki og virkari þátttöku stofnunarinnar í ráðgjöf og umfjöllun um umhverfismál hefur dregið úr þörf á sérstökum opinberum ráðgjafarvettvangi eins og Náttúruverndarráði. Hlutverk og aðkoma Náttúrufræðistofnunar Íslands að

náttúruverndarmálum var einnig aukin verulega með breytingunni á lögunum 1999 og skarast hlutverk hennar nokkuð við ráðgjafarhlutverk ráðsins. Þá hafa frjáls félagasamtök tekið í vaxandi mæli virkan þátt í umfjöllun um umhverfismál og lög um mat á umhverfisáhrifum hafa gefið almenningi tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku vegna framkvæmda sem fara í mat á umhverfisáhrifum.

Á síðustu árum hefur því átt sér stað ákveðin þróun varðandi umfjöllun um umhverfismál sem rétt þykir að tryggja í sessi. Nú eru starfandi nokkur öflug frjáls félagasamtök um umhverfismál og má þar nefna Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd og Umhverfisverndarsamtök Íslands. Telja verður rétt að frjáls félagasamtök um umhverfismál hafi það hlutverk að halda uppi gagnrýnni umræðu sem nýtast mundi stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál. Í frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur starfrækt sérstakt ráðgefandi ráð, Náttúruverndarráð, en í stað þess yrðu samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka styrkt og þeim fundinn skýr farvegur. Þetta er í raun mjög í samræmi við þróun annars staðar og nægir í því sambandi að nefna samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum, sem skrifað var undir í Árósum 1998.

Að undanförnu hafa samskipti stjórnvalda við frjáls félagasamtök verið töluvert til umræðu, ekki síst í tengslum við umhverfismál. Það er eðlilegt að stjórnvöld og frjáls félagasamtök vinni saman til að sem bestur árangur náist í umhverfismálum. Nauðsynlegt er að koma á föstu formi varðandi samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka þannig að stjórnvöld geti leitað til þeirra eftir ákveðnum farvegi og frjálsu félögin með sama hætti til stjórnvalda. Þess skal geta að 20. mars 2001 var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu umhverfisráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að markmið samstarfsaðilanna sé að efla lýðræðislega umræðu um umhverfis- og náttúruvernd. Þá segir einnig að umhverfisráðuneytið vilji auka samráð við frjáls félagasamtök um stefnumörkun og framkvæmd umhverfisverndar. Það er almenn skoðun að slík samskipti og samráð séu hvað brýnust í tengslum við umhverfismál. Þessi stefna hefur að hluta til verið mótuð í nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, en þar er almenningi sem og frjálsum félagasamtökum veittur réttur til að hafa áhrif á ákvarðanatöku þegar kemur til mats á umhverfisáhrifum. Með lögunum voru tekin af öll tvímæli um að allir hafa heimild til að kæra ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum. Af sama meiði eru lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Með þeim lögum er gengið lengra heldur en í almennum lögum um aðgang almennings að upplýsingum. Eitt af helstu áhersluatriðum Ríó-ráðstefnunnar árið 1992 var að auka þátttöku almennings í umfjöllun um umhverfismál en vettvangur frjálsra félagasamtaka er kjörinn til þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bætt verði tveimur skilgreiningum við greinina, þ.e. búsvæði og vistgerðir. Hugtakið búsvæði kemur fyrir í 60., 66. og 68. gr. laganna en hugtakið vistgerð kemur ekki fyrir í lögunum. Hugtakið búsvæði var upphaflega látið ná yfir vistgerðir og búsvæði en nú eru þessi hugtök aðgreind og skilgreind sérstaklega. Rétt þykir því að þessi hugtök verði skilgreind í lögunum og að notkun þeirra verði færð til samræmis við orðanotkun stofnana hér á landi á sviði náttúrufræða og til samræmis við orðanotkun í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.

Um 2. gr.

Lagt er til að 8. gr. laganna um Náttúruverndarráð falli brott. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um að starfandi skuli vera sérstakt Náttúruverndarráð sem skipað skuli níu mönnum, og er hlutverk þess að stuðla að náttúruvernd og vera umhverfisráðherra, Náttúruvernd ríkisins og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Ekki þykir lengur vera þörf á að slíkt ráðgefandi ráð sé starfandi vegna þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum með þátttöku almennings og frjálsra félagasamtaka í umfjöllun um umhverfismál og vísast hér um þetta til almennra athugasemda með lagafrumvarpi þessu. Mikilvægt er fyrir umhverfisráðherra og önnur stjórnvöld á sviði náttúruverndarmála að umfjöllun um umhverfismál sé gagnsæ, að allir aðilar geti komið skoðunum sínum og áherslum á framfæri og um þær sé rætt. Umfjöllun um umhverfismál hefur aukist mjög undanfarin ár sem er afar mikilvægt, ekki síst til að auka þekkingu manna á náttúru landsins og þar með virðingu fyrir henni.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að framlag skv. 4. mgr. 3. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, skuli renna til Náttúruverndarráðs. Samkvæmt framangreindu ákvæði skal Endurvinnslan hf. greiða 5% af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs. Til að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna framangreinds er samhliða frumvarpi þessu lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, þar sem gerð er tillaga um að 4. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

Um 3. gr.

Þar sem gerð er tillaga um að Náttúruverndarráð verði lagt niður er lagt til að 9. gr. laganna falli brott en hún fjallar um hlutverk Náttúruverndarráðs.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að í stað náttúruverndarþings boði umhverfisráðherra reglulega til umhverfisþings sem hafi mun víðtækara hlutverk en náttúruverndarþing. Þar verði fjallað um stöðu umhverfismála, umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Umfjöllun um náttúruverndarmálefni verði þannig betur tengd við aðra þætti umhverfismála og samfélagsþróunar en verið hefur á náttúruverndarþingum. Á umhverfisþingi væri því hægt að taka til umræðu mál tengd sjálfbærri þróun í íslensku samfélagi, áætlun um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og landsáætlanir um landgræðslu og skógrækt svo dæmi séu tekin. Umhverfisráðuneytið hefur nú þegar boðað til tveggja umhverfisþinga, í nóvember 1996 og í janúar 2001. Framangreind umhverfisþing hafa tekist vel og skilað verulegum árangri og þykir í því ljósi rétt að gera þessa breytingu nú. Til samræmis við það að lagt er til að Náttúruverndarráð verði lagt niður er gert ráð fyrir því að öll framkvæmd er varðar þingið verði í höndum umhverfisráðuneytisins.

Líta verður svo á að hlutverk umhverfisþings sé að halda uppi gagnrýnni umræðu um umhverfismál sem nýtast mundi stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku í málaflokknum.

Lagt er til að boðaðir verði til þingsins alþingismenn, fulltrúar stofnana ríkis og sveitarfélaga, fulltrúar atvinnulífsins og frjálsra félagasamtaka sem vinna að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun og er hér ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að almenningi verði gefinn kostur á að sitja umhverfisþing eftir því sem húsrúm leyfir hverju sinni.

Um 5. gr.

Í 37. gr. laganna eru talin upp í nokkrum liðum tiltekin náttúrufyrirbæri. Ekki þykir rétt að skilgreina þessi náttúrufyrirbæri sem landslagsgerðir þar sem landslag hefur verið skilgreint sem form og útlit náttúrunnar og tekur þannig til útlits og ásýndar lands, þ.m.t. lögunar þess, áferðar og lita. Hér er hins vegar um að ræða jarðmyndanir og vistkerfi. Á síðustu árum hefur átt sér stað vinna við hugtakanotkun bæði hér á landi og erlendis og hafa heiti hugtaka verið að þróast. Greininni er breytt til samræmis við þessa þróun og er orðanotkun færð til samræmis við það sem notað er í vinnu stofnana á sviði náttúrufræða og í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.

Um 6. gr.

Gerð er tillaga um að óheimilt sé að gefa út framkvæmdaleyfi vegna efnistöku á landi eða úr hafsbotni innan netlaga fyrr en að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefndar í þeim tilvikum þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag þar sem framangreindir aðilar hafa veitt umsögn sína. Þetta er gert til að taka af öll tvímæli um að slík leyfi verða ekki gefin út nema fyrir liggi umsögn þessara aðila um efnistökuna.

Um 7. gr.

Þessar breytingar eru til samræmis við það að lagt er til að Náttúruverndarráð verði lagt niður.

Um 8. gr.

Þessi breyting er til samræmis við það að lagt er til að Náttúruverndarráð verði lagt niður.

Um 9. gr.

Eins og kom fram í skýringum við 5. gr. frumvarpsins hefur á síðustu árum átt sér stað vinna við hugtakanotkun bæði hér á landi og erlendis og hafa hugtök verið að þróast til samræmis við það. Þannig var hugtakið búsvæði látið ná yfir vistgerðir og búsvæði en nú eru þessi hugtök orðin aðgreind. Greininni er breytt til samræmis við þetta.

Um 10. gr.

Vísað er hér til skýringa við 9. gr.

Um 11. gr.

Samkvæmt 71. gr. laganna skal á vegum umhverfisráðuneytisins starfa Friðlýsingarsjóður. Í lögunum er ekki að finna ákvæði um það hvaða fé skuli renna í Friðlýsingarsjóð, en í 2. gr. reglugerðar fyrir Friðlýsingarsjóð, nr. 371/1997, samkvæmt lögum um náttúruvernd, kemur fram að til sjóðsins skuli renna árlegt framlag Þjóðhátíðarsjóðs, í samræmi við 3. gr. skipulagsskrár þess sjóðs, nr. 361/1977. Í reynd hafa þetta verið einu tekjur sjóðsins. Í 2. gr. framangreindrar reglugerðar er tekið fram að tekjur sjóðsins skuli einnig vera tekjur af sérstökum verkefnum sem Náttúruverndarráð gengst fyrir, gjafir sem sjóðnum kunna að berast, vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins, en að óbreyttu munu framangreindir tekjupóstar ekki afla sjóðnum tekna. Skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð var breytt með auglýsingu nr. 673/2000, um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, nr. 361/1977, og var þá fellt niður það ákvæði 3. gr. skipulagsskrár að helmingur árlegs ráðstöfunarfjár sjóðsins skuli skiptast jafnt milli Friðlýsingarsjóðs og Þjóðminjasafns. Ekki eru því lengur tilgreindir þeir aðilar sem eiga að fá framlag úr sjóðnum eins og áður var. Með fram-

angreindri breytingu hefur forsendum Friðlýsingarsjóðs verið breytt og hefur hann því ekki lengur rekstrarlegan grundvöll eins og áður. Þá er ekki sama þörf fyrir Friðlýsingarsjóð nú þar sem Náttúruvernd ríkisins fer í raun með það hlutverk sem sjóðnum er ætlað, þ.e. að stuðla að náttúruvernd og friðlýsingu svæða og auka fræðslu um náttúruvernd og náttúrufar, sbr. 6. gr. laganna. Samkvæmt því sem að framan er rakið verður ekki séð að forsendur séu fyrir starfsemi sjóðsins og því er lagt til að hann verði lagður niður.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Breytingar þær sem frumvarp þetta mælir fyrir um lúta einkum að því að lagt er til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Lagt er til að náttúruverndarþingi verði breytt og það nefnt umhverfisþing. Skýrar er kveðið á um skilyrði sem uppfylla þarf til að heimilt sé að gefa út leyfi til efnistöku. Þá er í frumvarpinu tillögur að breyttri skilgreiningu nokkurra hugtaka á sviði laganna í samræmi við þróun síðustu ára.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér að útgjöld ríkisins lækka um 8 m.kr. sem leiðir af niðurlagningu Náttúruverndarráðs eins og ráð er fyrir gert í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002.

161. Frumvarp til laga [160. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

4. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laganna ber Endurvinnslunni hf. að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs. Á grundvelli 2. gr. laganna var gerður samningur 7.

júní 1989 á milli stjórnar Endurvinnslunnar hf. og iðnaðarráðherra þar sem Endurvinnslunni hf. var falið að taka að sér söfnun einnota drykkjarvöruumbúða sem falla undir lögin og umsýslu skilagjalds. Samningur þessi var gerður til 15 ára og hefur því Endurvinnslan hf. framangreint hlutverk í dag samkvæmt lögunum.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi, er gerð tillaga um að Náttúruverndarráð verði lagt niður en eins og áður er rakið renna 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar hf. til Náttúruverndarráðs, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði starfrækt áfram er gerð tillaga um framangreinda breytingu á lögunum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur, nr. 52/1989.

Frumvarpið kveður á um brottfall 4. mgr. 3. gr. laganna, en þar er kveðið á um að félag það sem starfsleyfi hefur samkvæmt lögum þessum skuli greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði starfrækt áfram er lagt til að ákvæði þetta falli brott.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

162. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um tilraunaveiðar á miðsjávartegundum í úthafinu.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir, Örlygur Hnefill Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Karl V. Matthíasson, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta stofnanir ráðuneytisins gera rannsóknir á miðsjávartegundum í úthafinu. Meginhersla verði lögð á svæðið milli Íslands og Grænlands, þar sem djúplóðningar hafa leitt í ljós þykkt belti fjölmargra djúpfiska og krabbadýra. Markmið rannsóknanna verði að kanna fánu beltisins, innbyrðis tengsl tegundanna í lífríki hafsins, og dreifingu hverrar tegundar eftir dýpi og hafsvæðum með það fyrir augum að nýta þær með sjálfbærum hætti til bræðslu eða manneldis.

Greinargerð.

Miklar djúplóðningar í könnunarleiðöngrum hafrannsóknarskipa á síðasta áratug benda til að gríðarlegt magn fiska, krabbadýra og smokkfiska lifi í þykku miðsjávarbelti milli 4–800 metra dýpis í úthafinu milli Grænlands og Íslands. Engar tilraunir hafa verið gerðar af Íslendingum eða öðrum þjóðum til að kanna margbreytileika eða magn tegundanna í belt-

inu. Nýtt og öflugt rannsóknarskip sem unnt er að nota til veiðitilrauna á miklu meira dýpi en áður gerir okkur Íslendingum loks kleift að ráðast í löngu tímabærar rannsóknir eins og Samfylkingin leggur hér til. Stopular kannanir, meðfram seiðarannsóknum á svæðinu, benda til að þar lifi um eða yfir 60 tegundir fiska, auk geysilegs magns hvers kyns rækja og smokkfiska.

Sumar tegundanna, svo sem ýmsar laxsíldir, mætti hæglega nýta til manneldis. Ekki leikur heldur nokkur vafi á að Íslendingar gætu skapað sér gríðarleg verðmæti með því að nýta miðsjávarbeltið til að skjóta nýjum stoðum undir framleiðslu á fiskimjöli og -lýsi. Á næstu árum er fyrirsjáanlegur verulegur skortur á hráefni til slíkrar framleiðslu, og því mikil þörf á að finna nýjar tegundir til að mæta honum (sjá síðar). Tækist það gætu Íslendingar um leið náð vissu forskoti í annarri grein, fiskeldi, sem er verulega háð aðgangi að mjöli og lýsi úr fiskmeti.

Djúplóðningar.

Víðfeðm svæði í úthafinu sunnan og vestan Íslands eru með þykkum djúplóðningum frá lífverum á allverulegu dýpi. Þetta kom í ljós við rannsóknir upp úr 1990. Lagið er samfellt um gervallt Grænlandshaf, þéttleikinn er að sönnu nokkuð breytilegur eftir árum, árstíðum og svæðum, en þó er óumdeilt að á svæðinu er gríðarlegan lífmassa að finna á belti sem nær frá 4–500 metra dýpi niður á 7–800 metra. Engin kerfisbundin athugun hefur verið gerð á tegundasamsetningu og útbreiðslu einstakra tegunda, hvorki lóðréttri í hafinu né eftir hafsvæðum. Árið 1992 héldu LÍÚ og Hampiðjan ráðstefnu um nýja möguleika í útgerð. Í fyrirlestri, sem birtur var í fjölriti, sagði Jakob Magnússon fiskifræðingur um djúplóðningarnar: „...eitt er víst að í heild er gífurlegt magn af þessu í hafinu."

Jakob er sá fiskifræðingur sem tekið hefur saman takmarkaða þekkingu íslenskra sérfræðinga um miðsjávarbeltið og á lof skilið fyrir að hafa ásamt eiginkonu sinni, fiskifræðingnum Vilhelmínu Vilhelmsdóttur, bent á tilvist þess og þar með dregið fram þá miklu möguleika til verðmætasköpunar sem í nýtingu þess eru fólgnir. Allar upplýsingar sem um beltið er að finna í þessari greinargerð eru byggðar á upplýsingum úr ritum þeirra, einkum Jakobs, í erlendum og innlendum vísindaritum.

Djúplóðningarnar komu fram á 100 þúsund fersjómílna svæði í Grænlandshafi og náðu eins langt suður og kannað var. Djúplóðningarnar komu fram ár eftir ár, sem benti til að verulegt magn lífvera héldi sig varanlega á þessu svæði. Skipulagðar bergmálsdýptarmælingar voru unnar sem hjáverk árin 1993–95 í leiðöngrum sem að öðru leyti voru farnir til að rannsaka ástand karfaseiða. Í ljós kom að þéttleiki lífmassans var langmestur í slökkum landgrunnsins, bæði Íslands- og Grænlandsmegin, en minna magn hélt sig í miðju úthafsins. Sérstakir leiðangrar voru ekki farnir til að rannsaka hvaða tegundir, og hve mikið af þeim, var að finna í lögunum sem lóðaði á. Á árunum 1991–95 voru þó tekin samtals 27 rannsóknarhöl á dýptarbilinu sem miðsjávarbeltið náði yfir, frá 500–1100 metra dýpis.

Þess má geta að svipaðar lóðningar og Íslendingar fundu í Grænlandshafi komu fram við bergmálsdýptarmælingar vísindamannsins A. Orlowski á sunnlægum svæðum í Norðaustur-Atlantshafi. Þær bentu einnig til að umtalsverðan lífmassa væri að finna á þykku belti djúpt í hafi.

Aragrúi tegunda.

Við tilraunaveiðarnar kom fram að mergð tegunda, sérstaklega fiska, lifir í miðsjávarbeltinu. Alls veiddust um 60 tegundir fiska af 35 ættum. Tegundadreifingin var slík að aðeins fáar fengust í verulegu magni. Poki vörpunnar sem var notuð við veiðarnar var klæddur með

40 mm möskva, svo því má gera skóna að tegundir, of smáar til að veiðast í svo smáriðinn möskva, hafi sloppið. Langmest var af ýmsum laxsíldum, sem fengust í öllum 27 hölunum. Þær eru smávaxnar, frá 5–15 sm, lítt nýttar í dag, en til þeirra er í vaxandi mæli litið hýru auga sem mögulegra framtíðartegunda. Auk laxsílda var slóansgelgja algeng, sömuleiðis skjár (stundum kallaður blálax), trjónuáll, en í minna mæli veiddust broddatanni, geirsíli, marsnákar og smokkfiska- og krabbategundir. Flestar smokkategundinar voru smávaxnar, en þó voru stórir smokkfiskar ekki óalgengir í veiðinni. Margar tegundir ljósátu fundust í mögum fiska, og líklegt er að gríðarlegt magn ljósátu sé að finna í beltinu.

Við rannsóknir kom í ljós að þegar rökkvaði steig hluti miðsjávarbeltisins upp að yfirborði. Niðurstaða sýnatöku leiddi í ljós óvænta niðurstöðu. Í stað tegundamergðar í aflanum, eins og er öðru jöfnu að finna í miðsjávarbeltinu, reyndist hann aðallega samanstanda af tveimur tegundum fyrir utan karfaseiðin. Þar af var önnur íshafslaxsíld. Þetta gæti bent til að einstakar tegundir, eins og af ætt laxsílda, héldu sig saman í afmörkuðum lögum. Þetta gæti auðveldað að beina veiðum að tilteknum tegundum, sér í lagi ef rannsóknir leiddu í ljós að aðgreining laganna færi eftir hitastigi. Því er þetta nefnt hér að laxsíldirnar mætti hugsanlega veiða til manneldis í framtíðinni, en fyrirspurnir í þá veru hafa borist Hafrannsóknastofnuninni.

Skortur á fiskimjöli og lýsi.

Fyrirsjáanlegur er verulegur skortur á fiskimjöli og -lýsi sem veiðar á nýjum tegundum, jafnt fiski sem krabbadýrum, úr miðsjávarbeltinu milli Grænlands og Íslands gætu bætt úr. Ástæðurnar fyrir þessu eru tvíþættar.

Í fyrsta lagi er verið að leggja lokahönd á þróun hátækniaðferða á sviði efnafræði til að vinna hágæðaprótein úr uppsjávarfiskum, svo sem loðnu, síld og kolmunna, sem til þessa hafa verið uppistaðan í vinnslu á mjöli og lýsi. Hágæðaprótein af því tagi er prýðilega nothæft í margvíslegar unnar fiskafurðir sem hasla sér æ stærri völl á alþjóðlegum markaði. Þar má nefna surimi hvers konar, bindiefni í tilbúin fiskflök og aðrar afurðir o.fl. Flest bendir til að verð á hágæðapróteini verði miklu hærra en hægt yrði að fá fyrir lýsi og mjöl úr sömu afurðum. Æ minna magn úr heföbundnum uppsjávarfiskum er því líklegt til að verða nýtt í bræðslu.

Í öðru lagi vex nú fiskeldi hröðum skrefum. Ekkert bendir til annars en gríðarlegur uppgangur verði í þeirri grein víðs vegar um heiminn, einkum á fyrstu áratugum aldarinnar. Uppistaðan í fiskeldisfóðri er fiskimjöl og -lýsi. Vaxandi framleiðsla í eldi kallar því á stóraukna framleiðslu mjöls og lýsis. Til marks um þróunina má nefna að Norðmenn, sem í dag ala til slátrunar um hálfa milljón tonna af laxi, hyggjast auka árlegt laxeldi sitt í 2,5 milljónir tonna fyrir árið 2030. Á sama tíma áforma þeir að hefja þorskeldi og ná upp framleiðslu sem svarar til hálfrar milljónar tonna af þorski. Framleiðsla á lýsi nemur nú um 1,2 milljónum tonna á ári og er nokkuð stöðug. Ef framleiðsla á eldisfiski eykst jafnhratt og allt bendir til mun allt tiltækt fiskilýsi verða notað í eldisfóður árið 2005–6, jafnvel fyrr. Það er því ljóst að alvarlegur skortur er á hráefni í fiskimjöl og -lýsi til að standa undir fiskeldi framtíðarinnar. Það eitt ætti að kalla eftir að menn freisti veiða á nýjum tegundum úr hafinu sem hægt væri að nota til að framleiða fiskimjöl og -lýsi.

Raunar hafa menn rannsakað möguleikana á að bregðast við fyrirsjáanlegum skorti og hærra verði á lýsi með því að fóðra laxinn á mjöli og lýsi úr plöntum. Á heimasíðu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er að finna upplýsingar um að Grethe Rosenlund, vísindamaður hjá Nutreco Aquaculture í Stavanger í Noregi, telji notkun tiltekinna plöntuolía í fiskeldi ekki jákvæða og hún er þeirrar skoðunar að ólíklegt sé að plöntuolíur komi í stað

lýsis. Í sama streng tekur Abrahamsen, sem er einn af yfirmönnum T. Skretting AS í Noregi, sem er hluti af Nutreco Aquaculture, en þau samtök framleiða um helming af því laxa- og silungafóðri sem notað er í heiminum í dag. Hann segir á heimasíðu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að plöntuolía muni aldrei leysa lýsi algjörlega af hólmi, til þess sé samsetning hennar of ólík og auk þess gefi hún fiskinum annað bragð en ef notað er lýsi.

Ekki má heldur gleyma að sífellt fleiri rannsóknir hafa sýnt fram á að neysla á fiski, sem inniheldur mikið af omega-3 fitusýrum, hefur jákvæð áhrif á æða- og hjartakerfi líkamans. Þannig uppfærðu bandarísku hjartaverndarsamtökin (American Heart Association) ráðleggingar sínar í október sl. og ráðleggja nú öllum heilbrigðum, fullorðnum einstaklingum að borða feitan fisk a.m.k. tvisvar í viku. Omega-3 fitusýrurnar er hins vegar ekki að finna í svipuðu magni í jurtaolíu. Eldisfiskur framtíðarinnar, sem alinn væri á fóðri sem að stórum hluta byggðist á jurtaolíu, hefði því fráleitt sömu hollustu og alifiskur sem nærðist á fóðri með fisklýsi.

Þessi atriði undirstrika nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að vinna lýsi úr sjávarfangi. Þær gætu legið í ónýttu fisktegundunum í miðsjávarbelti úthafsins, en ekki síður í ljósátunni og sviflægum krabbategundum sem þar er að finna. Úrvalslýsi má vinna úr þannig afla.

Ofnýttir fiskstofnar.

Mikilvægi þess að finna nýjar tegundir til að veiða úr hafinu birtist hvað gleggst í núverandi stöðu helstu nytjastofna við Ísland. Þeir eru allir fullnýttir og hægt að færa sterk rök að því að ofveiði og röng stjórnun fiskveiða hafi fellt skugga ofveiði yfir sumar mikilvægustu tegundirnar. Nægir að nefna þorskinn til marks um það. Nauðsyn veiðirannsókna af því tagi sem hér er lagt til af Samfylkingunni birtist þó ekki síður í skýrslu FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem birt er annað hvert ár um ástand fiskstofna heimsins. Í skýrslunni frá 1999 er miklum áhyggjum lýst af áframhaldandi ofnýtingu margra fiskistofna og lögð áhersla á nauðsyn þess að nýta betur vannýtta stofna.

Í skýrslunni kemur fram að FAO telur um 47–50% fiskstofna heimsins séu fullnýttir, 15–18% séu ofnýttir og 9–10% fiskstofnanna séu gjörnýttir. FAO áætlar að árið 1999 hafi heildarframleiðsla á fiski í heiminum, bæði veiddum fiski og eldisfiski, numið 125 milljónum tonna. Af þessum 125 milljónum tonna voru um 33 milljónir tonna eldisfiskur. FAO spáir aukinni fiskneyslu í heiminum á næstu árum, en þar sem flestir fiskstofnar heims séu nú þegar fullnýttir verði aukningin að koma frá fiskeldi frekar en veiðum.

Nýting á tegundum í miðsjávarbeltinu í úthafinu í grennd við Ísland, bæði fiskum og ekki síður krabba- og lindýrum, er því mjög brýn, hvort heldur er til manneldis eða til að afla hráefnis í fóður fyrir fiskeldi, sem verður æ mikilvægari uppspretta eggjahvítu fyrir gervallt mannkyn. Fyrir Íslendinga er eftirsóknarvert að gerast frumkvöðlar að veiðunum og sitja þannig að þeim miklu verðmætum sem þær gætu skapað. Hitt er þó einnig ljóst að á heimsvísu eru veiðarnar líka mikilvægar, þar sem þær legðu til fiskmeti, eða hráefni til fiskeldis, sem brýn þörf er á í heimi sem hungrar eftir hollustu sjávarfangs.

Nauðsyn rannsóknar.

Upplýsingarnar sem hér eru teknar saman byggjast á birtum gögnum íslenskra sérfræðinga. Þær benda svo ekki verður um villst á stórkostleg tækifæri sem liggja ónýtt í mergð tegunda sem lifa á 4–800 metra dýpi í úthafinu. Vera má að lagið sé ekki einungis að finna Grænlandsmegin Íslands, heldur víðar yfir hlíðum landgrunnsins í úthafinu. Það er einn þeirra þátta sem þarf að kanna. Íslendingar geta ekki lengur látið möguleikana sem í þessum ónýttu stofnum felast liggja órannsakaða. Þá er ekki aðeins að finna í fisktegundunum sem

lifa í laginu, heldur ekki síður í sviflægum kröbbum, svo sem ýmsum tegundum ljósátu, sem tilheyra lægri þrepum fæðukeðjunnar. Úr sviflægum smákröbbum má vinna dýrmætar afurðir, ekki síst lýsi, sem er ríkt af omega-3 fitusýrum. Í dag eru þessar miklu forðabirgðir engum til gagns nema hvölum úthafsins.

Aðstæður okkar til rannsókna á djúplægum tegundum hafa gjörbreyst til hins betra með tilkomu nýs og öflugs rannsóknarskips sem gerir kleift að veiða á miklu meira dýpi en hingað til. Forsenda þess að hægt sé að ráðast í nýtingu verðmætanna sem liggja í mergð ónýttra tegunda í miðsjávarlagi úthafsins er þó skipulagðar rannsóknir á útbreiðslu, magni og veiðanleika tegundanna. Samhliða þarf einnig að huga að tæknilegum atriðum sem lúta að veiðunum sjálfum, þar á meðal heppilegum veiðarfærum. Einnig er brýnt að virkja stofnanir eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins til að huga að bestu aðferðum til að nýta hráefnið sem að lokum mun aflast. Rannsóknir eins og Samfylkingin leggur til með þessari tillögu eru alger forsenda þess að hægt sé að breyta þeim möguleikum sem nú liggja ónýttir á 4–800 metra dýpi í beinhörð verðmæti. Áhugi leiðtoga á sviði sjávarútvegs annarra þjóða er í vaxandi mæli að beinast að djúpmiðum, og þá verður þess ekki lengi að bíða að menn komi auga á verðmætin sem eru fólgin í ónýttum tegundum fiska, sviflægra krabba og smokkfiska í hinu lítt þekkta miðsjávarlagi.

Það má kalla ótrúlegt að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa beint atgervi rannsóknastofnana sinna að þeim gríðarlegu möguleikum sem hér er lýst. Þó er hér aðeins um að ræða eina leið af mörgum til að stórauka verðmætin úr íslenskum sjávarútvegi. Samfylkingin hefur lagt mikla vinnu í að finna nýjar leiðir til þess. Afrakstur þeirrar vinnu er meðal annars að finna í þessari þingsályktunartillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar leggja fram á hinu háa Alþingi. Markmið okkar er að sýna fram á hvernig hægt er með hnitmiðuðu rannsóknarátaki að tvöfalda á næstu 15 árum raunvirði þeirra verðmæta sem Íslendingar vinna úr hafinu.

163. Frumvarp til laga [162. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „4.578“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.826.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2002 vegna tekna ársins 2001.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru m.a. veittir styrkir til byggingar þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða og til nauðsynlegra breytinga og endurbóta á húsnæði sem notað er til þjónustu við aldraða. Auk þess styrkir sjóðurinn rekstur á stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkar um 5,41% og miðast hækkunin að hálfu við breytingu á byggingarvísitölu og að hálfu við breytingu á neysluvísitölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og renna skal í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 4.826 kr. á hvern gjaldanda. Skal gjaldið koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2002 en ekki 4.578 kr. eins og ákveðið var með lögum nr. 172/2000, um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, að gilda ætti fyrir það ár.

Í forsendum fjárlaga 2001 var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 4.162 kr. það ár. Með tilvísun í skýrleika skattlagningarheimilda var talið nauðsynlegt að fjárhæð gjaldsins væri breytt í lögum um málefni aldraða og því var álagt gjald kr. 4.065 eins og þágildandi lög kváðu á um. Hækkun gjaldsins verður því 761 kr. á milli ára á hvern gjaldanda. Ef miðað er við 158.300 gjaldendur á árinu 2002 hækka ríkistekjur um 142,6 m.kr. sem renna til Framkvæmdasjóðs aldraðra verði frumvarpið að lögum. Framlög ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra árið 2001 hækka hins vegar um tæpar 90 m.kr. á milli ára en þau voru 675 m.kr. árið 2001.

164. Fyrirspurn [163. mál]

til félagsmálaráðherra um þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á árabilinu 1990–2000.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum kjördæmum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?
2. Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum sýslum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?
3. Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum kaupstöðum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?
4. Hver hefur verið mismunur á meðaltalssöluverði fasteigna annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

165. Fyrirspurn [164. mál]

til félagsmálaráðherra um útlán opinberra sjóða til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.

Frá Örlygi Hnefli Jónssyni.

1. Hver hafa útlán opinberra sjóða verið á árabilinu 1990–2000 til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis, þ.e. almenn lán, sundurliðað eftir árum á föstu verðlagi?
2. Hvernig hafa útlán þessi skipst á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum og:
   a. kjördæmum,
   b. sýslum,
   c. kaupstöðum?
3. Hvernig hefur fjöldi nýbygginga þróast á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum og:
   a. kjördæmum,
   b. sýslum,
   c. kaupstöðum?

Skriflegt svar óskast.

166. Fyrirspurn [165. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hver var afkoma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1997–2000?
2. Hver var afkoma atvinnutryggingadeildar árin 1997–2000?
3. Hver var afkoma hlutafjárdeildar árin 1997–2000?
4. Hvaða fjárhæðir hafa verið færðar til baka af afskriftareikningum árin 1997–2000?
5. Hversu mikið hafði áður verið bakfært af afskriftareikningum sem tekjur árin 1994–1996?
6. Frá hvaða kaupstöðum eða sveitarfélögum koma bakfærðar tekjur? Sundurliðun óskast eftir upphæðum á hvert byggðasvæði.

Svör við fyrstu þremur spurningunum óskast sundurliðuð eftir upphæð vaxta, formi verðbréfa, vaxtagjöldum og rekstri.

Skriflegt svar óskast.

167. Fyrirspurn [166. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfallahjálp.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig er heildarskipulagningu áfallahjálpar háttað hjá heilbrigðisyfirvöldum?
2. Hvaða úrræði í áfallahjálp eru til og hvernig er þeim beitt?
3. Hvernig er eftirfylgd við fórnarlömb áfalla háttað?
4. Hversu miklum fjármunum er varið til starfa við áfallahjálp árlega á vegum ráðuneytisins?
5. Hver eru framtíðaráform heilbrigðisyfirvalda hvað áfallahjálp varðar?

168. Frumvarp til laga [167. mál]

um leigubifreiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Vegagerðarinnar.

2. gr.

Umsjón með leiguakstri.

Vegagerðin fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur útgáfa starfsleyfa bifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra og námskeiðahald. Þá sér Vegagerðin um starfrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í gagnagrunninn eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Bifreiðastöðvar skulu gefa Vegagerðinni upplýsingar um einstaka atvinnuleyfishafa, svo sem hverjir aka á hvaða stöð og önnur atriði er varða umsýslu leigubifreiðamála. Vegagerðin

getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr.

Atvinnuleyfishöfum er skylt að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varða atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess.

Samgönguráðherra er heimilt að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins.

3. gr.

Bifreiðastöðvar.

Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu Vegagerðarinnar. Vegagerðin gefur út starfsleyfi til bifreiðastöðva.

Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar. Skal hún sérstaklega fylgjast með því að reglur um nýtingu atvinnuleyfis séu ekki brotnar.

Bifreiðastöð getur séð um afgreiðslu undanþágna frá akstri eigin bifreiða skv. 9. gr. Telji bifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn ákvæðum þessum skal hún stöðva afgreiðslu þeirra og tilkynna það til Vegagerðarinnar.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um hlutverk og skyldur bifreiðastöðva og skilyrði starfsleyfis að fengnum tillögum Vegagerðarinnar. Þar geta m.a. komið fram kröfur um þjónustustig, lágmarksfjölda bifreiða og tæknibúnað. Vegagerðinni er heimilt að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða o.fl. Bifreiðastöðvar skulu sjá um að gæðastöðlum sé framfylgt.

4. gr.

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Vegagerðarinnar og bifreiðastöðva samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra.

Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

II. KAFLI
Leyfisveitingar.

5. gr.

Skilyrði fyrir atvinnuleyfi.

Sá sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hefur fullnægjandi starfshæfni, þ.m.t. fullnægjandi ökuréttindi og tilskilin námskeið sem nánar er fjallað um í reglugerð.
2. Er skráður eigandi fólksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður með a.m.k. 35% eignarhlutdeild samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki.
3. Stundar leiguakstur að aðalatvinnu, sbr. þó 9. gr.
4. Hefur óflekkað mannorð. Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða öryggisgæslu. Ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengri en fjögurra mán-

aða fangelsis- eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða skírlífisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi. Brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru.

5. Er fjár síns ráðandi.
6. Er 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.

Forfallabílstjóri skal uppfylla skilyrði 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr.

Samgönguráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir atvinnuleyfi og akstri forfallabílstjóra.

6. gr.

Veiting atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi skv. 5. gr. er skilyrði þess að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 9. gr. Atvinnuleyfi eru gefin út af Vegagerðinni hvort sem er á takmörkunarsvæðum eða utan þeirra.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa. Vegagerðin gefur atvinnuskírteinin út gegn gjaldi skv. 12. gr.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og skal gera viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Vegagerðinni er heimilt að fela öðrum aðila framkvæmd námskeiða og fræðslu samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðin skal gefa út leyfi til forfallabílstjóra til staðfestu því að þeir hafi leyfi til að aka leigubíl eftir að hafa sýnt fram á að þeir hafi fullnægt skilyrðum 5. gr.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga. Endurnýja ber skírteinin á fimm ára fresti.

7. gr.

Skilyrt atvinnuleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er Vegagerðinni heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður.

8. gr.

Takmörkun á fjölda bifreiða.

Samgönguráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari reglur um fjölda bifreiða í leiguakstri á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna, héraðsnefnda og félaga bifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 5. gr. og situr hann að jafnaði fyrir við úthlutun leyfa hafi hann stundað leiguakstur á fólki í a.m.k. eitt ár. Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 5. gr. Vegagerðinni er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. á svæðum þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða. Takmörkun þessi er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt þessum kafla.

9. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leyfishafi skal hafa leiguakstur að aðalatvinnu. Þó má víkja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

1. orlofs, veikinda eða annarra forfalla,
2. vaktaskipta á álagstímum,
3. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og félaga bifreiðastjóra. Bifreiðastöðvar geta annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur og hefur að geyma upplýsingar um leyfishafa, undanþágur til þeirra, forfallabílstjóra og annað sem nauðsynlegt þykir í þessu skyni, sbr. 2. gr.

Vegagerðin getur heimilað að félög bifreiðastjóra annist afgreiðslu undanþágna standist félagið kröfur hennar, sbr. 4. mgr. 3. gr.

Bifreiðastjóra sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfellt í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfi úr gildi.

Vegagerðin setur reglur um heimildir til tímabundinna innlagna atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leiguakstur. Nánar má kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Gjaldmælar.

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs samkvæmt lögum þessum. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Vegagerðin setur reglur um með hvaða hætti verðskrá leigubifreiða skal sýnileg viðskiptavinum þeirra.

11. gr.

Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum og leyfissviptingu, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi atvinnuleyfi. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

12. gr.
Leyfisgjöld.

Greiða skal 13.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er. Að auki skulu eftirtalin gjöld innheimt:

1. Fyrir útgáfu atvinnuskírteina 2.500 kr.
2. Fyrir tímabundna innlögn leyfis 1.000 kr.
3. Fyrir úttekt leyfis 1.000 kr.
4. Fyrir vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr.
5. Fyrir færslu á milli stöðva 1.000 kr.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreinds aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar og standa undir umsýslu og starfsemi samkvæmt lögum þessum. Jafnframt er heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir kostnaði.

13. gr.
Reglugerð.

Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreiðastöðvar sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu 1. júlí 2002 hafa uppfyllt öll ákvæði reglna sem Vegagerðin setur um bifreiðastöðvar.

Hinn 1. júlí 2002 skulu allir forfallabílstjórar hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðrum kosti falla leyfi þeirra niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Gildandi lög um leigubifreiðar eru nr. 61/1995. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi síðastliðið vor en hlaut ekki afgreiðslu. Nú hefur frumvarpið verið endurskoðað með tilliti til þeirra umsagna sem bárust og þá sérstaklega tekið tillit til tillagna meiri hluta samgöngunefndar og Persónuverndar.

Tilgangur frumvarpsins er að færa lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Þetta á ekki hvað síst um auknar kröfur sem gerðar verða til starfsstéttarinnar og bifreiðastöðva um aukið öryggi. Frumvarpið fjallar m.a. um skiptingu takmarkaðra gæða, þ.e. leyfi til aksturs leigubifreiða. Nauðsynlegt þykir að laga fyrirmæli og framkvæmd reglna sem um þennan málaflokk gilda, m.a. til þess að komast hjá misnotkun og samræma alla framkvæmd. Með uppsetningu þess gagnagrunns sem fjallað er um í frumvarpinu er komið á virku eftirliti hlutlausrar stofnunar með framkvæmd og notkun þessa kerfis. Þá verður mögulegt að halda á samræmdan hátt utan um skipulag greinarinnar fyrir allt landið. Gildissviði frumvarpsins er breytt frá gildandi lögum þannig að ákvæði um sendibifreiðar og vörubifreiðar eru felld brott. Á vorþingi voru samþykkt lög nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, og þar eru samræmd ákvæði um allar starfsgreinar landflutninga. Þá eru gerðar verulegar breytingar á stjórnsýslu í þessum málaflokki.

Verði frumvarp þetta að lögum færist stjórnsýsla málaflokksins og öll umsýsla leigubifreiðamála frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Það er í samræmi við eðli málaflokksins og krafna sem gerðar eru til stjórnsýslunnar.

Hlutverk Vegagerðarinnar felst í útgáfu atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra, að hafa umsjá með námskeiðum og að starfrækja gagnagrunn sem mun geyma allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að umsýsla og skipulag verði með viðunandi hætti. Starfssvið Vegagerðarinnar mun auk þessa felast í leyfisveitingum og eftirliti með bifreiðastöðvum. Bifreiðastöðvunum mun, verði frumvarpið að lögum, verða heimilt að sjá um útgáfu undanþágna sem áður voru hjá bifreiðastjórafélögunum auk þess að taka á sig þá ábyrgð innan ramma starfsleyfisins að lögum og reglum sé fylgt í hvívetna.

Gagnagrunnur Vegagerðarinnar mun geyma upplýsingar um nafn og kennitölu bifreiðastjóra, heimilisfang, bifreiðastöð og kallnúmer, nýtingu atvinnuleyfis, heimilað og tekið orlof, útgerðarheimildir vegna veikinda o.fl. Markmiðið með rekstri grunnsins er margþætt. Gagnagrunnurinn mun tryggja betur að útgáfa undanþáguheimilda verði eins og lög og reglur kveða á um. Grunnforritun hans leiðir til þess að ekki verður mögulegt að veita undanþáguheimildir nema öll atriði séu í lagi.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur útgáfa akstursleyfa frá nóvember 1999 verið í höndum þriggja stéttarfélaga leigubifreiðastjóra. Ráðuneytið telur það fyrirkomulag ekki hafa gefist vel. Sem dæmi má nefna að mjög erfitt hefur verið að tryggja samræmda framkvæmd félaganna. Með tilkomu gagnagrunns Vegagerðarinnar verður lögreglu auðveldað eftirlitshlutverk sitt en henni ber að hafa eftirlit með því að á götum úti aki enginn leigubifreið nema hann hafi til þess réttindi.

Gert er ráð fyrir að aðgangur að grunnupplýsingum gagnagrunnsins verði mjög takmarkaður og í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með frumvarpinu er einnig kynnt sú nýlunda að setja megi lágmarksgæðastaðla fyrir þjónustu leigubifreiða. Nokkuð hefur verið mismunandi hvaða kröfur einstakar stöðvar hafa gert að þessu leyti. Engir almennir staðlar hafa því verið til. Með þessu verður mögulegt að auka gæði þjónustunnar. Það ætti að koma öllum almenningi til góða og jafnframt bæta ímynd íslenskrar ferðaþjónustu. Það skal þó tekið skýrt fram að um heimildarákvæði er að ræða.

Þá eru skýr viðurlagaákvæði, þannig að ábyrgð einstakra leyfishafa og bifreiðastöðva á því að reglum sé fylgt verður ríkari.

Samkvæmt gildandi lögum er þessi umsýsla hjá umsjónarnefndum fólksbifreiða á svokölluðum takmörkunarsvæðum sem í eiga sæti fulltrúar þriggja aðila, formaður skipaður af ráðherra án tilnefningar, einn skipaður af sveitarfélagi og sá þriðji af stéttarfélagi bifreiðastjóra á viðkomandi stað. Hingað til hafa umsjónarnefndir starfað á fjórum takmörkunarsvæðum á landinu en utan þeirra hafa leyfishafar snúið sér til ráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er skilgreint hvað falli undir gildissvið laganna. Í fyrstu grein núgildandi laga er kveðið á um starfsemi sendi- og vörubifreiða en þau ákvæði eru felld brott. Engu að síður er gert ráð fyrir að samgönguráðuneytið geti sett reglur um mörkin á milli starfssviða sendibifreiða, vörubifreiða og leigubifreiða. Er það gert þar sem starfssvið þeirra hefur hingað til skarast og hafa leigubifreiðar flutt t.d. bréf og blóm án þess að flytja farþega í sömu ferð. Talið er eðlilegt að svo verði áfram.

Um 2. gr.

Hér er um nýmæli að ræða frá gildandi lögum. Hlutverk Vegagerðarinnar er tiltekið í ákvæðinu og nú er framkvæmd laganna í höndum hennar. Í gagnagrunni Vegagerðarinnar verða upplýsingar um þá sem hafa atvinnuleyfi, heimilað orlof, tekið orlof, heimildir til veikindaútgerðar. Þá er undirstrikað í ákvæðinu að um meðferð og skráningu gagna í gagnagrunninn verði farið eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Gert er ráð fyrir að bifreiðastöðvar geti séð um útgáfu undanþágna með heimild frá Vegagerðinni.

Nú er skylt að krefja þá sem aka fyrir aðra í forföllum þeirra um að þeir hafi sótt sérstakt námskeið á vegum Vegagerðarinnar og telst fullnægjandi árangur á slíku námskeiði m.a. til fullnægjandi starfshæfni skv. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Þá eru Vegagerðinni veittar ítarlegri heimildir til eftirlits með atvinnuleyfishöfum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir misnotkun fenginna leyfa. Lokamálsgreinin heimilar ráðherra að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd leigubifreiðamála innan síns sveitarfélags. Það er nýmæli og er sett hér sem heimild, þannig að ef það telst hagkvæmt og vilji er fyrir slíku framsali þá geti það verið í höndum sveitarfélaga.

Um 3. gr.

Kröfur til starfrækslu bifreiðastöðva eru verulega auknar samkvæmt frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að starfræksla leigubifreiðastöðva sé háð viðurkenningu Vegagerðarinnar. Vegagerðin gefur út starfsleyfi til þeirra. Þá er í frumvarpinu gerð ríkari krafa til stöðvanna um að þær sjái til þess að lögum um leigubifreiðar sé framfylgt og m.a. gert ráð fyrir að stöðvarnar sæti ströngum viðurlögum sinni þær ekki þeim skyldum sem á þær eru lagðar.

Ákvæði um heimild Vegagerðarinnar til að setja reglur um gæðastaðla er nýmæli. Þetta er gert til að tryggja betri og áreiðanlegri þjónustu og bætta ímynd stéttarinnar. Reglur um þetta tíðkast víða erlendis.

Um 4. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til að umsjónarnefndir samkvæmt núgildandi lögum verði lagðar niður. Ákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt frumvarpinu verður skotið til samgönguráðherra sem æðra setts stjórnvalds. Þetta er í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 5. gr.

Í greininni eru gerðar sambærilegar kröfur til atvinnuleyfishafa og í núgildandi lögum, þó með auknum kröfum um óflekkað mannorð og starfshæfni. Ekki er um sömu skilgreiningu að ræða á óflekkuðu mannorði og greinir í 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Ákveðinn er fyrningarfrestur brota nema um sé að ræða brot sem ekki geta talist samræmast eðli starfseminnar. Tilgreint er hvaða skilyrði forfallabílstjórar þurfa að uppfylla samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

Nýmæli ákvæðisins er það að samkvæmt frumvarpinu er framkvæmd þess í höndum Vegagerðarinnar. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega samhljóða 5. og 6. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 10. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995, og vísast til hennar.

Um 8. gr.

Greinin er að mestu sambærileg 4. og 6. gr. núgildandi laga, nr. 61/1995. Það nýmæli er þó að Vegagerðinni er heimilað að veita undanþágu til aksturs samkvæmt frumvarpinu á strjálbýlum svæðum. Leyfishafi skal uppfylla öll skilyrði 5. gr. frumvarpsins að því undanskildu að hafa sótt einhver af þeim námskeiðum sem tilskilin er skv. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Um 9. gr.

Það er nýmæli samkvæmt frumvarpi þessu að heimilt verður að víkja frá skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. um að leyfishafi þurfi að hafa starfið að aðalatvinnu. Þetta er samkvæmt núgildandi lögum heimilt ef færri en 5.000 íbúar búa á svæðinu en samkvæmt frumvarpinu er heimilt að víkja frá þessu ef íbúar eru færri en 10.000.

Þá eru rýmkaðar heimildir eftirlifandi maka til nýtingar atvinnuleyfa.

Um 10. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gerð krafa um að gjaldmælar skuli vera löggiltir. Þessi krafa byggir á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Í þeim lögum er gerð krafa um löggildingu gjaldmæla í leigubifreiðum sem byggist á tilskipun ráðsins 77/95/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu aðildarríkjanna varðandi gjaldmæla leigubíla. Einnig skal Vegagerðin setja reglur um að verðskrá leigubifreiða sem er í notkun hverju sinni skuli vera viðskiptavinum sýnileg. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu eru sett strangari viðurlög við brotum gegn lögunum. Gert er ráð fyrir að þegar við alvarleg eða ítrekuð brot geti leyfishafi misst atvinnuleyfi sitt. Þá er gert ráð fyrir að allt daglegt eftirlit með atvinnuleyfishöfum og forfallabílstjórum sé í höndum lögreglunnar.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta fjallar um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar og er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögunum. Í frumvarpinu er afmörkuð sú fjárhæð sem er ætlað að standa straum af fyrrgreindum kostnaðarliðum. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af þeim kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar.

Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórnsýslu leigubifreiðamála frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk Vegagerðarinnar felist í útgáfu atvinnuleyfa og skírteina fyrir afleysingabílstjóra, að hafa umsjón með námskeiðum og starfrækja gagnagrunn sem mun geyma lágmarksupplýsingar sem nauðsynlegar eru til útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að árlegur kostnaður af veitingu atvinnuleyfa verði u.þ.b. 9 m.kr. Til að standa straum af kostnaði sem hlýst af þjónustu Vegagerðarinnar er í frumvarpinu veitt gjaldtökuheimild skv. 12. gr. Ekki er því gert ráð fyrir kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna frumvarpsins. Samgönguráðherra er heimilt að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar umsjónarnefndir fólksbifreiða verði lagðar niður. Nefndirnar eru fjórar talsins á mismunandi svæðum landsins, og hefur kostnaður af starfi þeirra verið u.þ.b. 3 m.kr. á ári. Eitt af verkefnum umsjónarnefndanna var að úrskurða um kærur vegna afgreiðslu á undanþágum. Það verkefni færist nú til samgönguráðuneytisins þar sem gert er ráð fyrir að hægt verði að skjóta ákvörðunum Vegagerðarinnar og bifreiðastöðvanna til samgönguráðuneytisins sem æðsta stórnvalds. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir útgjaldaauka fyrir ríkissjóð vegna þess.

169. Frumvarp til laga [168. mál]

um póstþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um póstþjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutning og skil á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga um póstþjónustu er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu.

3. gr.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

II. KAFLI
Orðaskýringar.

4. gr.

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

Almenn heimild: Heimild til að veita póstþjónustu aðra en alþjónustu.

Alþjónusta: Póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Ábyrgðarsending: Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum viðtökustað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

Blindrasending: Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

Bréf: Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

Einkaréttarþjónusta: Póstþjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekandi í umboði þess.

Endastöðvagjöld: Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

Fjármunasending: Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta.

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir póstþjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi póstþjónustu.

Grunnkröfur: Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um póstþjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi póstflutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og þar sem réttlætanlegt er verndun gagna, verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

Markpóstur: Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðskynningu eða almennu kynningarefni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakenda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

Póstkassi: Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í póstþjónustu.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

Póstsending: Sending með eða án áritunar á umbúðir sem rekstrarleyfishafi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

Póstþjónusta: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

Tryggð sending: Þjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

Útburður: Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu pósts í póstmiðstöð og lýkur með afhendingu hans á viðtökustað.

III. KAFLI
Yfirstjórn póstmála.

5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Alþjónusta.

6. gr.

Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir póstþjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar einn eða fleiri veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

— að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,
— að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,
— að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmálalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
— að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,
— að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafgreiðslu og póstþjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift og prentuðu innihaldi sem er að öllu leyti eins, dagblaða, vikublaða og tímarita, bóka og verðlista, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skylt er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um póstþjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

V. KAFLI
Einkaréttur ríkisins.

7. gr.
Einkaréttur á póstþjónustu.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstþjónustu vegna eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa án tillits til innihalds allt að 250 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en fimm sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.
2. Ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda.

8. gr.
Útgáfa frímerkja.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins á þessu sviði, skal gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Hann skal taka frá a.m.k. 500 eintök af hverju nýju frímerki. Safn þetta skal vera í vörslu rekstrarleyfishafans en í eigu íslenska ríkisins. Rekstrarleyfishafi sem falinn er einkaréttur ríkisins til útgáfu íslenskra frímerkja skal senda samsvarandi aðilum erlendis sem meðlimir eru í alþjóðapóstsambandinu nýjar útgáfur íslenskra frímerkja og annast vörslu frímerkja sem erlend ríki senda til landsins á sama hátt. Íslenska ríkið telst eigandi allra frímerkja sem erlend ríki senda hingað samkvæmt þessu.

9. gr.
Uppsetning póstkassa.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri. Póst- og fjarskiptastofnun er þó heimilt að veita öðrum rekstrarleyfishöfum en falinn er einkaréttur ríkisins leyfi til uppsetningar póstkassa á almannafæri enda séu þeir greinilega merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp.

10. gr.
Auðkenni.

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á póstþjónustu. Rekstrarleyfishafi sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins getur heimilað aðilum sem starfa í þágu hans að nota auðkennið.

11. gr.
Framsal á einkarétti ríkisins.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins samkvæmt þessum kafla. Við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt.

VI. KAFLI
Heimildir til að starfrækja póstþjónustu.

12. gr.
Tegundir heimilda.

Óheimilt er að starfrækja póstþjónustu án almennrar heimildar eða rekstrarleyfis nema þegar um er að ræða póstsendingar innan fyrirtækis, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstþjónustu. Heimildir skulu vera tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur póstþjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. Almennum heimildum fylgja ekki sérréttindi. Þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn.

Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Við veitingu heimilda skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal vera gegnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

Óheimilt er að framselja heimildir hvort sem þær eru í formi almennra heimilda eða rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi ef viðkomandi aðili verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn skilmálum almennrar heimildar eða rekstrarleyfis. Í síðasttalda tilfellinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar heimildar kemur.

13. gr.
Almennar heimildir.

Aðilar sem hyggjast starfrækja póstþjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun þjónustunnar um fyrirætlan sína. Tilkynna skal stofnuninni um það hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu aðilans og hver sé fyrirhuguð þjónusta. Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort krafist verður að sótt sé um rekstrarleyfi en að öðrum kosti skrá aðila sem póstrekanda með almenna heimild. Hefji póstrekandi að veita póstþjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemina þangað til að úr hefur verið bætt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

14. gr.
Rekstrarleyfi.

Póstrekendur sem hyggjast veita alþjónustu skv. 6. gr. skulu sækja um rekstrarleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsóknum skal skýrt frá því hverjir eiga aðild að umsókninni, eignarhlutföllum þeirra, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð þjónusta og þjónustusvæði. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

15. gr.

Skilyrði rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa skv. 14. gr. Skilyrðin skulu vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal rekstrarleyfishafa. Skilyrði rekstrarleyfa geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. Að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að alþjónustu,
b. að rekstrarleyfishafi taki að sér skyldur ríkisins sem fylgja einkarétti þess,
c. að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir þjónustu sem er í einkarétti sé háð samþykki hennar,
d. að rekstrarleyfishafi hagi bókhaldi sínu í samræmi við 18. gr. og veiti Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um bókhaldið og aðgang að því,
e. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, sbr. VIII. kafla,
f. að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
h. að alþjóðasamningar á sviði póstmála sem ríkið hefur gert séu virtir,
i. að uppfylltar séu kröfur skv. 2. mgr. 6. gr.
j. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum rekstrarleyfa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig gert að skilyrði að rekstrarleyfishafi, sem falin er alþjónusta, tryggi að almenningi á ákveðnum stöðum sé veittur aðgangur að póstþjónustu í samræmi við reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða sem Póst- og fjarskiptastofnun skal setja með hliðsjón af þörfum almennings.

VII. KAFLI

Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

16. gr.

Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

Póstrekendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum rekstrarleyfa þegar það á við.

Rekstrarleyfishafar skulu í skilmálum sínum setja ákvæði um eftirlit með notkun frímerkingavéla. Tekið skal fram með hvaða hætti áfylling á vélarnar fari fram og hvaða öryggisráðstafana er krafist til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir

kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Rekstrarleyfishafi sem falinn er einkaréttur ríkisins skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir gildistöku.

Póstsendingar sem ekki bera gjald samkvæmt alþjóðasamningum skulu einnig vera gjaldfrjálsar innan lands.

17. gr.

Gjöld fyrir alþjónustu milli landa.

Við gerð samninga um endastöðvagjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu rekstrarleyfishafar hafa til viðmiðunar eftirtaldar grundvallarreglur:

— Endastöðvagjöld skulu taka mið af kostnaði við póstmeðferð, þ.m.t. útburð.
— Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.
— Endastöðvagjöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

18. gr.

Fyrirkomulag bókhalds.

Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekendur sem stunda einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna póststarfsemi sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu kostnaðar og fjárhagslegan aðskilnað milli póstþjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu, alþjónustu og annarrar þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerðinni og skal það staðfest opinberlega.

19. gr.

Gerð og birting ársreikninga.

Ársreikningar rekstrarleyfishafa skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

VIII. KAFLI

Kröfur um þjónustu og gæði.

20. gr.

Móttaka pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag.

21. gr.

Útburður pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

22. gr.
Gæðakröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun skal að því er varðar alþjónustu setja kröfur um gæði. Í slíkum reglum skal m.a. kveða á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundraðshluta, lágmarksopnunartíma póstafgreiðslustaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka með þessum lögum. Gæðakröfur fyrir póstþjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum í einstökum tilfellum vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna dreifingarnets rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar. Stofnunin skal árlega gera könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

23. gr.
Tæknistaðlar.

Rekstrarleyfishafar skulu hafa að leiðarljósi tæknistaðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB, einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 22. gr.

24. gr.
Öryggi póstsendinga.

Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga. Þegar um er að ræða ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar skulu póstrekendur gera sérstakar ráðstafanir til þess að geyma þær á öruggum stað meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um öryggismál á póstafgreiðslum.

IX. KAFLI
Póstflutningar.

25. gr.
Skylda til að flytja póstsendingar.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar rekstrarleyfishafa milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

26. gr.
Öryggi í flutningum.

Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

X. KAFLI
Jöfnunarsjóður alþjónustu.

27. gr.
Umsóknir um fjárframlög.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 14. og 15. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann farið þess á leit að hon-

um verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir. Umsóknir um framlög skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á ekki rétt á fjárframlagi þó að hluti alþjónustu hans eða alþjónustan öll sé rekin með tapi.

Við móttöku umsóknar um fjárframlag skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort þjónustan falli innan ramma 6. gr. og ef svo er hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Ef það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þjónustan verði ekki aflögð, ef mæta á markmiðum 2. gr., og ekki reynist mögulegt að veita þjónustuna á hagkvæmari hátt skal stofnunin tryggja rekstrarleyfishafa fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að fylgjast með notkun fjárframlaga.

Með umsókn rekstrarleyfishafa um fjárframlög til alþjónustu skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um það hvert sé heildarrekstrartap af alþjónustu rekstrarleyfishafa á viðkomandi svæði og hvernig tapið sundurliðast. Sem hluta af vinnslu umsóknar getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildartekjur og kostnað umsækjanda af alþjónustu. Einnig getur stofnunin krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu umsækjanda á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur krafist aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með því hvernig framlögum er varið. Í lok hvers árs skal rekstrarleyfishafi sem hlotið hefur framlag úr jöfnunarsjóði gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins.

Þegar hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa er háður fjárframlögum úr jöfnunarsjóði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.

Fjárframlög eru veitt til eins árs í senn og skal endurnýja umsóknir um fjárframlög fyrir settan tíma. Samgönguráðherra setur nánari reglur um umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði og afgreiðslu þeirra í reglugerð um alþjónustu, sbr. 6. gr.

28. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunargjaldið skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við heildarrekstrartekjur sem viðkomandi rekstrarleyfishafi hefur af póststarfsemi sem fellur undir ákvæði um alþjónustu.

Jöfnunargjald skal ákveðið árlega með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal Póst- og fjarskiptastofnun áætla hlutfallstölu jöfnunargjalds þannig að fyrirsjáanlegum fjárþörfum jöfnunarsjóðs verði mætt.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

XI. KAFLI
Samningar um sértæka póstþjónustu.

29. gr.
Sértæk póstþjónusta.

Óski samgönguráðherra eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekanda í kjölfar útboðs.

30. gr.
Fjármögnun sértækrar póstþjónustu.

Kostnaður vegna sértækra framkvæmda eða póstþjónustu skv. 29. gr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

XII. KAFLI
Reglur um póstmeðferð.

31. gr.
Móttaka og afhending póstsendinga.

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstþjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimpill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

Póstsendingum skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfakassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum viðtökustað.

Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekanda þar til hún hefur

verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekanda ný fyrirmæli um póstmeðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

32. gr.

Vanskilasendingar.

Póstrekendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakenda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekandi endursenda til sendanda.

Póstrekendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekanda heimilt að opna póstsendinguna að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekanda.

33. gr.

Óheimilar póstsendingar.

Óheimilt er að afhenda póstrekanda sendingar með innihaldi sem er ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir móttakanda.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólögmætt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólögmætt innihald póstsendinga og skulu póstrekendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóstsambandinu listann yfir ólögmætt innihald. Sömuleiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólögmætt í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripi eða hliðstæð verðmæti.

34. gr.

Umbúðir póstsendinga.

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekendum í umbúðum. Póstrekendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekandans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni. Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrannalöndunum um samsvarandi hluti.

35. gr.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal samgönguráðherra setja í reglugerð um alþjónustu.

XIII. KAFLI
Upplýsingaskylda póstrekenda.

36. gr.

Upplýsingar um rekstur.

Póstrekendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstlagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdarflokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

Rekstrarleyfishafar skulu veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Rekstrarleyfishafi sem fer með einkarétt ríkisins skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og fjárhag sem nauðsynlegar eru að mati Póst- og fjarskiptastofnunar við endurskoðun á gjaldskrá hans. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

Rekstrarleyfishafar skulu láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 22. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

XIV. KAFLI
Skaðabætur.

37. gr.

Bætur vegna seinkana.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki.

38. gr.

Almennar sendingar.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

39. gr.

Ábyrgðarsendingar og bögglar.

Sendandi ábyrgðarsendinga og böggla skal eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekenda. Skaðabætur skulu miðast við verðmæti sendinganna. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendum ber að taka á sig í þessu sambandi.

40. gr.

Tryggðar sendingar.

Sendandi tryggðrar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekenda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

41. gr.

Fjármunasendingar.

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu og skal standa sendanda full skil á verðmæti slíkrar sendingar glatist hún.

42. gr.

Óbeint tjón.

Skaðabótaskylda skv. 39.–41. gr. nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

43. gr.

Póstsendingar milli landa.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

44. gr.

Sérstök tilvik.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

45. gr.

Fyrning skaðabótakröfu.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

XV. KAFLI

Póstleynd og undanþágur.

46. gr.

Póstleynd og íhlutun starfsmanna.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstþjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstþjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í viðurvist fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjá-

kvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar og án viðurvistar fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

48. gr.

Ólögmæt háttsemi.

Starfsmönnum við póstþjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

49. gr.

Skylda að upplýsa starfsfólk.

Póstrekendur skulu kynna starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við póstþjónustu ákvæði þessa kafla.

XVI. KAFLI
Milliríkjasamningar.

50. gr.

Póstþjónusta við önnur lönd.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

51. gr.

Þátttaka rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að rekstrarleyfishafar skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

XVII. KAFLI
Viðurlög.

52. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á lögum þessum varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn XV. kafla laganna, um póstleynd og ólögmæta háttsemi, varða sektum eða fangelsi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
53. gr.
Reglugerðir.

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

54. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.
Jafnframt falla úr gildi lög um póstþjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum.

VIÐAUKI

Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstmeðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjölda virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun pósts á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem í sátu fulltrúar frá samgönguráðuneytinu og Póst- og fjarskiptastofnun. Sami starfshópur lagði fyrir ráðherra í desember 2000 álitsgerð vegna nýrra póstlaga. Í álitsgerðinni var bryddað upp á nokkrum álitamálum í sambandi við nýja löggjöf um póstþjónustu, m.a. um viðhald eða afnám einkaréttar, um skyldur ríkisins, um jöfnunarsjóð eða framlag úr ríkissjóði vegna þjónustu í dreifbýli, um sérstök gjöld fyrir blöð og um póstgíró og fjármunasendingar.

Gildandi lög um póstþjónustu eru að stofni til frá því í desember 1996, lög nr. 142/1996 (lögin tóku gildi 1. janúar 1997). Breytingar voru gerðar á þeim með lögum nr. 72/1998, vegna ákvæða í tilskipun ESB (tilskipun 97/67/EB um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar) er varðar einkarétt til póstmeðferðar en þessi tilskipun var samþykkt af ráðherraráði ESB eftir að Alþingi samþykkti lögin í desember 1996.

Markmið þessa frumvarps til laga um póstþjónustu er í fyrsta lagi að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarkspóstþjónustu með því að taka upp hugtakið alþjónusta í stað hugtaksins grunnpóstþjónusta en það hugtak er notað í núgildandi lögum. Tilskipun ESB sem áður er minnst á og tekið hefur gildi á EES-svæðinu byggist ekki á grunnpóstþjónustu en skilgreinir aftur á móti alþjónustu sem ríkisvaldið felur póstrekstrarleyfishafa að starfrækja í þágu landsmanna. Aðaláhrif þessara breytinga eru að í stað þess að lögin skuldbindi íslenska ríkið til að tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu veitir ríkið samkvæmt frumvarpinu rekstrarleyfi fyrir alþjónustu með ákveðnum skyldum sem tryggja eiga lands-

mönnum jafnan aðgang að póstþjónustu. Í öðru lagi eru sett inn skýrari ákvæði um heimildir sem veittar eru til að starfrækja póstþjónustu. Gert er ráð fyrir tvenns konar heimildum, almennri heimild sem táknar skráningu póstrekanda eftir tilkynningu hans til Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og rekstrarleyfi sem þarf til að veita alþjónustu. Í þriðja lagi eru tekin inn ákvæði varðandi kröfur um gæði póstþjónustunnar. Að lokum er í fjórða lagi kveðið skýrar á um jöfnunarsjóð alþjónustu. Lagt er til að jöfnunarsjóður verði sérstakur sjóður í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar en ekki hluti af fjárhag stofnunarinnar eins og gildir fyrir fjarskipti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkaréttur ríkisins haldist að mestu leyti í sama horfi og í gildandi lögum. Þessi ákvörðun byggist m.a. á því að enn er óráðið hvaða breytingar verði gerðar á ákvæðum tilskipunar ESB um póstsendingar í einkarétti en umræðu um þetta er ekki lokið, sbr. 2. kafla athugasemda þessara um þróun póstmála í Evrópu.

Rétt er að geta þess að ákvæði gildandi laga sem heimila Póst- og fjarskiptastofnun að veita íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum og öðrum sambærilegum aðilum að annast póstþjónustu er ekki að finna í frumvarpinu. Vakin er athygli á því að með frumvarpinu er þeim sem óska eftir að skrá sig sem póstrekendur á sviði annarrar póstþjónustu en alþjónustu gert auðvelt að skrá sig sem póstrekanda með almennri heimild, en á hinn bóginn verður að telja að með hliðsjón af ítarlegum kröfum sem gerðar eru til rekstrarleyfishafa sem annast alþjónustu sé varasamt að veita áhugamönnum leyfi til að veita póstþjónustu sem telst til alþjónustu. Því má bæta við að frá samþykkt þessa ákvæðis á Alþingi 2. júní 1998 hefur engin umsókn um slíka heimild borist Póst- og fjarskiptastofnun, frá íþróttafélögum eða öðrum.

Í 6. gr. er tekið fram að póstsendingar með dagblöðum, vikublöðum og tímaritum falli undir ákvæði um alþjónustu. Í 16. gr. segir að gjaldskrár fyrir alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hagnaði og er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir þeim kostnaðargrundvelli sem gjaldskrá byggist á. Með hliðsjón af þessum ákvæðum þykir ekki viðeigandi né nauðsynlegt að samgönguráðherra sé gert heimilt að mæla fyrir um að einkaréttarhafar annist póstmeðferð fyrrgreindra póstsendinga samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar sambærilegar sendingar, sbr. 14. gr. gildandi laga. Í seinni málsgrein þeirrar greinar segir að Póst- og fjarskiptastofnun beri að bæta einkaréttarhafa upp mismun á burðargjaldi en sá ljóður er á að ekki er þess getið hver skuli vera tekjustofn stofnunarinnar til að mæta slíkum útgjöldum. Niðurgreiðsla á umræddum sendingum sem fengin er með álagi á aðrar tegundir alþjónustusendinga verður að teljast óeðlileg. Þessu til frekari stuðnings er bent á að samgönguráðherra hefur hingað til ekki talið nauðsynlegt að beita ákvæði gildandi laga.

2. Þróun póstmála í Evrópu.

Í frumvarpi til póstlaga sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi á árinu 1996, og sem varð að lögum nr. 142/1996 var í athugasemdum fjallað ítarlega um tillögur að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og bætt gæði póstþjónustunnar í Evrópu og vísast til þess. Þessar tillögur voru samþykktar og gefnar út í desember 1997 sem tilskipun 97/67/ESB.

Í tilskipuninni eru sett þau markmið að ráðherraráðið og Evrópuþingið skuli vera búin að endurskoða umrædda tilskipun með frekari opnun póstmarkaðarins í huga fyrir 1. janúar 2000. Þetta markmið sambandsins náðist ekki. Hreyfing komst fyrst á málið á fundi leiðtoga sambandsins sem haldinn var í Lissabon í mars 2000 þar sem samþykkt var að beina því til framkvæmdastjórnarinnar að hraða endurskoðun tilskipunarinnar frá desember 1997.

Það var ekki fyrr en 30. maí 2000 sem tillögur framkvæmdastjórnarinnar litu dagsins ljós. Samkvæmt þeim er það lagt fyrir ríki sambandsins að eigi síðar en 1. janúar 2003 skuli þau vera búin að færa þyngdarmörk einkaréttar fyrir almenn bréf með utanáskrift og markpóst (direct mail) úr 350 g í 50 g og að fimm sinnum lægsta burðargjald venjulegs bréfs innan lands í gildandi tilskipun verði 2,5 sinnum lægsta burðargjald. Einnig er lagt til að opnað verði alveg fyrir samkeppni fyrir póst til annarra ríkja sambandsins (outward cross-border) og fyrir hraðpóst.

Þessar tillögur um opnun póstmarkaðarins í Evrópu mundu hafa þau áhrif að um 20% af markaðnum opnuðust fyrir samkeppni næðu þær fram að ganga í stað 3% opnunar samkvæmt gildandi tilskipun. Það er hins vegar óljóst hver verða afdrif tillögunnar sem hefur sætt gagnrýni frá sumum stærstu aðildarríkjum Evrópusambandsins en önnur lönd styðja tillöguna.

Um miðjan desember 2000 samþykkti Evrópuþingið með miklum meiri hluta atkvæða tillögu þess efnis að ríkjum Evrópusambandsins yrði heimilt að viðhalda einkarétti bréfa og annarra póstsendinga allt að 150 g að þyngd. Þetta gildir um allar tegundir póstsendinga. Málið er með þessu komið til ráðherraráðs ESB.

Fjarskiptanefnd ráðherraráðsins (Telecommunications Council) fundaði um þessa samþykkt þingsins í desember 2000. Frakkar sem voru í forsæti á fundinum lögðu fram málamiðlunartillögu sem eins og í samþykkt þingsins innihélt ákvæði um að þyngdamörkin yrðu færð niður í 150 g og að frekari opnun markaðarins byggðist á útspili framkvæmdastjórnarinnar frá því í maí 2000. Ekki tókst að ná fram sameiginlegri niðurstöðu og virðist sem landfræðilegur ágreiningur ríki um tillögurnar. Norður-Evrópuríkin geta fallist á opnun póstmarkaðarins en Suður-Evrópuríkin vilja óbreytt ástand eða vilja fara sér hægt í þessum málum. Bretar og Írar standa þarna á milli.

Svíþjóð tók við formennsku í Evrópusambandinu 1. janúar 2001 og tókst þeim ekki að ná samstöðu um breytingar á pósttilskipuninni á formennskutíma sínum sem rann út 30. júní 2001.

Belgar tóku síðan við forsæti af Svíum og tilkynntu í upphafi síns forsætis að málið yrði á dagskrá en voru ekki bjartsýnir á að þeim tækist að ná samkomulagi um málið á meðan forsæti þeirra stendur, til 31. desember 2001.

Að lokum eru hér nokkrar staðreyndir um póstþjónustu í Evrópu. Samkvæmt nýlegri könnun tekur að meðaltali 2,3 daga að senda bréf á milli Evrópuríkjanna. 92,5% bréfa berast innan þriggja daga og 98,7% innan fimm daga. Þessi könnun var gerð á árinu 2000 af International Post Corporation (IPC) og kom í ljós að póstþjónusta nokkurra landa þannig mæld hafði batnað frá árinu 1999, t.d. hafði meðaltalshlutfall bréfa sem bárust innan þriggja daga hækkað úr 90,7% í 92,5%.

3. Þróun póstmála á Íslandi.

Í tilefni þess að á þessu ári, eða 13. september 2001, er öld liðin frá því að fyrstu póstlögin voru sett hér á landi er rétt að stikla á stóru í aðdraganda þess að lög þessi voru sett og greina frá þróun póstmála á síðustu öld.

Póstþjónusta af hálfu hins opinbera hefst á Íslandi með útgáfu tilskipunar Kristjáns konungs sjöunda um póststofnun á Íslandi 13. maí 1776. Opinberum póststofnunum var komið á fót víðast hvar í Evrópu á 16. og 17. öld, í Danmörku svo dæmi sé nefnt 1624, í Svíþjóð 1636 og í Noregi 1647.

Það var danskur sæfari, Bendix Nebel að nafni, sem fyrstur kvað sér hljóðs um nauðsyn opinberrar póstþjónustu á Íslandi. Í kveri sínu „Rimelige Tanker til den islandske Kommercies Forbedring“ sem kom út 1704 talar hann um til hve mikils gagns það yrði ef settur

yrði upp landspóstur svo að fregnir um hag landsmanna og þarfir bærust fljótar og greiðar.

Svo virðist sem tillögur Bendix Nebel hafi ekki fengið hljómgrunn, því að ekki var íslensk póststofnun nefnd á nafn fyrr en hin svonefnda landsnefnd hin fyrri var sett á laggirnar árið 1770 til þess að ferðast um landið og gera tillögur til viðreisnar íslensku þjóðinni. Landsnefndin hélt fund á Alþingi í júlí 1770 með íslenskum embættismönnum og bar þá póstmálin á góma en engar tillögur voru gerðar.

Umræður þessar urðu þó til þess að hreyfing komst á málið því að 25. júní 1774 ritar rentukammerið danska stiftamtmanninum á Íslandi, Lauritz Andreas Thodal, bréf þess efnis að æskilegt væri að koma á póstgöngum milli landanna og óskaði tillagna hans þar um. Margir telja Jón Eiríksson, konferensráð, upphafsmann að bréfinu en hann var deildarstjóri í rentukammerinu. Eftir nokkrar bréfaskriftir var svo tilskipunin sem fyrr er nefnd gefin út.

Samkvæmt tilskipuninni frá árinu 1776 skyldi póstur ganga þrisvar á ári úr hverjum landsfjórðungi til Bessastaða í tengslum við póstskip milli Íslands og Danmerkur. Stjórn og skipulag póstmálanna var í höndum stiftamtmanns og sýslumanna en þeir voru átján á þessum tíma. Í tilskipuninni er skýrt tekið fram að póstferðunum sé fyrst og fremst komið á fót til þess að áríðandi embættisbréfum verði greiðlega komið áfram. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir póstferðum til baka frá Bessastöðum.

Ætla hefði mátt að undinn hefði verið bráður bugur að því að koma póstferðunum á en það dróst allt til 1782 að fyrsta póstferðin var farin. Gjaldskrá var þó gefin út 8. júlí 1779 og skyldi burðargjald samkvæmt henni vera tveir skildingar fyrir bréf úr einni sýslu í aðra og síðan bættust tveir skildingar við fyrir hverja sýslu sem bréfið var flutt um. Hvergi er minnst á burðargjöld fyrir bréf til útlanda og verður því að ætla að þau hafi verið flutt ókeypis.

Fyrsta póstferðin hófst 10. febrúar 1782 og hét pósturinn Ari Guðmundsson. Lagði hann upp frá Reykjanesi við Djúp, hélt þaðan um Ögur til Ísafjarðar og suður um alla firði uns hann kom 15. febrúar að Haga á Barðaströnd. Þar bjó David Scheving, sýslumaður. Þar sem pósturinn hafði aðeins örfá bréf meðferðis þótti sýslumanni ekki svara kostnaði að senda Ara áfram suður, heldur bað hann vermann á leið suður fyrir bréfin. Fleiri urðu póstferðir ekki það árið og það var ekki fyrr en árið 1785 að póstferðir í samræmi við tilskipunina frá 1776 hófust með reglubundnum hætti.

Fjármál póststofnunarinnar voru frá upphafi í höndum landfógeta. Sýslumenn voru bréfhirðingarmenn hver í sínu umdæmi. Að því kom þó að farið var að fela öðrum en sýslumönnum að annast póstafgreiðslu og er fyrsta dæmið um slíkt í Skagafirði árið 1808. Þar höfðu prestarnir á Víðivöllum og Miklabæ póstafgreiðslu áratugum saman og fengu greiðslu fyrir.

Smátt og smátt fjölgaði póstferðum. Um miðja 19. öld munu þær hafa verið allt að sex á ári. Milli Danmerkur og Íslands sigldi póstskip reglulega allt frá árinu 1778, fyrst einu sinni á ári en á árinu 1852 var þeim fjölgað í fjórar á ári.

Eins og fram hefur komið hér að framan var framkvæmd og rekstur póstþjónustunnar ekki í höndum eiginlegrar póststofnunar og ekki einu sinni undir umsjón dönsku póststjórnarinnar, heldur heyrði þjónustan undir ráðuneyti það sem með önnur málefni Íslands fór (rentukammerið). Umræður um hvort eigi mundi heppilegra að setja póstþjónustuna á Íslandi undir dönsku póststjórnina hófust í kjölfar nýrra póstlaga í Danmörku 1851 og útgáfu fyrstu dönsku frímerkjanna það ár.

Það var þó fyrst 25. ágúst 1869 að gefin var út tilkynning um að frá 1. mars 1870 mundi danska póststjórnin annast póstferðir milli Danmerkur, Færeyja og Íslands. Póststöðvar voru stofnaðar í Reykjavík og á Seyðisfirði. Sérstakur póstmeistari var skipaður á árinu 1872 og hét hann Óli Finsen. Hinn 26. febrúar það ár var gefin út ný tilskipun um póstmál á Íslandi og rekstur póstþjónustu falinn sérstakri ríkisstofnun, Póststjórninni. Tilskipunin gerði ráð

fyrir að stofnsettar yrðu póstafgreiðslur og bréfhirðingar. Með þessari tilskipun má segja að grundvöllurinn hafi verið lagður að póstþjónustu og að þeirri póstlöggjöf sem sett var 13. september 1901. Árið eftir, eða 1873, var fyrsta íslenska frímerkið gefið út.

Lögunum frá árinu 1901 var síðan breytt með setningu laga á árinu 1907. Var meginmál breytingalaganna fellt inn í lögin frá 1901 og þau gefin út svo breytt sem póstlög 16. nóvember 1907, nr. 43/1907. Skv. 1. gr. þeirra laga skyldi póstmeistarinn í Reykjavík hafa á hendi „stjórn hinna íslensku póstmála innanlands undir yfirstjórn stjórnarráðs Íslands".

Póstlög, 7. maí 1921, nr. 5/1921, leystu af hólmi lögin frá 1907, en áður hafði þeim verið breytt nokkrum sinnum. Samkvæmt þeim skyldi íslenskum póstmálum stjórnað af aðalpóstmeistara sem hefði umsjón með rekstri póststarfa.

Fram að árinu 1940 var póstlögum breytt þrívegis eða 1925, 1932 og 1935. Áður en greint er frá setningu póstlaganna á árinu 1940 er rétt að geta um lög sem út voru gefin á árinu 1929. Hér er um að ræða lög um stjórn póstmála og símamála, nr. 40/1929. Skv. 1. gr. laganna skyldi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fara með yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu. Síðan segir: „Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir umsjón með rekstri póststarfanna." Í lok greinarinnar segir að hann skuli „standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu". Konungur skyldi veita þetta embætti. Þessi skipan tók gildi 1. janúar 1930.

Með póstlögum, nr. 31/1940, var skilgreindur einkaréttur póststjórnarinnar til flutnings á bréfum og öðrum sendingum innan lands og til útlanda. Þessum lögum var breytt lítillega með lögum nr. 73/1954. Í póstlögum, nr. 33/1986, var gert ráð fyrir einkarétti Póst- og símamálastofnunar á póstsendingum. Um er að ræða sambærileg ákvæði og í lögunum frá árinu 1940.

Með lögum nr. 107/1996 voru gerðar breytingar á lögunum frá 1986 til samræmis við lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Þessi lög tóku gildi 1. janúar 1997.

Núgildandi póstlög eru frá árinu 1996, nr.142/1996. Þau tóku gildi 1. janúar 1997. Við samningu þeirra var tekið mið af tillögu Evrópusambandsins að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins (ESB) og aukin gæði póstþjónustunnar. Þó voru ákvæði fyrri laga um einkarétt ríkisins á póstmeðferð látin halda sér.

Þegar ljóst var að umræddar tillögur ESB að pósttilskipuninni mundu ná fram að ganga og flest Evrópuríki höfðu tekið upp eða ákveðið að taka upp skilgreiningu tilskipunarinnar um einkarétt lagði samgönguráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögunum frá árinu 1996, fyrst á 121. löggjafarþingi 1996–97 (náði ekki fram að ganga) og aftur á 122. löggjafarþingi 1997–98. Frumvarpið varð að lögum nr. 72 15. júní 1998.

4. Yfirlit yfir helstu efnisatriði frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins er greint frá gildissviði laganna og markmiðum. Lögin eiga að gilda um póstþjónustu hér á landi gegn greiðslu og um starfsemi sem henni tengist, þ.e. móttöku eða söfnun póstsendinga, flokkun, flutning og skil á hvers konar bréfum og öðrum sendingum, með eða án utanáskriftar.

Í II. kafla eru helstu hugtök frumvarpsins skýrð og er að mestu leyti um að ræða hugtök sem ekki hafa áður verið notuð í íslenskum póstlögum. Byggt er á skilgreiningum tilskipunar Evrópusambandsins 97/67/ESB, eftir því sem við á.

III. kafli frumvarpsins fjallar um yfirstjórn póstmála í landinu. Samkvæmt þeim kafla fer samgönguráðherra með yfirstjórn póstmála og Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laganna.

Í IV. kafla er fjallað um alþjónustu. Með alþjónustu er átt við það að íslenska ríkið skuli tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti þessa þjónustu á starfssvæði sínu.

Einkaréttur ríkisins er afmarkaður í V. kafla frumvarpsins. Um er að ræða einkarétt á póstmeðferð, einkarétt á útgáfu frímerkja og uppsetningu póstkassa og einkarétt á auðkenni sem er merki til kynningar á póstþjónustu. Í lok kaflans eru ákvæði um framsal á einkarétti ríkisins.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimildir til að starfrækja póstþjónustu. Heimildirnar eru tvenns konar, annars vegar almennar heimildir og hins vegar rekstrarleyfi. Þar er skýrt tekið fram að þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnunin hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn þar um.

Í VII. kafla er fjallað um viðskiptaskilmála, gjaldskrár og bókhald aðila sem starfa samkvæmt almennum heimildum og rekstrarleyfum. Þar eru ákvæði um að þessir aðilar skuli birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Í 17. gr. er fjallað um gjöld fyrir alþjónustu milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu, svokölluð endastöðvagjöld. Einnig eru í þessum kafla ítarleg ákvæði um fyrirkomulag bókhalds þessara fyrirtækja, svo og um gerð og birtingu ársreikninga.

VIII. kafli fjallar um kröfur varðandi þjónustu og gæði. Þar er fyrst að telja ákvæði um móttöku pósts. Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag. Í öðru lagi eru ákvæði um útburð pósts. Stofnunin skal tryggja að alls staðar á landinu skuli alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Í þriðja lagi eru sett ákvæði um gæðakröfur og er stofnuninni falið að setja kröfur um gæði alþjónustu. Í fjórða lagi eru í kaflanum ákvæði um tæknistaðla og í fimmta lagi eru ákvæði um öryggi póstsendinga og er Póst- og fjarskiptastofnun gert skylt að setja reglur um öryggismál á póstafgreiðslum.

IX. kafli ber heitið póstflutningar og eru þar ákvæði um skyldu til að flytja póstsendingar og um öryggi í póstflutningum.

X. kafli fjallar um jöfnunarsjóð alþjónustu. Þar er í fyrsta lagi ákvæði um umsóknir um fjárframlög og hvaða upplýsingar krafist er að komi fram í þeim. Í öðru lagi eru ákvæði um jöfnunargjald sem heimilt verður áfram að innheimta en að það renni í sérstakan jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í XI. kafla eru ákvæði um samninga um sértæka póstþjónustu. Sértæk póstþjónusta er þjónusta sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla af öryggis- og umhverfisástæðum eða vegna byggðasjónarmiða og ætla má að skili ekki arði.

Í XII. kafla er að finna almennar reglur um póstþjónustu. Eru þar ákvæði um móttöku og afhendingu póstsendinga, um vanskilasendingar og um óheimilar póstsendingar.

Í XIII. kafla er fjallað um upplýsingaskyldu póstrekenda. Samkvæmt þeim kafla er póstrekendum skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína. Einnig er þeim aðilum sem fengið hafa rekstrarleyfi skylt að veita stofnuninni upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Þá eru ákvæði um að rekstrarleyfishafar láti stofnuninni í té upplýsingar um gæði alþjónustu og er henni heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

XIV. kafli ber heitið skaðabætur og er þar að finna ákvæði um takmörkun ábyrgðar vegna póstþjónustu. Rétt er að benda á ákvæði 38. gr. um tryggðar sendingar en í gildandi lögum

er hugtakið verðsendingar notað um þessar sendingar. Ákvæði kaflans eru ekki einskorðuð við alþjónustu heldur eiga við alla póstþjónustu.

Í XV. kafla eru ákvæði um póstleynd og undanþágur. Þar er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú sama og er í gildandi lögum að einungis sé heimilt að veita upplýsingar um póstsendingar að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt sérstakri heimild í lögum. Þó er gert ráð fyrir undanþágum frá þessari meginreglu í nánar tilgreindum tilvikum. Í 48. og 49. gr. eru nýmæli, annars vegar eru ákvæði um ólögmæta háttsemi starfsmanna við póstþjónustu og hins vegar um skyldu póstrekanda til að kynna fyrir starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við póstþjónustu ákvæði þessa kafla.

Í XVI. kafla eru ákvæði um milliríkjasamninga og um þátttöku rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

Í XVII. kafla er fjallað um viðurlög við brotum á ákvæðum frumvarpsins og í XVIII. kafla um almenna heimild fyrir samgönguráðherra til að setja reglugerð um nánari fyrirmæli um framkvæmd póstmála og þar eru einnig ákvæði um gildistöku laganna.

Í viðauka með þessu frumvarpi eru ákvæði um gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er almennt kveðið á um gildissvið laganna og er greinin að meginefni samhljóða fyrri mgr. 1. gr. gildandi laga. Þó hefur verið bætt við hana svo að lögin nái til starfsemi sem tengist póstþjónustunni, og er með því átt við rekstur sem gerir kleift að veita póstþjónustu, t.d. rekstur póstmiðstöðva og afgreiðslustaða og útgáfu frímerkja o.s.frv.

Um 2. gr.

Að hluta til er greinin samhljóða seinni mgr. 1. gr. gildandi laga en bætt er við ákvæði um að allir landsmenn skuli eiga aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu. Með þessu er annars vegar verið að innleiða í íslensk lög áhersluatriði tilskipunar 97/67/EB og hins vegar koma á framfæri því meginmarkmiði að tryggja landsmönnum aðgang að lágmarksþjónustu, alþjónustu sem er nánar skilgreind í seinni greinum.

Um 3. gr.

Þessi grein kemur í stað einnar setningar í 6. gr. gildandi laga sem er mjög almennt orðuð og getur þess vegna verið erfitt að túlka. Samkvæmt hinu nýja orðalagi er fyrirtækjum og félögum heimilt að annast póstsendingar innanhúss og milli mismunandi starfsstöðva þeirra enda annist viðkomandi aðili sjálfur póstþjónustuna. Undanþágan gildir því ekki ef öðrum aðila er falin póstþjónustan. Ekki er talið nauðsynlegt að undanþágan nái til einstaklinga eðli málsins samkvæmt.

Um 4. gr.

Orðskýringum gildandi laga hefur verið breytt talsvert og bætt við nýjum orðskýringum. Að svo miklu leyti sem talið er unnt hefur verið fylgt orðskýringum tilskipunar 97/67/EB en þar sem tilskipunin fjallar einvörðungu um alþjónustu er hún ekki tæmandi hvað varðar orðskýringar um póstmál.

Tekið er upp orðið afgreiðslustaður sem almennt heiti á þeirri aðstöðu þar sem almenningi býðst að afhenda póstsendingar. Af því leiðir að póstkassar teljast formlega til afgreiðslustaða. Þetta er mikilvægt þar eð það gerir Póst- og fjarskiptastofnun kleift að setja reglur um

staðsetningu póstkassa auk afgreiðslustaða í hefðbundnum skilningi. Auk þess er orðskýringin í samræmi við fyrrnefnda tilskipun. Aðrar orðskýringar sem sóttar eru í tilskipunina eru ábyrgðarbréf, almenn heimild, bréf, endastöðvagjöld, grunnkröfur, markpóstur, móttaka, póstsending, póstþjónusta, tryggðar sendingar og útburður. Í einstökum tilfellum hefur orðskýring tilskipunarinnar verið löguð að íslenskum aðstæðum og má nefna sem dæmi ábyrgðarbréf þar sem bætt hefur verið við skýringu vegna skiptingar ábyrgðarþjónustu á Íslandi í tvennt, þ.e. ábyrgðarbréf sem einungis má afhenda skráðum viðtakanda og ábyrgðarbréf sem má afhenda á viðtökustað og heimilisfólk eða samstarfsfólk getur veitt móttöku fyrir hönd hins skráða viðtakanda. Ein orðskýring er óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. fjármunasendingar.

Það skal tekið fram að umfang póstsendingar sem skýrð er í tilskipun 97/67/EB hefur verið aukið þannig að í frumvarpinu nær póstsending einnig til óáritaðra sendinga. Hugtakið póstsendingar fær með þessu sama skilning og í daglegu íslensku máli. Orðið móttaka er í frumvarpinu notað bæði yfir móttöku póstsendinga af hálfu starfsfólks póstrekanda á afgreiðslustöðum og yfir söfnun póstsendinga úr póstkössum á almannafæri og hjá fyrirtækjum.

Þá er rétt að vekja athygli á orðskýringu á bréfi, sem tekin er úr tilskipun 97/67/EB. Innifalið í hugtakinu er bréf með heimilsfangi á bréfinu sjálfu en dæmi um slíkt er póstkort. Strangt til tekið er bréf í skilningi laganna einungis innihald en ekki umslag með árituðum miðli innan í.

Auk þeirra orðskýringa sem hér hefur þegar verið greint frá eru lagðar til nýjar orðskýringar á blindrasendingu og einkaréttarþjónustu. Í gildandi lögum eru sendingar með blindraletri taldar falla undir skyldur ríkisins. Í frumvarpinu eru blindrasendingar nefndar í sambandi við alþjónustu og þykir rétt að gefa skýringu á orðinu. Samtímis hefur því verið breytt að blindrasendingar eru ekki lengur einungis sendingar á blindraletri heldur hvers konar upplýsingaefni fyrir blinda. Skýringu á orðinu rekstrarleyfishafi hefur verið breytt til samræmis við texta frumvarpsins en skýring á einkaréttarhafa verið felld niður enda hefur skýringu á einkaréttarþjónustu verið bætt við. Orðskýringu á póstrekanda hefur verið breytt og er nú hin sama og er í gildandi lögum notuð fyrir póstþjónustuaðila. Með þessu frumvarpi er lögð til sú breyting að orðið póstrekandi verði notað um alla sem veita póstþjónustu af einhverju tagi en rekstrarleyfishafi um þá sem veita alþjónustu. Vegna breytingarinnar er hægt að hætta notkun annað hvors orðanna póstrekandi og póstþjónustuaðili og þykir betra að sleppa hinu síðarnefnda. Í gildandi lögum er notkun orðanna póstmeðferð og póstþjónusta nokkuð áþekk og mismunur milli þeirra á tíðum óglöggur. Hér hefur verið valinn sá kostur að nota eingöngu orðið póstþjónusta í samræmi við tilskipun 97/67/EB og er því ekki lengur sett fram orðskýring á póstmeðferð og jafnframt er forðast að nota það orð í frumvarpinu. Skýring á orðinu póstkassi hefur verið einfölduð nokkuð frá gildandi lögum. Einnig hefur skýringin á orðinu frímerki verið endurskoðuð með hliðsjón af ítarlegri umfjöllun um frímerki í frumvarpinu en er í gildandi lögum. Skýring á gjaldmerki er efnislega óbreytt en bætt er við möguleika þess að merki sé sett á fylgibréf, t.d. með böggli, en auk þess er orðið póstrekandi notað í stað póstþjónustuaðila, sbr. framangreint.

Orðskýring á grunnpóstþjónustu sem er að finna í gildandi lögum hefur verið felld niður í samræmi við þá meginstefnu í frumvarpinu að í stað grunnpóstþjónustu komi alþjónusta.

Um 5. gr.

Fyrri málsgreinin er samhljóða fyrri málsgrein 3. gr. gildandi laga. Í síðari málsgreininni hefur því verið bætt við að Póst- og fjarskiptastofnun veiti leyfi fyrir starfrækslu póstþjón-

ustu en í gildandi lögum er þetta ákvæði sett fram á óbeinan hátt í 11. gr. Þykir eðlilegra að hafa þetta ákvæði í grein um yfirstjórn póstmála vegna mikilvægis þess.

Um 6. gr.

Í þessari grein er að finna umfjöllun um alþjónustu. Fyrst er alþjónusta skilgreind út frá almennum kröfum sem teknar eru nánast orðrétt upp úr tilskipun 97/67/EB og síðan með tilliti til þjónustuþátta sem efnislega miðast einnig við tilskipunina. Eins og segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu er ein helsta breyting frumvarpsins frá gildandi lögum að lögð er áhersla á að í stað þess að ríkið taki á sig skyldur við landsmenn í formi grunnpóstþjónustu leggi íslenska ríkið skyldur á rekstrarleyfishafa að tryggja landsmönnum alþjónustu með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Til þess að ná megi þessu markmiði er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu. Kvaðir þessar skulu skráðar í leyfisbréf viðkomandi rekstrarleyfishafa. Stofnunin skal einnig hafa eftirlit með því að staðið sé við skyldur ríkisins samkvæmt alþjóðlega póstsamningnum enda hafi hann verið staðfestur af ríkisstjórninni.

Hinar almennu kröfur sem uppfylla skal með alþjónustu eru taldar upp í 2. mgr. Í fyrsta lagi skal alþjónusta uppfylla grunnkröfur og er útlistun á þeim að finna í orðskýringum 4. gr. Sem dæmi um grunnkröfur eru ákvæði um leynd bréfaskipta og flutning hættulegrar vöru en hvoru tveggja eru gerð nánari skil í öðrum greinum þessa frumvarps. Í öðru lagi er um að ræða kröfur um jafnræði, órofna þjónustu og þróun þjónustu í takt við þjóðfélagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Í næstu málsgrein er upptalning alþjónustuþátta, þ.m.t. aðgangur að póstafgreiðslu og póstþjónustu vegna ýmissa sendingartegunda. Tegundir póstsendinga sem falla undir alþjónustu eru að mestu leyti í samræmi við 4. gr. gildandi laga sem fjallar um skyldur ríkisins, þ.e. grunnpóstþjónustu. Þess ber samt að geta að bögglasendingar í alþjónustu eru samkvæmt fyrrnefndri tilskipun takmarkaðar við 10 kg, en innlendum eftirlitsstofnunum er þó heimilt að hækka mörkin í 20 kg. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að festa mörkin við 20 kg. Í stað verðsendinga í gildandi lögum koma tryggðar sendingar þar sem sendandi kaupir tryggingu í samræmi við verðmæti sendingarinnar. Í samræmi við tilskipunina er sett 2 kg hámark fyrir blindrasendingar sem falla undir alþjónustu. Við upptalningu á dagblöðum, vikublöðum og tímaritum hefur verið bætt bókum og verðlistum.

Alþjónustu tengjast ýmsar skyldur ríkisins um dreifingu á pósti sem kemur frá útlöndum. Þar á meðal er skylda að dreifa bögglum allt að 20 kg. 5. mgr. kemur í stað 5. gr. gildandi laga.

Samgönguráðherra er í frumvarpinu veitt heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu. Slík reglugerð mun koma í stað gildandi reglugerðar um grunnpóstþjónustu og er talið æskilegt að hún verði birt sem fyrst eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Um 7. gr.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkaréttur ríkisins haldist á ákveðnum tegundum póstsendinga í samræmi við tilskipun 97/67/EB, þó þannig að hærri þyngdarmörk bréfa í einkarétti verði 250 g í stað 350 g á sama hátt og kveðið er á um í gildandi lögum. Samkvæmt orðskýringu er ekki litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu. Við það að innleiða ákvæði tilskipunarinnar um einkarétt er ekki lengur rétt að undanskilja þær tegundir sendinga sem nefndar eru í lok 2. tölul. 6. gr. gildandi laga. Ekki er talið nauðsynlegt að heimila samgönguráðherra að setja reglugerð um takmörkun eða afnám einkaréttar póstsendinga til og frá útlöndum þar eð ákvæði þessu aðlútandi eru í meginatriðum hin sömu

og fyrir innlendar póstsendingar, sbr. 1. tölul. Markpóst má samkvæmt tilskipun 97/67/EB fella undir einkarétt að svo miklu leyti sem það telst nauðsynlegt til þess að tryggja alþjónustu. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að beita þessu ákvæði þar eð ekki verður séð að alþjónustu sé á neinn hátt stefnt í hættu þó að ekki sé veittur einkaréttur á þessari póstsendingartegund. Markpóstur er því felldur undir alþjónustu. Orðskýringu á markpósti er að finna í 4. gr. og er hún í samræmi við tilskipunina. Þar eð markpóstur er ekki nefndur í gildandi lögum er hér um nýmæli að ræða. Þá er 2. tölul. nýmæli í lögum en í samræmi við fyrrnefnda tilskipun. Tilgangurinn er greinilega að tryggja að einungis einkaréttarhafa verði falin póstþjónusta á birtingu stefnu eða öðrum tilkynningum stjórnvalda til þegna sinna.

Um 8. gr.

Fyrsti málsliður greinarinnar er óbreyttur frá gildandi lögum. Við bætast ákvæði um að rekstrarleyfishafi sem falinn er einkaréttur ríkisins skuli gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Sami aðili skal einnig annast skipti á frímerkjum við erlenda aðila samkvæmt alþjóðapóstsamningnum. Tekið er skýrt fram um eignarrétt íslenska ríkisins á erlendum frímerkjum sem hingað eru send samkvæmt samningnum.

Um 9. gr.

Einkarétti ríkisins á uppsetningu póstkassa er viðhaldið með frumvarpinu en með möguleika á því að öðrum rekstrarleyfishöfum en þeim sem falinn er einkaréttur ríkisins megi heimila uppsetningu póstkassa á almannafæri. Það er gert að skilyrði að slíkir póstkassar verði merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa. Það nýmæli er hér að Póst- og fjarskiptastofnun er veitt heimild til að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp. Er tilgangurinn að tryggja að almenningur þurfi ekki að fara langar leiðir til að koma sendingum í póst og er Póst- og fjarskiptastofnun með þessu veitt heimild til að ákveða lágmarksfjölda póstkassa. Við þessa ákvörðun verður stofnunin að gæta þess að finna eðlilegt jafnvægi milli þjónustustigs og kostnaðar. Sambærilegt ákvæði gildir um almenningssíma í lögum um fjarskipti og reglugerð um alþjónustu á fjarskiptasviði.

Um 10. gr.

Efnislega er ákvæði þessarar greinar um auðkenni óbreytt frá gildandi lögum en þar er þau að finna í 9. og 13. gr.

Um 11. gr.

Greinin um framsal á einkarétti ríkisins kemur í stað 12. gr. gildandi laga. Tekið er fram að það eru einungis rekstrarleyfishafar, þ.e. póstrekendur sem veita alþjónustu, sem fela má einkaréttinn. Þurfi að velja á milli rekstrarleyfishafa til að fara með einkaréttinn skal hafa til hliðsjónar að hægt verði að tryggja fullnægjandi alþjónustu um allt land. Rekstrarleyfishafi kemur þannig í stað póstrekanda í gildandi lögum en það er í samræmi við nýja orðskýringu 4. gr. á orðinu póstrekandi. Ef einungis einum aðila hefur verið veitt rekstrarleyfi kemur það óhjákvæmilega í hlut hans að bera alþjónustuskyldur.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða aðra veigamikla breytingu á útfærslu frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir tvenns konar heimildum til að starfrækja póstþjónustu, almennum heimildum og rekstrarleyfi. Rekstrarleyfi þarf til að veita alþjónustu en aðra póstþjónustu má veita í samræmi við almenna heimild. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um póstþjónustu

sem veita má samkvæmt almennri heimild og póstrekendur sem skrá sig með tilkynningu skuli starfa í samræmi við reglurnar. Þessum aðilum verði ekki sent leyfisbréf. Tekið er fram að við veitingu heimilda skuli gæta jafnræðis og meðalhófs og að málsmeðferð skuli hlíta viðurkenndum reglum stjórnsýslunnar.

Almennar heimildir koma í stað skráningarskyldu skv. 20. gr. gildandi laga. Í stað þess að samgönguráðherra setji reglugerð um ákvæði sem tengjast skráningu er í frumvarpinu gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um almennar heimildir enda líkur á að um verði að ræða einfalda skilmála.

Einstaklingar eða lögaðilar sem hafa staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins fá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar sama rétt og Íslendingar til að sækja um heimildir til að veita póstþjónustu. Þar að auki er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra geti með reglugerð veitt öðrum aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sams konar rétt.

Nýtt ákvæði er um framsal leyfa á þann veg að breytist eignaraðild og kennitala fyrirtækis sem starfar samkvæmt almennri heimild verður að skrá það á ný og sömuleiðis verður að sækja um nýtt rekstrarleyfi ef eignaraðild og kennitala aðila sem hefur rekstrarleyfi breytist enda er upplýsinga um eignaraðild og fjárhagsstöðu krafist þegar sótt er um heimildir. Breytt hlutafjáreign í fyrirtæki sem starfar áfram með óbreytta kennitölu gefur ekki tilefni til nýrrar skráningar eða að sækja þurfi um nýtt rekstrarleyfi.

Af síðasttalda ákvæðinu leiðir að það verður að vera heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi þegar fyrirtæki leggur niður starfsemi sína eða verður gjaldþrota. Sömuleiðis er sett inn ákvæði um að afturkalla megi leyfi ef alvarlega er brotið gegn settum skilmálum en gert er ráð fyrir því að áður en til slíks kemur verði viðkomandi gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu. Í lögum um fjarskipti eru sams konar ákvæði um afturköllun heimilda og hér eru lögð til.

Um 13. gr.

Þeim sem vilja starfrækja póstþjónustu í samræmi við reglur um almennar heimildir ber að tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun minnst fjórum vikum fyrir opnun þjónustu og upplýsa m.a. um fyrirhugaða póstþjónustu sína. Þennan tíma skal stofnunin nota til að kanna hvort fyrirhugaður rekstur kann að falla undir ákvæði um alþjónustu. Sé það niðurstaðan ber viðkomandi póstrekanda að sækja um rekstrarleyfi en ef ekki getur póstrekandi hafið starfsemi og er jafnframt skráður hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Með þessari tilhögun er póstrekendum öðrum en þeim sem vilja veita alþjónustu gert mun auðveldara fyrir að hefja starfsemi. Hins vegar er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að stöðva starfsemi póstrekanda sem hefur látið hjá líða að tilkynna sig. Stofnuninni er samkvæmt frumvarpinu gert að halda skrá yfir póstrekendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

Um 14. gr.

Greinin kemur í stað 11. gr. í gildandi lögum og segir til um hvernig sækja skuli um rekstrarleyfi til þess að starfrækja alþjónustu. Umsækjandi skal auk almennra upplýsinga um sig og fjárhagsstöðu sína skýra hvaða þjónustu hann hyggst bjóða og á hvaða svæði. Þegar leyfi er veitt getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á ýmsar kvaðir er varða alþjónustuna eða afmarkaða þætti hennar annaðhvort alls staðar á landinu eða á sérstökum svæðum. Tilgangur þessa er að tryggja að póstþjónusta innan marka alþjónustu standi öllum landsmönnum til boða. Póst- og fjarskiptastofnun getur valið að fela einum rekstrarleyfishafa alþjónustu á öllu landinu en það kemur ekki í veg fyrir að aðrir rekstrarleyfishafar geti veitt alþjónustu. Sömuleiðis getur stofnunin valið að fela fleiri rekstrarleyfishöfum en einum að tryggja alþjónustu

á mismunandi svæðum. Slíkt kemur heldur ekki í veg fyrir að samkeppni geti átt sér stað á þessum svæðum milli rekstrarleyfishafanna. Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin en auk þess er stofnuninni heimilt að breyta ákvæðum leyfisbréfa og leggja breyttar kvaðir á leyfishafa, t.d. þegar markaðsaðstæður, löggjöf eða alþjóðasamningar breytast. Einnig geta komið til ástæður sem ekki eru fyrirsjáanlegar við gerð þessa frumvarps.

Um 15. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur samkvæmt frumvarpinu sett ýmis skilyrði fyrir rekstrarleyfi en þau eru að verulegu leyti samhljóða skilyrðum 13. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi til þess að tryggja aðgang almennings að alþjónustu og í öðru lagi að leggja á einn af rekstrarleyfishöfunum að fara með einkarétt ríkisins og réttindi þau og skyldur sem einkaréttinum fylgja, sbr. 7.–10. gr. Setja má skilyrði um að gjaldskrá rekstrarleyfishafa sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar en auk þess má reikna með að sett verði sérstakt skilyrði í leyfi sem einkaréttur fylgi að gjaldskrá verði lögð fyrir stofnunina til samþykktar. Gera verður ráð fyrir að með þessu skilyrði megi tryggja að í fyrsta lagi verði gjaldskrá viðráðanleg fyrir landsmenn og í öðru lagi að tekjum af einkaréttarþjónustu verði ekki varið til að greiða niður kostnað við aðra þætti alþjónustu sem gæti komið í veg fyrir samkeppni. Sama tilgang hefur skilyrði um bókhald rekstrarleyfishafanna. Annað skilyrði snýr að því að tryggja notendum lágmarksþjónustu og gæði. Með hliðsjón af mikilvægi póstþjónustu fyrir allt atvinnulíf í landinu má setja skilyrði um að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar um fjárhagsstöðu þeirra til þess að gera megi ráðstafanir til að komast hjá rekstrarstöðvun vegna fjárhagserfiðleika. Þessu tengist enn fremur annað skilyrði sem er um tryggingu sem hægt er að krefjast af rekstrarleyfishafa og gripið verður til ef til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots kynni að koma. Gera má það skilyrði að alþjóðasamningar sem ríkið hefur undirritað séu virtir af rekstrarleyfishafa. Skilyrði má setja um að uppfylltar séu almennar kröfur til alþjónustu, sbr. 6. gr. Að lokum má setja sem skilyrði að greitt verði leyfisgjald og árlegt rekstrargjald í samræmi við ákvæði laga um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilað að setja viðbótarskilyrði ef nauðsynlegt telst og hægt er að rökstyðja þörf þeirra. Hér er m.a. haft í huga að endurskoðun tilskipunar 97/67/EB hefur verið til umræðu án þess að niðurstaða hafi fengist en líklegt er að breytingar verði gerðar á sumum ákvæðum hennar. Skilyrðum leyfisbréfa má einnig breyta í samræmi við breytingar á lögum og reglum eins og sjálfsagt má telja.

Í 3. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun veitt skýr heimild til að setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag póstafgreiðslustaða en slík heimild er ekki í gildandi lögum. Vegna þeirrar þróunar sem í gangi er til hagræðingar á póstafgreiðslustöðum og í mörgum tilfellum um sameiningu póstafgreiðslustaða við aðra þjónustuafgreiðslu eða verslun hefur verið talið nauðsynlegt að stofnunin setti reglur í þessa veru. Í reglunum þarf að gera ýmsum fyrirkomulagsatriðum skil, svo sem um öryggi og leynd pósts, óheftan aðgang að afgreiðslu og starfsþjálfun starfsfólks.

Um 16. gr.

Greinin sækir efni sitt að hluta til í 18. gr. gildandi laga. Bætt er við ákvæði um tímafresti sem póstrekendur hafa til að senda Póst- og fjarskiptastofnun nýja og breytta skilmála fyrir þjónustu og einnig um að stofnunin geti krafist breytinga á skilmálum ef þeir eru í ósamræmi við lög, reglugerðir og ákvæði rekstrarleyfa hvort sem um almennar heimildir eða rekstrarleyfi er að ræða. Nýtt ákvæði er um notkun frímerkingavéla og eftirlit rekstrarleyfishafa með

þeim. Með hliðsjón af því að frímerkingavélar eru annar kostur við sölu þjónustu en að notandi komi á afgreiðslustað þykir rétt að leyfishafar setji sjálfir reglur um eftirlit með notkun vélanna. Hins vegar er ekki heimilt að banna notkun þeirra. Þá er nýtt ákvæði um að í skilmálum alþjónustu skuli skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

Ákvæði um gjaldskrá fyrir alþjónustu eru efnislega hin sömu og eru í gildandi lögum fyrir grunnpóstþjónustu. Bætt er við heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að krefjast þess að gerð sé grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár. Ákvæði 6. gr. um að gjöld fyrir alþjónustu skuli vera almenningi viðráðanleg eru endurtekin hér til áherslu. Þegar um er að ræða gjaldskrá einkaréttarhafa er áskilið að gjaldskráin sé lögð fyrir Póst- og fjarskiptastofnun með nægum fresti til að stofnunin geta efnislega metið tillögurnar. Ákvæði 19. gr. gildandi laga hefur verið sett í þessa grein en 4. mgr. 18. gr. gildandi laga er aftur á móti að finna í 18. gr. frumvarpsins, þ.e. um skyldu samgönguráðherra að setja reglugerð um bókhald póstrekanda.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og fjallar um endastöðvagjöld fyrir millilandasendingar. Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 13. gr. tilskipunar 97/67/EB og segir til um hvaða reglum skuli fylgt við ákvörðun á endastöðvagjaldi fyrir póst frá útlöndum sem fellur undir alþjónustu.

Um 18. gr.

Þessi grein kemur að nokkru leyti í stað f-liðar 13. gr. gildandi laga og segir til um tilhögun bókhalds rekstrarleyfishafa. Í fyrsta lagi ber rekstrarleyfishöfum að greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu sem þeir veita til þess að hægt verði að framfylgja ákvæðum 16. gr. Í öðru lagi skal einkaréttarhafi aðgreina kostnað og tekjur fyrir alla þjónustu sem fellur undir einkaréttinn frá annarri alþjónustu til þess að Póst- og fjarskiptastofnun geti sannreynt að gjaldskrá sé í samræmi við tilkostnað. Í þriðja lagi skulu póstrekendur sem stunda óskylda leyfisbundna starfsemi halda kostnaði og tekjum af póststarfsemi aðgreindum frá öðrum tekjum og kostnaði. Hér er höfð í huga t.d. banka- og fjármálastarfsemi og fjarskiptaþjónusta. Í 3. mgr. er sú skylda lögð á Póst- og fjarskiptastofnun að tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerð samgönguráðherra, sbr. athugasemdir við 16. gr.

Um 19. gr.

Þessi grein er nýmæli og þjónar þeim tilgangi að minna rekstrarleyfishafa á að ákvæði 18. gr. fría þá ekki frá því að fara að lögum um bókhald og ársreikninga.

Um 20. gr.

Þessi grein er ásamt 21.–25. gr. endurskoðun á almennum reglum um póstþjónustu sem eru í VIII. kafla gildandi laga en auk þess hefur verið bætt við nýjum ákvæðum. Það nýmæli er í 20. gr. að tryggja skuli að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu skulu verða tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag í samræmi við tilskipun 97/67/EB. Þetta ákvæði nær til móttökurifa á póstafgreiðslustöðum og póstkassa á almannafæri.

Um 21. gr.

Hér er fært í lög að póstsendingar innan marka alþjónustu skulu bornar út alla virka daga alls staðar á landinu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður komi í veg fyrir útburð. Slíkar kringumstæður geta verið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður. Póst- og fjarskiptastofnun gerði árið 1999 könnun á möguleikum þess að koma á út-

burði pósts hvern virkan dag alls staðar á landinu. Kostnaður á ári var þá áætlaður tæplega 100 millj. kr. umfram þáverandi kostnað við útburð pósts. Með því að fella útburð pósts á virkum dögum undir alþjónustukvaðir verður að gera ráð fyrir að almenn gjaldskrá rekstrarleyfishafa sem veitir alþjónustu verði að hækka samsvarandi.

Um 22. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun er falið að setja kröfur um gæði í alþjónustu. Kröfurnar eiga m.a. að lúta að lengstum tíma frá móttöku póstsendinga til útburðar, hver eigi að vera lágmarksopnunartími póstafgreiðslustaða á mismunandi stöðum, hversu oft póstkassar eru tæmdir á dag umfram lágmarksákvæði 20. gr. og tímasetningar um póst til og frá útlöndum. Ekki er gert ráð fyrir að kröfur verði umfram það sem þekkist í nágrannalöndum. Í greininni er vísað til viðauka í sambandi við póstsendingar milli landa í Evrópska efnahagssvæðinu sem eru í samræmi við tilskipun 97/67/EB. Gert er ráð fyrir að hægt sé að veita undanþágu frá gæðakröfum í sérstökum tilfellum enda hætt við að kostnaður geti orðið óheyrilega mikill ef sömu gæðakröfur eru settar án undantekninga alls staðar á landinu. Sú skylda er lögð á Póst- og fjarskiptastofnun að gera á hverju ári könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöðu hennar. Slík birtingarskylda mun væntanlega auka skyn almennings á veittri þjónustu.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér ábendingu til rekstrarleyfishafa að fara eftir stöðlum. Búast má við að stöðlum á póstsviði fjölgi á næstu árum eftir því sem meiri tækni verður beitt við meðhöndlun póstsendinga.

Um 24. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða þar sem settar eru skyldur á póstrekendur í sambandi við póstsendingar í vörslu þeirra. Að auki er Póst- og fjarskiptastofnun falið að setja reglur um öryggismál á póstafgreiðslustöðum sem tengist ákvæðum 3. mgr. 15. gr.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Um er að ræða nýmæli sem tengist innihaldi 24. gr. og teygir skyldur um öryggi póstsendinga til flutningsaðila sem flytja póstsendingar.

Um 27. gr.

Kaflinn um jöfnunarsjóð alþjónustu hefur verið endurskoðaður og honum breytt til samræmis við samsvarandi ákvæði í lögum um fjarskipti en þar er komin nokkur reynsla á starfrækslu jöfnunarsjóðs fyrir alþjónustu. Í 27. gr. er gerð grein fyrir því hvenær hægt er að sækja um fjárframlag vegna taprekstur á alþjónustu eða vegna þess að þjónustan er óarðbær. Rekstrarleyfishafa sem hefur verið falinn einkaréttur ríkisins er þó óheimilt að sækja um fjárframlag þó að alþjónusta hans eða hluti hennar sé rekin án hagnaðar. Þar eð einkaréttarhafi hefur ýmis réttindi umfram aðra rekstrarleyfishafa þykir ekki koma til greina að þeir verði látnir fjármagna taprekstur hans á ákveðnum hluta alþjónustu auk þess sem gera verður ráð fyrir að í skjóli einkaréttar verði auðveldara fyrir hann að haga gjaldskrá í samræmi við tilkostnað.

Ekki er gert ráð fyrir að umsóknir um fjárframlög verði afgreiddar sjálfkrafa og Póst- og fjarskiptastofnun hefur skyldur skv. 2. mgr. til að kanna hvort þjónustan verði tryggð með öðrum hætti en fram til þess að umsókn var lögð inn. Ef það er mat stofnunarinnar að þjónustan sé nauðsynleg með hliðsjón af 6. gr. og verði ekki innt af hendi á hagkvæmari hátt skulu rekstrarleyfishafa tryggð fjárframlög úr jöfnunarsjóði.

Í 3. mgr. er lýst nánar vinnslu umsókna og heimildum Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að krefjast allra upplýsinga sem máli skipta. Ákvæði 27. gr. eru efnislega svipuð og 31. gr. gildandi laga en að sumu leyti ítarlegri.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. gildandi laga með þeirri undantekningu að ákvæði um reglugerð sem samgönguráðherra skal setja hefur verið flutt í 27. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Hér er að nokkru leyti um nýmæli að ræða sem á að vera hægt að beita í sérstökum tilfellum þegar samgönguráðherra telur brýnt að leggja út í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki heyrir undir alþjónustu og ekki er hægt að reikna með að skili arði. Slík tilfelli geta tengst almenningsheill, öryggismálum, umhverfisástæðum eða byggðasjónarmiðum. Póst- og fjarskiptastofnun skal falið að gera samninga um slíkar framkvæmdir eða þjónustu að undangengnu útboði.

Um 30. gr.

Hér er kveðið á um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda eða þjónustu skv. 29. gr. Ákvæðið er sambærilegt við 7. mgr. 30. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Kaflinn um almennar reglur um póstþjónustu í gildandi lögum hefur verið að talsvert endurbættur. Í þessari grein er t.d. fjallað um móttöku póstsendinga af hálfu póstrekenda. Póstrekendum er heimilað að setja í skilmála sína ákvæði um frágang póstsendinga en þeim jafnframt lögð sú skylda á herðar að kynna sér að frágangur sendinga geri kleift að koma þeim til skila. Í 2. mgr. eru ákvæði um gjaldmerki í alþjónustu sem eru mun ítarlegri en ákvæði 22. gr. gildandi laga. Hér er fjallað um gjaldmerki í formi frímerkja, stimplunar gjaldmerkis í frímerkingavélum og áprentunar gjaldmerkja hjá rekstrarleyfishafa. Samkvæmt þessu ákvæði er notendum heimil notkun frímerkingavéla til þess að setja gjaldmerki á póstsendingar en rekstrarleyfishöfum er heimilt að setja reglur um notkun þeirra, sbr. 16. gr.

Ekki eru því gerð skil í gildandi lögum hvort frímerki skuli bera verðgildi eða hvort þau megi vera ávísun á ákveðna póstþjónustu, sér í lagi varðandi tiltekinn þyngdarflokk bréfa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frímerki beri verðgildi en að Póst- og fjarskiptastofnun geti þegar sérstaklega stendur á heimilað að sett verði tímabundið í umferð frímerki án verðgildis. Gera verður ráð fyrir að slík heimild verði veitt þegar gripið er til gjaldskrárhækkana með stuttum fyrirvara en slík tilfelli ættu að vera undantekning.

Gert er ráð fyrir að póstrekendur geti tekið við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki sé sett á hverja einstaka sendingu en með því skilyrði að póstsendingarnar verði merktar sérstaklega með fjöldasendingarmerki og að þær verði dagstimplaðar.

Í 3. mgr. er sett í lög að allar póstsendingar í alþjónustu skuli dagstimplaðar eins fljótt og hægt er eftir móttöku en taka má tillit til hagkvæmni rekstrarleyfishafa við framkvæmd dagstimplunar. Dagstimplun er talin vera mikilvægur þáttur póstþjónustu þar eð hún gefur til

kynna hvenær sendandi afhenti rekstrarleyfishafa viðkomandi sendingu. Sú dagsetning getur verið allt önnur en dagsetning innihalds. Þess munu t.d. vera dæmi að mikilvægar tilkynningar hafi verið afhentar í póst löngu eftir að þær eru dagsettar en það er ekki hægt að sanna nema sendingin sé dagstimpluð. Einhver kostnaður fylgir þessu hjá rekstrarleyfishafa, en kostirnir eru hins vegar ótvíræðir fyrir notendur póstþjónustu.

Í 4. mgr. er að finna ákvæði 23. og 25. gr. gildandi laga. Seinna ákvæðinu hefur verið breytt á þann veg að gert er ráð fyrir að reglur um bréfakassa og bréfarifur verði að finna í byggingarreglugerð en ekki í reglugerð samgönguráðherra.

Fimmta málsgrein er efnislega eins og 24. gr. gildandi laga. Sömuleiðis er í 6. mgr. ákvæði 26. gr. gildandi laga en bætt hefur verið við ákvæði sem tryggir sendanda ráðstöfunarrétt yfir póstsendingu þangað til að hún hefur verið afhent viðtakanda. Þannig getur hann gefið póstrekanda ný fyrirmæli, t.d. um endursendingu ef svo ber undir eða um að breyta heimilisfangi viðtakanda. Eðlilegt þykir að heimila póstrekanda að taka aukagjald vegna vinnu sem hlýst af nýjum fyrirmælum sendanda.

Um 32. gr.

Ákvæði um vanskilasendingar koma í stað 29. gr. gildandi laga. Sá kostur hefur verið valinn að setja hér mikilvægustu ákvæðin í lög í stað þess að að veita samgönguráðherra sérstaka heimild til að setja reglugerð, sbr. þó 34. gr.

Póstrekanda er lögð sú skylda á herðar að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingu til skila. Komi í ljós að skráðan viðtakanda er ekki að finna vegna ófullnægjandi eða rangs heimilisfangs ber póstrekanda að endursenda póstsendinguna til sendanda. Það hefur farið í vöxt að póstsendingar séu stílaðar á heimilisfang innan lands þó að viðtakandi sé fluttur til útlanda enda sparar sendandi á því í burðargjaldi. Hér hefur verið bætt við sérstöku ákvæði sem heimilar póstrekanda að endursenda slíkar póstsendingar til sendanda. Sams konar ákvæði er um ógreiddar eða vangreiddar póstsendingar. Ef ekki er hægt að endursenda vanskilasendingu vegna ónógra upplýsinga á umbúðum póstsendingar er heimilt að opna sendinguna ef upplýsingar um sendanda skyldi vera að finna í innihaldinu. Vegna augljósrar hættu á misnotkun þessa ákvæðis er uppálagt að opnun póstsendinga af þessu tilefni skuli aðeins fara fram í viðurvist fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 4. mgr. er sams konar ákvæði og í seinni málsgrein 29. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Ýmsa hluti er óheimilt að afhenda til sendingar með póstþjónustu. Í 1. mgr. er lagt bann við póstsendingum með innihaldi sem telst vera ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir viðtakanda. Með þessu er verið að gefa almennt til kynna hvað getur fallið undir óheimilar póstsendingar og verður að skoða þetta ákvæði sem mjög almenn skilaboð til sendenda. Síðan er gert ráð fyrir að samgönguráðherra birti í reglugerð um póstþjónustu lista yfir hluti sem flokkast undir ólögmætt innihald, t.d.eiturlyf og geðlyf. Póst- og fjarskiptastofnun skal samkvæmt frumvarpinu semja sundurliðaðan lista yfir þessa hluti og verða póstrekendur skyldaðir til að upplýsa starfsfólk sitt um listann. Enn fremur er gert ráð fyrir að listinn verði sendur Alþjóðapóstsambandinu til þess að ljóst sé á alþjóðavettvangi hvaða sendingar teljast ólögmætar hér á landi. Í 4. mgr. er efnislega óbreytt ákvæði 28. gr. gildandi laga.

Um 34. gr.

Fyrsti hluti greinarinnar fjallar almennt um umbúðir póstsendinga og veitir póstrekendum heimild til að hafna póstsendingum ef talin er hætta á því að umbúðir og innihald geti

skemmst í meðförum vegna lélegs frágangs. Síðan segir að skilyrða megi móttöku sendinga með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt sérstaklega. Nefnd eru ákveðin dæmi um innihald af þessu tagi en gert er ráð fyrir að nánari reglur um slíkar sendingar verði settar í reglugerð. Verða þar höfð til hliðsjónar ákvæði alþjóðapóstsamningsins. Reglur þessar eiga að vera öllum aðgengilegar og er Póst- og fjarskiptastofnun falið að upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um þær takmarkanir sem hér gilda og afla upplýsinga um samsvarandi reglur erlendis þannig að sendendum megi vera ljóst hvað má senda í pósti til annarra landa.

Um 35. gr.

Greinin leggur fyrir samgönguráðherra að setja reglugerð um frekari útfærslu 31.–33. gr.

Um 36. gr.

Greinin er nýmæli um skyldu póstrekenda til í fyrsta lagi að veita Póst- og fjarskiptastofnun tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína og eru í greininni nefndar sem dæmi ýmsar upplýsingar af þessu tagi. Mjög erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um ýmsa þætti póststarfsemi hjá póstrekendum vegna þess að vantað hefur lagaheimild til þess að krefjast upplýsinganna, m.a. hefur ekki verið hægt að fá upplýsingar um umfang póstþjónustu á Íslandi til birtingar í ritum Alþjóðapóstsambandsins. Í öðru lagi skulu þeir veita upplýsingar um rekstur og fjárhag til þess að hafa megi eftirlit með gjaldskrá fyrir póstþjónustu rekstrarleyfishafa. Sérákvæði er um skyldur einkaréttarhafa í þessu sambandi þar eð Póst- og fjarskiptastofnun ber að fara yfir kostnaðargrundvöll fyrir gjaldskrá í einkarétti. Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að stofnunin eða löggiltir endurskoðendur í umboði hennar hafi aðgang að bókhaldi rekstrarleyfishafa í sambandi við alþjónustu og á það einkum við þegar óskað er eftir fjárframlögum úr jöfnunarsjóði, sbr. 27. gr. Með 3. mgr. eru rekstrarleyfishafar skyldaðir til að láta í té upplýsingar um gæði póstþjónustu, sbr. 22. gr.

Um 37. gr.

Sú breyting er gerð á kaflanum um skaðabætur frá gildandi lögum að ákvæði hans gilda um alla póstþjónustu nema annað sé tekið fram en ekki einungis til grunnpóstþjónustu, nú alþjónustu, eins og í gildandi lögum. Greinin er efnislega eins og 2. mgr. 35. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Hér segir að almennar póstsendingar skuli vera undanþegnar skaðabótaskyldu ef þær glatast að öllu eða einhverju leyti. Með almennum sendingum er hér átt við póstsendingar aðrar en nefndar eru í 39.–40. gr. Ákvæðið felur í sér nánari skilgreiningu á ákvæði 1. mgr. 35. gr. gildandi laga.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 36. gr. gildandi laga og gerir grein fyrir bótaskyldu vegna glataðra eða skemmdra ábyrgðarsendinga og böggla.

Um 40. gr.

Efnislega er greinin nær óbreytt frá 37. gr. gildandi laga. Í stað hugtaksins verðsending er nú notað tryggð sending enda meira í samræmi við þjónustuna eins og hún er veitt.

Um 41. gr.

Miðað við samsvarandi grein í gildandi lögum, 38. gr., hefur orðalag um skaðabótaskyldu verið hert þannig að ekki leiki neinn vafi á skyldu póstrekanda til að greiða skaðabætur þegar tilefni er til.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 39. gr. gildandi laga.

Um 43. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 40. gr. gildandi laga en gildissvið hennar skýrt að því leyti að tekið er fram að ákvæðið nái til glataðra sendinga.

Um 44. gr.

Efni þessarar greinar er mjög líkt 41. gr. gildandi laga en orðaröð hefur verið breytt.

Um 45. gr.

Frestur til að krefjast greiðslu skaðabóta hefur verið styttur úr einu ári í sex mánuði í samræmi við alþjóðapóstsamninginn.

Um 46. gr.

Greinin er samhljóða 32. gr. í gildandi lögum nema ekki er lengur kveðið á um að þeir sem ákvæðið beinist að séu ráðnir með ráðningarsamningi eða verksamningi. Ákvæðið nær eftir þessa breytingu til allra sem starfa við póstþjónustu, sama með hvaða hætti það er.

Um 47. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 33. gr. gildandi laga. Þó hefur verið bætt inn ákvæði um viðurvist fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar þegar vanskilasendingar eru opnaðar, sbr. 32. gr. Þá er póstrekanda gert að skyldu að skrá þær sendingar sem hann opnar með heimild samkvæmt greininni. Enn fremur hefur verið felld niður tilvísun í setningu reglugerðar um póstleynd og opnun póstsendinga þar eð talið er að ákvæði greinarinnar séu tæmandi.

Um 48. gr.

Hér er um að ræða nýmæli sem nauðsynlegt er að innleiða í lög um póstþjónustu þar sem starfsmenn Íslandspósts eru ekki lengur opinberir starfsmenn og falla þess vegna ekki undir ákvæði 137. gr. almennra hegningalaga.

Um 49. gr.

Hér er annað nýmæli sem skyldar póstrekendur til að kynna starfsfólki sínu, svo og verktökum sem þeir fela hluta af póstþjónustu sinni, ákvæði um póstleynd og undanþágur sem veittar eru. Með hliðsjón af mikilvægi þess að notendur geti treyst því að póstleynd gildi um ýmsar sendingar verður að krefjast þess að starfsfólki póstrekenda sé kunnugt um þessar reglur.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 44. gr. gildandi laga nema ákvæðið gildir samkvæmt frumvarpinu einungis fyrir rekstrarleyfishafa en ekki fyrir alla póstrekendur.

Um 52. gr.

Greinin um viðurlög er óbreytt frá 45. gr. gildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 46. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi í ársbyrjun 2002 og samtímis falli úr gildi lög nr. 142/1996, með síðari breytingum.

Um viðauka.

Hér er fjallað um gæðakröfur í sambandi við póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við viðauka við tilskipun 97/67/EB.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um póstþjónustu.

Markmið frumvarpsins er að kveða skýrar á um rétt landsmanna til lágmarkspóstþjónustu og er í því sambandi tekið upp hugtakið alþjónusta í stað grunnpóstþjónusta sem er notað í núgildandi lögum. Í öðru lagi eru ákvæði um heimildir til að starfrækja póstþjónustu. Annars vegar er almenn heimild sem táknar skráningu póstrekenda eftir tilkynningu hans til Póst- og fjarskiptastofnunar og hins vegar rekstrarleyfi sem þarf til að veita alþjónustu. Í þriðja lagi eru ný ákvæði um gæði póstþjónustunnar. Í fjórða lagi er ákvæði um jöfnunarsjóð alþjónustu. Verði frumvarpið að lögum falla niður lög um póstþjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum.

Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um jöfnunargjald sem skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Jafnframt segir að jöfnunargjaldið skuli ákveðið árlega með lögum. Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun ekki koma til álagningar jöfnunargjalds á árinu 2003 þar sem leggja þarf fram sérstakt frumvarp þar að lútandi. Sé ætlunin að innheimta jöfnunargjald á árinu 2003 vegna bókfærðrar veltu ársins 2002 verður álagningarhlutfallið að lögfestast fyrir 1. janúar 2002.

Samkvæmt 29. gr. frumvarpsins getur samgönguráðherra óskað eftir að lagt verði í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu. Verði kostnaður af þessari sértæku póstþjónustu skal honum mætt innan gildandi fjárlaga og útgjaldaramma samgönguráðuneytisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Ekki verður heldur séð af frumvarpinu að leggja eigi á jöfnunargjald vegna alþjónustunnar á árinu 2002 og því ekki gert ráð fyrir auknum tekjum. Ekki liggja fyrir áætlanir um hve miklum tekjum gjaldið mun skila verði það lagt á.

170. Frumvarp til laga [169. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

42.3. Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

42.4. Ráðherra skipar samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins og skal annar þeirra vera varaformaður, einn skal tilnefndur af fjármálaráðherra og aðrir, þar á meðal formaður, skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samningar nefndarinnar skulu gerðir í samræmi við skilgreind markmið, sbr. 3. mgr. 42. gr., og með tilliti til hagkvæmni og gæða þjónustunnar. Samningarnir skulu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu og hvar hún skuli veitt.

42.5. Ráðherra gerir verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Læknishjálp sem samið hefur verið um skv. 39. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Að svo miklu leyti sem samningar skv. 39. gr. ná ekki til sjúkrahjálpar samkvæmt framansögðu getur ráðherra ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti með reglugerð.

3. gr.

Lokamálsgrein 33. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa sem samið hefur verið um skv. 39. gr. Um gjald sem sjúkratryggður einstaklingur greiðir fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun læknis fer samkvæmt gjaldskrá ráðherra, sbr. 2. mgr.

b. 1. málsl. b-liðar 1. mgr. orðast svo: Nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum sem samningar skv. 39. gr. taka til.
c. Í stað orðanna „sem ákveðið skal með reglugerð“ í 3. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, sbr. 2. mgr.
d. Í stað orðsins „reglugerð“ í 2. málsl. c-liðar 1. mgr. kemur: gjaldskrá, sbr. 2. mgr.
e. D-liður 1. mgr. fellur brott og breytist stafrófsröð annarra liða samkvæmt því.
f. F-liður 1. mgr. orðast svo: Aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum samkvæmt samningum skv. 39. gr. og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
g. K-liður 1. mgr. orðast svo: Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum skv. 39. gr.
h. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Heimilt er að breyta greiðslum sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt þessari grein með reglugerð og ákveða hámark eininga í lyfjaávísunum. Sjúkratryggðir einstaklingar skulu greiða gjald fyrir þjónustu samkvæmt þessari grein í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur. Heimilt er að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og f-lið 1. mgr. skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingi ber að greiða.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í greiðslu kostnaðar við tannlækningar og ákveða frekari kostnaðarþátttöku í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein.

5. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar samninganefnd, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem gerir samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Um greiðslur Tryggingastofnunar til heilbrigðisstarfsmanna, stofnana eða fyrirtækja fer samkvæmt þeim samningum. Tryggingastofnun ríkisins skal þó semja um þjónustu sem tilgreind er í 41. gr.

Ráðherra skal ákveða daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum með reglugerð að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld hjúkrunarheimila og daggjöld vegna hjúkrunarrýma skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd. Samanlagðar tekjur stofnunar skulu standa undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra og reglugerðum með stoð í þeim lögum. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd.

7. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þjónustu sem henni ber að veita og fellur ekki undir verksvið samninganefndar skv. 1. mgr.

39. gr. laganna. Tryggingastofnun ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum. Samninga má gera í framhaldi af útboði og ákveður stofnunin hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur stofnunin ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

Um samninga stofnunarinnar um afmörkuð rekstrarverkefni fer samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins.

8. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að veita Tryggingastofnun ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar úr sjúkraskrám, vegna ákvörðunar um greiðslu bóta, endurgreiðslur reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Upplýsingar úr sjúkraskrám skulu einungis veittar læknum stofnunarinnar eða tannlæknum þegar það á við. Þá er læknum Tryggingastofnunar, eða tannlæknum þegar það á við, heimilt að skoða sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á.

9. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um stundarsakir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þingsályktun um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 var samþykkt á Alþingi hinn 20. maí 2001. Í áætluninni er m.a. fjallað um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og er þar byggt á niðurstöðum nefndar um forgangsröðun (sjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, rit 2 1998).

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 segir m.a. á bls. 21 um uppbyggingu og þróun heilbrigðisþjónustunnar:

„Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur lengst af einkennst af valddreifingu og sjálfstæði stofnana. Það stafar sjálfsagt af því að faghópar, frjáls félagssamtök, styrktarfélög og heimamenn á hverjum stað hafa ráðið miklu um uppbyggingu og þróun þjónustunnar. Ráðuneyti heilbrigðismála var til að mynda ekki stofnað fyrr en árið 1970. Í þessu skipulagi fólst að frumkvæðið var venjulega hjá mörgum aðilum og þeim sem nutu heilbrigðisþjónustunnar stóð næst að hafa áhrif á framkvæmd hennar. Meginveikleiki þessa fyrirkomulags var hins vegar skortur á samhæfingu í uppbyggingu og rekstri heilbrigðisþjónustunnar.

Tilraunir til markvissrar stefnumótunar í heilbrigðismálum hafa átt erfitt uppdráttar því að stjórn málaflokksins hefur verið dreifð og ósamhæfð.“

Eins og áður greindi hefur mikil vinna verið lögð í stefnumörkun og áætlanagerð á síðustu árum og ýmislegt hefur breyst varðandi stjórn málaflokksins, svo sem flutningur sjúkrahúsa og heilsugæslu til ríkisins. Þegar kemur að sérfræðilæknisþjónustu, sem ýmist er veitt af læknum á eigin stofu eða á göngudeild sjúkrahúss, er stjórn hennar hins vegar enn „dreifð og ósamhæfð“. Möguleikar heilbrigðisyfirvalda á stýringu þessarar þjónustu eru að ýmsu leyti takmarkaðir. Magn þjónustunnar og tegund hefur því oft ráðist af öðru en markmiðum

heilbrigðisyfirvalda, jafnvel þegar um er að ræða þjónustu sem að verulegu leyti er greidd af ríkinu. Fyrirkomulag sérfræðiþjónustu utan stofnana hefur að talsverðu leyti ráðist af fjölda sérfræðinga á viðkomandi sviðum og því hvort þeir kjósa að veita þjónustuna innan eða utan stofnana. Erfitt hefur því reynst að framfylgja markmiðum heilbrigðisyfirvalda varðandi forgangsröðun.

Eins og nú háttar gerir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samninga við sjúkrahús um ferliverk, samninganefnd Tryggingastofnunar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um vinnu á stofum og samninganefnd ríkisins um laun heilbrigðisstarfsmanna á sjúkrahúsum. Ekki hefur verið nægilegt samræmi í þessum samningum. Læknar hafa því t.d. getað flutt sig á milli samninga eftir því hvar þeir fá best greitt fyrir vinnu sína. Þetta hefur m.a. leitt til þess að erfitt hefur reynst að halda utan um útgjöld vegna samninga við lækna. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ein samninganefnd skipuð af ráðherra semji um greiðslur fyrir ferliverk og vinnu á stofum. Einnig er nauðsynlegt að náið samráð sé haft við samninganefnd ríkisins þegar um er að ræða samninga við aðila sem vinna samkvæmt báðum samningunum.

Mikilvægt er að fagleg rök og hagkvæmni ráði því hvar þjónusta er veitt en ekki ákvarðanir einstakra heilbrigðisstarfsmanna eða hópa. Sama gildir í þeim tilvikum sem sérhæfð starfsemi er þess eðlis að heppilegra er að hún fari fram á sjúkrahúsum eða hagkvæmara að hún sé á einum stað. Þá er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Þegar læknar eru í fullu starfi á sjúkrahúsi telja heilbrigðisyfirvöld æskilegra að þeim sé sköpuð aðstaða til að sinna ferliverkum inni á stofnuninni fremur en að þeir séu jafnframt með stofurekstur. Því þurfa sjúkrahúsin að geta byggt upp göngu- og dagdeildarþjónustu á sjúkrahúsum, þar sem hægt sé að sinna þeim ferliverkum sem heilbrigðisyfirvöld telja eðlilegt að séu unnin á sjúkrahúsum.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera heilbrigðisyfirvöldum kleift að vinna að markmiðum heilbrigðisáætlunar m.a. varðandi forgangsröðun verkefna og hvar heilbrigðisþjónusta skuli veitt.

Til að ná þessu markmiði eru lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu þess efnis að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

Þá er gert ráð fyrir að í stað þess að tryggingaráð skipi samninganefnd vegna samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sé nefndin skipuð af ráðherra og henni jafnframt falið að semja um ferliverk á sjúkrahúsum. Gert er ráð fyrir að í samninganefndinni verði tveir tilnefndir af Tryggingastofnun og verði annar þeirra varaformaður, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, en aðrir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn Tryggingastofnunar vinni fyrir nefndina og starfsmönnum fjölgað til þess að gera stofnuninni kleift að leggja fram nauðsynlega vinnu vegna samningsgerðar.

Loks eru lagðar til breytingar á almannatryggingalögum sem stafa af framangreindri breytingu laga um heilbrigðisþjónustu. Þannig er lagt til að í 39. gr. laga um almannatryggingar verði vísað til laga um heilbrigðisþjónustu varðandi samninga um greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu. Þá eru ákvæði um daggjöld gerð skýrari og heimildir Tryggingastofnunar til eftirlits með greiðslum samkvæmt samningunum styrktar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að þremur nýjum málsgreinum verði bætt við 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

3. mgr. er þess efnis að ráðherra marki stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu. Nauðsynlegt er að tryggja að heilbrigðisyfirvöld geti stýrt því hve mikla heilbrigðisþjónustu af tiltekinni tegund þau vilja kaupa, fyrir hvaða verð og hvar slík heilbrigðisþjónusta skuli veitt. Mikilvægt er að fagleg rök og hagkvæmni ráði því hvar þjónusta er veitt en ekki ákvarðanir einstakra heilbrigðisstarfsmanna eða hópa. Sama gildir í þeim tilvikum sem sérhæfð starfsemi er þess eðlis að heppilegra er að hún fari fram á sjúkrahúsum eða hagkvæmara að hún sé á einum stað. Loks er nauðsynlegt vegna kennslu- og fræðahlutverks sjúkrahúsa að þar fari fram sem allra fjölbreyttust starfsemi. Ráðherra þarf því, með vísan til framangreinds, að geta hafnað greiðsluþátttöku í þjónustu sem fer í bága við framangreind markmið.

4. mgr. er þess efnis að í stað þess að tryggingaráð skipi samninganefnd vegna samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sé nefndin skipuð af ráðherra. Nefndin skal einnig annast samninga við fyrirtæki, þ.e. einkafyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu sem ákveðið hefur verið að taka þátt í að greiða. Þá skal hún annast samninga við opinberar stofnanir, en þar er aðallega um að ræða sérfræðiþjónustu án innlagnar, þ.e. ferliverk. Þessir samningar yrðu þá á sömu hendi og ætti það að tryggja betur samræmi milli þeirra. Einnig er mikilvægt að samninganefndin hafi náið samráð við samninganefnd ríkisins þegar um er að ræða samninga við aðila sem vinna samkvæmt báðum samningunum. Gert er ráð fyrir að í samninganefndinni verði tveir fulltrúar tilnefndir af Tryggingastofnun og verði annar þeirra varaformaður, einn tilnefndur af fjármálaráðherra, en aðrir skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Tala nefndarmanna er ekki bundin, en ráða má af ákvæðinu að nefndarmenn skuli ekki vera færri en fimm. Hins vegar er ráðherra heimilt að skipa fleiri nefndarmenn. Þá er gert ráð fyrir að starfsmenn Tryggingastofnunar vinni fyrir nefndina og starfsmönnum fjölgað til þess að gera stofnuninni kleift að leggja fram nauðsynlega vinnu vegna samningsgerðar. Greiðslur samkvæmt samningum um heilbrigðisþjónustu utan stofnana skipta milljörðum og er því mjög mikilvægt að vandað sé til þessarar vinnu og að nefndin fái nauðsynlega sérfræðiaðstoð. Í frumvarpinu er áréttað að samninganefndin skuli við ákvarðanir leggja áherslu á gæði þjónustunnar og hagkvæmni og er gert ráð fyrir að þjónustan verði boðin út samkvæmt lögum um opinber innkaup þegar það á við.

Loks er lagt til að við bætist ný málsgrein, 5. mgr., þar sem áréttað er að ráðherra geri verksamninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og að ríkisstofnunum í A-hluta sé heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

Um 2. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 27. gr. laga um almannatryggingar og vísað til 39. gr. sömu laga. Breytingarnar eru til samræmis við þær breytingar á skipan samninganefndar sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda við 1. og 6. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að lokamálsgrein 33. gr. laganna falli brott þar sem a-liður fellur undir nýja samninganefnd sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins og b-liður er samhengisins vegna fluttur í 54. gr. sömu laga.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar á 36. gr. laga um almannatryggingar og vísað til 39. gr. sömu laga. Breytingarnar eru til samræmis við þær breytingar á skipan samninganefndar sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins. Vísað er til athugasemda við 1. og 6. gr. frumvarpsins. Í e-lið er d-liður 1. mgr. 36. gr. laganna felldur brott þar sem ekki er talið nauðsynlegt að hafa sérákvæði um röntgengreiningu og geislameðferð. Röntgengreining telst vera rannsókn og geislameðferð fellur undir meðferð og falla þessi atriði því bæði undir b-lið 1. mgr. Í h-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til að ráðherra geti ákveðið hámark þess gjalds sem sjúkratryggður einstaklingur greiðir og er gert ráð fyrir að það taki einnig til tannlækninga. Er slík heimild í núgildandi lögum þegar um er að ræða almenna læknisþjónustu, sérfræðilæknisþjónustu og lyf og er talið eðlilegt að hún gildi einnig um tannlækningar. Loks er orðalag gert skýrara í ákvæðum 2. og 3. mgr. 36. gr. og efnislegar breytingar gerðar til samræmis við breytingar á skipan samninganefndar.

Um 5. gr.

Í núgildandi ákvæði er gert ráð fyrir að ráðherra setji gjaldskrá, en heimilt sé að semja um hana. Lagt er til að þessu verði snúið við þannig að samninganefnd, sbr. 1. gr., semji um greiðsluþátttöku vegna tannlæknaþjónustu en ráðherra setji gjaldskrá ef samningar takast ekki.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að í 1. mgr. 39. gr. laga um almannatryggingar verði vísað til laga um heilbrigðisþjónustu um skipan samninganefndar, sbr. 1. gr. frumvarps þessa. Samninganefndin gerir samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu og við stofnanir og fyrirtæki fyrir sambærilega þjónustu. Einnig er kveðið á um að greiðslur Tryggingastofnunar fari samkvæmt þessum samningum. Tryggingastofnun skal þó semja um þjónustu sem tilgreind er í 41. gr. sömu laga.

Í 2. mgr. núgildandi laga er ákvæði um daggjöld og segir þar „daggjöld sjúkrahúsa“ þó ákvæðið taki nú eingöngu til dvalarheimila aldraðra, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum. Þykir því skýrara að tilgreina þetta nákvæmlega í lögunum. Þá er lagt til að tekið verði fram í lögunum að daggjöld vegna hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og daggjöld hjúkrunarheimila skuli ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd samkvæmt svonefndu RAI-mati. Áfram er gert ráð fyrir að daggjöld skuli ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi ákvæðum 39. gr. skulu daggjöld einnig taka mið af þeirri þjónustu sem ráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Nú er kveðið á um þessa þjónustu í lögum um málefni aldraðra og reglugerðum á grundvelli þeirra og er gerð tillaga um að ákvæðinu verði breytt í samræmi við það. Þá er jafnframt gert ráð fyrir ákvæði um að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd.

Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laganna er gert ráð fyrir að sjálfseignarstofnanir eða einkaaðilar geti ákveðið daggjöld, sem innheimt væru hjá sjúklingi og Tryggingastofnun greiddi síðan sjúklingi tiltekna upphæð upp í kostnaðinn. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem er íþyngj-

andi fyrir sjúkling, bæði þyrfti sjúklingur að leggja út fyrir kostnaðinum og greiðslur til hans frá Tryggingastofnun ríkisins yrðu skattskyldar, enda hefur þessi heimild ekki verið notuð um áratugaskeið. Því er lagt til að þessi málsgrein verði felld niður.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 41. gr. laga um almannatryggingar til samræmis við breytingar sem gerðar eru á skipan samninganefndar í 1. gr. frumvarpsins. Gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins geri áfram samninga um þjónustu sem henni ber að veita og fellur ekki undir verksvið samninganefndar skv. 39. gr. laganna, svo sem um þau hjálpartæki sem stofnunin tekur þátt í að greiða skv. a-lið 1. mgr. 33. gr. laganna, og samninga við sjúkrahús erlendis þegar sjúklingar eru sendir á vegum „siglinganefndar", sbr. 35. gr. laganna, til læknismeðferðar erlendis. Ákvæði um útboð eru óbreytt en um þau gilda jafnframt ákvæði laga um opinber innkaup, nr. 94/2001.

Í 2. mgr. er áréttað að lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, gildi um samninga Tryggingastofnunar um afmörkuð rekstrarverkefni.

Um 8. gr.

Í frumvarpsgreininni eru ákvæði þess efnis að heilbrigðisstarfsmönnum sé skylt að veita Tryggingastofnun þær upplýsingar sem stofnunin þarf til að hún geti ákveðið réttar bætur til umsækjenda og að greiðslur reikninga séu í samræmi við samninga og veitta þjónustu. Jafnframt er tekið fram að sé um að ræða upplýsingar úr sjúkraskrám skuli þær einungis veittar læknum eða eftir atvikum tannlæknum stofnunarinnar. Einnig er ákvæði til að tryggja aðgang að sjúkraskrám, sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á.

Um 9. gr.

Vegna breytinga á lokamálsgrein 33. gr. núgildandi laga er lagt til að ákvæði b-liðar þeirrar málsgreinar verði flutt í 54. gr. laga um almannatryggingar, en þar er fjallað um greiðslur vegna milliríkjasamninga.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Tilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu heilbrigðisyfirvalda til að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og að heimila heilbrigðisráðherra að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði þjónustunnar. Í athugasemdum við frumvarpið segir að nauðsynlegt sé að heilbrigðisyfirvöld geti stýrt hve mikla heilbrigðisþjónustu af tiltekinni tegund þau kaupa, fyrir hvaða verð og hvar slík heilbrigðisþjónusta skuli veitt. Í því skyni gerir frumvarpið ráð fyrir að heilbrigðisráðherra skipi samninganefnd sem annast samninga við sjálf-

stætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Nefndin komi í stað samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir að starfsmenn Tryggingastofnunar vinni fyrir nefndina og að bætt verði við ótilteknum fjölda starfsmanna hjá stofnuninni til þess að gera henni kleift að leggja fram nauðsynlega vinnu við samningagerð. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um almannatryggingar til samræmis við breytta skipan. Gera má ráð fyrir að verksvið samninganefndar stækki nokkuð frá því sem nú er.

Áætlað er að launakostnaður núverandi samninganefndar Tryggingastofnunar nemi um 4,5–5 m.kr. á ári en launakostnaður hennar getur verið nokkuð breytilegur á milli ára. Frumvarpið kveður ekki á um fjölda samninganefndarmanna en ef gert er ráð fyrir að fjölgað verði um tvo frá því sem nú er má ætla að aukin útgjöld ríkisins nemi um 1 m.kr. ár ári. Ef gert er ráð fyrir að verkefnum nefndarinnar fjölgi sem nemur fjórðungi aukast útgjöld til nefndarinnar um 1,5 m.kr. til viðbótar eða alls 2,5 m.kr. Ef gert er ráð fyrir að ráðnir verði tveir sérfræðingar til Tryggingastofnunar til starfa með nefndinni til viðbótar við þá sem fyrir eru má ætla að útgjöld vegna þeirra nemi alls 10 m.kr. á ári og þar að auki 1 m.kr. vegna tímabundins stofnkostnaðar. Verði samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins færð undir heilbrigðisráðuneyti lækka útgjöld stofnunarinnar sem nemur útgjöldum vegna nefndarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að útgjöld ríkisins aukist um 11–12,5 m.kr. á ári auk 1 m.kr. stofnkostnaðar á fyrsta ári og rúmast sá kostnaður innan ramma heilbrigðismálaráðuneytis árið 2002.

171. Fyrirspurn [170. mál]

til umhverfisráðherra um reglugerðir frá umhverfisráðuneyti.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hefur ráðherra sett allar reglugerðir sem lög kveða á um að hann skuli setja? Ef svo er ekki, hvaða reglugerðir eru ósettar og hvað líður setningu þeirra?

Skriflegt svar óskast.

172. Fyrirspurn [171. mál]

til fjármálaráðherra um Lífeyrissjóð bænda.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?
2. Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?

3. Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar:
   0–10 þús. kr.,
   10–20 þús. kr.,
   20–30 þús. kr.,
   30–40 þús. kr.,
   40–50 þús. kr.,
   meira en 50 þús. kr.?
4. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?

Skriflegt svar óskast.

173. Fyrirspurn [172. mál]

til viðskiptaráðherra um skattfríðindi í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá Ögmundi Jónassyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða fyrirtæki eða félög njóta skattfríðinda í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999?
2. Á hvaða sviði starfa þessi fyrirtæki og félög?
3. Hve margir starfsmenn starfa á þeirra vegum hér á landi?
4. Hvernig hafa Íslendingar hagnast af veru þessara fyrirtækja og félaga hér á landi?
5. Hver verður réttur þessara aðila ef lög um alþjóðleg viðskiptafélög verða numin úr gildi?

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [173. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruverndaráætlun.

Frá Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur.

Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. gildandi lög um náttúruvernd þar sem segir að ráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti?

Skriflegt svar óskast.

175. Fyrirspurn [174. mál]

til utanríkisráðherra um Árósasamninginn.

Frá Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur.

Hvað líður staðfestingu Íslands á Árósasamningnum frá 25. júní 1998, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum?

Skriflegt svar óskast.

176. Fyrirspurn [175. mál]

til forsætisráðherra um skipulag innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er formleg staða þeirrar stefnumörkunar í skipulagsmálum þjóðgarðsins á Þingvöllum sem Þingvallanefnd samþykkti í maí 1988?
2. Hvernig hefur þessari stefnumörkun verið framfylgt á vegum Þingvallanefndar hingað til?
3. Hvaða tillögur eða hugmyndir liggja nú fyrir frá Þingvallanefnd eða öðrum um stækkun þjóðgarðsins og verndun á vatnasviði Þingvallavatns?

Skriflegt svar óskast.

177. Frumvarp til laga [176. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir,
Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. og 2. mgr. 6. gr. skal heimilt að framleiða án leyfis vín úr innlendum berjum, ávöxtum eða jurtum til eigin neyslu sem í eru að rúmmáli minna en 15% af hreinum vínanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að gera þeim sem vilja og getu hafa til kleift að framleiða létt vín úr innlendum ávöxtum og jurtum og að þeir megi bera það fram án þess að slíkur heimilisiðnaður teljist lögbrot. Flutningsmenn telja að rétt sé að lagfæra áfengislögin þannig að framleiðsla léttvíns með tilgreindum hráefnum verði leyfð. Með því aukna frelsi sem hér er lagt til gæti innan fárra ára orðið til þekking við gerð matarvína sem kynni síðar að verða sérislensk framleiðslu- og verslunarvara, t.d. vín úr hreinni náttúruafurð eins og íslenskum berjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá og er því lagt fram að nýju.

178. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir orðunum „heimild til“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Á eftir 3. þætti laganna kemur nýr þáttur, 4. þáttur, **Greiðsluaðlögun**, með tveimur köflum, XI. kafla, **Heimild til greiðsluaðlögunar**, með sjö nýjum greinum, 64.–70. gr., og XII. kafla, **Réttaráhrif greiðsluaðlögunar**, með tveimur nýjum greinum, 71.–72. gr., og breytist töluröð annarra þátta, kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (XI. kafli.)

a. (64. gr.)

Skuldari sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki atvinnurekstur getur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. ákvæði 3. mgr., átt rétt á greiðsluaðlögun til allt að átta ára, en með greiðsluaðlögun er átt við að viðkomandi verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum.

Greiðsluaðlögun getur verið bæði frjáls og þvinguð, sbr. ákvæði 70. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt:

1. að skuldari sé í verulegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt að hann geti staðið við skuldbindingar sínar,
2. að skuldari sé fjár síns ráðandi,

3. að skuldari hafi þegar ráðið sér mann til faglegrar aðstoðar til þess að koma nýrri skipan á fjármál sín; aðstoðarmaður skuldara þarf að fullnægja hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. og má ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans,
4. að bú skuldara sé hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hafi hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga á síðustu fimm árum,
5. að aðstæður hans mæli með því að öðru leyti; við matið ber m.a. að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, hversu gamlar skuldirnar eru, hvernig til þeirra var stofnað og hvaða ráðstafanir skuldari hefur gert.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

b. (65. gr.)

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á ákveðnar kröfur á hendur skuldaranum, sbr. 1.–5. tölul. 1. mgr. 28. gr. eftir því sem við á. Þó hefur greiðsluaðlögun áhrif á kröfu skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. ef hún er frjáls.

c. (66. gr.)

Skrifleg beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal send héraðsdómi í því umdæmi sem skuldari á lögheimili. Með beiðni skal lögð fram yfirlýsing aðstoðarmanns skuldara um að hann sé fús til að taka að sér starfann og fullnægi hæfisskilyrðum 1.–4. tölul. 2. mgr. 84. gr. Tafarlaust eftir að beiðni hefur borist skal héraðsdómari ákveða hvenær hún verður tekin fyrir á dómþingi, en þinghald í því skyni skal háð svo fljótt sem verða má. Ákvörðun þessa tilkynnir héraðsdómari skuldaranum með sannanlegum hætti og þeim fyrirvara að þingsókn verði komið við.

Þegar beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er fyrst tekin fyrir og mætt af hálfu skuldarans skal héraðsdómari leita svara við sérhverju því sem hann telur óljóst eða ónógar upplýsingar komnar fram um og getur haft þýðingu við mat á því hvort orðið verði við beiðninni. Héraðsdómara er rétt að benda skuldaranum á það sem kann að vera áfátt og veita honum skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða til að veita nánari upplýsingar um tiltekin atriði ef það verður talið geta borið árangur, en slíkur frestur skal ekki veittur til lengri tíma en einnar viku og að jafnaði aðeins einu sinni. Héraðsdómara er einnig rétt að veita skuldaranum frest með sama hætti til að ráða sér annan mann til aðstoðar ef sá maður sem hann hefur ráðið í byrjun fullnægir ekki hæfisskilyrðum til starfans að mati héraðsdómara.

Ef ekki er sótt þing af hálfu skuldarans þegar beiðni hans er tekin fyrir skoðast hún afturkölluð.

d. (67. gr.)

Þegar gagnaöflun um beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun er lokið skal héraðsdómari án ástæðulauss dráttar kveða upp úrskurð um hvort heimildin sé veitt.

Héraðsdómari skal synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að krafa um gjaldþrotaskipti á búi skuldarans hafi komið fram á síðustu fimm árum áður en beiðni hans um heimild til greiðsluaðlögunar var sett fram og krafan hafi hvorki verið afturkölluð né henni hafnað með úrskurði,
2. að skuldarinn hafi haft heimild til greiðslustöðvunar eða leitað nauðasamninga á síðustu fimm árum áður en beiðni hans var lögð fram,

3. að ekki verði talið að skuldarinn eigi í slíkum fjárhagsörðugleikum að þeir séu verulegir eða að ónógar upplýsingar hafi komið fram til að lagt verði mat á þá,
4. að ráðagerðir skuldarans um ráðstafanir meðan á greiðsluaðlögun stendur verði ekki taldar heimilar eða samrýmast tilgangi greiðsluaðlögunar, raunhæfar eða líklegar til árangurs, eða upplýsingar um þær séu svo óljósar að ekki þyki fært að leggja mat á þær,
5. að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar af hendi skuldarans séu vísvitandi rangar eða villandi,
6. að beiðni skuldarans eða fylgigögnum með henni sé áfátt í öðrum atriðum eða sá sem hann hefur ráðið sér til aðstoðar verði talinn vanhæfur til að gegna því starfi, enda hafi skuldarinn ekki sinnt ábendingu héraðsdómara skv. 2. mgr. 66. gr.

Telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til að leita eftir greiðsluaðlögun skal tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til æðra dóms.

e. (68. gr.)

Aðstoðarmaður skuldara skal tafarlaust eftir veitingu heimildar til greiðsluaðlögunar boða lánardrottna skuldara og þá sem gengist hafa í ábyrgðir fyrir hann til fundar sem skal haldinn á varnarþingi skuldarans ekki síðar en þremur sólarhringum fyrir þinghald sem héraðsdómari hefur ákveðið skv. 3. mgr. 67. gr., en að öðru leyti fer um ákvörðun um stað og stund fundarins og fundarboð eftir ákvæðum 13. gr.

f. (69. gr.)

Á fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem boðað er til skv. 68. gr., skal aðstoðarmaður skuldarans leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, en þar skal andvirði hverrar eignar áætlað og fjárhæð hverrar skuldbindingar reiknuð út miðað við úrskurðardag, sbr. 3. mgr. 67. gr. Á fundinum skal aðstoðarmaðurinn gera grein fyrir hvernig hann telur að unnt sé að tryggja kröfur lánardrottna sem best og hvað hefur þegar verið gert í þeim efnum.

Aðstoðarmaðurinn stjórnar fundi með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum og færir fundargerð, en í henni skulu viðhorf þessara aðila til ráðagerða hans og tillögur þeirra koma skýrlega fram. Í þessum efnum skal farið eftir ákvæðum 4. og 5. mgr. 88. gr. að því leyti sem við getur átt, en rétt til fundarsóknar eiga þeir sem gefa sig fram á fundarstað og kveðjast eiga kröfu á hendur skuldaranum sem hann kannast við eða þeir sýna skilríki fyrir eða hafa gengist í ábyrgð fyrir hann.

g. (70. gr.)

Í þinghaldi sem héraðsdómari hefur ákveðið í úrskurði sínum skv. 3. mgr. 67. gr. skal aðstoðarmaður leggja fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, sönnur fyrir því að boðað hafi verið til fundar með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum eftir fyrirmælum 68. gr. og leggja fram fundargerð af fundinum og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun. Í skriflegri áætlun um greiðsluaðlögun skal m.a. koma fram hversu mikið skuldir eigi að lækka og hvernig greitt verði. Þá skal einnig gera ráð fyrir brýnasta framfærslukostnaði skuldara. Ef lánardrottnar skuldara mæta ekki á dómþing eða gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun með úrskurði.

Mæti lánardrottinn skuldara í þinghald skv. 1. mgr. og leggi þar fram skrifleg og rökstudd mótmæli gegn því að beiðnin verði tekin til greina skal fara með slík mótmæli eftir 175. gr. ef hvorki skuldarinn né lánardrottinn hans falla frá kröfum sínum. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir mótmæli lánardrottins er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun. Slíkum úrskurði verður skotið til æðra dóms.

B. (XII. kafli.)

a. (71. gr.)

Heimild til greiðsluaðlögunar sem staðfest er með úrskurði héraðsdómara skv. 70. gr. bindur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um kröfur þeirra á hendur skuldara. Efndir samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

Á meðan greiðsluaðlögun stendur er óheimilt að taka bú skuldara til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Heimild til frjálsrar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar leiðir til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 1.–3. og 5. tölul. 123. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

b. (72. gr.)

Árlega skal aðstoðarmaður skuldara gefa lánardrottnum og ábyrgðarmönnum skýrslu um framkvæmd og efndir skuldara samkvæmt áætlun um greiðsluaðlögun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 64. gr. um átta ára hámarkstíma greiðsluaðlögunar og ákvæði 4. mgr. sömu greinar um að greiðsluaðlögun skuli aðeins veitt einu sinni er skuldara mögulegt að leggja fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með slíka beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á.

Þóknun aðstoðarmanns skuldara skal greiðast úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

3. gr.

Í stað orðanna „heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar“ í 1. málsl. 1. mgr. 166. gr. (er verður 175. gr.) kemur: heimild til greiðsluaðlögunar, sbr. 70. gr., og áframhaldandi greiðslustöðvunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi en fékk þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram aftur óbreytt.

Markmið frumvarpsins er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluerfiðleikum og er lagt til að tekinn verði upp í lögin um gjaldþrotaskipti o.fl. sérstakur kafli um greiðsluaðlögun sem veiti einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur meiri möguleika á því að takast á við greiðsluvanda sinn en nú. Hér er um að ræða nýtt úrræði og er greiðsluaðlögun ætluð þeim sem árangurslaust hafa reynt ráðgjöf og aðstoð við að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum og ekkert blasir við annað en viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Hugsunin að baki þessu nýja úrræði er sú að hér sé um að ræða leið sem er ekki aðeins til hagsbóta fyrir einstaklinga eða heimili í miklum greiðsluerfiðleikum heldur einnig fyrir lánardrottna og samfélagið í heild. Greiðsluaðlögun gefur fólki möguleika á að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþroti. Auk þess gefur þessi leið möguleika á að takast á við fjárhagserfiðleika með nýrri og uppbyggilegri sýn úr annars vonlausri stöðu. Greiðsluaðlögun eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuldina að öllu eða einhverju leyti greidda, fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Auk þess dregur það úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem oft skila litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem oft fellur á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot. Kostnaður við nauðungarsölu og gjaldþrot fellur á hið opinbera, upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið og eru dýr bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild. Hér er því verið að skapa möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinning af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot, sem skuldari, lánardrottnar og samfélagið í heild tapa á.
— Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.
— Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.
— Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.
— Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.
— Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.
— Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.
— Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.
— Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

— Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar.

Þann 13. september 1993 var skipuð nefnd af þáverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var falið það verkefni að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Nefndinni var jafnframt falið að kanna reynslu annarra Norðurlandaþjóða af löggjöf um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frumvarp ef þurfa þætti.

Nefndin skilaði skýrslu um málið 16. maí 1994 og þar kom m.a. fram að Danir voru fyrstir til að koma á sérstakri greiðsluaðlögun, 1. júlí 1984. Í byrjun árs 1993 tóku gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun. Í skýrslunni segir síðan nánar um norsku lögin: „Markmið þeirra er að aðstoða einstaklinga sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluvandræðum til að ná tökum á fjármálum sínum. Til þess að koma megi á greiðsluaðlögun þarf viðkomandi að leggja fram nákvæmt yfirlit yfir eignir, tekjur og skuldir. Framkvæmdin er á herðum sýslumanns („namsmann"). Umsókn um greiðsluaðlögun fer til úrskurðar hjá „namsrett". Ef skuldameðferð er heimiluð hefst 3ja mánaða tímabil meðan greiðsluaðlögun er undirbúin. Lögin gera ráð fyrir 5 ára greiðsluaðlögunartímabili þar sem skuldara er gert að lifa spart og selja eignir á meðan grynnkað er á skuldum. Að því loknu má fella niður eftirstöðvarnar ef skuldarinn hefur uppfyllt skilyrði greiðsluaðlögunar. Lögin veita skuldara viss réttindi meðan unnið er að undirbúningi greiðsluaðlögunar, þau eru:

— samningsréttur,
— réttur til að halda eftir ákveðnu lágmarki tekna til að geta séð sér farborða,
— heimilisréttur sem tryggir húsnæði sem uppfyllir lágmarkskröfur,
— möguleika á að koma sér úr fjárhagsvandræðum í framtíðinni með því að standast skilyrði greiðsluaðlögunar og sýna þannig vilja til að vinna úr vandanum.

Það er álit flestra að árangur af greiðsluaðlögun sé góður í Noregi. Um 5.500 umsóknir bárust fyrsta árið. Áhrifin hafa m.a. orðið þau að í auknum mæli hafa tekist frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögunin byggja á. Rúmlega 22.000 manns hafa leitað til sýslumanna með fyrirspurnir um greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Um 1.100 mál eru í vinnslu en greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum er í gangi hjá 315 skuldurum. Auk þess sem að lögin hafa auðveldað frjálsa samninga milli aðila þá hafa þau um leið auðveldað samvinnu milli lánastofnana og opinberra aðila um lausn greiðsluvanda. Lögin hafa lagt grunn að frjálsum samningum milli aðila, verið leiðbeinandi og auðveldað fólki að ná frjálsum samningum þegar í óefni er komið. Fram kemur að opinberir aðilar eiga mun takmarkaðri möguleika á sveigjanleika í samningum vegna þess að þeir starfa jafnan eftir þröngum lagaramma.

Samkvæmt rannsóknum Norðmanna er sá hópur sem lent hefur í erfiðleikum fyrst og fremst fólk með mjög lágar tekjur og skuldir sem eru 5–6 sinnum meiri en almennt gerist. Margir þeirra sem sótt hafa um greiðsluaðlögun eru fráskilið fólk með börn undir 18 ára aldri á sínu framfæri. Einnig reyndust margir vera með litla menntun, en í Ósló hins vegar voru 40% umsækjenda með háskólamenntun. 87% umsækjenda eru með skuldir sem tengjast núverandi eða fyrra húsnæði en aðeins um helmingur umsækjenda býr í eigin húsnæði. Næstum allir (98%) eiga ekki fyrir skuldum – eru sem næst gjaldþrota. Mikil vandamál tengjast lánum með ábyrgð þriðja aðila, þ.e. foreldra, systkina, sambúðaraðila eða vina. Í Noregi hafa 20%

foreldra sem eiga uppkomin börn gengið í ábyrgð á lánum fyrir börn sín. Verið er að kanna leiðir til úrbóta í þessum málum í Noregi og upplýst hefur verið að væntanlegar eru tillögur um breytingar á reglum um skilyrði fyrir ábyrgð þriðja aðila.“

Þá segir í skýrslunni um ráðgjöf og fyrirbyggjandi aðgerðir í Noregi:

„Í allri umfjöllun Norðmanna um reynsluna af greiðsluaðlögun er undirstrikuð sérstaklega nauðsyn fyrirbyggjandi aðgerða og mikilvægi fræðslu og ráðgjafar um fjármál heimilanna. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú að frelsi á fjármagnsmarkaði hefur aukist með afnámi hafta og skömmtunar á fjármagni. Þá má merkja svipaða þróun útlánaþenslu, aukinnar skuldsetningar heimila, verðfalls fasteigna, aukins atvinnuleysis og greiðsluerfiðleika. Á níunda áratugnum var þróunin á Norðurlöndunum á sama veg, skuldir heimilanna jukust verulega umfram ráðstöfunartekjur. Skuldahlutfallið náði hámarki á hinum Norðurlöndunum á árunum 1988–1989 en hefur farið lækkandi. Þessi þróun hefur leitt til þess að leitað hefur verið ráða til að leysa greiðsluvandamál og ekki síst reynt að girða fyrir frekari vandræði í framtíðinni.

Afnám hafta á fjármagnsmarkaði hefur m.a. leitt til aukinnar samkeppni lánastofnana um lántakendur. Á lánamarkaði eru fleiri kostir í boði en áður og því nauðsynlegt að geta valið um bestu kjör hverju sinni. Oft er erfitt fyrir almenning að gera sér grein fyrir raunverulegum fjármagnskostnaði eða bera saman þá möguleika sem í boði eru. Ráðgjöf og fræðsla eru lykilorð í þessu sambandi.“

Þá segir í stuttu máli um norsku lögin í skýrslunni:

„Norskum lögum um greiðsluaðlögun („Lov om frivillig og tvungen gjeldsordning for privatpersoner“) er ætlað að gefa fólki sem á í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná tökum á fjármálum sínum. Í greiðsluaðlögun felst fjármálameðferð sem miðar að því að finna leið til þess að fólk geti greitt skuldir sínar, að svo miklu leyti sem það er unnt án þess að verða gjaldþrota. Þá er gert ráð fyrir því að þeim verðmætum sem fólkið á, en getur verið án, verði deilt milli kröfuhafa. Fyrst er dregin upp mynd af skulda- og eignastöðu skuldara og síðan er með greiðsluaðlögun skipulagt hvernig leysa megi úr fjármálunum til frambúðar. Greiðsluaðlögun getur byggst á samningum við kröfuhafa, svonefndri frjálsri greiðsluaðlögun eða á úrskurði, þvingaðri greiðsluaðlögun.

Lögin ná yfir allar skuldir einstaklinga, aðrar en þær sem raktar verða til eigin atvinnurekstrar, nema í undantekningatilvikum. Hverjum manni verður aðeins einu sinni veitt greiðsluaðlögun.“

Í skýrslunni var einnig fjallað um hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun á Íslandi með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið:

„Greiðsluaðlögun eins og hún birtist í lögum nágrannaþjóðanna, sérstaklega í löggjöf Norðmanna, er hér hefur verið gerð grein fyrir, virðist henta einstaklingum sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið, komið reglu á fjármál sín. Hins vegar taka lög nágrannaþjóðanna ekki nema að takmörkuðu leyti til þess að heimilt sé með úrskurði að fella niður eða breyta lánstíma og lánakjörum þegar kemur að skuldum sem veð er fyrir og skilja eftir sem næst eyðu þegar kemur að skuldum tryggðum með ábyrgð þriðja manns, kaupum með eignarréttarfyrirvara eða kaupleigu.

Norsku lögin gera ráð fyrir að íbúðarhúsnæði skuldara sé einungis selt til fullnustu skulda, sé þörf á því, og um sé að ræða of stórt eða dýrt húsnæði. Hvað íslenskar aðstæður varðar er sérstaklega bent á að í kjölfar aukins atvinnuleysis og minnkandi yfirvinnu sem brúað hefur erfiðasta bilið í fjárfestingum einstaklinga, má telja líklegt að um nokkurn tíma haldi áfram að síga á ógæfuhliðina í fjármálum og öruggri búsetu og heimilishaldi einstaklinga. Með það í huga að mikil þörf er þegar fyrir félagslegt eignar- og leiguhúsnæði fyrir einstaklinga sem

ýmist hafa ekki haft ráð á því að kaupa eigið húsnæði eða tapað á því í kjölfar nauðungaruppboða eða gjaldþrots, virðist æskilegt að með nokkrum öðrum hætti sé á þessu tekið hér á landi. Í ríkari mæli verði tryggt að íbúðarhúsnæði verði ekki selt, sé það innan hæfilegra marka.

Með framanritað í huga og að þeirri staðreynd gefinni að skuldasamsetning íslenskra heimila sé þannig að þar sé verulegur hluti ýmist veðtryggður, tryggður með ábyrgð þriðja manns eða með öðrum álíka tryggum hætti, má vera ljóst að greiðsluaðlögun að norrænni fyrirmynd myndi ekki leysa til fullnustu þann brýna vanda sem þúsundir íslenskra fjölskyldna glíma nú við. Hins vegar eru ekki til í dag samræmd úrræði til aðstoðar skuldugum einstaklingum og nothæf lögbundin úrræði skortir. Nefndin er því einhuga um að brýn þörf sé fyrir löggjöf um greiðsluaðlögun sem sérstaklega yrði sniðin að íslenskum aðstæðum í samræmi við íslenskt réttarfar. Markmið slíkrar löggjafar yrði jafnframt að fylla í þá eyðu sem vanræksla á fjármunalegu uppeldi og langtímafjárhagsvandræði hafa skapað í lífi og starfi íslenskra fjölskyldna. Margföldunaráhrif slíkra aðgerða myndu ekki einasta skila sér til þeirra einstaklinga sem í hlut eiga, heldur einnig til nánustu ættingja og vina. Eins myndi úrræði eins og greiðsluaðlögun gera það verklag lánastofnana og aðila í viðskiptalífi, að lána fé án tillits til greiðslugetu lánþega, fráhrindandi. Nauðsynlegt er að á því sé tekið á meðvitaðan hátt, að breyta þeirri hefð að lánsfé sé ætíð falt án tillits til greiðslugetu, einungis ef veð eða sjálfskuldarábyrgðir þriðja manns eru fáanlegar.“

Loks segir í skýrslunni um tillögur nefndarinnar um greiðsluaðlögun og fyrirbyggjandi aðgerðir:

„Nota má þann stofn sem hin norrænu greiðsluaðlögunarlög mynda, sérstaklega hin norsku, sem grunn. Nefndin leggur til að við þennan stofn verði bætt úrræðum sem til lengri tíma myndu skapa einstaklingum skjól til endurskipulagningar og meðvitundar um fjármál sín. Þau myndu gera þeim kleift að greiða verulegan hluta skulda sinna án þess að fjölskyldur þeirra komist á vergang og einnig tryggja kröfuhöfum uppgjör þess hluta krafna sinna sem þeir fyrirsjáanlega myndu fá greiddan í kjölfar gjaldþrots, uppboða eða í skjóli ómarkvissrar endurskipulagningar fjármála í kjölfar greiðslustöðvana. Líklegt má og telja að með greiðsluaðlögun fengju kröfuhafar meira í sinn hlut en ella yrði.

Til þess að ná þessum markmiðum leggur nefndin til að samið verði frumvarp til laga um greiðsluaðlögun sem taki til einstaklinga utan atvinnureksturs. Einstaklingar sem komist hafa í greiðsluvandræði og jafnframt verið aðilar að atvinnurekstri myndu falla undir lögin hafi starfseminni verið hætt, nema sérstaklega standi á.

Skilyrði yrðu að öðru leyti opin enda vart hægt að leggja til að samofin félagsleg- og fjármálaleg úrræði til bjargar einstaklingum í fjárhagsvandræðum standi ekki öllum til boða sem eru í svipaðri stöðu. Um er að ræða úrræði sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð félagsleg áhrif fjárhagsvandræða svo sem upplausn fjölskyldna, vanrækslu barna og ör búsetuskipti.“

Síðan framangreind skýrsla var unnin hafa stjórnvöld gert tilraunir til að bregðast við vanda einstaklinga í greiðsluerfiðleikum, m.a. með því að setja á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Úrræði þau sem ákveðin voru fyrir einstaklinga í greiðsluvanda með lögum um réttaraðstoð einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996, lögum um mögulega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti, nr. 64/1996, og lögum um mögulega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 71/1996, geta hins vegar ekki komið í stað greiðsluaðlögunar og hafa þau ekki komið til móts við þarfir skuldugra einstaklinga sem vilja ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Í fyrirspurn sem Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram á Alþingi vorið 1997 kom í ljós, samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum, að á árunum

1992–95 óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga. Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið en ein beiðni afturkölluð. Eftir gildistöku framangreindra laga um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 1. júlí 1996, og fram til 10. nóvember 1997 höfðu síðan 47 einstaklingar sótt um slíka aðstoð, 29 fengið, níu verið synjað um slíka aðstoð, þrjár beiðnir verið afturkallaðar og nokkrar beiðnir voru enn í nefnd þeirri sem veitir umsögn um réttaraðstoð samkvæmt lögunum. Miðað við þann fjölda heimila í landinu sem býr við mikla greiðsluerfiðleika og ekkert blasir við nema gjaldþrot ef ekkert verður að gert er ljóst að þetta úrræði er engan veginn nægilega virkt. Þá hefur sú gagnrýni komið fram að fjárhæðin sem einstaklingur á rétt á samkvæmt lögunum, 250 þús. kr. miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, dugi skammt og stór hluti hennar fari í að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnu lögmanns sem aðstoðar skuldarann. Þá er þess að geta að frá gildistöku framangreindra laga um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti til 30. apríl 1997 uppfyllti ekkert erindi skilyrði 4. mgr. 1. gr. laganna, en þar er kveðið á um að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum nánari skilyrðum í lögunum. Þá er þess að geta að á árunum 1993–95 voru 1990 einstaklingar úrskurðaðir gjaldþrota eða að meðaltali 663 á ári og á árinu 1995 voru flestir einstaklingar sem úrskurðaðir voru gjaldþrota í aldurshópnum 35–39 ára.

Á 121. löggjafarþingi, árið 1996–97, fluttu Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Tillagan tók mið af því að tryggður yrði betur réttur skuldara við fjárnám, nauðungarsölu og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Í umsögn Húsnæðisstofnunar ríkisins um tillöguna kom eftirfarandi fram: „Húsnæðisstofnun er þeirrar skoðunar að lög frá fyrra ári um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, lög um hugsanlega niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og lög um hugsanlega niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna greiðsluerfiðleika einstaklinga, komi ekki í stað greiðsluaðlögunar, í því formi sem framangreind nefnd [þ.e. nefnd sú sem Jóhanna Sigurðardóttir skipaði og fjallað er um hér að framan] lagði til að yrðu tekin upp hér á landi og sem lagt er til að tekin verði upp samkvæmt tillögu til þingsályktunar. Lög um greiðsluaðlögun myndu væntanlega miða að því að verja heimili þeirra fjölskyldna, sem lenda í verulegum greiðsluvanda. Framangreind lög um réttaraðstoð og niðurfellingu á skuldum við Innheimtustofnun og á tekju- og eignarskatti ganga ekki nærri eins langt í því efni.“

Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Greint er á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar frjálsrar greiðsluaðlögunar sem byggist á nokkurs konar samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skulda, niðurfellingu skulda að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í allt að átta ár og úrskurðar héraðsdómari um heimild til slíkrar greiðsluaðlögunar. Hins vegar getur héraðsdómari, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil þó að ekki náist samkomulag við lánardrottna og er þá um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að ráða sér aðstoðarmann. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og geta lánardrottnar ekki krafist fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða vegna sömu skuldar á greiðsluað-

lögunartímabili. Hið sama gildir um ábyrgðarmenn skuldara. Ekki er unnt að ganga að þeim á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Rökin fyrir slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að komið verði í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinga. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til sem flestra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara þegar um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða. Veðkröfur falla hins vegar ekki undir áætlun um greiðsluaðlögun ef um þvingaða greiðsluaðlögun er að ræða enda eru veðréttindi óbein eignarréttindi sem varin eru af stjórnarskránni. Þá er hið síðastnefnda einnig í samræmi við önnur úrræði sem kveðið er á um í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting á 1. gr. er gerð til samræmis og með hliðsjón af þeirri breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. að unnt verði að leggja fram beiðni til héraðsdóms um heimild til greiðsluaðlögunar auk þeirra úrræða sem fyrir eru, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum þætti í lögin sem ber yfirskriftina Greiðsluaðlögun og undir hann heyri tveir kaflar, XI. kafli, Heimild til greiðsluaðlögunar, og XII. kafli, Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um A (XI. kafla).

Í kaflanum er fjallað um það hvað átt er við með greiðsluaðlögun, hver eru skilyrði hennar, til hvaða krafna áætlun um greiðsluaðlögun nær, aðstoðarmann þess sem beiðist greiðsluaðlögunar, beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar og meðferð hennar og úrskurð héraðsdómara um frjálsa eða þvingaða greiðsluaðlögun.

Um a-lið (64. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að með greiðsluaðlögun sé átt við að tiltekinn skuldari verði leystur að hluta undan fjárskuldbindingum sínum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru annars vegar að skuldari þurfi að eiga lögheimili á Íslandi og hins vegar að hann stundi ekki atvinnurekstur. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Þá er í málsgreininni vísað til nánari skilyrða skv. 3. mgr. sem þarf að uppfylla og tekið fram að unnt sé að fá heimild til greiðsluaðlögunar til allt að átta ára.

Í 2. mgr. kemur fram að greiðsluaðlögun geti verið bæði frjáls og þvinguð og vísast um það til athugasemda við g-lið, 70. gr.

Í 3. mgr. er að finna nánari skilyrði þess að heimild til greiðsluaðlögunar verði veitt. Meðal þeirra skilyrða er að skuldari ráði sér aðstoðarmann sem fullnægja þarf ákveðnum hæfisskilyrðum og að auki má aðstoðarmaðurinn ekki hafa hagsmuna að gæta af fjárhagslegum málefnum skuldarans.

Í 4. mgr. er síðan tekið fram að ekki sé unnt að veita sama skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 72. gr.

Um b-lið (65. gr.).

Í greininni er kveðið á um að greiðsluaðlögun hafi ekki áhrif á allar kröfur á hendur skuldara og er vísað til ákvæða 1. mgr. 28. gr. laganna, sem tekur til nauðasamninga, í því sambandi eftir því sem við getur átt. Þó gildir sú undantekning að greiðsluaðlögun tekur einnig

til veðkrafna á hendur skuldara ef um frjálsa greiðsluaðlögun er að ræða enda er þá um samkomulag við lánardrottna að ræða.

Um c-lið (66. gr.).

Hér er kveðið á um aðgerðir héraðsdómara þegar honum hefur borist beiðni skuldara um heimild til greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir að héraðsdómari boði skuldarann til þinghalds af þessu tilefni og setji eftir atvikum þing þegar komið er með beiðnina og taki hana formlega fyrir. Ef skuldari mætir ekki til þings telst beiðni hans afturkölluð, sbr. ákvæði 3. mgr. Ef mætt er af hálfu skuldara er til þess ætlast að héraðsdómari leiti upplýsinga um atriði sem ekki koma nægilega fram í beiðninni eða fylgigögnum með henni en gætu haft þýðingu. Þá er gert ráð fyrir að skuldarinn geti fengið skamman frest til að leggja fram frekari gögn eða veita nánari upplýsingar eða til að ráða sér nýjan aðstoðarmann ef þess er þörf.

Um d-lið (67. gr.).

Í greininni er að finna ákvæði um hvenær héraðsdómara er heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar. Þá er í 3. mgr. kveðið á um að ef héraðsdómari telur skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar skal tiltaka það í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna þegar endanlegur úrskurður um heimildina verður felldur og þar með gefa skuldara og aðstoðarmanni hans tíma til að ná til lánardrottna og ábyrgðarmanna, sbr. athugasemdir við e-lið, 68. gr., til að kanna afstöðu þeirra.

Um e-lið (68. gr.).

Eftir úrskurð héraðsdómara skv. 67. gr. skal aðstoðarmaður skuldara tafarlaust tilkynna öllum lánardrottnum og ábyrgðarmönnum, sem vitað er um, um veitingu heimildar til greiðslustöðvunar og boða þá um leið til fundar við sig sem ber að halda a.m.k. þremur sólarhringum áður en þinghald verður háð til að staðfesta fyrri úrskurð. Aðstoðarmanni ber að senda fundarboðið í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram hvar og hvenær fundur verður haldinn, hvenær heimild hafi verið veitt og hvenær dómari tekur málið fyrir að nýju.

Um f-lið (69. gr.).

Í greininni kemur fram um hvað skal fjalla á fundi aðstoðarmanns og skuldara með lánardrottnum og ábyrgðarmönnum. Þá er vísað til ákvæða 4. og 5. mgr. 88. gr.

Um g-lið (70. gr.).

Í þinghaldi sem dómari boðar til skv. 67. gr. leggur aðstoðarmaður fram skrá um eignir og skuldbindingar skuldara, sönnur fyrir fundi og fundargerð skv. 68. gr. og skriflega áætlun um greiðsluaðlögun þar sem m.a. skal koma fram hversu mikið skuldir eiga að lækka og tekið tillit til brýnasta framfærslukostnaðar skuldara. Ef lánardrottnar mæta ekki eða mæta og gera ekki athugasemdir getur dómari þegar í stað staðfest frjálsa greiðsluaðlögun. Mæti lánardrottinn hins vegar og leggi fram skrifleg og rökstudd mótmæli skal farið með slík mótmæli eftir ákvæðum 175. gr. Úrskurði héraðsdómari um heimild til greiðsluaðlögunar þrátt fyrir framkomin mótmæli er um að ræða þvingaða greiðsluaðlögun, þ.e. greiðsluaðlögun í andstöðu við lánardrottna.

Um B (XII. kafla.).

Í kaflanum er fjallað um réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

Um a-lið (71. gr.).

Í greininni er tekið fram að áætlun um greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær kröfur sem fram koma í áætluninni að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki og gilda því um greiðsluaðlögun að þessu leyti sömu reglur og

gilda um réttaráhrif nauðasamninga. Undantekning frá þessu kemur hins vegar fram í 4. mgr. því að heimild til greiðsluaðlögunar hefur það í för með sér að lánardrottinn getur ekki gengið að tryggingu sem þriðji maður kann að hafa sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða krafið ábyrgðarmann um fulla greiðslu.

Um b-lið (72. gr.).

Í 2. mgr. er kveðið á um þá undanþágu frá ákvæðum 64. gr. að skuldari geti lagt fram beiðni um allt að fjögurra ára framlengingu greiðsluaðlögunar ef ófyrirséðir atburðir eins og slys eða sjúkdómar leiða til tímabundinnar örorku skuldara eða fjarveru hans frá vinnu. Með þá beiðni skal farið samkvæmt ákvæðum 66. gr. eftir því sem við á. Þá er gert ráð fyrir að þóknun skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Um 3. gr.

Breytingin er lögð fram til samræmis við þá breytingu að nýjum kafla um greiðsluaðlögun er bætt inn í lögin, sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 2002 og því gefist nokkur tími til aðlögunar.

179. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Jón Guðmundsson og Erlu Pétursdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru 23. september sl. Með bráðabirgðalögunum tókst ríkissjóður á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Bráðabirgðalögin voru sett í framhaldi af því að vátryggjendur um allan heim sögðu upp ábyrgðartryggingum flugrekenda vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Í bráðabirgðalögunum var gert ráð fyrir því að tryggingin sem ríkissjóður veitti mætti ekki gilda lengur en til 25. október 2001. Nú hefur hins vegar komið í ljós að vátryggjendur eru ekki enn farnir að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Því er nauðsynlegt að framlengja gildistíma tryggingar ríkissjóðs enn um sinn og er lagt til að hún geti staðið allt til ársloka 2001. Í þessu sambandi bendir nefndin jafnframt á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur veitt aðildarríkjum sambandsins heimild til að framlengja veitta tryggingavernd allt til næstu áramóta ef það verður talið nauðsynlegt.

Nefndin leggur áherslu á að henni verði gerð grein fyrir því sem allra fyrst hvort og þá hvernig tekist hafi að takmarka ábyrgð ríkissjóðs eins og áform eru uppi um. Nefndin óskar jafnframt eftir upplýsingum um hvort önnur tryggingavernd bjóðist áður en framlenging

ábyrgðarinnar tekur gildi 25. október nk. og hvort aðrar þjóðir hafi þá framlengt heimild ríkissjóðs viðkomandi lands til að veita tryggingaverndina með svipuðum hætti og hérlendis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. okt. 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Drífa Hjartardóttir.
Ármann Höskuldsson.	Jón Bjarnason.	Gunnar Birgisson.
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	

180. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr. Í stað orðanna „25. október 2001“ komi: ársloka 2001.

181. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um nefnd er leiti sátta um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd fimm þingmanna, einn frá hverjum þeirra þingflokka sem eiga sæti á Alþingi, til að leita sátta um stjórn fiskveiða.

Aðalforsendur nefndarstarfsins verði fyrning veiðiréttar úr núgildandi kerfi. Veiðiheimildum verði endurráðstafað í formi aflahlutdeildarsamninga á grundvelli jafnræðis byggðanna og útgerðar til nýtingar þeirra.

Greinargerð.

Þær hatrömmu deilur sem staðið hafa um stjórn fiskveiða eiga aðalrætur í þeirri mismunun og óréttlæti sem felst í þeim úthlutunarreglum sem gilda og margvíslegum fylgikvillum þessa kerfis fyrir sjómenn, verkafólk og byggðir landsins.

Þrátt fyrir þungan áróður árum saman frá hendi stjórnvalda um að þetta sé besta kerfi í heimi og hagkvæmni þessa fyrirkomulags sé svo mikil að ekkert annað geti jafnast á við það

hefur þjóðin verið staðföst í andstöðu sinni og aftur og aftur hafnað þessari leið í skoðanakönnunum.

Þótt andstaða þjóðarinnar hafi legið fyrir hefur stefna stjórnvalda á undanförnum árum verið að festa þetta fyrirkomulag í sessi. Formenn stjórnarflokkanna lofuðu þó fyrir síðustu kosningar að beita sér fyrir sáttum í málinu. Efndir þeirra loforða virðast nú vera að koma í ljós með niðurstöðu meiri hluta nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða um að farin verði svokölluð veiðigjaldsleið. Sú tillaga er ekki framlag til sátta um þau grundvallaratriði sem í raun er deilt um.

Sjálfstæðisflokkurinn boðar nú þessa tillögu sem framtíðarstefnu sína og að minnsta kosti hluti Framsóknarflokksins aðhyllist hana en hún tekur á engan hátt á aðalágreiningsefninu sem er eignarhald útgerðarinnar á auðlindinni. Víðtækur stuðningur hefur hins vegar komið fram við að leitað verði sátta um fyrningarleið sem leiði til þess að jafnræði komist á um nýtingu auðlindarinnar í framtíðinni.

Formenn þeirra stjórnmálaflokka sem eru í stjórnarandstöðu telja afar mikið í húfi fyrir þjóðina og fyrir sjávarútveginn að friður komist á um nýtingu auðlindarinnar og vilja því freista þess að gera tilraun til að forða mönnum frá enn hatrammari deilum en staðið hafa til þessa. En í það stefnir ótvírætt verði þeim stríðshanska kastað í andlit þjóðarinnar sem það er að ætla að festa í sessi óbreytt kerfi, eignarhald útgerðarinnar í reynd, með málamyndagjaldtöku.

Niðurstaða þessa máls næst einungis með víðtæku pólitísku samkomulagi.

Þessi tillaga er áskorun og tilboð til stjórnarflokkanna um að gerð verði úrslitatilraun til þess að ná sáttum um þetta mikilvæga mál á þessu löggjafarþingi. Takist það ekki er ljóst að hatrammur ófriður mun standa áfram um mikilvægustu auðlind þjóðarinnar næstu ár.

182. Fyrirspurn [179. mál]

til sjávarútvegsráðherra um greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjar voru heildargreiðslur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 fyrir keyptar veiðiheimildir, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir?
2. Hverjar voru heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 af sölu veiðiheimilda, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda?
3. Hverjar voru heildargreiðslur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem greiddu mest fyrir veiðiheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?

4. Hverjar voru heildartekjur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mestar tekjur höfðu af sölu veiðiheimilda á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?

Skriflegt svar óskast.

183. Frumvarp til girðingarlaga. [180. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Markmið með þessum lögum er að fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim, kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum og hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir búfé.

Lögin gilda um allar girðingar. Sérlög sem fjalla um girðingar halda gildi sínu en þó gilda ákvæði þessara laga og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim alltaf um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingar í lögum þessum eru þegar ekki er annars getið:

1. *Netgirðing* með fimm strengja vírneti, einum gaddavírsstreng neðan við netið og minnst einum ofan við það. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m, enda sé þá bil á milli rengla mest 3 m.
2. *Gaddavírsgirðing* með sex gaddavírsstrengjum. Hæð girðingarinnar skal vera 1,10 m. Jarðfastir tré-, járn- eða plaststaurar skulu vera með mest 4 m millibili, þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 9 m, enda sé bil á milli rengla mest 3 m.
3. *Rafgirðing,* háspennt og varanleg, með fimm vírstrengjum, þar sem hún er talin henta að mati viðkomandi búnaðarsambands. Hæð girðingarinnar skal vera 0,95 m. Jarðfastir tréstaurar, þar með úr harðviði og plaststaurar, skulu vera með mest 10 m millibili þegar ekki eru notaðar renglur. Þegar notaðar eru renglur skal mesta bil á milli jarðfastra staura vera 24 m, enda sé bil á milli rengla mest 8 m.
4. *Girðingar úr ýmsu efni,* svo sem tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi, sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.
5. *Skurður* sem er minnst 3 m breiður og 1,5 m djúpur, framræsluskurður með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka eða annað jafngilt. Jarðfastir tréstaurar, þar með úr harðviði og plaststaurar, skulu vera með mest 6 m millibili.
6. *Aðrar tegundir girðinga* sem búnaðarsamband telur gripheldar.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra setur almenna reglugerð sem kveður á um ýmsa staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skal kveðið á um það hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að

teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í henni skal einnig mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist þeim.

4. gr.

Nú er jörð ekki í ábúð og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu og skal þá láta girðinguna standa ef nágrannajörð eða jarðir geta haft not af henni eða hluta úr henni. Viðhaldsskyldan á þeim hluta færist yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar er hann hefur gagn af, eftir mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr.

5. gr.

Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu nái aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá er samgirðingar er krafinn þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða.

6. gr.

Vilji meiri hluti landeigenda sem eiga lönd er liggja að afrétti girða milli afréttar og heimalanda sinna skulu eigendur eða notendur afréttar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$. Ef samið er um aðra skiptingu kostnaðar eða þegar forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins fer um það eins og segir í 5. og 7. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, nema þeirra girðinga er Vegagerðin setur upp, sbr. vegalög, nr. 45/1994.

Nú er landamerkjagirðing til staðar sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr. eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, enda brjóti það ekki í bága við gildandi samninga.

7. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna einn fagaðila til að skera úr um ágreining og sveitarfélag annan. Liggi girðing á mörkum sveitarfélaga skal hvor aðili tilnefna aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreininginn ásamt oddamanni frá hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Liggi girðingin á mörkum stjórnsýsluumdæma tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn sinn manninn hver, en stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir oddamann/menn og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn og ákveða úrskurðaraðilar hverju hann nemur.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar á vegum ríkisstofnana, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á því að eignast þær. Þá gilda sömu reglur um greiðslu á viðhaldi, eftir því sem við á, og um aðrar þær girðingar er lög þessi mæla fyrir um, en haldast skulu sérákvæði annarra laga um slíkar girðingar.

Nú er ekki þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á að halda henni við og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi/félögum heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum og skal hún þá svo reist að á hvorugan sé gengið sem land á að henni. Efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint og vill sá eigi samþykkja er á land á móti. Þá skal það þó heimilt ef úrskurðaraðilar, sbr. 7. gr., meta að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og skal það gert þannig að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið og skal þá meta skaðabætur þeim er landið missir. Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort. Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr., að girða á landamerkjum.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta, helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um að girðingin skipti löndum til fullnustu.

10. gr.

Sé land í óskiptri sameign geta einn eða fleiri landeigendur því aðeins girt á því landi að allir sameigendur séu samþykkir girðingunni.

Náist ekki samkomulag er því aðeins hægt að girða að landskipti hafi farið fram.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5.–10. gr. er skylt að halda við, þannig að hún sé gripheld, svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir og þar til snjó leggur. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni og á hann þá rétt til bóta frá þeim sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða varðar það sektum og skaðabótum til tjónþola.

Nú er hætt að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við og er þá girðingareigendum skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976.

Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld girðingarlög, nr. 10/1965, ásamt síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 26. apríl árið 2000 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem var falið það hlutverk að endurskoða girðingarlögin. Í nefndinni sátu Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Grétar Einarsson, sviðsstjóri bútæknisviðs RALA, Ólafur R. Dýrmundsson landnýtingarráðunautur, Bændasamtökum Íslands, Stefán Erlendsson, lögfræðingur hjá Vegagerðinni, og Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 16. ágúst 2000. Alls voru haldnir 10 fundir og varð nefndin sammála um það frumvarp sem hér er lagt fram.

Helstu breytingar með frumvarpinu eru þær að lagt er til að skipting girðingarkostnaðar á landamerkjum verði til helminga nema sérstakar ástæður mæli með öðru og bætt er inn í lögin ákvæðum varðandi rafgirðingar. Einnig er ákvæði sett í lögin þess efnis að girðingar skuli teknar upp ef hætt er að nota þær svo að þær valdi ekki tjóni. Hér ber einnig að nefna það að 14.–24. gr. eru felldar út þar sem fjallað er um veggirðingar í vegalögum og þykir óeðlilegt að fjallað sé um þær á tveimur stöðum. Það skal þó tekið fram að ákvæði girðingarlaga taka til veggirðinga hvað varðar uppsetningu og tæknilegan frágang. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði fjallað um það hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Einnig verði fjallað um í reglugerð hvernig hátta skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist girðingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um markmið laganna.

Í 2. mgr. er fjallað um gildissvið laganna og tekið fram að sérlög haldi gildi sínu en með sérlögum er t.d. átt við vegalög því að þessi lög gilda ekki um veggirðingar, þ.e. girðingar sem liggja meðfram þjóðvegum landsins. Ákvæði þessara laga gilda þó ávallt um gerð girðinga.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli en í henni er fjallað almennt um girðingar og taldar upp ýmsar tegundir girðinga, svo sem netgirðing, gaddavírsgirðing, rafgirðing, girðingar úr ýmsu efni auk skurða og annarra tegunda girðinga sem búnaðarsambönd telja gripheldar. Þar er einnig tekið fram að girðingar í lögum þessum séu þær sem taldar eru upp í 2. gr., þegar ekki er annars getið. Er hér verið að vísa til 3. gr. laganna, en gert er ráð fyrir því að í almennri reglugerð komi fram tegundir girðinga og hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur, en hún segir fyrir um ýmsa staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skal fjalla um hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í reglugerðinni er einnig gert ráð fyrir að fjallað verði um hvernig hátta skuli undirbúningi, gerð og tæknilegum frágangi girðinga.

Um 4. gr.

Greinin er lítillega breytt frá 2. mgr. 3. gr. nema hvað orðunum „og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu“ er bætt inn í 1. málsl. þar sem eðlilegt þykir að gefa umráðamanni lands tækifæri til þess að halda girðingu þrátt fyrir að jörðin sé ekki í ábúð. Með umráðamanni lands er átt við þann aðila sem á landið eða hefur það á leigu. Einnig er orðinu „úttektarmanna“ breytt í „úrskurðaraðila“ og vísað er til úrskurðaraðila sem fjallað er um í 7. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um umráðamann lands, þ.e. þann aðila sem er eigandi lands eða hefur það á leigu. Þá er kveðið á um helmingaskiptaregluna sem felur það í sér að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnað að jöfnu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. Það ákvæði í gildandi lögum að helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni og verði ekki samkomulag eigi matsmenn að skera úr þykir ekki raunhæft lengur. Það er lengi hægt að deila um það hvor landeigandi hafi meira gagn af girðingu. Búfjáreigandi getur haft gagn af því að halda búfé sínu innan ákveðins afmarkað svæðis, en landeigandi sem ekki heldur búfé en kýs hins vegar að rækta land sitt getur haft gagn af því að halda búfé frá sínu landi. Því þykir eðlilegt að þessi kostnaður skiptist til helminga og er það meginreglan. Hins vegar geta aðilar samið um aðra skiptingu kostnaðar nái þeir um það samkomulagi. Náist ekki samkomulag um girðinguna gilda ákvæði 7. gr. þar sem kveðið er á um úrskurðaraðila til að jafna ágreining.

Hér ber einnig að benda á það að 4. gr. gildandi laga er felld niður. Ástæðan fyrir því er sú að rétt þykir að ein lagagrein fjalli um girðingar á merkjum, þ.e. að engar sérreglur gildi um girðingar í þéttbýli (þorpum og bæjarfélögum), og gildir sama reglan í öllum tilvikum sem kemur fram í 5. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá 7. gr. gildandi laga nema hvað tilvísanir í lagagreinar eru breyttar þar sem uppröðun greinanna hefur verið breytt. Þó er þeim málslið bætt inn í greinina að ef samið er um aðra skiptingu kostnaðar eða þegar forráðamenn sveitarfélaga ákveða

einhliða að reisa afréttargirðingu greiði sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Þessi framkvæmd er víða tíðkuð og þykir eðlilegt að lögfesta hana.

Um 7. gr.

1. mgr. er töluvert breytt frá 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Þessi grein er eins konar úrskurðargrein ef aðilar eru ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins. Hér er lagt til að viðkomandi búnaðarsamband og sveitarstjórn tilnefni sinn fagaðila hvort til að jafna ágreining sem upp kemur milli aðila, þ.e. ef um landamerkjagirðingu er að ræða. Liggi girðing hins vegar á mörkum sveitarfélaga þykir eðlilegt að hvor aðili tilnefni aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreining, en oddamaður sé tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi. Liggi girðing hins vegar á mörkum stjórnsýsluumdæma þykir rétt að sýslumenn tilnefni sinn manninn hver, en Bændasamtök Íslands tilnefni oddamann eða menn ef stjórnsýsluumdæmin eru þrjú. Afl atkvæða skal ávallt ráða úrslitum.
2. mgr. er samhljóðandi 2. mgr. 6. gr. gildandi laga, nema hvað orðinu „matsmenn“ er breytt í „úrskurðaraðilar“.

Um 8. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 10. gr. gildandi laga nema hvað rétt þykir að rýmka ákvæðið þannig að það nái til allra girðinga sem lagðar eru fyrir ríkisfé, t.d. girðinga sem lagðar eru af Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Vegagerðinni og girðinga sem lagðar eru á vegum embættis yfirdýralæknis. Rétt þykir þó að sérákvæði annarra laga haldi gildi sínu hvað varðar viðhald girðinga.

Sé ekki lengur þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á sér til að viðhalda henni er ríkinu skylt að taka hana upp. Sé þessi skylda vanrækt í eitt ár eða lengur er viðkomandi sveitarfélagi/upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins. Hér er skýrt kveðið á um það að sé girðingar ekki lengur þörf og ekki er hægt að nýta hana af öðrum sé skylt að taka hana upp.

Um 9. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 12. gr. gildandi laga.

2. mgr. er einnig samhljóða 2. mgr. 12. gr. gildandi laga nema hvað tilvísun til lagaákvæðis er breytt í samræmi við uppröðun í frumvarpinu. Við málsgreinina er bætt svohljóðandi málslið: „Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort.“ Þessum málslið er bætt inn því nauðsynlegt þykir að merkja þessar girðingar inn á jarðakort þar sem oft koma upp deilur um landamerki og vilja þá umráðamenn jarða oft á tíðum halda því fram að landamerkin séu þau sömu og girðingarstæðin sem þó er alls ekki alltaf reyndin. Með þessu er átt við það að merkja skuli girðingastæðið inn á jarðakort til upplýsinga en ekki til þess að kveða á um ný landamerki. Hins vegar geta landeigendur einnig samið svo, en þá verður að taka fram að um ný landamerki sé að ræða og allir landeigendur verða að undirrita skjalið og færa það inn í landamerkjabók hjá sýslumanni.

Við 2. mgr. er einnig bætt við svohljóðandi málslið: „Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr., að girða á landamerkjum.“ Þessum málslið er bætt inn því ef upp kemur sú staða að ekki er hægt að girða á merkjum þar sem klappir og annað gera það ókleift eða mjög kostnaðarsamt verður að vera hægt að fara aðra leið og jafnframt að fá úrskurðaraðila til að meta þessi atriði í hverju tilviki fyrir sig.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 12. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli og er bætt inn í lögin. Nauðsynlegt þykir að hafa skýrar lagareglur um heimild til að girða land sem er í óskiptri sameign. Rétt þykir að heimildin gildi ekki nema allir sameigendur nái samkomulagi um girðingarstæði. Nái sameigendur ekki samkomulagi er ekki hægt að girða landið nema landskipti fari fram.

Um 11. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 1. mgr. 13. gr. gildandi laga.

2. mgr. er lítillega breytt frá 2. mgr. 13. gr. laganna. Tilvísunum í lagaákvæði er breytt auk þess sem greinin er einfölduð. Orðinu „fjárheld“ er breytt í „gripheld“. Nægilegt þykir að sagt sé „þegar snjóa leysir“ og „þar til snjó leggur“ en taka út tilvísanir til árstíma. Eðlilegt þykir, ef sú staða kemur upp að annar hvor aðili vanræki viðhald að sínum hluta, að hinn aðilinn hafi samráð við viðkomandi búnaðarsamband áður en til viðhalds kemur.

3. mgr. er breytt að því leyti að talið er eðlilegt að þegar eigandi eða umráðamaður vanrækir viðhald og veldur tjóni fái hinn sem fyrir því verður það bætt óháð því hvort búfé verður fyrir tjóni eða annað.

4. mgr. er óbreytt frá 3. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

1. mgr. er óbreytt frá 2. gr. gildandi laga nema hvað 2. mgr. þeirrar greinar er felld niður þar sem ákvæðið þykir ekki lengur eiga við.

Í 2. mgr. er tekið á því að rétt þykir að allar ónothæfar girðingar og girðingarflækjur séu fjarlægðar af landi og er sú skylda lögð á umráðamann lands. Búnaðarsamband metur hvort um ónothæfar girðingar sé að ræða komi upp ágreiningur þess efnis. Vanræki umráðamaður lands þá skyldu í eitt ár að taka upp ónothæfar girðingar og girðingarflækjur eftir að lög þessi öðlast gildi þykir rétt að sveitarstjórn framkvæmi verkið á hans kostnað, en hún á þá endurkröfu fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir. Þetta ákvæði var áður í 24. gr. gildandi laga, en gildissvið ákvæðisins er rýmkað töluvert þannig að það nær nú til allra umráðamanna, þó svo að þeir hafi ekki haft landið á leigu nema í eitt ár. Hafa ber í huga að ákvæði 2. mgr. ber að túlka í samræmi við 4. gr.

Um 13.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til girðingarlaga.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina hvaða reglur gilda um girðingar vegna búfjár og hvernig kostnaður við uppsetningu þeirra og viðhald skuli skiptast milli hlutaðeigandi aðila.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

184. Fyrirspurn [181. mál]

til samgönguráðherra um farþegaflutninga til og frá Íslandi.

Frá Katrínu Fjeldsted.

Telur ráðherra nauðsynlegt að boðið sé upp á reglulegar skipaferðir allan ársins hring fyrir ferðamenn til og frá landinu?

185. Fyrirspurn [182. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsókn óupplýstra mannshvarfa.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

Ætlar ráðherra að beita sér fyrir frekari rannsókn óupplýstra mannshvarfa, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannshvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgðasamantekt séu 42 mannshvörf frá árunum 1945–99 óupplýst ef frá eru taldir þeir sem hafa farist við störf á sjó? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra gera það?

Skriflegt svar óskast.

186. Fyrirspurn [183. mál]

til menntamálaráðherra um fartölvuvæðingu framhaldsskólanna.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvað hefur ráðherra gert til að stuðla að því að fartölvuvæða framhaldsskólana?
2. Hefur ráðherra beitt sér fyrir samningum um hagstæð innkaup skólanna á fartölvum?
3. Hvað hyggst ráðherra gera til að koma í veg fyrir að efnahagur mismuni nemendum og að fartölvuvæðingin skapi ójafnræði á milli barna efnaðra foreldra og efnaminni foreldra?
4. Hyggst ráðherra veita nemendum fjárhagsstuðning við fartölvukaupin og ef svo er, verður hann tengdur efnahag foreldranna?

Skriflegt svar óskast.

187. Svar [77. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Landbúnaðarráðuneytið hefur gert framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem er hluti af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ráðuneytið hefur ekki gert aðra áætlun. Hér ber þó að taka fram að verið er að leggja lokahönd á jafnréttisáætlun fyrir Stjórnarráðið í heild. Framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórn Íslands lagði fram er ætlað að gilda frá og með árinu 1998 til og með 2002. Þau verkefni áætlunarinnar sem landbúnaðarráðuneytið hugðist ráðast í miðuðust við ráðningu aukastarfsmanns. Heimild til þeirrar ráðningar fékkst hins vegar ekki og því hefur ekki verið hægt að leggja þann þunga sem ætlað var í verkefnin.

Árið 1999 kom út á vegum landbúnaðarráðuneytisins skýrslan „Markmið og framkvæmdaáætlun landbúnaðarráðuneytisins í jafnréttismálum". Þar var gerð grein fyrir því hvernig ráðuneytið ætlar að standa að framkvæmd einstakra verkefna áætlunarinnar. Eitt af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er könnun á eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindum og skyldum því samfara. Unnið er að undirbúningi þess verkefnis.

Ákveðið var í kjölfar framkvæmdaáætlunarinnar að gera sérstakt átak til þess að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Náðst hefur töluverð fjölgun á þessum vettvangi þar sem konum í stjórnum, nefndum og ráðum hefur fjölgað úr 10% í 13,5%, eða um 35%, en taka verður sérstakt tillit til þess að langflestar stjórnir, nefndir og ráð sem miðað var við í síðustu könnun eru enn starfandi.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Í heildina hafa fimm stöður verið auglýstar á vegum landbúnaðarráðuneytisins síðustu þrjú ár. Þær stöður eru: staða ráðuneytisstjóra, löglærðs deildarstjóra, deildarstjóra í jarðadeild, viðskiptalærðs deildarstjóra og stjórnarráðsfulltrúa í skjalavörslu. Umsækjendur um stöðu ráðuneytisstjóra voru 11, allt karlmenn, og voru allir umsækjendur taldir hæfir. Umsækjendur um stöðu löglærðs deildarstjóra voru 10, þar af 5 karlar og 5 konur. Allir umsækjendur töldust hæfir. Kona var ráðin í stöðuna. Umsækjendur um deildarstjórastöðu í jarðadeild voru 6, þar af 5 karlar og 1 kona, allir umsækjendur töldust hæfir. Karl var ráðinn. Umsækjendur um stöðu viðskiptalærðs deildarstjóra voru 12, þar af 5 karlar og 7 konur, allir umsækjendur töldust hæfir. Kona var ráðin. Umsækjendur um starf stjórnarráðsfulltrúa í skjalavörslu voru 5, þar af 1 karl og 4 konur, allir umsækjendur töldust hæfir. Kona var ráðin í starfið.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum hefur verið ráðið í tvær stöður á vegum landbúnaðarráðuneytisins þar sem störfin hafa ekki verið auglýst fyrir fram. Ástæðan fyrir því að stöðurnar voru ekki auglýstar eru þær að starfsmennirnir voru ráðnir sem sumarafleysingamenn. Í báðum tilvikum er um að ræða konur.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Um svar við þessum lið vísast í eftirfarandi yfirlit yfir nefndir á vegum ráðuneytisins.

Nefndir og ráð sem eru starfandi á vegum landbúnaðarráðuneytisins.

Tekið er fram hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig aðalmenn og varamenn skiptast eftir kynjum og hvenær nefndin eða ráðið var skipað.

1. Skólanefnd Hólaskóla. Skipuð 13. júlí til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður

2. Skólanefnd Garðyrkjuskólans á Reykjum. Skipuð 27. júlí 1999 til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	3 karlmenn	2 kvenmenn

3. Stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Skipuð 25. ágúst 1999 til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

4. Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins.

Fulltrúar eru 8.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	4 karlmenn
Varamenn:	4 karlmenn

5. Stjórn Veiðimálastofnunar. Skipuð 27. júlí 1999 til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	5 karlmenn
Varamenn:	5 karlmenn

6. Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Skipuð 7. nóvember til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	2 karlmenn	3 kvenmenn

7. Stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins. Skipuð 31. desember 1997 til fjögurra ára.

Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	
Varamenn:	2 karlmenn	3 kvenmenn

8. Stjórn Héraðsskóga. Skipuð 3. september 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

9. Stjórn Suðurlandsskóga. Skipuð 25. janúar 2000 til tveggja ára.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

10. Búfræðsluráð. Skipað 25. ágúst 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	9 karlmenn	1 kvenmaður

11. Dýralæknaráð. Skipað 13. júlí 1999 til fimm ára.
Fulltrúar eru 8.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	
Varamenn:	2 karlmenn	2 kvenmenn

12. Veiðimálanefnd. Skipuð 30. september 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 10.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	
Varamenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður

13. Yfirmatsnefnd.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	
Varamaður:	1 karlmaður	

14. Fisksjúkdómanefnd.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

15. Verðlagsnefnd búvara. Skipuð árlega.
Fulltrúar eru 15.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	7 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	5 karlmenn	2 kvenmenn

16. Áform – átaksverkefni. Nefnd skipuð 21. mars 2000 til tveggja ára.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	

17. Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarafurða. Skipuð 19. mars 1999.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

18. Úrskurðarnefnd. Skipuð 7. nóvember 1997 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 7.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	2 kvenmenn
Varamenn:	3 karlmenn	

19. Ráðgjafarnefnd. Skipuð 10. september 1996.
Fulltrúar eru 9.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	8 karlmenn	1 kvenmaður

20. Markanefnd. Skipuð 6. mars 1996 til átta ára.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	3 karlmenn	

21. Fóðurnefnd. Skipuð 8. mars 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

22. Sáðvöru- og áburðarnefnd. Skipuð 29. júní 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

23. Kartöfluútsæðisnefnd. Skipuð 1. október 1996 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

24. Smáverkefnasjóður. Stjórn skipuð 15. júní 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

25. Erfðanefnd búfjár. Skipuð 8. mars 1999 til þriggja ára.
Fulltrúar eru 9.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður
Varamenn:	4 karlmenn	

26. Tilraunaráð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Skipað 20. júlí 1999 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 20.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	13 karlmenn	2 kvenmenn
Varamenn:	5 karlmenn	

27. Stjórn Skjólskóga. Skipuð 25. janúar 2000 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	4 karlmenn
Varamenn:	1 karlmaður

28. Stjórn Vesturlandsskóga. Skipuð 25. janúar 2000 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	
Varamenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

29. Stjórn Norðurlandsskóga. Skipuð 25. janúar 2000 til fjögurra ára.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn
Varamenn:	3 karlmenn

Tímabundnar verkefnanefndir.

Kjötmjölsnefnd. Skipuð 22. desember 2000.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður

Faghópur vegna rannsóknar á norskum fósturvísum. Skipaður 19. desember 2000.
Fulltrúar eru 12.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	11 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd um endurskoðun reglugerðar nr. 671/1997, um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra. Skipuð 22. nóvember 2000.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd um lausaskuldir bænda. Skipuð 8. nóvember 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

Starfshópur sem meta á sambýli kvíaeldis og villtrar náttúru er varðar regnbogasilung og lax. Skipaður 23. ágúst 2000.
Fulltrúar eru 8.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	8 karlmenn	

Verkefnisstjórn átaks um sumarexem í hrossum. Skipuð 7. júlí 2000.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	3 kvenmenn

Nefnd um sýningarstjórn íslenska hestsins. Skipuð 17. maí 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd til að meta áhrif eldis á norskættuðum laxastofni í Stakksfirði v/Vogastapa. Skipuð 15. maí 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

Starfshópur um sumarexem í hrossum. Skipaður 3. maí 2000.
Fulltrúar eru 7.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	2 kvenmenn

Nefnd um endurskoðun girðingarlaga. Skipuð 26. apríl 2000.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður

Starfshópur sem fjalla á um stuðning við lífræna landbúnaðarframleiðslu.
Skipaður 22. mars 2000.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	6 karlmenn	

Plöntusjúkdómaráð. Skipað 22. mars 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

Nefnd til að gera tillögur að reglugerð um skyldumerkingar búfjár. Skipuð 21. mars 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

Starfshópur um mengun af völdum salmonellu og kampýlóbakter í skepnum og ýmsum búvörum framleiddum á Suðurlandi. Skipaður 14. febrúar 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

Starfshópur til að meta hollustu og sérstöðu íslenskrar mjólkur. Skipaður 31. janúar 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	

Starfshópur um endurskoðun þriggja reglugerða um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Skipaður 26. janúar 2000.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd til að gera tillögur að reglugerðum um atriði á grundvelli laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.
Skipuð 24. janúar 2000.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	1 kvenmaður

Starfshópur um stefnu í skógrækt og samningu nýrra skógræktarlaga. Skipaður 21. janúar 2000.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd vegna kampýlóbakter-sýkinga. Skipuð 17. desember 1999.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	4 karlmenn	1 kvenmaður

Kynbætur fyrir bleikjueldi. Nefnd skipuð 28. október 1999.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	4 karlmenn
Varamenn:	1 karlmaður

Endurskoðun laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. Nefndin skipuð 12. október 1999. Starfslok 1. maí 2000. Falið að starfa áfram.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	2 kvenmenn

Fegurri sveitir. Nefnd skipuð 6. október 1999, áætluð starfslok 1. október 2000. Falið að starfa áfram.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	1 karlmaður	4 kvenmenn

Nefnd til að gera tillögu að viðauka um vistvæna mjólkurframleiðslu við reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu, nr. 504/1998. Skipuð 6. október 1999.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	3 karlmenn	1 kvenmaður

Nefnd um mat á æðardún. Skipuð 29. júlí 1999.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn
Varamenn:	2 karlmenn

Útflutnings- og markaðsnefnd hrossa. Skipuð 29. júní 1999.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	5 karlmenn

Starfshópur til að fylgja eftir og koma í framkvæmd á næstu fimm árum till. um „vistrænt Ísland". Skipaður 11. febrúar 1999.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	5 karlmenn

Kvótanefnd. Skipuð 24. september 1998.
Fulltrúar eru 9.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	7 karlmenn	2 kvenmenn

Nefnd v/lausagöngu búfjár við þjóðvegina. Vegsvæðanefnd. Skipuð 6. júlí 1998. Starfslok 1. nóvember 1998. Falið að vinna áfram.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	1 kvenmaður

Átak í landgræðslu og skógrækt til ársins 2000. Verkefnisstjórn skipuð 11. febrúar 1997.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	4 karlmenn

Nefnd um endurheimt votlendis. Votlendisnefnd. Skipuð 28. febrúar 1996.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	6 karlmenn

Verkefnisráð um þróunarvinnu í fiskeldi. Skipað 18. apríl 1995.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	4 karlmenn

Samráðsnefnd. Skipuð 31. janúar 1994.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

Framkvæmdanefnd búvörusamninga.
Fulltrúar eru 7.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	7 karlmenn

Verkefnisstjórn um nýtingu upplýsingasamfélagsins í sveitum landsins. Skipuð 5. júní 2001.
Fulltrúar eru 7.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	2 kvenmenn

Vegsvæðanefnd. Skipuð 6. ágúst 1998.
Fulltrúar eru 6.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn	1 kvenmaður

Starfshópur um uppbyggingu skráningarkerfis v/merkingar búfjár. Skipaður 6. júní 2001.
Fulltrúar eru 5.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	5 karlmenn.	

Starfshópur um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta. Skipaður 11. apríl 2001.
Fulltrúar eru 7.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	6 karlmenn	1 kvenmaður

Starfshópur um fjármál Hólaskóla. Skipaður 10. september 2001.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

Nefnd um sameiningu sjóða/stofnana landbúnaðarins. Skipuð 27. september 2001.
Fulltrúar eru 3.

Formaður:	Karlmaður
Aðalmenn:	3 karlmenn

Nefnd um markaðsmöguleika lambakjöts á erlendum mörkuðum. Skipuð 6. júní 1999.
Fulltrúar eru 8.

Formaður:	Karlmaður	
Aðalmenn:	6 karlmenn	2 kvenmenn

Nefnd til að yfirfara rekstur Skógræktar ríkisins. Skipuð 25. september 2000.
Fulltrúar eru 2.

Aðalmenn:	2 karlmenn

Nefnd um innlenda forsjá erfðalinda. Skipuð 9. febrúar 2001.
Fulltrúar eru 4.

Formaður:	Kvenmaður	
Aðalmenn:	2 karlmenn	2 kvenmenn

Samantekt.

Fulltrúar alls	**416**		
Formenn	**71**	**Aðalmenn**	**342**
karlmenn	60	karlmenn	296
kvenmenn	11	kvenmenn	46

Kvenmenn í hlutfalli af heildarfjölda: formenn 15,5%, aðalmenn 13,5%.

Varamenn	**74**
karlmenn	57
kvenmenn	17

Kvenmenn í hlutfalli af heildarfjölda: 23%.

188. Svar [102. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um framhaldsskóla- og háskólanám með fjarkennslusniði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir stunda nú nám með fjarkennslusniði, annars vegar á háskólastigi og hins vegar á framhaldsskólastigi? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.*
2. *Hversu margir stunduðu slíkt nám á síðasta skólaári?*
3. *Hvaða skólar á framhaldsskólastigi og háskólastigi bjóða upp á slíkt nám?*
4. *Hversu margir stunda slíkt fjarnám við einstaka skóla?*

Alls er skráður 1.051 nemandi til náms með fjarkennslusniði í framhaldsskólum og 1.101 í háskólum á haustönn 2001. Á eftirfarandi töflu má sjá hve margir eru skráðir í fjarnám í einstökum skólum. Þá má einnig sjá hvernig nemendur sem stunda háskólanám og visst nám í framhaldsskólum með fjarkennslusniði skipast eftir kjördæmum á haustönn 2001. Nemendur framhaldsskóla sem kenna einkum staka áfanga eru ekki flokkaðir eftir kjördæmum.

		Skipting nemenda eftir kjördæmum:								
Framhaldsskólar	**Alls**	RK	VL	VF	NV	NE	AL	SL	RN	ERL
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	**59**	28	4	1	0	2	2	0	20	2
Framhaldssk. í Austur-Skaftafellssýslu	**99**									
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	**31**	0	0	0	31	0	0	0	0	0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	**25**									
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	**20**	11	2	1	0	1	0	2	3	0
Menntaskólinn á Egilsstöðum*	**76**									
Menntaskólinn í Kópavogi	**45**	18	1	2	1	3	1	1	16	2
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	**12**	2	3	2	0	1	1	0	3	0
Verkmenntaskóli Austurlands	**26**									
Verkmenntaskólinn á Akureyri	**658**	102	60	59	27	217	31	68	63	31
Vélskóli Íslands (12 skráðir með VMA)										
Alls í framhaldsskólum	**1051**	161	70	65	59	224	35	71	105	35
Háskólar	**Alls**	RK	VL	VF	NV	NE	AL	SL	RN	ERL
Háskólinn á Akureyri	**258**	0	0	65	3	0	54	58	78	0
Háskóli Íslands	**150**	65	8	13	6	31	13	12	2	0
Háskólinn í Reykjavík	**108**	67	1	0	4	7	9	11	5	4
Kennaraháskóli Íslands	**508**	119	53	39	42	33	45	75	91	11
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	**26**	2	7	6	4	2	0	3	2	0
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	**51**	22	4	0	1	3	1	3	15	2
Alls í háskólum	**1101**	275	73	123	60	76	122	162	193	17
Alls í fjarnámi á haustönn 2001	**2152**	436	143	188	119	300	157	233	298	52

*37 af nemendum ME eru í heildstæðu námi á skrifstofubraut og búa allir á Austurlandi.

514 nemendur voru skráðir til náms með fjarkennslusniði á framhaldsskólastigi á haustönn 2000 og 944 á háskólastigi, eða alls 1.458. Nemendum í fjarnámi hefur því fjölgað um 694 á milli áranna, eða um rúmlega 47%.

Framhaldsskólar sem kenna með fjarkennslusniði á haustönn 2001 eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla (m.a. áfangar á heilbrigðissviði), Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (valdir áfangar kenndir í samstarfi við framhaldsskóla á Austurlandi), Framhaldsskóli

Norðurlands vestra (sjúkraliðanám), Fjölbrautaskóli Suðurlands (valdir áfangar í samstarfi við tvo aðra skóla), Fjölbrautaskóli Suðurnesja (netagerð), Menntaskólinn á Egilsstöðum (valdir áfangar í samstarfi við aðra skóla á Austurlandi og nám á skrifstofubraut), Menntaskólinn í Kópavogi (ferðamálanám), Stýrimannaskólinn í Reykjavík (skipstjórnarnám), Verkmenntaskóli Austurlands (valdir áfangar í samstarfi við aðra skóla á Austurlandi), Verkmenntaskólinn á Akureyri (m.a. nám til stúdentsprófs) og Vélskóli Íslands (sérgreinar vélstjórnar kenndar í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri).

Háskólar þar sem kennt er með fjarkennslusniði á haustönn 2001 eru Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (búfræðslunám) og Viðskiptaháskólinn á Bifröst.

Taflan hér að framan sýnir fjölda nemenda sem eru í fjarnámi í einstökum skólum á haustönn 2001. Vakin skal athygli á að þar eru nemendur taldir óháð kennslumagni. Mjög mismunandi er hve mikinn hluta náms síns nemendurnir stunda í fjarnámi, eða allt frá einum áfanga í framhaldsskóla til fulls náms á háskólastigi.

189. Svar [76. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í störfum ráðuneytisins og á vegum þess. Hins vegar er samráðshópur, sem í á sæti fulltrúi fjármálaráðuneytisins, að ganga frá jafnréttisstefnu fyrir Stjórnarráðið í heild sinni. Sú stefna mun birtast í sameiginlegri starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem liggur nú fyrir í lokadrögum. Stjórnendur ráðuneytisins eru meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III. kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val á umsækjendum, en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Auglýst voru 28 störf á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár. Um er að ræða stöðu ráðuneytisstjóra, stöður lögfræðinga, viðskipta- og hagfræðinga, félagsvísindamanna, sendlastörf og ritarastörf. Ekki eru til upplýsingar um fjölda umsókna um hverja stöðu í ráðuneytinu, en umsóknir fara yfirleitt í gegnum ráðningarskrifstofu sem metur umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu. Oft hljóta 10–20 umsóknir ítarlega skoðun og skipuleggur ráðningarskrifstofan 5–7 viðtöl í samráði við hlutaðeigandi yfirmann. Í þær 28 stöður sem auglýstar voru á síðustu þremur árum voru ráðnir 10 karlar og 18 konur. Karl var ráðinn í stöðu ráðuneytisstjóra og 9 karlar í stöður sérfræðinga, 14 konur voru ráðnar í stöður sérfræðinga, 2 í ritarastöður og 2 í afgreiðslustöður.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í átta stöður án auglýsingar á síðustu þremur árum. Um er að ræða þrjár stöður sem falla undir tilflutning starfa milli embætta og skiptust þær þannig að tvær konur voru ráðnar og einn karl. Ráðnir voru fimm starfsmenn til sumarafleysinga án auglýsingar, þrír karlmenn og tvær konur.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Sjá meðfylgjandi töflu.

Heiti nefnda/ráðs	Fjöldi í nefnd	Karlar	Konur	Skipun	
Lögbundnar nefndir:					
Bílanefnd	4	3	1	1999	
Endurskoðendaráð	3	3	0	2000	
Kærunefnd útboðsmála	5	3	2	2001	
Kjaranefnd	6	3	3	2000	
Kjararannsóknanefnd opinberra starfsmanna	9	8	1	2000	
Nefnd til að meta lausn um stundarsakir	2	1	1	1997	
Prófnefnd löggiltra endurskoðenda	6	6	0	1999	
Prófnefnd bókara	3	2	1	1998	
Reikningsskilaráð	5	5	0	2001	
Ríkisreikningsnefnd	6	6	0	2000	síðast breytt
Ríkistollanefnd	3	3	0	1999	síðast breytt
Samninganefnd ríkisins	15	10	5	2000	
Samráðsnefnd um lánsfjármál ríkissjóðs	6	5	1	2001	
Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir	5	5	0	2000	síðast breytt
Yfirfasteignamatsnefnd	3	2	1	2001	
Yfirskattanefnd	6	5	1	2000	síðast breytt
Nefndir samkvæmt ákvæðum kjarasamninga:					
Ferðakostnaðarnefnd	4	4	0	1997	
Námsmatsnefnd Sjúkraliðafélags Íslands	3	2	1	1998	
Námsmatsnefnd vegna kennara í grunn- og framhaldsskólum	5	3	2	1998	
Nefnd er úthlutar námsleyfum til presta	3	3	0	1998	
Nefnd til að meta heildarkjarabreytingu Landssambands lögreglumanna	5	5	0	1999	
Nefnd til að meta heildarkjarabreytingu Tollvarðafélags Íslands	5	4	1	1999	
Samráðsnefnd um skipulag vinnutíma	10	6	4	1997	
Verkefnanefndir:					
Afskriftanefnd	3	2	1	2000	
Framkvæmdanefnd gegn skattsvikum	3	3	0	1997	
Gjaldtökunefnd	3	2	1	1999	
Nefnd er geri tillögu um viðurkenningu til ríkisstofnunar sem skarað hefur fram úr	3	2	1	1999	
Nefnd um áætlanir í skattkerfinu	5	4	1	2000	
Nefnd til að semja reglugerð á grundvelli laga um tekjuskatt og eignarskatt	4	2	2	1999	
Nefnd til að semja reglugerð um skatteftirlit	6	5	1	1999	

Heiti nefnda/ráðs	Fjöldi í nefnd	Karlar	Konur	Skipun	
Nefnd um athugun á skattlagningu fjármálaviðskipta milli landa	4	3	1	2001	
Nefnd um endurskoðun laga um bókhald og ársreikninga	4	3	1	2000	
Nefnd um endurskoðun laga um erfðafjárskatt	4	0	4	2000	
Nefnd um endurskoðun tollalaga	4	1	3	2001	
Nefnd um fjölþrepaskatt og viðmiðunarneyslu	3	3	0	2001	
Nefnd um framkvæmd árangursstjórnunar	12	8	4	1997	
Nefnd um húsnæðismál tollstjórans í Reykjavík	3	2	1	2001	
Nefnd um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins	4	2	2	2000	
Nefnd um meðferð áfallinna lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna samrekstrarstofnana ríkis og Reykjavíkurborgar	5	5	0	1998	
Nefnd um skipulag dreifilykla	8	7	1	2001	
Nefnd um tímasetningar og álagningar vegna skattframtala	6	4	2	2001	
Nefnd um þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði og viðhaldi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	4	4	0	2001	
Nefnd um verðlagningu opinberra upplýsinga	7	6	1	2000	
Nefnd um viðskiptamannareikning skattgreiðenda	5	3	2	2000	
Ráðgjafarnefnd um upplýsinga- og tölvumál	4	2	2	2000	
Samráðsnefnd fjármálaráðuneytis og Alþingis um fjárlagagerð	5	4	1	1998	
Samráðsnefnd um gerð tvísköttunarsamninga og fjárfestingarsamninga	5	4	1	1999	
Starfshópur um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja	5	3	2	2000	
Stýrihópur um fræðslu forstöðumanna	4	4	0	2000	
Tvísköttunarnefnd	3	2	1	2000	
Þjóðlendunefnd	3	3	0	1999	
Verkefnisstjórn um innkaupakort ríkisins	4	4	0	1999	
Vinnuhópur um tölfræði virðisaukaskattsins	3	3	0	1999	
Vinnuhópur um kynningu á gerð þjónustu- og rekstrarsamninga	5	4	1	1999	
Annað:					
Ríkisfjármálanefnd	5	5	0	2001	síðast breytt
Samráðshópur um framkvæmd rammasamnings við Skýrr	4	4	0	2000	síðast breytt
Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál	4	3	1	2000	
Skattalaganefnd – ráðgjafarnefnd	4	2	2	1999	
Alls 58 nefndir	**280**	**215**	**65**		

190. Svar [74. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*
2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*
4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Samráðshópur sem í á sæti fulltrúi dómsmálaráðuneytisins er að ganga frá jafnréttisstefnu fyrir Stjórnarráðið í heild sinni. Sú stefna mun birtast í sameiginlegri starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem liggur nú fyrir í lokadrögum. Enn fremur er ráðuneytið að vinna að sérstakri jafnréttisáætlun fyrir sig og stofnanir sem undir ráðuneytið heyra. Áætlun þessi liggur nú fyrir í drögum en stefnt er að því að hún verði fullbúin fljótlega. Verður hún þá kynnt starfsmönnum ráðuneytisins og stofnana þess.

Auglýst hafa verið 23 störf fyrir hönd ráðuneytisins og undirstofnana síðastliðin þrjú ár. Umsækjendur voru alls 243, þar af 99 konur og 124 karlar, auk 20 umsækjenda (ein auglýsing) þar sem skipting milli kynja liggur ekki fyrir. Ráðnar voru 9 konur og 14 karlmenn. Nánari greiningu má sjá í töflu 1. Umsóknir hljóta ítarlega skoðun, eru metnar eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu og umsækjendur boðaðir í viðtal til viðkomandi yfirmanna. Ekki liggur fyrir bein flokkun á hversu margir umsækjenda töldust hæfir eða vanhæfir.

Ráðið hefur verið í fimm störf án auglýsingar síðastliðin þrjú ár. Er þar um að ræða fjórar stöður sérfræðinga, þar af þrjár sem falla undir tilfærslu milli embætta og eina er afleysingamaður hlaut fastráðningu er starf losnaði. Fimmta er starf bílstjóra ráðherra. Stöðurnar skipa þrjár konur og tveir karlar. Ráðnir voru á tímabilinu sjö starfsmenn til afleysinga og tímabundinna verkefna. Þar af voru sex konur og ein karl.

Á vegum ráðuneytisins eru skráðar 43 nefndir og starfshópar. Skipaðir nefndarmenn eru 223, þar af 77 konur og 146 karlar, sjá töflu 2.

Tafla 1. Stöðuveitingar á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis 1999–2001.

		Auglýst	Ekki auglýst	Umsækj-endur alls	Konur alls	Karlar alls	Kona ráðin	Karl ráðinn
Staða 1	Rekstrarstjóri		1				1	
Staða 2	Sérfræðingar, tveir auglýstir saman	2		12	7	5	1	1
Staða 3	Sérfræðingar, þrír auglýstir saman	3		41	24	17	1	2
Staða 5	Sérfræðingur		1				1	
Staða 7	Sérfræðingur	1		14	7	7	1	
Staða 8	Sérfræðingur		1					1
Staða 9	Sérfræðingur		1				1	
Staða 10	Sérfræðingur	1		7	4	3	1	
Staða 11	Ritari	1		20	19	1	1	
Staða 12	Bílstjóri ráðherra		1					1
Stjórnartíðindi/ Lögbirtingablað	Skrifstofumaður	1		20				1
	Skrifstofumaður (sama starf)	1		25	14	11		1
Hæstiréttur	Hæstaréttardómari	1		7	5	2	1	
	Hæstaréttardómari	1		4	3	1		1

Héraðsdómstólar	Héraðsdómari	1		13	6	7	1	
	Héraðsdómari	1		7	4	3		1
Persónuvernd	Forstjóri	1		2	2		1	
Ríkislögreglustjóri	Aðstoðar-yfirlögregluþjónn	1		17	1	16		1
	Aðstoðar-yfirlögregluþjónn	1		1		1		1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	Yfirlögregluþjónn	1		5		5		1
	Aðstoðar-yfirlögregluþjónn	1		19	1	18		1
	Aðstoðar-yfirlögregluþjónn	1		8		8		1
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	Sýslumaður	1		6	2	4	1	
Sýslumaðurinn á Eskifirði	Yfirlögregluþjónn	1		4		4		1
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Yfirlögregluþjónn	1		11		11		1
		23	**5**	**243**	**99**	**124**	**12**	**16**

Tafla 2. Fastanefndir, lögskipaðar nefndir og vinnuhópar á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

	Nefndar-menn	Vara-menn	Ritari	Konur	Karlar	Skipunartími
Fastanefndir og lögskipaðar nefndir						
Náðunarnefnd	3	3		4	2	1.1.2001–1.1.2003
Nefnd til þess að endurskoða tiltekin ákvæði laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu	3	1	1	1	4	12.1.2001–
Nefnd um skráningu trúfélaga	3			1	2	1.7.2000–1.7.2004
Refsiréttarnefnd	5		1	2	4	6.2.1997
Gjafsóknarnefnd	3	2		0	5	
Nauðasamninganefnd	3	3		4	2	1.7.2000–1.7.2004
Nefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara	3	2		3	2	1.7.2001–15.6.2003
Nefnd um dómarastörf	3	3		5	1	15.5.2004 /15.5.2006
Nefnd um málskostnað í opinberum málum	3			2	1	28.8.2001
Réttarfarsnefnd	6		1	1	6	
Réttindi til að verða hæstaréttardómari, prófnefnd	3	3		1	5	1.1.1999–1.1.2003
Réttindi til að verða héraðsdómslögmaður, prófnefnd	3	3		3	3	1.1.1999–1.1.2003
Ættleiðingarnefnd	3	3		4	2	20.9.2000–20.9.2004
Mannanafnanefnd	3	2		3	2	1.1.2001–1.1.2005
Sifjalaganefnd	3	1		3	1	1.1.1999
Endurkröfunefnd	3	3		0	6	21.6.2000–21.6.2003
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	3	3	1	1	6	1.7.2000–1.7.2004
Bótanefnd	3	3		3	3	1.7.2000–1.7.2004
Matsnefnd eignarnámsbóta	1	1			2	24.8.1998–24.8.2003
Nefnd til að fylgjast með framkvæmd laga um mannanöfn	3			1	2	1.1.1997

	Nefndar-menn	Vara-menn	Ritari	Konur	Karlar	Skipunartími
Nefnd um reglugerð um starfsstig innan lögreglu	5			1	4	
Örorkunefnd	3	3		1	5	1.7.1999–1.7.2005
Prófnefnd fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	3	0		1	2	3.9.1999–3.9.2003
Úrskurðarnefnd um áfengismál	3	3	1	4	3	–17.8.2002
Eftirlit með talnagetraunum Íslenskrar getspár	4			1	3	20.3.2001–20.3.2004
Happdrættisráð Vöruhappdrættis Sambands íslenskra berklasjúklinga	3	1		2	2	2001–2002–2003
Nefnd um samræmda neyðarsímsvörun	7			1	6	1.8.2000–31.12.2001
Happdrættisráð Happdrættis Háskóla Íslands	3	1		3	1	2001–2002– 2003
Nefndir, alls	**94**	**44**	**5**	**56**	**87**	
Vinnuhópar sem ráðherra hefur skipað						
Nefnd til að sporna við vændi og kynferðislegri misnotkun	7		1	4	4	
Starfshópur til að semja leiðbeiningar fyrir brotaþola og aðra sem leita til lögreglu til þess að kæra afbrot	3				3	
Nefnd til að fylgjast með framkvæmd tæknifrjóvgunarlaga og vinna að endurskoðun þeirra	3			1	2	
Nefnd vegna könnunar á forsjár- og umgengnismálum	3			2	1	
Samráðshópur til þess að liðka fyrir allri framkvæmd skoðunarskráningarmála	5				5	
Starfshópur til að setja reglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng	7		1	2	6	
Nefnd um framtíðarskipulag birtingar laga og stjórnvaldsfyrirmæla	5			1	4	
Rafræn eyðublöð, leyfi, vottorð o.s.frv.	4			2	2	
Rafrænar kosningar	6			1	5	
Starfshópur sem ætlað er að fara yfir gildandi lög og reglur er snerta skemmtanahald á útihátíðum	7			2	5	
Vinnuhópur um stefnumörkun vegna víðnets dómsmálaráðuneytisins	3				3	
Nefnd til rannsóknar á refsingum við afbrotum	6		1	2	5	
Nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta	7			2	5	
Nefnd til þess að fjalla um öryggismál íslensks samfélags	6		1	1	6	
Eftirlitsnefnd með töku öndunarsýna	3		1	1	3	
Vinnuhópar, alls	**75**	**0**	**5**	**21**	**59**	
Samtals, nefndir og vinnuhópar	*169*	*44*	*10*	*77*	*146*	

Fylgiskjal.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti:

Jafnréttisyfirlýsing.
(Nóvember 2001.)

Með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, mannréttindasáttmála Evrópu, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum alþjóðasamningum og lögum þar sem leitast er við að koma á jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum, gefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið út svohljóðandi jafnréttisáætlun til eftirbreytni fyrir starfsmenn ráðuneytisins og stofnana sem heyra undir verksvið þess:

JAFNRÉTTISYFIRLÝSING
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS

Launajafnrétti

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Þessa skal einnig gætt þegar um er að ræða annars konar þóknun, beina eða óbeina og önnur starfskjör.

Stöðuveitingar og skipanir í embætti

Þess skal gætt að sá umsækjandi sé ráðinn sem býr yfir mestri hæfni til þess að gegna starfi, án tillits til kynferðis. Leitast skal við að hafa sem jafnasta skiptingu kynja í hinum ýmsu störfum og embættum. Skal það ávallt haft í huga við ráðningar og skipanir í störf. Þá skal þess gætt að auglýsingar um embætti og störf séu ókyngreindar og þær geti höfðað til beggja kynja.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafn margir af hvoru kyni.

Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir og ráð skal ávallt á þetta minnt.

Jafnræði á vinnustað

Við alla starfsmenn skal komið fram af virðingu og sanngirni, óháð kyni. Starfsmenn þurfa ekki að hlíta því að vera ávarpaðir með ótilhlýðilegu orðalagi eða sæta kynferðislegri áreitni af hálfu samstarfsfélaga. Jafnréttisfulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tekur við kvörtunum vegna meintrar kynferðislegrar áreitni, leitar lausna á málum og eftir atvikum vísar þeim til meðferðar hjá réttum yfirvöldum.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Starfsmönnum af báðum kynjum skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og starfsskyldur t.d. með sveigjanlegum vinnutíma eða annarri vinnuhagræðingu, þar sem því verður við komið.

Jafn réttur til starfsþjálfunar og endurmenntunar

Lögð er á það áhersla að bæði kyn njóti sömu möguleika til starfsþjálfunar og menntunar sem auki hæfni þeirra og færni í starfi.

Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og stofnana sem undir ráðuneytið heyra.

191. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason,
Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987).

Greinargerð.

Árið 1936 samþykkti Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, tilmæli nr. 48. Þessi tilmæli varða velferð sjómanna í höfn og fela í sér aðstöðu varðandi heilsu (þ.e. þær hættur sem steðja að heilsu sjómanna í höfn og meðferð í veikindum), ásamt gistiaðstöðu, tómstundahúsnæði, möguleika á að geta sent peninga til fjölskyldna sinna og upplýsingamiðlun til sjómanna um velferðaraðstöðu ýmiss konar. Á grundvelli þessara tilmæla var komið á fót sjómannaþjónustu víða um lönd. Norðurlöndin (önnur en Ísland) voru í fararbroddi, enda miklar siglingaþjóðir á alþjóðlegum mælikvarða. Síðastliðna hálfa öld hafa íslenskir sjómenn getað notið þjónustu slíkra velferðarstofnana (sjómannastofa) annars staðar á Norðurlöndum, á Bretlandi og í Þýskalandi. Hins vegar hefur Ísland ekki tekið þátt í þessari starfsemi. Ástæðan hefur einkum verið sú að á Íslandi hafa verið allt aðrar forsendur ríkjandi í þessum málum. Flutningar fóru að megni til fram með íslenskum skipum til og frá landinu og mjög sjaldgæft að íslensk skip væru í svokallaðri langfart, þ.e. siglingum hafna á milli erlendis um langan tíma.

Undanfarna þrjá áratugi hafa þessar forsendur verið að breytast. Stórflutningaskip flytja mestan hluta allra fiskafurða á erlenda markaði. Stórflutningar í hráefnisinnflutningi, svo sem á hveiti og korni, súráli og málmblendi, fara að mestu fram með erlendum kaupskipum, en umfangsmestu breytingarnar hafa orðið í farþegaskipasiglingum. Um 15–20 þúsund starfandi sjómenn á skemmtiferðaskipum koma til hafnar á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Þeim til viðbótar koma um 1.000 kaupskip til hafnar á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali um 10 manns í áhöfn. Fjöldi erlendra og innlendra fiskiskipa kemur til hafnar á höfuðborgarsvæðinu árlega með um 5.000 manns samtals í áhöfnum, en það er varlega áætlað. Þeir Íslendingar sem starfa um borð í þessum skipum búa ekki allir á höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að á bilinu 25–30 þúsund sjómenn heimsækja höfuðborgarsvæðið á hverju ári.

Hinn 17. maí 2000 stofnuðu samtök sjómanna og þjóðkirkjan Sjómannaþjónustuna í Reykjavík og nágrenni. Að henni standa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjómannadagsráð, Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands og þjóðkirkjan. Sjó-

mannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni byrjaði á því að láta fara fram viðamikla könnun sumarið 2000 meðal erlendra sjómanna um borð í skipum í höfnum við Faxaflóa á þörf fyrir þjónustu við sjómenn á höfuðborgarsvæðinu og fól Gallup framkvæmd hennar.

Niðurstaða þessarar könnunar leiddi afdráttarlaust í ljós að mikil þörf er fyrir eftirtalda þjónustu:

	% svarenda
Síma-, tölvu- og póstþjónusta	89,4
Ferðaþjónusta	92,3
Veitingaþjónusta fyrir sjómenn	84,6
Skoðunarferðir, menning	83,7
Bókasafn og blöð	94,2
Félagsskapur við aðra sjómenn	82,7
Myndbönd og útvarp	76,0
Afþreying og leikir	84,6
Líkamsrækt	66,3
Guðsþjónusta, prestsþjónusta	81,8

Sú sjómannaþjónusta, sem nú er veitt víða erlendis, byggist á samþykkt ILO nr. 163 frá 1987, en í henni eru nú öll þau atriði sem voru í tilmælunum nr. 48 frá 1936. ILO-samþykktin nr. 163 er síðan útfærð nánar í sérstökum tilmælum ILO nr. 173. Ellefu ríki hafa fullgilt þessa samþykkt og þar með tryggt fjármagn til þeirrar starfsemi sem sjómannaþjónustan byggist á. Í hópi þessara ríkja eru öll Norðurlöndin nema Ísland.

Sjómannaþjónustunni í Reykjavík standa nú til boða fjármunir úr alþjóðlegum velferðarsjóði sjómanna, allt að 98 milljónir króna, til að koma þessari aðstöðu á fót hér á landi með öllum þeim búnaði sem til þarf. Þessi alþjóðlegi velferðarsjóður getur ekki tekið að sér daglegan rekstur slíkrar þjónustu. Sjómannasamtökin binda vonir við að ríkisstjórnin fullgildi ILO-samþykktina nr. 163 og tilmælin nr. 173 til að tryggja fjárhagslegan rekstur þessarar starfsemi á Íslandi. Inn í slíka starfsemi mundi að sjálfsögðu fléttast margvísleg þjónusta við íslenska sjómenn, enda er lögð rík áhersla á það í samþykkt nr. 163 að um sé að ræða þjónustu við alla sjómenn, án tillits til þjóðernis.

Þjóðkirkjan hefur nú þegar stofnað embætti miðborgarprests sem ætlað er m.a. að sinna þjónustu við sjómenn og er það starf alfarið kostað af þjóðkirkjunni. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir þessa þjónustu í væntanlegri sjómannastofu nái tillagan fram að ganga.

Fjármögnun þessarar þjónustu annars staðar á Norðurlöndum er með ýmsu sniði. Í Svíþjóð og Finnlandi er þessi þjónusta innifalin í hafnargjöldum en í Danmörku eru beinar fjárveitingar á fjárlögum. Hér á landi mætti athuga með greiðslu til þessa nauðsynjamáls með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Um væri að ræða rekstrarkostnað sem gæti numið um 20 milljónum íslenskra króna á ári.

Eftirtalin ríki hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163: Spánn (1989), Sviss (1989), Ungverjaland (1989), Mexíkó (1990), Svíþjóð (1990), Finnland (1992), Danmörk (1993), Noregur (1993), Slóvakía (1993), Tékkland (1993) og Brasilía (1997).

192. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Við 1. málsl. 4. mgr. 210. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, bætist: eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með því eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, um kynferðisbrot gegn börnum. Miðar frumvarpið að því að veita börnum ríkari refsivernd gegn slíkum brotum.

Kynferðisbrot hafa undanfarið verið til sérstakrar athugunar í dómsmálaráðuneytinu. Í tilefni af beiðni þingmanna skilaði dómsmálaráðherra ítarlegri skýrslu um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf um klám, vændi o.fl. sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi. Í skýrslunni er greinargóð umfjöllun um réttarstöðuna að þessu leyti í hverju landanna fyrir sig. Tekur umfjöllunin meðal annars til barnakláms og vændis barna og ungmenna. Í niðurstöðukafla skýrslunnar er síðan löggjöf ríkjanna borin saman og fjallað um þau álitaefni sem sá samanburður gefur tilefni til.

Auk umræddrar skýrslu um samanburð á norrænni löggjöf um klám og vændi var á vegum dómsmálaráðuneytisins í upphafi árs 2001 tekin saman skýrsla um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Sú skýrsla var unnin af rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknir og greining og var reist á rannsókn á vændi hér á landi og í hvaða myndum það birtist. Var rannsóknin framkvæmd með viðtölum við sérfræðinga sem kynnst hafa vændi í störfum sínum og einstaklinga sem kynnst hafa vændi af eigin raun. Í skýrslunni er meðal annars að finna sérstaka umfjöllun um vændi barna.

Frumvarp þetta er afrakstur af því starfi sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Með frumvarpinu er lagt til mælt verði fyrir um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af börnum og ungmennum. Einnig er lagt til að þyngri refsingar verði lagðar við því að flytja inn eða hafa í vörslum sínum efni sem hefur að geyma barnaklám.

Á vegum ráðuneytisins er fyrirhuguð frekari endurskoðun á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga varðandi kynferðisbrot gegn börnum. Í því sambandi má geta þess að dómsmálaráðherra skipaði í apríl 2001 nefnd til að gera tillögur um viðbrögð við niðurstöðum fyrrgreindrar rannsóknar á vændi og félagslegu umhverfi þess. Meðal annars var nefnd-

inni falið að kanna hvort unnt væri að veita börnum og ungmennum ríkari refsivernd gegn kynferðisbrotum. Að fengnum tillögum þessarar nefndar mun verða hugað að frekari lagabreytingum á þessu sviði.

II.

Í lögum er ekki beinlínis mælt fyrir um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára. Slík refsiákvæði hafa hins vegar verið lögfest annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku var með lögum frá árinu 1999 nýju ákvæði bætt við dönsku hegningarlögin í 233. gr. a þar sem lýst er refsiverðum kaupum á kynlífsþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára sem að hluta til eða að öllu leyti hefur viðurværi sitt af vændi. Viðurlög við slíku broti geta verið sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Í Noregi var með lögum frá árinu 2000 lögfest í 203. gr. norsku hegningarlaganna fortakslaust bann við kaupum á vændisþjónustu af einstaklingi yngri en 18 ára. Getur slíkt brot varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Skv. 8. gr. 20. kafla finnsku hegningarlaganna varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að greiða einstaklingi yngri en 18 ára fyrir kynlífsþjónustu. Þetta ákvæði kom nýtt inn í lögin með breytingarlögum frá árinu 1998. Í Svíþjóð hefur verið refsivert allt frá árinu 1965 að kaupa vændisþjónustu af börnum eða ungmennum yngri en 18 ára, sbr. 10. gr. í 6. kafla sænsku hegningarlaganna. Varðar slíkt brot sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Í athugasemdum með frumvörpum til laga um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af börnum, sem orðið hafa að lögum í Danmörku, Noregi og Finnlandi á undanförnum árum, kemur meðal annars fram að bannið sé liður í því að vernda börn og spyrna gegn kynferðislegri misnotkun þeirra sem útbreidd sé víða um heim. Einnig sé þetta í samræmi við alþjóðlegt samstarf á þessu sviði sem hafi það markmið að vinna gegn kynferðislegri misnotkun barna. Með þessu sé vonast til að draga megi úr eftirspurn eftir kynlífsþjónustu þessa aldurshóps. Þá kemur fram að gera verði greinarmun á því hvort börn stundi vændi eða fullorðnir. Börn hafi venjulega ekki nægan þroska til að meta áhrif gerða sinna til lengri tíma, auk þess sem hættara sé við að þau séu misnotuð af vændismiðlurum.

Kaup á kynlífsþjónustu barna geta varðað refsingum samkvæmt íslenskum refsilögum. Þannig kann slík háttsemi að varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga en þar segir að hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tæli ungmenni á aldrinum 14–16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skuli sæta fangelsi allt að fjórum árum. Einnig getur greiðsla til barns fyrir kynlífsþjónustu varðað við 65. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, en þar segir að hver sem hvetji barn til lauslætis eða leiði það með öðrum hætti á siðferðilega glapstigu skuli sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá er vitanlega það eitt að eiga kynferðisleg samskipti við ung börn refsivert. Varðar allt að 12 ára fangelsi að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára, en önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að fjórum árum, sbr. 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði um refsinæmi þess að greiða barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Með þessu verður börnum veitt aukin refsivernd miðað við gildandi löggjöf þar sem bannið er fortakslaust og verknaður refsiverður án tillits til þess hvort barn hafi verið táldregið eða leitt á siðferðilega glapstigu. Einnig felur ákvæðið í sér rýmri refsivernd þar sem aldursmörk þess ná til 18 ára aldurs í stað 16 ára skv. 2. mgr. 202. gr. hegningarlaga. Þá þykir rétt að slíkur verknaður verði lýstur refsiverður í almennum hegningarlögum og er það í samræmi við lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum svo sem áður er rakið. Með því er lögð sérstök áhersla á alvarleika þessara brota.

Þótt ekki sé ástæða til að ætla að barnavændi hafi verið stundað í miklum mæli hér á landi þykir allt að einu brýnt að gefa þessum vanda sérstakan gaum og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana. Með því er einnig verið að taka þátt í alþjóðlegri samstöðu gegn hvers konar kynferðislegri misnotkun barna. Í þessu sambandi má nefna að aðildarríki að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989, sem fullgiltur hefur verið af Íslands hálfu, hafa skuldbundið sig til að vernda börn gegn hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í því skyni ber ríkjunum meðal annars að gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi eða notað til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna, sbr. 34. gr. samningsins.

Samkvæmt frumvarpinu er refsinæmi brots bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Endurgjald sem innt er af hendi getur hvort heldur sem er verið fé eða önnur verðmæti. Engu breytir um refsinæmi verknaðar hvort endurgjald er greitt af geranda eða þriðja manni. Einnig er verknaður refsiverður án tillits til þess hvort barnið eða sá sem innir greiðslu af hendi á frumkvæði að kynferðislegum samskiptum. Þá er ekki skilyrði refsinæmis að brotið sé liður í meira eða minna skipulagðri vændisþjónustu og því er verknaður refsiverður þótt um einstakan atburð sé að ræða. Að þessu leyti er refsiverndin rýmri en í hliðstæðu ákvæði dönsku hegningarlaganna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að brot sé saknæmt ef það er framið af ásetningi, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Af 204. gr. laganna leiðir þó að unnt verður að refsa fyrir brot sem framið er í gáleysi um aldur þess sem fyrir broti verður.

III.

Samkvæmt 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, svo sem því ákvæði var breytt með lögum nr. 39/2000, skal hver sá sem flytur inn eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt sæta sektum. Sömu refsingu varðar að flytja inn eða hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

Þetta ákvæði hegningarlaganna er frábrugðið hliðstæðum ákvæðum í norrænni refsilöggjöf að því leyti að refsingar geta ekki orðið þyngri en sektir. Samkvæmt 2. mgr. 235. gr. dönsku hegningarlaganna geta viðurlög við því að hafa í vörslum sínum efni með barnaklámi verið varðhald eða fangelsi allt að sex mánuðum ef sérstakar refsiþyngjandi ástæður eru fyrir hendi (skærpende omstændigheder). Samkvæmt 19. gr. í 17. kafla finnsku hegningarlaganna geta viðurlög við slíkum brotum einnig varðað allt að sex mánaða fangelsi. Refsingar í Noregi við þessum brotum geta hins vegar verið fangelsi í allt að tveimur árum, sbr. 1. mgr. 204. gr. norsku hegningarlaganna. Sömu refsingar eru lagðar við umræddum brotum í Svíþjóð, sbr. 1. mgr. 10. gr. a í 16. kafla sænsku hegningarlaganna. Þó skera sænsk refsilög sig úr að því leyti að sé um stórfellt barnaklámsbrot að ræða er lágmarksrefsing sex mánaða fangelsi og getur orðið allt að fjögurra ára fangelsi, sbr. 4. mgr. sömu greinar.

Markmið þess að lýsa vörslur efnis með barnaklámi refsiverðar er að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni er talið geta dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efnis. Að virtu þessu og alvarleika þessara brota þykir nauðsynlegt að þau geti varðað þyngri refsingum. Er þá einnig litið til þess að gera má ráð fyrir auknum varnaðaráhrifum samfara því að leggja fangelsisrefsingu við broti. Samkvæmt þessu er því lagt til að refsingar við

þessum brotum geti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Eingöngu er þó lagt til að fangelsisrefsing verði dæmd þegar brot er stórfellt en mat á því ræðst einkum af grófleika og magni efnis í hverju tilviki fyrir sig.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á almennum hegningarlögum til að veita börnum aukna refsivernd gegn kynferðisbrotum. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

193. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Leggja skal mat á hvernig þau hafi þróast frá árinu 1993 eftir skatttegundum, atvinnugreinum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið af þessum sökum.

Jafnframt er markmiðið að greina helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmda hins vegar. Leggja skal fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.

Í þessu skyni skal skipa starfshóp, m.a. með aðild ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, sem skila skal niðurstöðu fyrir árslok 2002.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögur er að fram fari heildarúttekt á skattsvikum, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Úttektin gæti orðið til að draga úr skattsvikum og aukið þannig umtalsvert tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Tvívegis hefur umfang skattsvika hér á landi verið kannað. Í samræmi við þingsályktun Alþingis frá árinu 1984 var skipaður starfshópur til að sinna því verkefni og aftur á árinu 1992. Niðurstaðan í fyrri úttektinni var sú að ætla mætti að umfang dulinnar starfsemi hérlendis væri á bilinu 5–7% af landsframleiðslu. Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts var þá áætlað um 2,5–3 milljarðar króna á verðlagi þess árs.

Enn var skipaður starfshópur til að gera úttekt á skattsvikum í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1992. Niðurstaða starfshópsins var

sú að áætlaðar óframtaldar tekjur hafi numið sem samsvarar tæpum 4¼% af landsframleiðslu fyrir árið 1992. Þetta samsvaraði því þá að 16 milljarðar króna hefðu ekki verið gefnir upp til skatts. Sennilegt tap ríkis og sveitarfélaga vegna þessara skattsvika, auk ofáætlaðs innskatts var metið um 11 milljarðar króna. Samkvæmt niðurstöðu nefndarinnar var áætlað tekjutap hins opinbera á árinu 1992 svipað og árinu 1985 á sama verðlagi.

Ýmsar tillögur til úrbóta voru settar fram á árinu 1985 sem lutu að skattalögum og skattaframkvæmd, m.a. um að einfalda skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði til að gera skattskil og skatteftirlit virkara. Meðal þess sem gera átti var að herða bókhaldseftirlit og veita skattrannsóknarstjóra auknar heimildir, svo sem sektarheimild vegna bókhaldsbrota, og endurskoða ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna. Niðurstaða þessarar nefndar var á ýmsan hátt mjög athyglisverð og tillögur sem settar voru fram um aðgerðir býsna ákveðnar til að sporna við skattsvikum. Gerði nefndin mjög skýrar athugasemdir við framkvæmd söluskatts, en á árunum þar á eftir var tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs breytt í grundvallaratriðum með upptöku virðisaukaskatts í stað söluskatts og upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í janúar 1993 var komið á fót embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins en einn megintilgangur þess var að skilja rannsóknir á meintum skattalagabrotum frá almennri stjórnsýslu í skattamálum. Mikill árangur hefur náðst í hertu skatteftirliti og fjölgun mála sem tekin hafa verið til rannsóknar og hefur það skilað umtalsvert auknum tekjum í ríkissjóð, en sektarfjárhæðir í ríkissjóð hafa margfaldast.

Í síðari skýrslunni frá 1993 voru settar fram fjölmargar tillögur og komust margar þeirra til framkvæmda á næstu árum á eftir. Þar má nefna hert skatteftirlit og auknar skattrannsóknir, breytt skipulag og starfshætti skattyfirvalda, endurskoðun á bókhaldslögum og hert refsiákvæði í skattalögum. Almennt má segja að á síðasta áratug hafi orðið umtalsverðar framfarir í skattheimtunni, að því að talið er. Margt hefur verið gert til að sporna við skattsvikum. Sett hafa verið ný bókhaldslög, lög um virðisaukaskatt, lög um staðgreiðslu, lög um tryggingagjald, lög um bókhald og ársreikninga, auk þess sem sett hafa verið hert refsiákvæði í skattalög og almenn hegningarlög. Málum í dómsmeðferð hefur einnig fjölgað. Reynsla liðinna ára sýnir að fjármagn veitt til skattrannsókna og skatteftirlits skilar sér margfalt.

Fyrrnefndar úttektir á umfangi skattsvika voru gerðar með átta ára millibili. Ástæða er til að gera slíka könnun reglulega og því er þessi tillaga lögð fram. Hér eru gríðarlega miklir hagsmunir í húfi og ef áætlað er að undandráttur frá skatti sé um 5% af landsframleiðslu er um að ræða tæpa 34 milljarða króna miðað við verga landsframleiðslu ársins 2000. Einnig má benda á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um virðisaukaskatt, sem gefin var út í maí 1998, og nýlegri skýrslu um meðferð skattsvikamála koma fram verulegar efasemdir um að virðisaukaskattur skili sér nægjanlega vel í ríkissjóð. Ásetningur virðist að dylja brotin með skjalafalsi.

Ýmislegt hefur líka breyst í atvinnulífi og skattaumhverfi fyrirtækja á þessum tíma. Það mælir og með að á nýjan leik verði umfang skattsvika kannað. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hefur vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum með auknu frjálsræði á fjármagnsmarkaði, opnara þjóðfélagi og sívaxandi alþjóðavæðingu.

Fjármagnsflæði milli landa er vaxandi þáttur atvinnulífsins og hafa skapast möguleikar á að skrá fyrirtæki erlendis og reikningsfæra umsvif fyrirtækja á erlendum vettvangi, m.a. til skattahagræðis. Rekstrarformi fyrirtækja hefur verið breytt og hlutafélagavæðing aukist, auk þess sem hægt hefur verið að stofna einkahlutafélög, sem hefur fjölgað gífurlega á undanförnum árum. Á það hefur verið ítrekað bent, m.a. af skattyfirvöldum, að með stofnun einkahlutafélaga skapist möguleiki á því að eigendur taki hluta launa sinna út í arðgreiðslum

og greiði af þeim einungis 10% í stað 38% í skatt. Um það segir skattrannsóknarstjóri í nýlegri umsögn sinni til Alþingis að mismunandi skattprósenta eftir uppruna tekna bjóði upp á ýmiss konar sniðgöngu frá skattlagningu.

Flutningsmenn telja að ný úttekt á umfangi skattsvika sé til þess fallin að veita aðhald og opna fyrir möguleika á endurbótum í öllu skatteftirliti, því að sífellt þarf að endurskoða og meta nýjar baráttuaðferðir gegn skattsvikum. Ný úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og duldum efnahagsbrotum gefur því færi á að endurmeta aðferðir, skattrannsóknir og eftirlit í ljósi niðurstöðu könnunarinnar, en skoða á sérstaklega hvaða breytingar hafa orðið í skattundandrætti og skattsvikum eftir skatttegundum á þessum árum og bera umfang skattsvika hér á landi saman við það sem gerist með öðrum þjóðum.

Jafnframt er markmiðið að greina helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmda hins vegar. Leggja skal fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.

194. Svar [92. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um erlenda fjárfestingu.

Ráðuneytið fór þess á leit við Seðlabanka Íslands að hann tæki saman svör við fyrirspurninni og fylgja svör bankans.

Athygli er vakin á því að ekki eru fyrir hendi upplýsingar í gögnum bankans um 5. lið fyrirspurnarinnar. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um eignaraðild að erlendum lögaðilum sem hér kunna að hafa fjárfest. Því hefur ráðuneytið ekki handbærar upplýsingar til þess að unnt sé að svara þessum lið.

1. Hversu mikil var erlend fjárfesting á Íslandi á árunum 1998, 1999 og 2000?

Litið er svo á að í fyrstu þremur liðum fyrirspurnarinnar eigi fyrirspyrjandi við beinar erlendar fjárfestingar.

Innflæði beinnar erlendrar fjárfestingar árið 1998 var 10,5 milljarðar króna, 1999 var það 4,4 milljarðar króna og 12,4 milljarðar króna 2000, sbr. svar við 2. lið.

2. *Hvernig skiptist sú fjárfesting á milli atvinnugreina?*

Bein fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Í millj. kr.

Atvinnugreinar og iðnaður	**1998**	**1999**	**2000***
Bein fjárfesting samtals	**10.523**	**4.423**	**12.400**
Frumvinnsla samtals	**1**	**29**	**20**
Landbúnaður, dýraveiðar, skógrækt og þjónusta tengd sjávarútvegi	7	28	3
Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu	-6	1	17
Iðnaður samtals	**1.677**	**2.854**	**10.552**
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	-46	2.339	490
Textíl-, leður og fataiðnaður	-8	0	-2
Útgáfustarfsemi, trjá- og pappírsiðnaður	0	1	-3
Efna- og steinefnaiðnaður	60	-1	3.939
Málmiðnaður	1.702	536	-230
Vélsmíði og vélaviðgerðir	-31	-21	3
Rafmagns- og rafeindaiðnaður			6.355
Þjónusta samtals	**8.872**	**1.540**	**1.828**
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	223	107	487
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2.258	337	-18
Hótel- og veitingahúsarekstur	0	0	1
Samgöngur, flutningar og fjarskipti samtals	-42	-235	251
Flutningar	*122*	*-79*	*-17*
Fjarskipti	*-164*	*-156*	*268*
Fjármálaþjónusta	3.265	-246	495
Ýmis viðskiptaþjónusta samtals	3.070	1.542	617
Hugbúnaðargerð og skyldi starfsemi	*22*	*1.146*	*324*
Rannsóknir og þróunarstarf	*2.653*	*-58*	*-247*
Önnur viðskiptaþjónusta	*395*	*143*	*76*
Eignarhaldsfélög		*312*	*464*
Önnur þjónusta	98	35	-4

Heimild: Seðlabanki Íslands, tölfræðisvið.

*Bráðabirgðatölur.

3. Hvernig skiptist erlend fjárfesting á Íslandi milli landa í árslok 2000?

Bein fjármunaeign erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi.

Í millj. kr.	2000*
Bein fjármunaeign alls	**40.861**
Iðnríki	**39.884**
Vestur-Evrópa	*28.014*
Evrópusambandið	10.935
Austurríki	1
Belgía/Lúxemborg	3.926
Danmörk	4.110
Finnland	143
Frakkland	155
Þýskaland	113
Holland	108
Spánn	-
Svíþjóð	870
Bretland	1.509
Önnur Vestur-Evrópuríki	17.079
Færeyjar	7
Gíbraltar	25
Jersey	0
Noregur	3.352
Sviss	13.695
Norður-Ameríka	*11.303*
Kanada	65
Bandaríkin	11.238
Önnur iðnríki	*567*
Ástralía	171
Ísrael	0
Japan	396
Önnur ríki	
Suður- og Mið-Ameríka og Kyrrahafslönd	*0*
Suður-Ameríka	0
Chile	0
Asía	*662*
Vestur-Asía	662
Kýpur	662
Mið- og Austur-Evrópa	*315*
Lettland	315
Rússland	-

Heimild: Seðlabanki Íslands, tölfræðisvið.
*Bráðabirgðatölur.

Ítrekað er að í svörum við 1.–3. lið koma fram upplýsingar um beina erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum á Íslandi. Undir beina fjárfestingu falla einungis stærri fjárfestingar sem fela í sér áhrif á stjórn fyrirtækis eða að fjárfestir á 10% eða stærri hlut í fyrirtæki.

4. *Hve mikil voru viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum sem skilgreind voru sem verðbréfaviðskipti?*
Erlendir aðilar seldu innlend hlutabréf umfram kaup fyrir um 6,6 milljarða kr. árið 2000.

5. *Hversu hátt hlutfall erlendra fjárfestinga eru fjárfestingar eignarhaldsfyrirtækja sem eru í eigu Íslendinga?*
Seðlabanki Íslands hefur ekki upplýsingar um þetta.

195. Svar [93. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um óbeina fjárfestingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:
Hvernig hefur óbein fjárfesting erlendra aðila í sjávarútvegi þróast eftir að hún var heimiluð?

Ráðuneytið fór þess á leit við Seðlabanka Íslands að hann tæki saman svör við fyrirspurninni. Samkvæmt svari bankans eru ekki handbærar upplýsingar um óbeina fjárfestingu í gögnum hans. Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um óbeina fjárfestingu hér á landi né um þróun hennar. Þá er ráðuneytinu ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar séu tiltækar annars staðar.

196. Frumvarp til laga [53. mál]

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Eftir 2. umr., 18. okt.)

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að veita tryggingu eða endurtryggingu gegn bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Trygging ríkissjóðs skal vera í formi viðbótartryggingar við eða endurtryggingar á viðbótartryggingu við ábyrgðartryggingu sem flugrekendur geta keypt á almennum markaði. Tryggingin skal að hámarki tryggja það sem á vantar að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar sem unnt er að kaupa á almennum markaði nái þeirri lágmarksfjárhæð ábyrgðartryggingar sem viðkomandi flugrekandi hefur skuldbundið sig gagnvart þriðja aðila til þess að hafa í gildi.

Binda má veitingu tryggingar skv. 1. mgr. þeim skilyrðum og skilmálum sem ríkissjóður álítur nauðsynleg. Heimilt skal að áskilja ríkissjóði gjald fyrir þá tryggingu sem ríkissjóður lætur í té.

2. gr.

Trygging sem ríkissjóður veitir á grundvelli heimildar skv. 1. gr. skal vera tímabundin og má eigi gilda lengur en til ársloka 2001.

Trygging ríkissjóðs skv. 1. gr. skal hafa að geyma áskilnað um rétt ríkissjóðs til þess að segja tryggingu upp á gildistíma hennar ef áhættustig í flugsamgöngum vex eða vátryggjendur hefja að bjóða viðbótarábyrgðartryggingar.

3. gr.

Ríkissjóði skal í því skyni að dreifa áhættu ríkissjóðs af veitingu trygginga skv. 1. gr. heimilt að taka þátt í samstarfi við önnur ríki um veitingu eða endurtryggingu ábyrgðartrygginga á borð við þær sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

197. Lög [53. mál]

um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Afgreidd frá Alþingi 18. okt.)

Samhljóða þskj. 196.

198. Fyrirspurn [187. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfssvæði og verkefni hjá Suðurlandsskógum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvernig skiptast núverandi verkefni Suðurlandsskóga eftir sýslum?
2. Hvaða verkefni eru í bígerð á starfssvæði Suðurlandsskóga?
3. Hefur ráðherra gert tillögu um aukin fjárframlög til Suðurlandsskóga eftir stækkun þess svæðis sem Suðurlandsskógar ná nú yfir?

199. Fyrirspurn [188. mál]

til viðskiptaráðherra um bifreiðatryggingar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða, í samræmi við tilmæli þess árið 1999 um að vátryggingafélögin taki forsendur iðgjaldaákvörðunar til endurskoðunar? Ef svo er ekki, verður það þá gert og hvenær má vænta niðurstöðu?
2. Hvernig hefur eigið fé, hagnaður, sjóðir og bankainnstæður tryggingafélaganna vaxið samanborið við vátryggingabætur á árunum 1999 og 2000 og fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs? Hverjar voru arðgreiðslur á þessu tímabili?
3. Hefur Fjármálaeftirlitið upplýsingar um tekjur vátryggingafélaganna af lögboðnum bifreiðatryggingum árin 1999 og 2000 og áætlaðar tekjur yfirstandandi árs auk tjónaskuldar vegna þeirra á sama tíma?
4. Hefur verið staðið eðlilega að skattgreiðslum af hagnaði tryggingafélaganna með tilliti til framlaga í bótasjóði og hafa framlög í sjóðina verið eðlileg og í samræmi við áætlaðar tjónaskuldir á hverjum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins?
5. Hver hafa vísitöluáhrif iðgjaldahækkana á bifreiðatryggingum verið síðastliðin þrjú ár?
6. Hvað líður skoðun Samkeppnisstofnunar á meintu samráði tryggingafélaga og fákeppni á tryggingamarkaði og hvenær er að vænta niðurstöðu?
7. Hvað má áætla að mikið fé hjá tryggingafélögunum losni úr tjónaskuld fyrir árin 1997–2000 að mati Fjármálaeftirlitsins?

Skriflegt svar óskast.

200. Fyrirspurn [189. mál]

til heilbrigðisráðherra um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn njóta greiðsluþátttöku ríkisins fyrir veitta heilbrigðisþjónustu?
2. Hvaða fagstéttir í heilbrigðisþjónustu eiga ekki kost á greiðsluþátttöku ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu utan ríkisstofnana?

Skriflegt svar óskast.

201. Fyrirspurn [190. mál]

til menntamálaráðherra um stuðning við frjálsa leikhópa.

Frá Björgvini G. Sigurðssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að jafnræðissjónarmiða sé gætt í stuðningi við frjálsa leikhópa og opinberar menningarstofnanir, sbr. álit Samkeppnisstofnunar frá 5. mars sl. sem unnið var fyrir sjálfstæðu leikhúsin, en þar var þeim tilmælum beint til yfirvalda að þau gættu að jafnræðissjónarmiðum við eflingu leiklistar og talið að misræmi í opinberum stuðningi stríddi gegn markmiðum samkeppnislaga?
2. Hvaða frjálsu leikhópum er veittur stuðningur nú og hve mikill er hann, sundurliðað eftir leikhópum?
3. Hefur stuðningi við frjálsa leikhópa verið hafnað og þá á hvaða forsendum?

Skriflegt svar óskast.

202. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Karl V. Matthíasson, Árni Steinar Jóhannsson.

1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Á sama fiskveiðiári er þó aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi krókabáta með þorskaflahámarki (krókaleyfi), veiðileyfi krókabáta á sóknardögum eða veiðileyfi krókabáta á sóknardögum með þorskaflahámarki.

2. gr.

Í stað 6. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar:

a. (6. gr.)

Veiðileyfi sem úthlutað er samkvæmt þessari grein skulu nefnd krókaleyfi og bátar sem þau hafa krókabátar með þorskaflahámarki.

Krókabátar sem veiðar stunduðu eftir ákvæðum laga um þorskaflahámark krókaveiðibáta, samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 1/1999, á fiskveiðiárinu 2000–2001 skulu eftir gildistöku laga þessara hafa sömu hlutdeild í þorskafla og þeir fengu í úthlutun 1. september 2001. Hafi útgerðir þeirra flutt til sín eða frá sér varanlegar heimildir í þorski eftir 1. september 2001 og þar til þessi lög taka gildi breytist hlutdeild þeirra í samræmi við það. Aðrar fisktegundir eru ekki háðar magntakmörkunum í veiðum krókabáta á þorskaflahámarki. Hámarksfjöldi bala í róðri á þorskaflahámarksbátum á hverjum sólarhring er 24 balar með 500 króka hver.

Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%. Heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og 30 lesta hámarki í þorskafla á hvern bát og nota línu og handfæri er 0,18% auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu er 0,93%, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmörkunum.

Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslið 3. mgr. þessarar greinar, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.

Verði bátur með krókaleyfi dæmdur ónýtur vegna tjóns er heimilt að veita sambærilegum báti sams konar krókaleyfi.

Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Ráðherra getur ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta.

Áður en leyfðum heildarafla til aflamarks er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá: Þorskur, hlutdeild krókabáta í heildarþorskafla 13,75%, ýsa 3.000 tonn, ufsi 1.000 tonn og steinbítur 3.000 tonn.

b. (6. gr. a.)

Veiðileyfi til krókabáta sem úthlutað er samkvæmt þessari grein skulu nefnd veiðileyfi krókabáta á sóknardögum.

Bátar sem fengið hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 13. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999 skulu á fiskveiðiárinu 2001–2002 og framvegis stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. og mælist í klukkustundum með sjálfvirkri tilkynningu frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi eða hluta úr sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 3. mgr. þessarar greinar séu utan sóknardaga. Heimilt er krókabátum á sóknardögum að stunda veiðar í 23 sóknardaga að lágmarki á hverju fiskveiðiári án takmörkunar á heildarafla.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

Ákvæði 7.–9. mgr. 6. gr. laganna eiga jafnframt við um ákvæði þessarar greinar.

c. (6. gr. b.)

Veiðileyfi krókabáta sem úthlutað er samkvæmt þessari grein skulu nefnd veiðileyfi krókabáta á sóknardögum með þorskaflahámarki.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem fengið hafa leyfi til að stunda veiðar með dagatakmörkunum skv. 6. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999 og nota línu og handfæri skal vera 32 á hverju fiskveiðiári. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýttra

daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Þorskafli hvers báts má þó eigi vera meiri en 30 lestir á hverju fiskveiðiári miðað við óslægðan fisk.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 24 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta sem veiðar stunda með dagatakmörkunum skv. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999 og nota handfæri eingöngu skal vera 40 á hverju fiskveiðiári. Þó skal þorskafli hvers báts eigi vera meiri en 30 lestir á hverju fiskveiðiári miðað við óslægðan fisk.

Ákvæði 7.–9. mgr. 6. gr. laganna eiga jafnframt við um ákvæði þessarar greinar.

3. gr.

Í stað orðsins „krókaaflamarks“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna sem verður 6. gr. c, kemur: þorskaflahámarks.

4. gr.

1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Áætlaðan afla krókabáta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum eða þorskaflahámarki.

5. gr.

2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lokamálsgrein 12. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er þess nú freistað að skipa málum með þeim hætti til framtíðar að krókaveiðibátar undir 6 brt. að stærð fái að búa við það veiðikerfi þorskaflahámarks og sóknartakmarkana sem sjómenn hafa sætt sig við undanfarin ár og geta sætt sig við næstu árin.

Ætlað er að koma á þeirri skipan mála til framtíðar að lögfesta veiðikerfi krókabáta sem næst óbreytt eins og framkvæmd þess var fyrir 1. september sl. Frumvarpið er byggt á þeirri framkvæmd sem gilt hefur um veiðar krókabáta undanfarin þrjú ár og þar af leiðandi fellur krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark niður samkvæmt frumvarpinu. Með því verða smábátasjómenn ekki kvótasettir í öðru en þorskaflahámarkskerfi. Nokkrar breytingar eru þó lagðar til og eru þær helstu eftirfarandi: Sett er inn sú nýbreytni til sóknarminnkunar að veiðar þorskaflahámarksbáta eru takmarkaðar við að róið sé með mest 24 bala með 500 krókum hver á hverjum sólarhring. Einnig er lagt til að lágmarksfjöldi sóknardaga verði 23 dagar án takmörkunar á heildarafla. Þá er lagt til að setja inn tímamælingu á sjósókn sóknardagabáta sem veiða á handfæri í 23 daga á hverju fiskveiðiári. Við þessa breytingu verður fjarlægð sú spenna sem fylgt hefur 24 klst. samfelldri sjósókn þessara báta og tekið á því vandamáli að

það skipti öllu máli að ná í höfn innan 24 klst. Ef heimsigling dregst mælast þær klukkustundir sem eðlileg viðbót, t.d. 26 eða 28 klst. alls sem fóru í veiðiferðina. Það þýðir að sjóróðrar þessara báta verða ekki endilega 23 eins og sóknardagarnir heldur t.d. 18 eða 20 sjóróðrar.

Miklar deilur hafa staðið um veiðar krókabáta hér á landi í nokkur ár enda er þeim settur mun þrengri rammi hér á landi en víða annars staðar. Ófriður hefur ríkt um veiðikerfi smábátanna en undanfarin ár hafa stjórnvöld gengið erinda stórútgerðarmanna gegn hagsmunum smábátasjómanna og fólks í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins.

Eitt helsta viðfangsefni fiskveiðistjórnar er að setja reglur sem takmarkað geta stærð fiskiskipaflotans. Flest ef ekki öll ríki þar sem fiskveiðar eru stundaðar hafa reglur sem takmarka stærð fiskiskipaflotans og skipta flotanum í aðgreinda útgerðarflokka án þess að það hafi verið talið brot á stjórnarskrá þeirra. Enda er takmörkun á stærð fiskiskipa ein helsta aðferðin við að takmarka fiskveiðar, auk reglna um veiðisvæði og gerð og stærð veiðarfæris sem fiskveiðiríkin heimila að beita innan lögsögu sinnar.

Í grannríkjum okkar Færeyjum og Noregi er fiskveiðiflotanum skipt eftir stærð skipa í útgerðarflokka og einnig eftir því hvaða veiðiaðferð er notuð við fiskveiðarnar, þ.e. togveiðar, netaveiðar, línuveiðar eða handfæraveiðar o.s.frv.

Yfirleitt er það svo að veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum, sem notuð eru af hinum minni skipum fiskveiðiflotans, njóta mest frjálsræðis í veiðum. Þetta á einkum við á grunnslóð þar sem veiðum smærri skipa er oft markaður forgangur, t.d. innan 6–12 sjómílna frá strönd.

Í íslenskum lögum hafa veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum einnig haft forgang en stærð fiskiskipa sem veiða næst ströndinni er ekki takmörkuð, nema þegar um togveiðar er að ræða en þeim er skipað með lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

Líkt og í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er tilgangur laga nr. 79/1997 sagður í 1. gr. vera að „stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu“. Stærðarflokkaskiptingin í þessum lögum er miðuð við lengd skipa og aflvísa þeirra.

Færeyingar hafa tekið mjög harða afstöðu til veiðarfærastýringar við fiskveiðar í lögsögu sinni og bönnuðu veiðar á þorski, ýsu og ufsa í net þegar árið 1975, auk svo til allra veiða með dragnót.

Hérlendis hefur dragnótin hins vegar verið notuð mjög víða, allt upp að fjöruborði af öllum stærðum skipa, en frá 1997 eru aðeins skipum undir 42 m heimilaðar slíkar veiðar. Dragnótaveiðar hafa hin síðari ár breyst mjög, þ.e. stærð og gerð veiðarfæra, sem vafalítið mun leiða til þess að yfirferð um botninn verður líkari því sem fiskitrollið gefur möguleika á. Eins og áður sagði er veiðum upp við ströndina og á grunnslóð ekki stýrt hér eftir stærð skipa, þótt erlendis hafi smábátar víða forgang á veiðisvæðum með línu og handfærum eftir stærðarflokkum.

Flutningsmenn telja óeðlilegt að kvótasetja smábátaflotann, enda hníga ekki rök til að það þjóni hagsmunum þjóðarinnar að hefta veiðar hans. Miklu heldur ykjust verðmæti af auðlindinni ef smábáta- og strandveiðiflotinn fengi að veiða meira af ýsu, ufsa og steinbít. Sumar þessar fisktegundir ekki verið fullnýttar af stórútgerðinni á undanförnum árum, sbr. tegundatilfærslu liðinna ára. Þar hefur smábátaflotinn bjargað á land milljörðum króna í afla- og útflutningsverðmætum sem ella hefði ekki verið aflað. Það sanna tölur um veiðar á steinbít, ýsu og fleiri tegundum.

Ljóst er orðið að þann tíma sem nú er liðinn af þessu fiskveiðiári, fram í miðjan október, hefur róðrarlag smábátanna verið með allt öðrum hætti en undanfarin ár. Þetta róðrarlag, sem

stjórnvöld hafa komið á með byggðafjandsamlegum aðgerðum sínum, hefur orðið til þess að atvinna við veiðar smábátanna hefur snarminnkað í mörgum sjávarbyggðum landsins. Þar til viðbótar vantar nýjan fisk af dagróðrarbátum til vinnslu fyrir ferskfisksmarkaði innan lands og utan. Leiguverð á ýsu og þorski fer enn hækkandi og var þó talið allt of hátt fyrir 1. september sl. Stjórnvöld hafa með verkum sínum unnið gegn markmiðum laga um að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Í stað þess að gera allt til varnar því að fólk fari af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins stefna aðgerðirnar gegn smábátaútgerðinni og fólkinu í sjávarbyggðum landsins. Nú er mál að snúið verði af þeirri óheillabraut.

203. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

Flm.: Örlygur Hnefill Jónsson, Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Kristján L. Möller, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að beita sér fyrir samvinnu við sveitarfélög og Byggðastofnun um könnun á svæðum með sjóðandi lághita. Rannsóknirnar beinist að því að finna ný sjóðandi lághitasvæði en einnig skal bent á leiðir til að nýta betur orku þegar þekktra svæða í krafti nýrrar tækni.

Greinargerð.

Sjóðandi lághitasvæði eru svæði þar sem finna má vatn sem er yfir suðumarki en undir 200°C. Stakar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við boranir á mörgum lághitasvæðum en aldrei hefur verið kannað kerfisbundið hversu mikinn sjóðandi lághita mætti vinna utan þekktra lághitasvæða. Hingað til hafa slík svæði einkum verið virkjuð til hefðbundinnar upphitunar húsa og ylræktar. Ný hitaveitutækni gerir hins vegar kleift að framleiða raforku á slíkum svæðum. Þessi nýja tækni gjörbreytir því möguleikum Íslendinga á að nýta sjóðandi lághitasvæði og er tímabært að kanna möguleika hennar til þrautar.

Vannýtt auðlind.

Besta dæmið um hvernig ný hitaveitutækni skapar alveg nýja möguleika til að nýta sjóðandi lághita er að finna í heimabæ fyrsta flutningsmanns, Húsavík. Fullyrða má að Orkuveita Húsavíkur hafi verið í fararbroddi við nýtingu sjóðandi lághitasvæða. Á hennar vegum eru nú framleidd tæp 2 MW af raforku úr sjóðandi lághita og annar það um 75% af raforkuþörf bæjarins. Lághitasvæðið sem orkan er unnin úr var áður einungis nýtt til hefðbundinnar hitunar. Þetta er gjörbreyting á orkuhögum Húsvíkinga og telja flutningsmenn unnt að endurtaka slíkt víða þar sem byggðarlög hafa aðgang að varmabirgðum af þessu tagi. Því má fullyrða að sjóðandi lághitasvæði séu verulega vannýtt auðlind.

Flutningsmenn telja tímabært að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að leita markvisst að nýjum svæðum, bæði á yfirborði jarðar og í jörðu, sem skilgreina má sem sjóðandi lághitasvæði. Eins og horfur eru nú í atvinnulífi landsmanna er brýnt að ýta undir alla nýsköpun, ekki síst á sviði iðnaðar. Raforkuvinnsla á sjóðandi lághitasvæðum getur orðið veruleg lyftistöng undir sköpun nýrra verðmæta, skapað ný störf og þar með aukið fjölbreytni í atvinnulífi

viðkomandi byggðarlaga. Þess vegna leggja flutningsmenn til að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir samstarfi við sveitarfélög, ekki aðeins um leit að nýjum svæðum með sjóðandi lághita heldur einnig til að kanna hvernig megi nýta nýja tækni til að afla meiri verðmæta á svæðum sem þegar eru þekkt. Ekki er að efa að slíku frumkvæði ríkisins yrði ákaflega vel tekið af sveitarfélögum þar sem vitað er um sjóðandi lághitasvæði eða þar sem jarðfræðilegar aðstæður benda til að þau megi finna.

Gríðarlegur varmaforði.

Sjóðandi lághitasvæða er helst að vænta á jöðrum gosbeltanna, en einnig á nokkrum öðrum svæðum. Þau sem þekkt eru í dag eru flest á yfirborði jarðar, en þau geta einnig verið djúpt í jörðu. Rannsóknir á hitastigi ásamt borunum þarf því til að staðsetja þau og síðar nýta. Á síðasta orkuþingi kom fram í erindi dr. Sveinbjörns Björnssonar, yfirmanns auðlindadeildar Orkustofnunar, að varmaforði svæða af þessum toga er dreifður yfir næstum þriðjung landsins, eða 30 þúsund ferkílómetra samtals. Vegna þess hve víða hann finnst er hann álitinn miklu meiri en varmaforði háhitasvæðanna, sem Íslendingar hafa hingað til álitið eina af gullkistum framtíðarinnar. Dr. Sveinbjörn sagði að tæknilega vinnanlegur varmaforði sjóðandi lághitasvæða væri að líkindum tífalt meiri en forði háhitasvæðanna.

Álitleg svæði og nýtingarleiðir.

Mjög álitleg svæði bíða rannsókna á Suðurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi. Á Suðurlandi ber einkum að nefna Selvog, Ölfus, Grímsnes, Biskupstungur og Hreppa. Á Norðurlandi er ákaflega vænleg svæði að finna við Öxarfjörð, Kelduhverfi, Aðaldal og Reykjadal, en á Vesturlandi er það hinn þekkti Reykholtsdalur sem helst má nefna, en einnig Hvítársíða og miðbik Snæfellsness.

Sjóðandi lághiti hefur, eins og þegar er lýst, fyrst og fremst verið notaður til að hita upp hús og í ylrækt. Tækniþróun hefur hins vegar gjörbreytt nýtingarmöguleikunum þannig að hægt er að nota gufu sjóðandi lághitasvæða til raforkuframleiðslu, hitarafspennu, suðu, þurrkunar matvæla, vinnslu byggingarefna, eins og Húsvíkingar hafa beitt sér fyrir, auk lýsingar í gróðurhúsum. Í flestum tilvikum fæst svo mikil orka þegar sjóðandi lághiti er virkjaður að hún er langtum meiri en einstaklingar í rekstri þurfa á að halda. Dr. Sveinbjörn lauk erindi sínu á orkuþingi með eftirfarandi ábendingu: „Nýtingin verður því best ef samvinna tekst milli margra aðila eða henni er stýrt af fyrirtæki sem dreifir orkunni til margra kaupenda.“

204. Frumvarp til laga [193. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með krókaaflamarki eða leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Til 31. desember 2002 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% aflans í hverri veiðiferð skipsins reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
b. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sé ofangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er boðinn upp standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 10 kr. fyrir hvert kg selds afla, sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. gr.

2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

6. gr.

8. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Þó er heimilt að skipta á krókaaflamarki og almennu aflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa, enda sé um jöfn skipti að ræða miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 2000 til 31. maí 2001. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaaflamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hlutur krókaaflamarks-

báta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

Bátum með krókaaflamarksleyfi skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli aflareynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 2000 til 31. maí 2001. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. nóvember 2001. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaaflamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi síðari málsliður 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 1 14. janúar 1999, um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við upphaf þessa fiskveiðiárs, sem hófst 1. september 2001, komu til framkvæmda ákvæði laga nr. 1/1999 um nýja skipan veiða krókabáta. Eru nú í gildi tvö kerfi um veiðar krókabáta, annars vegar krókaaflamarkskerfi og hins vegar sóknarkerfi með framseljanlegum sóknardögum. Þegar liggur fyrir að tæplega 600 bátar verða í krókaaflamarkskerfinu en rúmlega 200 í því síðarnefnda. Í frumvarpi þessu er lagt til að hlutur krókaaflamarksbáta verði aukinn nokkuð í ýsu, steinbít og ufsa og þeim verði jafnframt úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa. Þá er lagt til að krókaaflamarksbátum sem voru á föstu þorskaflahámarki verði gefinn kostur á veiðileyfi með dagatakmörkunum. Þá verði heimilað að skipt sé á krókaaflamarki og almennu aflamarki, enda sé um jöfn skipti að ræða þannig að ekki verði um breytingu á heildarþorskígildistonnum að ræða innan hvors kerfis. Enn fremur verði ráðherra heimilt að úthluta allt að 1.000 lestum af ýsu og 1.000 lestum af steinbít til báta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem eru verulega háðar veiðum krókaaflamarksbáta.

Í frumvarpinu er enn fremur lagt til að breytt verði ákvæði 5. gr. um gerðir veiðileyfa og kveðið verði skýrt á um að sömu reglur gildi að jafnaði um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark og gilda um aflahlutdeild og aflamark. Loks er lagt til að heimilt verði að koma með afla að landi sem reiknast ekki til aflamarks veiðiskips, enda renni andvirði þess afla til Hafrannsóknastofnunarinnar. Er lagt til að sú heimild gildi til loka ársins 2002 og er gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eftir gildistöku laga nr. 1/1999, sem komu til framkvæmda 1. september 2001, eru gerðir veiðileyfa aðeins þrjár og eru þær tilgreindar í þessari grein. Veiðileyfi með þorskaflahámarki fellur niður. Þykir nauðsynlegt að breyta ákvæði 5. gr. í samræmi við það.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal hins almenna aflamarks og aflahlutdeildar gildi einnig um krókaaflamark og krókaaflahlutdeild. Í lögunum um stjórn fiskveiða eru ýmsar reglur sem snerta úthlutun, nýtingu og framsal hins almenna aflamarks og aflahlutdeildar. Í reglugerðum um framkvæmd laganna eru settar frekari reglur sem lúta að þessum þáttum. Gengið hefur verið út frá því að sömu reglur giltu um krókaaflamark og krókaaflahlutdeild en rétt þykir að kveða á um þetta atriði með afdráttarlausum hætti. Samkvæmt þessu gilda þá sömu reglur um framkvæmd aflaheimildaflutninga, útreikning aflamarks, þ.m.t. undirmálsafla, flutning aflamarks milli ára, tegundatilfærslu og útflutningsálag, hvort sem um er að ræða krókaaflahlutdeild/krókaaflamark eða almenna aflahlutdeild/aflamark. Í lögunum eru sérákvæði sem lúta að framsali krókaaflahlutdeildar og krókaaflamarks.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra verði heimilt að ráðstafa allt að 1.000 lestum af ýsu og steinbít og 300 lestum af ufsa til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem eru verulega háðar veiðum þeirra. Ljóst er að með þeim ráðstöfunum sem felast í frumvarpi þessu er hlutur krókaaflamarksbáta bættur verulega. Því er þó ekki að leyna að nokkur minni byggðarlög sæta nokkurri skerðingu aflaheimilda við þá kerfisbreytingu sem kom til framkvæmda í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs. Með slíkri heimild yrði unnt að koma til móts við þau byggðarlög sem mest hafa misst í því efni. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji sérstaka reglugerð um þessa úthlutun.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að koma með að landi í hverri veiðiferð allt að 5% af heildarafla veiðiferðarinnar og að sá afli reiknist ekki til kvóta viðkomandi veiðiskips. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að með þessu móti er opnuð leið fyrir veiðiskip að koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í hafið aftur, annaðhvort vegna þess að hann er verðlítill eða vegna þess að skipið hefur ekki haft nægilegt aflamark í viðkomandi tegund. Nú ber áhöfn skips vissulega samkvæmt gildandi lögum að hirða allan fisk sem veiðist en það er ljóst að mikil freisting er fyrir hendi að henda verðlitlum fiski og fiski sem viðkomandi skip hefur ekki nægilegt aflamark í. Hefur slíku verið mjög haldið á lofti í umræðum um fiskveiðistjórnun auk þess sem niðurstöður kannana hafa staðreynt það með ótvíræðum hætti að slíkt á sér stað, þótt deila megi um í hversu miklum mæli slíkt sé gert.

Hér er lagt til að uppistaða andvirðis aflans, sem ekki reiknast til kvóta, renni til Hafrannsóknastofnunarinnar og að útgerð skips og áhöfn hafi ekki hag af veiðunum en verði þó greitt eitthvað fyrir þann kostnað og vinnu sem felst í að skila honum að landi. Til þess að ekki fari milli mála hvert andvirðið sé og til að tryggja að útgerðir, sem jafnframt eru með fiskvinnslu, hafi ekki hag af þessum afla er það skilyrði að aflinn verði seldur á opinberum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.

Óvíst er að hve miklu marki þessi heimild verður nýtt en hún gerir útgerðarmönnum og sjómönnum fært að draga úr brottkasti sé til þess vilji. Þykir rétt að gera slíka tilraun sem stæði til loka árs 2002 og yrði endurskoðuð í ljósi reynslunnar.

Um 5. gr.

Í þessari grein felst ekki efnisbreyting á gildandi lögum. Hér eru sameinuð í einni grein ákvæði sem eru nú í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. og síðari málslið 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 1/1999, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Þykir fara betur á því að hafa þessi ákvæði í sömu grein.

Um 6. gr.

Um þá breytingu sem felst í fyrri málslið þessarar greinar er vísað til athugasemda við 4. gr. Hér er áréttuð sú meginregla að ekki sé heimilt að flytja krókaaflamark til báta sem veiðileyfi hafi með almennu aflamarki. Í síðari málslið þessarar greinar er lagt til að sú undantekning verði gerð að heimilt verði að skipta á jöfnu á krókaaflamarki og almennu aflamarki. Samkvæmt núgildandi lögum er krókaaflamarksbátum ekki úthlutað aflahlutdeild í öllum tegundum sem undir aflamarkskerfið eru felldar. Uppistaða aflaheimilda krókaaflamarksbáta er í þorski og með því að heimila slík skipti gætu þeir aflað sér heimilda í þeim tegundum sem þeim væri hentugt að veiða hverju sinni. Fyrir liggur að oft er unnt að stunda slík skipti þótt erfitt reynist að afla þeirra veiðiheimilda sem vantar með kaupum. Leiti útgerðir krókabáta eftir skiptum á veiðiheimildum er það vafalaust gert í því skyni að hafa veiðiheimildir sem henti veiðum bátsins. Auknir möguleikar til að afla veiðiheimilda geta þannig skipt verulegu máli til að koma í veg fyrir brottkast.

Um 7. gr.

Í 1. efnismgr. er lagt til að hlutur krókaaflamarksbáta verði aukinn sérstaklega með 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa á fiskveiðiárinu 2001/2002. Eftir að þessu aflamarki hefur verið bætt við áður úthlutað aflamark þeirra verði aflahlutdeild allra skipa í þessum tegundum endurreiknuð og aflahlutdeild krókaaflamarksbáta aukin sem viðbótinni nemur á kostnað annarra aflamarksbáta. Leiðir þessi breyting til þess að hlutdeild krókaaflamarksbáta í ýsu hækkar um rúmlega 6%, í ufsa um rúmt 1% og í steinbít um tæp 12%. Er lagt til að þessum sérstöku heimildum verði úthlutað á grundvelli aflareynslu eins árs. Eftir endurreikning yrði hlutdeild krókaaflamarksbátanna sú sem tiltekin er í málsgreininni.

Í 2. efnismgr. er lagt til að krókaaflamarksbátum verði úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á fiskveiðiárinu 2001/2002 á grundvelli aflareynslu þriggja ára. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að þessum bátum sé aðeins úthlutað aflahlutdeild í þorski, ýsu, ufsa og steinbít en rétt þykir að þeim verði einnig úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa. Þessir bátar stunda margir línuveiðar og er keila og langa algengur meðafli við þær veiðar. Á því viðmiðunartímabili sem hér verður lagt til grundvallar úthlutun aflahlutdeildar veiddu krókabátar tæp 9% af heildarafla í löngu, rúm 12% af heildarafla í keilu en tæpt 1% af heildarafla í karfa og fá þeir þann hlut í varanlegri aflahlutdeild í þessum tegundum.

Í 3. efnismgr. er lagt til að krókaaflamarksbátum verði á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað 200 lestum í ýsu og 600 lestum í steinbít, sem skiptist milli þeirra á grundvelli aflareynslu eins árs. Þessar sérstöku heimildir eru bundnar við fiskveiðiárið 2001/2002 og hafa ekki áhrif á aflahlutdeild þeirra. Með þessari sérstöku úthlutun ásamt því sem greinir í 1. efnismgr. yrði staðan á fiskveiðiárinu 2001/2002 sú að krókaaflamarksbátum yrði úthlutað 4.045 lestum af

ýsu og 5.150 lestum af steinbít miðað við slægðan fisk. Til samanburðar skal þess getið að afli þorskaflahámarksbáta í ýsu og steinbít í lestum hefur verið þessi frá fiskveiðiárinu 1996/1997, miðað við slægðan fisk:

	Ýsa	Steinbítur
1996/1997	1.821	2.283
1997/1998	3.758	3.923
1998/1999	6.027	4.590
1999/2000	6.968	6.226
2000/2001	8.568	8.780

Í lokamálsgreininni er lagt til að þeim 80 bátum sem á síðasta fiskveiðiári höfðu veiðileyfi, sem heimilaði þeim veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, verði gefinn kostur á að velja veiðileyfi með dagatakmörkunum. Þessir bátar voru yfirleitt með mjög óverulega aflareynslu og eru því með litla aflahlutdeild í krókaaflamarkskerfinu. Þykir nauðsyn bera til að gefa þessum bátum kost á að velja dagakerfið sem gefur þeim kost á leyfi til að stunda handfæraveiðar í tiltekinn dagafjölda samkvæmt ákvæðum 6. gr. laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða á um úthlutun, nýtingu og framsal aflaheimilda. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

205. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónína Bjartmarz.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 2. gr. laganna:

a. Við bætist nýr málsliður, sem verður 1. málsl., svohljóðandi: Sá sem skyldaður er til aðildar að lífeyrissjóði til öflunar lífeyrisréttinda í sameign samkvæmt lögum þessum skal eiga þess kost að velja sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa.

b. Orðin „aðild að lífeyrissjóði“ falla brott úr 1. málsl. sem verður 2. málsl.
c. 2. málsl. fellur brott.
d. Við bætist nýr málsliður, sem verður 4. málsl., svohljóðandi: Þeim sem hættir eru skylduaðild að lífeyrissjóði er heimilt að flytja uppsöfnuð sameignarlífeyrisréttindi sín úr þeim sjóði til lífeyrissjóðs sem þeir kjósa sér. Flytja skal réttindin innan fimm ára frá því að beiðni berst þar um.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði sú breyting á lögum um lífeyrissjóði að hverjum þeim sem skylt er að eiga aðild að lífeyrissjóði sé frjálst að velja sér sjóð til að greiða í enda standist sjóðurinn allar almennar kröfur og skilyrði um rekstur lífeyrissjóða. Jafnframt er gert ráð fyrir því að einstaklingar geti flutt lífeyriseign sína á milli sjóða en þó skuli líða að hámarki fimm ár frá því að tilkynnt er um flutninginn þar til hann getur átt sér stað.

Lögð er áhersla á að ekki er gert ráð fyrir því að hróflað verði við skylduaðild að lífeyrissjóði. Hins vegar er gert ráð fyrir möguleikum greiðenda til að velja sér lífeyrissjóð til að greiða í.

Í dag má segja að skylduaðild að lífeyrissjóðum sé starfsgreina- og svæðisbundin. Einstaklingur er þannig knúinn til að greiða í lífeyrissjóð sem tengdur er búsetu og starfsgrein hans. Skiptir þar litlu hvernig viðkomandi sjóður er rekinn eða ávaxtar eigur sínar. Mikill munur er á hvernig einstökum sjóðum hefur lánast að ávaxta eigið fé sitt. Samkvæmt yfirliti frá Fjármálaeftirlitinu spannar ávöxtun einstakra lífeyrissjóða á árinu 1999 frá því að vera neikvæð upp í 22% ávöxtun. Þá er rekstrarkostnaður einstakra sjóða afar mismunandi. Í þessu má segja að felist nokkurt óréttlæti gagnvart sjóðfélögum sem í raun eru dæmdir til að bindast einum tilteknum sjóði – óháð því hvernig sá sjóður er í stakk búinn til að tryggja hagsmuni lífeyrisgreiðandans. Með frumvarpinu er hugsunin sú að einstakir greiðendur geti valið sjálfir hvaða lífeyrissjóði þeir treysti best fyrir lífeyrisréttindum sínum og framtíðarhagsmunum. Með því móti má ætla að einstakir sjóðir leggi sig enn frekar fram um að gæta aðhalds í rekstri og freisti þess að ná sem bestri ávöxtun á sjóði sína. Hvort tveggja ætti að vera greiðandanum í hag.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að kjósi einstaklingur að flytja lífeyrisgreiðslur sínar milli sjóða skuli honum heimilt að flytja með sér eigur sínar úr einum sjóði í annan. Þó er gert ráð fyrir því að líða skuli allt að fimm ár frá því að einstaklingur tilkynnir um flutning sinn þar til hann getur látið flytja inneign sína á milli sjóða. Er gert ráð fyrir slíkri aðlögun til að einstakir sjóðir geti gert ráðstafanir varðandi ávöxtunarleiðir sínar.

Þrátt fyrir ákvæði um að óheimilt sé að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns er við því að búast að sjóðir sem standa vel verði „vinsælli“ í þeim skilningi að fólk mun ekki fara frá þeim. Þetta eru aðallega lífeyrissjóðir sem í er mikið af ungu fólki. Sá galli er á núverandi uppbyggingu flestra lífeyrissjóða að ungt fólk fær sama rétt fyrir hverja krónu og þeir sem eldri eru, en ætti með réttu að fá tvöfalt eða þrefalt meiri rétt. Þannig standa lífeyrissjóðir með hlutfallslega margt ungt fólk fjárhagslega vel án tillits til ávöxtunar og lífeyrissjóðir sem í er eldra fólk standa að sama skapi fjárhagslega illa. Þeir sem geta munu flytja sig frá sjóðum sem eru „gamlir“ í þessum skilningi. Valfrelsið, sem hér er lagt til, mun flýta þeirri þróun, sem þegar er hafin, að lífeyrissjóðir veiti réttindi háð kyni, aldri og jafnvel fjölskyldustöðu.

206. Fyrirspurn [195. mál]

til utanríkisráðherra um Myntbandalag Evrópu og upptöku evru.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða áhrif mun Myntbandalag Evrópu og upptaka evru hafa á íslenskt efnahags- og viðskiptalíf og má búast við áhrifum sem snerta hagsmuni neytenda, svo sem hvað varðar vexti og fjármagnskostnað?

207. Fyrirspurn [196. mál]

til heilbrigðisráðherra um styrkingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót kennslu í dreifbýlislækningum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir fleiri stöðugildum sérfræðinga við Fjórðungssjúkrahúsið til að sinna m.a. farþjónustu?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á náms- og kandídatsstöðum við Fjórðungssjúkrahúsið?
4. Hefur verið samið við Fjórðungssjúkrahúsið um þjónustu við sjúkraflug og ef svo er ekki, hvenær má vænta þess að það verði gert svo að bakvaktir lækna verði tryggðar við hina nýju miðstöð sjúkraflugs á Akureyri?

Skriflegt svar óskast.

208. Fyrirspurn [197. mál]

til viðskiptaráðherra um kynningu á evrunni.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að neytendur hér á landi verði sérstaklega upplýstir um upptöku evrunnar sem gjaldmiðils í 11 ESB-löndum 1. janúar nk.?

209. Fyrirspurn [198. mál]

til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu S-merktra lyfja á landsbyggðinni.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur verið gengið frá þjónustusamningum við lyfsala á landsbyggðinni um afgreiðslu S-merktra lyfja?
2. Ef ekki, hvenær má búast við að það verði gert og hvernig verður afhending S-merktra lyfja skipulögð á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.

210. Svar [68. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðslur úr ábyrgðasjóði launa.

1. *Hve mikið hefur verið greitt úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota fyrirtækja árlega sl. fimm ár og hvernig skiptast gjaldþrotin eftir atvinnugreinum? Hve hátt hlutfall eru greiðslurnar af heildartekjum sjóðsins?*

Leitað var upplýsinga um málið hjá ábyrgðasjóði launa og fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands.

Varðandi fyrri lið spurningarinnar vísast til töflu 1a, að því er varðar greiðslur úr ábyrgðasjóði, en töflu 1b varðandi skiptingu eftir atvinnugreinum.

Varðandi síðari lið spurningarinnar vísast til töflu 1a. Tekjur sjóðsins eru ábyrgðargjald, endurgreiðslur úr þrotabúum og vaxtatekjur. Greiðslur úr sjóðnum undanfarin fimm ár hafa hæst náð 90% af tekjum en lægst hefur hlutfallið orðið 53%. Samkvæmt áætlun fyrir árið 2001 stefnir hins vegar í að greiðslur verði allnokkuð umfram tekjur sjóðsins.

Tafla 1a.

	Gjöld, kr.	Heildartekjur, kr.*	Hlutfall gjalda af heildartekjum
1996	160.873.191	252.128.103	64%
1997	171.964.318	322.096.270	53%
1998	137.675.538	230.785.750	60%
1999	214.562.003	237.332.982	90%
2000	172.582.809	273.213.744	63%
2001	325.000.000	290.000.000 áætlun fyrir 2001	

*Ábyrgðargjald.

*Endurgreiðslur úr þrotabúum.

*Vaxtatekjur.

Tafla 1b. Greiðslum skipt eftir atvinnugreinum 1.1. 1999-30.9. 2001.

B	Fiskveiðar	11.633.489
DA	Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	146.645.177
DB	Textíl- og fataiðnaður	17.445.628
DC	Leðuriðnaður	520.247
DD	Trjáiðnaður	26.154.402
DE	Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	15.731.859
DH	Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	14.226.459
DJ	Málmiðnaður	6.690.462
DK	Vélsmíði og vélaviðgerðir	28.223.445
DL	Rafmagns- og rafeindaiðnaður	15.443.184
DM	Framleiðsla samgöngutækja	13.161.292
DN	Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn iðnaður	6.634.411
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	49.229.562
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	109.005.060
H	Hótel- og veitingahúsarekstur	53.160.945
I	Samgöngur og flutningar	25.518.248
K	Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	35.014.436
M	Fræðslustarfsemi	183.287
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1.215.271
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi	6.462.244
P	Heimilishald með launuðu starfsfólki	106.137
P2	Ótilgreind starfsemi	1.052.030
		583.457.275

2. *Hvernig skiptast greiðslurnar skv. 1. tölul. eftir 5. gr. laga um ábyrgðasjóð:*
   a. kröfur um vinnulaun,
   b. kröfur um orlofslaun,
   c. bætur vegna launamissis vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamninga,
   d. tjón af völdum vinnuslyss,
   e. vangoldin lífeyrisgjöld,
   f. annað?

Þær upplýsingar sem óskað er eftir liggja eingöngu fyrir um tímabilið 1. september 1999 til 30. september 2001. Sjá töflu 2.

Tafla 2. Sundurliðun krafna fyrir tímabilið 1.1. 1999–30.9. 2001.

a.	kröfur um vinnulaun	187.147.282
b.	kröfur um orlofslaun	79.636.923
c.	bætur vegna launamissis	85.814.259
d.	tjón af völdum vinnuslyss	5.517.953
e.	vangoldin lífeyrisgjöld	128.135.749
f.	vextir	59.480.513
g.	innheimtukostnaður	23.579.138
h.	orlof vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	31.018.785
i.	skiptatrygging	9.587.881

3. *Hve hátt hlutfall hafa greiðslur sjóðsins verið af heildarkröfum árlega sl. þrjú ár skipt í samræmi við a–g-lið 5. gr. laganna?*

Í töflu 3 er sundurliðun fyrir árin 1999 og 2000 og fyrstu níu mánuði ársins 2001.

Tafla 3. Hlutfall greiðslna af heildarkröfum fyrir tímabilið 1.1. 1999–30.9. 2001.

	1999	heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	98.434.027	87.629.190	89%
b.	kröfur um orlofslaun	24.808.983	22.116.794	89%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	62.622.575	49.666.687	79%
d.	bætur vegna launamissis	41.740.889	24.706.237	59%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	0	0	
g.	innheimtukostnaður	10.492.577	6.998.705	67%

	2000	heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	54.718.265	43.283.621	79%
b.	kröfur um orlofslaun	25.287.673	23.648.130	94%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	46.122.274	38.063.244	83%
d.	bætur vegna launamissis	42.435.669	27.991.316	66%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	1.800.355	1.800.355	100%
g.	innheimtukostnaður	10.739.061	7.957.600	74%

	1.1.–30.9. 2001	heildarkröfur	greitt úr ábyrgðasjóði	hlutfall
a.	kröfur um vinnulaun	73.027.202	56.234.471	77%
b.	kröfur um orlofslaun	37.131.295	33.871.999	91%
c.	lífeyrissjóðsiðgjöld	51.046.448	44.435.035	87%
d.	bætur vegna launamissis	74.445.434	33.116.706	44%
e.	tjón af völdum vinnuslyss	3.717.598	3.717.598	100%
g.	innheimtukostnaður	11.935.127	8.622.833	72%

4. *Hversu oft má ætla sl. fimm ár að skipt hafi verið um kennitölu í framhaldi af gjaldþroti og nýtt fyrirtæki stofnað í staðinn? Óskað er eftir sundurgreindum upplýsingum eftir rekstraraðilum eða atvinnugreinum liggi þær fyrir.*

Fyrirtækjaskráning fer fram hjá Hagstofu Íslands. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu hafa ekki farið fram rannsóknir sem veitt gætu svör við spurningunni.

5. *Er ástæða til að ætla að brögð séu að því og þeim fyrirtækjum fari fjölgandi sem ekki greiða lögboðin launatengd gjöld né standi skil á greiðslum launa eða opinberra gjalda?*

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2000 voru greiddar kröfur úr ábyrgðasjóði launa vegna 79 þrotabúa. Á sama tímabili á yfirstandandi ári er fjöldi þrotabúa orðinn 102. Áætlað er að á árinu muni greiðslur úr ábyrgðasjóði nema u.þ.b. 325 millj. kr. en á árinu 2000 námu greiðslur 172.582.809 kr., sem var lækkun frá árinu 1999. Sú hækkun á greiðslum úr sjóðnum sem er fyrirsjáanleg á þessu ári skýrist fyrst og fremst af því að á árinu hafa margir stórir atvinnurekendur orðið gjaldþrota. Erfitt er hins vegar að svara spurningunni af nokkurri vissu varðandi það hvort algengara sé en áður að fyrirtæki greiði ekki lögboðin gjöld eða standi skil á greiðslum launa eða opinberra gjalda.

6. *Hvaða ástæður liggja að baki því að félagsgjöld til stéttarfélaga njóta ekki ábyrgðar hjá sjóðnum og er fyrirhugað að breyta því?*

Rétt er að geta þess að nú stendur yfir endurskoðun laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrotaskipta, nr. 53/1993. Skv. 1. gr. núgildandi laga ábyrgist sjóðurinn greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrisiðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans. Í 1. mgr. 5. gr. laganna er ábyrgð sjóðsins takmörkuð við kröfur launþega um vinnulaun, orlofslaun, bætur vegna launamissis vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, bætur vegna vinnuslyss, vexti og innheimtukostnað. Einnig ábyrgist sjóðurinn bætur til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega af völdum vinnuslyss og kröfur viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrisiðgjöld. Hefur ekki orðið breyting á hvað þetta varðar frá setningu laga um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985.

Ábyrgð sjóðsins nær samkvæmt framansögðu til greiðslna sem með beinum hætti tengjast framfærslu launþega, þar á meðal til lífeyrisréttinda, en einnig ábyrgist sjóðurinn kostnað sem hlotist getur af innheimtu kröfu á hendur vinnuveitanda. Félagsgjöld til stéttarfélaga eru hins vegar nokkuð annars eðlis. Er ekki að sjá af lögskýringargögnum að nokkurn tíma hafi komið til umræðu að ábyrgð sjóðsins næði til þeirra gjalda, en rétt er að benda á að ef til þess kæmi yrði væntanlega um að ræða frádrátt af greiðslu sjóðsins til launþega sem sjóðurinn skilaði beint til viðkomandi stéttarfélags.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um hugsanlegar breytingar á lögunum að því er varðar framangreint atriði við þá endurskoðun sem nú stendur yfir á lögum um ábyrgðasjóð launa.

211. Svar [75. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti skipaði í stöðu jafnréttisfulltrúa hinn 5. júlí 2000, eins og kveðið er á um í 11. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk jafnréttisfulltrúa er m.a. að hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og framkvæmd framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunarinnar sem lögð var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi er staða mála hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í þessum málaflokki tíunduð. Í gr. 7.9. í skýrslunni kemur fram að ráðuneytið hefur samþykkt sérstaka jafnréttisáætlun sem nær til starfsmanna iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, sjá fylgiskjal. Í jafnréttisáætluninni er kveðið á um að sett skuli á fót jafnréttisnefnd í ráðuneytunum sem sitja skuli til tveggja ára í senn. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og eiga þar sæti tvær konur og tveir karlar. Tveir nefndarmenn eru kjörnir af starfsmönnum og tveir tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Hlutverk jafnréttisnefndar er að hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytunum. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfir-

stjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta í málefnum er varða jafnrétti. Þá á jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins sæti í samráðshópi jafnréttisfulltrúa allra ráðuneytanna sem vinnur að samþættingu og drögum að nýrri framkvæmdaáætlun.

Stjórnendur ráðuneytisins eru meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val á umsækjendum, en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Auglýst voru 10 störf á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár. Um er að ræða stöður skrifstofustjóra, lögfræðinga, deildarsérfræðinga, skjalavarða og ritarastörf. Ekki eru til upplýsingar um fjölda umsókna um hverja stöðu í ráðuneytinu, en umsóknir fara yfirleitt í gegnum ráðningarskrifstofu sem metur umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu. Ráðningarskrifstofan skipuleggur viðtöl í samráði við hlutaðeigandi yfirmann. Í þær tíu stöður sem auglýstar voru á síðustu þremur árum voru ráðnir fimm karlar og fimm konur, þar af fimm karlar í stöður sérfræðinga, fjórar konur í stöður sérfræðinga, og ein kona í ritarastöðu.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í 17 stöður án auglýsingar á síðustu þremur árum. Um er að ræða tvær stöður sem falla undir tilflutning starfa milli embætta og áttu þar í hlut kona og karl. Ráðuneytisstjóri er settur til eins árs og var það gert án auglýsingar. Þá voru tíu sérfræðingar, fjórar konur og sex karlar, ráðnir til skamms tíma og tvær konur í stöðu ritara. Ráðnir voru tveir starfsmenn til sumarafleysinga án auglýsingar, konur í báðum tilvikum.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Hér á eftir er yfirlit um nefndir og ráð á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, skiptingu fulltrúa eftir kynjum og skipunarár.

Lögbundnar stjórnir, nefndir og ráð.

	Karlar	Konur	Skipun
Aðgerðir gegn peningaþvætti	5	4	1995
Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda	1		2000
Áfrýjunarnefnd samkeppnismála	2	2	1998
Auglýsinganefnd – ráðgjafarnefnd Samkeppnisráðs	2	1	1998
Byggðastofnun 2001–2002	5	2	2001
Endurgreiðslur vegna kvikmynda og sjónvarpsefnis	2	3	1999
Fjármálaeftirlit – yfirstjórn	3		1999
Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara	5		1998
Flutningsjöfnunarsjóður sements	2	1	1999
Hitaveita Suðurnesja 2001	1		2001
Iðntæknistofnun Íslands	5		1999

	Karlar	Konur	Skipun
Íslenska járnblendifélagið hf.	1		1998
Kærunefnd um lausafjár- og þjónustukaup 2001–2005	1	2	2000
Kærunefnd vegna ákvarðana Fjármaálaeftirlits 2000–2003	3		2000
Kísilgúrsjóður	4	2	1999
Landsvirkjun (fulltrúar ríkisins)	2	1	2001
Löggildingarstofa	2	1	1999
Nefnd um starfsheiti viðskipta- og hagfræðinga	2	1	2001
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 2001–2002	4	1	2001
Orkubú Vestfjarða – stjórn 2001–2002	1		2000
Orkustofnun 2001–2003	3		2001
Prófnefnd bifreiðasala	3		1999
Prófnefnd vátryggingamiðlara	3	1	1997
Prófnefnd verðbréfaviðskipta 2000–2004	3	2	2000
Ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins	13		1997
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	3		1997
RARIK – stjórn 2001–2002	6	1	2001
Samkeppnisráð	4	1	1998
Samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, Verðbréfaþings Íslands og Seðlabanka	3		1999
Sementsverksmiðjan hf.	4	2	2000
Starfsleyfisnefnd alþjóðlegra viðskiptafélaga	3	5	1999
Steinullarverksmiðjan 2001–2002	1		2001
Tryggingardeild útflutningslána	4		1997
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta	2		2000
Úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands	4		1995
Verkstjóranámskeið	2	1	1998
36 nefndir	114	34	

Samningsbundnar stjórnir og ráð.

Átak í leit að jarðhita til húshitunar	3		1999
Fjárfestingarstofan	3		2000
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar – 2001–2002	1		2001
Íslenska álfélagið hf. – stjórnir 2001–2002	2		2001
Kynningarnefnd alþjóðlegra viðskiptafélaga	2		1999
5 nefndir	11		

Tilnefningar ráðherra samkvæmt lögum og samningum.

Loftslagssamningurinn og Kyoto-bókunin: umhverfisráðuneytið	1		2000
Tryggingasjóður sparisjóða	1		1999
Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum	1		2000
Úrskurðarnefnd um nýbyggingu og viðhald íbúðarhúsnæðis	2	1	1998
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki	1		2000
5 nefndir	6	1	

Tímabundnar nefndir og starfshópar.

Aðgerðir til lækkunar húshitunarkostnaðar – verkefnisstjórn	6		1999
Bankalaganefnd – Endurskoðun á löggjöf um fjármálastofnanir	8	1	1999

	Karlar	Konur	Skipun
Byggðaáætlun 2002–2006: Alþjóðasamvinna	2	3	2001
Byggðaáætlun 2002–2006: Fjarskipti- og upplýsingatækni	5	2	2001
Byggðaáætlun 2002–2006: Atvinnumál	5	1	2001
Byggðaáætlun 2002–2006: Verkefnisstjórn	5	1	2001
Efling vitundar um einkaleyfi	2	1	1999
Endurgreiðslur til Orkusjóðs vegna orkuframkvæmda	5		2000
Endurskoðun á Landsvirkjun – 2000	8	1	2000
Endurskoðun laga um verðbréfaviðskipti	5	1	2001
Islandica 2001	7	2	1998
Kauphallarnefnd	6		2001
Nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar vegna aukins stjórnsýsluhlutfalls	4	1	2001
Nefnd til þess að fara yfir framkvæmd tjónsuppgjöra vegna jarðskjálfta	7	1	2001
Nefnd um aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi EPC – EPO	5	1	2001
Nefnd um arðgreiðslur Rarik o.fl.	3		1998
Nefnd um endurskoðun ársreikninga vátryggingafélaga	3		2000
Nefnd um lögbannsaðgerðir	2	1	2000
Nefnd um þriggja fasa rafmagn	3		2000
Niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis	8	1	2001
Ný lög um vátryggingasamninga	4	1	1999
Ráðgjafarnefnd um byggingu smárra vatnsaflsvirkjana	7		2001
Rafræn viðskipti	3	2	2000
Rammaáætlun – faghópur um náttúru- og minjavernd	9	4	2000
Rammaáætlun – faghópur um orkulindir	6	1	2000
Rammaáætlun – faghópur um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun	9	5	2000
Rammaáætlun – faghópur um útivist og hlunnindi	11	3	2000
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma	12	4	1999
Samráðsnefnd um EES-mál á sviði fjármálaþjónustu	12		2001
Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál	4		1999
Sjálfbært orkusamfélag í Grímsey	4	2	2001
Starfshópur til að gera könnun á stöðu kvenna í iðnaði		2	1999
Starfshópur til að ljúka innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins	2	1	2001
Stjórn Átaks til atvinnusköpunar 2001–2002	4	1	2001
Styrkir til nýrra hitaveitna	4		1999
Verðbréfasjóðanefnd – Endurskoðun laga um verðbréfasjóði	5	2	2001
Viðræðunefnd um sameiningu RARIK og Norðurorku	6		2001
Viðræðunefnd varðandi stækkun Norðuráls	7	1	2001
Vinnuhópur um málefni EBRD	2	1	2000
Virkjanakostir á Vestfjörðum	4	1	1999
40 nefndir	214	49	

Fylgiskjal.

Jafnréttisáætlun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Inngangur.

Skv. 13. gr. laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla, eru atvinnurekendum og stéttarfélögum sett þau markmið að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Umfang.

Jafnréttisáætlun þessi nær til starfsmanna iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Skipan nefndar.

Sett skal á fót jafnréttisnefnd í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og skal nefndin sitja til tveggja ára í senn. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna kjörnir af starfsmönnum og tveir fulltrúar ráðuneytanna tilnefndir af ráðuneytisstjóra.

Verksvið Jafnréttisnefndar.

Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytunum. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta í málefnum er varða jafnrétti.

Stefnumörkun.

Launastefna, aðbúnaður og umhverfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta skal vera hið sama fyrir konur og karla. Kynjunum skal ekki mismunað hvorki við ákvörðun launa og fríðinda né við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir, né með öðrum hætti. Hlutur kynjanna í störfum í ráðuneytunum skal jafnaður eins og kostur er. Þess skal jafnan gætt að sá umsækjandi sé ráðinn sem talinn er hæfastur til þess að gegna starfi, að teknu tilliti til menntunar og hæfni en án tillits til kynferðis. Séu tveir eða fleiri umsækjendur af báðum kynjum taldir jafn hæfir til ráðningar í auglýst starf skal að jafnaði ráðinn umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta á viðkomandi sviði.

Leitast verður við að jafna möguleika kynjanna til þess að axla ábyrgð, m.a. með setu í vinnuhópum og nefndum innan iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Starfsmönnum af báðum kynjum skal gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Í því skyni skal leitast við að gefa starfsfólki iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta kost á sveigjanlegum vinnutíma eða annarri tímabundinni hagræðingu þar sem því verður við komið. Ekki skal líta á það sem mismunun að taka verður tillit til kvenna vegna barnsburðar.

Við símenntun og þróun í starfi skal þess gætt að karlar og konur njóti sömu möguleika til náms og fræðslu.

Starfsmönnum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta skal standa til boða ráðgjöf um jafnrétti og samskipti kynjanna á vinnustað að höfðu samráði við yfirstjórn og jafnréttisnefnd.

Kynning og endurskoðun.

Jafnréttisáætlunin skal kynnt starfsmönnum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Áætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti.

27. janúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.
Þorgeir Örlygsson.

212. Svar [99. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Þuríðar Backman um samtengingu sjúkraskráa.

1. *Telur ráðherra heimilt að tengja sjúkraskrár á milli:*
   a. *heilsugæslustöðva eða heilbrigðisstofnana,*
   b. *heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa,*
   c. *aðgreindra deilda innan sjúkrahúsa,*
   d. *sjúkrahúsa?*

Heimilt er að tengja sjúkraskrár eða hluta sjúkraskáa sama einstaklings á milli heilsugæslustöðva sem hafa verið sameinaðar í eina heilbrigðisstofnun með einn forstöðumann og eina stjórn. Benda má á að í 10. gr. reglugerðar nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, eru fyrirmæli um að við útskrift sjúklings af heilbrigðisstofnun skuli flytja öll rituð sjúkragögn saman í eina sjúkraskrá og varðveita þau þannig í skjalasafni stofnunarinnar. Líta verður svo á að á sama hátt skuli sameina tölvufærðar sjúkraskrár sjúklings saman í eina sjúkraskrá við útskrift. Er þetta í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, þar sem segir að sjúkraskrá skuli varðveita á heilbrigðisstofnun. Ekki hefur verið heimilað að tengja sjúkraskrár á milli sjálfstæðra stofnana (heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana), enda þótt um sjúkraskrár eða hluta sjúkraskráa sama einstaklings sé að ræða. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur hins vegar undanfarin ár unnið að þróun heilbrigðisnets. Í inngangi að verkáætlun um íslenska heilbrigðisnetið segir m.a.: „Heilbrigðisnetinu er ætlað að verða farvegur rafrænna samskipta milli aðila innan heilbrigðisþjónustu. Tæknilega samanstendur heilbrigðisnetið af tölvum, fjarskipta- og hugbúnaði auk samskipta- og öryggisreglum. Heilbrigðisnetið verður lokað kerfi þar sem flutningsleiðir verða að vera öruggar og upplýsingamiðlun og sendingar milli aðila munu fylgja ströngum öryggis- og starfsreglum.“ Þegar heilbrigðisnetið verður tekið í notkun verða m.a. fluttar eftir því sjúkraskrárupplýsingar milli stofnana eftir því sem þörf er á vegna meðferðar viðkomandi sjúklings. Aðgengi að heilbrigðisnetinu verður takmarkað og þær stofnanir sem munu tengjast heilbrigðisnetinu verða að hafa öryggisstefnu sem uppfyllir tilgreindar kröfur. Mjög strangar reglur gilda um aðgengi einstakra starfsmanna að sjúkraskrám í heild eða að hluta innan einstakra stofnana, eins og fram kemur í svari við 2. og 4. lið fyrirspurnarinnar.

Að því er varðar flutning sjúkraskráa milli aðgreindra deilda innan sjúkrahúsa skal tekið fram að sbr. m.a. 10. gr. reglugerðar nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, skal flytja skal öll rituð sjúkragögn saman í eina sjúkraskrá við útskrift sjúklings af heilbrigðisstofnun og varðveita þau þannig í skjalasafni stofnunarinnar. Mjög strang-

ar reglur gilda hins vegar um aðgengi einstakra starfsmanna að sjúkraskrám í heild eða að hluta og er varðveisla þeirra innan sjúkrahússins á ábyrgð yfirlækna.

2. *Ef svo er, á hvaða lagaheimildum og útgefnum reglum er byggt í hverju tilviki (sbr. a–d-liði 1. tölul.)?*

Um heimild til samtengingar sjúkraskrár sjúklings innan sömu heilbrigðisstofnunar er vísað til 10. gr. reglugerðar nr. 227/1991, sbr. 14. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Að öðru leyti er vísað til svars við a- og c-lið hér á undan.

3. *Er ráðuneytinu kunnugt um að brotið hafi verið gegn settum reglum og fyrirmælum um fyrrgreind atriði?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að brotið hafi verið gegn settum reglum og fyrirmælum um fyrrgreind atriði.

4. *Hvaða tryggingu hefur sjúklingur fyrir því að upplýsingar sem hann gefur lækni um heilsu sína og hagi séu ekki aðgengilegar læknum sem ekki stunda viðkomandi sjúkling eða einstaklingum úr öðrum heilbrigðisstéttum?*

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, er kveðið á um að þess skuli gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál. Þá segir í 2. mgr. 15. gr. að sjúkraskrár skuli geymdar á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfi hafi aðgang að þeim. Í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, kemur fram að heimilt er að tölvufæra sjúkraskrá, enda sé þess gætt við tölvufærsluna að um sé að ræða upplýsingar um einkahagi sjúklings sem ekki séu ætlaðar almenningi til skoðunar. Í 8. gr. reglugerðarinnar segir m.a. að við sendingu sjúkraskráa skuli búa svo um að óviðkomandi komist ekki í gögnin. Þá segir í 9. gr. reglugerðarinnar að yfirlæknir á deild eða ódeildaskiptri heilbrigðisstofnun beri ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa meðan sjúklingur dvelur þar og að læknar sem starfa á eigin vegum beri ábyrgð á vörslu og meðferð sjúkraskráa vegna starfa sinna. Með framangreindum ákvæðum er undirstrikað að upplýsingar í sjúkraskrá teljist til viðkvæmra persónuupplýsinga og að þær beri að meðhöndla sem slíkar. Þá eru ákvæði um þagnarskyldu í 15. gr. læknalaga, nr. 53/1988, og ákvæði um þagnarskyldu eru einnig í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir. Trygging sjúklings fyrir því að upplýsingar séu ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem á þurfa að halda vegna meðferðar hans felst fyrst og fremst í því að læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn fari að ákvæðum laga, reglugerða og siðareglna viðkomandi stétta um þagnarskyldu og að strangar kröfur séu gerðar til öryggis við vinnslu og varðveislu sjúkraskrárupplýsinga í tölvum og aðgengi að þeim. Mikil vinna hefur verið unnin á þessu sviði á síðustu árum. Landlæknir hefur m.a. sent frá sér tilmæli vegna öryggis sjúkragagna í tölvum. Þar segir m.a. í inngangi: „Sú viðmiðun skal höfð að varðveisla sjúkragagna í tölvukerfum á heilbrigðisstofnunum sé í engu lakari en varsla slíkra gagna á pappír. Gera má meiri kröfur um aðgangsöryggi.“ Í tilmælum landlæknis eru ítarlegar lágmarkskröfur m.a. til húsnæðis þar sem tölvukerfi sem hefur að geyma sjúkraskrárupplýsingar er staðsett og tengingar tölvukerfa á heilbrigðisstofnunum við ytri gagnanet. Jafnframt eru þar ítarleg tilmæli um aðgengi starfsmanna heilbrigðisstofnana að sjúkragögnum í tölvukerfum. Hliðstæðar reglur hafa verið mótaðar innan Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í þessum reglum er gert ráð fyrir því að yfirlæknir eða læknisfræðilegur yfirmaður beri ábyrgð á vörslu sjúkragagna og hafi eftirlit með því að reglum sé framfylgt. Byggt er á því að læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðeins að-

gang að gögnum þeirra sjúklinga sem þeir stunda eða hafa til meðferðar, auk þess sem læknaritarar hafa aðgang að gögnum þeirrar deildar sem þeir starfa fyrir. Þá hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, landlæknisembættið o.fl., lokið gerð almennrar kröfulýsingar fyrir sjúkraskrárkerfi. Í kröfulýsingunni er m.a. að finna strangar kröfur um aðgangstakmarkanir að sjúkraskrám bæði með tilliti til þess hverjir hafa aðgang og að hvaða gögnum viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður hefur aðgang innan hverrar skrár. Í kröfulýsingunni eru tilteknir verndarflokkar sem notaðir verða til að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að upplýsingum um viðkomandi sjúkling. Meginmarkmið með aðgangstakmörkunum í sjúkraskrárkerfum er að heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að þeim upplýsingum um sjúkling sem þörf er á til að geta sinnt viðkomandi sjúklingi, en ekki öðrum upplýsingum. Þeir aðilar sem tengjast heilbrigðisnetinu skulu hafa eigin öryggisstefnu sem samræmist öryggisstefnu heilbrigðisnetsins. Þá skulu aðilar sem tengjast heilbrigðisnetinu hafa öryggishandbók og skulu þeir og gögn sem frá þeim fara um netið uppfylla kröfur sérstaks öryggisstaðals heilbrigðisnetsins sem er byggður á ÍST BS 7799. Aðeins þeir aðilar sem hljóta vottun samkvæmt öryggisstaðli heilbrigðisnetsins fá aðgang að því og geta sent heilsufarsgögn um netið. Sérhver þessara aðila skal tryggja að heilsufarsgögn séu aðeins send til þeirra sem rétt hafa til móttöku gagnanna.

213. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um eflingu ferðaþjónustu á norðausturhorni Íslands.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera áætlun um að styðja og efla ferðaþjónustu á norðausturhorni landsins. Í áætluninni verði meðal annars skilgreind þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í svo að tilgangi tillögunnar verði náð, metinn kostnaður við einstaka liði átaksins og bent á fjármögnunarleiðir. Gerð áætlunarinnar verði lokið fyrir árslok 2003 og hún kynnt á almennum borgarafundi í héraði.

Greinargerð.

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem er í einna örustum vexti á Íslandi. Að frátöldum sjávarútvegi skapaði hún árið 2000 mestan erlendan gjaldeyri, örlitlu meiri en orkufrek stóriðja. Kostir ferðaþjónustu fyrir smáan atvinnurekstur eru margvíslegir. Hún getur skapað fjölda starfa án þess að krefjast mikils fjármagns. Ferðaþjónusta er einnig mikilvæg að því leyti að hún eykur fjölbreytni starfa sem konur í strjálbýli eiga kost á. Reynslan sýnir líka að oft er auðvelt með litlum tilkostnaði að hefja rekstur á sviði ferðaþjónustu með því að breyta fyrirliggjandi húsakosti í gistiaðstöðu, sem skapar störf og mikilvægar aukatekjur fyrir fjölda smárra rekstraraðila í strjálbýlinu. Það er því brýn nauðsyn að ýta undir ferðaþjónustu eins og kostur er, ekki síst á svæðum eins og norðausturhorni Íslands sem búa að rómaðri náttúrufegurð ásamt sérstakri sögu og mannlífi, og þar sem ný störf vantar.

Nýtum nágrennið.

Hefðbundin ferðaþjónusta hefur staðið áratugum saman með miklum blóma á vesturjaðri norðausturhorns Íslands, þ.e. í Mývatnssveit, sem með gersemina Dimmuborgir er eitt af langmest sóttu svæðum landsins, og sömuleiðis í Ásbyrgi og þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum, sem fast að 100 þúsund manns heimsækja árlega. Húsavík siglir sömuleiðis hraðbyri í að verða einn af þekktustu ferðamannastöðum landsins í krafti annálaðs hvalasafns og hvalaskoðunarferða.

Austan þessa svæðis tekur við norðausturhornið, viðfangsefni tillögunnar sem hér er lögð fram. Það nær yfir Melrakkasléttu, Öxarfjörð og Langanes, þar sem er að finna þrjá þéttbýlisstaði, Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn. Þrátt fyrir nándina við þessa miklu ferðamannastaði nýtur norðausturhornið í sorglega litlu gestafjöldans sem sækir þá heim. Fyrir vikið skipar ferðamennska of veigalítinn sess í atvinnulífi þar.

Ástæða þess er fyrst og fremst sú að einstakar náttúruperlur norðausturhornsins og frábærir möguleikar til útivistar hafa ekki verið kynntir nægilega, og alls ekki í tengslum við áðurnefnd ferðamannasvæði. Á því er rík nauðsyn, þannig að norðurfarar, sem á annað borð koma til að skoða Dettifoss, Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur, eða Mývatn og Húsavík, líti á það sem sjálfsagt og eðlilegt framhald ferðarinnar að halda leið sinni áfram austur á bóginn, njóta alls þess sem norðausturhornið hefur upp á að bjóða, og létta helst ekki ferðinni fyrr en komið er á Skoruvíkurbjarg á Langanesi, eitt merkilegasta sjófuglabjarg veraldar. En þaðan er stutt að fara á Font og að Skálum. Flutningsmenn telja að hiklaust beri að stefna að því að Skoruvíkurbjarg verði hinum almenna ferðamanni, innlendum sem erlendum, jafneftirsóttur og eðlilegur viðkomustaður og Dettifoss eða Ásbyrgi. Rétt er að undirstrika að til að hægt sé að lyfta norðausturhorninu sem ferðamannasvæði er nauðsynlegt að tryggja góðar samgöngur og átak í þeim á næstu árum er liður í því að efla ferðaþjónustu á svæðinu.

Tækist að tengja betur norðausturhornið og gersemar þess við hina hefðbundnu ferðamannastaði Norðurlands yrði það mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu austan Tjörness. En á Tjörnesi má skoða hin frægu Tjörneslög, sem gera kleift að lesa jarðsögu á heimsmælikvarða.

Sterkir innviðir.

Möguleikar norðausturhornsins til að verða útivistarstaður fyrir ferðaglaðar fjölskyldur helgast ekki síst af þeirri uppbyggingu sem framsýnir leiðtogar á sviði sveitarstjórna á svæðinu hafa beitt sér fyrir. Á Þórshöfn er eitt frábærasta íþróttahús landsbyggðarinnar, með aðstöðu til fullkominnar heilsuræktar, og einstakri sundlaug sem að ýmsu leyti tekur þeim í höfuðstaðnum fram.

Á Raufarhöfn er nýtt hótel, prýðilega hannað, sem að innri gerð gefur í engu eftir bestu hótelum landsins. Útsýnið, sem nær yfir höfnina og yfir í norðurheimskautið, sem sker Hraunhafnartanga, nyrsta odda Melrakkasléttunnar, á hins vegar engan sinn líka. Sama er að segja um matseldina, þegar framreitt er af nægtaborði nágrennisins, sjóbleikja úr ósavötnum Sléttunnar eða hreindýr. Kópasker, einn af snyrtilegustu bæjum landsins, með öfluga heilsugæslu, sundlaug, sterka samkeppni í verslun, og sérstæðasta kaffihús landsins þar sem epli Iðunnar eru hent á lofti, eykur enn á fjölbreytnina og undirstrikar einstöðu norðausturhornsins.

Þjóðgarður á Langanesi.

Á Hornströndum Vestfjarða hefur tekist að koma upp ótrúlega fjölsóttu göngulandi. Friðlýsing svæðisins, vel afmarkaðar gönguleiðir, örfárra daga langar upp í nokkurra vikna,

ásamt frábærri kynningu, hefur leitt til þess að þúsundir innlendra og erlendra manna sækja Hornstrandir heim á hverju sumri. Flutningsmenn horfa til fordæmis Vestfirðinga varðandi Hornstrandir og telja að hægt sé að fara sömu leið við að byggja upp Langanes sem paradís göngumanna sem ekki stæði Hornströndum að baki. Þannig mætti í fyllingu tímans fá þúsundir nýrra ferðamanna til norðausturhornsins.

Landslag, dýralíf og saga gera Langanesið einstakt jafnt í sögulegu sem náttúrufarslegu tilliti. Það hlýtur því að koma sterklega til greina að fara að dæmi Vestfirðinga og gera friðland á Langanesi. Flutningsmenn eru raunar þeirrar skoðunar að vel komi til greina að stíga skrefi lengra: Frá sjónarhóli sögu og mannlífs, að ógleymdri einstakri náttúru, er allt sem mælir með því að Langanes verði gert að fjórða þjóðgarði landsins. Norðausturhornið væri þá í reynd rammað inn af tveimur þjóðgörðum, Jökulsárgljúfrum að vestan og Langanesi að austan. Ekki þarf að fara í grafgötur með sameiginlegt aðdráttarafl þeirra fyrir norðausturhornið. Því telja flutningsmenn að hluti af því verkefni sem stjórnvöldum er falið með tillögunni sé að brjóta til mergjar kosti og galla þess að gera Langanes að þjóðgarði.

Reynslan sýnir að þjóðgarður eða vel auglýst friðland hefur mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn jafnt sem innlenda, og þar með fyrir svæðið í heild. Ákvörðun af hálfu ríkisins um þjóðgarð á Langanesi gæti því orðið geysileg lyftistöng fyrir svæðið. Ríkið myndi þá ráða sérstakan þjóðgarðsvörð, leggja í kostnað við að gera gönguleiðir um friðlandið, koma upp hreinlætisaðstöðu og sinna öðrum brýnum framkvæmdum, og kynna svæðið á sinn kostnað. Ekki er að efa að þetta skapaði í senn nokkur dýrmæt ný störf, en yrði einnig í tímans rás líklegt til að laða mikinn fjölda fólks inn á svæðið. Fjöllin, einstakar rekafjörur, silungsár og iðandi fuglalíf, að ógleymdu Skoruvíkurbjargi og minjum um merkilegt mannlíf, eru sannkallaðir seglar sem munu laða að ferðafólk um leið og þessi einstöku undur yrðu kynnt.

Náttúruparadís.

Langanesið eitt og náttúra þess verðskuldar að hefja norðausturhornið til vegs fyrir ferðamenn. Aðrir möguleikar þess eru þó margir og fjölbreyttir, og einkennilegt að stjórnvöld skuli ekki fyrr hafa sett á þá kastljós.

Melrakkaslétta og Öxarfjörður, með fjölmörgum vötnum og lónum sem tengjast hafi, eru paradís fuglaskoðara. Óvíða á landinu er jafnfjölbreytt fuglalíf, ekki síst andamergð, sem erlendum áhugamönnum um fugla þætti mikill fengur í. Þess má geta að sveitarstjórnin á Raufarhöfn hefur gert sér grein fyrir þessu sóknarfæri eins og speglast í sérstökum upplýsingabæklingi sem hún hefur gefið út á nokkrum tungumálum, þar sem gósenlandi fuglaáhugamanna á Melrakkasléttu er lýst. Víðs vegar um heiminn er fuglaskoðun veruleg lyftistöng fyrir ferðaþjónustu, þar sem byggð eru upp sérstök svæði með skoðunarskýlum sem áhugamenn berjast um, ef því er að skipta. Til marks um þá ástríðu sem heltekur áhugamenn um fugla má nefna að í nýafstaðinni baráttu um formennsku í breska Íhaldsflokknum tók annað formannsefnanna, Kenneth Clarke, sig upp í miðri baráttunni og hélt yfir hálfan hnöttinn til að skoða fuglinn kookaburru sem þá var hægt að sjá á sérstöku griðlandi fugla í Tasmaníu. Þetta undirstrikar þá sérkennilegu ástríðu fuglaáhugamanna sem leggja allt undir og horfa aldrei í aurinn ef þeim býðst að heimsækja einstök fuglasvæði, eins og á Melrakkasléttu eða Tasmaníu.

Undan norðausturhorninu eru einhver auðugasta hvalavist í Íslandshöfum. Á Húsavík er sprottinn upp mikilvægur ferðaþjónustukimi sem byggist einvörðungu á hvölum. Skip flytja ferðamenn til að skoða hvali nokkrum sinnum á dag, og nýtt og frábært hvalasafn hefur vaxandi aðdráttarafl. Hvalaskoðun ætti allt eins að geta dafnað í öllum byggðarlögum norð-

austurhornsins. Auðvelt væri að tengja hana sjóferðum að Skoruvíkurbjargi til að gefa ferðamönnum kost á að líta augum hina ótrúlegu mergð fugla í bjarginu. Úr þessum náttúruundrum, til dæmis hvölum og bjargfugli, og sérstæðu landslagi er hægðarleikur að spinna svo einstæða upplifun í einni sjóferð að með góðri kynningu ætti það eitt að duga til að laða fjölda innlendra og erlendra ferðamanna á norðausturhornið.

Einstök veiðivon.

Fyrir veiðimenn ætti að vera unnt að flétta saman margvísleg ævintýri á sviði veiða víðs vegar um norðausturhornið. Eitt besta rjúpnaland Íslands er að finna á Öxarfjarðarheiði, og fyrir skotveiðimenn er gæsafjöld að hausti sérstakt aðdráttarafl. Sjófugl á hafi veitir ekki síðri möguleika. Ónefndur er þá minkurinn, vargurinn í véum íslenskrar náttúru, sem sannarlega ætti að leyfa veiðimönnum, innlendum og erlendum, að spreyta sig á að koma fyrir kattarnef. Lax er í ám á svæðinu. Nægir að nefna Sandá, en þar gekk löngum sérstakur stofn, öðru vísi en allir stofnar á landinu, og auðþekktur af grænleitum blæ á þykku höfði. Fyrir vikið hefur Sandá verið eftirsótt til laxveiða af þokkasælum fyrirmönnum, eins og forsetum Alþingis og tannlæknum. Það sem sker þó norðausturhornið frá í augum stangaveiðimanna er ekki laxinn, heldur gnótt sjóbleikju og sjóbirtinga. Enginn fiskur sækir eins á meðal stangaveiðimanna um þessar mundir og sjóbleikja. Kvikur fiskur, sprettharður á stöngina, ekki ýkja stórvaxinn að jafnaði en frábær til matar, og einstaklega fágætur utan heimskautasvæða.

Sjóbleikja er því óvíða jafnaðgengileg og á Íslandi. Hvergi er hana líklega að finna í jafnmiklum mæli og í ósavötum norðausturhornsins, og litlum straumvötnum sem þar falla til sjávar. Breskir veiðimenn á ofanverðri 19. öld töldu hámarki veiðiíþróttarinnar náð þegar þeir veiddu sjóbirting í tunglskini en í byrjun 21. aldar má með góðum rökum halda fram að enginn hafi náð æðsta skilningi stangaveiðinnar nema hafa veitt sjóbleikju í Sauðanesósnum á Langanesi á hausti úthallanda.

Myljandi veiði á sjóbirtingi er sömuleiðis að hafa á norðausturhorni Íslands. Ekki einvörðungu í ósavötnunum, þar sem sjóbirtingurinn á sér kjörlendi og þarf aldrei að sækja í úthafið, heldur er þar að finna draumaá sjóbirtingsunnandans, Litluá í Kelduhverfi. Einstakar aðstæður, einkum vatnsmiklar volgrur, sem falla í ána, ala af sér gríðarstóra sjóbirtinga sem eiga sér helst ekki jafningja nema í ám Skaftafellssýslna og straumvötnum á suðvesturodda Írlands, en á öllum þessum stöðum sprikla náskyldir æringjar sem vaka í draumi sérhvers veiðimanns.

Ekki er að efa að hægt væri að markaðssetja norðausturhornið á alþjóðlega vísu á grundvelli veiðivonarinnar sem tengist sjóbirtingi og sjóbleikju, sem óvíða er annars staðar að hafa í sama mæli og Íslandi, ekki síst norðausturhorninu. Ótaldir eru þá mikir möguleikar veiðimanna til að stunda aðra íþrótt, sem er veiði á sjóstöng.

Jákvæð byggðastefna.

Samfylkingin hefur lagt sig í framkróka um að finna – og benda á – leiðir til að styrkja byggð í landinu. Þessi tillaga til þingsályktunar er hluti af þeirri vinnu. Eins og lýst er í greinargerð tillögunnar eru sérstaða svæðisins óumdeild, og með samstilltu átaki ætti því að vera kleift að þróa öfluga ferðaþjónustu á svæðinu. Til þess þarf atbeina stjórnvalda í fyrstu, og því er tillagan flutt. Hún er hluti af ábyrgri stefnumótun Samfylkingarinnar um uppbyggingu byggðar í landinu. Í henni felst jafnframt yfirlýsing um aðgerðir, sem flokkurinn mun beita sér fyrir þegar hann verður næst þátttakandi í landstjórninni.

214. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Karl V. Matthíasson.

1. gr.

Við 1. mgr. 37. gr. laganna bætist nýr stafliður er verður a-liður og orðast svo: gróðurvinjar á hálendinu, 1 hektari að stærð eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að gróðurvinjum á hálendi Íslands verði bætt við þær landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Hugtakið gróðurvin er hér notað í merkingunni „einangrað svæði með samfelldum gróðri“ en þannig var það skilgreint á 10. náttúruverndarþingi, 28.–29. janúar 2000. Frumvarpið byggist á þeirri staðreynd að gróðurvinjar hálendisins eru sérstök landslagsgerð sem ekki einasta eru einstæðar á Íslandi heldur á heimsvísu. Það gildir bæði um ólík samfélög plantna og dýra sem á þeim dafna og um sérstaka blöndu lífræns jarðvegs og gosefna sem er undirstaða þeirra. Þær eru því ákaflega mikilsverðar frá vistfræðilegum sjónarhóli. Sömuleiðis má færa rök að því að vinjarnar séu ein af burðarstoðum ferðaþjónustu á hálendinu. Því miður eru dæmi um illa meðferð hálendisvinja. Þar má sem dæmi nefna Orravatnsrústir á Hofsafrétti, en þeim var til skamms tíma ógnað af ofbeit hrossa. Því er rík ástæða til að vernda þær, ekki síður en aðrar landslagsgerðir.

Þær landslagsgerðir sem þegar njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögunum eru: a) eldvörp, gervigígar og eldhraun, b) stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri, c) mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, d) fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri, og e) sjávarfitjar og leirur. Þess má geta að á 10. náttúruverndarþingi var samþykkt áskorun um að gróðurvinjum á hálendinu yrði bætt við upptalningu landslagsgerða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Dýrmæti gróðurvinjanna.

Helsta sérkenni miðhálendis Íslands eru hinar kröftugu andstæður sem birtast þar sem gróskuríkar vinjar rjúfa gráa og þurra auðn hálendisins. Víðast hvar teygir gróður sig upp af láglendinu og upp á hálendisbrúnina, en rofnar og verður slitróttur eftir því sem lengra dregur inn á hásléttuna. Að lokum tekur auðnin við og gróin lönd finnast aðeins á einangruðum blettum sem gróðurvinjar. Flestar vinjarnar eru síðustu leifar miklu víðfeðmara gróðurlendis sem við landnám var að líkindum að finna víða á hálendinu, en ofbeit, eldgos og mikil kuldaskeið unnu sameiginlega á. Nú er því miðhálendið að mestu auðnir þar sem gróður þekur einungis örlítinn hluta. Þessar séríslensku andstæður sem hvergi eiga sinn líka, grænn gróður við uppsprettulindir í auðninni miðri, skapa hið segulmagnaða aðdráttarafl sem í vaxandi mæli laðar að sér innlenda og erlenda ferðalanga. Af þeim sjónarhóli eru gróðurvinjarnar

ómetanleg auðlind, eiga snaran þátt í að skapa þjóðinni ómældar tekjur af ferðamennsku sem á næstu öld er talin líkleg til að verða helsta tekjulind þjóðarinnar. Það eitt undirstrikar nauðsyn þess að varðveita gróðurvinjar hálendisins eins og kostur er.

Dýrmæti gróðurvinjanna helgast þó miklu fremur af því að í vistfræðilegu tilliti njóta þær algerrar sérstöðu. Þær eiga sér enga hliðstæðu í öðrum löndum, og helst að þær megi bera saman við vinjar í þurrum og heitum eyðimörkum þótt loftslag og lífríki sé augljóslega gjörólíkt. Í lífríki hálendisins gegna gróðurvinjarnar í senn margbrotnum og mikilvægum hlutverkum. Þær eru eina athvarf fjölmargra tegunda plantna og dýra sem ekki dafna í auðninni umhverfis. Það gildir ekki síst um fugla, enda hafa sumar gróðurvinjarnar alþjóðlegt gildi sökum mikilvægis síns fyrir ýmsar tegundir þeirra. Jafnframt eru þær nær einu verksmiðjur lífræns efnis á hálendinu en frumframleiðni gróðurvinjanna er margfalt meiri en á gróðurleysunum umhverfis. Lífríki þeirra endurspeglar ljóslega mishæðir í landinu og þar með mismunandi snjóalög og rakastig í jarðvegi. Í skjóli þeirra dafnar gjarnan smágert mynstur ólíkra plöntusamfélaga sem innan lítils svæðis geta skapað fjölbreytt búsvæði fyrir margvísleg dýr. Lífríki gróðurvinjanna á hálendinu eru því ótrúlega margbrotin.

Mikilvægir fræbankar.

Staðsetning gróðurvinjanna á hálendinu skiptir einnig miklu fyrir lífríkið sem innan þeirra dafnar. Gróðurvinjarnar geta því verið ákaflega ólíkar. Tegundaauðgi vinjanna á suðurhálendinu ber þannig sterkan keim af hafrænu og úrkomusömu loftslagi sem einkennir svæðið meðan landrænt loftslag norðan Vatnajökuls setur allt annan svip á gróðurvinjarnar þar. Fjölbreytni lífríkisins er að sjálfsögðu margfalt meiri innan vinjanna en á auðnunum umhverfis. Þær skipta því gífurlegu máli þegar líffræðileg fjölbreytni vistkerfa á miðhálendinu er metin. Í alþjóðlega samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem Íslendingar undirrituðu í Rio de Janeiro í júní 1992, segir að eitt af þremur höfuðmarkmiðum samningsins sé að vernda líffræðilega fjölbreytni. Samþykkt tillögunnar er því eindregið í anda samningsins.

Gróðurvinjar hálendisins eru eins og áður segir dreifðar leifar gróðurlendis sem forðum teygði sig yfir miklu víðfeðmari hluta miðhálendisins. Gríðarleg gróðureyðing hefur átt sér stað frá landnámi. Orsakanna má leita til samspils náttúrulegra þátta eins og eldgosa og langvarandi og endurtekinna kuldaskeiða eftir miðja þrettándu öldina, þegar mesta hlýindaskeiði Íslandssögunnar lauk, en ekki síst til ofbeitar búsmala mannsins. Um aldir hefur hálendið verið beitt. Þegar kuldaskeið hafa þrengt að kvikfénaði hefur ágangurinn á köflum efalítið gengið nærri náttúrulegri framleiðslu. Til marks um það má vísa til orða Páls Vídalíns, sýslumanns og höfundar Jarðabókanna ásamt Árna Magnússyni, sem lét svo um mælt snemma á átjándu öldinni „að ei skuli þarflaus hrossa fjöldi uppeta kjarna landkostanna, og spilla málnytunni ...“ (Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Reykjavík, 1854). Á þessari öld keyrði svo um þverbak með hreinni rányrkju á stórum flæmum hálendisins. Þetta hefur án nokkurs vafa haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fræmyndun og dregið úr möguleikum plantna á endurnýjun og dreifingu. Gróðurvinjarnar eru hins vegar ómetanleg uppspretta fræja. Þegar umhverfið breytist og verður hagstæðara gróðri á hálendinu í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, verða fræbankar gróðurvinja hálendisins ómetanlegir við uppgræðslu þess. Í þessu framtíðarhlutverki hálendisvinjanna felst ekki síst röksemdin fyrir því að vernda þær sérstaklega.

Samhljóða frumvarp var áður lagt fram á 125. og 126. löggjafarþingi.

215. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um vernd votlendis.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera vistfræðilega úttekt og skráningu votlendis á Íslandi í þeim tilgangi meðal annars að meta verndargildi og verndarþörf einstakra svæða og votlendisgerða. Í framhaldi af því skal ráðherra leggja fyrir Alþingi ítarlega áætlun sem miði að vernd þess votlendis sem er í hættu.

Greinargerð.

Mikilvægi votlendis.

Mikill fjöldi lífvera, sérstaklega plantna, skordýra og fugla, á heimkynni sín í votlendi. Til marks um mikilvægi þess fyrir íslenskt fuglalíf má nefna að nær 80% íslenskra varpfuglategunda nýtir votlendi af einhverju tagi yfir varptímann, ýmist til varps eða fæðuöflunar. Búsvæði í votlendi býður í senn upp á fjölbreytt umhverfi, fæðuauðgi og skjól fyrir afræningjum. Tegundaauðgi jarðarinnar stafar því ekki síst af því margbrotna lífríki sem þrífst í votlendi. Verndun þess miðar beinlínis að því að viðhalda sem mestum líffræðilegum fjölbreytileika á jarðarkringlunni. Votlendi hefur ákaflega margháttuðu hlutverki að gegna í náttúrunni. Það býr alla jafna yfir mjög mikilli framleiðni, og raunar eru gróskumestu votlendissvæðin með hærri framleiðni en þekkist í nokkru öðru vistkerfi. Oft eru votlendissvæði stakar gróðurvinjar í eyðimörkum eða á gróðursnauðum hálendissvæðum eins og finna má á Íslandi og gegna þau þar mikilvægu hlutverki fræbanka. Þegar aðstæður verða hagstæðari og umhverfið breytist á gróðurvana landi í grennd við slíkar vinjar, t.d. vegna breytinga á lofthita eða minnkandi beitarálags, eru fræbankar votlendisvinja ómetanlegir við uppgræðslu þess.

Við strendur er votlendi oft klaksvæði fyrir ungviði fisks og skeldýra og vinnur auk þess beinlínis gegn landrofi við sjálfa strandlengjuna. Það dregur einnig úr flóðum og þurrkum, og mýrar, sem eru útbreidd votlendisgerð, gegna víða mikilvægu hlutverki við að hreinsa mengað vatn. Bæði sest set til í mýrunum, þær draga úr mengun af völdum áburðar (köfnunarefni og fosfór) og loks binda mýrar eiturefni og hættulega þungmálma. Í hægrotnandi plöntuleifum, sem eru í gríðarlegu magni í votlendi, binst einnig mikið af kolefni. Slík votlendissvæði, þar sem mór myndast, gegna því líklega meginhlutverki í kolefnisbúskap jarðarinnar og hljóta að geta átt verulegan þátt í að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Vernd votlendis, og sér í lagi endurheimt slíkra landgæða, gæti því í framtíðinni auðveldað Íslendingum að standast skilyrði Kyoto-bókunarinnar um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Þetta mikilvæga hlutverk votlendis hefur ekki farið hátt í umræðunni en er nauðsynlegt að draga fram sem þunga röksemd fyrir aukinni vernd þess hér á landi.

Votlendi og eyðing þess.

Votlendi, ekki síst mýrar, eru áberandi þáttur í landslagi Íslands. Mýrar myndast aðallega þar sem saman fer mikil úrkoma, tiltölulega rakt loft og lágur lofthiti. Ísland er því kjörlendi mýra enda er íslenska votlendið hluti af víðáttumiklu mýrlendisbelti sem umlykur norðurskaut jarðarinnar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nýlega lokið gerð stafræns gróðurkorts

af Íslandi í hlutföllunum 1:500.000 sem í reynd hefur að geyma einu heildstæðu úttektina á votlendi hér á landi. Það var ekki fyrr en með því korti að unnt var að áætla í fyrsta skipti heildarflatarmál votlendis á Íslandi með viðunandi nákvæmni. Ætla má að það hafi numið 8–10.000 ferkílómetrum. Það jafngildir 10% af flatarmáli landsins eða 30–40% af flatarmáli gróins lands. Enn skortir þó nákvæma vitneskju um hversu háu hlutfalli votlendis hefur verið raskað með framræslu í einstökum landshlutum og á landinu öllu. Það er meðal þess sem kanna verður til hlítar verði tillaga þessi samþykkt.

Frá ómunatíð hefur votlendi víðast hvar verið nýtt til beitar og sláttar, mór verið skorinn og hrís rifið. Í fornum lögum og sögum er skurðagerð nefnd þótt hvergi sé beinlínis getið landþurrkunar. Fyrstu tilraunir til að ræsa fram mýrlendi voru að líkindum þær sem Stefán Þórarinsson amtmaður gerði árin 1780 og 1781 með fjárstyrk frá dönsku stjórninni. Stefán gaf í kjölfarið út eins konar leiðbeiningar um framræslu mýra, „Um vatnsveitingar af mýrum“ sem birtist í 2. árgangi Rits Lærdómslistafélagsins 1781. Á fyrrgreindri nýtingu votlendis varð þó líklega ekki teljandi breyting fyrr en á seinni hluta 19. aldar. Þá hófst skeið engjaræktar og áveitna sem stóð allt fram undir 1940. Ekki skorti bændur hvatningu hinna bestu manna. Jón Sigurðsson forseti hafði þannig eftirfarandi að segja árið 1874 um framræslu íslensku mýranna: „Mér þykir vænt um það, ef þið getið drifið upp gufuskip, eða samskot til þess, en vænna hefði mér þótt um, ef þið *hefðið strengt þess heit að skera fram og rækta allar mýrar á landinu* og drífa upp nóg ket, smjer og osta, etc. — Þá kæmu gufuskipin sjálfkrafa á eftir að sækja vörurnar til ykkar.“ (Sjá Árna G. Eylands 1967.)

Tilkoma stórvirkra vinnuvéla og sívaxandi framlög hins opinbera til skurðgraftar leiddi til stórfelldrar framræslu upp úr 1940 sem gjöreyddi mýrum og votlendi í heilum fjórðungum. Dapurlegt dæmi um það er af Suðurlandi þar sem voru áður stærstu votlendi landsins. Víðlendir flóar og mýrar einkenndu syðri part landshlutans en í uppsveitum var votlendi einnig útbreitt. Rannsóknir dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, hafa leitt í ljós að nú er búið að raska hvorki meira né minna en 97,5% af votlendi Suðurlands, þar með töldum fjölda vatna og tjarna. Af hinu víðáttumikla sunnlenska votlendi eru því aðeins eftir litlar og dreifðar leifar. Til marks um fyrirhyggjuleysið má nefna að merkilegri gerð votlendis, hallamýrum, hefur nánast verið gereytt í fjórðungnum. Líklega er aðeins ein óröskuð sunnlensk hallamýri eftir á Höfðaflötum vestan undir Vörðufelli. Það er því í síðustu lög að grípa til verndaraðgerða til að koma í veg fyrir óbætanleg spjöll á sunnlensku votlendi. Enn er þó verið að ræsa fram mýrar á Suðurlandi.

Eyðing votlendis af völdum framræslu var gríðarleg. Skurðgröfturinn náði hámarki árið 1968 þegar 1.633 kílómetrar voru grafnir á einu ári. Upphaflega var land einkum ræst fram til túngerðar. Miklir og vaxandi styrkir hins opinbera ýttu þó undir áframhaldandi framræslu þegar nóg lands til túnræktar var aflað og mýrar þá ræstar fram til að nota sem beitiland fyrir búsmala. Ekki dró úr framræslunni fyrr en á níunda áratugnum. Mestu skipti þegar hið opinbera hætti að styrkja eyðingu mýra. Offors Íslendinga við framræslu leiddi til þess að hvergi er hægt að finna hærra hlutfall lands sem ræst var fram án þess að það væri í kjölfarið nýtt til túnræktar.

Votlendi í hættu.

Í ritinu „Votlendi“ sem Landvernd gaf út árið 1975 birtist skrá eftir Arnþór Garðarsson prófessor yfir votlendi á Íslandi sem höfundurinn taldi brýnt að vernda sérstaklega, ekki síst sem búsvæði fyrir fugla. Verkið markaði kaflaskil. Á þeim tíma náði skilningur á gildi votlendis sem búsvæðis fyrir fugla, plöntur og smádýr ekki langt út fyrir raðir náttúrufræðinga. Votlendisskráin opnaði hins vegar augu margra leikmanna fyrir því hversu hér var illa komið

fyrir mikilvægum votlendissvæðum og skelfilegum afleiðingum þess fyrir dýralíf, fyrst og fremst fyrir útbreiðslu sjaldgæfra og viðkvæmra fuglategunda. Skránni var einnig ætlað að vera stjórnvöldum eins konar leiðarvísir um votlendisvernd og opna augu þeirra fyrir nauðsyn þess að vernda votlendi almennt fyrir frekari árásum mannsins og friðlýsa mikilvæg votlendissvæði. Það hefur þó reynst torsótt þó nú sé farið að miða í rétta átt.

Arnþór skipti votlendissvæðum í þrjá flokki á grundvelli verndargildis. Af 127 svæðum sem talin voru upp í hinum þremur verndarflokkum er nú aðeins búið að friðlýsa 16, eða rétt um 13%. Af þeim voru 9 af 28 svæðum í fyrsta flokki (forgangsfriðun), 3 af 28 í öðrum flokki (svæði þar sem ber að stefna að friðun) og 4 svæði af 71 í þriðja flokki, sem hafði lægst verndargildi. Að sönnu eru flest hinna 111 svæða sem tilgreind voru í votlendisskránni frá 1975 og ekki hafa verið friðlýst komin á náttúruminjaskrá. Hún hefur hins vegar til skamms tíma haft óvissa stöðu í stjórnsýslunni og ekki falið í sér haldbæra vernd fyrir minjar sem þar eru skráðar. Vorið 1999 var það nýmæli þó bundið í lög að ekki má raska landslagi eða minjum sem eru á náttúruminjaskrá nema áður sé leitað umsagnar Náttúruverndar ríkisins. Nú er talið að aðeins 4% af votlendi Íslands sé friðað eða einungis 6% af flatarmáli allra friðlýstra svæða. Eins og áður sagði eru þó ekki til skýlaus gögn um það.

Í reynd er staðan þó verri en framangreindar upplýsingar gefa til kynna. Mörgum svæðanna sem var skipað í fyrstu tvo verndarflokkana í votlendisskránni frá 1975 hefur verið raskað verulega síðan skráin kom út. Þetta kemur til dæmis fram í ritinu „Íslensk votlendi — verndun og nýting“ sem kom út árið 1999 og hafði að geyma erindi af ráðstefnu um votlendi sem haldin var árið 1994. Í greinum þeirra dr. Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, og dr. Hlyns Óskarssonar eru dapurleg örlög votlendis á Suðurlandi og Vesturlandi rakin ítarlega og þar kemur þessi þróun skýrt fram. Það er því heldur ekki ólíklegt að mörg önnur votlendissvæði sem ekki komust í skrána 1975 séu einnig í bráðri hættu. Þegar horft er til baka er því miður óhætt að fullyrða að árangurinn varðandi vernd og friðlýsingar votlendis hafi verið allt of rýr þann aldarfjórðung sem liðinn er frá því að Landvernd gaf út votlendisskrá Arnþórs Garðarssonar.

Aukinn skilningur.

Vatnaskil urðu efalítið í skilningi almennings á gildi votlendis með frægri grein sem Halldór Laxness skrifaði á gamlársdag 1970 í Morgunblaðið. Greinin fjallaði um eyðingu votlendis á Íslandi og bar réttnefnið „Hernaðurinn gegn landinu“. Þar lagði Nóbelshöfundurinn fyrstur Íslendinga til að þeir menn yrðu verðlaunaðir sem mokuðu ofan í skurði! Aldarfjórðungi síðar var hrundið af stað fyrstu tilraunaverkefnum í anda skáldsins frá Gljúfrasteini. Enn skortir þó framlög til að hægt verði að ráðast af krafti í nauðsynlega endurheimt votlendis.

Tuttugu árum eftir að Halldór Laxness birti grein sína, árið 1990, lagði Náttúruverndarráð til við umhverfisráðuneytið, sem þá var nýstofnað, að öll framræsla mýrlendis yrði stöðvuð og ekki heimiluð að nýju fyrr en áætlun um vernd og nýtingu mýrlendis lægi fyrir. Þessi róttæka tillaga hlaut ekki brautargengi. Nú, þegar bjarmar af 21. öldinni, skortir enn útfærða stefnu stjórnvalda um vernd og endurheimt votlendis. Þó ber síður en svo að lasta jákvæð viðhorf til málaflokksins sem birst hafa á síðustu árum. Raunar má segja að á allra síðustu árum hafi skilningur stjórnvalda á verndun votlendis glæðst nokkuð. Gildir þá einu hvort horft er til löggjafar- eða framkvæmdarvaldsins.

Breytt viðhorf löggjafans birtast til dæmis skýrt í þrennum lögum sem Alþingi samþykkti á síðustu árum. Árið 1997 voru þannig samþykkt ný skipulagslög og þó að þar sé ekki fjallað sérstaklega um votlendi voru í lögunum ákvæði sem gátu stuðlað að vernd þess. Í þeim var mælt fyrir um að leita þyrfti framkvæmdaleyfis fyrir öllum framkvæmdum sem hefðu í för

með sér umtalsverðar breytingar. Þetta þýddi að ekki var hægt að farga votlendi án þess að fá sérstakt leyfi. Á þessu var þó sá galli að mat á umfangi breytinganna var samkvæmt lögunum lagt í hendur sveitarstjórna en ekki stjórnvalda á sviði náttúruverndar.

Stærra og miklu mikilvægara skref var þó reynt að stíga þegar Alþingi samþykkti vorið 1999 ný lög um náttúruvernd. Í 37. gr. þeirra er sérstaklega kveðið á um vernd tiltekinna landslagsgerða og sérstaklega tekið fram að ekki megi raska ákveðnum gerðum votlendis nema á undan fari mat á afleiðingum þess. Votlendissvæðin sem tiltekin eru í lagagreininni eru stöðuvötn og tjarnir sem ná hið minnsta yfir 1.000 m^2, mýrar og flóar sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri, fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður sem eru 100 m^2 að stærð eða stærri, og loks sjávarfitjar og leirur. Því miður eru þessi ákvæði um vernd landslagsgerða alls ekki nógu sterk, sbr. orðalagið um að forðast skuli „eins og kostur er“ að raska mýrum eða flóum sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri. Afleiðingin er sú að enn er verið að raska mýrum, meðal annars á Suðurlandi, eins og áður er lýst. Í upptalningu landslagsgerða sem vernda ber vantar einnig mikilvæga landslagsgerð eins og gróðurvinjar á hálendinu en í mörgum tilvikum teljast þær til votlendis. Á náttúruverndarþingi árið 2000 var einmitt samþykkt einróma áskorun til umhverfisráðherra um að beita sér fyrir að gróðurvinjum á hálendinu væri bætt við upptalninguna. Framangreind ákvæði nýju náttúruverndarlaganna fólu eigi að síður í sér framfaraspor og með þeim var Alþingi vonum seinna að standa við skuldbindingar sem Íslendingar öxluðu með aðild sinni að Ramsar-samþykktinni. En þar er mælt svo fyrir að aðildarríkin skuli láta framkvæma mat á umhverfisáhrifum áður en votlendi er breytt eða það eyðilagt.

Ári fyrr, eða vorið 1998, samþykkti Alþingi jafnframt búnaðarlög þar sem merkilegt nýmæli var að finna um jarðabætur. Í lögunum sagði meðal annars að jarðabætur skyldu ekki aðeins stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa heldur einnig „taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta“. Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu var sérstaklega tekið fram að þar væri meðal annars átt við verndun og friðun votlendis.

Hjá framkvæmdarvaldinu hefur einnig ýmislegt áunnist um verndun votlendis, einkum fyrir tilstilli Guðmundar Bjarnasonar, fyrrverandi umhverfis- og landbúnaðarráðherra. Að tillögu Fuglaverndarfélags Íslands skipaði Guðmundur nefnd árið 1996 til að vinna að endurheimt votlendis. Nær engu fé hefur þó verið varið til beinna verkefna á þessu sviði síðustu árin þó nefndin hafi sjálf unnið þarft verk og meðal annars nýlega opnað ákaflega góða og fræðandi heimasíðu (www.rala.is/votlendi). Umhverfisráðuneytið sendi árið 1997 frá sér stefnuskrá um sjálfbæra þróun sem lýsti stefnu núverandi ríkisstjórnar. Þar er að finna eftirfarandi yfirlýsingu: „Stuðla skal að verndun og endurheimt votlendis og koma í veg fyrir frekari framræslu lands nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.“ Þessi yfirlýsing var að nokkru leyti staðfest í verki þegar umhverfisráðherra kvað árið 1997 upp þann úrskurð að í stað votlendis sem raskað yrði við sorpurðun í Fíflholtum á Mýrum skyldi endurheimta jafnmikið votlendi annars staðar. Í tilefni vegar um Jökuldalsheiði kvað umhverfisráðherra upp hliðstæðan úrskurð árið 1998. Flutningsmenn telja einkar brýnt að þessari stefnu verði fylgt eftir af krafti gagnvart öllum framkvæmdum í framtíðinni.

Skyldur Íslands.

Förgun votlendis á Vesturlöndum er umhverfisslys sem að vissu marki má jafna við eyðingu regnskóganna í Suður-Ameríku og Asíu. Votlendi gegnir miklu stórbrotnara hlutverki í vistkerfi jarðarinnar en almenningur og jafnvel sérfræðingar hafa til skamms tíma gert sér

grein fyrir. Þá gildir einu hvort horft er til fjölbreytileika búsvæðanna sem finnast í votlendi og halda uppi tegundaauðgi jarðarkringlunnar eða mikilvægis þeirra sem kolefnageymslu sem vegur á móti gróðurhúsaáhrifum sem stafa af uppsöfnun kolefnis í andrúmsloftinu.

Af þessum sökum hafa þjóðir heimsins mælt fyrir um vernd votlendis í mörgum alþjóðlegum samningum. Hinn mikilvægasti þeirra er Ramsar-samþykktin, sem Ísland er aðili að. Hún leggur Íslendingum margvíslegar skyldur á herðar sem tengjast vernd votlendis, þar á meðal mótun stefnu um varðveislu, meðferð og nýtingu votlendis. Grundvöllur vinnunnar að baki slíkri stefnumótun eru rannsóknir og skráning á votlendi, enda er í samþykktinni sérstakt ákvæði um að aðildarríki skuli skrá votlendissvæði, meta ástand þeirra og gera áætlun um vernd þeirra og skynsamlega nýtingu („wise use“). Hér á landi hefur slík skráning aldrei verið gerð. Samþykkt tillögunnar felur því í sér að loks mundi Ísland uppfylla þetta mikilvæga ákvæði Ramsar-samþykktarinnar.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 125. löggjafarþingi (þskj. 647, 389. mál).

Með tillögunni var fylgiskjal: Hernaðurinn gegn landinu. Halldór Laxness, Yfirskygðir staðir, Ýmsar athuganir. Helgafell 1971.

216. Svar [172. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Kolbrúnar Halldórsdóttur um skattfríðindi í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög.

1. *Hvaða fyrirtæki eða félög njóta skattfríðinda í skjóli laga um alþjóðleg viðskiptafélög, nr. 31/1999?*

Á grundvelli laganna hafa verið gefin út starfsleyfi til eftirtalinna ellefu félaga:

1. Ardavon ehf. av. Leyfi útgefið 6. september 1999.
2. Bakkavör ehf. av. Leyfi útgefið 22. september 2000.
3. Borealis ehf. av. Leyfi útgefið 12. ágúst 1999.
4. Fjarskiptafélag Íslands ehf. av. Leyfi útgefið 16. desember 1999.
5. Hub ITC ehf. av. Leyfi útgefið 12. desember 2000.
6. INDÍS ehf. av. Leyfi útgefið 22. nóvember 1999.
7. Mýrkjartan ehf. av. Leyfi útgefið 20. júní 2000.
8. Nascom ehf. av. Leyfi útgefið 9. október 2001.
9. Ninety Nine Agency ehf. av. Leyfi útgefið 6. september 1999.
10. Scandsea International ehf. av. Leyfi útgefið 6. september 1999.
11. Unifish ITC ehf. av. Leyfi útgefið 22. febrúar 2000.

2. *Á hvaða sviði starfa þessi fyrirtæki og félög?*

Helstu athafnasvið fyrirtækjanna eru kaup og sala sjávarafurða sem upprunnar eru utan Íslands, milliganga um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila, þar á meðal fjarskiptaþjónustu, og fjárfestingar og eignarhald í erlendum fyrirtækjum og annars konar eignarréttindum erlendis.

3. *Hve margir starfsmenn starfa á þeirra vegum hér á landi?*

Ráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um starfsmannafjölda félaganna. Flest félaganna hafa einungis starfað um skamma hríð. Starfsemi margra þeirra hefur því enn ekki náð því umfangi sem að er stefnt. Því má ætla að starfsmannafjöldi alþjóðlegra viðskiptafélaga sé óverulegur enn sem komið er.

4. *Hvernig hafa Íslendingar hagnast af veru þessara fyrirtækja og félaga hér á landi?*

Rétt er að benda á að í flestum tilvikum er um að ræða starfsemi sem ella færi ekki fram hérlendis. Starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga er því almennt hrein viðbót við íslenskt atvinnulíf. Alþjóðleg viðskiptafélög kaupa vöru og þjónustu af innlendum aðilum vegna starfsemi sinnar og greiða skatta og önnur opinber gjöld til ríkisins. Eins og áður var nefnt er starfsemi flestra alþjóðlegra viðskiptafélaga þó enn að slíta barnsskónum. Því er ráðlegt að ætla að þjóðhagslegur ávinningur af tilvist þessara fyrirtækja sé ekki enn að fullu kominn fram.

5. *Hver verður réttur þessara aðila ef lög um alþjóðleg viðskiptafélög verða numin úr gildi?*

Ef ákvörðun yrði tekin um brottfellingu laga nr. 31/1999 yrði Alþingi, eðli máls samkvæmt, að taka afstöðu til þess í lögum hver yrði réttarstaða þeirra sem fengið hefðu starfsleyfi samkvæmt hinum brottfelldu lögum.

217. Svar [87. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslur fyrir tjón af völdum jarðskjálfta.

1. *Er lokið heildaruppgjöri á tjóni sem varð í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Ef svo er, hverjar voru heildargreiðslur vegna bótaskyldra tjóna og um hve margar eignir var að ræða?*

Samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar Íslands er heildaruppgjöri vegna tjóna sem urðu af völdum jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 sem næst lokið. Enn er þó verið að tilkynna stök tjón á eignum sem menn telja að rekja megi til skjálftanna og nokkuð er um að frekari skemmdir komi í ljós á áður metnum eignum, t.d. við framkvæmd viðgerða, enda var við slíku búist við fyrri matsgerðir og uppgjör. Ekki eru þó líkur á að ótilkynnt tjón breyti verulega heildarupphæð tjónabóta. Bótaskylt tjón hefur orðið á 2.505 eignum (matshlutum) og heildargreiðslur námu 10. október sl. 2.215 millj. kr. samkvæmt sömu upplýsingum.

2. *Hafa þeir einstaklingar og fjölskyldur sem áttú lágt metnar eignir fengið styrki til endurbóta eða til að eignast nýtt húsnæði? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða? Hversu margir einstaklingar eða fjölskyldur sóttu um slíkan stuðning og hversu margir fengu styrk?*

Að frumkvæði stjórnvalda öfluðu sveitarfélögin á tjónasvæðinu upplýsinga um tjónatilvik sem þau töldu ástæðu til að ræða sérstaklega á samráðsvetvangi stjórnvalda og sveitarfélag-

anna. Engar umsóknir í eiginlegum skilningi bárust stjórnvöldum, en öll tilvik sem sveitarfélögin óskuðu skoðunar á voru skoðuð og hlutu afgreiðslu.

Samkvæmt tillögu nefndar ráðuneytisstjóra, sem komið hefur að eftirmálum jarðskjálftanna fyrir hönd stjórnvalda, lagði forsætisráðherra til við ríkisstjórn að veittur yrði styrkur til eigenda 15 íbúðarhúsa vegna tjóna á þeim. Síðan hefur bæst við eitt sambærilegt tjón og ekki er loku fyrir það skotið að fleiri muni bætast við. Ástæða þess að ríkisstjórnin ákvað að veita umræddu styrki var að nokkurs misræmis gætti varðandi bótafjárhæðir Viðlagatryggingar eftir því hvenær húseignirnar höfðu verið metnar til brunabóta, en brunabótamat, eins og það hafði verið reiknað fyrir hverja fasteign, ákvarðaði hámark bóta Viðlagatryggingar.

Bætur Viðlagatryggingar vegna eigna sem urðu fyrir altjóni í jarðskjálftunum á Suðurlandi réðust því af brunabótamati þeirra, sem var ýmist ákvarðað samkvæmt eldra efnislegu brunabótamati eða samkvæmt nývirðisaðferð (nývirðismat), en Fasteignamat ríkisins hafði, þegar jarðskjálftarnir riðu yfir, endurmetið um helming eigna á tjónasvæðinu og fært brunabótamat þeirra til nývirðismats.

Nývirðismat byggðist á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, sem í gildi voru til ársins 1999. Árið 1999 voru gerðar breytingar á þessum lögum með lögum nr. 34/1999, en samkvæmt þeim skal tekið tillit til afskrifta við ákvörðun brunabótamats. Afskriftir af nývirðismati eru metnar í hverju tilviki fyrir sig og byggjast á aldri, ástandi, endurbótum, byggingarefni, notkun o.fl., sbr. reglugerð nr. 809/2000. Í samræmi við þetta svöruðu bætur Viðlagatryggingar til tjónaþola, sem áttu eignir sem færðar höfðu verið til nývirðismats, til afskrifaðs nývirðismats.

Greiddar bætur Viðlagatryggingar samkvæmt afskrifuðu nývirðismati voru í nánast öllum tilvikum hærri en þær bætur sem greiddar voru samkvæmt eldra brunabótamati. Ákvörðun ríkisstjórnar fól í sér að þeim sem áttu húseignir í lægra (eldra) brunabótamati var veittur styrkur úr ríkissjóði sem nam mismuni á eldra mati (greiddum bótum Viðlagatryggingar) og afskrifuðu nývirðismati viðkomandi eignar. Var það m.a. gert með skírskotun til jafnræðis tjónaþola og þess sjónarmiðs að einstaklingar skyldu ekki þurfa að gjalda fyrir að ekki hafi verið lokið við að færa virði eigna þeirra til nývirðismats þegar jarðskjálftarnir riðu yfir.

Alls hafa verið greiddar 29,7 millj. kr. til framangreindra 16 húseigenda. Ekki verður upplýst um styrki til einstakra tjónþola þar sem líta verður svo á að um upplýsingar um fjárhagsmálefni viðkomandi einstaklinga sé að ræða.

3. *Voru eða verða veittir styrkir til þeirra fyrirtækja sem urðu fyrir verulegu tjóni í jarðskjálftunum sem ekki fæst bætt úr almennum tryggingum? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða? Hversu mörg fyrirtæki sóttu um styrk og hversu mörg fengu?*

Greiddar voru 18,5 millj. kr. vegna sjö tilvika þar sem rekstraraðilar urðu fyrir afurðatjóni, framleiðslutjóni eða rekstrarstöðvunartjóni. Í þessum tilvikum liggja fyrir greinargerðir Búnaðarsambands Suðurlands eða þriðja aðila á umfangi sérhvers tjóns.

4. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að fé verði veitt til heildarskoðunar á ástandi húsnæðis á jarðskjálftasvæðunum og ef svo er, hvenær mun slík úttekt fara fram?*

Samkvæmt gildandi lögum um Viðlagatryggingu Íslands skal stofnunin vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Á undanförnum árum hafa orðið umtalsverð bótaskyld tjón af völdum allra ofangreindra náttúruhamfara nema skriðufalla. Miðað við umfang þeirra náttúruhamfara sem kunna að dynja yfir landsmenn og sem kynnu að leiða til bótagreiðslna af hálfu Viðlagatryggingar Íslands má ljóst vera að það væri gagnlegt, bæði fyrir Viðlagatryggingu Íslands sem og fyrir þá aðila

sem koma að almannavörnum hvers konar, að fyrir hendi væru á hverjum tíma upplýsingar um ástand þeirra eigna sem kunna að verða fyrir tjóni af völdum þeirra náttúruhamfara sem Viðlagatryggingu Íslands er ætlað að vátryggja gegn.

Ef veita á fé til rannsókna á ástandi eigna og möguleikum þeirra til þess að standa af sér náttúruhamfarir er rétt að ákvörðun um slíkar rannsóknir sé tekin með heildarhagsmuni að leiðarljósi. Verulegum fjármunum er því varið til rannsókna á jarðskjálftum og annarri náttúruvá, sem og til fyrirbyggjandi aðgerða, m.a. gegn mögulegum afleiðingum jarðskjálfta.

Á fjáraukalögum 2000 voru 40 millj. kr. veittar aukalega til rannsókna er tengjast jarðskjálftum og hættu á þeim, auk þess sem 25 millj. kr. var ráðstafað í sama tilgangi á yfirstandandi ári til viðbótar við regluleg framlög. Rúmar 7 millj. kr. af þeirri fjárveitingu runnu til byggingastaðlaráðs til að endurskoða þolhönnunarstaðla. Þá hafa sérstök framlög stjórnvalda til jarðskjálfta- og eldvirknirannsókna í fjár- og fjáraukalögum numið samtals 188 millj. kr. á árunum 1997–2001.

Af þessu sést að stjórnvöld verja verulegum fjármunum til rannsókna á sviði náttúruhamfara.

5. *Mun ráðherra skila skýrslu til Alþingis um jarðskjálftana sem urðu 17. og 21. júní 2000, afleiðingar og úrbætur, og ef svo er, hvenær?*

Hinn 23. ágúst sl. skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að fara yfir framkvæmd tjónsuppgjöra vegna jarðskjáftanna sem urðu 17. og 21. júní 2000, þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands beitti í starfi sínu og þau helstu ágreiningsefni sem upp komu við úrvinnslu. Jafnframt skal nefndin benda á leiðir til úrbóta ef þurfa þykir. Þá var nefndinni falið að kanna tilhögun hamfaratrygginga í helstu nágrannalöndum og meta hvort slíkar tryggingar séu jafnvel eða betur komnar hjá hinum almennu vátryggingafélögum. Í nefndinni eiga sæti, auk fulltrúa úr viðskiptaráðuneytinu, fulltrúar tilnefndir af stjórn Viðlagatryggingar Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fasteignamati ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Fjármálaeftirlitinu.

Að loknu nefndarstarfi verður tekin ákvörðun um það hvort skýrsla nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi. Þess er vænst að nefndin ljúki störfum síðari hluta vetrar.

218. Svar [88. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um tjón á útihúsum af völdum jarðskjálfta.

1. *Í hve mörgum tilvikum var um að ræða bótaskylt tjón á útihúsum í jarðskjálftunum á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Í hve mörgum tilvikum var um altjón að ræða?*

Samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar Íslands urðu bótaskyld tjón á 856 útihúsum, þar af urðu altjón 220.

2. *Hverjar eru bótafjárhæðir viðlagatryggingar þegar um var að ræða altjón útihúsa, sundurliðað eftir eignum borið saman við þágildandi brunabótamat, endurstofnverð og áætlaðan endurbyggingarkostnað?*

Upplýsingar um endurstofnverð útihúsa eða áætlaðan endurbyggingarkostnað kunna að vera til hjá Fasteignamati ríkisins, en hvorki Viðlagatrygging Íslands né ráðuneytið hafa þær

upplýsingar handbærar. Því er samanburður af því tagi sem beðið er um ekki mögulegur. Í þessu samhengi vill ráðuneytið minna á að skv. 9. gr. l. nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, sbr. og 12. gr. rg. nr. 83/1993, er vátryggingarfjárhæð, í þessu tilfelli brunabótamat, það hámark á hverjum tíma sem bætur geta numið.

Samanlögð bótafjárhæð Viðlagatryggingar vegna altjónstilvika á útihúsum nemur 149 millj. kr. Sú tala svarar nánast undantekningarlaust til 95 hundraðshluta fjárhæðar brunabótamats, þ.e. matsfjárhæð að frádreginni 5% eigin áhættu, á tjónsdegi samkvæmt upplýsingum Viðlagatryggingar Íslands.

Ekki verða veittar upplýsingar um bótafjárhæðir til einstakra tjónþola þar sem líta verður svo á að um upplýsingar um fjárhagsmálefni viðkomandi einstaklinga sé að ræða.

3. *Var eða verður mismunur á útgreiddum bótum byggðum á brunabótamati útihúsa og raunverulegum endurbyggingarkostnaði sömu eigna greiddur þeim sem urðu fyrir tjóni?*

Viðlagatrygging Íslands bætir tjón á útihúsum með fjárhæð sem nemur áætluðum viðgerðarkostnaði, séu húsin á annað borð talin viðgerðarhæf.

Vátryggingarfjárhæð, sem í þessu tilfelli er brunabótamat, myndar ávallt hámark þeirrar ábyrgðar sem miða skal við þegar tjónabætur eru ákveðnar. Ekki hefur verið um frekari greiðslur að ræða af hálfu Viðlagatryggingar Íslands. Ákvörðun var hins vegar tekin af hálfu stjórnvalda um að greiða sérstaka styrki til bænda sem illa var ástatt fyrir, sbr. svar við 4. lið.

4. *Var eða verður þeim eigendum útihúsa þar sem um var að ræða bótaskylt tjón af völdum jarðskjálftanna bættur sá kostnaður sem hlaust af röskun og/eða breytingum á atvinnurekstri þeirra? Ef svo er, um hvaða fjárhæðir er að ræða?*

Til að svara þessari spurningu er rétt að gera greinarmun á ólíkum flokkum tjóna sem bætt voru með mismunandi hætti:

a. Með vísun til svars við 3. lið skal nefnt að fulltrúar sveitarstjórna á jarðskjálftasvæðunum lögðu áherslu á að reynt yrði að aðstoða þá bændur sérstaklega sem urðu fyrir mestri röskun í búrekstri sínum vegna tjóna á útihúsum. Þau lögbýli sem voru sérstaklega tilgreind af hálfu fulltrúa sveitarstjórnanna eiga það sammerkt að brunabótamat þeirra útihúsa sem Viðlagatrygging Íslands greiddi altjónsbætur fyrir var afar lágt og ljóst var að kostnaður við að byggja ný útihús væri mun hærri en bætur Viðlagatryggingar, og að í einhverjum tilvikum væri það bændum ofviða að koma sér upp samsvarandi aðstöðu á ný án utanaðkomandi tilstyrks. Óskað var eftir því við Búnaðarsamband Suðurlands að það tæki að sér að meta kostnað við uppbyggingu húsakosts. Við mat þetta skyldi Búnaðarsambandið byggja á sömu meginforsendum um efni og gerð húsanna og upplýsingum um brúttórúmmál þeirra. Þegar mat á kostnaði fyrir hvert lögbýli lá fyrir var lagt til við ríkisstjórn að hún veitti hlutaðeigandi bændum styrki, og að styrkfjárhæð í hverju tilviki skyldi svara til 60% af mismuni reiknaðs stofnkostnaðar og greiddra bóta fyrir þau hús sem Viðlagatrygging greiddi altjónsbætur fyrir. Þessa tillögu lagði forsætisráðherra fyrir ríkisstjórn og var hún samþykkt. Heildarútgjöld vegna þessara styrkveitinga námu 15,5 millj. kr.

b. Stjórnvöld fólu Búnaðarsambandi Suðurlands að meta tjón einstakra bænda vegna jarðrasks og tjóns á heimavatnsveitum, sem fékkst ekki bætt með öðrum hætti. Styrki hlutu alls 34 aðilar og nemur heildarfjárhæð styrkja 8,5 millj. kr.

c. Greiddar voru 18,5 millj. kr. vegna sjö tilvika þar sem rekstraraðilar urðu fyrir afurðatjóni, framleiðslutjóni eða rekstrarstöðvunartjóni. Í þessum tilvikum liggja fyrir greinargerðir Búnaðarsambands Suðurlands eða þriðja aðila á umfangi sérhvers tjóns.

d. Samkvæmt upplýsingum frá Bjargráðasjóði hefur sjóðurinn veitt styrki vegna sjö tjóna,

samtals 11,4 millj. kr. Átta umsóknum hefur verið hafnað og tvær bíða afgreiðslu. Ekki verða veittar upplýsingar um styrkfjárhæðir til einstakra tjónþola þar sem líta verður svo á að um upplýsingar um fjárhagsmálefni viðkomandi tjónþola sé að ræða.

Rétt er að taka fram að enn er þess að vænta að óskir berist stjórnvöldum um styrkveitingar af þeim toga sem að framan greinir. Þá bíða nokkur erindi afgreiðslu.

219. Svar [89. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um greiðslur til sveitarfélaga vegna jarðskjálfta.

1. *Hefur verið tekinn saman sá kostnaður sem féll á sveitarfélög vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða og hver var kostnaður hvers sveitarfélags?*

Kostnaður sveitarfélaga vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi 17. og 21. júní 2000 hefur ekki verið tekinn saman af hálfu Viðlagatryggingar Íslands eða hann bættur þar sem ekki er um bótaskyldu að ræða af hálfu Viðlagatryggingar. Viðlagatrygging hefur aftur á móti bætt tjón á tryggðum eignum og mannvirkjum sveitarfélaga á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum, en ekki annan kostnað sveitarfélaga. Stofnunin telur sér óheimilt að láta í té upplýsingar um bótafjárhæðir vegna einstakra eigna sveitarfélaganna.

Hvað varðar önnur tjón sveitarfélaga liggur fyrir að hreppsnefnd Biskupstungna hefur farið þess á leit við stjórnvöld að þau taki þátt í að bæta sveitarfélaginu útgjöld sem stofna varð til vegna Vatnsveitu Biskupstungnahrepps í kjölfar skjálftanna. Þeirri framkvæmd er nú lokið og er heildarkostnaður áætlaður ríflega 35 millj. kr. Biskupstungnahreppur hefur leitað eftir styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að mæta þessum útgjöldum og standa væntingar til þess að sjóðurinn veiti allt að 14 millj. kr. til framkvæmdarinnar í janúar á næsta ári. Lagt var til að ríkisstjórnin styrkti Biskupstungnahrepp um 15 millj. kr. vegna þessa.

2. *Hefur sveitarfélögunum verið bættur þessi kostnaður? Ef svo er, um hvaða upphæðir er að ræða, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Afgreiddir hafa verið styrkir til tveggja sveitarfélaga, samtals 12,5 millj. kr. Umsóknir hafa borist frá fleiri sveitarfélögum og bíða þær afgreiðslu.

220. Svar [90. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um nálgunarbann.

1. *Hvernig hafa ákvæði um nálgunarbann í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, nýst?*

Ákvæði um nálgunarbann kom inn í lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, í nýjum XIII. kafla A og í 232. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með breytingarlögum nr. 94/2000 sem tóku gildi í maí árið 2000. Úræði þetta var nýmæli sem hefur það markmið að veita fórnarlömbum ofbeldisbrota aukna vernd, einkum í tengslum við heimilisofbeldi.

Ákvæðin um nálgunarbann leystu m.a. af hólmi refsiákvæði í almennum hegningarlögum þar sem fjallað var um refsingu við því að brjóta gegn svokallaðri lögregluáminningu. Samkvæmt eldri reglum var lögreglu heimilt að veita slíka áminningu þeim sem ónáðaði eða raskaði friði manns með því að ásækja hann eða ofsækja, t.d. með bréfum eða símhringingum. Voru lögregluáminningar tiltölulega fátíðar. Á því eina og hálfa ári sem liðið er frá gildistöku lagaákvæðanna hefur úrræði þetta nýst ágætlega, eins og sjá má af tölum um að dómstólar hafa fallist á nálgunarbann að kröfu lögreglu í næstum öllum tilvikum. Ætla má að beiting þessa ákvæðis aukist frekar eftir því sem úrræðið verður þekktara meðal þolenda ofbeldisbrota með tímanum.

2. *Hversu margar kærur hafa borist til lögreglu vegna háttsemi sem leitt getur til nálgunarbanns og hvernig hafa þær skipst á milli lögregluembætta?*

Alls hafa komið fram 14 formlegar beiðnir um nálgunarbann hjá lögreglustjórum á fimm embættum á landinu. Embættin og skipting beiðna eftir þeim er eftirfarandi:

Embætti	Fjöldi beiðna
Reykjavík	5
Kópavogur	4
Selfoss	3
Ísafjörður	1
Akranes	1

3. *Í hve mörgum tilfellum hefur lögregla krafist nálgunarbanns fyrir héraðsdómi?*

Lögreglan hefur í fjórum tilvikum óskað eftir úrskurði héraðsdóms um nálgunarbann á grundvelli beiðni brotaþola. Þrisvar sinnum hefur lögreglan á tveimur embættum óskað eftir slíkum úrskurði að eigin frumkvæði, þ.e. tvisvar í Reykjavík og einu sinni á Höfn í Hornafirði. Því hefur lögreglan krafist nálgunarbanns fyrir héraðsdómi alls sjö sinnum.

4. *Í hve mörgum tilfellum hefur héraðsdómur orðið við slíkri kröfu lögreglu?*

Alls hafa dómstólar sex sinnum kveðið upp úrskurð um nálgunarbann en einu sinni hafnað slíkri kröfu.

5. *Hvert er eðli þeirra mála sem upp hafa komið?*

Erfitt er að koma við nákvæmri flokkun á eðli þeirra mála sem upp hafa komið. Í sama málinu getur um verið að ræða grun um ofbeldisbrot, margs konar ónæði, eignarspjöll og hótanir. Í framangreindum 17 tilvikum þar sem úrræðið hefur komið til skoðunar hjá lögreglu, hvort heldur er að eigin frumkvæði hennar eða samkvæmt beiðni, hefur það verið af eftirfarandi ástæðum: Tvisvar sinnum hefur úrræðið komið til skoðunar vegna kvartana um ítrekuð eignarspjöll og ónæði. Fimm sinnum hefur úrræðið komið til skoðunar vegna margs konar ónæðis og hótana. Sjö sinnum hefur úrræðið komið til skoðunar vegna margs konar hótana, ónæðis og ofbeldis í kjölfar sambúðarslita og skilnaðar. Þrisvar sinnum hefur úrræðið komið til skoðunar vegna ofbeldisbrota.

6. *Hefur farið fram sérstök kynning fyrir lögreglumenn á ákvæðum um nálgunarbann?*

Ekki hefur farið fram sérstök kynning á landsvísu fyrir lögreglumenn á ákvæðum um nálgunarbann. Fullyrða má þó að lögreglumenn séu almennt vel upplýstir um úrræðið og

skilyrði þess. Enn sem komið er hafa álitaefni um nálgunarbann aðeins komið til skoðunar hjá stærstu embættunum, en þar hafa lögreglustjórar farið yfir úrræðið með lögreglumönnum innan síns umdæmis. Dómsmálaráðuneytið hefur nú sent öllum lögreglustjórum bréf þar sem óskað er að þeir kynni lögreglumönnum við embættin sérstaklega lagaákvæði um nálgunarbann. Þess má einnig geta að í ráðuneytinu er í undirbúningi útgáfa bæklings sem sérstaklega verður ætlaður þolendum ofbeldisbrota þar sem gerð verður grein fyrir þessu úrræði ásamt ýmsum öðrum leiðbeiningum þeim til handa.

221. Svar [71. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytis var birt í nóvember 2000 (sjá fylgiskjal). Í áætluninni er fjallað um launajafnrétti, þátttöku í nefndum og ráðum, auglýsingar og upplýsingagjöf, stöðuveitingar og störf, starfsþjálfun og endurmenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, starfsanda og líðan starfsmanna og jafnréttisfulltrúa. Áætlunin er öllum aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins, http://www.menntamalaraduneyti.is.

Frá því að áætlunin var samþykkt innan ráðuneytisins hefur m.a. verið skipaður jafnréttisfulltrúi sbr. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, sem m.a. hefur það verkefni að hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og stofnana á stjórnsýslusviði þess. Hefur jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins setið ýmsa fundi og alþjóðlegar ráðstefnu um jafnréttismál.

Þegar óskað er eftir tilnefningum í opinberar nefndir og ráð er ávallt minnt á ákvæði 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem segir að þar sem því verði við komið skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar í nefndum, ráðum og stjórnum. Hlutfall kvenna af starfsfólki innan menntamálaráðuneytis er 67% og hlutfall karla 33%. Hlutfall kynja í störfum skrifstofustjóra og deildarstjóra skiptist jafnt. Í störfum deildarsérfræðinga eru konur 58% og karlar 42%. Stjórnarráðsfulltrúar eru nær eingöngu konur eða 94%. Menntamálaráðuneytið er annað tveggja ráðuneyta þar sem ráðuneytisstjóri er kona.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum voru auglýst 14 störf á vegum aðalskrifstofu ráðuneytisins. Þar af var um eitt embætti skrifstofustjóra að ræða. Önnur auglýst störf voru störf sérfræðinga, lögfræðinga og stjórnarráðsfulltrúa í afgreiðslu ráðuneytisins. Fjöldi umsækjenda um hverja stöðu sést í töflu 1, skipt eftir kyni, og þar kemur einnig fram hvort karl eða kona var ráðin.

Tafla 1. Stöður auglýstar á vegum ráðuneytisins sl. þrjú ár (alls 14).

	Umsækjendur			Boðuð í viðtal			Ráðin	
Heiti stöðu	**Alls**	**Konur**	**Karlar**	**Alls**	**Konur**	**Karlar**	**Kona**	**Karl**
Lögfræðingur á lögfræði- og stjórnsýslusviði	11	6	5	11	6	5		Já
Sérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild	12	5	7	10	5	5		Já
Sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild	16	7	9	7	2	5		Já
Staða sérfræðings í háskóla- og vísindadeild	6	3	3	6	3	3		Já
Sérfræðingur í mats- og eftirlitsdeild	10	6	4	10	6	4	Já	
Sérfræðingur í lista- og safnadeild	19	12	7	6	4	2	Já	
Sérfræðingur á fjármálasviði	9	6	3	6	6	0	Já	
Skrifstofustjóri á skrifstofu menningarmála	10	6	4	7	4	3	Já	
Sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild	11	7	4	4	4	0	Já	
Sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild	18	10	8	4	2	2		Já
Lögfræðingur á lögfræði- og stjórnsýslusviði	12	7	5	1*	1	0	Já	
Sérfræðingur í námskrárdeild	17	10	7	1*	0	1		Já
Starf í afgreiðslu menntamálaráðuneytisins	9	9	0	4	4	0	Já	
Sérfræðingur á almennu sviði	23	–	–	4	4	0	Já	
Samtals:	**183**	**94**	**66**	**81**	**51**	**30**	**8**	**6**

* Starfsmaður innan ráðuneytisins sótti um stöðuna og var ákveðið að ráða hann.
– Vantar upplýsingar.

Í 14 tilvikum hafa ráðningarstofur annast auglýsingar um störf innan ráðuneytisins. Er þar einkum um að ræða störf stjórnarráðsfulltrúa, ritara og sendla. Oft hljóta 10–20 umsóknir ítarlega skoðun og skipuleggur ráðningarskrifstofan 8–10 viðtöl í samráði við skrifstofustjóra almenns sviðs og hlutaðeigandi yfirmann. Konur voru ráðnar í öll þessi störf en um er að ræða þrjá sérfræðinga, sex stjórnarráðsfulltrúa, þrjá ritara og tvo sendla.

Frá árinu 1999 hafa 19 embætti forstöðumanna, rektora og skólameistara stofnana á stjórnsýslusviði menntamálaráðuneytisins verið auglýst laus til umsóknar. Fjöldi umsækjenda um hvert embætti kemur fram í töflu 2 þar sem fjöldi er tilgreindur, skipt eftir kyni, og þar kemur einnig fram hvort karl eða kona var ráðin.

Tafla 2. Stöður embættismanna auglýstar á vegum ráðuneytisins sl. þrjú ár (alls 19).

	Umsækjendur			Ráðin	
Heiti stöðu	**Alls**	**Konur**	**Karlar**	**Kona**	**Karl**
Embætti framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs ríkisins (1)	6	1	5		Já
Embætti skólameistara við Flensborgarskóla í Hafnarfirði (2)	4	0	4		Já
Staða forstöðumanns Listasafns Einars Jónassonar (3)	10	8	2	Já	
Embætti forstöðumanns Íslenskrar málstöðvar (3)	1	0	1		Já
Embætti skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík (2)	3	2	1	Já	
Skipun rektors Háskóla Íslands (4)	1	0	1		Já
Embætti forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins (5)	9	6	3	Já	
Embætti skólameistara Menntaskólans á Ísafirði (2)	1	1	0	Já	
Embætti forstöðumanns Námsmatsstofnunar (3)	2	0	2		Já
Embætti þjóðminjavarðar (6)	1	1	0	Já	
Embætti þjóðminjavarðar (3)	9	5	4	Já	
Embætti skólameistara Menntaskólans við Sund (2)	4	1	3		Já

Heiti stöðu	Umsækjendur			Ráðin	
	Alls	Konur	Karlar	Kona	Karl
Embætti skólameistara Borgarholtsskóla (2)	6	0	6		Já
Embætti skólameistara fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (2)	2	1	1		Já
Embætti rektors Menntaskólans í Reykjavík (2)	2	0	2		Já
Embætti skólameistara Iðnskólans í Reykjavík (2)	8	1	7		Já
Embætti skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri (2)	4	0	4		Já
Skipun rektors Kennaraháskóla Íslands (7)	2	0	2		Já
Embætti skólameistara Framhaldsskólans á Laugum (2)	2	1	1	Já	
Samtals:	**77**	**28**	**49**	**7**	**12**

(1) Settur menntamálaráðherra, Geir H. Haarde, skipaði í embættið samkvæmt tilnefningu stjórnar.
(2) Menntamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni tillögu hlutaðeigandi skólanefndar.
(3) Ráðherra skipaði í embættið samkvæmt tilnefningu stjórnar.
(4) Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.
(5) Sex umsækjendur voru boðaðir í viðtöl í ráðuneytið.
(6) Ráðherra skipaði eina umsækjandann.
(7) Menntamálaráðherra skipar rektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í fjögur störf án auglýsingar á síðustu þremur árum. Um er að ræða breytingu á verksviði tiltekinna starfsmanna, þ.e. tveggja kvenna og tveggja karla.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Svör við þessum spurningum er að finna í töflum 3–6.

Tafla 3. Nefndir, stjórnir eða ráð sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða þingsályktunum.

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn		
		Karlar	Konur	Alls
Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema	14.10.1999	2	1	3
Byggingarnefnd Háskólans á Akureyri	14.4.1999	3	0	3
Háskólaráð Háskólans á Akureyri	1.7.2001	2	0	2
Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands	1.8.2001	3	1	4
Höfundaréttarnefnd	13.7.2001	6	1	7
Íslensk málnefnd	1.1.1998	16	14	30
Íslenska Unesco-nefndin	1.1.1998	3	3	6
Íþróttanefnd ríkisins	8.9.1998	8	2	10
Kvikmyndaskoðun	21.8.1998	5	7	12
Landsnefnd ungmennaáætlunar Evrópusambandsins (Youth)	9.9.2000	2	3	5
Leiklistarráð	9.5.2001	1	4	5

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Matsnefnd framhaldsskóla	22.10.1998	6	0	6
Matsnefnd grunnskóla	29.9.1998	2	4	6
Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna	1.8.2001	4	2	6
Menningarsjóðsnefnd	1.1.2001	1	4	5
Námsbrautarnefnd meinatæknabrautar í heilbrigðisdeild Tækniskóla Íslands	9.1.2001	2	1	3
Námsbrautarnefnd röntgentæknabrautar í heilbrigðisdeild Tækniskóla Íslands	9.2.2001	1	2	3
Námsgagnastjórn (Stjórn Námsgagnastofnunar)	23.3.2000	9	4	13
Námsstyrkjanefnd	1.1.2001	2	3	5
Nefnd sem fylgist með og sér um samræmingu menntunar vélstjóra	30.12.1996	4	0	4
Nefnd til að gera tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja til kennara og skólastjórnenda í framhaldsskólum, sbr. reglugerð um námsorlof framhaldsskólakennara, nr. 331/1997	1.11.1997	3	3	6
Nefnd til að taka saman skrá yfir lausafjármuni og annan búnað í eigu fyrrverandi Alþýðuskólans á Eiðum	22.6.1999	3	0	3
Nemaleyfisnefnd í bakaraiðn	1.3.2000	3	0	3
Nemaleyfisnefnd í framreiðslu	1.3.2000	3	0	3
Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn	1.6.2000	1	4	5
Nemaleyfisnefnd í kjötiðn	1.3.2000	3	0	3
Nemaleyfisnefnd í matreiðslu	1.3.2000	3	0	3
Nemaleyfisnefnd í stálsmíði	15.2.2001	3	0	3
Rannsóknarráð Íslands	5.8.2000	15	6	21
Ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála	1.12.1998	6	6	12
Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna	27.10.2000	2	4	6
Ráðgjafarnefnd um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu	28.12.1999	2	1	3
Ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla	22.2.2000	4	5	9
Safnaráð	15.9.2001	4	6	10
Safnráð Listasafns Íslands	1.1.2001	5	3	8
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi	12.2.2001	11	7	18
Skilanefnd sem fjalla á um niðurlagningu Myndlistasjóðs Íslands	29.4.2001	2	1	3
Skólanefnd Borgarholtsskóla	9.10.2000	5	5	10
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra	23.9.2000	6	4	10
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi	27.9.2000	5	5	10
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja	27.9.2000	7	3	10
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi	23.9.2000	3	7	10
Skólanefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla	28.9.2000	3	7	10
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ	18.10.2000	6	4	10
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Breiðholti	25.9.2000	4	6	10
Skólanefnd Flensborgarskóla í Hafnarfirði	28.9.2000	2	8	10
Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík	26.10.2000	5	5	10

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum	19.10.2000	4	6	10
Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu	28.9.2000	7	3	10
Skólanefnd Framhaldsskólans í Skógum	23.10.1998	2	0	2
Skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum	14.12.2000	3	7	10
Skólanefnd Iðnskólans í Hafnarfirði	18.10.2000	8	2	10
Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík	9.11.2000	7	3	10
Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík	9.11.2000	4	6	10
Skólanefnd Listdansskóla Íslands	26.4.1999	3	6	9
Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri	9.10.2000	7	3	10
Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum	6.11.2000	5	5	10
Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði	28.11.2000	5	5	10
Skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni	17.10.2000	6	4	10
Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi	26.11.2000	6	4	10
Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík	23.9.2000	7	3	10
Skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð	8.11.2000	4	5	9
Skólanefnd Menntaskólans við Sund	9.10.2000	5	5	10
Skólanefnd Stýrimannaskólans í Reykjavík	17.11.1998	10	0	10
Skólanefnd Tækniskóla Íslands	21.10.1999	10	0	10
Skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands	13.11.2000	7	3	10
Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri	10.10.2000	6	4	10
Skólanefnd Vélskóla Íslands	6.5.1999	10	0	10
Skólastjórn Skákskóla Íslands	1.2.2001	3	0	3
Starfsgreinaráð fyrir hönnun, listir og handverk	1.4.1998	11	2	13
Starfsgreinaráð fyrir uppeldis- og tómstundagreinar	3.3.1998	8	6	14
Starfsgreinaráð fyrir verslunar- og skrifstofustörf	20.4.1998	6	7	13
Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagreinum	9.2.1998	18	0	18
Starfsgreinaráð í farartækja- og flutningsgreinum	6.2.1998	14	0	14
Starfsgreinaráð í matvæla- og veitingagreinum	9.2.1998	12	2	14
Starfsgreinaráð í málm-, véltækni- og framleiðslugreinum	6.2.1998	14	0	14
Starfsgreinaráð í náttúrunýtingu	30.4.1998	10	4	14
Starfsgreinaráð í rafiðngreinum	30.4.1998	13	1	14
Starfsgreinaráð í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum	11.2.1998	12	2	14
Starfsgreinaráð í öryggisvörslu, björgun og löggæslu	23.2.1998	14	0	14
Starfsgreinaráð sjávarútvegs og siglinga	27.3.1998	16	1	17
Starfsgreinaráð um heilbrigðis- og félagslega þjónustu í samræmi við ákvæði 28. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla	21.4.1998	7	7	14
Starfsgreinaráð um persónulega þjónustu	20.4.1998	5	9	14
Stjórn Barnamenningarsjóðs	1.12.1999	3	5	8
Stjórn Blindrabókasafns Íslands	3.12.1998	2	8	10
Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda	1.1.1998	7	3	10
Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskólakennara	18.2.1999	2	1	3
Stjórn Gunnarsstofnunar	29.12.1999	5	3	8

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Stjórn Íslenska dansflokksins	27.10.2000	1	2	3
Stjórn Íslenskra getrauna	9.12.2000	10	0	10
Stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands	2.2.2000	9	1	10
Stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns	1.9.1998	5	5	10
Stjórn landsskrifstofu Sókratesar	24.11.2000	5	5	10
Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda	18.6.1999	3	3	6
Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna	1.8.2001	6	10	16
Stjórn Listamannalauna	1.1.2001	3	1	4
Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins	1.10.2001	4	7	11
Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva	4.1.1999	2	2	4
Stjórn Námsmatsstofnunar	1.5.2001	4	2	6
Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna	12.3.1999	7	1	8
Stjórn Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra	25.5.2000	1	9	10
Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands	1.7.1998	6	4	10
Stjórn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi	1.7.1995	3	0	3
Stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals	26.3.1999	2	1	3
Stjórn Styrktarsjóðs Blindrabókasafns Íslands	5.11.1999	1	2	3
Stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands, Akureyri	22.11.1999	9	1	10
Stjórn Þýðingarsjóðs	1.1.2001	3	2	5
Stjórn Örnefnastofnunar Íslands	7.7.1998	4	2	6
Stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, listamannaíbúðar í París	24.3.2000	1	2	3
Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns	26.1.1998	3	1	4
Sveinsprófsnefnd í bakaraiðn	1.6.1998	10	0	10
Sveinsprófsnefnd í bifreiðasmíði	1.7.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í bílamálun	1.6.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í blikksmíði	1.1.1999	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í bókbandi	1.6.1998	6	0	6
Sveinsprófsnefnd í flugvélavirkjun	1.8.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í framreiðslu	1.6.1998	6	2	8
Sveinsprófsnefnd í gull- og silfursmíði	1.6.1998	5	3	8
Sveinsprófsnefnd í hársnyrtiiðn	1.11.1998	2	7	9
Sveinsprófsnefnd í húsasmíði	1.8.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í húsgagnabólstrun	1.6.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í húsgagnasmíði	1.8.1998	7	1	8
Sveinsprófsnefnd í kjólasaumi	1.6.1998	0	8	8
Sveinsprófsnefnd í kjötiðn	1.6.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í klæðskurði karla	1.6.1998	1	7	8
Sveinsprófsnefnd í ljósmyndun	1.1.1999	6	2	8
Sveinsprófsnefnd í matreiðslu	1.6.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í málaraiðn	1.11.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í málmsteypu	1.8.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í mótasmíði	1.8.1998	7	0	7

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Sveinsprófsnefnd í múraraiðn	1.11.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í myndskurði	1.3.2000	2	0	2
Sveinsprófsnefnd í netagerð	1.8.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í pípulögnum	31.10.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í prentsmíð	1.11.1998	6	0	6
Sveinsprófsnefnd í prentun	1.6.1998	6	0	6
Sveinsprófsnefnd í rafiðngreinum, sterkstraumi	1.1.1999	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í rafiðngreinum, veikstraumi	1.1.1999	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í rennismíði	1.2.1999	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í skósmíðaiðn	1.7.1998	7	1	8
Sveinsprófsnefnd í skrúðgarðyrkju	15.4.1999	6	1	7
Sveinsprófsnefnd í snyrtifræði	1.10.1998	0	8	8
Sveinsprófsnefnd í stálsmíði og málmsuðu	1.12.1999	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í söðlasmíði	1.6.1998	3	1	4
Sveinsprófsnefnd í tannsmíði	1.6.1999	5	3	8
Sveinsprófsnefnd í úrsmíði	1.9.1998	3	0	3
Sveinsprófsnefnd í veggfóðrun	1.11.1998	8	0	8
Sveinsprófsnefnd í vélsmíði	1.8.1998	8	0	8
Undanþágunefnd framhaldsskóla	22.10.1998	4	1	5
Undanþágunefnd grunnskóla	9.9.1998	3	3	6
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði myndlistarmanna	1.1.2001	3	3	6
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði rithöfunda	1.1.2001	3	3	6
Úthlutunarnefnd starfslauna úr Tónskáldasjóði	1.1.2001	4	2	6
Úthlutunarnefnd styrkja Snorra Sturlusonar	27.11.1998	4	2	6
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs leikskóla	26.6.2001	0	5	5
Verkefnavalsnefnd Sinfóníuhljómsveitar Íslands	1.7.1998	4	1	5
Þjóðleikhúsráð	16.6.1999	7	3	10
Æskulýðsráð ríkisins	1.1.2001	6	4	10
Örnefnanefnd	5.8.1998	6	0	6
Samtals		**885**	**425**	**1.310**

Tafla 4. Nefndir skipaðar samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Byggingarnefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ	14.2.1993	5	0	5
Byggingarnefnd Þjóðminjasafns	21.11.1994	2	0	2
Endurskoðun höfundalaga	22.9.1988	5	1	6
Háskólaráð Háskóla Íslands	16.2.2001	4	0	4
Innlend dómnefnd evrópska samstarfsverkefnisins „European Label“	28.10.1998	2	5	7
Landsnefnd um átak Evrópuráðsins um sameiginlega menningararfleifð Evrópu (Europe, a common heritage)	31.3.2000	2	1	3
Landsnefnd um Evrópskt ár tungumála 2001	21.2.2000	4	6	10

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (Fullbright)	1.9.2001	1	3	4
Myndlistarnefnd menntamálaráðuneytisins	11.1.2001	2	4	6
Námsefnisnefnd	17.1.2001	4	2	6
Nefnd sem fjalla skal um endurbætur og uppbyggingu Þjóðleikhússins	13.2.1996	1	0	1
Nefnd sem fjalla skal um endurbætur og uppbyggingu Þjóðskjalasafns Íslands	11.6.1996	2	0	2
Nefnd sem fjalla skal um húsnæðismál og uppbyggingu Menntaskólans í Reykjavík	13.2.1996	2	1	3
Nefnd sem ætlað er að gera tillögur um val á bókasafnskerfi sem hentað geti fyrir öll bókasöfn í landinu, þ.m.t. Landsbókasafn Íslands – Háskóla-bókasafn, almenningsbókasöfn, skólabókasöfn og rannsóknarbókasöfn	4.3.1998	1	4	5
Nefnd til að hafa umsjón með munum Hússtjórnarskóla Suðurlands, Laugarvatni	12.1.1996	1	2	3
Nefnd til að ræða við fulltrúa Þyrpingar hf. og gera samning til langs tíma um afnot af rými í nýju rannsóknahúsi við Háskólann á Akureyri	10.1.2000	6	0	6
Nefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	12.2.1996	2	3	5
Nefnd um framkvæmd Dags íslenskrar tungu, 16. nóvember	1.9.2001	1	2	3
Nefnd um tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð	23.3.1999	5	1	6
Nefnd um úthlutun styrkja á vegum ERASMUS-áætlunarinnar	2.6.1994	2	4	6
Ráðgjafahópur um nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum	15.4.1999	3	3	6
Samráðshópur um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleifð heimsins	10.7.2000	3	1	4
Samráðsnefnd Tónlistar fyrir alla	1.1.2001	6	5	11
Samráðsnefnd um leikskóla	29.4.1999	3	4	7
Samráðsnefnd vegna samnings menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins	24.11.2000	2	4	6
Samstarfshópur ráðuneyta til að undirbúa umfjöllun ríkisstjórnar um rannsóknar- og þróunarstarf	6.9.1996	8	1	9
Samstarfshópur um reiknilíkan fyrir skiptingu fjárframlaga til framhaldsskóla	11.7.2000	5	0	5
Samstarfsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi	3.11.1997	2	2	4
Samstarfsnefnd framhaldsskóla á Norðurlandi	19.8.1998	5	0	5
Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins um heimavistir	11.7.2000	3	1	4
Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands	24.1.2000	7	3	10
Samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar	17.8.2000	4	4	8
Starfshópur sem fjallar um starfsþjálfunarstöður fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarnema um borð í kaupskipum	4.11.1999	7	1	8
Starfshópur til að fjalla um fámenna framhaldsskóla á landsbyggðinni og meta fjárhagsstöðu þeirra í ljósi reynslu af reiknilíkani fyrir fjárveitingar til framhaldsskóla sem tók fyrst gildi í fjárlagagerðinni fyrir 1998	18.5.1999	4	1	5
Starfshópur til að fylgja eftir niðurstöðu nefndar um varðveislu arfs hússtjórnarskólanna	27.11.1996	1	2	3

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Starfshópur til að gera tillögur til menntamálaráðherra um skipulag fjarkennslu á háskólastigi	2.2.2001	4	2	6
Starfshópur til að hafa umsjón með þróun tölvukerfis sem skrifað hefur verið fyrir ráðuneytið og sett upp í flestum framhaldsskólum	14.11.1997	4	0	4
Starfshópur til að kanna hvaða leiðir eru skynsamlegastar til að efla enn frekar afreksstefnu sérsambanda ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar almennt	6.10.2000	4	1	5
Starfshópur til þess að fjalla um málefni fatlaðra ungmenna í framhaldsskólum	13.2.2001	3	1	4
Starfshópur til þess að fjalla um nýtingarmöguleika húsa Héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði og gera tillögur um ráðstöfun þeirra og framtíðarhlutverk	21.8.1998	4	0	4
Stjórn Bókmenntakynningarsjóðs	25.3.1999	2	3	5
Stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkilisjóður)	0.1.1900	1	1	2
Stjórn landsskrifstofu Leonardo da Vinci	8.3.2000	1	0	1
Stjórn Menningarnets Íslands	6.6.2000	3	2	5
Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands (fulltrúar Íslands)	1.1.1999	1	2	3
Stjórn Rannsóknarnámssjóðs	15.5.2001	3	3	6
Stjórn Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins	1.7.1997	3	2	5
Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Media, upplýsingaþjónustu á Íslandi	1.12.2000	5	5	10
Stjórn Snorrastofu í Reykholti	9.9.1998	9	1	10
Stjórn Verðlaunasjóðs dr. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts	1.7.1997	1	2	3
Tónlistarnefnd menntamálaráðuneytisins	1.1.2001	2	3	5
Verkefnisstjórn fyrir Evrópskt tungumálaár 2001	1.1.2001	2	1	3
Verkefnisstjórn um aðgang að gagnasöfnum		3	2	5
Verkefnisstjórn um sérstakt fimm ára átak í þágu símenntunar	22.12.1998	5	3	8
Verkefnisstjórn um tungutækni	15.11.2000	3	1	4
Verkefnisstjórn Upplýsingamiðstöðvar myndlistar	7.4.1995	3	0	3
Verkefnisstjórn þróunarskóla í upplýsingatækni	24.3.1999	2	2	4
Vinnuhópur um breytingar á skipulagi og starfsháttum við útgáfu námsgagna	5.9.2001	5	1	6
Öryggisnefnd menntamálaráðuneytisins	1.3.2000	2	2	4
Samtals		**192**	**111**	**303**

Tafla 5. Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs.

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Samráðsnefnd menntamálaráðuneytisins, Stofnunar Sigurðar Nordals og heimspekideildar Háskóla Íslands um íslenskukennslu erlendis	5.5.2001	2	1	3
Stjórn Endurbótasjóðs menningarbygginga	26.1.1998	3	3	6
Stjórn Menningarsjóðs	15.7.1999	2	4	6
Útvarpsráð	12.7.1999	5	9	14

Heiti	Nefndin hóf störf	Nefndarmenn Karlar	Konur	Alls
Útvarpsréttarnefnd	1.1.1998	9	5	14
Þjóðbúningaráð	1.1.2001	0	10	10
Samtals		**21**	**32**	**53**

Tafla 6. Nefndir, stjórnir og ráð, alls.

	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall kvenna
Nefndir, stjórnir eða ráð sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum, reglum eða þingsályktunum.	885	425	1.310	32,44%
Nefndir skipaðar samkvæmt ákvörðun ráðherra.	192	111	303	36,63%
Stjórnir og ráð sem Alþingi kýs.	21	32	53	60,38%
Samtals	**1.098**	**568**	**1.666**	**34,09%**

Fylgiskjal.

Jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytis.

Markmið jafnréttisáætlunar menntamálaráðuneytis er að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan ráðuneytisins, enn fremur að minna stjórnendur og starfslið ráðuneytisins á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis. Menntamálaráðuneytið telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Í öllu starfi ráðuneytisins verði unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjóðfélaginu. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði virkur þáttur í starfsmannastefnu ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á eftirfarandi:

Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 14 gr. laga nr. 96/2000.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Unnið er markvisst að því að jafna fjölda kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Þegar óskað er eftir tilnefningum í opinberar nefndir og ráð skal minnt á ákvæði 20 gr. jafnréttislaga þar sem segir að þar sem því verði við komið sitji sem næst jafnmargar konur og karlar í nefndum, ráðum og stjórnum.

Auglýsingar og upplýsingagjöf

Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga. Þegar birtar eru tölfræðilegar upplýsingar á vegum ráðuneytisins skulu þær jafnan greindar eftir kyni, eftir því sem við á.

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.

Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan ráðuneytisins.

Þess verði gætt við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgangs í störfum að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða undirbúnings öðrum störfum.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Leitast er við að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Starfsandi og líðan starfsmanna

Lögð er áhersla á góða líðan starfsmanna og góðan starfsanda í ráðuneytinu. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins og stofnana á stjórnsýslusviði þess. Jafnréttisfulltrúi sendir Jafnréttisstofu árlega greinargerð um jafnréttisstarf ráðuneytisins, sbr. 11. gr. laga nr. 96/2000.

Starfsmaður getur leitað til jafnréttisfulltrúa með mál er varða hvers kyns áreitni eða misrétti.

222. Svar [73. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Umhverfisráðuneytið hefur gert sérstaka jafnfréttisáætlun, sem birt er í fylgiskjali með svari þessu. Áætlunin var staðfest í nóvember 1999 og er nú unnið að fyrstu endurskoðun hennar í jafnréttisnefnd ráðuneytisins. Til þess að framfylgja áætluninni hefur verið unnið markvisst að því að auka hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Ráðuneytið setti sér sérstaka fjölskyldustefnu þar sem staðfest er 4. gr. áætlunarinnar um sveigjanlegan vinnutíma. Þrír starfsmenn hafa minnkað við sig störf tímabundið frá því að áætlunin var samþykkt og er einn deildarstjóri með vinnuaðstöðu heima hjá sér. Þrír starfsmenn hafa fengið fartölvur til afnota bæði til þess að nota á ferðalögum og heima við ef þeir óska þess. Jafnréttisáætlunin er kynnt öllum nýjum starfsmönnum og var kynnt á fundi með forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins haustið 1999 og voru þeir hvattir til þess að setja stofnunum sínum jafnréttisáætlun.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Síðastliðin þrjú ár voru auglýstar fimmtán stöður lausar til umsóknar hjá ráðuneytinu. Ein skrifstofustjórastaða, tvær deildarstjórastöður, sex sérfræðingsstöður og fjórum sinnum var auglýst í tvær stöður móttökuritara. Einnig voru auglýstar stöður ritara og bókara. Í þessar fimmtán stöður voru ráðnar tólf konur og þrír karlar. Karl var ráðinn skrifstofustjóri og tveir karlar voru ráðnir sem deildarsérfræðingar en konur voru ráðnar í hinar stöðurnar. Af þessum fimmtán starfsmönnum eru tólf að störfum hjá ráðuneytinu þegar þetta er ritað. Ekki eru handbærar upplýsingar um fjölda umsókna um allar stöður í ráðuneytinu því að langoftast fara umsóknir í gegnum ráðningarskrifstofu sem metur umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum var ráðið í tvær stöður sem ekki voru auglýstar með hefðbundnum hætti. Annars vegar var ráðinn karl í stöðu ráðherrabílstjóra og hins vegar var ráðin kona í stöðu skjalavarðar tímabundið vegna barnsburðarleyfis með milligöngu ráðningarskrifstofu.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar er í heild í eftirfarandi töflu. Þar kemur m.a. fram að 138 konur starfa í nefndum á vegum ráðuneytisins en 407 karlar. Tekið skal fram að tölurnar ná bæði yfir aðal- og varamenn.

Dagsetning	Heiti	Tegund	Karlar	Konur
29.01.1992	Verkefnisstjórn „Botndýr á Íslandsmiðum“	Verkefnanefnd	7	0
08.02.1994	Starfshópur um umhverfisvöktun	Verkefnanefnd	5	3
03.09.1997	Stjórn Náttúrustofu Suðurlands	Lögbundin stjórn	4	2
06.06.1997	Ráðgjafarnefnd um umhverfisrannsóknir og vöktun umhverfis vegna stóriðju í Hvalfirði	Verkefnanefnd	7	0
27.11.1997	Stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar	Lögbundin stjórn	3	3
30.10.1997	Samvinnunefnd um málefni norðurslóða	Lögbundin nefnd	8	3
01.01.1998	Prófnefnd mannvirkjahönnuða	Lögbundin nefnd	2	1
01.07.1998	Dýraverndarráð	Lögbundið ráð	4	6
01.07.1998	Ráðgjafarnefnd um villt dýr	Lögbundin nefnd	14	0
01.07.1998	Aukefnanefnd	Lögbundin nefnd	4	6
01.07.1998	Hollustuháttaráð	Lögbundið ráð	12	4
04.08.1998	Bráðamengunarnefnd	Verkefnanefnd	7	1
07.08.1998	Stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra	Lögbundin stjórn	5	1
08.09.1998	Starfshópur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun	Föst verkefnanefnd	5	0
12.05.1998	Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarnarmála	Lögbundin nefnd	4	2
13.01.1998	Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála	Lögbundin nefnd	5	1
15.05.1998	Umhverfismerkisráð	Föst verkefnanefnd	5	4
15.05.1998	Nefnd um samning við landeigendur innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi	Verkefnanefnd	2	0
17.08.1998	Nefnd um umhverfisvísa	Verkefnanefnd	2	3
18.02.1998	Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika	Föst verkefnanefnd	5	0
18.12.1998	Nefnd um endurskoðun laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar	Verkefnanefnd	6	0
23.09.1998	Stjórn Náttúrustofu Vesturlands	Lögbundin stjórn	3	3
30.06.1998	Vísindanefnd um loftslagsbreytingar	Verkefnanefnd	7	1
30.10.1998	Stjórn Náttúrustofu Austurlands	Lögbundin stjórn	5	1
03.03.1999	Nefnd um kaup ríkisins á Geysissvæðinu	Verkefnanefnd	3	0
05.11.1999	Nefnd um kaup ríkisins á Núpsstað	Verkefnanefnd	4	1
06.04.1999	Jafnréttisnefnd	Verkefnanefnd	1	2
06.10.1999	Starfshópur um tekjuöflun af náttúruperlum	Verkefnanefnd	5	0
10.05.1999	Íslenska matvælarannsóknanefndin (NMKL)	Föst verkefnanefnd	3	3
10.08.1999	Stýrihópur El Grillo	Verkefnanefnd	3	0
12.11.1999	Samvinnunefnd miðhálendisins	Lögbundin nefnd	20	12
14.06.1999	Fráveitunefnd	Lögbundin nefnd	5	1
19.10.1999	Samstarfsnefnd um matarsjúkdóma	Verkefnanefnd	10	2
23.03.1999	Starfshópur um reglugerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	Verkefnanefnd	3	4
29.01.1999	Samvinnunefnd um landmælingamál	Verkefnanefnd	7	0
01.02.2000	Nefnd um endurnýtingu úrgangs	Verkefnanefnd	4	4
01.02.2000	Ofanflóðanefnd	Lögbundin nefnd	5	1
02.02.2000	Náttúruverndarráð	Lögbundið ráð	13	5
02.06.2000	Nefnd um rannsóknarsetur að Kvískerjum	Verkefnanefnd	3	2
03.07.2000	Nefnd um endurskoðun laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum	Verkefnanefnd	3	5
04.07.2000	Hreindýraráð	Lögbundið ráð	8	1

04.09.2000	Spilliefnanefnd	Lögbundin nefnd	11	3
05.04.2000	Nefnd um námskeið fyrir iðnmeistara	Verkefnanefnd	3	1
05.06.2000	Ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur	Lögbundin nefnd	12	6
07.07.2000	Stjórn Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn	Lögbundin stjórn	9	1
09.06.2000	Breiðafjarðarnefnd	Lögbundin nefnd	13	1
16.02.2000	Nefnd um nýtt húsnæði Náttúrugripasafns Íslands	Verkefnanefnd	5	1
18.05.2000	Nefnd um reglugerð um stjórn hreindýraveiða	Verkefnanefnd	5	1
18.05.2000	Tilraunadýranefnd	Lögbundin nefnd	1	2
19.07.2000	Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða	Lögbundin stjórn	5	1
20.06.2000	Starfshópur um öryggi leikvallatækja	Verkefnanefnd	2	4
21.03.2000	Starfshópur um framhald mála varðandi El Grillo	Verkefnanefnd	4	2
23.11.2000	Stýrihópur um íslenska þolhönnunarstaðla	Verkefnanefnd	6	0
28.03.2000	Stjórn Náttúrustofu Reykjaneskjördæmis	Lögbundin stjórn	4	2
30.08.2000	Hættumatsnefnd Fjarðabyggðar	Verkefnanefnd	4	0
01.09.2001	Nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 392/1994, um mjólk og mjólkurvörur	Verkefnanefnd	2	2
04.09.2001	Nefnd um aðgerðir til að draga úr veiðiálagi á einstaka fuglastofna	Verkefnanefnd	5	1
08.10.2001	Ráðgjafarnefnd um þjóðgarðinn í Skaftafelli	Lögbundin nefnd	3	0
08.10.2001	Ráðgjafarnefnd um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum	Lögbundin nefnd	3	0
08.10.2001	Ráðgjafarnefnd um þjóðgarðinn Snæfellsjökul	Lögbundin nefnd	2	1
09.03.2001	Nefnd um þróun landupplýsingakerfa	Verkefnanefnd	6	0
10.10.2001	Nefnd um framtíðarlausnir húsnæðismála Náttúrufræðistofnunar Íslands	Verkefnanefnd	4	0
18.06.2001	Skólaráð Brunamálaskólans	Lögbundið ráð	6	0
20.03.2001	Hættumatsnefnd Ísafjarðar	Verkefnanefnd	4	0
21.03.2001	Starfshópur um rammatilskipun um vatn nr. 2000/60/EB	Verkefnanefnd	8	1
22.06.2001	Samstarfsnefnd um sjálfbæra þróun	Verkefnanefnd	5	2
22.06.2001	Umhverfisfræðsluráð	Föst verkefnanefnd	11	7
24.07.2001	Íslandsnefnd Alþjóðajarðfræðisambandsins (IUGS)	Verkefnanefnd	4	1
25.01.2001	Sérfræðinganefnd um framandi lífverur	Lögbundin nefnd	4	5
25.09.2001	Nefnd til að endurskoða lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár	Verkefnanefnd	5	0
27.02.2001	Hættumatsnefnd Siglufjarðar	Verkefnanefnd	4	0
27.02.2001	Hættumatsnefnd Seyðisfjarðar	Verkefnanefnd	4	0
28.09.2001	Nefnd um urðun úrgangs	Verkefnanefnd	2	2
31.01.2001	Brunamálaráð	Lögbundið ráð	10	3
			407	138

Fylgiskjal.

Jafnréttisáætlun umhverfisráðuneytisins.

(11. nóvember 1999.)

Umhverfisráðuneytið gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum karla og kvenna. Markmiðið með jafnréttisáætlun þessari er að allt starfsfólk ráðuneytisins eigi jafna möguleika á að njóta eigin atorku og

þroska hæfileika sína í störfum sínum fyrir ráðuneytið. Áætlunin er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 28/1991, um jafna stöðu jafnan rétt kvenna og karla. Til að fylgja eftir áætluninni starfar sérstök jafnréttisnefnd í ráðuneytinu sem fjallar um og hefur eftirlit með framkvæmd hennar og endurskoðun. Framkvæmd áætlunarinnar skal metin og hún endurskoðuð á að minnsta kosti tveggja ára fresti.

MARKMIÐ

Yfirstjórn ráðuneytisins vinni markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og tryggja að möguleikar kvenna og karla til starfa og starfsframa, sí- og endurmenntunar séu jafnir.

Í öllu starfi ráðuneytisins verður unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjóðfélaginu.

Jafnréttisstarf verði eðlilegur hluti af daglegu starfi ráðuneytisins og áhersla lögð á þátttöku beggja kynja í umræðu og aðgerðum.

HVERNIG MÁ NÁ MARKMIÐUM

1) Með hliðsjón af 5. grein laga nr. 28/1991 mun umhverfisráðuneytið leita leiða til þess að jafna hlutfall kvenna og karla í öllum störfum ráðuneytisins svo og í nefndum og ráðum á vegum þess.
2) Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu launa og kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.
3) Við skipan í nefndir á vegum ráðuneytisins verður lögð áhersla á að skipa konur og karla jöfnum höndum. Í þeim tilgangi mun ráðuneytið í öllum bréfum þar sem óskað er tilnefninga í nefndir á vegum þess minna á ákvæði laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.
4) Starfsskipulag ráðuneytisins taki mið af samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Sveigjanlegur vinnutími og skilningur á tímabundnum þörfum foreldra ungra barna eru lykilatriði. Feðrum verði sérstaklega kynnt sú afstaða ráðuneytisins að gengið sé út frá því að þeir taki sér það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á og séu heima hjá veikum börnum til jafns við mæður.
5) Að gefinn verði kostur á tímabundnum hlutastörfum vegna fjölskyldu- eða heimilisaðstæðna.
6) Hvatt verði til að jafnréttismál verði kynnt og rædd á starfsmannafundum og reynt að draga fram mikilvægi þess að jafnréttismál verði að vera viðfangsefni beggja kynja, enda muni bæði kynin njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu.
7) Yfirstjórn leggur áherslu á að góða líðan starfsmanna og góðan starfsanda og lítur því kynferðislega áreitni alvarlegum augum.
8) Nýjum starfsmönnum verði kynnt gildandi jafnréttisáætlun er þeir hefja störf í ráðuneytinu.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

223. Svar [79. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um stöðu jafnréttismála í utanríkisþjónustunni.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess erlendis? Ef svo er, hvenær var það gert og hvernig er áætluninni fylgt eftir?*

Utanríkisráðuneytið hefur ekki gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess erlendis. Hins vegar er verið að leggja lokahönd á sameiginlega jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins sem til stendur að birta í nýrri starfsmannahandbók Stjórnarráðsins. Það er yfirlýst stefna utanríkisráðuneytisins að auka hlut kvenna bæði í utanríkisþjónustunni og í nefndum og ráðum á vegum þess.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum hafa 43 störf verið auglýst á vegum ráðuneytisins. Um hefur verið að ræða stöður háskólamenntaðra fulltrúa, löglærðra fulltrúa, ritara, tölvumanna, vefstjóra, bókasafnsfræðings, þýðenda, starfsmanns í móttöku, rekstrarstjóra og verkefnisstjóra í viðskiptaþjónustu. Ekki eru til upplýsingar um hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu skipt eftir kynjum þar sem þeim er ekki safnað. Hæfustu umsækjendurnir eru valdir til að fara í viðtal, en að öðru leyti er ekki lagt mat á hvort umsækjendur eru hæfir til viðkomandi starfa. Í þær 43 stöður sem auglýstar voru á síðustu þremur árum voru ráðnir 14 karlar og 29 konur. Sex karlar voru ráðnir sem háskólamenntaðir fulltrúar, 2 tölvumenn, 4 þýðendur, 1 starfsmaður í móttöku og 1 rekstrarstjóri. Átta konur voru ráðnar sem háskólamenntaðir fulltrúar, 11 ritarar, 1 vefstjóri, 1 bókasafnsfræðingur, 7 þýðendur, og 1 verkefnisstjóri viðskiptaþjónustu. Fyrir utan þessar ráðningar hefur verið auglýst þrisvar sinnum eftir starfsmanni í tímabundna starfsþjálfun hjá fastanefndinni í Strassborg og hefur kona verið ráðin í öll skiptin.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á síðustu þremur árum hafa þrír sendiherrar verið skipaðir í stöður sem ekki voru auglýstar, sbr. heimild í 2. mgr. 14. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, sbr. 156. gr. laga nr. 83/1997. Þeir voru allir karlmenn. Þá var einn karl, sem áður var lögreglumaður, ráðinn bílstjóri en þar var um að ræða flutning milli stofnana. Allar aðrar stöður í utanríkisráðuneytinu eru auglýstar nema þær falli undir undantekningarákvæði 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, nr. 464/1996. Þar falla undir stöður sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur, störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana og því um líkt, enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt, og störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Á vegum utanríkisráðuneytisins eru starfandi 9 nefndir. Í þessum nefndum eru samtals 37 nefndarmenn, 32 karlmenn og 5 konur. Fjöldi fulltrúa í hverri nefnd, skipt eftir kynjum, er eftirfarandi: Í varnarmálanefnd eru 7 nefndarmenn, allt karlmenn, og voru þeir skipaðir í febrúar 2001, janúar 1961, febrúar 1988, júní 1987, ágúst 1994, október 1995 og í október 1996. Í kaupskrárnefnd eru 3 nefndarmenn, 2 karlmenn og 1 kona, og var nefndin skipuð 1. júlí 2001. Í kærunefnd kaupskrárnefndar eru 3 nefndarmenn, allt karlmenn, og var nefndin skipuð 1. júlí 2001. Í skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða eru 5 nefndarmenn, 4 karlmenn og 1 kona, og var nefndin skipuð í ágúst 1999, en einn nefndarmanna var skipaður 1. september 2000. Í kostnaðarlækkunarnefnd eru 3 nefndarmenn, 2 karlmenn og 1 kona, og var nefndin skipuð í ágúst 2000, en formaðurinn í febrúar 2001. Í forvalsnefnd eru 3 nefndarmenn, 2 karlmenn skipaðir 1995 og 1 kona skipuð 2001. Í skaðabótanefnd eru 3 nefndarmenn, 2 karlmenn og 1 kona, og var nefndin skipuð 5. janúar 2001. Í tengslanefnd eru 3 nefndarmenn, allt karlmenn, 2 skipaðir 7. ágúst 1996 og 1 skipaður 24. nóvember 2000. Í Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru 6 nefndarmenn, allt karlmenn, og var nefndin skipuð 7. mars 2001.

5. *Hversu margir*
   a. *starfa sem sendiráðsritarar,*
   b. *starfa sem sendiráðunautar,*
   c. *starfa sem sendifulltrúar,*
   d. *eru í starfi sendiherra*

   og hvernig skiptast þeir eftir kynjum?

Í íslensku utanríkisþjónustunni starfar 21 sendiráðsritari, 14 konur og 7 karlmenn. Sendiráðunautar eru samtals 18, þar af 1 í leyfi, 1 kona og 17 karlmenn. Sendifulltrúar eru samtals 17, þar af 3 í leyfi, 3 konur og 14 karlmenn. Sendiherrar í utanríkisþjónustunni eru samtals 29, þar af 2 í leyfi, 1 kona og 28 karlmenn. Starfsmenn sem eru í leyfi starfa nær allir hjá alþjóðastofnunum.

Háskólamenntaðir sérfræðingar hefja að jafnaði feril sinn í utanríkisþjónustunni í stöðu sendiráðsritara, sem þeir gegna að jafnaði í 4–6 ár, áður en þeir fá hækkun í stöðu sendiráðunautar. Þær 14 konur, sem nú starfa sem sendiráðsritarar hafa verið ráðnar til starfa í utanríkisráðuneytinu á síðustu fjórum árum og er því augljóst að stórt skref hefur verið stigið í að jafna stöðu karla og kvenna á stuttum tíma. Haldi þessi þróun áfram bendir flest til að með tímanum verði jafnvægi milli fjölda kvenna og karla í utanríkisþjónustunni. Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda kvenna í stöðum háskólamenntaðra sérfræðinga og embættismanna í utanríkisþjónustunni 1991–2001.

Þá má bæta því við að af fimm konum sem voru embættismenn árið 1991 eru tvær hættar og ein í leyfi.



6. *Fara þeir einstaklingar sem gegna þessum stöðum í sérstök hæfnisróf áður en stöðurnar eru veittar?*

Starfsfólk utanríkisþjónustunnar fer ekki í sérstök hæfnispróf áður en stöður eru veittar eða tekin er ákvörðun um framgang í starfi. Þegar um nýráðningar er að ræða er menntun, starfsreynsla og þarfir utanríkisþjónustunnar lagðar til grundvallar, en við framgang í starfi er einkum horft til frammistöðu í starfi og starfsreynslu.

224. Svar [65. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um sölu ríkisjarða.

1. *Hvaða ríkisjarðir hafa verið seldar á undanförnum fimm árum, hverjum var selt og á hvaða verði?*

Í landbúnaðarráðuneytinu er ekki til samantekt um þær upplýsingar sem óskað er svara við undir þessum lið. Ljóst er að það tekur mun lengri tíma að vinna slíka samantekt en ráðuneytinu er gefinn til að svara fyrirspurn þessari í bréfi Alþingis dags. 4. október 2001 og getur haft í för með sér töluverðan kostnað. Hér á eftir fara hins vegar nöfn þeirra ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins sem seldar hafa verið á árunum 2000 og 2001:

Árið 2000.
Akur, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
Bakkakot, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
Breiðabólsstaður, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
Flókastaðir, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
Hafnardalur, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
Hóll í Firði, Ísafjarðarbæ, Ísafjarðarsýslu.
Indriðakot, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.
Kaldbakur, Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Klauf, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.
Krókur, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
Lambastaðir, Hraungerðishreppi, Árnessýslu.
Lækjartún, Ásahreppi, Rangárvallasýslu.
Meiðavellir, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
Norður-Foss, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
Ormskot, Vestur-Landeyjarhreppi, Rangárvallasýslu.
Rannveigarstaðir, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
Reykjakot II, Ölfusi, Árnessýslu.
Sauðhagi II, Austur-Héraði, Norður-Múlasýslu.
Seljanes, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.
Uppsalir, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
Ytri-Tunga, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.

Árið 2001.
Akursel, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
Árhvammur, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Borgarholt, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
Hluti úr landi Brandshúsa, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.
Breiðabólsstaður, Dalabyggð, Dalasýslu.
Brúarland, Borgarbyggð, Mýrasýslu.
Bræðraból, Ölfusi, Árnessýslu.
Eyjar, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
Grímshús, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Grænahraun, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
Gröf í Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
Hjalli, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Hólmahjáleiga, Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu.
Hrærekslækur, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
Klængshóll, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu.
Kvoslækur, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
Melgraseyri, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
Pula, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
Stekkur í Hafnarfirði.
Syðri-Vellir I, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu.
Vesturkot, Skeiðahreppi, Árnessýslu.

Kaupendur jarðanna voru ábúendur sem höfðu áunnið sér kauprétt á þeim skv. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, í þremur tilvikum sveitarfélög, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga, og í nokkrum tilvikum aðilar sem gert höfðu hagkvæmustu tilboð í jarðirnar miðað við verð og greiðsluskilmála eftir að þær höfðu verið auglýstar til sölu fyrir milligöngu Ríkiskaupa, sbr. 2. lið hér á eftir.

Samkvæmt starfsreglum ráðuneytisins dags. 1. maí 1999 var söluverð framangreindra jarða sem seldar voru ábúendum og sveitarfélögum á grundvelli 1. mgr. 37. gr. og 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, metið af aðilum utan ráðuneytisins, oftast af Ríkiskaupum.

Alþingi hefur með setningu upplýsingalaga, nr. 50/1996, lögfest þá meginreglu að verja beri gögn sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt þykir og eðlilegt að leynt fari. Enda þótt gildissvið þessara laga taki ekki til Alþingis og stofnana sem undir það heyra er þó til þess að líta að fundir þingsins eru háðir í heyranda hljóði og gögn sem þar eru lögð fram eru almenningi aðgengileg en þau eru prentuð í Alþingistíðindum og einnig birt á vefsíðu þingsins. Þegar litið er til þess er ljóst að mat á inntaki stjórnarskrárvarins upplýsingaréttar þingsins og takmarkanir sem hann sætir hljóta að byggjast á sömu sjónarmiðum og þær takmarkanir sem lögfestar hafa verið gagnvart upplýsingarétti almennings. Í ábendingum sem fram komu í skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda og lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, sbr. þskj. 376, er þessi skilningur staðfestur. Jafnframt var þar bent á að æskilegt væri að inntak þessa réttar yrði nánar afmarkað í þingskapalögum, þar á meðal hvaða upplýsingar ráðherra væri heimilt að undanþiggja í svörum við fyrirspurnum frá Alþingi. Endurskoðun á þingskapalögum um þessi atriði hefur hins vegar enn ekki farið fram og verður þetta mat því ekki byggt á öðrum sjónarmiðum en þeim sem þingið hefur sjálft lagt til grundvallar í framangreindum lögum.

Samkvæmt 5. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt þykir og eðlilegt að leynt fari. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur ítrekað skýrt þetta ákvæði m.t.t. aðgangs að upplýsingum um kaup- og söluverð ríkisjarða. Samkvæmt þeim fordæmum sem úrskurðir hennar veita eru upplýsingar um kaup- og söluverð ríkisjarða undanþegnar aðgangi almennings og byggist það á einkahagsmunum kaupenda. Þegar upplýsingar eru með þessum hætti undanþegnar aðgangi almennings leiðir jafnframt af því að stjórnvöld eru bundin þagnarskyldu gagnvart öðrum en þeim sem upplýsingarnar varða, nema annað leiði ótvírætt af lögum. Hafi samningum sem innihalda slíkar upplýsingar hins vegar verið þinglýst á grundvelli 9. gr. reglugerðar nr. 284/1996, um þinglýsingar, sem sett er með stoð í þinglýsingalögum, nr. 39/1978, og þeir þannig gerðir opinberir eru þeir ekki lengur undanþegnir aðgangi almennings og ber þá að veita aðgang að þeim.

Að þessu virtu og þar sem ráðuneytinu er ekki kunnugt um hvort framangreindum kaupsamningum hefur verið þinglýst af kaupendum telur ráðuneytið sér ekki fært að veita upplýsingar um söluverð einstakra jarða.

2. *Hvernig var staðið að hverri sölu, var eignin auglýst, var um útboð að ræða eða hvaða háttur var hafður á við söluna?*

Flestar framangreindar ríkisjarðir voru seldar ábúendum þeirra sem höfðu áunnið sér kauprétt á þeim skv. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, og voru þær því ekki auglýstar til sölu. Ábúendur ríkisjarða öðlast slíkan kauprétt að ábýlisjörðum sínum ef þeir hafa haft ábúð á þeim í 10 ár eða lengri tíma og leggja fram meðmæli hlutaðeigandi sveitarstjórnar og jarðanefndar með kaupunum. Eftirtaldar ríkisjarðir voru seldar með öðrum hætti: jörðin Akursel var seld Öxarfjarðarhreppi, jörðin Stekkur var seld Hafnarfjarðarbæ og hluti úr landi Brandshúsa var seldur sveitarfélaginu Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu skv. 1. mgr. 37. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, en samkvæmt því ákvæði er heimilt að selja ríkisjarðir sveitarfélögum sem jarðirnar eru í. Jarðirnar Eyjar í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu, Framnes í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, Gröf í Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu, Hjalli í Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, Hrærekslækur í Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu, Kvoslækur í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu, og Reykjakot II, Ölfusi, Árnessýslu, voru allar auglýstar til sölu með opinberri auglýsingu í fjölmiðlum í samræmi við starfsreglur ráðuneytisins. Ríkiskaup

höfðu milligöngu um að auglýsa jarðirnar til sölu. Leitað var eftir kauptilboðum í jarðirnar og voru kaupendur jarðanna þeir sem áttu hagkvæmustu tilboð í þær miðað við verð og greiðsluskilmála, sbr. og reglugerð nr. 651/1994, um ráðstöfun eigna ríkisins, sem sett er með stoð í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, sbr. nú lög nr. 94/2001 um sama efni.

3. Hvert var markaðsverð á sambærilegum eignum á sama tíma á sama svæði?

Í landbúnaðarráðuneytinu eru ekki til upplýsingar um þau atriði sem óskað er svara við undir þessum lið. Jafnframt er ljóst að það tæki langan tíma að afla slíkra upplýsinga og hefði í för með sér töluverðan kostnað.

4. Hverjir eru eigendur þessara jarða í dag?

Samkvæmt þeim upplýsingum sem til eru í skjalasafni ráðuneytisins hafa einungis tvær framangreindra jarða verið seldar aftur eftir að ráðuneytið seldi þær ábúendum og sveitarfélögum samkvæmt framansögðu, þ.e. Kaldbakur í Hrunamannahreppi, Árnessýslu, og Uppsalir í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu. Aðrar jarðir sem ráðuneytið hefur selt, sbr. svar við 1. lið, eru enn í eigu sömu aðila og keyptu þær af ráðuneytinu.

225. Svar [182. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um rannsókn óupplýstra mannshvarfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Ætlar ráðherra að beita sér fyrir frekari rannsókn óupplýstra mannshvarfa, sbr. svar ráðherra við fyrirspurn um mannshvörf á 125. löggjafarþingi (þskj. 286, 142. mál) þar sem fram kemur að samkvæmt bráðabirgðasamantekt séu 42 mannshvörf frá árunum 1945–1999 óupplýst ef frá eru taldir þeir sem hafa farist við störf á sjó? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra gera það?

Rannsókn á mannshvörfum er í höndum viðkomandi lögreglustjóra. Komi ekkert fram við rannsókn er málið hvílt að henni lokinni. Komi fram nýjar vísbendingar um málið síðar er það tekið upp að nýju. Embætti ríkislögreglustjóra heldur miðlæga skrá yfir mannshvörf og er hún notuð sem hjálpargagn ef líkamsleifar finnast, t.d. í sjó eða fjöru. Ekki er á döfinni nein breyting á þessu fyrirkomulagi.

226. Svar [174. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur um Árósasamninginn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður staðfestingu Íslands á Árósasamningnum frá 25. júní 1998, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum?

Á 126. löggjafarþingi lagði utanríkisráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Svo sem fram kemur í niðurlagsorðum í athugasemdum við þingsályktunartillöguna lá fyrir staðfesting umhverfisráðuneytisins á því að fullgilding samningsins kallaði ekki á lagabreytingar hér á landi.

Við nánari skoðun umhverfisráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kom hins vegar fram að líkur væru á því að fullgilding samningsins kallaði á breytingar á réttarfarslögum. Í ljósi þess var ákveðið að leita álits réttarfarsnefndar og því var þingsályktunartillagan ekki afgreidd á 126. löggjafarþingi.

Nýverið skilaði réttarfarsnefnd áliti sínu og eru helstu niðurstöður hennar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi telur nefndin að nokkur ákvæði samningsins, einkum 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. mgr. 2. gr., stangist á við þá grundvallarreglu íslensks réttarfars að sá sem höfði dómsmál verði sjálfur að eiga lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim kröfum sem hann gerir þar.

Í öðru lagi telur nefndin að lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, einkum 6. gr. laganna, tryggi ekki þá kröfu 1. mgr. 9. gr. samningsins að almenningur verði að getað leitað til annarrar sjálfstæðrar og óhlutdrægrar stofnunar en dómstóla, sér að kostnaðarlausu eða gegn óverulegu gjaldi.

Í þriðja lagi telur nefndin að 4. og 5. mgr. 9. gr. samningsins stangist á við gildandi reglur um gjafsókn í XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, annars vegar og um lögbannstryggingu, sbr. 30. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., hins vegar.

Í ljósi framangreinds telur réttarfarsnefnd að fullgilding samningsins kalli óhjákvæmilega á lagabreytingar.

Ljóst er að ekki getur orðið af fullgildingu Árósasamningsins af Íslands hálfu nema að undangengnum framangreindum lagabreytingum, en þar á meðal eru eins og áður segir grundvallarbreytingar á íslensku réttarfari. Utanríkisráðuneytið mun halda áfram athugun á málinu í ljósi álits réttarfarsnefndar og hafa frekara samráð við umhverfisráðuneytið og dóms- og kirkumálaráðuneytið um næstu skref í málinu. Utanríkisráðuneytið mun enn fremur hafa samráð við utanríkisráðuneyti hinna norrænu ríkjanna, en fram hefur komið að vafi leikur á um túlkun ýmissa ákvæða samningsins, m.a. þeirra sem nefnd eru hér að framan. Hefur finnska utanríkisráðuneytið, sem íhugar nú fullgildingu samningsins, t.d. sent spurningalista þar að lútandi til ýmissa ríkja, m.a. Íslands.

227. Frumvarp til laga [202. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „danskir, finnskir, norskir og sænskir“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: erlendir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Erlendir ríkisborgarar sem sest hafa að á Íslandi eða dvalist í landinu um nokkurt skeið hafa að norrænum mönnum undanteknum ekki rétt til þátttöku í kosningum. Eðlilegt er að slík þátttaka í landsmálum einskorðist við íslenska ríkisborgara, sem einir hafi kosningarrétt og kjörgengi í alþingiskosningum og forsetakosningum. Öðru máli gegnir um kosningar til sveitarstjórnar og atkvæðagreiðslur sem miðast við kjörskrá í sveitarstjórnarkosningum. Þótt erlendur ríkisborgari kjósi að halda ríkisfangi sínu á hann heima í íslenska sveitarfélaginu meðan hann dvelst hér.

Þetta hafa norrænu ríkin viðurkennt og að frumkvæði Norðurlandaráðs var tekin upp sú skipan á árunum 1976–82 að norrænn ríkisborgari í öðru norrænu landi hefur kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum (og í kjöri til amtsráðs í Danmörku og fylkisþings í Noregi og Svíþjóð). Íslendingar voru síðastir norrænna þjóða við þetta, árið 1982. Finnar og Svíar komu þessari skipan á 1976, Danir 1978, Norðmenn 1979.

Rök sem í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu 1982 voru talin mæla með kosningarrétti og kjörgengi norrænna manna um Norðurlönd öll voru „norrænn vinnumarkaður, hópar norrænna innflytjenda í löndunum, víðtækt norrænt samstarf og aukið jafnrétti norrænna innflytjenda á við borgara dvalarlandsins“. Þá var bent á að þessir menn greiddu skatta og skyldur til jafns við ríkisborgara landsins, og talið að kosningarréttur til sveitarstjórnar snerti ekki „fullveldis- eða þjóðernissjónarmið á sama hátt og ef um þingkosningar væri að ræða. Þá eru náin tengsl íbúa og sveitarstjórna.“ Engum mótmælum var hreyft við þessu ákvæði frumvarpsins á 104. löggjafarþinginu. Tveir þingmenn, Guðmundur Vésteinsson og Magnús H. Magnússon, töldu þó réttast að ákvæðið ætti við alla erlenda ríkisborgara, eins og nú er lagt til, en fluttu þó ekki um það formlega tillögu. Athyglisvert er að meginhluti þeirra raka sem fyrir um tveimur áratugum þóttu eiga við um Norðurlandabúa eiga nú við um ríkisborgara á EES-svæðinu, og raunar í síauknum mæli um heimsþorpið gjörvallt.

Síðan þessari skipan var komið á um Norðurlönd hafa Finnar, Danir, Norðmenn og Svíar gengið lengra. Í Danmörku og Svíþjóð er héraðskosningum svo háttað að þessu leyti að allir norrænir menn og borgarar ESB-landa hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og við eiga um innlenda kjósendur. Aðrir erlendir ríkisborgarar verða að hafa dvalist í landinu í þrjú ár. Finnar hafa sömu skipan, en setja aðeins tveggja ára búsetuskilyrði. Þessi ríki eiga aðild að Evrópusambandinu og taka því sérstakt tillit til ESB-borgara, en um það er þó engin almenn regla eða samningar innan ESB. Í Noregi, sem hefur sömu stöðu og Ísland í Evrópumálum, er sú skipan að norrænir menn hafa í héraðskosningum sama rétt og Norðmenn en réttur allra annarra er bundinn þriggja ára búsetuskilyrði.

Samkvæmt Frétt Þjóðhagsstofnunar nr. 8/2001 voru erlendir ríkisborgarar hér á landi 8.824, eða um 3,1% af íbúafjöldanum, í upphafi þessa árs og hefur hlutfallið hækkað töluvert á undanförnum árum. Þá kemur fram að um 8% kvenna á aldrinum 20–29 ára sem búsettar eru hér á landi eru erlendir ríkisborgarar.

Erlendir ríkisborgarar eru mjög misdreifðir um landið. Flestir eru þeir á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallið er hins vegar langhæst á Tálknafirði, 19%, og Bakkafirði, 16%. Fast á eftir koma síðan Ásahreppur með 11% og Þórshafnarhreppur með 10%. Hlutfall erlendra ríkisborgara er meira en tvöfalt landsmeðaltal, eða yfir 6,2%, í 25 sveitarfélögum. Í þessum sveitarfélögum búa nær 17.000 manns, þar af 1.236 erlendir ríkisborgarar. Þjóðhagsstofnun telur að ef spá stofnunarinnar um framvindu íbúaþróunar það sem eftir er af árinu gangi eftir muni erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði fjölga um 1.500.

Framteljendur með erlent ríkisfang voru 7.057 á síðasta ári og erlendum ríkisborgurum með atvinnutekjur fjölgaði um 17,8% milli ára. Erlendir ríkisborgarar setja því sífellt meiri

svip á atvinnulífið og eru mikilvægir útsvarsgreiðendur í mörgum sveitarfélögum. Því er eðlilegt að þeir hafi með kosningarrétti til sveitarstjórna áhrif á þróun sinna sveitarfélaga eins og aðrir íbúar.

Frumvarp þetta var flutt af Merði Árnasyni á 126. löggjafarþingi en var ekki útrætt og er því endurflutt nú.

228. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr. getur dómari ákveðið samkvæmt kröfu að fresta réttaráhrifum gerðardóms meðan málið er leitt til lykta. Ákveða má að slík frestun sé bundin því að lögð sé fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardóminum. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein skal tekin með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum laga um meðferð einkamála.

2. gr.

2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Um aðförina fer eftir sömu reglum og gilda um dóma uppkveðna af íslenskum dómstólum og sáttir sem komist hafa á fyrir þeim.

3. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um aðför til fullnustu gerðardóms skv. 1. eða 2. mgr. fer eftir sömu reglum og gilda um aðför til fullnustu erlendra dómsúrlausna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með því eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989, til að unnt verði að fullgilda samning um viðurkenningu og fullnustu á erlendum gerðardómum, sem gerður var í New York 10. júní 1958 og tók gildi 7. júní 1959. Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um aðför til fullnustu á úrlausnum gerðardóma og sáttum gerðum fyrir þeim.

Samningurinn um viðurkenningu og fullnustu á erlendum gerðardómum hefur hlotið miklar undirtektir meðal ríkja. Aðildarríki samningsins eru nú 121 og eru þar á meðal öll vestræn ríki. Af samningnum leiðir að samningsríkjunum ber að viðurkenna erlenda gerðardóma þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur þar sem fullnustu er leitað. Bráðabirgðaþýðing af samningnum er birt sem fylgiskjal með frum-

varpinu. Gert er ráð fyrir því að á næstunni verði lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning.

Samkvæmt 6. gr. samningsins er gert ráð fyrir að fresta megi ákvörðun um fullnustu gerðardóms ef krafist hefur verið ógildingar á gerðardómi. Einnig er gert ráð fyrir að ákveða megi að ósk þess aðila sem leitar fullnustu gerðardóms að gagnaðilanum beri að leggja fram viðeigandi tryggingu. Til að tryggja að íslensk lög séu í fullu samræmi við þetta ákvæði samningsins er lagt til að ný málsgrein bætist við 12. gr. laganna um heimild dómara, sem fer með mál til ógildingar á gerðardómi, til að fresta réttaráhrifum gerðardóms og binda slíka frestun við að lögð verði fram trygging fyrir efndum skuldbindingar samkvæmt gerðardómi. Að öðru leyti er unnt á grundvelli gildandi laga að fullnægja þeim skuldbindingum sem felast í samningnum.

Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði laganna hafi að geyma ítarlegri tilvísun til laga um aðför, nr. 90/1989, en nú eru fyrir hendi, þannig að ljóst verði eftir hvaða reglum þeirra laga gerðardómi verði fullnægt með aðför. Ákvæði gildandi laga eru að þessu leyti ófullnægjandi.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðaþýðing á samningi um viðurkenningu og fullnustu á erlendum gerðardómum.

1. gr.

1. Samningur þessi gildir um viðurkenningu og fullnustu á gerðardómum sem kveðnir eru upp í öðru ríki en því sem viðurkenningar þeirra og fullnustu er leitað og til eru komnir vegna ágreinings manna eða lögpersóna. Hann gildir einnig um gerðardóma sem ekki eru taldir innlendir í því ríki þar sem viðurkenningar og fullnustu er leitað.
2. Til gerðardóma teljast ekki aðeins ákvarðanir gerðarmanna sem skipaðir eru til úrlausnar einstakra mála, heldur einnig ákvarðanir fastra gerðarstofnana sem aðilar hafa lagt mál sín fyrir.
3. Við undirritun, fullgildingu eða aðild að samningi þessum, eða þegar tilkynnt er um útfærslu samkvæmt 10. gr., getur hvert ríki lýst því yfir á gagnkvæmnisgrundvelli að það muni láta samninginn gilda um viðurkenningu og fullnustu gerðardóma sem aðeins eru kveðnir upp í öðru samningsríki. Það getur einnig lýst því yfir að það muni aðeins láta samninginn gilda um ágreining í réttarsambandi, hvort sem það á rætur að rekja til samnings eða annars, sem telst til verslunarmála samkvæmt landslögum þess ríkis sem yfirlýsinguna veitir.

2. gr.

1. Hvert samningsríki skal viðurkenna skriflegan samning, þar sem aðilar skuldbinda sig til að leggja í gerð hvern þann ágreining sinn, sem risið hefur eða rísa kann milli þeirra í tilteknu réttarsambandi, hvort sem það á rætur að rekja til samnings eða annars, enda sé sakarefnið þess eðlis að unnt sé að leysa úr því með gerð.
2. Undir hugtakið „skriflegur samningur“ fellur gerðarákvæði í gerðarsamningi eða öðrum samningi, sem aðilar hafa undirritað eða kemur fram í bréfa- eða símskeytasendingum þeirra á milli.

3. Dómstóll í samningsríki, sem hefur til meðferðar mál er aðilar hafa gert samning um í skilningi þessarar greinar, skal að kröfu einhvers aðilanna vísa málinu í gerð, nema hann telji samninginn ógildan, óvirkan eða óframkvæmanlegan.

3. gr.

Hvert samningsríki skal viðurkenna gerðardóm sem bindandi og fullnusta hann í samræmi við réttarfarsreglur á því landsvæði þar sem byggt er á dómi, samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í eftirfarandi greinum. Ekki má setja strangari skilyrði eða leggja á hærri gjöld fyrir viðurkenningu og fullnustu gerðardóma sem samningur þessi tekur til, en gildir um viðurkenningu og fullnustu innlendra gerðardóma.

4. gr.

1. Til að afla viðurkenningar og fullnustu samkvæmt undanfarandi grein skal sá aðili, sem leitar viðurkenningar og fullnustu, leggja fram með beiðni sinni:
   a. réttilega staðfest frumrit eða afrit gerðardómsins,
   b. frumrit samnings eða réttilega staðfest afrit samnings þess sem fjallað er um í 2. gr.
2. Ef gerðardómurinn eða samningurinn er ekki á opinberu tungumáli þess lands þar sem á honum er byggt skal sá aðili sem leitar viðurkenningar hans og fullnustu leggja fram þýðingu þeirra skjala á það tungumál. Þýðingin skal staðfest af opinberum eða eiðfestum þýðanda, af sendifulltrúa í utanríkisþjónustu, eða af ræðismanni.

5. gr.

1. Aðeins má hafna viðurkenningu og fullnustu gerðardómsins að kröfu þess aðila sem hann beinist gegn, ef sá aðili veitir viðkomandi yfirvaldi þar sem viðurkenningar og fullnustu er leitað sönnun fyrir því að:
   a. aðilar að samningi þeim sem fjallað er um í 2. gr. hafi samkvæmt þeim lögum sem um þá giltu skort hæfi með einhverjum hætti eða að samningurinn hafi ekki verið gildur samkvæmt þeim lögum sem aðilarnir hafa ákveðið að um hann giltu, eða, ef engar vísbendingar eru um það, samkvæmt lögum þess lands þar sem gerðardómurinn var kveðinn upp, eða
   b. aðila þeim sem gerðardómurinn beinist gegn hafi ekki réttilega verið tilkynnt um skipun gerðarmanns eða um gerðardómsmeðferðina, eða að honum hafi af öðrum ástæðum verið ókleift að skýra mál sitt, eða
   c. gerðardómurinn fjalli um ágreining sem skilmálar um gerðardómsmeðferð hafi ekki gert ráð fyrir eða ekki fellur undir þá, eða að í gerðardóminum séu ákvarðanir um málefni utan sviðs skilmála um gerðardómsmeðferð, sem lögð hafa verið í gerð, enda verði viðurkenning og fullnusta veitt á þeim ákvörðunum sem fjalla um málefni innan þess sviðs, ef þær verða aðskildar frá þeim sem utan þess falla, eða
   d. skipun gerðardómsins eða gerðardómsmeðferðin hafi ekki verið í samræmi við það sem aðilar sömdu um, eða ef um slíkt hefur ekki verið samið, hafi ekki verið í samræmi við lög þess lands þar sem gerðardómsmeðferð fór fram, eða
   e. gerðardómur sé ekki enn orðinn bindandi fyrir aðilana, eða honum hafi verið vikið til hliðar eða ógiltur af til þess bæru yfirvaldi í ríki þar sem dómur er kveðinn upp, eða eftir þeim lögum sem um hann gilda.
2. Viðurkenningu og fullnustu gerðardóms má einnig hafna ef viðeigandi yfirvald í því landi þar sem viðurkenningar og fullnustu er leitað telur að:

a. sakarefnið sé ekki þannig að úr því verði leyst með gerð samkvæmt lögum þess lands, eða
b. viðurkenning og fullnusta gerðardómsins væri andstæð grundvallarreglum þess lands.

6. gr.

Hafi kröfu um ógildingu eða frestun á gildistöku gerðardómsins verið lögð fyrir það viðeigandi yfirvald sem fjallað er um í e-lið 1. mgr. 5. gr. getur það yfirvald sem leitað er til af þeim sem vill byggja á gerðardómnum frestað ákvörðun um fullnustu hans telji það rétt að gera svo. Einnig getur það yfirvald að ósk þess aðila sem leitar fullnustu gerðardómsins gert gagnaðilanum að leggja fram viðeigandi tryggingu.

7. gr.

1. Ákvæði samnings þessa hafa hvorki áhrif á gildi fjölþjóða eða tvíhliða samninga sem aðilar að samningi þessum hafa gert um viðurkenningu og fullnustu gerðardóma, né skulu þau svipta þann sem hagsmuna hefur að gæta rétti til að nýta sér gerðardóm með þeim hætti og að því marki sem lög eða þjóðréttarsamningar heimila í því landi þar sem leitast er við að byggja á honum.
2. Genfarbókun um gerðardómsskilmála frá 1923 og Genfarsamningur um fullnustu erlendra gerðardóma frá 1927 skulu ekki lengur hafa gildi milli samningsríkja er þau verða bundin af samningi þessum og að því maki sem þau verða bundin af honum.

8. gr.

1. Fram til 31. desember 1958 skal samningur þessi liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja að Sameinuðu þjóðunum, og einnig af hálfu hvers þess ríkis sem nú er eða síðar verður aðili að einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna eða samþykktum Alþjóðadómstólsins, eða ríkis sem Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður aðild.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu, og skal fullgildingarskjal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

9. gr.

1. Samningur þessi er opinn til aðildar þeim ríkjum sem fjallað er um í 8. gr.
2. Aðild gerist með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

1. Hvert ríki getur við undirritun og fullgildingu samningsins lýst því yfir að gildi hans skuli einnig ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem það er ábyrgt fyrir hvað alþjóðasamskipti snertir. Slík yfirlýsing öðlast gildi þegar samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki.
2. Hvenær sem er síðar skal slík útvíkkun samningsins fara fram með tilkynningu stílaðri til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og skal hún öðlast gildi frá og með nítugasta degi eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir yfirlýsingunni viðtöku, eða frá og með þeim degi er samningurinn öðlast gildi gagnvart viðkomandi ríki, hvort sem síðar er.
3. Hvað snertir þau landsvæði sem gildi samnings þessa er ekki látið ná til við undirritun, fullgildingu eða aðild skal hvert viðkomandi ríki íhuga möguleika á að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að færa gildi samningsins út til þeirra, með fyrirvara um samþykki ríkisstjórna þeirra ef stjórnskipulegar ástæður krefjast.

11. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um sambandsríki eða ríki sem ekki eru ein heildareining:

a. Hvað snertir þau ákvæði samningsins sem falla undir löggjafarvald sambandsríkisins skulu skuldbindingar þess að því marki vera hinar sömu og þeirra samningsríkja sem ekki eru sambandsríki.
b. Hvað snertir þau ákvæði samningsins sem falla undir löggjafarvald þeirra ríkja eða landa sem sambandið mynda en ekki ber samkvæmt stjórnskipun sambandsins að gera ráðstafanir á sviði löggjafar, skal sambandsríkið vekja athygli viðeigandi yfirvalda þeirra á þeim ákvæðum og leggja fram við þau meðmæli sín eins fljótt og auðið er.
c. Sambandsríki sem er aðili að samningi þessum skal að ósk hvaða annars samningsríkis sem er, framsendri fyrir milligöngu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, láta í té greinargerð um lög og réttarframkvæmd sambandsins og þeirra eininga sem það mynda varðandi hvaða einstakt ákvæði samnings þessa sem er, sem sýnir að hvaða marki viðkomandi ákvæði hefur verið gert virkt með ráðstöfunum á sviði löggjafar eða öðrum ráðstöfunum.

12. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er þriðja fullgildingar- eða aðildarskjal er afhent.
2. Hvað snertir ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum síðar en þriðja fullgildingar- eða aðildarskjal er afhent skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er fullgildingar- eða aðildarskjal þess er afhent.

13. gr.

1. Hvert samningsríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.
2. Hvert ríki sem afhent hefur yfirlýsingu eða tilkynningu samkvæmt 10. gr. getur hvenær sem er síðar lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að einu ári eftir þann dag er tilkynningunni er veitt viðtaka skuli samningur þessi ekki lengur gilda um viðkomandi landsvæði.
3. Samningur þessi skal halda gildi sínu um gerðardóma sem málsmeðferð til viðurkenningar eða fullnustu hefur þegar hafist um áður en uppsögn öðlast gildi.

14. gr.

Samningsríki á ekki rétt á að bera fyrir sig samning þennan gagnvart öðrum samningsríkjum nema að því marki sem því er sjálfu skylt að framkvæma hann.

15. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna þeim ríkjum sem um getur í 8. gr. um eftirfarandi:

a. Undirritanir og fullgildingar samkvæmt 8. gr.,
b. aðildaryfirlýsingar samkvæmt 9. gr.,
c. yfirlýsingar og tilkynningar samkvæmt 1., 10. og 11. gr.,
d. gildistökudag samnings þessa samkvæmt 12. gr.,
e. uppsagnir og tilkynnningar samkvæmt 13. gr.

16. gr.

1. Samningur þessi, en kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spánskur texti hans eru jafngildir, skal falinn skjalasafni Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit samningsins til þeirra ríkja sem um getur í 8. gr.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, til að unnt verði að fullgilda samning um viðurkenningu og fullnustu á erlendum gerðardómum sem gerður var í í New York 10. júní 1958. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

229. Frumvarp til laga [204. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi, þó með þeim undantekningum sem koma fram í III. kafla laganna.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

2. gr.

Tilgangur.

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

3. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.
3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi:* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
7. *Búsetuleyfi:* Leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga.
8. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

4. gr.
Framkvæmd laganna.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Vinnumálastofnun fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Atvinnuleyfi.
5. gr.
Almennt.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Vinnumálastofnun skal gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

6. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem dvelst hér á landi án dvalarleyfis eða sem hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um útlendinga. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt og útlendingurinn dvelst í landinu á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga má veita honum tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en atvinnuleyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar.
b. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands. Umsögn skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi. Þó er heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
c. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.
e. Að atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum ef starfsmaður verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi komi fram til hvaða lands heimflutningur nær.
f. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Skilyrði er að áður hafi útlendingi verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

8. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi.

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn, enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–c-liðum 1. mgr. 7. gr.

Hafi ríki gert samning við Ísland um atvinnuréttindi er heimilt að veita útlendingi frá því ríki atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hið sama gildir ef ríki er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

9. gr.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.

Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

10. gr.

Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–f-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

11. gr.

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár,
b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,
c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef um er að ræða erlendan maka Íslendings sem undanþeginn er kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt síðari málslið a-liðar 14. gr. við skilnað eða andlát maka. Þegar um skilnað er að ræða þarf hjúskapur eða sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendur maki Íslendings þarf að eiga og hafa átt samfellt lögheimili hér á landi í a.m.k. tvö ár. Einnig má víkja frá skilyrðum 1. mgr. ef um er að ræða maka útlendings með óbundið atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.

Með maka er átt við fólk í hjúskap og í skráðri sambúð hér á landi og hafi hjúskapur eða skráð sambúð varað í a.m.k. tvö ár, sbr. 2. mgr.

Víkja má frá skilyrði c-liðar ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur fasta búsetu hérlendis.

12. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að fram-

lengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð skal kveðið nánar um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, þ.m.t. hámarksvinnustundafjölda.

13. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar og önnur hlunnindi.

Vinnumálastofnun skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr.

Nánar skal kveða á um skilyrði þessa ákvæðis í reglugerð.

III. KAFLI

Undanþáguákvæði.

14. gr.

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið. Sama gildir um erlendan maka íslensks ríkisborgara og börn hans að 18 ára aldri.
b. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
c. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

15. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. lög nr. 66/2000.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.

e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

16. gr.
Afturköllun.

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.
Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Um refsiábyrgð lögaðila fer samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

18. gr.
Heimflutningur.

Hafi einhver hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi eða hefur ekki sótt um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína ber honum að sjá um heimflutning hans innan þess tíma sem Vinnumálastofnun tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

V. KAFLI
Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

19. gr.
Samráðsnefnd.

Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd vegna framkvæmdar laga þessara.

Samráðsnefndin skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor stofnunin tvo menn í nefndina. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár. Samráðsnefndin velur formann úr hópi nefndarmanna. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

20. gr.

Vinnumálastofnun skal tilkynna allar atvinnuleyfisveitingar og synjanir til Útlendingastofnunar.

Útlendingastofnun skal í samráði við Vinnumálastofnun gefa út skírteini þar sem m.a. komi fram upplýsingar um dvalarleyfi og réttindi útlendingsins til að stunda vinnu á Íslandi. Þar skulu einnig vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

VI. KAFLI
Málsmeðferð.

21. gr.
Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

22. gr.
Málshraði.

Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðunar er að vænta.

23. gr.
Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kæruheimild skv. 24. gr. laganna.

24. gr.
Kæruheimild.

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Nú vill umsækjandi nýta sér kæruheimild og er kærufrestur fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

25. gr.
Samstarfsnefnd.

Félagsmálaráðherra skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Samstarfsnefndin skal kölluð saman:

a. vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa,
b. þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í lok árs 1999. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og dómsmálaráðuneyti. Nefndinni var falið að endurskoða núgildandi lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögunum.

Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni.

Frá gildistöku núgildandi laga hafa orðið miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Eftirspurn eftir erlendu vinnuafli hefur stóraukist síðustu ár og má rekja það til mikillar þenslu á vinnumarkaði. Þá hefur orðið sú breyting að þeir útlendingar sem hingað koma til vinnu dvelja hér lengur en áður var og reynir því oftar á rétt fjölskyldu þeirra til dvalar og atvinnu í landinu.

Í störfum nefndarinnar hefur sérstaklega verið litið til framkvæmdar núgildandi laga m.a. með tilkomu Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana þar sem félagsmálaráðherra hefur falið Vinnumálastofnun að hafa með höndum veitingu atvinnuleyfa. Með frumvarpinu er m.a. verið að festa þessa framkvæmd í sessi.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa féllu núgildandi lög í mörgu tilliti illa að aðstæðum í íslensku samfélagi. Í frumvarpinu hefur einnig verið tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur á löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar, mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi.

Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur tekið nokkurt mið af frumvarpi til laga um útlendinga. Það á m.a. við um hugtakanotkun. Leitast hefur verið við að hafa samræmi á þessu sviði eins og unnt er. Dvalarleyfi og atvinnuleyfi eru nátengd, þannig að nauðsynlegt var að taka tillit til framangreinds frumvarps. Þá er í frumvarpinu kveðið á um samstarf Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Eins er að finna ákvæði um útgáfu skírteinis vegna dvalar og atvinnuleyfis sem Útlendingastofnun skuli annast útgáfu á, enda er það til samræmis við núgildandi vinnulag þar sem slík útgáfa er í höndum útlendingaeftirlits samkvæmt samkomulagi Vinnumálastofnunar og útlendingaeftirlits.

Ákvæði um brottvísun í núgildandi lögum um atvinnuréttindi útlendinga er fellt út, enda er um brottvísun fjallað í 20. gr. frumvarps til laga um útlendinga, en forsenda dvalarleyfis vegna atvinnu er m.a. vissan um að atvinnuleyfi fáist.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Kaflaskipan frumvarpsins er með nokkuð öðrum hætti en í núgildandi lögum. Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

I. Almenn ákvæði.
II. Atvinnuleyfi.
III. Undanþáguákvæði.
IV. Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.
V. Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.
VI. Málsmeðferð.
VII. Ýmis ákvæði og gildistaka.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

2. Heimilt er að víkja frá skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
3. Atvinnurekandi skal samkvæmt frumvarpinu sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn þar til hann nýtur verndar samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga.
4. Atvinnurekandi skal undir sérstökum kringumstæðum ábyrgjast greiðslu vegna heimflutnings starfsmanns.
5. Framkvæmd vegna útgáfu heilbrigðisvottorða verði breytt þannig að tekin verða gild erlend vottorð ef þau eru fullnægjandi samkvæmt reglugerð á grundvelli laganna og sóttvarnalaga, nr. 19/1997.
6. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi, enda hafi hann fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi.
7. Í frumvarpinu er heimildarákvæði um að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísunin kemur til framkvæmda.
8. Með frumvarpinu er, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til starfa hér á landi.
9. Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.
10. Í frumvarpinu er heimild til að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða skilnað útlendings sem hefur verið giftur Íslendingi í a.m.k. tvö ár, enda hafi viðkomandi átt samfellt lögheimili á landinu í a.m.k. tvö ár.
11. Í frumvarpinu er heimilt að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða andlát íslensks maka útlendings.
12. Frumvarpið kveður einnig á um að víkja megi frá því skilyrði við veitingu óbundins atvinnuleyfis að þegar liggi fyrir tímabundið atvinnuleyfi, ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið námi.
13. Í frumvarpinu eru skilyrði afturköllunar atvinnuleyfis tilgreind.
14. Í frumvarpinu er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.
15. Í frumvarpinu er nýr kafli um málsmeðferð þar sem koma fram helstu meginreglur um málsmeðferðina og kæruheimild.
16. Lagt er til að skipuð verði samstarfsnefnd sem taki á almennum álitamálum varðandi útgáfu atvinnuleyfa og fjalli um beiðnir sem berast til Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleyfa fyrir hópa.
17. Í a-lið 11. gr. er lagt til að útlendingur þurfi að hafa átt lögheimili og dvalið samfellt hér á landi í þrjú ár til að fá óbundið atvinnuleyfi.
18. Skilgreining á hugtakinu maki er í 11. gr. frumvarpsins.
19. Heimilt er að víkja frá skilyrðum fyrir veitingu óbundins atvinnuleyfis ef um er að ræða maka útlendings sem er með óbundið atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið laganna. Ákvæðum laganna er ætlað að gilda um heimild útlendinga til að stunda atvinnu hér á landi. Í 1. mgr. kemur fram að ákvæðunum er ætlað að gilda um útlendinga, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Með 2. mgr. er lögð áhersla á að íslenskir ríkisborgarar geti einnig borið skyldur samkvæmt lögunum. Þar eru einkum hafðir í huga íslenskir atvinnurekendur sem sækja um atvinnuleyfi fyrir útlending.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilgangi laganna lýst. Í 1. mgr. segir að í lögunum sé heimild til að veita útlendingum atvinnuleyfi hér á landi. Stjórnvöldum er nauðsyn að hafa stjórn á og eftirlit með þeim útlendingum sem stunda atvinnu hér á landi. Skal þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni. Stefna stjórnvalda kemur m.a. fram í þeim reglum sem settar verða á grundvelli laganna. Stefnan getur til dæmis varðað takmarkanir með hliðsjón af vinnuaflsþörf í landinu á hverjum tíma.

Samkvæmt 2. mgr. er lögunum ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem falla undir þau. Þannig eru í VI. kafla reglur um málsmeðferð sem meðal annars kveða á um leiðbeiningarskyldu, kæruheimild o.fl.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að fellt verði úr lögunum atvinnuleyfi til bráðabirgða, sbr. 2. og 12. gr. laganna, og atvinnurekstrarleyfi, sbr. 2. og 9. gr. laganna. Þá er nýtt ákvæði um atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Ákvæði um atvinnuleyfi til bráðabirgða var einnig í fyrri lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 26/1982. Það var sérstaklega hugsað til að koma til móts við atvinnurekendur sem þurftu af sérstökum ástæðum og með litlum fyrirvara að ráða til sín hópa útlendinga. Lítið sem ekkert hefur reynt á þetta ákvæði. Þegar hingað hafa komið hópar útlendinga sem þurft hafa atvinnuleyfi hefur reynst mögulegt að afgreiða erindið með útgáfu tímabundins atvinnuleyfis á nafn hvers og eins.

Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi eða atvinnuréttarleyfi eins og það var kallað kom inn í lög með lögum nr. 26/1982. Ákvæðið var fellt úr lögum með lögum nr. 69/1993 vegna notkunarleysis. Ákvæði um atvinnurekstrarleyfi voru svo tekin upp í núgildandi lög, en ástæður þess voru tvíþættar. Talið var óeðlilegt að útlendingur sem hygðist stofna til rekstrar hér á landi ætti greiðari aðgang að atvinnulífi og vinnumarkaði en þeir sem réðu sig til almennra starfa. Enn fremur var það talið nauðsynlegt til að auðvelda eftirlitsaðilum, fyrst og fremst útlendingaeftirlitinu, að rækja lögbundið eftirlitsstarf. Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði um atvinnurekstrarleyfi verði lögð niður á nýjan leik. Ástæður eru fyrst og fremst notkunarleysi sem fyrr, lítið hefur reynt á ákvæði þetta og hefur það jafnframt valdið nokkrum vanda í framkvæmd þar sem lítið er um viðmiðunarreglur sem hins vegar er að finna þegar kemur að útgáfu atvinnuleyfa. Þannig veita atvinnurekstrarleyfi í þeirri mynd sem þau eru í dag enga frekari möguleika á eftirliti umfram það sem útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa gerir. Enn fremur má segja að þau rök sem haldið var fram þegar ákvæðið var tekið upp í lög um greiðari aðgang erlendra aðila sem hyggjast stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eigi ekki við. Með því að ólíkar reglur gildi um sjálfstæðan atvinnurekstur og almenna launþega má miklu frekar segja að um mismunun sé að ræða. Eðlilegra er að fella niður sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi þannig að ákvæði um atvinnuleyfi, auk reglna um dvalarleyfi, gildi með sama hætti um sjálfstæða atvinnurekendur og almenna launþega. Þannig mundi hlutafélag eða einkahlutafélag sem stofnað er af erlendum aðila búsettum hér á landi, að uppfylltum skilyrðum laga, sækja um atvinnuleyfi fyrir hönd hins erlenda starfsmanns með sama hætti og innlendir atvinnurekendur gera. Enn fremur er rétt að hafa í huga að í lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er að finna reglur um rétt erlendra aðila til stofnunar hlutafélaga hér á landi,

en með þeim kröfum má segja að felist ákveðið eftirlit með stofnun slíks atvinnurekstrar. Niðurfelling atvinnurekstrarleyfa á auk þess ekki að hafa áhrif á útlendingaeftirlit þar sem erlendur aðili sem hyggst stofna til sjálfstæðs rekstrar verður eftir sem áður að uppfylla skilyrði laga um dvalarleyfi ásamt skilyrðum laga um atvinnuleyfi.

Með örfáum undantekningum gera innlend lög á sviði fjárfestinga- og atvinnurekstrar ráð fyrir því að erlendur aðili sem hefur fasta búsetu hérlendis skuli njóta sömu réttinda og innlendur aðili með fasta búsetu. Einnig er rétt að benda á að þróun tvíhliða og fjölþjóðlegra samninga á þessu sviði gengur í sömu átt. Hafa Íslendingar m.a. verið talsmenn þessa á alþjóðavettvangi. Það er í samræmi við þessar áherslur að erlendum aðilum verði veitt landskjararéttindi (e. national treatment) eins og afnám sérstaks atvinnurekstrarleyfis væri.

Um atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna er fjallað í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í greininni er tekið fram hverjir skuli annast framkvæmd laganna. Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. verður framkvæmd laganna að öðru leyti í höndum Vinnumálastofnunar.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru óbreytt frá 6. gr. núgildandi laga. Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er nýmæli en með því er Vinnumálastofnun gert að gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum þar um í reglugerð. Er þessi tilhögun í samræmi við framkvæmd á útgáfu atvinnuleyfa eins og hún er nú.

Um 6. gr.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er breytt frá núgildandi lögum til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að fella úr lögum sérstakt ákvæði um atvinnurekstrarleyfi, sbr. athugasemd við 3. gr. frumvarpsins. Einnig eru viðbætur við 1. mgr. þar sem mögulegt er að fá tímabundið atvinnuleyfi ef bráðabirgðadvalaraleyfi liggur fyrir samkvæmt lögum um útlendinga. Aðrar málsgreinar þessarar greinar eru óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða ákvæði 5. gr. núgildandi laga og 3. mgr. er fyrri málsliður 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um skilyrði þess að veita megi tímabundið atvinnuleyfi.

Fyrri málsliður a-liðar 1. mgr. er óbreyttur frá núgildandi lögum. Við greinina bætist hins vegar nýr málsliður þess efnis að atvinnurekandi skuli hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar. Ákvæðið kemur í stað 4. mgr. 7. gr. núgildandi laga, en með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 13/1997, var svæðisvinnumiðlunum m.a. falið að annast skráningu atvinnulausra, miðla upplýsingum um atvinnuástand og atvinnuleysi og atvinnuhorfur.

Tveir fyrstu málsliðir b-liðar eru óbreyttir en við stafliðinn bætist málsliður sem heimilar í sérstökum tilvikum að vikið sé frá skilyrðinu. Ber að túlka þá heimild þröngt, enda þykir mikilvægt að fengin sé slík umsögn sem um ræðir í greininni. Þau tilvik sem gætu fallið undir undanþáguna hér eru m.a. leyfi vegna íþróttamanna, þjálfara og stjórnenda.

Ákvæði c-liðar er óbreytt frá fyrri málslið c-liðar 7. gr. núgildandi laga. Seinni málsliður þeirrar greinar er felldur niður en inn kemur nýr liður, e-liður, þar sem kveðið er á um ábyrgð atvinnurekanda á greiðslu heimflutnings erlends starfsmanns. Ákvæðið er lögfesting á núverandi framkvæmd laganna og felur í sér að atvinnurekandi sem fær leyfi til að ráða erlendan starfsmann til landsins beri ábyrgð á því að hann komist til heimalands síns þegar ráðningarsambandi lýkur. Vilji starfsmaður hins vegar ráða sig til annars atvinnurekanda þegar ráðningarsambandi lýkur en áfram á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis þá getur upphaflegur atvinnurekandi samið við nýja atvinnurekandann um að ábyrgjast þennan heimflutning.

Í d-lið er nýmæli þess efnis að atvinnurekandi skuli sjúkratryggja erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga. Er ákvæðinu fyrst og fremst ætlað að tryggja rétt starfsmannsins meðan biðtími bótaréttar samkvæmt ákvæðum almannatrygginga varir.

Þá er í f-lið skilyrði að lagt hafi verið fram heilbrigðisvottorð. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins.

2. mgr. greinarinnar er nýmæli. Ákvæðið heimilar að vikið sé frá almennum vinnumarkaðssjónarmiðum í a-lið þegar um er að ræða nánustu aðstandendur útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Er þar vísað til skilgreininga frumvarps til laga um útlendinga á því hverjir geti talist til aðstandenda. Skilyrði er að dvalarleyfi hafi verið veitt samkvæmt ákvæðum þeirra laga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Er einnig heimilt að víkja frá skilyrði um ábyrgð atvinnurekanda á heimflutningi við veitingu atvinnuleyfis samkvæmt þessari grein.

3. mgr. greinarinnar er nýmæli. Samkvæmt henni er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Er atvinnuleyfið veitt á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga. Markmiðið með þessu ákvæði er að gefa útlendingum við þessar aðstæður tækifæri til að vinna fyrir sér svo að þeir þurfi ekki að þiggja framfærslu sína frá ríkinu. Með vaxandi fjölda hælisleitenda hér á landi er talið nauðsynlegt að unnt sé að veita einstaklingum tímabundið atvinnuleyfi þegar fengist hefur bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Málsmeðferð í málum hælisleitenda getur tekið allt að 20 mánuði og er óviðunandi að einstaklingar séu á framfæri ríkisins þann tíma. Því er talið nauðsynlegt að þessi möguleiki sé fyrir hendi.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er nú í lokamálslið 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Þar er um að ræða ófrávíkjanlega meginreglu um að atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Er hér gerð sú tillaga að heimilað verði að víkja frá þeirri meginreglu, til samræmis við 13. gr. frumvarps til laga um útlendinga, ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi. Er gert ráð fyrir þröngri túlkun ákvæðisins, en með ríkum sanngirnisástæðum er m.a. átt við þá aðstöðu að útlendingur fái veitingu hælis hér á landi eða honum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Í slíkum tilfellum mæla sanngirnisástæður með því að útlendingurinn fái að starfa á Íslandi ef vinnumarkaðssjónarmið koma ekki í veg fyrir það. Einnig er gert ráð fyrir að víkja megi frá meginreglunni ef bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga liggur fyrir.

Ákvæði 2. mgr. greinarinnar er hliðstætt ákvæði 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga og 3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Er þar til dæmis átt við félagsmálasáttmála Evrópu sem fullgiltur var af Íslands hálfu þann 22. janúar 1976.

Um 9. gr.

Greinin er nýmæli og samkvæmt henni er atvinnurekendum og stéttarfélagi gert að veita starfsmanni, sem fengið hefur tímabundið atvinnuleyfi, upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, um samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða. Afar mikilvægt er að útlendingar sem hér búa eigi þess kost að læra íslensku og fá kynningu á samfélaginu, réttindum sínum og skyldum. Það er æ algengara að útlendingar ílengist hér, fái framlengt atvinnuleyfi og jafnvel óbundið atvinnuleyfi. Af þessum sökum er sífellt mikilvægara að útlendingar sem hingað koma í atvinnuskyni fái kennslu í íslensku og fræðslu um samfélagið. Greinin kveður þó ekki á um að halda skuli slík námskeið heldur að útlendingur fái upplýsingar um það sem í boði er. Mikilvægt er að útlendingnum sé kunnugt um það svo fljótt sem auðið er eftir að hann hefur komið til landsins og fengið atvinnuleyfi. Því er í frumvarpinu lagt til að upplýsingaskyldan varði útlendingana strax og þeir fá tímabundið leyfi til að starfa hér á landi.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli og er henni ætlað að taka til þeirra sérstöku aðstæðna þegar fyrirtæki sem ekki hefur starfsstöð hér á landi hefur gert þjónustusamning við innlent fyrirtæki og skilyrði viðskiptanna er að starfsmaður seljanda annist ákveðna þjónustu í tengslum við viðskiptin. Ástæða þótti til að hafa ákvæði sem þetta í frumvarpinu þar sem íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli sóst eftir kaupum á þjónustu sérfræðinga og sérhæfðra starfsmanna erlendis frá í tengslum við nýja tækni eða nýjan búnað.

Almenn skilyrði c–f-liðar 7. gr. gilda við veitingu atvinnuleyfa samkvæmt þessari grein og telst hið erlenda fyrirtæki atvinnurekandi.

Í 3. mgr. greinarinnar segir að atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna skuli að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings. Þótti ástæða til að setja slíkt ákvæði í greinina til að koma í veg fyrir að með henni væri opnuð jafngreið eða jafnvel greiðari leið til atvinnuleyfis hér á landi en fæst með tímabundnu atvinnuleyfi skv. 7. gr.

Ákvæði 4. mgr. greinarinnar er til samræmis við skilyrði í 8. gr. frumvarpsins vegna tímabundins atvinnuleyfis.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar fjallar um óbundið atvinnuleyfi. Sambærilegt ákvæði er í 8. gr. núgildandi laga. Kom það ákvæði í stað þess sem kallað var sjálfstætt atvinnuleyfi í eldri löggjöf og var þar um verulega breytingu að ræða. Með því ákvæði var viðurkennt að útlendingur sem dvalið hefði hérlendis í þrjú ár hefði fest rætur á Íslandi og gæti því sótt um persónubundið atvinnuleyfi sem er óháð skilyrðinu um þörf atvinnuveganna fyrir vinnuafl. Er 1. mgr. ákvæðisins að efni til nánast óbreytt frá fyrra ákvæði, þ.e. að skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að útlendingur hafi átt lögheimili á Íslandi í samfellt þrjú ár og áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi. Nýmæli er að gert er að skilyrði að útlendingur hafi dvalið samfellt í landinu. Til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um útlendinga er skilyrði að útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi í stað ótímabundins dvalarleyfis í núgildandi lögum. Þar er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur hugtakanotkun til samræmis við frumvarp til laga um útlendinga.

Það nýmæli kemur fram í 2. mgr. greinarinnar að heimilt er að víkja frá skilyrði um að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi ef um er ræða erlendan maka Íslendings sem undanþeginn hefur verið kröfu um atvinnuleyfi samkvæmt síðari málslið a-liðar 14. gr. vegna skilnaðar en skilyrði er að hjúskapur hafi varað í tvö ár. Er þar brugðist við því tilviki að forsenda brestur fyrir dvalarleyfi með rétti til atvinnuþátttöku sem útlendingur öðlast á grundvelli hjúskapar. Á sama hátt er heimilt að veita eftirlifandi maka Íslendings óbundið leyfi en þar er ekki sett skilyrði um lengd hjúskapar.

Í 3. mgr. er skilgreining á hugtakinu maki.

Ákvæði 4. mgr. er einnig nýmæli. Þar er á sama hátt og í 2. mgr. heimilað að víkja frá skilyrði um að áður hafi verið veitt tímabundið atvinnuleyfi þegar um er að ræða útlending sem hefur lokið þriggja ára námi hérlendis. Var talið óeðlilegt að í slíkum tilfellum þyrfti útlendingur sem hyggst starfa hér á landi að loknu námi að vera bundinn af umsókn atvinnurekanda um tímabundið atvinnuleyfi, enda væri hann með vilja sínum til að dvelja hér áfram að loknu námi að lýsa yfir áhuga sínum á að festa hér rætur, líkt og þeir sem hér hafa dvalið á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis í þrjú ár og sækja um óbundið atvinnuleyfi að því loknu. Einnig er nýmæli að hugtakið maki er skilgreint í ákvæðinu og að maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi hér á landi eða uppkomin börn hans séu undanskilin skilyrðum ákvæðisins varðandi óbundið atvinnuleyfi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, sbr. 10. gr. núgildandi laga, og er ákvæðið í megindráttum sambærilegt við ákvæði í núgildandi lögum. Þó er nú sett inn skilyrði um að námsframvinda sé eðlileg og hámarksgildistími leyfis styttur úr ári í sex mánuði. Er þar um að ræða þrengri skilyrði en eru í núgildandi lögum, en við framkvæmd þess ákvæðis hefur komið í ljós að skilgreiningar eru of rúmar. Það hefur m.a. leitt til þess að útlendingar hafa jafnvel átt greiðari leið inn á íslenskan vinnumarkað á grundvelli atvinnuleyfis vegna námsdvalar en á grundvelli tímabundins atvinnuleyfis. Þá er fellt niður skilyrði um umsögn stéttarfélags þegar um er að ræða starf sem er hluti af námi. Skilyrði fyrir framlengingu á atvinnuleyfi námsmanns er að lagt verði fram vottorð um námsframvindu en slíkt skilyrði er ekki að finna í núgildandi lögum.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt f-lið 7. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð, með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum, um hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins.

Gert er ráð fyrir að í reglugerð sé kveðið nánar á um atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein, þ.m.t. um hámarksvinnustundafjölda.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um vistráðningu sem í daglegu tali er nefnd „au pair-ráðning“. Greinin byggist á samningi Evrópuráðsins um „au pair-ráðningar“ þar sem slík ráðning er skilgreind sem „tímabundin móttaka fjölskyldna, í skiptum fyrir ákveðna þjónustu, á ungum, erlendum einstaklingum, sem koma til þess að auka tungumálakunnáttu sína og jafnvel faglega þekkingu, jafnframt því að víkka menningarlegan sjóndeildarhring sinn með því að öðlast meiri þekkingu á landi því sem þeir koma til“. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er því um að ræða eins konar menningarskiptasamning sem hvorki fellur undir skilgreiningar um námsmenn né almenna starfsmenn. Er því ekki gert ráð fyrir að sá sem fær vistráðningu geti farið til starfa á almennum vinnumarkaði á gildistíma vistráðningarleyfis.

Fjallað er um vistráðningar í 12. gr. í núgildandi lögum og eru í þessu frumvarpi gerðar nokkrar breytingar á þeirri grein. Aldursmörkum er breytt úr 17–30 ára í 18–26 ára. Neðri aldursmörkum er breytt til samræmis við lögræðisaldur og til samræmis við þá reynslu sem komin er á ákvæðið í núgildandi lögum er efri aldursmörkum breytt í 26 ár.

Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt greininni. Nýmæli er að sérstakt ákvæði skal vera í ráðningarsamningi um sjúkra- og slysatryggingar. Í núgildandi lögum er aftur á móti aðeins kveðið á um að gert skuli ráð fyrir slíkum upplýsingum í eyðublaði.

Ákvæði 3. mgr. er sambærilegt f-lið 7. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að heimilt verði að leggja fram vottorð frá heimalandi, enda verði sett reglugerð, með stoð í lögunum og með stoð í sóttvarnalögum, um hvaða kröfur eru gerðar til heilbrigðisvottorðs með tilliti til almenns heilbrigðis og sóttvarna við komu til landsins. Að öðru leyti eru skilyrði óbreytt frá 1. mgr. 12. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá 4. mgr. 11. gr. núgildandi laga.

Í stað félagsmálaráðuneytis skal Vinnumálastofnun nú gefa út nauðsynleg eyðublöð og ákveða upphæð vasapeninga.

Í 7. mgr. er nýmæli þess efnis að Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum. Í Evrópuráðssamningnum er ákvæði þess efnis að stjórnvöld skuli tilnefna opinbera aðila, eða einkaaðila, til að sjá um málefni er varða vistráðningu. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytinu sé heimilt að veita stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum heimild til að hafa milligöngu um vistráðningar. Það ákvæði kemur hins vegar ekki í veg fyrir að einstaklingar sem ekki hafa sérstakt leyfi ráðuneytisins til milligöngu og eftirlits geti verið milligönguaðilar um slíkar ráðningar. Er hér því gert ráð fyrir að einungis umsóknir sem eru tilkomnar fyrir atbeina þess fyrirtækis eða stofnunar sem Vinnumálastofnun hefur falið að hafa milligöngu og eftirlit með ráðningum hljóti afgreiðslu.

Um 14. gr.

Ákvæði a-liðar er efnislega samhljóða a-lið 13. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að undanþágan taki einnig til barna maka íslensks ríkisborgara, enda séu þau yngri en 18 ára. Með börnum er átt við, auk eigin barna, kjörbörn og fósturbörn. Ástæða þótti til að víkka ákvæðið með þessum hætti því að ella væri boðið upp á hugsanlega hættu á sundrun fjölskyldunnar.

Ákvæði greinarinnar er að öðru leyti óbreytt frá 13. gr. núgildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er nær óbreytt frá 14. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um afturköllun atvinnuleyfa. Um er að ræða nánari skilgreiningu á heimild Vinnumálastofnunar til afturköllunar atvinnuleyfa eins og hún er nú skv. 16. gr. núgildandi laga. Gert er ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ef ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Meta verður hverju sinni hvort heimild þessi skuli nýtt og er ákvörðunin kæranleg til félagsmálaráðuneytis. Ákvæði þetta er til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um

útlendinga um afturköllun dvalarleyfa. Er hér um svo náskyld leyfi að ræða að eðlilegt er talið að sömu reglur gildi hvað varðar afturköllun.

Um 17. gr.

Samkvæmt ákvæðinu má refsa fyrir brot gegn lögunum með sektum nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Einnig er kveðið á um að refsa megi lögaðilum vegna brota á lögum þessum. Er þar um nýmæli að ræða. Getur bæði verið um að ræða að íslenskir og/eða erlendir ríkisborgarar gerist brotlegir við lögin.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 15. gr. núgildandi laga að því undanskildu að Vinnumálastofnun er í stað ráðherra falið að ákvarða tímafrest á heimflutningi útlendings.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli. Samkvæmt henni skal Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun, sem svo er nefnd í frumvarpi til laga um útlendinga, setja á laggirnar samráðsnefnd sem fjalli um samstarf þessara stofnana. Slík samvinna er afar mikilvæg svo að afgreiðsla mála sé samræmd, en Útlendingastofnun gefur út dvalarleyfi samkvæmt frumvarpi um útlendinga og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Það leiðir af hlutarins eðli að þessi starfsemi er nátengd og því verður að telja mikilvægt að stofnanirnar hafi skipulagt samstarf um þessi mál og að fulltrúar frá þeim hafi reglulegt samráð. Þeirri samráðsnefnd sem gert er ráð fyrir að koma á laggirnar samkvæmt greininni er ætlað að móta verklag við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa auk þess að fjalla um einstök álitamál sem upp geta komið við framkvæmd laganna og varða starfsemi þessara stofnana.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 19. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að þar er ekki fjallað sérstaklega um það vinnulag sem verið hefur við útgáfu skírteinanna, en útgáfan hefur verið í höndum útlendingaeftirlits. Með greininni er það vinnulag fest í sessi. Þá er lagt til að felld verði út sú krafa að útlendingur skuli hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess. Þótti þessi breyting vera í takt við breytt viðhorf til útlendinga, að þeim skyldi ekki mismunað á grundvelli uppruna síns.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér almenna tilvísun til þess að við meðferð mála samkvæmt lögunum skuli fara eftir stjórnsýslulögum, nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Mál samkvæmt lögunum falla undir stjórnsýslu ríkisins og gilda því stjórnsýslulögin um þau. Ákvæðið er fyrst og fremst í frumvarpinu í upplýsingaskyni.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli. Um meðferð máls vegna umsóknar um atvinnuleyfi gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Hér er um að ræða ákvörðun stjórnvalds um rétt eða skyldu manna og telst ákvörðunin því vera stjórnsýsluákvörðun. Markmiðið með þeim reglum er varða undirbúning og rannsókn máls er að tryggja að nægilega vandaður og skýr grundvöllur verði lagður að máli áður en ákvörðun er tekin í því. Oftast hafa aðilar ekki síður brýna hagsmuni af því að mál fái hraða afgreiðslu hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða opinbert leyfi sem mikilvægt er vegna hagsmuna umsækjanda að verði leyst úr svo fljótt sem unnt er. Þegar fyrirsjáanlegt

er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því og upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Um 23. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um sérstaka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda varðandi höfnun á að veita atvinnuleyfi eða við afturköllun atvinnuleyfis. Að öðru leyti gilda ákvæði 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um kæruheimild til æðra stjórnvalds, þ.e. að kæra megi ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis. Í núgildandi lögum er ekki fjallað sérstaklega um kæruheimildina. Lagt er til að kærufrestur verði fjórar vikur, þar sem almennur kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga þykir of langur, þ.e. þrír mánuðir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði samstarfsnefnd Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Skal hver um sig tilnefna einn fulltrúa í nefndina og einn til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og einn nefndarmann til vara.

Greinin kemur að hluta til í stað 20. gr. núgildandi laga en þar er kveðið á um að árlega skuli leitað álits helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks. Hlutverk nefndarinnar verði víðtækt og varði almenn álitamál í tengslum við útgáfu atvinnuleyfa og einnig skal nefndin kölluð saman þegar beiðnir berast Vinnumálastofnun um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

Um 26. gr.

Greinin kveður á um gildistöku laganna og brottfall núgildandi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og er því ætlað að leysa þau af hólmi. Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi en margt hefur breyst á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum er varðar atvinnuréttindi útlendinga. Samkvæmt frumvarpinu fer félagsmálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til en felur Vinnumálastofnun að öðru leyti framkvæmd laganna. Meðal nýmæla í frumvarpinu eru skýrari málsmeðferðarreglur og ákvæði um málskotsrétt umsækjenda. Þá er kveðið á um aukið samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofu með skipan samráðsnefndar þessara tveggja stofnana og aukið samráð þeirra við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með skipan samstarfsnefndar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Hins vegar kunna útgjöld Vinnu-

málastofnunar að aukast eitthvað en útgjöld aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytis ættu að dragast saman að sama skapi. Frumvarpið var flutt á síðasta þingi og á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar sem hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

230. Fyrirspurn [205. mál]

til samgönguráðherra um skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Þykir ráðherra eðlilegt að Suðurnesja sé ekki getið í skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu sem nefnd samgönguráðherra skilaði fyrir skömmu?
2. Hvert er álit ráðherra á því að bæjarfélögin sunnan Reykjavíkur, þ.e. Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður, eru sett undir hatt höfuðborgarinnar í sömu skýrslu þótt fyrirliggjandi sé sértæk, metnaðarfull uppbygging í hverju þessara sveitarfélaga fyrir sig?

231. Fyrirspurn [206. mál]

til dómsmálaráðherra um lögregluna í Reykjavík.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hefur lögreglan í Reykjavík sömu möguleika á að sinna óskum borgaranna um brýna lögregluaðstoð nú og fyrir tíu árum?
2. Hefur lögreglan í Reykjavík náð að sinna öllum beiðnum borgaranna um brýna lögregluaðstoð um helgar síðustu fjóra mánuði?
3. Hver er meðaltími frá því að beiðni um aðstoð lögreglu berst og þar til lögreglan er mætt á vettvang um helgar á sama tímabili?
4. Hver er lengstur útkallstími þar sem neyðaraðstoðar lögreglu hefur verið óskað?
5. Hafa orðið breytingar á þeim atriðum sem spurt er um í 1.–3. lið á síðustu árum, þ.e. hefur útkallstími lengst og hefur orðið að vísa frá beiðnum um smærri viðvik lögreglu sem áður var sinnt?

232. Fyrirspurn [207. mál]

til félagsmálaráðherra um styrki til atvinnumála kvenna.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver eru markmið styrkja til atvinnumála kvenna sem félagsmálaráðuneytið úthlutar fé til árlega?

2. Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega frá árinu 1995 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?
3. Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?
4. Hvernig er styrkjunum úthlutað?
5. Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?
6. Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?
7. Hafa orðið breytingar á umsóknunum og ef svo er, hverjar eru þær og er þá ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi við mat og tillögugerð?

Skriflegt svar óskast.

233. Fyrirspurn [208. mál]

til félagsmálaráðherra um skipulagsmál á hálendinu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve mörg sveitarfélög koma nú að skipulagsmálum hálendisins?
2. Hvaða sveitarfélög eru þetta og hver er íbúatala þeirra hvers um sig?
3. Hver þeirra hafa gengið frá nýju aðalskipulagi síðan lög nr. 45/1998 tóku gildi og hver þeirra hafa deiliskipulagt svæði innan þess?

Skriflegt svar óskast.

234. Fyrirspurn [209. mál]

til sjávarútvegsráðherra um aflamarksbáta.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve margir aflamarksbátar eru undir 6 brl.?
2. Hvaðan eru þeir aðallega gerðir út?
3. Hvert er meðalaflamark þessara báta á yfirstandandi fiskveiðiári?
4. Hver hefur þróun aflamarks þeirra báta verið undanfarin tíu ár sem ekki hafa keypt sér viðbótaveiðiheimildir? Óskað er eftir dæmum.

Skriflegt svar óskast.

235. Fyrirspurn [210. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afnám kvótasetningar.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að ráðherra geti ákveðið að gefa veiðar á kvótasettum nytjastofni frjálsar?
2. Telur ráðherra að þau skilyrði hafi verið fyrir hendi varðandi steinbít sl. vor? Ef svo var, af hverju var tegundin þá kvótasett aftur?

236. Fyrirspurn [211. mál]

til sjávarútvegsráðherra um landanir á Vestfjörðum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve miklum afla var landað á Vestfjörðum tvö síðustu fiskveiðiár, skipt eftir sveitarfélögum?
2. Hve mikill hluti þess afla var:
   a. unninn á Vestfjörðum,
   b. settur í gáma til útflutnings,
   c. seldur til vinnslu í öðrum landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

237. Fyrirspurn [212. mál]

til sjávarútvegsráðherra um laun og launahlutfall í flotanum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvert var hlutfall launa af heildartekjum útgerðar í eftirfarandi útgerðarflokkum uppgjörsárin 1999 og 2000:
   a. hjá krókabátum,
   b. hjá öðrum smábátum,
   c. hjá hefðbundnum vertíðarbátum,
   d. hjá ísfisktogurum,
   e. hjá frystitogurum,
   f. hjá skipum í veiði á uppsjávarfiski?
2. Hverjar voru meðaltekjur skipverja í hverjum útgerðarflokki fyrir sig þessi sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

238. Fyrirspurn [213. mál]

til sjávarútvegsráðherra um verðmæti steinbítskvóta.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvert var áætlað markaðsverðmæti steinbítskvótans, aflamark innan ársins og varanleg aflahlutdeild, fiskveiðiárið 2000/2001 og hvernig þróaðist verðið innan fiskveiðiársins?

239. Fyrirspurn [214. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve margir veiðarfærasérfræðingar eru starfandi á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og hvar á landinu eru þeir staðsettir?
2. Hvaða rannsóknir eru í gangi á vegum stofnunarinnar á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar?

Skriflegt svar óskast.

240. Fyrirspurn [215. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskveiði smábáta.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve mikið af heildarþorskaflanum var tekið á krókabáta á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001? Svar óskast bæði í aflahlutdeild og aflamarki.
2. Hve mikið af þeim þorskafla var hlutdeild krókabáta og hve mikið var flutt til þeirra úr aflamarkskerfinu þessi sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

241. Fyrirspurn [216. mál]

til viðskiptaráðherra um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála því mati forstjóra Fjármálaeftirlitsins að líklegt sé að einhverjar fjármálastofnanir lendi í verulegum erfiðleikum á næstu mánuðum? Telur ráðherra rétt að grípa til aðgerða vegna þess og þá hverra?
2. Hver er heildareign Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og hvernig skiptist hún milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar? Hve hátt hlutfall er heildareignin af heildarinnstæðum einstaklinga í bönkum og sparisjóðum annars vegar og verðbréfaeign þeirra hins vegar?
3. Hve mikið hafa bankar og sparisjóðir greitt í sjóðinn árlega sl. fimm ár?
4. Telur ráðherra Tryggingarsjóðinn nægjanlega öflugan til að geta mætt hugsanlegum skakkaföllum fjármálastofnana, annars vegar vegna innstæðna hjá bönkum og sparisjóðum og hins vegar vegna verðbréfaeignar?
5. Getur ráðherra fullvissað sparifjáreigendur um að tryggingavernd þeirra vegna innstæðna í bönkum eða verðbréfaeignar sé nægjanlega örugg þannig að tap þeirra verði að fullu bætt komi til gjaldþrota eða skakkafalla á fjármálamarkaðnum eða hjá einstökum fjármálafyrirtækjum?
6. Hve margir eiga innstæðu í bönkum og sparisjóðum sem er yfir lágmarkstryggingu sem Tryggingarsjóður bætir að fullu og hver er lágmarkstryggingavernd sjóðsins? Hver er meðalinnstæða þeirra sem áttu hærri innstæðu en 10.000 kr. en undir lágmarkstryggingu sem bætt er að fullu?
7. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að Tryggingarsjóður taki á sig fulla tryggingavernd einstaklinga vegna innstæðna í bönkum eða verðbréfaeignar?

Skriflegt svar óskast.

242. Fyrirspurn [217. mál]

til viðskiptaráðherra um stöðu banka og sparisjóða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er þróun á eiginfjárhlutfalli banka og sparisjóða á árunum 1999–2001 án víkjandi lána í samanburði við þróun útlána annars vegar og framlög í afskriftareikning hins vegar og uppfylla þeir lágmarksskilyrði um eiginfjárhlutfall? Telur ráðherra hlut víkjandi lána til að uppfylla lágmarksskilyrði eðlilegan og er að vænta breytinga á skilyrðum um eiginfjárhlutfall í samræmi við mat Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi?
2. Er eiginfjárstaða banka og sparisjóða nægjanlega sterk að mati ráðherra og Fjármálaeftirlitsins til að mæta hugsanlegum skakkaföllum eða telur ráðherra nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og þá hverra?

3. Hvernig hafa heildareignir banka og sparisjóða myndast á árunum 1998–2001 og hvernig hafa erlendar skuldir þeirra breyst á þessu tímabili? Hve mikið hefur tap þeirra verið á þessum árum vegna gengisbreytinga og hlutabréfaeignar, annars vegar í krónum talið og hins vegar í samanburði við vanskil einstaklinga á þessu tímabili? Telur ráðherra að breyta þurfi lögum og reglum til að bæta áhættustýringu innlánsstofnana?
4. Hver hafa útlánatöp banka og sparisjóða verið árlega sl. fimm ár, annars vegar vegna einstaklinga og hins vegar vegna lögaðila?

Skriflegt svar óskast.

243. Fyrirspurn [218. mál]

til iðnaðarráðherra um byggðakvóta.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hjá hvaða útgerðum eru þær 1.500 þorskígildislestir vistaðar sem Byggðastofnun úthlutaði samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXVI í lögum um stjórn fiskveiða og hvar eru lögheimili fyrirtækjanna?

Skriflegt svar óskast.

244. Fyrirspurn [219. mál]

til menntamálaráðherra um fjárveitingar til háskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hve miklar hafa fjárveitingar úr ríkissjóði verið til háskóla þau fjögur fjárlagaár síðan lög um háskóla, nr. 136/1997, tóku gildi? Óskað er eftir að fram komi:

1. heildarfjöldi nemenda við hvern skóla og heildarfjárveiting til skólans úr ríkissjóði hvert þessara ára,
2. hve fjárveitingar til kennslu hafa verið miklar á hvern nemanda í hverjum skóla, hvert ár fyrir sig,
3. hve miklar fjárveitingar úr ríkissjóði hafa verið til húsnæðismála hvers skóla, hvert ár á þessu tímabili,
4. hve mikið fé hefur farið úr ríkissjóði til rannsókna við hvern skóla, hvert þessara ára, miðað við fjölda kennara við hvern skóla fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

245. Fyrirspurn [220. mál]

til menntamálaráðherra um samstarf við Microsoft.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hefur orðið framhald á samstarfi við Microsoft eftir að samningur var gerður við fyrirtækið um íslenskun á stýrikerfinu Windows 98?

246. Fyrirspurn [221. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um einkaframtak í heilbrigðisþjónustu.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Sýna vísindalegar niðurstöður fram á að einkarekin sjúkrahús eða læknastofur veiti almennt lakari þjónustu eða skili almennt lakari verkum en sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar opinberra aðila?
2. Sýna fjárhagslegar niðurstöður fram á að heildarkostnaður við tiltekin verkefni heilbrigðisþjónustu sé almennt hærri í einkareknum sjúkrahúsum en opinberum þegar tekið hefur verið tillit til langtímakostnaðar við fjármögnun fasteigna, búnaðar og tækjakosts sem til þarf?

247. Fyrirspurn [222. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skiptingu fjárveitinga til heilbrigðisþjónustu.

Frá Árna R. Árnasyni.

Hve stórum hluta heilbrigðisþjónustunnar allrar og helstu greina hennar, svo sem heilsugæslu að meðtöldum heimilislækningum, almennra rannsókna á sjúkdómum og sjúklingum, læknisaðgerða, hjúkrunar, meðferðar við sjúkdómum, endurhæfingar og hjúkrunar og umönnunar sjúkra aldraða, er sinnt af öðrum en opinberum aðilum, miðað við ráðstöfun fjárveitinga á fjárlögum (að meðtöldum fjárveitingum til Tryggingastofnunar)?

248. Svar [81. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um styrkveitingar úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarupphæð styrkja sem veittir hafa verið úr opinberum sjóðum til atvinnuuppbyggingar á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir sjóðum, árum, verkefnum og landsvæðum?*
2. *Hversu margir einstaklingar hafa fengið slíka styrki á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir kyni umsækjenda, sjóðum, upphæðum, árum, verkefnum og landsvæðum?*

Ráðuneytið miðar svarið annars vegar við sjóði sem byggja starfsemi sína á ákvæðum laga og hins vegar verkefni sem greina mætti sem ígildi sjóðs. Hið fyrra á við um styrkveitingar Byggðastofnunar til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar og styrkveitingar Kísilgúrsjóðs sem sinnir sambærilegum verkefnum í tilteknum sveitarfélögum. Undir hið síðara fellur verkefnið Átak til atvinnusköpunar sem rekið hefur verið af iðnaðarráðuneytinu frá 1996. Upplýsingar frá þessum þremur aðilum fylgja hér á eftir í fylgiskjölum.

Ráðuneytið beindi því til framangreindra aðila að miða upplýsingar við styrkveitingar sem ákveðnar voru á árunum 1998, 1999 og 2000. Tilgreind skyldi sú styrkupphæð sem ákveðið var að veita þótt hluti upphæðarinnar kæmi til greiðslu síðar, eins og títt er með árangurstengdar styrkveitingar. Styrkur telst almennt vera óafturkræf fjárveiting sem veitt er af tilteknu tilefni og án sérstakrar kröfu um endurgjald, jafnvel þótt styrkurinn kunni að leiða til eignaraðildar, eins og fáein dæmi eru um.

Orðið atvinnuuppbygging hefur víðtæka merkingu og ákvað ráðuneytið að tilgreina í svarinu stuðning við hvers konar verkefni sem beint og óbeint leiða til atvinnuuppbyggingar. Á grundvelli þess er gerð grein fyrir styrkjum úr Orkusjóði þótt áhrif verkefnanna sem styrkt voru hafi mun víðtækari samfélagslega þýðingu en telja má að átt sé við samkvæmt þröngri túlkun á fyrirspurninni.

Nokkur verkefni njóta stuðnings frá fleiri en einum. Þannig var t.d. leit að jarðhita á köldum svæðum styrkt af bæði Byggðastofnun og Átaki til atvinnusköpunar. Mikilvægt er einnig að hafa í huga að getið er um styrki á því ári þegar ákvörðun er tekin um þá þótt þeir komi til greiðslu ári síðar eða á fleiri en einu ári, eins og allmörg dæmi eru um. Því kann að vera dæmi um misræmi við ársreikninga sem miða útgjöld við greiðsludag.

Þegar um er að ræða skiptingu verkefna eftir landsvæðum þarf að hafa í huga að nokkur verkefnanna hafa þýðingu fyrir annað landsvæði en heimilisfesta styrkþega gefur til kynna og dæmi eru um verkefni sem hafa svo almenna þýðingu að flokkun eftir landshlutum er haldlítil. Í þeirri landshlutaflokkun sem hér er birt er miðað við heimilisfestu styrkþega.

Flestir styrkir falla í skaut fyrirtækja. Í tilfellum þar sem styrkþegi er einstaklingur er líklegt að nafn hans gefi til kynna hvort styrkurinn renni til konu eða karls. Það er þó ekki einhlítt þar sem dæmi eru um að einstaklingur skrifi sig fyrir hópi eða jafnvel fyrirtæki. Ráðuneytið telur best að greining á kyni styrkþega sé í höndum lesenda.

Átak til atvinnusköpunar hefur verið rekið af iðnaðarráðuneyti frá árinu 1996. Ítarlega var gerð grein fyrir starfsemi þess á árunum 1996–99 í svari við fyrirspurn frá háttvirtum þingmönnum Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur á þingskjali 69, sem var 69. mál 126. löggjafarþingsins. Í fylgiskjali I er gerð grein fyrir styrkjum Átaks til atvinnusköpunar á árunum 1998, 1999 og 2000.

Styrkir Átaks til atvinnusköpunar 1998–2000.

Ár	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð
1998	60	80.000.000
1999	61	80.000.000
2000	54	62.500.000

Byggðastofnun hefur veitt nokkuð af styrkjum til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar á landsbyggðinni. Gerð er grein fyrir þessum styrkjum í fylgiskjali II.

Styrkveitingar Byggðastofnunar 1998–2000.

Ár	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð
1998	140	144.106.000
1999	160	214.480.000
2000	30	131.280.000

Kísilgúrsjóður var stofnaður 1966 með lögum um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn í þeim tilgangi að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Gerð er grein fyrir styrkjum Kísilgúrsjóðs í fylgiskjali III.

Styrkveitingar Kísilgúrsjóðs 1998–2000.

Ár	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð
1998	12	4.530.000
1999	10	3.985.000
2000	13	4.750.000

Fylgiskjal I.

Verkefni á vegum „Átaks til atvinnusköpunar“ 1998.

1. Almennar stuðningsaðgerðir við iðngreinar og einstök svæði.

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Athugun á hagkvæmni þess að reisa fiskgaletínverksmiðju á Norðurlandi. Galetín er prótein sem notað er við matvæla- og lyfjaframleiðslu og m.fl. Það er unnið úr fiskúrgangi, einkum roði og beinum.	750.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Stefnumótun í skinna- og fataiðnaði þar sem kannað verður hvort möguleiki er á aukinni verðmætasköpun úr íslenskum skinnum með því að auka hlutdeild útflutts fatnaðar á kostnað útflutnings á skinnum sem hráefnis til iðnaðar. Samvinnuverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og fyrirtækja í greininni.	500.000
Sögusetrið á Hvolsvelli	Áframhald uppbyggingar verkefnisins „á Njáluslóð“ á Sögusetrinu á Hvolsvelli í tengslum við nýtt og stærra húsnæði.	2.200.000
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Akureyri	Samstarfsverkefni Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar og heimamanna í Hrísey um stefnumótun um samræmingu ferðaþjónustu í Hrísey í þeim tilgangi að vinna markvisst að heildstæðri og fjölbreyttri ferðaþjónustu.	300.000
Æðardúnsframleiðslan Skarði, Búðardal	Endurbætur á framleiðslustýringu við hreinsun æðardúns til að uppfylla alþjóðlegar kröfur og hagræðing í rekstri með endurbótum á vélakosti.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Ölfushreppur, Árnessýslu	Úttekt á mögulegri iðnaðaruppbyggingu í Þorlákshöfn í tengslum við betri nýtingu á góðri hafnaraðstöðu og nægu landrými auk nálægðar við orkuvirki og jarðefnaauðlindir. Auk þess kynning fyrir erlendum fjárfestum sem vilja fjárfesta í meðalstórum iðnaði.	500.000
Samstarfsvettvangur um Málmgarð	„Málmgarður." Samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana um eflingu úrvinnsluiðnaðar úr léttmálmum. Því tengist samræming rannsóknar- og þróunarstarfs, þekkingarmiðlun og kynning á möguleikum á nýsköpun í tengslum við léttmálma. Áhersla verður lögð á málmsteypur og málmvinnslu í fyrirtækjum á landsbyggðinni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, m.a. framleiðendum.	1.500.000
Iðntæknistofnun og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafirði	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróun á Vestfjörðum. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðinu og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf á Vestfjörðum. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki á Vestfjörðum við að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Áframhaldandi vinna við gagnagrunn um ættir Vestur-Íslendinga vestanheims og tengja hann innlendum ættfræðiskrám. Einnig til áframhaldandi uppbyggingar Vesturfarasetursins á Hofsósi.	1.000.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra og Iðntæknistofnun, Blönduósi	Kynning á möguleikum til eflingar atvinnuþróun í Vestur-Húnavatnssýslu. Leiðsögn og fagleg aðstoð m.a. um rekstrar- og framleiðsluþætti sem bætt geti afkomu fyrirtækja á svæðum og ábendingar um möguleika nýsköpunar sem skotið gæti nýjum stoðum undir atvinnulíf svæðisins. Einnig að leiðbeina áhugasömu fólki í Vestur-Húnavatnssýslu að gera viðskiptahugmyndir að veruleika og þjálfa leiðbeinendur til að sinna slíku starfi. Unnið í samvinnu atvinnuráðgjafa og Iðntæknistofnunar.	1.000.000
Efling Stykkishólms	Atvinnuvegasýning í Stykkishólmi. Kynning á atvinnulífi í Stykkishólmi allt frá sjávarútvegi og iðnaði til ferðaþjónustu og handverks.	500.000
Átak til atvinnusköpunar	Ráðstefna og greining á stöðu líftækniiðnaðar á Íslandi. Markmiðið er að fá yfirlit yfir þá möguleika sem eru til eflingar nýjum hátækniiðnaði tengdum líftækni. Mótframlag frá ýmsum aðilum, s.s. Íslenskri erfðagreiningu.	400.000
Iðntæknistofnun, Byggðastofnun o.fl.	Fjarfundakerfi, nettenging og samþætting á starfsemi þeirra sem stunda leiðsögn og þekkingarmiðlun til fyrirtækja um land allt. Samstarfsverkefni ITÍ, Byggðastofnunar, atvinnuráðgjafa og iðnþróunarfélaga í öllum landsfjórðungum.	1.200.000
Eyjaferðir ehf., Stykkishólmi	Samræming og markaðssetning skoðunarferða um lífríki Breiðafjarðar, t.d. ferðir til hvalaskoðunar, m.a. til að fullnýta aukinn skipakost.	500.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ísafirði	Úttekt á styrkleika og veikleika Vestur-Barðastrandarsýslu og mögulegri eflingu atvinnulífsins þar. Unnið í samvinnu við Byggðastofnun.	300.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Uppbygging á safni og fræðslusetri á Húsavík um hvali. Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlunar.	500.000
Menningarfélag um Brydesbúð, Vík í Mýrdal	Brydesverslun í Vík. Áframhaldandi uppbygging verslunarminjasafns og söguseturs er tengist Brydebúð og þeirri fjölbreytilegu starfsemi sem þar hefur farið fram.	500.000
Víkurplast ehf.	Stuðningur við endurnýtingu aðfluttrar plastverksmiðju sem fær nýtt hlutverk við framleiðslu ýmiss konar umbúða, skápa o.fl.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Útflutningsráð Íslands	Gerð vefsíðu á Interneti, svokallað Hestanet, til að markaðssetja erlendis vörur og þjónustu er tengist íslenska hestinum. Hestanetið á að nýtast öllum þeim framleiðendum og þjónustuaðilum sem tengjast íslenska hestinum. Unnið í samstarfi við framleiðendur og Útflutningsráð Íslands sem kostar það að hluta.	1.000.000
Söðlasmiðurinn ehf., Helluskeifur ehf., Sólberg Sigurðsson	Bæta framleiðslutækni við framleiðslu á hnökkum, beislum og skeifum og samræming og efling markaðsaðgerða erlendis. Verkefnið er samstarfsverkefni Helluskeifna ehf., Söðlasmiðsins ehf. og Sólbergs Sigurbergssonar söðlasmiðs.	2.000.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Ólafsvík, Stykkishólmur, Dalasýsla	Samræming á markaðssetningu á ferðaþjónustu og tengdri atvinnustarfsemi á Snæfellsnesi.	500.000
Iðnminjasafn á Akureyri	Iðnminjasafn á Akureyri. Safnið er í gömlu Hekluhúsunum á Gleráreyrum. Þar eru kynntar helstu iðngreinar sem við lýði hafa verið á Akureyri um áratuga skeið.	400.000
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Húsavík og nágrenni	Verslun í Þingeyjarsýslum. Úttekt á styrkleika og veikleika verslunar í sýslunni og leit að nýjum sóknarfærum.	500.000
Dalaleir, Dalabyggð	Rannsóknir á mögulegri framleiðslu á iðnaðarvöru úr leir sem finnst í Dalabyggð. Framleiðsluprófanir í verksmiðju í Frakklandi.	400.000
Saumastofan, Grenivík	Hönnunar- og vöruþróunarverkefni um nýjar vörur og markaðssetningu þeirra.	300.000
Átak um jarðhitaleit á köldum svæðum	Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum. Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar um átak til leitar að jarðhita til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur nú en talið er að þjóðhagslega hagkvæmt kunni að vera að leggja hitaveitu. Átakið beinist einkum að frumstigum leitar en heimaaðilum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við framkvæmdum þegar vísbending er fengin um jarðhita sem hagkvæmt væri að nýta.	10.000.000
Átak um orkusparnað á köldum svæðum	Kynning á aðferðum til orkusparnaðar vegna rafhitunar, gerð fræðsluefnis og fagleg ráðgjöf til almennings. 50% kostnaður við framkvæmd á móti Orkustofnun.	2.000.000
ERGO, Reykjavík	Úttekt á ástandi efnistöku og efnisvinnslu á Íslandi og gerð tillagna um bætt framtíðarskipulag og betri nýtingu á þessum óendurnýtanlegu auðlindum landsins.	200.000
Heiðdís Jónsdóttir, Sauðárkróki	„Á roði í reiðtúr“ – útivistarfatnaður. Þróunarvinna og undirbúningur að framleiðslu að nýrri línu íslensks tískufatnaðar fyrir hestamenn og annað útivistarfólk þar sem fiskroð verður ríkur þáttur í hönnuninni. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	400.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Stofnun og rekstur fyrirtækja.“ Leiðbeinandi þjónusta um almennan undirbúning að stofnun fyrirtækja, gerð viðskiptaáætlana ásamt námskeiðahaldi um stofnun og rekstur fyrirtækja. Verkefnið hefur einkum nýst fólki á landsbyggðinni. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	100.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Handverkshús á Blönduósi. Stofnun handverkshúss sem nýtist sem starfsstöð stofnaðila, aðstaða fyrir handverksfólk, aðstaða fyrir námskeið, samskiptamiðstöð handverksfólks og verslun.	500.000
Höfðaver, Húsavík	Endurgerð seglbáts frá síðustu aldamótum í upprunalega mynd. Báturinn fær síðan hlutverk tengt ferðaþjónustu og hvalaskoðun frá Húsavík.	500.000
Jóhann Gíslason, Akureyri	Hönnun og þróun á fjaðrandi báti sem er byggð á hugmynd umsækjanda. Stefnt er að því að frumgerð verði fljótlega tilbúin.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Samstarfsverkefni um hörvinnslu	Áframhaldandi þróun á hörvinnslu. Í verkefninu felast hagkvæmnisathuganir á ræktun og framleiðslu hörs, feygingartilraunir og athuganir á líklegum mörkuðum. Mótframlag frá Framleiðnisjóði.	1.500.000
Gunnar Jóhannesson, Húsavík	Hálendisvefur. Gerð stafræns kortagrunns um hálendi Íslands sem verður aðgengilegur á interneti og nýst getur t.d. skólum, ferðaþjónustu og minni byggðarlögum í einfaldari verkefnum.	750.000
Íslenskt sjávarsilfur ehf., Þorlákshöfn	Áframhald þróunar á paté úr laxaafurðum bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings.	500.000
Samstarfsverkefni um Icelandica 2001	Icelandica 2001. Undirbúningur og markaðssetning alþjóðlegrar sýningar á íslenska hestinum og vörum tengdum honum. Mótframlag frá ýmsum aðilum.	2.000.000
Iceland Complete ehf.	Margmiðlun, hönnun og framleiðsla á margmiðlunardiski þar sem er að finna allt það helsta um ferðaþjónustu á Íslandi. Nýtist vel smærri aðilum á landsbyggðinni sem hafa takmarkað auglýsingafé.	500.000
Framfarafélag Bolungarvíkur	Framfarafélag og fulltrúar fyrirtækja í Bolungarvík. Kostaður verði ráðgjafi sem fer á milli fyrirtækja og veik- og styrkleikagreinir þau, kemur með tillögur um úrbætur og hugsanlega nýjar framleiðslulínur. Einnig verði möguleikar á nýjum atvinnutækifærum kannaðir í tengslum við nýsköpun, vöruþróun og nýja atvinnustarfsemi.	500.000
Kirkjubæjarstofa	Uppbygging, rekstur og kynning á Kirkjubæjarstofu sem er upplýsinga- og fræðasetur með áherslu á náttúruvísindi, landmótun og ferðaþjónustu.	1.000.000
Fagráð textíliðnaðarins, Iðntæknistofnun	Samvinnuverkefni prjónastofanna í landinu. Samræming aðgerða við endurbætur á framleiðsluaðferðum, þróun nýrra textílafurða fyrir erlendan markað, og markaðsátak til að endurheimta fyrri stöðu á álitlegum markaðssvæðum, t.d. í Ameríku.	6.000.000
Trévík, Vík í Mýrdal	Þróun og markaðssetning á húsgagni fyrir börn, svokallaðri ferðaskrifstofu. Verðlaunaverkefni frá Hönnunardögum.	400.000
Ferðaþjónustan Bjarnargili, Fljótum	Hagkvæmnisathuganir og viðskiptaáætlun vegna ferðaþjónustu á Bjarnargili í Fljótum. Undirbúningur að stofnun alhliða ferðaþjónustufyrirtækis.	300.000
Bioprocess Ísland hf., Keflavík	Vöruþróun og markaðssetning á afurðum unnum úr smáþörungum.	800.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Kynningarmiðstöð um Evrópuverkefni þar sem fyrirtækjum eru veittar upplýsingar um evrópskt samstarfsverkefni og þau aðstoðuð við að koma á vísinda- og tæknisamstarfi við erlend fyrirtæki.	3.000.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Reynslunni ríkari." Leiðbeiningar og aðstoð við konur til að taka fyrstu skref við mótun viðskiptahugmynda, viðskiptasambanda og til undirbúnings að stofnun fyrirtækis. Þetta verkefni ætti að henta konum á landsbyggðinni einkar vel. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.500.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	Tæknivöktun: Að safna upplýsingum og nýjungum um tækni- og rekstrarleg málefni og miðla þeim til fyrirtækja sem greiða áskriftargjald fyrir þjónustuna. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	1.100.000
Iðntæknistofnun Íslands, Nýsköpunarsvið	„Uppeldissetur." Stofnun uppeldisseturs sem miðast við íslenskar aðstæður í líkingu við það sem gerist t.d. í Nova Scotia. Takmarkið er að þróa tæknínýjungar í fullmótaða framleiðslu og koma framleiðslunni af stað, t.d. í nýju fyrirtæki. Mótframlag frá Nýsköpunarsjóði.	2.000.000
Átak til atvinnusköpunar	Rekstur verkefna um atvinnuþróun á svæðum sem ekki njóta stóriðjuuppbyggingar. Leiðsögn og miðlun þekkingar til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref í nýsköpun. Mótframlag frá fleiri aðilum, m.a. IVR.	4.000.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Víkurlax ehf., Grýtubakkahreppi, Akureyri	Efling nýsköpunar í fiskeldi, einkum lúðueldi, en tilraunaræktun á lúðu lofar góðu. Talið er að með vísindalegri þróun fiskeldis megi vænta mikils af þessari grein í framleiðni.	900.000
Iðntæknistofnun	„Eldisbóndinn“ er Evrópuverkefni sem að meginstofni er kostað af ESB. Samstarfsaðilar eru frá Írlandi og Hollandi. Um er að ræða þróun námsefnis fyrir bændur og aðra sem vilja hefja fiskeldi í smáum stíl.	800.000
Iðntæknistofnun	„Ferðaþjónusta til framtíðar“ er verkefni sem að meginstofni fjallar um umbætur á sviði umhverfismála hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Tilgangurinn er að hjálpa fyrirtækjum í ferðaþjónustu í dreifbýli við að bæta stöðu sína í umhverfismálum og tengja starfsemina við þjóðmenningu. Samstarfsverkefni ITÍ, atvinnu- og ferðaráðgjafa, fyrirtækja í ferðaþjónustu og tækniskólans í Þórshöfn í Færeyjum.	500.000
Skelfiskur hf., Flateyri	Þróun og markaðssetning á kúffisksþykkni sem framleiðsla er að hefjast á á Vestfjörðum. Kúffisksþykkni er unnið úr kúskel með suðu og notað til súpugerðar og sem bragðefni í sjávarrétti.	1.600.000
Ístoppur Kópavogi	Kynning á íslenska hestinum á nýjum erlendum mörkuðum. Talið er að hefðbundnir markaðir séu u.þ.b. að mettast og til þess að geta viðhaldið svipuðum útflutningi og undanfarin ár þurfi markaðsátak á nýjum mörkuðum.	400.000
2. Erlend fjárfesting utan stóriðju.		
Fjárfestingastofa Íslands	Forhagkvæmnisathugun á möguleikum framtíðaruppbyggingar orkufreks iðnaðar í Norðurlandskjördæmi vestra. Styrkleika- og veikleikagreining landsvæðisins. Í fyrsta áfanga verði lokið við slíka vinnu í Skagafirði.	6.500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Endurnýjun kynningarefnis um Ísland sem fjárfestingarkost. Gerð kynningarbæklings og heimasíðu á internetinu.	3.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Útgáfa bókar á ensku um íslenskt rekstrarumhverfi „Doing Business in Iceland“, útgáfa og dreifing.	1.000.000
Fjárfestingastofa Íslands	Fjárhagsleg úttekt á rekstrargrundvelli saltverksmiðju á Reykjanesi og kynning á niðurstöðum fyrir fjárfestum.	500.000
Fjárfestingastofa Íslands	Margvíslegar úttektir á hagkvæmni og markaðsforsendum erlendra fyrirtækja sem flytja mætti til Íslands. Áhersla á landsbyggðina. M.a. efling viðskipta við austurströnd Kanada og Bandaríkjanna er nýst gæti íslenskum jaðarsvæðum.	3.000.000
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	Lok forhagkvæmnisathugana, gerð kynningarefnis fyrir erlenda fjárfesta og kynningarfundir með þeim. Hugsanlegir staðir eru Þorlákshöfn, Húsavík, Mývatnssveit og Suðurnesin.	3.000.000

Kjördæmaskipting styrkja 1998.

Kjördæmi	Fjöldi styrkja	Þús. kr.
Reykjavík	23	48.500.000
Reykjanes	3	1.700.000
Vesturland	5	2.400.000
Vestfirðir	4	3.400.000
Norðurland vestra	6	10.500.000
Norðurland eystra	11	5.900.000
Austurland		
Suðurland	8	7.600.000
Samtals		**80.000.000**

Verkefni á vegum „Átaks til atvinnusköpunar“ 1999.

1. Almennar stuðningsaðgerðir við iðngreinar og einstök svæði.

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Átak til jarðhitaleitar á köldum svæðum	Jarðhitaleitarátak á köldum svæðum. Framlag til samstarfsverkefna iðnaðarráðuneytisins, Orkuráðs og Byggðastofnunar um átak til leitar að jarðhita til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur nú en talið er að þjóðhagslega hagkvæmt kunni að vera að leggja hitaveitu. Átakið beinist einkum að frumstigum leitar en heimaaðilum og orkufyrirtækjum er ætlað að taka við framkvæmdum þegar vísbending er fengin um jarðhita sem hagkvæmt væri að nýta.	10.000.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Borgarnesi	Atvinnuráðgjöf Vesturlands: a) Könnun á hagkvæmni þess að ráðast í kræklingaeldi með samanburðarrannsóknum á allt að níu völdum stöðum. Samstarfsverkefni Nýsis hf., Búnaðarsamtaka Vesturlands, Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar. b) Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Stuðningur við að koma upp starfsstöðum fyrir fjarkennslu á helstu þéttbýlisstöðum á Vesturlandi. c) Könnun á atvinnu- og búsetumálum í Borgarfjarðarsveit. d) Athugun á styrk Borgarbyggðar sem vænlegs valkosts fyrir nýja atvinnustarfsemi, einkum eftir tilkomu Hvalfjarðarganga. e) Stuðningur við merkingu gönguleiða og sögufrægra staða í Eyrarsveit, en söguminjar og sérstök náttúra gefur sóknarfæri í ferðaþjónustu. f) Námskeið til að auka þekkingu leiðsögumanna á náttúru og sögulegum sérkennum.	1.800.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík	Undirbúningsvinna og þróun á kennsluefni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um veiðarfæragerð vegna fjarkennslu, unnið í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna.	500.000
Dalabyggð, Búðardal	Mat á sóknarfærum til að styrkja atvinnulíf í Dalasýslu, m.a. í tengslum við rekstur hótels að Laugum.	700.000
Fagráð textíliðnaðarins	Yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja sem starfa í textíliðnaði. Vöruþróun, gerð kynningarefnis og markaðssetning nýjunga í textíliðnaði á erlendum mörkuðum.	6.000.000
Grundarfjörður	Framleiðsla á íslenskum minjagripum sem skírskota til sögu og menningar. Um er að ræða líkön af gömlum íslenskum torfbæjum, þurrabúðum og hjöllum.	250.000
Efling Stykkishólms	Stuðningur við atvinnuvegasýningu í Stykkishólmi á framleiðslu og þjónustu frá Vesturlandi.	400.000
Víkurlax, Akureyri	Efling nýsköpunar í fiskeldi og tenging þess við uppbyggingu á ferðaþjónustu í Eyjafirði. Talið er að með vísindalegri þróun fiskeldis megi vænta mikils af þessari grein í framleiðni.	900.000
Samvinnuverkefni Máka, H.A. o.fl., Sauðárkróki	Samvinnuverkefni Máka, Element HÍ og Bændaskólans að Hólum um að þróa endurnýtingarkerfi vatns og varma í fjölþjóðlegu verkefni.	750.000
Kötluvikur, Vík í Mýrdal	Rannsóknir á möguleikum á að hagnýta Kötluvikur til margvíslegra nota, m.a. til byggingarvöruframleiðslu og sem óvirkt ræktunarefni í gróðurhúsaræktun.	500.000
Flugsafnið á Akureyri	Söfnun muna og uppbygging á flugsafni á Akureyri.	1.500.000
Þróunarfélag Austurlands, Egilsstöðum	Þróunarstofa Austurlands: a) Rannsóknir á meðferð og meðhöndlun hráefnis með s.k. Sous Vide-aðferð. Um er að ræða fullvinnslu kjöts, fisks og grænmetisafurða fyrir útflutning.	4.500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
	b) Þróun á framleiðslu KK-matvæla á Reyðarfirði fyrir erlenda markaði. Þróunin beinist m.a. að ýmsum fiskréttum og markaðskönnunum í Þýskalandi og Færeyjum. c) Mat á stöðu eldis hlýra, sandhvelju og skelfisks og möguleikum þess að hefja eldi þessara tegunda á Íslandi. d) Rafrænn gagnabanki um rannsókna- og upplýsingatækni ætlaður frumkvöðlum, fyrirtækjum og stofnunum. e) Framhaldsrannsóknir á möguleikum þess að hagnýta zeolíta (geislasteina) á Haukastaða- og Vopnafjarðarheiðum. Samvinnuverkefni Þróunarstofu Austurlands og Vopnafjarðarhrepps í samstarfi við jarðfræðistofuna Ekru. f) Framhald á hagkvæmnisathugunum um byggingu og rekstur frístundagarðs á Austurlandi. Samvinnuverkefni Þróunarstofu Austurlands og Fjárfestingaskrifst. Íslands. g) Þróunarverkefni um fyrirtækjanet milli norskra og íslenskra fyrirtækja. Samstarfsverkefni Þróunarstofu Austurlands og Rogaland Næringstjeneste AS.	
Frumkvöðlasetur IMPRU	Iðntæknistofnun Íslands – frumkvöðlasetur: Skapa aðstæður og umhverfi fyrir íslenska frumkvöðla til að þróa nýjar hugmyndir er leitt geti til söluhæfra afurða eða stofnunar nýrra fyrirtækja um hugmyndirnar.	6.000.000
Háskóli Íslands, verkfræðideild	Ráðstefna um nýsköpun, vöruþróun og hönnun í iðnaði. Samstarfsverkefni aðila sem vinna að framgangi nýsköpunar á Íslandi.	250.000
Garðyrkjustöðin Sunna, Selfossi	Vöruþróun og nýsköpun á niðursuðu á lífrænt ræktuðu grænmeti í garðyrkjustöð í Sólheimum í Grímsnesi.	200.000
Hólmar Bragi Pálsson, Grímsnesi	Markaðssókn á nýjan útflutningsmarkað í Finnlandi fyrir íslenska hestinn ásamt hestanámskeiði. Einni markaðskynning á hestaferðum í íslenskri náttúru.	400.000
Saumastofan Eva, Blönduósi	Þróun og markaðssókn á nýjum ullarvörum framleiddum af saumastofunni Evu á Blönduósi fyrir erlenda markaði.	600.000
Félag áhugamanna um minjasafn, Siglufirði	Stuðningur við að koma á fót síldarminjasafni á Siglufirði sem ætlað er til fræðslu og afþreyingar og byggir á þýðingarmiklum þætti í atvinnusögu Íslands.	300.000
Eyjaberg ehf., Mosfellsbæ	Undirbúningur að stofnun landbúnaðar- og fræðsluseturs að Eyjum í Kjós með sérstaka áherslu á lífríki Hvalfjarðar.	400.000
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða: a) Kynning á fjárfestingarkostum á Vestfjörðum fyrir íslenska og erlenda fjárfesta. b) Stuðningur við að koma á laggirnar þróunarsetri á Vestfjörðum með tengslum við þær stofnanir sem vinna að rannsóknum og þróun á svæðinu. c) Samræmd markaðssetning, innan lands og utan, á Vestfjörðum sem vistvænu ferðamannasvæði. Samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum. d) Vestfjarðavefur þar sem finna má upplýsingar um öll ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu. e) Notkun upplýsingatækni við verkefnastjórnun flóknari verkefna. Þróa tækni og vinnuferla til að auka skilvirkni. f) Hagkvæmnisathuganir á því að hefja vinnslu á rekaviði og innfluttum bolviði á Flateyri. g) Kynning á Vestur-Barðastrandarsýslu sem ferðamannasvæði. h) Hagkvæmnisathugun á rekstri hótels á Tálknafirði. i) Vöruþróun og vinnsla á heilsuvörum úr vestfirskum fjallagrösum.	3.700.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
	j) Markaðs- og vöruþróun á nýjum ullarvörum til útflutnings frá saumastofunni Strönd. k) Tímabundið starf ráðgjafa í atvinnuþróunarverkefnum. Svokallað Strandaátak. l) Menningartengd ferðaþjónusta. Þróun sýningarefnis og fræðirannsóknir í tengslum við meinta galdraiðkun fyrr á öldum. Samstarfsverkefni sveitarfélaga í Strandasýslu.	
Oddi, Patreksfirði	Könnun á hagkvæmni nýrrar aðferðar við útvötnun á saltfiski er miðast við fullvinnslu í neytendapakkningar fyrir Suður-Evrópu.	400.000
Íslensk miðlun Vesturbyggð, Patreksfirði	Könnun á möguleikum á stofnsetningu fyrirtækja á Patreksfirði er tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni.	450.000
Gunnar Sigurðsson, Þingeyri	Styrkja verslunarrekstur í sessi og tryggja atvinnustörf á Þingeyri.	400.000
Fyrir vestan ehf., Ísafirði	Endurútgáfa á bók um gönguleiðir á Hornströndum.	200.000
Ragnar Guðmunds., Brjánslæk	Undirbúningur félags um úrvinnslu fiskafurða á Barðaströnd.	250.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra: a) Úrvinnsla verkefnahugmynda er tengjast upplýsingatækni, einkum fjarvinnslu og undirbúningur að stofnun félags og rekstur þess. b) Léttitækni. Þróun á margvíslegum léttitækjum og trillum sem tengjast einkum iðnaðar- og verslunarstarfsemi. c) Söðlasmíði. Þróun á ýmsum reiðtygjum og fylgihlutum þeirra sem sérstaklega eru sniðin að þörfum erlendra markaða. d) Námskeið: „Á traustum grunni – frá hugmynd til framkvæmda“. Unnið í samvinnu við Iðntæknistofnun. e) Merkingar og kortlagning á gönguleiðum, sögustöðum og örnefnum í Austur-Húnavatnssýslu (gönguleiðabæklingur). f) Bjartar nætur, Hvammstangi. Kynning og efling á afþreyingarþjónustu fyrir ferðafólk í Húnaþingi vestra. g) Gerð stefnumótandi áætlana um ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra sem byggjast á könnunum á viðhorfi þeirra sem sótt hafa héraðið heim.	4.500.000
Plastform – Plastbönd ehf., Sauðárkróki	Frumgerð nýrrar sérhannaðrar vafningsvélar fyrir plastborða vegna þarfa byggingariðnaðarins og markaðsrannsóknir.	300.000
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	Athugun á hagkvæmni þess að reisa og reka hótel á Hofsósi í ljósi aukinna umsvifa sem tengjast Vesturfarasetrinu.	600.000
Trausti Sveinsson, Bjarnargili, Fljótum	Hagkvæmnis- og viðskiptaáætlanir um gerð og rekstur skíðagöngusvæðis, m.a. fyrir alþjóðleg mót í Fljótum.	200.000
Strandbær ehf., Hvammstanga	Hönnun, teiknivinna og rekstrarráðgjöf vegna fyrirhugaðrar byggingar á iðngörðum á Hvammstanga.	1.000.000
Íshákarl hf., Stykkishólmi	Markaðssetning á ígulkerum frá Íshákarli í Asíu.	500.000
Sjávarleður, Sauðárkróki	Markaðssetning erlendis á vörum hönnuðum úr fiskroði framleiddum af Sjávarleðri á Sauðárkróki.	800.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Þróun á fatnaði frá saumastofunni Rebekku á Hvammstanga fyrir verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Framleiðslunni hefur verið vel tekið og þarf að fylgja því eftir með þróun nýrrar heildstæðrar vörulínu.	500.000
Flísar ehf., Siglufirði	Pökkun á kökugerðarefnum, vöruþróun og markaðssetning.	500.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Tilda ehf., Sauðárkróki	Þróun og fullvinnsla á niðursoðinni loðnu í fyrirtækinu Tildu á Sauðárkróki í samvinnu við DIFTA (Dansk Institut for Fiskeri Teknologi og Akvakultur).	850.000
Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar, Sauðárkróki	Undirbúningur að stofnun atvinnuþróunarfélags í Skagafirði sem ætlað er að vinna að atvinnuuppbyggingu héraðsins.	400.000
Mývatn hf., Reykjahlíð	Lokaþróun og markaðssetning á ráðstefnum og ýmiss konar afþreyingu við og út frá Mývatni, sem stunda má utan hefðbundins ferðamannatíma.	900.000
Sverrir Ingólfsson, Húsavík	Varðveisla muna og athugun á hagkvæmni þess að setja á fót og reka safn um bíla og önnur samgöngutæki í Þingeyjarsýslu.	500.000
Lagarfljótsormurinn ehf., Egilsstöðum	Lokaþróun áætlana og markaðssetning siglinga á Lagarfljóti fyrir erlenda ferðamenn og Íslendinga.	400.000
Rekstrarfélag Jöklaferða, Höfn í Hornafirði	Hagkvæmnisathugun vegna fyrirhugaðrar stofnunar jöklamiðstöðvar við Breiðamerkurjökul.	400.000
Markús Runólfsson, Hvolsvelli	Lokaþróun Skógræktarfélags Rangæinga á tæki til vélrænnar gróðursetningar á bakkaplöntum til skógræktar og skömmtunar á tilbúnum áburði.	600.000
Góðhestar ehf., Selfossi	Gerð viðskiptaáætlunar og markaðsathugun vegna tamninga- og reiðkennslumiðstöðvar í Árnessýslu jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga.	1.000.000
Básinn, Selfossi	Fullþróun hugmyndar um víkingastofu í Ölfusi og markaðssetning hennar innan lands og utan.	300.000
Tómas Ísleifsson, Vík	Lúpínuræktun á Sólheimasandi til iðnaðarnotkunar.	250.000
Sigurður Ævar Harðarson, Vík í Mýrdal	Aðstoð við prófun og gæðamerkingu barnahúsgagna sem fengið hafa góðar móttökur á sýningum erlendis og við markaðssetningu þeirra.	400.000
Íshestar, Hafnarfirði	Markaðssetning nýrrar hestamiðstöðvar sem mun gjörbreyta möguleikum fyrir móttöku og afþreyingu fyrir erlenda ferðamenn á öllum árstímum, einkum þó utan hefðbundins ferðamannatíma.	1.000.000
Íslenska lífmassafélagið, Hafnarfirði	Könnun á hagkvæmni þess að rækta lúpínu á Suðurlandi og að reisa og reka verksmiðju til að vinna afurðir úr henni.	300.000
Drífa ehf., Reykjavík	Endurskipulagning og endurreisn fataverksmiðju á Hvammstanga sem flutt hefur verið frá Akureyri.	1.200.000
Íslensk sjóefni, Höfnum	Lokaendurskipulagning saltverksmiðju á Reykjanesi, gerð markaðsáætlunar og kynning fyrir nýja erlenda fjárfesta, sem er forsenda þess að skjóta nýjum stoðum undir rekstur fyrirtækisins til framtíðar.	1.000.000
Latibær ehf., Seltjarnarnesi	Gerð kynningarefnis og markaðssetning á söngleiknum Latabæ fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar og fjárfesta.	800.000
Auglýsingastofa Ernst Backman, Garðabæ	Þróun, hönnun og gerð leikmyndar í tengslum við Sögusafnið sem styrkir innihald og eðli safnsins m.a. fyrir fjárfestum.	800.000
Kort og kynning, Kópavogi	Gerð gagnagrunns um hálendi Íslands, m.a. um náttúrufar og samgöngur, handa skólafólki, ferðamönnum og fleirum.	750.000
Plús-Film ehf., Reykjavík	Gerð heimildarkvikmyndar um eiginleika og kosti heita vatnsins. Einkum ætlað fyrir erlenda ferðamenn til að auðga skilning þeirra á sérkennum vatnsins.	500.000
Landssamband hestamanna, Reykjavík	Kynning á íslenska hestinum og Íslandi í tengslum við heimsmeistaramót íslenska hestsins í Þýskalandi.	800.000
Skóverksmiðjan Táp, Garðabæ	Frumgerð og hönnun nýs skófatnaðar, er auka mun fjölbreytni í vöruvali verksmiðjunnar.	400.000
Reykjavíkur Akademían	Undirbúningur að þverfaglegum rannsóknum á búsetu, byggðaþróun, menningu og menningarminjum tengdum byggðum landsins.	1.000.000

Verkefni	Lýsing	Styrkur
Hummerumboðið, Reykjavík	Lokaþróun á fjallarútu sem þykir sérstaklega hentug fyrir íslenskar aðstæður og er einnig ætluð til útflutnings. Hönnun yfirbyggingar og ýmsar tæknilegar yfirfærslur sem byggjast á langri reynslu íslenskra fjallamanna.	2.000.000
Gæðastjórnunarfélag Íslands, Reykjavík	Þróun samanburðarmælikvarða til að efla framleiðni íslenskra fyrirtækja og bæta samkeppnisstöðu þeirra í alþjóðlegum samanburði.	1.000.000
MIDAS NET, Reykjavík	Aðgerðir til eflingar skilningi á mikilvægi margmiðlunar sem öflugs nýs miðils, m.a. könnun á þeim þáttum sem áhrif hafa á eða kunna að hamla þróun margmiðlunar hér á Íslandi. Einnig aðgerðir til að efla starfsemi íslenskra margmiðlunarfyrirtækja.	1.000.000
Vegvísar ehf., Hofsósi	Hönnun upplýsinga- og þjónustuskilta með áherslu á gönguleiðir. Skiltin munu sýna þéttbýliskjarna, svæðakort hreppa, staðsetningu menja, gönguleiða og örnefna.	400.000
Þjónustumiðstöðin IMPRA	Iðntæknistofnun Íslands: Þjónustumiðstöðin IMPRA. Efling nýsköpunar og atvinnuþróunar með viðamikilli miðlun þekkingar til atvinnufyrirtækja frá háskólum og erlendum samstarfsaðilum sem Ísland á aðgang að. Markmiðið er að stórefla hagnýtingu vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar í þágu íslenskrar nýsköpunar.	10.800.000

Kjördæmaskipting styrkja 1999.

Kjördæmi	Fjöldi styrkja	Upphæð kr.
Reykjavík	16	42.150.000
Reykjanes	3	2.300.000
Vesturland	5	3.650.000
Vestfirðir	6	5.400.000
Norðurland vestra	14	12.500.000
Norðurland eystra	5	4.550.000
Austurland	3	5.300.000
Suðurland	9	4.150.000
Samtals		**80.000.000**

Verkefni á vegum „Átaks til atvinnusköpunar“ 2000.

Umsækjandi	Markmið verkefnisins í hnotskurn	Styrkur
Bergþóra Guðnadóttir, Reykjavík	Þróun og markaðssetning á hönnun þar sem fatnaður og skart renna í eina heild á nýstárlegan hátt.	500.000
Genergy ehf., Reykjavík	Að hanna og smíða varmaaflsljósavél í gróðurhús. Hún umbreytir varmastreymi í rafstraum, þannig er hægt að framleiða raforku með hitamismuni.	2.000.000
Íslenskar fyrirsætur, Reykjavík	Að halda óvenjulegustu sýningu fatahönnuða í heiminum á Vatnajökli, í neðanjarðarhelli.	1.000.000
Skraddarinn Bespoke ehf., Reykjavík	Efla markaðssetningu og viðskiptasambönd erlendis fyrir veturinn 2000–2001.	500.000
Stoðtækni Gísli Ferdinandsson ehf., Reykjavík	Bæklunarskóverksmiðja í Ólafsfirði. Verksmiðjan er hluti af Evrópuverkefni sem unnið er í samstarfi við hollenska og skoska aðila.	1.000.000
Alþjóða verslunarfélagið / Jóhann Sveinsson, Reykjavík	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2009.	50.000
NACC / Sigurður Guðni Sigurðsson	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2008.	50.000

Umsækjandi	Markmið verkefnisins í hnotskurn	Styrkur
Sigfús Ingi Sigfússon, Reykjavík	Koma á netið heilsteyptum sögulegum og menningarlegum upplýsingabrunni um Ísland til að markaðssetja Ísland sem spennandi land með skemmtilegan sögulegan bakgrunn í Íslendingasögunum.	300.000
Steinunn Aldís Helgadóttir, Reykjavík	Efla og styrkja markaðsstöðu handverksfólks um land allt, bæta gæðavitund í greininni, auka aðgengi að íslensku handverki og sækja fleiri markhópa.	1.000.000
Desform ehf., Björn Ófeigsson, Reykjavík	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2000.	50.000
Hárkollugerð Kolfinnu Knútsdóttur ehf., Reykjavík	Að auka framleiðslugetu hjá fyrirtækinu með því að kynna sér nýjustu efni og nýjungar í framleiðslu á vélunnum hárkollum.	300.000
Iðntæknistofnun Íslands, Reykjavík	Rekstur Impru – þjónustumiðstöðvar frumkvöðla og fyrirtækja fyrir árið 1999 og 2000. Umsóknin er í samræmi við samkomulag Iðntæknistofnunar og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá árinu 1999 um rekstur Impru.	20.100.000
Matra, Reykjavík	Að koma upp starfsemi á Vestfjörðum og ráða einn starfsmann sem mun miðla sérþekkingu sem til er á Matra til matvælafyrirtækja á svæðinu, framkvæma hluta af verkefnum Mötru og leiðbeina um þróunarmál.	2.000.000
Málmgarður, Iðntæknistofnun, Reykjavík	Að vera vettvangur vöruþróunar, markaðs- og tæknirannsókna, menntunar og upplýsingamiðlunar á sviði léttmálma. Að auka og styrkja úrvinnsluiðnað tengdan framleiðslu léttmálma hérlendis.	3.000.000
	Samtals Reykjavík	**31.850.000**
Varðeldur ehf., Kópavogi	Uppbygging starfsemi varðandi sjósetningarbúnað fyrir björgunarbáta 1) umsjón með framleiðslu, sölu og eftirliti 2) kynning og markaðssetning.	2.000.000
Sögusafnið, Ernst Backman, Garðabæ	Fullgera frumgerð leikbrúðumyndar Sögusafnsins af landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni og Hallveigu Fróðadóttur, konu hans, ásamt öndvegissúlum og víkingaskipi.	1.200.000
Listverk, Lárus Einarsson, Hafnarfirði	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2002.	50.000
Ragna Fróðadóttir, Mosfellsbæ	Kynna íslenska fatahönnun fyrir innlendum og erlendum aðilum.	500.000
	Samtals Reykjanes	**3.750.000**
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Borgarnesi	Kanna möguleika á að nýta heitt vatn í Stykkishólmi til heilsutengdrar ferðaþjónustu.	500.000
Atvinnuráðgjöf Vesturlands, Borgarnesi	Fjarvinnsluverkefni til að auka möguleika Vestlendinga á að skapa sér störf við fjarvinnslu með því að mennta fólk í upplýsingatækni og gera því kleift að sýna fram á tölvufærni sína á óyggjandi hátt þegar það sækist eftir fjarvinnsluverkefnum.	500.000
Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands, Borgarnesi	Vinna eftir skýrslunni Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998–2005 „Byggðir milli jökla“. Markmið er að fjölga gistinóttum um 15% á jaðartímum og lágönn, um 10% á háönn á ári fram til 2005.	500.000
	Samtals Vesturland	**1.500.000**
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf., Ísafirði	Að kynna fjárfestingarkosti á Vestfjörðum fyrir fjárfestum innan lands og utan. Að afla upplýsinga um staðhætti og auðlindir. Að auka fjölbreytni atvinnulífs á Vestfjörðum og að fá erlent fjármagn til nýsköpunar og arðbærra verkefna.	500.000
Bíldudals – Fjalli ehf., Bíldudal	Að þróa 3–4 tegundir af heilsu- og orkudrykkjum í handhægum og smekklegum umbúðum sem hafa skírskotun til heilbrigðis og íþrótta.	750.000
	Samtals Vestfirðir	**1.250.000**

Umsækjandi	Markmið verkefnisins í hnotskurn	Styrkur
Strandagaldur s.e.s., Hólmavík	Í fyrsta áfanga er ætlunin að kynna 17. öldina á Íslandi. Markmið: stuðla að jákvæðri byggðaþróun á Ströndum, styrkja ferðaþjónustu, auka fjölbreytni í atvinnulífi.	1.000.000
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Blönduósi	Að efla handverk sem atvinnugrein, með fræðslu um rekstrarþætti, svo sem framlegðarútreikninga, fjárhagsáætlanir, markaðssetningu og gerð kynningarefnis. Auka gæði í greininni með fræðslu um hönnun, auk vöruþróunar í samstarfi við hönnuði. Að auka samkeppnishæfni handverksfólks í Skagafirði og byggja upp arðbær kvennastörf á svæðinu.	700.000
Sero ehf., Skagaströnd	Að þróa bragðefni úr sjávarfangi með ensímvirkni til útflutnings.	500.000
Hringur – Atvinnuþrúnarfélag Skagafjarðar hf. Sauðárkróki	Að vinna þá grunnvinnu sem nauðsynleg er til að geta greint og kynnt möguleika Skagafjarðar sem valkost fyrir orkufreka iðnaðarstarfsemi. Verkefnið er unnið innan vébanda Hrings hf. í nánu samstarfi við RARIK og aðra hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í 2 ár og að að þeim tíma loknum liggi fyrir allar þarfar upplýsingar.	2.000.000
F-61 ehf., Siglufirði	Auka starfsmöguleika eldri kvenna á Siglufirði með iðnfyrirtæki sem framleiðir kökumix.	500.000
Fáum – Síldarminjasafnið á Siglufirði	Að byggja upp safn um sögu íslensku síldarverksmiðjanna á 20. öld.	1.000.000
	Samtals Norðurland vestra	**5.700.000**
Egill Jónsson hf., Akureyri	Þróun og hönnun á fjöldaframleiddum postulínsfyllingum og þróun og hönnun á skapalóni sem sér um útborun í tennur.	3.000.000
Iðnval ehf. / Elías Þorsteinsson, Akureyri	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2001.	50.000
SxS Cargo Line ehf. / Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Dalvík	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2005.	50.000
Vélfag ehf., Ólafsfirði	Skapa öfluga atvinnueiningu á Eyjafjarðarsvæðinu í þróun, hönnun, smíði og framleiðslu á fiskvinnsluvélum og íhlutum og þjónustu við þær. Markmið er framleiðsla innan lands og útflutningur, atvinnusköpun á landsbyggðinni.	1.500.000
Grýtubakkahreppur	Byggja upp fyrirtæki sem verður sérhæft í fjarvinnslu á heilbrigðissviði.	500.000
Íslenskur harðviður ehf., Húsavík	Að vinna að vöruþróun og markaðssetningu fyrirtækisins sem skilar sér í betra vöruúrvali og sterkari markaðsstöðu á heimsmarkaði.	1.000.000
Landvist ehf., Húsavík	Að skrá fyrirliggjandi heimildir og gögn hjá Þjóðminjasafninu og gera þessi menningarverðmæti aðgengilegri. Að byggja upp þekkingarsetur þar sem þekking og reynsla eflist við skráningu og vinnslu ritaðra heimilda og annarra gagna.	1.500.000
Ragnar L. Þorgrímsson, Húsavík	Að koma á framfæri kennslutæki til að kenna á skemmtilegan hátt tónfræði sem hefur löngum verið óvinsæl grein í tónlistarskólum.	600.000
Sjóferðir Arnars, Húsavík	Varðveisla á varðskipinu Þór og uppsetning minja- og myndasýningar um borð til að vekja athygli á mikilvægi útfærslu landhelginnar á 20. öld og þorskastríðunum.	1.000.000
	Samtals Norðurland eystra	**9.200.000**
Þróunarstofa Austurlands, Austur-Héraði	Efla ferðaþjónustu og annað atvinnulíf á Fljótsdalshéraði. Annars vegar með því að „skapa“ Lagarfljótsorminn þannig að hann geti orðið þungamiðja í uppbyggingu ferðaþjónustu og fleiru á Héraði. Hins vegar gerð markaðsáætlunar fyrir svæðið.	800.000
DIS hf., Egilsstöðum	Að ljúka þróun framleiðsluvöru fyrirtækisins til markaðssetningar fyrir matvælaiðnað. Að þróa og breyta framleiðsluvöru fyrirtækisins til notkunar í gróðurhúsum og gera nauðsynlegar kannanir og rannsóknir í því sambandi. Að vinna að kynningu og markaðssetningu framleiðsluvaranna hérlendis og erlendis.	2.000.000

Umsækjandi	Markmið verkefnisins í hnotskurn	Styrkur
Fræðslunet Austurlands, Egilsstöðum	Leggja grunn að og styrkja möguleika Vopnfirðinga og Bakkfirðinga til að taka að sér fjarvinnsluverkefni með sérstakri áherslu á þátttöku kvenna.	350.000
Lagarfljótsormurinn hf., Egilsstöðum	Bugtin – hafnarsamlag undir hvolfþaki. Markmiðið er að kanna þörfina fyrir frekari afþreyingu á Austurlandi og stuðla að eflingu svæðisins í ferðaþjónustu. Með tilkomu Bugtarinnar verða til fleiri störf og gríðarleg efling í menningargeiranum.	1.000.000
Minjasafn Austurlands, Egilsstöðum	Að koma upp bæjarstæði að fornri fyrirmynd, sem rannsakað hefur verið að hluta með fornleifauppgreftri.	1.000.000
Magnús Gehringer, Egilsstöðum	Framkvæma hagkvæmnisathugun á kræklingaeldi á Íslandi. Stofna fyrirtæki til að þróa kræklingaeldi með útflutning sem markmið og leit að erlendum samstarfsaðilum.	800.000
Stjörnublástur / Helgi Guðjónsson, Seyðisfirði	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2004.	50.000
Hönnun og ráðgjöf, Reyðarfirði	Kanna forsendur og leita fjármagns til stofnunar fyrirtækis sem ynni þróunarstarf með hlýraeldi. Koma á samstarfi innlendra og erlendra aðila sem hafa þekkingu sem nýtist í starfseminni. Stefnt er að að eftir u.þ.b. 5 ár gæti slíkt fyrirtæki staðið undir sér.	1.000.000
Vélgæði / Högni P. Harðarson, Fáskrúðsfirði	Styrkur til þátttöku í Europartenariat í Danmörku í júní 2007.	50.000
	Samtals Austurland	**7.050.000**
Guðrún Birna Smáradóttir, Selfossi	Koma á fót fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á skraut- og gæðasteini unnum úr íslenskum náttúrusteini. Einnig þróun á vinnslukerfi og markaðssetning á steinunum.	200.000
Menningarsjóður um Brydebúð, Vík	Að styrkja grundvöll ferðaþjónustu í Mýrdalshreppi með því að setja upp vandaða sýningu um náttúrufar í Mýrdal og Kötlugos í máli og myndum.	500.000
Kötluvikur ehf., Vík	Ljúka þriðja og síðasta þætti rannsókna á vikri af Mýrdalssandi.	1.500.000
	Samtals Suðurland	**2.200.000**
	Samtals allt landið	**62.400.000**

Fylgiskjal II.

Styrkveitingar Byggðastofnunar árið 1998.

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Austurland				
Þröstur Elliðason	Fiskrækt í Fjarðará	Ræktun og veiði í ám og vötnum	500	Borgarfjörður eystri
Guðbjörg M. Sigmundsdóttir	Keramikverkstæði	Framleiðsla á nytjaleirmunum og skrautmunum	200	Breiðdalshreppur
Þröstur Elliðason	Fiskrækt í Breiðdalsá	Ræktun og veiði í ám og vötnum	500	Breiðdalshreppur
Kvennasmiðjan ehf.	Rekstur Löngubúðar	Framleiðsla á öðrum ótöldum fatnaði og fylgihlutum	400	Djúpavogshreppur
Papeyjarferðir ehf.	Ferðaþjónustubátur	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	400	Djúpavogshreppur

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Héraðsbygg (Kornbændur á Héraði og Búnaðarsamband Austurlands)	Raðsáningarvél og kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Egilsstaðir
Jóhannes Leifsson, JÓD ehf.	Minjagripaframleiðsla	Skartgripasmíði og önnur ótalin gull- og silfursmíði	500	Egilsstaðir
Lagarfljótsormurinn ehf.	Farþegaskip á Lagarfljóti	Samgöngur á vatnaleiðum	300	Egilsstaðir
Jóhann Gísli Jóhannsson	Kjarnfóðurgerð	Framleiðsla húsdýrafóðurs	500	Eiðahreppur
Sandfell glergallerí	Glerverkstæði	Annar gleriðnaður	500	Fáskrúðsfjörður
Egill Guðlaugsson	Vinnsla og markaðssetning á þara	Framleiðsla þörungamjöls	300	Fellahreppur
Magnús Gehringer	Vinnsla og markaðssetning á þara	Framleiðsla þörungamjöls	100	Fellahreppur
Skúli Magnússon	Fashanaeldi	Alifuglarækt	300	Fellahreppur
Helgi Hjálmur Bragason	Rafstöð	Rafmagnsveitur	400	Fljótsdalshreppur
Búnaðarsamband A-Skaftfellinga – Kornsamlag	Kaup á vélbúnaði fyrir kornrækt	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Hornafjörður
Eldsmiðurinn hf.	Sendi- og myndvinnslubúnaður o.fl.	Önnur starfsemi tengd tölvum og gagnavinnslu	500	Hornafjörður
Guðmundur Elíasson	Undirbúningur að plastgluggaverksmiðju	Framleiðsla á byggingarvörum úr plasti	300	Hornafjörður
Fjarðaferðir hf.	Ferðaþjónustubátur	Millilanda- og strandsiglingar	400	Neskaupstaður
Halla Einarsdóttir	Sérframleiðsla og sérmerking fatnaðar	Framleiðsla annarrar ótalinnar textílvöru	300	Reyðarfjörður
Atvinnuþróunarfélag Austurlands	Verkefni, rannsóknir, aðgerðir í byggðamálum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	3.500	Seyðisfjörður
Atvinnuþróunarfélag Austurlands	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.121	Seyðisfjörður
Atvinnuþróunarfélag Austurlands	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður	Atvinnuþróunarátak	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	5.000	Seyðisfjörður
Norðurland eystra				
Kornræktarfélag Þingeyinga, Sig. Hálfdánarson	Kornþreski- og sáningarvél	Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt	800	Aðaldælahreppur
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf.	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	4.113	Akureyri
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf.	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Akureyri
Sjóferðir ehf.	Afþreying í ferðaþjónustu	Millilanda- og strandsiglingar	300	Dalvík
Kornræktarfélagið Akur	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur jarðrækt	800	Eyjafjarðarsveit
Rögnvaldur R. Símonarson	Hestaleiga fyrir fatlaða	Orlofshús, bændagisting, tjaldstæði og önnur aðstaða til stuttrar dvalar	300	Eyjafjarðarsveit
Áslaug Alfreðsdóttir – Gallerí Sól	Samstarfsverkefni um handverksstofu	Önnur smásala í sérverslunum, frh.	300	Grímsey

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	5.008	Húsavík
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Húsavík
Norðursiglingar	Seglskip	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	500	Húsavík
Sjóferðir – Arnar Sigurðsson	Ferðaþjónustuhús í Flatey og markaðssetning	Millilanda- og strandsiglingar	800	Húsavík
Grásíða ehf.	Vöruþróun í vinnslu á laxi	Önnur ótalin fiskvinnsla	300	Keldunes-hreppur
Vélfag ehf.	Þróun á plastbrautum í fiskvinnsluvélar	Framleiðsla og viðhald vélvirkra véla fyrir fiskiðnað og annan matvælaiðnað	300	Ólafsfjörður
Fjallasýn ehf.	Kynning á afþreyingu fyrir ferðamenn	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	400	Reykjahreppur
Félagsbúið Vogum I	Framkvæmdir við ferðamannafjós	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	400	Skútustaða-hreppur
Safnasafnið	Úrbætur á aðgengi fyrir ferðamenn	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Svalbarðs-strönd
Ingibjörg Kristinsdóttir	Aðstaða fyrir hestaferðir og ferðaþjónustu	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	300	Svarfaðardals-hreppur
Norðurland vestra				
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.121	Blönduós
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Blönduós
Saumastofan Eva ehf.	Markaðssetning erlendis	Peysuframleiðsla	500	Blönduós
Halldór Pálsson	Stofnun hestaleigu	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	200	Hvammstangi
Selið ehf.	Ferðaþjónusta	Hótel með veitingasölu	400	Hvammstangi
Sigurður Þorvaldsson og Jóhannes Erlendsson	Bleikjueldi að Ytri-Völlum	Land- og kvíaeldi	500	Hvammstangi
Þreskir ehf.	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Lýtingsstaða-hreppur
Atvinnumálanefnd Sauðárkróks	Forverkefni um niðursuðu á loðnu	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	400	Sauðárkrókur
Guðrún Ósk Hrafnsdóttir	Markaðssetning á vörum úr mokkaskinnum	Framleiðsla á leðurfatnaði	300	Sauðárkrókur
Gunnar Kristinn Þórðarson	Mótorminja- og landbúnaðartækjasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Sauðárkrókur
Sauðárkrókskaupstaður	Innflutningur fyrirtækja á Norðurland vestra	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	600	Sauðárkrókur
Anna S. Hróðmarsdóttir	Stækkun sýningaraðstöðu fyrir listmuni	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Seyluhreppur
Krossaneshestar ehf.	Markaðssetning á íslenska hestinum í Írlandi	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	300	Seyluhreppur
Jón Friðriksson	Markaðssetning í ferðaþjónustu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Viðvíkur-hreppur

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Reykjanes				
Yrki sf.	Kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	800	Kjósarhreppur
Björg – handverkshópur	Þróunarvinna og markaðssetning	Önnur ótalin félagastarfsemi	200	Reykjanesbær
Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.096	Reykjanesbær
Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.121	Reykjanesbær
Sigurður Hólm Sigurðsson	Vöruþróun á vistvænu hreinsiefni	Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum, ilmvatni og snyrtivöru	500	Reykjanesbær
Vatnahöllin ehf.	Eldi á skrautfiskum	Ótilgreind starfsemi	400	Vogar
Reykjavík				
Byggðastofnun	Sameiginleg verkefni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.153	Reykjavík
Dalaleir – Dalabyggð	Tilraunavinnsla á leir	Framleiðsla á flísum og hellum úr leir og postulíni	700	Reykjavík
Fagráð textíliðnaðarins	Þriggja ára átaksverkefni í textíliðnaði	Vefnaður	1.000	Reykjavík
Jarðfræðistofan Ekra	Könnun á geislasteinum	Jarðfræðilegar rannsóknir og könnun jarðefna	300	Reykjavík
Samband íslenskra sveitarfélaga	Fjarkennsla í fámennum skólum	Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar	1.500	Reykjavík
Verkefni um jarðhitaleit	Jarðhitaleit á köldum svæðum	Jarðfræðilegar rannsóknir og könnun jarðefna	10.000	Reykjavík
Suðurland				
Ólafur Tómasson	Borun eftir heitu vatni	Hitaveitur	600	Austur-Eyjafjallahreppur
Samtök um varðveislu Seljavallalaugar	Varðveisla gamallar laugar	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	200	Austur-Eyjafjallahreppur
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.096	Árborg
Kornræktarfélagið AX	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	800	Hella
Skógræktarfél. Rangæinga	Lagfæring á umhverfi Þverár og fiskræktar	Leiga á landi og landréttindum	500	Hvolsvöllur
Veiðifélag Þverár	Lagfæring á umhverfi Þverár og fiskræktar	Leiga á landi og landréttindum	500	Hvolsvöllur
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.274	Selfoss
Bjarni Harðarson	Þjóðmenningarkort af Suðurlandi	Bókaútgáfa án starfrækslu eigin prentsmiðju	200	Selfoss
Kirkjubæjarstofa	Rannsóknarsetur	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Skaftárhreppur

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Kornvellir sf.	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Skaftárhreppur
Þróunarfélag Vestmannaeyja	Efling atvinnu fyrir starfsorkuskertar konur	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	200	Vestmanna-eyjar
Þróunarfélag Vestmannaeyja	Hagnýting upplýsinga-tækni á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Vestmanna-eyjar
Þróunarfélag Vestmannaeyja	Fjarfundabúnaðar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Vestmanna-eyjar
Búnaðarfélög A- og V-Eyfellinga	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Vestur-Eyja-fjallahreppur
Þingvallavatnssiglingar ehf.	Siglingar með ferða-menn	Samgöngur á vatnaleiðum	200	Þingvalla-hreppur
Vestfirðir				
Gunnsteinn Gíslason	Vatnsöflun fyrir grá-sleppuverkun	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	100	Árneshreppur
Hólsvélar ehf.	Þróun á leikföngum úr timbri og járni	Leikfangagerð	200	Bolungarvík
Ragnar Jakobsson	Ferðaþjónusta í Reykja-firði	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	400	Bolungarvík
Reimar Vilmundarson	Ferðaþjónustubátur	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	400	Bolungarvík
Kaupfélag Hrútfirðinga – Samstarfshópur um endurbyggingu Riis-húss	Endurbygging Riis-húss á Borðeyri	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Bæjarhreppur
Sveinn Karlsson	Þróun á hestaflutninga-kerrum	Smíði yfirbygginga og fram-leiðsla tengi- og aftanívagna	200	Bæjarhreppur
Héraðsnefnd Strandasýslu	Verkefni í ferðaþjónustu og þjóðmenningu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	300	Hólmavíkur-hreppur
Magnús H. Magnússon	Endurbætur á gamla félagsheimilinu	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Hólmavíkur-hreppur
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.121	Ísafjarðarbær
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Verkefni, rannsóknir, að-gerðir í byggðamálum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	3.500	Ísafjarðarbær
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	2.191	Ísafjarðarbær
Bátasmiðja Vestfjarða	Vöruþróun á afgangs-efnum úr plasti	Önnur ótalin plastvöru-framleiðsla	200	Ísafjarðarbær
Edinborgarhúsið ehf.	Endurbætur á Edin-borgarhúsinu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Ísafjarðarbær
Elísabet A. Pétursdóttir	Handverk og tjaldstæði	Önnur ótalin félagastarfsemi	200	Ísafjarðarbær
Ferðamálasamtök Vest-fjarða og Atvinnuþróun-arfélag Vestfjarða hf.	Stikun og merking gönguleiða	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	200	Ísafjarðarbær
Finnbogi Hermannsson	Heimildarmynd um heimarafstöðvar	Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	400	Ísafjarðarbær
Guðrún Kristjánsdóttir	Ferðaþjónustubátur	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	400	Ísafjarðarbær
Konráð Eggertsson	Ferðaþjónustubátur	Millilanda- og strandsiglingar	400	Ísafjarðarbær

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Kristín Auður Elíasdóttir	Stofnun hestaleigu	Önnur ótalin tómstunda-starfsemi	200	Ísafjarðarbær
Steinar og Málmar	Þróun og markaðssetn-ing handverks	Steinsmíði	200	Ísafjarðarbær
Önfirðingafélagið í Reykjavík	Undirbúningur að minja-safni á Flateyri	Önnur ótalin félagastarfsemi	200	Ísafjarðarbær
Einar Hafliðason	Afþreying í ferðaþjón-ustu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Reykhóla-hreppur
Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf.	Sundlaug og tjaldstæði	Bændagisting, orlofshúsa-svæði og önnur ótalin gisting	200	Súðavík
Leikjaland ehf.– Lilja Magnúsdóttir o.fl.	Afþreying í ferðaþjón-ustu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Tálknafjörður
Ásgerður Emma Kristjánsd.	Sláturhús	Sauðfjárrækt	17	Vesturbyggð
Bríet Böðvarsdóttir	Sláturhús	Sauðfjárrækt	24	Vesturbyggð
Einar Sigurbrandsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	44	Vesturbyggð
Eiríkur Björnsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	175	Vesturbyggð
Guðbjörg Ásgeirsdóttir	Sláturhús	Sauðfjárrækt	3	Vesturbyggð
Guðjón Benediktsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	64	Vesturbyggð
Guðjón Bjarnason	Sláturhús	Sauðfjárrækt	642	Vesturbyggð
Hilmar Össurarson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	63	Vesturbyggð
Jóhannes Ólafsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	47	Vesturbyggð
Júlíus Reynir Ívarsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	43	Vesturbyggð
Keran St. Ólason	Sláturhús	Sauðfjárrækt	516	Vesturbyggð
Kristinn Egilsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	5	Vesturbyggð
Minjasafn Egils Ólafssonar	Sýningaraðstaða	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Vesturbyggð
Óli Ingvarsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	16	Vesturbyggð
Páll Jakobsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	15	Vesturbyggð
Pétur Sigurðsson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	106	Vesturbyggð
Rannveig Haraldsdóttir	Vöruþróun á jurtakremi	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	200	Vesturbyggð
Sigurþór Þórisson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	533	Vesturbyggð
Sveinn Þórðarson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	107	Vesturbyggð
Vesturbyggð – Atvinnu-málanefnd	Rannsóknir á vatnsöflun í landi Brjánslækjar	Vatnsveitur	500	Vesturbyggð
Vélsmiðjan Logi ehf.	Þróun á kúttunaraðstöðu	Almenn málmsmiðjuþjónusta og blikksmíði	300	Vesturbyggð
Þorbjörn Pétursson	Sláturhús	Sauðfjárrækt	80	Vesturbyggð
Vesturland				
Trico ehf.	Þróunarkostnaður á eld-varnarsokkum	Sokkaframleiðsla	400	Akranes
Þorgeir og Ellert hf.	Markaðssetning á laus-frysti	Skipasmíði og skipaviðgerðir	1.000	Akranes
Ullarselið	Hönnun og markaðs-setning á peysum	Forvinnsla og spuni á textíl-trefjum	200	Andakíls-hreppur
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Atvinna – ferðamál, sérstakir samningar	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.121	Borgarbyggð

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Fjarfundabúnaður	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.095	Borgarbyggð
Eiríksstaðanefnd – Dalabyggð	Endurreisn Eiríksstaða	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Dalabyggð
Handverkshópurinn Bolli	Handverkshús	Gjafavöruverslun	400	Dalabyggð
Hilmar Jón Kristinsson	Ferðaþjónustubátur	Millilanda- og strandsiglingar	400	Dalabyggð
Kristinn B. Jónsson	Endurbætur á gömlu verslunarhúsi	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Dalabyggð
Búhöldur ehf.	Kaup á kornþreskivél	Kornrækt, grasrækt og önnur ræktun, þó ekki kartöflurækt	1.000	Innri-Akraneshreppur
Árni Ingvarsson og Ágústa Þorvaldsd.	Aðstaða fyrir járnsmíði og ánamaðkaræktun	Almenn málmsmiðjuþjónusta og blikksmíði	200	Lundarreykjadalshreppur
Handverkshópurinn Úa	Handverkshús	Önnur ótalin félagastarfsemi	200	Snæfellsbær
Gamla kirkjan í Stykkishólmi	Endurbygging gamallar kirkju	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	200	Stykkishólmur
Samtals			**144.106**	

Styrkveitingar Byggðastofnunar árið 1999.

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Austurland				
Skúli Sveinsson	Markaðssetning í ferðaþjónustu	Hótel og gistiheimili án veitingasölu	200	Bakkafjörður
Borgarfjarðarhreppur	Gangbraut og útsýnispallur í Hafnarhólma	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ferðaþjónusta	300	Borgarfjörður
Ferðamálahópurinn Borgarfirði eystri	Endurbætur og merking gönguleiða	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Borgarfjörður
Jón Sigurðsson, Veiðifélag Fjarðarár	Fiskrækt	Ræktun og veiði í ám og vötnum	500	Borgarfjörður
Elís P. Sigurðsson	Skemmtisiglingar	Samgöngur á vatnaleiðum	500	Breiðdalsvík
Steinþór Björnsson	Heimilisrafstöð	Rafmagnsveitur	500	Djúpivogur
Aðalsteinn Hákonarson f.h. áhugahóps um Hrafnkelssögu	Merking á sögustöðum Hrafnkelssögu Freysgoða	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Egilsstaðir
Bláfeldur ehf.	Fóðurstöð í loðdýrarækt	Loðdýrabú	300	Egilsstaðir
Davíð Jóhannesson	Þróun minjagripa úr silfri og íslenskum steinum	Skartgripasmíði og önnur ótalin gull- og silfursmíði	200	Egilsstaðir
Karl Jóhannsson, Fóðurstöðin Þrándarstöðum	Fóðurstöð í loðdýrarækt	Loðdýrabú	310	Egilsstaðir
Magnús Gehringer	Viðskiptaáætlun fyrir kræklingaeldi	Eldi sjávardýra	200	Egilsstaðir
Minjasafn Austurlands	Endurgerð torfkirkju frá Þjóðveldisöld	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Egilsstaðir
Óperustúdío Austurlands	Sýningar á „Töfraflautunni“	Önnur ótalin félagastarfsemi	500	Egilsstaðir
Randalín ehf. og Eik sf.	Vöruþróun á nytjahlutum úr íslenskum trjávið	Framleiðsla annarrar viðarvöru	200	Egilsstaðir

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Skúli Magnússon, Þernuklettur ehf.	Tilraunaeldi á fashönum	Alifuglarækt	300	Egilsstaðir
Tindafell ehf.	Fóðurstöð í loðdýrarækt	Loðdýrabú	390	Egilsstaðir
Væntanlegt hlutafélag, Örn Þórðarson o.fl.	Þróun á tilbúnum réttum	Kjötiðnaður	300	Egilsstaðir
Þróunarfélag Austurlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	16.112	Egilsstaðir
Þróunarfélag Austurlands	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Egilsstaðir
Fjarðabyggð	Ferðaþjónusta við Helgustaðanámu	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Eskifjörður
Átakshópur um gönguleiðir, Sigurlaug Gissurardóttir	Merking gönguleiða í A-Skaftafellssýslu	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Höfn
Flateyjarfóður ehf.	Kjarnfóðurgerð	Framleiðsla húsdýrafóðurs	1.000	Höfn
Ferðafélag fjarðamanna, Austfjörðum	Göngukort og merking gönguleiða	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Neskaupstaður
Eignarhaldsfélag Austurlands	Stofnkostnaður eignarhaldsfélaga	Rekstur eignarhaldsfélaga	900	Reyðarfjörður
Þröstur Elliðason	Fiskrækt í Breiðdalsá	Ræktun og veiði í ám og vötnum	700	Reykjavík
Skaftfell, menningarmiðstöð á Seyðisfirði	Menningarstarf	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	800	Seyðisfjörður
Upplýsingamiðstöð ferðamála	Verkefnið „Aldamótabærinn Seyðisfjörður“	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Seyðisfjörður
Arthur Pétursson	Heimilisrafstöð	Rafmagnsveitur	500	Vopnafjörður
Svanur Arthúrsson	Heimilisrafstöð	Rafmagnsveitur	500	Vopnafjörður
Norðurland eystra				
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	8.916	Akureyri
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Akureyri
Einar Áskelsson og fleiri	Viðskiptaáætlun um kvikmyndafyrirtæki	Framleiðsla kvikmynda og myndbanda	300	Akureyri
Ferðaþjónusta Akureyrar ehf.	Sýning á handverki og ferðaþjónustu	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	300	Akureyri
Félag um varðveislu húsa á Möðruvöllum, Þóroddur Sveinsson	Varðveisla sögulegra minja	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Akureyri
Háskólinn á Akureyri	Kaup á fjarfundabúnaði	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi	5.000	Akureyri
Safnasafnið	Leikfangasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Akureyri
Tækifæri ehf.	Stofnkostnaður eignarhaldsfélaga	Rekstur eignarhaldsfélaga	6.000	Akureyri
Hríseyjarhreppur	Ráðgjöf í atvinnumálum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	916	Hrísey

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Hríseyjarhreppur	Ráðgjöf í atvinnumálum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.481	Hrísey
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	6.204	Húsavík
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Húsavík
Hákon Gunnarsson	Meðferðarheimili	Heimili fyrir börn og unglinga	300	Húsavík
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Hvalamiðstöð	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Húsavík
Samgönguminjasafnið Ystafelli	Samgönguminjasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Húsavík
Almenna vörusalan ehf.	Yfirbygging á slökkvi- og sjúkrabíla	Smíði yfirbygginga og framleiðsla tengi- og aftanívagna	500	Ólafsfjörður
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	Hönnun baðaðstöðu	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	300	Reykjahlíð
Eldá ehf.	Aðstaða fyrir fuglaskoðara	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Reykjahlíð
Eyþór Atli Jónsson	Skemmtibátaleiga	Samgöngur á vatnaleiðum	300	Þórshöfn
Norðurland vestra				
Ferðamálafélag A-Húnavatnssýslu	Kortlagning á gönguleiðum	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Blönduós
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	12.118	Blönduós
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Skráning menningarauðlinda	Rannsóknir og þróunarstarf í raun- og tæknivísindum	300	Blönduós
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Blönduós
Óstækni ehf., Guðbjartur Á. Ólafsson	Tæknistofa	Starfsemi arkitekta og verkfræðinga og skyld ráðgjöf	300	Blönduós
Saumastofan Eva ehf.	Framleiðsla á vörum úr tjalddúk	Seglagerðir	300	Blönduós
Staðarflöt ehf. og Staðarskáli ehf.	Framkvæmdir við golfvöll	Rekstur íþróttamannvirkja	300	Brú
Vegvísar ehf.	Upplýsingar á internetinu	Rekstur gagnabanka	200	Hofsós
Friðrik Jóhannsson	Orlofsheimili fyrir fatlaða	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting	300	Hvammstangi
Gauksmýri, Jóhann Albertsson	Hestamiðstöð fyrir erlenda ferðamenn	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	300	Hvammstangi
Víðigerði ehf.	Sumarmarkaður fyrir ferðamenn	Hótel og gistiheimili án veitingasölu	300	Hvammstangi
Bjarni Jónsson o.fl. v. sjóbleikjuverkefna	Nýtingarátak í sjóbleikjuveiði	Ræktun og veiði í ám og vötnum	300	Sauðárkrókur
Björn Björnsson og Hilmar Sverrisson	Geisladiskur um ferðaþjónustu í Skagafirði	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	300	Sauðárkrókur
Byggðastofnun, eignarhaldsfélög	Stofnkostnaður eignarhaldsfélaga	Rekstur eignarhaldsfélaga	4.960	Sauðárkrókur

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Jón Eiríksson	Grettislaugar, sjóbúð og fleira	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Sauðárkrókur
Kvenfélag Sauðárkróks	Afþreyingarverkefni	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Sauðárkrókur
Sigurður Friðriksson, Ferðaþjónustan Bakkaflöt	Ferðaþjónusta að vetri	Hótel og gistiheimili án veitingasölu	300	Sauðárkrókur
Tilda ehf.	Tilraunaframleiðsla á niðursoðinni loðnu	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	500	Sauðárkrókur
Ferðamálasamtök Siglufjarðar	Gönguleiðakort, merkingar o.fl.	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	300	Siglufjörður
Félag áhugamanna um minjasafn	Síldarminjasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Siglufjörður
Kántrýbær ehf.	Útvarpssendir í Skagafirði	Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	200	Skagaströnd
Reykjanes				
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.	Stofnkostnaður eignarhaldsfélaga	Rekstur eignarhaldsfélaga	3.000	Keflavík
Jónas Pétursson	Laxfiskasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Keflavík
Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Keflavík
Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	9.120	Keflavík
Sjóskoðun ehf.	Sjóskoðunarferðir	Millilanda- og strandsiglingar	300	Njarðvík
Sæbýli hf.	Umhverfisvæn þaraöflun	Eldi sjávardýra	500	Vogar
Reykjavík				
Atvinnuráðgjafar	Sameiginleg verkefni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.160	Reykjavík
Fagráð textíliðnaðarins	Átaksverkefni í textíliðnaði	Framleiðsla á fatnaði, þó ekki leðurfatnaði, og fylgihlutum	500	Reykjavík
Iðntæknistofnun	Ferðaþjónustuverkefni	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	500	Reykjavík
Sæblóm ehf.	Tækniyfirfærsla á kræklingaeldi	Eldi sjávardýra	500	Reykjavík
Sögusmiðjan	Handbók í menningartengdri ferðaþjónustu	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	300	Reykjavík
Suðurland				
Erlingur Gíslason, Toppferðir	Snjóbílaferðir á Heklu og nágrenni	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	300	Hella
Glerverksmiðjan Samverk ehf.	Þróun á hertu gleri	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	200	Hella
Gústav Stolzenwald og Þorbjörg Atladóttir	Nýr gönguleið úr Landmannalaugum	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	300	Hella
Eygló Pétursdóttir og Stefán Ólafsson	Einangrunarstöð fyrir gæludýr	Þjónusta við búfjárrækt önnur en dýralækningar	500	Hveragerði

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Denis Arnsdorf Pedersen	Hundasleðaferðir	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	300	Hvolsvöllur
Tindfjöll ehf.	Bátsferðir á Markarfljóti	Samgöngur á vatnaleiðum	300	Hvolsvöllur
Bjarni Jón Matthíasson	Ferðaþjónustubátur	Samgöngur á vatnaleiðum	500	Kirkjubæjarklaustur
Kirkjubæjarstofa	Uppbygging safnsins	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Kirkjubæjarklaustur
Skaftárhreppur	Atvinnumál	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	2.000	Kirkjubæjarklaustur
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	15.116	Selfoss
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Almenningur á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Selfoss
Auglýsingastofan Alvís ehf., Útvarp Suðurlands	Einkarekið svæðisútvarp	Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	300	Selfoss
Bátafólkið ehf.	Tjaldstæði og hreinlætisaðstaða	Samgöngur á vatnaleiðum	500	Selfoss
Björgúlfur Eyjólfsson	Stækkun vatnsaflsvirkjunar	Rafmagnsveitur	300	Selfoss
Borgarþróun ehf.	Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftafræðum	Rannsóknir og þróunarstarf í raun- og tæknivísindum	500	Selfoss
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	Stofnkostnaður eignarhaldsfélaga	Rekstur eignarhaldsfélaga	3.000	Selfoss
Fjalla-Eyvindur og Halla, áhugahópur	Kynningarverkefni	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	200	Selfoss
Garðyrkjustöðin Sunna	Vinnsla á lífrænt ræktuðu grænmeti	Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis	200	Selfoss
Guðrún Birna Smáradóttir	Steinavinnsla	Steinsmíði	200	Selfoss
Helgi Sveinbjörnsson	Dýragarður	Rekstur grasagarða, dýragarða og þjóðgarða	500	Selfoss
Laugardalshreppur	Merking á gönguleiðum	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Selfoss
Fiska- og náttúrugripasafn Vestmannaeyja	Fjarmyndavélar í fuglabjörgum	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Vestmannaeyjar
BVT ehf.	Tölvu-, bókhalds- og verkfræðistofa	Bókhaldsþjónusta, endurskoðun og skattaráðgjöf	1.000	Vík
Kötluvikur ehf.	Rannsóknir á vikri	Malar- og sandnám; vikurnám	300	Vík
Menningarfélag um Brydebúð	Sýning um náttúrufar og Kötlugos	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Vík
Mýrdalshreppur	Atvinnumál	Almenn stjórnsýsla og löggjöf	2.000	Vík
Rumska ehf.	Húsakaup af Byggðastofnun	Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð	4.100	Vík
Sigfríður Óskarsdóttir	Aðstöðuhús við tjaldstæði	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	200	Þorlákshöfn

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Vestfirðir				
Jón S. Bjarnason	Nytjahlutir úr smíðajárni	Önnur ótalin málmsmíði og viðgerðir	200	Bíldudalur
Ólafur Gíslason	Listasafn Samúels Jónssonar í Selárdal	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	200	Bíldudalur
Geir Guðmundsson	Útgáfa gamalla póstkorta	Önnur útgáfustarfsemi	50	Bolungarvík
Hólsvélar ehf.	Leikfangagerð	Leikfangagerð	300	Bolungarvík
Jakob Ragnarsson	Fyrirtæki um plast-viðgerðir	Framleiðsla á plastvörum til nota í sjávarútvegi	200	Bolungarvík
Samstarfshópur um endurbyggingu Riis-húss, Kaupfélag Hrútfirðinga	Endurbygging Riis-húss á Borðeyri	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Brú
Óskar Friðbjarnarson	Vöruþróun í hákarls-vinnslu	Harðfiskverkun	300	Hnífsdalur
Héraðsnefnd Strandasýslu	Galdrasafn- og sýningar	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Hólmavík
Þórður Halldórsson	Markaðssetning á hesta-ferðum	Önnur ótalin tómstundastarf-semi	200	Hólmavík
Atvinnuþróunarf. Vestfjarða hf.	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	16.112	Ísafjörður
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Menning á landsbyggð-inni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Ísafjörður
Áslaug Jóh. Jensdóttir	Endurbætur á „Faktors-húsinu“	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Ísafjörður
Ferðamálasamtök Vestfjarða	Merking gönguleiða og sögustaða	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Ísafjörður
Ísafjarðarbær	Ráðgjöf í atvinnumálum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.604	Ísafjörður
Snerpa ehf.	Starfsaðstaða í Vestur-byggð	Viðhald og viðgerðir á skrif-stofu- og bókhaldsvélum og tölvum	200	Ísafjörður
Sumarmenning á Ísafirði	Sumarkvöld í Neðsta-kaupstað	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	200	Ísafjörður
Hótel Djúpavík ehf.	Söguminjasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Kjörvogur
Guðjón D. Gunnarsson	Þróun á þangáburði	Framleiðsla þörungamjöls	200	Króksfjarðar-nes
Kaupfélag Króksfjarðar vegna bænda	Kynnisferð	Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts, þó ekki alifuglakjöts	175	Króksfjarðar-nes
Ólafur Sigurvinsson	Rammaiðja	Framleiðsla annarrar viðar-vöru	75	Króksfjarðar-nes
Íslensk miðlun Vesturbyggð ehf.	Símamiðstöð	Skrifstofuþjónusta	500	Patreksfjörður
Kristinn Þór Egilsson	Heimilisrafstöð	Rafmagnsveitur	500	Patreksfjörður

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Minjasafn Egils Ólafssonar	Sýningaraðstaða	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	200	Patreksfjörður
Páll Hauksson	Fyrirtæki um plastviðgerðir	Framleiðsla á plastvörum til nota í sjávarútvegi	200	Patreksfjörður
Ragnheiður Magnúsdóttir	Heimilisrafstöð	Rafmagnsveitur	500	Patreksfjörður
Vesturbyggð	Borun eftir vatni í landi Brjánslækjar	Vatnsveitur	300	Patreksfjörður
Minningarsjóður Sigvalda Kaldalóns	Minnisvarði um tónskáldið á Nauteyri	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Reykjavík
Jón Friðrik Jóhannsson o.fl.	Ferðaþjónusta í Grunnuvík	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting	300	Suðureyri
Leikjaland ehf.	Afþreying í ferðaþjónustu	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	200	Tálknafjörður
Kristín Elíasdóttir	Hestaleigu	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	200	Þingeyri
Vesturland				
Jón Þorsteinsson ehf.	Niðursuða á kúfiski	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	500	Akranes
Listasmiðjan Hugur og hönd ehf.	Leirbrennsluofn	Listmuna- og listaverkaverslun; gallerí	200	Akranes
Skaginn hf.	Vinnslubúnaður fyrir loðnuþurrkun	Framleiðsla og viðhald vélvirkra véla fyrir fiskiðnað og annan matvælaiðnað	300	Akranes
Steinaríki Íslands, Þorsteinn Þorleifsson	Steinasafn	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Akranes
Viðar Magnússon	Þróun á eldvarnarsokkum	Sokkaframleiðsla	300	Akranes
Þórarinn Þórarinsson	Þróun á skurðafræsara	Þjónusta við jarðyrkju	500	Akranes
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	10.120	Borgarnes
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Menning á landsbyggðinni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.000	Borgarnes
Fóðurstöðvar í loðdýrarækt	Fóðurstöð í loðdýrarækt	Loðdýrabú	4.000	Borgarnes
Hótel Borgarnes hf.	Þróunarverkefnið „Söguferðir“	Hótel og gistiheimili án veitingasölu	200	Borgarnes
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	Hlutafjárframlag Byggðastofnunar	Rekstur eignarhaldsfélaga	28.541	Borgarnes
Dalabyggð	Skýrsla um stöðu byggðar	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	500	Búðardalur
Ferðamálafélag Dala og Reykhólahrepps	Sjónskífa á Klofningsfjall	Rekstur ferðaskrifstofa og önnur ótalin ferðaþjónusta	200	Búðardalur
Jón Þór Kjartansson	Þjónustuhúsnæði fyrir ferðamenn	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Búðardalur
Saumastofan Saumur ehf.	Markaðsátak	Framleiðsla textílvöru til heimilis- og innanhússnota	500	Búðardalur
Sigríður B. Karlsdóttir o.fl.	Grásleppuverkun	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	500	Búðardalur

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Skjöldur Orri Skjaldarson	Markaðsstarf erlendis á hestaferðum	Önnur ótalin tómstundastarfsemi	300	Búðardalur
Trésmiðja Kára Lárussonar	Þjónustu- og snyrtihús	Framleiðsla einingahúsa og byggingareininga úr viði og öðrum efniviði	300	Búðardalur
Þórunn Hilmarsdóttir	Dúnhreinsun	Þjónusta við búfjárrækt önnur en dýralækningar	500	Búðardalur
Símon Sigurmonsson o.fl.	Golfvöllur	Rekstur íþróttamannvirkja	200	Ólafsvík
Snæfellsássamfélagið	Ferðaþjónusta	Hótel og gistiheimili án veitingasölu	200	Ólafsvík
Langjökull ehf.	Íshellir í Langjökli	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Reykholt
Samtals			**214.480**	

Styrkveitingar Byggðastofnunar árið 2000.

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Austurland				
Áki ehf.	Skemmtisiglingar	Samgöngur á vatnaleiðum	500	Breiðdalsvík
Þróunarfélag Austurlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	16.120	Egilsstaðir
Þróunarverkefni í ferðaþjónustu á Austurlandi	Flug frá Þýskalandi til Egilsstaðaflugvallar	Leiguflug og þjónustuflug	2.500	Egilsstaðir
Hornafjarðarbær, Jöklasýning í Hornafirði	Jöklasýningar	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Höfn
Óperustúdíó Austurlands	Sýningar á óperum	Önnur ótalin félagastarfsemi	700	Reyðarfjörður
Veiðiþjónustan Strengir	Markaðssetning og fiskrækt í Breiðdalsá	Leiga á landi og landréttindum	1.200	Reykjavík
Norðurland eystra				
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.	Atvinnuráðjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	8.916	Akureyri
Baldur Snorrason og Víðir Björnsson	Kræklingaeldi	Eldi sjávardýra	300	Akureyri
Byggðarannsóknastofnun Íslands	Rannsóknaverkefni	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	3.000	Akureyri
Háskólinn á Akureyri	Ráðstefna um byggðaþróun	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	700	Akureyri
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	6.204	Húsavík
Norðurland vestra				
Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	15.120	Blönduós
Byggðasafn Skagfirðinga	Viðgerðir á gamla bænum í Glaumbæ	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	1.000	Varmahlíð

Styrkþegi	Verkefni	Atvinnugrein	Þús. kr.	Bæjarfélag
Reykjanes				
Halldór P. Eydal, Grunnvíkingur	Málun Staðarkirkju í Grunnavík	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	300	Kópavogur
Reykjavík				
Atvinnuráðgjafar	Sameiginleg verkefni	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	1.160	Reykjavík
Byggðaráðgjöf ehf.	Flutningur á fjarvinnsluverkefnum	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	300	Reykjavík
Jarðhitaverkefni	Jarðhitaleit	Vatnsveitur	10.000	Reykjavík
Markhúsið ehf.	Hlutafjárframlag Byggðastofnunar	Gagnavinnsla	10.000	Reykjavík
Suðurland				
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	15.120	Selfoss
Vestfirðir				
Magnús Ó. Hansson	Málþing um sérkenni Vestfirðinga	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	600	Bolungarvík
Vilmundur Reimarsson	Bygging gistiskála á Hornströndum	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting	300	Bolungarvík
Strandagaldur s.e.s.	Galdrasýningar á Ströndum	Rannsóknir og þróunarstarf í félags- og hugvísindum	1.000	Hólmavík
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	16.120	Ísafjörður
Einar V. Skarphéðinsson	Markaðssetning á renndum munum úr tré	Framleiðsla annarrar viðarvöru	500	Patreksfjörður
Minjasafn Egils Ólafssonar	Útvarps- og myndkerfi	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Patreksfjörður
Önfirðingafélagið í Reykjavík	Framkvæmdir við menningarsetur	Önnur ótalin félagastarfsemi	2.000	Stokkseyri
Vélsmiðja GJS	Varðveisla á elstu vélsmiðju landsins	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Þingeyri
Vesturland				
Steinaríki Íslands, Þorsteinn Þorleifsson	Flutningur á safninu	Starfsemi annarra safna og varðveisla sögulegra staða og bygginga	500	Akranes
Atvinnuráðgjöf Vesturlands	Atvinnuráðgjöf	Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði	15.120	Borgarnes
Kristinn B. Jónsson	Endurbætur á gömlu verslunarhúsi	Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi	500	Búðardalur
Samtals			**131.280**	

Styrkveitingar Byggðastofnunar eftir landshlutum 1998–2000.

	1998		1999		2000		1998–2000	
	Þús. kr.	Fjöldi	Þús. kr.	Fjöldi	Þús. kr.	Fjöldi	Þús. kr.	Fjöldi
Austurland	27.116	23	28.012	29	21.520	6	76.648	58
Norðurland eystra	17.011	17	34.317	19	19.120	5	70.448	41
Norðurland vestra	15.316	14	23.478	21	16.120	2	54.914	37
Reykjanes	12.117	6	14.220	6	300	1	26.637	13
Reykjavík	14.653	6	2.960	5	21.460	4	39.073	15
Suðurland	18.165	15	35.316	28	15.120	1	68.601	44
Vestfirðir	24.512	46	25.816	30	21.520	8	71.848	84
Vesturland	15.216	13	50.361	22	16.120	3	81.697	38
Samtals	**144.106**	**140**	**214.480**	**160**	**131.280**	**30**	**489.866**	**330**

Fylgiskjal III.

Styrkir úr Kísilgúrsjóði 1998, 1999 og 2000.

Flokkar: Kvk: Kvennaverkefni F: Fyrirtæki
Kk: Karlaverkefni S: Stofnun eða félag

Styrkþegi	Verkefni	Kr.	Fl.
1998			
Höfðaver ehf. Húsavík	Búa hefðbundinn íslenskan eikarbát skútureiða til notkunar í ferðaþjónustu	500.000	F
Ólöf Hallgrímsdóttir Vogum Skútustaðahreppi	Koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn við nýbyggt fjós til kynningar á íslenskum landbúnaði	500.000	Kvk
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík	Styrkur til að halda atvinnuvegasýninguna Stórþing 1998	200.000	S
Eldá ehf. Bjargi Skútustaðahreppi	Styrkur til að koma upp aðstöðu fyrir fuglaskoðara við Mývatn	150.000	F
Kornræktarfélag Þingeyinga Hálsi Ljósavatnshreppi	Styrkur til stuðnings kornrækt í Þingeyjarsýslu	300.000	S
Menningarsjóður þingeyskra kvenna	Styrkur til menningarstarfsemi	100.000	S
Samgönguminjasafnið Ystafelli Ljósavatnshreppi	Samgönguminjasafnið Ystafelli, uppbygging	1.000.000	S
Agnar Kári Sævarsson Húsavík	Styrkur til áhaldakaupa vegna smíði ýmissa skrautmuna úr járni	130.000	Kk
Markaðsskrifstofa Norðurlands Staðarhóli Aðaldal	Styrkur til útgáfu kynningarefnis um ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu	400.000	F
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík	Verkefnið er að skilgreina þátt kvenna í atvinnulífinu, og auka þátt þeirra í því	500.000	S
Iðnaðarráðuneytið	Mat á umhverfisþáttum kísilduftsverksmiðju	650.000	S
Malisa Pálsdóttir Húsavík	Nám í jóga í Bandaríkjunum	100.000	Kvk
1999			
Meðferðarheimilið Árbót Aðaldal	Að stofna meðferðarheimili fyrir unglinga á Bergi í Aðaldal sem viðbót við heimilið í Árbót	400.000	S
Jóhann F. Kristjánsson Vogum Skútustaðahreppi	Kanna hagkvæmni þess að frostþurrka matvæli með gufu og gera forathugun á markaði fyrir frostþurrkuð matvæli	185.000	Kk
Samstarfshópur um stofnun Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga	Undirbúningsvinna við stofnun Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga	250.000	S

Styrkþegi	Verkefni	Kr.	Fl.
Birkir Fanndal Haraldsson o.fl. í Skútustaðahreppi	Stofnun og uppsetning minjasafns að Skútustöðum	500.000	S
Ómar Örn Jónsson o.fl. Húsavík	Markaðssetning og undirbúningur að stofnun kajakaleigu á Húsavík	150.000	Kvk
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Orkuveita Húsavíkur	Markaðssetja Þingeyjarsýslu erlendis með auglýsingu í erlendu fagtímariti	200.000	S
Handverkshópurinn Dyngjan Arnarvatni	Uppbygging handverkshúss í Skútustaðahreppi	500.000	Kvk
Íslenskur harðviður Húsavík	Markaðssetning á parketi frá harðviðarþurrkuninni á Húsavík	1.000.000	F
Markaðsskrifstofa Norðurlands Staðarhóli Aðaldal	Gerð kynnisefnis og markaðssetning á Þingeyjarsýslu fyrir erlenda ferðamenn	300.000	F
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík	Styrkur til að greiða kostnað við að flytja fyrirtæki í matvælaframleiðslu frá Kópavogi til Húsavíkur	500.000	S
2000			
Netleit ehf. Óskar Jóhannsson Laugarbrekku Húsavík	Stofnun og markaðssetning fyrirtækis sem veitir leitarþjónustu og vaktar ákveðnar upplýsingar á veraldarvefnum	300.000	F
Sögin ehf. Stóru-Reykjum Reykjahreppi	Þróa ýmsa hluti úr límtré	500.000	F
Tækniþing Húsavík	Forkönnun á hagkvæmni þess að markaðssetja svo nefnda kalinatækni við framleiðslu á rafmagni með gufu og heitu vatni	500.000	F
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Framhaldsstyrkur vegna flutnings matvælafyrirtækis frá Kópavogi til Húsavíkur	500.000	S
Ferðafélag Akureyrar	Bygging Þjónustuhúss við Dreka í Dyngjufjöllum	250.000	S
Hvalamiðstöðin á Húsavík	Flutningur Hvalamiðstöðvarinnar í nýtt húsnæði	500.000	S
Birkir Fanndal Haraldsson o.fl. Skútustaðahreppi	Framhaldsstyrkur vegna uppsetningar Mývatnssafns á Skútustöðum	300.000	S
Netleit ehf. Óskar Jóhannsson Húsavík	Kaup á forriti og markaðssetning á vöktun útboða á Evrópskra efnahagssvæðinu	250.000	F
Samgönguminjasafnið Ystafelli Ljósavatnshreppi	Útgáfa kynningarbæklings og önnur markaðssetning Samgönguminjasafnsins Ystafelli	400.000	S
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Kornræktarfélag Þingeyinga	Gerð úttektar á hagkvæmni þess að nota jarðhita til að þurrka korn	150.000	S
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík	Framhaldsstyrkur vegna flutnings matvælafyrirtækis frá Kópavogi til Húsavíkur	500.000	S
Kaðlín handverkshús Húsavík	Innrétting og flutningur á handverkshúsi í annað húsnæði	300.000	Kvk
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Landvist Húsavík	Að gera byggðavef fyrir báðar Þingeyjarsýslunar	300.000	S

249. Fyrirspurn [223. mál]

til umhverfisráðherra um akstur utan vega.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað eftirliti með akstri utan vega:
   a. innan friðlýstra svæða,
   b. í óbyggðum,
   c. almennt?
2. Hversu mörg tilvik um slíkan ólögmætan akstur hafa verið skráð og kærð árlega sl. fimm ár?
3. Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að koma í veg fyrir slíkan ólögmætan akstur?
4. Hvaða ráðum er beitt til að lagfæra tjón á landi og náttúru eftir akstur utan vega?
5. Hvaða refsingum hefur verið beitt fyrir ólögmætan akstur utan vega? Er stefnt að breytingum á refsiákvæðum fyrir lögbrot á þessu sviði?
6. Stendur til að endurskoða reglugerð nr. 619/1998, um akstur í óbyggðum, og þá á hvern hátt?

Skriflegt svar óskast.

250. Fyrirspurn [224. mál]

til fjármálaráðherra um færslu bókhalds í erlendri mynt.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hefur verið unnin úttekt á hugsanlegum áhrifum þess á stöðu íslensku krónunnar að heimilt verði íslenskum fyrirtækjum að færa bókhald sitt í erlendri mynt?

251. Fyrirspurn [225. mál]

til fjármálaráðherra um heildarlántökur erlendis.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Hefur fjármálaráðuneyti upplýsingar um heildarlántökur íslenskra einstaklinga og fyrirtækja erlendis? Ef svo er, hve miklar eru þær?

252. Fyrirspurn [226. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heildarskuldir sjávarútvegsins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hverjar eru heildarskuldir sjávarútvegsins, erlendis annars vegar og innan lands hins vegar?
2. Hver hefur verið þróun eigna- og skuldastöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sl. fjögur ár?

Skriflegt svar óskast.

253. Frumvarp til kvikmyndalaga. [227. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.
1. gr.

Markmið laga þessara er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum.

Kvikmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar.

Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaformann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins – SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvikmyndaráð oftar en tvisvar samfleytt.

II. KAFLI
Kvikmyndamiðstöð Íslands.
3. gr.

Verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru að:

1. Styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda.

2. Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út.
3. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu almennt.

Forstöðumaðurinn fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs skulu sérgreindar í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

6. gr.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi.

Kvikmynd, sem styrkt er af Kvikmyndamiðstöð Íslands, skal hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

7. gr.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda, hvort heldur er með styrkjum, lánum eða veitingu tímabundinna vilyrða um stuðning, svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Í reglugerðinni skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr Kvikmyndasjóði. Þar skal enn fremur kveðið á um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum og veitingu vilyrða fyrir stuðningi, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störfum úthlutunarnefnda og kvikmyndaráðgjafa.

III. KAFLI
Kvikmyndasafn Íslands.

8. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að:

1. Safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskylt efni samkvæmt lögum um skilaskyldu til safna.
2. Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skilaskyldu til safna.
3. Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.

4. Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
5. Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
6. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningarsögu.

10. gr.

Framleiðendum kvikmynda sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði er skylt innan sjö ára frá frumsýningardegi að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess, sem og annað efni er varðar kvikmyndina og varðveislugildi hefur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd skila í reglugerð.

11. gr.

Tekjur Kvikmyndasafns Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndasafnsins til þriggja ára.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sérvinnslu skráa og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og hvers konar afritun og fjölföldun, til þess að standa straum af launum og efniskostnaði vegna þessara þátta. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

Kvikmyndasafn Íslands skal afla fullnægjandi heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmið starfsemi Kvikmyndasafns nái fram að ganga.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn er í sitji fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands, utanríkisráðuneyti og Útflutningsráði. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er varðar gerð kvikmynda á Íslandi. Nefndinni er heimilt að kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar.

Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Menntamálaráðherra er heimilt að fela Kvikmyndamiðstöð Íslands rekstur markaðsnefndarinnar með sérstökum samningi.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. mars 2003. Um leið falla úr gildi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands taka við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við réttindum og skyldum Kvikmyndasjóðs gagnvart viðskiptavinum hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Umboð núverandi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands fellur niður frá gildistöku laga þessara.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar til nýr forstöðumaður hefur verið skipaður samkvæmt ákvæðum 4. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003. Staða framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands skal lögð niður frá og með þeim tíma er hann lætur af störfum.

Núverandi safnstjóri Kvikmyndasafns Íslands gegnir störfum forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands þar til skipað hefur verið í embætti forstöðumanns að undangenginni auglýsingu.

Lokið skal við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. laga þessara fyrir 1. febrúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Var það lagt fram á 126. löggjafarþingi (668. mál) en varð ekki útrætt. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu fyrir framlagningu þess nú. Við gerð frumvarpsins var haft samráð við framkvæmdastjóra og stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands og félög kvikmyndagerðar á Íslandi.

Nýjum kvikmyndalögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að skýra stjórnsýslulega framkvæmd af hálfu opinberra aðila til eflingar íslenskri kvikmyndamenningu.

Helstu breytingar og nýmæli sem í frumvarpinu felast frá núgildandi löggjöf eru þessi:

1. Með frumvarpi þessu er lagt til að tvær stofnanir sinni þeim verkefnum er nú heyra undir Kvikmyndasjóð Íslands. Lagt er til að stofnuð verði Kvikmyndamiðstöð Íslands annars vegar er hafi með höndum verkefni sambærileg þeim er Kvikmyndasjóður Íslands hefur sinnt fyrir utan rekstur Kvikmyndasafns Íslands. – Starfsemi Kvikmyndasjóðs hefur aukist mjög á undanförnum árum og þykir heitið Kvikmyndamiðstöð Íslands lýsa betur margþættu hlutverki opinberra aðila varðandi stuðning við framleiðslu og dreifingu á íslenskum kvikmyndum. Nafnið Kvikmyndasjóður verður notað áfram um úthlutunarsjóð er starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar til framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands sem nú heyrir undir Kvikmyndasjóð verði sjálfstæð stofnun.
2. Lagt er til að sett verði á laggirnar kvikmyndaráð opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum. Ráðið taki ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni, enda eru þau á ábyrgð forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns á verksviði hvors um sig.
3. Breytt er ákvæðum um fyrirkomulag úthlutunar framlaga til kvikmyndagerðar. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um úthlutun framlaga í samræmi við ákvæði í reglugerð sem sett er að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Þykir nauðsynlegt að skapa stjórnvöldum meira svigrúm en nú er til að setja úthlutunarreglur um framlög úr Kvikmyndasjóði og bregðast þannig við breytilegum þörfum kvikmyndagerðar án þess að komi til lagabreytinga í hvert sinn. Öll fjármögnun kvikmyndagerðar hefur tekið stakkaskiptum síðustu ár, m.a. með tilkomu ýmissa alþjóðlegra kvikmyndasjóða og breyttrar úthlutunar úr sjóðum helstu nágrannaríkja, en íslenskir framleiðendur leita mikið til

þeirra. Hefur þessi þróun leitt til aukinna tækifæra fyrir íslenska kvikmyndaframleiðendur og kvikmyndagerðarmenn á alþjóðlegum vettvangi. Er nauðsynlegt að lagalegt svigrúm sé fyrir hendi til að þau geti nýst.

4. Veitt er heimild fyrir markaðsnefnd sem gegni því hlutverki að auka atvinnu við kvikmyndagerð hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna er að efla kvikmyndagerð á Íslandi í þeim tilgangi að kvikmyndir verði veigamikill þáttur í menningu íslensku þjóðarinnar.

Skilgreining á kvikmynd í 2. mgr. tekur til allra tegunda kvikmynda án tillits til þess með hvaða tækni eða aðferðum kvikmynd er framleidd eða henni komið á framfæri við almenning. Er miðað við að frumvarpið taki m.a. til kvikmynda sem framleiddar eru með stafrænni tækni og dreift með nettengingum um tölvur, t.d. kvikmynda á geisladiskum, disklingum eða á öðru sambærilegu formi, sem og til sýningar á netinu. Eftir atvikum geta fallið undir þessa skilgreiningu svokölluð margmiðlunarverkefni, þ.e. samsetning margs konar efnis, t.d. texta, tals, tónlistar og annarra hljóða, tölvugrafíkur, myndlistar, ljósmynda, kvikmynda og margs fleira, ef myndmál vegur þungt í framsetningu efnis.

Skilgreiningin á því hvað teljist íslensk kvikmynd byggist á því að hún sé unnin og kostuð af íslenskum aðilum eða sé samstarfsverkefni milli íslenskra og erlendra aðila. Ísland hefur gerst aðili að eftirtöldum alþjóðlegum samningum á sviði kvikmyndagerðar: Evrópusamningi um samframleiðslu kvikmyndaverka, sem samþykktur var í Strassborg 2. október 1992 en öðlaðist gildi á Íslandi 1. september 1997, og samframleiðslusamningi Íslands og Kanada, sem undirritaður var í Washington 15. október 1997 og öðlaðist gildi á Íslandi 2. febrúar 1998.

Um 2. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum heyri stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og að sérstakt kvikmyndaráð skuli vera stjórnvöldum til ráðgjafar við mótun opinberrar stefnu og aðgerða á sviði kvikmyndamála. Gert er ráð fyrir að kvikmyndaráð sé skipað sjö mönnum, sömu fulltrúum og stjórn Kvikmyndasjóðs samkvæmt núgildandi lögum en menntamálaráðherra skipi nú einnig varaformann og við bætist fulltrúi Samtaka kvikmyndaleikstjóra. Ekki er lengur gert ráð fyrir tilnefningu fulltrúa Námsgagnastofnunar og Þjóðminjasafns Íslands, sem eiga nú aðild að stjórninni, þegar fjallað er um málefni er varða verksvið þessara stofnana. Hlutverk kvikmyndaráðs er að vera til ráðgjafar en það tekur ekki ákvarðanir um stjórnsýsluleg eða fjárhagsleg málefni.

Um 3. gr.

Í grein þessari er fjallað um verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og vísast til almennra athugasemda þar að lútandi. Kvikmyndasjóður Íslands hefur að hluta til gegnt því hlutverki sem hér er gerð tillaga um að verði lögfest, þ.e. að samræma störf og efla íslenska kvikmyndagerð og íslenska kvikmyndamenningu.

Eitt meginmarkmið Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er að stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Verkefni miðstöðvarinnar eru skilgreind með svipuðum hætti og í eldri lögum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar. Sem forstöðumaður ríkisstofnunar ber hann ábyrgð í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að því er varðar forstöðumenn ríkisstofnana. Sett eru þau starfsgengisskilyrði að forstöðumaður hafi þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu almennt.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að fjárveitingar til Kvikmyndamiðstöðvar skuli ákveðnar í fjárlögum á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar til þriggja ára. Slík áætlun hefur verið unnin með gerð árangursstjórnunarsamnings menntamálaráðuneytisins við Kvikmyndasjóð Íslands sem undirritaður var 30. desember 1999. Þá er í gildi samkomulag frá 19. desember 1998 milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og samtaka í íslenskri kvikmyndagerð um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð. Urðu aðilar sammála um að stefna að því að árlega yrðu gerðar fimm leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd og að hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af kostnaðaráætlun yrði 40%. Þá varð að samkomulagi að miða við 100 millj. kr. meðalframleiðslukostnað af hverri íslenskri kvikmynd í fullri lengd þannig að heildarframlag til framleiðslustyrkja vegna þessara mynda yrði allt að 200 millj. kr. árið 2002 að fengnu samþykki Alþingis við gerð fjárlaga ár hvert. Í samkomulaginu var einnig gert ráð fyrir að legðist Menningarsjóður útvarpsstöðva af samkvæmt nýsamþykktum útvarpslögum yrði stofnuð deild innan Kvikmyndasjóðs sem annaðist heimildamyndir, stuttmyndir, sjónvarpsmyndir og aðrar tegundir kvikmynda. Aðilar voru sammála um að stefna að því að Kvikmyndasjóður gæti varið 100 millj. kr. árlega til framleiðslustyrkja til slíkra verkefna. Þetta ákvæði kom til framkvæmda þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður og hófust fjárveitingar samkvæmt því árið 2001 með 25 millj. kr. framlagi á fjárlögum.

Um 6. gr.

Hlutverki Kvikmyndasjóðs er breytt frá því sem er í gildandi lögum í það að vera deild innan Kvikmyndamiðstöðvar sem veitir framlög til eflingar íslenskri kvikmyndagerð með styrkjum, lánum og vilyrðum.

Í greininni er sett það skilyrði að kvikmynd sem styrkt er af Kvikmyndasjóði skuli hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars. Í núgildandi lögum er byggt á þeirri skilgreiningu að með íslenskri kvikmyndagerð sé átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði. Þá er gert ráð fyrir því að kvikmyndir sem hljóta styrk frá Kvikmyndasjóði séu gerðar með íslensku tali, nema sérstakar menningarlegar ástæður leiði til annars. Nú þegar eru til dæmi um slíkt, svo sem kvikmyndirnar Tár úr steini og María, sem voru að mestu leyti leiknar á þýsku, enda eðlilegar ástæður þar að baki. Þá styrkti Kvikmyndasjóður árið 1999 gerð kvikmyndarinnar Dancer in the Dark, eftir Lars von Trier, sem er að mestu leyti erlend kvikmynd og leikin á ensku, en ástæða þótti til að veita íslenskum meðframleiðanda styrk til að taka þátt í myndinni þar sem hún hefur íslenskt listrænt gildi. Myndin er dans- og söngvamynd og tónlist og söngtextar eftir Íslendinga (Björk Guðmundsdóttur og Sjón). Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða fyrri lögum að því er varðar verksvið hinnar opinberu kvikmyndastofnunar.

Um 7. gr.

Í grein þessari er fjallað um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Í samræmi við rekstrarlega ábyrgð forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar er það hans hlutverk að ákveða úthlutun úr Kvikmyndasjóði og skal kveðið á um í reglugerð með hvaða hætti úthlutanir skuli undirbúnar.

Varðandi úthlutun úr Kvikmyndasjóði er tekið fram að stjórninni er heimilað að veita framlög til eflingar íslenskri kvikmyndagerð, hvort heldur er í formi styrkja, lána eða vilyrða, en vilyrði eru styrkloforð veitt eitt ár fram í tímann. Árið skal sá sem vilyrðið hlýtur nota til að ná fullri fjármögnun til kvikmyndarinnar. Náist það markmið ekki fellur vilyrðið niður. Er talið eðlilegt að lögbinda það fyrirkomulag sem hefur tíðkast undanfarin ár og þótt takast vel. Fær forstöðumaður með þessu móti nokkurt svigrúm til að ákveða hvers konar framlög falli best að einstökum kvikmyndaverkefnum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 9. og 10. gr.

Mikilvægt er að í reglugerð þeirri sem sett verður að fenginni umsögn kvikmyndaráðs verði byggt á því markmiði að veita framlög til allra tegunda kvikmynda. Þá skal í reglugerð nánar kveðið á um meginskiptingu framlaga úr Kvikmyndasjóði til einstakra greina kvikmyndagerðar, þ.m.t. til leikinna kvikmynda, heimildamynda, stuttmynda, teiknimynda, innlendrar dagskrárgerðar fyrir sjónvarp og annarra tegunda hreyfimynda, sbr. 2. mgr. 1. gr., þ.m.t. framlög til margmiðlunarverkefna, enda falli þau undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr., hvort sem er til undirbúnings þeirra, framleiðslu eða dreifingar.

Framlög úr Kvikmyndasjóði geta runnið til íslenskrar kvikmyndagerðar á hvaða stigi framleiðslu hennar eða dreifingar sem er. Heimilt er að veita framlög til markaðssetningar og kynningar kvikmynda. Framlög geta verið styrkir, lán eða vilyrði.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um skipan sérstakra úthlutunarnefnda sem og ráðningu kvikmyndaráðgjafa. Er hér lagt til að fallið verði frá þeirri tilhögun samkvæmt núgildandi lögum að sérstök úthlutunarnefnd annist úthlutun úr Kvikmyndasjóði og þess í stað veitt svigrúm til þess að ákveða tilhögun undirbúnings úthlutunar án þess að koma þurfi til lagabreyting í hvert sinn auk þess sem mögulegt er að úthluta til kvikmyndagerðar oftar en einu sinni á ári. Það gefur enn fremur svigrúm til þess að fela sérstökum kvikmyndaráðgjöfum að meta listrænt gildi kvikmyndaverkefna, aðstoða við undirbúning úthlutunar fjárframlaga til einstakra verkefna eða vera forstöðumanni til aðstoðar við einstök verkefni sem hann hefur tekið ákvörðun um að styðja. Fyrirmyndin er sótt m.a. til Norðurlanda þar sem slík tilhögun hefur þótt gefast vel. Forstöðumaður setur kvikmyndaráðgjafa erindisbréf innan ramma gildandi laga og reglugerða og ber hann ábyrgð í starfi sínu gagnvart forstöðumanni.

Um 8. og 9. gr.

Nokkuð ítarlegri ákvæði eru í frumvarpinu um hlutverk og starfssvið Kvikmyndasafns en í gildandi lögum. Jafnframt er vikið í þessari grein að sérstöku hlutverki Kvikmyndasafns Íslands samkvæmt ákvæðum laga um skylduskil til safna, en frumvarp þess efnis hefur verið lagt fyrir Alþingi. Lagt er til að Kvikmyndasafn Íslands verði rekstrarlega sjálfstæð stofnun en tilheyri ekki rekstri Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og forstöðumaður beri ábyrgð á rekstri safnsins í samræmi við ákvæði starfsmannalaga og fjárreiðulaga.

Um 10. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með henni er gert lögskylt að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar en í gildandi lögum er um heimildarákvæði að ræða. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um skylduskilin í reglugerð eða lögum um skylduskil til safna.

Um 11. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum en áréttað að safnið skuli afla heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmiðum starfsemi Kvikmyndasafns verði náð. Þá er í greininni kveðið á um gjaldtökuheimildir stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Svokallaðar markaðsnefndir kvikmynda eru starfandi í flestum Evrópulöndum og í einstökum ríkjum Bandaríkjanna. Þær hafa það hlutverk að gera viðkomandi lönd eða borgir að sögusviði eða upptökustað erlendra kvikmynda, bæði í þeim tilgangi að auka atvinnu við kvikmyndagerð á viðkomandi stað og að koma landinu á framfæri við áhorfendur hvarvetna í heiminum. Nú þegar hafa ýmis íslensk fyrirtæki sérhæft sig í þjónustu við erlend kvikmyndafyrirtæki og gæti markaðsnefndin nýst þessum fyrirtækjum við frekari eflingu á þessu sviði.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar. Vegna þess að skipun framkvæmdastjóra Kvikmyndamiðstöðvar Íslands krefst nokkurs undirbúnings er gert ráð fyrir að lög þessi komi ekki til fullra framkvæmda fyrr en 1. mars 2003.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða eru settar skýrar reglur um hvernig standa skuli að undirbúningi skipunar fyrstu stjórnar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og skipun forstöðumanna Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til kvikmyndalaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslulegri framkvæmd ríkisins á kvikmyndamálum og lögbundnar skyldur þess auknar. Eftirfarandi nýmæli í frumvarpinu gætu haft áhrif á kostnað ríkisins:

Lagt er til að stofnað verði sjö manna kvikmyndaráð í stað núverandi fimm manna stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands. Áætlað er að þessu fylgi 0,2 m.kr. aukin útgjöld á ári.

Lagt er til að meðferð umsókna og fyrirkomulagi úthlutunar verði breytt. Í stað þriggja manna úthlutunarnefndar samkvæmt gildandi lögum ákveði forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands styrkina í samræmi við nánari reglur sem kveðið verður á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Í reglugerðinni verður m.a. kveðið á um störf úthlutunarnefnda og kvikmyndaráðgjafa. Ekki eru forsendur til að meta áhrif breytts fyrirkomulags á útgjöld ríkisins.

Kvikmyndamiðstöð Íslands mun samkvæmt frumvarpinu annast sambærileg verkefni og Kvikmyndasjóður Íslands gerir samkvæmt gildandi lögum séu verkefni kvikmyndasafns

undanskilin. Fjármálaráðuneytið telur að breytt orðalag í upptalningu verkefna gefi ekki tilefni til að auka útgjöld.

Frumvarpið felur í sér að Kvikmyndasafn Íslands verði gert að sérstakri ríkisstofnun og lögbundið hlutverk þess aukið, en safnið hefur starfað innan vébanda Kvikmyndasjóðs. Fyrst skal telja að safnið hefur staðið fyrir sýningum á kvikmyndalist og gerir frumvarpið ráð fyrir að það verði bundið í lög. Safnið hefur endurgjaldslaus afnot af Bæjarbíói í Hafnarfirði til ársins 2011 samkvæmt samningi við Hafnarfjarðarbæ. Ríkið hefur tekið þátt í kostnaði við endurnýjun húss og búnaðar og er áætlað að 19 m.kr. þurfi til að ljúka verkinu umfram það sem vilyrði hafa verið veitt fyrir. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hversu stór hluti gæti fallið í hlut ríkisins, en í þessari kostnaðarumsögn verður miðað við 15 m.kr. Talið er að það geti kostað um 30 m.kr. að halda uppi sýningum alla daga vikunnar en til þessa hefur ekki verið starfsemi í húsinu. Áætlun safnsins gerir ráð fyrir að stærsti hluti kostnaðarins verði borinn af styrkjum og aðgangseyri, en ríkið leggi til allt að 5 m.kr. Ekki hefur verið tekin afstaða til þeirrar áætlunar. Í öðru lagi er lagt til að safninu verði ætlað að safna, varðveita og hafa eftirlit með skylduskilum efnis. Við þetta starfa tveir menn og er áætlað að fjölga þurfi um allt að þrjá til viðbótar auk þess sem bæta þarf tækjabúnað. Áætlað er að aðeins 10% kvikmynda í safninu hafi verið skráðar, afritaðar á myndband og settar í umbúðir sem tryggja varðveislu þeirra. Í kostnaðaráætlun með frumvarpi til laga um skylduskil safna er talið að árlegur rekstrarkostnaður Kvikmyndasafns og Landsbókasafns Íslands–Háskólabókasafns vegna skylduskila kvikmyndaefnis muni aukast um 13–18 m.kr. og stofnkostnaður nema 26–35 m.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sem lögbundnu hlutverki safnsins að sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins. Engar upplýsingar eru til um þörf fyrir endurgerð kvikmynda safnsins, en lauslega er áætlað að 1–3 m.kr. kosti að endurgera eina kvikmynd. Í fjórða lagi verður safninu ætlað að skapa aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir. Talið er að koma megi upp lágmarksaðstöðu með óverulegum tilkostnaði. Í fimmta lagi er lagt til að safninu verði ætlað að efla kvikmyndamenningu á Íslandi, án þess að tilgreint sé hvernig að því skuli staðið. Árlegur kostnaðarauki vegna þessa þáttar gæti hugsanlega legið á bilinu 0,5–4 m.kr. eða eftir því sem fjárveitingar leyfa. Að lokum er talið að aukin verkefni og sjálfstæði safnsins leiði til þess að efla þurfi fjármálastjórnun og aðra stoðþjónustu innan safnsins sem gæti kostað 4–5 m.kr. á ári. Þegar á heildina er litið er talið að þetta frumvarp og frumvarp um skylduskil leiði til þess að útgjöld ríkisins til Kvikmyndasafns og verkefna sem tengjast skylduskilum á kvikmyndaefni aukist um 40–49 m.kr. vegna stofnbúnaðar og um 19–35 m.kr. vegna árlegs rekstrar.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra verði heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til að veita þjónustu vegna töku á kvikmyndum á Íslandi og kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar. Samkvæmt frumvarpinu er ekki tekið fram að þeir sem notfæra sér þjónustu nefndarinnar greiði kostnaðinn. Lauslega er talið að rekstrargjöld ríkisins aukist um 1–5 m.kr. á ári vegna þessa eða eftir því sem fjárveitingar verða ákveðnar.

Að öllu samanlögðu er talið að þetta frumvarp og frumvarp um skylduskil leiði til 40–48 m.kr. stofnkostnaðar og 20–41 m.kr. hækkunar rekstrarkostnaðar kvikmyndamála frá því sem nú er. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að þau taki gildi í ársbyrjun 2003.

254. Frumvarp til laga [228. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til samkvæmt lögum þessum;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.
Varðveislusöfn.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara laga skv. 1. gr.

II. KAFLI
Skilaskyld verk.

3. gr.
Skilaskylda.

Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.

4. gr.
Verk sem gefin eru út á pappír.

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verkanna inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

5. gr.

Örgögn og skyggnur.

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

6. gr.

Hljóðrit.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

7. gr.

Verk útgefin á rafrænu formi.

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

8. gr.

Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

9. gr.

Samsettar útgáfur.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

10. gr.

Útvarpsefni.

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að gera samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps.

11. gr.

Kvikmyndir.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess enda virði móttökusafnið aðgangsheimildir allra þeirra er rétt eiga á aðgangi að frumeintakinu. Hitt filmueintakið má vera notað sýningareintak. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Sé kvikmynd tekin á filmu afhendir framleiðandi móttökusafni skriflega aðgangsheimild að frumeintaki kvikmyndarinnar innan mánaðar frá frumsýningu myndarinnar. Aðgangsheimild þessi heimilar móttökusafni að gera sýningareintök af myndinni á eigin kostnað og taka hana í sína vörslu að sjö árum liðnum eða fyrr í samráði við framleiðanda og aðra þá sem eiga aðgang að frumeintakinu.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. þó 9. mgr. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 2. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 5. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Ef frumeintak kvikmyndar er enn í notkun að sjö árum liðnum er heimilt að varðveita frumeintak kvikmyndarinnar í framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafn. Framleiðanda ber skylda til að láta móttökusafn vita um allar breytingar á vistun

myndarinnar. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardegi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

III. KAFLI
Framkvæmd skylduskila.

12. gr.
Frágangur efnis.

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.

13. gr.
Innsiglun.

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfirvöld gera upptækt skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

14. gr.
Tæknilegar upplýsingar.

Skilaskyldum aðila ber að verða við óskum móttökusafns um að láta í té þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að verkið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

15. gr.
Meðferð verka.

Skilaskyld verk eru aðgengileg notendum að því marki sem höfundalög heimila.

16. gr.
Skráning.

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

17. gr.

Kostnaður af skylduskilum.

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskyld verk og afhendingu þeirra.

18. gr.

Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Undanþágur.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Í reglugerð er heimilt að mæla fyrir um frekari undanþágur frá skylduskilum.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI

Viðurlög.

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki verk innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Var það lagt fram á 125. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Fyrir framlagningu nú hefur það verið endurskoðað í ljósi athugasemda sem menntamálanefnd bárust og nokkrar breytingar gerðar á því. Í hinni endurskoðuðu gerð er ekki gert ráð fyrir að tölvuforrit falli undir skylduskilin nema forritið sé birt ásamt annarri tegund sem skilaskylda nær til. Að öðru leyti eru ákvæði um skil rafrænna gagna, þ.m.t. á neti, óbreytt. Þá hefur frumvarpinu verið breytt þannig að rýmkaður er aðgangur framleiðenda íslenskra kvikmynda að frumeintaki myndar og tekið fram að annað skilaskyldueintakið geti verið notað sýningareintak. Einnig er lagt til að heimilað verði að

varðveita frumeintakið í erlendu framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafnið ef eintakið er enn í notkun að sjö árum liðnum.

1. ágúst 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um skylduskil til safna. Var nefndinni falið að semja drög að frumvarpi til nýrra laga um þetta efni, ásamt greinargerð. Tillögur nefndarinnar áttu m.a. að taka til eftirtalinna atriða:

a. Hvaða efni skuli lúta skilaskyldu og á hverjum skyldan skuli hvíla. Í því sambandi átti sérstaklega að hafa hliðsjón af þróun sem orðið hefur frá því að núgildandi lög voru sett, að því er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti.
b. Hvaða stofnanir skuli vera móttöku- og varðveislustöðvar skilaskylds efnis og einstakra efnistegunda.
c. Hversu umfangsmikil skylduskilin skuli vera að því er varðar eintakafjölda.
d. Hvaða reglur skuli gilda um varðveislu og afnot skilaskylds efnis, m.a. í ljósi höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Nefndinni var ætlað að kanna hvernig þessum málum væri nú skipað í nágrannalöndum Íslands, í meginatriðum, og gera grein fyrir því í skýrslu sinni. Loks var henni falið að meta og gera grein fyrir kostnaði af þeirri tilhögun sem hún gerir tillögu um.

Í nefndinni áttu sæti: Einar Sigurðsson landsbókavörður, formaður nefndarinnar, Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður og Þóra Óskarsdóttir bókasafnsfræðingur.

Tilgangur laga um skylduskil.

Tilgangur lagaákvæða um skylduskil er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar.

Söguleg þróun.

Fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett 1886. Samkvæmt þeim voru Landsbókasafni látin í té tvö eintök prentaðs efnis, en amtsbókasöfnin á Akureyri og í Stykkishólmi fengu eitt eintak hvort. Auk þess voru Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn afhent tvö eintök og háskólabókasafninu þar eitt eintak. Skilaskyldan nam því alls sjö eintökum.

Fyrir þennan tíma eða allt frá árinu 1662 hafði íslenskum prentsmiðjum verið gert skylt að senda Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og síðar einnig bókasafni Hafnarháskóla eintök af öllu því sem prentað var hér á landi.

Árið 1909 bættust Amtsbókasafnið á Seyðisfirði og Bókasafn Ísafjarðar í hóp prentskilasafna, 1928 Amtsbókasafnið í Færeyjum og 1939 háskólabókasafnið í Winnipeg. Árið 1941 samþykkti Alþingi að hið nýstofnaða Háskólabókasafn fengi framvegis eitt eintak af öllu því efni sem Landsbókasafni bæri að fá tvö eintök af. Hafði þá Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn helst úr lestinni. Samtals voru prentskilaeintökin ellefu þegar hér var komið.

Samkvæmt lögum um skylduskil frá 1949 var prentsmiðjum landsins gert að láta Landsbókasafni í té fjögur eintök af smáprenti, átta eintök af blöðum sem koma út einu sinni í viku eða oftar og tólf eintök af öllu öðru prentmáli. Skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, eitt var lagt til Háskólabókasafns og eitt til bókasafns Norðurlands á Akureyri. Öðrum skyldueintökum skyldi Landsbókasafn ráðstafa til bókasafna og vísindastofnana. Nánari skipting þeirra var ákveðin þannig í reglugerð að bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði og á Seyðisfirði skyldu hafa rétt til að velja úr þeim ritum sem væru ein örk eða stærri og úr tímaritum sem kæmu út mánaðarlega eða sjaldnar. Því sem afgangs yrði skyldi úthlutað til er-

lendra bókasafna og vísindastofnana og ættu þjóðbókasöfn Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar að sitja í fyrirrúmi, en vestan hafs háskólabókasafnið í Winnipeg.

Þegar kom til þess að setja ný lög um skylduskil, í stað laganna frá 1949, fól menntamálaráðuneytið Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra að semja frumvarp um efnið, og var það lagt fram á vorþinginu 1974 en dagaði uppi bæði þá og á næstu þingum, var loks samþykkt nokkuð breytt vorið 1977. Skyldueintökum var þá fækkað í fjögur en þau voru áður í sumum tilvikum tólf eins og áður segir. Heimilt skyldi þó landsbókaverði að óska afhendingar á allt að tíu eintökum af ríkisstyrktum ritum. Í reynd hefur þessu ákvæði ekki verið fylgt eftir nema að hluta til.

Af eintökunum fjórum skyldi Landsbókasafn varðveita tvö eintök, annað sem varaeintak en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafnið sitt hvort, og hefur síðarnefnda safnið að vissu marki haft rétt til að lána ritin út.

Nýmæli í lögunum frá 1977 er að afhenda skuli þrjú eintök af hljómplötum og öðrum útgefnum tón- og talupptökum. Landsbókasafnið skal varðveita tvö eintök en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

Alþjóðlegar viðmiðanir.

Það er hlutverk þjóðbókasafna að safna skráðri menningarsögu þjóðar sinnar. Þjóðbókasafnið ber ábyrgð á því að efnið sé vel skipulagt og ávallt til reiðu til rannsókna og skoðunar. Flest þjóðbókasöfn hafa byggt upp innlendan safnkost með skylduskilum. Skylduskil í flestum löndum hafa lengst af takmarkast við prentuð verk vegna þeirrar aldagömlu hefðar að öll útgáfa hefur birst prentuð á pappír. Á undanförnum áratugum hefur önnur tækni rutt sér til rúms, og útgáfa á nýjum miðlum fer vaxandi með ári hverju. Því hafa þjóðir hver af annarri endurskoðað lög sín um skylduskil í því skyni að þau taki til þessara nýju útgáfumiðla.

Árið 1981 gaf UNESCO út í samvinnu við IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) tillögur að lögum um skylduskil (*Guidelines for Legal Deposit,* Jean Lunn, UNESCO 1981). Þar er mælt með því að hafa lögin rammalög svo að þau geti átt við sem flesta útgáfumiðla sem kynnu að verða til í framtíðinni en láta lögunum fylgja nánari ákvæði í reglugerð vegna þess að auðveldara er að breyta reglugerð en lögum. Áhersla er lögð á að tilgangur skylduskila sé vel greindur.

Í *Guidelines for Legislation for National Library Services* (Peter Johan Lor, UNESCO 1997) er einnig mælt með því að forðast nákvæmar skilgreiningar, heldur nota frekar almennt orðalag til þess að hægt sé að fella þar undir verk og miðla sem kunna að koma fram síðar.

Í *The Legal Deposit of Electronic Publications* (a Working Group of the Conference of Directors of National Libraries, UNESCO 1997) er mælt með því að lög séu eins víðtæk og mögulegt er. Þar er einnig ráðlagt að taka með frekar en útiloka efni sem einhver vafi leikur á að skuli vera skilaskylt. Varað er við því að gera greinarmun á rafrænum útgáfum í föstu formi og rafrænum útgáfum á neti (e. *off-line* og *on-line*) og mælt með því að taka með bæði útgáfuformin, sérstaklega þar sem horfur eru á hraðri þróun í átt að netútgáfum. Það er svo undir óskum þjóðbókasafnsins komið, svo og tæknilegum forsendum, hversu langt er gengið í innheimtunni, og má eftir atvikum mæla fyrir um slíkt í reglugerð.

Norræn lög um skilaskyldu.

Hinir nýju miðlunarhættir og fjölbreytileiki gagna gerir það að verkum að setning laga um skylduskil til safna er miklu flóknara viðfangsefni nú en áður. Gildir þá einu að kalla hvort hugað er að lagasetningu í litlu samfélagi eða stóru. Nefndin sem að málinu vann reyndi hins

vegar að nýta sem best þá vinnu sem lögð hefur verið í málið með þeim þjóðum sem eru okkur menningarlega skyldastar, og hefur þá eðlilega öðru fremur verið litið til annarra Norðurlandaþjóða. Þær ýmist vinna nú að nýrri lagasetningu eða hafa endurnýjað löggjöf sína um skylduskil á síðustu árum.

Norsk lög um skylduskil tóku gildi 1. júlí 1990. Þau voru á þeim tíma einhver hin róttækustu í heiminum að því er tekur til nýrra miðla. Eigi að síður eru þau nú þegar í endurskoðun. Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til birtra verka, þ.e. verka sem hafa verið gerð aðgengileg almenningi.

Verkum á pappír og skyldum miðlum, örgögnum og ljósmyndum á að skila í sjö eintökum.

Hljóðrit, kvikmyndir, myndbönd, verk á tölvutæku formi og samsett verk á þessum miðlum á að afhenda í tveimur eintökum.

Útvarps- og sjónvarpssendingar á að afhenda í einu eintaki.

Gögn ber að afhenda án þess að greitt sé fyrir þau eða sendingu þeirra. Heimilt er þó móttökusafni að láta greiðslu koma fyrir mjög dýr verk að einhverju eða öllu leyti ef eftir er sótt.

Í reglugerð frá 25. maí 1990 er kveðið á um framkvæmd skylduskila, svo sem form og frágang efnis, upplýsingar er fylgi, skilafrest, móttökustofnanir, í hvaða tilvikum skyldan hvíli á útgefanda, framleiðanda eða innflytjanda, undanþágur o.fl.

Þá mælir reglugerðin fyrir um að móttökustofnun kvikmynda og myndbanda sé Norsk filminstitutt.

Óslóardeild þjóðbókasafnsins er móttökusafn fyrir hljóðrit, annað efni fer til þjóðbókasafnsdeildarinnar í Mo i Rana og deilist þaðan út til annarra móttökustofnana, nema tvö eintök sem haldið er á staðnum. Er annað ætlað til millisafnalána og þess háttar, hitt er varaeintak, varðveitt í traustri neðanjarðargeymslu.

Norsku skylduskilalögin setja eins og áður segir strangari reglur um skil rafrænna gagna en algengt var orðið á þeim tíma sem þau voru sett. Reglugerðarákvæði heimila þó þjóðbókasafninu að taka ákvarðanir um hverju það vill safna af rafrænu efni. Framkvæmdin hefur reynst vandkvæðum bundin, einkum þegar gögnum í föstu formi (svo sem disklingum og CD-ROM) sleppir. Álitamálin varða m.a. skilgreiningu þess sem afhenda skal og hvernig varðveita skuli, m.a. með tilliti til úreldingar á búnaði. Höfundaréttarmál eru líka nálæg, svo og hvernig standa skuli að skráningu. Starfshópur reifaði þennan vanda í skýrslu í desember 1995 (*Rapport fra arbeidsgruppe vedrørende problemer knyttet til pliktavlevering av elektronisk publiserte dokument*, Oslo/Mo i Rana). Þá hefur síðan 1. nóvember 1996 verið unnið að verkefni í Mo i Rana um tilhögun skila á tímaritum á rafrænu formi.

Sænsk lög um skylduskil tóku gildi 1. janúar 1994. Um svipað leyti var gefin út reglugerð þar sem mælt er nánar fyrir um útfærslu laganna.

Gagnstætt því sem er um norsku og dönsku lögin um skylduskil, svo og ráðleggingar UNESCO, eru sænsku lögin mjög ítarleg.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Skilaskylda nær til verka sem birt hafa verið almenningi, þ.e. boðin til sölu, leigu, útláns eða á annan hátt dreift opinberlega, eða í fyrirtækjum til stórra lokaðra hópa.

Prentað mál er að jafnaði afhent í sjö eintökum. Móttökustofnanir eru Konunglega bókasafnið og háskólabókasafnið í Lundi sem er eins konar varaþjóðbókasafn, svo og fimm önnur háskólabókasöfn, og er aðgengi að efninu í meginatriðum háð ákvörðun viðkomandi háskóla. Skylduskilaefni sem er varðveitt í Konunglega bókasafninu er ekki heimilt að lána út.

Efni á blindraletri er afhent í tveimur eintökum.

Kvikmyndir, myndbönd og hljóðrit eru afhent í einu eintaki, sömuleiðis dagskrár útvarps og sjónvarps. Móttökusafn er Arkivet för ljud och bild (ALB) sem er sjálfstæð stofnun.

Sænsku skylduskilalögin fela þannig í sér lagafyrirmæli um hvers kyns skilaskylt efni, óháð því hver varðveislustofnunin er.

Í reglugerð nr. 1439 frá 9. desember 1993 er m.a. mælt fyrir um varðveislu skylduskilaeintaka og notkun, svo og um gerð afrita í ALB og útlán þeirra.

Gildandi lög hafa ekki reynst fullnægjandi í öllum atriðum. Þau taka til að mynda aðeins til rafrænna gagna í föstu formi (svo sem disklinga og CD-ROM), en ekki rafrænna gagna á neti.

Svíar hafa stofnað til starfshóps sem vinnur að því að búa til forrit til að slæða upp sænskt efni á vefnum sem vera ætti skilaskylt. Verkefnið gengur undir nafninu Kulturarw[3], og er fylgst af áhuga með framgangi þess bæði annars staðar á Norðurlöndum og víðar.

Í september 1998 kom út skýrsla nefndar sem skipuð var til að endurskoða lögin með tilliti til rafrænna gagna, *E-plikt* (SOU 1998:111). Þar eru m.a. lagðar til eftirfarandi breytingar:

Margmiðlunarverkum í föstu formi (t.d. CD-ROM) skal skilað í átta eintökum. Eitt eintak fer til ALB eins og áður, en bókasöfnunum eru tryggð sjö eintök eins og um prentað efni væri að ræða.

Verk sem birtast á rafrænu formi á neti eiga að afhendast í tveimur eintökum eftir beiðni, en einnig er hægt að afhenda verkin rafrænt um tölvunet. Taka skal tillit til tæknilegra og fjárhagslegra aðstæðna þess afhendingarskylda þegar ákveðið er á hvernig formi verkin eiga að afhendast. Skylda til að veita móttökusafni aðgang að rafrænu efni á neti hvílir á þeim er stofnar til gagnasafns.

Dönsk lög um skilaskyldu tóku gildi 1. janúar 1998. Þau eru mjög stuttorð, ekki síður en þau norsku, en jafnhliða gildistöku þeirra var gefin út reglugerð sem telja verður forsendu þess að hægt sé að starfa eftir lögunum, og er þar m.a. kveðið á um hvaða efni er afhendingarskylt og hvað ekki, hver á að afhenda og hvenær og hvaða stofnanir veita efninu viðtöku og varðveita það.

Aðalatriði laganna eru þessi:

Öll verk sem eru gefin út skal afhenda í tveimur eintökum, óháð þeim miðli sem notaður er við framleiðsluna.

Skilaskylda nær til útgefinna verka, þ.e. verka sem hafa verið sett á markað með samþykki höfundar eða dreift til almennings á annan hátt. Verk er einnig talið útgefið ef það er aðgengilegt í gagnabanka þannig að unnt sé að afrita það þegar notanda hentar. Með útgáfu er enn fremur átt við dreifingu verka til almennings með heimild í 2. kafla höfundalaga, nr. 395/1995.

Rafræn gögn í föstu formi eru skilaskyld (svo sem disklingar og CD-ROM), en rafræn gögn á neti því aðeins að þau birtist sem endanleg afmörkuð heild. Tölvuforrit eru eingöngu skilaskyld þegar þau eru hluti skilaskylds verks. Í tillögu nefndarinnar sem undirbjó drög að frumvarpinu var gert ráð fyrir að allt rafrænt efni yrði skilaskylt, en í reglugerð yrði kveðið á um framkvæmd eftir atvikum. Þetta var einnig skoðun forstöðumanna aðalmóttökusafnanna. Niðurstaðan varð þó sú sem að ofan greinir. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki sé tímabært að kveða á um skilaskyldu gagna sem séu uppfærð reglulega. Áður en ákvæði um slík gögn verði sett í lög þurfi að kanna nánar lagaleg og tæknileg atriði varðandi söfnun, varðveislu og not þessa efnis.

Um afnot af efni sem afhent er á grundvelli laganna segir að það skuli aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimili. Eintök á rafrænu formi megi þó aðeins vera aðgengileg í húsakynnum safnsins og rafræn eintakagerð sé ekki heimil.

Aðalmóttökusöfn þess efnis sem tilgreint er í lögunum eru Konunglega bókasafnið og Statsbiblioteket í Árósum.

Það var vilji margra, þar á meðal forráðamanna framangreindra safna, að um heildarlöggjöf yrði að ræða sem tæki til alls efnis, hver sem móttökustofnunin væri. Ráðuneytið vildi þó ekki stíga það skref í sambandi við þessa lagasetningu. Þannig gilda áfram ákvæði dönsku kvikmyndalaganna frá 27. febrúar 1997 um afhendingu á kvikmyndum til Filmmuseet (myndbönd eru þó afhent til Statsbiblioteket), og útvarpsefni er áfram afhent samkvæmt frjálsu samkomulagi við Statsbiblioteket. Það er varðveitt þar í þeirri deild safnsins sem nefnist Statens Mediesamling.

Finnsk lög um skylduskil eru frá 1980. Þau mæla fyrir um skil á sex eintökum prentaðs efnis og hljóðrita, en árið 1984 voru sett lög um skil á kvikmyndum og myndböndum til finnska kvikmyndasafnsins.

Endurskoðun gildandi laga hefur verið til umræðu í nokkur ár. Menntamálaráðuneytið hafði lengi vel í hyggju að setja heildarlög sem tækju einnig til kvikmynda og útvarpsefnis. Með því þótti þó of mikið í fang færst, og var horfið að því að hraða frekar endurskoðun núgildandi laga með það að markmiði að tryggja heimtur og varðveislu rafrænna gagna. Ráðuneytið setti því á stofn vinnuhóp í september 1997 til að gera tillögu um lagasetningu er tæki til prentaðra og rafrænna gagna, og skilaði hann áliti ári síðar.

Í tillögum vinnuhópsins er ekki gert ráð fyrir að allar móttökustofnanirnar sex taki við öllu skilaskyldu efni, heldur verði einungis um tvö heildstæð eintök að ræða. Annað þeirra verði í þjóðbókasafninu (háskólabókasafninu í Helsingfors), þ.e. bæði prentað efni og rafrænt. Hitt eintakið fer til bókasafns finnska háskólans í Åbo að því er tekur til prentmáls, en háskólabókasafninu í Jyväskylä er falin ábyrgð á varðveislu rafræns efnis.

Tillaga vinnuhópsins er því að einungis verði afhent tvö eintök af öðru prentuðu efni en bókum og tímaritum sem áfram komi í sex eintökum. Óbreyttar endurútgáfur verða ekki skilaskyldar. Þar sem öll dagblöð eru sett á örfilmu verður einungis um eitt prentað eintak af þeim að ræða. Hið sama gildir um nýsigögn, svo sem hljóðrit, en myndbönd fara til kvikmyndasafnsins. Tilgangurinn með þessum takmörkunum er að minnka flæði skylduskilaefnis. Í starfshópnum var rætt um þörfina á heildareintaki finnskrar útgáfu vegna millisafnalána. Þetta náðist ekki fram þar sem ekki reyndist unnt að fjölga skylduskilaeintökum og ekkert núverandi móttökusafna vildi heldur gefa eftir sitt eintak.

Gert er ráð fyrir að rafræn gögn í föstu formi verði afhent í tveimur eintökum, en gögn á neti í einu eintaki. Einungis er skylt að afhenda það efni á netinu sem er raunverulegar útgáfur. Svokölluðu gráu efni sem öllum er opið á netinu mun þjóðbókasafnið safna með sjálfvirkum aðferðum og koma fyrir í gagnasafni. Stofnað hefur verið til sérstaks þróunarverkefnis, EVA, til að koma þessu í framkvæmd.

Margmiðlunarefni kallaði á miklar umræður í starfshópnum. Niðurstaðan varð sú að Kvikmyndasafnið sækist einungis eftir efni sem flokkast sem kvikmyndir, en margmiðlunarefni, svo sem alfræðibækur, gengur til þjóðbókasafnsins.

Starfshópurinn leggur á það áherslu að rafræn gögn séu aðgengileg notendum í móttökusafninu. Þau yrðu hins vegar ekki fjölfölduð né þeim dreift til annarra safna sem millisafnalán. Þetta kallar á þróaðar öryggisráðstafanir.

Gert var ráð fyrir að ný skylduskilalög tækju gildi árið 2000. Kostnaður við þau var áætlaður í skýrslunni. Bent var á að með móttöku og varðveislu rafræns efnis væri létt af útgefendum verulegri fjárhagsábyrgð. Annar mikilvægur þáttur er trygging þess að efnið sé upprunalegt og ófalsað.

Gildandi lög hér á landi og framkvæmd þeirra.

Menningararfinum, að svo miklu leyti sem hann er áþreifanlegur, má skipta gróflega í þrennt:

a. útgefin og birt hugverk,
b. opinber skjöl,
c. menningarminjar, nytjamuni og listgripi.

Útgefin hugverk eru í ríkum mæli geymd og skráð í bókasöfnum. Núgildandi lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, kveða á um skylduskil á prentuðum og fjölfölduðum texta og myndefni. Einnig eru hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skilaskyldar. Rit eru afhent í fjórum eintökum, og eru þrjú þeirra nú varðveitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, en Amtsbókasafnið á Akureyri varðveitir eitt eintak. Hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skulu afhentar í þremur eintökum. Eru tvö þeirra varðveitt í Landsbókasafni en eitt í Amtsbókasafninu. Eitt þeirra eintaka sem Landsbókasafni er gert að varðveita er varaeintak sem er ekki til notkunar nema í undantekningartilvikum en er varðveitt í sérstökum þar til gerðum geymslum. Eitt eintak prentaðs efnis er geymt í þjóðdeild Landsbókasafns og er þar aðgengilegt til notkunar á lestrarsal. Þriðja eintakið er til almennari notkunar samkvæmt nánari reglum svo sem verið hefur. Eintak Amtsbókasafnsins er einungis til notkunar á lestrarsal.

Skilaskylt efni er skráð í Gegni, tölvukerfi Landsbókasafns, og þannig gert aðgengilegt notendum. *Íslensk bókaskrá* og *Íslensk hljóðritaskrá* eru gefnar út á hverju ári með upplýsingum um íslenska bókaútgáfu og hljóðritaútgáfu.

Aðrar tegundir hugverka en hér hafa verið taldar eru ekki skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna. Samkvæmt lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal Kvikmyndasafn Íslands safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni. Í lögunum er heimild til setningar reglugerðar um skylduskil á kvikmyndum, en slík reglugerð hefur ekki verið sett.

Lög um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, taka til skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar. Með skjölum er í lögunum átt við gögn sem orðið hafa til við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Lögin taka ekki til prentaðs og fjölfaldaðs efnis, en stofnun sem gefur slíkt efni út skal geyma eitt eintak í skjalasafni sínu. Í lögunum er kveðið á um skyldu opinberra aðila til að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna. Safninu er þó heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila og mun hafa tekið við gögnum einkaaðila í einhverjum mæli. Samkvæmt athugasemdum við 5. gr. frumvarps til laga um Þjóðskjalasafn er hér átt við einkaskjalasöfn merkra stjórnmálamanna eða listamanna, svo og skjöl atvinnufyrirtækja og félaga. Jafnframt er bent á að stefna þurfi að því að ákveðin verkaskipting komist á milli Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og handritadeildar Landsbókasafns um söfnun einkaskjala.

Haustið 1997 skipaði menntamálaráðherra nefnd er gera skyldi tillögur um tölvugögn er væru háð skilaskyldu til Þjóðskjalasafns eða héraðsskjalasafna. Í skýrslu nefndarinnar eru taldar upp tegundir tölvuskjala: „Tölvuskjöl geta verið hvers konar tölvutækar skrár, ritvinnslugögn, gagnagrunnar, rafræn skilaboð, myndir (einnig hreyfimyndir) og hljóð.“ Þessi tölvuskjöl falla undir skylduskilalög ef þau eru birt. Opinberar stofnanir hafa gert og munu í auknum mæli gera tölvuskjöl sín og gagnagrunna aðgengilega almenningi á netinu. Má hér nefna sem dæmi skjöl á vefsíðum opinberra stofnana. 8. gr. þessa frumvarps mælir fyrir um skilaskyldu verka sem birtast á rafrænu formi. Er því ljóst að skylda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns til varðveislu þessara gagna skarast að einhverju leyti. Ætlast verður til að Þjóðskjalasafn (og héraðsskjalasöfn) annars vegar og Landsbókasafn hins vegar móti sér í

framkvæmd svipaða verkaskiptingu um varðveislu rafrænna gagna og þegar hefur verið við lýði um gögn á hefðbundna formi.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn skal Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp) varðveita myndir, plötur og hljómbönd í samráði við þjóðskjalavörð. Skv. 5. gr. laga um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, ber Ríkisútvarpinu að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Í því skyni starfar nefnd skipuð fulltrúum frá Þjóðskjalasafni og Ríkisútvarpi sem ákveður hvaða efni Ríkisútvarpið geymir.

Samkvæmt 25. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, er hverjum sem hefur heimild til rekstrar útvarps skylt að varðveita í a.m.k. 18 mánuði hljóðupptökur af öllu frumsömdu útsendu efni. Fréttir er þó heimilt að varðveita í handriti. Engin lagaákvæði skylda einkareknar útvarps- og sjónvarpsstöðvar til að varðveita útsent efni lengur en hér greinir.

Myndlist, nytjamunir, listgripir og margvíslegar menningarminjar er varðveitt í listasöfnum og minjasöfnum. Lög nr. 58/1988 gilda um Listasafn Íslands og þjóðminjalög, nr. 88/1989, um þjóðminjavörsluna í landinu. Með frumvarpi þessu eru ekki lagðar til neinar breytingar á varðveislu þessa efnis.

Fyrirhugaðar breytingar á löggjöf um skylduskil.

Miklar breytingar hafa orðið á listsköpun, útgáfuháttum og fjölmiðlun síðan lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, voru sett. Má nefna tilkomu íslensks kvikmyndaiðnaðar, einkarekinna útvarps- og sjónvarpsstöðva og útgáfu margs konar efnis á rafrænu formi. Tímabært er því orðið að endurskoða lögin til að tryggja að tilgangi þeirra um varðveislu menningararfsins verði náð. Nauðsynlegt er að ákvæði um skylduskil nái til allra útgefinna og birtra verka án tillits til þess hvaða miðill er notaður við framleiðslu verkanna og dreifingu.

Nefndin hugaði sérstaklega að því á hvern hátt mundi hentugast að haga varðveislu kvikmynda og útvarpsefnis. Í þessu skyni og til að afla upplýsinga um núverandi fyrirkomulag á varðveislu þessa efnis fékk nefndin á sinn fund Jón Þór Hannesson, formann Framleiðendafélagsins (aðild eiga fyrirtæki sem framleiða myndir fyrir sjónvarp), Björn Sigurðsson, formann Félags kvikmyndahúsaeigenda, Ara Kristinsson, formann Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Elínu S. Kristinsdóttur, deildarstjóra safnadeildar RÚV, og frá Stöð 2 Ástþrúði Sveinsdóttur safnvörð og Lovísu Óladóttur, dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði um skylduskil kvikmynda og útvarpsefnis ættu heima í heildarlögum um skylduskil frekar en í sérlögum.

Hér skulu nefndar nokkrar breytingar frá gildandi lögum sem felast í frumvarpinu:

— Efni, sem ekki hefur verið skilaskylt, verður það nú. Er þar um að ræða kvikmyndir, útvarpsefni, efni á rafrænum miðlum, auk örgagna og myndefnis á skyggnum.
— Útgáfa og birting verka verður notuð sem viðmiðun um skilaskyldu. Í gildandi lögum er miðað við fjölföldun á texta og myndefni og útgáfu hljóðrita.
— Afnumið er ákvæði 13. gr. um ríkisstyrkta útgáfu.
— Ekki eru lagðar til breytingar á reglum um á hverjum skilaskylda hvílir en kveðið er á um hverjir beri kostnað af skilunum.
— Fjöldi eintaka sem skila ber er óbreyttur hvað varðar efni sem er háð skilaskyldu samkvæmt gildandi lögum, þ.e. fjögur eintök af efni sem gefið er út á pappír og þrjú eintök af hljóðritum. Hins vegar er lagt til að skilað verði þremur eintökum af örgögnum, skyggnum og gögnum sem gefin eru út á rafrænu formi, svo sem CD-ROM, en fjórum eintökum af samsettum útgáfum. Gert er ráð fyrir að myndbönd verði afhent í tveimur

eintökum, nema íslenskar kvikmyndir á myndböndum sem verði afhentar í þremur eintökum. Af íslenskum kvikmyndum framleiddum á filmu verði afhent tvö eintök og skal annað vera frumeintak eða ígildi þess.

— Lagt er til að frestir til afhendingar efnis verði ákveðnir í reglugerð. Þó er lagt til að lögfest verði regla um að frumeintak kvikmynda skuli afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Er ástæða þess sú að framleiðanda kvikmyndar er þörf á því að hafa aðgang að frumeintaki meðan verkið er í dreifingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum, en þó er fellt brott ákvæði c-liðar um opinbera stjórnsýslu sem líta má svo á að geti fallið undir hugtakið „réttmætar þarfir". Undir það hugtak falla einnig þau tilvik þegar efni er ekki aðgengilegt annars staðar. Í II. kafla laganna er fjallað um hvaða verk eru skilaskyld. Ákvæði þessarar greinar áréttar þann tilgang laganna að varðveita menningararfinn, skrá hann og veita aðgang að honum til afmarkaðra nota. Þau not sem heimiluð eru af skilaskyldum verkum takmarkast einkum við rannsóknar- og fræðistörf, en ekki er ætlast til þess að almennur aðgangur sé að verkunum til afþreyingar.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið var hinu nýstofnaða Háskólabókasafni aukið við sem skylduskilasafni árið 1941. Við sameiningu þess og Landsbókasafns árið 1994 færðist skilaskylda beggja safna til hinnar nýju stofnunar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sbr. lög nr. 71/1994.

Gert er ráð fyrir að Landsbókasafn Íslands– Háskólabókasafn verði áfram aðalvarðveislusafn efnis sem þangað hefur verið skilað hingað til og taki við skylduskilaeintökum fyrir sig og Amtsbókasafnið á Akureyri. Ekki þykir ástæða til að hrófla við því að skylduskilin fari til Amtsbókasafnsins á Akureyri eins og verið hefur síðan fyrstu lög um skylduskil til íslenskra safna voru sett árið 1886.

Svo sem fram kemur í 4.–11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að eitt eintak af efni sem gefið er út á pappír og sem örgögn, hljóðrit og samsettar útgáfur, sem og eitt eintak af verkum á geisladiskum (CD-ROM) eða sambærilegu formi, verði geymt í Amtsbókasafninu. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir allar myndupptökur, nema þriðja eintak af íslenskum kvikmyndum á myndböndum sem Landsbókasafn varðveitir, svo og útvarpsefni, en Landsbókasafn varðveitir rafræn gögn af neti.

Um 3. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er hvers kyns fjölfaldaður texti og fjölfaldað myndefni skilaskylt, svo og útgefin hljóðrit. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að skilaskylda nái til verka sem hafa verið gefin út eða birt hér á landi. Liggja til þess tvær ástæður. Nýir fjölföldunar- og útgáfuhættir hafa það í för með sér að óhægt er um vik að nota framleiðsluaðferð sem viðmiðun um skilaskyldu. Með frumvarpinu er lagt til að fleiri tegundir efnis verði gerðar skilaskyldar en nú er, þ.e. örgögn, skyggnur, gögn á rafrænu formi, útvarpsefni og kvikmyndir. Þykir rétt að nota sömu viðmiðun um allar tegundir af efni eftir því sem við á. Er þetta einnig til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Hugtökin útgáfa og birting eru hér skilgreind að mestu á sama hátt og í höfundalögum, nr. 73/1972. Með útgáfu og birtingu er þannig átt við að verk sem eru flutt eða sýnd opinberlega, t.d. kvikmyndir sem sýndar eru í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og annars staðar, og verk

sem eru gefin út og þannig dreift til almennings með sölu, láni, leigu eða á annan hátt. Samkvæmt höfundalögum eru verk einnig birt með því að sýna eintök af þeim opinberlega, sbr. sýningu myndlistarverka á opinberum listsýningum, en skilaskylda nær ekki til verka sem birt eru á þann hátt. Orðið „sýnt“ í 2. mgr. 3. gr. vísar til merkingar orðsins í daglegu máli, þ.e. sýningar myndefnis, t.d. í kvikmyndahúsum. Skilgreining frumvarpsins á hugtakinu birting víkur frá skilgreiningu höfundalaga að því leyti að samkvæmt frumvarpinu er ekki skilyrði að verki hafi verið dreift til almennings í álitsverðum fjölda eintaka eins og krafist er samkvæmt höfundalögum. Það að verk hafi verið löglega gefið út eða birt vísar til þess að birtingin eigi sér annaðhvort stað með samþykki höfundar eða á grundvelli II. kafla höfundalaga, en þar er að finna nokkur ákvæði sem heimila útgáfu eða flutning verks í tilteknum tilgangi án þess að leita þurfi samþykkis höfundar.

Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um að verk sem miðlað er til almennings rafrænt, þannig að hægt sé að nálgast það fyrir tilstuðlan almenns tölvunets, teljist birt í skilningi laganna. Þetta á einnig við þegar eintök af verki eru til reiðu eftir pöntun (e. *on demand).*

Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um að undir verk birt hér á landi falli verk sem framleidd eru erlendis ef útgáfan er gerð með það sérstaklega fyrir augum að verkinu verði dreift hér á landi. Til marks um að verk sé framleitt með það sérstaklega fyrir augum að vera dreift hér á landi má t.d. hafa að verk sé á íslensku máli eða gefið út af íslenskum útgefanda. Verk sem íslenskir aðilar láta framleiða erlendis fyrir alþjóðlegan markað eru hins vegar ekki skilaskyld. Ekki er heldur lagt til að skilaskylda nái til verka sem íslenskir aðilar framleiða hér á landi ef framleiðslan er fyrir erlenda útgefendur og ætluð til dreifingar erlendis. Er talið að þessi verk falli utan tilgangs laganna þar sem fremur er um íslenskt handbragð að ræða en íslensk verk.

Um 4. gr.

Með þessari grein er kveðið á um skilaskyldu verka sem eru gefin út á pappír. Hér er um að ræða m.a. bækur, dagblöð, tímarit, árbækur, ársskýrslur, ársreikninga og þess háttar, verðlista, vöruskrár, bæklinga, leikskrár og skylt efni, einblöðunga, nótur, kort og myndir, þar með talin plaköt, akstursáætlanir, framleiðslulýsingar, hnattlíkön, upphleypt kort, spil, auglýsingar, söluskrár og póstkort. Tegundir efnis sem falla undir þessa grein eru hinar sömu og samkvæmt gildandi lögum, en um útgáfuhugtakið vísast til 3. gr. og athugasemda við hana.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skilaskyldan á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skilaskyldan hvíli á þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki. Þegar svo stendur á að skilaskylt verk verður til á fleiri en einum stað skal sá aðili sem fullbýr verkið til dreifingar vera ábyrgur fyrir skilum þess í endanlegum búningi. Þetta getur í vissum tilvikum haft í för með sér að skilaskyldan flytjist frá prentsmiðjunum til bókbandsstofanna.

Í þeim tilvikum að afbrigði koma fyrir í útgáfu mæla núgildandi lög fyrir um að skila skuli þremur eintökum af algengustu gerð en einu eintaki af hverju afbrigði. Er lögð til sú breyting að skila skuli fjórum eintökum af algengustu gerð en auk þess skuli skila einu eintaki af afbrigðum. Tölusetning eintaka er þó undanskilin þessu ákvæði.

Nýjar útgáfur og endurprentanir af verkum eru skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum, og er lagt til að það ákvæði haldist óbreytt.

Rétt er að vekja athygli á því að vegna nýrrar tækni verða mörk prentunar og ljósritunar ógleggri en áður var. Prentstofur og fjölföldunarstofur hafa tekið í notkun það sem kalla má stafrænar ljósritunarvélar sem gera stofunum kleift að verða við óskum viðskiptavina um fjölföldun gagna í mjög litlu upplagi í einu. Mætti kveða á um það í reglugerð að Landsbóka-

safni beri að setja viðmiðunarreglur um skil á slíku efni og semja um framkvæmdina við þau fyrirtæki sem í hlut eiga.

Um 5. gr.

Lagt er til að örgögn, þ.e. örfilmur og örfisjur, verði skilaskyld þó að þau séu jafnframt gefin út í öðru formi. Ekki eru þó skilaskyld örgögn sem eru framleidd í opinberum söfnum til þess að hlífa frumgögnunum þó að þeim sé dreift í nokkrum eintökum til annarra viðlíka stofnana. Efni á þessu formi hefur hingað til ekki fallið undir skilaskyldu.

Lagt er til að ljósmyndir sem eru fjölfaldaðar til útgáfu sem skyggnur verði skilaskyldar. Þetta efni hefur ekki verið skilaskylt hingað til.

Um 6. gr.

Með hljóðritum er átt við hvers kyns miðla sem eingöngu hýsa upptökur á tali og tónum. Um getur verið að ræða hljómplötur, hljóðsnældur eða geisladiska (CD). Hljóðútgáfur í formi hljóðbóka og hljóðblaða, þ.e. textar sem eru talaðir inn á hljómband, verða líka skilaskyldar. Hafi hljóðupptökur verið gefnar út á fleiri en einum miðli (plötur, diskar, snældur) eru allar gerðirnar skilaskyldar.

Hljóðrit hafa verið skilaskyld samkvæmt gildandi lögum.

Um 7. gr.

Undir þessa grein fellur margs konar efni, t.d. skrifaður texti, tal, tónlist og önnur hljóð, tölvugrafík, myndlist, ljósmyndir, kvikmyndir og margt fleira, einnig samsetningar af þessu efni, svokallað margmiðlunarefni. Greinin tekur þannig til allra rafrænna miðla í föstu formi, þar á meðal geisladiska (t.d. CD-ROM). Sumt af þessu efni getur jafnframt verið á öðrum miðlum, en annað er einungis í tölvutæku formi, t.d. tölvuleikir og önnur gagnvirk verk.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að ákvæðið nái ekki til tölvuforrita sem gefin eru út ein og sér. Sé hins vegar tölvuforrit hluti af útgefnu efni sem inniheldur aðrar tegundir verka er forritið nauðsynlegt til nýtingar verksins og nær skilaskyldan þá að sjálfsögðu jafnframt til forritsins.

Efni í þessu formi hefur ekki verið skilaskylt.

Um 8. gr.

Greinin tekur til efnis er birtist í rafrænu formi á tölvuneti, hvort heldur um er að ræða verk sem frumbirt er á netinu, verk sem jafnframt er gefið út á prenti eða endurútgáfu þar sem prentaðri útgáfu er snúið í rafrænt form.

Tölvuforrit sem birt eru á neti eru undanþegin skilaskyldu nema þau séu birt ásamt verki af annarri tegund er skilaskylda nær til og er um að ræða sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 7. gr.

Við samningu frumvarpsins var farin sú leið að leggja ekki almenna skyldu á útgefendur og aðra er birta efni á neti til að tilkynna um birtingu efnis. Ákvæðið mælir fyrir um að sá sem birtir verk, er skilaskylda nær til, skuli veita móttökusafni aðgang að verkinu. Í því felst að sé efni aðgengilegt almenningi þarf hinn skilaskyldi ekki að takast á hendur sérstakar aðgerðir í þessu sambandi heldur mun móttökusafnið sjálft sjá um að leita efnið uppi og afrita það. Sé hins vegar um að ræða efni sem aðeins er aðgengilegt með áskrift eða sambærilegum hætti er lögð sú skylda á þann sem birtir að afhenda móttökusafni aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að það geti nálgast efnið.

Af 12. gr. frumvarpsins leiðir að sá sem birtir verk hefur þá skyldu að gera móttökusafni kleift að nálgast efni á því formi er það birtist notendum. Frumvarpið felur hins vegar ekki í sér skyldu til að afhenda móttökusafni leyfi til notkunar hugbúnaðar, svo sem gagnagrunnsforrita, eða aðgang að vélbúnaði er kann að vera nauðsynlegur við notkun efnis. Á hinn bóginn er þeim sem birtir skylt á grundvelli 14. gr. frumvarpsins að verða við óskum safns um að láta í té tæknilegar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að efnið komi að notum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Landsbókasafnið skuli varðveita verk sem birtast í rafrænu formi á neti. Er gert ráð fyrir að safnið skrái og geri þetta efni aðgengilegt með sambærilegum hætti og þau verk er fram að þessu hafa verið háð skilaskyldu.

Um 9. gr.

Með samsettum verkum er átt við útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi. Algengast er að prentuðu máli fylgi efni á myndböndum, hljóðsnældum, skyggnum, tölvudiskum eða geisladiskum (t.d. CD-ROM).

Einnig getur verið um annars konar samsett verk að ræða, svo sem skyggnuflokka með hljóði.

Samkvæmt gildandi lögum hefur fylgiefni með prentuðum útgáfum verið skilaskylt, en ekki hefur verið skylt að skila samsettum útgáfum á öðrum miðlum. Með frumvarpinu er lagt til að hvers kyns samsettar útgáfur verði háðar skilaskyldu.

Um 10. gr.

Hér er lögð til sú nýbreytni að dagskrár Ríkisútvarpsins verði varðveittar til frambúðar í heild sinni en ekki einungis valdir hlutar eins og verið hefur. Í almennum athugasemdum er vikið að samstarfi Þjóðskjalasafns og Ríkisútvarps á vettvangi nefndar um söfnun og grisjun dagskrárefnis Ríkisútvarpsins. Í frumvarpi þessu er lagt til það nýmæli að allt efni Ríkisútvarpsins sé varðveitt og ekki grisjað. Í 22. gr. frumvarps þessa er lagt til að 3. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, falli niður. Jafnframt eru lagðar þær skyldur á einkastöðvar að þær láti í té þá hluta dagskrár sem móttökusafn óskar eftir. Þannig mundi t.d. dagskrá Stöðvar 2 væntanlega verða varðveitt í heild sinni, en af dagskrám annarra stöðva sem minni dreifingu hafa yrði varðveitt að lágmarki svo sem ein vika af hverri árstíð.

Heildarsöfnun af þessum toga tíðkast í flestum nágrannalandanna, enda er litið svo á að dagskrár í heild sinni séu ómetanlegur mælikvarði á tíðarandann á hverjum tíma.

Útfærsla söfnunarinnar er mismunandi eftir löndum. Ýmist sjá stöðvarnar sjálfar um söfnun dagskránna og skila þeim svo til móttökusafns (t.d. í Svíþjóð og Danmörku) eða móttökusafn sér sjálft um söfnun í gegnum móttökubúnað (t.d. í Bretlandi). Þetta þarf að útfæra hér á landi.

Gert er ráð fyrir að Kvikmyndasafn Íslands sjái um varðveislu efnisins. Rétt þykir þó, þar sem Ríkisútvarpið er með safnadeild, að heimila því að sjá um varðveislu sinnar dagskrár, enda sé tryggt aðgengi að efninu, sbr. 1. gr.

Um 11. gr.

Skilaskylda á kvikmyndum er nýmæli. Með „kvikmynd“ er í frumvarpinu átt við allar tegundir hreyfimynda, óháð því á hvers kyns miðil tekið er upp eða hvaða útsendingarform er notað. Skyldan nær þannig jafnt til kvikmynda sem teknar eru upp á filmu, myndbönd eða á rafrænt form. Hér er t.d. um að ræða bíómyndir, heimildarmyndir, tilraunamyndir (e. *experimental films)* og auglýsingar. Margt af því efni sem framleitt er fyrir sjónvarp, svo sem fréttir, fréttaskýringar og ýmsir umræðu- og spurningaþættir, mundu hins vegar ekki teljast

til heildstæðra kvikmyndaverka í skilningi frumvarpsins. Slíkt efni er skilaskylt skv. 10. gr. um útvarpsefni.

Lagt er til að skilaskylda íslenskra kvikmynda hvíli á framleiðanda, þ.e. þeim aðila er ber fjárhagsábyrgð á gerð myndarinnar, en að hinn íslenski dreifingaraðili sé ábyrgur fyrir skilum erlendra kvikmynda.

Með íslenskri kvikmynd er átt við mynd sem er framleidd af íslenskum framleiðanda eða meðframleiðanda og er með íslensku tali. Kvikmynd með erlendu tali getur þó talist íslensk ef til hennar er lagt verulegt íslenskt framlag, listrænt eða tæknilegt, og myndin er hluti af íslenskri kvikmyndamenningu. Með íslenskum framleiðanda er átt við einstakling, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Frumvarpið kveður á um að einungis skuli afhenda frumeintak af endanlegri gerð myndar en ekki fráklipp. Fráklipp hefur í sumum tilvikum verulegt heimildagildi. Verður afhending þess í slíkum tilvikum að vera samkomulagsatriði, en ekki þykir fært að setja reglur um afhendingu þess í lög.

Framköllun íslenskra kvikmynda fer að öllu leyti fram erlendis. Gert er ráð fyrir að framleiðandi geti dregið afhendingu frumeintaks eða ígildis þess í allt að sjö ár frá frumsýningardegi. Að liðnum þeim tíma hefur framleiðandi yfirleitt ekki þörf fyrir að búa til fleiri eintök af verkinu og ætti að geta afhent frumeintak eða ígildi þess til varðveislusafns.

Algengt er að í samframleiðslu og dreifingarsamningum sé lofað aðgangi að frumeintaki myndarinnar í lengri tíma en sjö ár. Ekki er líklegt að þetta verði mikið notað en þó geta alltaf átt sér stað skemmdir á öðrum móðureintökum myndarinnar sem gera það nauðsynlegt að farið sé aftur í frumeintakið. Sýningareintök af kvikmyndum eru mjög dýr, hvert eintak kostar frá 150.000 kr. upp í 800.000 kr. Ekki er hægt að ætlast til af framleiðanda sem framleitt hefur kvikmynd í einu eintaki sem kostar 800.000 kr. að hann afhendi móttökusafni annað eintak sem mundi kosta hann aðrar 800.000 kr.

Mikilvægasta atriðið til þess að vera viss um að móttökusafn nái örugglega að komast yfir frumeintak myndarinnar að sjö árum liðnum er að móttökusafn fái strax í upphafi aðgangsheimild (e. *Laboratory letter of access)* að frumeintaki myndarinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar framleiðslufyrirtæki hefur orðið gjaldþrota og enginn finnst til að sjá um skil til safnsins að sjö árum liðnum. Þá er nauðsynlegt að safnið hafi bréf upp á það að það hafi forræði yfir frumeintaki myndarinnar.

Þegar íslenskar kvikmyndir eru samframleiddar með erlendum aðilum getur hinn íslenski framleiðandi þurft að skuldbinda sig til að sjá um að frumeintak sé varðveitt hjá tilteknum erlendum aðila. Þykir því rétt að heimila að frumeintak sé í slíkum tilvikum varðveitt hjá erlendu safni.

Að öðru leyti varðveitir Kvikmyndasafn Íslands efni samkvæmt þessari grein. Þó er gerð tillaga um að eitt sýningareintak af íslenskum kvikmyndum sem kveðið er á um í 2. mgr. verði varðveitt í Landsbókasafni, enda er góð aðstaða í tón- og myndeild safnsins fyrir þá sem vilja kynna sér hvaðeina sem lýtur að íslenskri kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu. Notkun þess eintaks sem afhent yrði Landsbókasafni samkvæmt þessari grein yrði með sama hætti og í Kvikmyndasafni Íslands, þ.e. eintakið væri ekki lánað út, heldur yrði það eingöngu til skoðunar á staðnum.

Kvikmyndir endast misvel, af sumum kvikmyndum er enn verið að gera afrit sjö árum eftir að þær voru frumsýndar. Þá hafa sumir kvikmyndagerðarmenn tekjur af því að selja einstök myndskeið úr myndum sínum. Þar sem ekkert framköllunarfyrirtæki er hér á landi væri afar óhagkvæmt fyrir þessa aðila að vista frumeintök sín á Íslandi og þurfa sífellt að senda

þau til útlanda vegna eintakagerðar. Þetta mundi þó að öllum líkindum aldrei eiga við um nema 10–15% kvikmynda.

Um 12. gr.

Í 12. gr. eru ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um frágang skilaskyldra eintaka. Er gert ráð fyrir að þau beri að afhenda í endanlegri gerð og í því formi og ástandi sem þau birtast notendum ásamt því efni sem er framleitt til þess að fylgja verkunum í sölu eða dreifingu, t.d. hlífðarkápum, kössum eða hylkjum, notkunarreglum og viðlíka efni.

Breytingin styðst við reynslu af gildandi lögum og tekur einnig mið af nýlegri löggjöf grannlandanna. Jafnframt þykir rétt að kveða á um að móttökusafni sé heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir. Þannig gæti t.d. verið heppilegt að fá í óskornum örkum prentað efni sem búið er í hendur notendum með því að skera arkirnar við kjöl, fræsa þær og líma þannig inn í kápu.

Prufuprent eða annars konar ófullgerð eintök útgefins verks eru ekki skilaskyld.

Um 13. gr.

Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum. Var talið rétt að leggja til að taka ákvæðið upp í frumvarpið þó að þýðing þess muni væntanlega minnka frá því sem verið hefur.

Um 14. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Líklegt er að skilaskylt efni verði í sumum tilvikum aðeins nýtt með aðstoð sérstaks tæknibúnaðar. Þurfa söfnin því að koma upp slíkum búnaði og halda honum við, ellegar færa efnið á nýtt form sem gengur við þann búnað sem tiltækur er á hverjum tíma.

Þegar sá tæknibúnaður sem efnið krefst er í samræmi við staðla er oft nægilegt að veita upplýsingar um fyrir hvaða gerð búnaðar efnið er framleitt. Í vissum tilvikum er hægt að tryggja aðgengi að efninu og koma í veg fyrir að efnið glatist á forgengilegum miðlum með því að færa það í tíma yfir á nýjan miðil eða aðlaga það nýjum stöðlum sama miðils, t.d. færa efni af gömlum hljómplötum yfir á diska eða stafræna miðla. Samkvæmt höfundalögum er ráðherra heimilt að ákveðnu marki að setja reglur um slíka afritun.

Skylduskil efnis á tölvutæku formi eru gagnslaus þegar til lengdar lætur ef varðveislustofnuninni gefst ekki í tíma kostur á upplýsingum um hinar tæknilegu forsendur þess að efnið komi að gagni. Frumvarpið gerir því ráð fyrir heimild til að krefja skilaaðila um slíkar upplýsingar ef nauðsynlegt er.

Tæknilegar upplýsingar af því tagi sem hér er um að ræða geta verið háðar viðskiptaleynd. Skilaaðili getur því sett það skilyrði að þær verði ekki látnar óviðkomandi í té.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um takmörkun útlána á eintökum sem fengin eru með skylduskilum. Lagt er til að þessi takmörkun verði afnumin. Eðlilegt þykir að skylduskilaefnið sé að meginstefnu til aðgengilegt notendum að því marki sem höfundalög heimila. Eðli málsins samkvæmt ber þó móttökusafni ætíð að fara þannig með skylduskilaefni að varðveisluskyldu sé fullnægt. Mætti í reglugerð kveða nánar á um meðferð móttökusafns á skylduskilaefni.

Ekki er nú ljóst hvernig ákvæðum höfundalaga verður í framtíðinni háttað um aðgang almennings að efni á rafrænu formi. Fyrir liggur tilskipun Evrópusambandsins nr. 29/2001 um höfundarétt og hliðstæð réttindi í upplýsingasamfélaginu (Directive 2001/29/EC of the European Parliament and of the Council of 22 May 2001 on the harmonisation of certain aspects

of copyright and related rights in the information society) sem mun væntanlega kalla á breytingar á íslenskum höfundalögum, en hverjar þær nákvæmlega verða liggur ekki fyrir. Með hliðsjón af þessari stöðu mála þykir rétt að vísa hér almennt til ákvæða höfundalaga.

Um 16. gr.

Landsbókasafni er samkvæmt gildandi lögum gert að gera skrár um það efni sem safnið fær í skylduskilum. Amtsbókasafninu á Akureyri hefur ekki verið skylt að gera sérstaka skrá yfir það efni sem það hefur fengið í skylduskilum. Eðlilegast er að sambærilegar reglur gildi um skráningu allra verka sem eru hluti af íslenskri menningarsögu og afhent samkvæmt ákvæðum laganna. Mætti hugsa sér að verkin yrðu skráð í sameiginlegan gagnagrunn sem yrði aðgengilegur öllum landsmönnum á netinu, en í frumvarpinu er lagt í vald ráðherra að mæla nánar fyrir um skráninguna í reglugerð.

Ákvæðið um að útgefanda sé skylt að gefa upplýsingar um verkin er nýmæli og styðst við lög um skilaskyldu á Norðurlöndum. Löng hefð er fyrir því að eintökum fylgi upplýsingar um útgefanda, útgáfustað, útgáfuár og höfunda þegar um er að ræða prentað mál. Alþjóðlegir staðlar mæla líka fyrir um það. Með því að samræma upplýsingarnar sem eiga að fylgja öllum skilaskyldum verkum er hægt að tryggja rétta skráningu á útgefnu eða birtu efni án tillits til miðilsins sem verkið birtist á.

Um 17. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því sem meginreglu að skyldueintök séu afhent endurgjaldslaust og að þeir sem skyldan beinist að greiði flutningskostnað. Í sumum tilvikum kann þessi skylda þó að verða þungbær, og er með þessu ákvæði veitt færi á að bregðast við slíku. Höfð eru m.a. í huga tilvik þegar um er að ræða efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur sem gefnar eru út í litlu upplagi.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Eðli málsins samkvæmt getur skilaskylda aldrei náð til alls þess sem gefið er út eða birt. Eðlilegt er að ýmislegt smáprent, t.d. eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki eru ritstýrð (eru án texta) falli utan marka laganna.

Í gildandi lögum er sérstaklega tekið fram að undanþeginn skilaskyldu sé prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Er lagt til að sú regla gildi áfram.

Samkvæmt gildandi lögum er Landsbókasafni falið að setja reglur um hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skilaskyldu. Eðlilegast þykir að ráðuneytið setji ákvæði um allar frekari undanþágur í reglugerð í samráði við móttökusöfnin.

Um 20. gr.

Ákvæðið er nýtt. Í gildandi lögum er að nokkru kveðið á um þessi atriði, en betur þykir hæfa að ákvæði um þau verði sett í reglugerð. Þó er lagt til að kveðið sé á um skilafrest á kvikmyndum í lögunum sjálfum, sbr. 11. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skylduskil til safna.

Frumvarpið felur í sér ýmsar breytingar á skilaskyldu til safna, einkum til samræmis við þróun er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti frá því að gildandi lög, nr. 43/1977, voru sett.

Helstu breytingar sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs eru sem hér segir, og er þá byggt á kostnaðaráætlun nefndar menntamálaráðherra er samdi drög að frumvarpi um sama efni sem lagt var fyrir á 125. löggjafarþingi:

1. Íslenskar kvikmyndir, erlendar kvikmyndir með íslensku tali eða skýringartexta og kynningarefni tengt kvikmyndum verður skilaskylt. Einnig verður meira af efni íslenskra hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva skilaskylt en nú er. Kvikmyndasafni Íslands er ætlað að kalla inn efnið og varðveita það, en myndbönd og mynddiskar skulu einnig varðveittir á Landsbókasafni–Háskólabókasafni. Stofnkostnaður er lauslega áætlaður 26–35 m.kr. og liggur hann í auknu geymslu- og skrifstofuhúsnæði og innréttingum. Árlegur rekstrarkostnaður, m.a. vegna launa starfsmanna, húsnæðis, umbúða og skrifstofuþjónustu, er áætlaður 13–18 m.kr. Að auki má áætla lauslega að kostnaður Ríkisútvarpsins aukist um 6–11 m.kr. á ári, aðallega vegna húsnæðis og skráningar. Ekki er lagt mat á kostnað annarra skilaskyldra aðila.
2. Verk sem gefin eru út á rafrænum miðlum, svo sem geisladiskum, disklingum eða á almennu tölvuneti verði skilaskyld, þó ekki tölvuforrit sem birt eru ásamt verki af annarri tegund. Einnig verði hljóðbækur og efni á skyggnum skilaskylt. Landsbókasafni Íslands–Háskólabókasafni er ætlað að innkalla og varðveita efnið auk þess sem Amtsbókasafninu á Akureyri er ætlað að varðveita hluta þess. Stofnkostnaður vegna kaupa og þróunar á tölvubúnaði til að safna, varðveita og veita aðgang að gögnum er áætlaður um 9–11 m.kr. Árlegur launakostnaður starfsmanna, viðhald og afskriftir búnaðar, auk skrifstofuþjónustu og annars sem fellur til er áætlaður 11–16 m.kr.
3. Í þeim tilvikum sem afbrigði koma fyrir í útgefnu riti er lagt til að því sé skilað í fjórum eintökum af algengustu gerð, í stað þriggja samkvæmt gildandi lögum, en einu eintaki af hverju afbrigði. Gert er ráð fyrir að þetta hafi óveruleg áhrif á fjölda skilaskyldra eintaka og þar með kostnað ríkisins.
4. Gert er ráð fyrir að ekki verði lengur ætlast til þess að aðilar sem njóta ríkisstyrks til útgáfu á ritum skili allt að tíu eintökum. Þrjú þessara eintaka hafa verið afhent bókasöfnunum í Stykkishólmi, á Ísafirði og Seyðisfirði. Gera má ráð fyrir að bókakaup þessara safna og Landsbókasafnsins aukist. Kostnaðarauki ríkisins vegna Landsbókasafnsins er áætlaður 1–3 m.kr. á ári.
5. Kostnaður við kynningarmál er áætlaður 2 m.kr. fyrsta árið en 0,5 m.kr. á ári eftir það.

6. Skilaskyldum aðilum og útgefendum er ætlað að bera kostnað af skylduskilum. Þó er gert ráð fyrir reglugerðarheimild í frumvarpinu um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskylt efni og afhendingu þess. Það á fyrst og fremst við um efni sem er sérstaklega dýrt í framleiðslu, útgáfur í dýru bandi eða útgáfur í litlu upplagi. Kostnaður við þetta er afar óviss og er hér slegið á 2–4 m.kr. á ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað, verði frumvarpið að lögum, að stofnkostnaður verði að lágmarki 35–46 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður 34–53 m.kr., en hann getur hæglega orðið mun meiri. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að þau taki gildi í ársbyrjun 2003.

255. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. koma tvær nýjar greinar, 37. gr. a og 37. gr. b, svohljóðandi:

a. (37. gr. a.)

37.a.1. Starfrækja skal stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð.

37.a.2. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar er eftirfarandi:

1. Að annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein og eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar.
2. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum ásamt ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu vegna þeirra.
3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir um forvarnir eftir því sem við á.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með talmein og sjá um viðeigandi fræðslu og þjálfun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir og/eða búa við talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og reglum settum með stoð í þeim lögum og 3. gr. laga þessara.

37.a.3. Við Heyrnar- og talmeinastöðina skal vera fimm manna fagráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun og/eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Fagráðið er framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar, og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnunarinnar. Heimilt er að ákveða nánar um menntunarskilyrði starfsmanna í reglugerð.

37.a.4. Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina.

37.a.5. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald vegna viðgerða á hjálpartækjum.
37.a.6. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim lögum.
37.a.7. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.
37.a.8. Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.
37.a.9. Ráðherra setur gjaldskrá vegna 5., 7. og 8. mgr. að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöðin innheimtir gjöld þessi.
37.a.10. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

b. (37. gr. b.)
37.b.1. Ráðherra er heimilt að veita rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem greinir í 2. mgr. 37. gr. a. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skulu fylgja upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. eftir því sem við á. Enn fremur gilda ákvæði 2. mgr. 27. gr. um veitingu rekstrarleyfis og 28. gr. um eftirlit heilbrigðisyfirvalda.
37.b.2. Leyfishafi skal ráða starfsmenn með viðeigandi menntun til að tryggja að hann geti veitt þjónustu skv. 1. mgr. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði í reglugerð.
37.b.3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur ákveðið þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina með þjónustusamningi við rekstrarleyfishafa.
37.b.4. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta var samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við formann stjórnar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Markmiðið með frumvarpinu er að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein. Hlutverk stöðvarinnar er skilgreint nánar, lagt er til að fagráð komi í stað stjórnar og ákvæði um gjaldtöku sett í frumvarpið vegna þeirra krafna sem gerðar eru til gjaldtökuákvæða í stjórnskipunarlögum. Frumvarpið var sent sextán aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá níu aðilum og var tekið tillit til athugasemda þeirra við endanlega gerð frumvarpsins. Umsagnaraðilar voru Félag háls-, nef- og eyrnalækna, Félag heyrnarfræðinga, Félag heyrnarlausra, Félag talkennara og talmeinafræðinga, heilsugæslan í Reykjavík, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Heyrnarhjálp, landlæknir, Landspítali–háskólasjúkrahús, Landssamtök heilsugæslustöðva, Læknafélag Íslands, Neytendasamtökin, Samskiptamiðstöð

heyrnarlausra og heyrnarskertra, Sjálfsbjörg, Tryggingastofnun ríkisins og Öryrkjabandalagið.

II.

Fram til ársins 1962 var meðhöndlun og endurhæfing heyrnarskertra og þeirra sem voru með talmein hjá starfandi háls-, nef- og eyrnalæknum, félaginu Heyrnarhjálp og Heyrnleysingjaskólanum sem kenndi og annaðist heyrnarlaus börn á aldrinum fjögurra til sextán ára. Árið 1962 var komið á fót vísi að heyrnarstöð við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og árið 1966 var svo stofnuð heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar að fyrirmynd nágrannaþjóða og ráðnir til starfa fyrstu sérmenntuðu starfsmennirnir á sviði heyrnar- og talmeinafræði. Fyrst í stað þjónaði hún einungis Reykvíkingum enda borgarstofnun, en 1. janúar 1979 tók Heyrnar- og talmeinastöð Íslands til starfa og náði þjónusta hennar til allra landsmanna.

III.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 35/1980. Þar segir m.a. að stofnunin skuli skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skuli hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skuli vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skuli vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir og aðstoðarfólk. Þá er kveðið á um að ráðherra skipi framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára, að fengnum tillögum stjórnar, og að hann ráði yfirlækni, að fenginni umsögn stöðunefndar, og ráði aðra starfsmenn.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

Um hlutverk stofnunarinnar segir að stofnunin skuli annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t.d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Hún skuli annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna, hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum í samráði við aðra aðila sem starfa á þessum vettvangi. Þá skuli hún annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t.d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja, og annast útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta sem yfirlæknir stofnunarinnar úrskurðar nauðsynleg. Að lokum skuli stofnunin halda skrá yfir alla þá sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir.

Þá skal stofnunin hafa samráð við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans um sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda skólans. Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og málhalta sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

IV.

Á árinu 1994 fór fram á vegum Ríkisendurskoðunar stjórnsýsluendurskoðun á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Ríkisendurskoðun gerir ýmsar athugasemdir við starfsemi stöðvarinnar. Þar segir m.a. að stjórn félagsins virðist ekki vera mjög virk. Þá megi ráða af fundargerðum og viðtölum að stjórnin virðist vera að sinna málum sem mætti flokka undir afgreiðslu sem ætti að vera í höndum daglegra stjórnenda stöðvarinnar. Enn fremur segir Ríkisendurskoðun að stofnunin virðist ekki hafa myndað heildarstefnu í málefnum stöðvarinnar

heldur tali menn gjarnan út frá hagsmunum þeirra samtaka sem þeir eru fulltrúar fyrir. Einnig virtist túlkun manna vera mismunandi á lögum stofnunarinnar, hvað eigi að vera verkefni stofnunarinnar og skyldur. Ríkisendurskoðun telur að lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Heyrnleysingjaskólann og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins skarist að sumu leyti.

Þá kemur enn fremur fram hjá Ríkisendurskoðun að Heyrnar- og talmeinastöð Íslands beri þess nokkur merki hvernig að uppbyggingu stöðvarinnar var staðið í upphafi. Sjö manna stjórn sé skipuð fulltrúum hagsmunahópa er tengist á einn eða annan hátt starfsemi stöðvarinnar. Skipun stjórnarinnar hafi í upphafi verið eins konar málamiðlun vegna hinna ýmsu hagsmunahópa og átti hún aðeins að sitja til bráðabirgða. Nauðsynlegt sé að skilgreina betur hvað eigi að vera starfs- og verksvið stöðvarinnar. Stöðin vinni í rauninni með fjölda þjónustuaðila og stofnana. Þyrfti að skilgreina allítarlega hvað sé á verksviði hvers og eins til að forðast tvíverknað.

V.

Í framhaldi af athugun Ríkisendurskoðunar var á árinu 1996 m.a. kannaður sá möguleiki að stöðin sameinaðist Sjúkrahúsi Reykjavíkur en af því varð ekki. Fjárveitingar til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fóru heldur minnkandi á sama tíma og eftirspurn eftir þjónustu stöðvarinnar jókst samfara fjölgun aldraða í þjóðfélaginu, en þeir eru sá hópur sem mest leitar til stöðvarinnar. 87% þeirra sem leita til stöðvarinnar eru eldri en 67 ára. Miklar framfarir hafa orðið í gerð heyrnartækja, ný stafræn tækni í gerð heyrnartækja hefur rutt sér til rúms og kostnaður við innkaup slíkra tækja hefur farið vaxandi. Hefur þetta leitt til aukinnar eftirspurnar eftir hjálpartækjum og í janúar 2001 biðu u.þ.b. 1.200 einstaklingar eftir heyrnartækjum. Heilbrigðisyfirvöldum hefur verið ljóst að við vanda er að etja sem takast þarf á við.

Í apríl 2000 var kynnt í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu greinargerð um málefni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands sem unnin var, að undirlagi formanns stjórnar stöðvarinnar, af ráðgjafafyrirtækinu Ráðgarði. Niðurstöður þessarar greinargerðar voru í svipuðum anda og athugun Ríkisendurskoðunar frá 1994 og eru þessar helstar:

1. Stjórn stofnunarinnar hefur verið óstarfhæf í mörg ár. Nokkrar ástæður liggja þar að baki, en líklegt er að hagsmunaárekstrar valdi þar mestu. Nauðsynlegt er að gera sem fyrst breytingar á lögum þar sem stjórn verði skipuð með öðrum hætti og hlutverk stöðvarinnar endurskilgreint.
2. Mikið álag er á læknum stöðvarinnar. Eftirspurn eftir þjónustunni er mikil. Erfitt hefur reynst að ráða við afleysingar sem stundum hefur verið þörf á með stuttum fyrirvara.
3. Afgreiðslufyrirkomulag er í dag þannig að tekin er ákvörðun fyrir skjólstæðinginn um tækjanotkun án formlegrar umsóknar frá honum. Þessu er nauðsynlegt að breyta í sama horf og notað er hjá hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins um leið og skjólstæðingi er gefið meira val.
4. Ráðgjafaþjónusta og eftirfylgni með skjólstæðingum er of lítil. Þannig hefur stöðin lent í andbyr þar sem framboð hjálpartækja hefur verið lítið og illa kynnt.

Í greinargerðinni er bent á að takmarkað traust sé til starfseminnar og að hún njóti takmarkaðra vinsælda hjá samskiptaaðilum og að mörg félagasamtök gagnrýni þjónustu stöðvarinnar.

Í framhaldi af niðurstöðu greinargerðarinnar hefur verið unnið að endurbótum á starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setti á laggirnar starfshóp til að móta framtíðarsýn og stefnu stofnunarinnar. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að gerður verði árangursstjórnunarsamningur við stofnunina þar sem tekið verði á ýmsum vandamálum sem við er að glíma.

Í samræmi við framangreint og í kjölfar breytinga á stjórnarskipunarlögum, nr. 33/1944, sbr. 15. gr. laga nr. 97/1995, að því er snertir gjaldtöku ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta endurskoða gildandi lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Sérlög um stofnunina hafa verið í gildi frá 1980 en eðlilegt verður að telja að lagaákvæði um þennan þátt í heilbrigðisþjónustu við landsmenn falli undir almenna heilbrigðislöggjöf og verði hluti af lögum um heilbrigðisþjónustu. Skýrara þótti að setja ákvæði um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja og um gjaldtöku sjúklinga í lög um heilbrigðisþjónustu og lög um almannatryggingar. Eru þá öll ákvæði um þennan málaflokk á einum stað í lögum en unnt er að setja ákvæði um nánari útfærslu í reglugerð sem sett yrði með stoð í lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Í frumvarpi þessu eru meginákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands felld inn í lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, jafnframt því sem í frumvarpinu er gerð tillaga um einföldun lagatextans, hann gerður skýrari og færður til nútímalegs horfs. Felld eru út ákvæði sem eðlilegt má telja að kveðið sé á um í árangursstjórnunarsamningi milli stöðvarinnar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um markmið og þjónustustig stöðvarinnar og það verði í samræmi við fjárveitingar hverju sinni. Er það í samræmi við nútímastjórnsýslu og aðra samninga sem unnið er að í ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála.

Vegna áhuga einkaaðila á að hefja sölu á hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta og vandkvæða Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands við að uppfylla þörf fyrir heyrnartæki þótti rétt að opna þann möguleika í frumvarpinu að ráðherra gæti veitt öðrum rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð Íslands veitir í dag. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að slíkt leyfi sé háð sömu skilyrðum og eftirliti og þegar um er að ræða aðrar stofnanir eða fyrirtæki sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að hjálpartækin verði veitt einstaklingum á svipuðum kjörum og hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni.

Með vísan til framanritaðs er því gerð tillaga um að inn í IV. kafla laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, komi á eftir 37. gr. tvær nýjar greinar sem verði 37. gr. a. og 37. gr. b.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið (37. gr.a).

Í greininni er starfsvettvangur Heyrnar- og talmeinastöðvar rýmkaður þannig að stöðinni er jafnframt ætlað það hlutverk að sinna málefnum heyrnarlausra en gildandi lög kveða einvörðungu á um þjónustu við heyrnarskerta og heyrnardaufa. Rýmkunin er í samræmi við breytt viðhorf og núverandi framkvæmd en Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur sinnt málefnum heyrnarlausra, m.a. hefur hún haft milligöngu um útvegun og afgreiðslu tölvubúnaðar til þessa hóps ásamt því að þjónusta hann og annast þjálfun, forrannsóknir og eftirmeðferð vegna kuðungsígræðslna (cochlear implant). Búast má við að þessi þjónusta stöðvarinnar fari vaxandi.

Í frumvarpinu eru felld brott ákvæði um ferðalög út á land til aðstoðar heyrnarskertum. Ekki er talin þörf á slíku sérákvæði, enda er Heyrnar- og talmeinastöðinni ætlað að sinna þjónustu við alla landsmenn óháð búsetu. Gert er ráð fyrir að ákvæði um ferðir út á land verði í árangursstjórnunarsamningi sem unnið er að. Þar verði umfang þessa hluta þjónustu stöðvarinnar ákvarðað.

Í 1. mgr. segir að starfrækja skuli stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og í fimm töluliðum er upptalning á einstökum þáttum. Er m.a. tekið mið af athugasemdum Ríkisendurskoðunar og greinargerð ráðgjafafyrirtækisins Ráðgarðs eins og fyrr greinir.

Í 1. tölul. er það nýmæli að þjónusta stöðvarinnar nær til heyrnarlausra og þeirra sem eru með talmein. Orðið talmein hefur öðlast sess í íslensku máli og er notað í stað málhaltra nú. Annað nýmæli er að kveðið er á um það hverjir geti notið þjónustu stöðvarinnar, þ.e. þeir sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Er talið rétt að sömu skilyrði gildi um þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar og þjónustu sjúkrahúsa og Tryggingastofnunar ríkisins, þ.m.t. hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar.

Í 2. tölul. er kveðið skýrar á um einstaka þjónustuþætti stöðvarinnar en ekki er um nýmæli að ræða.

Í 3. tölul. er fjallað um forvarnir sem eru taldar mjög mikilvægur þáttur í starfsemi stöðvarinnar en þann þátt þarf að efla verulega. Það er kunnugra en frá þurfi að segja að hávaði og hávaðamengun er vaxandi vandamál í nútímaþjóðfélagi og brýnt að sinna öflugu forvarnarstarfi og þá ekki síst meðal ungs fólks, m.a. í skólum landsins. Þá eru heyrnarrannsóknir á vinnustöðum umtalsverður hluti af þjónustu stöðvarinnar sem fer vaxandi.

Í 4. tölul. er fjallað um hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með talmein ásamt viðhaldi á þeim tækjum. Reikna má með að einhverjar breytingar verði á þessum þætti í þjónustu stöðvarinnar ef frumvarpið verður að lögum. Heyrnartæki verða brátt til sölu á almennum markaði eftir nánari reglum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur. Reynsla nágrannaþjóðanna hefur sýnt að þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið reynt hefur samt sem áður lítið dregið úr eftirspurn eftir heyrnartækjum á opinberum heyrnarstöðvum. Má að einhverju leyti rekja það til sífellt vaxandi eftirspurnar og tæknilegra framfara. Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að aðrir en yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, geti metið þörf fyrir hjálpartæki fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Er það eðlileg þróun og í samræmi við það sem er að gerast í nágrannaríkjunum.

Í 5. tölul. er ákvæði um heyrnarrannsóknir og rannsóknir á talmeinum ásamt fræðsluskyldu stöðvarinnar. Efla þarf þennan þátt stöðvarinnar en til þessa hefur bæði skort sérmenntað fólk og nægjanlegt fjármagn. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands hefur ráðið sérmenntað fólk í þessu skyni en gera þarf enn betur. Sú fræðsla sem þegar er veitt hefur mælst mjög vel fyrir. Reynslan hefur sýnt að þeir sem fá hjálpartæki þurfa mun meiri fræðslu, þjálfun og æfingu í notkun þeirra en veitt er í dag. Í 5. tölul. er það nýmæli að stöðin skuli safna tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf og er sérstaklega kveðið á um að söfnun slíkra upplýsinga skuli vera í samræmi við lög um persónuvernd og reglur settar með stoð í þeim lögum og lögum um almenna skráningu í heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á.

Í 3. mgr. er kveðið á um fagráð stofnunarinnar sem ráðherra skipar. Fagráðið skal skipað fimm mönnum og skulu þrír hafa menntun og/eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar en tveir vera úr hópi notenda þjónustunnar. Fagráðið skal vera framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Horfið er frá núverandi fyrirkomulagi um sjö manna stjórn tilnefnda af ýmsum hagsmunaaðilum. Reynslan af því fyrirkomulagi hefur ekki verið sem skyldi og stjórnin stundum verið óstarfhæf eins og kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarpið. Í 3. málsl. 3. mgr. er kveðið á um skipan framkvæmdastjóra og er það í samræmi við gildandi ákvæði starfsmannalaga.

4. mgr. er efnislega óbreytt frá núgildandi lögum og þarfnast ekki skýringa. Þó má reikna með að í reglugerðinni verði tekið mið af reglum Tryggingastofnunar ríkisins um hjálpartæki.

Í 5., 7. og 8. mgr. eru ákvæði í núgildandi reglum og gjaldskrá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins tekin upp í frumvarpið en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Þó er gert ráð fyrir að einungis þeir sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar greiði gjöld samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Er það til samræmis við það að Heyrnar- og talmeinastöðin veitir einungis þeim hópi þjónustu, sbr. athugasemdir við 1. tölul. 2. mgr. Í 9. mgr. er síðan gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji gjaldskrá að fengnum tillögum fagráðs Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og skuli gjöldin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Enn fremur er kveðið á um að stöðin skuli innheimta gjöld þessi.

Í 6. mgr. er kveðið sérstaklega á um að gjald einstaklings fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir skuli vera samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og reglum settum með stoð í þeim lögum. Rétt þykir að hafa gjöld fyrir þjónustu þessa þau sömu og eru í sjúkratryggingum almannatrygginga en kveða ekki á um þau í sérstakri gjaldskrá.

Í 10. mgr. er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild en slík heimild er ekki í núgildandi lögum.

Um b-lið (37. gr. b).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því nýmæli að þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar eða hluti þeirrar þjónustu sem hún skal veita geti verið falin öðrum með sérstöku rekstrarleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. 37. gr. b fjallar um útgáfu, skilyrði og þátttöku ríkisins í kostnaði hjálpartækja vegna rekstrarleyfisins.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að veita öðrum rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöðin skal veita skv. 2. mgr. 37. gr. a í 1. gr. frumvarpsins. Vegna áhuga einkaaðila á að hefja sölu á hjálpartækjum fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta og vandkvæða Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands við að uppfylla þörf fyrir heyrnartæki þótti rétt að opna þann möguleika í frumvarpinu að ráðherra gæti veitt öðrum rekstrarleyfi til að annast slíka þjónustu. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skulu fylgja upplýsingar um verksvið umsækjanda, hvar starfseminni er ætlaður staður ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur skal fylgja greinargerð um væntanlegan rekstrarleyfishafa, fjárhagsástæður, starfsáætlun, stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag. Þá skulu fylgja upplýsingar um hversu mörgum einstaklingum fyrirhugað er að veita þjónustu og með hvaða kjörum. Upplýsingar þessar eru í samræmi við ákvæði 1. mgr. 27. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu. Við veitingu leyfisins skal fara skv. 2. mgr. 27. gr. laganna en þar er kveðið á um að ráðherra veiti því aðeins leyfi að ætla megi að umsækjandi geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt og að ætíð skuli leita álits landlæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar. Enn fremur skulu ákvæði 28. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu gilda um að heilbrigðisyfirvöldum sé tryggður greiður aðgangur til eftirlits. Ekki er gert ráð fyrir að þeir sem eru starfandi samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins við gildistöku frumvarpsins þurfi að sækja um sérstakt rekstrarleyfi samkvæmt frumvarpinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til menntunar starfsfólks væntanlegs rekstrarleyfishafa og er það til að tryggja að faglega geti stöðin innt af hendi þá þjónustu sem kveðið er á um í rekstrarleyfi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta sem rekstrarleyfishafi útvegar. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að neytendur greiði svipað gjald fyrir sambærileg tæki án tillits til þess hvort þau eru veitt af Heyrnar- og talmeinastöðinni eða af rekstrarleyfishafa.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að bæta þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein. Í þeim tilgangi er stjórnun Heyrnar- og talmeinastöðvar gerð markvissari, hlutverk hennar skilgreint nánar og það rýmkað nokkuð frá því sem nú er. Skal hún annast jafnt þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein enda séu þeir sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar. Stofnuninni er ætlað m.a. að sinna forvörnum á vinnustöðum, fræðslu og rannsóknum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir. Breytt hlutverk stöðvarinnar er að mestu leyti í samræmi við þær breytingar sem þegar hafa orðið á starfsemi stöðvarinnar. Þá er Heyrnar- og talmeinastöðinni ætlað að útvega þeim sem hún á að þjóna tilskilin hjálpartæki og annast fræðslu og þjálfun um notkun þeirra, svo og viðhald tækja. Skal ráðherra setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina. Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar. Setja skal gjaldskrá fyrir þjónustu stöðvarinnar og skulu gjöldin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna, svo sem viðgerða á tækjum og heyrnarrannsókna á vinnustöðum. Loks er gert ráð fyrir að þjónusta Heyrnar- og talmeinastöðvar eða hluti þeirrar þjónustu sem hún skal veita geti verið falin öðrum með sérstöku rekstrarleyfi ráðherra. Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

256. Frumvarp til laga [230. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,24420% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04873% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00615% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 200.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0792% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01039% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00596% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða 2/3 hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölul. 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, segir:

„Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi."

Meðfylgjandi er skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laganna ásamt áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila. Niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds og er því, í samræmi við 3. mgr., lagt fram frumvarp um breytingu á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna.

Breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

1. Álagningarhlutfall lánastofnana, vátryggingafélaga, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs er lækkað lítillega en lágmarksgjald hækkað. Hlutfallslegt vægi flokka eftirlitsskyldra aðila er í meginatriðum óbreytt.
2. Lágmarksgjald vegna innlánsdeilda samvinnufélaga er hækkað úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. Kemur þetta til vegna nýlegra laga um samvinnufélög sem styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins með innlánsdeildunum.
3. Engin álagning er á Kvótaþing enda var það lagt niður á þessu ári.
4. Bætt er við fastagjaldi á öryggissjóði samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Einn öryggissjóður er starfandi í dag, Tryggingarsjóður sparisjóða.
5. Eftirlitsskyldir aðilar sem eru dótturfyrirtæki annarra eftirlitsskyldra aðila að minnsta kosti $^{9}/_{10}$ hlutum skulu greiða $^{2}/_{3}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölul. 1. mgr. hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Með þessu er komið til móts við sjónarmið sem fram koma í áliti samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila að um „tvísköttun" geti verið að ræða þegar eftirlitsgjald er innheimt af dótturfélögum, einkum þegar dótturfélagið er að mestu fjármagnað af móðurfélaginu.

Að gefnum þessum breytingum er áætlað að álagt eftirlitsgjald hækki úr 198,8 m.kr. árið 2001 í 215,0 m.kr. árið 2002. Um rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins er fjallað í fylgiskjali I.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2002, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um málsmeðferð að því er varðar áætlun á rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins og álagningu eftirlitsgjalds næsta árs:

Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminn-

ar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Í samræmi við framangreint er viðskiptaráðherra hér með send skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað ársins 2002. Skýrslunni fylgir rekstraráætlun brotin niður á einstaka kostnaðarliði (tafla 1) og yfirlit yfir áætlaða álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2002, miðað við álagningarþörf samkvæmt rekstraráætlun (tafla 2). Þá fylgir hjálagður ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2000.

Í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 hefur Fjármálaeftirlitið leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2002. Átti Fjármálaeftirlitið fund með nefndinni þann 15. ágúst sl. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2002. Samráðsnefndin skilaði óformlegum ábendingum til Fjármálaeftirlitsins hinn 24. ágúst sl. og var fjallað um þær á fundi með nefndinni þann 7. september sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um ábendingar nefndarinnar á stjórnarfundi 7. september og í kjölfarið var samráðsnefndinni gefið tækifæri á að koma endanlegu áliti sínu á framfæri. Fylgir það hjálagt (sjá fylgiskjal II). Í skýrslu þessari felast sjónarmið stjórnar Fjármálaeftirlitsins varðandi álit samráðsnefndarinnar (sjá enn fremur fylgiskjal III).

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2000, álagning vegna ársins 2001.

Rekstur á árinu 2000.

Uppsafnaður tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins í árslok 2000 nam samtals 52,4 m.kr. Tekjuafgangurinn á árinu 2000 reyndist meiri en endurskoðuð áætlun á miðju ári 2000 gerði ráð fyrir, en í endurskoðaðri áætlun var gert ráð fyrir að uppsafnaður tekjuafgangur í árslok næmi 32,6 m.kr. Ein meginástæða þessa var að fjölgun starfsmanna gekk ekki eftir, vegna starfsmannaveltu.

Um rekstur FME á árinu 2000 er að öðru leyti vísað til ársreiknings og skýringa með honum.

Álagning vegna ársins 2001.

Álagning eftirlitsgjalds á árinu 2001 var byggð á álagningarhlutföllum, skv. 5. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Við ákvörðun þeirra álagningarhlutfalla var gert ráð fyrir að innheimtar yrðu 197,7 m.kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að álagningin nemi 199,8 m.kr. eða um 1% hærri fjárhæð en áætluð var.

2. Endurskoðuð rekstraráætlun vegna ársins 2001.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2002 hefur FME endurskoðað rekstraráætlun þessa árs. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði innan áætlunar og að heildarrekstrarkostnaður stofnunarinnar muni nema 211,4 m.kr. eða 18,9 m.kr. lægri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Helstu frávik frá upphaflegri áætlun eru að launakostnaður er áætlaður lægri en upphaflega var gert ráð fyrir, eða sem nemur 16,5 m.kr. af hinum áætlaða rekstrarafgangi. Ástæða

þess er að í upphaflegri áætlun fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir fleiri stöðugildum allt árið en samkvæmt áætlun nú, að meðtalinni fjölgun starfsmanna til áramóta. Auk þess var gert ráð fyrir kjarasamningshækkunum á laun allra starfsmanna frá ársbyrjun, en sú varð ekki raunin nema að hluta. Þá hefur kostnaður vegna unninnar yfirvinnu verið lægri á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra, sem þó skýrist að hluta af því að fleiri starfsmenn eru nú á fastlaunasamningum. Enn fremur hafa mannabreytingar og nýráðningar valdið því að meðaltal launakostnaðar á starfsmann er nokkru lægra en áætlað var.

Þá eru óvissuútgjöld lækkuð um 2,5 m.kr. við endurskoðun áætlunar, en ekki er gert ráð fyrir að grípa þurfi til þessarar fjárhæðar, miðað við reynslu af öðrum liðum áætlunarinnar. Tölvukostnaður er nokkru hærri en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun, eða sem nemur 1,7 m.kr. Ástæðan er sú að kostnaður vegna uppfærslu á Windows 2000 var vanáætlaður, auk þess sem ekki var gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu, sem verið hefur talsverð vegna bilana í tölvukerfum.

Þá eru þátttökugjöld vegna funda erlends samstarfs áætluð 1.800 þús. kr. í endurskoðaðri áætlun í stað 2.150 þús. kr. í upphaflegri áætlun. Ástæða þessa er að ákveðið var að bíða með að sækja um aðild að alþjóðasamstarfi verðbréfaeftirlita (IOSCO). Þá hefur ekki enn fallið á eftirlitið kostnaður vegna Samstarfs evrópskra verðbréfaeftirlita (FESCO).

Í endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2001 er í fyrsta skipti tilgreindur liðurinn vaxtatekjur og er hann áætlaður 5,0 m.kr. á árinu. Hér er um að ræða áætlaðar vaxtatekjur af innstæðu á reikningi FME í Seðlabanka Íslands sem reiknast frá ársbyrjun 2001 í samræmi við nýleg fyrirmæli um það efni frá fjármálaráðuneytinu.

Gert er ráð fyrir að uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2001, sem kemur til frádráttar álagningu næsta árs, nemi 45,2 m.kr.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2002.

Í töflu 1 er birt rekstraráætlun fyrir árið 2002 í samanburði við upphaflega rekstraráætlun og endurskoðaða áætlun fyrir þetta ár. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu forsendum hennar.

Launakostnaður.

Í byrjun júlí störfuðu 27 starfsmenn í tæplega 26 stöðugildum, að forstjóra meðtöldum. Þá hafa 4 starfsmenn að auki verið ráðnir yfir sumartímann.

Í þessum drögum að áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að í upphafi ársins verði stöðugildi tæplega 30 en í árslok 33. Á árinu 2002 verði stöðugildi að meðaltali tæplega 34 samanborið við rúmlega 30 á árinu 2001. Meðfylgjandi er greinargerð FME um mat á starfsmannaþörf næstu missiri.

Launabreytingar hafa fylgt kjarasamningum, en starfsmenn FME þiggja laun samkvæmt kjarasamningum bankamanna og kjarasamningum opinberra starfsmanna. Samkvæmt þessum kjarasamningum er gert ráð fyrir 3% launahækkun frá 1. janúar 2002, auk þess sem kjarasamningar bankamanna gera ráð fyrir launahækkun um einn flokk á tímabilinu. Einnig er gert ráð fyrir öðrum samningsbundnum og starfsaldurstengdum breytingum á launum.

Að teknu tilliti til framangreindra forsendna er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld á árinu 2002 nemi um 180,0 m.kr.

Laun stjórnarmanna eru ákveðin af ráðherra. Í áætluninni hefur verið tekið tillit til nýlegrar hækkunar á stjórnarlaunum. Um er að ræða stjórnarlaun til þriggja stjórnarmanna og þriggja varamanna, sem hefur verið talið nauðsynlegt að sitji stjórnarfundi. Strangar reglur gilda um hæfi stjórnarmanna vegna umfjöllunar um einstök mál og hefur því verið talið

nauðsynlegt að varamenn væru á hverjum tíma eins vel upplýstir um störf stjórnarinnar og kostur er.

Kostnaður við endurmenntun, námskeið, starfsmannafélag o.fl.

Staðfest hefur verið símenntunarstefna fyrir FME. Samkvæmt henni er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar geti numið 3% af heildarlaunum eða 5,4 m.kr. á árinu 2002. Áætlað er að þessi fjárhæð skiptist þannig að um 75% verði varið til að standa straum af kostnaði við þátttöku í námskeiðum, 20% fari til kaupa á bókum og tímaritum og 5% til að standa straum af þátttöku í fræðafundum. Ekki er í drögum að áætlun gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir lið 3, 5, 10 og 14.

Gististyrkir og íþróttastyrkir hafa verið hækkaðir á árinu, en sæta nú staðgreiðslu skatta. Hvor styrkur um sig nemur að hámarki 36 þús. kr. fyrir hvern starfsmann og fæst greiddur gegn framvísun reiknings. Gert er ráð fyrir 80% nýtingu þessara styrkja. Að því er gististyrk varðar er rétt að árétta að starfsmenn hafa ekki aðgang að sumarhúsum á vegum starfsmannafélags og nokkur hluti þeirra hefur ekki aðgang að sumarhúsum á vegum stéttarfélags.

Rekstur á húsnæði.

FME hefur samið um leigu á 5. hæð að Suðurlandsbraut 32 til 10 ára, sem nú er í byggingu. Samningurinn felur í sér að mánaðargreiðslur vegna þessarar viðbótarleigu nemi um 525 þús. kr. á mánuði, eða 1.265 kr. pr. fermetra.

Hið nýja húsnæði er alls 415 m^2 að flatarmáli. Fyrir leigir stofnunin alls 900 m^2 í sama húsi, skv. leigusamningi sem rennur út á sama tíma og hinn nýi samningur. Fyrir eldra húsnæði greiðir stofnunin 841 kr. pr. fermetra á gildandi verðlagi en heildarleiguverð að meðtöldu nýja húsnæðinu verður 975 kr. á fermetra. Leiga húsnæðis er bundin við vísitölu neysluverðs og er reiknað með 4,8% hækkun milli ára samkvæmt spá Seðlabanka Íslands. Ástæða þess að ákvörðun var tekin um leiguna er tvíþætt. Annars vegar telur FME brýnt að fjölga starfsfólki í eftirlitinu og er vísað um það til meðfylgjandi greinargerðar um mat á starfsmannaþörf. Hins vegar telur FME mikilvægt að skapa aðstöðu til aukinnar kynningarstarfsemi gagnvart fjármálafyrirtækjum og starfsmönnum þess. Með bættri fundaraðstöðu stefnir FME að því að auka samskipti við starfsmenn fjármálafyrirtækja með kynningum og fundum um málefni fjármálamarkaðar.

Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélags er byggð á reynslu vegna núverandi húsnæðis og áætlun miðað við fyrirhugaða stækkun.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði á næsta ári vegna reksturs tölvubúnaðar. Áætlunin er byggð á reynslu síðustu ára auk þess sem byggt er á fyrrgreindum forsendum um fjölgun starfsmanna og stækkun húsnæðis. Þá er nauðsynlegt að skipta út tölvubúnaði í áföngum, en hann er að stofni til frá fyrri hluta árs 1999. FME hefur tekið nær allan tölvubúnað á leigu í stað þess að kaupa hann. Reglulegur rekstrarkostnaður er því nokkuð hár, en stofnkostnaður að sama skapi minni.

Ferðakostnaður og kostnaður vegna funda.

Gert er ráð fyrir töluverðri hækkun ferðakostnaðar milli ára en á móti kemur lækkun kostnaðar vegna funda hér á landi, enda hefur FME verið gestgjafi margra funda á þessu ári. Í staðinn hefur ekki stofnast ferðakostnaður af þeim fundum. Þannig er gert ráð fyrir 65 ferðum á næsta ári í stað 55 á þessu ári. Þessir liðir samanlagt hækka þó um 11,7% milli ára.

Hækkunin stafar af því að gengi á SDR hefur hækkað verulega og farseðlar sömuleiðis hækkað.

Vænta má að Fjármálaeftirlitið muni verða fyrir auknum kostnaði vegna þátttökugjalda í erlendu samstarfi. Stafar þetta af áformum um breytingar á starfsemi Samtaka evrópskra verðbréfaeftirlita (FESCO) og kostnaðarþátttöku vegna þess. Á móti er ekki gert ráð fyrir að sótt verði um aðild að IOSCO, eins og ráðgert var.

FME hefur áður bent á nauðsyn erlends samstarfs í því skyni að nýta hér á landi reynslu annarra þjóða og stuðla að samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar. Fjallað er nánar um þetta í greinargerð FME um mat á starfsmannaþörf.

Annar kostnaður.

Aðrir kostnaðarliðir eru byggðir á reynslu fyrri ára að teknu tilliti til fjölgunar starfsmanna og stækkunar húsnæðis. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum lið fyrir óvissuútgjöld, þar sem reynslan sýnir að ekki hefur verið þörf á honum.

Aðrar tekjur.

Fyrst og fremst er um að ræða áætlaðar vaxtatekjur, sbr. umfjöllun í kafla 2 hér á undan. Lægri áætlaðar vaxtatekjur stafa af lægri áætlaðri meðalstöðu innstæðu á árinu á reikningi í Seðlabanka Íslands.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2002.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999 skal FME leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Við undirbúning fyrri áætlana hafa verið lagðar til lítils háttar breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins. Þannig var álagning á verðbréfasjóði lækkuð hlutfallslega við álagningu vegna ársins 2000. Við undirbúning áætlunar fyrir árið 2001 var óskað eftir afstöðu samráðsnefndar til þess hvort hækka ætti lágmarksgjöld og á grundvelli þess samráðs var tekin ákvörðun um hækkun þeirra.

Við undirbúning áætlunar nú var að venju kannað hvort ástæða væri til að gera breytingar á skiptingu eftirlitsgjaldsins. Þannig var kannað hvernig vinnutími starfsmanna hefði fallið á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Sú athugun leiddi í ljós svipaða niðurstöðu og fyrri ár. Rétt er að taka fram að lítilsháttar breytingar eru milli ára, en stór verkefni á einu sviði hafa nokkur áhrif á skiptingu vinnutíma til skemmri tíma. Þar sem breytingar eru litlar milli ára og ekki hægt að lesa tiltekna þróun út úr þeim til lengri tíma, leggur Fjármálaeftirlitið til að breytingar á hlutfallslegu vægi flokka eftirlitsskyldra aðila verði í meginatriðum haldið óbreyttu að þessu sinni.

Fjármálaeftirlitið vill þó taka fram að enn sem fyrr er ekki fullt samræmi milli þess tíma sem fer í eftirlit með smærri eftirlitsskyldum aðilum og hlutfallslegrar álagningar á þá aðila. Rökstyðja má að lágmarksgjöld samkvæmt lögum nr. 99/1999 leiðrétti ekki að fullu hugsanlegt misvægi í álagningu milli smærri og stærri aðila, enda er ekki gert ráð fyrir að það sé mögulegt. Fjármálaeftirlitið óskaði sjónarmiða samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um hvort hækka bæri lágmarksgjöld vegna þessa. Taldi samráðsnefndin að æskilegt væri að frekara jafnræði verði tryggt með hækkun lágmarksgjalds í einstökum flokkum. Þó megi ekki ákveða lágmarksgjaldið svo hátt að það íþyngi minni aðilum úr hófi eða komi í veg fyrir að nýir aðilar geti haslað sér völl í einstökum greinum fjármálaþjónustu.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki tillögu um almenna hækkun lágmarksgjalda að þessu sinni. Þó leggur Fjármálaeftirlitið til að lágmarksgjald vegna innlánsdeilda samvinnufélaga verði hækkað úr 150 þús. kr. á ári í 250 þús. kr. Sú tillaga byggir á nýlegum lagabreytingum sem styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins með þeim. Enn fremur leggur Fjármálaeftirlitið til að lágmarksgjald á lánastofnanir og vátryggingafélög verði hækkað úr 350 þús. kr. í 400 þús. kr.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hefur sett fram það sjónarmið að ákveðið óréttlæti skapist samkvæmt gildandi lögum við álagningu eftirlitsgjalds á fjármálastofnanir sem eru hluti af samstæðu fjármálafyrirtækja og teljast dótturfélög sem slík. Telur nefndin ekki réttlætanlegt að innheimta fullt eftirlitsgjald í slíkum tilvikum og það skaði samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja sé svo gert. Færa má rök bæði með og á móti þessu sjónarmiði en tekið skal fram að breyting hvað þetta varðar hefur mjög óveruleg áhrif á heildarfyrirkomulag álagningar eftirlitsgjaldsins. Fjármálaeftirlitið hefur ekki undirbúið tillögu til að koma til móts við þetta sjónarmið en er tilbúið til viðræðna við ráðuneytið um slíkar breytingar.

Tafla 1.

Rekstraráætlun FME

	Í þús. kr.	Áætlun vegna 2001 Upphafleg áætlun	Endursk. áætlun	Áætlun vegna 2002	Mism.
	Rekstrarkostnaður:	**1**	**2**	**3**	
1	Laun og launatengd gjöld	**164.539**	**148.001**	**180.060**	**32.059**
2	Stjórnarlaun	**4.820**	**5.305**	**6.120**	**815**
3	Starfsmannaþj., kaffi, fundir, námskeið	**2.500**	**2.087**	**2.400**	**313**
4	Íþrótta- og gististyrkur	**1.400**	**1.616**	**2.000**	**384**
5	Endurm.kostnaður og skólakostnaður	**900**	**957**	**1.500**	**543**
6	Húsaleiga	**8.962**	**8.831**	**17.350**	**8.519**
7	Rafmagn, hiti, húsfélag	**1.670**	**1.253**	**1.600**	**347**
8	Símakostnaður	**1.510**	**1.449**	**1.680**	**231**
9	Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	**1.500**	**1.922**	**1.500**	**-422**
10	Bækur og ritföng	**2.100**	**2.264**	**2.460**	**196**
11	Póstkostnaður	**750**	**650**	**720**	**70**
12	Rekstur tölvub. og sérfr.þj. v. tölvumála	**10.250**	**11.979**	**13.876**	**1.897**
13	Sérfræðikostnaður	**3.000**	**3.000**	**3.000**	**0**
14	Ferðakostnaður erlendis	**8.250**	**8.250**	**11.375**	**3.125**
15	Ferðakostnaður innanlands	**1.620**	**1.364**	**1.500**	**136**
16	Þátttökugj. vegna funda erl. og erl. samstarfs	**2.150**	**1.800**	**4.000**	**2.200**
17	Kostnaður vegna funda innanlands	**3.150**	**2.246**	**350**	**-1.896**
18	Eignakaup	**2.000**	**2.000**	**5.500**	**3.500**
19	Öryggisgæsla	**300**	**300**	**400**	**100**
20	Ræsting, ræstingarvörur	**1.900**	**1.900**	**2.700**	**800**
21	Ýmis gjöld og þjónusta	**4.100**	**3.763**	**3.900**	**137**
22	Óvissuútgjöld	**3.000**	**500**	**0**	**-500**
23	**Gjöld alls**	**230.371**	**211.437**	**263.991**	**52.554**
24	**Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	**32.630**	**52.374**	**45.212**	
25	**Álagt eftirlitsgjald**	**197.741**	**198.800**	**214.979**	
26	**Aðrar tekjur**	**0**	**5.475**	**3.800**	
27	**Tekjur alls**	**230.371**	**256.649**	**263.991**	
28	**Tekjur mínus gjöld**	**0**	**45.212**	**0**	
29	**Launakostnaður vegna úrskurðarnefndar**	**3.200**	**3.700**	**4.350**	
30	**Tekjur úrskurðarnefndar**	**3.200**	**3.700**	**4.350**	

Sundurliðun útreiknings á launum og launatengdum gjöldum vegna ársins 2002.

	Áætlun 2002
Launagjöld	148.001
Fjölgun starfsfólks á árinu 2001, 3,8 stöðugildi	14.819
3% launahækkun 1. jan. 2002	5.056
3% launahækkun þeirra sem fá greitt skv. bankasamningum	720
Aðrar samningsbundnar greiðslur	1.660
Nýráðningar	9.804
	180.060

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2002 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 2.

Miðað er við álagningarþörf 214.979 þús.kr. skv. rekstraráætlun FME vegna 2002 og að hlutfallsleg skipting milli helstu stofnanaflokka haldist í meginatriðum óbreytt.

(Þau álagn.hlutf. sem breytt er frá gildandi lögum eru skyggð.)

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/ 1999 5. gr. Liður nr.	Útr.-stofn e *) t i f	Álagt eftirlits-gjald alls 2001	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v álagn. 2001	Lág-marks-gjald 2002	Álagningar-stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2000	Áætlað álagningar hlutfall m.v. óbr. innb. skipt. frá líð. ári.	Gildandi álagningar-hlutföll / fastagjald	Áætluð álagning vegna ársins 2002 1)	Hlutfl. skipting milli stofn. flokka m.v. álagn. 2002
Lánastofnanir - *töluliður 1 samtals*			*97.815*	*49,22*		*1.030.938.322*	0,01010	0,01156	*108.079*	*50,27*
Viðskiptabankar	1	e	66.743	33,59	400	720.721.063	0,01010	0,01156	72.793	33,86
Sparisjóðir	1	e	17.146	8,63	400	141.530.890	0,01010	0,01156	18.240	8,48
Eignarleigufyrirtæki	1	e	4.166	2,10	400	46.089.182	0,01010	0,01156	4.055	1,89
Aðrar lánastofnanir	1	e	9.760	4,91	400	122.597.187	0,01010	0,01156	12.991	6,04
Vátryggingafélög: - *töluliður 2 samtals*			*44.463*	*22,38*	400				*48.353*	*22,49*
Af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum	*2*	i	43.938	22,11		19.099.329	0,24420	0,26596	47.836	22,25
Af bókf. fengnum endurtryggingariðgj.	*2*	i	519	0,26		1.049.181	0,04873	0,04873	511	0,24
Vegna söfnunarlíftrygginga	*2*	i	6	0,00		511	0,00615	0,00615	6	0,00
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	3.000	1,51	200	500.324	0,04581	0,04581	3.200	1,49
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu	*4*	e	6.588	3,32	250	7.313.405	0,07920	0,07826	5.723	2,66
Verðbréfasjóðir	*4*	e	10.405	5,24	250	80.295.795	0,01039	0,01039	9.059	4,21
Rekstrarfélög	*4*	e	1.050	0,53	150	94.488	0,08031	0,08031	750	0,35
- töluliður 4 samtals			*18.043*	*9,08*					*15.532*	*7,22*
Kauphallir (Verðbréfaþing Ísl. hf.)	*5*	t	977	0,49	250	211.259	0,76297	0,76297	1.612	0,75
Lífeyrissjóðir	*6*	el	30.849	15,52	150-600	566.043.307	0,00596	0,00596	33.736	15,69
Verðbréfamiðstöðvar (Verðbrskrán. Ísl. hf)	*7*	t	250	0,13	250	59.263	0,76297	0,76297	452	0,21
Aðrar eftirlitsskyldar stofnanir:										
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	1.500	0,75	250		250	150	2.250	1,05
Póstgíróstofa Íslandspósts hf.	*8*	f	150	0,08	150		150	150	150	0,07
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	*9*	e	844	0,42	400	6.912.690	0,01010	0,01156	698	0,32
Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs	*9*	e	526	0,26	400	191.669.234	0,00040	0,00031	767	0,36
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	150	0,08	150		150	150	150	0,07
(Kvótaþing - lagt niður á árinu 2001)	*9*	f	150	0,08	150					
Samtals			198.717	100,00					**214.979**	100,00

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=tryggingariðgjöld; f=fastagjald*

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágm.gjalda.

Fylgiskjal II.

Álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun FME fyrir árið 2002.

Hér á eftir fer álit samráðsnefndar um áætlað rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins (FME) á árinu 2002, en um álitsgerð þessa er mælt fyrir í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og 4. gr. reglugerðar nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila. Áður en lengra er haldið er samráðsnefndinni rétt að þakka veittar upplýsingar um rekstraráætlun stofnunarinnar og skýringar við einstaka rekstrarliði, þ.m.t. greinargerð um mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu á næstu missirum. Samráðsnefndin lýsir þó vonbrigðum sínum yfir því, að FME hefur lítið sem ekkert tekið tillit til ítarlegra ábendinga samráðsnefndar á fyrri stigum máls varðandi einstaka rekstrarliði áætlunarinnar.

Rekstur ársins 2001.

1. Svo virðist sem starfsemi stofnunarinnar á árinu 2001 virðist ætla að verða innan áætlunar. Stefnir í að tekjur umfram gjöld verði ríflega kr. 45 milljónir, sem er um 18% af heildartekjum stofnunarinnar. Í fyrra lét samráðsnefndin í ljós þá skoðun, að kostnaðaráætlanir fyrir starfsemi FME á þessu ári væru of háar. Hafa þau sjónarmið samráðsnefndar bersýnilega átt við rök að styðjast.
2. Samráðsnefndin hefur ítrekað bent á, að í hæsta máta sé óeðlilegt að FME skuli ekki njóta vaxtatekna af innheimtu eftirlitsgjalds á hverjum tíma, enda geti þar verið um verulega fjármuni að ræða. Samráðsnefndin fagnar því sérstaklega, að á þessu ári, þ.e. árið 2001, skuli í fyrsta skipti gert ráð fyrir vaxtatekjum af innstæðu á reikningi FME í Seðlabanka Íslands. Mun þar vera um að ræða tekjur að fjárhæð um eða yfir kr. 5 milljónir.

Áætlaður rekstur 2002.

1. Í rekstraráætlun FME er gert ráð fyrir því, að gjöld milli áranna 2001 og 2002 hækki um kr. 52,5 milljónir, eða um hvorki meira né minna er 25%. Í fyrri rekstraráætlunardrögum, sem kynnt voru fyrir samráðsnefndinni, var gert ráð fyrir um 56 milljón króna hækkun milli ára, þannig að dregið hefur verið úr fyrri kostnaðaráformum, þótt í litlu sé. Samráðsnefndin bendir á, að fjármálaráðherra og raunar ríkisstjórnin öll hafi beint því til stjórnenda allra opinberra stofnana að gæta sérstaks aðhalds og leita leiða til sparnaðar. Hljóta stjórnendur FME að horfa til slíkra tilmæla eins og aðrir opinberir aðilar. Samráðsnefndin gerir sér fulla grein fyrir því, að raunhæf skoðun á eðli og nauðsyn einstakra verkefna og kostnaðarliða sé jafnaðarlega árangursríkari leið til að ná niður kostnaði en fyrirmæli um „flatan" niðurskurð. Er samráðsnefndin þeirrar skoðunar, að einstaka kostnaðarliði í áætlun FME hefði mátt skoða betur frá slíkum sjónarhóli.
2. Starfsmannahald FME hlýtur að ráðast af raunverulegri þörf miðað við verkefni, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum á hverjum tíma, og er þá jafnframt miðað við hámarksafkastagetu starfsmanna og kröfu um vönduð vinnubrögð. Í júlí 2001 voru starfsmenn 27 í 26 stöðugildum, en í áætlunardrögum FME fyrir 2002 er miðað við, að stöðugildin verði að meðaltali 34. Hér er um að ræða tæplega þriðjungs fjölgun starfsmanna. Í sérstakri greinargerð, sem samráðsnefndinni var afhent um mat á starfsmanna-

þörf í Fjármálaeftirlitinu, eru tilteknir og skýrðir nokkrir þættir, sem hafa áhrif á starfsmannafjölda FME. Mikill og vaxandi þáttur í starfsemi FME er vinna við mótun og samningu laga og reglna á sviði fjármálamarkaðar. Þess verður að gæta, að FME fari ekki að taka að sér verkefni, sem í samræmi við íslenska stjórnskipun og stjórnsýslu eiga að vinnast af yfirstjórn ríkisins, í þessu tilviki aðallega viðskiptaráðuneyti, en einnig fjármálaráðuneyti að því er lífeyrissjóðina varðar. Samráðsnefndin telur brýnt, að stjórnendur FME hugi að þessu atriði, og haldi sig fyrst og fremst við lögmælt starfssvið sitt, þ.e. að hafa eftirlit með starfsemi aðila á íslenskum fjármagnsmarkaði. Standi vilji ráðuneytis og FME til þess, að höfuðvinnan við mótun laga og reglna verði í höndum FME, hlýtur lágmarkskrafan að vera sú, að hlutaðeigandi ráðuneyti standi straum af kostnaði við það starf, en ekki eftirlitsskyldir aðilar.

3. Í stjórn FME sitja lögum samkvæmt þrír menn, og jafnframt eru skipaðir jafnmargir til vara. Laun stjórnar eru ákveðin af ráðherra. Samráðsnefndin hefur áður bent á, að laun stjórnar FME séu há, og hærri en almennt tíðkast hjá öðrum opinberum stofnunum og þeim aðilum, sem falla undir eftirlit FME. Í áætlun fyrir þetta ár, þ.e. árið 2001, voru laun stjórnar áætluð kr. 4,8 milljónir, en nú stefnir í að þau verði kr. 5,3 milljónir á árinu. Í áætlun fyrir árið 2002 er enn gert ráð fyrir verulegri hækkun milli ára, og að laun stjórnarmanna nemi kr. 6,1 milljón. Samráðsnefnd er þeirrar skoðunar, að þennan kostnaðarlið beri að endurskoða og lækka. Fullnægjandi skýringar á ástæðum þess, að laun stjórnarmanna í þessari opinberu stofnun eru talin þurfa að vera svo há sem raun ber vitni, hafa að mati samráðsnefndar enn ekki komið fram. Fram kemur í skýrslu FME til ráðherra, að strangar reglur gildi um hæfi stjórnarmanna vegna umfjöllunar um einstök mál. M.a. þess vegna sé talið nauðsynlegt, að varamenn sitji alla stjórnarfundi ásamt aðalmönnum. Laun varamanna munu vera ⅔ af launum stjórnarmanna. Samráðsnefndin telur þessa tilhögun óeðlilega og ekki í samræmi við lög. Varamenn á fyrst og fremst að kalla til í forföllum aðalmanna og í einstökum tilvikum, er ætla má, að aðalmaður sé vanhæfur við afgreiðslu máls.
4. Athygli vekur liður í áætlunardrögunum, sem tekur til gisti- og íþróttastyrkja til starfsmanna. Verður hann um kr. 1,6 milljón á þessu ári, og er gert ráð fyrir að hann hækki enn og verði kr. 2,0 milljónir á árinu 2002. Hér er vel í lagt, en miðað er við að styrkir þessir nemi kr. 72 þúsund á hvern starfsmann. Full ástæða er til að stjórnendur FME fari hér fram með gát, því almennt er ekki til þess vitað að aðrir launþegar hér á landi, sem falla undir kjarasamninga opinberra starfsmanna eða bankamanna, njóti slíkra styrkja í þessum mæli.
5. Samkvæmt áætlunardrögum FME hækkar húsaleiga úr kr. 8,8 milljónum á árinu 2001 í kr. 17,3 milljónir á árinu 2002, eða um 95%. Er ástæðan sú, að FME hefur tekið á leigu eina hæð, 5. hæð að Suðurlandsbraut 32, til viðbótar því húsnæði, sem stofnunin hefur haft til afnota. Er hér um að ræða 415 m². Er þessi ákvörðun rökstudd með því, að fjölgun starfsfólks kalli á frekara húsnæði. Mun þá átt við fjölgun um stöðugildin 8 nú á haustmánuðum til ársloka 2002, og frekari fjölgun á næstu árum eins og drepið er á í greinargerð FME um mat á starfsmannaþörf stofnunarinnar. Þá er ákvörðunin um viðbótarhúsnæðið einnig rökstudd með því, að þannig skapist aukin og bætt aðstaða til kynningarstarfsemi gagnvart fjármálafyrirtækjum og starfsmönnum þeirra. Stöðugildi í bankaeftirliti Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitinu munu samtals flest hafa orðið um 26. Þegar FME tók til starfa í ársbyrjun 1999 voru stöðugildin 22. Sem áður greinir er áætlað, að stöðugildin verði 34 um mitt næsta ár, og uppi eru nú þegar áform um enn frekari fjölgun starfa á árunum þar á eftir. Bersýnilegt er, að vonir manna um að hagræð-

ing gæti fylgt nýrri sameinaðri stofnun, sem aftur gæti jafnvel leitt til þess að starfsmönnum fækkaði, eða í versta falli fjölgaði lítt eða ekki, hafa ekki gengið eftir.

Að mati samstarfsnefndarinnar er orðið afar brýnt, að stjórnendur FME setjist niður og reyni að móta áætlanir um það, hvernig koma megi í veg fyrir enn frekari þenslu stofnunarinnar og jafnvel að draga saman seglin, í stað framtíðaráforma um stöðugt meiri umsvif. Eftirlitsskyldir aðilar skilja nauðsyn fjármálaeftirlits, og styðja skilvirkt eftirlitsstarf með fjármálamarkaðinum. Leita verður þó allra tiltækra ráða til að koma í veg fyrir að umfang slíks eftirlits og kostnaður við það keyri úr hófi. Samráðsnefndin hvetur stjórnendur FME til að kanna rækilega, hvort ekki sé hagfelldara að afmörkuðum verkefnum verði sinnt með tímabundnum ráðningum starfsfólks eða aðkeyptri þjónustu sérfræðinga, í stað stöðugrar fjölgunar fastráðinna starfsmanna. Samráðsnefndin hefur bent á þetta áður, og er þeirrar skoðunar að slík tilhögun sé til þess fallin að draga úr kostnaði við eftirlitsstarfið. Samráðsnefndin styður áform FME um aukið kynningarstarf gagnvart starfsfólki hinna eftirlitsskyldu aðila. Spurning er þó, hvort sú starfsemi ein og sér réttlæti leigu á stóru viðbótarhúsnæði fyrir FME, og hvort ekki sé hagfelldara að taka í hverju tilviki á leigu fundarsali vegna slíks kynningarstarfs.

6. Samráðsnefndin hefur á því skilning, að FME hlýtur að eiga í allnokkrum erlendum samskiptum, og að kostnaður fylgi slíkri samvinnu. Ferðakostnaður erlendis er talinn verða kr. 8,2 milljónir á þessu ári og kostnaður vegna erlends samstarfs og funda erlendis verður kr. 1,8 milljónir á árinu. Í áætlunardrögum FME er gert ráð fyrir því, að ferðakostnaður erlendis hækki um 34% og verði kr. 11,4 milljónir á árinu 2002 og kostnaður vegna erlends samstarfs og funda erlendis hækki um rúmlega 120% og verði kr. 4 milljónir. Það er því ljóst, að í hækkun kostnaðar stefnir á næsta ári vegna þessara erlendu samskipta. Var þessi kostnaður þó ærinn fyrir, og fullt tilefni til að reyna að lækka hann fremur en auka að mati samráðsnefndar. Þannig mun ferðafjöldi starfsmanna FME til útlanda áætlaður 65 á árinu 2002, en er talinn verða 55 á þessu ári. Að vísu skýrir m.a. FME fjölgun ferða á árinu 2002 með því, að FME hafi verið gestgjafi margra fjölþjóðlegra funda á þessu ári, þannig að af þeim sökum séu ferðir til útlanda færri á árinu 2001 en ella. Jafnframt dragi úr kostnaði við slík fundahöld hérlendis á næsta ári. Samráðsnefndin hvetur stjórnendur FME til að gæta hér ýtrasta aðhalds, og kanna, hvort ekki sé tilefni til að lækka þessa kostnaðarliði. Svo virðist sem í einhverjum tilvikum séu starfsmenn FME að sækja fundi erlendis, er eðlilegra væri að starfsmenn ráðuneyta sæktu, og þá auðvitað á kostnað viðkomandi ráðuneytis. Lágmarkskrafa er, að fari starfsmenn FME í slíkar ferðir, þá hljóti ráðuneytin að bera kostnaðinn af því.
7. Í greinargerð FME til samráðsnefndar vegna áætlunar fyrir 2002 kemur fram, að FME hafi kannað hvort ástæða sé til að gera breytingu á skiptingu eftirlitsgjaldsins. Þannig hafi verið kannað, hvernig vinnutími starfsmanna hafi fallið á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Hafi sú athugun leitt í ljós, að enn sem komið er sé ekki ástæða til að gera breytingar á vægi flokka eftirlitsskyldra aðila. Því leggi FME til, að hlutfallslegt vægi flokkanna verði í meginatriðum óbreytt. Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er svo fyrir mælt, að FME skuli árlega leggja mat á þróun starfseminnar á undangengnum árum með hliðsjón af þeim tíma, sem ætla megi að hafi farið í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Á svo álagning eftirlitsgjalds næsta árs að taka mið af þeirri skiptingu. Samráðsnefndin gerir ekki athugasemdir við það mat FME, að skipting eftirlitsgjaldsins milli einstakra fjármálaþjónustugreina sé í samræmi við það eftirlitsstarf, sem FME hefur innt af hendi með hlutaðeigandi grein. Hefur enda samráðsnefndin ekki forsendur til að tjá sig frekar um

þetta mat FME. Á hinn bóginn bendir FME enn á, að sem fyrr hafi miklum tíma eftirlitsins verið varið í smærri eftirlitsskylda aðila. Sé ljóst, að álagt eftirlitsgjald sé ekki í samræmi við þann kostnað, sem fylgi eftirliti með hinum smærri aðilum. Hefur FME því borið undir samráðsnefndina, hvort hún telji ástæðu til þess að hækka lágmark eftirlitsgjalds vegna þessa. Samráðsnefndin er þeirrar skoðunar, að álagt eftirlitsgjald skuli sem framast er kostur vera í samræmi við þann tíma og kostnað sem ætla má að fari í eftirlitið, jafnt með hlutaðeigandi flokki eftirlitsskyldra aðila og einstaka aðila innan hvers flokks. Í 7. gr. laga nr. 99/1999 segir efnislega, að telji FME að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit geri ráð fyrir, geti stjórn FME ákveðið, að viðkomandi aðila verði gert að greiða fyrir frekara eftirlit skv. reikningi. Sé það álit stjórnenda FME, að þetta ákvæði laga geti ekki nýst til að ná fram sanngjarnri skiptingu eftirlitsgjalds milli stærri og smærri aðila innan hvers flokks eftirlitsskyldra aðila, telur samráðsnefndin æskilegt að frekara jafnræði verði tryggt með hækkun lágmarksgjalds í einstökum flokkum. Lágmarksgjaldið má þó almennt ekki ákveða svo hátt, að það íþyngi minni aðilum úr hófi eða komi í veg fyrir að nýir aðilar geti haslað sér völl í einstökum greinum fjármálaþjónustu. Samkvæmt áætlun FME á lágmarksgjaldið að vera að mestu óbreytt milli áranna 2001 og 2002, þrátt fyrir það mat FME, að lágmarksgjaldið standi bersýnilega ekki undir eftirliti þeirra, sem það greiða.

Eftirlitsgjald til FME hefur lögum samkvæmt verið innheimt af hverjum sjálfstæðum lögaðila, og þá m.a. án tillits til þess, að eftirlitsskyldur aðili kunni að vera dótturfélag, sem er hluti af samstæðu annars eftirlitsskylds aðila og því að verulegu leyti í eigu hans. Í þeim tilvikum, sem eftirlitsgjald er innheimt af slíkum dótturfélögum, getur verið um eins konar „tvísköttun“ að ræða, einkum þegar dótturfélagið er að mestu fjármagnað af móðurfélaginu. Að mati samráðsnefndar er nauðsynlegt að huga að þessum vanda sérstaklega, og breyta lögum nr. 99/1999, með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þannig að komið verði í veg fyrir ósanngjarna gjaldtöku í félagasamstæðum. Núgildandi tilhögun er til þess fallin að draga úr hagkvæmni þess að aðskilja einstakar rekstrareiningar formlega. Erlendis mun algengt, að fjármálafyrirtæki kjósi að gera slíkt, m.a. til að skýra línur og skerpa ábyrgð á starfseminni. Brýnt er, að íslensk fjármálafyrirtæki sitji ekki við lakara borð í þessu efni heldur en erlendir keppinautar. Bæði sanngirnis- og samkeppnisrök mæla því með um lagabreytingu af þessu tagi.

Í áliti samráðsnefndar í fyrra vegna rekstraráætlunar FME á árinu 2001 var á það bent, að semja þyrfti reglugerð um samráðsnefndina og starfssvið hennar, og skjóta þar með styrkari stoðum undir skipan nefndarinnar og hlutverk. Hefur ráðherra tekið þessar ábendingar til greina, og hlutast til um setningu reglugerðar í þessa veru, þ.e. reglugerðar nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 562/2001 segir efnislega, að álit samráðsnefndar skuli fylgja fjárhagsáætlun FME til viðskiptaráðherra. Sé ástæða til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds, skuli álit samráðsnefndar og áætlun FME fylgja lagafrumvarpi þar að lútandi sem viðaukar. Samráðsnefndin er hvenær sem er og á öllum stigum máls reiðubúin að skýra sjónarmið sín frekar varðandi rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins, þyki efni standa til þess.

Fylgiskjal III.

Bréf Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra 15. september 2001.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sendist yður hér með skýrsla Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar árið 2002. Skýrslunni fylgir rekstraráætlun brotin niður á einstaka kostnaðarliði og tillaga að álagningarhlutföllum vegna eftirlitsgjalds miðað við álagningarþörf samkvæmt rekstraráætluninni. Þá fylgir með skýrslunni sérstök greinargerð stofnunarinnar um mat á starfsmannaþörf næstu missiri og álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi ársins 2002, dags. 14. september 2001.

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar hefur stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallað um rekstraráætlun stofnunarinnar og ábendingar samráðsnefndar vegna hennar. Koma sjónarmið stjórnar fram í skýrslunni. Fjármálaeftirlitið vill þó taka fram eftirfarandi:

- Í meðfylgjandi skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað á árinu 2002 svo og sérstakri greinargerð um mat á starfsmannaþörf næstu missiri er gerð ítarleg grein fyrir ástæðum áætlaðrar aukningar í rekstrarumfangi stofnunarinnar. Þessi aukning tengist bæði væntanlegum breytingum á umfangi verkefna stofnunarinnar og faglegri styrkingu í starfsmannahaldi vegna fyrirliggjandi lögbundinna verkefna. Fjármálaeftirlitið telur að við þessa áætlanagerð hafi eins og kostur er verið tekið mið af yfirlýstum vilja stjórnvalda um kostnaðaraðhald.
- Vegna athugasemdar samráðsnefndar um þátttöku Fjármálaeftirlitsins í mótun laga og reglna og áminningar nefndarinnar um að Fjármálaeftirlitið haldi sig við lögmælt hlutverk sitt hvað þetta varðar, er nauðsynlegt að það komi skýrt fram að þau gögn sem hér hefur verið vitnað í gefa alls ekki tilefni til þessarar athugasemdar. Skýrt er þar tekið fram að þátttaka Fjármálaeftirlitsins í slíku starfi felist í þátttöku í nefndavinnu og sé í eðlilegu samhengi við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum. Að auki hefur verið farið sérstaklega yfir þennan þátt í starfsemi stofnunarinnar á fundum með fulltrúum samráðsnefndar þar sem sömu skýringar hafa komið fram.
- Vegna athugasemdar um að varamenn stjórnar sitji alla stjórnarfundi er rétt að taka fram að Fjármálaeftirlitið telur það mikilvægt að varastjórnarmenn séu virkir þátttakendur í öllum störfum stjórnar og fylgist vel með starfsemi stofnunarinnar. Vegna strangra hæfisreglna sem stjórnin hefur sett sér, er nauðsynlegt að varastjórnarmenn geti fyrirvaralítið tekið þátt í ákvörðunum hennar. Sömu sjónarmið komu fram í bréfi stofnunarinnar til viðskiptaráðherra með rekstraráætlun árins 2001.
- Í athugasemdum samráðsnefndar kemur fram að Fjármálaeftirlitið geri ekki tillögur um hækkun lágmarksgjalda eftirlitsgjalds þrátt fyrir það mat stofnunarinnar að lágmarksgjaldið standi ekki undir eftirliti þeirra sem það greiða. Rétt er að taka fram að um misskilning er að ræða. Fjármálaeftirlitið gerir þvert á móti að tillögu sinni að þessi lágmarksgjöld verði hækkuð nokkuð sem varðar meginþorra eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið til að veita frekari upplýsingar um framangreint, sé þess óskað.

Fylgiskjal IV.

Mat á starfsmannaþörf í Fjármálaeftirlitinu.
(Greinargerð frá ágúst 2001.)

Frá 1. janúar 1999 til 1. júlí 2001 hefur fjölgað um 4 stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu (FME). Sú fjölgun hefur hvorki haldið í við þróun fjármálamarkaðar né þróun verkefna FME að öðru leyti. Í því skyni að styrkja stefnumótun FME og auka nákvæmni í áætlanagerð þess er hér sett fram mat á starfsmannaþörf næstu missiri. Matið er miðað við 1. júlí 2001.

Við gerð matsins var byggt á viðurkenndum aðferðum við mat á starfsmannaþörf og naut Fjármálaeftirlitið þar aðstoðar ráðgjafafyrirtækisins IMG.

1. Ytri þættir sem hafa áhrif á mat á starfsmannafjölda.

1.1 Þróun fjármálamarkaðar.

Eins og kunnugt er hafa orðið gífurlegar breytingar á starfsemi fjármálafyrirtækja á síðustu missirum og árum. Margar þessar breytingar eru þess eðlis að Fjármálaeftirlitið verður að fylgja þeim eftir og vera reiðubúið að grípa inn í eða leiðbeina um túlkun laga og reglna, þegar ástæða er til. Þó hægt hafi á efnahagslífinu eru ekki merki um að hægjast muni á þróun fjármálamarkaðar. Rétt er að nefna í þessu sambandi nokkur atriði sem hafa haft og munu hafa mikil áhrif á störf Fjármálaeftirlitsins.

1.1.1 Lánamarkaður.

Á starfstíma Fjármálaeftirlitsins hefur lánamarkaður tekið miklum breytingum. Ríkisviðskiptabankarnir höfðu nýlega verið hlutafélagavæddir, fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins sameinaðir og á starfstímanum hefur verið unnið að sölu á eignarhlut ríkissjóðs í þessum fyrirtækjum. Þessum breytingum og hagstæðu efnahagsástandi hafa fylgt ýmsar breytingar. Nefna má eftirfarandi:

- Mikil útlánaaukning.
- Aukin verðbréfaeign lánastofnana.
- Fjölbreyttari starfsemi á verðbréfamarkaði.
- Auknar erlendar lántökur lánastofnana.
- Lækkun eiginfjárhlutfalla.
- Samruni lánastofnana.
- Aukin starfsemi erlendis, með stofnun eða kaupum á sjóðum og fjármálafyrirtækjum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- Flóknara eignarhald með lánastofnunum.

Ekki sér fyrir endann á þessari þróun. Nefna má eftirfarandi:

- Fylgja þarf eftir útlánaaukningu síðustu ára með ítarlegu eftirliti með þróun útlána og mati á afskriftum og afskriftaþörf.
- Margþættari áhættur lánastofnana gera kröfu til víðtækari áhættustýringar. Þróun áhættustýringar hefur ekki fylgt að öllu leyti eftir nýjungum í starfsemi lánastofnana og því brýn þörf á að fylgja þeirri þróun eftir.
- Eiginfjárreglur lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu munu verða mjög í brennidepli á næstunni í tengslum við breytingar á eiginfjárreglum Baselnefndar um bankaeftirlit.
- Nýleg dæmi benda til þess að íslenskar lánastofnanir munu áfram huga að aukinni starfsemi á erlendri grundu.

- Nýlegar lagabreytingar sem gera sparisjóðum kleift að breyta sér í hlutafélög opna nýja möguleika til samruna og hagræðingar á fjármálamarkaði. Sparisjóðir og aðrar lánastofnanir hafa runnið saman á síðustu mánuðum og vísbendingar eru um að fleiri samrunar séu væntanlegir.
- Yfirlýsing stjórnvalda um sölu á Landsbanka Íslands hf., hugsanlega til erlends aðila, bendir einnig til aukinna verkefna.
- Nýlegar breytingar á ákvæðum laga um eftirlit með virkum eigendum fjármálafyrirtækja kalla á aukið aðhald af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Þessar breytingar taka einnig til verðbréfafyrirtækja og vátryggingafélaga.

FME hefur lýst áhyggjum sínum af þróun lánamarkaðar og stöðu lánastofnana. Í ársskýrslu FME sem gefin var út í lok síðasta árs var fjallað um útlánaaukningu lánastofnana, lækkandi eiginfjárhlutföll og fjölþætta áhættu í starfsemi þeirra. Ítrekuð var sú skoðun að eiginfjárhlutföll þyrftu að hækka og sett fram viðmiðunarmörk í því sambandi. Tilvitnuð umfjöllun lýsir vel áherslum FME í eftirliti á þessu sviði.

1.1.2 Verðbréfamarkaður.

Verðbréfamarkaður hefur þróast hratt á undanförnum árum. Nefna má eftirfarandi:

- Almenningur hefur í auknum mæli tekið þátt í viðskiptum á verðbréfamarkaði og verðbréfaviðskipti orðin eðlilegur þáttur í ávöxtun sparifjár einstaklinga og heimila.
- Fyrirtækjum sem skráð eru á markaði hefur fjölgað mikið á síðustu árum og verðbréfamarkaður þroskast mjög. Fjármálafyrirtæki eru í auknum mæli skráð á markaði.
- Verðbréfaeign, verðbréfaviðskipti og ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja á þessu sviði eru, samfara þessari þróun, aukinn þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja, sem kallar bæði á ríkt eftirlit með starfsháttum fjármálafyrirtækja og markaðsáhættu í rekstri fyrirtækjanna. Starfshættir og áhættustýring fjármálafyrirtækja hefur ekki þróast í takt við þróun verðbréfamarkaðar að öðru leyti.
- Verðbréfaþing Íslands hf. er aðili að samstarfi norrænna kauphalla, en það kallar á aukið samstarf í eftirliti með verðbréfamarkaði.
- Alþjóðasamstarf hefur reynst Fjármálaeftirlitinu og verðbréfamarkaðnum mjög mikilvægt. Fjármálaeftirlitið hefur verið aðili að samstarfi verðbréfaeftirlita í Evrópu, FESCO.
- Þrátt fyrir þessa þróun er markaður hér enn mjög grunnur. Það hefur áhrif á trúverðugleika hans og skapar hættu á misnotkun.
- Utan hins skráða markaðar myndaðist „grár markaður" sem kallaði á endurskoðun löggjafar og styrkingu eftirlits.

Þó hægst hafi á verðbréfamarkaði síðustu mánuði er ljóst að nauðsyn er á að styrkja enn frekar eftirlitið og auka aðhald á verðbréfamarkaði, svo sem löggjafinn hefur raunar að hluta til kveðið á um. FME hefur lýst því yfir að það hyggist á næstu missirum byggja upp styrkara eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði. Í samræmi við það er yfirstandandi uppbygging á markaðsvakt innan eftirlitsins, sem bætir yfirsýn FME yfir verðbréfamarkaðinn og gefur því færi á að grípa fyrr inn í mál sem upp koma.

Auk þessa má nefna nokkur atriði sem benda til aukinna verkefna að hálfu FME.

- FME hefur undanfarna mánuði unnið að því að stuðla að styrkingu á innviðum fjármálafyrirtækja að því er varðar starfshætti á verðbréfamarkaði. Leiðbeiningar um efni reglna um viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækja, eigin viðskipti fjármálafyrirtækja og aðskilnað starfssviða (Kínamúra), fela í sér auknar kröfur á fjármálafyrirtæki sem fylgja þarf eftir í eftirlitinu sjálfu.

- FME er ætlað aukið hlutverk í fyrirbyggjandi eftirliti með innherjaviðskiptum. Söfnun lista yfir innherja útgefenda skráðra verðbréfa, birting fruminnherjalista og staðfesting FME á reglum útgefenda um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja eru mikilvægir verkþættir sem kveðið var á um í nýlegum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti.
- FME hafa einnig verið fengin aukin verkefni vegna almennra útboða, en samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti mun FME hafa umsjón með útboðslýsingum þegar ekki er um skráningu í kauphöll að ræða. Einnig hafa möguleikar FME til þess að fylgjast með og grípa til aðgerða vegna almennra útboða verið styrktir.

1.1.3 Vátryggingamarkaður.

Nokkur uppstokkun hefur átt sér stað í rekstri innlendra vátryggingafélaga á síðustu árum. Á starfstíma FME hefur stóru vátryggingafélögunum fækkað úr fjórum í þrjú með samruna Tryggingar hf. við TM hf. Samábyrgðinni hefur verið breytt í hlutafélag og seld bátaábyrgðarfélögunum. Eitt bátaábyrgðarfélaga hætti vátryggingastarfsemi á síðasta ári. Flest bendir til að á næstu vikum eða mánuðum verði frekari breytingar á starfsemi þessara félaga.

Fækkun á hinum smærri og veikari vátryggingafélögum skapar svigrúm til að sinna öðrum verkefnum. Er þess vænst að slíkt svigrúm nýtist til að styrkja fjárhagslegt eftirlit með félögunum.

Þrjú stærstu vátryggingafélögin eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands hf. eða áforma skráningu. Við það dregur ekki úr þörf eftirlits, en þó má ætla að þetta hafi áhrif til aukins sýnileika í rekstri félaganna. Aukinn sýnileiki vinnur með eftirlitinu.

Mikilvægt er að auka vægi eftirlits með áhættustýringu vátryggingafélaga og eftirliti á staðnum.

Athuganir á hækkunum á iðgjöldum í ökutækjatryggingum hafa tekið mikinn tíma eftirlitsins. Erfitt er að spá um þróun þessa. Engu að síður er brýnt að gott eftirlit sé haft með þróun vátryggingaskuldar og iðgjalda.

Á sama tíma og innlendum vátryggingafélögum hefur fækkað hefur starfsemi vátryggingamiðlara vaxið fiskur um hrygg. Um 16 miðlanir eru nú starfandi með fjölda sölumanna og verktaka á sínum snærum. FME hefur sýnt þessari þróun mikla athygli og leitast við að tryggja að þjónusta þessara aðila sé með fullnægjandi hætti. Þessi starfsemi hefur þó verið því marki brennd að um nýja og ört vaxandi atvinnustarfsemi er að ræða, en við þær aðstæður er hætt við að ýmislegt geti fari úrskeiðis. Þátttaka vátryggingamiðlara á innlendum vátryggingamarkaði opnar jafnframt fyrir ný og mikilvæg tækifæri í tryggingum, þar sem þeir bjóða vörur erlendra tryggingafélaga. Fyrirsjáanlegt er að leggja þurfi talsverða vinnu í eftirlit með þessari starfsemi á næstu árum.

1.1.4 Lífeyrissjóðir.

Á fyrstu starfsárum FME fór gríðarlegur tími í umsagnir um veitingu starfsleyfa fyrir lífeyrissjóði. Aðlögun þeirra að nýlegum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er þó hvergi nærri lokið. Sú staðreynd að lífeyrissjóðirnir eru nýlega komnir undir eftirlit gerir öll samskipti við þá tímafrekari en ella. Kemur þetta m.a. fram í því að gögnum og gagnaskilum af hálfu lífeyrissjóða er oft mjög ábótavant. Jafnframt er enn verið að móta eftirlitið sjálft og mun það eflaust taka nokkurn tíma.

Engar vísbendingar eru um að lífeyrissjóðum muni fækka stórlega á næstunni og vegur fjöldi þeirra (54) þungt í eftirliti á grundvelli reglubundinna gagna. Vegna skylduaðildar,

banns á flutningi réttinda til samtryggingar og takmarkana á möguleikum sjóðfélaga til að hafa bein áhrif á stjórnun síns lífeyrissjóðs er aukin þörf á eftirliti með starfsemi lífeyrissjóða.

Einn veigamesti þátturinn í aðlögun lífeyrissjóðanna að nýrri löggjöf varðar ákvæði laga og reglna um fjárfestingar þeirra. Eftirlit með þessu er í mótun og þarf að bæta enn frekar. Annar mikilvægur þáttur er krafan um jöfnuð skuldbindinga og eigna. Vegna þess hve útreikningar á skuldbindingum lífeyrissjóða er flókinn er sýnileiki afar mikilvægur (líkt og hjá vátryggingafélögunum).

Samtímis framangreindri þróun hafa lífeyrissjóðir sýnt vilja til fjölbreyttari starfsemi á fjármálamarkaði en áður. Þannig hafa lífeyrissjóðir t.d. stofnað fyrirtæki í verðbréfaþjónustu í sinni eigu.

Móttaka viðbótarlífeyrissparnaðar lýtur eftirliti FME, en lífeyrissjóðir, líftryggingafélög, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hafa heimild til móttöku þessa sparnaðar. Þetta er nýr þáttur fjármálaþjónustu sem mikil samkeppni hefur skapast um. Brýnt er að huga að þessari þjónustu á næstu missirum.

1.2 Lagabreytingar á fjármálamarkaði.

1.2.1 Breytingar sem gerðar hafa verið.

Talsverðar breytingar hafa orðið á lögum og reglum á fjármálamarkaði á starfstíma FME. Í viðauka 1 er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Þær breytingar sem mest áhrif hafa haft á starfsemi FME eru þessar:

- Breytingar á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en með þeim lögum voru starfsheimildir FME styrktar. Sterkari og fjölbreyttari starfsheimildum fylgja að sjálfsögðu aukin verkefni í byrjun þegar verið er að móta beitingu þeirra. Raunar hefur FME ekki unnist tími til að móta nægilega allar heimildir sínar.
- Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti (breytingalög nr. 99/2000), voru einkum gerðar vegna atvika sem upp höfðu komið á fjármálamarkaði og umræðu í kjölfar þeirra. Sett voru skýrari fyrirmæli um eigin reglur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana er vörðuðu aðskilnað hagsmuna (Kínamúra), eigin viðskipti fyrirtækjanna, viðskipti starfsmanna þeirra, stjórnenda og eigenda, og atvinnuþátttöku stjórnenda og starfsmanna. Breytingarnar voru lagðar til í samráði við FME og tilgangurinn að styrkja trúverðugleik fjármálamarkaðarins og eftirlit FME. FME hefur lagt mikla vinnu í þessi mál á síðustu mánuðum. Í lok júlí sl. birti FME leiðbeinandi tilmæli um efni þessara reglna og mun í framhaldinu staðfesta reglur fjármálafyrirtækja, sem uppfylla skilyrðin.
- Breytingar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti (breytingalög nr. 163/2000), fela í sér ítarleg ákvæði um innherjaviðskipti og eftirlit með þeim. Rannsóknarskylda er lögð á fruminnherja áður en hann á viðskipti, gerð er krafa til þess að upplýsingar um innherja séu sendar FME og gert ráð fyrir að FME birti lista yfir fruminnherja hjá útgefendum, auk þess sem FME skal kalla eftir og staðfesta reglur útgefenda um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. FME hefur birt leiðbeinandi tilmæli um efni framangreindra reglna og gefið út form til útfyllingar á innherjalistum og leiðbeiningar um útfyllingu á þeim. Mikil vinna er fram undan vegna þessa.
- Í sömu breytingalögum er einnig kveðið með skýrari hætti en áður á um almennt útboð verðbréfa. Skýrari ákvæði styrkja eftirlit FME auk þess sem FME er falið það hlutverk að hafa umsjón með athugun á almennum útboðslýsingum, öðrum en þeim sem fela í sér skráningu í kauphöll. Þessum verkefnum fylgja aukin verkefni. Nánar er kveðið á um þetta í reglugerð nr. 477/2001, um almennt útboð verðbréfa.

- Með lögum nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum var eftirlit FME með virkum eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum styrkt verulega. Líkur benda til að aðlögun að lögunum krefjist aukinnar vinnu, einkum vegna aukinnar upplýsingaskyldu aðila.

Framangreind dæmi sýna að löggjafinn hefur falið FME aukin verkefni á síðustu missirum. Á sama tíma hefur ekkert verið dregið úr verkefnum FME í löggjöf, ef frá er talin niðurfelling á Kvótaþingi, sem FME hafði eftirlit með.

Enn fremur má nefna að í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 163/2000, um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti (sjá lýsingu hér að framan), er gerð grein fyrir því að breytingarnar muni hafa í för með sér aukin verkefni FME. Er það metið svo að hin auknu verkefni svari til eins og hálfs stöðugildis.

1.2.2 Líkleg þróun löggjafar.

FME kemur að mótun laga og reglugerða á fjármálamarkaði með þátttöku í margvíslegu nefndarstarfi sem er undanfari slíkra breytinga. Mikilvægt er að stofnunin eigi þess kost að vinna að og taka þátt í þessari mótun og nýta þannig reynslu af beitingu gildandi laga og reglna á hverjum tíma. FME er einnig falið hlutverk í lögum varðandi setningu reglna og tilmæla. Þessi þáttur í starfsemi FME er í samræmi við hlutverk flestra erlendra systurstofnana og hafa raunar komið fram ábendingar um að styrkja þurfi þetta hlutverk FME, sbr. umfjöllun í kafla 1.4.

Gildandi lög og reglur á hverjum tíma skapa umgjörð um hlutverk og skyldur FME. Við mat á starfsmannaþörf er því nauðsynlegt að taka til athugunar hvaða áhrif fyrirsjáanlegar breytingar á lögum og reglum hafa á starfsemi FME.

Eins og fram kemur í umfjöllun hér á eftir má gera ráð fyrir talsverðri endurskoðun laga og reglna á næstu missirum.

Stór þáttur í mótun laga og reglna tengist aðlögun að EES-gerðum. Í viðauka 2 er að finna yfirlit viðskiptaráðuneytisins yfir samþykktar og væntanlegar tilskipanir á sviði fjármálaþjónustu. Drög að tveimur veigamiklum tilskipunum til viðbótar hafa verið kynnt af hálfu framkvæmdastjórnar ESB. Annars vegar eru drög að tilskipun um misnotkun markaðar (market abuse) og hins vegar drög að tilskipun um útboðslýsingar (prospectuses). Nefna má að samkvæmt síðari drögunum er gert ráð fyrir að fjármálaeftirlit fái það verkefni að annast athugun á öllum útboðslýsingum, einnig skráningarlýsingum.

Talsverð vinna fer nú fram á vegum viðskiptaráðuneytis sem varðar breytingar á lögum á fjármálamarkaði, sem að hluta til tengist aðlögun að EES-gerðum. Nefna má eftirtalin verkefni sem viðskiptaráðuneytið leiðir nú:

- Bankalaganefnd hefur verið falið að semja ný lög um fjármálafyrirtæki, sem tekur til starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, auk rafeyrisfyrirtækja. Þá er til athugunar að lögin taki einnig til vátryggingastarfsemi. Þáttur í þessari vinnu er endurskoðun á öllum ákvæðum núgildandi laga. Þá mun nefndin einnig fjalla um athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í nýlegri athugun sem reifuð er nánar hér á eftir.
- Önnur nefnd vinnur nú að samningu frumvarps til nýrra laga um verðbréfaviðskipti, en þessi vinna er tengd vinnu bankalaganefndar, þar sem ætlunin er að kveða á um starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu í fyrrgreindum lögum um fjármálafyrirtæki.
- Á vegum vinnuhóps er nú unnið að nýjum lögum um verðbréfasjóði, sem taka mun yfir starfsemi sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Sú vinna byggir á nýrri tilskipun sem fella verður inn í íslenskan rétt. Með þeirri breytingu falla fleiri sjóðir undir eftirlit FME en

nú er, en hingað til hafa einungis verðbréfasjóðir samkvæmt núgildandi lögum fallið þar undir. Löngu tímabært er að hlutabréfasjóðir lúti opinberu eftirliti. Það mun fela í sér aukin verkefni.

- Sérstök nefnd hefur unnið að endurskoðun vátryggingasamningalaga og er frumvarp þess efnis í undirbúningi. Gera má ráð fyrir að hin nýju lög muni auka skyldur bæði vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara og fela í sér aukin verkefni fyrir FME, a.m.k. fyrstu ár aðlögunar að lögunum.
- Gera má ráð fyrir að hin nýju lög muni auka skyldur bæði vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara og fela í sér aukin verkefni fyrir FME, a.m.k. fyrstu ár aðlögunar að lögunum.
- Þá má nefna að viðskiptaráðherra fól nefnd, sem stýrt er af aðstoðarforstjóra FME, að endurskoða reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Einnig er í undirbúningi reglugerð um „insurance groups".

Samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ber fjármálaráðuneytinu að gefa Alþingi skýrslu um lögin og hvort huga þurfi að breytingum á þeim. Ómögulegt er að spá fyrir um niðurstöðu umræðu sem fram mun fara á grundvelli þessarar vinnu. Frekari breytingar á lífeyrissjóðalögunum munu einnig ráðast af framvindu mála við staðfestingu og mótun tilskipunar ESB um lífeyrissjóði.

Hjá FME er unnið að samningu eða endurskoðun nokkurra reglna, svo sem reglum um vátryggingaskuld og reglum um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða.

Þessu til viðbótar er FME með í undirbúningi nokkur leiðbeinandi tilmæli, en með lögum nr. 11/2000, um breytingu á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var kveðið sérstaklega á um að FME væri heimilt að gefa út almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Þó mótun tilmæla sé tímafrek má vænta þess að til lengri tíma litið muni þau auðvelda starf FME.

1.2.3 Tillögur Basel-nefndar um bankaeftirlit að nýjum eiginfjárreglum.

Fjármálaeftirlitið hefur fylgst náið með mótun nýrra eiginfjárreglna fyrir lánastofnanir, sem nú er unnið að af hálfu Basel-nefndar um bankaeftirlit. Stefnt er að því að nýjar reglur verði samþykktar í lok árs 2002 og taki gildi 2005.

Tillögurnar fela í sér róttækar breytingar. Nefna verður tvennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi munu reglurnar fela í sér hvata fyrir banka að nýta svokallað innra matskerfi (Internal Ratings Based Approach) til að mæla eiginfjárstöðuna. Ætli innlendar lánastofnanir að nýta sér þetta þarf að byggja upp ítarlegan gagnagrunn og sterka áhættustýringu, sem metin verður og vottuð af hinum opinbera eftirlitsaðila. Íslenskir bankar hafa þegar lýst yfir áhuga á því að nýta sér þessa aðferð. Líklegt er þó að einungis stærstu lánastofnanirnar munu geta nýtt sér þetta.

Í öðru lagi er í tillögunum gert ráð fyrir að fjármálaeftirlitum í öllum ríkjum verði heimilt að ákveða hærri eiginfjárhlutföll sem einstökum lánastofnunum beri að hlíta. Raunar telur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins brýnt að FME fái slíka heimild nú þegar, en nánar er vikið að því í kafla 1.4. hér á eftir.

Verulegar líkur eru á því að breytingar á eiginfjárreglunum nái fram að ganga, þó ekki sé fullvíst um einstakar niðurstöður. Verði raunin sú þarf FME að styrkja starfsemi sína verulega til að mæta þessu verkefni. FME er kunnugt um að áætlanir eftirlitsstofnana í nágrannalöndunum geri ráð fyrir verulegri fjölgun sérfræðinga vegna þessa. Hins vegar er erfitt að meta langtímaáhrif þessa fyrir FME, þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvort innlendar lánastofnanir muni geta nýtt sér fyrrgreinda innri matsaðferð (IRB). Engu að síður er ljóst að

FME þarf hið fyrsta að styrkja utanumhald gagna, gagnagreiningu og eftirlit með áhættustýringu, ef það á að geta sinnt hlutverki sínu á þessu sviði á næstu árum.

1.3 Alþjóðlegt samstarf.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi. Tilgangur þátttöku FME í samstarfinu er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar leitast FME við að flytja heim á íslenskan fjármálamarkað reynslu og þekkingu sem fengist hefur í eftirliti með stærri og eftir atvikum þróaðri mörkuðum. Hins vegar hefur FME talið það hlutverk sitt að styrkja samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar. Þátttaka FME í erlendu samstarfi er veigamikill þáttur í þeirri viðleitni, en með nánu samstarfi og samhæfingu við erlendar systurstofnanir skapast ákveðin líkindi fyrir því að hér á landi sé byggt á svipuðum viðhorfum um styrk og trúverðugleika íslensks markaðar og eftirlit með honum. Telja verður að samstarf FME á erlendum vettvangi sé mikilvægt fyrir fjármálamarkaðinn vegna þessa.

Samstarfið er í meginatriðum þríþætt; samstarf á sviði bankaeftirlits, verðbréfaeftirlits og vátryggingaeftirlits. Fjármálaeftirlit á Norðurlöndum hafa með sér náið samstarf. Þá tekur Fjármálaeftirlitið þátt í samstarfi Evrópuþjóða sem tengist aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er Fjármálaeftirlitið beinn aðili að alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita IAIS.

Fjármálaeftirlitið sækir nær einvörðungu kjarnafundi í viðkomandi samstarfi, en sækir almennt ekki vinnufundi eða fundi sérfræðinganefnda, nema talin sé brýn nauðsyn á því með hliðsjón af þeim verkefnum sé unnið er að hér á landi. Fjármálaeftirlitið tekur því ekki þátt í nema hluta þess samstarfs sem erlendar systurstofnanir þess taka þátt í.

Öll þróun þessa samstarfs bendir til þess að það muni aukast fremur en minnka. Kemur þar tvennt til. Annars vegar eru fjármálamarkaðir landa að tengjast sífellt nánari böndum með myndun fjármálasamsteypa yfir landamæri, öðrum fjárfestingum yfir landamæri og ýmiss konar öðru samstarfi. Starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis er dæmi um þetta.

Hins vegar er ófullnægjandi samhæfing í túlkun laga og reglna og eftirlitsaðgerðum fjármálaeftirlita innan Evrópska efnahagssvæðisins álitin ein af þeim hindrunum sem ryðja verður úr vegi til að koma á raunverulegum innri markaði í fjármálaþjónustu. Því er mikill þrýstingur á evrópsk fjármálaeftirlit að styrkja enn samstarf sitt. Mikilvæg vísbending um þetta eru tillögur svokallaðrar Wise Men Group (Lamfalussy Report) þar sem lagðar eru til breytingar á ákvörðunarferli og samstarfi á verðbréfasviði innan ESB. Framkvæmdastjórn ESB er þegar að hrinda þessum tillögum í framkvæmd. Eitt meginatriði breytinganna er aukin samvinna eftirlitsstofnana, bæði við ráðgjöf við undirbúning og ákvörðun um nýjar gerðir og við túlkun og framkvæmd sameiginlegra reglna og eftirlit að öðru leyti. Gert er ráð fyrir að það samstarf sem hingað til hefur farið fram innan hinna sjálfstæðu samtaka FESCO (Forum of European Securities Commissions) verði framvegis hluti af stofnanaferli ESB og EES.

1.4 Mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins – Financial Sector Stability Assessment.

Í nýrri skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gefið út er að finna mat sjóðsins á íslensku fjármálakerfi (Financial Sector Stability Assessment). Telur sjóðurinn að þó undirstöður fjármálakerfisins séu traustar sé þar að finna veikleika er geti stefnt stöðugleika þess í hættu. Fjármálaeftirlitið telur ábendingar sem koma fram í skýrslunni gagnlegar og samræmast þær flestar mati Fjármálaeftirlitsins, stefnu þess og verkáætlunum. Skýrsluna er að finna heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, www.imf.org.

Athugunin er liður í sérstöku átaki sem miðar að því að efla yfirsýn yfir veikleika í fjármálakerfum einstakra landa og stuðla að stöðugleika. Ísland er annað ríkið innan Evrópska

efnahagssvæðisins til þess að taka þátt í þessu átaki. Athugunin hófst í nóvember á síðasta ári og var skýrsla um hana rædd í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í maí sl. ásamt skýrslum sem samdar voru eftir reglubundna árlega heimsókn sérfræðinga sjóðsins til landsins í janúar sl.

Í athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var m.a. farið yfir lög og reglur um starfsemi á fjármálamarkaði og fyrirkomulag eftirlits, með hliðsjón af grunnreglum sem settar hafa verið í alþjóðasamstarfi bankaeftirlita, verðbréfaeftirlita og vátryggingaeftirlita. Í grunnreglunum er fjallað um þá þætti sem þurfa að vera til staðar í löggjöf og opinberu eftirliti sem talist gæti til fyrirmyndar. Einnig var fjallað um löggjöf og eftirlit með lífeyrissjóðum.

Það er mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að fjármálaeftirlit hér á landi sé í góðri stöðu til að takast á við verkefni sitt. Hins vegar er það einnig mat sjóðsins að í íslensku fjármálakerfi séu veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Sjóðurinn gerir athugasemdir og bendir á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla myndi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit. Í viðauka 3 með þessari greinargerð er að finna yfirlit yfir helstu atriði sem sjóðurinn telur að betur mættu fara.

Rétt er að draga fram helstu niðurstöður sem mestu varða um stærð FME:

- Alþjóðagjaldeyrissjóðurin telur að styrkja þurfi eftirlit á staðnum, einkum með lánastofnunum og vátryggingafélögum.
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurin telur að efla þurfi verulega upplýsingaöflun FME, greiningu upplýsinga og eftirlit á grundvelli þeirra.
- Lögð er rík áhersla á að styrkja þurfi heimildir FME til að kveða á um hærri eiginfjárhlutföll einstakra lánastofnana.
- Settar eru fram athugasemdir er lúta að sjálfstæði FME. Þar varðar mestu að Alþjóðagjaldeyrissjóðurin telur brýnt að FME fái það hlutverk að veita og afturkalla starfsleyfi á fjármálamarkaði í stað ráðuneytisins, en FME er nú umsagnaraðili um veitingu starfsleyfa og gerir tillögu um afturköllun starfsleyfa. Ekki er víst að þessi breyting myndi hafa í för með sér aukin verkefni.
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurin telur að styrkja þurfi reglusetningarhlutverk FME á fjármálamarkaði.
- Gerðar eru athugasemdir við gildandi lög og reglur. Nefna má sem dæmi reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána.
- Lagt er til að FME auki hlutverk sitt í eftirliti með greiðslumiðlun og að verkaskipting milli Seðlabanka og FME verði skýrð.

Í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins koma fram afar sterk tilmæli um að fjölga þurfi starfsmönnum FME, til þess að það geti sinnt hlutverki sínu að fullu. Í heimsókn þeirra var lýst áformum um að fjölga starfsmönnum úr 24 í 28 á næstu mánuðum og hefur sú fjölgun gengið eftir. Í skýrslunni er sérstaklega lýst efasemdum um að hin kynntu áform um fjölgun séu fullnægjandi. Í skýrslunni segir orðrétt:

„Deficiencies in implementation derive from a mix of reasons, mostly linked to the role of the FME and its size, which is too small to allow it to fully carry out all the necessary aspects of supervision. This is the case notwithstanding that certain economies and synergies have been derived from the fact that supervision of all types of financial institutions has been concentrated in a single, unified supervisory agency. The FME recognizes the need for additional resources and is in the process of adding a few more staff. But the scale of the planned expansion may be inadequate.

There is a tendency among market participants to judge appropriateness of the relative size of the FME by other Nordic experiences. This would not appear to be a correct approach

because special circumstances work against this comparison. First, regardless of the size of any given country, including Iceland, supervisory functions need to reach a critical size or mass to function effectively. Second, the FME is coping with a large learning and organizational problem given the newness of many of the tasks at hand, as well as the newness of the FME itself. This is taking place in a legislative and organizational framework less supportive than it could be, as noted previously. Finally, the special risks surrounding the Icelandic economy at this time underscore the need to implement consolidated supervision, as well as to strengthen off-site monitoring and the development of early warning indicators through more comprehensive and systematic data collection and analysis efforts, as a matter of priority."

1.5 Gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja – breytt vinnubrögð.

Sú þróun sem fjallað hefur verið um hér að framan gefur til kynna að verkefni Fjármálaeftirlitsins muni áfram aukast. Aukin umsvif fjármálaeftirlita er þó ekki eina úrræðið til að tryggja traustleika fjármálafyrirtækja og stöðugleika á fjármálamarkaði. Aukið gegnsæi (transparency) í starfsemi fjármálafyrirtækja skapar aðhald viðskiptamanna, eigenda og almennings.

Í allri umræðu um þróun fjármálamarkaðar er lögð áhersla á þetta. Nefna má sem dæmi vinnu við endurskoðun á reikningsskilum á Evrópska efnahagssvæðinu og 3. stoð tillagna að nýjum reglum um eigið fé lánastofnana, sem Basel-nefnd um bankaeftirlit vinnur nú að.

FME leggur áherslu á það í allri starfsemi sinni að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því skapast aðhald frá fleirum en FME, sem á hinn bóginn dregur úr þörf á stækkun stofnunarinnar.

1.6 Þróun samskipta FME við fjármálafyrirtæki og viðskiptamenn þeirra.

1.6.1 Sýnileiki í starfsemi FME hefur áhrif.

Fjármálaeftirlitið lítur á sig sem þátttakanda á íslenskum fjármálamarkaði. Í stefnu þess er lögð áhersla á uppbyggilegt aðhald með fjármálastarfsemi. Ljóst er að aukinn sýnileiki í starfsemi FME hefur áhrif á fjölda verkefna.

Í þessu skyni hefur FME lagt áherslu á meira gegnsæi í störfum sínum, án þess að ganga á þann trúnað sem ríkja verður um málefni einstakra fyrirtækja og kveðið er á um í lögum. Þetta hefur FME gert með því að kynna starfsemi sína, með útgáfu ársskýrslu, ársfundi, þátttöku í ýmsum opinberum fundum og með því að senda fréttatilkynningar um almenn málefni er varða fjármálamarkað og starfsemi FME.

Þá hefur FME byggt upp heimasíðu þar sem miðlað er upplýsingum. Þar birtir FME umræðuskjöl sem geyma drög að reglum og tilmælum sem FME er að vinna að og gefur öllum tækifæri á að koma að sjónarmiðum. Þá eru birt þar leiðbeinandi tilmæli, upplýsingar úr opinberum uppgjörum fjármálafyrirtækja og margt fleira.

Með þessu reynir FME að gera grein fyrir störfum sínum og stuðla að því að almenningur, fjármálafyrirtæki og önnur stjórnvöld geri sér sem besta grein fyrir starfi FME og stöðu fjármálamarkaðar hverju sinni.

Þessu til viðbótar hefur þróunin orðið sú að umfjöllun fjölmiðla um málefni fjármálamarkaðar hefur aukist gífurlega og haldist í hendur við aukna þátttöku almennings á verðbréfamarkaði.

Þessi sýnileiki FME hefur haft þau áhrif að eftirspurn eftir liðsinni þess hefur aukist eins og eftirfarandi mynd gefur til kynna:



	01.07.1999 - 30.06.2000	01.07.2000 - 30.06.2001
Kvörtunar- og neytendamál	44	60
Fyrirspurnir	34	105
Kvörtunar- og neytendamál	44	60
Fyrirspurnir	34	105

1.6.2 Samskipti við viðskiptamenn fjármálafyrirtækja.

Neytendaþjónusta á fjármálamarkaði er af skornum skammti annars staðar og því hefur FME talið það hlutverk sitt að reyna að sinna málum af þessu tagi. Mikilvægur þáttur í því er að FME vistar tvær úrskurðarnefndir á fjármálamarkaði, úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en þangað er hægt að vísa málum er varða lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu. Engin slík nefnd er starfandi á sviði lífeyrismála.

FME telur það ekki hlutverk sitt að greiða úr réttarágreiningi viðskiptamanna við fjármálafyrirtæki. Stofnunin hefur hins vegar tekið til athugunar innkomin mál sem fela í sér almenna eftirlitshagsmuni, þ.e. vísbendingu um að lögum og reglum eða sjónarmiðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti sé ekki fylgt.

Þá fer töluverður tími sérfræðinga, einkum lögfræðinga eftirlitsins, í að svara símtölum og fyrirspurnum viðskiptamanna og almennings. Erfitt er að meta hvert vægi þessarar vinnu er, en ljóst er að aukin kynning á FME hefur aukið verulega samskipti viðskiptamanna og almennings við FME.

1.6.3 Þróun eftirlitsins sjálfs.

Í kafla 1.1 var fjallað um þróun fjármálamarkaðar almennt. Ljóst er að flóknari og fjölþættari starfsemi á fjármálamarkaði kallar á aukin samskipti fjármálafyrirtækja við FME. Mikil þróun í starfsemi fjármálafyrirtækja reynir mjög á gildandi lög og reglur og túlkun þeirra. Þar hefur FME mikilvægu hlutverki að gegna.

Þá er ljóst að FME hefur á liðnum missirum styrkt sig verulega í eftirliti og efnistökum. Áhrif þess eru að fleiri athugunarverð mál koma fram í dagsljósið að frumkvæði FME. Þannig

hefur uppbygging markaðsvaktar þau áhrif að FME hefur betri yfirsýn yfir markaðinn og verður vart við fleiri meinbugi í starfsemi á fjármálamarkaði.

Styrking FME hefur enn fremur þau áhrif að fjármálafyrirtæki leita í auknum mæli til stofnunarinnar til að bera undir hana áform um nýjar leiðir í fjármálaþjónustu. Þannig er þróunin sú að fyrirtækin óska eftir sjónarmiðum FME fyrir fram fremur en að fá athugasemdir þegar þjónustan hefur þegar verið boðin. Þessi þróun er jákvæð að flestu leyti, en má þó ekki ganga svo langt að FME stýri fjármálamarkaðnum í raun.

Í eftirliti FME hefur það valdið talsverðum erfiðleikum að reglubundin gagnaskil fjármálafyrirtækja hafa í heild ekki verið í nægilega góðu horfi. FME hefur því þurft að verja miklum tíma í að innheimta skýrslur, sem meðal annars hefur leitt af sér að ekki hefur reynst unnt að skipuleggja nægilega vel vinnu við skráningu og greiningu gagna, eða útgáfu á samandregnu efni. FME hefur nú fengið sterkari heimildir til að beita dagsektum og hefur reglugerð þar að lútandi verið gefin út nýlega. Brýnt er að koma þessum málum í fullnægjandi horf.

2. Innri þættir sem hafa áhrif á mat á starfsmannafjölda.

2.1 Þróun starfsmannafjölda hingað til.

Í upphafi ársins 1999, þegar FME tók til starfa, voru starfsmenn 23 í tæplega 22 stöðugildum. Þegar mest var störfuðu í bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitinu 27 starfsmenn í tæplega 26 stöðugildum.

Á miðju ári 2000 hafði starfsmönnum fjölgað í 25 starfsmenn í 23 stöðugildum og á miðju þessu ári hefur starfsmönnum fjölgað í 27 starfsmenn í tæplega 26 stöðugildum. Frá fyrsta júlí 2001 hafa 3 starfsmenn verið ráðnir til starfa og einn starfsmaður látið af störfum.

Hér að framan eru ekki taldir tveir starfsmenn, annar ráðinn í sérstakt verkefni og hinn sem unnið hefur afgreiðslu- og ritarastörf með skóla. Þá hefur FME í litlum mæli fengið til liðs við sig utanaðkomandi sérfræðinga til að vinna sérstök verkefni á þess vegum. Einnig hefur FME ráðið til sín sumarstarfsmenn sem unnið hafa í afleysingum eða að sérstökum verkefnum.

Af þeim 27 starfsmönnum sem starfandi voru í lok júní hafa 19 starfsmenn starfað við Fjármálaeftirlitið frá stofnun þess. Því hafa 8 starfsmenn komið nýir til starfa á starfstíma stofnunarinnar, 2 árið 1999, 4 árið 2000 (þar af 2 í lok ársins) og 2 fyrir mitt þetta ár. Starfsmenn sem hætt hafa voru 5 talsins á sama tímamarki. Þrír þeirra sem komu til starfa við stofnun Fjármálaeftirlitsins hafa horfið til annarra starfa, auk tveggja starfsmanna til viðbótar, sem ráðnir voru á starfstíma eftirlitsins.

2.2 Starfsmannavelta.

Nokkur starfsmannavelta hefur orðið í Fjármálaeftirlitinu undanfarin missiri. Á árinu 1999 var engin starfsmannavelta, 14,3% á árinu 2000 (þ.m.t. 2 starfsmenn sem hófu störf á sama ári) og 3,4 % á fyrri hluta árs 2001.

Til samanburðar má nefna að samkvæmt tölum frá IMG var starfsmannavelta í sérfræðistörfum í íslenskum fyrirtækjum um 9,5% á árinu 2000 en 17,6% í skrifstofustörfum. Starfsmannaveltan í FME á því ári var því sambærileg við hina almennu þróun.

Erfitt er að spá fyrir um hve margir starfsmenn hverfa á braut, í hlutfalli af starfsmannafjölda, í lítilli stofnun þar sem hlutfallslegt vægi hvers starfsmanns er mikið. Ef veltan mun fylgja almennri þróun á markaðnum má ætla að nokkuð dragi úr henni. Þó þykir varlegt að áætla að veltan nemi á bilinu 10–15%.

2.3 Skipulag og úrlausn verkefna.

Rétt er í þessu sambandi að gera stutta grein fyrir skipulagi Fjármálaeftirlitsins og vinnulagi við úrlausn verkefna.

Skipulag Fjármálaeftirlitsins byggist á því að unnt sé að nýta þekkingu og reynslu starfsmanna í þeim verkefnum þar sem þeirra er þörf hverju sinni. Ekki er um deildaskiptingu að ræða, heldur er leitast við að byggja upp þekkingu og reynslu á öllum sérfræðisviðum eftirlitsins jafnframt því sem yfirsýn yfir einstök svið fjármálamarkaðar er tryggð. Flestir sérfræðingar starfa aðallega að eftirliti á tilteknu sviði fjármálamarkaðar þar sem þekking og reynsla viðkomandi nýtist best. Hins vegar er reynt að tryggja að unnt sé að nýta þekkingu viðkomandi í öðrum verkefnum. Með því verða vinnubrögð stofnunarinnar sjálfrar samræmdari, auk þess sem með þessu tekst oft að draga æskilega reynslu og vinnubrögð á milli sviða fjármálamarkaðarins.

Verkefni eru unnin í sérstöku málaskráningarkerfi, sem jafnframt er nýtt til verkstjórnar. Sérhvert viðfangsefni er skráð á málsnúmer og fær einn ábyrgðarmann, sem alla jafna er sá sérfræðingur sem fyrir fram má ætla að vinni meginhluta verksins. Þá eru aðrir starfsmenn skráðir á málið, sem vinna að málinu undir yfirumsjón ábyrgðarmanns. Þeir starfsmenn hafa einnig möguleika á að hafa yfirsýn yfir framvindu verkefnisins.

2.4 Starfsfólk FME – blöndun þekkingar og reynslu.

Á miðju þessu ári störfuðu hjá FME 27 starfsmenn eins og áður sagði. Menntun þeirra er sem hér segir:

11 starfsmenn með viðskiptafræðilega menntun, þar af 7 viðskiptafræðingar, 1 endurskoðandi, 1 hagfræðingur og 2 samvinnuskólagengnir.
7 lögfræðingar, að forstjóra meðtöldum. Þegar hefur verið ráðið í tvö stöðugildi til viðbótar.
1 tölfræðingur.
2 kerfisfræðingar.
8 með aðra menntun.

Á sama tímamarki voru 8 af 27 starfsmönnum með minni en tveggja ára starfsreynslu í FME. Áætla má að í lok ársins 2002 verði tæplega helmingur starfsmanna með minni en tveggja ára starfsreynslu úr Fjármálaeftirlitinu.

Mikilvægt er í því starfi sem FME vinnur að þar sé mikil starfsreynsla innanbúðar. Á hinn bóginn er stór hluti þeirra starfsmanna sem ráðnir hafa verið í tíð FME með framhaldsmenntun eða starfsreynslu annars staðar frá sem eftirsóknarverð er fyrir FME. Þannig hefur FME viðað að sér reynslu úr öðrum eftirlitsstofnunum, fjármálafyrirtækjum, dómskerfinu, lögmennsku og víðar. Verði áframhald á því og starfsmannavelta helst eðlileg verður að ætla að um jákvæða þróun sé að ræða.

Starfsmenn má greina á fleiri en einn hátt. Ein leið er að skilgreina hópa eftir eðli verkefnanna sem unnin eru. Þetta má m.a. gera með eftirfarandi hætti:

- Lögfræðihópur, sem annast mótun og túlkun laga og reglna, veigamikinn hluta samskipta við viðskiptamenn fjármálafyrirtækja og eftirlitsverkefni af lagalegum toga. Lögfræðingar eru nú 7 eins og áður sagði.
- Eftirlit á staðnum (on-site) er veigamikill þáttur í eftirlitinu. Er þá farið á vettvang og gerðar ítarlegar athuganir á einstökum þáttum fjármálastarfsemi. Segja má að 2–3 sérfræðingar sinni þessu nú. Brýnt er að styrkja frekar þetta starf.

- Eftirlit á grundvelli reglubundinna gagna (off-site) lýtur að söfnun upplýsinga, skráningu þeirra og útgáfu, auk greiningar. Greining gagnanna fellur þó eðli máls samkvæmt einnig undir vinnu þeirra sem fara á vettvang. Ætla má að 4 starfsmenn sinni þessu nú.
- Eftirlit með áhættustýringu og innra eftirliti er mikilvægur þáttur eftirlitsins, þar sem lögð er áhersla á að ganga úr skugga um að stjórnendur séu í stakk búnir að stýra áhættutöku og bregðast við mismunandi aðstæðum. Um 2–3 starfsmenn sinna þessu nú.
- FME er að byggja upp sérstaka markaðsvakt sem lýtur að því að hafa yfirsýn yfir verðbréfamarkaðinn í víðtækum skilningi. Þessi starfsemi snertir öll svið fjármálamarkaðar. Þannig styrkir hún eftirlit með afkomu lánastofnana, fjárfestingum lífeyrissjóða, starfsháttum fyrirtækja og verðbréfasjóða o.fl. Um 2–3 starfsmenn sinna þessu nú.
- Um 5–6 starfsmenn sinna skrifstofuhaldi, málaskráningu, fjárhagslegum rekstri, umsjón tölvukerfa, þjónustu við úrskurðarnefndir, auk þess sem þeir koma að eftirlitsverkefnum.

FME hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um jafnan rétt kvenna og karla, en leggur áherslu á að ráða til sín hæfasta starfsfólk sem völ er á, óháð kynferði. Um mitt þetta ár voru starfandi við eftirlitið 12 konur og 15 karlmenn.

2.5 Nýting starfsfólks.

Á fyrstu starfsárum FME hefur verið leitast við að ná fram hagræðingu innan stofnunarinnar með því að nýta eins og kostur er þá þekkingu sem fyrir er. Eins og fram kemur í kafla 2.1 fjölgaði starfsmönnum lítið fram á þetta ár þrátt fyrir öra þróun fjármálamarkaðar og aukin verkefni. Gerðar hafa verið breytingar á verkaskiptingu milli starfsmanna og ráðningar hafa miðað við það að fylla sem best upp í þau skörð sem myndast hafa. Nú er það mat FME að ekki verði lengra gengið í innri skipulagningu og nýtingu starfsfólks án þess að stækka hópinn.

2.6 Skipting vinnu á eftirlitsskylda aðila og skipting kostnaðar af eftirlitinu á eftirlitsskylda aðila.

Eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur FME í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í 5. gr. þeirra laga er ákveðinn álagningarstofn og álagningarhlutfall á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna skal FME leggja árlega mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skipting kostnaðarins milli flokka fjármálafyrirtækja gefur því nokkuð góða mynd af því hvernig störf FME skiptast milli mismunandi fyrirtækja. Gera verður þó þann fyrirvara að erfitt er að skilja á milli einstakra flokka. Nefna má sem dæmi að viðskiptabankar hafa ekki einungis með höndum hefðbundna bankastarfsemi, heldur annast líka verðbréfaþjónustu.

Skipting kostnaðar af rekstri eftirlitsins árið 2000 var eftirfarandi:

Lánastofnanir	49,0%
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	24,0%
Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög þeirra	9,0%
Kauphallir	0,5%
Lífeyrissjóðir	15,5%
Aðrir	2,0%

Svipuð kostnaðarskipting hefur haldist þau þrjú ár sem eftirlitsgjald hefur verið lagt á. Það hefur verið mat FME hingað til að þessi skipting sé í samræmi við skiptingu verkefna innan stofnunarinnar.

2.7 Hversu auðvelt er að ráða nýtt starfsfólk?

Fjármálaeftirlitið hefur lagt á það ríka áherslu að vanda val nýrra starfsmanna. FME hefur keypt þjónustu ráðningarstofu í þessu skyni og um leið leitast við að markaðssetja sig sem eftirsóknarverðan vinnustað. Áhersla hefur verið lögð á að skapa gott vinnuumhverfi þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreytni í starfi og símenntun.

Viðbrögð við auglýsingum FME þar sem störf eru boðin benda til þess að FME hafi nokkuð sterka stöðu á vinnumarkaði að þessu leyti. Þannig hefur FME reynst í meginatriðum auðvelt að ráða til sín hæft starfsfólk.

Eins og fram er komið hefur nokkur velta verið í starfsliði FME á síðustu mánuðum. Eðlileg velta samfara fjölgun starfsfólks reynir mjög á innviði lítillar stofnunar eins og FME. Í mörgum tilvikum er um að ræða sérfræðistörf þar sem reynsla er mikilsverð. Nýr starfsmaður þarf svigrúm og aðstoð til að ná tökum á starfi sínu og ekki er óeðlilegt að þetta taki hann nokkra mánuði. Reynsla af skyldum störfum eða framhaldsnám getur þó augljóslega flýtt slíkri aðlögun.

Með þetta í huga verður að telja að takmörk séu fyrir því hversu ört sé hægt að taka við nýju starfsfólki í eftirlitinu. Setja má fram viðmiðun um að hámarksfjölgun liggi í kringum 1 starfsmann á eins til eins og hálfs mánaðar fresti á 1–2 ára tímabili.

3. Mat á starfsmannaþörf.

3.1 Er þörf á fjölgun starfsmanna?

Það er erfiðleikum bundið að meta hvaða áhrif þróun á fjármálamarkaði, þróun löggjafar og þróun eftirlitsins sjálfs hefur á starfsmannaþörf FME. Þau atriði sem rakin eru í kafla 1 hér að framan benda flest til þess að verkefni FME muni halda áfram að aukast á næstu missirum, hvort sem litið er til lengri tíma eða skemmri tíma.

Þegar horft er til skemmri tíma virðist þörf á fjölgun starfsmanna augljós. Nefna má nokkur atriði í því sambandi:

- Fyrir liggur að starfsmönnum hefur ekki fjölgað í takt við vöxt fjármálafyrirtækja, breytingar á fjármálastarfsemi og fjölgun verkefna sem því fylgja.
- Löggjafinn hefur fengið FME aukin verkefni með nýlegum lagabreytingum.
- Eftirspurn fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra eftir liðsinni FME hefur aukist í takt við aukna kynningu á FME og aukin verkefni.
- Úrbætur á ýmsum þáttum í lögum og reglum og starfsemi eftirlitsins sjálfs eru brýnar, eins og tilvitnuð skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýnir vel.

Þegar horft er til lengri tíma má nefna fleiri atriði:

- Fyrirsjáanleg þróun fjármálamarkaðar bendir eindregið til þess að til lengri tíma muni verkefni FME og kröfur til þess aukast. Nægir að nefna útrás fjármálafyrirtækja og sífellda þróun í átt til flóknari og margþættari starfsemi þar sem reynir á mörk laga og reglna.
- Fyrirhugaðar og þegar ákveðnar breytingar á lögum og reglum, sem reifaðar eru hér að framan, benda einnig í þessa átt. Nefna má sem dæmi að breytingar á eiginfjárreglum lánastofnana munu á næstu árum hafa í för með sér veigamiklar breytingar á eftirliti og auknar kröfur til fjármálaeftirlita.

- Aukinn sýnileiki Fjármálaeftirlitsins eykur eftirspurn fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra. Einnig bendir allt til að styrking eftirlitsins leiði af sér aukna eftirspurn fjármálafyrirtækja eftir liðsinni á undirbúningsstigi, t.d. þegar ný þjónusta er boðin.

Eins og fram hefur komið er brýnt að nota allar leiðir til að nýta þekkingu og reynslu starfsfólks sem best. Telja verður að tæpast verði með góðu móti gengið lengra í þeim efnum með óbreyttum fjölda starfsfólks. Bætt gagnaskil fjármálafyrirtækja gætu þó skapað svigrúm fyrir aukna nýtingu, en slök gagnaskil eru kostnaðarsöm fyrir eftirlitið. FME telur enn fremur að aukið gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja geti dregið úr þörf á fjölgun starfsmanna til lengri tíma ef vel er á málum haldið. Hefur FME skilgreint aukið gegnsæi sem áhersluatriði næstu missira, sbr. ársskýrslu sem gefin var út á síðasta ári.

3.2 Mat til skamms tíma.

Með hliðsjón af framangreindum forsendum hefur FME metið þörf á fjölgun starfsfólks til loka ársins 2002.

Frá 1. júlí 2001 til loka árs 2002 áætlar FME að starfsmönnum fjölgi úr 27 starfsmönnum (*tæplega 26 stöðugildi*) *í 33 starfsmenn (tæplega 32 stöðugildi)*, eða *um 6 starfsmenn*. Í áætluninni er gert ráð fyrir um 10% starfsmannaveltu á tímabilinu. Samkvæmt áætluninni er því gert ráð fyrir að ráðnir verði 10 starfsmenn á tímabilinu.

Þegar hefur einn lögfræðingur látið af störfum á tímabilinu. Enn fremur hafa þrír lögfræðingar verið ráðnir til starfa. Einn þeirra mun einkum styrkja markaðsvakt og eftirlit á verðbréfasviði, annar er ráðinn tímabundið til að sinna verkefnum er varða aðlögun fjármálafyrirtækja að nýlegum tilmælum eftirlitsins um eigin reglur fjármálafyrirtækja. Þriðji lögfræðingurinn styrkir eftirlit með vátryggingastarfsemi og kemur í stað þess sem hvarf af vettvangi.

Til loka þessa árs er áætlað að ráða tvo nýja sérfræðinga með viðskiptafræðilega menntun sem nýtist annars vegar í eftirlit á staðnum og hins vegar í utanumhald og greiningu gagna. Á næsta ári er gert ráð fyrir að tveir sérfræðingar til viðbótar verði ráðnir með viðskiptafræðilega menntun til sömu verkefna og hér voru talin. Með þessu hyggst FME styrkja verulega eftirlit á staðnum og eftirlit á grundvelli reglubundinna gagnaskila.

Eins og áður sagði er enn fremur eðlilegt að gera ráð fyrir nokkurri starfsmannaveltu. Þannig má gera ráð fyrir því að ráða verði í stað þriggja starfsmanna sem kynnu að láta af störfum til viðbótar við þann sem þegar hefur ákveðið að láta af störfum á tímabilinu.

FME telur að brýnt væri að fjölga starfsmönnum meira á þessu tímabili en hér er áætlað. Ekki þykir hins vegar raunhæft að ætla að meiri fjölgun sé framkvæmanleg á svo stuttum tíma, eða fjölgun um einn sérfræðing á 7 vikna fresti, að meðaltali.

3.3 Mat til lengri tíma.

Framangreind áætlun til loka ársins 2002 er að mati FME ófullnægjandi til lengri tíma. Ljóst er að hinar nýju eiginfjárreglur Basel-nefndar um bankaeftirlit munu einar og sér þýða nokkra fjölgun fyrir árið 2005, með áherslu á greiningu og áhættustýringu. Þetta ræðst þó af því hvort og í hve miklum mæli íslenskar lánastofnanir velja sér flóknari matskerfi.

Þá gefur fyrirsjáanleg þróun, eins og henni er lýst hér að framan, til kynna að styrkja þurfi enn frekar markaðsvakt, auk þess sem fyrirhuguð fjölgun í eftirliti á grundvelli reglubundinna gagnaskila (off-site) er ekki fullnægjandi til lengri tíma litið.

Með hliðsjón af framangreindum forsendum má áætla að þörf sé á nokkurri fjölgun starfsmanna á næstu árum eftir 2002.

Rétt er að ítreka að langtímamat á starfsmannaþörf er mikilli óvissu háð. Þannig kynnu ytri aðstæður, svo sem breytt skipulag eftirlits innan Evrópska efnahagssvæðisins, að hafa veruleg áhrif á áætlanir af þessu tagi.

Viðauki 1.

(Fjármálaeftirlitið 8. ágúst. Minnisblað.)

Breytingar á lögum og reglum á starfstíma Fjármálaeftirlitsins.

Íslenskur fjármálamarkaður hefur stækkað ört á síðustu árum og samfara því hefur löggjafinn sett fjölda nýrra laga og reglna sem gilda um fjármálamarkaðinn. Samfara setningu nýrra laga og reglna á fjármálamarkaði hefur eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins aukist á öllum sviðum fjármálamarkaðar. Hér á eftir verður farið yfir nýjustu lagabreytingar þar sem veitt verður stutt yfirlit yfir þær lagagreinar sem hafa aukið við skyldur Fjármálaeftirlitsins og starfsfólk þess hvað varðar eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum.

1. Almennt.

Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Tilgangur laganna var að tryggja Fjármálaeftirlitinu betri aðgang en áður að gögnum og upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum. Jafnframt voru lagðar til auknar heimildir til eftirlits með fjármálastarfsemi á vegum viðskiptabanka og sparisjóða sem stunduð er utan viðkomandi fyrirtækis og fellur ekki undir starfsleyfisskylda starfsemi.

Reglugerð nr. 507/2000, um kærunefnd samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Reglugerð sett á grundvelli laga nr. 87/1998.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangur laganna er að mæla fyrir því að eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögunum skuli standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitsgjaldið er innheimt af Fjármálaeftirlitinu.

Lög nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum: Með lagafrumvarpinu hefur eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í lánastofnunum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum verið aukið. Fjármálaeftirlitinu er samkvæmt lögunum falið að kanna ítarlega hæfi allra þeirra einstaklinga og lögaðila sem hafa í hyggju að eignast virka eignarhluti í viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og vátryggingafélögum.

2. Lánamarkaður.

Lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Lög nr. 48/2000: 1. gr. (sbr. núverandi 44. gr.) er viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilað að taka að sér póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til slíkrar starfsemi samkvæmt lögunum þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Lög nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum: Varðar eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum sbr. umfjöllun að ofan.

Lög nr. 71/2001: 3. gr. (sbr. núverandi 37. gr.) Samkvæmt greininni getur fundur stofnfjárfesta með vissum meiri hluta samþykkt að breyta sparisjóð í hlutafélag að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins.

Lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Lög nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum: Varðar eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum sbr. umfjöllun að ofan.

Reglur um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996.

Breytingar:

Reglur nr. 275/1999: Breyting á ákvæði um tíðni skýrsluskila verðbréfamiðlana til Fjármálaeftirlitsins.

3. Verðbréfamarkaður.

Lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Lög nr. 99/2000: Helstu breytingar er varða starfsemi fjármálaeftirlitsins:

5. gr. (sbr. núverandi 11. gr. vvl.) Þar er kveðið svo á að starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr., hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum.

Í tengslum við veitingu starfsleyfis og jafnskjótt og breytingar verða ber fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn skv. 1. mgr. 11. gr. vvl. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6. gr. (sbr. núverandi 15. gr. vvl.) Þar eru auknar ýmsar kröfur á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu um að þau komi í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta reglur fyrirtækjanna sem miða að þessu.

8. gr. (sbr. núverandi 20. gr. vvl.) Þar eru lagðar á breytingar varðandi skyldur að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli vegna eigin viðskipta með verðbréf og vegna viðskipta eigenda virkra eignarhluta skv. 12. gr., stjórnenda, starfsmanna og maka framangreindra aðila meðal annars gæta þess að:

1. að fyllsta trúverðugleika fyrirtækisins sé gætt,
2. að ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
3. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
4. að tryggt sé að viðskiptin stangist ekki á við IV. kafla þessara laga.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu setja sér reglur um viðskipti skv. 1. mgr. 20. gr. og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtæki ber að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum reglnanna.

Lög nr. 163/2000: Helstu breytingar er varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins varðar eftirfarandi lagagreinar:

D-liður 6. gr. (sbr. núverandi 28. gr.) Skv. d-lið 6. gr. skulu almenn útboð verðbréfa fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. vvl. og skal Fjármálaeftirlitið hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum.

F-liður 7. gr. (sbr. núverandi 35. gr.) Skv. f-lið 7. gr. skal Fjármálaeftirlitið halda skrá yfir innherja skv. a-lið og 1. mgr. b-liðar 5. tölul. 2. gr. í félögum sem skráð eru eða hafa óskað skráningar í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Félögin skulu senda Fjármálaeftirlitinu ýmsar upplýsingar skv. 35. gr. vvl. í því formi sem það kveður á um.

Fjármálaeftirlitinu er falin heimild til að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu skv. 1. mgr. 35. gr. vvl. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Upplýsingar um fruminnherja í innherjaskrá Fjármálaeftirlitsins skulu gerðar opinberar með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

H-liður 7. gr. (sbr. núverandi 37. gr.) Skv. h-lið 7. gr. skal stjórn félags sem skráð er í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, eða félags sem óskað hefur eftir skráningu í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði, setja reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og senda reglurnar Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar.

Reglugerð um útboð verðbréfa nr. 477/2001. Kveðið nánar á um almennt útboð.

Lög nr. 69/2001, um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum: Varðar eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sbr. umfjöllun að ofan.

Lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Breytingar:

Lög nr. 17/1999: Helstu breytingar er varða starfsemi fjármálaeftirlitsins:

4. gr. (sbr. núverandi 27. gr. laganna.) Skv. 4. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um heimild verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, eða einstakra deilda hans, til að gera eða eiga viðskipti með fjármálalega framvirka samninga og valréttarsamninga sem ekki eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Reglur um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nr. 348/1996. Reglur nr. 275/1999: Breyting á ákvæði um tíðni skýrsluskila verðbréfamiðlana til Fjármálaeftirlitsins.

Reglugerð nr. 506/2000, um próf í verðbréfaviðskiptum. Reglugerð sett á grundvelli laga nr. 13/1996. Felldi úr gildi reglugerð nr. 301/1999.

Reglugerð nr. 508/2000, um ábyrgðartryggingu verðbréfamiðlana. Reglugerð sett á grundvelli laga nr. 13/1996. Felldi úr gildi reglugerð nr. 361/1993.

Reglugerð nr. 432/1999, um yfirtökutilboð. Reglugerð sem sett er á grundvelli laga nr. 34/1998.

Reglugerð nr. 433/1999, um upplýsingaskyldu útgefanda, kauphallaraðila og eigenda verðbréfa sem skráð eru í kauphöll. Reglugerð sem sett er á grundvelli laga nr. 34/1998.

4. Lífeyrissjóðir.

Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Lög nr. 56/2000: Helstu breytingar er varða starfsemi fjármálaeftirlitsins:

1. gr. (sbr. 1. málsl. 28. gr. núverandi laga) Skv. 1. gr. er lögfest að fjármálaráðherra sé

ekki heimilt að staðfesta breytingar á samþykktum einstakra lífeyrissjóða fyrr en að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins um breytingarnar.

7. gr. (sbr. 38. gr. núverandi laga) Skv. 7. gr. er lögð aukin tilkynningarskylda á lífeyrissjóði vegna sölu eigna sem þeir hafa yfirtekið til að tryggja fullnustu kröfu. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að slíkar eignir séu seldar eftir tiltekinn frest.

Reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar.

Breytingar:

Reglugerð nr. 9/1999: Samningur um lífeyrissparnað sem gerður er við viðskiptabanka eða sparisjóð skal kveða á um innlegg á bundinn innlánsreikning.

Reglur nr. 55/2000, um ársreikninga lífeyrissjóða. Nýjar reglur í stað reglna um ársreikninga nr. 614/1997. Reglur samræmdar lögum nr. 129/1997.

5. Vátryggingamarkaður.

Lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Breytingar:

Lög nr. 11/2000: Starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar, sbr. umfjöllun hér að framan.

Lög nr. 97/2000: Lögfest tilskipun 1998/78 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í fyrirtækjahópi á vátryggingasviði.

5. gr. (sbr. 54. gr. núverandi laga). Skv. 5. gr. skal Fjármálaeftirlitið a.m.k. árlega kanna gjaldþol og greiðsluþol vátryggingafélaga á grundvelli ársreiknings fyrir næstliðið reikningsár og annarra nauðsynlegra gagna og upplýsinga um starfsemina.

Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum vátryggingafélags við dóttur- og hlutdeildarfélög þess, félög sem hafa yfirráð yfir eða eiga hlutdeild í vátryggingafélaginu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga. Einnig skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með viðskiptum vátryggingafélags við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum. Sérstaklega skal fylgjast með lánum, ábyrgðum og liðum utan efnahagsreiknings, efnahagsliðum sem myndað geta hluta af gjaldþoli, fjárfestingum, endurtryggingaviðskiptum og samningum um kostnaðarskiptingu. Árlega skulu vátryggingafélög skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um slík viðskipti eftir nánari ákvörðun þess.

Lög nr. 69/2001 um breytingu á lagaákvæðum um eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum: Varðar eftirlit Fjármálaeftirlitsins með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sbr. umfjöllun að ofan.

Reglugerð nr. 853/1999, um miðlun vátrygginga. Felldi úr gildi reglugerð nr. 351/1997. Kveðið á um miðlun vátrygginga, starfsskilyrði og starfshætti.

Reglugerð nr. 350/1997, um prófnefnd vátryggingamiðlara, námskeið og próf til þess að mega stunda miðlun vátrygginga.

Breytingar:

Reglugerð nr. 643/2000: Breytingar er m.a. lutu að námsgreinum.

Reglur nr. 85/1999, um hámark útjöfnunarskuldar vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og um útreikning þess.

Aðlögun reglna að gildandi reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga. Felldu úr gildi reglur nr. 154/1997.

Viðauki 2.
(Viðskiptaráðuneytið 11. maí 2001.)

Listi yfir samþykktar og væntanlegar tilskipanir á sviði fjármálaþjónustu (viðauki IX í EES-samningi).

Þegar samþykktar tilskipanir sem eftir er að innleiða:

1. Rafeyrir (electronic money) – tvær tilskipanir.
2. Slit vátryggingafélaga (winding up of insurance undertakings).
3. Slit lánastofnana (winding up of credit institutions).
4. Ökutækjatryggingar (visiting motorists).

Tillögur framkvæmdastjórnar í þinglegri meðferð í ráðinu og þinginu sem gert er ráð fyrir að verði samþykktar sem tilskipanir á árinu 2001:

1. Peningaþvætti (money laundering) – breyting á tilskipun.
2. Fjarsala á sviði fjármálaþjónustu (distance marketing of financial services) – ný tilskipun.
3. Verðbréfasjóðir (UCITS) – tvær breytingatilskipanir.
4. Líftryggingatilskipun, heildarútgáfa (life assurance – codification).
5. Verðbréfaviðskipti, heildarútgáfa (securities directive – codification).
6. Yfirtökutilboð (take-overbid).
7. Mat á verðmæti skuldabréfa (accounting valuation rules).

Tillögur framkvæmdastjórnar í þinglegri meðferð í ráðinu og þinginu sem gert er ráð fyrir að verði samþykktar sem tilskipanir á árinu 2002:

1. Lífeyrissjóðir (occupational retirement provisions).
2. Gjaldþol líftryggingafélaga (solvency margin for life assurances).
3. Gjaldþol skaðatryggingafélaga (solvency margin for non-life assurances).
4. Vátryggingamiðlun (insurance mediation).

Nýjar tillögur að tilskipunum eða stærri skýrslur sem framkvæmdastjórnin hefur kynnt eða sem gert er ráð fyrir að hún kynni á árinu 2001:

1. Eiginfjárreglur lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu (capital requirements).
2. Eftirlit með fjármálasamsteypum (financial conglomerates).
3. Hugmyndir um breytingar á fjárfestingarþjónustutilskipun (investment services).
4. Stefnumörkun um rafræn viðskipti í fjármálaþjónustu (e-commerce in fin. services).
5. Markaðsmisnotkun (market abuse).
6. Samningsverð á milli landa (cross-border use of collateral).
7. Útboðslýsingar (prospectuses).
8. Upplýsingagjöf til kauphalla (regular reporting).
9. Stofnun verðbréfaviðskiptanefndar (securities committee).

Viðauki 3.
(Fjármálaeftirlitið júní 2001. Minnisblað.)

Yfirlit yfir ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í FSAP-athugun.

Stór þáttur í athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem hófst í nóvember á síðasta ári var að kanna hvort regluverk á fjármálamarkaði og Fjármálaeftirlitið sjálft uppfyllti grunnreglur um

árangursríkt bankaeftirlit, vátryggingaeftirlit og verðbréfaeftirlit sem alþjóðasamtök fjármálaeftirlita (Basel-Committee on Banking Supervision, IAIS og IOSCO) hafa sett fram. Samhliða grunnreglunum hafa samtökin mótað ítarlegri túlkunarreglur eða aðferðafræði (methodology).

Meginvinna FME við athugunina fólst í undirbúningi hennar. Viðamiklum spurningalistum var svarað, auk þess sem starfsmenn FME unnu svokallað sjálfsmat (self-assessment), sem lá til grundvallar allri vinnu FSAP-hópsins. Mat FSAP-hópsins fór fram á grundvelli gagna um sjálfsmat FME.

FSAP-hópurinn beindi sjónum sínum sérstaklega að lánakerfinu. Mat þeirra er að eiginfjárhlutföll séu of lág, auk þess sem eiginfjárhlutföllin sem sýnd eru séu ótraust vegna veikleika í regluverki, ekki síst að því er varðar afskriftir. Því þurfi að styrkja eftirlit með lánamarkaðinum, bæði eftirlit á staðnum og eftirlit á grundvelli reglulegrar gagnaöflunar. Jafnframt þurfi að fylgjast með útlánaáhættu í lánakerfi og í lífeyrissjóðum.

Eftirfylgni við grunnreglur er sem hér segir að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

Basel-grunnreglur:	5 reglur uppfylltar, 15–16 að verulegu leyti, 2–3 reglur uppfylltar að litlu leyti og 2 ekki uppfylltar.
IAIS-grunnreglur:	7 reglur uppfylltar, sex uppfylltar að verulegu leyti, 3 uppfylltar að litlu leyti og 1 ekki.
IOSCO-grunnreglur:	15 reglur uppfylltar og 15 uppfylltar að hluta eða að verulegu leyti.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir ábendingum og athugasemdum og í hvaða farvegi þær eru. Mörg atriðin eru atriði sem FME hafði þegar hugað að. Upptalning hér á eftir er ekki tæmandi.

Athugasemdir og ábendingar	**Forræði/ verksvið**	**Aðgerðir**
Almennar athugasemdir og athugasemdir sem varða öll svið fjármálamarkaðar:		
FME er of lítið til að sinna öllum verkefnum sem nauðsynlegt er.	FME/fjárhagsramminn	Þegar fjölgað um þrjá. Áætlun um mannaflaþörf í undirbúningi.
Sjálfstæði*	Löggjöf	Verkaskipting ráðuneyta og FME í þróun. Huga má að ákvörðunarvaldi FME í viðbúnaðaráætlun.
Veiting/afturköllun starfsleyfa ekki á sömu hendi.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
Heimildir skortir fyrir FME til að gefa út reglur um fjármálamarkaðinn.	Löggjöf	Lagaheimir setja skorður. Almenn leiðbeinandi tilmæli til staðar.
Reglur um viðskipti starfsmanna skortir.	FME/IVR	Í frágangi.
Starfsmenn eru ekki verndaðir gegn málsóknum (einkum grunnregla í bankaeftirliti).	Löggjöf	

Aukin upplýsingaöflun og greining upplýsinga er nauðsynleg.	FME	Verkáætlun. Huga þarf að þessu í áætlun um mannaflaþörf.
Skýra þarf hlutverk í eftirliti með greiðslumiðlun.	FME/SÍ	Er til umræðu.
Lánamarkaður:		
Styrkja þarf reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána.	FME/Reikn.-skilaráð	Fylgst með vinnu GdC. Mótast í tengslum við útlánaathuganir.
Ekki heimild til að krefjast hærra eiginfjárhlutfalls.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
Efla þarf eftirlit á staðnum.	FME	Vægi on-site að aukast. Mismunandi hefðir.
Skilgreina þarf í lögum lán til venslaðra aðila.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
Skerpa þarf reglur og leiðbeiningar um eftirlit með hæfi stjórnenda og hluthafa.	FME/löggjöf	Verkáætlun.
Leiðbeiningar um innra eftirlit eða áhættustýringu hafa ekki verið settar.	FME	Verkáætlun.
Ekki þarf samþykki FME fyrir kaupum banka á eignarhlutum í lánastofnunum og ekki þarf að tilkynna fyrir fram um önnur kaup.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
Skerpa þarf reglur um eftirlit FME með starfsemi lánastofnana erlendis. Getur t.d. ekki hindrað að starfsemi hefjist erlendis.	Löggjöf/ FME	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
FME getur ekki komið í veg fyrir arðgreiðslur eða látið skipta um stjórnendur eða virka eigendur.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur.
Getur ekki fellt úr gildi kosningu endurskoðanda.	Löggjöf	Bankalaganefnd umræðuvettvangur?
Skýrleika vantar í reglusetningu og eftirlit með Íbúðalánasjóði.	Löggjöf/ FME	Skortir varúðarreglur.
Vátryggingamarkaður:		
Móta þarf og styrkja eftirlit með innra eftirliti.	FME	Verkáætlun.
Skerpa þarf reglur og eftirlit með áhættustýringu, þ.á m. að því er varðar endurtryggingar og afskriftir.	FME	Verkáætlun.
Efla þarf eftirlit á staðnum.	FME	Verkáætlun.
Setja fram leiðbeiningar um mat á hæfi stjórnenda og virkra eigenda.	FME	Verkáætlun.
Huga þarf að innbyrðis tengslum í eignarhaldi á vátryggingafélögum.	FME	

Hætta er á skörun í eftirlitsskyldum FME, sem annars vegar á að fylgjast með traustleika vátryggingafélags og hins vegar að iðgjöld séu ósanngjörn í garð vátryggingataka.	Löggjöf	
Verðbréfamarkaður:		
Ekki reglur eða eftirlit með öllum tegundum sjóða um sameiginlega fjárfestingu.	Löggjöf	Í vinnslu hjá IVR.
Skortur á reglum um viðvarandi skyldur óskráðra félaga sem farið hafa í útboð.	IVR	Reglugerð IVR.
FME skortir heimildir til að veita kauphöllum upplýsingar sem nauðsynlegar eru í eftirliti þeirra.	Löggjöf	
Lífeyrissjóðir:		
Hámörk á fjárfestingar v. sjóðfélagalána.	Löggjöf	
Nánari ákvæði um heimildir til viðskipta með afleiður (spákaupmennsku).	Löggjöf	
Fjármálaeftirlitið veiti leyfi fyrir sameiningu lífeyrissjóða og afturkalli leyfi í tengslum við sameiningu (ekki formlegt leyfi nú).	Löggjöf	
Styrkja eftirlit með innri áhættustýringu, m.a. með auknu eftirliti á staðnum. Einnig aukið eftirlit með stjórnun.	FME	Verkáætlun.

* Leyfisveiting og eftirlit ekki á sömu hendi.
Samráðsnefnd dregur úr sjálfstæði FME að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
Aðild ráðuneytis og Seðlabanka getur dregið úr sjálfstæði.

Fylgiskjal V.

Skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi eftirlitsins, sbr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

(Október 2001.)

1. Yfirlit yfir starfsemina 1. júlí 2000 til 30. júní 2001.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins felst einkum í reglulegri upplýsingasöfnun um fjárhagsleg atriði og í sértækum eftirlitsaðgerðum á starfsstöðvum fjármálafyrirtækja. Þá er úrvinnsla skriflegra fyrirspurna og erinda fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra vaxandi þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Leiðbeinandi tilmæli á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eru nýr þáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Í þessum kafla er leitast við að upplýsa um starfsemi Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu, án þess að fjalla sérstaklega um einstök mál. Fjallað er um verkefni á einstökum sviðum fjármálamarkaðar auk þess sem vikið er sérstaklega að áhættustýringu og innra eftirliti, athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) á íslenskum fjármálamarkaði, rekstri Fjármálaeftirlitsins og fleiru.

1.1 Eftirlit á einstökum sviðum fjármálamarkaðar.

1.1.1 Lánamarkaður.

Undanfarin missiri hefur Fjármálaeftirlitið fylgst grannt með þróun eiginfjárhlutfalla og markmiðasetningu lánastofnana um eigið fé og útlán. Viðvarandi útlánaaukning fram á þetta ár og tilsvarandi lækkun eiginfjárhlutfalla hefur verið Fjármálaeftirlitinu áhyggjuefni og hefur það leitast við að sporna við þeirri þróun. Meðal annars hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir að lánastofnanir kynni því reglulega markmið sín um þróun eiginfjárhlutfalla og útlána, arðsemi og arðgreiðslur, og horfur varðandi afskriftaframlög. Fjármálaeftirlitið hefur fylgt þessu eftir með reglulegum fundum með stærri lánastofnunum í tengslum við birtingu á uppgjörum þeirra.

Það er mat Fjármálaeftirlitsins að stærstu lánastofnanirnar hér á landi með virka áhættustýringu og innra eftirlit skuli stefna að því að eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum sé á hverjum tíma að lágmarki 10%. Allmargar lánastofnanir hafa ekki þann styrk. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið varað við því að víkjandi lán séu í ríkum mæli tekin til að uppfylla lágmarksskilyrði um eiginfjárhlutfall. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á að áhættustig einstakra lánastofnana kalli á að eiginfjárhlutfall þeirra sé verulega yfir lágmörkum.

Fjármálaeftirlitið hefur kannað útlánaframkvæmd allmargra lánastofnana. Athuganir hafa beinst að eftirliti með útlánum, áhættudreifingu, tryggingatöku, vanskilum og tapshættu. Sérstaklega hefur verið hugað að mati á afskriftum. Í nokkrum tilfellum hafa útlánaathuganir Fjármálaeftirlitsins leitt til þess að afskriftaframlög hafa verið aukin.

Síaukin starfsemi lánastofnana erlendis kallar á breyttar áherslur í eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur aukið yfirsýn sína yfir þessa starfsemi með aukinni upplýsingagjöf frá viðkomandi lánastofnunum auk þess sem lögð hefur verið áhersla á aukin samskipti við erlenda eftirlitsaðila. Meðal annars hafa staðið yfir viðræður um samstarfssamning við eftirlitsaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hluti af starfsemi Fjármálaeftirlitsins felst í mótun eiginfjárreglna en eftirlitið fylgist grannt með því starfi sem fram fer innan Basel-nefndar um bankaeftirlit. Fjármálaeftirlitið hefur komið á framfæri athugasemdum við tillögur nefndarinnar um nýjar eiginfjárreglur en þær eru birtar á heimasíðu eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að nýjar eiginfjárreglur þurfi að henta jafnt stórum fjármálafyrirtækjum sem smáum og styður hugmyndir Basel-nefndarinnar um að leyfa innri matsaðferðir við útreikning á áhættugrunni. Í því felst hvati fyrir fjármálafyrirtæki til að þróa og bæta áhættustýringu sína.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að kerfisbundnu áhættumati á bönkum og sparisjóðum. Við matið styðst Fjármálaeftirlitið við einfalt áhættumatskerfi sem ætlunin er að þróa áfram þegar reynsla er fengin af gagnsemi þess. Þessi vinna mun nýtast vel við aðlögun að nýjum eiginfjárreglum.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að mótun reglna og leiðbeinandi tilmæla vegna starfsemi á lánamarkaði. Í því sambandi kynnti Fjármálaeftirlitið drög að leiðbeinandi tilmælum um frádrátt á eigin fé vegna eignarhluta í veltubók í félögum sem stunda fjármálastarfsemi. Er þessum leiðbeinandi tilmælum ætlað að samræma túlkun um þetta efni. Þá hefur verið unnið að breytingum á reglum um afskriftir útlána og á reglum um eiginfjárhlutfall.

1.1.2 Verðbréfamarkaður.

Fjármálaeftirlitið hefur á tímabilinu mótað eftirlit á verðbréfamarkaði með hliðsjón af viðamiklum breytingum sem gerðar voru á lögum um verðbréfaviðskipti um síðustu áramót.

Breytingarnar fela í sér ítarleg ákvæði um innherjaviðskipti og eftirlit með þeim. Rannsóknaskylda er lögð á fruminnherja áður en hann á viðskipti, gerð er krafa til þess að upplýs-

ingar um innherja séu sendar Fjármálaeftirlitinu og gert ráð fyrir að það birti lista yfir fruminnherja hjá útgefendum. Auk þess ber Fjármálaeftirlitinu að kalla eftir og staðfesta reglur útgefenda um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Fjármálaeftirlitið hefur birt leiðbeinandi tilmæli um efni reglnanna og gefið út form til útfyllingar á innherjalistum og leiðbeiningar um útfyllingu á þeim.

Í sömu lögum er nú kveðið með skýrari hætti en áður á um almennt útboð verðbréfa. Kveðið er nánar á um þetta í nýrri reglugerð um útboð verðbréfa, nr. 477/2001. Skýrari ákvæði styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins auk þess sem því er falið það hlutverk að hafa umsjón með athugun á almennum útboðslýsingum, öðrum en þeim sem fela í sér skráningu í kauphöll. Einnig hafa möguleikar Fjármálaeftirlitsins til þess að fylgjast með og grípa til aðgerða vegna almennra útboða verið styrktir. Fjármálaeftirlitið fékk eina útboðslýsingu til yfirferðar á tímabilinu. Nokkur mál er varða útboð verðbréfa hafa einnig verið til athugunar.

Eftirlit með skipulagi og starfsháttum fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hefur verið og mun verða á meðal meginverkefna Fjármálaeftirlitsins á verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið lagði mikla vinnu í leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja sem m.a. varða aðskilnað hagsmuna (kínamúra), eigin viðskipti fyrirtækjanna, viðskipti starfsmanna og atvinnuþátttöku stjórnenda og starfsmanna. Tilmælin voru sett í júlí 2001 og mun Fjármálaeftirlitið á næstunni staðfesta reglur fjármálafyrirtækja sem uppfylla skilyrðin. Tilmælin stuðla að betri starfsháttum á verðbréfamarkaði og fela í sér auknar kröfur sem fylgja þarf eftir í eftirlitinu sjálfu.

Fjármálaeftirlitið hafði til athugunar nokkur mál þar sem vísbendingar voru um brot á ákvæðum um innherjaviðskipti. Einu máli var vísað til ríkislögreglustjóra. Einnig voru til skoðunar vísbendingar um markaðsmisnotkun auk þess sem fyrirspurnum viðskiptamanna og kvörtunum sem tengjast ráðgjöf og þjónustu á verðbréfamarkaði hefur jafnt og þétt fjölgað.

Fjármálaeftirlitið hefur styrkt verulega eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði með ráðningu nýs starfsfólks og mótun skipulagðrar markaðsvaktar innan eftirlitsins. Markaðsvaktin bætir yfirsýn Fjármálaeftirlitsins yfir verðbréfamarkaðinn og gefur því færi á að grípa fyrr inn í mál sem upp koma.

1.1.3 Vátryggingamarkaður.

Talsverðar breytingar hafa orðið á vátryggingamarkaði á tímabilinu og verkefni Fjármálaeftirlitsins markast af því.

Haustið 2000 hætti erlendur vátryggjandi að bjóða ökutækjatryggingar á Íslandi. Fjármálaeftirlitið tók málið til sérstakrar athugunar í því skyni að tryggja réttarstöðu aðila, en vátryggingunum var miðlað af innlendum vátryggingamiðlara. Heimild viðkomandi vátryggjanda til að bjóða ökutækjatryggingar var felld niður og athugasemdum komið á framfæri.

Málefni nokkurra bátaábyrgðarfélaga hafa verið til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Það heimilaði flutning á vátryggingastofni eins félags á síðasta ári og í október á þessu ári heimilaði Fjármálaeftirlitið flutning á vátryggingastofni tveggja bátaábyrgðarfélaga til viðbótar. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hefur tekið við vátryggingastofni allra félaganna. Jafnframt hafa málefni Samábyrgðarinnar hf. verið til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu, en félaginu var breytt í hlutafélag á miðju ári 2000 og eignarhlutur ríkissjóðs seldur. Í framhaldi af því keypti Sjóvá-Almennar tryggingar hf. félagið og liggur fyrir Fjármálaeftirlitinu beiðni um flutning á vátryggingastofni Samábyrgðarinnar hf. til Sjóvár-Almennra trygginga hf. og beiðni um samruna félaganna.

Iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum hafa enn sem fyrr verið til umfjöllunar á opinberum vettvangi. Í júlí 2000 birti Fjármálaeftirlitið niðurstöður athugunar á iðgjaldahækkunum ökutækjatrygginga þá um vorið. Vátryggingafélögin höfðu sýnt fram á aukinn tjónakostn-

að og óstöðugleika í greininni. Við þær aðstæður hafði Fjármálaeftirlitið ekki forsendur til þess að grípa til aðgerða. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar brýnt að hvert vátryggingafélag tæki forsendur iðgjaldaákvarðana sinna til endurskoðunar um leið og frekari reynsla væri fengin. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á markaðsaðhald og hefur leitast við að tryggja meira gegnsæi í því skyni. Nefnd sem skipuð var á árinu 2000 og falið var að endurskoða reglugerð um ársreikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga mun ljúka störfum á næstunni.

Á tímabilinu gerði Fjármálaeftirlitið úttekt á starfsemi þriggja líftryggingafélaga. Athugunin beindist að verklagi, áhættustýringu og innra eftirliti félaganna. Hliðstæðar athuganir voru einnig gerðar á starfsemi nokkurra vátryggingamiðlara. Að mati Fjármálaeftirlitsins var í mörgum tilvikum ástæða til að bæta upplýsingagjöf og almenn vinnubrögð þessara aðila. Hefur Fjármálaeftirlitið komið á framfæri athugasemdum og ábendingum sem miða að þessu, t.d. með dreifibréfi til vátryggingamiðlara.

Í tveimur tilvikum gerði Fjármálaeftirlitið ríkislögreglustjóra grein fyrir málum, annars vegar í tengslum við vátryggingafélag en hins vegar vátryggingamiðlun. Í nokkrum tilfellum hafa vátryggingamiðlanir skilað inn starfsleyfi sínu í framhaldi af athugunum Fjármálaeftirlitsins. Starfsleyfi eins vátryggingamiðlara var afturkallað.

Fjármálaeftirlitið hefur beint því til vátryggingafélaga að þau setji sér verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins sjálfs, starfsmanna þess og stjórnenda, en samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um vátryggingastarfsemi er þeim skylt að setja sér slíkar reglur. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki síðar á árinu.

Fjármálaeftirlitið hefur unnið að mótun tvennra leiðbeinandi tilmæla á vátryggingasviði. Í vor birti Fjármálaeftirlitið á heimasíðu sinni drög að leiðbeinandi tilmælum um bónusreglur vátryggjenda í lögboðnum ökutækjatryggingum. Þá hefur verið unnið að leiðbeinandi tilmælum um gerð fyrirvara við bótauppgjör vátryggjenda.

1.1.4 Lífeyrismarkaður.

Viðamikill hluti eftirlits með lífeyrissjóðum fram á síðari hluta ársins 2000 tengdist veitingu starfsleyfa. Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem tóku gildi þann 1. júlí 1998, var öllum lífeyrissjóðum gert að sækja um starfsleyfi til fjármálaráðuneytis eða fá staðfestingu samþykkta vegna lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt sérlögum. Fjármálaeftirlitið veitti umsagnir vegna þessa. Aðlögun lífeyrissjóðanna að lögunum reyndist tímafrek og lauk þessari vinnu því ekki að fullu fyrr en á þessu ári.

Á tímabilinu hafa rúmlega 20 lífeyrissjóðir, eða ríflega þriðjungur, breytt samþykktum sínum og gefur Fjármálaeftirlitið umsagnir um slíkar breytingar. Ástæður breytinga á samþykktum geta verið margvíslegar og krefjast mismikillar vinnu af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Stærsta verkefnið sem ráðist var í á tímabilinu var yfirgripsmikil athugun á fjárfestingum lífeyrissjóða, en óskað var eftir ítarlegum gögnum frá um 30 sjóðum. Markmiðið með þessari athugun var að fara yfir fjárfestingar einstakra lífeyrissjóða með hliðsjón af ákvæðum VII. kafla laganna sem fjallar um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða. Jafnframt voru gerðar sérstakar athuganir á ársreikningum sjóðanna auk þess sem aflað var gagna um innra eftirlit og farið yfir gagnaskil.

Allmargir sjóðir reyndust vera yfir þeim mörkum sem kveðið er á um í lögum. Fyrst og fremst hefur reynt á heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum. Ef lífeyrissjóðir voru yfir fjárfestingatakmörkunum við gildistöku laganna er þeim ekki skylt að selja eignir til að uppfylla skilyrði laganna. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa verið krafðir um úrbætur til að koma fjárfestingum í rétt horf.

Starfsemi sem lýtur að viðbótartryggingavernd og séreignarsparnaði verður sífellt umfangsmeiri og fjölbreyttari. Vörsluaðilum viðbótarlífeyrissparnaðar, þ.e. bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum, líftryggingafélögum og lífeyrissjóðum ber að leita staðfestingar fjármálaráðuneytis á reglum sem um tryggingaverndina gilda og einnig á breytingum sem gerðar eru á reglunum. Fjármálaeftirlitið veitir umsagnir til ráðuneytisins vegna þessara staðfestinga. Vörsluaðilar leita einnig umsagnar Fjármálaeftirlitsins á samningseyðublöðum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar og staðfestingar á því að samningar þessir séu í samræmi við lög og reglur sem um þá gilda. Vegna fjölda þeirra sem býður þennan sparnað hefur vinna við þetta verið tímafrek og hafa ýmsar athugasemdir verið gerðar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sinnt mörgum fyrirspurnum sem varða viðbótartryggingavernd.

Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um lífeyrissjóði er þeim nú skylt að setja sér verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna sem staðfestar skulu af Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið hefur átt í samskiptum við lífeyrissjóði og samtök þeirra um setningu reglnanna og standa vonir til að þær verði staðfestar á næstunni.

Í eftirliti sínu hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á hlutverk og ábyrgð stjórna lífeyrissjóða. Í því skyni hefur það átt fundi með stjórnum nokkurra sjóða og gert athugasemdir við innra eftirlit, gagnaskil og fleira. Hlutverk stjórnar er þeim mun mikilvægara þegar litið er til þess að starfsemi lífeyrissjóða byggir á skylduaðild, flutningur réttinda til samtryggingar er bannaður og möguleikar sjóðfélaga til að hafa bein áhrif á stjórnun síns lífeyrissjóðs eru takmarkaðir.

1.2 Athugun á innra eftirliti, áhættustýringu og upplýsingatækni.

Undanfarin missiri hafa miklar verðsveiflur á fjármálamörkuðum og útlánavöxtur reynt á áhættustýringu og innra eftirlit fjármálafyrirtækja. Á tímabilinu hélt Fjármálaeftirlitið áfram athugunum á ástandi innra eftirlits og áhættustýringar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Fjármálaeftirlitið leggur ríka áherslu á ábyrgð þeirra sjálfra á eigin starfsemi og eftirliti með henni.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins hafa einkum beinst að stjórnskipulagi fyrirtækja, markmiðasetningu í starfseminni, tilvist og eftirfylgni áhættustýringarreglna, innra eftirliti og virkni innri endurskoðunar. Til dæmis hefur verið hugað að innra eftirliti með útlánum lánastofnana, eftirliti með markaðsáhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja og áhættustýringu á þessum þáttum. Fjármálaeftirlitið hefur brýnt fyrir stjórnum fyrirtækja að vera vakandi fyrir ábyrgð sinni og undir það búnar að axla hana.

Fjármálaeftirlitið hefur áður lýst því mati sínu að áhættustýring og innra eftirlit með rótgrónum þáttum í starfsemi fjármálafyrirtækja hafi yfirleitt verið í betra horfi en þegar ný eða ört vaxandi fjármálaþjónusta á í hlut. Betri áhættustýring margra fyrirtækja hefði þannig ótvírætt dregið úr áhrifum óhagstæðrar þróunar á verðbréfa- og gjaldeyrismörkuðum.

Mótun áhættustýringar og innra eftirlits er mismunandi langt á veg komin á einstökum sviðum fjármálamarkaðar. Fjármálaeftirlitið hefur unnið að mótun leiðbeinandi tilmæla um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum, í því skyni að styrkja sjónarmið um þetta á öllum sviðum. Tilmælin verða byggð á grunnreglum Basel-nefndar um bankaeftirlit en er ætlað að gilda um öll fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið vinnur um þessar mundir að stefnumótun í eftirliti með upplýsingatækni hjá eftirlitsskyldum aðilum. Megináherslur munu liggja á sviði rekstraröryggis tölvukerfa og gagnaleyndar. Mikilvægt er að tryggja öryggi í slíkri starfsemi og að gagnaleyndar sé gætt sem kostur er. Tryggja þarf ábyrgð og eftirlit stjórnenda fjármálafyrirtækja sem hlut eiga að máli.

Í undirbúningi er útgáfa á leiðbeinandi tilmælum í tengslum við hýsingu tölvuþjónustu og tölvubúnaðar ásamt þjónustu sem veitt er á Internetinu. Í samstarfi fjármálaeftirlita á Norðurlöndum hafa enn fremur verið þróaðar viðmiðanir varðandi lágmarkseftirlit sem verða grunnur að eftirliti með netbönkum á svæðinu. Fjármálaeftirlitið mun byggja eftirlit á þessum grunni.

1.3 Athugun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) á íslenska fjármálakerfinu.

Í lok árs 2000 framkvæmdi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugun á íslenska fjármálakerfinu sem kallast „Financial Sector Stability Assessment". Athugunin var liður í sérstöku átaki sjóðsins sem miðar að því að efla yfirsýn yfir veikleika í fjármálakerfum einstakra landa og stuðla að stöðugleika. Farið var m.a. yfir lög og reglur um starfsemi á fjármálamarkaði og fyrirkomulag eftirlits með hliðsjón af grunnreglum sem settar hafa verið í alþjóðasamstarfi bankaeftirlita, verðbréfaeftirlita og vátryggingaeftirlita. Einnig var fjallað um löggjöf og eftirlit með lífeyrissjóðum.

Meginniðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þær að fjármálaeftirlit hér á landi sé í góðri stöðu til að takast á við verkefni sitt. Hins vegar var það einnig mat sjóðsins að í íslensku fjármálakerfi væru veikleikar sem stefnt gætu stöðugleika þess í hættu. Sjóðurinn gerði athugasemdir og benti á ýmislegt sem betur mætti fara og stuðla myndi að frekara öryggi, bæði að því er varðar löggjöf og opinbert eftirlit.

Veigamestu ábendingar sjóðsins lutu að því að eiginfjárhlutföll íslenskra lánastofnana væru almennt of lág þegar horft er til aðstæðna hér á landi. Sjóðurinn lagði áherslu á að efla þyrfti heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að knýja á um hækkun eiginfjárhlutfalla og krefjast hærri eiginfjárhlutfalla hjá einstökum lánastofnunum þegar sérstök áhætta væri í rekstri þeirra. Mat sjóðsins var jafnframt að eiginfjárhlutföll sem upp eru gefin kynnu að vera ótraust vegna veikleika í lögum og reglum, ekki síst að því er varðar reglur um afskriftir og áhættuflokkun útlána. Sérstök áhersla var lögð á það af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að reglur um afskriftir lánastofnana og áhættuflokkun útlána væru ekki í samræmi við það sem best gerist.

Að því er varðar veikleika í reglum um afskriftir og áhættuflokkun útlána er Fjármálaeftirlitið sammála því að styrkja þurfi núgildandi reglur. Efla þarf áhættuflokkun útlána og tengsl þeirrar flokkunar við mat á almennri afskriftaþörf auk þess sem að skilgreina þarf nánar vanskil og hvenær leggja þarf til hliðar vegna þeirra. Íslenskar reglur um þetta eru í meginatriðum í samræmi við reglur annars staðar á Norðurlöndum. Fjármálaeftirlitið hefur undirbúið breytingu á reglum vegna þessa sem stefnt er að að taki gildi síðar á þessu ári.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi enn fremur að fjölga þyrfti sérfræðingum verulega hjá Fjármálaeftirlitinu og efla þannig enn frekar opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið hefur nú birt á heimasíðu sinni mat á starfsmannaþörf næstu missiri.

Fjármálaeftirlitið telur þær ábendingar sem fram komu af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gagnlegar. Eru þær í flestum atriðum í samræmi við mat Fjármálaeftirlitsins þótt áherslur séu í ýmsum tilvikum aðrar. Bregðast verður við mörgum ábendinganna með breytingum á löggjöf, en margar þeirra eru nú til umfjöllunar í nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins sem vinnur að mótun nýrrar löggjafar um fjármálafyrirtæki. Nokkrar ábendingar sjóðsins varða beint innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins, en þær eru nær allar í samræmi við fyrri stefnu þess og verkáætlanir.

Skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er að finna á heimasíðu sjóðsins (http://www.imf.org).

1.4 Erlent samstarf.

Á tímabilinu hefur Fjármálaeftirlitið verið gestgjafi á nokkrum fundum sem tengjast erlendu samstarfi. Á norrænum vettvangi hélt Fjármálaeftirlitið árlegan fund forstjóra fjármálaeftirlita á Norðurlöndunum í ágúst síðastliðnum. Þá hélt Fjármálaeftirlitið tvo samstarfsfundi sérfræðinga í bankaeftirliti, einn fund sérfræðinga í verðbréfaeftirliti og tvo fundi er varða vátryggingaeftirlit. Enn fremur hélt Fjármálaeftirlitið árlegan samstarfsfund um rekstrarmálefni fjármálaeftirlita á Norðurlöndum. Þá var Fjármálaeftirlitið gestgjafi á samstarfsfundi evrópskra bankaeftirlita, Groupe de Contact, sem starfar í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Einnig var Fjármálaeftirlitið einn af gestgjöfum á ráðstefnu evrópskra vátryggingaeftirlita sem haldin var í Ósló.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi og sækir fundi vegna þess. Tilgangur þátttöku í samstarfinu er í meginatriðum tvíþættur. Annars vegar leitast Fjármálaeftirlitið við að flytja heim á íslenskan fjármálamarkað reynslu og þekkingu sem fengist hefur í eftirliti með stærri og eftir atvikum þróaðri mörkuðum. Hins vegar hefur Fjármálaeftirlitið talið það hlutverk sitt að styrkja samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar. Þátttaka þess í erlendu samstarfi er veigamikill þáttur í þeirri viðleitni, en með nánu samstarfi og samhæfingu við erlendar systurstofnanir skapast ákveðin líkindi fyrir því að hér á landi sé byggt á svipuðum viðhorfum um styrk og trúverðugleika íslensks markaðar og eftirlit með honum.

Auk samstarfs fjármálaeftirlita á Norðurlöndum er Fjármálaeftirlitið aðili að ráðstefnu evrópskra vátryggingaeftirlita, samstarfi evrópskra bankaeftirlita (Groupe de Contact) og nefnd evrópskra verðbréfaeftirlita (CESR, áður FESCO), en sú nefnd var stofnuð í september 2001. Einnig er Fjármálaeftirlitið beinn aðili að alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita IAIS.

1.5 Rekstur Fjármálaeftirlitsins.

Rekstrarumfang og eftirlitsgjald.

Fjármálaeftirlitið hefur tekjur sínar af álögðu eftirlitsgjaldi á eftirlitsskylda aðila. Um álagningu og innheimtu eftirlitsgjaldsins fer eftir lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Eftirlitsgjaldið reiknast í flestum tilvikum sem ákveðinn hundraðshluti af heildareignum, tekjum eða iðgjöldum viðkomandi aðila allt eftir eðli starfseminnar. Í öllum tilvikum er þó um að ræða ákveðna lágmarksfjárhæð.

Tekjur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2000 námu alls 197 m.kr., en þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 192,5 m.kr. Gjöld námu samtals 183,2 m.kr. Tekjuafgangur á árinu nam 16,8 m.kr. Meginástæða þess var að áætlun um fjölgun starfsmanna gekk ekki eftir. Tekjuafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins kemur til frádráttar við álagningu eftirlitsgjalds næsta árs.

Áætluð álagning eftirlitsgjalds nemur 198,8 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður á árinu verði alls 211,4 m.kr. Áætlað er að uppsafnaður tekjuafgangur nemi 45,2 m.kr. í árslok 2001.

Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2002 er nú í undirbúningi. Samkvæmt rekstraráætlun sem Fjármálaeftirlitið hefur unnið er gert ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald árið 2002 nemi um 215 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2002 er hins vegar um 264 m.kr. en gert er ráð fyrir að tekjuafgangur fyrri ára og aðrar tekjur stofnunarinnar á árinu geri það að verkum að heildartekjur og -gjöld standist á í árslok 2002. Aukið rekstrarumfang Fjármálaeftirlitsins á árinu 2002 skýrist fyrst og fremst af áætlunum um fjölgun starfsfólks og leigu viðbótarhúsnæðis.

Starfsmannafjöldi.

Á miðju ári 2001 störfuðu 27 starfsmenn hjá Fjármálaeftirlitinu í tæplega 26 stöðugildum. Meiri hluti starfsmanna er sérfræðimenntaður, einkum á sviði lögfræði, viðskipta- eða tölvufræða. Frá miðju ári 2000 til miðs árs 2001 hófu alls 6 starfsmenn störf hjá stofnuninni en 5 starfsmenn hurfu til annarra starfa. Starfsmannavelta var svipuð og í íslenskum fyrirtækjum almennt á þessu tímabili. Frá því að Fjármálaeftirlitið tók til starfa í byrjun ársins 1999 hefur verið stefnt að fjölgun starfsmanna við stofnunina en stöðugildin voru 22 í upphafi. Sú fjölgun hefur hins vegar ekki gengið eftir eins og nauðsynlegt er til að halda í við þróun fjármálamarkaðar og aukin verkefni Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni greinargerð um mat á starfsmannaþörf þess næstu missiri. Hún gerir ráð fyrir að frá 1. júlí 2001 til loka árs 2002 fjölgi stöðugildum við stofnunina úr 26 í 32.

Innri reglur og símenntun.

Haldið hefur verið áfram að byggja upp innri umgjörð starfa í Fjármálaeftirlitinu. Þannig hafa verið settar reglur um viðskipti starfsmanna, forstjóra og stjórnar við eftirlitsskylda aðila, reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipti starfsmanna og stjórnenda o.fl.

Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið sett sér sérstaka símenntunarstefnu þar sem gert er ráð fyrir að tilteknu hlutfalli af launakostnaði verði árlega varið til þessara mála og leiðir skilgreindar.

Ýmsar tölulegar upplýsingar á tímabilinu 1. júlí 2000 til 30. júní 2001.

Fjármálaeftirlitið hefur sent frá sér ríflega 2.000 bréf á tímabilinu og móttekið 2.100 bréf. Eftirlitsskyldir aðilar hafa sent um 1.200 skýrslur vegna reglubundinnar gagna- og upplýsingaöflunar.

Sérstakar athuganir af ýmsum toga voru alls um 100 á tímabilinu. Eðli þessara athugana er mjög mismunandi og misjafnt hve víðtækar þær eru.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt afgreitt um 160 mál vegna erinda frá eftirlitsskyldum aðilum, tæp 120 mál vegna erinda frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila og um 160 mál vegna erinda frá öðrum aðilum, innlendum og erlendum. Á því tólf mánaða tímabili sem hér er fjallað um hefur Fjármálaeftirlitið í 90 tilvikum talið ástæðu til að gera formlegar athugasemdir eða krefjast úrbóta af einhverjum toga hjá eftirlitsskyldum aðilum. Þá skal nefnt að Fjármálaeftirlitið gaf 20 umsagnir um starfsleyfi til eftirlitsskyldra aðila á umræddu tímabili.

Til viðbótar framangreindu má nefna að aukin umfjöllun fjölmiðla síðustu missiri um málefni fjármálamarkaða samhliða auknum sýnileika Fjármálaeftirlitsins hefur leitt til vaxandi eftirspurnar almennings og fjármálafyrirtækja eftir liðsinni hjá Fjármálaeftirlitinu. Á tímabilinu 1. júlí 2000 til 30. júní 2001 voru afgreidd 60 kvörtunar- og neytendamál af ýmsum toga og 105 fyrirspurnir. Á tólf mánaða tímabili þar á undan voru kvörtunar- og neytendamál 44 og fyrirspurnir 34.

Framangreindar upplýsingar eru settar fram til fróðleiks og eru ekki einhlítur mælikvarði á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

2. Fjármálamarkaðurinn – þróun og horfur.

2.1 Lána- og verðbréfamarkaður.

Versnandi afkoma.

Undanfarin missiri hefur rekstrarumhverfi lánastofnana um margt verið erfitt. Þannig nam samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða[1] árið 2000 4,4 ma.kr. samanborið við 6,7 ma.kr. hagnað árið 1999. Arðsemi eigin fjár lækkaði úr 18% í tæplega 10% milli ára, sbr. **mynd 1**. Minni hagnaður milli áranna 1999 og 2000 skýrist aðallega af gengistapi af fjármálastarfsemi, þ.e. hluta- og skuldabréfum. Afkoman á árinu 2000 hefði orðið enn verri ef ekki hefði komið til innlausnar á söluhagnaði eða uppfærslu til markaðsverðs á eignarhlutum margra sparisjóða í Kaupþingi hf.

Á fyrri árshelmingi 2001 nam samanlagður hagnaður viðskiptabanka og sparisjóða 2,7 ma.kr. sem samsvarar um 11% arðsemi eigin fjár. Rekstur lánastofnana á fyrri árshelmingi 2001 einkenndist af áframhaldandi gengistapi af fjármálastarfsemi, einkum hlutabréfum og gjaldeyrisviðskiptum. Þar á móti kom aukning á hreinum vaxtatekjum vegna hærri verðbólgu og aukning á ýmsum tekjum vegna innlausnar á söluhagnaði af hlutabréfum sparisjóða í Kaupþingi hf. Líklegt er að arðsemi eigin fjár verði fremur lág á næstu missirum þar sem fyrirsjáanleg er aukning á afskriftaframlögum jafnframt því sem ástand verðbréfamarkaða skapar óvissu um tekjur af markaðsviðskiptum og markaðsverðbréfum.

Kostnaðarhlutföll áfram há.

Kostnaðarhlutfall, þ.e. rekstrargjöld í hlutfalli af hreinum rekstrartekjum, var lítið eitt lægra á fyrri hluta ársins 2001, eða 64,4%, en á árinu 2000 þegar það var 65,6%, sbr. **mynd 1.** Á árunum 1995–1998 var hlutfallið 66–68% en lækkaði niður í 62% árið 1999 m.a. vegna óvenju mikils gengishagnaðar það ár. Samkvæmt framansögðu hefur lækkun á þessu hlutfalli verið fremur hæg síðustu 5–6 árin.

Framangreindar tölur um arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutföll eru mjög mismunandi milli einstakra lánastofnana. Þannig var arðsemi eigin fjár þriggja stærstu bankanna frá 1% til 20% á fyrri hluta ársins 2001 og kostnaðarhlutföll frá 53–78% á sama tímabili.

---

[1] Þar sem fjallað er um viðskiptabanka og sparisjóði í þessum kafla um lána- og verðbréfamarkaðinn er tekið mið af þremur viðskiptabönkum og sex stærstu sparisjóðum til að fá sambærilegar talnaraðir fyrir fyrri hluta árs 2001 og fyrri ár. Afkoma og efnahagur Kaupþings hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. endurspeglast að verulegu leyti í tölum fyrir sex stærstu sparisjóðina. Afkomutölur frá fyrri hluta ársins 2001 hafa verið umreiknaðar yfir á heilt ár í útreikningi á hlutfallstölum til samanburðar við heilsárstölur.

Mynd 1. Arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutfall af rekstrartekjum hjá bönkum og sparisjóðum



Mynd 2 sýnir helstu rekstrarliði í hlutfalli af heildareignum hjá bönkum og sparisjóðum. Sé litið aftur til ársins 1998 hafa rekstrargjöld sem hlutfall af heildareignum stöðugt farið lækkandi, eða úr 3,7% árið 1998 í 3,0% á fyrri hluta ársins 2001. Þá lækkuðu hreinar vaxtatekjur úr 3,3% árið 1998 í 3,0% árið 2000 en hækkuðu á fyrri hluta árs 2001 í 3,4%. Aðrar rekstrartekjur í hlutfalli af heildareignum náðu hámarki árið 1999, eða 2,4%, en hafa síðan þá lækkað nokkuð og námu 1,2% á fyrri hluta ársins 2001. Afskriftaframlög voru 0,70% árið 1998, 0,64% árið 1999, 0,56% árið 2000 en hækkuðu í 0,74% á fyrri hluta ársins 2001.

Mynd 2. Helstu rekstrarliðir í hlutfalli af heildareignum hjá bönkum og sparisjóðum



Mikill vöxtur heildareigna fjármagnaður með erlendum lántökum.

Á framangreindu tímabili hafa heildareignir vaxið verulega, úr tæplega 500 ma.kr. í árslok 1998 í tæplega 900 ma.kr. í lok júní 2001, eða um 80%. Þessi vöxtur hefur að miklu leyti verið fjármagnaður með erlendum lántökum en í minna mæli með innlánum eða innlendri verðbréfaútgáfu. Á **mynd 3** er sýnd þróun í nettó skuldum helstu lánastofnana við erlenda aðila á síðustu missirum. Mótvægi við þessi erlendu lán eru í meginatriðum gengisbundin lán til innlendra lánþega sem í mismunandi miklum mæli hafa tekjur í samsvarandi gjaldmiðlum.

Mynd 3. Nettó skuldir helstu lánastofnana við erlenda aðila í milljörðum króna



Aukin markaðs- og útlánaáhætta.

Vöxtur heildareigna felst fyrst og fremst í útlánavexti og aukinni markaðsverðbréfaeign. Hluti eigna lánastofnana er bundinn í markaðsverðbréfum sem háð eru sveiflum á gengi á markaði, sbr. **mynd 4.** Þannig námu markaðsverðbréf banka og sparisjóða rúmlega 22 ma.kr. í árslok 1995, 105 ma.kr. í lok júní 2000 og 112 ma.kr. í lok júní 2001. Athyglisverð er aukin hlutabréfaeign lánastofnana milli fyrri árshelminga 2000 og 2001. Á tímabilinu töpuðu flestar lánastofnanir á hlutabréfaeign sinni en úrvalsvísitala VÞÍ lækkaði um 30% á tímabilinu og velta dróst saman.

Mynd 4. Markaðsverðbréf í eigu banka og sparisjóða í ma.kr. ***Market securities owned by banks, billion ikr.***



Útlánavöxtur síðustu ára hélst fram á árið 2001. Í júní 2001 nam tólf mánaða nafnaukning útlána banka og sparisjóða 26%. Sé tekið tillit til gengislækkunar krónunnar og uppfærslu verðtryggðra útlána nam tólf mánaða aukning útlána banka og sparisjóða um 12,5%. Tölur um útlánaþróun á þriðja ársfjórðungi 2001 benda til þess að raunaukning útlána hafi stöðvast.

Vanskil aukast og afskriftir einnig.

Undanfarið missiri hafa vanskil lánþega viðskiptabanka og sparisjóða aukist. Sú þróun gefur til kynna að gæði eigna þessara fjármálafyrirtækja sé að rýrna. Eins og sést á **mynd 5** námu heildarvanskil[2] einstaklinga og fyrirtækja 16,8 ma.kr. í lok júní 2001, eða 2,5% af útlánum, samanborið við 12,3 ma.kr. eða 2,0% í árslok 2000. Hlutfallslega voru vanskil einstaklinga hærri en vanskil fyrirtækja. Vanskil einstaklinga námu 7,1 ma.kr., eða 4,3% af útlánum til einstaklinga í lok júní 2001 samanborið við 5,3 ma.kr. eða 3,3%, í árslok 2000. Vanskil fyrirtækja námu 9,7 ma.kr., eða 1,9% af útlánum til fyrirtækja, í lok júní 2001 samanborið við 7,0 ma.kr. eða 1,6% í árslok 2000. Staða afskriftareiknings nam 13,0 ma.kr. í árslok 2000 og 15,3 ma.kr. í lok júní 2001.

[2] Vanskil samkvæmt úrtaki sem nær yfir 97% af heildarútlánum viðskiptabanka og sparisjóða. Með vanskilum er hér átt við vanskil sem staðið hafa lengur en einn mánuð.



Samanlagt framlag í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum nam 4,0 ma.kr. á árinu 2000, samanborið við 3,6 ma.kr. árið 1999. Hækkunin nam 0,4 ma.kr. eða 11%. Á fyrri árshelmingi 2001 nam samanlagt framlag í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum 3,1 ma.kr. eða nálægt 80% af heildarframlagi á árinu 2000.

Framlag í afskriftareikning hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum í hlutfalli af útlánum nam 0,9% á árinu 2000 samanborið við 1,1% á árunum 1997–1999. Á árinu 2001 er áætlað að þetta hlutfall verði 1,3%. Þetta hlutfall var hæst 4,1% árið 1992 en fór síðan stöðugt lækkandi fram til ársins 2000 eins og fyrr segir. Áætluð staða afskriftareiknings í lok árs 2001 í hlutfalli af útlánum er 2,5%. **Mynd 6** sýnir að í kjölfar mikillar og hraðrar aukningar útlána kemur aukning á afskriftaframlögum vegna þeirra. Líklegt er að árið 2000 hafi framlög í afskriftareikning í hlutfalli af útlánum náð lágmarki og að næstu missiri muni afskriftaþörf vaxa sem mun hafa neikvæð áhrif á afkomu og arðsemi eigin fjár.



Eigið fé eykst með töku víkjandi lána.

Samanlagt eigið fé[3] hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum nam 49,1 ma.kr. í árslok 2000 samanborið við 43,9 ma.kr. í árslok 1999. Hækkunin nam 5,2 ma.kr. eða 12%. Í lok júní sl. nam samanlagt eigið fé hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum 53 ma.kr.

Í lok árs 1999 höfðu viðskiptabankar og sparisjóðir gefið út víkjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárþátta B og C við útreikning á eiginfjárhlutfalli að fjárhæð samtals 11,5 ma.kr. Í lok árs 2000 nam fjárhæð víkjandi skuldabréfa B og C 18,2 ma.kr. Hækkunin nam því 6,7 ma.kr. eða 58%. Í lok júní sl. námu víkjandi skuldabréf sem flokkast í eiginfjárþátt B og C hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum samtals 19,6 ma.kr.

Í lok árs 2000 heimilaði Fjármálaeftirlitið lánastofnunum útgáfu víkjandi skuldabréfa sem teljast til eiginfjárþáttar A við útreikning á eiginfjárhlutfalli, en þetta var gert á grundvelli nýrrar reglugerðar viðskiptaráðuneytisins. Í árslok 2000 hafði einn viðskiptabanki nýtt sér heimildina og gefið út víkjandi skuldabréf A fyrir 0,9 ma.kr. Í lok júní sl. höfðu þrír viðskiptabankar og einn sparisjóður gefið út skuldabréf sem teljast til eiginfjárþáttar A við útreikning á eiginfjárhlutfalli fyrir samtals 5,5 ma.kr.

Samanlagður áhættugrunnur viðskiptabanka og sparisjóða nam 605 ma.kr. í lok árs 2000 samanborið við 476 ma.kr. í lok árs 1999. Hækkunin nam 129 ma.kr. eða 27%. Í lok júní sl. nam samanlagður áhættugrunnur viðskiptabanka og sparisjóða 693 ma.kr. sem er 14,5% hækkun á hálfu ári.

Eiginfjárhlutföll hækka með víkjandi lánum og sölu eigna.

Eftir stöðugt lækkandi eiginfjárhlutföll viðskiptabanka og sparisjóða fram til miðs árs 2000 hafa þau farið hækkandi fram til miðs árs 2001, sbr. **mynd 7**. Meginástæða hækkunar eiginfjárhlutfalla bankanna var aukning á víkjandi lántökum, sem heimilt er að reikna sem eigin fé í eiginfjárútreikningi. Það á bæði við um töku hefðbundinna víkjandi lána samkvæmt eiginfjárþáttum B og C og töku víkjandi lána samkvæmt eiginfjárþætti A sem heimiluð var seint á árinu 2000. Ein helsta ástæða hærri eiginfjárhlutfalla sparisjóðanna í árslok 2000 miðað við lok árs 1999 var sala á eignarhlutum margra sparisjóða í Kaupþingi hf.

Takmarkaðir möguleikar á töku víkjandi lána.

Samkvæmt þeim reglum sem gilda um víkjandi lántökur eru ýmsar takmarkanir á því að hve miklu leyti þær mega reiknast með í eiginfjárútreikningi í hlutfalli við hefðbundið eigið fé. Í lok júní 2001 höfðu margar lánastofnanir nær fullnýtt þær heimildir. Eiginfjárstaða flestra lánastofnana verður því ekki styrkt nema með auknum hagnaði eða útgáfu nýs hlutafjár/stofnfjár.

Undanfarin missiri hefur Fjármálaeftirlitið varað við afleiðingum lækkandi eiginfjárhlutfalla. Þó svo að eiginfjárhlutföll lánastofnana hafi hækkað lítillega að undanförnu telur Fjármálaeftirlitið að flestar lánastofnanir þurfi enn frekar að styrkja eiginfjárstöðu sína til að mæta hugsanlegum áföllum í nánustu framtíð.

Velta á verðbréfamarkaði – þörf aukins aðhalds.

Mjög hefur hægst á verðbréfamarkaði á undanförnum mánuðum, ekki síst á hlutabréfamarkaði. Eftir nokkuð stöðugan vöxt í viðskiptum með hlutabréf frá árinu 1998 til loka fyrsta ársfjórðungs 2000, þegar velta hlutabréfa á VÞÍ náði hámarki (75 ma.kr.), hefur velta hluta-

---

[3] Hér er átt við eigið fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga.

bréfa dregist saman og hlutabréfavísitölur lækkað, sbr. **mynd 8.** Hafa verður þó í huga að veltan á 3. ársfjórðungi 2001 og úrvalsvísitala hlutabréfa í lok þess tímabils sýna svipaðar tölur og voru á 2. ársfjórðungi ársins 1999. Samsetning veltu eftir tegund verðbréfa hefur breyst á þessu ári miðað við fyrri ár, þar sem viðskipti með skuldabréf hafa aukist en viðskipti með hlutabréf dregist saman.

Mynd 7. Eiginfjárhlutfall með og án víkjandi lána sem teljast til eiginfjárþátta B og C



Mynd 8. Velta skuldabréfa og hlutabréfa í m.kr. sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og þróun hlutabréfavísitölu



Einkenni verðbréfamarkaðarins hér á landi eru hve grunnur hann er, verðmyndun veik og hann borinn uppi af fáum þingaðilum. Sé hlutabréfamarkaðurinn skoðaður nánar kemur í ljós að viðskipti með hlutabréf í 10 veltumestu félögunum frá ársbyrjun til loka ágúst 2001 námu 65% af heildarviðskiptum. Þar af voru 4 stærstu þingaðilarnir með að meðaltali um 95% af viðskiptum þessara 10 veltumestu félaga. Í athugun Fjármálaeftirlitsins kom í ljós að tæplega 40% af ofangreindum viðskiptum voru fyrir eigin bók þingaðilanna eða sjóða á þeirra vegum.

Við þessar aðstæður er ekki síður nauðsyn á ströngu aðhaldi til að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og byggja upp traustan og skilvirkan markað. Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins hafa miðað að þessu. Sett hafa verið leiðbeinandi tilmæli um eigin reglur fjármálafyrirtækja og útgefendur skráðra verðbréfa. Jafnframt er Fjármálaeftirlitið að byggja upp styrkara eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði og bæta yfirsýn yfir hann.

2.2 Lífeyrismarkaður.

Hægari vöxtur eigna og neikvæð raunávöxtun á árinu 2000.

Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris í árslok 2000 nam 566 ma.kr. Raunaukning hreinnar eignar á árinu 2000 var um 5% sem er mun minni aukning en árið áður en þá var hún 20%. Hrein raunávöxtun[4] lífeyrissjóða á árinu 2000 var neikvæð um 0,7%. Á **mynd 9** má sjá hreina raunávöxtun á árunum 1991–2000 og sker hrein raunávöxtun ársins 2000 sig úr. Síðustu tíu árin hefur meðaltal hreinnar raunávöxtunar verið 6,7%. Lífeyrissjóðir hafa verið að breyta eignasamsetningu sinni á undanförnum árum og eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða mun stærri þáttur í eignasafni lífeyrissjóða en áður. Samkvæmt ársreikningareglum eru skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini metin á markaðsviði. Má því í framtíðinni gera ráð fyrir meiri sveiflum í ávöxtun lífeyrissjóðanna milli ára samfara breyttri eignasamsetningu þeirra.

Mynd 9



[4] Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða er ávöxtun eigna miðað við vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum.

Í samanburði við aðrar hagstærðir voru eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 84% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok árs 2000 og höfðu vaxið úr 39% árið 1990. Eignir lífeyrissjóða sem hlutfall af skuldum lánakerfisins jukust úr 26% á árinu 1991 í 35% á árinu 2000, sbr. **mynd 10.**

Mynd 10



Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Í lífeyrissjóðalögunum eru ákvæði um fjárfestingar lífeyrissjóða sem miða að dreifingu eigna á ýmsa flokka verðbréfa auk þess sem kveðið er á um að tillit skuli tekið til áhættu jafnt og ávöxtunar í fjárfestingarákvörðunum.

Í árslok 2000 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á fjárfestingum lífeyrissjóða og flokkun þeirra. Í þeim athugunum sem þegar hafa verið gerðar hefur komið í ljós að fjárfestingar hafa í nokkrum tilvikum ekki verið í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðslaganna og annmarkar hafa verið á flokkun fjárfestinga. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 129/1997 var lífeyrissjóðum ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja fjárfestingatakmörkum ef þeir voru yfir mörkunum við gildistöku laganna í júlí 1998. Þeim er hins vegar óheimilt að kaupa verðbréf á meðan þeir eru yfir lögbundnu hámarki og hafi þeir verið undir lögbundnu hámarki við gildistöku laganna ber þeim að virða mörkin.

Fyrst og fremst hefur reynt á heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, en leyfilegt hámark er 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa aukið hlut sinn í óskráðum verðbréfum frá gildistöku laganna þrátt fyrir að hafa þá verið yfir heimildum. Einnig hefur komið í ljós að óskráð verðbréf eru í mörgum tilfellum ranglega flokkuð sem skráð, t.d. ef stefnt er að skráningu í framtíðinni.

Hlutfall óskráðra verðbréfa.

Í árslok 2000 voru óskráð verðbréf 10% af hreinni eign lífeyrissjóða og hafði hlutfall þeirra lækkað úr því að vera 16% í árslok 1999. Hlutfall óskráðrar verðbréfaeignar lífeyrissjóða með ábyrgð annarra lækkaði úr 22% í árslok 1999 í 5% í árslok 2000. Ástæður þessarar miklu lækkunar má að hluta til rekja til lagabreytinga í maí 2000 sem heimiluðu lífeyrissjóðum sem keyptu óskráð bréf tengd húsnæðislánum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins á árunum 1972–1994 að flokka þau bréf sem skráð. Hlutfall óskráðrar verð-

bréfaeignar lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra fór úr 15% í árslok 1999 í 11% í árslok 2000, sjá **mynd 11.** Í árslok 2000 voru 25 lífeyrissjóðir af 56 með yfir 10% í óskráðum verðbréfum. Þann 30. júní sl. hafði þeim fjölgað í 28.

Mynd 11



Hlutfall hlutabréfa.

Hlutabréfaeign lífeyrissjóðanna í heild í árslok 2000, bein eign og eign í gegnum verðbréfasjóði, var 182 ma.kr. eða 32% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og hafði hækkað úr 142 m.kr. eða 27% af eignum í árslok 1999, sjá **mynd 12.** Í árslok 2000 var einn lífeyrissjóður af 56 yfir leyfilegu hámarki eða 53% af hreinni eign til greiðslu lífeyris en hæsta leyfilega hlutfall er 50%. Tíu lífeyrissjóðir af 56 voru með hærra hlutfall hlutabréfa en 30% af eignum í árslok 2000.

Mynd 12



Hlutfall gengisbundinna eigna.

Gengisbundnar eignir lífeyrissjóða fóru úr 20% í árslok 1999 í 23% í árslok 2000. Samkvæmt heimildum í lífeyrissjóðalögunum er leyfilegt að vera með allt að 50% af eignum í erlendum gjaldmiðlum. Átta lífeyrissjóðir voru með yfir 30% eigna sinna í erlendum myntum og var hæsta hlutfallið 45%. Þann 30. júní sl. var hlutfall gengisbundinna eigna lífeyrissjóða

komið í 26%. Eins og sjá má á **mynd 13** eru það lífeyrissjóðir með ábyrgð annarra sem hafa hvað mest verið að auka hlut sinn í gengisbundnum eignum á tímabilinu. Þann 30. júní sl. var hlutfallið 24% af eignum en í árslok 1999 var það 13%. Hjá lífeyrissjóðum án ábyrgðar var hlutfallið 26% þann 30. júní sl. en í árslok 1999 var það 22%.

Mynd 13



Fjárhagsstaða lífeyrissjóða.

Eitt af megineinkennum íslenska lífeyrissjóðakerfisins er full sjóðssöfnun, þ.e. að lífeyrissjóðir skuli reknir í jafnvægi. Samkvæmt lögum telst sjóður vera í jafnvægi sé mismunur á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirtum framtíðariðgjöldum og heildarlífeyrisskuldbindingum ekki meiri en 10%, eða 5% fimm ár í röð. Öllum lífeyrissjóðum ber að láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhagsstöðu árlega. Leiði athugunin í ljós að lífeyrissjóður sé ekki í jafnvægi ber að breyta samþykktum hans þannig að jafnvægi náist.

Lífeyrissjóðir án bakábyrgðar eru allir reknir í jafnvægi með tilliti til skilyrða laganna samkvæmt tryggingafræðilegum úttektum fyrir árið 2000. Sé tekið mið af heildarskuldbindingum eru sjóðirnir að meðaltali reknir með 1,6% afgangi eða allt á bilinu 7,1% halla til 16,9% afgangs. Þrír sjóðir eru reknir með meira en 10% afgangi og þurfa því að huga að aukningu réttinda.

Lífeyrissjóðir sem hafa bakábyrgð ríkis, sveitarfélaga eða banka á skuldbindingum eru undanskildir ákvæðum laga um fulla sjóðssöfnun. Þessir sjóðir taka ekki við nýjum sjóðfélögum utan þriggja sem hafa nýtt sér heimild í lögum til að stofna nýjar deildir sem byggja á fullri sjóðssöfnun. Fjárhagsstaða lífeyrissjóða með bakábyrgð er í flestum tilfellum slæm, en lokun þeirra hefur í för með sér að hraðar gengur á eignir þó dregið sé úr aukningu heildarskuldbindinga til lengri tíma litið. Um er að ræða 14 sjóði sem reka samtals 18 samtryggingardeildir og eru 12 þeirra reknar með halla á bilinu 62–93,5%, hinar 6 eru reknar í jafnvægi. Mikilvægt er að huga sérstaklega að stöðu þeirra deilda sem verst eru settar og eiga aðeins fyrir litlum hluta skuldbindinga sinna. Eignir þeirra munu verða uppurnar innan nokkurra ára herði launagreiðendur ekki á greiðslum sínum til sjóðanna.

Lífeyrisbyrði lífeyrissjóða er mælikvarði sem nota má til að álykta um stöðu og framtíðarhorfur lífeyrissjóða en lífeyrisbyrði er lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum. Lífeyrisbyrði hækkar almennt eftir því sem sjóðirnir eldast og há lífeyrisbyrði gefur til kynna að hraðar gengur á eignir sjóðsins. Þannig er lífeyrisbyrði lífeyrissjóða án bakábyrgðar 35,3%.

Hins vegar er lífeyrisbyrði lífeyrissjóða með bakábyrgð 56% ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er ekki meðtalinn, en lífeyrisgreiðslur og iðgjöld hans eru margfaldar greiðslur hinna sjóðanna til samans. Lífeyrisbyrði lífeyrissjóða í heild er 36,7%.

Lífeyrissparnaður og viðbótartryggingavernd.

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar eru nú um 50 talsins og þar af eru 24 lífeyrissjóðir. Vörsluaðilar, aðrir en lífeyrissjóðir, eru bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og líftryggingafélög.

Samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir frá vörsluaðilum lífeyrissparnaðar öðrum en lífeyrissjóðum hefur sparnaður í vörslu þessara aðila aukist úr um 600 m.kr. í 2 milljarða frá árslokum 1999 til ársloka 2000. Eignir séreignardeilda lífeyrissjóða, að undanskildum þeim 7 sjóðum sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997, hafa vaxið úr um 970 milljónum í 1,9 milljarða á sama tímabili.

Viðbótartryggingavernd og séreignarsparnaður geta sprottið af tveimur rótum, þ.e. iðgjaldi umfram lögbundið 10% lágmarksiðgjald og einnig af hinu lögbundna 10% iðgjaldi. Nokkrir lífeyrissjóðir nýta sér heimild í lögum til að skilgreina lágmarkstryggingarvernd lægri en 10% og bjóða jafnframt upp á hluta lágmarkstryggingaverndar í formi skilyrtrar séreignar. Sá hluti iðgjaldsins sem er umfram lágmarkstryggingarverndina er frjáls séreign eða viðbótartryggingavernd. Sjóðfélaga er heimilt samkvæmt lögum að ráðstafa iðgjaldi til viðbótartryggingaverndar og annarri séreign til annars vörsluaðila en þess sem móttekur skyldubundið iðgjald hans honum að kostnaðarlausu.

Ofangreindar tölur sýna fram á mikinn vöxt viðbótarlífeyrissparnaðar landsmanna. Um 40% þjóðarinnar notfæra sér þennan sparnaðarmöguleika og því er enn stór hópur sem gerir það ekki.

Fjöldi lífeyrissjóða og uppbygging.

Þann 1. júlí 2001 voru starfandi lífeyrissjóðir alls 54, en lífeyrissjóðir voru 60 í árslok 1999. Af framangreindum 54 lífeyrissjóðum taka 11 þeirra ekki lengur við iðgjöldum og fullstarfandi sjóðir voru því 43. Af 54 (43) lífeyrissjóðum teljast 40 (30) vera lífeyrissjóðir án ábyrgðar annarra, 14 (13) lífeyrissjóðir með ábyrgð annarra.

Þrátt fyrir að sameiningar lífeyrissjóða frá árinu 1999 fram á mitt ár 2001 hafi helst verið hjá minni lífeyrissjóðum eru enn starfandi á annan tug smárra lífeyrissjóða. Eitt af starfsleyfisskilyrðum laga er að lágmarksfjöldi sjóðfélaga skal vera 800 nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti. Fjórtán lífeyrissjóðir eru undir þessum mörkum en uppfylla skilyrðið með tryggingu, samstarfi við aðra lífeyrissjóði eða njóta bakábyrgðar sveitarfélags.

Töluvert margir lífeyrissjóðir starfa í fleiri en einni sameignardeild vegna mismunandi réttindakerfa og 24 lífeyrissjóðir eru með séreignadeild auk sameignardeildar.

Skipting heildareigna lífeyrissjóða í lok árs 2000 eftir lífeyriskerfum er þannig að stigakerfi eru með 71% eignanna, hlutfallskerfi 18%, aldurstengt kerfi 5% og séreignarsparnaður 6%, sbr. **mynd 14.** Stigakerfi felur í sér að iðgjöld eru umreiknuð í stig og er lífeyrisréttur tengdur uppsöfnuðum stigum. Aldurstengt kerfi er einnig stigakerfi en þar skiptir máli hvenær ævinnar iðgjöldin eru greidd til lífeyrissjóðsins og fá iðgjöld meira vægi eftir því sem sjóðfélaginn er yngri. Í hlutfallskerfi ávinnur sjóðfélaginn sér með greiðslu iðgjalds ákveðið hlutfall af launum eftirmanns eða af annarri launaviðmiðun á hverju ári. Skipting heildareigna lífeyrissjóða milli kerfa er nánast óbreytt frá árslokum 1999 en eina breytingin sem átt hefur sér stað er hækkun eigna í aldursháðu kerfi um 3% á kostnað eigna í hefðbundnu stigakerfi.

Mynd 14 Hlutfallsleg skipting heildareigna eftir lífeyriskerfum.



2.3 Vátryggingamarkaður.

Vátryggingafélögum fækkar.

Nú eru 14 íslensk vátryggingafélög með starfsleyfi. Þau bera nær eingöngu vátryggingaráhættu á Íslandi og eru öll í eigu íslenskra aðila, nema e.t.v. óverulegir eignarhlutir. Fyrirsjáanlegt er að á árinu 2002 muni einungis 8 þessara félaga bera vátryggingaráhættu.

Þrjú hlutafélög bera höfuð og herðar yfir önnur íslensk vátryggingafélög og annast allar greinar skaðatrygginga. Tvö þeirra eru skráð á hlutabréfamarkað og hið þriðja stefnir að skráningu. Einnig fékk bátaábyrgðarfélag fyrir nokkrum árum starfsleyfi í öllum greinum skaðatrygginga. Þrjú líftryggingafélög eru öll í meirihlutaeigu annarra fjármálafyrirtækja. Tvö vátryggingafélög sem eru í eigu annarra vátryggingafélaga starfa nú eingöngu að því að ljúka eldri samningum um endurtryggingar.

Sérstök lög um bátaábyrgðarfélög voru felld úr gildi á miðju ári 2000. Stofn þeirra þriggja hreinu bátaábyrgðarfélaga sem enn störfuðu hefur verið fluttur eða verður fluttur á þessu ári til Sjóvár-Almennra tryggginga hf. Einnig er stefnt að því að sameina Samábyrgðina hf. því félagi í árslok, en hún var stofnuð upp úr Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Viðlagatrygging Íslands starfar samkvæmt sérlögum, hefur afmarkað hlutverk og er því sleppt í umfjöllun um rekstur vátryggingafélaga hér á eftir. Iðgjöld Viðlagatryggingar voru 750 milljónir króna á árinu 2000, en tjón námu 2,6 ma.kr., einkum vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi í júní 2000. Eigið fé hennar var 5,15 ma.kr.

Iðgjöld vegna vátryggingasamninga sem komust á fyrir milligöngu íslenskra vátryggingamiðlara voru á árinu 2000 samtals 1,3 ma.kr., einkum við vátryggingafélög í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Auk þess geta vátryggingatakar átt bein viðskipti við vátryggjendur í öðrum aðildarríkjum, en umfang þeirra viðskipta er óþekkt.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfsemi íslenskra vátryggingafélaga eins og hún birtist í ársreikningum fyrir reikningsárið 2000. Allar fjárhæðir eru færðar til verðlags ársins 2000. Breytingar fjárhæða milli ára verða því breytingar umfram verðlagsbreytingar.

Aukin velta í skaðatryggingum.

Skaðatryggingar árið 2000 einkenndust af vexti í öllum meginþáttum; iðgjöldum, tjónum og ávöxtun fjármuna. Iðgjaldatekjur ársins hækkuðu um 10% umfram verðlagsbreytingar frá fyrra ári eða um 1,5 ma.kr. og námu 17,1 ma.kr. Hækkun iðgjalda kom nær eingöngu úr öku-

tækjatryggingum. Tjón ársins 2000 voru 21% hærri en 1999 og námu 18,7 ma.kr. Mest hækkun tjóna var í eignatryggingum, en ökutækjatjón hækkuðu einnig mikið. Þróun bæði iðgjalda og tjóna var því æði misjöfn eftir greinaflokkum eins og nánar greinir síðar. Þegar hlutur endurtryggjenda í iðgjöldum og tjónum hefur verið dreginn frá standa eftir eigin iðgjöld ársins að fjárhæð 13,6 ma.kr. og eigin tjón að fjárhæð 14,6 ma.kr.

Mynd 15 sýnir þróun í iðgjöldum og tjónum í skaðatryggingum síðustu ár, annars vegar þróun heildarfjárhæða og hins vegar iðgjöld og tjón í eigin hlut.

Mynd 15. Þróun iðgjalda og tjóna í skaðatryggingum síðan 1996, annars vegar þróun heildarfjárhæða og hins vegar iðgjöld og tjón í eigin hlut á verðlagi 2000



	Eigin iðgjöld ársins	Iðgjöld ársins	Eigin tjón	Tjón ársins
1996	11.138	15.788	10.057	13.250
1997	10.814	15.183	9.609	12.702
1998	11.082	15.270	9.495	11.864
1999	11.866	15.641	12.788	15.395
2000	13.627	17.146	14.608	18.679

Auk iðgjalda og tjóna hafa rekstrarkostnaður, fjárfestingartekjur og breyting á útjöfnunarskuld mikil áhrif á afkomu vátryggingastarfseminnar. Rekstrarkostnaður var 3,2 ma.kr. og hefur hækkað jafnt og þétt síðustu ár. Gengið var á útjöfnunarskuld í öllum greinaflokkum, mest í lögboðnum ökutækjatryggingum og innlendum endurtryggingum. Nam lækkun útjöfnunarskuldarinnar um 200 m.kr. í hvorum greinaflokki.

Einstakir greinaflokkar skaðatrygginga.

Mynd 16 sýnir hvernig iðgjöld ársins hafa þróast í helstu greinaflokkum skaðatrygginga. Jafnframt sést innbyrðis vægi einstakra greinaflokka í iðgjaldatekjum.

Frumtryggingaiðgjöld ársins 2000 voru samtals 16,1 ma.kr., en samsvarandi tjón 17,9 ma.kr. Í endurtryggingum sem íslensk vátryggingafélög tóku að sér voru iðgjöld rúmlega 1 ma.kr., en tjón 0,8 ma.kr.

Lögboðnar ökutækjatryggingar eru umfangsmesti greinaflokkur frumtrygginga. Þar hækkuðu iðgjaldatekjur um 1,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 32%, en miklar iðgjaldahækkanir á árunum 1999 og 2000 fóru saman við fjölgun bíla. Hlutur lögboðinna ökutækjatrygginga var 37% af heildariðgjöldum frumtrygginga, en hafði verið 29% á árinu 1999. Hlutur ökutækjatrygginga í heild var rúmur helmingur af samanlögðum frumtryggingaiðgjöldum á árinu 2000, en var 43% árið 1999.

Mynd 16. Þróun iðgjalda í helstu greinaflokkum skaðatrygginga á verðlagi 2000



	Eignatryggingar	Sjó- flug og farmtryggingar	Lögboðnar ökutækjatryggingar	Aðrar ökutækjatryggingar	Ábyrgðartryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Innlendar endurtryggingar
1996	3.190	2.331	4.586	1.582	836	1.343	1.900
1997	3.271	2.358	3.965	1.611	877	1.299	1.775
1998	3.385	2.217	3.913	1.816	935	1.417	1.557
1999	3.414	2.048	4.440	2.100	998	1.474	1.136
2000	3.352	1.842	5.870	2.360	1.088	1.519	1.047

Mynd 17 sýnir hvernig tjón ársins skiptast eftir greinaflokkum. Tjón í eignatryggingum námu 4 ma.kr. og hækkuðu um 1,4 ma.kr. eða 54% frá fyrra ári. Hækkunin var m.a. vegna stórra tjóna sem eru að drjúgum hluta bætt af endurtryggjendum, þannig að þeirra gætir ekki nema óverulega í afkomu greinarinnar á árinu. Mikil hækkun tjóna varð einnig í sjó-, flug- og farmtryggingum (36%) og í slysa- og sjúkratryggingum (24%).

Mynd 17. Tjón ársins á verðlagi 2000



	Eignatryggingar	Sjó- flug og farmtryggingar	Lögboðnar ökutækjatryggingar	Aðrar ökutækjatryggingar	Ábyrgðartryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Innlendar endurtryggingar
1999	2586371761	974528999,9	7118904224	1814763712	1094155226	907460816,3	894573749,2
2000	3986955961	1328698591	8266304324	2035941008	1109468583	1128071450	717949585

milljónir króna

Í lögboðnum ökutækjatryggingum hækkuðu tjón ársins um 16% frá fyrra ári og námu 8,3 ma.kr. Þau skiptast þannig að tjónaskuld hækkaði um 2,7 ma.kr. en bókfærð tjón námu 5,6 ma.kr. Af tjónagreiðslunum voru 62% vegna tjóna sem urðu á fyrri reikningsárum, en 38%

vegna nýrra tjóna. Tjón sem urðu á reikningsárinu í lögboðnum ökutækjatryggingum voru metin á 9,6 ma.kr. í árslok 2000. Af þeirri fjárhæð var 2,1 ma.kr. þegar greiddur.

Í lögboðnum ökutækjatryggingum og í eignatryggingum voru tjón verulega hærri en iðgjöld. Tjónahlutfall í lögboðnum ökutækjatryggingum lækkaði þó frá fyrra ári, enda hækkuðu iðgjöld mikið eins og fyrr segir. Frekari hækkun iðgjaldatekna er fyrirsjáanleg í þeim greinaflokki, þar sem iðgjaldahækkanir á árinu 2000 komu ekki að fullu fram á því ári. Tjónahlutfallið ætti því að lækka áfram á yfirstandandi ári, nema tjónaþróun snúist mjög til hins verra. Mikill hluti af hækkun tjóna í eignatryggingum kemur í hlut endurtryggjenda, og voru eigin tjón 96% af eigin iðgjöldum.

Aukin umsvif í líftryggingum.

Bókfærð iðgjöld líftrygginga voru 1,4 ma.kr., sem er 0,4 ma.kr. meira en á árinu 1998. Vöxtur í líftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka hélt áfram. Við árslok 2000 nam líftryggingaskuld vegna þeirra 0,7 ma.kr. Umfang líftryggingastarfseminnar er þó aðeins brot af umfangi skaðatrygginga.

Aukinn hagnaður.

Samanlagður hagnaður vátryggingafélaganna[5] var 1,5 ma.kr. á árinu 2000. **Mynd 18** sýnir hvernig hagnaður hefur þróast síðustu ár.

Mynd 18. Hagnaður vátryggingafélaga á verðlagi 2000



Í rekstrarreikningi er fjárfestingartekjum skipt eftir fastri reglu á vátryggingarekstur og fjármálastarfsemi og síðan reiknaður hagnaður af hvorum hluta starfseminnar um sig. Þessi skipting hefur hvorki áhrif á fjárfestingartekjur í heild né niðurstöðutölu rekstrarreikningsins, hagnaðinn.

---

[5] Þessar tölur eru samanlagðar tölur allra vátryggingafélaganna. Ekki er tekið tillit til þess að vátryggingafélög eiga eignarhluti í öðrum vátryggingafélögum, sem verður til þess að hagnaður er tvítalinn að hluta.

Mynd 19 sýnir að hagnaður af vátryggingarekstri hefur minnkað ár frá ári en hagnaður af fjármálarekstri aukist á móti. Þess má geta að í ársuppgjörum stóru vátryggingafélaganna þriggja á miðju ári 2001 höfðu orðið mikil umskipti þar sem reiknaður hagnaður af vátryggingastarfsemi hafði aukist, en tap orðið af fjármálarekstri eftir að fjárfestingatekjur höfðu verið fluttar yfir á vátryggingarekstur.

Mynd 19. Hagnaður af helstu þáttum í starfi vátryggingafélaga á verðlagi 2000



	Af skaðatryggingarekstri	Af fjármálarekstri	Af líftryggingarekstri
1996	723	912	106
1997	566	991	68
1998	461	1.385	101
1999	203	1.657	153
2000	-206	2.518	75

Efnahagur vátryggingafélaga.

Samanlagðar eignir vátryggingafélaga voru 63,3 ma.kr. við lok ársins 2000 og höfðu þá hækkað frá fyrra ári um 6,6 ma.kr. Í samræmi við eðli vátryggingastarfsemi voru fjárfestingar stærsti eignaliður félaganna, 44,7 ma.kr. í árslok 2000. Skuldamegin er vátryggingaskuldin stærst, 43,8 ma.kr. Í grófum drættum má segja að fjárfestingar og vátryggingaskuld séu nálægt 70% af efnahag vátryggingafélaga.

Mynd 20 sýnir þróun helstu fjárfestingaliða. Vöxtur í fjárfestingum var einkum í verðbréfum með breytilegum tekjum, en hlutur verðbréfa með föstum tekjum minnkaði. Bílalán, sem eru meiri hluti veðlána, voru í árslok 2000 svipuð og árið áður, en veðlán í heild drógust heldur saman.

Mynd 20. Þróun helstu fjárfestingarliða vátryggingafélaga á verðlagi 2000



	Verðbréf með breytilegum tekjum	Verðbréf með föstum tekjum	Veðlán	Þar af bílalán
1996	5.215	11.877	9.888	6.478
1997	6.714	11.303	11.738	8.614
1998	9.244	10.782	13.344	10.683
1999	11.642	9.672	14.632	12.279
2000	15.000	8.191	14.471	12.350

Mynd 21 sýnir eigið fé og vátryggingaskuld í heild. Báðir liðir hafa vaxið jafnt og þétt. Hluti eigin fjár er þó tvítalinn vegna eignarhluta sem vátryggingafélög eiga í öðrum vátryggingafélögum.

Mynd 21. Eigið fé vátryggingafélaga ásamt vátryggingaskuld í heild á verðlagi 2000



	Eigið fé	Vátryggingaskuld
1996	7.533	36.116
1997	8.089	37.471
1998	10.746	38.934
1999	12.380	40.354
2000	13.324	43.835

Tjónaskuldin í heild var 32,7 ma.kr., eða þrír fjórðu hlutar vátryggingaskuldarinnar. Hún er rúmur helmingur af efnahag vátryggingafélaga. Tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum var 20,1 ma.kr., þar af voru 12,6 ma.kr. vegna óuppgerðra tjóna frá fyrri árum. Tjónaskuld vegna lögboðinna ökutækjatrygginga er því tæpur þriðjungur af efnahag vátryggingafélaga.

Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld er færður sem eignaliður í ársreikningum, en hann nam 5,5 ma.kr. í árslok 2000. Eigin vátryggingaskuld var því samtals 38,3 ma.kr. **Mynd 22** sýnir þróun helstu liða eigin vátryggingaskuldar.

Mynd 22. Helstu liðir eigin vátryggingaskuldar á verðlagi 2000



	Iðgjaldaskuld	Tjóna- og bótaskuld	Útjöfnunarskuld
1996	4.961	22.858	3.201
1997	4.909	23.895	3.493
1998	5.229	24.653	3.898
1999	6.076	26.350	3.098
2000	7.119	28.329	2.367

Iðgjaldaskuld hækkar í samræmi við aukin umsvif og hærri iðgjöld í ökutækjatryggingum og tjónaskuld hækkar í samræmi við tjón. Eigin tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum hækkaði um 2,5 ma.kr. á árinu 2000. Hækkunar tjóna í eignatryggingum gætir ekki í þessari mynd þar sem hækkunin lendir að mestu á endurtryggjendum, eins og áður segir.

3. Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Áherslur Fjármálaeftirlitsins nú eru greindar í fjóra meginþætti: Áhættustýringu og innra eftirlit, starfshætti á fjármálamarkaði, markaðsaðhald og samkeppnishæfni fjármálamarkaðar. Þessar áherslur hafa flestar verið lagðar til grundvallar í starfseminni síðustu missiri. Áherslurnar hæfa öllum sviðum fjármálamarkaðar.

3.1 Áhættustýring og innra eftirlit.

Frá upphafi hefur Fjármálaeftirlitið talið það meginhlutverk sitt að stuðla að því að í hverju fjármálafyrirtæki[6] séu stjórnendur sem til þess eru bærir að búa fyrirtækinu sterkt skipulag, skýra stefnu, skilvirkar innri reglur og verkferla, viðeigandi upplýsingakerfi og innri endurskoðun. Með því er stjórnendunum sjálfum og öðrum starfsmönnum kleift að meta með réttu þá áhættu sem í starfseminni felst og stýra henni í samræmi við styrkleika fyrirtækisins.

[6] Með fjármálafyrirtæki er hér átt við fyrirtæki á öllum sviðum fjármálamarkaðar, þ.e. lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, vátryggingafélög, vátryggingamiðlanir og lífeyrissjóði.

Samræming milli sviða fjármálamarkaðar.

Í starfi Fjármálaeftirlitsins hefur glögglega komið í ljós að mótun áhættustýringar og innra eftirlits er mislangt á veg komin á einstökum sviðum fjármálamarkaðar. Jafnframt er ljóst að miðla má betur reynslu og þekkingu á áhættustýringu og innra eftirliti af einu sviði fjármálamarkaðar til annars. Að þessu er Fjármálaeftirlitið að stuðla í starfi sínu.

Fjármálaeftirlitið er nú að kynna drög að tilmælum um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Að fenginni reynslu telur Fjármálaeftirlitið einnig ástæðu til að samræma löggjöf sem þetta varðar. Þannig þarf t.d. að taka afstöðu til þess hvort áskilja eigi í löggjöf um vátryggingafélög og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að til staðar sé innri endurskoðun sem heyri beint undir stjórn viðkomandi fyrirtækis.

Hæfi stjórna.

Fjármálaeftirlitið hefur hugað að hæfi stjórna og daglegra stjórnenda fjármálafyrirtækja. Mat á því er nú fastur liður í umsögn um starfsleyfi. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið átt fundi með stjórnum starfandi fyrirtækja til þess að leggja áherslu á hlutverk þeirra og ábyrgð. Fjármálaeftirlitið mun halda áfram á þessari braut.

Fylgjast þarf með vanskilum og afskriftum.

Í samræmi við fyrri aðvaranir Fjármálaeftirlitsins vegna útlánsvaxtar og eiginfjárstöðu lánastofnana hefur verið lögð áhersla á að fylgjast með þróun vanskila og afskriftum lánastofnana síðustu missiri. Svo mun verða áfram. Enn fremur er brýnt að fylgjast með markaðsáhættu allra fjármálafyrirtækja.

Nauðsyn árvekni.

Þegar áhættustýring og innra eftirlit bregst gera erfiðleikar sjaldnast boð á undan sér. Nauðsynlegt er að brýna fyrir stjórnum, framkvæmdastjórum og endurskoðendum fjármálafyrirtækja að gera Fjármálaeftirlitinu þegar í stað viðvart ef alvarlegir erfiðleikar koma í ljós.

3.2 Starfshættir á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitinu er ætlað að fylgjast með því að starfsemi á fjármálamarkaði sé í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Í samræmi við þetta leggur Fjármálaeftirlitið aukna áherslu á að fylgjast með starfsháttum á fjármálamarkaði.

Starfshættir á verðbréfamarkaði.

Á síðasta ári lagði Fjármálaeftirlitið áherslu á að koma á virkara eftirliti með starfsháttum á verðbréfamarkaði. Jafnframt var fylgt eftir nýlegum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti sem styrkt hafa umgjörð verðbréfaviðskipta og skapað bættar forsendur fyrir skilvirku eftirliti. Markmiðið er að bæta yfirsýn yfir hvernig eftirlitsskyldir aðilar starfa á verðbréfamarkaði og leggja til úrbætur þegar ástæða er til.

Eftirlit og yfirsýn á verðbréfamarkaði tengist enn fremur eftirliti á öðrum sviðum, svo sem eftirliti með fjárhagsstöðu lánastofnana og vátryggingafélaga og eftirliti með fjárfestingum lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið hyggst halda áfram á þessari braut.

Starfshættir á öðrum sviðum fjármálamarkaðar.

Þörf er á því að huga að starfsháttum á öðrum sviðum fjármálamarkaðar. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að úrbóta sé þörf í miðlun og sölu líftrygginga, en framboð og sala á söfnunarlíftryggingum hefur aukist mjög á síðustu árum. Fjármálaeftirlitið

hefur hugað sérstaklega að upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara gagnvart vátryggingataka. Til athugunar er hvort setja þurfi leiðbeinandi tilmæli sem útfæri nánar skyldur þessara aðila, umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglum.

Viðskiptamenn fjármálafyrirtækja á varðbergi.

Viðskiptamenn snúa sér í vaxandi mæli til Fjármálaeftirlitsins með kvartanir vegna viðskipta við tiltekin fjármálafyrirtæki. Slík mál geta gefið tilefni til að bæta starfshætti á viðkomandi sviði, en Fjármálaeftirlitið hefur ekki úrskurðarvald vegna réttarágreinings viðskiptamanns og fjármálafyrirtækis. Starfandi eru tvær úrskurðarnefndir, úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd í viðskiptum við fjármálafyrirtæki, sem taka slík mál til afgreiðslu, en nefndirnar eru vistaðar hjá Fjármálaeftirlitinu.

3.3 Markaðsaðhald.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því skapast aukið aðhald af hálfu markaðarins, samhliða aðhaldi innra eftirlits og opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Samræming og aðlögun í reikningsskilum.

Endurskoðun og samræming reikningsskila fellur undir þetta. Fjármálaeftirlitið hefur lýst áformum um að endurskoða ákvæði um matsákvæði verðbréfa í reglum sem það setur um ársreikninga fjármálafyrirtækja. Einnig þarf að stuðla að aukinni samræmingu í framkvæmd reikningsskila á markaði, m.a. í tengslum við nýjungar í fjármálaþjónustu. Nefna má að Fjármálaeftirlitið hefur sent til umsagnar og birt á heimasíðu sinni drög að tilmælum um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl í ársreikningum.

Gegnsæi í tryggingafræðilegu mati.

Fjármálaeftirlitið hefur áður lýst því að auka þurfi gegnsæi í rekstri vátryggingafélaga. Nefnd vinnur við endurskoðun reglugerðar um ársreikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Fjallar hún m.a. um hvort bæta megi upplýsingagjöf í skýringum ársreikninga, einkum að því er varðar vátryggingaskuld og þróun hennar. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið áður kynnt að hugað sé að sérstökum reglum um vátryggingaskuld með sömu markmið að leiðarljósi. Tjónaskuld í lögboðnum ökutækjatryggingum er rúmur þriðjungur af efnahag vátryggingafélaganna. Því skiptir mat hennar og þróun miklu máli.

Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að auka gegnsæi í tryggingafræðilegum úttektum á lífeyrissjóðum. Unnið er að málinu á vettvangi tryggingastærðfræðinga og mun Fjármálaeftirlitið fylgjast með þeirri vinnu.

3.4 Samkeppnishæfni fjármálamarkaðar.

Í allri stefnumótun og starfsemi Fjármálaeftirlitsins er gengið út frá því að stofnunin hafi hlutverki að gegna við að skapa hér samkeppnishæfan fjármálamarkað. Jafnframt ber Fjármálaeftirlitinu að taka þátt í mótun fjármálamarkaðar og fylgja eftir sjónarmiðum um hagsmuni viðskiptamanna og öryggi í fjármálaþjónustu.

Grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit.

Eitt af grunnskilyrðum þess að fjármálamarkaður sé metinn samkeppnishæfur er að til staðar séu lög og reglur sem geri hlíðstæðar kröfur til starfseminnar og í samkeppnislöndum. Ekki er síst horft til þess hvort opinberu eftirliti með fjármálamarkaði sé skapað sterkt um-

hverfi og að eftirlitið sjálft uppfylli grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit sem alþjóðasamtök eftirlita á öllum sviðum hafa sett.

Eins og greint er frá í kafla 1.3 gerði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugun á íslenska fjármálakerfinu í lok síðasta árs, en skýrsla þess efnis var birt í maí sl. Athugunin beindist m.a. að því hvort grunnreglur um árangursríkt eftirlit væru uppfylltar hér á landi. Þó það væri mat sjóðsins að Fjármálaeftirlitið væri í góðri stöðu til að takast á við verkefni sín komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar um það sem betur mætti fara og stuðla myndi að frekara öryggi. Úrbætur í samræmi við þetta munu styrkja eftirlitið og stuðla að aukinni samkeppnishæfni fjármálamarkaðar.

Erlent samstarf og upplýsingamiðlun.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í erlendu samstarfi í því skyni að nýta sér þekkingu og reynslu erlendra fjármálamarkaða. Sama markmið liggur hér til grundvallar, þ.e. samkeppnishæfni og öryggi íslensks fjármálamarkaðar.

Einnig leitast Fjármálaeftirlitið við að miðla upplýsingum um fjármálamarkaðinn í heild. Ársskýrslan miðar að þessu auk þess sem Fjármálaeftirlitið veitir viðtækar upplýsingar á heimasíðu sinni.

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með frumvarpinu er greint frá áætlun um umfang og kostnað af opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi og lagðar til gjaldaheimildir til að standa undir kostnaðnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði 264 m.kr. árið 2002, sem greiðist með 215 m.kr. álögðu gjaldi á fjármálafyrirtæki, 4 m.kr. sértekjum og 45 m.kr. með uppsöfnuðum afgangi frá fyrra ári.

257. Svar [91. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum.

1. *Hvað líður rannsókninni á ákvörðun refsinga við líkamsárásum, kynferðisbrotum og fikniefnabrotum sem Alþingi ályktaði á 122. löggjafarþingi (þskj. 940, 484. mál) að dómsmálaráðherra léti fara fram og hvenær er áætlað að henni ljúki?*

Hinn 8. apríl 1998 lagði ráðuneytið grundvöll að rannsókn þessari með því að skipa nefnd til að annast hana og gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál. Nefndin afmarkaði umfang rannsóknarinnar, skilgreindi rannsóknaraðferðir og gerði uppkast að uppbyggingu rannsóknarskýrslu. Einnig var gerð þarfagreining fyrir gagnagrunn sem upplýsingum yrði safnað í. Í kjölfarið var leitað til Tölvumynda hf. og fyrirtækinu falið

að smíða gagnagrunnsforrit til að skrá í upplýsingar um sakamál, refsingar og refsiákvörðunarástæður sem lagðar eru til grundvallar í hverju máli. Í árslok 1998 voru ráðnir þrír laganemar til að leita í dómasafni Hæstaréttar og héraðsdómum frá árinu 1993 að málum þar sem fjallað var um þau brot sem rannsóknin tók til. Laganemarnir skráðu upplýsingar um málin í gagnagrunninn og unnu við verkið með hléum fram á haust 1999. Eftir það hóf nefndin að vinna úr gögnunum, en sú vinna gekk þó afar hægt á árinu 2000 vegna anna nefndarmanna við embættisstörf. Skriður komst á vinnuna árið 2001, eins og síðar verður vikið að.

Viðfangsefni rannsóknarinnar er í raun þríþætt. Í fyrsta lagi kynferðisbrot, í öðru lagi önnur ofbeldisbrot og í þriðja lagi fíkniefnabrot. Grunnskráningu í gagnagrunninn er lokið í öllum þessum brotaflokkum. Nefndin ákvað að hefja úrvinnslu sína á gögnum um líkamsárásarbrot, þ.m.t. manndráp, tilraun til manndráps og rán, og skila áfangaskýrslu um þessar brotategundir áður en ráðist yrði í úrvinnslu gagna um aðra brotaflokka. Töluleg greining hefur þó verið gerð á einstaka kynferðisbrotum en þær niðurstöður hafa þó ekki verið nægjanlega vel yfirfarnar til að teljast tilbúnar til birtingar. Þá var skráning fíkniefnabrota í gagnagrunn lögð til grundvallar í kandídatsritgerð Páls Egils Winkels lögfræðings um fíkniefnabrot.

Úrvinnsla gagna um ofbeldisbrot hefur einkum falist í eftirfarandi:

- Allir dómar Hæstaréttar frá árunum 1951–2000 þar sem fjallað er um ofbeldisbrot hafa verið lesnir og rannsakaðir og gerður úr þeim útdráttur.
- Allir dómar héraðsdómstóla á þessu sviði hafa verið rannsakaðir og skráðar upplýsingar um þá.
- Kannað hefur verið hvaða refsiákvörðunarsjónarmið og refsiákvörðunarástæður hafa í hverju tilviki verið lagðar til grundvallar refsiákvörðun.
- Reynt hefur verið að meta með tölulegum samanburði hvaða refsiákvörðunarástæður vegi þyngst við ákvörðun refsingar fyrir hverja brotategund.
- Gerður hefur verið tölulegur samanburður á meðalrefsingum og miðgildi refsinga á tímabilunum 1951–1970, 1971–1990 og 1991–2000.
- Gerður var samanburður á aldri og kyni brotamanna á einstökum rannsóknartímabilum.
- Gerð var úttekt á því hversu hátt hlutfall þeirra sem frömdu brot í einstökum brotaflokkum var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.
- Reynt hefur verið að meta með tölulegum samanburði hvort breytingar á refsingum milli tímabila megi skýra með því að atriði sem varða brotamenn eða verknaðina hafi tekið breytingum milli tímabila eða hvort breyttar refsingar megi rekja til breytts refsimats dómara.
- Gerður hefur verið samanburður á refsingum í héraði og Hæstarétti í hverri brotategund.
- Í nokkrum tilvikum hafa verið bornar saman refsingar milli einstakra héraðsdómstóla.
- Notkun skilorðsbundinnar refsingar hefur verið könnuð.
- Reynt hefur verið að varpa ljósi á þróun í þyngd refsinga fyrir einstök brot í ljósi breytinga á íslensku samfélagi á síðari helmingi 20. aldar.

Rannsókn á ofbeldisbrotum, öðrum en kynferðisofbeldisbrotum, tekur til 264 refsiákvarðana Hæstaréttar og hátt í 2.000 refsiákvarðana héraðsdómstóla. Rannsóknin hefur verið mjög viðamikil en ætlun nefndarinnar er að skila dóms- og kirkjumálaráðherra ítarlegri áfangaskýrslu um ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, fyrir næstu áramót. Ekki er fyllilega ljóst hvenær tekst að ljúka næsta áfanga í störfum nefndarinnar, en vinna við kynferðisbrotahlutann er nokkuð á veg komin og grunnur hefur verið lagður að rannsókn fíkniefnabrotanna.

2. *Hvenær má vænta niðurstaðna úr rannsókninni?*

Með vísan til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar má vænta áfangaskýrslu með niðurstöðum um ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, fyrir árslok 2001. Sem áður segir er ekki fyllilega ljóst hvenær tekst að ljúka næsta áfanga í störfum nefndarinnar, en vinna við kynferðisbrotahlutann er nokkuð á veg komin og grunnur hefur verið lagður að rannsókn fíkniefnabrotanna.

3. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til rannsóknarinnar og hvernig skiptast þeir milli einstakra þátta hennar?*

Sérstakar fjárveitingar fengust á fjárlögum til að standa undir kostnaði af rannsókninni þar sem ljóst var að hún yrði bæði tímafrek og vandasöm og ráða þyrfti sérstaka starfsmenn til að sinna ákveðnum þáttum í henni. Til rannsóknarinnar voru veittar 2,4 millj. kr. á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 alls 7,2 millj. kr. Formaður nefndarinnar, Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, var í leyfi frá dómarastörfum frá 15. janúar til 30 júní 2001 til að vinna að rannsókninni, en á þeim tíma fór stærsti hluti rannsóknarvinnunnar fram. Miðað var við að formaðurinn mundi ekki missa neins í launum. Formaðurinn hélt þó áfram störfum sínum sem formaður dómstólaráðs. Dómari var settur í hans stað við Héraðsdóm Reykjavíkur og hefur dómstólaráð nú óskað eftir millifærslu sem nemur rúmlega 3 millj. kr. vegna launa hans í 5 ½ mánuð. Aðrir stórir kostnaðarþættir eru laun laganema á árinu 1999, kostnaður við gerð gagnagrunnsforrits og verklaun Hildigunnar Ólafsdóttur. Það skal tekið fram að formaðurinn mun ekki áskilja sér nein laun fyrir störf að rannsókninni fram til áramóta. Ekki er nein fjárveiting til þessa verkefnis á fjárlögum þessa árs né næsta árs en inneign frá fyrri árum að frátöldum útgjöldum á þessu ári er 5.814 þús. kr. Því hefur verið varið um 1,4 millj. kr. til rannsóknarinnar undanfarin þrjú ár, en sem áður segir verða 3 millj. kr. greiddar fyrir störf við rannsóknina síðar í þessum mánuði. Heildarkostnaður sem stofnast hefur vegna rannsóknarinnar nemur samkvæmt þessu samtals 4,4 millj. kr. og eru eftir fjárveitingar til að standa undir kostnaði við að ljúka rannsókninni.

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir skiptingu útgjalda af fjárlagaliðnum.

06-190-1.73 Rannsókn á viðurlögum við afbrotum.

Teg.		1998	1999	2000	2001
5111	Grunnstörf		454.078		
5112	Grunnstörf		19.189		
5149	Aðrar aukagreiðslur			463	
5181	Launatengd gjöld		77.907	29	
5441	Lögfræðingar	149.400	-29.400	126.000	
5444	Sálfræðingar o.fl.			186.750	186.750
54491	Önnur sérfræðistörf				162.000
5452	Hugbúnaðargerð		53.600		
	Samtals	**149.400**	**575.374**	**313.242**	**348.750**
	Samtals, öll árin				*1.386.766*

4. *Hverjir starfa við þessa rannsókn nú og hver er áætlaður heildarkostnaður við störf þeirra?*

Nefndina skipuðu upphaflega Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari, formaður, Hallgrímur Ásgeirsson lögfræðingur, Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur, Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari og Þorsteinn A. Jónsson, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar. Hall-

grímur hvarf til starfa erlendis á árinu 1998 og tók ekki þátt í störfum nefndarinnar. Nefndarmenn hafa allir komið nokkuð að rannsóknarstörfum. Þau Sigurður T. Magnússon og Hildigunnur Ólafsdóttir hafa þó borið hitann og þungann af rannsókninni og starfa þau að henni nú ásamt öðrum störfum sínum. Að öðru leyti er vísað til svars við 3. lið varðandi einstaka kostnaðarþætti.

5. *Er forgangsröðun á brotaflokkum í rannsókninni og ef svo er, hver er hún?*

Ekki var forgangsraðað í grunnvinnunni, en þegar í ljós kom hversu viðamikið verkefnið yrði ákvað nefndin að skila áfangaskýrslu um þá brotaflokka sem minnst hefur verið fjallað um, þ.e. líkamsárásarbrot. Áfangaskýrslan mun því eingöngu fjalla um refsingar fyrir manndráp, tilraun til manndráps, rán, líkamsárásir skv. 1. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og minni líkamsárásir skv. 217. gr. Talsverð vinna hefur þó verið lögð í aðra brotaflokka sem mun skila sér í næsta áfanga rannsóknarinnar.

258. Fyrirspurn [231. mál]

til heilbrigðisráðherra um setningu reglugerðar skv. 18. gr. a læknalaga.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

Hvað líður setningu reglugerðar um viðbrögð og rannsókn mála þegar meðferð heilbrigðisstarfsmanns hefur óvæntan skaða í för með sér, sbr. 18. gr. a læknalaga, nr. 53/1988?

259. Tillaga til þingsályktunar [232. mál]

um bann við flutningi jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að grípa til ráðstafana sem banna flutning jarðefnaeldsneytis eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að dómsmálaráðherra grípi til þeirra ráðstafana sem banni að jarðefnaeldsneyti verði flutt eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi.

Vatnsból Suðurnesjamanna eru afar viðkvæm fyrir mengun á landi. Veldur þar mestu jarðfræði svæðisins en vatnsverndarsvæði Suðurnesja eru á hraunbelti. Slíkt jarðlag er gljúpt og hleypir vökva léttilega í gegn. Á árinu 1998 voru farnar 3.359 ferðir um Reykjanesbraut með olíu og flugvélabensín, samtals 136.780 tonn, og hafði þá ferðum fjölgað um 1000 frá árinu 1995, eða 46.000 tonn. Í ljósi spár um vaxandi straum ferðamanna til landsins má ætla að þessi aukning muni halda áfram.

Allur flutningur olíu á fiskiskipaflota Grindvíkinga fer um Reykjanesbraut og Grindavíkurveg. Þar er ekið nánast ofan á meginvatnsbóli Suðurnesja og í örskotsfjarlægð frá vatns-

bólum Vogamanna. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja metur það svo að yrði óhapp á fullhlöðnum olíuflutningabíl á umræddu svæði mundi það eyðileggja vatnsból Suðurnesja í áratugi. Þar með skapaðist neyðarástand á heimilum og í atvinnulífi svæðisins. Flutningsmenn telja að hagsmunir séu svo miklir að enga áhættu megi taka í þessum efnum og beina þess vegna þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að gripið verði strax til aðgerða sem banni flutning á olíu og bensíni eftir fyrrgreindum vegum.

Til viðbótar þeirri hættu sem vatnsbólum Suðurnesja stafar af olíuflutningunum má benda á gífurlegt slit á vegum sem þungaflutningar af þessum toga valda. Bent hefur verið á að einn fullhlaðinn olíubíll slíti vegum á við nokkrar þúsundir fólksbifreiða. Kostnaður vegna þessa er hár og greiðist af almannafé. Þá eru ónefnd óþægindi og hættur sem mikið slit og rásir á vegum valda í umferð.

Nú er um það bil að ljúka miklum hafnarframkvæmdum í Grindavíkurhöfn þar sem innsiglingin verður mun léttari og hættuminni. Þá benda flutningsmenn á góða aðstöðu sem er fyrir olíugeyma í Helguvík. Þess vegna hlýtur að vera skynsamlegt með hliðsjón af almannahagsmunum og öryggi að beina umræddum eldsneytisflutningum sjóleiðina til Helguvíkur og Grindavíkur. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að dómsmálaráðherra beiti sér fyrir slíkum aðgerðum.

Kunni reglur um jöfnunarsjóð olíuflutninga að vera hindrun fyrir slíkum breytingum væri ekki óeðlilegt að breyta þeim þannig að jöfnunargjaldið verði greitt út þótt dreifing út á land eigi sér stað sjóleiðis.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 20. október 2001 var samþykkt áskorun til stjórnvalda um bann við flutningum olíu og bensíns eftir Reykjanesbraut og Grindavíkurvegi. Þingsályktunartillaga þessi er í samræmi við þá samþykkt.

260. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]

um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásta Möller, Hjálmar Árnason,
Þuríður Backman, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd er hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um uppbyggingu á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar og þátttöku ríkisins í stofnkostnaði og rekstri meðferðarstofnana. Jafnframt verði gert árangursmat á meðferðarstofnunum og meðferðarleiðum til þess að tryggja sjúklingum sem mestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.

Greinargerð.

Allir þekkja dæmi um neikvæðar afleiðingar af neyslu áfengis og vímuefna. Til þess að bregðast við hefur hið opinbera byggt upp margs konar úrræði á sviði áfengis- og vímuefnameðferðar. Mikilvægt er að vel takist til á þessu sviði svo að unnt sé að ýta burtu þeirri vá sem ofneysla vímuefna er allt of víða. Til þess að sem best megi takast til er brýnt að standa vel að verki og ganga skipulega til verks. Þannig er helst hægt að ná árangri í glímunni við neikvæðar afleiðingar vímu og áfengisneyslu. Hér er líka um umtalsvert fjárhagslegt atriði að ræða. Framlög ríkissjóðs til meðferðarstofnana hvers konar voru um 713 millj. kr. í fyrra.

Við þetta bætast sértekjur sem hafa verið nokkuð mismunandi frá ári til árs og námu um 32 millj. kr. árið 2000. Enn fremur er ljóst að mikið sjálboðaliðsstarf er unnið á þessu sviði og er mikilvægt að það sé virkjað áfram. Þetta á ekki síst við um meðferðar-, áfanga- og gistiheimilin sem mörg hver eru rekin af áhugahreyfingum og trúarhreyfingum.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er einkanlega að stuðla að markvissara starfi til þess að sem mestur árangur náist og tryggja að sem best sé farið með fjármagn sem til þessa málaflokks er varið.

Fjölþætt starfsemi.

Til þess að varpa ljósi á stöðu þessara mála hér á landi var á síðasta þingi lögð fram beiðni til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skýrslu um meðferðarstofnanir. Skýrsla þessi er stórfróðlegt yfirlit um umfang þessarar starfsemi, einstakar stofnanir, fjölda þeirra, rekstrargjöld og hvernig meðferð þær bjóða upp á. Í skýrslunni segir meðal annars:

„Ljóst er að stofnanirnar eru mjög mismunandi, allt frá áratugagömlum geðdeildum ríkisspítala til nýopnaðra vistheimila á vegum áhugasamtaka. Sumar stofnanirnar teljast til heilbrigðisstofnana, aðrar ekki.

Aukinn fíkniefnavandi einkennir starfsemina alla og þótt þungi áfengismeðferðar sé mikill hefur hlutfall annarra fíkniefna aukist mjög.

Vandi vímuefnaneytenda er margvíslegur, bæði líkamlegur, andlegur og félagslegur. Mismunandi úrræði henta hverjum og einum og því eru úrlausnir bæði á sviði heilbrigðis-, tryggginga- og félagsmálayfirvalda.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að sporna við þessari þróun með margvíslegum hætti. Skal þar sérstaklega bent á aukna áherslu á forvarnir, einkum meðal barna og ungmenna, stefnumótun í málefnum langveikra barna, stefnumótun í málefnum geðsjúkra og sérstaka vinnu að málefnum geðsjúkra barna, en börn og unglingar með geðræn vandamál eru einna líklegust til að lenda í glímu við áfengis- og vímuefnavanda síðar á lífsleiðinni. Þá hefur meðferðarúrræðum verið fjölgað, svo sem með nýrri unglingadeild á Vogi, komið upp bráðamóttöku á vegum barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, Barnaverndarstofu og SÁÁ, auk þess sem komið hefur verið á virku samráði þessara aðila, sérstaklega að því er varðar vandamál barna og unglinga. Þá hefur Forvarnasjóður styrkt ýmis forvarna- og meðferðarverkefni, einkum nýjungar og tilraunaverkefni á því sviði.

Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um árangur meðferðar. Ljóst er að auka þarf áherslu á árangursmat hinna ýmsu meðferðarstofnana og meðferðarleiða til að tryggja sjúklingum sem bestan árangur og sem besta nýtingu fjárveitinga til málaflokksins.“

Meðferðarúrræðum hefur fjölgað mjög á síðustu árum og áratugum, jafnframt því sem þau hafa orðið fjölþættari. Hér áður fyrr var algengt að fólk leitaði sér aðstoðar á meðferðarstofnunum erlendis. Nú er það nær aflagt. Samkvæmt skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fór enginn á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, TR, í vímuefnameðferð erlendis á árunum 1995, 1997, 1998 og 1999, en einn árið 1996. Þá mun einn hafa farið á kostnað TR í fyrra.

Yfirlit yfir stofnanir.

Athygli vekur hversu margar meðferðarstofnanir eru til. Hér verður veitt örstutt yfirlit yfir þessar stofnanir, sem byggt er á skýrslunni um meðferðarstofnanir og fyrr er getið um:

Á vegum Landspítalans – háskólasjúkrahúss er um margþætta starfsemi að ræða. Starfræktar eru göngu-, meðferðar- og dagdeildir á vegum sjúkrahússins.

SÁÁ sem starfað hefur síðan 1977 rekur ýmsa sjúkra- og þjónustustarfsemi fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Í skýrslunni kemur fram að um sé að ræða eftirtalda starfsemi og staði: Vogur, Vík, Staðarfell, göngudeild í Reykjavík, sambýli í Reykjavík, göngudeild á Akureyri, áfangahúsið Fjólan á Akureyri og unglingadeildir.

Samhjálp hvítasunnumanna rekur Hlaðgerðarkot í Mosfellsdal og rekur fjölþætta starfsemi að Hverfisgötu 42 í Reykjavík þar sem meðal annars er stoðbýli, göngudeild, kaffistofa, súpueldhús, félagsmiðstöð og hjálparstarf fyrir konur.

Krýsuvíkursamtökin hafa starfað frá árinu 1986 og loks má nefna Víðines.

Ef meðferðarstofnanir eru sérstaklega skoðaðar eru þær samkvæmt yfirliti skýrslunnar Árvellir á Kjalarnesi sem Götusmiðjan rekur, Byrgið sem er rekið af kristilegum samtökum og Krossgötur sem trúfélagið Krossinn stofnaði.

Áfangaheimili sem veita stuðning og ráðgjöf eru Takmarkið, stoðbýli Samhjálpar, Fjólan á Akureyri, Dyngjan sem er áfangaheimili fyrir konur, SÁÁ við Eskihlíð og Miklubraut, Risið í Reykjavík og áfangaheimilið Vernd.

Loks er að nefna gistiheimilin sem fyrst og fremst bjóða upp á athvarf og húsaskjól. Þar er um að ræða Gistiskýli Reykjavíkurborgar og sjálfseignarstofnunina Þrepið.

Barnaverndarstofa er með rekstrarsamning við þrjár einkareknar meðferðarstofnanir sem allar sérhæfa sig í vímuefnavandamálum. Þær eru Árvellir á Kjalarnesi, Laugaland í Eyjafirði og Meðferðarheimilið á Jökuldal. Að auki rekur Barnaverndarstofa eftirtalin heimili þar sem einnig eru til meðferðar unglingar sem eiga við vímuefnavanda að etja: Hvítárbakki í Borgarfirði, Háholt í Skagafirði, Árbót/Berg í Aðaldal í Þingeyjarsýslu, Geldingalækur á Rangárvöllum, Torfastaðir í Biskupstungum.

Stöðugildi þessara stofnana og heimila eru alls 279 á alls um 30 stofnunum, heimilum og deildum. Fram kemur í skýrslunni að þeir sem að áfengis- og vímuefnameðferð starfi vinni samkvæmt mismunandi áherslum. Engu að síður segir þar að um verulega skörun sé að ræða.

Umtalsverður kostnaður.

Kostnaður vegna reksturs hefur vaxið árlega með vaxandi umfangi. Séu rekstrarútgjöld stofnana, fjárveitingar og sértekjur settar á 100 árið 1993 er ljóst að þau hafa aukist um rösk 44% til ársins 2000. Hér er um raunhækkun að ræða.

Í skýrslunni kemur fram að ekki séu tiltækar upplýsingar um heildarfjárfestingu vegna þessara stofnana. Vekur það athygli í ljósi þess að framlög ríkisins standa a.m.k. að nokkru undir fjárfestingunni. Einnig er ástæða til þess að vekja athygli á því sem þar segir að ekki hafi tekist að safna upplýsingum frá stofnunum sem eru utan fjárlaga en njóta meðal annars fjárhagslegs stuðnings frá sveitarfélögum og úr Forvarnasjóði.

Í meðfylgjandi töflu úr skýrslunni er ljósi varpað á heildarkostnað vegna meðferðarstofnana á árunum 1993–2000. Kemur þar fram að kostnaður hefur vaxið árlega og var um 740 millj. kr. í fyrra. Hafði kostnaðurinn þá vaxið um 156 millj. kr. á föstu verðlagi á þessu árabili.

Heildarkostnaður meðferðarstofnana 1993–2000 í þús. kr.

Ár	Landspítali	SÁÁ	Hlaðgerðarkot	Krýsuvík	Samtals
1993	183.693	297.027	73.018	32.209	585.947
1994	191.276	328.610	55.662	43.331	618.880
1995	187.637	328.769	59.922	44.169	620.497
1996	201.122	342.310	52.062	40.488	635.982
1997	202.310	358.576	54.166	27.024	642.076
1998	210.424	347.172	54.275	30.150	642.021
1999	220.583	374.642	51.681	37.208	684.113
2000	227.019	461.308	53.700	0	742.027

Taflan sýnir heildarkostnað meðferðarstofnana án sértekna, þ.e. samanlagðan launakostnað og annan kostnað.

Hver er árangurinn?

Í skýrslunni er farið nokkrum orðum um árangurinn af meðferð á hinum ýmsu meðferðarstofnunum. Er þar meðal annars vitnað til rannsóknar dr. med. Kristins Tómassonar á árangri meðferðar sjúklinga sem höfðu verið á deildum Landspítalans og á Vogi. Þar kom meðal annars í ljós að 16% sjúklinga héldu bindindi í 28 mánuði. Þá segir í skýrslunni:

„Ekki liggja fyrir aðrar nýlegar marktækar rannsóknir á árangri meðferðar á öðrum stofnunum.

Sum meðferðarheimilin leggja mikla áherslu á að vistin sem slík sé árangur í sjálfu sér, þar eð einstaklingurinn njóti þar skjóls, góðs mataræðis og umönnunar í stað þess að vera á vergangi, einangraður, húsnæðislaus og jafnvel í afbrotum.

Telja verður að aukna áherslu þurfi að leggja á árangursmat ýmissa meðferðarstofnana og meðferðarleiða svo að nýting fjármagns verði sem best og sem flestum einstaklingum til hagsbóta. Einnig er ljóst að stefna þarf áfram að því að bæta árangur meðferðar við ávana- og vímuefnanotkun.“

Undir þetta er sjálfsagt að taka og því er lagt til í síðari efnisþætti þingsályktunartillögunnar að gert verði árangursmat á meðferðarstofnunum.

Fylgiskjal.

Stöðugildi á einstökum stofnunum.
(Úr skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstofnanir, samkvæmt beiðni, þskj. 1255, 28. mál 126. löggjafarþings.)

Stofnun	Stöðugildi 31/12 1999	Samtals
Landspítali samtals		**67**
Sameiginleg deild	20	
Legudeild 33A	23	
Göngudeild 32E	5	
Dag- og legudeild, Flókagötu	8	
Gunnarsholt	11	
Hlaðgerðarkot		**11**
SÁÁ samtals		**85**
Vogur	50	
Vík	8	
Staðarfell	8	
Göngudeild, Reykjavík	13	
Göngudeild, Akureyri	6	
Krýsuvík		**9**
Ýmis áfanga- og meðferðarheimili		**23**
Byrgið	3	
Krossgötur	5	
Dyngjan, Snekkjuvogi	1	
Takmarkið	1	
Stoðbýli Samhjálpar	1	
Súpueldhús Samhjálpar	3	
Risið	2	
Vernd	2	
Gistiskýli Reykjavíkurborgar	4	
Þrepið	1	
Meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu		**84**
Stuðlar	25	
Árvellir	12	
Varpholt (nú Laugaland)	4	
Meðferðarheimilið Jökuldal	5	
Hvítárbakki	6	
Háholt	12	
Árbót/Berg	12	
Geldingalækur	4	
Torfastaðir	4	

Heimild: Upplýsingar frá viðkomandi rekstraraðilum. Þó er óvissa um stöðugildi hjá ýmsum áfanga- og meðferðarheimilum, m.a. vegna sjálfboðavinnu.

261. Frumvarp til laga [234. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Félagsgjöld sem launþegi hefur greitt til stéttarfélags samkvæmt kjarasamningi eða samþykkt stéttarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá skatti.

Yfirskattanefnd hefur markað þá stefnu að félagsgjöld sem fyrirtæki greiða til samtaka atvinnurekenda megi draga frá tekjuskattsstofni. Félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga sinna hafa hins vegar ekki verið frádráttarbær frá skatti fram að þessu. Flutningsmenn telja engin rök fyrir því misræmi. Það felur í sér ranglæti, jafnt gegn launamönnum sem verkalýðshreyfingunni, og stenst varla jafnræðisreglu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú mismunun sem í þessu felst verði afnumin.

262. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um aðgerðir til að verja vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Flm.: Kristján Pálsson, Árni R. Árnason.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera þær ráðstafanir við Grindavíkurveg að vatnsbólum Suðurnesjamanna stafi ekki hætta af olíuflutningum eftir veginum.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja nauðsynlegt að umhverfisyfirvöld geri nauðsynlegar ráðstafanir til að verja vatnsból Suðurnesjamanna fyrir hættu af mengunarslysum vegna olíuflutninga um svæðið. Um er að ræða vatnsbólssvæði að Lágum við Grindavíkurveg. Þetta eru vatnsból allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum, þ.e. Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs og Voga, auk varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Íbúar sveitarfélaganna eru um 21.000, en þar er einnig mikil atvinnustarfsemi.

Á 5 km kafla þar sem Grindavíkurvegur liggur yfir vatnsból Suðurnesjamanna þarf ekki nema eitt slys svo að vatnsból spillist. Vatnsbólið er undir hrauni og liggur Grindavíkurvegurinn þar yfir en hraunið er mjög lekt. Það er því talið ómögulegt ef olíuslys verður á þessum kafla að ná olíunni upp aftur því hún á greiða leið niður í gegnum hraunið í neysluvatnið á

nokkrum mínútum. Ráðstafanir sem að gagni geta komið eru að útbúa sandföng og manir eða skipta um jarðveg þar sem vegurinn liggur yfir vatnsbólinu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur með bréfi 9. mars sl. farið þess á leit við Vegagerðina að komið verði upp viðvörunarskiltum á nokkrum stöðum við Grindavíkurveg, Reykjanesbraut og við Vogaafleggjara er gefi til kynna að um vatnsverndarsvæði sé að ræða og vegfarendur beðnir að sýna aðgát. Einnig er farið fram á að skiltin verði merkt heilbrigðiseftirliti Suðurnesja til að tryggja að þeim verði gert viðvart ef mengunarslys verður.

263. Frumvarp til laga [236. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, 9. tölul., er orðast svo: Framlög sem greidd eru til launþega úr kjaradeilusjóði verkalýðsfélags meðan á kjaradeilu stendur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hefur nokkuð borið á því að einstaklingar sem fengið hafa framlög úr kjaradeilusjóðum leituðu réttar síns fyrir dómstólum vegna meintrar tvísköttunar þeirra. Ljóst er að framlög launþega í kjaradeilusjóði eru hluti af félagsgjöldum viðkomandi og eru meðhöndluð sem laun og skattlögð samkvæmt því. Þegar launþegi fær framlag úr kjaradeilusjóði sem hann hefur áður greitt í af launum sínum er það framlag skattlagt eins og launatekjur og er það því tvískattað.

Flutningsmenn telja þetta mikið óréttlæti og leggja til að lögum um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt á þann veg að framlög til launþega verði undanþegin skattlagningu. Breyting var gerð á skattlagningu framlaga í lífeyrissjóð til að koma í veg fyrir tvísköttun lífeyrisgreiðslna og virðist eðlilegt að líta á framlög úr kjaradeilusjóðnum á sama hátt.

Til viðbótar þá setti fjármálaráðuneytið í ágúst sl. reglugerð þar sem framlög úr kjaradeilusjóðum eru ekki lengur undanþegin staðgreiðslu þannig að þau framlög sem t.d. tónlistarkennarar fá væntanlega á þessu hausti úr þeim sjóði sem þeir sjálfir hafa safnað í verða staðgreiðsluskyld. Þetta upplifa þeir sem við þetta búa sem hámark óréttlætisins og er mjög brýnt að stjórnvöld athugi sinn gang í þessu máli því hér er að mati flutningsmanna tvímælalaust um tvísköttun að ræða.

264. Fyrirspurn [237. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu háar fjárhæðir er áætlað að fari í tengingu þriggja fasa rafmagns á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins á þessu ári, greint eftir umdæmi Rariks, og hver er áætluð fjárveiting næsta árs og hvar verður framkvæmt?
2. Hvaða landshlutar, sveitarfélög eða svæði, eru enn án þriggja fasa rafmagns?
3. Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns á landinu og hvenær er áætlað að ljúka því verki?

Skriflegt svar óskast.

265. Fyrirspurn [238. mál]

til menntamálaráðherra um útsendingar Ríkisútvarpsins um gervitungl.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hvað líður athugunum á að útsendingar Ríkisútvarpsins, hljóðvarps- og sjónvarpssendingar, skuli einnig fara um gervitungl þannig að mætt verði þörfum sjómanna á fjarlægum miðum, Íslendingum erlendis og þeim sem búa við léleg móttökuskilyrði hér á landi, sbr. ummæli menntamálaráðherra á Alþingi 3. mars 1999 um að það sé miðlunarleið sem skoða beri af mikilli alvöru?

266. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Fjeldsted, Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2002.

Greinargerð.

Þegar gerður er samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna þeirra á Norðurlöndum kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr. Þannig hafa foreldrar íslenskra barna nánast engan rétt samanborið við rétt foreldra annars staðar á Norðurlöndum. Eftirfarandi er yfirlit frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna yfir bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum (sbr. fylgiskjal II):

Ísland:	Sjö veikindadagar eru að hámarki greiddir á ári fyrir börn undir 13 ára aldri, án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra.
Svíþjóð:	90% launa eru greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára.
Finnland:	Greidd eru 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur.
Noregur:	Allt að 780 veikindadagar. Þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára, auk 10,2% orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári.
Danmörk:	Greidd er launauppbót (90% launa) til annars foreldris á meðan meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Endurgreiðsla nauðsynlegs kostnaðarauka vegna umönnunar barna 0–18 ára. Sérstök uppbót er til atvinnulausra. Orlofsstyrkur.

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður geti ráðstafað allt að sjö dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess er í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga í fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna. Hið opinbera veitir enga fjárstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns þegar það veikist alvarlega en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna. Umönnunarbætur eru nú greiddar foreldrum 2.000 barna, þar af eru um 500 langveik börn.

Benda má á að þegar meðferð barns, t.d. með krabbamein, lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins er litið á þetta tímabil sem létta umönnun og því eru greiðslur lágar. Við þessar aðstæður verður hvað mest þörf á bótum vegna tekjutaps.

Í kjarasamningi ASÍ/VSÍ og VMS er svohljóðandi ákvæði: „Foreldri skal eftir fyrsta starfsmánuð heimilt að verja samtals sjö vinnudögum á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, verði annarri umönnun ekki komið við, og halda dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við. Réttur samkvæmt þessari grein tekur til greiðslu launa vegna veikinda barna, þar með talið fósturbarna.“ Hér á landi er rétturinn bundinn við launamanninn og er sá sami hvort sem hann á eitt, fimm eða tíu börn og hvort sem hann er einstætt foreldri eða í hjúskap.

Þennan rétt er ekki hægt að flytja milli ára, t.d. ef barn hefur ekki verið veikt í tvö ár en er svo veikt í 14 daga í einu. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri og rétturinn til sjö daga á ári tekur til allra barna foreldranna. Annars staðar á Norðurlöndum nær hann ýmist til 16 eða 18 ára aldurs og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð.

Skilyrði hér á landi fyrir veikindagreiðslum frá atvinnurekendum vegna veikinda barna er að annarri umönnun verði ekki komið við, þannig að báðir foreldrar geti ekki verið heima yfir barni á sama tíma.

Í reglugerðum sumra sjúkrasjóða stéttarfélaganna hér á landi er að finna ákvæði um dagpeningagreiðslur eða greiðslur styrkja vegna langvarandi veikinda barna sjóðfélaga. Reglurnar geta verið breytilegar frá einum sjóði til annars. Einnig má benda á að opinberir starfsmenn eða bankamenn eiga ekki sjúkrasjóði og hafa því ekki möguleika á stuðningi umfram þá sjö daga sem kjarasamningar heimila.

Annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Ljóst er að hér er slíkur stuðningur enginn, ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Kjarasamningar veita líka óverulegan rétt borið saman við kjarasamninga annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn á rétti til fráveru vegna veikinda barna hér á landi og þar er svo sláandi að nauðsynlegt er að kryfja þetta mál til mergjar og leita leiða til að tryggja betur réttindi barna í veikindum til að njóta umönnunar foreldra sinna.

Í lokin er rétt að benda á að tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof, hlýtur einnig að koma til skoðunar í þessu sambandi. Tilskipunin er gerð með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnu EB. Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnan rétt karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að „jafnframt þurfi að gera ráðstafanir sem gera körlum og konum kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og í einkalífi". Þannig hefur framkvæmdastjórnin með vísan til samningsins um félagsmálastefnuna haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hvert skuli stefnt með aðgerðum sem miða að því að samræma atvinnuþátttöku og heimilislíf. Niðurstaðan er sú að gerðar verða lágmarkskröfur um foreldraorlof og tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins kveði nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs þannig að unnt verði að taka mið af aðstæðum, þar með talið fjölskyldustefnu, í hverju aðildarríki um sig, einkum að því er varðar skilyrði fyrir því að veita foreldraorlof og að neyta réttar til foreldraorlofs. Um er að ræða rammasamning þar sem settar eru fram lágmarkskröfur og ákvæði um foreldraorlof, óháð mæðraorlofi, og um leyfi frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum.

Tilskipunin lýtur í meginatriðum að rétti foreldra til foreldraorlofs en samkvæmt rammasamningum er tímabundið leyfi frá starfi af óviðráðanlegum ástæðum skýrt þannig: „Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá störfum, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða réttarvenjur, þegar um óviðráðanlegar fjölskylduástæður er að ræða, svo sem þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum, og launþegi verður að hverfa tafarlaust af vettvangi." Þannig tekur þetta ákvæði tilskipunarinnar til fjölskylduábyrgðar á öllum sviðum, t.d. veikinda barna, og á að tryggja að börn geti í veikindum notið umönnunar foreldra sinna. Tilskipunin felur í sér sjálfstæðan rétt foreldris til töku orlofs/foreldraorlofs í þrjá mánuði vegna hvers barns, til átta ára aldurs barnsins. Enn fremur kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 3. júní 1998 eða fullvissa sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag lögfest þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef á þarf að halda vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Á þessa tilskipun er bent vegna þess að hún hlýtur að koma sérstaklega til skoðunar hér á landi, bæði í tengslum við fyrirkomulag foreldraorlofs, við rétt barna til umönnunar foreldra sinna í veikindum og rétt foreldra til leyfis frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort útgjöld vegna aukins réttar foreldra í veikindum barna lendi á ríkissjóði eða atvinnurekendum en annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera kostnaðinn.

Í því sambandi er þó rétt að fram komi að útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna þeirra eru miklu lægri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta kemur fram í samantekt sem Kristinn Karlsson hjá Hagstofu Íslands hefur gert að beiðni fyrsta flutningsmanns tillögunnar (sjá fylgiskjal I).

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 122., 123., 125. og 126. löggjafarþingi, ýmist af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar eða með öðrum úr stjórnarandstöðu. Nú þegar það er flutt í fimmta sinn flytja það þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum og er það til marks um breiða samstöðu um þetta brýna réttlætismál.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hagstofa Íslands, Kristinn Karlsson: Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Íslandi. Fjölskyldur og börn. Stutt samantekt og samanburður milli Norðurlandanna. (Tekið saman að beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur, október 1999.)

II. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum.

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 694 (431. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 2948–2954.

267. Svar [69. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útgjöld heimila til lyfja- og læknisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur hlutur heimilanna verið í heildarlyfjakostnaði annars vegar og heildarkostnaði við læknisþjónustu hins vegar frá árinu 1995? Óskað er eftir að fram komi árlegar breytingar á sambærilegu verðlagi í milljónum króna.*
2. *Hvaða breytingar hafa orðið árlega sl. fimm ár á hlut sjúklinga í greiðslum fyrir:*
   a. sérfræðilæknisþjónustu,
   b. heilsugæsluþjónustu,
   c. röntgen- og rannsóknarþjónustu,
   d. lyf?
   Óskað er eftir að fram komi annars vegar hlutur sjúklinga af árlegum heildarkostnaði og hins vegar hlutur sjúklinga með og án sérstaks afsláttar. Fram komi hlutfallslegar breytingar á heildarkostnaði milli ára og einnig samanburður á kostnaði á sambærilegu verðlagi.
3. *Hve háar hafa endurgreiðslur vegna lyfjakostnaðar verið árlega sl. fimm ár og hve margir hafa fengið endurgreiðslur?*

Upplýsingarnar leiða í ljós að hlutur sjúklinga sem hlutfall af árlegum heildarkostnaði hefur farið lækkandi á þessu tímabili. Jafnframt hefur heildarkostnaður við þessa þjónustu vaxið með hverju ári. Á það jafnt við um sérfræðilæknisþjónusu, heilsugæsluþjónustu og röntgen- og rannsóknarþjónustu.

Í meðfylgjandi töflum má sjá hvernig hlutur sjúklinga í greiðslum fyrir sérfræðilæknisþjónustu, heilsugæsluþjónustu og röntgen- og rannsóknarþjónustu hefur breyst síðastliðin fimm ár, annars vegar á verðlagi hvers árs og hins vegar á föstu verðlagi, og er þar miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lækniskostnaður.

Af tölunum er ljóst að hlutur sjúklinga í heildargreiðslum hefur í öllum tilvikum farið lækkandi. Á sama tíma og heildarkostnaðurinn við komu til sérfræðilækna hækkaði að meðaltali um tæplega 40% (árin 1997–2000) á föstu verðlagi lækkaði hlutur sjúklings um rúmlega fimm af hundraði. Hundraðshluti sjúklings í heildarkostnaði við komu til sérfræðilæknis var 44,1% árið 1997, en hafði lækkað í 29,9% á árinu 2000.

Það var yfirlýst stefna fyrrverandi heilbrigðisráðherra og er yfirlýst stefna núverandi ráðherra að þeir sem hyggist notfæra sér heilbrigðisþjónustuna séu hvattir til að leita fyrst til heilsugæslunnar, grunnþjónustunnar. Þess má og sjá stað í ákvörðun gjalds fyrir komur til heilsugæslulækna. Heildargreiðslur sjúklinga fyrir komur á heilsugæslustöðvar var 7,8% af heildarkostnaði við rekstur heilsugæslustöðva árið 2000, en var 13,6% á árinu 1995. Heildarkostnaður við rekstur heilsugæslustöðva er 2.310,1 millj. kr. árið 2000, en var 1.458,3 millj. kr. árið 1995 á verðlagi vísitölu neysluvöruverðs 2000.

Svipaða sögu er að segja um greiðslur fyrir röntgen og rannsóknir. Á tímabilinu 1997–2000 hækkaði heildarkostnaðurinn við þjónustuna um nítján af hundraði en hlutur sjúklings í greiðslum fyrir þjónustuna lækkaði bæði sem hlutfall af heildarkostnaði og á föstu verðlagi. Hann var 10,7% árið 1997, en var 8,8% á árinu 2000.

Upplýsingar varðandi sérfræðilæknis-, röntgen- og rannsóknarþjónustu eru byggðar á gögnum frá Tryggingastofnun ríkisins. Upplýsingar um hlut sjúlinga af árlegum heildarkostnaði eru til frá 1997. Ekki liggja fyrir upplýsingar um afslátt til aldraðra og öryrkja.

Upplýsingar um kostnað við heilsugæsluþjónustu eru fengnar úr ríkisreikningi hvers árs og gögnum frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær ná til heilsugæslustöðva sem ekki eru hluti af heilbrigðisstofnunum eða reynslusveitarfélögum og sjálfstætt starfandi heimilslækna.

Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu, heilsugæsluþjónustu og röntgen- og rannsóknarþjónustu. Verðlag hvers árs í millj. kr.

	1995	1996	Breyting %	1997	Breyting %	1998	Breyting %	1999	Breyting %	2000	Breyting %
Sérfræðilæknar											
Heildarkostnaður				1.185,8		1.381,6	16,5%	1.623,3	17,5%	1.825,6	12,5%
Hluti sjúklings				523,0		564,3	7,9%	540,4	-4,2%	545,7	1,0%
Hluti sjúklings, %				44,1%		40,8%		33,3%		29,9%	
Heilsugæsla											
Heildarkostnaður	1.268,6	1.298,3	2,3%	1.442,5	11,1%	1.750,0	21,3%	2.001,2	14,4%	2.310,1	15,4%
Hluti sjúklings	173,0	199,5	15,3%	187,7	-5,9%	189,5	1,0%	174,5	-7,9%	180,9	3,7%
Hluti sjúklings, %	13,6%	15,4%		13,0%		10,8%		8,7%		7,8%	
Röntgen/rannsókn											
Heildarkostnaður				516,2		540,7	4,7%	597,3	10,5%	678,5	13,6%
Hluti sjúklings				55,3		54,5	-1,4%	55,4	1,7%	60,0	8,3%
Hluti sjúklings, %				10,7%		10,1%		9,3%		8,8%	

Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu, heilsugæsluþjónustu og röntgen- og rannsóknarþjónustu. Fast verðlag í millj. kr. miðað við meðalvísitölu neysluverðs árið 2000.

	1995	1996	Breyting %	1997	Breyting %	1998	Breyting %	1999	Breyting %	2000	Breyting %
Sérfræðilæknar											
Heildarkostnaður				1.309,4		1.500,7	14,6%	1.704,6	13,6%	1.825,6	7,1%
Hluti sjúklings				577,5		612,9	6,1%	567,5	-7,4%	545,7	-3,8%
Hluti sjúklings, %				44,1%		40,8%		33,3%		29,9%	
Heilsugæsla											
Heildarkostnaður	1.458,3	1.459,6	0,1%	1.592,9	9,1%	1.900,8	19,3%	2.101,5	10,6%	2.310,1	9,9%
Hluti sjúklings	198,9	224,3	12,8%	207,3	-7,6%	205,8	-0,7%	1.74,5	-15,2%	180,9	3,7%
Hluti sjúklings, %	13,6%	15,4%		13,0%		10,8%		8,3%		7,8%	
Röntgen/rannsókn											
Heildarkostnaður				570,0		587,3	3,0%	627,2	6,8%	678,5	8,2%
Hluti sjúklings				61,1		59,2	-3,1%	58,2	-1,7%	60,0	3,1%
Hluti sjúklings, %				10,7%		10,1%		9,3%		8,8%	
Vísitala neysluverðs	*173,2*	*177,1*		*180,3*		*183,3*		*189,6*		*199,1*	

Lyfjakostnaður.

Um lyfjakostnað er það að segja að þær upplýsingar er fyrir liggja byggjast bæði á útgjöldum almannatrygginga í lyfjakostnaði og á verði seldra lyfja í heildsölu, sem framreiknað er til útsöluverðs samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda. Smásöluálagning lyfja er breyti-

leg. Hún er hæst á ódýrustu lyfjunum en lægst á þeim dýrustu. Tekið skal fram að til heildarlyfjasölu teljast bæði lausasölulyf og lyfseðilsskyld lyf.

Í meðfylgjandi töflu um greiningu lyfjakostnaðar 1995–2000 eru upplýsingar á verðlagi hvers ár og á föstu verðlagi um heildarlyfjasölu á útsöluverði með virðisaukaskatti. Í greiningunni kemur fram heildarlyfjasala (A), sem er lyfjamagn á ákveðnu hámarksverði með virðisaukaskatti, lyf til sjúkrastofnana (B), lyfsala í apótekum (C), sem er heildarlyfjasalan að frádreginni notkun á sjúkrastofnunum, greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði (D) og hluti sjúklings (E).

Varðandi hluta sjúklings eins og hann er fram settur í greiningunni er rétt að taka fram og undirstrika að hér er miðað við hluta sjúklings miðað við hámarksútsöluverð eins og verðið er ákveðið af lyfjaverðsnefnd. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hlut sjúklings sambærilegar við upplýsingarnar um greiðslur TR (D) svo að dæmi sér tekið. Þetta helgast af því að apótekin veita sjúklingum afslátt frá hlut sínum, afslátt sem getur verið afar mismunandi eftir fyrirtækjum og eftir því um hvaða lyf er að ræða. Almennt var ekki veittur afsláttur fyrr en apótekum fjölgaði á árunum 1996–97 og samkeppni jókst. Dæmi eru um meira en 50% afslátt af greiðsluhluta sjúklings, en slíkur afsláttur kemur eðli máls samkvæmt ekki fram í upplýsingum um greiðsluhluta sjúklings sem miðast alltaf við hámarksverð án afsláttar.

Af töflunum mætti ætla að hlutur sjúklinga af heildarlyfjakostnaði hefði hækkað úr 28,1% árið 1995 í 34,6% á árinu 2000 á föstu verðlagi, en svo er ekki vegna þess sem nefnt var hér að framan um veittan afslátt lyfsölufyrirtækjanna sem ekki er hægt að taka tilliti til í greiningu lyfjakostnaðar. Mælikvarðinn á það hvernig útgjöld heimilanna hafa breyst frá því að lyfsölulögum var breytt á árinu 1996 er að skoða þróun lyfjaverðsins til sjúklinga með því að skoða lyfjalið vísitölu neysluverðs, eins og Hagstofa Íslands mælir hana. Samkvæmt mælingu á lyfjalið vísitölu neysluverðs hafa útgjöld heimilanna lengst af verið 80–85% af því sem þau voru í mars 1997 (mars 1997 = 100, sjá meðfylgjandi yfirlit yfir mælingu Hagstofu Íslands).

Einu upplýsingarnar frá apótekum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur um greiðsluhlut sjúklinga eru fengnar með aðstoð reiknilíkans, sem byggist á rauntölum úr tveimur apótekum á tímabilinu janúar til október 1999. Í þessum tölum koma fram fram veittur afsláttur til sjúklinga á þessum tíma hjá þessum tveimur apótekum. Áreiðanleiki upplýsinganna takmarkast því í raun við apótekin tvö, sbr. það sem Tryggingastofnun ríkisins tekur fram í fyrirvara við tölurnar: „En lögð er áhersla á að þessi apótek eru langt frá því að vera dæmigerð fyrir veittan afslátt því þau veittu mun minni afslátt en tíðkaðist á þeim tíma m.v. apótekskeðjurnar.“ (Úr bréfi forstjóra TR dags. 15.10 2001). Samanburður á mælingu Hagstofunnar á „lyfjalið vísitölu neysluverðs“ og upplýsingum sem fengnar eru á grundvelli reiknilíkansins undirstrika fyrirvara TR og benda til að þær upplýsingar megi ekki nota sem hluta fyrir heild þegar metinn er greiðsluhlutur sjúklinga. Einu almennu vísbendingarnar sem lesa má úr töflunum er sá mikli munur sem er á greiðsluhlut almennings og elli- og örorkulífeyrisþega í lyfjaverðinu.

Breytingar á greiðsluþátttöku sjúklinga á árunum 1995–2000.

		1. jan. 1995	15. mar. 1996	1. jan. 1997	1. jan. 1998	1. jan. 1999	1. jan. 2000	15. jún. 2000
B – almennt	**Fyrstu**	500 kr.	600 kr.	800 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.200 kr.	1.550 kr.
	Hlutfall	12,5%	16,0%	24,0%	30,0%	40,0%	60,0%	65,0%
	Hámark	1.500 kr.	1.500 kr.	1.500 kr.	1.700 kr.	1.800 kr.	2.400 kr.	3.100 kr.
B – elli-/ör-	**Fyrstu**	150 kr.	200 kr.	250 kr.	300 kr.	350 kr.	400 kr.	550 kr.
orkulíf-	**Hlutfall**	5,0%	8,0%	12,0%	15,0%	20,0%	30,0%	50,0%
eyrisþegar	**Hámark**	400 kr.	400 kr.	400 kr.	500 kr.	600 kr.	800 kr.	950 kr.
E – almennt	**Fyrstu**	500 kr.	600 kr.	800 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.200 kr.	1.550 kr.
	Hlutfall	25,0%	30,0%	40%	60,0%	80,0%	80,0%	80,0%
	Hámark	3.000 kr.	3.000 kr.	3.000 kr.	3.300 kr.	3.500 kr.	3.800 kr.	4.500 kr.
E – elli-/ör-	**Fyrstu**	150 kr.	200 kr.	250 kr.	300 kr.	350 kr.	400 kr.	550 kr.
orkulíf-	**Hlutfall**	10,0%	12,5%	20,0%	30,0%	40,0%	50,0%	50,0%
eyrisþegar	**Hámark**	800 kr.	800 kr.	800 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.100 kr.	1.250 kr.

Greiðsluþátttaka sjúklings er þannig að hann greiðir fyrstu x krónurnar og síðan tiltekið hlutfall af smásöluverði lyfsins umfram x krónur, uns hámarki er náð. Fyrir lyf sem merkt eru 0 í lyfjaverðskám greiða sjúklingar fullt verð en fyrir lyf sem merkt eru * greiða sjúklingar ekkert.

Endurgreiðslur.

Endurgreiðslur vegna mikils læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar byggjast á reglum nr. 401/2000, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar. Var reglunum breytt 15. júní 2001 og þá var haft að leiðarljósi að koma frekar en gert var til móts við tekjulágar fjölskyldur sem bera umtalsverð útgjöld vegna læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar, en í reglunum er sérstaklega tekið tillit til fjölskyldustærðar og endurgreiðslurnar tengdar við fjölskyldutekjur. Hafði breytingin það meðal annars í för með sér að allur lyfjakostnaður vegna lyfseðilsskyldra lyfja barna innan 18 ára kemur til útreiknings við endurgreiðslu, en áður var miðað við sex ára börn í þessu sambandi.

Yfirlit um endurgreiðslur TR eru hér á eftir. Bent skal á að endurgreiðslurnar taka ekki aðeins til lyfjakostnaðar. Til skýringar á töflunni skal vitnað til skýringa TR: „Samkvæmt reglunum er litið á sameiginlegan kostnað og tekjur fjölskyldu og er því hér um að ræða fjölda fjölskyldna sem ýmist eru einn eða fleiri einstaklingar. Einnig getur hver fjölskylda/einstaklingur átt fjórar umsóknir fyrir hvert ár, þar sem tímabilin eru hver ársfjórðungur.“

Ár	Fjöldi umsókna sem fá endurgreitt	Kostnaður bak við endurgreiddar umsóknir	Endurgreitt
1996	531	10.309.962	3.485.135
1997	408	8.611.666	3.281.958
1998	447	9.228.366	3.716.802
1999	472	10.190.722	3.914.979
2000	536	11.140.570	4.732.716

Greining lyfjakostnaðar.

	Verðlag hvers árs	1995	1996	1997	1998	1999	2000
A	Heildarlyfjasala á hámarksverði með virðisaukaskatti*	6.212.000.000	6.720.000.000	7.214.000.000	8.263.000.000	9.180.000.000	10.437.000.000
B	Þar af lyf til sjúkrastofnana (20%)	1.242.400.000	1.344.000.000	1.442.800.000	1.652.600.000	1.836.000.000	2.087.400.000
C=A-B	Lyfjasala í apótekum (heildarlyfsala – lyf til sjúkrahúsa)	4.969.600.000	5.376.000.000	5.771.200.000	6.610.400.000	7.344.000.000	8.349.600.000
D	Greiðslur almannatrygginga fyrir lyf	3.226.000.000	3.544.000.000	3.669.000.000	3.989.000.000	4.708.000.000	4.734.000.000
E=C-D	Hlutur sjúklinga (lyfsala í apótekum – greiðslur trygginga)**	1.743.600.000	1.832.000.000	2.102.200.000	2.621.400.000	2.636.000.000	3.615.600.000
F=A/H	Heildarlyfjakostnaður á mann á ári (meðaltal)	23.196	24.913	26.516	30.018	32.938	36.900
G=E/H	Þar af hlutur sjúklings (meðaltal)	6.511	6.792	7.727	9.523	9.458	12.783
	Hlutur sjúklings af heildarkostnaði (%)	28,1	27,3	29,1	31,7	28,7	34,6
	Breyting á hlut sjúklings milli ára		4,3%	13,8%	23,2%	-0,7%	35,2%
H	Fjöldi landsmanna	267.809	269.735	272.064	275.264	278.702	282.849
	Vísitala neysluverðs (meðaltal árs)	**173,2**	**177,1**	**180,3**	**183,3**	**189,6**	**199,1**

Miðað við meðalvísitölu neysluverðs, sem var 199,1 stig fyrir árið 2000.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Heildarlyfjasala á hámarksverði með virðisaukaskatti*	7.140.930.716	7.554.782.609	7.966.208.541	8.975.249.864	9.639.968.354	10.437.000.000
Þar af lyf til sjúkrastofnana (20%)	1.428.186.143	1.510.956.522	1.593.241.708	1.795.049.973	1.927.993.671	2.087.400.000
Lyfjasala í apótekum (heildarlyfsala – lyf til sjúkrahúsa)	5.712.744.573	6.043.826.087	6.372.966.833	7.180.199.891	7.711.974.684	8.349.600.000
Greiðslur almannatrygginga fyrir lyf	3.708.409.931	3.984.248.447	4.051.569.052	4.332.841.789	4.943.896.624	4.734.000.000
Hlutur sjúklinga (lyfsala í apótekum – greiðslur trygginga)**	2.004.334.642	2.059.577.640	2.321.397.781	2.847.358.101	2.768.078.059	3.615.600.000
Heildarlyfjakostnaður á mann á ári (meðaltal)	26.664	28.008	29.281	32.606	34.589	36.900
Þar af hlutur sjúklings (meðaltal)	7.484	7.636	8.533	10.344	9.932	12.783
Hlutur sjúklings af heildarkostnaði (%)	28,1	27,3	29,1	31,7	28,7	34,6
Breyting á hlut sjúklings milli ára		2,0%	11,7%	21,2%	-4,0%	28,7%

* Selt magn frá heildsölum x hámarksverð einingar samkvæmt lyfjaverðskrá í árslok (sama verð einingar allt árið).

** Miðað við hámarksverð án afsláttar til notenda

Þróun lyfjaverðs til sjúklinga

(Lyfjaliður vísitölu neysluverðs)

	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1997			100,0	79,8	78,4	80,2	80,9	80,2	80,4	79,8	78,9	75,8
1998	81,6	82,2	81,5	80,5	74,2	76,6	77,9	80,0	79,7	80,0	79,6	78,2
1999	83,2	85,0	85,6	86,4	82,2	81,9	82,8	82,6	82,8	83,0	82,4	82,1
2000	85,2	85,4	86,5	84,7	83,3	83,6	82,0	82,4	81,7	82,4	81,7	81,3
2001	83,8	85,1	85,6	88,1	86,7	86,9	87,0	90,1	89,7	90,7		

Heimild: Hagstofa Íslands



268. Svar [97. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman og Steingríms J. Sigfússonar um biðlista í heilbrigðiskerfinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur fjöldi sjúklinga á biðlistum og lengd biðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu þróast sl. fimm ár til haustsins 2001? Svarið óskast sundurliðað eftir helstu tegundum aðgerða og þjónustuflokka, skipt niður á þær heilbrigðisstofnanir sem framkvæma viðkomandi aðgerðir eða veita viðkomandi þjónustu.*
2. *Hvernig hefur fjöldi sambærilegra aðgerða eða sjúklinga sem sambærilegrar þjónustu nutu hjá viðkomandi stofnun þróast á fyrrgreindu tímabili?*

Ráðuneytið fól landlækni að taka saman þær upplýsingar sem óskað er eftir. Meðfylgjandi eru upplýsingar um biðlista á tímabilinu frá maí 2000–maí 2001 en ekki liggja fyrir sambærilegar tölur fyrir árin þar á undan og samanburður því ekki mögulegur við eldri upplýsingar.

Frá árinu 1999 hafa verið í gildi tilmæli landlæknis um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum. Þar eru tilgreind og skilgreind þau atriði sem skrá skal í sjúklingabókhaldskerfi sjúkrahúsanna. Með þessari stöðlun skráningar er leitast við að auka áreiðanleika upplýsinga sem fást um starfsemi sjúkrahúsa. Þriðja útgáfa handbókar um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga tók gildi í apríl 2001 og með þeirri útgáfu er biðlistaskráning orðin hluti af lágmarksskráningunni.

Tölulegum upplýsingum um biðlista er safnað á vegum landlæknisembættisins þrisvar á ári, í janúar, maí og október. Nýjustu tölur sem liggja fyrir eru frá því í maí 2001 en skilafrestur fyrir október er ekki runninn út. Verða þau gögn ekki fullunnin fyrr en um miðjan nóvember næstkomandi.

Eftir vinnslu eru tölur um stöðu biðlista birtar á vef landlæknisembættisins. Þar er birtur fjöldi einstaklinga á biðlistum einstakra deilda tiltekinna sjúkrahúsa, ásamt meðalbiðtíma þeirra, sem talinn er í vikum. Frekari úrvinnsla gagnanna, t.d. skipting í aðgerðarflokka, krefst lengri úrvinnslutíma en fyrirspurnin leyfir.

Upplýsingar um fjölda aðgerða á sjúkrahúsum eru í vinnslu fyrir árin 1996–98 og munu þær væntanlega liggja fyrir undir lok árs.

	Maí 2000	Meðalbið, vikur	Okt. 2000	Meðalbið, vikur	Jan. 2001	Meðalbið, vikur	Maí 2001	Meðalbið, vikur
Almennar skurðdeildir								
FSA	66	46	74	42	55	48	62	17
FSN	61	25	46	39	52	39	34	26
Heilbr. Sauðárkróki	18	5*	44	15*	28	22*	21	10
Heilbr. Selfossi	96	15	140	28	132	33	99	53
Heilbr. Suðurnesja	43	16	68	18	49	18	81	16
Landspítali Hringbraut	339	60	382	70	385	81	457	82
Landspítali Fossvogi	36	22	41	34	115	88		
Sjúkrahús Akraness	77		96		43		67	
St. Jósefsspítali Hafnarf.	28	36	22	37	10	20	7	35
Alls	**764**		**913**		**869**		**828**	

* Allir sjúklingar á biðlista á stofnuninni.

	Maí 2000	Meðalbið, vikur	Okt. 2000	Meðalbið, vikur	Jan. 2001	Meðalbið, vikur	Maí 2001	Meðalbið, vikur
Augndeildir								
FSA	16	17	37	13	37	17	43	16
Landspítali Hringbraut	419	19	528	19	646	19	679	22
Alls	**435**		**565**		**683**		**722**	
Barnadeildir								
Barnadeild FSA	32	*	33	*	33	*	33	*
Barnadeild LHS Fossvogi		*		*	50	*	0	*
Háls, nef- og eyrnadeildir					145		0	
Barnaspítali Hringsins		*		*		*		*
Almennur biðlisti	23		24		39		32	
Augnlæknar	23		19		20		11	
Barnaskurðlæknar	157		160		156		143	
Hjartalæknar	6		11		6		10	
Lýtalæknar	25		29		20		31	
Tannlæknar	2		6		1		0	
Alls	**268**		**282**		**470**		**260**	
* Ekki er reiknaður út meðalbiðtími á barnadeildum þar sem aldur/þroski barna getur haft áhrif á hvenær viðkomandi getur farið í meðferð.								
Barna- og unglingageðdeild								
Landspítali – BUGL								
Án tilvísunar	22	Ekki vitað	33	Ekki vitað	12	Ekki vitað	12	Ekki vitað
Ofvirknisgreining	18		60		49		33	
Skimunarviðtal /könnunarviðtal	34		31		18		22	
Alls	**74**		**124**		**79**		**67**	
Bæklunarlækningadeildir								
FSA	44	12	81	15	76	16	57	14
Heilbr. Suðurnesja	10	8,5	19	8	16	13	17	19
Landspítali Hringbraut	290		339	32	369	35	329	37
Landspítali Fossvogi	358	79	399	65	445	63	322	59
Sjúkrahús Akraness	191	43	235	31	223	34	205	
St. Jósefsspítali Hafnarf.	109	84	99	49	93	58	94	72
Alls	**1.002**		**1.172**		**1.222**		**1.024**	
Endurhæfing								
FSA	50	26	53	31	68	31	83	35
St. Franciskusspítali	51	46	51	17	55	21	64	19
Reykjalundur	750	27	797	30	867	27	945	30
Landspítali Grensás	23		30	12	25	12	22	13
Alls	**874**		**931**		**1.015**		**1.114**	
Geðdeildir								
Landspítali Hringbraut								
Deild 12			3	3	3	1	0	
Deild 14			5	14	6	19	0	
Deild 16 (Teigur)			17	2	30		27	
Deild 24 (Reynimelur 55)			3	6	3	17	0	
Deild 26					1	1	0	
Deild 29 (Gunnarsholt)			9	1	9		6	
Deild 32C			1	1	5	4	0	
Deild 33A			8	3	11		*	
Deild 33C			1	9			0	
Alls			**47**		**68**		**33**	
* Deild 33-A var lokuð þegar leitað var eftir upplýsingum um biðlista og því fengust þær ekki.								

	Maí 2000	Meðalbið, vikur	Okt. 2000	Meðalbið, vikur	Jan. 2001	Meðalbið, vikur	Maí 2001	Meðalbið, vikur
Glasafrjóvgun								
Landspítali Hringbraut	335		375		375		0	
Alls	**335**		**375**		**375**		**0**	

* Aðeins eru gefnar út tölur á 6 mánaða fresti.

Háls-, nef- og eyrnadeildir								
FSA	85	13	71	13	60	10	69	10
Heilbr. Selfossi	16	7	38	12	29	24	26	28
Heilbr. Suðurnesja	89	26	83	28	86	23	62	25
Landspítali Fossvogi	316	37	544	34	480	40	582	42
Sjúkahús Akraness	84	21	88	30	57	32	48	29
St. Jósefsspítali Hafnarf.	108	17	97	24	80	11	44	18
Alls	**698**		**921**		**792**		**831**	
Hjartadeildir								
LHS Hringbr. hjarta- og lungnaskurðdeild	83	69	61	16	55*	12	46***	9
LHS Hringbr. hjartadeild	227	15	298	17	250	18	218	
Landspítali Fossvogi	26	9	98	16**	91			
Alls	**336**		**457**		**396**			

* Þar af eru 13 börn.

** Eftir sameiningu LHS og SHR hafa biðlistar breyst á hjartadeild, nýr sérfræðingur á LHS Fossvogi tók með sér af LHS Hringbraut 48 sjúklinga með meðalbiðtímann 27 vikur.

*** Þar af eru 10 börn (sjá einnig biðlista fyrir barnadeildir). Börnin eru sem fyrr ekki reiknuð inn í meðalbiðtímann.

Kvensjúkdómadeildir								
FSA, sólarhringssjúklingar	17	11,5	31	11	21	8	28*	10
FSA, ferlisjúklingar			17	6	33	5	27*	8
Heilbr. Selfossi	37	7	64	29	65	36	70	33
Heilbr. Suðurnesja	63	9	54	12	58	12	61	13
Landspítali Hringbraut			253	10	230	15	270	14
Sjúkrahús Akraness	45	24	36	16	43	17	33	8
St. Jósefsspítali Hafnarf.	138	35	111	46	111	34	126	33
Alls	**300**		**566**		**561**		**615**	

* Hér er miðað við stöðuna í júlí 2001.

Líknardeildir								
Landspítali Kópavogi	2	Á ekki við	7	Á ekki við	4	Á ekki við		
Alls	**2**		**7**		**4**			
Lyflækningadeildir								
FSA	21	8	13	16	25	12	36	30
FSN			38	21	22	16	31	19
Landspítali Vífilsstöðum								
Lungnadeild v/lungnasjúkdóma			11	Ekki vitað			9	
Lungnadeild v/innstillingar			54	10			114	
Alls	**21**		**116**		**47**		**190**	
Lýtalækningadeildir								
Landspítali Hringbraut	331	47	375	126	460	88	458	92
St. Jósefsspítali Hafnarf.	176	39	142	97	0	0	0	
Alls	**507**		**517**		**460**		**458**	

* Lýtalækningadeildin á St. Jósefsspítala hefur verið sameinuð lýtalækningadeildinni á LHS við Hringbraut.

	Maí 2000	Meðalbið, vikur	Okt. 2000	Meðalbið, vikur	Jan. 2001	Meðalbið, vikur	Maí 2001	Meðalbið, vikur
Þvagfæraskurðdeildir								
Sjúkrahús Akraness	31		31*		9*		27	
Landspítali Hringbraut	103	102,7	112**	101	93**	119	92	122
Landspítali Fossvogi	29	11	39	14	65	18		
Alls	**163**		**182**		**167**			
* Að auki eru 9 í reglulegu eftirliti.								
** Að auki eru 115 á eftirlitsbiðlista v/þvagblöðrukrabbameins.								
Svefnrannsóknir								
Vífilsstaðaspítali	484		547	Ekki vitað			356 *	
Landspítali Hringbraut					31		26	
FSN			18	19	23	21	22	28
FSA			32	56	17	59	3	79
Alls	**484**		**597**		**71**		**407**	
* Hér er átt við næturmælingu. Innstilling í öndunarvél telst einnig til svefnrannsókna en fjöldi þeirra sem bíða eftir innstillingu var gefinn upp í töflunni um lyflækningadeildir hér að ofan.								
Taugalækningadeildir								
Landspítali Grensás					10	3		
Alls					**10**			
Æðaskurðdeildir								
Landspítali Hringbraut	123	103						
Landspítali Fossvogi			198	73	183	67	153	62
Alls	**123**		**198**		**183**		**153**	
Þolpróf								
FSN					16	21	10	5
Alls					**16**		**10**	
Öldrunarlækningadeildir								
FSA	24	10	23	11	31	10	28	11
Landspítali Hringbraut	19		21	7	19	2		
Landspítali Fossvogi								
Eru á bráðadeild LHS								
Fossvogi	18	3	21	10	24	3		
7 daga deild	5	7	10	15	5	14		
5 daga deild	27	13	25	14	44	9	40	10
Heilabilunardeild	9	6	8	6	5	4	19	5
Hvíldarinnlögn			7	16	9	10		
Skammtímavistun	11	25	13	36	11	29	9	45
Dagspítali	27	6	26	7	24	7	5	35
Líknarpláss á Landakoti			3	10	3	6		
Alls	**140**		**157**		**175**			

269. Svar [198. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um afgreiðslu S-merktra lyfja á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur verið gengið frá þjónustusamningum við lyfsala á landsbyggðinni um afgreiðslu S-merktra lyfja?*
2. *Ef ekki, hvenær má búast við að það verði gert og hvernig verður afhending S-merktra lyfja skipulögð á landsbyggðinni?*

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að sjúklingar eiga að geta fengið afhent S-merkt lyf þar sem þeim hentar, þótt gert sé ráð fyrir að afgreiðsla lyfjanna fari aðallega fram á sjúkrahúsunum. Ekki er vitað til annars en að undanfarið hafi allir sjúklingar fengið lyf sín án vandkvæða. Þegar afhending á S-merktum lyfjum fer fram utan sjúkrahúss er fylgt ákveðnu verklagi þar sem lyfjabúðirnar hafa samband við sjúkrahúsapótekin og fá leyfi til afhendingarinnar.

Landspítali–háskólasjúkrahús er eigi að síður að undirbúa gerð þjónustusamninga milli Sjúkrahúsapóteksins ehf. og lyfjabúða um afgreiðslu S-merktra lyfja. Það sama er í bígerð á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Gerð þessara samninga er fyrst og fremst öryggisatriði og eiga þeir að tryggja betur þjónustu við sjúklinga, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

270. Svar [189. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu.

1. *Hvaða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn njóta greiðsluþátttöku ríkisins fyrir veitta heilbrigðisþjónustu?*

Þær sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar og fá greiðslur samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins eru: Læknar fyrir þjónustu sérfræðilækna á stofum og heimilislækna utan heilsugæslustöðva, hjúkrunarfræðingar fyrir hjúkrun í heimahúsum og aðstoð við fæðingar og umönnun sængurkvenna í heimahúsum, ljósmæður fyrir aðstoð við fæðingar og umönnun sængurkvenna í heimahúsum, sjúkraþjálfarar fyrir sjúkraþjálfun og talmeinafræðingar fyrir talmeinaþjónustu.

2. *Hvaða fagstéttir í heilbrigðisþjónustu eiga ekki kost á greiðsluþátttöku ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu utan ríkisstofnana?*

Löggiltar heilbrigðisstéttir eru þrjátíu talsins og gerir Tryggingastofnun ríkisins samninga við fimm heilbrigðisstéttir um þá þjónustu sem lög um almannatryggingar kveða á um. Aðrar heilbrigðisstéttir eru tannlæknar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar, meinatæknar, sálfræðingar, sjóntækjafræðingar, sjúkraliðar, þroskaþjálfar, fótaaðgerðafræðingar, hnykkjar, lyfjatæknar, læknaritarar, matarfræðingar, matartæknar, mat-

vælafræðingar, náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, geislafræðingar, sjúkraflutningamenn, sjúkranuddarar, tanntæknar og tannfræðingar.

Ekki hafa tekist samningar milli Tryggingastofnunar og tannlækna en sett hefur verið gjaldskrá til að miða við endurgreiðslur til sjúklinga í þeim tilvikum sem sjúklingar eiga rétt á tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert þjónustusamninga við nokkrar stofnanir, sem ekki eru ríkisstofnanir, um þjónustu á sviði heilbrigðismála. Ýmsar framangreindra heilbrigðisstétta fá laun frá viðkomandi stofnun vegna samninganna við ráðuneytið.

271. Fyrirspurn [240. mál]

til menntamálaráðherra um stofnun safnasjóðs.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvað líður stofnun safnasjóðs, sbr. 10. gr. safnalaga, nr. 106/2001?

272. Fyrirspurn [241. mál]

til samgönguráðherra um útbreiðslu ADSL-þjónustu.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Í hvaða sveitarfélögum á Íslandi er boðið upp á ADSL-þjónustu og hvaða fjarskiptafyrirtæki veita hana á hverjum stað fyrir sig?
2. Eru einhver skilyrði sett af fjarskiptafyrirtækjunum, t.d. hvað varðar fjölda notenda í upphafi?

Skriflegt svar óskast.

273. Fyrirspurn [242. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmdanefnd um einkavæðingu.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvenær var framkvæmdanefnd um einkavæðingu skipuð og hverjir hafa setið í henni?
2. Hver er heildarþóknun til nefndarmanna, sundurliðað eftir nefndarmönnum og árum?

3. Hafa nefndarmenn fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir störf sín í nefndinni? Ef svo er, hverjar eru þær og fyrir hvaða verkefni, sundurliðað eftir árum?
4. Hefur nefndin keypt eða fengið einhverja utanaðkomandi þjónustu og ef svo er, hver er hún, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

274. Svar [106. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um opinber framlög til hagsmunasamtaka og frjálsra félagasamtaka.

1. *Hvaða hagsmunasamtök eða frjáls félagasamtök fá opinbert framlag til reksturs starfsemi sinnar með gjaldi sem ákvarðað er með lögum?*

Í svari því sem hér fer á eftir er byggt á þröngri skilgreiningu á því hvaða samtök, félög og stofnanir teljist til hagsmunasamtaka. Lög mæla fyrir um framlög til ýmissa samtaka, félaga og stofnana, en fæst þeirra taka til eiginlegra hagsmunasamtaka eða frjálsra félagasamtaka í viðtekinni merkingu þeirra hugtaka.

Eftirtalin hagsmunasamtök og frjáls félagasamtök fá tekjur til reksturs starfsemi sinnar með gjaldi sem ákvarðað er með lögum:

a. Samtök iðnaðarins.
b. Lífeyrissjóður sjómanna, Sjómannasamband Íslands, sjómenn innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Vélstjórasambands Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Landssamband smábátaeigenda.
c. Bændasamtök Íslands, búnaðarsambönd og búgreinasamtök.

2. *Hvaða lagaákvæði er um að ræða í hverju tilviki?*

Tekjur framangreindra aðila byggjast á lögum sem hér segir:

Greiðslur til Samtaka iðnaðarins eru samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.

Greiðslur til þeirra samtaka sem talin eru upp í b-lið að framan eru samkvæmt lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Rétt er að fram komi að inngreiðslur á greiðslumiðlunarreikning og ráðstöfun þeirra til hagsmunaaðila samkvæmt framansögðu eru inntar af hendi án milligöngu hins opinbera. Með lögunum ákvað löggjafinn að taka tiltekinn hluta af söluverðmæti afla og leggja í sjóð (greiðslumiðlun), en samkvæmt því fá útgerðaraðilar aldrei allt söluverðmæti afla í sínar hendur. Sjóðnum sem verður til með þessum hætti er ætlað að standa undir tilteknum rekstrargjöldum og er úthlutað til ákveðinna aðila sem eru tilteknir í lögunum, t.d. til að greiða vátryggingaiðgjöld af fiskiskipaflotanum, hlut launþega og atvinnurekenda í lífeyrissjóðum, iðgjöld af slysatryggingum sjómanna og til reksturs þeirra hagsmunasamtaka sem að framan eru talin.

Greiðslur til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka eru samkvæmt lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Búnaðargjald rennur einnig til Bjargráðasjóðs og Lánasjóðs landbúnaðarins.

3. Um hve háa fjárhæð er að ræða í hverju tilviki sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum?

Upplýsingar um fjárhæðir sem greiddar eru á grundvelli framangreindra laga hafa verið teknar saman af fjármálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti:

Meðfylgjandi tafla sýnir árleg framlög til Samtaka iðnaðarins sl. fimm ár í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Samtök iðnaðarins	95,4	112,9	125,0	166,3	168,7	668,3

Taflan að neðan sýnir árlega skiptingu greiðslna af greiðslumiðlunarreikningi smábáta og fiskiskipa til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), Landssambands smábátaeigenda (LS), Sjómannasambands Íslands (SSÍ), sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða (ASA), Alþýðusambands Vestfjarða (ASV) og Vélstjórasambands Íslands (VÍ) sl. fimm ár í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflunni eru ekki meðtaldar greiðslur af greiðslumiðlunarreikningi sem renna til Lífeyrissjóðs sjómanna til greiðslu lífeyrisiðgjalds vegna iðgjaldaskylds aflahlutar skipverja.

	1996	1997	1998	1999	2000	Samtals
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	10,0	9,9	9,3	9,7	10,6	49,5
Landssamband íslenskra útvegsmanna	37,5	37,3	35,0	35,8	39,0	184,6
Landssamband smábátaeigenda	19,7	23,9	28,1	33,8	35,2	140,7
Sjómannasamband Íslands	15,8	15,9	14,7	15,0	16,3	77,7
Alþýðusamband Austfjarða	3,4	3,4	3,1	3,2	3,5	16,7
Alþýðusamband Vestfjarða	3,4	3,4	3,1	3,2	3,5	16,7
Vélstjórafélag Íslands	5	5	4,7	4,6	4,9	24,2
Alls						**510,1**

Meðfylgjandi tafla sýnir árleg framlög til Bændasamtaka Íslands samkvæmt álagningu sl. þrjú ár í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1998	1999	2000	Samtals
Bændasamtök Íslands	77,4	90,6	82,8	250,8
Búnaðarsambönd	62,7	73,5	81,5	217,7
Búgreinasamtök	34,5	40,4	44,7	119,6
Alls				**588,1**

275. Svar [143. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ármanns Höskuldssonar um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hafa rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru hafist, sbr. ályktun Alþingis frá 5. desember 2000? Ef svo er, hvaða áfangar rannsóknarinnar eru áætlaðir í ár?*
2. *Hversu miklir fjármunir eru áætlaðir til rannsóknanna á árinu 2002?*
3. *Hvenær er áætlað að þessum rannsóknum ljúki?*

Unnið hefur verið að undirbúningi öldufarsreikninga þar sem safnað er saman öllum tiltækum gögnum um dýptarmælingar á stafrænu formi undan Bakkafjöru og við Vestmannaeyjar. Stefnt er að því að þessari undirbúningsvinnu ljúki á árinu.

Í frumáætlun var gert ráð fyrir 30 millj. kr. heildarkostnaði við þessar rannsóknir en ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

Vinna Siglingastofnunar verður að taka mið af rannsóknafé stofnunarinnar meðan ekki fást fjárveitingar, en rannsóknafé hennar var aukið verulega í síðustu hafnaáætlun. Unnið verður að öldufarsreikningum á sjólagi undan Bakkafjöru og Vestmannaeyjum og undirbúningi að reikningum á efnisflutningum meðfram ströndinni. Jafnframt verður unnið að dýptarmælingum undan Bakkafjöru eftir því sem fjármagn leyfir. Það ræðst síðan af skiptingu rannsóknafjár milli verkefna hve hratt hægt verður að vinna þessar rannsóknir.

276. Svar [163. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um þróun fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á árabilinu 1990–2000.

1. *Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum kjördæmum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Fasteignamati ríkisins. Svar Fasteignamats ríkisins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 25. október sl.

Meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði eftir kjördæmum.

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Reykjavík					
1990	1.844	98	1963	66.007	58.554
1991	1.811	99	1962	72.978	63.213
1992	1.780	94	1959	77.242	69.038
1993	1.789	97	1960	77.232	70.077
1994	2.664	102	1962	75.989	72.098
1995	2.691	103	1964	75.082	69.564
1996	3.077	102	1962	75.410	70.094
1997	3.322	104	1962	76.426	71.616
1998	3.980	104	1964	78.607	76.550
1999	4.504	102	1963	89.489	89.082
2000	3.552	103	1962	109.605	103.431

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Reykjanes					
1990	1.047	113	1970	61.416	54.438
1991	1.023	112	1969	67.337	58.301
1992	775	112	1968	69.651	62.318
1993	880	114	1970	69.746	62.897
1994	1.371	121	1970	69.598	65.736
1995	1.522	123	1971	68.882	63.539
1996	1.836	123	1972	68.929	63.943
1997	2.028	124	1973	70.179	65.388
1998	2.273	125	1973	72.568	70.327
1999	2.560	123	1973	79.715	79.106
2000	2.158	123	1971	94.471	88.909
Vesturland					
1990	108	123	1966	35.589	31.326
1991	101	117	1959	37.146	32.646
1992	90	126	1961	41.555	37.291
1993	140	123	1962	43.292	39.897
1994	213	138	1961	48.839	46.148
1995	159	138	1962	48.694	44.959
1996	238	125	1963	49.425	45.971
1997	248	130	1963	50.080	46.687
1998	282	139	1960	48.678	47.231
1999	338	135	1964	54.833	54.248
2000	335	148	1961	58.200	54.756
Vestfirðir					
1990	58	133	1958	35.876	32.619
1991	71	125	1954	36.823	32.010
1992	62	140	1959	38.740	35.234
1993	87	128	1950	38.650	35.007
1994	124	139	1957	40.100	38.522
1995	97	134	1954	44.020	41.262
1996	121	137	1950	41.586	38.930
1997	104	142	1958	43.247	40.629
1998	90	158	1963	42.770	41.391
1999	105	144	1954	40.189	39.731
2000	101	139	1959	39.785	37.629
Norðurland vestra					
1990	33	152	1962	32.848	29.016
1991	36	150	1962	32.735	29.528
1992	46	142	1952	32.334	29.145
1993	87	125	1955	38.395	35.528
1994	89	135	1954	34.730	33.298
1995	97	141	1962	41.144	38.497
1996	77	150	1959	36.379	34.227
1997	106	151	1961	40.177	37.543
1998	94	141	1960	39.910	38.732
1999	104	144	1957	40.642	40.352
2000	105	144	1962	42.251	39.697

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Norðurland eystra					
1990	319	113	1964	49.041	43.704
1991	268	115	1967	56.224	49.069
1992	313	114	1961	56.135	50.125
1993	387	118	1962	57.155	52.613
1994	436	122	1960	57.306	55.058
1995	429	125	1961	56.513	52.671
1996	524	123	1963	58.760	54.901
1997	470	123	1962	59.734	55.873
1998	509	129	1961	59.791	58.163
1999	721	125	1963	65.087	64.841
2000	588	125	1963	71.120	66.945
Austurland					
1990	34	138	1963	34.856	31.269
1991	66	127	1963	42.322	37.127
1992	56	129	1965	42.118	38.081
1993	81	122	1962	44.436	40.596
1994	99	147	1963	40.734	38.704
1995	89	141	1971	45.542	42.463
1996	130	139	1967	47.294	44.181
1997	156	135	1970	48.510	45.456
1998	126	151	1964	42.596	41.384
1999	225	144	1968	49.599	49.366
2000	170	135	1967	49.265	46.321
Suðurland					
1990	115	133	1966	39.067	35.180
1991	149	127	1967	43.755	38.433
1992	167	122	1964	47.920	43.052
1993	181	138	1963	46.106	41.955
1994	296	136	1963	46.311	43.834
1995	254	131	1964	46.294	42.943
1996	278	134	1966	48.128	44.654
1997	259	136	1965	47.066	43.882
1998	341	140	1965	48.490	47.072
1999	474	148	1968	51.037	50.571
2000	409	139	1968	60.525	56.565

2. *Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum sýslum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði eftir sýslum.

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Kjósarsýsla					
1990	42	147	1975	60.817	53.864
1991	51	145	1977	69.757	60.448
1992	55	137	1981	72.406	64.304
1993	58	132	1982	74.031	66.234
1994	94	158	1982	69.989	65.622
1995	112	141	1984	69.098	63.964
1996	127	144	1984	68.497	63.530
1997	167	149	1983	69.668	65.172
1998	184	145	1985	73.554	71.310
1999	213	151	1984	81.266	80.660
2000	154	142	1973	98.964	93.218
Gullbringusýsla					
1990	37	127	1961	33.295	29.358
1991	41	145	1962	38.052	32.955
1992	24	130	1957	39.624	35.464
1993	34	117	1962	43.417	39.868
1994	59	128	1963	45.743	43.638
1995	88	131	1967	46.554	43.212
1996	68	145	1965	43.002	39.918
1997	74	136	1966	46.682	43.766
1998	68	146	1966	48.169	46.579
1999	99	153	1969	48.465	48.219
2000	87	137	1965	59.393	55.495
Borgarfjarðarsýsla					
1990					
1991					
1992	2	127	1980	41.510	35.718
1993	1	205	1982	40.567	39.946
1994	2	325	1991	49.384	47.430
1995	2	127	1984	62.992	59.433
1996	4	161	1975	37.167	35.684
1997	4	151	1968	39.381	37.602
1998	9	189	1984	53.994	51.766
1999	4	137	1967	51.938	51.859
2000	14	519	1974	45.593	41.783

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Mýrasýsla					
1990	11	132	1972	40.805	35.206
1991	23	117	1960	38.325	33.082
1992	16	132	1959	40.786	36.888
1993	12	118	1967	48.062	44.285
1994	16	136	1964	51.388	48.511
1995	15	122	1957	45.194	42.203
1996	30	123	1967	53.381	50.185
1997	27	131	1959	52.606	49.529
1998	49	143	1956	50.379	49.294
1999	38	145	1970	55.713	55.225
2000	50	133	1964	64.843	61.222
Snæfellsnessýsla					
1990	1	56	1920	11.711	11.159
1991	18	133	1952	27.282	24.630
1992	13	153	1970	40.971	36.412
1993	23	124	1963	38.641	35.868
1994	25	151	1962	41.657	40.074
1995	24	147	1962	41.415	38.449
1996	31	120	1956	44.359	41.433
1997	44	125	1964	48.489	45.369
1998	37	159	1963	45.802	44.362
1999	28	127	1952	41.672	41.290
2000	48	139	1960	46.221	44.051
Dalasýsla					
1990					
1991					
1992					
1993	2	182	1975	33.317	32.390
1994	1	291	1976	20.647	18.844
1995					
1996	1	169	1973	44.300	43.963
1997	2	205	1979	24.636	23.408
1998	4	186	1965	21.552	21.095
1999	5	178	1959	27.675	27.427
2000	5	157	1960	24.871	23.534
A-Barðastrandarsýsla					
1990					
1991					
1992					
1993	1	133	1976	33.835	30.925
1994	3	288	1956	22.056	21.040
1995					
1996					
1997	2	121	1980	43.961	40.487
1998					
1999	1	253	1947	7.115	7.115
2000	3	175	1962	18.649	18.364

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
V-Barðastrandarsýsla					
1990	20	131	1949	27.544	25.574
1991	14	143	1956	26.480	23.466
1992	15	158	1961	32.647	29.826
1993	13	134	1948	24.906	22.516
1994	13	141	1958	31.296	30.635
1995	12	131	1958	29.286	27.825
1996	26	135	1955	25.936	24.587
1997	14	161	1970	29.397	27.435
1998	11	166	1972	32.956	31.701
1999	21	149	1964	31.238	31.216
2000	15	155	1966	33.851	32.645
N-Ísafjarðarsýsla					
1990					
1991					
1992					
1993	1	132	1978	60.469	53.840
1994					
1995					
1996					
1997					
1998	1	165	1996	49.091	49.352
1999					
2000	3	67	1981	7.858	7.858
Strandasýsla					
1990					
1991	4	115	1961	29.237	26.842
1992					
1993					
1994	3	175	1982	42.613	40.698
1995	6	145	1964	49.832	47.281
1996	1	84	1952	22.754	22.515
1997	8	160	1968	38.863	36.717
1998	3	450	1967	31.071	30.214
1999	1	106	1983	37.879	37.831
2000	4	123	1968	30.416	30.595
V-Húnavatnssýsla					
1990	2	197	1958	18.777	17.405
1991	4	172	1978	34.921	30.936
1992	1	108	1939	16.620	16.307
1993	4	171	1980	33.388	30.726
1994	3	188	1980	31.285	28.881
1995	7	143	1968	31.799	30.591
1996	7	180	1973	35.164	33.075
1997	13	178	1969	34.801	32.296
1998	5	210	1980	37.402	36.778
1999	3	204	1969	37.897	37.692
2000	8	195	1968	31.942	30.424

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
A-Húnavatnssýsla					
1990	7	156	1970	28.883	24.849
1991	13	179	1972	34.233	30.827
1992	9	172	1957	33.916	30.359
1993	14	138	1969	37.254	34.283
1994	14	187	1968	35.187	33.734
1995	19	168	1969	38.717	35.982
1996	13	178	1962	30.520	28.422
1997	17	165	1964	43.904	41.152
1998	19	154	1969	37.966	36.635
1999	19	146	1955	34.209	34.035
2000	19	151	1964	33.430	32.120
Skagafjarðarsýsla					
1990	1	210	1977	34.475	33.438
1991	3	140	1971	33.193	29.086
1992					
1993					
1994	4	160	1949	28.928	27.180
1995	3	125	1947	21.306	19.682
1996	4	180	1961	28.859	25.767
1997	3	182	1969	23.102	22.682
1998	5	92	1928	19.199	18.729
1999	8	166	1955	32.072	32.194
2000	6	160	1967	37.949	33.998
Eyjafjarðarsýsla					
1991	1	247	1908	13.147	10.878
1992	5	135	1954	31.635	29.853
1993	3	115	1951	39.188	35.216
1994	11	143	1957	39.680	37.750
1995	5	115	1948	42.100	39.279
1996	12	152	1967	37.483	33.571
1997	9	122	1957	42.221	39.668
1998	11	150	1952	33.566	31.641
1999	13	190	1970	35.627	35.343
2000	14	194	1971	46.141	42.810
S-Þingeyjarsýsla					
1990	2	177	1976	37.986	34.992
1991	1	112	1970	27.803	27.803
1992	4	181	1957	24.572	22.274
1993	1	267	1969	33.021	32.360
1994	5	170	1980	46.106	44.357
1995	6	208	1945	24.328	22.524
1996	12	156	1971	33.881	43.198
1997	7	185	1965	42.650	40.440
1998	8	178	1967	35.143	33.082
1999	10	179	1964	33.230	33.308
2000	15	160	1967	40.262	37.863

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
N-Þingeyjarsýsla					
1990	7	161	1956	17.416	16.339
1991	3	125	1953	23.754	22.206
1992	7	156	1966	24.233	21.682
1993	7	133	1969	27.951	24.625
1994	6	177	1965	29.287	28.598
1995	18	125	1959	31.377	30.046
1996	8	143	1962	26.305	24.749
1997	11	145	1957	30.597	28.697
1998	9	156	1955	13.242	12.996
1999	18	152	1965	32.009	32.018
2000	1	83	1931	60.096	60.096
N-Múlasýsla					
1990	2	112	1974	32.318	24.026
1991	2	83	1981	34.806	29.043
1992	5	97	1971	41.034	37.378
1993	5	135	1981	41.288	36.551
1994	11	188	1974	41.548	39.219
1995	12	154	1975	38.532	35.497
1996	10	139	1962	39.874	37.067
1997	13	137	1976	40.388	37.806
1998	15	171	1975	34.853	34.191
1999	14	148	1980	47.189	46.984
2000	16	145	1974	36.821	34.763
S-Múlasýsla					
1990	5	154	1972	35.760	32.487
1991	15	145	1967	39.126	34.322
1992	16	147	1972	37.519	34.121
1993	20	108	1975	45.127	41.622
1994	35	152	1968	40.520	38.546
1995	35	127	1976	50.723	47.654
1996	45	132	1974	48.289	44.669
1997	46	113	1975	53.468	49.582
1998	33	151	1967	46.013	44.708
1999	64	153	1977	52.294	51.748
2000	57	138	1973	53.098	49.727
A-Skaftafellssýsla					
1990	11	150	1969	37.768	34.368
1991	22	127	1962	48.820	42.588
1992	11	115	1972	57.896	52.572
1993	22	126	1962	56.542	51.214
1994	15	117	1971	59.763	56.574
1995	18	129	1973	51.175	47.667
1996	39	144	1973	58.378	55.134
1997	48	127	1971	59.141	56.190
1998	26	141	1972	59.679	58.289
1999	69	135	1971	60.576	60.578
2000	45	140	1972	60.611	57.129

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
V-Skaftafellssýsla					
1990	1	210	1977	34.475	33.438
1991	3	140	1971	33.193	29.086
1992					
1993					
1994	4	160	1949	28.928	27.180
1995	3	125	1947	21.306	19.682
1996	4	180	1961	28.859	25.767
1997	3	182	1969	23.102	22.682
1998	5	92	1928	19.199	18.729
1999	8	166	1955	32.072	32.194
2000	6	160	1967	37.949	33.998
Rangárvallasýsla					
1990	3	171	1974	26.369	24.583
1991	11	171	1969	33.467	31.030
1992	9	144	1963	42.536	37.886
1993	12	129	1971	45.871	41.775
1994	9	140	1964	41.187	38.485
1995	16	141	1975	48.486	44.591
1996	20	133	1972	42.542	39.521
1997	20	134	1965	41.690	39.181
1998	24	121	1964	46.433	45.731
1999	29	152	1970	43.603	43.484
2000	29	147	1970	50.558	47.978
Árnessýsla					
1990	29	129	1963	37.897	33.643
1991	33	141	1967	41.507	36.071
1992	44	129	1972	49.114	45.092
1993	46	153	1971	47.165	42.661
1994	79	138	1971	48.496	45.767
1995	73	135	1971	48.881	45.523
1996	87	137	1971	48.457	44.659
1997	44	135	1972	49.606	46.637
1998	75	135	1975	50.748	49.011
1999	130	154	1974	51.514	50.766
2000	113	130	1977	64.050	59.466

3. *Hvert hefur verið meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði í einstökum kaupstöðum á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Meðalverð á fermetra í íbúðarhúsnæði eftir kaupstöðum.

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Reykjavík					
1990	1.844	98	1963	66.007	58.554
1991	1.811	99	1962	72.978	63.213
1992	1.780	94	1959	77.242	69.038
1993	1.789	97	1960	77.232	70.077
1994	2.664	102	1962	75.989	72.098
1995	2.691	103	1964	75.082	69.564
1996	3.077	102	1962	75.410	70.094
1997	3.322	104	1962	76.426	71.616
1998	3.980	104	1964	78.607	76.550
1999	4.504	102	1963	89.489	89.082
2000	3.552	103	1962	109.605	103.431
Kópavogur					
1990	359	103	1972	66.359	59.037
1991	355	101	1970	72.743	63.041
1992	216	101	1972	77.537	69.369
1993	210	96	1973	77.002	68.946
1994	350	112	1973	73.797	69.530
1995	435	113	1975	73.804	67.932
1996	536	112	1978	75.037	69.320
1997	662	114	1979	75.990	70.642
1998	735	116	1977	76.163	73.853
1999	806	111	1977	88.080	87.517
2000	593	115	1977	110.189	103.873
Seltjarnarnes					
1990	51	121	1978	73.039	64.918
1991	66	107	1974	79.749	69.580
1992	58	124	1974	79.075	71.275
1993	44	118	1974	81.285	74.516
1994	95	135	1975	79.130	74.556
1995	121	124	1976	79.381	73.364
1996	87	137	1978	72.439	67.808
1997	118	144	1976	73.344	68.398
1998	109	140	1977	80.913	78.249
1999	116	132	1973	91.628	90.716
2000	92	135	1977	109.271	103.480

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Garðabær					
1990	85	153	1977	68.718	61.488
1991	78	140	1978	77.162	66.100
1992	62	149	1975	74.921	67.276
1993	80	143	1980	74.175	67.020
1994	124	140	1979	76.028	71.360
1995	128	161	1963	73.156	66.761
1996	169	162	1978	73.365	68.520
1997	151	160	1979	76.455	71.028
1998	162	164	1979	77.645	75.234
1999	156	165	1980	87.445	86.343
2000	153	157	1979	106.813	101.360
Hafnarfjörður					
1990	281	109	1963	62.231	55.222
1991	232	113	1963	69.623	60.226
1992	185	108	1960	73.322	65.595
1993	250	114	1962	71.576	64.621
1994	384	116	1965	71.908	68.103
1995	399	121	1967	71.108	65.726
1996	475	118	1966	71.825	66.747
1997	465	118	1966	72.093	67.327
1998	651	121	1968	74.286	72.016
1999	654	115	1968	84.172	83.628
2000	585	116	1968	101.120	95.004
Reykjanesbær					
1990	162	105	1969	47.778	41.681
1991	187	104	1968	53.440	46.347
1992	149	103	1965	56.078	50.108
1993	184	114	1970	59.322	53.738
1994	234	109	1967	60.796	57.751
1995	201	111	1967	59.287	54.857
1996	334	113	1966	59.461	55.028
1997	346	112	1967	60.286	56.163
1998	322	111	1968	61.705	59.714
1999	436	114	1968	62.395	61.796
2000	443	117	1967	66.952	62.592
Grindavík					
1990	30	129	1971	63.332	54.888
1991	13	114	1959	39.715	33.906
1992	26	114	1958	44.104	39.192
1993	20	142	1977	55.814	49.505
1994	31	127	1965	49.290	46.718
1995	38	143	1959	43.165	39.889
1996	40	131	1969	50.837	47.452
1997	45	145	1972	52.163	48.542
1998	42	131	1970	60.248	58.461
1999	80	150	1971	55.575	54.883
2000	51	152	1965	57.040	53.968

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Akranes					
1990	83	117	1967	36.111	31.666
1991	47	107	1963	42.086	37.034
1992	44	109	1958	44.784	40.182
1993	67	119	1963	50.115	46.217
1994	152	132	1961	50.736	47.789
1995	110	138	1963	51.855	47.717
1996	147	123	1964	51.896	48.072
1997	150	128	1964	52.677	49.009
1998	145	127	1960	53.303	51.646
1999	235	132	1964	58.494	57.874
2000	170	130	1960	65.623	61.669
Snæfellsbær					
1990	13	159	1960	29.675	27.425
1991	13	127	1957	30.861	27.109
1992	15	145	1959	33.418	30.211
1993	35	126	1954	32.300	29.367
1994	17	140	1961	41.638	39.645
1995	8	145	1955	30.067	28.120
1996	25	136	1963	38.598	35.916
1997	21	147	1964	36.083	33.157
1998	38	138	1957	33.235	32.192
1999	28	144	1962	41.337	40.582
2000	48	128	1961	44.117	41.274
Bolungarvík					
1990	3	129	1965	25.714	22.282
1991	6	117	1947	28.010	25.156
1992	11	103	1966	34.325	30.786
1993	13	105	1966	37.630	34.013
1994	18	155	1966	34.307	32.562
1995	9	190	1964	31.194	29.049
1996	9	147	1968	34.738	31.466
1997	17	173	1968	31.794	30.022
1998	8	181	1979	30.282	29.636
1999	11	173	1947	27.927	27.882
2000	13	156	1968	38.943	36.351
Ísafjarðarbær					
1990	35	134	1963	41.508	37.531
1991	47	121	1954	41.674	35.870
1992	36	143	1956	42.628	38.847
1993	59	132	1946	41.615	37.729
1994	87	130	1953	43.150	41.461
1995	70	126	1952	47.697	44.620
1996	85	137	1946	47.320	44.301
1997	63	128	1951	49.949	46.925
1998	67	140	1958	46.301	44.767
1999	71	137	1951	45.235	44.571
2000	63	135	1953	44.493	41.861

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Siglufjörður					
1990	8	163	1944	19.697	17.741
1991	6	134	1945	22.362	20.296
1992	17	128	1937	21.841	19.830
1993	27	128	1939	21.828	20.332
1994	43	123	1940	26.452	25.571
1995	20	139	1940	30.624	29.104
1996	29	137	1956	33.374	31.637
1997	25	148	1937	25.586	24.236
1998	19	131	1947	24.731	24.197
1999	31	144	1944	29.029	29.002
2000	23	145	1950	30.893	29.175
Sveitarfélagið Skagafjörður					
1990	16	139	1968	42.918	37.929
1991	13	121	1956	35.353	32.058
1992	18	142	1965	42.506	38.350
1993	42	114	1958	49.902	46.168
1994	29	122	1966	47.139	45.003
1995	51	132	1967	47.456	44.203
1996	28	143	1958	42.515	39.893
1997	51	142	1969	47.458	44.201
1998	51	133	1960	46.535	45.119
1999	51	140	1965	50.259	49.760
2000	55	133	1965	51.547	48.064
Akureyri					
1990	279	111	1965	51.140	45.539
1991	228	111	1968	59.149	51.461
1992	252	110	1962	60.125	53.532
1993	307	112	1962	61.005	56.138
1994	346	117	1961	61.296	58.959
1995	339	121	1961	61.088	56.810
1996	408	115	1963	63.364	58.927
1997	386	118	1962	63.290	59.081
1998	398	124	1962	65.357	63.596
1999	596	117	1963	69.781	69.520
2000	490	120	1963	75.934	71.498
Húsavík					
1990	14	112	1962	43.033	39.184
1991	17	120	1967	47.368	42.337
1992	17	123	1961	44.908	41.344
1993	20	144	1966	47.914	44.443
1994	21	136	1949	46.227	44.255
1995	29	129	1963	44.708	41.966
1996	43	147	1958	46.891	43.802
1997	30	144	1959	47.038	44.807
1998	36	166	1961	45.611	44.551
1999	38	160	1961	49.718	49.451
2000	30	129	1954	47.586	44.342

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Ólafsfjörður					
1990	7	110	1958	31.729	29.375
1991	5	137	1962	34.868	31.155
1992	14	116	1960	44.497	40.669
1993	19	119	1954	38.664	35.966
1994	12	103	1948	35.707	34.631
1995	14	140	1960	42.535	40.663
1996	10	136	1962	48.652	45.166
1997	7	97	1953	32.455	31.059
1998	20	122	1957	43.868	43.256
1999	9	155	1956	38.837	39.156
2000	10	161	1960	40.506	38.192
Dalvíkurbyggð					
1990	10	149	1961	35.349	29.762
1991	13	148	1959	37.708	33.581
1992	14	135	1958	43.306	38.338
1993	30	161	1964	45.043	41.480
1994	35	147	1963	43.861	41.489
1995	18	170	1961	40.123	37.713
1996	30	153	1968	44.613	41.444
1997	20	158	1969	49.586	46.879
1998	27	137	1960	41.946	40.562
1999	37	157	1966	46.692	46.386
2000	28	153	1970	52.435	49.647
Seyðisfjörður					
1990	5	145	1932	19.120	17.258
1991	4	127	1967	38.531	34.305
1992	1	186	1920	21.482	19.044
1993	5	137	1954	28.080	26.077
1994	5	112	1951	25.158	24.472
1995	2	182	1975	23.738	21.389
1996	6	158	1911	17.872	17.400
1997	16	188	1956	30.210	28.174
1998	16	156	1943	33.598	32.112
1999	11	163	1952	27.838	27.875
2000	16	167	1943	37.449	34.963
Fjarðabyggð					
1990	11	119	1966	39.148	35.303
1991	23	121	1959	39.502	34.926
1992	23	127	1957	38.903	34.886
1993	29	123	1952	38.137	35.034
1994	33	148	1952	34.399	32.735
1995	22	163	1961	38.495	35.662
1996	30	139	1960	39.752	36.936
1997	33	152	1964	38.208	35.484
1998	36	150	1960	34.351	33.246
1999	67	140	1957	39.796	39.568
2000	36	108	1959	39.794	37.601

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð kr./m²	staðgreiðsluverð kr./m²
Vestmannaeyjar					
1990	37	127	1962	35.693	32.142
1991	52	113	1963	42.326	37.237
1992	53	117	1952	41.260	36.937
1993	66	136	1951	39.742	36.428
1994	99	137	1954	41.640	39.390
1995	88	135	1955	42.229	38.944
1996	74	134	1955	45.321	42.190
1997	76	143	1954	42.329	39.150
1998	93	146	1954	44.047	42.578
1999	93	149	1957	46.150	45.543
2000	82	149	1960	49.824	46.952
Sveitarfélagið Árborg					
1990	45	135	1969	43.543	39.413
1991	50	121	1971	49.623	43.424
1992	61	119	1969	53.640	47.656
1993	57	130	1969	52.670	47.823
1994	105	133	1967	50.172	47.663
1995	74	121	1966	49.114	45.741
1996	93	129	1969	52.083	48.527
1997	116	131	1969	50.754	47.295
1998	144	143	1969	51.544	50.172
1999	214	143	1969	54.588	54.284
2000	179	137	1967	65.574	61.284

4. *Hver hefur verið mismunur á meðaltalssöluverði fasteigna annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Mismunur meðaltalssöluverðs fasteigna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Höfuðborgarsvæðið					
Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð þús. kr.	staðgreiðsluverð þús. kr.
1990	3.148	120	1968	6.850	6.107
1991	3.283	127	1968	7.753	6.786
1992	2.979	117	1966	7.699	6.924
1993	2.879	129	1966	7.743	7.078
1994	4.339	135	1968	8.005	7.565
1995	4.546	135	1969	8.024	7.413
1996	5.195	127	1968	8.055	7.483
1997	5.644	131	1969	8.397	7.866
1998	6.883	134	1970	8.987	8.683
1999	7.378	129	1969	10.125	9.990
2000	5.867	126	1969	12.086	11.450

Landsbyggðin

Ár	fjöldi samninga	flm m²	byggingar-ár	kaupverð þús. kr.	staðgreiðslu-verð þús. kr.	Mismunur kaupverð þús. kr.	staðgreiðslu-verð þús. kr.
1990	1.062	135	1967	5.105	4.574	1.745	1.533
1991	1.139	139	1967	5.556	4.894	2.197	1.892
1992	1.166	133	1965	5.748	5.180	1.951	1.745
1993	1.413	140	1964	5.917	5.443	1.826	1.635
1994	1.801	138	1963	6.014	5.731	1.992	1.835
1995	1.744	152	1965	6.323	5.885	1.701	1.528
1996	2.127	150	1965	6.432	6.015	1.623	1.468
1997	2.134	147	1966	6.448	6.031	1.950	1.835
1998	2.201	145	1965	6.521	6.309	2.467	2.374
1999	2.950	144	1967	7.193	7.104	2.932	2.887
2000	2.659	144	1966	7.486	7.037	4.601	4.413

277. Fyrirspurn [243. mál]

til landbúnaðarráðherra um úthlutun ærgilda til svæða sem eru háð sauðfjárrækt.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað líður efndum á fyrirheitum um að úthluta 7.500 ærgildum til þeirra svæða sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir?
2. Er ætlunin að um verði að ræða árlegar greiðslur út gildistíma núverandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða?
3. Hafa þau svæði verið skilgreind sem uppfylla skilyrði skv. 1. lið?
4. Liggja fyrir úthlutunarreglur sem greitt verður eftir á viðkomandi svæðum?

278. Fyrirspurn [244. mál]

til menntamálaráðherra um sérframlag til framhaldsdeilda.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig samræmist það skólastefnu ríkisstjórnarinnar og stefnu hennar í byggðamálum að fella niður „í sparnaðarskyni“ allt sérframlag til framhaldsdeilda, 7,8 millj. kr., eins og gerð er tillaga um í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002?

279. Fyrirspurn [245. mál]

til menntamálaráðherra um nýja framhaldsskóla.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvenær er að vænta niðurstöðu í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna í Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð um stofnun 2–4 ára framhaldsskóla á svæðinu?
2. Hvenær er að vænta niðurstöðu í viðræðum milli menntamálaráðuneytisins og sveitarfélaganna á norðanverðu Snæfellsnesi um stofnun framhaldsskóla á svæðinu?

280. Fyrirspurn [246. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsdeildir.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvar á landinu eru nú starfræktar framhaldsdeildir sem útibú frá framhaldsskóla með skilgreinda hluta framhaldsskólanáms og hversu mikið
   a. greiðir ríkissjóður beint til einstakra framhaldsdeilda,
   b. greiða viðkomandi sveitarfélög?
2. Eftir hvaða reglum greiðir ríkissjóður fjárframlög til þeirra sem reka framhaldsdeildir utan höfuðstöðva sinna?
3. Hvaða sveitarfélög, sem ekki hafa eigin framhaldsskóla, hafa lagt fram beiðni um stofnun framhaldsdeilda?

Skriflegt svar óskast.

281. Svar [171. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um Lífeyrissjóð bænda.

1. Hve margir sjóðfélagar fá nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda?

Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði bænda fengu 3.618 einstaklingar greiddan lífeyri úr sjóðnum í októbermánuði 2001.

2. Hve margir sjóðfélagar greiða í sjóðinn?

Samkvæmt ársuppgjörum sjóðsins voru virkir sjóðfélagar 4.812 á árinu 2000 og 5.122 á árinu 1999. Ekki eru enn forsendur til að telja virka sjóðfélaga á árinu 2001. Gera má ráð fyrir að virkum sjóðfélögum ársins 2000 fjölgi þegar upplýsingar berast frá embætti ríkisskattstjóra vegna eftirlits þess með greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði og enn er verið að innheimta iðgjöld vegna ársins 1999.

3. *Hve margir sjóðfélagar, sundurliðað eftir kyni, fá nú mánaðarlega greiddar:*
   0–10 þús. kr.,
   10–20 þús. kr.,
   20–30 þús. kr.,
   30–40 þús. kr.,
   40–50 þús. kr.,
   meira en 50 þús. kr.?

Yfirlit yfir lífeyrisþega sem fá greitt vegna áunninna réttinda (uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr þá meðtalin).

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals-greiðsla
Elli-lífeyrir:	0–10 þús.	436	5.960	585	4.418	1021	5.092
	10–20 þús.	712	14.889	264	14.033	976	14.642
	20–30 þús.	346	24.043	50	23.933	396	24.029
	30–40 þús.	86	32.560	1	30.671	87	32.538
	Yfir 50 þús.	0		0			0
			Heildarfjöldi og meðaltal ellilífeyris:			**2.480**	**12.837**
Maka-lífeyrir:	0–10 þús.	47	3.574	457	4.907	504	4.783
	10–20 þús.	11	13.662	222	13.682	233	13.681
	20–30 þús.	1	24.165	8	21.688	9	21.963
	Yfir 30 þús.	0		0			0
			Heildarfjöldi og meðaltal makalífeyris:			**746**	**7.769**

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals-greiðsla
Örorku-lífeyrir:	0–10 þús.	45	6.227	60	6.064	105	6.134
	10–20 þús.	34	14.780	76	15.528	110	15.296
	20–30 þús.	35	25.125	47	25.031	82	25.071
	30–40 þús.	23	34.391	23	34.131	46	33.602
	40–50 þús.	14	43.188	8	44.229	22	43.566
	Yfir 50 þús.	0		0			0
			Heildarfjöldi og meðaltal örorkulífeyris:			**365**	**18.868**

Yfirlit yfir lífeyrisþega sem fá eingöngu greiddan lífeyri vegna búskapartíma (þ.e. greitt að fullu af ríkissjóði).

		Karlar	Meðaltal	Konur	Meðaltal	Samtals	Meðaltals-greiðsla
Elli-lífeyrir:	0–10 þús.	9	6.811	5	6.912	14	6.847
	10–20 þús.	26	15.704	8	15.425	34	15.638
	20–30 þús.	4	22.597	0		4	22.597
	Yfir 30 þús.	0		0			0
			Heildarfjöldi og meðaltal ellilífeyris:			**52**	**13.807**

Maka-	0–10 þús.	0	56	6.130	56	6.130
lífeyrir:	10–20 þús.	0	167	13.784	167	13.784
	Yfir 20 þús.	0	0			0
			Heildarfjöldi og meðaltal makalífeyris:		**223**	**11.862**

4. Eru réttindi sjóðfélaga sambærileg við réttindi hjá hliðstæðum sjóðum?

Ávinnsla lífeyrisréttinda hjá Lífeyrissjóði bænda (þ.e. elli-, örorku-, maka- og barnalífeyrir) byggist á samþykktum fyrir sjóðinn sem staðfestar voru af fjármálaráðherra 15. júní 2001. Ákvæði samþykktanna um lífeyrisréttindi eru með svipuðum hætti og hjá almennu lífeyrissjóðunum sem byggja réttindakerfi sín á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál frá 1995 og III. kafla laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með lögum nr. 122/1997, um breytingu á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, var afnumið lögbundið hámark iðgjaldagreiðslna í Lífeyrissjóð bænda. Iðgjaldsstofninn var ekki lengur búvöruverð, þ.e. ákveðið hlutfall af verði til framleiðanda heldur reiknuð laun eða greidd laun í landbúnaði þar sem búrekstrarformi væri þannig háttað. Lágar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum til sumra bænda má því skýra með því að þeir höfðu ekki með höndum það mikla framleiðslu að þeir næðu hámarksiðgjaldi eða þá að þeir höfðu stundað búskap í fá ár eftir stofnun sjóðsins en Lífeyrissjóður bænda var stofnaður með lögum nr. 101/1970 og tók til starfa 1. janúar 1971.

Lífeyrissjóður bænda starfar nú eftir lögum nr. 12/1999. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna skal iðgjald vera 4% af iðgjaldsstofni sem er reiknuð laun eða greidd laun í landbúnaði. Mótframlagið er 50% hærra en iðgjaldið og er það að jafnaði greitt úr ríkissjóði. Bændur hafa þá samið um greiðslu þess úr ríkissjóði, sbr. 2. málsl. 3. gr. laganna. Að öðrum kosti verða þeir að greiða mótframlagið sjálfir. Meginreglan varðandi menn í eigin atvinnurekstri er að þeir greiða mótframlag í lífeyrissjóð sjálfir. Þegar kemur að því að greiða lífeyri út úr sjóðnum þá veltur fjárhæð hans til hvers einstaks sjóðfélaga á því hversu hátt endurgjald eða hversu há laun sjóðfélaginn ákvarðaði sér á meðan hann var í búrekstri.

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda, er kveðið á um að iðgjöldin skuli umreiknuð í stig er mynda grundvöll til lífeyrisréttinda. Í 3. mgr. greinarinnar kemur síðan fram hver sé grundvöllur stigaútreiknings. Í greinargerð með ákvæði 3. mgr. 6. gr. er tekið fram að með lögunum verði ákveðinn nýr grundvöllur stigaútreiknings í samræmi við grundvöll lífeyrissjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, nú Landssamtaka lífeyrissjóða. Í dag ávinna bændur sér því sömu réttindastig fyrir sömu iðgjöld og gerist í öðrum lífeyrissjóðum.

282. Svar [188. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiðatryggingar.

1. Hefur Fjármálaeftirlitið lagt mat á hvort tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða, í samræmi við tilmæli þess árið 1999 um að vátryggingafélögin taki forsendur iðgjaldaákvörðunar til endurskoðunar? Ef svo er ekki, verður það þá gert og hvenær má vænta niðurstöðu?

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins gaf þróun tjóna á fyrri hluta þessa árs fyrirheit um að svigrúm gæti skapast til iðgjaldalækkana í lögboðnum ökutækjatryggingum. Samkvæmt upplýsingum vátryggingafélaganna hefur þessi þróun hins vegar ekki haldið áfram, því sjá megi aukningu í tjónum á ný. Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með þróun þessara mála, m.a. þróun tjónakostnaðar á seinni hluta þessa árs. Fyrr en sú þróun liggur fyrir er ekki tímabært að taka ákvörðun um hvort Fjármálaeftirlitið ráðist í sérstaka athugun á iðgjöldum.

2. *Hvernig hefur eigið fé, hagnaður, sjóðir og bankainnstæður tryggingafélaganna vaxið samanborið við vátryggingabætur á árunum 1999 og 2000 og fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs? Hverjar voru arðgreiðslur á þessu tímabili?*

Upplýsingar um rekstur og efnahag vátryggingafélaga birtast fyrst í ársreikningum einstakra vátryggingafélaga, sem allir eru opinber gögn, og síðan gefur Fjármálaeftirlitið út töflur með ársreikningunum ásamt sundurliðun eftir vátryggingagreinum á þeim reikningsliðum sem eðlilegt er að skipta niður. Fjármálaeftirlitið tekur hins vegar ekki saman upplýsingar úr ársuppgjörum vátryggingafélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir eigið fé, hagnað, sjóði og bankainnstæður, bókfærð tjón (þ.e. greidd tjón) og tjón ársins árin 1999 og 2000 samkvæmt gögnum sem Fjármálaeftirlitið hefur gefið út. Einnig eru sýndar arðgreiðslur sem fram koma í skýringum ársreikninga vátryggingahlutafélaga.

Rekstur og efnahagur vátryggingafélaga annarra en Viðlagatryggingar, nokkrir liðir í millj. kr.

	2000	1999
Eigið fé	13.324	11.948
Hagnaður	1.490	1.342
Sjóður og bankainnstæður	2.853	3.103
Bókfærð tjón	14.464	12.909
Tjón ársins	18.679	14.858
Arðgreiðslur	261	205*

*Arðgreiðslur ársins 1999 miðast eingöngu við skaðatryggingafélög. Samsvarandi tala fyrir árið 2000 er 232 millj. kr.

Til þess að komast hjá tvítalningu er sleppt arðgreiðslum þeirra vátryggingafélaga sem alfarið eru í eigu annarra vátryggingafélaga, þ.e. Íslenskrar endurtryggingar hf. og Tryggingar hf.

3. *Hefur Fjármálaeftirlitið upplýsingar um tekjur vátryggingafélaganna af lögboðnum bifreiðatryggingum árin 1999 og 2000 og áætlaðar tekjur yfirstandandi árs auk tjónaskuldar vegna þeirra á sama tíma?*

Hlutur lögboðinna ökutækjatrygginga í rekstrar- og efnahagsliðum vátryggingafélaga árin 1999 og 2000 samkvæmt skýrslum Fjármálaeftirlitsins er sýndur í eftirfarandi töflu. Fjármálaeftirlitið tekur ekki saman upplýsingar um rekstraráætlanir vátryggingafélaga, þannig að það hefur ekki áætlun um tekjur vátryggingafélaga á yfirstandandi ári.

Lögboðnar ökutækjatryggingar	2000	1999
Bókfærð iðgjöld	6.791	4.967
Breyting á iðgjaldaskuld	920	682
Iðgjöld ársins	5.870	4.285
Bókfærð iðgjöld, hluti endurtryggjenda	120	128
Breyting á iðgjaldaskuld, hluti endurtryggjenda	0	-6
Endurtryggingariðgjöld	120	134
Eigin iðgjöld ársins	**5.750**	**4.151**
Fjárfestingartekjur af vátrygginga-/skaðatryggingarekstri	2.175	1.979
Aðrar tekjur að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Bókfærð tjón	5.611	5.052
Breyting á tjónaskuld	2.655	1.819
Tjón ársins	8.266	6.871
Bókfærð tjón, hluti endurtryggjenda	141	166
Breyting á tjónaskuld, hluti endurtryggjenda	179	113
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	319	279
Eigin tjón ársins	**7.947**	**6.592**
Breyting á annarri vátryggingarskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Ágóðahlutdeild og afsláttur að frádregnum hluta endurtryggjenda	67	44
Sölukostnaður	670	517
Breyting á yfirfærðum sölukostnaði	0	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	794	635
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjenda	0	0
Hreinn rekstrarkostnaður	**1.464**	**1.153**
Annar kostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda	0	0
Breyting á útjöfnunarskuld	-206	-689
Hagnaður eða tap af vátrygginga-/skaðatryggingarekstri	**-1.347**	**-970**
Iðgjaldaskuld frá fyrra ári	2.726	2.043
Iðgjaldaskuld til næsta árs	3.646	2.726
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldaskuld frá fyrra ári	0	6
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldaskuld til næsta árs	0	0
Tjónaskuld frá fyrra ári	17.461	15.642
Tjónaskuld til næsta árs	20.116	17.461
Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld frá fyrra ári	387	274
Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld til næsta árs	566	387
Útjöfnunarskuld frá fyrra ári	476	1.165
Útjöfnunarskuld til næsta árs	270	476
Ágóðaskuld og afsláttur frá fyrra ári	41	34
Ágóðaskuld og afsláttur til næsta árs	65	47
Hluti endurtryggjenda í ágóðaskuld og afslætti frá fyrra ári	0	0
Hluti endurtryggjenda í ágóðaskuld og afslætti til næsta árs	0	0
Hlutfallstölur		
Tjón ársins/iðgjöld ársins	140,8%	160,3%
Hreinn rekstrarkostnaður/iðgjöld ársins	24,9%	26,9%
Fjárfestingartekjur/iðgjöld ársins	37,0%	46,2%
Tjón+hr. kostnaður – fjárfestingatekjur/iðgjöld ársins	128,7%	141,1%

Lögboðnar ökutækjatryggingar	2000	1999
Hagnaður eða tap af vátryggingarekstri/iðgjöld ársins	-22,9%	-22,6%
Eigin tjón/eigin iðgjöld	138,2%	158,8%
Eigin vátryggingarskuld/eigin iðgjöld	409,2%	489,6%

4. *Hefur verið staðið eðlilega að skattgreiðslum af hagnaði tryggingafélaganna með tilliti til framlaga í bótasjóði og hafa framlög í sjóðina verið eðlileg og í samræmi við áætlaðar tjónaskuldir á hverjum tíma að mati Fjármálaeftirlitsins?*

Eftirlit með skattgreiðslum vátryggingafélaga er á hendi skattyfirvalda. Fram kemur í svari Fjármálaeftirlitsins að því sé ekki kunnugt um annað en að vátryggingafélögin fari eftir gildandi skattareglum á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitið fylgist með vátryggingarskuld hvers vátryggingafélags um sig og sérstaklega með tjónaskuld, einkum í lögboðnum ökutækjatryggingum. Eins og fram hefur komið í skýrslum Fjármálaeftirlitsins um athuganir þess á síðustu árum hafa ekki verið gerðar sérstakar athugasemdir við mat einstakra vátryggingafélaga á henni.

Vegna orðalags spurningarinnar er nauðsynlegt að gefa skýringar á hugtökum. Eins og orðanotkun í reikningsskilum og rekstri fyrirtækja hefur þróast er heitið bótasjóður rangnefni, þótt það hafi verið notað í ársreikningum vátryggingafélaga fram til ársins 1995. Um er að ræða skuldalið vegna þegar orðinna en óuppgerðra tjóna. Liðurinn heitir nú tjónaskuld, sem er eðlilegra heiti. Breytingar á tjónaskuldinni eru færðar í rekstrarreikning og koma þar fram sem gjaldaliður ef tjónaskuld hækkar milli ára. Ekki er rétt að tala um framlög í því sambandi, vegna þess að breytingin er mismunur tjónaskuldar við upphaf og lok ársins.

5. *Hver hafa vísitöluáhrif iðgjaldahækkana á bifreiðatryggingum verið síðastliðin þrjú ár?*

Viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar um áhrif iðgjaldahækkana á vísitölu, enda heyra mál er lúta að vísitölum og útreikningi þeirra undir ráðherra Hagstofu Íslands. Ráðuneytinu er því ekki fært að svara framangreindum lið.

6. *Hvað líður skoðun Samkeppnisstofnunar á meintu samráði tryggingafélaga og fákeppni á tryggingamarkaði og hvenær er að vænta niðurstöðu?*

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar er athugun stofnunarinnar á samkeppnisháttum á vátryggingamarkaðnum árin 1993–1999 langt komin. Er niðurstöðu hennar að vænta á næstu mánuðum.

7. *Hvað má áætla að mikið fé hjá tryggingafélögunum losni úr tjónaskuld fyrir árin 1997–2000 að mati Fjármálaeftirlitsins?*

Fjármálaeftirlitið spáir ekki um matsþróun einstakra ára eða tímabila nema í undantekningartilvikum. Þannig liggur t.d. ekkert fyrir annað en tjónaskuldin sjálf um það hver verði endanlegur kostnaður vegna tjóna sem urðu á árunum 1997–2000. Þess má hins vegar geta að við reikningsskil vegna ársins 2000 var mat eldri tjóna (sem urðu 1999 eða fyrr) lækkað um 2,6 milljarða kr. frá mati þeirra í byrjun ársins. Af þeirri lækkun voru 1,4 milljarðar kr. í lögboðnum ökutækjatryggingum.

283. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson,
Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs.

Greinargerð.

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19%. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks.

Af þessum sökum hafa víða á Vesturlöndum verið gerðar miklar rannsóknir á þeim breytingum á aldursskiptingu sem eru fyrirsjáanlegar næstu áratugi og stafa af því að sífellt fleiri ná háum aldri, m.a. vegna framfara í læknisfræði og betri aðbúnaðar, og ber að sjálfsögðu að gleðjast yfir því.

Umræðan um vandamál er fylgja breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar snertir ýmsa viðkvæma þætti í lífi aldraðra. Enginn má skilja þá umræðu svo að verið sé að hnýta í aldraða. Miklu heldur er tillaga þessi lögð fram til þess að tryggja afkomu aldraðra og þjónustu samfélagsins við þá. Flestir eiga fyrir höndum að ná háum aldri og þurfa að gera sér grein fyrir þeim breytingum á eigin lífi og í þjóðfélaginu sem fram undan eru. Vaxandi kostnaður heilbrigðisþjónustunnar og lífeyriskerfisins er vandi þjóðarinnar allrar. Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita sameiginlegra lausna eins og aðrar þjóðir hafa reynt. Að vísu virðist vera nokkuð djúpt á lausnum, en þó hafa komið fram ýmsar tillögur sem vert er að gaumgæfa.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Fyrir 100 árum hefðu fæstir náð þeim aldri sem eftirlaun eru nú miðuð við.

Þrátt fyrir stöðugt hærri meðalaldur verður ekki hjá því komist að líkaminn slitni með aldrinum, sama hvað við reynum að lifa skynsamlega og hversu góð heilbrigðisþjónustan er. Kvillarnir herja mismikið á fólk og eftir því sem það nær hærri aldri aukast líkurnar á þörf fyrir samfélagslega aðstoð. Kostnaður þjóðfélagsins við þá aðstoð verður meiri eftir því sem fjölgar í þeim hópi sem nær háum aldri, og eins og horfur eru nú í flestum vestrænum löndum mun háöldruðum fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og stundum talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Eftirlaunakerfið hefur hins vegar reynst nokkuð dýrt og stjórnvöld hafa víða borið sig illa. Flestum er ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast gífurlega. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi víða um heim. Reiknað hefur verið út að árið 2030 geti staðan orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega,

aldurshópar komi til með að takast á um skiptingu fjármagns og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Einnig hefur verið bent á að breyttri aldursskipan fylgja pólitískar breytingar. Aldraðir hafa víða styrkt mjög stöðu sína með hvers konar félagsstarfsemi sem hefur það meginmarkmið að hafa áhrif á ákvarðanir löggjafarvaldsins í málefnum aldraðra og er það vel.

Ýmsir vilja draga úr alvarlegum afleiðingum breyttrar aldursskiptingar sem verður áberandi fljótlega eftir aldamót, en svartsýnar spár hafa haft þau jákvæðu áhrif að stjórnvöld og einstaklingar eru farin að skoða áhrif breytinganna og leita leiða til að bregðast við þeim.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir. Því er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál. Það hlýtur að vera skylda komandi kynslóða að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

284. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Katrín Fjeldsted, Jóhann Ársælsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson, Ásta Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján Pálsson, Einar Már Sigurðarson, Gunnar Birgisson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að marka opinbera stefnu í málefnum hjólreiðamanna og stefnu um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli. Tekið verði tillit til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og stefnt að því að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum á Íslandi.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. október 2002.

Greinargerð.

Markmiðið með tillögunni er að vekja athygli á hjólreiðamönnum í umferðinni, en einnig að auka öryggi þeirra og fækka slysum.

Hjólreiðar eru vinsæl afþreying á Íslandi, sem og annars staðar, og hefur hjólreiðafólki fjölgað mjög á Íslandi á síðustu áratugum. Hjólreiðar eru ódýr, skemmtilegur og heilsusamlegur ferðamáti og vinsæl fjölskylduíþrótt. Fjölmörg dæmi eru um að fólk í þéttbýli noti reiðhjól til þess að ferðast milli áfangastaða og ef aðstæður til hjólreiða væru betri væru þær mun vinsælli.

Hjólreiðar eru holl og góð íþróttagrein og hluti af daglegri líkamsrækt hjá mörgum. Þær eru einnig afar vinsæll ferðamáti barna og unglinga og er tími til kominn að mótuð verði opinber stefna í þessum málum. Einnig hefur það mjög færst í vöxt að bæði Íslendingar og útlendir ferðamenn ferðist um landið á reiðhjólum. Þannig er á sumrum mikil umferð erlendra ferðamanna frá Leifsstöð og einnig frá Seyðisfirði. Aðstaða hjólreiðafólks á Íslandi er afar slæm og í mörgum tilfellum er hættulegt að ferðast um á reiðhjólum þar sem lítið tillit er tekið til hjólreiðafólks.

Hin fjölfarna þjóðleið frá Hafnarfirði um Garðabæ, Kópavog, Reykjavík og Mosfellsbæ er stórhættuleg hjólreiðafólki, sem og gangandi vegfarendum. Talið er að um 16.000 reiðhjól

hafi verið flutt inn til landsins árlega á síðustu 11 árum sem þýðir um 176.000 reiðhjól auk þeirra sem til voru áður. Því er talið að um 66% þjóðarinnar eða tveir af hverjum þremur landsmönnum eigi reiðhjól.

Of sjaldgæft er að fyrirtæki og stofnanir hafi sérstakar reiðhjólagrindur við fyrirtæki sín þó að það hafi batnað nokkuð á síðustu árum en betur má ef duga skal. Athygli skal vakin á því að engin slík eru við Alþingishúsið eða skrifstofur Alþingis.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum ferðamáta við hönnun nýrra mannvirkja, enda eru hjólreiðar hluti af nútímaafþreyingu og sumarleyfisferðum.

Æskilegt væri að í nefndinni sem skipuð yrði væru t.d. fulltrúar Vegagerðarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Landssambands hjólreiðamanna, Fjallahjólaklúbbs Íslands og Hjólreiðafélags Reykjavíkur.

Í Reykjavík var starfrækt sérstök hjólreiðanefnd sem skilaði ítarlegum tillögum til borgarráðs árið 1994, auk þess sem gengið var í samtökin „Car Free Cities".

Athyglisverðar eru tilraunir bæjarstjórnar Árborgar í þessum efnum þar sem boðið hefur verið upp á leigureiðhjól til þess að auka notkun reiðhjóla í umferðinni á Árborgarsvæðinu. Fleiri bæjarfélög eru að huga að þessum athyglisverða og skemmtilega ferðamáta. Þetta er líkt og er gert í Kaupmannahöfn en aðstaða hjólreiðafólks í Danmörku er til algerrar fyrirmyndar. Þar hafa verið markaðssettar hjólreiðaparadísir, t.d. á Borgundarhólmi, en þar byggist ferðamennska að stærstum hluta á hjólreiðum.

Það er deginum ljósara að eftir því sem aðstaða hjólreiðamanna batnar hvetur það Íslendinga til að nýta sér þann skemmtilega og holla ferðamáta sem hjólreiðar eru.

285. Fyrirspurn [249. mál]

til samgönguráðherra um lagningu ljósleiðara.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Í hvaða sveitarfélögum hefur Landssíminn þegar lagt ljósleiðara?
2. Hvar er fyrirhugað að halda áfram við lagningu ljósleiðara?
3. Hvaða skilyrði þurfa sveitarfélög að uppfylla til að ljósleiðari sé lagður þar?
4. Hvert telur ráðherra að verði framhald á lagningu ljósleiðara eftir að annar eigandi hefur fengið meiri hluta í stjórn Landssímans?

286. Fyrirspurn [250. mál]

til félagsmálaráðherra um tillögur byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra sveitarstjórnarmála við tillögum byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga?
2. Er samstarf milli félagsmálaráðuneytis og sambandsins um mögulega framkvæmd tillagna byggðanefndarinnar?

287. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um nýja námsbraut við Sjómannaskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra athugun á möguleikum þess að við Sjómannaskóla Íslands verði stofnað til viðbótarnáms (námskeiðs) er lýtur að störfum skipstjórnarmanna á skemmtiferðaskipum. Námið verði með alþjóðlegu sniði, kennsla fari fram á ensku en tímalengd og umfang námsins ráðist af þeim kröfum sem gerðar eru í dag til öryggis og rekstrar skemmtiferðaskipa.

Nám þetta verði viðbót við hefðbundið skipstjórnarnám (stýrimenn, vélstjórar) en miðist fyrst og fremst við umfangsmikinn rekstur skemmtiferðaskipa.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild skemmtiferðaskipa í ferðamannafjölda stóraukist. Talið er að aukning í þessari grein, miðað við farþegafjölda, hafi verið 8% að meðaltali sl. 15 ár. Nú eru 53 skemmtiferðaskip í pöntun hjá skipasmíðastöðvum víðs vegar um heiminn en smíði þeirra síðustu á að vera lokið árið 2003.

Hér er um að ræða viðbót við þann flota sem fyrir er.

Talið er að á næstu fimm árum þurfi u.þ.b. 100.000 nýja starfsmenn í áhafnir skemmtiferðaskipanna.

Mjög erfitt reynist að finna og fá skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra frá Vestur-Evrópulöndum til starfa, m.a. vegna þess að ungt fólk er orðið fráhverfara sjómennsku en áður var og æ færri stunda nám í sjómannaskólum. Á hinn bóginn sækjast flest félög, sem reka skemmtiferðaskip, eftir evrópskum yfirmönnum, og er þess oft getið í kynningu og sölugögnum viðkomandi skips fyrir farþega að yfirmenn séu frá Evrópu og þykir það mjög traustvekjandi.

Til þess að gera störf yfirmanna eftirsóknarverðari hafa kjörin verið bætt, sem m.a. felst í því að tvær áhafnir yfirmanna eru tengdar hverju skipi. Stöður yfirmanna eru þá að sjálfsögðu fleiri og frítíminn meiri. Einnig þurfa útgerðir skemmtiferðaskipa skipstjórnarmenn til starfa í landi við margs konar stjórnunarstörf.

Útgerðarfyrirtæki hafa vissulega reynt að bregðast við þessum vanda, m.a. leitað eftir skipstjórnarmönnum frá Austur-Evrópu, en þá er vandinn málakunnátta. Önnur útgerðarfyrirtæki hafa snúið sér til menntamálayfirvalda í viðkomandi landi og hvatt til aukinnar áherslu á þær greinar sem áður voru nefndar. Önnur leggja mikla áherslu á innri starfsmenntunarmál og samvinnu við sjómannaskóla víða um heim. Fram hefur þó komið að ákveðna og skipulagða kennslu vantar á þessu sviði.

Flutningsmenn telja mikla möguleika felast í kennslu og fræðslu á þessu sviði hér á landi í ljósi þess hve umfangsmikil þessi grein ferðamála er orðin og fer ört vaxandi. Þessi vöxtur er hvatning fyrir Íslendinga, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki, til frekari þátttöku í alþjóðasiglingum. Þá má benda á að með þessu námi mundi Sjómannaskólahúsið nýtast allt árið og einnig nýjar nemendaíbúðir við Sjómannaskólann ásamt íbúðum við Kennaraháskólann. Þá má ætla að nám erlendra manna hér á landi vegna reksturs skemmtiferðaskipa gæti, til langs tíma litið, leitt til þess að komum slíkra skipa til Íslands fjölgaði verulega.

288. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Gjalddagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 1. júlí skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 1. janúar skal greitt fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars og aðra starfsmenn aðila, sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af Flugmálastjórn Íslands, þ.m.t. starfsmenn viðhaldsstöðva eða viðhaldsaðila, þeirrar aðstoðar sem þörf er á.
b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

   Með samsvarandi hætti og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal Flugmálastjórn Íslands heimill aðgangur að sérhverri starfsstöð þeirra aðila sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af stofnuninni, þ.m.t. viðhaldsstöðvum loftfara, einnig að gögnum og skrám sem viðhaldið varða, flugskýlum og öðrum þeim mannvirkjum og gögnum sem komið er upp og við haldið í þágu loftferða.

3. gr.

Við 28. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands viðurkennir framleiðendur og viðhaldsaðila samkvæmt umsókn þeirra þar um, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem ráðherra setur með reglugerð um:

a. starfsemislýsingu, sem skal m.a. taka til skipulags og gæðastjórnunar,
b. kunnáttu og hæfni ábyrgra fyrirsvarsmanna,
c. húsnæði, tækjakost og annan búnað,
d. fjárhag, en tryggt fjárstreymi skal á hverjum tíma nægja til þriggja mánaða reksturs.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn, þ.e. framkvæmdastjóri, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi.

Flugmálastjórn Íslands er hvenær sem er heimilt að gera úttekt á starfsstöðvum framleiðenda og viðhaldsaðila og er fyrirsvarsmönnum slíks reksturs skylt að veita í því skyni þann aðgang og atbeina sem stofnunin krefst.

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út lofthæfisfyrirmæli, einnig rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá framleiðendum og viðhaldsaðilum. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana, í þágu aukins flugöryggis, háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti viðurkenndur framleiðandi eða viðhaldsaðili lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda skal Flugmálastjórn Íslands svipta hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsþætti. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „flugliðar“ í 1. málsl. kemur: flugverjar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almennt aldurshámark flugliða í flutningaflugi skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 65 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

5. gr.

Við 3. mgr. 42. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um fyrirmæli annarra flugverja sem snerta öryggi loftfars og farþega og eigna um borð eða öryggi flugleiðsögu. Hver sá sem með athæfi sínu leitast við að hindra eða takmarka getu flugstjóra, flugliða, þjónustuliða, eða annars starfsliðs flugrekanda um borð, við að gegna störfum sínum skal sæta refsingu skv. 141. gr.

6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um takmarkanir á veitingu áfengis til farþega og um meðferð öryggisbúnaðar og raftækja um borð í íslenskum loftförum, eftir því sem stofnunin telur nauðsynlegt í þágu flugöryggis.

Hver sem um borð í loftfari í almenningsflugi brýtur gegn reykingabanni eða fyrirmælum um áfengisnotkun, á að ástæðulausu við reykskynjara eða annan öryggisbúnað um borð eða hlýðir ekki fyrirmælum flugverja, þ.m.t. fyrirmælum um að slökkva á rafeindatæki, skal sæta refsingu skv. 141. gr.

7. gr.

1. málsl 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra, öðrum flugverjum eða öðrum starfsmönnum flugrekanda, starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má.

8. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Flugvellir og búnaður þeirra skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

Í reglugerð um flugvelli skulu þeir flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónusta skilgreind. Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að flugvellir uppfylli gerðar kröfur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og eða eigandi hans sækja um viðurkenningu á aðstöðu og búnaði til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans, sem skal háð útgáfu á starfsleyfi. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á. Frestur til að sækja um starfsleyfi til handa þeim flugvöllum sem starfræktir eru við gildistöku laga þessara skal vera 1 ár frá gildistökudegi þeirra.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Flugmálastjórn Íslands skal svipta aðila starfsleyfi, ef flugvöllur fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hans eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugvallarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugvallar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá leita eftir viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugvelli tímabundið eða takmarka umferð um hann sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

9. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til reksturs flugstöðva vegna flutnings á farþegum og farmi í atvinnuskyni. Nánar skal kveðið á um kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila, aðstöðu og búnaðar flugstöðva í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugstöðvar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um viðurkenningu á aðstöðu og búnaði til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir opnun. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á. Frestur til að sækja um starfsleyfi til handa þeim flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laga þessara skal vera 1 ár frá gildistökudegi þeirra.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í starfsleyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Starfsleyfi má taka aftur ef flugstöð fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hennar eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugstöðvarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugstöðvar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugstöð tímabundið eða takmarka umferð um hana sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

10. gr.

Við 2. mgr. 70. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva og flugrekendur ræki skyldur sínar á sviði flugverndar í samræmi við flugverndaráætlun sem stofnunin skal gera og viðhalda fyrir Ísland. Flugverndaráætlanir eftirlitsskyldra aðila skulu lagðar fyrir stofnunina til samþykktar, en þær skulu greina fyrirkomulag við öryggisleit á mönnum, leit í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans, tækjabúnað til slíks starfs, lýsingu gæðakerfa og þjálfunaráætlanir. Þá setur stofnunin reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda, um fyrirkomulag öryggisleitar á farþegum og öðrum aðilum sem vegna starfs síns fara inn á öryggissvæði, svo og fyrirkomulag leitar í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans.

11. gr.

Við 2. mgr. 71. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd Alþjóðaflugþjónustunnar sem sérstakrar rekstrareiningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

a. 4. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og veittrar leiðarflugsþjónustu“ í 6. mgr. falla brott.

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 73. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Almennt aldurshámark flugumferðarstjóra skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 63 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 75. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn skal heimilt að taka upp hvers konar fjarskipti vegna flugumferðar og skrá tilkynningar sem berast vegna þeirrar umferðar.

Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð.

Óviðkomandi aðilum skal ekki veittur aðgangur að gögnum þessum, nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða dómsúrskurði.

15. gr.

Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn flugrekanda, þ.e. framkvæmdastjóri, flugrekstrarstjóri, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi.

16. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda skal Flugmálastjórn Íslands svipta hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

17. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 131. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að skerða bótarétt aðila utan loftfars, sem fyrir tjóni verður, með vátryggingarskilmálum sem lúta að sjálfsáhættu vátryggingartaka, eigin sök hans eða með ábyrgðarundanþágum, og skulu slík ákvæði teljast ógild.

18. gr.

136. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli, uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á, eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins.

Ef eftirlitsskyldur aðili veitir Flugmálastjórn Íslands ekki þær upplýsingar sem hún krefur hann um, innan þess frests sem stofnunin setur, eða sinnir ekki kröfum stofnunarinnar um úrbætur sem hún telur nauðsynlegar, innan hæfilegs frests, getur Flugmálastjórn Íslands gert aðila skylt að greiða dagsektir. Þær skulu þá greiðast þar til farið hefur verið að kröfum Flugmálastjórnar Íslands. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Flugmálastjórn Íslands getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28. gr., 84. gr. og 140. gr. laga þessara. Févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til samgönguráðherra innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina, sem skal gera skriflega gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að og með sannanlegum hætti. Sé févítis- eða dagsektaákvörðun kærð er innheimta ekki heimil fyrr en að gengnum úrskurði ráðherra. Óinnheimtar dagsektir og févíti falla ekki niður við það að eftirlitsskyldur aðili verður síðar við þeim kröfum sem knúið er á um.

Ákvarðanir um dagsektir og févíti eru aðfararhæfar. Málskot til ráðherra frestar aðför, en úrskurðir ráðherra eru aðfararhæfir. Við aðför skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um

málsmeðferð fara samkvæmt ákvæðum 13. kafla aðfararlaga. Innheimt févíti og dagsektir renna til ríkissjóðs.

19. gr.

Á eftir orðinu „loftferðamannvirkis“ í 1. mgr. 138. gr. laganna kemur: eigandi eða umráðandi viðhaldsstöðvar eða viðhaldsaðili.

20. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Nú telur Flugmálastjórn Íslands skilyrði til sviptingar skírteinisréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá til bráðabirgða svipta hlutaðeigandi þeim rétti sem skírteini hans greinir, svo skjótt sem unnt er. Bráðabirgðasviptingin skal tímabundin. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma eins og hann kann að verða ákveðinn með dómi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu og var leitað umsagna hagsmunaaðila.

Í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa um flugslys það sem varð í Skerjafirði 7. ágúst 2000 hófst víðtæk umræða hérlendis um flugöryggismál og stöðu þeirra og ástand. Ein af niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar laut að því að brestir hefðu verið í skipulagi þess flugrekstrar sem flugvélin sem fórst tilheyrði. Fram kom að Flugmálastjórn teldi sig ekki hafa yfir nægum úrræðum að ráða til að eftirlit stofnunarinnar bæri tilætlaðan árangur. Bent var á að stofnunin hefði í nokkrum tilfellum verið gerð afturreka af dómstólum þegar fyrirsvarsmenn hennar hefðu leitast við að koma í veg fyrir það sem þeim virtist fífldirfska og glannaskapur í flugi. Af hálfu samgönguráðherra var því lýst yfir að rétt væri að styrkja eftirlitsvald Flugmálastjórnar Íslands með flugrekendum. Með frumvarpi þessu er ætlunin að fjölga þvingunarúrræðum stofnunarinnar og efla hana þannig til eftirlitsstarfsins með það að markmiði að auka flugöryggi.

Þá ýta nýleg hryðjuverk í fluginu undir að ákvæði laganna um flugvernd séu styrkt, auk þess sem með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ýmis ákvæði sem horfa til aukins öryggis flugfarþega og almennings á jörðu niðri. Það eru nýmæli að samkvæmt frumvarpinu verða allir flugvellir og flugstöðvar á Íslandi leyfisskyld og sett undir opinbert eftirlit Flugmálastjórnar Íslands (flugöryggissvið). Loks geymir frumvarpið nokkur ákvæði sem lúta að framkvæmd laganna og er nánari grein gerð fyrir þeim tillögum í umsögn um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við setningu laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 74/2000, var gjalddögum eftirlitsgjalda breytt frá fyrri gjaldskrá. Þessi breyting hefur reynst innheimtukerfi því sem í notkun er ofviða og er því hér leitast við að auðvelda innheimtu eftirlitsgjalda með því að breyta gjalddögunum.

Um 2. gr.

Með 27. gr. loftferðalaga er Flugmálastjórn Íslands tryggður víðtækur aðgangur að hverju skráðu loftfari í því skyni að framfylgja eftirlitsvaldi stofnunarinnar. Eftirlitsstarf Flugmálastjórnar er háð eftirliti af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem er ein af undirstofnunum Sameinuðu þjóðanna, en einnig af hálfu Flugöryggissamtaka Evrópu, sem eru samtök flugmálastjórna álfunnar. Í nýlegri úttekt sem Alþjóðaflugmálastofnunin gerði á Flugmálastjórn Íslands komu fram athugasemdir við að aðgangur stofnunarinnar til eftirlits með viðhaldsaðilum loftfara, svo og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa á grundvelli rekstrarheimilda útgefinna af Flugmálastjórn, væri ekki svo tryggður sem skyldi í þeim lögum sem stofnunin starfar eftir.

Með 2. gr. frumvarpsins er bætt úr þessum ágalla á löggjöfinni í samræmi við ábendingu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Um 3. gr.

Núgildandi ákvæði loftferðalaga eru fáorð um framleiðendur og viðhaldsaðila en það verklag ríkir á þessu sviði og er viðurkennt í alþjóðlegu samstarfi að stjórnvöld taka ekki út hverja einstaka viðgerð sem framkvæmd er, heldur eru loftför skrifuð út eftir viðgerð af sérstökum fyrirsvarsmönnum viðhaldsaðilanna. Þessir aðilar hafa fengið til þessa sérstakar heimildir Flugmálastjórnar og eru þá jafnframt sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar, enda fara þeir með ákveðinn hluta af eftirlitsvaldi hennar. Þetta skipulag getur því aðeins gengið að til starfanna veljist fyrirsvarsmenn sem stofnunin ber fullt traust til og þeir séu háðir eftirliti hennar. Eftirlit stofnunarinnar beinist einkum að því að verkferlar séu skilgreindir, eftir þeim sé farið og að gæðakerfi sé traust og fylgt fast fram.

Það hversu loftferðalögin íslensku eru fáorð um viðhaldsaðila loftfara er í litlu samræmi við það þýðingarmikla öryggisstarf sem þeir vinna og lýtur að því grundvallarskilyrði fyrir starfrækslu sérhvers loftfars sem lofthæfi þess er. Með ákvæðum 3. gr. frumvarpsins er bót á þessu ráðin og réttindum og skyldum þessara aðila lýst og þeim kröfum sem gera verður til þeirra. Þá er vikið að eftirlitsheimildum og þvingunarúrræðum Flugmálastjórnar Íslands og má vísa til umfjöllunar í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu í því sambandi.

Um 4. gr.

Lengi hefur verið við lýði sú regla á alþjóðlega vísu að aldursmörk skírteinishafa í flutningaflugi miðist við sextíu ár. Kveðið er á um hana í viðauka 1 við Chicago-samninginn. Sum ríki beita reglu þessari fortakslaust, til að mynda Bandaríkin. Íslendingar hafa hins vegar tilkynnt frávik frá reglunni til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þar sem fram til 1997 var heimilt að uppfylltum vissum skilyrðum að framlengja aldursmörkin til 63 ára aldurs, en frá því ári allt til 65 ára aldurs. Höfum við í þeim efnum fylgt reglum JAA, Flugöryggissamtaka Evrópu, svonefndum JAR-FCL reglum, en hin nýja skírteinareglugerð sem unnin var á vegum þeirra samtaka og tók gildi á Íslandi 1. júlí 1999 gerir ráð fyrir þessum frávikum frá reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Íslendingar voru þannig nokkru fyrri til að taka þær upp. Það hafa flestar Evrópuþjóðir gert, að Frökkum frátöldum sem enn halda sig við 60 ára aldurshámarkið eins og Bandaríkjamenn. Reglunum hefur til þessa verið skipað með reglugerð en sakir þess hve hér er um mikilvæg atvinnu- og persónuréttindi einstaklinga að ræða þykir rétt að setja þessar grunnreglur í lög. Með flutningaflugi (Commercial air transportation operation) er átt við starfrækslu loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Um 5. og 6. gr.

Á síðastliðnum árum hafa æ fleiri tilvik komið upp þar sem farþegar sýna af sér ofstopafulla hegðun eða hegðun sem getur stofnað öryggi loftfars í hættu. Í ljósi þeirrar þróunar þykir nauðsynlegt að lögfesta ítarlegri ákvæði er varða þá hegðun sem óæskileg verður að teljast þegar flugöryggi er annars vegar. Þá er leitast við að styrkja þau ákvæði loftferðalaganna sem varða samskipti flugstjóra, flugliða og þjónustuliða við farþega.

Alþjóðaflugmálastofnunin hefur beint tilmælum til aðildarríkjanna um að þau lögfesti viðurlagaákvæði sem stefnt sé gegn þeirri hegðun sem frumvarpsgreinin lýsir.

Um 7. gr.

Hér er um útvíkkun á skyldu til tilkynninga að ræða. Viðbótin varðar m.a. viðhaldsaðila, en gildandi ákvæði tryggja ekki að þeir upplýsi atvik sem leitt hefðu getað til flugslysa, og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Um 8. gr.

Með ákvæði þessu eru allir flugvellir landsins leyfisskyldir og settir undir opinbert eftirlit Flugmálastjórnar Íslands. Unnið er að undirbúningi að því að sett verði reglugerð um flugvelli á Íslandi. Síðasta reglugerð sem í gildi var um flugvelli var afnumin 1988 án þess að ný kæmi í hennar stað. Rétt þykir að skilgreindar verði kröfur um alla flugvelli, þ.m.t. lendingarstaði og þyrluvelli svo og búnað þeirra í reglugerð. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar frumvarpsins verða allir flugvellir leyfisskyldir, nema herflugvellir sem falla utan gildissviðs laganna.

Hér er miðað við að aðili sem hefja vill starfrækslu á flugvelli sæki um viðurkenningu á aðstöðu og búnaði vallarins til Flugmálastjórnar Íslands (flugöryggissviðs). Sama á við um þá aðila sem í dag reka flugvelli. Starfsleyfi er ætlað að taka til vallarins, þ.e. landfræðilegrar afmörkunar svæðis og loftrýmis fyrir aðflug og flugtak, flugbrauta, aðstöðu, búnaðar og þjónustu sem nauðsynleg er til starfrækslu hans. Þá skulu sérhverjar undanþágur, takmarkanir eða skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis tilgreindar í leyfinu.

Um 9. gr.

Hér er um nýmæli að ræða en ekki hefur áður verið kveðið á um hvaða kröfur skuli gerðar til reksturs flugstöðva á Íslandi. Hliðstæð sjónarmið liggja þessum ákvæðum til grundvallar og lýst er í athugasemd við 8. gr. auk þess sem flugverndarmál varða hér miklu.

Um 10. gr.

Með þessum ákvæðum er leitast við að styrkja starf Flugmálastjórnar Íslands að flugverndarmálum.

Markmið flugverndar er að vernda flugsamgöngur gegn ólögmætum aðgerðum og tryggja öryggi farþega og áhafna og almennings. Framkvæmd flugverndarmála grundvallast í meginatriðum á því starfi sem unnið er og vinna þarf af yfirvöldum í nánu samstarfi og samvinnu við eftirlitsskylda rekstraraðila. Til að tryggja öryggi og samræmd vinnubrögð er nauðsynlegt að flugverndaráætlun fyrir Ísland í heild sinni verði hrint í framkvæmd og flugverndarráð sett á laggirnar í samræmi við viðauka 17 við Chicago-samninginn, ályktanir og leiðbeiningar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sama efnis, og alþjóðlegrar skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur, svo sem á vettvangi ECAC.

Þá er flugverndaráætlun flugvalla, flugstöðva og flugrekenda ásamt starfi flugverndarnefnda grunnþáttur í uppbyggingu þessa starfs. Nauðsynlegt er að styrktur verði sá grundvöllur sem byggt er á í eftirliti með flugverndaráætlunum og neyðaráætlunum.

Um 11. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er komið til móts við athugasemdir sem komið hafa fram um að lagagrundvöllur starfs Alþjóðaflugþjónustunnar sé ekki nægjanlega styrkur. Alþjóðaflugþjónustunni er ætluð sjálfstæð samningsaðild í þeim þjónustusamningum sem hún gerir, til að mynda við Landssímann og Veðurstofuna um framlag þessara aðila til flugumferðarstjórnarinnar. Hún er því í raun rekin eins og sérstakt ríkisfyrirtæki á grundvelli alþjóðasamstarfs um stjórn flugumferðar yfir úthafinu þar sem Flugmálastjórn Íslands gegnir lykilhlutverki.

Um 12. gr.

Með þessu ákvæði er fengin lagaheimild til niðurfellingar flugleiðsögugjalds sem innheimt hefur verið af flugrekendum. Er það í samræmi við yfirlýsingu samgönguráðherra sl. sumar vegna bágrar afkomu innanlandsflugsins.

Um 13. gr.

Þessi ákvæði frumvarpsins eiga sér hliðstæðar skýringar og fram koma í athugasemdum við 4. gr. þess.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði heimild Flugmálastjórnar til upptöku fjarskipta sem talinn er mikilvægur þáttur í því að viðhalda sem mestu flugöryggi.

Flugmálastjórn hefur eftirlit með því að lögum, reglugerðum og fyrirmælum um flugstarfsemi sé framfylgt, með sérstakri áherslu á flugöryggi. Annast hún ennfremur rekstur og veitir alhliða flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu. Í tengslum við flugumferðarþjónustu annast Flugmálastjórn rekstur upplýsinga- og fjarskiptakerfa, þ.m.t. skynjara, gagnaneta, gagnavinnslukerfa og gagnabanka. Til þessara kerfa telst ennfremur eftirlitskerfi með flugleiðsögu- og flugumferðarstjórnarkerfum.

Tilgangur með hljóðritunum er að tryggja greiðan og öruggan aðgang að upplýsingum um fjarskipti flugstjórnarmiðstöðvar og flugturns í þeim tilgangi að geta upplýst flugatvik sem hafa átt sér stað og til að stuðla megi almennt að bættu öryggi í flugi.

Ísland er aðili að alþjóðasamþykkt um flugmál undirritaðri í Chicago 7. des. 1944. Í 37. gr. samþykktarinnar skuldbinda samningsríki sig til að starfa eftir þeim alþjóðareglum sem Alþjóðaflugmálastofnunin tekur upp. Slíkar reglur nefnast „Standards and Recommended Practices“ og eru birtar í 18 viðaukum (Annex). Í 38. gr. samþykktarinnar er vikið að skyldu ríkja til að taka upp reglurnar og framfylgja þeim. Almennt eru ríki skyldug til að taka upp „standards“ en „recommendations“ er þeim valfrjálst að taka upp. Yfirleitt taka aðildarríki upp hvort tveggja. Jafnframt er sérhverju ríki skylt að tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni öll frávik frá áðurnefndum alþjóðareglum („standards“) sjái það sér ekki fært að fara að öllu leyti eftir reglum eða starfsaðferðum. Í viðaukum við Chicago-samninginn er meðal annars fjallað um fjarskipti vegna flugumferðar, eftirlit og nauðsyn á upptökum fjarskipta í þágu flugöryggis.

Um 15. og 16. gr.

IX. kafli loftferðalaga hefur að geyma ákvæði um flugrekstrarleyfi og á þeim ákvæðum byggjast umfangsmikil stjórnvaldsfyrirmæli um réttindi og skyldur flugrekstrarleyfishafa. Í fyrri málsgrein þessarar greinar er lagt til að lögfest verði sú skipan sem nú er kveðið á um í reglugerð, um stöðu helstu trúnaðarmanna Flugmálastjórnar hjá flugrekanda. Jafnframt má vísa til umsagnar um stöðu hliðstæðra aðila hjá viðhaldsstöðvum. Í samræmi við það sem greinir í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er með umorðun 84. gr. laganna leitast við að styrkja eftirlitsstarf Flugmálastjórnar Íslands með flugrekendum. Ákvæði frumvarpsins um rekstrarfyrirmæli eru sótt í JAR-OPS 1, sem eru kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flutningaflug með flugvélum.

Um 17. gr.

Hér er orðuð regla sem felst í raun í fyrirmælum 128. gr. laganna um hlutlæga ábyrgð gagnvart aðilum utan loftfars, en skv. 1. mgr. 131. gr. er lögskylt að kaupa ábyrgðartryggingu vegna þeirrar ábyrgðar. Bannákvæði þetta er fyrir í reglugerð um skylduvátryggingu vegna loftferða, en lagt er til að það verði tekið upp í lögin í þágu frekara öryggis almennings á jörðu niðri.

Um 18. gr.

Ákvæði núgildandi 136. gr. loftferðalaga lúta að tvennu, annars vegar þeirri heimild til greiðsluþvingunar sem felst í því að meina brottflug loftfari flugrekanda sem skuldar Flugmálastjórn Íslands gjöld, sem starfsemi hans varða, og hins vegar að því að knýja leyfis- og skírteinishafa til að rækja skyldur sínar að viðlögðum dagsektum. Í þeirri umorðun ákvæðisins sem lögð er til er vikið að þessu sama, en nýmælin felast í ákvæðum um févíti, auk þess sem dagsektaákvæðin eru gerð mun ítarlegri og skýrari. Eins og greiðsluþvingunarheimildin er orðuð í lögunum í dag er hún bundin flugrekendum en með frumvarpinu er lagt til að hún verði útvíkkuð til allra eigenda eða umráðenda loftfara. Dagsektum eru sett fjárhæðarmörk sem og févítum. Kveðið er á um málskotsheimildir og fjárnám. Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að fela stjórnvaldshöfum viðlíka heimildir og má í því sambandi benda á þær heimildir sem Fjármálaeftirlitið og samkeppnisráð hafa samkvæmt þeim lögum sem um starfsemi þessara stofnana gilda.

Um 19. gr.

Ákvæðið miðar að því að tryggja upplýsingaskyldu eiganda eða umráðanda loftfars, viðhaldsstöðvar eða viðhaldsaðila gagnvart eftirlitsmönnum Flugmálastjórnar Íslands.

Um 20. gr.

Svo sem ákvæði 143. gr. eru orðuð í gildandi lögum mætti ætla að þau tækju aðeins til atvinnuréttinda. Slíkt er þó fráleitt ætlunin og er því lögð til orðalagsbreyting sem ætlað er að tryggja að ákvæðið taki til hvers konar réttinda samkvæmt skírteinum útgefnum eða fullgiltum af Flugmálastjórn, hvort sem um atvinnuréttindi er að ræða eða ekki.

Í almennum athugasemdum er þess getið að dómstólar hafa ekki í nýlegum dómum litið glæfralegt athæfi í fluginu jafnalvarlegum augum og fyrirsvarsmenn Flugmálastjórnar.

Um 21. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Flugmálastjórn vald til að ákveða sviptingu flugréttinda til skamms tíma og efla eftirlit stofnunarinnar með það að markmiði að auka flugöryggi. Í þessum tilgangi er þvingunarúrræðum stofnunarinnar fjölgað. Samkvæmt mati Flugmálastjórnar er kostnaður vegna flugöryggismála áætlaður 30 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga 2002 hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði með því að færa fjárheimild af framkvæmdum á flugvöllum til reksturs Flugmálastjórnar. Flugmálastjórn metur einnig að vegna aukinna áherslna í flugvernd þurfi 15 m.kr. á ári. Samgönguráðuneytið hyggst mæta þeim kostnaði innan núverandi fjárlagaramma.

Skv. 12. gr. frumvarpsins er felld niður gjaldtaka vegna leiðarflugsgjalda til Flugmálastjórnar fyrir flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu. Áætlað var í fjárlögum 2001 að gjaldið skilaði 45 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn hafa innheimst á árinu 2001 16 m.kr. vegna gjaldsins. Því má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs hækki um 29 m.kr. á árinu 2001 og 45 m.kr. á árinu 2002 vegna niðurfellingarinnar. Hefur verið gert ráð fyrir niðurfellingu gjaldsins í frumvarpi til fjáraukalaga 2001 og frumvarpi til fjárlaga 2002. Samtals aukast útgjöld ríkissjóðs um 90 m.kr. verði frumvarpið að lögum. Þar af hefur þegar verið gert ráð fyrir 75 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2002. Samgönguráðuneytið mun fjármagna það sem á vantar eða 15 m.kr. innan fjárheimilda sinna í fjárlögum 2001 og fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002.

289. Svar [148. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um innkaup heilbrigðisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið af útgjöldum heilbrigðisstofnana fór til tækjakaupa undanfarin fimm ár, aðgreint eftir árum?*
2. *Hversu mikið af innkaupunum var boðið út?*
3. *Hvernig var staðið að þeim innkaupum sem ekki voru boðin út?*
4. *Á vegum hverra fóru útboðin fram?*

Sambærilegar upplýsingar óskast um innkaup heilbrigðisstofnana á:

a. *rekstrarvörum,*
b. *húsgögnum,*
c. *annarri nauðsynjavöru.*

Útgjöld heilbrigðisstofnana til tækjakaupa, húsgagna og annarra rekstrarvara eru samkvæmt eftirfarandi yfirliti, sem er samkvæmt upplýsingum úr ríkisbókhaldi.

Millj. kr.	1996	1997	1998	1999	2000
Lækninga- og rannsóknatæki	301,8	353,4	275,2	374,1	288,6
Húsgögn	69,0	33,7	59,1	75,7	99,1
Önnur vörukaup	4.416,0	4.649,8	4.855,9	5.205,9	5.055,7

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stofnaði Innkaupastofu heilbrigðisstofnana 1999 til að hagræða í innkaupum heilbrigðisstofnana. Er það gert m.a. með því að samræma innkaup allra heilbrigðisstofnana í landinu, þar með talin sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Í þessum tilgangi hefur Innkaupastofan opnað sérstakan innkaupavef og hún sér um sameiginleg útboð fyrir heilbrigðisstofnanir.

Markmiðið með innkaupavefnum er að stuðla að hagkvæmustu kaupum á fjárfestingar- og rekstrarvörum, svo og þjónustu fyrir heilbrigðisstofnanir, sem völ er á. Skrifstofa innkaupavefsins aðstoðar heilbrigðisstofnanir við gerð samninga um kaup á staðbundinni þjónustu.

Með samkomulagi heilbrigðisráðuneytis, Landspítala – háskólasjúkrahúss og Ríkiskaupa frá 10. október 2000 var kveðið á um með hvaða hætti þessir aðilar ætluðu að starfa saman að útboðsmálum á hjúkrunar- og lækningarekstrarvörum. Í framhaldi af samkomulaginu hefur útboðum á þessum vörum fjölgað verulega til hagsbóta fyrir allar heilbrigðisstofnanir. Unnið er skipulega að því að bjóða út samkvæmt samkomulaginu og er nú verið að ljúka gerð tveggja ára áætlunar um útboð á vegum fyrrgreindra aðila.

Upplýsingar um þá samninga, sem gerðir eru, koma fram á innkaupavefnum og þar geta heilbrigðisstofnanir nálgast upplýsingar um hvar einstakar vörur fást og á hvaða verði. Einnig geta stofnanirnar gert vöruinnkaup sín á þessum vef. Fjöldi stofnana notfærir sér nú þessa aðferð við innkaup á vörum og eru nú þegar um 130 kaupendur tengdir við vefinn. Verið er að vinna að innleiðingu netkaupa á þeim stofnunum sem ekki eru þegar tengdar og er stefnt að því að ljúka því verki fyrir árslok. Átján af stærstu birgjum heilbrigðisgeirans eru nú tengdir vefnum með samningsbundnar vörur sínar.

Allar vörur, sem nú eru skráðar á vefinn, hafa verið boðnar út. Vöruheiti á innkaupavefnum eru nú tæplega þrjú þúsund. Eftir er að setja á vefinn allar matvörur og lyf sem þessar stofnanir nota. Unnið er daglega að auknu vöruframboði á vefnum.

Eftir stofnun innkaupavefs heilbrigðisstofnana hafa stofnanirnar í auknum mæli nýtt sér rammasamninga Ríkiskaupa varðand kaup á ýmiss konar rekstrarvörum, áhöldum, tækjum og húsgögnum. Margar stofnanir nýta eingöngu rammasamningana um þær vörur sem þeir ná yfir.

Ráðuneytið sendi fyrirspurn til allra heilbrigðisstofnana og fór fram á að þær veittu upplýsingar um hvernig staðið væri að innkaupum. Af svörum stofnana er ljóst að ekki liggur fyrir skráning á hvernig staðið er að innkaupum. Þau eru ýmist gerð að undangengnu formlegu útboði, verðkönnun, samkvæmt rammasamningi Ríkiskaupa eða gegnum innkaupavef heilbrigðisstofnana. Einnig er oft óskað eftir óformlegum tilboðum þegar ekki þykir tilefni til að gera sérstök útboðsgögn. Þegar um minni háttar og staðbundin innkaup er að ræða er reynt að ná hagstæðustu samningum sem völ er á hverju sinni, semja um afslátt o.fl.

Ástæður þess að kaup á vörum eða tækjabúnaði eru ekki boðin út geta verið margs konar, t.d. að verðmæti sé undir viðmiðunarmörkum um útboð, varan sé mjög sértæk, eða verið sé að endurnýja tæki sem er hluti af ákveðnum tækjaflokki. Er það þá gert í samræmingarskyni og til að ná fram auknu öryggi í notkun. Þess er þó gætt að fylgt sé reglum um opinber innkaup.

290. Svar [66. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur um bið eftir heyrnartækjum.

1. *Hve langur biðtími er eftir heyrnarmælingu annars vegar og heyrnartækjum hins vegar? Hve mikið þurfa notendur þjónustunnar að greiða fyrir hana hjá Heyrnar- og talmeinastöðinni og hve mikið hjá einkaaðila?*

Í byrjun október sl. var u.þ.b. þriggja mánaða bið eftir heyrnarmælingu og læknisskoðun. Ef viðkomandi þarf á heyrnartæki að halda er u.þ.b. eins árs bið í viðbót eftir tæki. Taka verður skýrt fram að börn eru ekki látin bíða eftir þjónustu, hvorki heyrnarmælingum né heyrnartækjum. Á Heyrnar- og talmeinastöðinni (HTÍ) er unnið eftir gjaldskrá sem er í stuttu máli eftirfarandi:

Almennt gjald	1.700 kr.
Öryrkjar og ellilífeyrisþegar	0 kr.
Börn, fyrsta koma eingöngu	1.700 kr.

Varðandi sölu heyrnartækja greiða kaupendur tækjanna milli 0% og 40% af heildarverði. Börn undir 18 ára aldri greiða ekkert. Skjólstæðingur sem fær eitt heyrnartæki greiðir 40% en ef keypt eru tvö tæki greiðir hann 30%. Ef um verulega heyrnarskerðingu er að ræða greiðir skjólstæðingurinn 20%. Meðalgreiðsla á árinu 2000 var um 30%. Kostnaður við tækin er nokkuð mismunandi eftir tegund og styrkleika. Á síðustu árum hafa komið á markaðinn ný stafræn tæki eða „digital" í stað eldri, svokallaðra hliðrænna heyrnartækja eða „analog" og er notkun hliðrænu tækjanna að dragast verulega saman.

Hér að neðan eru nokkur dæmi um verð á heyrnartækjum frá HTÍ eins og það var í lok október sl.

		Greiðsluþátttaka skjólstæðinga		
Tegund tækis	**Innkaupsverð**	**40%**	**30%**	**20%**
CIC Videx, stafrænt	55.000	22.000	16.500	11.000
Class B, hliðrænt	49.700	19.880	14.910	9.940
– með símaspólu	55.600	22.240	16.680	11.120
Piccalo KA, hliðrænt	30.800	12.320	9.240	6.160

Að auki greiðir skjólstæðingurinn komugjald, 1.700 kr., og ábyrgðargjald á tæki, 800 kr., og er þá miðað við eina komu fyrir heyrnarmælingu og læknisskoðun. Kostnað við hlustastykki og rafhlöður greiðir skjólstæðingurinn einnig en þessi kostnaður er breytilegur eftir tegundum.

Hjá einkaaðila, sem hóf rekstur nú í sumar, kosta tækin frá 82.000–165.000 kr. stykkið. Kaupi viðskiptavinir tvö tæki fá þeir 5% afslátt. Þannig greiða menn oft á bilinu 150.000–310.000 kr. Ekki er um að ræða sérstakt gjald fyrir greiningu og mælingu, og ekki heldur fyrir endurkomur. Þá er ekki krafist greiðslu fyrir slíka þjónustu þótt ekki sé keypt tæki.

2. *Hve mikið fjármagn hefur ríkisvaldið veitt árlega sl. fimm ár til heyrnarmælinga annars vegar og heyrnartækja hins vegar og hver hefur verið árleg fjölgun þeirra sem á þessari þjónustu þurfa að halda? Hvað má áætla að það kosti að tæma biðlistana?*

Ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um fjárveitingar til heyrnarmælinga. Fjöldi þeirra sem hafa komið í heyrnarmælingar á HTÍ á árunum 1997–2001 hefur verið skoðaður og er samkvæmt því eftirfarandi:

Einstaklingar í heyrnarmælingar

1997	2964
1998	2924
1999	2640
2000	2549
2001	1819 (9 mánuðir)

Fjárveitingar til tækjakaupa HTÍ

Ár	Fjárlög
1997	44.100
1998	45.600
1999	55.500
2000	65.200
2001	53.800

Eins og fram kemur í svari við 3. lið hér á eftir eru nú rúmlega 1.000 einstaklingar á biðlista sem bíða eftir um 1.700 tækjum að innkaupsverði um 70 millj. kr. Kostnaður við afgreiðslu tækjanna hjá HTÍ er áætlaður um 10 millj. kr. sem er vegna aukins launakostnaðar samfara skoðun, mælingu og afgreiðslu. Er þá miðað við að afgreiðsla á ofangreindum 1.700 tækjum dreifist á eitt ár.

Greiðsluþátttaka skjólstæðinga vegna þessara 1.700 heyrnartækja er áætluð 20 millj. kr. þannig að kostnaðurinn við að eyða núverandi biðlista er um 60 millj. kr.

Til að koma í veg fyrir að biðlistar myndist í framtíðinni þarf til viðbótar því sem að framan greinir að koma til aukið rekstrarfé vegna:

1. aukins hluts ríkisins í heyrnartækjakaupum til að sinna árlegri eftirspurn (hækkun rekstrargrunns) 30 millj. kr.
2. aukinnar starfsemi HTÍ (hækkun rekstrargrunns) 15 millj. kr.

Fyrir utan ofangreind atriði sem tengjast því að stytta biðlistann þarf að bæta þjónustustig stofnunarinnar með því að auka þjónustuna við landsbyggðina, endurnýja upplýsingakerfin og bæta aðstöðuna almennt.

3. *Hve margir, börn og fullorðnir, bíða eftir fyrrgreindri þjónustu og hvernig hefur biðlistinn breyst á sl. þremur árum?*

Ekki er aðgangur að tölulegum upplýsingum um biðlista fyrri ára nema eftir því sem þær finnast í gömlum skýrslum og greinargerðum. Verið er að vinna að undirbúningi þess að fá nýtt tölvu- og upplýsingakerfi á HTÍ, þar sem gert er ráð fyrir að greiður aðgangur verði að öllum tölulegum upplýsingum um starfsemi stöðvarinnar.

1. október 2001 voru 1.017 einstaklingar á biðlista eftir heyrnartækjum hjá HTÍ, meiri hluti bíður eftir tækjum í bæði eyru. Tæki fyrir þennan hóp kosta um 70 millj. kr. eins og fram kemur í svari við 2. lið hér að framan. Einnig er nauðsynlegt að taka með í reikninginn verðlags- og gengisbreytingar og það að í framtíðinni munu stafræn (digital) heyrnartæki leysa hliðræn (analog) heyrnartæki meira og minna af hólmi en stafræn tæki eru almennt heldur dýrari en hliðræn tæki.

Ekki er aðgangur að upplýsingum um aldur þeirra sem bíða á biðlistum. Hins vegar má sjá að á árunum 1997–2001 var aldur þeirra sem sóttu þjónustu á HTÍ eftirfarandi:

	1997	1998	1999	2000	2001 (níu mánuðir)
Heildarfjöldi	9.929	10.708	10.708	11.261	7.532
0–18 ára	14%	13%	14%	15%	14%
67 ára og eldri	58%	59%	59%	60%	59%

4. *Hvaða áhrif hefur langur biðtími eftir heyrnartækjum á þroskaferil barna, félagslegt umhverfi og skólagöngu, þ.m.t. leikskóla?*

Ætíð hefur verið lögð á það áhersla að heyrnarskert börn þurfi *aldrei* að bíða eftir heyrnartækjum á Íslandi og hefur það tekist. Þau fá heyrnartæki strax og heyrnarskerðing uppgötvast. Bið hefur því miður verið nokkur eftir öðrum hjálpartækjum, s.s. tónmöskvum, vekjaraklukkum o.fl. Ekki eru fyrirliggjandi rannsóknir á áhrifum þess að biðlisti er eftir fyrrgreindum hjálpartækjum.

Samkvæmt upplýsingum frá fagfólki má reikna með að fái börn ekki heyrnartæki þegar heyrnarskerðing liggur fyrir hafi það alvarleg áhrif á almennan málþroska, s.s. orðaforða, setningamyndun og hlustun. Skertur málþroski hefur síðan hamlandi áhrif á skólagöngu þar sem æ erfiðara verður að skilja námsefnið eftir því sem ofar dregur.

Heyrnarskertir eiga að jafnaði erfitt með að meðtaka samræður í hóp. Hætta er á einangrun heyrnarskertu barnanna og að félagslegur þroski verði heftur. Heyrnarskert börn geta misst mikilvægar upplýsingar úr kennslunni. Brottfall heyrnarskertra úr framhaldsskólum hefur lengi verið áhyggjuefni.

5. *Hvaða áhrif hefur langur biðtími eftir heyrnartækjum á félagslegt umhverfi og atvinnumöguleika fullorðinna?*

Ekki er vitað til að gerðar hafi verið sérstakar rannsóknir á þessu atriði hér á landi og er því ekkert vitað með vissu um þessi áhrif. Rannsóknir á þessu sviði eru væntanlega til erlendis, þar sem bið er víða lengri en hér, en niðurstöður slíkra rannsókna fundust ekki innan tímaramma. Hins vegar benda starfsmenn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands á að heyrnarskerðing getur valdið fullorðnu fólki einangrun og óöryggi. Fólk hefur misst vinnu vegna þess að það heyrði ekki í síma á vinnustað eða átti erfitt með að halda uppi samræðum í þjónustustörfum. Þessir einstaklingar fara síður á fjölmenn mannamót, veigra sér við að svara í síma og heyra jafnvel ekki síma- eða bjölluhringingu. Því er hætta á félagslegri einangrun. Þetta ræðst að sjálfsögðu m.a. af því hve lengi einstaklingar þurfa að bíða, og er því stefnt að styttingu biðlistanna.

6. *Hvaða áform og áætlanir eru uppi um að stytta biðlista og hvernig réttlætir ráðherra langa bið eftir heyrnarmælingum og heyrnartækjum?*

Af hálfu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands hefur verið skoðað hvaða leiðir væru færar til að stytta biðlistann sem allra fyrst. Tæki eru pöntuð erlendis frá og frá því að ákvörðun liggur fyrir um pöntun ákveðinna tækja geta liðið allt að fjórar vikur þar til tækin berast til HTÍ. Eftirfarandi leiðir eru taldar vænlegar til árangurs:

- Frá 1. september 2001 hefur verið skipulögð eftirvinna við sölu/úthlutun heyrnartækja tvo daga í viku. Á þessum tíma eru tveir heyrnarfræðingar starfandi við ráðgjöf og sölu heyrnartækja, einn starfsmaður í móttöku og einn á verkstæði fyrir hlustarmót. Í september sl. var þannig hægt að selja 228 heyrnartæki alls sem eru 20% af heildarsölu ársins, en fyrstu níu mánuði ársins voru alls seld 1.130 tæki.
- Fyrirhugað er á næstunni að taka til gagngerrar endurskoðunar skráningar- og móttökukerfi skjólstæðinga HTÍ og reyna að koma að fleiri skjólstæðingum á hverjum degi. Ef

hægt væri að breyta vinnuferli þannig að að meðaltali væri tveimur fleiri sinnt á hverjum degi sem væru að bíða eftir heyrnartækjum og tveimur fleiri í heyrnarmælingum, mundu yfir 400 einstaklingar í viðbót fá heyrnartæki á ári og sömuleiðis yfir 400 einstaklingar í viðbót fá heyrnarmælingu og læknisskoðun. Þessar aðgerðir ná einungis fram að ganga ef aldrei þarf að bíða eftir fjármagni fyrir tækjum og tækjapantanir gætu farið í fastari farveg.

- Endurskoða má sumarleyfi starfsfólks, hugsanlega með því að loka stöðinni í 2–3 vikur næsta sumar þegar flestir eru hvort sem er frá vegna sumarleyfa og bjóða eingöngu upp á neyðarþjónustu. Sumrin eru afar ódrjúg, þar sem starfið byggist mikið á teymisvinnu og um leið og einhver úr teyminu er í fríi verður teymið afkastalítið. Þannig mætti stytta ódrjúga tímann.
- Efla þarf verulega læknisþjónustuna, þannig að alltaf sé læknir til staðar. Einnig þarf að fjölga heyrnarfræðingum og talmeinafræðingum.

Á haustþingi var lagt fram frumvarp til laga um þjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa og þá sem þjást af talmeinum. Margt af því sem hér er fjallað um kemur þar til endurskoðunar. Aðstæður þessa hóps notenda heilbrigðisþjónustunnar breytast verulega nái frumvarpið fram að ganga.

Eins og komið hefur fram hér að framan getur bið eftir heyrnartækjum haft veruleg áhrif á lífsgæði fólks. Því þarf á hverjum tíma að leita leiða til að biðtími sé eins stuttur og nokkur kostur er. Þær aðgerðir sem hér hafa verið nefndar eru dæmi um slíkar leiðir.

291. Frumvarp til laga [253. mál]

um fasteignakaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um kaup á fasteignum að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í lögum. Lögin gilda einnig um makaskipti og um kaup og skipti á hlutum í fasteign eftir því sem við getur átt. Enn fremur gilda þau um kaup á fasteign þegar seljandi á að annast smíði hennar í heild eða að hluta og kaupandi leggur ekki til verulegan hluta efnis til smíðinnar.

2. gr.
Hugtakið fasteign.

Fasteign samkvæmt lögum þessum telst vera afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega eru við landið skeytt. Með fasteign er einnig átt við eignarhluta í húsi eða öðru mannvirki sem skiptist í fleiri en einn slíkan.

3. gr.

Makaskipti.

Við makaskipti telst hvor samningsaðila seljandi þeirrar fasteignar sem hann afhendir og kaupandi þeirrar sem hann tekur við.

4. gr.

Gjafagerningar.

Ef eigendaskipti að fasteign verða með gjafagerningi gilda ákvæði 7. gr., 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 13. gr. og 2., 4. og 5. mgr. 51. gr. Um gefanda gilda þá reglur um seljanda og um gjafþega reglur um kaupanda.

5. gr.

Samningar.

Heimilt er að víkja frá lögum þessum með samningi, enda sé ekki annað ákveðið í þeim eða leiði með vissu af ákvæðum þeirra.

Ekki er þó heimilt að víkja frá lögunum með samningi í neytendakaupum ef það yrði óhagstæðara fyrir kaupanda.

Ákvæði VIII. kafla, ef þau gilda í viðskiptum aðila, eru ófrávíkjanleg.

6. gr.

Neytendakaup.

Með neytendakaupum er í lögum þessum átt við kaup á fasteign af seljanda, þegar salan er liður í atvinnustarfsemi hans, og eignin er aðallega ætluð til persónulegra afnota fyrir kaupanda, fjölskyldu hans, heimilisfólk og þá sem hann umgengst. Kaup teljast þó ekki neytendakaup ef seljandi hvorki vissi né mátti vita við samningsgerð að fasteign var keypt í þessu skyni.

7. gr.

Form samninga.

Samningur um kaup á fasteign er bindandi þegar skriflegt tilboð hefur verið samþykkt af móttakanda þess með undirskrift, enda felist í því skuldbinding um greiðslu tilgreinds kaupverðs og afhendingu fasteignar.

Ef umboðsmaður kemur fram fyrir hönd kaupanda eða seljanda skal umboð hans vera skriflegt.

Til skriflegs forms og undirskrifta samkvæmt lögum þessum telst rafrænt form og undirskriftir sem hafa sama gildi samkvæmt fyrirmælum í lögum.

8. gr.

Fyrirvari.

Nú er skuldbindingargildi kaupsamnings um fasteign bundið fyrirvara um atvik sem ekki hefur gengið eftir og skal þá kaupsamningurinn falla niður að liðnum tveimur mánuðum frá því að hann komst á.

9. gr.

Forkaupsréttur.

Nú á maður forkaupsrétt að fasteign sem kaupsamningur hefur verið gerður um og skal þá seljandi þegar bjóða honum skriflega að neyta þess réttar. Söluverð og aðrir skilmálar

skulu jafnframt tilgreindir á tæmandi hátt. Sé um að ræða makaskipti skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Hefur þá rétthafi heimild til að kaupa fasteignina því verði eða matsverði. Mat skal framkvæmt af dómkvöddum mönnum samkvæmt reglum 34. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Forkaupsréttarhafi skal svara skriflega og afdráttarlaust tilboði seljanda innan 15 daga frá því að honum barst það, ella glatar hann í það sinn rétti sínum til að kaupa.

II. KAFLI
Um afhendingu o.fl.

10. gr.
Undirbúningur afhendingar.

Við afhendingu skal seljandi hafa rýmt fasteign og ræst.

11. gr.
Afhending og afsal.

Nú er ekki samið um afhendingartíma fasteignar og er þá seljanda ekki skylt að afhenda hana nema kaupverðið sé greitt samtímis. Sé samið um að afhending geti farið fram á tilgreindu tímabili má seljandi velja hvenær innan þess afhending fer fram.

Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi á hann rétt á afsali úr hendi seljanda.

12. gr.
Áhættan af seldri fasteign.

Áhættan af seldri fasteign flyst til kaupanda við afhendingu. Þegar áhætta af seldri fasteign hefur flust til kaupanda helst skylda hans til að greiða kaupverðið þótt eignin rýrni, skemmist eða farist af ástæðum sem seljanda er ekki um að kenna.

Ef seljandi getur ekki afhent fasteign á réttum tíma af ástæðum sem kaupanda er um að kenna ber kaupandi áhættu af fasteigninni frá þeim tíma sem hann gat fengið hana afhenta.

Nú hefur seljandi vátryggt fasteign gegn rýrnun, skemmdum eða eyðileggingu, sem um getur í 1. mgr., og öðlast kaupandi þá rétt samkvæmt vátryggingarsamningi ef fasteignin rýrnar, skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur um hana varð bindandi, nema seljandi geti losnað undan samningnum. Seljanda er skylt að framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningi þegar kaupandi krefst þess, enda hafi hann efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum.

13. gr.
Arður og kostnaður.

Seljandi á rétt á arði af fasteign fram að afhendingu og ábyrgist kostnað af henni til sama tíma. Sé fasteign ekki afhent á réttum tíma, af ástæðum sem kaupanda er um að kenna, ábyrgist kaupandi kostnað af eigninni frá þeim tíma.

14. gr.
Kostnaður við sölu.

Seljandi skal bera allan kostnað vegna undirbúnings sölu fasteignar. Þó skal kaupandi greiða stimpilgjöld og annan kostnað vegna þinglýsingar eða skráningar eignarheimildar sinnar yfir fasteign og annarra eignarréttinda sem hann stofnar til vegna kaupanna.

Fari kaup fram fyrir milligöngu miðlara skal kostnaður við það greiðast af þeim sem veitt hefur miðlara umboð til verksins. Feli viðsemjandi hans miðlara að annast sérstök verkefni í sína þágu er það honum óviðkomandi. Leiti aðili samnings aðstoðar annarra sérfræðinga við kaupin skal hann greiða kostnað af því.

15. gr.

Umsjón með fasteign.

Nú er fasteign ekki afhent á umsömdum tíma og er seljandi þá skyldur til að hafa hæfilega umsjón með henni.

Vilji kaupandi losna undan samningsskyldum sínum, eftir afhendingu fasteignar, skal hann hafa hæfilega umsjón með henni.

Sá sem hefur umsjón með fasteign skv. 1. eða 2. mgr. getur krafist greiðslu á réttmætum kostnaði við umsjónina.

16. gr.

Tilkynningar.

Nú sendir kaupandi eða seljandi, með sannanlegum hætti, tilkynningu samkvæmt lögum þessum, sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður, og getur þá sendandi, komi ekki annað í ljós, byggt á því að tilkynningin hafi verið send réttilega og nægilega snemma þótt henni seinki, mistök verði við hana eða hún komist ekki til viðtakanda.

17. gr.

Veðréttindi.

Þegar kaupandi hefur greitt kaupverðið eða hluta þess öðlast hann veðrétt í fasteign til tryggingar kröfu um endurgreiðslu þess sem hann hefur innt af hendi. Um réttarvernd og þinglýsingu fer samkvæmt lögum um samningsveð og þinglýsingalögum.

III. KAFLI
Eiginleikar fasteignar, gallar, fylgifé o.fl.

18. gr.

Um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögum þessum og kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

19. gr.

Nánar um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún:

a. hentar ekki til þeirra afnota sem sambærilegar eignir eru venjulega notaðar til, eða
b. hentar ekki til þeirra sérstöku afnota fyrir kaupanda sem seljanda var eða mátti vera kunnugt um þegar kaupsamningur var gerður. Þetta gildir þó eigi ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

Í neytendakaupum skal ástand og búnaður fasteignar eða hluta hennar vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum, stjórnvaldsreglum eða fyrirmælum reistum á þeim er voru í gildi þegar fasteign eða hlutar hennar voru byggðir eða endurbyggðir. Þetta gildir þó ekki

ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

20. gr.

Tímamark við mat á galla.

Við mat á því hvort fasteign telst gölluð skal miða við það tímamark er hún flyst yfir í áhættu kaupanda skv. 12. gr. eða samkvæmt samningi. Um galla getur þó verið að ræða þótt hann eða afleiðingar hans komi í ljós síðar.

Seljandi ber ábyrgð á galla, sem fram kemur síðar, ef orsakir gallans eru vanefndir af hans hálfu. Sama á við ef seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti tekist á hendur ábyrgð á eiginleikum eða öðrum kostum fasteignar í tiltekinn tíma.

21. gr.

Stærðarfrávik.

Þótt flatarmál fasteignar sé minna en kaupandi gerði ráð fyrir telst það ekki galli, nema það sé verulega minna en seljandi upplýsti fyrir kaup eða háttsemi hans teljist stórfellt gáleysi.

22. gr.

Fylgifé fasteignar.

Leiði annað ekki af kaupsamningi telst fasteign gölluð ef hún hefur ekki þann búnað eða réttindi sem segir í 23.–25. gr., enda hafi búnaðurinn eða réttindin verið fyrir hendi við skoðun, eða átt að fylgja samkvæmt lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Leiki vafi á hvort búnaður eða réttindi telst fylgifé fasteignar skal einkum litið til þess hvort viðurhlutamikið væri að skilja búnaðinn eða réttindin frá fasteign, hvort verðmæti búnaðar eða réttinda sé í einhverju mæli háð tengslum við eignina, þau séu nauðsynleg fyrir eðlileg afnot hennar eða geta best nýst þar.

Seljanda er skylt að afhenda fylgifé fasteignar með henni án sérstaks endurgjalds, nema um annað sé samið.

23. gr.

Nánar um fylgifé fasteignar.

Til fylgifjár fasteignar telst:

a. Hlutir sem tengjast fasteign og eiga að gera það samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða yfirvaldsákvörðunum teknum á grundvelli þeirra.
b. Hlutir eða búnaður sem keyptur er með opinberri aðstoð eða fyrir fjármuni sem hið opinbera mælir fyrir um að skuli renna til hluta til afnota á fasteigninni.
c. Hlutur í sameign, afnotaréttindi og önnur óbein eignarréttindi er fylgja fasteign og hlutur sem heyrir til rekstri fasteignar.
d. Ógjaldfallin leiga og aðrar ógjaldfallnar kröfur sem tilheyra fasteigninni.
e. Inneign í hússjóði eða framkvæmdasjóði fjöleignarhúss eða öðrum sambærilegum sjóðum.

24. gr.

Sérstakt fylgifé íbúðarhúsnæðis o.fl.

Til fylgifjár íbúðarhúsnæðis, gistihúsa, veitingahúsa, skrifstofuhúsnæðis og annars húsnæðis sem ætlað er til rekstrar teljast varanlegar innréttingar og búnaður sem annaðhvort er

skeytt varanlega við fasteignina eða er sérstaklega sniðinn að henni. Þetta á meðal annars við um fastan búnað og lagnir til hitunar og vatnsmiðlunar, rafmagnsvirki og leiðslur, loftnet og annan móttökubúnað í eigu seljanda, sem fest eru á fasteign, föst gólfteppi og önnur gólfefni sérstaklega tilsniðin, gluggabúnað, bað- og eldhúsinnréttingar og tæki og vélar sem eru sérstaklega felld inn í innréttingarnar og verða hluti af þeim og aðra innbyggða hluta.

25. gr.

Sérstakt fylgifé fasteigna sem ætlaðar eru til landbúnaðar.

Til fylgifjár fasteignar sem ætluð er til landbúnaðar teljast tæki og búnaður sem annað tveggja er varanlega festur við hana eða er sérstaklega að henni sniðinn. Ökutæki ásamt búnaði þeirra teljast ekki til fylgifjár slíkra fasteigna.

Greiðslumark bújarðar telst ekki til fylgifjár hennar.

26. gr.

Skortur á upplýsingum.

Fasteign telst gölluð ef kaupandi hefur ekki fengið þær upplýsingar um hana sem seljandi vissi eða mátti vita um og kaupandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Þetta gildir þó aðeins ef það hefur haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings að upplýsingarnar voru ekki veittar.

27. gr.

Rangar upplýsingar.

Fasteign telst gölluð ef hún er ekki í samræmi við upplýsingar sem seljandi, eða þeir sem koma fram fyrir hans hönd, hafa veitt kaupanda. Hið sama á við ef fasteignin er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar eru í auglýsingum, söluyfirliti eða öðrum sölu- eða kynningargögnum um hana.

Ákvæði 1. mgr. á þó aðeins við ef upplýsingar hafa haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og þær eru ekki skýrlega leiðréttar í tæka tíð.

28. gr.

Fasteign seld „í því ástandi sem hún er“.

Þótt fasteignakaup séu gerð með þeim skilmálum að eign sé seld „í því ástandi sem hún er og kaupandi hefur kynnt sér“ eða með sambærilegum almennum fyrirvara telst hún samt gölluð, ef ákvæði 26. og 27. gr. eiga við. Fasteignin telst einnig gölluð, þótt hún sé seld með framangreindum skilmálum, ef ástand hennar er til muna lakara en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð hennar eða atvik að öðru leyti.

29. gr.

Skoðun og önnur rannsókn á fasteign.

Kaupandi getur ekki borið fyrir sig galla á fasteign sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningurinn var gerður.

Hafi kaupandi skoðað fasteign, áður en kaup gerðust, eða án nægjanlegrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að skoða hana, þótt seljandi skoraði á hann um það, getur hann ekki borið fyrir sig galla sem hann hefði mátt sjá við slíka skoðun. Þetta á þó ekki við ef seljandi sýndi af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 1. og 2. mgr. víkja fyrir efni 26. gr. um skort á upplýsingum um fasteign.

IV. KAFLI
Vanefndaúrræði kaupanda. Afhendingardráttur.

30. gr.
Almenn ákvæði.

Nú afhendir seljandi ekki fasteign eða gefur út afsal á réttum tíma, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann ber ábyrgð á, og getur þá kaupandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist efnda skv. 31. gr.,
b. rift skv. 32. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 34. gr.,
d. haldið eftir af greiðslu kaupverðs skv. 35. gr.

Nú efnir seljandi ekki á réttum tíma aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi en greinir í 1. mgr. og eiga þá við ákvæði laga þessara um afhendingardrátt, með þeim undantekningum sem greinir í 2. mgr. 32. gr.

31. gr.
Krafa um efndir.

Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda ef það er á valdi seljanda að bæta úr og efndir mundu ekki leiða til slíks óhagræðis eða kostnaðar fyrir hann að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af því að fá réttar efndir.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast efnda ef óeðlilega dregst af hans hálfu að setja fram kröfuna.

32. gr.
Riftun.

Kaupandi getur rift samningi ef afhendingardráttur telst veruleg vanefnd.

Kaupandi getur einnig rift ef seljandi afhendir ekki fasteign innan hæfilegs viðbótarfrests sem kaupandi hefur sett honum. Áður en viðbótarfresturinn rennur út getur kaupandi ekki rift, nema seljandi lýsi því yfir að eignin muni ekki afhent innan frestsins, eða það er ljóst af öðrum ástæðum.

Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessari grein að fasteignin hafi ekki rýrnað, skemmst eða farist meðan kaupandi bar áhættu af henni. Riftun getur þó farið fram ef orsakir þess að fasteign rýrnar, skemmist eða ferst eru tilviljunarkenndir atburðir eða aðrar ástæður, sem kaupandi ber ekki ábyrgð á, eða atvik sem urðu áður en kaupandi varð eða mátti verða var við þær aðstæður sem riftun er reist á. Kaupandi glatar ekki heldur rétti til riftunar ef hann greiðir seljanda bætur vegna verðrýrnunar.

33. gr.
Réttaráhrif riftunar.

Nú er kaupsamningi rift og falla þá brott skyldur samningsaðila til efnda.

Nú hefur samningur verið efndur í heild eða að hluta þegar honum er rift og á þá hvor um sig rétt á að fá til baka þá greiðslu sem hann hefur innt af hendi. Rétt er þeim er tekið hefur við greiðslu að halda henni þar til viðsemjandi hans afhendir þá greiðslu sem hann fékk. Sama á við þegar gerð er réttmæt krafa um skaðabætur eða vexti og ekki hefur verið sett fullnægjandi trygging fyrir þeirri kröfu.

34. gr.

Skaðabætur.

Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna afhendingardráttar fyrir annað tjón en óbeint tjón skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér sök. Seljandi firrir sig bótaábyrgð ef hann sannar að drátturinn stafi af hindrun sem hann fékk ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með við kaupsamningsgerð eða að hann hefði getað bægt hindruninni frá eða forðast afleiðingar hennar.

Nú verður afhendingardráttur af ástæðum sem varða þriðja mann er seljandi hefur falið að efna samning í heild eða að hluta og er seljandi þá aðeins laus úr ábyrgð ef þriðji maður yrði það skv. 1. mgr.

Seljandi er laus úr ábyrgð þann tíma sem hindrun stendur. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna en láti það hjá líða.

Verði afhendingardráttur eða tjón vegna saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón.

35. gr.

Stöðvunarréttur.

Hafi kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna afhendingardráttar getur hann á eigin áhættu haldið eftir svo miklu af kaupverði sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

36. gr.

Upplýsingar um hindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupsamning á réttum tíma skal hann upplýsa kaupanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef seljandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

Gallar.

37. gr.

Almenn ákvæði.

Nú er fasteign gölluð, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann af öðrum ástæðum ber ábyrgð á, og getur hann þá beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði þeirra fyrir hendi:

a. krafist úrbóta skv. 39. gr.,
b. krafist afsláttar skv. 41. gr.,
c. rift skv. 42. gr.,
d. krafist skaðabóta skv. 43. gr.,
e. haldið eftir greiðslu skv. 44. gr.

Reglum um galla skal beitt, eftir því sem við getur átt, um aðrar vanefndir seljanda.

38. gr.

Skoðun kaupanda eftir afhendingu.

Þegar seljandi hefur afhent fasteign skal kaupandi, svo fljótt sem verða má, skoða eignina á þann hátt sem góð venja er.

39. gr.
Úrbætur.

Nú er fasteign gölluð, en seljandi býðst til að bæta úr galla á eigin reikning, og er þá kaupanda skylt að una því ef úrbæturnar hafa ekki í för með sér slík óþægindi fyrir hann að ósanngjarnt má telja og hann hefur ekki sérstakar ástæður til að leggjast gegn þeim.

Hafi seljandi byggt fasteign eða smíðað innréttingar í hana getur kaupandi krafist þess að hann bæti á eigin reikning úr galla, enda verði það gert án þess að það valdi honum ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði.

Hafi kaupandi krafist úrbóta á galla skulu þær fara fram innan hæfilegs tíma.

Bæti seljandi ekki úr galla getur kaupandi krafist afsláttar skv. 41. gr. eða rift skv. 42. gr. Þetta á þó ekki við ef kaupandi kemur í veg fyrir að seljandi bæti úr galla skv. 1. mgr. Ef seljanda er skylt að bæta úr gallanum, en gerir það ekki, getur kaupandi krafist skaðabóta vegna þess kostnaðar sem hann hefur af úrbótunum.

40. gr.
Krafa um úrbætur.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast úrbóta ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu samtímis kröfu skv. 50. gr., eða innan sanngjarns frests eftir það. Kröfu má þó hafa uppi síðar ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

41. gr.
Afsláttur.

Ef fasteign er gölluð getur kaupandi krafist afsláttar.

Ákveða skal afslátt að tiltölu eða í samræmi við kostnað af því að bæta úr galla.

42. gr.
Riftun.

Kaupandi getur rift kaupsamningi ef galli telst veruleg vanefnd.

Nú tilkynnir kaupandi seljanda ekki um riftun innan sanngjarns frests frá því að hann vissi eða mátti vita um galla eða eftir að frestur í tilkynningu skv. 39. eða 40. gr. er liðinn og glatar hann þá rétti til riftunar. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. og 33. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um riftun samkvæmt þessari grein.

43. gr.
Skaðabætur.

Nú er fasteign gölluð og getur þá kaupandi krafist skaðabóta vegna annars tjóns en óbeins tjóns skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Þetta á þó ekki við ef seljandi sannar að galla megi rekja til hindrunar þeirrar sem nefnd er í 1. mgr. 34. gr. Ákvæði 34. gr. verður beitt um galla eftir því sem við getur átt.

Ef galla eða tjón má rekja til saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón. Sama gildir ef fasteign var við kaupsamningsgerð ekki í samræmi við ábyrgðaryfirlýsingu seljanda.

44. gr.

Stöðvunarréttur.

Nú hefur kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna galla og getur hann þá á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

45. gr.

Krafa á hendur fyrri eigendum eða öðrum (sprangkrafa).

Kaupandi getur beint kröfu vegna galla að fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila í sama mæli og seljandi gæti haft uppi slíka kröfu.

Kaupandi verður að tilkynna fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila um kröfuna innan þess frests sem gildir um sömu kröfu á hendur seljanda og í síðasta lagi innan þess frests sem gildir í réttarsambandi seljanda og fyrri samningsaðila.

Vanheimild o.fl.

46. gr.

Vanheimild o.fl.

Nú á þriðji maður beinan eignarrétt, veðrétt eða annars konar rétt til fasteignar og gilda þá ákvæði um galla eftir því sem við getur átt, enda leiði ekki af kaupsamningi að kaupandi hafi átt að yfirtaka fasteignina með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Kaupandi getur þó ekki krafist úrbóta skv. 39. gr.

Grandlaus kaupandi getur þó alltaf krafist skaðabóta vegna tjóns sem leiðir af því að fasteign var eign annars manns en seljanda þegar samningur var gerður.

Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir fasteign og seljandi andmælir gilda ákvæði 1. og 2. mgr., nema augljóst sé að krafan eigi ekki við nein rök að styðjast.

47. gr.

Kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis.

Ef kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis hvíla á fasteign gilda ákvæði laganna um galla eftir því sem við getur átt.

Tilkynningar, tómlæti, fyrning.

48. gr.

Tilkynningar o.fl.

Kaupandi glatar rétti til að bera fyrir sig vanefnd ef hann tilkynnir seljanda ekki innan sanngjarns frests, eftir að hann varð eða mátti verða hennar var, um eðli og umfang hennar og að hann ætli að bera hana fyrir sig.

Réttur til að senda tilkynningu fellur niður að liðnum fimm árum frá afhendingu fasteignar, nema seljandi hafi ábyrgst hana í lengri tíma.

Seljandi getur þó ekki borið fyrir sig að tilkynning hafi verið send of seint ef hann hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Kröfur samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir reglum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

V. KAFLI
Vanefndaúrræði seljanda.

49. gr.
Almenn ákvæði.

Nú greiðir kaupandi ekki kaupverðið á réttum tíma eða vanefnir aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, og getur þá seljandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist réttra efnda skv. 50. gr.,
b. rift skv. 51. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 52. gr.,
d. haldið eftir greiðslu skv. 53. gr.,
e. krafist vaxta skv. 61. gr.

Hafi afhending ekki farið fram samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 52. gr.

50. gr.
Krafa um réttar efndir.

Seljandi getur krafist þess að kaupsamningur verði efndur samkvæmt efni sínu og kaupandi greiði kaupverðið. Þetta á þó ekki við ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið. Hafi seljandi ekki afhent fasteign eða gefið út afsal glatar hann rétti til að krefjast efnda láti hann hjá líða í óhæfilega langan tíma að setja slíka kröfu fram.

Um rétt seljanda til að krefja kaupanda um efndir á öðrum skyldum en greiðslu kaupverðsins gilda ákvæði 31. gr. eftir því sem við getur átt.

51. gr.
Riftun.

Seljandi getur rift kaupsamningi ef greiðsludráttur af hálfu kaupanda telst veruleg vanefnd.

Seljandi getur einnig rift kaupsamningi þegar kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins og vanefndin telst veruleg. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift vegna viðtökudráttar ef hann hefur ríka hagsmuni af því að geta afhent fasteignina.

Seljandi getur enn fremur rift ef kaupandi greiðir ekki innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur veitt fyrir greiðslu eða tekur ekki við fasteigninni innan þess frests sem seljandi hefur sett og hann hefur sérstaka hagsmuni af því að geta afhent eignina. Áður en viðbótarfresturinn er liðinn getur seljandi ekki rift, nema því aðeins að kaupandi hafi sagt að hann muni ekki efna skyldur sínar innan frestsins.

Seljandi getur ekki rift eftir að afsal hefur verið gefið út til kaupanda, nema hann hafi sérstaklega áskilið sér það.

Um réttaráhrif riftunar gilda ákvæði 33. gr. eftir því sem við getur átt.

52. gr.
Skaðabætur.

Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka

eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með hindruninni þegar kaupsamningur var gerður, eða gæti hafa bægt henni frá eða forðast afleiðingar hennar. Reglur 2. og 3. mgr. 34. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

Seljandi getur krafist skaðabóta skv. 34. gr. fyrir það tjón sem hann varð fyrir vegna þess að:

a. kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins, eða
b. kaupandi tekur ekki við fasteign á réttum tíma þegar seljandi hefur ríka hagsmuni af því að afhenda hana.

53. gr.

Stöðvunarréttur.

Hafi seljandi ekki veitt kaupanda greiðslufrest eða frest á efndum annarra skyldna er hann hvorki skyldur til að afhenda fasteign né gefa út afsal nema kaupandi efni skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi.

54. gr.

Upplýsingar um efndahindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að kaupandi geti efnt kaupsamning réttilega skal hann upplýsa seljanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef kaupandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

55. gr.

Frestur til að krefjast skaðabóta.

Nú er kaupverðið greitt og getur þá seljandi ekki rift kaupsamningi nema hann tilkynni kaupanda það:

a. við greiðsludrátt, áður en hann fékk að vita um greiðslu af hálfu kaupanda, eða
b. við aðrar vanefndir innan hæfilegs frests eftir að honum var eða mátti vera kunnugt um vanefndina eða eftir að liðinn er hæfilegur viðbótarfrestur skv. 3. mgr. 51. gr.

Nú hyggst seljandi krefja kaupanda um skaðabætur og skal hann þá tilkynna það innan hæfilegs frests ella glatar hann rétti sínum til bóta.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir o.fl.

56. gr.

Stöðvun efnda.

Samningsaðili getur stöðvað efndir og haldið eftir greiðslu ef háttsemi viðsemjanda hans gefur sérstakt tilefni til þess eða greiðslugeta hans, vilji eða möguleikar til að efna að öðru leyti hafa beðið alvarlega hnekki, þannig að hann muni fyrirsjáanlega ekki efna verulegan hluta skyldna sinna.

Samningsaðili, sem stöðvar efndir, skal strax tilkynna það viðsemjanda sínum. Ef slík tilkynning er ekki send getur viðsemjandinn krafist skaðabóta fyrir tjón sem forðast hefði mátt ef tilkynning hefði verið réttilega send.

Samningsaðili, sem stöðvað hefur efndir, er skyldur til að efna ef viðsemjandi hans setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu.

57. gr.
Riftun.

Nú er gjalddagi á greiðslu ekki kominn, en þó víst að vanefndir verða af hálfu annars samningsaðilans sem veita munu hinum rétt til að rifta, og getur hann þá rift kaupsamningnum þótt gjalddagi sé ekki kominn. Veiti viðsemjandinn fullnægjandi tryggingu fyrir réttum efndum getur riftun þó ekki farið fram.

58. gr.
Gjaldþrotaskipti.

Ef bú annars samningsaðila verður tekið til gjaldþrotaskipta gilda ákvæði XV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

VII. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um skaðabætur. Vextir.

59. gr.
Fjárhæð skaðabóta, óbeint tjón.

Nú getur annar samningsaðila krafist skaðabóta vegna vanefnda og skulu þá bæturnar svara til þess fjárhagslega tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þeirra. Þetta á þó aðeins við um tjón sem sá er ábyrgð ber gat með sanngirni séð fyrir sem sennilegar afleiðingar vanefnda.

Þegar lög þessi gera greinarmun á beinu og óbeinu tjóni telst óbeint tjón vera:

a. tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum,
b. tjón sem rekja má til þess að fasteign kemur ekki að þeim notum sem með réttu var stefnt að,
c. tjón sem rekja má til missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur,
d. tjón sem rekja má til skemmda á öðru en fasteigninni sjálfri, svo og hlutum sem notaðir eru í beinu sambandi við hana eða fyrirhuguð afnot hennar.

Ákvæði 2. mgr., um hvað telja skuli óbeint tjón, eiga ekki við um kostnað vegna:

a. venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr því að fasteign er gölluð eða afhendingardráttur verður eða
b. ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem nefnt er í 2. mgr.

Um kostnað sem fellur undir 3. mgr. skulu gilda reglur um beint tjón.

60. gr.
Takmörkun tjóns. Lækkun bóta.

Nú vanrækir samningsaðili skyldu sína til að takmarka tjón með hæfilegum aðgerðum og verður hann þá sjálfur að bera þann hluta tjóns síns.

Lækka má skaðabætur ef þær teljast ósanngjarnar í garð hins bótaskylda þegar litið er til umfangs tjóns samanborið við það tjón, sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum, og atvika að öðru leyti.

61. gr.
Vextir, dráttarvextir.

Um vexti og dráttarvexti samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði laga um vexti og verðtryggingu.

VIII. KAFLI
Ástandsskýrsla o.fl.

62. gr.
Ástandsskýrsla.

Ástandsskýrsla samkvæmt lögum þessum er skýrsla þess er fengið hefur opinbert leyfi til að gera slíka skýrslu, í því formi sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og reglugerð.

Í ástandsskýrslu skulu meðal annars eftirfarandi atriði koma fram:

a. Lýsing á byggingartíma fasteignar og byggingarefni hvers hluta hennar,
b. stærð, bæði flatarmál og rúmmál, eignarinnar í heild og flatarmál hvers rýmis fyrir sig,
c. skipan herbergja og allra annarra rýma í fasteign og skal sérstaklega tekið fram ef fasteign er ekki í samræmi við samþykktar teikningar byggingaryfirvalda,
d. að hvaða leyti einstakir hlutar eða búnaður fasteignar hefur verið endurnýjaður frá því að fasteign var byggð,
e. ástand fasteignar og einstakra hluta hennar með hliðsjón af aldri hennar, byggingarefni og gerð,
f. hvort á eign séu raka- eða lekaskemmdir eða hvort líklegt sé að í fasteign sé raki eða leki,
g. hvort einhverjir gallar séu á fasteign, einkum hvort hún og búnaður hennar sé ekki í samræmi við fyrirmæli í reglum sem giltu um þau atriði er fasteign var byggð, hvort á henni séu skemmdir sem séu meiri en telja megi til venjulegs slits miðað við aldur hennar eða endurbætur, sem á henni hafa verið gerðar, hvort hönnunargallar séu á fasteign eða búnaði hennar eða aðrir gallar.

63. gr.
Leyfi til að gera ástandsskýrslu.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi til að gera ástandsskýrslu samkvæmt lögum þessum.

Það er skilyrði leyfisveitingar til að gera ástandsskýrslur að umsækjandi um það leggi fram staðfestingu um að hann hafi keypt ábyrgðartryggingu vegna þess starfa síns. Um menntun og skilyrði að öðru leyti til þess að öðlast slíkt leyfi skal mælt fyrir í reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur efnt til námskeiðs áður en hann veitir leyfi til að gera ástandsskýrslur og gert að skilyrði að umsækjandi hafi setið slík námskeið. Kostnaður við námskeiðið skal greiðast af þátttakendum.

64. gr.
Þýðing ástandsskýrslu.

Nú leggur seljandi, áður en kauptilboð er gert, fram skýrslu um ástand fasteignar, er gerð hefur verið á síðustu sex mánuðum og unnin er af þeim er fengið hefur leyfi dómsmálaráðherra til að gera slíkar skýrslur, og getur þá kaupandi ekki borið fyrir sig galla gagnvart seljanda sem tilgreina hefði átt í henni.

65. gr.
Ábyrgð þess er gert hefur ástandsskýrslu.

Nú reynist galli á fasteign, sem þó er ekki tilgreindur í ástandsskýrslu, eða fasteign er að öðru leyti ekki í samræmi við skýrsluna og getur þá kaupandi krafið höfund hennar um bætur vegna beins og óbeins tjóns sem hann hefur orðið fyrir af þessum ástæðum. Bótaábyrgð þess sem ástandsskýrslu hefur gert er óháð því hvort hann hefur sýnt af sér saknæma háttsemi við skoðun fasteignar eða gerð skýrslunnar.

66. gr.

Kostnaður við gerð ástandsskýrslu.

Seljandi skal bera kostnað af gerð ástandsskýrslu.

67. gr.

Svipting leyfis til að gera ástandsskýrslu.

Nú missir sá sem fengið hefur leyfi til að gera ástandsskýrslu eitthvert þeirra hæfisskilyrða sem sett eru til að öðlast slíkt leyfi, eða ábyrgðartrygging hans fellur úr gildi, og skal þá dómsmálaráðherra svipta hann leyfi til að gera slíkar skýrslur. Hið sama á við ef hann gerist ítrekað sekur um vanrækslu í þessu starfi sínu.

68. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um form og nánara efni ástandsskýrslu, um menntun og önnur hæfisskilyrði þeirra sem fá leyfi til að gera slíkar skýrslur, um ábyrgðartryggingu þeirra vegna starfans, þar með talið lágmarksvátryggingarfjárhæð og vátryggingarskilmála hennar, um leyfissviptingu og önnur atriði samkvæmt þessum kafla.

IX. KAFLI

Gildistaka, breytingar á öðrum lögum.

69. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002 að frátöldum ákvæðum VIII. kafla og 70. gr. sem skulu öðlast gildi 1. júní 2003.

70. gr.

Breyting á lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., og hljóðar svo:

Þegar fasteignasali fær eign til sölumeðferðar skal hann gera eiganda hennar grein fyrir réttarstöðu hans samkvæmt lögum þessum. Hann skal með sannanlegum hætti gera honum grein fyrir því hagræði sem hann hefur af því að láta gera ástandsskýrslu um fasteignina, hvaða kostnaður fylgi því og hver réttaráhrif þess eru að slík skýrsla liggur fyrir áður en tilboð er gert í fasteign. Fasteignasali skal einnig með sannanlegum hætti gera þeim sem hyggst gera tilboð í fasteign grein fyrir því hvort ástandsskýrsla liggur fyrir um hana og hver réttaráhrif það hefði fyrir hann ef svo væri og hvaða takmarkanir séu á þeirri rannsókn á fasteign sem liggur til grundvallar ástandsskýrslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi að samningu frumvarps til laga um fasteignakaup.

Hinn 6. september 1999 fól dóms- og kirkjumálaráðherra Viðari Má Matthíassyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, að semja frumvarp til laga um fasteignaviðskipti. Í skipunarbréfi var tekið fram að hann skyldi við frumvarpsgerðina hafa samráð við ráðuneytið eftir því sem verkinu yndi fram. Einnig lá fyrir að nauðsynlegt væri að hafa samráð við helstu hagsmunaaðila á þessu réttarsviði á meðan frumvarpið væri í smíðum.

Af hálfu ráðuneytisins hafði málefnið verið til athugunar um nokkra hríð. Laganemarnir, nú lögfræðingarnir, Ásmundur Tryggvason og Páll Eiríksson, fengu árið 1997 styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sem nýttur var til þess að kanna framkvæmd fasteignakaupa á

Íslandi, hvernig skjöl væru úr garði gerð og hvernig þau væru notuð. Könnun þessi var unnin undir handleiðslu Stefáns Eiríkssonar, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og var framkvæmd þannig að sendir voru út listar með spurningum til 110 löggiltra fasteignasala samkvæmt skrá ráðuneytisins. Listarnir voru sendir í júní 1998 og bárust svör frá 19 móttakendum ásamt sýnishornum ýmissa skjala sem þeir notuðu í fasteignaviðskiptum, er fram fóru fyrir milligöngu þeirra. Laganemarnir gáfu út skýrslu um niðurstöður athugana sinna og hefur hún meðal annars verið höfð til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.

2. Þýðing fasteignakaupa á Íslandi og gildandi reglur um þau.

2.1. Þýðing fasteignakaupa á Íslandi.

Eitt af sérkennum íslensks þjóðfélags samanborið við önnur Norðurlönd er eignarhald á fasteignum, einkum fasteignum sem ætlaðar eru til íbúðar. Flestir Íslendingar hafa beinan eignarrétt að þeim fasteignum sem þeir búa í, þ.e. eiga þær í almennum skilningi þess orðs. Fjöldi þeirra sem býr, a.m.k. til langframa, í leiguhúsnæði er takmarkaður og þeir sem hafa yfirráð yfir fasteignum á grundvelli annars konar réttinda en beins eignarréttar (t.d. búseturéttar) eru fremur fáir. Flestir kaupa fasteign og selja a.m.k. einu sinni á ævinni. Slík viðskipti hafa mikla þýðingu fyrir þá sem í hlut eiga. Kaupandi er ekki aðeins að ráðstafa mestum hluta þeirra fjármuna sem hann á, heldur er hann oftast líka að stofna til viðamikilla skuldbindinga við lánastofnanir til að fjármagna kaupin og þannig að binda aflahæfi sitt að miklum hluta um ókomna framtíð. Það er því þýðingarmikið að vel takist til og löggjöf um viðskipti með fasteignir sé traust. Réttaróvissa á þessu sviði er bagaleg vegna þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru.

Velta á fasteignamarkaði er afar mikil á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins var velta á fasteignamarkaði, þ.e. heildarkaupverð íbúðarhúsnæðis annars vegar og atvinnuhúsnæðis hins vegar frá 1990 til 2000, sem hér segir. Upplýsingarnar miðast við skrá Fasteignamats ríkisins 7. september 2001:

Velta á fasteignamarkaði *

Ár	Íbúðarhús þús.kr.	Atvinnuhús o.fl. þús.kr.	Samtals þús.kr.
1990	31.163.570	2.511.366	33.674.936
1991	34.819.785	4.601.830	39.421.615
1992	31.148.209	5.111.828	36.260.037
1993	30.408.011	5.192.412	35.600.423
1994	43.467.314	5.697.299	49.164.613
1995	43.908.715	7.614.622	51.523.337
1996	52.744.555	8.041.611	60.786.166
1997	58.578.173	10.320.046	68.898.219
1998	70.971.939	14.946.359	85.918.298
1999	90.578.380	22.926.282	113.504.662
2000	91.449.602	23.717.216	115.166.818

* Skv. skrá FMR 7.9.01

Þær tölur sem að framan greinir verður að meta í því ljósi að viðskipti með íbúðarhúsnæði eru að verulegu leyti milli einstaklinga, eða a.m.k. eru einstaklingar annar aðili kaupsamnings, oftast kaupendur. Það getur því vart farið á milli mála hve mikilvæg þessi viðskipti eru og hve mikilvægt er að vandað sé til þeirra.

2.2. Gildandi reglur um fasteignakaup.

Á Íslandi eru ekki í gildi sérstök lög um fasteignakaup og hafa aldrei verið. Á hinn bóginn hafa verið í gildi um langt skeið lög um fasteignasölu, en í þeim lögum hafa verið ákvæði sem lúta að réttindum og skyldum þeirra er haft hafa milligöngu um fasteignaviðskipti. Má nefna lög nr. 47/1938, um fasteignasölu, lög nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, sem leystu þau af hólmi, og núgildandi lög sem komu í stað þeirra síðastnefndu og eru nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Með lögunum frá 1986 voru gerðar veigamiklar breytingar á skyldum þeirra sem hafa milligöngu um fasteignakaup, m.a. mælt fyrir um að þeir skuli leggja fram ítarleg söluyfirlit þar sem fram koma mikilvægar upplýsingar um fasteign er þeir bjóða til sölu. Reglum þessum var haldið við lagabreytinguna 1997, en þær þó flestar fluttar í reglugerð sem sett hefur verið samkvæmt þeim lögum. Þá má nefna að í lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, 25. gr., hafa verið mikilvæg ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra er selja eignir sem falla undir lögin og þeirra sem hafa um það milligöngu.

Í dómsmálum milli aðila að kaupsamningum um fasteignir, þar sem fjallað hefur verið um ágreining um viðskiptin, hefur málatilbúnaðurinn og niðurstaðan oftast verið reist á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, annaðhvort með lögjöfnun eða annars konar tilvísun til þeirra. Á sumum sviðum fasteignakaupa var ekki unnt að beita reglum laganna um lausafjárkaup, t.d. eins og reglum um tómlæti og hinum sérstaka fyrningarfresti 54. gr. þeirra. Á þessum sviðum var beitt almennum reglum kröfuréttar eftir því sem við gat átt. Þessi skipan laga sætti ekki sérstakri gagnrýni lengi vel, en á síðustu árum hefur komið fram gagnrýni á þá réttaróvissu sem margir telja að sé á þessu sviði. Meðal þess sem bent hefur verið á er að ekki séu nægilega skýr úrræði fyrir samningsaðila þegar viðsemjandi hans vanefnir samninginn. Sérstaklega hefur verið á það bent að staða seljanda sé óviss, þegar um afhendingardrátt sé að ræða af hálfu seljanda. Hefur borið mikið á kvörtunum, t.d. til Húseigendafélagsins og Neytendasamtakanna, frá kaupendum sem telja stöðu sína mjög óvissa við slíkar aðstæður, sérstaklega á tímum þar sem eftirspurn eftir fasteignum er meiri en framboð og verð þeirra fer hækkandi. Kemur riftun kaupanda, sem e.t.v. hefur þegar selt þá fasteign sem hann býr í, þá oft að litlu haldi, getur jafnvel fært seljanda hagnað en kaupanda tap og ófyrirsjáanleg vandræði vegna öflunar annars íbúðarhúsnæðis. Kvartanir hafa einkum lotið að kaupum á fasteignum í byggingu. Einnig hefur verið bent á að málafjöldi þar sem deilt er um vanefndir og vanefndaúrræði í fasteignakaupum sé svo mikill að óviðunandi sé. Skipta dómar Hæstaréttar í slíkum dómsmálum hundruðum á síðustu áratugum. Eftir gildistöku nýrra laga hér á landi um lausafjárkaup, nr. 50/2000, 1. júní 2001, er hugsanlegt, eins og síðar verður fjallað nánar um, að réttaróvissan á sviði fasteignakaupa vaxi. A.m.k. er á þessari stundu óljóst hver réttarþróunin verður í fasteignakaupum, þ.e. hvaða réttarreglur verði lagðar til grundvallar dómsúrlausnum á þessu sviði.

Öll framangreind atriði leiða til þess að afar brýnt er orðið að lögfesta reglur um fasteignakaup. Þess er aldrei kostur að koma með öllu í veg fyrir dómsmál um vanefndir í fasteignakaupum, enda ekki æskilegt markmið í sjálfu sér. Á hinn bóginn er mikilsvert að setja reglur sem skýra réttarstöðuna á þessu mikilvæga sviði enda mundi það, a.m.k. til lengdar, fækka dómsmálum verulega. Hafa ýmsir aðilar, einkum þeir sem annast ráðgjöf og hagsmunagæslu um fasteignir og viðskipti með þær, bent ítrekað á nauðsyn þess að sett verði lög um fasteignakaup. Húseigendafélagið hefur um árabil rökstutt þörfina fyrir nýja löggjöf um fasteignakaup. Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að bæta úr réttaróvissu sem uppi hefur verið og blasir einnig við að geti vaxið vegna breytinga á löggjöf um lausafjárkaup, svo og til þess að verða við réttmætum ábendingum um löggjöf um fasteignaviðskipti.

3. Vinnan við frumvarpið.

3.1. Athugun á viðhorfum hjá hagsmunaaðilum.

Áður en tekið var til við samantekt frumvarps til laga um fasteignakaup var leitað eftir hugmyndum nokkurra hagsmunaaðila um ýmis atriði sem óhjákvæmilega yrði fjallað um í slíku frumvarpi. Viðar Már Matthíasson hélt erindi á almennum fundi í Félagi fasteignasala, 28. október 1999, um helstu kosti sem til greina kæmu við lagasetningu um fasteignakaup. Í erindinu var rætt um mörg álitaefni sem taka þyrfti afstöðu til í slíkri löggjöf og var óskað eftir því að félagið eða stjórn þess tjáðu sig síðar um þau. Félagi fasteignasala var sent bréf í framhaldi af fundi þessum með álitaefnum í 14 töluliðum sem óskað var eftir viðhorfi félagsins til. Bréfi þessu var svarað með minnisblaði laganefndar félagsins og hafa viðhorf þess haft þýðingu við mótun ýmissa reglna frumvarpsins.

Hinn 15. nóvember 1999 átti Viðar Már fund með fulltrúa Neytendasamtakanna, Telmu Halldórsdóttur lögfræðingi, til þess að fá upplýsingar um þau atriði sem helst væri kvartað yfir til samtakanna. Benti hún á nokkur atriði sem brýnt væri að mati samtakanna að tekið yrði á í væntanlegum lögum. Bar þar hæst mikil vandamál vegna afhendingardráttar íbúða sem keyptar voru á meðan þær voru í byggingu. Viðhorf samtakanna höfðu einnig þýðingu við samantekt frumvarpsins.

3.2. Réttarreglur um fasteignakaup í nágrannalöndum Íslands.

Sérstök athugun fór fram á gildandi reglum um fasteignakaup í Danmörku, Noregi og í Svíþjóð, en þær eru mismunandi. Verður nú gerð stuttlega grein fyrir gildandi rétti á þessu sviði í þeim löndum.

3.2.1. Danmörk.

Mikil samstaða hefur verið með íslenskum og dönskum réttarreglum um fasteignakaup mestan hluta síðustu aldar. Fram til 1995 höfðu ekki verið sett sérstök lög um fasteignakaup í Danmörku fremur en hér, en beitt reglum laga um lausafjárkaup ýmist á grundvelli lögjöfnunar eða með öðrum óbeinum hætti. Þessi samstaða hefur haldist lengur en sú samstaða sem verið hefur almennt í norrænum rétti um reglur á sviði fasteignakaupa og helgast það m.a. af því að Danir hafa ekki sett sé ný lög um lausafjárkaup, en það gerðu Norðmenn með lögum nr. 27 frá 13. maí 1988 og Svíar með lögum sem tóku gildi 1. janúar 1991. Finnar höfðu orðið fyrstir Norðurlandaþjóða til þess að setja sér kaupalög eftir það norræna lagasamstarf sem fór fram upp úr 1980, en það gerðu þeir með lögum nr. 355/1987 sem tóku gildi 1. janúar 1988. Finnar höfðu ekki áður haft sérstök lög um lausafjárkaup. Danir hafa enn ekki sett sé ný lög um lausafjárkaup. Gildandi lögum, sem eru nr. 102/1906, hefur reyndar verið breytt nokkrum sinnum, mest með lögum nr. 147/1979, er bætt var nýjum kafla (72.–86. gr.) um neytendakaup í lögin. Var það gert til samræmis við breytingar sem gerðar voru í löggjöf um lausafjárkaup í Noregi og Svíþjóð um svipað leyti. Þessi lagabreyting hefur ekki sérstök áhrif á þær reglur sem beitt var um fasteignakaup.

Aðstaðan á Íslandi var því svipuð og í Danmörku þar til um miðjan síðasta áratug, þ.e. reglum gömlu laganna um lausafjárkaup var beitt um fasteignakaup ýmist fyrir lögjöfnun eða með öðrum hætti. Mikill fjöldi dómsmála um ágreining út af fasteignaviðskiptum hefur verið í Danmörku eins og á Íslandi. Hefur lengi verið rætt með hvaða hætti væri best að haga reglum til þess að koma í veg fyrir þennan mikla málafjölda, a.m.k. í þeim farvegi sem málin hafa verið, þ.e. milli seljanda og kaupanda. Tilraun til að leysa þennan vanda var gerð með setningu laga nr. 391 frá 14. júní 1995 um forbrugerbeskyttelse ved erhvervelse af fast ejendom m.v. Þessi lög, sem tóku gildi 1. janúar 1996, eru um margt byltingarkennd miðað við

fyrri reglur á þessu sviði. Þau gilda ekki í öllum tilvikum, eins og lýst verður síðar, og þegar þau gilda ekki gilda gömlu reglurnar áfram, þ.e. reglur sem byggðar eru á dönsku kaupalögunum sem upphaflega eru frá 1906.

Lögin um neytendavernd við fasteignakaup, eins og þau verða nefnd hér, geta eingöngu gilt um fasteignir sem aðallega eru notaðar til íbúðar fyrir kaupanda eða seljanda. Þau gilda líka eingöngu þegar seljandi leggur fram svonefnda ástandsskýrslu (tilstandsrapport) um fasteignina og upplýsingar um á hvaða kjörum sé hægt að fá svonefnda eigendaskiptatryggingu fyrir eignina. Leggi seljandi fram þessi gögn er mælt fyrir um það í 2. gr. laganna að kaupandi geti ekki byggt á því gagnvart seljanda að fasteignin sé gölluð. Hann getur ekki heldur borið það fyrir sig gagnvart seljanda að á fasteigninni sé galli sem hefði átt að koma fram í ástandsskýrslunni. Upphaflega var við það miðað að seljandi kostaði gerð ástandsskýrslu, en kaupandi greiddi iðgjald eigendaskiptatryggingar, ef hann þá kaus að taka hana, en það var á hans valdi. Skylda seljanda stóð eingöngu til þess að upplýsa kaupanda um það fyrir kaup á hvaða kjörum vátryggingafélag mundi veita eigendaskiptatryggingu vegna eignarinnar.

Í lögunum eru ákvæði um ástandsskýrslur. Segir að það séu skýrslur sem gerðar séu af byggingarfróðum aðila, sem hafi leyfi ráðherra til að annast gerð slíkra skýrslna, og þær séu unnar á eyðublöð sem staðfest séu af ráðherra. Ástandsskýrslan skuli gerð, eða endurunnin, innan sex mánaða frá því að kaupandi fær hana í hendur. Með því að kosta gerð slíkrar skýrslu og leggja fram upplýsingar um eigendaskiptatryggingu var hugmyndin að seljandi keypti sig frá hugsanlegum gallakröfum af hálfu kaupanda. Réttarstaða kaupanda átti að vera trygg, því honum stóð til boða eigendaskiptatrygging á kjörum sem honum höfðu verið kynnt. Auk þessa var sérstakt ákvæði í 3. gr. laganna um að kaupandinn gæti krafist bóta úr hendi þess sem gert hefði ástandsskýrslu ef fasteignin reyndist verið haldin göllum sem fram hefðu átt að koma í skýrslunni. Kaupanda var einnig veittur skilaréttur á fasteign skv. II. kafla laganna. Hann átti rétt á því að skila eign innan sex daga eftir gerð kaupsamnings en varð að greiða fyrir í lögákveðnar bætur til seljanda fjárhæð sem svaraði til 1% af kaupverði eignarinnar. Markmið laganna var því ekki að styrkja réttarstöðu seljanda á kostnað kaupanda, heldur var ætlunin að réttarstaða kaupanda yrði áfram trygg með þeim ráðstöfunum sem að framan er lýst.

Framkvæmd laganna varð ekki í samræmi við það sem stefnt var að, þótt flest fasteignakaup, sem undir lögin gátu fallið samkvæmt efni þeirra, hafi gert það. Þau hafa sætt gagnrýni, en aðrir hafa mælt þeim bót. Um hófstillta gagnrýni má t.d. vísa til greinar Claus Tønnesen, Forbrugerbeskyttelseslov og ejerskifteforsikring, í Forsikrings- og erstatningsretlige Skrifter, I 2000, bls. 275–285. Menn virðast sammála um að það sem úrskeiðis fór hafi verið, að þótt seljandi legði fram ástandsskýrslu og upplýsingar um eigendaskiptatryggingu þá tóku kaupendur ekki slíkar tryggingar. Iðgjald eigendaskiptatrygginga hefur verið hátt eða um DKK 10.000 fyrir meðalstórt einbýlishús. Kaupendur sýnast hafa treyst því að vernd þeirra sem fælist í ástandsskýrslunni væri nægileg og þeir gætu beint kröfum um bætur vegna hugsanlegra galla gegn þeim sem gerðu slíkar skýrslur eða vátryggingafélagi þeirra. Það gekk ekki eftir. Mikill fjöldi dóma gekk í Danmörku í málum sem höfðuð voru af kaupendum gegn þeim sem unnu ástandsskýrslur viðkomandi húsa, þar sem þeir kröfðust skaðabóta vegna galla er þeir töldu vera á húsunum, en komu ekki fram í ástandsskýrslunum. Niðurstaðan í langflestum þessara mála var á þann veg að skýrsluhöfundar voru sýknaðir. Virðist svo sem afstaða dómstóla væri sú að ekki væru forsendur til að gera svo miklar kröfur til slíkra skýrslna sem kaupendur töldu rétt. Af þessu leiddi að það öryggi og sú bætta réttar-

staða sem seljandi öðlaðist með lögunum var öll á kostnað kaupanda, en réttarstaða hans varð mun lakari en verið hafði í tíð eldri reglna.

Sú staða sem lýst er var talin óviðunandi. Til þess að reyna að ráða bóta á henni var lögunum breytt með lögum nr. 437/2000, sem tóku gildi 1. júlí 2000. Með þeim lögum voru lagðar ríkari skyldur á þá sem hafa milligöngu um fasteignasölu til að skýra réttarstöðuna fyrir báðum aðilum og þýðingu þess að ástandsskýrsla liggi fyrir og að eigendaskiptatrygging sé tekin. Jafnframt er gerð sú breyting á 2. gr. laganna að þeim verði aðeins beitt ef seljandi leggur fram ástandsskýrslu og upplýsingar um eigendaskiptatryggingu, svo og skuldbindandi yfirlýsingu af sinni hálfu um að hann taki að sér að greiða helming iðgjalds eigendaskiptatryggingarinnar, ef kaupandi kýs að taka hana.

Engin reynsla er komin á framkvæmd laganna eftir þessar breytingar á þeim.

Það verður að ítreka að í þeim tilvikum þar sem framangreind lög eiga ekki við gilda eldri ólögfestar reglur. Þannig gildir í Danmörku tvenns konar reglukerfi í fasteignakaupum.

3.2.2. Noregur.

Eins og fyrr segir voru sett ný heildarlög um lausafjárkaup í Noregi á árinu 1988. Byggðust þessi lög mjög á drögum að lögum um lausafjárkaup sem samin voru af vinnuhóp í samvinnu Norðurlanda, án Íslands, og gefin út í sérstöku riti Nordiska köplagar, NU 1984:5.

Norðmenn settu sér einnig ný lög um fasteignakaup, avhendingslova nr. 93 frá 3. júlí 1992 (Lov om avhending av fast eiendom), sem tóku gildi 1. janúar 1993. Reglur laganna eru mjög í samræmi við lögin um lausafjárkaup frá 1988 og var leitast við að samræma hugtakanotkun og önnur atriði eftir því sem unnt var. Ekki er annað að sjá en ánægja sé með lögin í framkvæmd og á það einnig við um lögin um lausafjárkaup. Engar meiri háttar breytingar hafa verið gerðar á lögunum, en ýmsar minni háttar lagfæringar.

3.2.3. Svíþjóð.

Áður er frá því greint að Svíar hafi sett sér ný lög um lausafjárkaup, sem tóku gildi 1. janúar 1991. Eru þau í samræmi við þau norrænu drög sem áður er getið og norsku lögin um lausafjárkaup frá 1988.

Í Svíþjóð hafa lengi verið í gildi skráðar réttarreglur um sum svið fasteignakaupa í Jordabalken frá 1972, þ.e. í IV. kafla hans. Reglum þessum hefur verið breytt, m.a. á árinu 1990, en markmið þeirra breytinga var að samræma reglurnar reglum laga um lausafjárkaup, sem þá voru nýsett og skyldu taka gildi fljótlega.

3.3. Valkostir um íslensk lög um fasteignakaup.

Ný lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, tóku gildi á Íslandi 1. júní 2001. Lögin eru mjög til samræmis við áðurnefnd norræn drög og þau lög sem sett voru um þetta efni í Noregi 1988.

Þegar metið var hvaða kostir væru við samningu frumvarps til laga um fasteignakaup var athugað hvort leita ætti fyrirmynda í dönskum rétti, þ.e. lögum þeim um neytendavernd við fasteignakaup sem gildi tóku 1. janúar 1996, eða hvort aðrir kostir væru skynsamlegri. Reynsla af þeim lögum, a.m.k. fram til þeirra breytinga sem gildi tóku 1. júlí 2000, var ekki þannig að þau gætu verið æskileg fyrirmynd. Auk þess mundi það ekki leysa þau vandamál sem fylgja því að um önnur fasteignakaup en þau sem lögin tækju til yrði réttaróvissa, a.m.k. um hríð. Um þau mundu annaðhvort gilda þær reglur sem myndast hafa með áratuga dómaframkvæmd, sem reist var á lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, eða byggt yrði á reglum sem fengnar yrðu með lögjöfnun eða annars konar beitingu reglna nýrra laga um lausafjár-

kaup, nr. 50/2000. Þótt líkur séu til þess að síðarnefndi kosturinn verði ofan á, er það ekki sjálfgefið. Að öllu virtu er það niðurstaðan að það yrði vart fullnægjandi lausn ef efni laga um fasteignakaup yrði skipað með sama hætti og í Danmörku. Á hinn bóginn má fullyrða að sú hugmynd, sem býr að baki reglunum um ástandsskýrslur og það hlutverk sem þeim er ætlað, sé allrar athygli verð.

Þau lög sem Norðmenn settu um fasteignakaup eru heildarlög um slík viðskipti. Þau gilda samkvæmt efni sínu um öll fasteignakaup, en eru þó frávíkjanleg að hluta og gilda auk þess ekki ef sérlögum er til að dreifa, sbr. t.d. lov nr. 43 frá 13. júní 1997 om avtalar med forbrukar om oppføring av ny bustad m.m. (bustadoppføringslova). Þau lög gilda að meginstefnu um samninga milli neytanda og þess sem atvinnu hefur af byggingu húsa um kaup á íbúðarhúsnæði í byggingu. Í norsku lögunum um fasteignakaup (avhendingslova) eru reglur um flesta þætti réttarsambands kaupanda og seljanda fasteignar. Eins og áður greinir hafa lögin mikla samstöðu með nýjum norskum lögum um lausafjárkaup frá 1988. Lög um lausafjárkaup, nr. 50/2000, byggjast í meginatriðum á þeim drögum sem norræni vinnuhópurinn setti fram á árinu 1984 í ritinu Nordiska köplagar, NU 1984:5. Í ýmsum greinum var þó leitast við að taka mið af sérislenskum aðstæðum. Svipar íslensku lögunum mjög til hinna norsku.

Lausafjárkaup og fasteignakaup mynda kauparétt, sem eru grundvallargreinar í kröfurétti, einni helstu grein fjármunaréttar. Eins og lýst er að framan hafa reglur laga um lausafjárkaup verið notaðar með lögjöfnun eða öðrum hætti við úrlausn mála um fasteignakaup í þeim mæli sem unnt er. Það hefur því, eftir því sem við getur átt, verið samræmi milli þeirra reglna sem gilt hafa um lausafjárkaup og þeirra sem beitt hefur verið í fasteignakaupum oft með ýmsum afbrigðum. Á sumum sviðum verður reglum laga um lausafjárkaup þó alls ekki beitt um fasteignakaup eins og áður er getið. Það er ótvíræður ávinningur af því að sem mest samræmi sé milli reglna um lausafjárkaup og um fasteignakaup eftir því sem kostur er. Slíkt dregur úr óvissu á réttarsviðum sem varða bæði þjóðarbúið og allan almenning mjög miklu og eru að auki mikilvægur hluti lögfræðinnar. Þess vegna er eðlilegt að gerð yrði tillaga um að ný lög um fasteignakaup verði sniðin að nýjum lögum um lausafjárkaup og þannig valin sú leið sem Norðmenn fóru.

Eins og áður greinir er sú hugmynd sem býr að baki reglum um ástandsskýrslur athyglisverð og slíkur valkostur er mikilvægur fyrir þá sem vilja. Ætla má að margir seljendur, einkum seljendur stærri eigna, vilji kosta nokkru til vandaðrar ástandsskýrslu um eignir sínar. Með því mundu þeir öðlast mikið öryggi um að þurfa ekki að eiga yfir höfði sér kröfur um bætur, afslátt eða riftun vegna galla. Sömuleiðis má ætla að ástandsskýrsla um fasteign veiti kaupanda það öryggi að hann sé tilbúinn til þess að greiða meira fyrir eignina en ella. Á hinn bóginn er það ekki viðunandi að flytja áhættu af göllum frá seljanda til kaupanda, svo sem raunin sýnist hafa orðið í framkvæmd í Danmörku, a.m.k. þar til lögunum þar var breytt um mitt síðasta ár. Telja verður að því megi forða, með ríkari kröfum til ástandsskýrslna og hlutlægri ábyrgð skoðunarmanna, þ.e. skýrsluhöfunda, vegna tjóns er leiðir af göllum sem fram hefðu átt að koma í ástandsskýrslu. Að sönnu mundu iðgjöld ábyrgðartryggingar sem þeim, er heimild hefðu til að gera ástandsskýrslur, yrði gert að taka, verða nokkuð hærri vegna hinnar hlutlægu ábyrgðar, en slík ábyrgð er þó nauðsynleg til þess að tryggja réttarstöðu kaupandans. Gangi þetta eftir ætti ekki að verða þörf á eigendaskiptatryggingum.

Valkostir og tillögur um hvaða leiðir skyldu farnar við gerð frumvarps til laga um fasteignakaup voru lagðir fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið í bréfi Viðars Más Matthíassonar, dags. 22. júní 2000. Ráðuneytið tilkynnti um afstöðu sína í svarbréfi, dags. 5. júlí sama árs, en þar segir m.a.:

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 22. júní 2000, varðandi vinnu yðar á vegum ráðuneytisins við samningu frumvarps til laga um fasteignaviðskipti. Í bréfinu gerið þér grein fyrir framvindu verksins og fjallið um réttarstöðuna annars staðar á Norðurlöndum. Að virtri reynslu af löggjöf annarra Norðurlanda teljið þér heppilegast að norsk lög á þessu sviði verði höfð til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Þetta horfi jafnframt til samræmis við ný lög um lausafjárkaup er einnig voru sett að norskri fyrirmynd.

Ráðuneytið tekur undir álit yðar og felur yður að semja frumvarpið með þetta að leiðarljósi. Einnig felst ráðuneytið á að í drögum að frumvarpinu verði sérstakur kafli með reglum um ástandslýsingu fasteigna og eigendaskiptatryggingu að danskri fyrirmynd, en síðar verði metið hvort þær reglur verði hluti af frumvarpinu."

Við gerð frumvarpsins hafa framangreind fyrirmæli verið höfð að leiðarljósi, að því frátöldu að ekki var gert ráð fyrir eigendaskiptatryggingu í reglum um ástandsskýrslur, heldur leitast við að haga reglum þannig að auknar kröfur yrðu gerðar til skýrslnanna og ábyrgð skoðunarmanna vegna tjóns, er leiddi af göllum sem hefðu átt að koma fram í skýrslunum, yrði hlutlæg. Rökin fyrir þessari afstöðu eru reifuð að framan.

4. Frumvarpsdrög og kynning þeirra.

Fyrstu drög að frumvarpi til laga um fasteignakaup (þ.e. drög að tillögum að lagareglunum sjálfum) voru tilbúin í lok apríl 2001 og send dóms- og kirkjumálaráðuneyti með ítarlegu bréfi, dags. 25. þess mánaðar. Ákveðið var að senda frumvarpsdrögin út og óska umsagnar frá eftirtöldum:

Arkitektafélagi Íslands,
Dómarafélagi Íslands,
Fasteignamati ríkisins,
Félagi byggingafulltrúa,
Félagi fasteignasala,
Húseigendafélaginu,
Lögmannafélagi Íslands,
Meistarafélagi húsasmiða,
Neytendasamtökunum,
Sambandi íslenskra tryggingafélaga,
Samtökum iðnaðarins,
Sýslumannafélaginu og
Verkfræðingafélagi Íslands.

Haldinn var almennur fundur í Félagi fasteignasala 30. maí 2001 til kynningar á frumvarpsdrögunum. Viðar Már Matthíasson mætti einnig á fund laganefndar Lögmannafélags Íslands til þess að kynna frumvarpsdrögin og svara spurningum um efni þeirra svo og með fulltrúum Neytendasamtakanna. Þá voru síðar haldnir fundir með formanni og varaformanni Meistarafélags húsasmiða og laganefnd og stjórnarmönnum Arkitektafélags Íslands.

Umsagnir bárust frá Arkitektafélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Félagi fasteignasala (laganefnd), Húseigendafélaginu, Lögmannafélagi Íslands (laganefnd), Meistarafélagi húsasmiða, Neytendasamtökunum og Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Í umsögnunum komu fram ýmsar ábendingar er lutu að efni og framsetningu frumvarpsins. Var leitast við að taka sem mest tillit til þeirra ef þess var nokkur kostur. Er þess víða getið í skýringum við einstakar greinar að þeim hafi verið breytt í það horf sem þær eru nú til samræmis við ábendingar umsagnaraðila. Um frumvarpsdrögin almennt og þau áform að setja lög um fasteignakaup voru umsagnirnar jákvæðar. Sérstakur áhugi kom fram hjá flest-

um þeirra sem sendu umsagnir á því að kaflanum um ástandsskýrslur yrði haldið og komu fram þau viðhorf að æskilegt væri að þessi valkostur yrði í væntanlegum lögum. Hefur verið unnið í samræmi við þetta. Við endanlega gerð frumvarpsins var leitað eftir sérfræðiaðstoð Sigurðar Helga Guðjónssonar hrl., framkvæmdastjóra Húseigendafélagsins, en hann hefur víðtæka reynslu af þessu réttarsviði svo og vinnu við lagasmíð á sviði fjöleignarhúsa og húsaleigu. Hjördís Halldórsdóttir, hdl. og stundakennari við lagadeild H.Í., las frumvarpið einnig yfir.

5. Meginefni frumvarpsins.

5.1. Inngangur.

Efni reglnanna í frumvarpi þessu er tvíþætt. Í I.–VII. kafla eru ákvæði sem lúta að réttarsambandi kaupanda og seljanda. Um er að ræða kröfuréttarlegar reglur, sem einkum mæla fyrir um skyldur þeirra og hverju það varði ef þeir efna ekki þessar skyldur sínar. Eru ákvæði þessara kafla svipuð reglum laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, og leitast við að hafa samræmi milli reglna um sömu atriði að því leyti sem það er heppilegt og/eða mögulegt. Í VIII. kafla eru á hinn bóginn reglur um ástandsskýrslur, gerð þeirra og þýðingu, hverjir hafi heimildir til að gera þær og hverjar skyldur þeirra séu. Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð til að útfæra nánar reglur um efni ástandsskýrslna, skilyrði til þess að öðlast leyfi til að gera þær, ábyrgðartryggingar o.fl. Reglur þessar eru algert nýmæli í íslenskri löggjöf og einsýnt að nokkurn tíma tekur að undirbúa framkvæmd þeirra. Er því eðlilegt að gildistaka ákvæða VIII. kafla verði síðar en annarra reglna frumvarpsins, enda engin ástæða til að draga gildistöku þeirra.

5.2. Nánar um efni frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins, 1.–9. gr., eru ákvæði um gildissvið reglna þess og skilgreiningar ýmissa mikilvægra hugtaka á réttarsviðinu. Mælt er fyrir um að lögin séu frávíkjanleg nema í neytendakaupum og ef reglur VIII. kafla eiga við. Það er afar brýnt að styrkja réttarstöðu þeirra sem kaupa fasteignir af þeim sem atvinnu hafa af því að byggja og selja íbúðarhúsnæði. Reglur laganna veita í þeim tilvikum neytendum vernd, sem ekki er heimilt að víkja frá með samningum. Telja verður að tilefni sé til þess að hafa þennan hátt á, enda er oft ekki jafnræði með einstaklingi sem er að kaupa íbúðarhúsnæði til einkaafnota, e.t.v. í fyrsta sinn, og stóru byggingarfyrirtæki sem selur tugi íbúða eða fleiri á ári.

Tekið er af skarið um að það sé gildisskilyrði kaupsamninga um fasteign að þeir séu í skriflegu formi. Er þetta nýmæli í íslenskum rétti og raunar frávik frá þeirri grundvallarreglu fjármunaréttar að munnlegir samningar séu jafngildir skriflegum. Ástæða þess að nauðsynlegt þykir að leggja til að lögbjóða skriflegt form er að nokkrum sinnum hefur komið til kasta dómstóla ágreiningur um hvort kaupsamningur um fasteign hafi stofnast eða ekki. Félag fasteignasala hefur eindregið mælt með því að skriflegt form verði gildisskilyrði samninga um fasteignakaup, auk þess sem niðurstaðan í könnun þeirri á framkvæmd fasteignakaupa, sem áður er getið, leiddi í ljós vilja til hins sama. Í raun verður ekki um breytingu í framkvæmd að ræða, kaupsamningar um fasteignir eru á endanum nánast alltaf skriflegir, enda er það skilyrði þinglýsingar. Áskilnaðurinn um að skriflegt form sé gildisskilyrði hefur því þá þýðingu að skýrari reglur gilda um það hvenær til kaupsamnings stofnast. Þá eru ákvæði um fyrirvara og brottfall kaupsamnings ef atvik, sem fyrirvari skírskotar til, ganga ekki eftir og forkaupsrétt, en markmið þessara ákvæða er að eyða réttaróvissu sem verið hefur um þessi efni, m.a. leitt ítrekað til ágreiningsmála fyrir dómstólum.

Í II. kafla, 10.–17. gr., eru reglur um afhendingu fasteignar. Er mælt fyrir um í hvaða ástandi hún skal afhent, hvenær gefa skal út afsal, hvenær áhætta af seldri eign flyst frá seljanda til kaupanda, hvernig fari með arð af fasteign og kostnað af henni, skyldur seljanda og kaupanda þegar eign er ekki afhent á réttum tíma eða ef kaupanda hyggst skila aftur eign sem hann hefur tekið við. Þá eru ákvæði um tilkynningar og um tryggingarréttindi kaupanda í fasteign sem hann hefur greitt að hluta.

Í III. kafla, 18.–29. gr., eru ákvæði um eiginleika fasteignar, galla á henni og fylgifé. Ákvæðin um hvenær fasteign telst gölluð eru alger nýmæli í íslenskum réttarreglum um fasteignakaup. Er þess vænst að þau skýri réttarstöðuna um þetta efni, en flest dómsmál sem rekin eru milli kaupanda og seljanda fasteignar hafa sprottið vegna ágreinings um hvort fasteign var gölluð eða ekki. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á þeirri reglu 18. gr. frumvarpsins, að ef ágalli á notaðri fasteign er svo smávægilegur að hann nær því ekki að rýra verðmæti hennar „svo nokkru varði“ þá telst hann ekki galli í skilningi laganna, nema seljandi hafi sýnt af sér sök. Ástæða þessa er sú að allt of mikið hefur verið um að kaupendur hafi uppi kröfur vegna ágalla á fasteign sem eru í raun smávægilegir miðað við þá staðreynd að um notaðar eignir er að ræða, oft eignir sem eru áratugagamlar og eru óhjákvæmilega farnar að láta eitthvað á sjá vegna eðlilegs slits. Hefur borið mikið á óraunhæfum væntingum kaupenda sem óeðlilegt er að seljandi eigi að þurfa að standa undir. Ástæðulaust er þó að láta seljanda losna undan ábyrgð hafi hann sýnt af sér saknæma háttsemi og er því sá fyrirvari gerður. Þeir sem sinna viðskiptum með fasteignir, eru eindregið meðmæltir slíkri reglu og í umsögn Neytendasamtakanna er ekki fyrirvaralaust lagst gegn reglunni. Hefur henni verið breytt nokkuð til að koma til móts við sjónarmið samtakanna, þ.e. gerður er sá fyrirvari að ágallaþröskuldurinn eigi ekki við ef seljandi hefur sýnt af sér saknæma háttsemi.

Einnig eru ítarleg ákvæði um fylgifé fasteignar, en þau geta aldrei orðið tæmandi. Er leitast við að setja fram eins ítarleg ákvæði og kostur er um hvað telja beri fylgifé fasteigna, bæði almennt og ákveðinna tegunda fasteigna. Þá eru ákvæði um upplýsingaskyldu seljanda og réttaráhrif þess að henni er ekki sinnt eða rangar upplýsingar veittar. Sérstakt ákvæði er um réttaráhrif þess að almennur fyrirvari er settur í kaupsamning af hálfu seljanda um ástand fasteignar, þar sem hann undanþiggur sig ábyrgð á göllum. Slíkir fyrirvarar eru að heita má í öllum kaupsamningum sem notaðir eru í fasteignaviðskiptum. Engar skráðar reglur eru til um þýðingu þeirra. Reglum frumvarpsins um slíka fyrirvara er ætlað að skýra réttarstöðuna að þessu leyti. Loks er ákvæði um skoðun kaupanda og rannsókn á eign fyrir kaup, þ.e. um aðgæsluskyldu hans. Ekki þykir fært að mæla fyrir um fyrirvaralausa skoðunarskyldu kaupanda á eign fyrir kaup. Verði það gert er nauðsynlegt að ákvarða réttaráhrif þess að þeirri skyldu er ekki sinnt. Fæli það í sér mikla breytingu frá gildandi rétti og færi einnig á svig við reglur dansks og norsks réttar. Gæti hallað mjög á kaupanda ef slíkar reglur yrðu lögfestar, en mikilvægt er að raska ekki því jafnvægi sem verður að vera á milli reglna sem vernda hagsmuni seljanda annars vegar og kaupanda hins vegar. Er því lagt til að svipaðar reglur verði í gildi um aðgæsluskyldu kaupanda og verið hafa. Á hinn bóginn er í 38. gr. frumvarpsins nýtt ákvæði um skyldu kaupanda til að skoða fasteign svo fljótt sem verða má eftir afhendingu. Ætti það að kalla fram hugsanlegan ágreining þá þegar í stað þess að oft hefur dregist úr hömlu að kaupandi tilkynni um meinta galla og að hann ætli sér að neyta vanefndaúrræða vegna þeirra.

Í IV. kafla, 30.–48. gr., eru ákvæði um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Er skipan reglna þessara þannig, að vanefndaúrræðin eru tilgreind fyrir hverja tegund vanefndar, þ.e. afhendingardrátt, galla, vanheimild, auk þess sem sérstök grein er um tilkynningar, tómlæti og fyrningu. Þess ber einnig að geta, sem nánar verður vikið að síðar, að í VI. kafla eru

ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir, en settar lagareglur um það hefur til skamms tíma algerlega skort í íslenskan rétt. Þessi framsetning reglnanna ætti að auðvelda notkun þeirra og auðvelda þeim sem athuga þurfa réttarstöðu sína að fá yfirsýn yfir þau úrræði sem þeir gætu átt völ á vegna tiltekinnar vanefndar viðsemjanda þeirra.

Í reglum kaflans eru mörg nýmæli. Má nefna að ítarlegar reglur eru um skilyrði riftunar og framkvæmd hennar. Í 35. gr. og 44. gr. eru ákvæði um stöðvunarrétt við afhendingardrátt og galla, þ.e. rétt kaupanda til þess að halda eftir greiðslum sem svara til vanefnda seljanda. Þá eru ákvæði um þýðingu skyndilegrar og óyfirstíganlegrar hindrunar á ábyrgð seljanda. Ákvæði eru um rétt kaupanda til að krefjast þess að seljandi bæti úr galla á fasteign, rétt seljanda til hins sama, en sá réttur verður rýmri en áður hefur verið talið. Loks eru, eins og í lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, ákvæði um svonefndar sprangkröfur, þ.e. um rétt kaupanda til þess að hafa uppi kröfur á hendur fyrri eigendum eða öðrum. Slíkur réttur er afar mikilvægur, svo sem ef seljandi stendur höllum fæti fjárhagslega eða ef ekki er við hann að sakast, heldur fyrri eiganda.

Í V. kafla, 49.–55. gr., eru ákvæði um vanefndaúrræði seljanda vegna vanefnda kaupanda. Þau ákvæði eru eðli málsins samkvæmt einfaldari en þau sem eru í IV. kafla, enda skyldur kaupanda einfaldari en seljanda, þ.e. lúta nánast eingöngu að greiðslu kaupverðsins í hvaða formi sem það er. Í kaflanum eru m.a. reglur um skaðabótaskyldu kaupanda vegna greiðsludráttar af hans hálfu og er um víðtæka ábyrgð hans að ræða, reglur um stöðvunarrétt seljanda, reglur um ófyrirséða óyfirstíganlega hindrun á efndum og réttaráhrif hennar, svo og skyldu til að tilkynna slíka hindrun.

Í VI. kafla eru, eins og fyrr segir, sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir. Slík ákvæði hefur skort í íslenskan rétt, en í nýjum lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000, er sérstakur kafli, VIII. kafli, um það efni, þótt reglur hans séu efnislega nokkuð frábrugðnar. Nauðsynlegt er að fyrir hendi séu sem skýrastar reglur um úrræði við þessar aðstæður enda getur samningsaðili haft af því mikla hagsmuni að losna úr samningssambandi við viðsemjanda sinn þegar einsýnt er að hann muni ekki standa við skyldur sínar þótt gjalddagi á þeim sé ekki kominn.

Í VII. kafla, 59.–61. gr., eru sameiginleg ákvæði um skaðabætur og ákvæði um vexti. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á reglum 59. gr. um fjárhæð skaðabóta og um óbeint tjón, sem eru nýmæli í reglum um fasteignakaup en í X. kafla laga nr. 50/2000 eru ákvæði um sama efni að því er lausafjárkaup varðar og eru þau einnig nýmæli á því réttarsviði. Verður 59. gr. skýrð ítarlega í sérstaka hluta athugasemda þessara.

Í VIII. kafla, 62.–68. gr., eru svo ákvæði um ástandsskýrslur. Fyrst er skýrt hvað ástandsskýrsla sé og hvert eigi að vera efni hennar í meginatriðum. Þá er ákvæði um hverjir hafi leyfi til þess að gera ástandsskýrslu og hvaða skilyrði þeir verði að uppfylla. Í 64. gr. er ákvæði um réttaráhrif ástandsskýrslu og um ábyrgð þess er hana hefur gert, ef í ljós koma gallar sem hefðu átt að koma fram í skýrslunni. Einnig eru ákvæði um hver bera eigi kostnað af gerð ástandsskýrslu, sviptingu leyfis til að gera þær o.fl. Þá er dóms- og kirkjumálaráðherra heimilt að setja reglugerð í því skyni að útfæra nánar reglur laganna um þessi efni. Er slíkt nauðsynlegt til þess að tryggja hnökralausa framkvæmd á reglunum.

Í IX. kafla, 69.–70. gr., eru ákvæði um gildistöku og lagabreytingar. Lagt er til að ákvæði VIII. kafla (og 70. gr.) öðlist gildi síðar en önnur ákvæði laganna svo undirbúa megi vandlega framkvæmd þeirra. Gerð er tillaga um að 10. gr. laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, nr. 54/1997, verði breytt á þann veg að sérstök skylda verði lögð á fasteignasala sem fær eign til sölumeðferðar að gera seljanda grein fyrir réttarstöðu hans samkvæmt lögunum og því hagræði sem hann hefur af því að láta gera ástandsskýrslu um eignina og réttar-

áhrif þess. Sú skylda er einnig lögð á fasteignasala að hann geri þeim er hyggst, gera tilboð í eign með, sannanlegum hætti grein fyrir því hvort ástandsskýrsla liggi fyrir um eignina, hver réttaráhrif það hefði fyrir hann ef slík skýrsla lægi fyrir og hvaða takmarkanir séu á þeirri rannsókn sem liggur slíkum skýrslum til grundvallar. Ástæður þess að tillagan er gerð er sú reynsla sem Danir hafa af sambærilegum reglum, en þeir telja að ein af ástæðum þess að framkvæmd reglna um ástandsskýrslur og eigendaskiptatryggingu hafa ekki gengið eftir séu að þeir sem hafa milligöngu um fasteignakaup hafi ekki skýrt það nægjanlega út fyrir fólki hvaða þýðingu ástandsskýrslur geti haft fyrir það. Er þess því að vænta, ef þetta ákvæði verður að lögum, að fleiri kjósi að láta ástandsskýrslu um eign liggja fyrir áður en hún er seld.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er að finna almenn ákvæði sem varða fasteignakaup, svo sem afmörkun á gildissviði lagafrumvarpsins, skilgreiningar og ýmsar reglur, sem henta þykir að setja í almennan kafla í upphafi lagafrumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið reglna frumvarpsins.

Í 1. málsl. er almenn yfirlýsing um gildissviðið, þ.e. lögunum er ætlað að gilda um fasteignakaup, en þó einungis ef annað leiðir ekki af öðrum lögum. Í því felst að þau gilda t.d. ekki um nauðungarsölu á fasteignum, sbr. 2. þátt laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Hugtakið fasteignakaup hefur nokkuð skýra merkingu samkvæmt almennri málvenju og í lagamáli. Það er notað um gagnkvæman samning þar sem annar aðili, seljandi, lætur af hendi eða lofar að láta af hendi fasteign til hins aðilans, kaupanda, en sá síðarnefndi lofar að greiða seljanda peninga sem endurgjald fyrir eignina. Af skilgreiningu á hugtakinu fasteign í 2. gr. leiðir að til fasteignakaupa teljast einnig kaup á eignarhlutum í fjöleignarhúsum.

Vera kann að fasteignakaup séu einungis hluti af viðameiri viðskiptum samningsaðila. Dæmi um slíkt er sala á atvinnurekstri þar sem hluti hins selda er fasteign, en aðrir hlutar eru viðskiptavild, ýmsir rekstrarmunir sem ekki teljast fylgifé fasteignar, vörulager o.fl. Ákvæði þessara laga mundu í slíkum tilvikum einungis gilda um þann hluta er varðaði fasteignakaupin en ekki um aðra hluta.

Í 2. málsl. eru ákvæði þar sem lagt er til að lögin taki einnig til viðskipta með fasteignir eða hluta þeirra, sem mundu falla utan gildissviðs laganna samkvæmt reglu 1. málsl. Það hefur lengi verið við það miðað í íslenskum rétti að um makaskipti giltu reglur um fasteignakaup eftir því sem við gæti átt, sbr. t.d. Hrd. 1988, bls. 693. Felur ákvæði þessa málsliðar því ekki í sér tillögu að breytingu á gildandi rétti. Um kaup og skipti á hlutum í fasteign má segja hið sama. Eðlilegt er að reglum laga um fasteignakaup sé beitt um slík viðskipti. Slík kaup geta bæði verið með þeim hætti að keyptur er hluti í fasteign, sem er í óskiptri sameign og einnig skilgreindur hluti fasteignar. Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði um hvernig réttarstaða samningsaðila sé mörkuð við makaskipti.

Í 3. málsl. er mælt fyrir um að reglur frumvarpsins eigi einnig að gilda um kaup á fasteign þegar seljandi á að annast smíði hennar í heild eða að hluta og kaupandi leggur ekki til verulegan hluta efnis til smíðinnar. Þetta ákvæði lýtur að mörkum fasteignakaupa og verksamninga, en þau geta verið óljós. Um verksamninga hafa ekki gilt sérstök lög á Íslandi fyrr en við gildistöku laga um þjónustukaup, nr. 42/2000, en hún var 1. júní 2001. Í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga er kveðið á um að þau gildi um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu

sem veitt sé neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi, þar með talið er veitt þjónusta felur í sér vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi. Í skýringum í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því er síðar var að lögum um þjónustukaup, er það var lagt fram á Alþingi, er fjallað nánar um gildissvið laganna (Alþingistíðindi 1998–99, A-deild, bls. 789). Þar er tekið fram að lögum um þjónustukaup sé ekki ætlað að taka til samninga sem færu eftir ákvæðum kaupalaga. Er þar að líkindum vísað til laga nr. 39/1922, sem voru í gildi er frumvarpið var lagt fram, en ákvæði 1. og 2. gr. gildandi laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, afmarka gildissvið þeirra með svipuðum hætti og eldri lög. Það verður því að telja að sú afmörkun, sem gerð er á gildissviði laga um þjónustukaup samrýmist afmörkun á gildissviði reglna þessa frumvarps eins og það er ákvarðað í 1. gr. þess. Í þessu felst að samningar kaupenda við byggingaraðila um að byggja eign og afhenda hana kaupanda, sem almennt teldust verksamningar, eiga að falla undir lög um fasteignakaup, að því tilskildu að kaupandi leggi ekki til verulegan hluta efnis. Gengur þessi afmörkun framar reglum laga um þjónustukaup ef gildissvið þeirra skarast við lög um fasteignakaup, enda er það í samræmi við skýringar í athugasemdum í frumvarpi til fyrrnefndra laga.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna skilgreiningu á hugtakinu fasteign. Skilgreiningin er tvíþætt. Sá hluti hennar sem er í 1. málsl. er hefðbundin skilgreining á hugtakinu fasteign, eins og hún er sett fram í fræðigreininni eignarétti. Sá hluti sem er í 2. málsl. er viðbót og er reist á ákvæðum laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, (11. gr.) og með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Í síðastnefnda ákvæðinu er kveðið á um að séreignarhluta í fjöleignarhúsum, samkvæmt lögum um þau, skuli skrá sem sérstakar eindir í Landskrá fasteigna. Sú skilgreining á hugtakinu fasteign sem notuð er í þessari grein er í samræmi við réttarframkvæmd síðustu áratuga.

Um 3. gr.

Eins og getið hefur verið að framan markar ákvæði þessarar greinar hvernig staðan er við makaskipti. Er ákvæði þetta til skýringar og til að taka af tvímæli, en felur ekki í sér breytingar frá gildandi rétti.

Um 4. gr.

Almenna reglan samkvæmt frumvarpinu er að ákvæði þess gildi ekki um gjafagerninga, þ.e. þegar fasteign er andlag slíks gernings. Þetta leiðir af afmörkun á gildissviði frumvarpsins skv. 1. gr. Ýmis ákvæði laganna geta þó samkvæmt efni sínu átt við um gjafagerninga. Nauðsynlegt er að eyða réttaróvissu þar sem þess er kostur. Þess vegna er lagt til að mælt verði fyrir um að tilteknum ákvæðum laganna verði einnig beitt um gjafagerninga um fasteignir, en það getur einungis verið að breyttu breytanda. Þessi ákvæði eru:

Ákvæði 7. gr. um form, að breyttu breytanda, þ.e. þá verður gjafaloforðið að vera skriflegt og þegar samþykki er áskilið, t.d. þegar gefandi á að inna af hendi eða yfirtaka einhverjar skuldbindingar sjálfur, verður það að vera skriflegt.

Ákvæði 11. gr. um afhendingu og afsal, einnig að breyttu breytanda.

Ákvæði 3. mgr. 12. gr. um rétt til vátryggingabóta af fasteign eftir að bindandi kaupsamningur er gerður.

Ákvæði 13. gr. um arð og kostnað af eign.

Ákvæði 2., 4. og 5. mgr. 51. gr., þ.e. í fyrsta lagi hin sérstaka riftunarregla 2. mgr. vegna vanefnda á öðrum skyldum en greiðslu kaupverðsins sem kaupandi hefur undirgengist, svo og ef hann neitar að taka við eigninni og seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hana. Í öðru lagi ákvæði 4. mgr. um að seljandi geti ekki rift eftir útgáfu afsals, nema hann hafi gert um það sérstakan fyrirvara. Í þriðja lagi 5. mgr. um réttaráhrif riftunar.

Öllum framangreindum reglum hentar að beita um gjafagerninga, en það verður aðeins gert að því leyti sem við á, enda lúta gjafagerningar um margt sérstökum sjónarmiðum. Vera kann að unnt sé að beita öðrum ákvæðum laganna um gjafagerninga. Er það á valdi dómstóla að meta hvort skilyrði séu til þess og með hvaða hætti öðrum ákvæðum laganna yrði beitt um gjafagerninga.

Við beitingu ákvæða laga um fasteignakaup um gjafagerninga yrði að beita reglum um seljanda um gefanda og reglum um kaupanda um gjafþega.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að meginreglan verði sú að lögin verði frávíkjanleg, þ.e. heimilt sé að víkja frá þeim með samningi. Orðalagið í greininni er nokkuð frábrugðið því sem tíðkast hefur í frávíkjanlegum lögum á sviði fjármunaréttar. Má t.d. benda á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, og 3. gr. nýrra laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, svo og 1. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð umboð og ógilda löggerninga. Í hinum tilvitnuðu ákvæðum er reglan orðuð með þeim hætti að lögin (I. kafli hinna síðarnefndu) víkja ekki aðeins fyrir samningum um annað, heldur einnig fyrir verslunartísku og annarri venju. Orðalagi í þessari málsgrein í frumvarpinu er gagngert hagað svo, að lögin séu aðeins frávíkjanleg með samningi, en víki á hinn bóginn ekki fyrir venju eða verslunartísku. Lögin eru ekki frávíkjanleg ef annað leiðir beinlínis af orðalagi þeirra. Er það á valdi dómstóla að meta hvaða ákvæði þeirra séu ekki frávíkjanleg. Hér má þó benda á 17. gr. frumvarpsins sem byggist á því að um réttarvernd og þinglýsingu veðréttar þess er stofnast samkvæmt greininni, fari eftir reglum laga um samningsveð og þinglýsingalögum. Samningar um annað hefðu ekki réttaráhrif, a.m.k. ekki fyrir aðra en samningsaðilana.

Í 2. mgr. er sú undantekning gerð að lögin séu ekki frávíkjanleg í neytendakaupum. Hugtakið neytendakaup er skilgreint í 6. gr. frumvarpsins. Þessi skipan samrýmist ákvæðum nýrra laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, sbr. 4. gr. þeirra. Rök fyrir þessari skipan eru fyrst og fremst þau að einstaklingum, sem kaupa íbúðarhúsnæði fyrir sig og sína af þeim sem selja þau sem hluta af atvinnustarfsemi sinni, sé þörf á þeirri lágmarksvernd sem lögin veita. Bannið gegn því að víkja frá lögunum með samningi tekur einungis til þeirra tilvika er það yrði óhagstæðara fyrir kaupanda.

Í 3. mgr. er tekið af skarið um að ákvæði VIII. kafla um ástandsskýrslur o.fl. séu ófrávíkjanleg. Líklega mundi þetta leiða af orðalagi 1. mgr., en rétt þykir að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Um 6. gr.

Í þessari grein er hugtakið neytendakaup skilgreint. Er sú skilgreining í samræmi við skilgreiningu í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 50/2000 og samrýmist þeirri skilgreiningu á hugtakinu sem lögð hefur verið til grundvallar í íslenskum rétti a.m.k. síðustu 15 árin, þ.e. frá því að breyting var gerð á lögum nr. 7/1936, samningalögum, með lögum nr. 11/1986.

Þótt skilgreining á neytendakaupum sé þannig viðtekin í íslenskum rétti og vart umdeild geta komið upp álitamál, t.d. um skýringu á því hvað teljast neytendakaup skv. 6. gr. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að salan þurfi að vera liður í atvinnustarfsemi seljanda. Alkunna

er að bankar og aðrar lánastofnanir eignast oft fasteignir t.d. vegna fullnustu á kröfum þeirra á hendur skuldurum. Þessar fasteignir eru yfirleitt seldar aftur á almennum markaði. Fasteignasala er einungis afar lítill þáttur í atvinnustarfsemi banka og annarra lánastofnana. Telja verður samt að sala þeirra á fasteign til einstaklings, sem hyggst nota hana til íbúðar fyrir sig og sína, félli undir hugtakið neytendakaup samkvæmt lögunum og í þeim mætti því ekki semja á annan veg en lögin mæltu fyrir um. Er einnig víst, og á það hafa t.d. Neytendasamtökin bent, að fólki er brýn þörf á þeirri lágmarksvernd sem lögin veita í þessum tilvikum. Samtökin hafa upplýst að það tíðkist að bankar og aðrar lánastofnanir selji almennt fasteignir með víðtækum undanþágum frá ábyrgð á göllum með þeim rökum að þeim geti eðli málsins samkvæmt ekki verið kunnugt um ástand eignarinnar. Slíkt væri ekki lengur heimilt ef frumvarpið verður að lögum. Má reyndar ætla að bankar og lánastofnanir kysu að leggja fram ástandsskýrslur skv. VIII. kafla frumvarpsins til þess að losa sig undan hugsanlegum kröfum vegna galla.

Um 7. gr.

Í þessari grein er lagt til að samningar um kaup á fasteign þurfi að vera skriflegir til þess að þau teljist komin á. Þetta er að formi til algert nýmæli í kauparétti. Á hinn bóginn hafa kaupsamningar um fasteignir verið skriflegir, þ.e. frá þeim hefur a.m.k. á endanum verið gengið skriflega. Er það og skilyrði fyrir þinglýsingu að gerningur sá er þinglýsa á sé á skjali, þ.e. skriflegur, sbr. 4. og 5. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Til þess að eigandi fasteignar öðlist réttarvernd þarf hann að þinglýsa eignarheimild sinni. Er það vísast helsta ástæða þess að kaupsamningar um fasteignir eru alltaf skriflegir. Fleiri löggerningar tengdir fasteignakaupum eru skriflegir. Tilboð eru það venjulega, svo og gagntilboð. Samþykki á tilboðum eru oftast rituð á þau. Kaupsamningurinn er skriflegur, svo og afsal sem ævinlega er gefið út. Ýmis upplýsingar- og kynningargögn vegna sölu á fasteignum eru einnig skrifleg. Það má því slá föstu að ríkar kröfur séu í framkvæmd gerðar til þess að gerningar um fasteignakaup séu skriflegir. Tillagan um að skriflegt form verði gildisskilyrði mun því litlu breyta í framkvæmd. Þessum breytingum er ætlað að hafa þau áhrif, ef markmið með þeim næst, að ótvírætt verði hvað þarf til, svo telja megi kaupsamning um fasteign hafa stofnast. Tillagan er gerð vegna þess að oft hafa komið upp álitamál og mörg dómsmál verið rekin vegna ágreinings um hvort kaupsamningur um fasteign hafi stofnast. Má nefna sem dæmi Hrd. 1976, bls. 82, og Hrd. 1994, bls. 348.

Í dönskum og norskum rétti er það ekki gildisskilyrði að kaupsamningar um fasteignir séu skriflegir. Sú er á hinn bóginn raunin í sænskum rétti.

Í 1. mgr. er, eins og áður segir, lagt til að skriflegt form verði gildisskilyrði. Nauðsynlegt er einnig að tilgreina hver séu lágmarksskilyrði sem samningur þarf að fullnægja til að hann geti að lögum talist kaupsamningur um fasteign. Óvarlegt er að ganga lengra en þörf er í því efni. Þær kröfur sem gerðar eru um form og efni eru:

Form. Að tilboð sé skriflegt og það sé samþykkt skriflega með undirritun eða áritun tilboðsmóttakanda.

Efni. Undirskilið er að ótvírætt sé hvaða fasteign er um að tefla. Tilboð um kaup verður að fela í sér skuldbindingu um greiðslu tilgreinds kaupverðs og tilboð um sölu að fela í sér skuldbindingu um afhendingu eignar. Ekki er áskilið að tíundað sé hvernig kaupverðið á að greiðast, enda gildir þá reglan um að hönd selji hendi, þ.e. staðgreiðsla. Í samþykki verður að felast skuldbinding um að afhenda eignina, en ekki er áskilið að afhendingartími sé tilgreindur, enda fyllingarreglur um hvenær slíkt beri að gera, þ.e. þegar kaupverðið hefur verið greitt. Í samþykki á sölutilboði verður með sama hætti að koma fram skuldbinding um

greiðslu tilgreinds kaupverðs. Ekki er rétt að ganga lengra um efni hins skriflega samnings. Í þessu felst t.d. að ekki er gerð krafa um að ljóst sé hver tilboðsgjafi sé. Vera má að umboðsmaður komi fram fyrir hans hönd og gilda þá reglur II. kafla laga nr. 7/1936 um það hver ábyrgð umboðsmannsins sjálfs sé og hvenær umbjóðandi hans er bundinn af ráðstöfunum umboðsmannsins. Ríkir hagsmunir geta falist í því að unnt sé að gera tilboð í eign fyrir milligöngu umboðsmanns án þess að umbjóðandi sé nafngreindur. Það er svo á valdi tilboðsmóttakanda hvort hann ansar slíkum tilboðum, eða gerir það að skilyrði að fá fyrst vitneskju um hver sé tilboðsgjafi, þ.e. umbjóðandinn.

Í 2. mgr. eru ákvæði um tilvik þar sem umboðsmaður kemur fram fyrir hönd seljanda eða kaupanda. Er þá kveðið á um að umboð hans þurfi að vera skriflegt. Að öðru leyti gilda reglur II. kafla laga nr. 7/1936 um slík tilvik.

Loks segir í 3. mgr. að leggja beri að jöfnu við skriflegt form rafrænt form og undirskriftir, sem hafa sama gildi samkvæmt lögum. Hér er átt við lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, sbr. einkum 4. gr.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að lögfest verði regla sem bindur sjálfkrafa enda á kaupsamninga um fasteignir, sem gerðir eru með ótímabundnum fyrirvara. Slíkir fyrirvarar voru lengst af óþekktir í framkvæmd, en á þeim hefur mikið borið á undanförnum árum. Má rekja það, að því er íbúðarhúsnæði varðar, til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988, með lögum nr. 76/1989. Þá voru lögfestar reglur um húsbréf og húsbréfaviðskipti sem voru nánar útfærðar í reglugerð nr. 520/1989. Lögum þessum og reglugerð hefur verið breytt oft síðan. Samkvæmt þeim reglum sem settar voru var það nauðsynlegt, þegar kaupandi hugðist fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði með húsbréfum, að gera kauptilboð með fyrirvara um að hann stæðist greiðslumat og fengi samþykki Íbúðalánasjóðs (eða forvera hans) á viðtöku fasteignaveðbréfa í skiptum fyrir húsbréf. Því hafa frá upphafi verið fyrirmæli um það í reglugerðum um húsbréf og húsbréfaviðskipti að afhenda þurfi Íbúðalánasjóði (eða forvera hans) samþykkt kauptilboð, sem í sé fyrirvari um skipti á fasteignaveðbréfum og húsbréfum, sbr. t.d. 21. gr. reglugerðar nr. 520/1989. Fyrirvarar þessir hafa í framkvæmd yfirleitt verið ótímabundnir og hafa af þeim sprottið ýmis vandamál og óvissa, einkum fyrir seljendur, sem hafa verið bundnir í ótilgreindan tíma. Ágreiningur um slíka fyrirvara hefur farið til dómstóla. Fyrirvarar, þar með talið ótímabundnir fyrirvarar, hafa einnig tíðkast nokkuð við sölu á atvinnuhúsnæði. Hefur kaupandi t.d. oft gert fyrirvara um að honum takist að fjármagna kaupin af sinni hálfu. Hefur þá seljandi verið bundinn á meðan kaupandi leitar eftir hagstæðri fjármögnun á kaupunum. Slíkir ótímabundnir fyrirvarar skapa óvissu sem ekki verður unað við til lengdar. Er því lagt til að sett verði regla sem tekur af skarið um það að samningar sem eru gerðir með ótímabundnum fyrirvara falli niður er liðnir eru tveir mánuðir frá því að samningurinn komst á, þ.e. frá því að tilboð var samþykkt. Tíminn, tveir mánuðir, er nægilega langur, hvort heldur er til þess að ljúka fjármögnun með atbeina Íbúðalánasjóðs eða öðrum hætti, þ.e. þegar vilji er fyrir hendi til þess að ljúka málum.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett í frumvarpið eftir ábendingum frá Félagi fasteignasala, vegna þeirrar óvissu sem oft hefur komið upp þegar forkaupsréttur er á fasteign, en ekki ákveðið í skilmálum í lögum eða samningi um hann hvenær svara beri tilboði um að neyta forkaupsréttar. Nauðsynlegt er að útrýma slíkri óvissu. Efnislega sækir ákvæðið fyrirmynd

til reglna í jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, en frestur forkaupsréttarhafa er þó hafður skemmri en í þeim lögum.

Ákvæði 1. mgr. leggur í fyrsta lagi þá skyldu á seljanda fasteignar, sem er háð forkaupsrétti, að hann bjóði forkaupsréttarhafa strax að neyta þess réttar. Er tilgreint hvers efnis slíkt tilboð á að vera, svo og hvernig með skal fara þegar um makaskipti er að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. ber forkaupsréttarhafa að svara tilboðinu innan 15 daga frá því að honum barst það. Sérstaklega er áréttað að tilboðinu verður að svara skriflega og það verður að greina með ótvíræðum hætti hvort hann ætlar að neyta réttar síns. Ella glatar hann réttinum. Er nauðsynlegt að forkaupsréttarhafi taki af skarið um vilja sinn, enda eru miklir hagsmunir í húfi fyrir kaupanda að fá úr því skorið sem fyrst hvort samningur sá er hann hefur gert gengur eftir eða ekki. Fresturinn, 15 dagar, ætti að vera nægur fyrir forkaupsréttarhafann en vart er hægt að hafa hann lengri þegar litið er til hagsmuna kaupanda. Það eru einnig hagsmunir seljanda að fá sem fyrst úr þessu skorið og hagsmunir samfélagsins af því að viðskiptin gangi sem hindrunarlausast.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði sem lúta að afhendingu fasteignar og skiptingu áhættu af seldri fasteign. Jafnframt eru ákvæði um afsal, um kostnað af sölu o.fl. Rétt þykir að skipa reglum um skyldur aðila sem tengjast afhendingu, kostnað af sölu o.fl. saman í einn kafla. Þá er í 16. gr. almennt ákvæði um tilkynningar, sem rétt þykir að hafa í því samhengi sem það er, þ.e. áður en fjallað verður um vanefndir og afleiðingar þeirra.

Ef ákvæði þessa kafla yrðu að lögum fæli það í meginatriðum aðeins í sér lögfestingu á reglum sem hafa verið taldar gilda í fasteignakaupum. Ákvæði 16. gr. er þó nýmæli.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði regla um viðskilnað seljanda við fasteign. Slík regla hefur yfirleitt verið í þeim stöðluðu formum kaupsamninga sem notuð hafa verið í fasteignaviðskiptum síðustu áratuga. Þess vegna yrði ekki um efnisbreytingu á gildandi reglum að ræða.

Ákvæðið tekur til allra fasteigna, þar með talið lóða, landspildna og jarða. Það leggur skyldur á seljanda að hreinsa og fjarlægja það sem kaupandi á ekki að fá afhent samkvæmt samningi eða lögum þessum. Þessar skyldur geta verið viðamiklar, t.d. þegar um bújarðir er að ræða, eða fasteignir sem nýttar hafa verið til iðnaðarstarfsemi. Í ákvæðinu felst að seljanda ber að skila byggingum og öðrum mannvirkjum hreinum og án lausafjár sem ekki fylgir með í kaupum, en einnig landi og jarðvegi. Hafi starfsemi mengað jarðveg leiðir af ákvæðinu að seljandi á að skila honum hreinum. Skylda til þess getur verið viðamikil og því þykir rétt að hafa um þetta sérstakt ákvæði í lögum. Vanefnd seljanda á skyldum sínum samkvæmt þessu ákvæði getur, eins og aðrar vanefndir, leitt til vanefndaúrræða af hálfu kaupanda.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru reglur um tvö mikilvæg atriði tengd fasteignakaupum. Annars vegar um afhendingu, þ.e. hvenær hún skuli fara fram, og hins vegar um afsal og hvenær það skuli gefið út. Ekki eru gerðar tillögur um breytingar á þeim efnisreglum sem hingað til hafa gilt um þessi atriði.

Í 1. mgr. er fyllingarregla um afhendingartíma fasteignar. Í fasteignakaupum er almennt samið um afhendingartíma þannig að tilgreindur sé ákveðinn afhendingardagur. Má því vænta að sjaldan reyni á þetta ákvæði.

Ef ekki er samið um afhendingartíma er lögð til reglan um að „hönd selji hendi". Það er sama regla og gilt hefur, sbr. 14. gr. laga nr. 39/1922 og Hrd. 1965, bls. 63. Miðað er við að aðilarnir inni af hendi greiðslur sínar samtímis. Ljóst er þó samkvæmt almennum reglum kröfuréttar, sem m.a. er byggt á í hinum tilvitnaða dómi, að það er kaupandi sem á að hafa frumkvæði að því að bjóða fram greiðslu af sinni hálfu. Geri hann löglegt greiðslutilboð ber seljanda skylda til að afhenda samtímis því að hann fær greiðsluna.

Í síðari málslið þessarar málsgreinar er tekið af skarið um að það sé á valdi seljanda að ákveða hvenær afhending fari fram, ef samið er um að það eigi að gera á tilgreindu tímabili. Þetta er sambærileg regla og var í 13. gr. laga nr. 39/1922 og lögfest er í nýjum lögum um lausafjárkaup, þ.e. 2. mgr. 9. gr. þeirra. Slík ákvæði í kaupsamningum eru þekkt í framkvæmd fasteignakaupa, einkum í því formi að afhending skuli fara fram fyrir tilgreindan dag.

Í 2. mgr. er ákvæði sem mælir fyrir um það hvenær kaupandi á rétt á afsali. Í samræmi við gildandi óskráðar réttarreglur í fasteignakaupum er lagt til að það sé þegar kaupandi hefur innt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi af hendi. Kaupandi á rétt á afsali strax og hann innir af hendi lokagreiðslu eða efnir aðra lokaskyldu.

Afsal hefur víðtæk réttaráhrif í fasteignakaupum og eru reglur um ýmis þeirra í frumvarpinu. Útgáfa og afhending afsals felur í sér efndir á þeirri skyldu seljanda að yfirfæra endanlega, þ.e. óskilyrt, beinan eignarrétt að fasteign til kaupanda, sem hann hefur áður fengið með fyrirvara í kaupsamningi. Kaupandi sem þinglýst hefur kaupsamningi hefur hina formlegu eignarheimild að viðkomandi fasteign í skilningi 1. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Hann getur þó ekki stofnað til víðtækari réttinda yfir fasteign en hann hefur öðlast með kaupsamningi. Eftir að hann hefur fengið afsal úr hendi seljanda fer hann með allar heimildir yfir eigninni sem ekki víkja fyrir betri rétti annarra, t.d. veðhafa. Eignarréttur seljanda fellur þá endanlega niður. Afsalið er að jafnaði einhliða yfirlýsing seljanda um að kaupandi hafi staðið að fullu við skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi og sé því hinn rétti eigandi eignarinnar. Afsalið er því í eðli sínu lokakvittun frá seljanda. Enga nauðsyn ber til að kaupandi undirriti afsal nema hann axli einhverjar skuldbindingar með því, t.d. yfirtaki veðskuldir. Afhending á afsali og sú yfirlýsing sem í því felst hefur einnig þau mikilvægu réttaráhrif að seljandi getur eftir það ekki rift kaupum, nema hann áskilji sér það sérstaklega, sbr. 4. mgr. 51. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru reglur um áhættu af seldri fasteign. Eru ekki gerðar tillögur til breytinga á þeim reglum sem gilt hafa í réttarframkvæmd. Verði hún að lögum er því aðeins um að ræða lögfestingu á gildandi reglum. Miðað er við að afhending ráði almennt flutningi áhættu af eign. Afhending hefur verið skilgreind sem sú athöfn (athafnaleysi) seljanda sem veitir kaupanda kost á að yfirtaka umráð og vörslur fasteignar. Í 3. mgr. er sérstök regla um rétt til vátryggingarbóta ef skaði verður á fasteign.

Í 1. mgr. eru tvær reglur. Annars vegar sú meginregla að áhætta af seldri fasteign flytjist til kaupanda við afhendingu og hins vegar um réttaráhrif þess að áhætta flytjist til kaupanda.

Meginreglan um að flutningur áhættu sé við afhendingu er eitt af mörgum ákvæðum frumvarpsins sem tengja tilgreind réttaráhrif við afhendingu. Sem dæmi um önnur má nefna að skipting arðs og kostnaðar af eign skv. 13. gr. miðast við afhendingu, svo og mat á galla skv. 20. gr. sem miðar við áhættuskiptinguna, þ.e. afhendingu að meginstefnu til.

Ekki er skilgreint hvað í áhættu í fasteignakaupum felist. Af 2. málsl. 1. mgr. má þó ráða að helstu áhrif þess að áhætta færist yfir á kaupanda sé sú að skylda til greiðslu kaupverðs helst þótt eignin rýrni, skemmist eða farist. Reglan gerir ráð fyrir því að áhættan færist alltaf

yfir á kaupanda, nema þegar rýrnun, skemmd eða eyðilegging fasteignar er seljanda um að kenna. Af þessu leiðir að kaupandinn verður að greiða kaupverðið þegar framangreind örlög fasteignar eru honum að kenna og þegar þau verða af völdum tilviljunar. Sérstök álitamál geta komið upp þegar tjón á fasteign verður vegna tilviljunarkenndrar afleiðingar saknæmrar háttsemi seljanda, þ.e. þegar reglan um casus mixtus cum culpa á við. Almennt yrði slíkt tjón á ábyrgð seljanda, að því tilskildu að orsakatengsl væru á milli hinnar saknæmu háttsemi og tjóns. Takmarkatilvik geta verið mörg.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að þótt viðtökudráttur verði af hálfu kaupanda færist áhættan af fasteign til hans. Það gerist þegar eignin var tilbúin til afhendingar af hálfu seljanda, þ.e. boðin fram í því horfi sem 10. gr. mælir fyrir um og að öðru leyti í því horfi sem skylt er.

Ákvæði 3. mgr. tekur til þess er seljandi hefur vátryggt fasteign gegn þeim skaða sem greinir í 1. mgr. Ef skaðinn verður eftir að kaupsamningur komst á öðlast kaupandinn rétt til vátryggingarbóta, að því tilskildu að hann efni sínar skyldur. Miðað er við að rétturinn stofnist þegar við gerð kaupsamnings, enda lýtur reglan að skyldu til að efna samninginn. Kaupandi getur haft ríka hagsmuni af því að fá að efna samninginn af sinni hálfu og öðlast rétt til vátryggingarbóta. Má sem dæmi nefna að hann getur haft hagsmuni af því að halda þeim lóðarréttindum sem samið var um, enda ekki sjálfgefið að það sé byggingin ein sem hann hefur hagsmuni af að eignast. Er ákvæði 2. málsl. þannig að kaupandi öðlist ekki rétt til framsals á rétti seljanda til vátryggingarbóta, nema hann hafi innt skyldur sínar af hendi. Regla þessi samrýmist reglum vátryggingaréttar.

Um 13. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um skyldu til að bera kostnað af fasteign og rétt til arðs af henni. Er miðað við að afhending ráði því að skyldan og rétturinn færist til kaupanda. Með arði af fasteign er átt við hvers konar arð, þ.e. bæði náttúrulegan og borgaralegan. Um náttúrulegan arð gildir sú regla að hann er talinn falla til þegar t.d. korn er skorið, gras slegið o.fl. Ekki er því nægjanlegt að tún séu fullsprottin til þess að seljandi teljist við afhendingu réttur eigandi þess heys sem afla má af túnunum. Hann verður að hafa slegið við afhendingu til þess að geta tekið heyið með sér. Um þetta yrði væntanlega oftast samið þegar það skiptir máli. Um borgaralegan arð gildir sú regla að hann verður að hafa fallið til við afhendingu. Orðin „falla til“ þýða ekki hið sama og falla í gjalddaga. Leigutekjur af fasteign sem hafa gjalddaga 1. hvers mánaðar fyrir fram mundu greiðast seljanda sem afhendir eign 5. dag mánaðarins, en hann yrði að endurgreiða kaupanda leigu frá afhendingardegi og til loka mánaðar. Greiðist leiga síðasta dag mánaðarins eftir á yrði að framkvæma sams konar uppgjör. Sömu reglur eiga að gilda um kostnað af eign, svo sem skatta, önnur opinber gjöld, vátryggingargjöld og greiðslur afborgana og vaxta af áhvílandi veðskuldum sem kaupandi yfirtekur.

Þess ber að geta að meginreglan um inneignir í hússjóðum eða framkvæmdasjóðum húsfélaga í fjöleignarhúsum er sú að þær fylgi með við sölu.

Þær reglur sem hér er gerð tillaga um eru einfaldar og eiga best við um flest tilvik. Þær eru líka í samræmi við meginreglur sem í kauparétti hafa gilt um réttaráhrif afhendingar. Ekki er útilokað að þær geti í einstökum tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Rétt er í slíkum tilvikum að semja um skiptingu á þeim kostnaði til að forðast ósanngjarnar niðurstöður.

Í 2. málsl. er kveðið á um að ef viðtökudráttur er af hálfu kaupanda, þá ábyrgist hann samt kostnað af eigninni frá því tímamarki sem afhending átti að fara fram og var tilbúin til afhendingar. Notað er orðalagið „ábyrgist kostnað“ og er það gert af þeirri ástæðu að oft kann seljandi að þurfa að greiða kostnaðinn, t.d. ef eignin er í vörslum hans og oft mundi honum

vera það skylt, sbr. 15. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um skyldu hans til að hafa hæfilega umsjón með eign sem ekki verður afhent á umsömdum tíma. Samkvæmt reglu þessa málsliðar ber kaupandi þó ábyrgð á kostnaðinum, sem felur það í sér að seljandi getur krafist endurgreiðslu hans.

Ekki segir í 2. málsl. hvort réttur til arðs færist þá líka til kaupanda. Telja verður að frá því eigi að gagnálykta svo, að seljandi njóti þá áfram tekna af eign. Ekki er þó víst að slík niðurstaða verði alltaf eðlileg og ekki er rétt að seljandi hagnist þótt kaupandi vanefni.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru reglur um kostnað við sölu eignar. Reglurnar eru í samræmi við þær reglur sem gilda í framkvæmd og fela því ekki í sér efnisbreytingar.

Því er fyrst slegið föstu að seljandi skuli bera allan kostnað vegna undirbúnings sölu fasteignar. Um margvíslegan kostnað getur verið að ræða, t.d. kostnað af skoðun á eign, ástandsskýrslu, sbr. einnig 66. gr. frumvarpsins, öflun opinberra vottorða eða yfirlýsinga, t.d. um áhvílandi veðskuldir o.fl., sem eðlilegt er að liggi fyrir við sölu. Í 2. málsl. 1. mgr. er mælt fyrir um að þrátt fyrir meginregluna beri kaupanda að greiða tilgreindan kostnað sem tengist eigendaskiptunum. Sá kostnaður sem hér um ræðir fellur almennt til vegna ráðstafana til að tryggja hagsmuni kaupanda. Einkum er um að ræða kostnað vegna stimpilgjalda og þinglýsingar á eignarheimild kaupanda, af því hefur hann fyrst og fremst hagsmuni, svo og vegna þinglýsingar á veðskuldum sem kaupandi tekur vegna kaupanna. Er fyrst og fremst átt við það með orðunum „annarra eignarréttinda“.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu til að greiða ýmiss konar sérfræðikostnað tengdan kaupum. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um að sá sem leitar aðstoðar miðlara er hefur milligöngu um kaupin skuli greiða kostnað hans. Með kostnaði er hér átt við söluþóknun og annan kostnað sem fylgir kaupum og greitt er fyrir sérstaklega, t.d. auglýsingakostnað, sbr. og 14. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Ef viðsemjandinn felur miðlara sérstök verkefni í sína þágu er það gagnaðila óviðkomandi. Tíðkast hefur að fasteignasalar, sem fengið hafa eign til sölumeðferðar frá seljanda, geri kaupanda reikning fyrir þeim viðvikum sem hann óskar sérstaklega eftir að þeir sinni fyrir hann. Frumvarpið gerir ekki tillögur til breytinga á þessari skipan, enda eðlilegra að það verði gert með breytingum á lögum nr. 54/1997, ef ástæða þykir til. Hér er einungis slegið föstu að greiðsla fyrir slík viðvik sé gagnaðilanum óviðkomandi.

Í 3. málsl. 2. mgr. er svo hnykkt á því að hvor samningsaðila um sig beri ábyrgð á þeim sérfræðikostnaði sem hann stofnar til í tengslum við kaupin. Kaupandi sem hefur fengið sérfróða menn með sér til að skoða eign verður að bera ábyrgð á kostnaði við það. Sama á við um seljanda sem leggur í kostnað við gerð kynningarefnis um fasteign áður en hann býður hana til sölu.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru reglur um skyldu til að hafa umsjón með fasteign í nánar tilteknum tilvikum og um greiðslu kostnaðar af umsjóninni. Þær reglur sem gerðar eru tillögur um fela ekki í sér breytingar á þeim reglum sem farið hefur verið eftir í framkvæmd, en brýn þörf er þó á skýrum lagareglum um þessi atriði. Þess ber að geta að reglur greinarinnar breyta engu um áhættuskiptingu af fasteign og þær lúta ekki að rétti til vanefndaúrræða, svo sem riftun. Um það gilda aðrar greinar.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu seljanda til þess að hafa umsjón með fasteign þegar hún er ekki afhent á réttum tíma. Gildir þessi regla óháð því hvaða ástæður búa því að baki að af-

hending hefur ekki farið fram, svo fremi þessar ástæður séu kaupanda að kenna. Þær eiga því við hvort sem seljandi afhendir ekki vegna þess að kaupandi hefur ekki efnt skyldur sínar um greiðslu réttilega eða um sé að ræða eiginlegan viðtökudrátt af hálfu kaupanda.

Helstu álitaefnin sem rísa við slíkar aðstæður eru hve víðtæk umsjónarskylda seljandans er. Í frumvarpsgreininni er notað orðalagið „hæfilega umsjón“, en með því er gefið til kynna að nokkur takmörk séu á skyldum seljanda að þessu leyti. Seljanda bæri t.d. að hafa nauðsynlegt eftirlit með fasteigninni og sjá til þess að óviðkomandi fólk eigi ekki aðgang að henni, að búfé, t.d. þegar jörð er seld með áhöfn, sé fóðrað og hirt svo viðunandi sé og fasteignin eða hlutar hennar liggi ekki undir skemmdum. Litið hefur verið svo á að í umsjónarskyldum seljanda felist ekki að hann taki eða viðhaldi vátryggingu á eign, þ.e. þeim sem ekki eru lögboðnar. Geri hann það á hann þó rétt á að fá kostnað við það endurgreiddan. Seljandi þarf að leggja út kostnað við umsjónina, en getur endurkrafið kaupanda um hann, sbr. 3. mgr. Ekki verður þó talið að seljanda sé almennt skylt að greiða reikninga fyrir kaupanda vegna eignarinnar, t.d. opinber gjöld af eign. Þó kann að vera að nauðsynlegt sé að greiða reikninga, t.d. vegna kyndingar á eign til þess að forða skemmdum á henni. Nægilegt væri að hann sendi kaupanda reikningana. Það yrði svo að vera á ábyrgð kaupanda hvort hann greiðir þá.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu kaupanda til þess að hafa hæfilega umsjón með fasteign sem hann hefur fengið afhenta, en hyggst skila. Um inntak umsjónarskyldna hans má vísa til þess sem segir að framan um 1. mgr.

Í 3. mgr. segir að sá sem hafi umsjón skv. 1. eða 2. mgr. geti krafist réttmæts kostnaðar við umsjónina. Ákvæði þetta verður að skýra til samræmis við hinar tilvitnuðu málsgreinar. Þannig ætti umsjónarmaðurinn væntanlega alltaf kröfu á greiðslu þess kostnaðar sem leiðir af „hæfilegri umsjón“ svo fremi sem hann hafi ekki greitt meira en eðlilegt getur talist. Hann hefur trúnaðarskyldur við gagnaðila sinn og verður að sýna honum tillitssemi þannig að umsjónin verði honum ekki of þungbær fjárhagslega.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um tilkynningar samkvæmt lögunum. Af almennum reglum samningaréttar leiðir að sá sem koma vill tilkynningu til gagnaðila síns verði að sanna að tilkynning hafi verið send og að hún hafi komið til viðtakandans. Slík sönnun hefur oft reynst þeim erfið sem tilkynningu sendir. Hafa kröfur af hálfu dómstóla til sönnunar í slíkum málum oft verið svo ríkar að vandséð er hvernig unnt ætti að verða við þeim, sbr. t.d. Hrd. 1953, bls. 526. Á síðustu árum hefur stundum verið leitast við að mæla fyrir um aðrar reglur, sem telja má eðlilegri. Má sem dæmi nefna 13. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, og 82. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Í fyrrnefnda ákvæðinu segir svo:

„Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla laga þessara að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, þá skal hún send af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt þá hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökuð, of seint eða alls ekki til viðtakanda.“

Í athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því er síðar varð að húsaleigulögum, er það var lagt fram á Alþingi, eru ítarlegar skýringar með þessu ákvæði. Sýnast þær lúta eindregið að því að breyta því réttarástandi sem birtist í dóminum í Hrd. 1953, bls. 526, og gera einungis venjulegar kröfur til sönnunar af hálfu sendanda um að hann hafi sent tilkynningu með tryggilegum hætti og innan frests. Er sérstaklega tekið fram í athugasemdunum að tilkynning send um bréfasíma (fax) fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í greininni. Þrátt fyrir framangreint ákvæði sýnast dómstólar enn gera til muna of ríkar kröfur til sönnunar af hálfu

sendanda. Í Hrd. 1994, bls. 2350 er því slegið föstu að sending um bréfasíma (fax) sé ekki fullnægjandi sönnun í þessu sambandi og bent á að tæknilegur möguleiki sé á að sendandi falsi skýrslu tækisins, þ.e. kvittun þess um að tilkynning hafi verið send á tilteknum tíma. Í Hrd. 1996, bls. 2659, er enn tekist á um hvort tilkynning sem send var skv. 13. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, um bréfasíma hafi verið send með sannanlegum hætti. Hæstiréttur sló því enn föstu að vegna möguleikans á að falsa sendingarkvittun bréfasíma: „Verður almennt ekki talið sannað að skjal hafi verið sent á tilgreindum tíma úr símbréfstæki eða móttekið af þeim sem það er ætlað.“

Þær kröfur um sönnun sem gerðar eru í framangreindum dómum og byggjast á að sendandi geti ekki fullnægt kröfum um sönnun með því að framvísa kvittun úr bréfasíma um sendingartíma og viðtökunúmer, af því að tæknilegur möguleiki sé á að falsa þær, þótt fjarlægur sé, eru of miklar, a.m.k. um tilkynningar tengdar fasteignakaupum. Er orðalag frumvarpsgreinarinnar sérstaklega samið eins og raun ber vitni til þess að taka af skarið um að sendingarháttur „sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður“ sé fullnægjandi samkvæmt því. Ekki er unnt, enda fer lagatæknilega illa á því, að tilgreina einstaka sendingarhætti sem fullnægjandi eru. Þetta er líka breytilegt, enda ný tækni sífellt að koma til.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að sendandi hafi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi sent tilkynningu með þeim hætti sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður. Telja verður að símbréf og tölvubréf teljist almennt sendingarhættir sem gilt er að nota, rétt eins og sendingar í ábyrgðarpósti og símskeyti. Tilvísunin til sendingarháttar sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður á að leiða til þess að dómstólar geri einungis þær kröfur að tilkynning sé send með hefðbundnum og sannanlegum hætti. Fráleitt verður að telja að fjarlægur tæknilegur möguleiki á að breyta efni kvittunar bréfasíma eigi að leiða til þess að slíkur sendingarháttur, sem er líklega einn sá öruggasti sem notaður verður, verði sleginn af í eitt skipti fyrir öll. Svo ríkar kröfur ýta mönnum út í að nota fjarlægari og viðameiri sendingarhætti, sem auk þess eru mun dýrari. Verður að telja að rangt sé að stuðla að slíkum vinnubrögðum þegar þess er engin sérstök þörf. Það er vart í þágu hagsmuna samningsaðila að annar þeirra eigi þess kost að skjóta sér hjá skyldum sínum með því að halda uppi málþófi um að venjulegur og almennt öruggur sendingarháttur tilkynninga sé ófullnægjandi.

Af ákvæðinu leiðir að þegar sendandi hefur sannað að hann hafi sent tilkynningu svo sem það gerir ráð fyrir sé skyldum hans fullnægt. Móttakandinn verði því að bera hallann af því ef tilkynningin kemur þrátt fyrir það ekki réttilega fram.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til að lögfest verði regla um tryggingarrétt kaupanda í fasteign. Í frumvarpsgreininni felst ekki tillaga að breytingum á gildandi rétti heldur einungis að sett yrði skráð réttarregla um þetta efni, sem nokkur óvissa hefur ríkt um. Ýmsir dómar Hæstaréttar hafa þó orðið til að draga úr þeirri réttaróvissu, sbr. t.d. Hrd. 1988, bls. 1475. Nauðsyn ber þó til að taka af öll tvímæli um þann rétt kaupanda sem ákvæðið tekur til. Þess ber að geta að ákvæði greinarinnar verður að skýra í ljósi þess að það er kaupandi, sem þinglýst hefur kaupsamningi, sem fer með hina formlegu eignarheimild að fasteign skv. 25. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, en því var m.a. slegið föstu í framangreindum dómi.

Í 1. málsl. er mælt fyrir um að kaupandi öðlist veðrétt í fasteign til tryggingar kröfu um endurgreiðslu þess sem hann hefur innt af hendi. Í greininni er notað orðið „veðréttur“. Hér er þó ekki um lögveð að ræða, heldur tryggingarréttindi sem leggja verður að jöfnu við samningsveð. Er því ekki talið varhugavert að notað framangreint orð um þennan rétt. Miðað er við að tryggingarrétturinn nái til kröfu kaupanda um endurgreiðslu „þess sem hann hefur innt

af hendi". Í þessu felst að hann nýtur ekki slíkrar tryggingar um aðrar kröfur sem hann kann að eiga á seljanda, t.d. kröfur um skaðabætur eða kröfur um afslátt. Vextir af endurgreiðslukröfunni féllu þó innan veðréttarins og kostnaður við heimtu hennar.

Í 2. málsl. er það skilyrði réttarverndar að kaupandi þinglýsi réttindum þeim sem hér um ræðir. Kaupandi þarf því að þinglýsa kaupsamningi til þess að njóta þeirrar verndar sem veðrétturinn skv. 1. málsl. veitir honum. Þinglýsing kaupsamnings er því mikið hagsmunamál fyrir kaupanda og verður sjaldan nægilega brýnt fyrir fólki að gera það svo fljótt sem verða má eftir að hann er gerður.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um eiginleika fasteignar, en þó einkum um það hvenær hún teljist gölluð, þ.e. hefur ekki þá eiginleika sem um var samið eða leiðir af lögum þessum. Jafnframt eru ákvæði um upplýsingaskyldu seljanda og tengsl hennar við gallahugtak frumvarpsins, um aðgæsluskyldu kaupanda o.fl. Í lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922, sem giltu til 1. júlí 2001, voru ekki ákvæði um galla, sem að sérstöku gagni komu við skýringu á gallahugtakinu. Inntak gallahugtaksins var því ákvarðað af dómstólum og mótaðist í áratuga dómaframkvæmd. Gallahugtak í fasteignakaupum hefur lengi verið óljóst. Í lögum nr. 50/2000, um lausafjárkaup, er í IV. kafla skilgreint hvenær lausafé sé gallað. Sú skilgreining lýtur bæði að eiginleikum söluhlutar og notagildi hans, almennu og sérstöku. Hún er ekki tæmandi, en án efa til mikilla bóta miðað við eldri lög. Í III. kafla frumvarpsins er gallahugtakið skilgreint með svipuðum hætti og í lögum um lausafjárkaup, en til viðbótar eru ákvæði um fylgifé fasteignar, en reglur um það hafa verið mjög óljósar. Verður þeim seint gerð fullnægjandi skil í skráðum reglum þótt leitast sé við að gera það á nokkrum stöðum, sbr. t.d. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 406/1978, um fasteignaskráningu og fasteignamat og 4. gr. reglugerðar nr. 809/2000, um lögboðna brunatryggingu húseigna. Eru reglur frumvarpsins eins ítarlegar og kostur er, en þeim er þó ekki ætlað að fela í sér sérstakar efnisbreytingar á því sem tíðkast hefur í fasteignaviðskiptum, t.d. tilgreiningum á fylgifé í kaupsamningsformum, sem reyndar eru misgóð að þessu leyti.

Um 18. gr.

Í þessari grein er almenn lýsing á því hvenær fasteign telst gölluð. Segja má, að í gr. 19.–28 sé að finna nánari útlistanir á hinni almennu lýsingu.

Almenna lýsingin er í 1. málsl. greinarinnar. Er þessi lýsing í samræmi við viðtekin viðhorf í fasteignakaupum. Tilvísun til gæða lýtur að ástandi fasteignar og notagildi, en tilvísun til búnaðar vísar fremur til fylgifjár fasteignar. Með orðinu „annað" er skýrlega gefið til kynna að skyldur seljanda að því er varðar fasteign geta verið margvíslegar og að engan veginn sé unnt að tilgreina þær eða eðli þeirra tæmandi í lagagrein.

Sú almenna lýsing sem hér um ræðir er ekki frábrugðin því sem viðgengist hefur í fasteignakauparétti um langan tíma. Þannig vísar orðalagið „annað sem leiðir af lögum þessum og kaupsamningi" eins og fyrr greinir til ótilgreindra atriða sem beinlínis eru tilgreind í samningi eða leiða af túlkun hans, eða af lögunum. Ekki er þörf á að seljandi hafi gefið loforð um tilgreinda eða ótilgreinda eiginleika og ekki þarf að vera um saknæma háttsemi hans að ræða. Kaupandi má ganga út frá því að eign hafi bæði þá sérstöku eiginleika eða notagildi sem um hefur verið samið auk þess sem hún á að hafa þá almennu eiginleika og notagildi sem fasteignir af þeirri gerð og aldri sem um ræðir hafa. Þótt þessi atriði séu ekki tilgreind í samningi hefur það ekki þau réttaráhrif að kaupandi geti ekki byggt á að þau séu til staðar, ef forsendur til þess eru taldar vera fyrir hendi. Litið er til ýmissa atriða við mat á því, eink-

um þess sem farið hefur á milli samningsaðila, sem er í kynningargögnum um fasteignina, kaupverðsins o.fl. Ekki er skilyrði að seljandi hafi vitað um galla, þótt réttaráhrif kunni að vera önnur ef hann hefur gert það, svo sem síðar greinir. Aðgæsluskylda kaupanda hefur hér einnig þýðingu. Hann verður að sinna þeirri skyldu sinni, m.a. skoða ef tilefni er til og sjá ágalla við skoðun sem menn almennt eiga að sjá. Í sumum tilvikum má gera kröfur til hans um að hann gangi eftir því að tilteknir eiginleikar séu fyrir hendi. Svo sem síðar verður vikið að er tímamark við mat á galla þegar áhættan flyst til kaupanda, þ.e. almennt við afhendingu. Um getur verið að ræða galla, þótt hann komi ekki í ljós fyrr en síðar, t.d. raki brýst fram í leka, sem var ekki sjáanlegur við skoðun og afhendingu. Það er einnig hugsanlegt að seljandi hafi gefið beina eða óbeina ábyrgðaryfirlýsingu þar sem hann ábyrgist tiltekna eiginleika eða notagildi, sem hann annars hefði ekki borið ábyrgð á eða hann gerir það í lengri tíma en ella. Mat á þessum atriðum er afar vandasamt og ræðst alltaf mjög af atvikum. Reglum frumvarpsins um galla er ætlað að auðvelda þetta mat með ýmsum meginreglum.

Í 2. málsl. er ný regla, sem ekki hefur áður verið í íslenskri löggjöf, þótt fullyrða megi að slík sjónarmið hafi þýðingu í réttarframkvæmd án þess að því til staðfestingar liggi samræmd dómaframkvæmd. Í danskri lögfræði hefur verið mikið um það fjallað að ástæða sé til þess að setja fjárhæð afsláttar vegna galla einhver neðri mörk, þ.e. að afsláttur þurfi að svara til einhvers hlutfalls af kaupverði eignar til þess að réttlætanlegt sé að fallast á hann. Þetta er sagt í því ljósi að afsláttur er dæmdur án þess að um sök sé að ræða. Má sjá staðhæfingar í dönskum fræðiritum um fasteignakaup um að afslátt eigi ekki að dæma nema umfang galla sé umtalsvert og um augljóst tilvik sé að ræða, þ.e. ekki leiki vafi á um gallann (A.Vinding Kruse, Ejendomskøb, 6. útg., bls. 132 og H.P. Rosenmeier, Mangler ved fast ejendom, 4. útg. bls. 99 og áfram). Sá síðarnefndi staðhæfir að danskir dómstólar hafi fylgt þessum sjónarmiðum. Hann hefur í fyrri útgáfum rits síns sagt að 10% af kaupverði ætti að vera lágmarksfjárhæð til þess að unnt væri að dæma galla, en hefur sjáanlega efasemdir um að það sé of hátt viðmið. Í íslenskri lögfræði hefur einnig verið bent á að einungis eigi að dæma afslátt þegar tilvik eru af grófara taginu og augljós (Þorgeir Örlygsson, Afsláttur, Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 1996, bls. 182). Eins og fyrr segir er ekki unnt að sjá samræmi í þessu efni í íslenskri dómaframkvæmd, en í grein Þorgeirs er vísað til margra dóma þar sem höfundur telur að forsendur þeirra byggist á þessum sjónarmiðum. Undir það má taka.

Þeir sem starfa við milligöngu um fasteignaviðskipti, t.d. fasteignasalar og þeir sem koma að deilumálum um galla á fasteignum, t.d. lögmenn, eru á einu máli um að brýn nauðsyn sé á slíku ákvæði. Ástæður þess eru einkum þær að oft vill brenna við að kaupendur hafi óraunhæfar væntingar um ástand og eiginleika þeirra eigna sem þeir kaupa, en leggja þó lítið upp úr þessu fyrir kaup, t.d. við skoðun. Oft hafa kaupendur á síðustu stigum greiðslna gert kröfur um bætur vegna galla, sem þeir telja vera á eign, og eru í raun smávægilegir og aðeins í samræmi við aldur og almennt ástand fasteignar. Valda slíkar kröfur oft deilum og málaferlum þar sem kostnaður við málatilbúnað er mikill, t.d. sérfræðikostnaður lögmanna og matsmanna, og stundum í engu samræmi við þær kröfur sem hafðar eru uppi. Er víst að koma má í veg fyrir margar þrætur með ákvæði eins og því sem hér er lagt til. Ekki verður talið að hagsmunir kaupanda séu fyrir borð bornir þótt slíkt ákvæði verði lögfest. Í fyrsta lagi mundi það hvetja til nákvæmari skoðunar kaupanda fyrir kaup. Í öðru lagi að hann gangi eftir því að þeir eiginleikar og það notagildi sem hann gerir kröfur um séu fyrir hendi. Í þriðja lagi er réttarstaða kaupanda að mörgu leyti styrkt í frumvarpinu, t.d. með ríkari rétti til skaðabóta, rýmri rétti til að krefjast endurbóta á eign og skráðum reglum um stöðvunarrétt. Í fjórða lagi eru svo, eins og fyrr greinir, rök til að halda því fram að þetta sé nú þegar viðhorf fræðimanna og dómstóla, þannig að ekki sé um neina teljandi breytingu á gildandi rétti að ræða.

Eru þessi rök talin fullnægjandi, en benda má einnig á að af þessu mun líklega leiða fækkun dómsmála um minni háttar galla.

Reglan í 2. málsl. kemur aðeins til þegar seljandi hefur ekki sýnt af sér sök. Ef svo er gildir reglan ekki, enda er ekki sérstök ástæða til að takmarka rétt kaupanda í slíkum tilvikum. Ljóst er að orðin „rýri verðmæti hennar svo nokkru varði“ verða vandskýrð. Ekki er hægt að segja að þetta þýði að verðmætisrýrnunin verði að vera 10% til þess að galli teljist vera fyrir hendi. Ástæðan er sú að það er háð ýmsum atriðum hvort hægt sé að segja að galli rýri verðmæti eignar svo nokkru varði. Sé um nýlega fasteign að ræða er víst að minna þarf til en þegar um mjög gamlar fasteignir er að ræða. Almennt ástand og útlit fasteignar kann einnig að skipta máli. Kaupandi sem kaupir eign sem lítur mjög vel út og virðist í góðu ástandi þarf ekki að sætta sig við sama lágmark og sá sem kaupir eign sem bersýnilega er í slæmu ástandi. Þannig mætti áfram telja. Það kann að vera að 10% yrði talið hæfilegt lágmark um gamlar eignir, en væri of hátt um yngri eignir. Það er eðlilegt að dómstólar skýri slíkar reglur og móti þær með tíð og tíma í réttarframkvæmd þannig að smám saman verði ljóst hver lágmörkin eru.

Um 19. gr.

Í þessari grein er að finna nánari útfærslu á gallahugtakinu og sérreglu um svonefnd neytendakaup.

Í 1. mgr. er hnykkt á því að fasteign sé gölluð í tveimur tilvikum sem lúta að notagildi hennar. Notagildi hefur á síðustu árum orðið þýðingarmeira í skilgreiningu og útlistun á gallahugtakinu í kauparétti. Má segja að nú sé viðtekið að greina kröfuna um notagildi í tvennt, þ.e. hið almenna notagildi sem kveðið er á um í a-lið og hið sérstaka notagildi sem mælt er fyrir um í b-lið, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Þetta samrýmist einnig þeirri skiptingu gallahugtaksins í fasteignakauparétti í almennan hluta þess og sérstakan hluta. Íbúðarhúsnæði sem ekki hentar til afnota sem slíkt mundi teljast gallað skv. a-lið. Atvinnuhúsnæði sem keypt væri til verslunarreksturs og kjötvinnslu, en væri óheimilt að nota sem slíkt vegna nálægðar við aðra atvinnustarfsemi, væri gallað skv. b-lið, enda lægi ljóst fyrir að það hafi verið mat seljanda að eignin hentaði til slíkra afnota og kaupandi hafi treyst því mati, sbr. regluna í 2. málsl.

Í 2. mgr. er sérregla um neytendakaup. Hún á einnig í flestum tilvikum við í öðrum kaupum en neytendakaupum, en rétt þykir að hafa slíkt ófrávíkjanlegt ákvæði í frumvarpinu. Liggja einkum til þess tvær ástæður. Annars vegar að við kaup neytenda á íbúðarhúsnæði af þeim sem selur það sem hluta af atvinnustarfsemi sinni, er eðlilegt að hægt sé að gera kröfur um að eignin hafi þá kosti sem hún átti að hafa á þeim tíma sem hún var byggð. Þetta á einnig við um einstaka hluta hennar sem kunna að hafa verið endurbyggðir eða endurnýjaðir frá grunni. Hins vegar að rétt er að létta sönnunarbyrði neytenda í slíkum málum, þannig að almennt megi að ganga út frá því að eignin uppfylli þau skilyrði sem fram koma. Sambærileg undantekningarregla er í 2. málsl. 2. mgr. og er í 2. málsl. b-liðar 1. mgr. og yrði skýrð með sama hætti.

Þess ber að geta vegna 2. mgr. að ef seld er notuð fasteign og kaupin teljast neytendakaup má ætla að seljandi nýti það hagræði sem honum er búið með reglum VIII. kafla.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru reglur um tímamark mats á galla. Hefur nokkuð verið vikið að því í umfjöllun um 18. gr. og vísast þangað. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta gildandi rétti, sbr. 44. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, sem talin hefur verið gilda í fasteignakaupum.

Orðalag er með nokkuð öðrum hætti í frumvarpsgreininni. Tímamark mats á því hvort fasteign sé gölluð er við skiptingu áhættu, þ.e. almennt við afhendingu. Í þessu felst að ákvörðun um það hvort fasteign sé gölluð eða ekki skal tekin með hliðsjón af ástandi hennar á því tímamarki þegar áhættan flyst til kaupanda. Þessi regla er styrkt m.a. með því að kaupandi er skyldaður til þess að skoða eign þegar eftir afhendingu eins og góðar venjur standa til, sbr. 38. gr. frumvarpsins. Eins og kveðið er á um í 2. málsl. 1. mgr. ber ekki að skýra þessa reglu bókstaflega svo að galli þurfi að vera kominn fram við afhendingu. Vera má að hann eða afleiðingar hans komi ekki fram fyrr en síðar en orsök hans eða tilvist hafi þó verið staðreynd við áhættuskiptingu. Nefna má hönnunar- eða byggingargalla á fasteign sem dæmi, en hann kann að leiða til leka eða rakamyndunar síðar.

Í 2. mgr. eru reglur um frávik frá 1. mgr., sem eru tvíþætt. Í 1. málsl. 2. mgr. er ákvæði um svonefnda eftirfarandi galla, en um þá gildir sú regla að seljandi ber ekki ábyrgð á þeim, nema um vanefndir hans sé að ræða. Þetta er sama regla og samkvæmt gildandi rétti, sbr. síðari hluta 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Í 21. gr. laga nr. 50/2000 um sama efni er ákvæði sem er samhljóða frumvarpsgreininni. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er undantekning sem lýtur að þeim tilvikum er seljandi hefur beint eða óbeint ábyrgst eiginleika eða notagildi fasteignar í tiltekinn tíma. Dæmi úr framkvæmd má nefna þegar seljandi lýsir því yfir að þak fasteignar muni ekki leka, sbr. t.d. Hrd. 1994, bls. 2398. Verður að skýra yfirlýsingar seljanda hverju sinni til þess að geta sagt til um hvort þær séu ábyrgðaryfirlýsingar, svo og til þess að ákvarða til hvaða þátta ábyrgð hans nær. Hefur hið almenna viðhorf til skýringa á ábyrgðaryfirlýsingum verið að þær eigi að skýra þröngt, eða a.m.k. þannig að ábyrgð hans nái ekki lengra en hann lofaði.

Um 21. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að lögfest verði regla, sem talin hefur verið gilda í réttarframkvæmd, sem þrengir nokkuð gallahugtakið í ákveðnum tilvikum.

Á undanförnum áratugum hafa oft komið til kasta Hæstaréttar ágreiningsmál þar sem kaupandi fasteignar telur sig eiga rétt á afslætti eða skaðabótum vegna þess að fasteign sé minni en seljandi hafði upplýst fyrir kaup, eða kaupandi fékk með öðrum hætti upplýsingar um. Má sem dæmi nefna Hrd. 1947, bls. 518, Hrd. 1988, bls. 1453, og Hrd. 1996, bls. 554, en í öllum þessum tilvikum er seljandi sýknaður af kröfum kaupanda um afslátt eða skaðabætur af þessum sökum. Þess skal getið að í síðastnefnda dómnum er þó einkum byggt á tómlæti kaupanda við að hafa uppi kröfur. Til eru aðrir dómar, þar sem kaupanda eru dæmdar skaðabætur, sbr. Hrd. 1985, bls. 1284, eða afsláttur, sbr. Hrd. 1990, bls. 506. Í síðastnefnda dómnum var jörð seld sem 50 ha, en reyndist einungis vera 32 ha. Hún var keypt til hrossabeitar og hefur það án efa haft þýðingu. Af forsendum þess dóms má glöggt sjá að sú staðreynd hve mikill stærðarmunurinn er og að stærðin hafi haft áhrif á kaupverðið hafi ráðið því að afsláttur var dæmdur. Í Hrd. 1985, bls. 1284, var talið að seljandi hafi vitað að upplýsingar hans um að ræktað land jarðar væri 70 ha voru rangar, enda hafði hann sjálfur samkvæmt skýrslum stækkað það úr 9 ha í 52. Er því niðurstaða í þeim dómi byggð á sök af hálfu seljanda. Af dómum þessum má ráða að minni háttar stærðarfrávik leiði ekki til þess að kaupandi eigi rétt á bótum eða afslætti. Rökin eru þau að yfirleitt sé fasteign keypt á grundvelli skoðunar og kaupandi hennar meti hvort hún hentar honum að því búnu og hve mikið hann vill greiða fyrir hana. Það er sjaldan sem fermetrastærð (hektarar) skiptir kaupanda meginmáli, nema þar skeiki einhverju verulegu. Stundum skiptir þetta þó máli, þ.e. þegar atvinnuhúsnæði er keypt til útleigu eða land keypt til að nýta afrakstur þess, t.d. ræktað land. Þá getur kaupandi metið tekjur sínar með hliðsjón af stærð. Í þessum tilvikum hafa þó dómstólar

einnig verið tregir til að játa kaupanda afslátt eða bætur og bent á að ef afrakstur fasteignar skipti hann svo miklu hafi hann átt að ganga tryggilega úr skugga um þær upplýsingar sem máli skiptu, sbr. Hrd. 1985, bls 368.

Af framangreindum ástæðum þykir það ekki varhugavert og aðeins í samræmi við gildandi rétt að leggja til þá reglu sem fram kemur í frumvarpsgreininni. Í niðurlagi hennar er að finna varnagla sem veldur því að greinin á ekki við ef seljandi hefur veitt rangar upplýsingar með háttsemi sem telja má stórkostlegt gáleysi. Ekki er notað orðið „vítavert gáleysi" þar sem það kynni að benda til að um meðvitað gáleysi þyrfti að vera að ræða, en svo er ekki. Ómeðvitað gáleysi nægir, svo fremi sem það sé stórkostlegt. Ámælisvert hirðuleysi gæti þannig talist stórkostlegt gáleysi í skilningi ákvæðisins.

Um 22.–25. gr.

Í 22.–25. gr. eru ákvæði um fylgifé fasteigna. Ákvæðin eru ekki tæmandi og geta ekki verið það, enda er það breytilegt eftir tæknistigi og tíðaranda hvað telja beri fylgifé fasteignar. Skipan efnis þeirra greina sem um ræðir er á þann veg, að í 22. gr. er almenn lýsing á því hvað telja beri fylgifé fasteignar og til hvers beri helst að líta við mat á því. Í 23. gr. er fjallað nánar um fylgifé fasteigna almennt og þar tiltekið nánar hvaða búnaður eigi að teljast fylgifé fasteignar. Er lýsingin í dæmaskyni. Hún er ekki tæmandi og frá henni má ekki gagnálykta. Í 24. gr. er vikið sérstaklega að fylgifé íbúðarhúsnæðis og í 25. gr. sérstaklega að fylgifé fasteigna sem ætlaðar eru til landbúnaðarafnota.

Við samningu greinanna hefur verið höfð hliðsjón af þeim kaupsamningsformum sem notuð eru í framkvæmd og byggjast að hluta á venjum, þeim reglugerðarákvæðum sem áður er vísað til og því sem telja má viðurkennt í íslenskri lögfræði.

Í 22. gr. er sérstaklega tekið fram við skilgreiningu á því hvað sé fylgifé fasteignar að það þurfi að vera til staðar við skoðun eða átt að fylgja samkvæmt kaupsamningi, öðrum gögnum, t.d. söluyfirliti, eða lögum þessum. Við mat á því hvort hlutir (réttindi) teljast fylgifé má líta til þess hvort það væri viðurhlutamikið að skilja þá frá eign og hvort verðmæti þeirra sé í einhverjum mæli háð tengslum þeirra við hana, þeir séu nauðsynlegir fyrir eðlileg afnot hennar eða geti best nýst þar. Nefna má sem dæmi lyftu sem sett hefur verið upp í húsi, kæligeymslu sem hönnuð hefur verið fyrir tiltekinn hluta húsnæðis o.fl.

Í 2. mgr. þessarar greinar er regla sem er í samræmi við það sem gilt hefur, þ.e. að ekki á að greiða sérstaklega fyrir hluti sem teljast fylgifé fasteignar, nema sérstaklega sé um það samið.

Í 23. gr. eru leiðbeiningarreglur um hvað teljist til fylgifjár fasteignar. Upptalningin er í dæmaskyni og eins og áður greinir ekki tæmandi. Þarfnast upptalningin ekki skýringa, að því frátöldu að nefna má sem dæmi að til tilfæringa eða búnaðar skv. b-lið mundi t.d. teljast búnaður sem komið hefði verið upp með styrk frá Framkvæmdasjóði fatlaðra til að auðvelda aðgengi þeirra eða veru í fasteign, sbr. XVI. kafla laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Ákvæði 24. gr. er einnig upptalning á því sem telja ber til fylgifjár þeirra fasteigna sem ákvæðið tekur til. Reglan þarfnast ekki skýringa, en áréttað skal að upptalningin er ekki tæmandi.

Í 25. gr. eru sérstakar reglur um fylgifé fasteigna sem ætlaðar eru til landbúnaðarafnota. Bent skal á að ákvæði 24. gr. á við um íbúðarhúsnæði, þótt það sé á jörð sem ætluð er til slíkra afnota. Greinina verður að skýra svo að hún feli eingöngu í sér tilgreindar sérreglur, en að öðru leyti gildi aðrar reglur um fylgifé. Greinin er tvíþætt. Í 1. mgr. segir hvaða tæki og búnaður teljist til fylgifjár þeirra eigna sem um ræðir. Í henni felst t.d. að áhöfn og venjulegar vélar, t.d. heyvinnsluvélar, mundu ekki teljast fylgifé þessara eigna. Vakin skal þó

athygli á því að það leiðir af 1. málsl. 1. gr. frumvarpsins að regla þessarar greinar mundi víkja fyrir sérstökum reglum, t.d. í ábúðarlögum um fylgifé slíkra fasteigna.

Í 2. mgr. er sérregla um að greiðslumark bújarðar teljist ekki til fylgifjár hennar. Greiðslumark (og heildargreiðslumark) er skilgreint í 2. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Í 38. og 46. gr. laga nr. 99/1993 er greiðslumark sauðfjárafurða og mjólkur bundið við lögbýli. M.ö.o. er hér um að ræða réttindi sem sérstaklega eru bundin við lögbýli. Miðað við hefðbundnar skýringar á því hvað teljist fylgifé verður að telja að þessi réttindi teldust fylgifé lögbýla við sölu. Lagt er til í þessari málsgrein að mælt verði sérstaklega fyrir um að svo sé ekki. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þessi réttindi eru svo verðmæt, einkum ef framleiðslumagnið er mikið, að þau hafa mikil áhrif á verðmæti lögbýla, stundum ráða þau mestu um það. Er því óeðlilegt að líta á þetta sem fylgifé, enda eru réttindin framseljanleg að hluta til og innlausn þeirra einnig möguleg. Þess vegna er ekki sjálfgefið að þau séu til staðar eða fylgi við sölu. Þessi regla á ekki að valda neinum vandræðum. Réttindin eru mikilvæg forsenda þess að landbúnaðarframleiðsla verði stunduð á jörð og þess vegna á það að vera umsamið hvort réttindin eiga að fylgja eða ekki.

Um 26. gr.

Í þessari grein og þeirri næstu eru reglur um upplýsingaskyldu seljanda í fasteignakaupum. Upplýsingaskylda seljanda hefur tvíþætt réttaráhrif í fasteignakaupum, annars vegar að vanræksla á henni getur leitt til þess að fasteign, sem ekki teldist gölluð, telst vera það og hins vegar að seljandi verði skaðabótaskyldur vegna galla, sem annars hefði ekki leitt til bótaskyldu, heldur eingöngu afsláttar eða eftir atvikum riftunar ef gallinn hefði talist verulegur. Það hefur því lengi verið litið svo á að upplýsingaskylda seljanda sé hluti af gallahugtakinu í fasteignakaupum. Talið hefur verið að upplýsingaskylda seljanda fælist bæði í því að veita þær upplýsingar sem honum ber og einnig að veita réttar upplýsingar.

Í þessari grein eru reglur um fyrrnefnda atriðið, þ.e. þegar seljandi hefur ekki veitt þær upplýsingar sem hann á að veita. Í 1. málsl. er kveðið á um inntak upplýsingaskyldunnar, þ.e. hvaða upplýsingar seljandi á að veita. Einungis er hægt að lýsa inntaki þessarar skyldu með almennum orðum svo sem gert er, enda margbreytileiki fasteigna slíkur að það ræðst mjög af atvikum hverju sinni hvernig seljandi fullnægir þessari skyldu sinni. Upplýsingaskylda seljanda stendur til þess að veita kaupanda upplýsingar um fasteign sem seljandi vissi eða mátti vita að kaupandi hefði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Seljanda er því ekki skylt að upplýsa kaupanda um atriði sem kaupandi veit um. Ákvæðið felur það í sér að seljandi á að eigin frumkvæði að veita þær upplýsingar sem hann veit eða má vita um. Í því felst að löglíkur eru fyrir því að seljandi þekki fasteign svo að hann geti upplýst kaupanda um galla á henni, en um það snýst málið fyrst og fremst. Það stendur seljanda nær að upplýsa um þetta, enda auðveldara fyrir hann en fyrir kaupanda að leita galla uppi. Seljandi ber ábyrgð á því að þeir sem koma fram fyrir hans hönd við kaupin sinni upplýsingaskyldu fyrir hann, ef hann gerir það ekki sjálfur. Á kaupanda hvílir aðgæsluskylda. Sú skylda hans takmarkar nokkuð upplýsingaskylduna, t.d. á seljandi ekki að upplýsa kaupanda um augljós atriði eða atriði sem kaupandi gat ekki búist við að fá upplýsingar um. Í 2. málsl. er undantekningarregla sem mælir fyrir um að vanræksla seljanda á upplýsingaskyldu hafi ekki réttaráhrif ef það hefur ekki haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings að upplýsingarnar voru ekki veittar.

Um 27. gr.

Í þessari grein er ákvæði um rangar upplýsingar. Má að hluta um skýringu á þessari grein vísa til þess sem segir um næstu grein á undan. Vanræksla á upplýsingaskyldu og rangar upp-

lýsingar af hálfu seljanda, sem löglíkur eru á að þekki fasteign til hlítar, er almennt saknæm háttsemi og á því eðlilega að hafa lögfylgjur. Þó ber að undirstrika að ekki er áskilnaður um saknæma háttsemi seljanda. Þess vegna getur komið til þess að rangar upplýsingar teljist hafa verið veittar, þótt seljandi hafi gert það í grandleysi sínu. Með röngum upplýsingum er ekki aðeins átt við upplýsingar sem eru beinlínis rangar, heldur og misvísandi upplýsingar og upplýsingar sem eru aðeins hálfur sannleikur, svo og upplýsingar sem fallnar eru til þess að valda misskilningi. Það er á ábyrgð seljanda að tjá sig skýrt í þessum efnum. Sérstaklega er tekið fram í 1. málsl. að reglan eigi einnig við þegar um er að ræða rangar upplýsingar frá þeim sem koma fram fyrir hönd seljanda.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um að reglan í 1. málsl. eigi einnig við þegar veittar eru rangar upplýsingar í auglýsingum um eign, söluyfirliti eða öðrum sölu- eða kynningargögnum. Í 12. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, er kveðið á um að fasteignasali skuli þegar hann hefur fengið eign til sölumeðferðar semja rækilegt söluyfirlit. Um efni söluyfirlits eru reglur í téðri 12. gr., svo og í reglugerð nr. 93/1998. Eðlilegt er, og í samræmi við gildandi rétt, sbr. Hrd. bls. 1994, bls. 387, að seljandi beri ábyrgð á slíkum upplýsingum, enda eru þær í flestum tilvikum frá honum komnar eða hann á að tryggja að þær liggi fyrir við sölu. Ákvæðið tekur ekki eingöngu til upplýsinga sem sérstaklega er beint til kaupanda, heldur einnig upplýsinga sem notaðar eru til kynningar á eigninni almennt og sérstaklega, þ.e. gagnvart kaupanda.

Í 2. mgr. greinarinnar eru tvær reglur. Annars vegar sambærileg undantekningarregla og er í 2. málsl. 26. gr. og skýrð hefur verið að framan, og hins vegar regla sem leysir seljanda undan réttaráhrifum rangra upplýsinga ef hann hefur leiðrétt þær í tæka tíð.

Um 28. gr.

Það hefur viðgengist lengi í fasteignakaupum á Íslandi að í kaupsamningum (jafnvel einnig í kauptilboðum) og afsölum hafi verið almennur fyrirvari sem samkvæmt orðanna hljóðan leysir seljanda undan ábyrgð á göllum. Útfærsla fyrirvarans hefur verið með ýmsum hætti, t.d. eftirfarandi: „Eignin er seld í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér með skoðun, og hann sættir sig við að öllu leyti.“ Slíkir almennir fyrirvarar eru varhugaverðir, einkum þegar þeir eru hluti af stöðluðum ákvæðum skjala og kaupendur vara sig ekki á þeim. Dómstólar hafa oft hafnað því að slíkir almennir fyrirvarar hafi réttaráhrif samkvæmt efni sínu, sbr. Hrd. 1962, bls. 705. Stundum hafa þó dómstólar reist niðurstöður um að hafna kröfum frá kaupanda vegna galla með vísan til slíkra fyrirvara, sbr. Hrd. 1976, bls. 345. Í þeim dómi kemur fram athyglisverð afstaða Hæstaréttar til slíkra fyrirvara, en hún var á þá leið að slík ákvæði væru ekki fullskýr og ekki mætti leggja í þau þann skilning að þau firrtu kaupanda rétti til þess að bera fyrir sig galla, sem „komu fram eftir afhendingu íbúðarinnar“. Orð Hæstaréttar eru ekki alveg tvímælalaus, þ.e. þau segja ekki um hvort átt sé við eftirfarandi galla, eða galla sem kaupandi fyrst uppgötvar eftir afhendingu. Nauðsynlegt er að skýra réttarástandið og taka af tvímæli að því er varðar slíka fyrirvara. Markmið ákvæðisins er að slíkir fyrirvarar hafi réttaráhrif almennt séð, en ekki í þeim tilvikum sem greinir í ákvæðinu.

Fyrirmæli 1. málsl. lúta að því að slíkir almennir fyrirvarar víkja ekki til hliðar 26. og 27. gr. um upplýsingaskyldu og rangar upplýsingar seljanda. Þá telst fasteign einnig gölluð þrátt fyrir slíkan almennan fyrirvara, ef ástand hennar er til muna lakara en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við þau atriði sem tilgreind eru í greininni.

Tekið skal fram að greinin tekur bara til almennra fyrirvara. Sérstaka fyrirvara yrði almennt að skýra eftir orðanna hljóðan eða túlka eftir almennum reglum. Einnig er nauðsynlegt að taka fram að það skiptir ekki máli um þýðingu eða þýðingarleysi slíkra almennra

fyrirvara í sjálfu sér hvort háttsemi seljanda telst saknæm eða ekki. Það er ekki skilyrði fyrir beitingu reglunnar að svo sé.

Um 29. gr.

Í þessari grein eru reglur um aðgæsluskyldu kaupanda og þýðingu þess að henni er ekki sinnt. Við skipan reglna um fasteignakaup þarf að taka afstöðu til þess hvort mæla eigi fyrir um fortakslausa skoðunarskyldu af hálfu kaupanda. Það væri andstætt áratuga réttarframkvæmd og viðhorfi í norskum og dönskum rétti, auk þess sem það samrýmdist ekki reglum laga um lausafjárkaup. Mesti vandinn við að lögfesta slíka reglu er sá að ákvarða hverju það ætti þá að varða kaupanda ef hann sinnti ekki skoðunarskyldu sinni. Hætt er við að jafnvægi milli hagsmuna kaupanda og seljanda yrði raskað ef tekið yrði það skref að mæla án fyrirvara um skoðunarskyldu kaupanda. Það færi ekki heldur saman við ákvæði 12. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, sem miðar við að seljandi eigi að sjá um að afla og veita tilteknar upplýsingar um eignina. Ekki þótti rétt að leggja til reglu um fortakslausa skoðunarskyldu kaupanda. Regla 29. gr. er í samræmi við þær reglur sem farið hefur verið eftir í réttarframkvæmd, en ætti þó að skýra réttarástandið nokkuð, sbr. síðar.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um almenna reglu þess efnis að kaupandi geti ekki borið fyrir sig galla sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningur var gerður. Með kaupanda í þessu sambandi er ekki aðeins átt við kaupanda sjálfan heldur einnig aðra sem samsamaðir verða með honum, t.d. umboðsmenn hans, aðstoðarmenn og maka. Ástæða er til að taka fram að það er skilyrði að kaupandi hafi þekkt eða átt að þekkja til gallans. Þetta verður að skýra svo að hann hafi vitað um gallann eða átt að vita og að hann hafi skilið hver áhrif hann hafði. Oft verður ekki ætlast til þess af kaupanda að hann átti sig á því hvaða áhrif tilteknir gallar hafa. Þetta gildir einkum um galla sem lúta að hönnunar- eða byggingartæknilegum atriðum. Ekki er líklegt að venjulegur maður sem kaupir fasteign, sem nýlokið er við að byggja, átti sig á því hvaða afleiðingar það geti haft ef honum er bent á að hönnun þaks sé óvenjuleg, eða útfærsla einhverra byggingartæknilegra atriða. Ósanngjarnt væri að kaupandi gæti ekki borið fyrir sig galla sem leiddu af slíkum atriðum.

Í 1. málsl. 2. mgr. er reglan um aðgæsluskyldu kaupanda. Orðalag hennar er sambærilegt við orðalagið í 47. gr. eldri laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, sbr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 um sama efni. Um regluna hefur verið mikið fjallað og er því ekki ástæða til að skýra hana sérstaklega hér. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er kveðið á um að reglan um réttindamissi kaupanda vegna þess að hann hafi ekki sinnt aðgæsluskyldu sinni eigi ekki við ef seljandi hefur sýnt af sér háttsemi sem telja má stórkostlegt gáleysi, eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú. Sjálfstætt gildi reglunnar takmarkast reyndar af ákvæði 3. mgr. Að því leyti sem hún hefur sjálfstætt gildi felur hún í sér að saknæm háttsemi seljanda leiðir til þess að kaupandi heldur rétti sem hann ella mundi glata samkvæmt ákvæði 1. málsl. Ákvæði 2. málsl. nefnir tvenns konar háttsemi seljanda, þ.e. stórkostlegt gáleysi sem er hlutlæg tilgreining og háttsemi sem er andstæð heiðarleika eða góðri trú, sem er huglæg tilgreining, þ.e. vísar til vondrar trúar en gengur ekki svo langt að gera áskilnað um svik. Viðmiðun við heiðarleika er þekkt úr samningarétti, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, og viðmiðun við góða trú, bona fide, er einnig þekkt úr kröfurétti og skaðabótarétti.

Í 3. mgr. er kveðið á um að reglur 1. og 2. mgr. haggi ekki gildi 26. gr. um skort á upplýsingum. Sérstök ástæða er til að taka þetta fram, enda varðar málefnið einkum hvað kaupandi veit eða má vita. Með 3. mgr. er verið að segja að upplýsingaskylda seljanda stendur óhögguð og takmarkast ekki af aðgæsluskyldu kaupanda.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda. Er skipan efnis þannig, að fjallað er sérstaklega um hverja tegund vanefndar fyrir sig og hvaða úrræðum kaupandi getur beitt vegna hennar. Þannig er fjallað um vanefndaúrræði vegna afhendingardráttar í 30.–36. gr., vegna galla í 37.–45. gr. og vegna vanheimildar í 46. og 47. gr. Loks eru ákvæði um tilkynningar, tómlæti og fyrningu, þ.e. hvenær kaupandi glatar réttindum sínum vegna tómlætis og fyrningar, sbr. 48. gr.

Efni reglnanna í þessum kafla er um flest í samræmi við gildandi reglur í fasteignakaupum. Þó má fullyrða að lögfesting þeirra eyði réttaróvissu. Auk þess eru reglur um ýmis atriði, sem ekki hafa gilt reglur um til þessa, svo sem um heimild seljanda til að bæta úr galla og um heimild kaupanda til þess að krefjast þess að seljandi endurbæti galla. Þá eru reglur um stöðvunarrétt, um efndahindrun og réttaráhrif hennar, sem er nýjung á þessu sviði.

Um 30. gr.

Í fasteignakauparétti er almennt talað um afhendingardrátt af hálfu seljanda ef hann efnir ekki skyldur sínar sem lúta að afhendingu, þ.e. afhendingu í eiginlegri merkingu, og útgáfu afsals eða afléttingu veðskulda, sem ekki hefur verið samið um að kaupandi yfirtaki. Skipan efnis í 30. gr. er nokkuð önnur og er það meira til hagræðis en af öðrum ástæðum. Það er þannig ekki loku fyrir það skotið að heimilt sé t.d. að rifta ef seljandi afléttir ekki veðskuldum, að því gefnu að vanefnd sé veruleg.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að afhendingardráttur, þ.e. dráttur á því að seljandi hafi fasteign tilbúna og í réttu horfi svo kaupandi geti yfirtekið vörslur hennar eða dráttur á útgáfu afsals, sem ekki er kaupanda að kenna, eða er ella á ábyrgð hans, heimili kaupanda að beita vanefndaúrræðum sem tilgreind eru í stafliðum a–d. Skyldan til afhendingar og skyldan til útgáfu afsals eru þannig aðalskyldur seljanda.

Í 2. mgr. er fjallað um vanefndir á öðrum skyldum seljanda. Eins og skipan reglnanna er ber að telja aðrar skyldur en þær, sem 1. mgr. nefnir, aukaskyldur seljanda. Í þessari málsgrein er því slegið föstu að vanefndir á aukaskyldum leiði til þess að kaupandi geti beitt sömu vanefndaúrræðum og þegar um vanefnd á aðalskyldum er að ræða. Hann getur því beitt þeim úrræðum sem tilgreind eru í stafliðum þeim sem vísað er til að framan, allt að því gefnu að skilyrði þeirra séu fyrir hendi. Í meginatriðum fer mat á skilyrðum vegna vanefnda á aukaskyldum saman við mat á skilyrðum vegna vanefnda á aðalskyldum með þeim fyrirvara að síðarnefndu vanefndirnar eru almennt alvarlegri. Frá þessari reglu um úrræði kaupanda vegna vanefnda á aukaskyldum er ein undantekning. Kaupandi getur ekki beitt því úrræði, sem kveðið er á um í 2. mgr. 32. gr. Rökin fyrir þessu eru þau að vanefnd á aukaskyldum verður að vera veruleg til þess að veita riftunarrétt. Í 2. mgr. 32. gr. er beinlínis kveðið á um að hún eigi aðeins við ef ekki er afhent innan þess frests sem gefinn er. Reglan á, eins og síðar greinir, ekki heldur við um drátt á útgáfu afsals.

Um 31. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um rétt kaupanda til þess að krefjast efnda in natura, þ.e. krefjast efnda á samningi samkvæmt efni hans og hvaða takmörk séu á þessum rétti hans.

Kaupandi getur í fyrsta lagi krafist efnda, ef það er á valdi seljanda að bæta úr. Hér er t.d. átt við aðstæður þar sem einhver hindrun stendur efndum seljanda í vegi, sem hann getur ekki yfirunnið. Dæmi um þetta er þegar fasteign hefur brunnið eða eyðilagst í náttúruhamförum. Ekki þarf að vera um ómöguleika að ræða, heldur nægir að hindrun sé slík að seljandi geti ekki yfirunnið hana án mjög verulegra erfiðleika eða getur það ekki innan eðlilegs tíma.

Í öðru lagi getur kaupandi krafist efnda, ef þær mundu ekki leiða til slíks óhagræðis eða kostnaðar fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af því að fá réttar efndir. Þetta er gamalkunn regla í kröfurétti og hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á slíkt hagsmunamat, sbr. t.d. Hrd. 1972, bls. 904. Við beitingu þessarar reglu þarf að vega saman hagsmuni seljanda og hagsmuni kaupanda. Ef verulegt ósamræmi er í því hve þungbært það yrði seljanda að efna miðað við hagsmuni kaupanda af því að fá efndir yrði slíkri kröfu hafnað.

Í 2. mgr. er svo mælt fyrir um réttindamissi kaupanda vegna tómlætis. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir er mikilvægt að seljandi viti svo fljótt sem kostur er ef kaupandi ætlar að krefjast efnda in natura. Reglunni er ætlað að ýta við kaupanda um að láta það ekki dragast óeðlilega að setja slíka kröfu fram.

Þess ber að geta að þótt reglur 1. og 2. mgr. leiði til þess að kaupandi geti ekki krafist efnda in natura, þá getur hann engu að síður átt önnur vanefndaúrræði. Það þarf einungis að meta það hvort skilyrðum þeirra sé fullnægt, t.d. skilyrðum til skaðabóta eða riftunar.

Um 32. gr.

Í þessari grein eru reglur um skilyrði riftunar vegna afhendingardráttar (og annarra vanefnda) o.fl. Ákvæði 1. og 3. mgr. fela ekki í sér tillögur um breytingar á þeim reglum sem gilt hafa í réttarframkvæmd. Á hinn bóginn er úrræði það sem kveðið er á um í 2. mgr. nýlunda. Hliðstæð heimild er í 2. og 3. mgr. 25. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup.

Í 1. mgr. er meginreglan um að vanefnd þurfi að vera veruleg til þess að heimilt sé að rifta kaupsamningi. Riftun er afdrifarík aðgerð og getur haft í för með sér mikla röskun á hagsmunum samningsaðila. Á það sérstaklega við þegar efndir hafa að einhverju leyti farið fram, kaupandi t.d. greitt verulegan hluta kaupverðs. Það verður að meta það eftir atvikum hverju sinni hvort vanefnd sé veruleg eða ekki. Almennt er það ekki skilyrði að afhendingardráttur seljanda sé vegna saknæmrar háttsemi hans, en sé slík háttsemi sýnd af hans hálfu getur matið orðið honum óhagstæðara. Það skiptir máli um riftunarréttinn, þ.e. um matið á því hvort vanefnd sé veruleg eða ekki, hvers konar skyldu er um að tefla. Þannig mundi dráttur á sjálfri afhendingunni fljótt teljast veruleg vanefnd. Á hinn bóginn er ekki víst að dráttur á afsalsútgáfu yrði það jafnfljótt. Vanefnd á aukaskyldum getur einnig leitt til riftunar, að því tilskildu að hún teljist veruleg.

Í 2. mgr. er nýtt úrræði, sem kemur fyrir alvöru í norrænan rétt á áttunda áratug síðustu aldar eftir fyrirmyndum úr þýskum rétti (Nachfrist). Regla 2. mgr. á aðeins við ef dráttur verður á afhendingu fasteignar og heimilar kaupanda að setja seljanda hæfilegan viðbótarfrest til að efna. Er kaupanda heimilt, þótt vanefnd sé ekki veruleg, að setja seljanda hæfilegan viðbótarfrest til að efna. Hvað telja beri hæfilegan viðbótarfrest verður að meta hverju sinni. Verður í því efni einkum að líta til orsaka afhendingardráttarins og hagsmuna kaupanda af því að fá fasteign afhenta. Meðan viðbótarfresturinn stendur getur kaupandi ekki rift og gildir þá einu hvort vanefnd teldist orðin veruleg eða ekki. Frá þessu eru tvær undantekningar, annars vegar ef seljandi beinlínis lýsir því yfir að hann muni ekki efna innan frestsins og hins vegar ef það er ljóst af öðrum ástæðum að hann muni ekki gera það, t.d. vegna ómöguleika eða hindrunar sem hann ekki getur rutt úr vegi. Eins og fyrr segir gildir þessi regla ekki um vanefndir á aukaskyldum og vanefnd á skyldu til að gefa út afsal, en þá gildir skilyrðið um verulega vanefnd.

Í 3. mgr. er kveðið á um viðbótarskilyrði riftunar. Telja verður að þessar reglur hafi verið gildandi í kauparétti. Nauðsynlegt er þó að taka skýrt af skarið um þær takmarkanir sem hér um ræðir. Sambærilegt ákvæði er í 66. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup.

Samkvæmt fyrirmælum þessarar málsgreinar er það skilyrði riftunar að fasteign hafi ekki rýrnað, skemmst eða farist á meðan kaupandi bar áhættu af henni. Frá þessu er vikið í 2. málsl. ef framangreindur skaði á eigninni er vegna tilviljunar, t.d bruna sem kaupandi ber ekki ábyrgð á eða náttúruhamfara. Einnig er frá þessu vikið ef skaðinn er vegna annarra ástæðna sem kaupandi ber ekki ábyrgð á. Þá er og frá þessu vikið, ef skaðinn varð áður en kaupandi varð eða mátti verða var við þær aðstæður sem riftun er reist á. Hér er fyrst og fremst átt við tilvik er kaupandi hefur gert tilfæringar á eign, t.d. vegna skoðunar eftir afhendingu eða vegna þess að hann ætlar að breyta eða bæta eignina, en uppgötvar þá vanefnd sem veitir honum rétt riftunar. Hér ber að hafa hugfast að reglan á einnig við þegar vanefnd felst í galla, sbr. 2. mgr. 42. gr. frumvarpsins. Loks er frá meginreglu 1. málsl. þessarar málsgreinar vikið ef kaupandi bætir seljanda verðrýrnunina. Verður þá seljandi að taka við eigninni ásamt bótum og sjá sjálfur um endurbætur, ef hann kýs að framkvæma þær.

Um 33. gr.

Í þessari grein eru reglur um réttaráhrif riftunar, sem gilt hafa í réttarframkvæmd og gilda í lausafjárkaupum, sbr. 64. gr. laga nr. 50/2000 um það efni.

Í 1. mgr. er sett fram grundvallarreglan um réttaráhrif riftunar, þ.e. að skyldur samningsaðila til að efna, bæði aðalskyldur og aukaskyldur, falla brott.

Í 2. mgr. er kveðið á um uppgjör þegar samningsaðilar hafa innt af hendi greiðslur sínar eða hluta þeirra við riftun. Slík uppgjör geta verið flókin. Meginreglan er að hvor samningsaðila eigi að greiða það til baka sem hann hefur fengið úr hendi hins. Í 2. málsl. er hvorum um sig heimilað að halda eftir því sem hann hefur fengið þar til hinn afhendir. Hér er mælt fyrir um haldsrétt (retentionsret) hvors um sig í eignum sem hinn á til tryggingar greiðslum. Þetta úrræði er ekki hið sama og í 35. gr., þ.e. stöðvunarréttur (detentionsret), sem felur í sér rétt til að halda eigin greiðslu, m.a. til tryggingar því að hinn efni réttilega af sinni hálfu. Haldsrétturinn á einnig við skv. 3. málsl., þ.e. þegar samningsaðili á réttmætar kröfur um skaðabætur eða vexti, sem hann hefur ekki aðrar fullnægjandi tryggingar fyrir. Hvor aðili um sig er skyldur til að bjóða greiðslur af sinni hálfu þegar riftun hefur farið fram. Þeir geta ekki beðið eftir að hinn geri það. Það er almennt sá sem skila á peningagreiðslu, sem frumkvæðið á að hafa, en slíkt kann þó að ráðast af atvikum.

Um 34. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði skaðabóta vegna afhendingardráttar. Greinin felur í sér nokkra nýskipan reglna um skilyrði skaðabóta vegna afhendingardráttar og skiptingu í beint og óbeint tjón. Einnig er það nýmæli að hindrun hafi slík réttaráhrif sem mælt er fyrir í greininni. Ábyrgð seljanda sem hér er mælt fyrir um er sambærileg ákvæði 27. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, og er hún í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því, sem síðar varð að þeim lögum, er það var lagt fram á Alþingi (Alþingistíðindi 1998–99, A-deild, bls. 1604–1610). Um skilgreiningu á beinu tjóni og óbeinu er vísað til 59. gr. frumvarpsins og skýringa með henni.

Í 1. mgr. segir að kaupandi geti krafist skaðabóta fyrir annað tjón en óbeint tjón, þótt ekki sé um sök seljanda að ræða. Í þessu felst sú meginregla að skilyrði bóta fyrir óbeint tjón er að seljandi hafi sýnt af sér sök, sbr. 4. mgr. Hér ber þó þess að geta, að í 3. mgr. 59. gr. segir að þrátt fyrir skilgreiningu á óbeinu tjóni, þá á það ekki við um tvennt sem ella teldist að líkindum óbeint tjón, þ.e.: Annars vegar tjón vegna venjulegra ráðstafana til að bæta úr galla á fasteign og ráðstafana til að bæta úr afhendingardrætti, t.d. ráðstafana við að afla leiguhúsnæðis og greiða leigu. Hins vegar ráðstafana sem takmarka (beint) tjón. Þetta er mikilvægt

því af þessu leiðir að kostnaður, sem kaupandi hefur vegna afhendingardráttar seljanda, og felst í útvegun húsnæðis og leigugreiðslum, telst beint tjón og það ber að bæta án tillits til þess hvort um er að ræða sök seljanda eða ekki.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um svonefnda stjórnunarábyrgð (kontrollansvar). Seljandi hefur sönnunarbyrði fyrir því að atvik séu með þeim hætti að hann losni undan bótaskyldu á grundvelli stjórnunarábyrgðar. Slík ábyrgð felur í sér að seljandi losnar undan bótaábyrgð ef hann sannar:

- að drátturinn stafi af hindrun sem hann fékk ekki við ráðið,
- og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með er kaupin tókust,
- eða hann hefði ekki getað bægt hindruninni frá eða forðað afleiðingum hennar.

Það er væntanlega ekki oft sem seljandi gæti fært slíka sönnun fram. Þær hindranir sem um ræðir verða að vera þess eðlis að seljandi hefði ekki getað haft þær á valdi sínu. Ekki er skilyrði að um ómöguleika sé að ræða, heldur nægir að það yrði sérstaklega þungbært fyrir seljanda að yfirvinna þær. Nefna má sem dæmi um hindranir: stríð, náttúruhamfarir, meiri háttar bruna eða sprengingu. Peningaskortur seljanda getur aldrei talist hindrun í þessum skilningi. Hafi seljandi fengið aðra menn til að efna samninginn fyrir sína hönd eða aðstoða sig við það ber hann ábyrgð á þeim. Um þetta er ákvæði í 2. mgr. Yfirleitt mundu ófyrirséð verkföll sem kæmu niður á byggingaraðila teljast hindrun í skilningi þessa ákvæðis. Það er líka krafa að ekki sé sanngjarnt að seljandi hefði reiknað með hindruninni þegar kaupin tókust. Hafi hann með sanngirni átt að gera það skiptir ekki máli þótt hún sé utan þess sem hann getur ráðið við. Mat á því hvort seljandi getur bægt hindrun frá eða forðað afleiðingum hennar verður að ráðast af atvikum, en víst er að gera verður ríkar kröfur til hans í þessu efni.

Í 2. mgr. er regla sem er til fyllingar ákvæðum 1. mgr. um stjórnunarábyrgð. Reglan tekur til tilvika þegar seljandi hefur falið þriðja manni að efna fyrir sig samninginn í heild eða að hluta. Seljandinn losnar þá ekki undan ábyrgð þótt hindrun sé utan við það sem hann fær við ráðið. Það er einungis ef hindrun er þannig að þriðji maður sjálfur mundi hafa losnað undan ábyrgð skv. 1. mgr. sem seljandi losnar. Ef seljandi semur við undirverktaka, t.d. rafverktaka, pípulagningamenn eða aðra um að vinna tiltekna verkþætti svo hægt sé að afhenda á réttum tíma, en þeir standa ekki við skyldur sínar, þá losnar seljandi ekki undan bótaábyrgð, þótt hann fái ekki við undirverktakana ráðið. Það er, eins og fyrr greinir, aðeins ef þeir mundu sjálfir losna undan ábyrgð samkvæmt reglum 1. mgr., sem seljandi losnar. Ekki mundi það skipta máli um réttarstöðu seljanda að þessu leyti þótt kaupanda væri kunnugt um að undirverktakar ynnu verkið og þótt hann hefði samþykkt þá.

Í 3. mgr. er því slegið föstu að seljandi losni aðeins undan ábyrgð á meðan hindrun varir. Falli hún brott verður seljandi að viðlagðri ábyrgð að bregðast við, þ.e. að því tilskildu að honum sé enn skylt að efna. Verið getur að kaupandi hafi þá þegar rift og hefur þá brottfall hindrunar ekki þessi réttaráhrif fyrir seljanda.

Í 4. mgr. er kveðið á um að saknæm háttsemi seljanda baki honum ábyrgð bæði á beinu og óbeinu tjóni. Þessi regla leiðir í raun af gagnályktun frá 1. mgr., en rétt þykir að taka af öll tvímæli. Ákvæðið tekur til saknæmrar háttsemi bæði þegar kaup takast og síðar.

Um 35. gr.

Í þessari grein er ákvæði um svonefndan stöðvunarrétt (detentionsret), en það er bráðabirgðaúrræði sem kaupanda er heimilt að grípa til ef seljandi afhendir ekki á réttum tíma. Þessi réttur er hvort tveggja í senn, tryggingarúrræði og þvingunarúrræði. Í honum felst heimild kaupanda til þess að halda eftir svo miklu af kaupverði sem nægir til að tryggja greiðslu á kröfu sem hann kann að eiga vegna afhendingardráttar. Með því á hann þess kost

að tryggja kröfu sína, en þvingar einnig seljanda til réttra efnda. Sú fjárhæð, sem kaupanda er heimilt að halda eftir á að svara til kröfu hans. Í því felst að hún á að svara til upphaflegrar kröfu hans, vaxta á hana og þess kostnaðar sem hann hefur haft. Kaupandi verður að hafa nokkurt svigrúm í þessu efni, enda er ljóst af ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, að honum ber að greiða dráttarvexti af því sem umfram er. Ætti það að tryggja hagsmuni seljanda nægilega.

Stöðvunarréttur er úrræði sem auðveldlega getur snúist í höndum þess er beitir honum. Hann stendur andspænis skriflegum samningsskuldbindingum um að greiða kaupverðið með tilteknum hætti. Taki hann ákvörðun um að gera það ekki er það alfarið á hans áhættu. Gangi hann of langt getur það leitt til þess að gagnaðili hans rifti kaupum. Þess vegna er kveðið á um það að kaupandi þurfi að hafa uppi réttmæta kröfu og það er hann sem ber ábyrgð á því að hún reynist réttmæt. Hann þarf því að hafa eitthvert mat á grundvelli og fjárhæð kröfunnar, þótt ekki sé gengið svo langt að krefjast þess að hann hafi mat dómkvaddra manna. Í greininni segir einnig að hann geti „á eigin áhættu“ haldið eftir o.s.frv. Með þessum orðum er undirstrikað að það er kaupandinn sem ber hér áhættuna ef hann ákveður að standa ekki við skuldbindingar sínar vegna meintra vanefnda seljanda. Kaupandi verður að fara varlega í að beita þessum rétti sínum.

Um 36. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um upplýsingaskyldu seljanda um hindrun og afleiðingar þess að hann sinnir ekki þessari skyldu sinni. Gerð er bæði krafa til þess að seljandi komi tilteknum upplýsingum til kaupanda og að hann geri það innan hæfilegs tíma. Ella ber honum að bæta það tjón sem hefði mátt koma í veg fyrir ef hann hefði sinnt skyldum sínum og upplýst kaupanda. Þetta er sjálfstæð bótaregla sem mælir fyrir um grundvöll bóta fyrir það tjón sem afstýra mátti með upplýsingum í tíma.

Um 37. gr.

Ákvæði frumvarpsins sem eiga sérstaklega við um vanefndaúrræði kaupanda vegna galla eru í 37.–45. gr. þess.

Þessi grein, sem á sér samsvörun í 30. gr. er tekur til afhendingardráttar, hefur að geyma yfirlit yfir vanefndaúrræði vegna galla á fasteign, en tvö atriði skilur þó á milli. Í fyrsta lagi er blæbrigðamunur á ákvæði a-liðar sem mælir fyrir um rétt til úrbóta þegar um galla er að ræða, en heimilar að krefjast efnda in natura þegar um afhendingardrátt er að ræða. Miða bæði úrræðin við sömu niðurstöðu, þ.e. réttar efndir samningsins. Í öðru lagi á b-liður um heimild til þess að krefjast afsláttar sér ekki samsvörun í 30. gr. Í báðum tilvikum er stöðvunarrétti (rétti til að halda eigin greiðslu) skipað með vanefndaúrræðum. Þetta úrræði hefur oft í norrænum fjármunarétti verið flokkað með öðrum hætti, þ.e. talið til bráðabirgðaúrræða sem hafi tvíþættan tilgang (þ.e. sé þvingunarúrræði og tryggingarúrræði), en ef það ber ekki árangur komi til beitingar hefðbundinna vanefndaúrræða. Ekki er ætlunin að breyta fræðilegri stöðu þessa úrræðis í fjármunarétti og það verður áfram bráðabirgðaúrræði sem leitt getur að lokum til beitingar hefðbundinna vanefndaúrræða. Það er einungis til hagræðis sem það er talið upp í 1. mgr. þessarar greinar með hefðbundnum vanefndaúrræðum.

Ákvæði 2. mgr. um að beita skuli reglum um galla, eftir því sem við getur átt um aðrar vanefndir seljanda, sýnir að upptalning í 1. mgr. þarf ekki að vera tæmandi. Einnig er ljóst, að ýmsum þeirra úrræða sem þar greinir verður beitt saman, ef skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Um 38. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga að nýrri reglu í íslenskum fasteignakauparétti, þ.e. reglu sem kveður á um að kaupanda sé skylt að skoða fasteign svo fljótt sem verða má eftir afhendingu. Áður er þess getið að ekki hafi þótt fært að leggja til fortakslausa skoðunarskyldu kaupanda fyrir kaup vegna þess að því yrði að fylgja ákvörðun um hverju það ætti að varða fyrir hann, ef sú skylda yrði vanrækt. Gætu afleiðingar þess raskað því jafnvægi sem verður að vera milli hagsmuna kaupanda og seljanda í slíkum samningnum. Sú skylda, sem hér er kveðið á um, hefur ekki bein réttaráhrif. Hún getur haft óbein réttaráhrif, þ.e. leitt til þess að kaupandi verði talinn hafa sett fram fyrirvara um kröfur eða gert kröfur of seint. Slíkt gæti leitt til réttindamissis fyrir hann vegna tómlætis. Tilgangur reglunnar er að hvetja kaupanda til þess að ganga þegar eftir afhendingu úr skugga um það hvort fasteign sé að hans mati í samræmi við það sem hann telur að leiði af kaupsamningi og lögum. Með afhendingu er í þessu sambandi átt við það tímamark þegar seljandi býður eign fram og kaupandi getur tekið yfir vörslur hennar. Ekki skiptir máli þótt kaupandi sem hefur fengið vörslur, t.d. lyklavöld að fasteign, ákveði að nýta hana ekki fyrst um sinn og skoðar hana ekki af þeim ástæðum. Regluna í greininni ber að skýra svo að hann eigi að skoða svo fljótt sem verða má eftir afhendingu í skilningi laganna. Hún ætti að leiða til þess að hugsanlegar kröfur komi sem fyrst fram og þar með að ágreiningi aðila kaupsamnings, komi hann upp, ljúki sem fyrst. Það er mikilvægt markmið í sjálfu sér að ljúka slíkum viðskiptum sem fyrst og efndum á skyldum samningsaðila. Það er óviðunandi fyrir seljanda að geta í langan tíma átt von á gallakröfum frá kaupanda, sem gætu hafa komið strax eftir afhendingu.

Það fer eftir atvikum hvað miklar kröfur verða gerðar til skoðunar þeirrar sem kaupanda ber að framkvæma og hvað hann eigi að sjá við þá skoðun. Í því efni hlýtur að skipta máli hvers konar eign er um að ræða, til hvaða afnota hún á að vera, hvort kaupandi sé byggingarfróður o.fl.

Um 39. gr.

Í þessari grein eru tvö nýmæli í fasteignakauparétti. Í fyrsta lagi ákvæði 1. mgr. um rétt seljanda til þess að bæta úr galla og í öðru lagi ákvæði 2. mgr. um skyldu hans til þess að kröfu kaupanda, en þetta úrræði yrði alveg nýtt ef frumvarpið verður að lögum. Í 3. og 4. gr. séu nauðsynlegar fyllingarreglur við ákvæði 1. og 2. mgr.

Ákvæði 1. mgr. felur í sér að seljandi hefur rétt til þess að bæta úr galla á eigin kostnað séu tilgreind skilyrði fyrir hendi. Í 49. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 39/1922, var að finna slíka heimild seljanda. Heimildin var mun þrengri en sú sem hér er gerð tillaga um. Var það skilyrði úrbótaréttar seljanda að augljóst væri að kaupandi hefði engan kostnað eða óhagræði af því. Rök voru talin fyrir því að nokkuð rýmri regla gilti í fasteignakaupum um rétt seljanda til úrbóta, sbr. ummæli héraðsdómara í Hrd. 1969, bls. 1149. Óvissa var þó um þennan rétt hans, enda ekki við skráða lagareglu að styðjast auk þess sem einnig má færa fyrir því rök að hún gangi of skammt. Sú heimild sem mælt er fyrir í málsgreininni er ætlað að bæta úr þessum vanda. Úrbæturnar eiga að fara fram á kostnað seljanda. Verði kaupandi fyrir fjárútlátum í tengslum við úrbæturnar, t.d. vegna kaupa efni, á seljandi að endurgreiða það. Það álitamál kann að koma upp að fasteign verði eftir endurbætur verðmeiri en hún var áður. Endurbætur kunna að fela í sér endurnýjun á gamalli fasteign eða búnaði hennar. Ekki verður talið að kaupanda beri að endurgreiða seljanda þá verðmætisaukningu sem hugsanlega verður. Á hinn bóginn er hugsanleg verðmætisaukning eitt þeirra atriða sem líta verður til þegar metið er hvort úrbætur valda seljanda ósanngjörnum kostnaði.

Ákvæðið setur heimild seljanda þau takmörk að úrbæturnar hafi ekki í för með sér slík óþægindi fyrir kaupanda að ósanngjarnt megi telja og hann hafi ekki sérstakar ástæður til að leggjast gegn þeim. Í báðum tilvikum þarf að meta það í ljósi allra atvika hvort kaupandi getur neitað seljanda um úrbæturnar. Að líkindum yrði það fátítt að kaupandi féllist ekki á að seljandi bætti úr galla, einkum í neytendakaupum. Að því er fyrra atriðið varðar má nefna sem dæmi um óþægindi, sem ósanngjarnt má telja að kaupandi verði að þola, að hann þurfi að bíða óeðlilega lengi eftir að seljandi bæti úr gallanum eða flytja með skyldulið sitt úr fasteigninni á meðan eða geti ekki notað stóra hluta hennar. Hér skiptir einnig máli ef líkur eru til þess að tilraunir seljanda til að bæta úr galla verði árangurslausar, hann hafi t.d. reynt áður án árangurs. Sem dæmi um hið síðarnefnda, þ.e. að kaupandi hafi aðrar sérstakar ástæður til að leggjast gegn tilraunum seljanda til úrbóta, má nefna að seljandi hefur ítrekað svikið loforð um að bæta úr galla, eða samskipti við hann hafi verið á þann veg að ekki sé hægt að ætlast til að kaupandi sæti því að hafa samskipti við hann.

Þótt seljandi bæti úr galla getur kaupandi beitt öðrum vanefndaúrræðum ef skilyrði þeirra eru fyrir hendi. Kæmi einkum til álita að gera einnig kröfu um skaðabætur, en einnig er hugsanlegt að krefjast mætti afsláttar ef ekki yrði bætt úr galla að fullu.

Það er undirskilið í ákvæðinu að endurbætur seljanda fari fram innan eðlilegs tíma eftir að kaupandi hefur lýst því yfir að galli sé á fasteign. Matið á þessu er hluti af mati á því hvort þær hafi í för með sér slík óþægindi fyrir kaupanda að ósanngjarnt megi telja.

Í 2. mgr. er ný regla sem ekki hefur verið talin gilda í fasteignakauparétti til þessa. Hún heimilar kaupanda að krefjast þess að seljandi bæti úr galla. Þessi regla á aðeins við ef seljandi hefur byggt fasteign eða smíðað innréttingar í hana og galli lýtur að þeim. Rétti kaupanda eru þau takmörk sett að úrbætur af hálfu seljanda valdi hinum síðarnefnda ekki ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði. Það verður einnig að meta það með hliðsjón af öllum atvikum hvort úrbætur mundu hafa í för með sér slíkan kostnað eða óhagræði fyrir seljanda að ósanngjarnt mætti telja. Telja verður að kaupandi mundi einkum nýta þann rétt, sem hér er mælt fyrir um, í neytendakaupum þegar seljandi hefur atvinnu að því að byggja og selja hús. Þegar ekki eru skilyrði til að kaupandi geti beitt þessum rétti sínum á hann samt önnur vanefndaúrræði að því gefnu að skilyrði þeirra séu uppfyllt.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á seljanda, þegar kaupandi krefst úrbóta, að þær fari fram innan hæfilegs tíma. Þetta er sama regla og er undirskilin í 1. mgr.

Í 4. mgr. eru reglur sem kveða á um það þegar seljandi bætir ekki úr galla. Ef seljandi bætir ekki úr galla af því að honum er það ekki skylt af einhverjum ástæðum á kaupandi önnur vanefndaúrræði sem tilgreind eru í 37. gr. að uppfylltum skilyrðum fyrir beitingu hvers og eins þeirra. Eins og áður segir er hugsanlegt að kaupandi geti, auk þess að krefjast úrbóta, gert skaðabótakröfu og eftir atvikum kröfu um afslátt ef ekki er að fullu bætt úr galla. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga við þegar seljandi sinnir ekki kröfum um galla, þótt honum sé það skylt. Kaupandi á þá þau vanefndaúrræði sem tilgreind eru í þessari málsgrein. Sé skylda seljanda til að bæta úr galla fyrir hendi og hann sinnir því ekki þrátt fyrir kröfu kaupanda, er í 3. málsl. þessarar málsgreinar kveðið á um að kaupandi geti krafist skaðabóta vegna kostnaðar, sem hann hefur haft af úrbótunum. Sú bótaskylda, sem hér um ræðir byggist á hlutlægum grundvelli, þ.e. seljanda ber að bæta kaupanda framangreint tjón og skiptir þá ekki máli hver huglæg afstaða seljanda var.

Um 40. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um sérstaka skyldu kaupanda til þess að tilkynna kröfu um úrbætur. Meginreglan er að hann eigi að tilkynna þetta samtímis kröfu skv. 50. gr., en frá því

er þó mögulegt að víkja ef sanngirnisástæður mæla með því, svo sem fram kemur í greininni. Seljandi hefur brýna hagsmuni af því að kaupandi setji slíka kröfu fram svo fljótt sem verða má. Ekki er þó ástæða til að láta þessa hagsmuni seljanda vega of þungt þegar hann hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða háttsemi hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Um 41. gr.

Í þessari grein er ákvæði um afslátt og hvernig ákvarða skuli fjárhæð hans. Afsláttur hefur á síðasta áratug líklega verið algengasta úrræði vegna galla í fasteignakaupum. Lengi vel var það hins vegar mjög fátítt að krafist væri afsláttar af hálfu kaupanda og einungis fáeinir eldri dómar til um beitingu þessa úrræðis. Afsláttur hefur lengi verið algengasta úrræði kaupanda vegna galla í dönskum og norskum rétti. Staða afsláttar sem mikilvægs vanefndaúrræðis ræðst einkum af því að sök eða sérstök ábyrgðaryfirlýsing hefur ekki verið skilyrði afsláttar. Hefur skylda seljanda til að greiða afslátt verið á hlutlægum grundvelli. Hin hlutlægu skilyrði hafa einungis verið þau að galli rýri verðmæti fasteignar. Eins og fyrr segir hefur galli þurft að rýra svo nokkru varði verðmæti eldri eða notaðra fasteigna. Í almennum athugasemdum er um þetta fjallað og vísast þangað. Sök, eða yfirlýsing um ábyrgð, hefur á hinn bóginn verið skilyrði skaðabóta í fasteignakaupum.

Ekki er lagt til að nein breyting verði gerð á skilyrðum til að beita afslætti sem vanefndaúrræði að öðru leyti en gerð er grein fyrir í skýringum með 18. gr. Leiðir af 1. mgr. að ekki er krafist neinnar sérstakrar huglægrar afstöðu hjá seljanda til þess að kaupandi eigi rétt til afsláttar. Afsláttur útilokar ekki heldur öll önnur vanefndaúrræði. Má hugsa sér að afsláttur sé dæmdur til viðbótar endurbótum á fasteign, sem ekki hafa verið fullkomnar, eða skaðabætur dæmdar samtímis afslætti, en í því tilviki þarf að gæta þess að ekki sé verið að bæta þá verðmætisrýrnun sem afslátturinn á að taka til.

Í 2. mgr. eru tvær reglur um ákvörðun á fjárhæð afsláttar. Sú regla sem gilt hefur lengst af um ákvörðun á fjárhæð afsláttar, þ.e. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, sem mælir fyrir um að kaupandi eigi rétt til afsláttar að tiltölu hefur í útfærslu verið fræðilega óumdeild. Henni hefur þó almennt ekki verið fylgt í réttarframkvæmd, þ.e. afsláttur hefur í raun ekki verið reiknaður að tiltölu, heldur hefur hann miðast við kostnað sem þurft hefur til að bæta úr galla, e.t.v. með einhverjum niðurskurði.

Lagt er til að haldið verði fast við þann kost að afslátt skuli reikna að tiltölu, þ.e. eins og hin skráða lagaregla hefur kveðið á um. Svo er einnig gert í 38. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup. Tímamarkið sem nota á við að meta raunverulegt verðmæti eignarinnar að teknu tilliti til galla á að miðast við afhendingartíma. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að réttarframkvæmd hefur undantekningalítið verið í þeim farvegi að afsláttur hefur verið ákvarðaður til samræmis við kostnað við úrbætur á galla, e.t.v. með einhverri niðurfærslu, sem þó hefur ekki farið eftir skýrum reglum. Er því lagt til hér að dómstólum verði veitt bein lagaheimild til þess að reisa slíkar úrlausnir á. Er þannig ekki lagt til að þeirri réttarframkvæmd sem tíðkast hefur verði breytt, heldur að rennt verði stoðum undir hana. Hefur það einnig tíðkast að taka tillit til þess til lækkunar á afslætti ef úrbætur leiða til verðmætisaukningar fasteignar miðað við jafngamla ógallaða eign. Ekki er lagt til að þessari framkvæmd verði breytt, enda er það í samræmi við eðli afsláttar, þ.e. að vega upp verðmætisrýrnun, að taka tillit til slíkra atriða.

Um 42. gr.

Í þessari grein eru reglur um riftun vegna galla. Eru ekki gerðar tillögur um breytingar á gildandi rétti á þessu sviði, að því þó frátöldu að tilvísun til 2. mgr. 32. gr. felur það í sér að úrræði það sem felst í þeirri lagagrein yrði nýmæli einnig um riftunarkosti vegna galla.

Í 1. mgr. er hnykkt á þeirri meginreglu að skilyrði riftunar sé að vanefnd teljist veruleg. Mat á því hvort vanefnd telst veruleg er reist á sömu meginsjónarmiðum þegar um galla er að ræða og afslátt. Huglæg afstaða seljanda á því ekki að skipta máli, en þó getur matið orðið honum óhagstæðara ef hann hefur sýnt af sér saknæma háttsemi, einkum ef hún er mjög ámælisverð. Ekki þykir þó ástæða til að lögfesta sérstaka reglu um að ef svikum hafi verið beitt af hálfu seljanda teljist sérhver vanefnd veruleg, sbr. reglu þá sem var í 1. mgr. 42. gr. in fine í lögum 39/1922, um lausafjárkaup. Hafði sú regla hverfandi þýðingu í réttarframkvæmd.

Í 2. mgr. er sérstök regla um tilkynningarskyldu kaupanda sem hyggst rifta kaupsamningi vegna þess að fasteign sé gölluð. Er miðað við að hann þurfi að tilkynna innan sanngjarns frests frá því að hann vissi eða mátti vita um gallann, eða þá eftir að aðrir frestir í tilgreindum ákvæðum eru liðnir. Það er mikið hagsmunamál fyrir seljanda að fá að vita um það sem fyrst ef kaupandi hyggst rifta. Var sérstök regla um tilkynningarskyldu kaupanda í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Er í þessari málsgrein einungis lagt til að slík sérstök tilkynningarskylda gildi áfram. Eins og áður hefur verið getið er ekki ástæða til þess að vernda hagsmuni seljanda sérstaklega þegar hann hefur sýnt af sér þá háttsemi sem greinir í 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Í 3. mgr. er að finna tilvísanir til 3. mgr. 32. gr. og 33. gr. og mælt fyrir um að ákvæði þeirra skuli einnig gilda um riftun samkvæmt þessari grein, eftir því sem við getur átt. Hafa þau ákvæði verið skýrð áður.

Um 43. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skaðabætur vegna galla, skilyrði þeirra o.fl.

Meginregla 1. mgr. um rétt kaupanda til skaðabóta vegna tjóns er rekja má til galla er sú sama og þegar um afhendingardrátt er að ræða, sbr. 34. gr., þ.e. um er að ræða ábyrgð án sakar á því sem nefnt er beint tjón. Frá reglunni um hlutlæga ábyrgð er gerð undantekning ef hindranir sem greinir í 1. mgr. 34. gr. standa efndum í vegi. Þetta er reglan um svonefnda stjórnunarábyrgð eins og gildir um bótaábyrgð vegna afhendingardráttar. Má vísa til skýringa við 1. mgr. 34. gr. um regluna, en ítrekað skal að seljandi ber ábyrgð á þeim sem samsamaðir verða með honum, svo og vegna galla sem raktir verða til þriðja manns, sem hann hefur falið að efna fyrir sig samninginn eða hluta hans. Getur seljandi ekki borið fyrir sig hindrun er leiðir af slíkum göllum nema þriðji maður hefði sjálfur getað það. Þá ber einnig að ítreka að seljandi losnar einungis undan ábyrgð þann tíma sem hindrun varir.

Í 2. mgr. er ákvæði sem svarar að nokkru til 4. mgr. 34. gr. Er mælt fyrir um bótaábyrgð seljanda, bæði á beinu og óbeinu tjóni, ef hann hefur sýnt af sér saknæma háttsemi. Sama á við ef fyrir liggur ábyrgðaryfirlýsing seljanda og fasteign var við kaupsamningsgerð ekki í samræmi við hana. Þess ber að geta vegna tímamarksins, sem nefnt er, að vera kann að ábyrgðaryfirlýsing seljanda hafi lotið að því að ástand fasteignar eða eiginleikar hennar yrðu með tilteknum hætti við afhendingu og yrði þá að miða við það tímamark, enda nær skuldbinding kaupanda ekki lengra.

Um 44. gr.

Regla þessarar greinar um stöðvunarrétt vegna galla er samhljóða ákvæði 35. gr. um sama úrræði vegna afhendingardráttar, að breyttu breytanda. Má því um skýringar vísa til skýringa við 35. gr. Rétt er þó að geta tveggja atriða. Annars vegar er minnt á að kaupandi verður að hafa uppi réttmæta kröfu vegna galla. Ekki er áskilnaður um að hann þurfi að sanna réttmæti kröfu sinnar með því að leggja fram matsgerð dómkvaddra manna. Slíkur áskilnaður mundi gera að engu þetta mikilvæga úrræði vegna þess tíma sem það tekur að afla slíkrar matsgerðar. Kaupandi verður þó að hafa sannfærandi gögn máli sínu til stuðnings, t.d. mat sérfræðings á orsökum galla og kostnaði við úrbætur. Verði ágreiningur kann að vera að seljandi þurfi síðar að sanna þessi atriði, t.d. til þess að fá viðurkenningu dómstóla á rétti sínum til að skuldajafna við kröfu seljanda um greiðslu kaupverðs, með því að fá dómkvadda matsmenn. Til að beita stöðvunarrétti þarf hann ekki slík gögn. Hann gerir það á sína ábyrgð og áhættu og verður að bera hallann af því ef hann gengur of langt. Telja verður að svigrúm kaupanda sem beitir stöðvunarrétti sé að því er fjárhæðir varðar nokkurt. Hann má gera ráð fyrir sérfræðikostnaði og má taka tillit til þess þegar hann ákveður hvaða fjárhæð hann á að halda eftir. Það er þó eins og um beitingu réttarins sjálfs á hans ábyrgð ef hann gengur of langt. Þegar stöðvunarrétti er beitt verður að gera það þannig að viðsemjandanum sé sýnd eðlileg tillitssemi, þ.e. samningsaðili verður að gæta þeirra almennu trúnaðarskyldna sem hann hefur gagnvart viðsemjanda sínum, svo beiting stöðvunarréttarins komi ekki óþarflega hart niður á viðsemjandanum. Loks ber að benda á að menn rýmka ekki heimildir sínar til þess að beita stöðvunarrétti með því að geymslugreiða það sem þeir hefðu átt að greiða. Geymslugreiðsla er sérstakt úrræði samkvæmt lögum um geymslufé, nr. 9/1978, og verður beitt að uppfylltum skilyrðum þeirra laga, þ.e. þegar greiðslu verður ekki komið til kröfuhafa af ástæðum sem hann varða. M.ö.o. er geymslugreiðsla úrræði sem fyrst og fremst á við þegar um viðtökudrátt er að ræða af hálfu kröfuhafa. Þegar stöðvunarrétti er beitt eru aðstæður almennt aðrar. Annaðhvort er réttur til þess fyrir hendi eða ekki og er áhættan kaupanda. Hann bætir ekki sérstaklega stöðu sína í því efni með því að greiða inn á geymslureikning eða annan bankareikning, sbr. Hrd. 1993, bls. 469.

Um 45. gr.

Í þessari grein er að finna reglu um sprangkröfu, þ.e. um rétt kaupanda á hendur öðrum en seljanda. Sprangkröfur hafa almennt ekki verið viðurkenndar í íslenskum rétti, nema í algerum undantekningartilvikum, sbr. Hrd. 1975, bls. 374, sem raunar varðar lausafjárkaup og er um margt sérstakur. Ekki var ákvæði um sprangkröfur í lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, en slíkar kröfur hafa verið viðurkenndar á tilteknu sviði, þ.e. þegar um skaðlega eiginleika söluhlutar er að ræða, sbr. lög nr. 25/1991, um skaðsemisábyrgð. Í XIV. kafla laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, er einnig að finna reglur um sprangkröfur í lausafjárkaupum. Sú tillaga sem hér er gerð gengur lengra en ólögfestar reglur í fasteignakaupum hafa heimilað til þessa. Ef ákvæði þessarar greinar verða að lögum mundi réttur kaupanda aukast verulega og réttarstaða hans batna.

Þess ber að geta að ákvæði frumvarpsins gilda um neytendakaup, svo sem önnur fasteignakaup. Skýra verður ákvæði um sprangkröfur svo, að þótt kaupandi sem keypt hefur fasteign af seljanda, sem selt hefur eignina í atvinnurekstri sínum og þau kaup séu neytendakaup, þá kann að vera að í réttarsambandi fyrri samningsaðila sem ekki teldust neytendakaup hafi seljandi réttilega samið sig undan ábyrgð samkvæmt lögum þessum. Sú ábyrgðarundanþága mundi haldast, líka gagnvart síðari kaupanda sem keypti eignina í neytendakaupum.

Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar reglum greinarinnar um sprangkröfur felast í því að um sé að ræða lögbundið framsal (subrogation, cessio legis) á kröfunni. Þessi hugsun skýrir þær takmarkanir sem eru gerðar á rétti kaupanda skv. 1. og 2. mgr. Eiginlegt framsal þarf ekki að fara fram, því það byggist á þeim lagafyrirmælum sem er að finna í þessari grein. Framsalshafinn, kaupandinn, getur aldrei öðlast meiri rétt en framseljandi og fyrri seljandi eða annar samningsaðili getur ekki borið ríkari skyldur en hann hefði borið gagnvart viðsemjanda sínum. Kaupandinn getur því í raun ekki sett fram sína eigin kröfu á hendur fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila, því hann þarf að sæta þeim takmörkunum sem ekki er víst að hafi átt við um kröfu hans á hendur seljanda. Þótt þessi skipan reglna sé valin er um að ræða réttarbót fyrir kaupanda, þar eð hann þarf ekki að sæta þeirri meginreglu að eiga einvörðungu kröfu á hendur viðsemjanda sínum. Á hinn bóginn er, eins og fyrr greinir, ekki gengið svo langt að auka við skyldur fyrri eiganda eða annarra fyrri samningsaðila. Réttur til að hafa upp sprangkröfu er einungis fyrir hendi þegar um galla á fasteign er að ræða, en ekki ef vanefnd felst í afhendingardrætti. Leiðir þetta af orðalagi upphafsákvæðis greinarinnar. Telja verður þrátt fyrir orðalagið að rétturinn taki einnig til tilvika sem teljast til vanheimildar, að því leyti sem við getur átt.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að kaupandi geti beint kröfu vegna galla að fyrri eiganda eða öðrum samningsaðila í sama mæli og seljandi gæti haft uppi slíka kröfu. Í þessu sambandi þarf að vekja athygli á að með orðunum „fyrri samningsaðila“ er ekki eingöngu átt við fyrri eiganda heldur einnig aðra, t.d. iðnaðarmenn sem hafa á grundvelli verksamninga við fyrri eigendur unnið að framkvæmdum á eigninni, svo og seljanda lausafjár sem notað er sem fylgifé á eigninni eða hefur af öðrum ástæðum fylgt henni, t.d. bárujárn á þak, glugga o.þ.h. Krafa kaupanda á hendur viðsemjendum seljanda er hin sama og seljandi hefði átt, hvorki rýmri né þrengri. Hann þarf því að sæta sömu mótbárum og seljandi, þar með talið mótbárum sem lúta að tómlæti og fyrningu.

Í 2. mgr. er ákvæði um tilkynningarskyldu vegna kröfu kaupanda á hendur fyrri eiganda og öðrum fyrri samningsaðila. Tímafrestir fyrir tilkynningar eru tvenns konar. Annars vegar þarf hann að tilkynna innan þess frests sem gildir um sömu kröfu á hendur seljanda og einnig í síðasta lagi innan þess frests sem gildir í réttarsambandi seljanda og fyrri samningsaðila. Lengd þeirra fresta sem hér eiga við ræðst af þeim tilkynningarreglum sem gilda um viðkomandi vanefnd milli seljanda og fyrri eiganda eða samningsaðila. Þetta leiðir af því að um er að tefla lögbundið framsal, sem ekki á að auka skyldur fyrri seljanda eða annars samningsaðila.

Um 46. gr.

Í 46. og 47. gr. eru reglur um vanefndaúrræði kaupanda vegna vanheimildar seljanda. Í íslenskum rétti hefur yfirleitt ekki verið gerður munur á heimildarskorti seljanda, sem felst í því að hann á ekki þau réttindi yfir hinni seldu eign sem hann kveðst eiga, hvort sem þetta er vegna betri réttar þriðja manns eða af öðrum ástæðum. Ýmis rök standa þó til að gerður sé greinarmunur á slíkum tilvikum.

Í 46. gr. er ákvæði um vanheimild, þ.e. þegar betri réttur þriðja manns stendur því í vegi að seljandi geti afhent eða afsalað þeim rétti sem hann hefur skuldbundið sig til gagnvart kaupanda. Í 1. mgr. segir að í þeim tilvikum gildi ákvæði um galla, eftir því sem við getur átt, þ.e. þegar það leiðir ekki af kaupsamningi að kaupandi hafi átt að yfirtaka fasteignina með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Gerð er undantekning að því er varðar rétt kaupanda til þess að krefjast úrbóta skv. 39. gr. Bent skal á að kaupandi kann að geta leyst slík réttindi þriðja manns einhliða af eign, t.d. með því að greiða upp veðskuldir

sem seljandi átti að aflétta. Í íslenskum rétti hefur verið talið að kaupandi hafi rétt til þess að nota hluta af kaupverðinu ef seljandi hefur vanefnt að aflétta áhvílandi veðskuld, sbr. Hrd. 1991, bls. 1524.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt grandlauss kaupanda til skaðabóta þegar um algera og upprunalega vanheimild er að ræða. Er bótaskylda seljanda í þeim tilvikum reist á hlutlægum grundvelli, eins og var í 59. gr. laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Hin hlutlæga bótaábyrgð seljanda samkvæmt þessari málsgrein tekur bæði til beins og óbeins tjóns.

Í 3. mgr. er ákvæði um þau tilvik er þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir eign og seljandi andmælir. Segir að þá gildi ákvæði 1. og 2. mgr., þ.e. ef ekki er augljóst að krafan á ekki við nein rök að styðjast. Er tilgangur reglunnar sá að kaupandi þurfi ekki að blanda sér inn í deilur seljanda og þess þriðja manns sem hefur uppi kröfur. Slík krafa þriðja manns getur leitt til óvissu fyrir seljanda og jafnvel skert heimildir hans til að ráðstafa eigninni. Ákvæðið heimilar þá kaupanda að bera fyrir sig þau úrræði sem greinir í 1. og 2. mgr.

Um 47. gr.

Í þessari grein er því slegið föstu að ef á fasteign eru kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis, t.d. almennur umferðarréttur um lóð, þá eigi að fara eftir ákvæðum laganna um galla. Á kaupandi þá rétt til að beita þeim vanefndaúrræðum sem gilda ef fasteign er gölluð. Er þetta í meginatriðum sama regla og gildir um þau vanheimildartilvik sem 46. gr. tekur til, en þó gildir hér ekki reglan um hlutlæga ábyrgð sem gildir skv. 2. mgr. 46. gr.

Um 48. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um tilkynningar, tómlæti og fyrningu krafna kaupanda á hendur seljanda. Greinin á við um allar vanefndir seljanda, þ.e. hvort sem vanefndin felst í galla, afhendingardrætti eða öðru. Ákvæðið víkur fyrir sérstökum reglum um tilkynningarskyldu, þegar þær eiga við.

Samkvæmt 1. mgr. verður kaupandi að tilkynna innan sanngjarns frests eftir að hann varð eða mátti verða vanefndar var að hann ætli að bera hana fyrir sig. Það er háð mati á öllum atvikum hvað telja beri sanngjarnan frest. Slík matskennd ákvæði um fresti eru mörg í íslenskum rétti og hafa lengi verið. Hafa þau ekki valdið sérstökum vandamálum í réttarframkvæmd. Er því ekki varhugavert að skipa efni ákvæðisins eins og lagt er til. Þess ber að geta, að ef kaupandi hefur haft sérfræðing, t.d. fasteignamiðlara, til þess að gæta hagsmuna sinni, svo sem að annast skoðun, samninga um kaupverð og annað, er eðlilegt að líta svo á að miða beri frestinn við það þegar sérfræðingurinn varð eða átti að verða vanefndar var, t.d. vanheimildar. Ákvæðið leggur þá skyldu á kaupanda að senda tilkynningu, en einnig eru gerðar kröfur til efnis tilkynningarinnar. Kaupandi verður að upplýsa seljanda um eðli og umfang vanefndar, en það getur hann aðeins að því marki sem hún er þekkt, t.d. lýst raka eða lekastað og sjáanlegu umfangi. Hann þarf einnig að upplýsa seljanda um að hann ætli að bera vanefndina fyrir sig. Ekki er áskilið að hann lýsi því hvaða vanefndaúrræði hann hyggst hafa uppi, enda kann það að ráðast af því hvað síðar verður upplýst, t.d. um orsakir vanefndar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um lokafrest til þess að senda tilkynningu. Er miðað við að réttur til þess falli niður að liðnum fimm árum frá afhendingu fasteignar, nema seljandi hafi ábyrgst hana í lengri tíma. Telja verður að fimm ár séu nægur tími og á það við um nánast alla galla og örugglega þá sem hvað algengast er að ágreiningur sé um í dómsmálum. Í uppkasti að frumvarpi þessu var fresturinn fjögur ár, en því var breytt eftir ábendingu Neytendasamtakanna, sem bentu réttilega á 3. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, þar sem segir að frestur til að bera fyrir sig galla á seldu byggingarefni sé fimm ár. Verður fallist á að nauð-

synlegt sé að samræmi sé á milli þessarar greinar og tilvitnaðs ákvæðis í lögum um lausafjárkaup.

Í 4. mgr. er undantekning frá réttaráhrifum þess að kaupandi tilkynni of seint. Segir að seljandi sem sýnt hefur af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði sem stríðir gegn heiðarleika og góðri trú geti ekki borið fyrir sig að tilkynning hafi verið send of seint.

Í 4. mgr. er regla um fyrningu. Er þar vísað til laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, en núgildandi lög um það eru nr. 14/1905.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um vanefndaúrræði seljanda. Eins og áður er vikið að eru skyldur kaupanda ekki eins flóknar og seljanda. Skyldur kaupanda felast fyrst og fremst í greiðslu kaupverðsins á umsömdum gjalddögum, en hann kann einnig að þurfa að yfirtaka áhvílandi veðskuldir, sé um það samið, og afla lánsfjár, t.d. með því að fara í greiðslumat, gefa út fasteignaveðbréf og skipta fyrir húsbréf, sem afhent eru seljanda eða seld til að unnt sé að greiða honum andvirði þeirra. Vanefndaúrræði seljanda mótast af skyldum kaupanda og mögulegum vanefndum á þeim.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að seljandi geti, ef kaupverðið er ekki greitt eða kaupandi vanefnir aðrar skyldur sínar, beitt vanefndaúrræðum skv. a–e-liðum. Um skilyrði einstakra úrræða vísast til sérákvæða um þau.

Í 2. mgr. er regla um úrræði kaupanda þegar kaupandi vanefnir og afhending fasteignar hefur ekki farið fram. Með þessu orðalagi er átt við að kaupandi hafi ekki tekið við vörslum eignarinnar eða umráðum, þótt seljandi hafi réttilega boðið eignina til afhendingar. Gilda þá þau ákvæði sem tilgreind eru í málsgreininni. Það vekur athygli að samkvæmt þessu getur seljandi ekki krafist þess að kaupandi taki við eigninni. Reglur frumvarpsins veita seljanda ekki heimildir til þess að þvinga kaupanda til þess að taka við henni. Þetta er í samræmi við það sem talið hefur verið gildandi réttur, en nauðsynlegt er að taka af skarið um þetta. Er það, að því er lausafjárkaup varðar, gert með 51. gr. laga nr. 50/2000 um það efni. Hefur verið litið svo á að hagsmunir seljanda væru nægilega tryggðir með öðrum vanefndaúrræðum. Auk þess getur seljandi krafist bóta vegna kostnaðar sem hann hefur af umönnun eignarinnar.

Þess ber einnig að geta að ekki er útilokað að seljandi geti beitt fleiru en einu vanefndaúrræði samtímis. Verður að meta heimildir hans í því efni hverju sinni.

Um 50. gr.

Í þessari grein er meginreglan um rétt seljanda til þess að krefjast efnda á samningi samkvæmt efni sínu, ef kaupandi hefur ekki greitt kaupverðið réttilega. Frá þessari meginreglu er gerð undantekning. Hún felst í því að ef um hindranir þær er að ræða sem tilteknar eru í 2. málsl., og kaupandi fær alls ekki við ráðið, getur seljandi ekki krafist réttra efnda. Ábyrgð kaupanda er svonefnd stjórnunarábyrgð og samrýmist hún samnefndri ábyrgð seljanda að breyttu breytanda. Í raun er ábyrgð kaupanda ríkari, því honum ber að inna af hendi peningagreiðslu þar sem mat á vanefndum er strangara og færri tilvik sem geta talist ófyrirséðar hindranir og réttlætt geta greiðsludrátt af hans hálfu. Í raun er um að ræða undantekningar sem almennt hljóta að hafa afar takmarkaða hagnýta þýðingu. Auk þess losnar kaupandi aðeins undan ábyrgð í þann tíma sem hindrun varir. Í 3. málsl. 1. mgr. er ákvæði um réttarverkanir tómlætis af hálfu seljanda þegar hann hefur ekki afhent fasteign og ekki gefið út afsal fyrir henni. Í þeim tilvikum er um að ræða greiðslu kaupanda fyrir afhendingu, svo sem

algengt er í framkvæmd fasteignakaupa hér á landi. Í þeim tilvikum verður seljandi að bregðast við innan óhæfilega langs tíma, ef hann ætlar að krefjast efnda af hálfu kaupanda. Þegar seljandi hefur afhent eignina glatar hann ekki rétti til þess að krefjast greiðslu kaupverðsins úr hendi kaupanda þótt það dragist af hans hálfu að gera kröfur um það. Um slíkt gilda almennar reglur kröfuréttar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt seljanda til að krefja kaupanda um efndir á öðrum skyldum en greiðslu kaupverðsins. Er kveðið á um að þá gildi reglur 31. gr. eftir því sem við getur átt. Í hinu tilvitnaða ákvæði eru reglur um rétt kaupanda til þess að krefjast réttra efnda við afhendingardrátt af hálfu seljanda. Hafa verður þó í huga að skyldur þær sem kaupandi á að efna eru annars eðlis en seljanda og unnt að gera meiri kröfur til hans. Að öðru leyti má vísa til skýringa með 31. gr.

Um 51. gr.

Í greininni eru reglur um rétt seljanda til riftunar vegna vanefnda kaupanda og skilyrði þess að réttinum verði beitt.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um að skilyrði riftunar sé að greiðsludráttur kaupanda teljist veruleg vanefnd. Skilyrðið um verulega vanefnd hefur verið meginregla í norrænum rétti. Ákvæðið gildir um greiðsludrátt í venjulegri merkingu, en einnig um aðrar vanefndir, t.d. þegar ekki er greitt í þeim greiðslueyri sem um var samið. Hvenær vanefnd sé veruleg byggist á mati á öllum atvikum hverju sinni. Almenna reglan hefur verið sú að huglæg afstaða skuldara (kaupanda) eigi ekki að skipta máli. Saknæm háttsemi af hans hálfu kann þó að hafa þýðingu og horfa honum til réttarspjalla við slíkt mat. Þess má geta að í 94. gr. laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, en greinin er í XV. kafla sem hefur að geyma sérreglur um alþjóðleg kaup, er skilgreint hvenær vanefndir teljast verulegar. Má án efa hafa þá skilgreiningu a.m.k. til hliðsjónar við mat á því hvað sé veruleg vanefnd samkvæmt þessari grein. Tilvitnuð grein er svohljóðandi:

„Vanefndir samningsaðila teljast verulegar ef þær leiða til slíks tjóns fyrir gagnaðila að hann telst af þeirra völdum mun verr settur en hann mátti með réttu vænta samkvæmt samningnum, nema því aðeins að sá aðili, sem vanefnir, hafi ekki getað séð það fyrir og ekki heldur skynsamur maður í sömu stöðu og við sömu aðstæður gat með sanngirni séð fyrir."

Svo sem fram kemur í tilvitnuðum orðum getur huglæg afstaða skipt máli við mat á því hvort vanefnd sé veruleg. Það hefur einnig þýðingu hvort riftun hefur í för með sér mikla röskun hagsmuna fyrir þann sem hana þarf að þola og hvort sá er krefst hennar eigi annarra kosta völ. Þetta skipti t.d. máli í Hrd. 1979, bls. 1294. Í þeim dómi sýnist hegðun seljanda, sem krafðist riftunar, einnig skipta máli honum í óhag.

Í 2. mgr. er ákvæði um heimild seljanda til að rifta þegar kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins. Riftunarheimildin er einnig í þessum tilvikum háð því að vanefnd teljist veruleg. Ekki er víst að ákvæðið hafi mikla raunhæfa þýðingu því skyldan til greiðslu kaupverðsins er langmikilvægasta skylda kaupanda. Þyrfti því vafalaust mikið til að hann teldist hafa vanefnt aðrar skyldur svo að vanefndin teldist veruleg. Um matið á því hvenær vanefnd telst veruleg vísast til þess sem sagt er um 1. mgr. Í 2. málsl. er seljanda heimilað að rifta með sömu skilyrðum þegar um viðtökudrátt er að ræða og seljandinn hefur ríka hagsmuni af því að afhenda eignina. Þetta ákvæði mun ekki heldur hafa mikla þýðingu, því hafi kaupandi greitt kaupverðið er nánast víst að hann vilji fá eignina afhenta. Slík tilvik geta þó komið upp, t.d. þegar aðstæður kaupanda breytast frá því að hann greiddi og þar til afhending á að fara fram. Þykir því nauðsynlegt að kveða á um þessa stöðu í sérstakri lagareglu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild seljanda til að setja kaupanda sanngjarnan frest til efnda að viðlagðri riftun. Þetta er sama regla og í 2. mgr. 32. gr. og vísast til skýringa með henni. Árétta ber að seljandi getur sett slíkan frest bæði ef kaupandi hefur ekki greitt kaupverðið réttilega og líka þegar um viðtökudrátt er að ræða af hans hálfu, enda hafi seljandi sérstaka hagsmuni af því að geta afhent eignina.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að með útgáfu afsals firri seljandi sig rétti til að rifta, nema hann hafi gert sérstakan áskilnað um það. Þetta hefur verið talin meginregla í íslenskum rétti og samrýmist því eðli afsalsins að vera lokakvittun seljanda fyrir því að kaupandi hafi efnt skyldur sínar að fullu. Hagsmunir seljanda eru ekki skertir með þessu, enda hefur hann heimild til þess að halda að sér höndum með útgáfu afsals, og afhendingu ef því er að skipta, ef kaupandi efnir ekki skyldur sínar.

Í 5. mgr. er um réttaráhrif riftunar vísað til 33. gr., þ.e. meginreglunnar um hvernig framkvæma skuli riftun. Má vísa til skýringa með þeirri grein.

Um 52. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um skaðabótarétt seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda. Er leitast við að gæta samræmis við skaðabótarétt kaupanda vegna vanefnda af hálfu seljanda að því er varðar bótagrundvöll í þeim mæli sem unnt er. Er í greininni vísað til 34. gr. frumvarpsins til hagræðis.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um rétt seljanda til skaðabóta vegna greiðsludráttar af hálfu kaupanda. Skaðabótaskylda kaupanda byggist á svonefndri stjórnunarábyrgð, en eins og áður hefur verið rakið þarf mikið til að hún leysi kaupanda undan bótaskyldu, a.m.k. í nokkurn tíma, þótt slíkt kunni að geta verið í fáeina klukkutíma eða dag vegna bilunar í greiðslumiðlun. Má um stjórnunarábyrgðina vísa til fyrri skýringa um hana, en árétta verður að um skyldu til peningagreiðslu er að ræða, sem gerir ríkari kröfur til kaupanda en þegar um annars konar greiðslu er að ræða. Í 3. málsl. 1. mgr. er vísað til 2. og 3. mgr. 34. gr. og mælt fyrir um að þær gildi eftir því sem við getur átt. Í þessari tilvísun felst að kaupandi ber ábyrgð á þeim sem hann felur að efna kaupsamninginn fyrir sig og hann losnar ekki undan ábyrgð nema sá þriðji maður mundi losna sjálfur á grundvelli reglunnar um stjórnunarábyrgð. Þá felst í þessu að hann losnar aðeins undan ábyrgð þann tíma sem hindrunin varir. Vakin er athygli á því, að ekki er vísað til 1. og 4. mgr. 34. gr. Í því felst að við greiðsludrátt er bótaábyrgð kaupanda reist á sama grundvelli, hvort heldur sem um beint eða óbeint tjón seljanda er að ræða. Ábyrgð hans mundi eingöngu takmarkast af almennum reglum.

Í 2. mgr. er kveðið á um bótarétt seljanda vegna annarra vanefnda kaupanda en greiðslu kaupverðs og viðtökudráttar af hans hálfu. Þá gilda reglur 34. gr. um bótagrundvöll og önnur atriði. Í því felst að byggt er á stjórnunarábyrgð og að gerður er greinarmunur á beinu og óbeinu tjóni, þannig að aðeins kemur til bótaréttar vegna óbeins tjóns ef kaupandinn hefur sýnt af sér saknæma háttsemi, en einnig er hugsanlegt að samið hafi verið um ábyrgð hans á óbeinu tjóni einnig í öðrum tilvikum.

Um 53. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stöðvunarrétt seljanda vegna vanefnda kaupanda. Seljandi getur einungis beitt stöðvunarrétti ef hann hefur ekki veitt kaupanda frest til að efna. Stöðvunarréttur samrýmist meginreglunni um að hönd selji hendi. Það er því eðlilegt að seljandi hafi rétt til að halda að sér höndum með greiðslu ef kaupandi vanefnir. Beiting stöðvunarréttar af hálfu seljanda er oft einfaldari í framkvæmd en þegar kaupandi beitir slíkum rétti. Seljandi getur í raun aðeins stöðvað afhendingu eða stöðvað útgáfu afsals. Vera má að hann

geti einnig neitað að aflétta áhvílandi veðskuldum ef kaupandi efnir ekki. Seljandi á því sjaldnar á hættu að vera sakaður um að halda eftir of miklu. Það er samt nauðsynlegt að árétta að beiting stöðvunarréttar af hans hálfu er á hans áhættu og ábyrgð og gangi hann of langt í því getur hann átt á hættu að kaupandi geti beitt vanefndaúrræðum gegn honum. Ekki skiptir máli fyrir stöðvunarrétt hvort kaupandi hefur vanefnt með saknæmum hætti eða ekki.

Um 54. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um skyldu kaupanda til að upplýsa seljanda um efndahindrun. Ákvæðið er sama efnis og 36. gr. og vísast til skýringa með henni. Áréttað skal að ábyrgð kaupanda á tjóni seljanda, sem verður vegna vanrækslu á skyldu þessari, er hlutlæg. Upplýsingaskyldan tekur til allra hindrana.

Um 55. gr.

Í greininni er mælt fyrir um fresti sem kaupandi hefur til þess að krefjast riftunar og skaðabóta.

Ákvæði 1. mgr. á við ef kaupverðið er greitt. Þá getur seljandi ekki rift, nema hann tilkynni það samkvæmt reglunum í a- og b-lið. Fyrri stafliðurinn tekur samkvæmt orðanna hljóðan til greiðsludráttar, en mundi að líkindum eiga einnig við um annan drátt af hálfu kaupanda, svo sem drátt á viðtöku eignarinnar. Það er sá tími sem seljandinn fékk vitneskju um greiðslu kaupanda sem máli skiptir í þessu tilviki. Hafi seljandi rift í þeirri trú að hann hafi ekki fengið greiðslu, en greiðsla hafi þá borist viðskiptabanka hans, mundi hann ekki þurfa að sæta því að riftunaryfirlýsing hans væri markleysa eða hnekkt af þeirri ástæðu að greiðsla hefði þegar farið fram. Í b-lið er ákvæði um aðrar vanefndir en greiðsludrátt. Þá gildir sú regla að seljandi getur rift ef það er gert innan hæfilegs frests eftir að honum var eða mátti vera kunnugt um vanefndina, eða eftir að hæfilegur viðbótarfrestur, sé hann veittur, er liðinn.

Í 2. mgr. er ákvæði um frest seljanda til að tilkynna kaupanda um skaðabótakröfu. Ber honum að gera það innan hæfilegs frests. Ekki er gerður greinarmunur á fresti eftir því hvort krafan lýtur að bótum fyrir beint eða óbeint tjón.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins eru reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, en þær eru sameiginlegar fyrir báða samningsaðila. Skráðar réttarreglur um þetta réttarúrræði hafa ekki verið til fyrr en með gildistöku laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, en í VIII. kafla þeirra eru slík ákvæði. Í kaflanum er þrjár greinar, í fyrsta lagi um stöðvun efnda vegna fyrirsjáanlegra vanefnda, í öðru lagi um riftun af sömu ástæðum og í þriðja lagi þegar bú annars samningsaðilans er tekið til gjaldþrotaskipta.

Um 56. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild samningsaðila til þess að stöðva efndir af sinni hálfu og halda eftir greiðslu vegna fyrirsjáanlegra vanefnda viðsemjanda hans. Skilyrði fyrir efndastöðvun skv. 1. mgr. eru að einhver atriði, sem ekki eru tæmandi talin í málsgreininni, gefi sérstakt tilefni til að ætla að viðsemjandinn muni ekki efna verulegan hluta skyldna sinna. Eftirfarandi atriði eru tilgreind:

Í fyrsta lagi að háttsemi viðsemjandans gefi sérstakt tilefni til að ætla að hann muni vanefna í þeim mæli sem áður getur. Nauðsynlegt er að árétta orðnotkunina „sérstakt tilefni“, en í því felst að ekki nægir grunur eða getgátur. Orðalagið gefur þó ekki tilefni til að ætla að

fyrir því þurfi að vera fullkomin vissa að viðsemjandinn vanefni skyldur sínar. Háttsemi sem gæti gefið slíkt sérstakt tilefni er ef viðsemjandinn vanefnir almennt samningsskyldur sínar, t.d. vegna fjárhagsvandræða sem eru kunn, eða gert hefur verið hjá honum árangurslaust fjárnám eða eignir hans seldar nauðungarsölu.

Í öðru lagi getur verið að greiðslugeta viðsemjandans hafi beðið alvarlega hnekki. Slíkt getur verið leitt í ljós með aðfarargerðum og nauðungarsölum, eins og áður greinir.

Í þriðja lagi getur verið að sýnt sé að vilji eða geta hans til að efna sé ekki lengur fyrir hendi. Viðsemjandi getur sýnt það með ýmsum hætti. Vera má að hann geri ekki þær ráðstafanir sem hann er skyldur til eða eru nauðsynlegar til þess að efna réttilega. Nærtækt er að kaupandi fari ekki í greiðslumat, þótt hann hafi skuldbundið sig til þess að fjármagna kaupin með húsbréfum og það sé honum nauðsynlegt til að geta efnt.

Eins og fyrr greinir eru þau atriði ekki tæmandi talin sem veitt geta sérstakt tilefni til að ætla að viðsemjandinn vanefni verulegan hluta skyldna sinna.

Réttur til að stöðva efndir stendur aðeins á meðan þær aðstæður eru fyrir hendi sem gefa sérstakt tilefni til að ætla að vanefndir verði. Ef viðsemjandinn bætir úr og sýnist ætla að efna réttilega þrátt fyrir allt fellur niður heimild samningsaðila til að stöðvar efndir, enda forsendur fyrir því væntanlega brostnar.

Stöðvun efnda, sé því úrræði réttilega beitt, heimilar viðsemjandanum ekki að beita vanefndaúrræðum fyrir sitt leyti. Ef stöðvun efnda er ekki lögmæt getur viðsemjandinn á hinn bóginn beitt vanefndaúrræðum að því tilskildu að skilyrði þeirra séu að öðru leyti fyrir hendi. Stöðvun efnda er þannig á ábyrgð og áhættu þess sem beitir því úrræði. Nauðsynlegt er að gera það af varfærni.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu þess er neytir réttar síns skv. 1. mgr. að tilkynna það strax til viðsemjanda síns. Tilkynning þarf ekki að vera formleg, en hann hefur sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi verið send. Ef tilkynning er ekki gefin getur viðsemjandinn krafist skaðabóta fyrir það tjón sem forðast hefði mátt ef tilkynning hefði verið send. Af þessu leiðir að tilkynningarskortur hefur í sjálfu sér ekki áhrif á rétt til að stöðva greiðslur, en sá sem beitir honum ber hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem verður ef hann lætur undir höfuð leggjast að tilkynna það eða gerir það of seint. Viðsemjandinn hefur mikla hagsmuni af því að tilkynning sé send strax. Hann á þess kost skv. 3. mgr. að setja tryggingu fyrir efndum. Það verður að ætla að það geti tekið hann einhvern tíma að afla tryggingar. Þess vegna er mikilvægt fyrir hann að fá tilkynningu sem fyrst.

Í 3. mgr. er ákvæði um skyldu til að efna ef viðsemjandinn setur fullnægjandi tryggingar af sinni hálfu. Ef um fyrirsjáanlega vanefnd er að ræða verður að gera þá kröfu til tryggingar að hún sé fullnægjandi. Eðlilegast er að gera kröfu um bankaábyrgð eða sambærilega tryggingu, þ.e. sem ekki er sérstakur vafi á að verði efnd. Þetta á við þegar um fyrirsjáanlega vanefnd kaupanda er að ræða, eða ef sú skylda seljanda sem fyrirsjáanlegt er að hann vanefni er þess eðlis að henni verður forðað með peningatryggingu, eins og mundi vera ef skyldan fælist í því að aflétta áhvílandi veðskuldum. Málið verður hins vegar flóknara þegar skylda seljanda, sem fyrirsjáanlegt er að hann vanefni, felst t.d. í afhendingu fasteignarinnar. Seljandi yrði að setja annars konar tryggingu fyrir því að hann efndi slíka skyldu en t.d. bankaábyrgð. Meta verður hverju sinni hvers konar trygging mundi teljast fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Um 57. gr.

Í þessari grein eru reglur um rétt samningsaðila til þess að rifta samningi vegna fyrirsjáanlegra vanefnda viðsemjandans. Þessi grein tekur, með sama hætti og hin fyrri, bæði til kaup-

anda og seljanda. Í þessu tilviki er gerð krafa um að víst sé að vanefndir muni verða að hálfu viðsemjanda sem veita munu rétt til riftunar. Í því felst að víst þarf að vera að vanefnd verði veruleg og að öðrum skilyrðum riftunar, þegar þau eiga við, sé líka fullnægt. Það eru því gerðar ríkari kröfur til fyrirsjáanleika vanefndar en í 56. gr. Í greininni er ekki gerður greinarmunur á hvaða ástæður liggi að baki fyrirsjáanlegri vanefnd eða í hverju hún felist. Byggist mat á því hvort vanefnd hefði leitt til riftunar því á öðrum ákvæðum frumvarpsins. Í 2. málsl. er ákvæði sem heimilar viðsemjandanum að forða riftun með því að setja fullnægjandi tryggingu. Um það hvers konar trygging yrði talin fullnægjandi verður að vísa til skýringa með 56. gr.

Í þessari grein er ekki lögð sú skylda á samningsaðila, sem hyggst rifta vegna þess að hann telur víst að fyrirsjáanleg sé vanefnd sem mundi heimila honum riftun, að tilkynna viðsemjanda sínum það fyrir fram. Slík tilkynning getur verið mikilvæg, einkum í ljósi þess að gert er ráð fyrir að viðsemjandinn geti forðað riftun með því að setja tryggingu, sem oft getur tekið tíma að afla. Í 3. mgr. 62. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, er ákvæði sem mælir fyrir um að sá sem hyggst rifta við aðstæður eins og eiga við samkvæmt þessari grein skuli vara viðsemjanda sinn við, ef tími vinnst til. Er þetta gert í því skyni að gefa viðsemjandanum færi á því að varna riftun með tryggingu. Ástæða þess að ekki er gerð slík tillaga hér er sú að í fasteignakaupum er jafnan slíkt samband milli samningsaðila að fullvíst má telja að viðsemjandinn mundi vita um yfirvofandi riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda. Var því ekki talin ástæða til að hafa sérstaka reglu um þetta. Telja verður samt að reglur um trúnaðarskyldur í samningssamböndum leiði til þess að oftast megi gera þá kröfu til samningsaðila að hann vari viðsemjanda sinn við ef hann ætlar að beita svo afdrifaríku úrræði sem riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda. Verður því að telja að ekki verði munur að þessu leyti á réttarframkvæmd í lausafjárkaupum og í fasteignakaupum.

Um 58. gr.

Í þessari grein er um réttaráhrif þess að bú annars samningsaðila er tekið til gjaldþrotaskipta vísað til ákvæða XV. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Í þeim kafla eru ákvæði um gagnkvæma samninga og afdrif þeirra þegar bú annars samningsaðilans er tekið til gjaldþrotaskipta. Verður að telja að hagsmunir viðsemjanda séu nægilega varðir með þeim ákvæðum. Í 89. gr. téðra laga segir og að ákvæðum þeirra skuli ekki beitt ef annað leiðir m.a. af eðli réttarsambandsins. Í því felst að mögulegt er að taka tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem oft eru í fasteignakaupum.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um skaðabætur og vexti. Ákvæðin um skaðabætur eru tvíþætt, annars vegar eru í 59. gr. reglur um ákvörðun á fjárhæð skaðabóta og um skiptingu tjóns í beint og óbeint tjón og hins vegar eru sérstakar reglur í 60. gr. um skyldu til að takmarka tjón og um lækkun skaðabóta að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Loks eru í 61. gr. reglur um vexti og dráttarvexti. Í kaflanum eru ýmis nýmæli í íslenskum fasteignakauparétti um skaðabætur, en hliðstæðar reglur voru lögfestar um lausafjárkaup í 67. og 70. gr. laga nr. 50/2000 um það efni. Er brýnt að samræmi sé í reglum á þessu sviði innan kauparéttar.

Um 59. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fjárhæð skaðabóta og um skiptingu tjóns í beint tjón og óbeint tjón. Um skilyrði til skaðabóta eru reglur í öðrum ákvæðum frumvarpsins, en í þessari grein er mælt fyrir um hvernig ákvarða skuli fjárhæð þeirra.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um það að bætur skuli svara til þess fjárhagslega tjóns sem viðsemjandinn verður fyrir. Frá þessu verður gagnályktað á þann veg að ekki eigi að bæta ófjárhagslegt tjón. Er það í samræmi við viðurkenndar meginreglur á þessu sviði. Verður að telja að skýra beri 1. mgr. 67. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, með sama hætti þótt ekki sé tekið fram í henni að aðeins fjártjón sé bætt (sbr. skýringar í athugasemdum með tilvitnaðri grein í Alþingistíðindum, 1998–99, A-deild, bls. 1664–1671). Meginreglan er sú að allt fjártjón, sem leiðir af vanefndinni, skuli bæta. Frá þessu kunna að vera gerðar undantekningar því skv. 2. málsl. getur komið til takmörkunar á bótum ef tjón getur ekki með sanngirni talist sennileg afleiðing vanefndar. Það verður að líkindum mjög fátítt að til takmörkunar á ábyrgð komi vegna þessa ákvæðis, enda oftast fyrirséð hvaða tjón getur hlotist af vanefndum í fasteignakaupum og reglur um sennilegar afleiðingar tjóns hafa verið skýrðar svo að gera megi ríkar kröfur til hins bótaskylda í þessum efnum.

Í ýmsum ákvæðum frumvarpsins er gerður greinarmunur á beinu tjóni og óbeinu. Má sem dæmi nefna 34. og 43. gr., svo og 2. mgr. 52. gr. Greiningin í beint tjón og óbeint tjón hefur mikla þýðingu þegar um bótaábyrgð seljanda er að ræða, en takmarkaða þýðingu um bótaábyrgð kaupanda. Það er því nauðsynlegt að skilgreina a.m.k. annaðhvort beint tjón eða óbeint. Það er gert í 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt því er óbeint tjón það tjón sem tilgreint er í stafliðum a–d, en annað tjón er þá beint tjón. Af því leiðir að beint tjón teldist t.d. tjón sem verður við að bæta úr galla, svo og verðmætisrýrnun á fasteign vegna galla. Þá mundu útgjöld sem tjónþoli hefði t.d. af því að staðreyna galla, svo sem kostnaður við matsgerð eða annar sérfræðikostnaður, teljast beint tjón. Þess ber þó að geta vegna matskostnaðar að í dómsmálum er hann almennt hluti af málskostnaðarkröfu, en það breytir ekki stöðu hans í þessu sambandi. Í þeim tilvikum sem kaupum yrði rift teldust t.d. stimpilgjöld og þinglýsingargjöld sem sá er riftir hefði greitt beint tjón hans.

Óbeint tjón samkvæmt áðurnefndum stafliðum er:

a. Tjón sem rakið verður til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum. Slíkt tjón getur orðið ef atvinnuhúsnæði er ekki afhent á réttum tíma, eða er gallað. Samningsaðili getur hafa þurft að leigja t.d. lagerhúsnæði í stað þess sem ekki var afhent eða afhent of seint. Teldist sá kostnaður óbeint tjón.
b. Tjón sem rekja má til þess að fasteign kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt. Hér er fyrst og fremst um tjón vegna afnotamissis að ræða, en einnig getur komið til þess að tjón felist í því að rekstrartekjur minnki. Gæti þá a-liður einnig átt við.
c. Tjón sem rakið verður til missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur. Hið dæmigerða tilvik, sem félli hér undir, væri samningsaðili sem gert hefur leigusamning við þriðja mann en fær ekki eignina afhenta eða fær hana afhenta í því horfi að leigutakinn sættir sig ekki við ástand hennar. Ef leigusamningnum yrði slitið eða leigutími hæfist síðar en um var samið væri tjón samningsaðilans óbeint tjón samkvæmt þessu ákvæði.
d. Tjón sem rekja má til skemmda á öðru en fasteigninni sjálfri, svo og hlutum sem notaðir eru í beinu sambandi við hana eða fyrirhuguð afnot hennar. Til óbeins tjóns samkvæmt þessum lið teldist tjón sem yrði á fasteign nágranna, t.d. vegna galla eða annars. Ekki er víst að þessi liður muni hafa mikla þýðingu í réttarframkvæmd. Áréttað skal að tjón á eigninni sjálfri og fylgifé hennar, svo og eignum sem eru hluti af henni eða nauðsynlegir fyrir notkun hennar, mundi teljast beint tjón.

Í 3. mgr. er að finna undantekningar frá 2. mgr. Mælt er fyrir um að tilteknir bótaliðir, sem ella mundu teljast óbeint tjón, eigi að flokkast sem beint tjón. Rökin fyrir þessum undantekningum eru fyrst og fremst þau að nauðsynlegt er að tryggja hagsmuni kaupanda betur þegar

um er að ræða galla, en einkum þó afhendingardrátt. Réttarstaða hans er styrkt með því að bótaliðir þeir sem upp er taldir í þessari málsgrein eru flokkaðir sem beint tjón og þess vegna þarf hann ekki að sanna sök seljanda til að eiga rétt á bótum samkvæmt þeim, heldur gildir hér svonefnd stjórnunarábyrgð seljanda. Sem dæmi um hagnýta þýðingu þessa undantekningarákvæðis má nefna að kaupandi sem verður fyrir því að seljandi afhendir ekki á réttum tíma á rétt á bótum fyrir tjón vegna leigu á öðru húsnæði á meðan á drættinum stóð. Hann þarf ekki að sanna sök hjá seljanda til að eiga rétt á slíkum bótum, en þess mundi hann þurfa ef undantekningarákvæðið yrði ekki að lögum.

Þeir tveir liðir sem um ræðir eru í fyrsta lagi tjón vegna venjulegra ráðstafana sem eiga að bæta úr því að fasteign er gölluð eða afhendingardráttur verður. Ýmis dæmi má nefna um slík tilvik, t.d. húsleigukostnaður vegna annars húsnæðis á meðan bætt er úr galla, eða á meðan afhendingardráttur stendur. Í öðru lagi tjón vegna ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem nefnt er í 2. mgr., t.d. ef kaupandi húsnæðis, sem ekki er afhent á réttum tíma eða er gallað, riftir ekki heldur dregur úr framleiðslu sinni til þess að unnt sé að bæta úr galla eða þar til afhending fer fram. Tjón vegna samdráttar í framleiðslu gæti hann fengið bætt sem beint tjón.

Ákvæði 4. mgr. er eingöngu til að taka af tvímæli um að bótaliðir þeir sem tilteknir eru í 3. mgr. eigi að teljast beint tjón. Mundi þetta að líkindum leiða af skýringu af fyrstu þremur málsgreinum greinarinnar.

Um 60. gr.

Í þessari grein er fjallað um takmörkun tjóns og lækkun bóta.

Í 1. mgr. er kveðið á um afleiðingar þess að samningsaðili takmarkar ekki tjón sitt svo sem honum ber. Reglan er í samræmi við meginreglur kröfuréttar og skaðabótaréttar. Ákvæðið á jafnt við um kaupanda sem seljanda. Það verður að meta nokkuð eftir atvikum hve ríkar kröfur hvíla á samningsaðila að takmarka tjón sitt, þ.e. hvað teljast sanngjarnar eða hæfilegar aðgerðir af hans hálfu. Taka verður einnig tillit til þess að í samningssamböndum hvílir gagnkvæm trúnaðarskylda á aðilum, þannig að líklega er reglan um skyldu til að takmarka tjón nokkuð strangari innan samninga en í skaðabótarétti.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild dómstóla til að lækka skaðabætur ef tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Reglan er hliðstæð hinni almennu lækkunarreglu 24. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem einnig á við innan samninga og gildir því í fasteignakaupum. Eðlilegt þykir þó að leggja til sérstaka lækkunarreglu í frumvarpi þessu, einkum vegna þess að afleiðingar vanefnda eru oft fyrirséðar og því mjög sjaldan sem umfang þeirra verður slíkt að óvenjulegt sé. Mundi því að líkindum fátítt að þessari reglu yrði beitt, enda er hún nokkru þrengri en tilvitnað ákvæði skaðabótalaga.

Um 61. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um vexti og dráttarvexti. Gilda um þau efni ákvæði laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ástandsskýrslu og fleira. Í almennum hluta athugasemda þessara er ítarlega gerð grein fyrir ástæðum þess að lagt er til að slíkar reglur verði lögfestar. Vísast til þeirrar umfjöllunar. Ákvæði kaflans mótast verulega af því, að gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð til fyllingar þeim, einkum um efni ástandsskýrslu, um skilyrði sem fullnægja þarf til þess að fá leyfi til að gera slíkar skýrslur, um ábyrgðartryggingar og ýmis fleiri

atriði. Er nauðsynlegt að setja ítarlegar reglur um framkvæmd kaflans, til viðbótar þeim meginreglum sem koma fram í ákvæðum hans.

Um 62. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ástandsskýrslu, hvert vera eigi efni hennar o.fl.

Í 1. mgr. er skilgreining á ástandsskýrslu. Er um að ræða skýrslu þess sem fengið hefur opinbert leyfi til að gera hana í því formi sem nánar er fyrir mælt í lögunum og í reglugerð. Gert er ráð fyrir að form og efni ástandsskýrslu verði að nokkru staðlað, en þó er nauðsynlegt að taka tillit til þess að fasteignir eru margbreytilegar og lýsing á þeim og ástandi þeirra verður aldrei að öllu leyti stöðluð. Ástandsskýrsla verður samin að undangenginni nákvæmri skoðun þess sem hana gerir. Eingöngu byggingarfróðir menn munu semja ástandsskýrslu, en dómsmálaráðherra er falið að ákveða nánar hvaða skilyrðum um menntun o.fl. þeir munu þurfa að uppfylla.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvert vera skuli efni ástandsskýrslu. Markmiðið með reglum þessarar greinar er að ástandsskýrsla verði vönduð og því sem næst tæmandi greinargerð um eiginleika og ástand fasteignar, a.m.k. að því leyti sem þarf til svo ekki komi fram gallar sem sjást hefðu átt við skoðun þess er gerði skýrsluna. Ábyrgð hans er rík svo sem síðar greinir. Skoðun hans og rannsóknir á eign þurfa að vera nákvæmar og verður að gera miklu ríkari kröfur til hans en gerðar eru til venjulegra kaupenda fasteigna, jafnvel sérfróðra kaupenda. Aldrei verður þó hægt að leggja svo ríkar skyldur á skoðunarmann þann er semur ástandsskýrslu að hann eigi að uppgötva alla hugsanlega galla á eigninni. Ekki er t.d. unnt að gera kröfur til þess að hann finni út að járnalögn í fasteign sé ekki í samræmi við þær reglur sem giltu á byggingartíma hennar eða hönnunargögn um hana gefa til kynna. Ekki er heldur unnt að gera kröfur um að hann finni út að burðarþol hennar sé ekki eins og það á að vera, né heldur að steypa í henni sé gölluð í þeim skilningi að hún sé ekki með þá eiginleika sem steypa venjulega hefur. Gera má þó kröfur til að framangreind atriði uppgötvist ef sjá hefði mátt við nákvæma skoðun merki um að þessir gallar gætu verið á eigninni. Skoðunarmaður getur ekki treyst á upplýsingar seljanda, nema e.t.v. til að staðreyna atriði sem hann sjálfur sér við skoðun. Hann getur ekki borið fyrir sig gagnvart kaupanda síðar að seljandi hafi sagt sér rangt til um einhver atriði, eða seljandi hafi beitt svikum. Kaupandi þarf ekki að sæta slíkum mótbárum. Á hinn bóginn kunna slík svik seljanda að leiða til þess að skoðunarmaður eða ábyrgðartryggjandi hans geti endurkrafið seljanda um þær greiðslur sem kaupandi kann að hafa fengið auk kostnaðar. Um slíkan endurkröfurétt fer eftir almennum reglum, sbr. og II. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Margar þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í ástandsskýrslu verða fundnar í opinberum gögnum. Má búast við að auðveldara verði og öruggara að afla þeirra og tilgreina þær eftir að Landskrá fasteigna verður komin í notkun, sbr. III. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Þau atriði sem eiga að vera í ástandsskýrslu eru:

a. Í fyrsta lagi lýsing á byggingartíma fasteignar og byggingarefni hvers hluta hennar. Ef fasteign er byggð í hlutum er nauðsynlegt að tilgreina hvenær einstakir hlutar hennar voru byggðir, enda skiptir slíkt máli um hverjir eiginleikar hennar eru þar sem kröfur hafa aukist ýmsan búnað fasteigna, t.d. einangrun, gler o.fl. Nauðsynlegt er einnig að tilgreina byggingarefni hvers hluta fasteignar svo nákvæmlega að ljóst sé t.d. hvort eign er steypt eða hlaðin, en dæmi eru um að eignir hafi verið seldar sem steyptar þótt í raun hafi þær verið hlaðnar, sbr. t.d. Hrd. 1993, bls. 839.

b. Í öðru lagi skal í ástandsskýrslu koma fram stærð fasteignar, bæði flatarmál og rúmmál, bæði í heild og einstakra hluta hennar. Slík stærðartilgreining yrði að byggjast á skoðun á teikningum á eign og samanburði við opinberar tölur. Ef fleiri en einn kostur er um útreikning stærðar ber að tilgreina þá. Hefur komið fram í dómsmálum þar sem deilt hefur verið um stærðarfrávik að ekki hafi verið samræmi í útreikningi á stærð fasteigna, sbr. Hrd. 1988, bls. 1453. Verður að gera grein fyrir slíkri óvissu í ástandsskýrslu.
c. Þá skal gera grein fyrir skipan herbergja og allra annarra rýma í fasteign og sérstaklega gera grein fyrir því ef þessi atriði eru ekki í samræmi við teikningar. Hefur oft risið ágreiningur um stærð, skipan og notkun herbergja og annarra rýma, þar sem byggjendur eða eigendur hafa breytt frá samþykktum teikningum.
d. Þá bera að gera grein fyrir því hvort og að hvaða leyti einstakir hlutar eða búnaður fasteignar hefur verið endurnýjaður frá því að fasteign var byggð. Þessar upplýsingar eru mikilvægar. Sjá má í dómum að fasteignir hafa verið seldar með þeim skilmálum að skipt hafi verið um glugga, þótt í raun hafi einungis verið skipt um gler og e.t.v. gluggalista. Einnig má sjá dæmi um ágreining sem risið hefur vegna yfirlýsinga seljanda um að þak hafi verið endurnýjað, þótt það hafi aðeins verið gert að hluta og e.t.v. aðeins um þakplötur að hluta, sjá t.d. Hrd. 1994, bls. 387. Í ástandsskýrslu verður að koma fram í hverju endurnýjun hefur verið fólgin og hvenær hún var framkvæmd. Verður skoðunarmaður að ganga sjálfur úr skugga um þessi atriði, en ef hann treystir á orð seljanda í þessum efnum gerir hann það á eigin ábyrgð og áhættu.
e. Þá ber að gera grein fyrir ástandi fasteignar og einstakra hluta hennar með hliðsjón af aldri hennar, byggingarefni og gerð. Þessi lýsing á að vera hlutlæg og byggjast á vandaðri skoðun hans á eign og þekkingu á ástandi sambærilegra eigna. Með einstökum hlutum fasteignar í þessum skilningi er ekki aðeins átt við einstök rými hennar, heldur einnig lagnir og lóð. Þannig verður skoðunarmaður að kanna ástand lagna eftir því sem nokkur kostur er. Verður að gera kröfu til skoðnarmanna að þeir hafi yfir að ráða tækjabúnaði til að skoða skolplagnir til að segja til um hvort þær eru bilaðar, tæki til að mæla þrýsting á vatni, rafmagn og annað sem mælanlegt er. Ekki verða þó gerðar kröfur til að veggir séu brotnir til að kanna ástand raflagna eða vatnslagna, einkum ef engin ástæða er til að ætla að þær séu ekki í svipuðu ástandi og aldur hússins gefur til kynna.
f. Sérstaklega skal taka fram hvort raka- eða lekaskemmdir séu á eign, eða hvort líklegt sé að í fasteign sé raki eða leki. Rökin fyrir því að þetta ber að tilgreina sérstaklega eru að þessir vankantar eru algengustu gallar sem kaupendur telja vera á eign og þeim má oft leyna með aðgerðum, svo sem eins og málningu eða með öðrum hætti. Skoðunarmaður verður að ganga rækilega úr skugga um þessi atriði. Hann verður þess vegna að athuga hvort þerrilögn er við eign og hvort hún sé í lagi eða ekki. Oftast má um nýrri hús ganga út frá að þetta sé í lagi, en slíku er ekki að heilsa um eldri hús.
g. Loks skal greina frá því hvort einhverjir gallar séu á fasteign. Í þessu efni eru talin nokkur atriði í dæmaskyni, en þau eru ekki tæmandi. Sérstaklega skal geta þess ef fasteignin eða búnaður hennar er ekki í samræmi við fyrirmæli í reglum sem giltu um það atriði er eignin eða hluti hennar var byggður. Þetta getur t.d. átt við um einangrun, sverleika þaksperra, gler og ýmis önnur atriði, sem sérstakar reglur eru um. Mörg dómsmál hafa verið rekin þar sem krafist er bóta eða afsláttar vegna meints galla, sem talinn er felast í því að eignin sé ekki eins og mælt var fyrir um í reglum á byggingartíma hennar. Verður skoðunarmaður að staðreyna þessi atriði og framkvæma þær tilfæringar sem þarf til þess að ganga úr skugga um þetta. Hann á líka að lýsa því hvort einhverjar skemmdir séu á eign, sem séu meiri en telja má til venjulegs slits miðað við aldur hennar og endur-

bætur sem á henni hafa verið gerðar. Þetta á ekki aðeins við eignina að utan, heldur einnig innréttingar og búnað innan húss. Þá á skoðunarmaður að geta þess hvort hönnunargallar séu á eign eða búnaði hennar. Slíkt er ekki á færi nema byggingarfróðra manna að meta. Má ljóst vera að til skoðunarmanns eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og reynslu. Loks ber honum að tilgreina aðra galla sem vera kunna á eign eða hann telur að séu á henni.

Séu öll framangreind atriði skoðuðu og tíunduð vandlega í ástandsskýrslu má búast við að hún teljist nokkuð tæmandi lýsing á fasteign og greinargerð um ástand hennar. Það á hún að vera, enda er hún grundvöllur þess að seljandi losni undan hugsanlegum kröfum kaupanda vegna galla. Skoðunarmaðurinn verður að vanda verk sitt, ella er líklegt að hann beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem kaupandi kann að verða fyrir ef galli kemur fram sem tiltaka átti í ástandsskýrslu.

Um 63. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um leyfi til að gera ástandsskýrslu og fleiri atriði.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að dómsmálaráðherra veiti leyfi til að gera ástandsskýrslu samkvæmt lögunum. Í 2. mgr. er lögbundið það skilyrði að umsækjandi leggi fram staðfestingu um að hann hafi ábyrgðartryggingu vegna þess starfa síns. Um tryggginguna er fjallað nokkru nánar í 68. gr. Um önnur skilyrði, þar með talið menntun, er dómsmálaráðherra falið að taka ákvörðun og setja um reglur. Hann getur einnig ákveðið að haldið skuli námskeið fyrir þá sem sækjast eftir leyfi til að gera ástandsskýrslur. Ákveða má að seta á slíku námskeiði sé skilyrði þess að fá leyfi til að gera slíkar skýrslur. Miðað er við að þátttakendur á námskeiðinu greiði námskeiðsgjöld sem stæðu undir kostnaði við þau. Þetta er sama regla og gildir um löggilta fasteignasala, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Er eðlilegt að ríkissjóður hafi ekki beinan kostnað af slíkum námskeiðum, sem ætlað er að veita mönnum einkarétt til þess að sinna ákveðnum störfum í atvinnuskyni eða sem hluta af atvinnu sinni.

Um 64. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um þýðingu ástandsskýrslna. Mælt er fyrir um að ástandsskýrsla þurfi að hafa verið gerð á síðustu sex mánuðum áður en kauptilboð er gert til þess að hafa þau réttaráhrif sem mælt er fyrir um í lögunum. Ekki þykir fært að hafa tímann lengri miðað við hina miklu þýðingu sem skýrslan hefur, því ýmislegt getur farið aflaga á sex mánuðum, að ekki sé talað um lengri tíma. Hafi ástandsskýrsla verið lögð fram og hún unnin innan þess tíma sem að framan greinir og tilboð er gert í fasteign, sem samþykkt er, getur kaupandi ekki borið fyrir sig galla gagnvart seljanda. Hann verður að beina kröfum að þeim sem gerði ástandsskýrslu, þ.e. ef gallar hefðu átt að koma fram í henni. Ef þeir hefðu ekki átt að koma fram í henni getur hann beint kröfum að seljandanum. Telja verður að slíkt yrði mjög fátítt.

Um 65. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ábyrgð þess er gert hefur ástandsskýrslu. Mælt er fyrir um hlutlæga ábyrgð hans, þ.e. á tjóni sem verður vegna galla er fram hefðu átt að koma í henni eða vegna þess að eignin svarar ekki til þess sem segir í skýrslunni, án þess að unnt sé að segja berum orðum að hún sé gölluð. Ekki þykir fært að leggja annað til en hlutlæga ábyrgð, ella er hætta á að ábyrgð sé í raun velt af seljanda og yfir á kaupanda. Gera verður þó sömu kröfur og almennt eru gerðar um skilyrði til skaðabóta, þ.e. að fjártjón hafi í raun og veru

orðið og að orsakasamband sé milli þess og atvika sem varða skoðunarmann þann sem skýrsluna gerði. Þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpi þessu um efni ástandsskýrslu og ábyrgð þess er hana gerir mótast af því að ekki er gert ráð fyrir að keypt sé eigendaskiptatrygging, heldur að skýrslan sjálf og ábyrgð höfundar hennar tryggi að kaupandi muni ekki þurfa að axla neitt af þeirri ábyrgð sem af seljanda er létt með ástandsskýrslu.

Um 66. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Rökin fyrir reglunni eru þau að það sé seljandi sem fyrst og fremst nýtur hagsbóta af skýrslunni bæði að því leyti að hann losnar að fullu undan ábyrgð á göllum sem koma eiga fram í skýrslunni og einnig vegna þess að ætla má að hún geti leitt til hækkunar á verði fasteignarinnar.

Um 67. gr.

Í þessari grein eru reglur um sviptingu leyfis til að gera ástandsskýrslu. Kveðið er á um að ef sá sem leyfi hefur fengið missir eitthvert hæfisskilyrða sinna, ábyrgðartrygging hans er felld úr gildi eða hann gerist ítrekað sekur um vanrækslu í starfi sínu, skuli svipta hann leyfi til að gera slíka skýrslu. Er ekki um val að ræða í þessu efni, enda afar brýnt að aðeins þeir sem fullnægja öllum skilyrðum til að gera ástandsskýrslu og hafa ekki orðið berir að ítrekaðri vanrækslu sinni þessum verkefnum.

Um 68. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til þess að setja ítarlegri reglur um ástandsskýrslu. Meðal þess sem setja þarf reglur um eru atriði er lúta að ábyrgðartryggingu leyfishafa, m.a. lágmarksfjárhæð og meginatriði vátryggingarskilmála.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um gildistöku og breytingar á öðrum lögum.

Um 69. gr.

Nauðsynlegt er, ef frumvarpið verður að lögum, að gildistaka I.–VII. kafla þeirra verði sem fyrst. Ástæða þess er sú að gera má ráð fyrir réttaróvissu um hvaða reglum verði beitt um fasteignakaup eftir gildistöku laga nr. 50/2000, um lausafjárkaup, sem var 1. júní 2001. Er ekki útilokað að dómstólar byggi að einhverju leyti á fordæmum sem byggðust á eldri lögum um lausafjárkaup, nr. 39/1922. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að undirbúa vel gildistöku reglna VIII. kafla, en semja þarf ítarlegar reglur um framkvæmd hans og gefa út reglugerð. Miðað við umfang þeirra reglna og æskilegs undirbúnings annarra, t.d. vátryggingafélaga, sem ábyrgðartryggja munu leyfishafa, er nauðsynlegt að bíða með gildistöku reglna þessa kafla í eitt ár frá gildistöku að öðru leyti.

Um 70. gr.

Gerð er tillaga um breytingu á 10. gr. laga nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, þannig að bætt sé við 2. mgr. Ástæða þessarar breytingartillögu er sú staðreynd að eitt af því sem talið hefur verið að farið hafi úrskeiðis í Danmörku við framkvæmd reglna um ástandsskýrslur er að þær hafi ekki verið kynntar nægilega fyrir aðilum fasteignakaupa og þeim ekki gerð grein fyrir þýðingu þeirra, þar með talið því hagræði sem af þeim má hafa, einkum fyrir seljanda, og þeirri takmörkun sem á þeim er gagnvart kaupanda. Þær takmarkanir eiga reyndar ekki að vera samkvæmt reglum þessa frumvarps, en það breytir ekki því

að jafnmikilvægt er að kynna reglur þessar. Má ætla að slík kynning leiði til meiri notkunar ástandsskýrslna og meira öryggis í fasteignaviðskiptum.

Gera verður þá kröfu til fasteignasala sem annast milligöngu um fasteignaviðskipti að þeir sinni þessari skyldu sinni og hafi tiltækar sannanir fyrir því.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fasteignakaup.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað að koma á heildstæðri löggjöf um fasteignaviðskipti. Meginefni frumvarpsins snýr að réttarsambandi kaupanda og seljanda, skyldum þeirra og viðurlögum við vanefndum. Þau ákvæði hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs að því er séð verður. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem heimila gerð skýrslna um ástand fasteigna og kveða á um efni þeirra, skilyrði fyrir leyfi til að gera slíkar skýrslur og ábyrgð leyfishafa. Gert er ráð fyrir að eitt af skilyrðum fyrir veitingu leyfis til að gera ástandsskýrslur verði að umsækjendur sæki sérstök námskeið og greiði allan kostnað við það. Ekki er gert ráð fyrir að námskeiðsgjöldin verði færð sem tekjur ríkissjóðs og útgjöld við þau til gjalda, enda yrðu slík námskeið væntanlega ekki haldin á vegum ríkissjóðs. Því verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

292. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt og með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem þróuð hefur verið á vegum alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að og skyldra alþjóðastofnana, svo sem Evrópsku umhverfisstofnunarinnar. Útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarða 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarða 1:50.000 á næstu tíu árum.

Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið hvaða náttúrufarsgögn skuli framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að þeim. Miða skal við að þessum þætti málsins verði lokið og viðkomandi reglugerðum breytt í samræmi við niðurstöður fyrir árslok 2001.

Greinargerð.

Í kjölfar Ríó-ráðstefnunar 1992 breyttust viðhorf mikið til umhverfismála og þjóðir heims lögðu áherslu á að endurskoða löggjöf á þessu sviði og þróa nothæfar aðferðir sem beita má

til að skrá, flokka, meta og vakta náttúruna og skapa þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis. Þessum aðferðum hafa hin norrænu ríkin og Evrópusambandsríkin og mörg önnur ríki sem aðild eiga að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu beitt með góðum árangri á undanförnum árum.

Um er að ræða aðferðir sem miða að því að greina og kortleggja þá náttúrufarsþætti sem hafa verndargildi og þá sem mikilvægir eru fyrir varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Samræmt kerfi til að gera þetta hefur verið þróað í samvinnu Evrópulanda og hvílir það á ákvæðum Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Grunneiningin í þessu kerfi er hugtakið „vistgerð“ en hver vistgerð lýsir svæðum með tilliti til ýmissa sameiginlegra þátta, lífrænna og ólífrænna, svo sem ríkjandi plöntutegunda, smádýra, fugla og jarðvegsgerðar. Skilgreindum verndarviðmiðum er beitt til að meta verndargildi hinna ýmsu vistgerða.

Íslendingar hafa verið samstíga öðrum þjóðum í að setja lög og reglur er varða umhverfisvernd og skynsamlega nýtingu náttúrunnar og búa nú við svipan lagaramma á þessu sviði og önnur Evrópu- og OECD-ríki. Íslendingar eru hins vegar eftirbátar margra þessara ríkja er kemur að grunngögnum sem nauðsynleg eru til að fyrrgreind umhverfislöggjöf nái markmiðum sínum. Íslendingar eru ekki búnir að skrá, flokka og meta náttúru landsins í sama mæli og hinar þjóðirnar. Þá er mikið af þeim gögnum sem safnað hefur verið ekki aðgengilegt, t.d. í stafrænu formi. Þar af leiðandi eigum við mjög erfitt með að framfylgja þeim alþjóðlegu skyldum sem við höfum á okkur tekið, t.d. er varðar skuldbindingar í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og tengdum verkefnum, svo sem sameiginlegri náttúruverndaráætlun Evrópu (Emerald Network). Íslendingar eiga aðild að Evrópsku umhverfisstofnuninni og þar á bæ byggist gagnaöflun um náttúrufar, mat á ástandi þess og vöktun á samræmdu flokkunar- og skráningarkerfi sem okkur gengur illa að nota vegna skorts á gögnum.

Ein af afleiðingum þessa gagnaskorts er að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda er yfirleitt mun dýrara hér á landi en í grannríkjum okkar. Munurinn felst fyrst og fremst í því að hér á landi geta framkvæmdaraðilar ekki gengið að góðum gögnum um náttúrufar á viðkomandi svæði, þeir þurfa sjálfir að afla þessara gagna og oft með dýrum grunnrannsóknum. Í Svíþjóð og Finnlandi t.d. hefur áhersla verið lögð á að skapa góðan grunn og þar nægir framkvæmdaraðila í mörgum tilfellum að gefa upp staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar og getur hann þá fengið án frekari vettvangsathugana upplýsingar um náttúrufar svæðisins og verndargildi þess. Sami gagnaskortur háir gerð skipulagsáætlana hér á landi, en þess má geta að nú er allt landið skipulagsskylt. Mörg sveitarfélög þurfa sjálf að kosta dýrar rannsóknir til að afla nauðsynlegra grunngagna um náttúrufar. Landsáætlanir sem gert er ráð fyrir í náttúruverndar- og skipulagslögum, svo sem rammaáætlun um virkjun jarðhita og fallvatna eða náttúruverndaráætlun, eru einnig illframkvæmanlegar vegna þessa gagnaskorts. Það má því segja að grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar sé mjög ótraustur.

Önnur afleiðing þessa gagnaskorts er að hvorki löggjafarvaldið né framkvæmdarvaldið hefur sett skýrar línur er varða kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem leggja ætti til grundvallar við gerð skipulagsáætlana eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Afleiðing þessa er t.d. að kröfur eru misjafnar, óljósar og skapa skilyrði fyrir ágreining um ákvarðanir, t.d. úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra. Í nýlegum úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar kom fram að ekki var í öllum tilvikum ljóst hvaða gögn stofnunin taldi þurfa að liggja fyrir til að unnt væri að meta

áhrif framkvæmdarinnar. Af þessu leiðir að erfitt er fyrir framkvæmdaraðila að meta hvenær nauðsynlegt er að leggja í kostnaðarsamar rannsóknir á svæðum sem ætlunin er að raska og ósamræmi vill verða í kröfugerðinni.

Meðan kröfur um gögn er varða náttúrfarsþætti og gæði þeirra hafa ekki verið skilgreindar verður mat á verndargildi náttúrufyrirbæra og verðmæti þeirra háð of mikilli tilviljun og geðþótta sem aftur leiðir til þess að „pólitískar ákvarðanir“ verða ráðandi. Óeining virðist vera meiri hér á landi en í grannríkjum varðandi úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur hlutfallslega miklu fleiri sem skýrist að hluta til af þessari óvissu.

Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að bætt verði úr þessum slæma skorti á grunngögnum og að sömu vinnubrögðum verði beitt til þess og grannþjóðirnar nota með góðum árangri. Nokkur reynsla er komin á þessi vinnubrögð hér á landi þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur beitt þeim við öflun grunngagna fyrir rammaáætlun um virkjun jarðhita og vatnsfalla og fyrir mat á umhverfisáhrifum Kárahnúkavirkjunar. Stofnunin hefur einnig stigið fyrsta skrefið við flokkun og skilgreiningu vistgerða á landsvísu með því að kanna skipulega allar lýsingar og skilgreiningar á vistgerðum Evrópusambandsins og þær viðbætur sem unnar hafa verið um norðlægar vistgerðir (sjá skýrsluna „Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla“, Sigmundur Einarsson o.fl., Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 2000). Í þingsályktunartillögunni er jafnframt lagt til að kröfur um lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna sem notuð eru við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði skilgreind og samræmd.

Með náttúrfarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum er sýna t.d. vistgerðir sem endurspegla gróðurfar, dýralíf og jarðvegsgerð, búsvæði tegunda sem þarfnast sérstakrar verndar og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti, svo og þekjur er sýna staðsetningu mikilvægra svæða fyrir spendýr, svo sem selalátur og burðarsvæði hreindýra, og mikilvæg fuglasvæði á borð við fuglabjörg og önnur mikilvæg varplönd, viðkomustaði fartegunda og vetrarstöðvar er hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglastofna.

Gert er ráð fyrir að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn til að vinna tiltölulega hratt yfirlitskort af öllu Íslandi er taki til framangreindra náttúrufarsþátta, líkt og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur gert í tengslum við rofkort af landinu og verkefnið „Nytjaland“. Þess má geta að gervihnattamyndir verða sífellt fullkomnari og góð upplausn þeirra gerir t.d. kleift að greina með viðunandi nákvæmni helstu gróðurlendi. Stefnt skal að því að ljúka þessari grófu kortlagningu í mælikvarðanum 1:250.000 á næstu 3–4 árum í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landmælinga Íslands. Samhliða verði hrint af stað nákvæmari kortlagningu sem felist að stórum hluta á sannprófun á fyrirliggjandi gögnum og samræmingu þeirra miklu upplýsinga sem þegar liggja fyrir á víð og dreif hjá mörgum vísindastofnunum. Stefnt skal að því að ljúka þessari ítarlegu kortlagningu landsins í mælikvarðanum 1:50.000 á næstu tíu árum. Einnig er brýnt að skýra hvaða stefnu ríkisvaldið hefur í gagnamálum, skilgreina hvaða og hvers konar gögn hið opinbera á að láta í té um náttúru landsins og hver aðgangur að þeim eigi að vera.

293. Svar [67. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um endurgreiðslur fyrir tannlæknaþjónustu.

1. *Hver voru árleg útgjöld Tryggingastofnunar og fjöldi þeirra sem fékk endurgreiðslu á tannlæknakostnaði sl. þrjú ár og hver hefðu þau orðið ef gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar hefði fylgt verðlagsþróun? Útgjöld óskast aðgreind eftir hópum í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.*

Tafla 1. Útgjöld eftir hópum.

	2000	1999	1998
Börn og unglingar 17 ára og yngri, 60–100%	500.138.424	479.900.032	457.848.463
Elli- og örorkulífeyrisþegar á stofnunum, 75–100%	32.799.215	33.006.906	22.669.761
Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu, 50–75%	202.171.376	186.867.447	129.850.031
Elli- og örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar, 50%	46.349.732	37.988.505	
Börn í umönnunarflokkum 1–3 og andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum, 90%	11.080.756	11.280.390	5.968.205
	792.539.503	749.043.280	616.336.460
Tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa, skv. 33. gr. almannatryggingalaga			
Tannréttingar	127.428.826	133.987.451	119.708.788
Aðrar tannlækningar en tannréttingar	42.018.179	43.643.983	40.926.678
	169.447.005	176.631.434	160.635.466
	961.986.508	925.674.714	776.971.926

Tafla 2. Fjöldi sjúklinga eftir hópum.

	2000	1999	1998
Börn og unglingar 17 ára og yngri	47.497	46.784	46.103
Örorkulífeyrisþegar	4.208	3.443	2.935
Ellilífeyrisþegar	8.485	7.558	4.891
Börn í umönnunarflokkum	627	606	185
Andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum	274	263	277
	61.091	58.654	54.418

Tafla 3. Hækkanir verðlags, fjölda sjúklinga og útgjalda Tryggingastofnunar eftir árum í %.

Ár	Verðlag	Fjöldi sjúklinga	Útgjöld Tryggingastofnunar
1998	1,32	–	–
1999	5,79	7,78	19,13
2000	3,52	4,15	3,92

Taflan sýnir hækkun verðlags um tæp 11% á tímabilinu, sjúklingum fjölgaði um 12,3% en útgjöld Tryggingastofnunar vegna tannlækninga jukust um 23,8% á sama tíma. Þannig séð má segja að í heild rúmist útgjöld Tryggingastofnunar innan verðbreytinga á þessu tímabili. Útgjaldaaukning stofnunarinnar á því tímabili sem spurt er um er meiri en sem nemur hækkun verðlags og fjölgun sjúklinga á sama tíma.

Ef gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, sem í gildi var á árinu 1998, hefði fylgt verðlagsþróun allan þann tíma sem spurt er um hefði þurft að koma til

gjaldskrárbreyting í upphafi ársins 2000 í samræmi við verðlagsbreytingar ársins á undan, sem urðu 5,79%.

Í upphafi ársins 1999 var sett gjaldskrá ráðherra sem var í samræmi við síðustu verðlagsbreytingu á árinu 1998 en breytingar á gjaldskrá á því ári urðu samtals þrjár og námu rúmlega 3%, þótt vísitala neysluverðs hækkaði einungis um 1,32% á því ári. Gjaldskrárbreyting í upphafi árs 1999 var því ekki nauðsynleg til að fylgja verðlagi.

Útgjaldatölur urðu sem hér segir, sbr. niðurstöður töflu 1 (uppreiknuð útgjaldatala ársins 2000 er til samanburðar innan sviga, sbr. töflu 4):

1998: 776.971.926 kr.
1999: 925.674.714 kr. (20. janúar 1999 var sett gjaldskrá ráðherra.)
2000: 961.986.508 kr. (1.010.306.321)

Tafla 4. Útgjöld vegna tannlæknakostnaðar árið 2000 í raun og miðað við verðlagsbreytingar:

	Raunútgjöld	Miðað við
Börn og unglingar 17 ára og yngri, 60–100%	500.138.424	529.095.990
Elli- og örorkulífeyrisþegar á stofnunum, 75–100%	32.799.215	34.698.062
Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu, 50–75%	202.171.376	213.876.700
Elli- og örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar, 50%	46.349.732	49.033.381
Börn í umönnunarflokkum 1–3 og andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum, 90%	11.080.756	11.722.331
	792.539.503	838.426.464
Tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa, skv. 33. gr. almannatryggingalaga		
Tannréttingar (ekki gjaldskráratriði)	127.428.826	127.428.826
Aðrar tannlækningar en tannréttingar	42.018.179	44.451.031
	169.447.05	171.879.857
	961.986.508	1.010.306.321

2. *Hve mikil er hlutfallsleg lækkun, sbr. 1. tölul., árlega sl. þrjú ár skipt milli hópa? Hvað má ætla að sú lækkun sé mikil í fjárhæðum að raungildi í heild? Sérstaklega óskast sundurgreind lækkun endurgreiðslna á þessum tíma fyrir lífeyrisþega annars vegar og börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaða einstaklinga 17 ára og eldri hins vegar miðað við endurgreiðslur Tryggingastofnunar til þessara hópa sl. þrjú ár.*

Ekki er gert ráð fyrir því að til gjaldskrárbreytinga vegna breytinga á verðlagi hefði þurft að koma fyrr en í ársbyrjun ársins 2000 og þá með tilliti til breytinga á verðlagi ársins 1999, sem var 5,79%. Hlutfallsleg lækkun endurgreiðslna á árinu 2000 er því í samræmi við það, eða tæp 5,5%. Skipting milli hópa samkvæmt því hlutfalli kemur fram aftari dálki í töflu 4.

Lækkunin nemur 48.319.813 kr. á verðlagi ársins 2000 eða tæplega 52 millj. kr. á verðlagi ársins 2001.

Ef gjaldskrá hefði hækkað samkvæmt verðlagsþróun hefðu greiðslur til lífeyrisþega á árinu 2000 orðið rúmum 16 millj. kr. hærri en þær urðu í raun og á sama hátt hefðu endurgreiðslur til umönnunar barna og þroskaheftra orðið rúmlega 600 þús. kr. hærri, sem er hvort tveggja lækkun á endurgreiðslum um tæp 5,5%.

3. *Hvers vegna beitir ráðherra ekki ákvæðum 37. gr. almannatryggingalaga og setur einhliða gjaldskrá sem tekur mið af verðlagsþróun sl. þrjú ár?*

Vinna að nýrri og einfaldari gjaldskrá, sem er gegnsærri og skýrari og meira í samræmi við það sem viðgengst í nágrannalöndum okkar, hefur staðið yfir nú um nokkurt skeið. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki á þessu hausti.

Tillit verður tekið til verðlagsþróunar í hinni nýju gjaldskrá.

4. *Hver er staðan núna í samningaviðræðum milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar, hver eru helstu ágreiningsatriðin að mati ráðherra og hvað hyggst ráðherra gera til að leysa þann hnút sem samningamálin eru komin í? Mun ráðherra beita sér fyrir því að þeir sem hafa fengið skerta endurgreiðslu sl. þrjú ár fái mismun á nýrri og eldri gjaldskrá greiddan?*

Samningaviðræður Tryggingastofnunar ríkisins við Tannlæknafélags Íslands hafa staðið yfir með styttri eða lengri hléum frá því um haustið 1998. Á þeim tíma hefur samninganefnd Tryggingastofnunar lokið tugum kjarasamninga við allar þær aðrar heilbrigðisstéttir sem viðskipti hafa við stofnunina. Engum viðræðum samninganefnda hefur lokið án samnings. Tannlæknar hafa hins vegar verið nokkuð sér á parti og virðast ekki hafa haft skýr samningsmarkmið.

Haustið 1998 lágu fyrir nánast fullgerð samningsdrög við samninganefnd tannlækna þegar stjórnarbreyting varð í Tannlæknafélagi Íslands. Samningsdrögin voru þá lögð til hliðar þar sem ný forusta Tannlæknafélagsins lýsti yfir áhuga sínum á að halda verðlagningu frjálsri og hafði því ekki áhuga á samningi við Tryggingastofnun um gjaldskrá.

Engu síður fóru fram viðræður við forustu Tannlæknafélags Íslands í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og mikil vinna lögð í að ná samkomulagi sem lá fyrir í stórum dráttum þegar þeirri forustu var einnig hafnað af aðalfundi Tannlæknafélagsins og nýir menn komu til skjalanna. Allt þetta ár hafa farið fram gagnlegir fundir á vegum landlæknisembættisins með nýrri forustu Tannlæknafélagsins til að ná landi í samvinnu aðila og standa vonir til að fundirnir leiði til betra samkomulags.

Þrátt fyrir áhugaleysi Tannlæknafélags Íslands um gjaldskrá hafa tannlæknar engu síður viljað hafa áhrif á uppsetningu ráðherragjaldskrárinnar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri án nokkurra skuldbindinga. Að frátöldum fyrrgreindum erfiðleikum hafa viðræður einkum snúist um svokallaðan forvarnarpakka fyrir börn og samskiptareglur milli Tryggingastofnunar og Tannlæknafélagsins. Í reynd er ekki mikið sem skilur á milli aðila í því efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur mikla áherslu á að ná samningi við Tannlæknafélag Íslands um forvarnarpakka fyrir börn, þ.e. að tannlæknar samþykki að veita börnum tiltekna þjónustu á föstu verði. Þannig verði tryggt að foreldrar fái fulla forvarnaþjónustu fyrir börn sín með endurgreiðslufyrirkomulagi eða beingreiðslum til tannlækna eftir því sem um semst.

Stefnt er að því að samningafundir hefjist að nýju nú í þessum mánuði.

Önnur leið, sem ekki hefur verið íhuguð nánar meðan enn er von til að samningar náist, er að bjóða einstökum tannlæknum sem það vilja samning um forvarnarpakka og gjaldskrá, svokallað útboð á þjónustu á grundvelli verktöku.

Ráðherra mun ekki beita sér fyrir því að þeir sem hafa fengið skerta endurgreiðslu sl. þrjú ár fái mismun á nýrri og eldri gjaldskrá greiddan. Eins og áður kom fram hafa útgjöld vegna tannlækninga í heild verið í samræmi við verðlagsþróun og fjölgun sjúklinga.

Á yfirstandandi ári hefur verðlag hækkað um 7,56% en útgjöld til tannlækninga hafa aukist um 11,2%.

294. Fyrirspurn [255. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu mörg sveitarfélög hafa lokið gerð heildaráætlana um úrbætur í fráveitumálum?
2. Hvernig er stuðningi ríkisins háttað í þessum málum?
3. Hversu mörg sveitarfélög og hver þeirra hafa fengið styrk til þessara framkvæmda?
4. Kemur til greina að Ísland fái undanþágu frá ströngum reglum Evrópusambandsins í þessum málum vegna sérstakra aðstæðna, m.a. sökum fámennis?
5. Kemur til greina að styrkja sveitarfélög lengur en til ársins 2005?

Skriflegt svar óskast.

295. Fyrirspurn [256. mál]

til félagsmálaráðherra um aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim ábendingum og tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps félagsmálaráðuneytis frá 1999 um möguleika fatlaðra til dvalar í orlofshúsnæði og til ferðalaga innan lands eða utan?
2. Hefur verið gerð úttekt á orlofshúsnæði og umhverfi þess með tilliti til aðgengis fatlaðra?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að kostnaður aðstoðarmanns fatlaðra sem dvelja í orlofshúsnæði eða ferðast innan lands og utan verði greiddur úr opinberum sjóðum?
4. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að komið verði á fót fræðslunámskeiðum fyrir fólk sem tekur að sér starf aðstoðarmanns fatlaðra í orlofsdvöl eða á ferðalagi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík námskeið hefjist og hver mun bera kostnaðinn af þeim?

296. Fyrirspurn [257. mál]

til heilbrigðisráðherra um offituvanda.

Frá Soffíu Gísladóttur.

Hefur verið gerð úttekt á vanda of feitra Íslendinga, sem eiga erfitt með að taka þátt í daglegu lífi og eru margir í felum, og eru uppi áform um að bregðast við alvarlegum vanda þeirra með öflugu stuðningskerfi?

297. Svar [173. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Ólafar Guðnýjar Valdimarsdóttur um gerð náttúruverndaráætlunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður gerð náttúruverndaráætlunar, sbr. gildandi lög um náttúruvernd þar sem segir að ráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti?

Samkvæmt 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, skal umhverfisráðherra eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt og leggja fyrir Alþingi. Náttúruvernd ríkisins skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í sömu lögum skal umhverfisráðherra eigi síðar en árið 2002 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn náttúruverndaráætlun skv. 65. gr.

Nú er unnið að gerð náttúruverndaráætlunar og var settur á fót sérstakur umsjónarhópur í því skyni, skipaður forstjórum Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og starfsmanni umhverfisráðuneytisins. Stefnt er að því að fyrstu drög að náttúruverndaráætlun liggi fyrir í lok aprílmánaðar á næsta ári og er ætlun umhverfisráðuneytisins að kynna áætlunina og óska eftir umsögnum og athugasemdum næsta sumar og vinna úr þeim fyrir næsta haust og leggja áætlunina fyrir Alþingi fyrir árslok 2002.

Hin eiginlega vinna við gerð áætlunarinnar fer fram á vegum Náttúruverndar ríkisins í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og fleiri aðila þar á meðal sveitarfélögin í landinu.

Sem stendur vinna Landmælingar Íslands að gerð stafræns kortagrunns í mælikvarðanum 1:500.000 sem ætlunin er að ljúka eigi síðar en árið 2004. Gerður hefur verið samningur við Landmælingar Íslands um kaup og afnot af þessum grunni og er í samstarfi við stofnunina verið að setja inn á hann mörk friðlýstra svæða í landinu. Notast er við nákvæm hnit þar sem þau liggja fyrir en annars staðar eru mörkin teiknuð inn eftir kennileitum. Á þeim svæðum þar sem áðurnefndur kortagrunnur er ekki tilbúinn er notaður stærri mælikvarði.

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur úr gagnagrunni sínum upplýsingar um mikilvæg svæði í samræmi við 66. gr. laga um náttúruvernd þar sem gerð er grein fyrir efnisatriðum náttúruverndaráætlunar. Mörk þessara svæða verða sett inn á kortagrunninn ásamt öðrum gögnum. Enn fremur vinna Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins að því að skilgreina gerðir jarðmyndana og verður hafist handa við að setja skilgreiningarnar inn í fyrirliggjandi gögn. Þessi vinna mun væntanlega þróast og taka á sig endanlega mynd þegar náttúruverndaráætlun verður tilbúin. Rétt er að geta þess að jarðfræðikort af Íslandi er til í stafrænu formi í mælikvarðanum 1:500.000.

Orkustofnun vinnur að úttekt á stöðu þekkingar á jarðfræði Íslands og verður skýrsla þar að lútandi væntanlega tilbúin um næstu áramót. Til þess að hægt sé að gera allsherjar náttúruverndaráætlun er nauðsynlegt að fyrir hendi sé fullnægjandi þekking á náttúrufari landsins, jafnt lífríki sem jarðfræði. Orkustofnun er að gera úttekt á einu svæði sem er á náttúruminjaskrá og rætt hefur verið um að stofnunin annist sams konar úttekt á öðrum jarðmyndunum á náttúruminjaskrá. Kostnaður af þessum verkefnum er töluverður þannig að framhaldið ræðst að miklu leyti af því hvernig hægt verður að halda honum niðri, m.a. með því að nota upplýsingar sem er að finna annars staðar, svo sem hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Til

greina kemur enn fremur að þessi vinna fari fram í auknum mæli á vegum náttúrustofa sveitarfélaganna og eru þau mál til athugunar.

Náttúruvernd ríkisins sendi öllum sveitarfélögum í landinu erindi þar sem vakin var athygli á gerð náttúruverndaráætlunar. Skv. 58. gr. náttúruverndarlaga skal m.a. leggja drög að friðlýsingarskilmálum fyrir viðkomandi sveitarfélög auk þess sem gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin reki svokallaða fólkvanga. Áhugi sveitarfélaganna er mismikill en 25 sveitarfélög hafa haft samband við Náttúruvernd ríkisins í framhaldi af ósk stofnunarinnar um samráð við gerð náttúruverndaráætlunar. Umhverfisráðuneytið mun leita eftir samráði við sveitarfélögin þegar drög að náttúruverndaráætlun liggja fyrir næsta vor.

Auk áðurnefndra stofnana hefur Náttúruvernd ríkisins haft samráð við Hafrannsóknastofnunina, Landgræðslu ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skógrækt ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands, Veiðimálastofnun og Líffræðistofnun, Raunvísindastofnun og Umhverfisstofnun Háskóla Íslands. Náttúruvernd ríkisins hefur enn fremur leitað til náttúrustofa sveitarfélaganna en þær eru í Bolungarvík, á Neskaupstað, í Stykkishólmi, Sandgerði, á Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum.

298. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Veðurstofu Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Siglingastofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, Almannavörnum ríkisins, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Vélstjórafélagi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Slysavarnaskóla sjómanna.

Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó sem gerðar voru í Lundúnum 4. nóvember 1993. Breytingar þessar öðluðust gildi alþjóðlega 4. nóvember 1995 en með frumvarpinu er lagt til að þær öðlist lagagildi hér á landi.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að orðalag nokkurra ákvæða í fylgiskjali með lögunum verði lagfært.

Nefndin leggur til að gerðar verði smávægilegar breytingar á frumvarpinu af lagatæknilegum ástæðum. Breytingartillögurnar hafa ekki efnislega breytingu í för með sér.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. nóv. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Kristján L. Möller.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.		Jón Bjarnason.

299. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 10. tölul. fylgiskjalsins:
   a. Í stað orðanna „A-liður orðast svo“ í a-lið komi: Inngangsmálsliður a-liðar orðast svo.
   b. Í stað orðanna „B-liður orðast svo“ í b-lið komi: Inngangsmálsliður b-liðar orðast svo.
2. Við 11. tölul. fylgiskjalsins. Í stað orðanna „O-liður 1. hluta IV. viðauka“ komi: O-liður 1. hluta IV. viðauka orðast svo.

300. Svar [142. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í störfum ráðuneytisins og á vegum þess. Hins vegar á fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í samráðshópi sem ætlað er að ganga frá jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins í heild sinni. Ætlunin er að sú stefna birtist í sameiginlegri starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem liggur nú fyrir í lokadrögum. Stjórnendur ráðuneytisins eru afar meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III. kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Samtals hefur verið ráðið í sjö stöður á grundvelli auglýsinga eða eftir leit hjá ráðningarstofum á tímabilinu frá 31. október 1998 til 31. október 2001. Í fimm tilvikum voru konur ráðnar en í tveimur tilvikum voru karlar ráðnir, sbr. eftirfarandi:

a. Samtals fimm stöður hafa verið auglýstar á síðustu þremur árum, fjórar stöður lögfræðinga og ein staða viðskiptafræðings. Í þremur tilvikum voru konur ráðnar en í tveimur tilvikum karlar. Um fjórar stöður lögfræðinga sóttu samtals 29, 21 kona og 8 karlar. Ávallt er farið ítarlega yfir allar umsóknir og byggist niðurstaða ráðuneytisins á að velja hæfasta umsækjandann með hliðsjón af hlutfalli kynjanna. – Ráðning starfsmanns í stöðu viðskiptafræðings fór í gegnum ráðningarskrifstofu og mat hún umsóknir eftir hæfisskilyrðum í auglýsingu. Í tilvikum sem þessum skipuleggur ráðningarskrifstofan yfirleitt nokkur viðtöl á grundvelli umsókna í samráði við hlutaðeigandi yfirmann.
b. Í tvær stöður hefur verið ráðið í gegnum ráðningarstofur án auglýsinga. Í báðum tilvikum voru konur ráðnar.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í sjö stöður án auglýsinga á síðustu þremur árum. Ráðnar voru tvær konur og fimm karlar, sbr. eftirfarandi:

a. Ein staða fellur undir tilflutning starfa milli embætta. Í því tilviki var kona ráðin í stöðu stjórnarráðsfulltrúa.
b. Tvær stöður bílstjóra. Um sömu stöðuna er að ræða sem í hefur verið ráðið tvisvar sinnum. Í báðum tilvikum voru karlar ráðnir.
c. Fjórar afleysingastöður. Um er að ræða eina afleysingastöðu lögfræðings og þrjár sumarafleysingastöður samtals á þessum þremur árum. Þrír karlar voru ráðnir og ein kona.

Til viðbótar framangreindum sjö stöðum hafa á síðustu þremur árum tveir lögfræðinemar verið í námsvist á vegum ráðuneytisins. Um er að ræða karla í báðum tilvikum.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Yfirlit yfir nefndir og ráð á vegum félagsmálaráðuneytis.

Verkefnisnefndir	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með undirbúningi að stofnun reynslusveitarfélaga	5	4	1	29.7.1993
Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	6	4	2	22.5.2000
Stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna	8	1	7	3.7.1997
Nefnd til að kanna launamun verkakvenna og verkakarla	3	1	2	4.6.1998
Nefnd til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum	7		7	28.9.1998
Nefnd til að fylgja eftir tillögum um félagsleg húsnæðismál sveitarfélaga	8	8		7.12.2000

Verkefnisnefndir	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Nefnd vegna málefna langveikra barna	11	3	8	29.1.2001
Starfshópur til að yfirfara skýrslu „auðlindanefndar“	4	4		2.1.2001
Nefnd til að yfirfara verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga	6	5	1	18.1.2001
Nefnd til að yfirfara undanþágur frá fasteignaskatti	4	4		2.1.2001
Starfshópur er geri úttekt á álagningu og innheimtu sveitarfélaga á þjónustugjöldum	3	2	1	5.1.2001
Nefnd til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995	9	7	2	14.2.2001
Stýrihópur til að fylgja eftir framkvæmd þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna	3	1	2	9.12.1998
Samstarfsráð um meðferð barna og unglinga vegna vímuefnavanda, hegðunar- og geðraskana	7	3	4	4.1.2000
Starfshópur sem fjalla á um húsnæðismál á Vestfjörðum	5	5		14.2.2000
Nefnd er kanni aðstæður erlends vinnuafls og útlendinga með dvalarleyfi hér á landi	9	4	5	8.11.2000
Verkefnisstjórn árs fatlaðra 2003	26	10	16	10.10.2001
Framkvæmdanefnd árs fatlaðra 2003	4	2	2	10.10.2001
Starfshópur um úttekt á vernduðum vinnustöðum	3	3		27.4.2001
Nefnd til að vinna að heildarendurskoðun laga nr. 161/1998, um húsnæðissamvinnufélög	5	4	1	3.5.2001
Nefnd um jafnréttisumsagnir vegna stjórnarfrumvarpa	3		3	
Ráðgjafahópur vegna nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum	5	3	2	12.9.2001
Samtals fjöldi fulltrúa:	**144**	**78**	**66**	
Hlutfallsleg skipting:	100%	54%	46%	

Nefndir og ráð	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði	7	6	1	21.2.2001
Stjórn Greiningar- og ráðgjafarstofu ríkisins	5	4	1	15.12.2001
Starfsmenntaráð	15	12	3	08.01.01
Barnaverndarráð	3	1	2	1.1.2001
Stjórn vegna vinnueftirlits í landbúnaði	5	4	1	1.1.2001
Kærunefnd fjöleignarhúsamála	7	5	2	15.2.2001
Kærunefnd húsaleigumála	7	4	3	15.2.2001
Stjórn Vinnumálastofnunar	14	9	5	1.7.2001
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs	18	12	6	1.7.2001
Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta	6	3	3	1.7.2001
Stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga	10	4	6	1.7.1997
Félagsdómur	9	7	2	1.11.1998
Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	10	7	3	29.1.1999
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins	18	9	9	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Suðurnesja	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Vesturlands	18	12	6	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Norðurlands vestra	18	12	6	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra	18	13	5	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Austurlands	18	11	7	1998
Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar Suðurlands	18	13	5	13.11.1998
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Reykjavík	9	4	5	25.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Reykjanesi	11	5	6	11.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Vesturlandi	9	6	3	11.2.1999

Nefndir og ráð	Fjöldi fulltrúa	Karlar	Konur	Dags. skipunar
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Vestfjörðum	10	5	5	18.2.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	11	4	7	12.12.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	12	5	7	16.3.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Austurlandi	11	4	7	5.3.1999
Svæðisráð um málefni fatlaðra, Suðurlandi	12	7	5	12.2.1999
Kærunefnd húsnæðismála	6	3	3	1.2.1999
Samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur	5	3	2	5.3.1998
Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks	3	1	2	11.4.1998
Kærunefnd jafnréttismála	7	3	4	25.7.2000
Stjórn Íbúðalánasjóðs	10	7	3	28.12.1998
Stjórn Bjargráðasjóðs	10	8	2	7.12.1998
Stjórnarnefnd málefna fatlaðra	8	7	1	1.1.1999
Prófnefnd leigumiðlunar	4	3	1	17.3.2000
Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu	8	3	5	1.6.1999
Úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga	3	2	1	1.11.1999
Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	3		3	8.11.2000
Jafnréttisráð	18	7	11	12.9.2000
Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga	4	3	1	11.4.2000
Stjórn ábyrgðasjóðs launa	6	5	1	7.9.2000
Flóttamannaráð Íslands	15	7	8	17.12.1999
Fjölskylduráð	7	2	5	21.1.1998
Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga	7	7		25.11.1998
Samstarfsnefnd um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar	3	1	2	1993
Samráðsnefnd til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu	12	7	5	1993
Nefnd um hönnun bygginga með tilliti til aðgengis fatlaðra	6	4	2	13.11.1991
Reikningsskila- og upplýsinganefnd í samræmi við 18. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga	9	7	2	27.2.2001
Stjórn Vinnueftirlits ríkisins	17	13	4	1.1.2001
Stjórn varasjóðs viðbótarlána	10	8	2	1.2.1999
Samtals fjöldi fulltrúa:	**526**	**325**	**201**	
Hlutfallsleg skipting:	100%	62%	38%	

301. Svar [190. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um stuðning við frjálsa leikhópa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja að jafnræðissjónarmiða sé gætt í stuðningi við frjálsa leikhópa og opinberar menningarstofnanir, sbr. álit Samkeppnisstofnunar frá 5. mars sl. sem unnið var fyrir sjálfstæðu leikhúsin, en þar var þeim tilmælum beint til yfirvalda að þau gættu að jafnræðissjónarmiðum við eflingu leiklistar og talið að misræmi í opinberum stuðningi stríddi gegn markmiðum samkeppnislaga?*
2. *Hvaða frjálsu leikhópum er veittur stuðningur nú og hve mikill er hann, sundurliðað eftir leikhópum?*

3. Hefur stuðningi við frjálsa leikhópa verið hafnað og þá á hvaða forsendum?

Í áliti Samkeppnisstofnunar sem unnið var fyrir sjálfstæðu leikhúsin kemur fram sú skoðun að í stuðningi við frjálsa leikhópa og opinberar menningarstofnanir stangist á andstæð sjónarmið. Annars vegar að æskilegt sé að opinberir aðilar gæti jafnréttissjónarmiða í viðleitni sinni til að efla leiklist þannig að leikhús og leikhópar geti keppt á jafnréttisgrundvelli, en Samkeppnisráð telur að mikið misræmi í opinberum stuðningi gangi gegn markmiðum samkeppnislaga. Hins vegar felist í gildandi leiklistarlögum, nr. 138/1998, og fyrirkomulagi við úthlutun fjárveitinga til leiklistar af hálfu sveitarfélaga sú aðferð að styrkja tilteknar stofnanir til þess að ná þeim menningarlegu og uppeldislegu markmiðum sem að er stefnt.

Með vísan til skýrslu um samkeppnisstöðu frjálsra leikhópa gagnvart opinberum leikhúsum, sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytisins, beinir Samkeppnisráð þeim tilmælum til menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir endurskoðun á opinberri aðstoð við leikhúsrekstur og að leitað verði leiða til að samræma betur en nú er gert hin menningarlegu og listrænu markmið og markmið samkeppnislaga um að opinber fjárstuðningur raski ekki samkeppni á leikhúsmarkaðnum. Til dæmis nefnir ráðið þann kost að fjárstuðningi hins opinbera verði beint til einstakra verkefna í stað rekstrarstyrkja og launa fastráðinna starfsmanna leikhúsanna og að úthlutun þessara styrkja yrði í höndum óháðra aðila á samkeppnisgrundvelli, þar sem bæði sjálfstæð og opinber leikhús gætu sótt um fjárstuðning. Úr þessum tilmælum Samkeppnisráðs má lesa að gert sé ráð fyrir nefnd á vegum hins opinbera sem úthluti styrkjum á grundvelli umsókna vegna einstakra verkefna og því sé ákvörðunarvald leikhúsanna sjálfra um hvaða leikverk eru sett upp að engu gert. Þar af leiðandi mætti gera ráð fyrir að fastráðning leikara heyrði sögunni til og leikarar mundu í stað þess byggja starf sitt á þátttöku í mismunandi leikhópum á grundvelli einstakra verkefna.

Ráðuneytið telur að skipan mála, sem byggðist á þessari túlkun á tilmælum Samkeppnisráðs, yrði leiklistarstarfsemi í landinu ekki til farsældar.

Ráðuneytið starfar eftir núgildandi leiklistarlögum og hefur reynslan sýnt að íslensk leiklist hefur blómstrað við þá skipan mála sem stuðst hefur verið við frá setningu laganna árið 1998 og er gróskan hér meiri en í mörgum fjölmennari samfélögum.

Til að koma til móts við vaxandi starfsemi frjálsra atvinnuleikhópa er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 lagt til að framlög til starfsemi atvinnuleikhópa verði 35 millj. kr., en það er 10 millj. kr. hækkun frá árinu 2001. Er þetta mesta hækkun milli ára sem orðið hefur, verði frumvarpið að þessu leyti samþykkt á Alþingi.

Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við leiklistarráð og fulltrúa sjálfstæðu leikhúsanna þar sem hefur verið lagt á ráðin um það hvernig best sé að samningsbinda samskipti þeirra og ríkisins til lengri tíma með það fyrir augum að skapa þeim traustari starfsgrundvöll. Leiklistarráð hefur nýlega sett sér vinnureglur og gefið út leiðbeiningar á netinu um styrki til leiklistarstarfsemi skv. 14. gr. leiklistarlaga. Ráðuneytið vinnur að reglum um starfsemi leiklistarráðs.

Samkvæmt leiklistarlögum, nr. 138/1998, skal úthlutun til atvinnuleikhópa/frjálsra leikhópa ákveðin að fengnum tillögum leiklistarráðs. Á þessu ári hlutu eftirtaldir 14 leikhópar stuðning til 13 verkefna, alls að upphæð 25 millj. kr.:

	Upphæð	Verkefni
Hafnarfjarðarleikhúsið		
Hermóður og Háðvör	10,3 millj. kr.	Starfssamningur
Leikfélag Íslands	4,5 millj. kr.	Starfsemi
Möguleikhúsið	1,5 millj. kr.	Uppsetning nýrra íslenskra barnaleikrita
Strindberghópurinn	1,2 millj. kr.	Uppsetning Dauðadansins
EGG-leikhúsið	1 millj. kr.	Leikverk af verkefnalista leikhússins
Kaffileikhúsið og The Icelandic Take Away Theatre	1 millj. kr.	Samstarfsverkefni
Þíbilja	1 millj. kr.	Uppsetning Gestsins
Strengjaleikhúsið	750 þús. kr.	Uppsetning Skuggaleikhúss Ófelíu
Leikhúsið í kirkjunni	750 þús. kr.	Uppsetning Ólafíu
Pars pro toto	750 þús. kr.	Uppsetning Lady fish and chips
Íslenska leikhúsið	750 þús. kr.	Uppsetning Gerplu
Evrópa	750 þús. kr.	Uppsetning Mister man
Lipurtré	750 þús. kr.	Uppsetning Fimm fermetra

Þá var fyrr á þessu ári úthlutað samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um listamannalaun, að fenginni umsögn leiklistarráðs, starfslaunum til eftirfarandi leikhópa:

Leikfélag Íslands	12 mánuðir
Möguleikhúsið	12 mánuðir
Norðuróp	12 mánuðir
EGG-leikhúsið	9 mánuðir
Hafnarfjarðarleikhúsið	9 mánuðir
Kaffileikhúsið og The Icelandic Take Away Theatre	9 mánuðir
Strindberg-hópurinn	9 mánuðir
Einleikhúsið/Sigrún Sól	8 mánuðir
Lipurtré	6 mánuðir
Þíbilja	6 mánuðir
Íslenska leikhúsið	4 mánuðir
Leikhúsið í kirkjunni	4 mánuðir

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma.

Eftirfarandi leikhópar fengu synjun um styrk vegna starfsemi atvinnuleikhópa/frjálsra leikhópa:

Svöluleikhúsið
Draumasmiðjan
Leynileikhúsið
Dansleikhús með ekka
Leikhúsið 10 fingur
Halla Margrét Jóhannesdóttir
Stoppleikhópurinn
Furðuleikhúsið
Leikfélagið Regína
Sokio-leikhúsið
VIGMA
Jóhann F. Björgvinsson og Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Einleikhúsið

Samkvæmt leiklistarlögum byggir ráðuneytið úthlutun sína á tillögum leiklistarráðs. Með vísan til 21. gr. stjórnsýslulaga hefur ekki verið leitað eftir rökstuðningi ráðsins fyrir ákvörðunum sínum, en í greininni segir m.a.:

„Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.“

302. Svar [111. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um einbreiðar brýr.

1. *Hve margar einbreiðar brýr eru óbreikkaðar á þjóðvegi 1, sundurliðað eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan?*

Gert er ráð fyrir að um næstu áramót verði 78 einbreiðar brýr á hringveginum. Þessar brýr eru í þremur kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan og er skipting þeirra eftirfarandi:

Norðvesturkjördæmi	7 brýr
Norðausturkjördæmi	27 brýr
Suðurkjördæmi	44 brýr

2. *Hvaða áform eru uppi um breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1, sundurliðað eftir kjördæmum samkvæmt nýrri kjördæmaskipan, og hver mun kostnaðurinn verða?*

Samkvæmt núgildandi vegáætlun sem samþykkt var 13. maí 2000 og nær til ársins 2004 er gert ráð fyrir að taka úr umferð, ýmist með endurbyggingu eða breikkun, 16 einbreiðar brýr. Bæði er um að ræða stök verkefni og verkefni tengd vegaframkvæmdum. Fjárveitingar í vegáætlun til þessara verkefna, bæði til vega- og brúargerðar, eru um 1.900 m.kr.

Fjöldi þeirra einbreiðu brúa sem teknar verða úr umferð á tímabili vegáætlunarinnar skiptist þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	3 brýr
Norðausturkjördæmi	5 brýr
Suðurkjördæmi	8 brýr

Hugmyndir eru um frekari fækkun einbreiðra brúa í langtímaáætlun í vegagerð sem samþykkt var á Alþingi 2. júní 1998 og nær til ársins 2010. Þar er um að ræða 11 brýr, ýmist í stökum verkefnum eða í tengslum við breytingar og endurbætur á vegum. Kostnaður við þessi verkefni er áætlaður um 1.600 m.kr. og er þá talinn kostnaður við vega- og brúargerð.

Fjöldi þeirra einbreiðu brúa sem fara úr umferð samkvæmt tillögum í langtímaáætlun á árunum 2005–2010 skiptist milli kjördæma á eftirfarandi hátt:

Norðvesturkjördæmi	4 brýr
Norðausturkjördæmi	2 brýr
Suðurkjördæmi	5 brýr

Í flestum þessara verkefna eru stórar brýr, en auk þess verður haldið áfram að setja stálrör í stað smærri einbreiðra brúa, þar sem það er unnt. Fjöldi þeirra eða skipting milli kjördæma liggur ekki fyrir.

303. Fyrirspurn [258. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hvali.

Frá Gunnari Birgissyni.

1. Hversu stórir eru einstakir hvalastofnar nú miðað við stærð þeirra seint á nítjándu öld?
2. Hversu miklu af botnfiski er áætlað að tannhvalir sporðrenni á ári hverju?
3. Hafa fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar tekið tillit til þess magns sem hvalir éta af botnfiski við ákvörðun á veiðikvótum fyrir hinar ýmsu botnfiskstegundir?

304. Fyrirspurn [259. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu sauðfjárafurða.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hefur verið kannað hvort útflutningsskyldar sauðfjárafurðir hafi verið seldar á innanlandsmarkaði?
2. Ef svo er, hve mikil hefur sú sala orðið og hvernig hefur sú breyting komið fram í ákvörðun um útflutningsskyldu næsta árs?
3. Hvernig hafa sauðfjárbændur fengið skil á verðmun?

305. Fyrirspurn [260. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslumark í sauðfjárbúskap.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hve mikil hafa uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki samkvæmt ákvæðum búvörusamnings orðið og hver var viðmiðun búvörusamningsins?
2. Hvenær og hvernig koma til framkvæmda ákvæði búvörusamnings um frjálst framsal greiðslumarks?

306. Fyrirspurn [261. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kúabólusetningu.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Er til bóluefni gegn bólusótt hér á landi?
2. Hvenær var kúabólusetningu hætt á Íslandi?
3. Hafa heilbrigðisyfirvöld tekið afstöðu til þess hvort hefja skuli slíkar bólusetningar að nýju?
4. Er talið að þeir sem bólusettir voru fyrr á árum hafi enn mótefni gegn bólusótt?

307. Fyrirspurn [262. mál]

til umhverfisráðherra um rannsóknasetur að Kvískerjum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað líður undirbúningsvinnu að stofnun rannsóknaseturs að Kvískerjum og hvenær má búast við að framkvæmdin hefjist?
2. Hverjir munu standa að byggingu og rekstri rannsóknasetursins?
3. Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í rannsóknasetrinu og hverjir munu eiga aðgang að því?
4. Hvernig hefur það fé verið nýtt sem var veitt af fjárlögum ríkisins til undirbúnings rannsóknaseturs að Kvískerjum?
5. Hefur verið myndaður sérfræðingahópur sem hefur það hlutverk að kynna sér og fjalla um rannsóknir á svæðinu og gera tillögur um ný rannsóknarverkefni, og ef ekki, hvenær má búast við að til hans verði stofnað?

Skriflegt svar óskast.

308. Fyrirspurn [263. mál]

til samgönguráðherra um truflanir á fjarskiptum vegna raflína.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvar á landinu koma fram truflanir á fjarskiptum vegna virkra rafgirðinga (landsvæði eða býli)?
2. Í hve mörgum tilfellum koma truflanirnar fram vegna veikra fjarskiptasendinga?
3. Í hve mörgum tilfellum koma fram truflanir vegna legu strengjanna, staðsetningar á jarðskautum rafgirðinganna eða styrks viðnámsins? Sundurliðun óskast.

4. Hvernig hagar Landssíminn upplýsingum til bænda um legu jarðstrengja?
5. Hvernig koma truflanir vegna rafgirðinga fram í fjarskiptum gegnum símstrengi, hvaða óþægindum valda truflanirnar í daglegum samskiptum fólks og atvinnu?
6. Verða íbúar þeirra svæða/býla sem búa við truflanir á fjarskiptasendingum fyrir auknum útgjöldum vegna þessa?
7. Hvernig eru fjarskiptalagnir sem lagðar eru um lönd bænda varðar (skermaðar)?
8. Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að koma í veg fyrir áframhaldandi truflanir á fjarskiptum gegnum símalínur?

Skriflegt svar óskast.

309. Fyrirspurn [264. mál]

til iðnaðarráðherra um rafgirðingar.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur farið fram heildarúttekt á rafgirðingum á ákveðnum landsvæðum eða landshlutum m.a. með tilliti til fjarlægðar rafgirðinga frá háspennulínum og þverunar þessara lína, festinga rafgirðinga í háspennustaura, fjarlægðar rafgirðinga og jarðskauta þeirra frá fjarskiptalögnum, nálgunar annarra jarðskauta, svo sem frá háspennuvirkjum, útbreiðsluviðnáms rekstrarjarðskauta, merkinga og legu rafgirðinga, og ef ekki, er fyrirhugað að gera slíka úttekt?
2. Hvernig er eftirliti með uppsetningu nýrra rafgirðinga háttað og hvaða faggiltir aðilar sjá um eftirlitið?
3. Er skylt að tilkynna um nýlagningu rafgirðinga, og ef svo er, hvernig og hvert á að tilkynna uppsetningu þeirra?
4. Þurfa faggiltir aðilar að fylgjast með uppsetningu rafgirðinga?
5. Hve oft frá 1. janúar 1997 hafa verið gerðar athugasemdir við uppsetningu nýrra rafgirðinga og hvaða athugasemdir voru gerðar?
6. Hvernig er eftirliti með eldri rafgirðingum háttað?
7. Hverjir bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi rafgirðinga?
8. Hver metur hvort rafgirðing er talin henta?
9. Hvert geta bændur leitað eftir leiðbeiningum um uppsetningu og frágang rafgirðinga og annarra raforkuvirkja til notkunar við búrekstur?
10. Gilda sömu reglur um fimm víra rafgirðingu og þær sem hafa færri strengi?
11. Hve víða eru rafgirðingar ótryggar vegna fjarlægðar þeirra eða jarðskauta frá fjarskiptalögnum?
12. Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til þess að tryggja öryggi rafgirðinga með tilliti til fjarskiptalagna?

Skriflegt svar óskast.

310. Frumvarp til laga [265. mál]

um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna verður svohljóðandi:

Einn dómari skipar dóm í hverju máli. Nú neitar ákærði sök og dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi framburðar vitna fyrir dómi og skal þá dómstjóri ákveða að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 150. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.
b. Orðin „eða 2.“ í 3. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Venjulega eru tvö dómstig í dómsmálum hér á landi. Frá því eru þó undantekningar í svokölluðum minni málum. Er þar átt við einkamál þar sem fjárhagslegir hagsmunir eru ekki miklir og opinber mál þar sem refsingar eru ekki þungar. Í slíkum málum þarf leyfi frá Hæstarétti til þess að unnt sé að áfrýja héraðsdómi, sbr. 152. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og 150. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mál.

Röksemdir fyrir takmörkun á rétti til áfrýjunar eru fyrst og fremst þær að takmarka málafjölda á áfrýjunarstigi. Miklir hagsmunir eru bundnir við að álag á áfrýjunarstigi verði ekki of mikið þannig að málsmeðferð dragist á langinn. Undanfarin ár hefur náðst mikill árangur hvað varðar málshraða fyrir Hæstarétti.

Hér er lagt til að felldar verði niður lögbundnar takmarkanir við því að maður sem hefur verið sakfelldur í opinberu máli geti áfrýjað niðurstöðunni til Hæstaréttar. Ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um að ákæra einstakling fyrir refsiverðan verknað er að sjálfsögðu stór ákvörðun. Leiði ákæran til sakfellingar getur slíkt verið mikið áfall fyrir þann sem fyrir verður. Það hlýtur að þurfa sterk rök og mikla þjóðfélagslega hagsmuni til þess að setja lagareglu sem takmarkar rétt sakfellds manns til þess að bera sakfellinguna undir dómara á æðra dómstigi. Að mati flutningsmanns eru rökin fyrir óheftum áfrýjunarrétti sakfelldra manna í opinberum málum svo sterk að önnur rök verða að víkja. Sparnaðarrökum má ekki tefla fram á kostnað réttlætis og mannréttinda.

Þegar um er að ræða mál sem ráðast af sönnunargildi framburðar vitna er líklegt að nauðsynlegt sé að vega og meta ýmis álitaefni og er eðlilegt við slíkar aðstæður að fleiri en einn dómari dæmi. Með þessum hætti er stuðlað að traustara réttaröryggi.

311. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Karl V. Matthíasson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Nefndin kanni jafnframt hvaða þættir hafi helst áhrif á vöruverð og rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og hvar skilji á milli.

Nefndin kanni sérstaklega og meti:

a. áhrif *þungaskatts* á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni.
b. Áhrif *þungaskatts* á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á rekstrarskilyrði þeirra.

Nefndin móti tillögur sem hafi að markmiði að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð og jafni rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja í sambandi við flutningskostnað milli landsvæða.

Nefndin skili skýrslu til Alþingis fyrir 1. október 2002.

Greinargerð.

Áhrif á vöruverð.

Verðlagskannanir hafa sýnt að verðlag á landsbyggðinni er yfirleitt hærra en á höfuðborgarsvæðinu og munar oft talsverðu. Þá hafa kannanir sýnt að fólk telur óhagstætt verðlag á meðal helstu ókosta þess að búa á landsbyggðinni.

Orsakir hærra verðlags á landsbyggðinni eru margvíslegar og má þar t.d. nefna háan flutningskostnað, óhagstæðar rekstrareiningar og oft litla samkeppni.

Með þingsályktunartillögu þessari er ætlunin að kannað verði rækilega hvaða orsakir liggja að baki umræddum verðlagsmun þannig að menn geti gripið til markvissra aðgerða sem hafi það að markmiði að jafna þennan mun. Í þessum tilgangi er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs á landsbyggðinni og bera hana saman við þróun vöruverðs á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að nefndin kanni þá þætti sem helst hafa áhrif á vöruverð á landsbyggðinni annars vegar og á höfuðborgarsvæðinu hins vegar og greini jafnframt hvar helst ber á milli.

Rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni.

Jafnframt er nefndinni ætlað að kanna þróun á rekstrar- og samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða áhrif þungaskatturinn hefur á rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni og hvort þungaskattskerfið mismuni fyrirtækjum eftir því hvar þau eru á landinu. Flutningsmenn telja að samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sé að versna jafnt og þétt og nægir þar að nefna nýlegar gjaldskrárbreytingar Eimskipafélags Íslands sem er eina skipafélagið sem enn rekur strandsiglingaþjónustu hér á landi.

Landsmenn sitji við sama borð.

Flutningsmenn telja að ríkisvaldinu beri skylda til að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að setningu laga og reglna í samfélaginu. Fullyrða má að þungaskattskerfið sem við búum við sé þess eðlis að það komi harðar niður á landsbyggðarbúum en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Nú er svo komið að langstærstum hluta innfluttra vara er skipað upp í Reykjavík eða nágrenni hennar og þaðan er vörunum dreift út um landið með vöruflutningabifreiðum. Þungaskattur leggst á þessa flutninga og því lengra sem ekið er með vöru því hærri verður þungaskatturinn. Skatturinn kemur þannig fram í hærri flutningskostnaði sem aftur kemur fram í hærra vöruverði til viðkomandi neytenda.

Nauðsynlegt er að bregðast við þessu og því er lagt til að nefndin kanni sérstaklega áhrif þungaskatts á vöruverð og hvaða áhrif breytingar undanfarinna ára á þungaskatti hafa haft á vöruverð á landsbyggðinni en ætla má að áhrif hans hafi aukist hin seinni ár, sérstaklega eftir að afsláttarkerfi þungaskatts var lagt niður.

Lagt er til að nefndinni verði falið að gera tillögur sem miði að því að draga úr áhrifum þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni. Benda má á að í núgildandi lögum um fjáröflun til vegagerðar er veittur afsláttur af þungaskatti af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum og eins njóta bændur afsláttar. Í lögunum er jafnframt kveðið á um að þeir sem noti innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skuli greiða 50% lægri þungaskatt. Af þessu má sjá að þungaskatturinn er bæði notaður til jöfnunar og sem stýritæki.

Í Noregi hafa menn farið þá leið að skipta landinu niður í svæði og er mismunandi skattheimta á milli svæðanna réttlætt út frá byggðasjónarmiðum. Rétt er að nefndin skoði ítarlega hvernig þetta er framkvæmt í Noregi.

Aðgerðir í byggðamálum.

Verulega hefur skort á aðgerðir í byggðamálum þótt vandi landsbyggðarinnar og áhrif hans hafi verið ljós. Má í því sambandi vitna í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 sem samþykkt var á 123. þingi en þar segir í upphafi ályktunargreinarinnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001 sem hafi að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt verði að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010.“

Í fylgiskjali IV með tillögunni segir síðan:

„IV. Hvers vegna flytur fólk búferlum frá landsbyggðinni?

Rannsóknin á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, sem sagt er frá í bókinni Búseta á Íslandi, leiðir í ljós að mjög náið samband er milli mats íbúa einstakra landshluta á búsetuskilyrðum byggðarlagsins og fólksfjöldaþróunar. Þar sem íbúar hafa yfir fleiru að kvarta í búsetuskilyrðunum hefur fólksfjöldaþróunin orðið óhagstæðust vegna mikils brottflutnings. Þar sem ánægja með 24 þætti búsetuskilyrða er mest hefur þróunin orðið hagstæðust og mest fjölgað.

Búsetan er almennt veikust í smæstu sjávarútvegsbyggðarlögunum, einkum í þorpum með innan við 1000 íbúa. Náið samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu á landsbyggðinni og brottflutnings til höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum 35 árum. Flutningur vinnslu út á sjó í frystitogara og það óöryggi sem frjálst framsal veiðikvóta skapar í minni sjávarútvegsþorpum virðist eiga ríkan þátt í aukinni búseturöskun á síðustu árum. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

IV.1. Viðhorf íbúa á hættusvæðunum.

Til að draga skýrt fram niðurstöður rannsóknarinnar er gagnlegt að skoða meðfylgjandi yfirlit um óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna í mestu jaðarbyggðunum, eða þeim svæðum sem Byggðastofnun hefur skilgreint sem sérstök hættusvæði á landsbyggðinni, vegna þess að þau hafa tapað meira en 10% af íbúum sínum á síðustu 10 árum.[1] Þessi greining sýnir á skýran hátt hvaða einstakir þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest sviður undan á þeim svæðum sem flestu fólki tapa. Um er að ræða eftirfarandi svæði:

Hættusvæðin á landsbyggðinni:

Vesturland:	Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla
Vestfirðir:	Allt kjördæmið
Norðurland vestra:	Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla
Norðurland eystra:	Siglufjörður, Fljóta- og Hofshreppur
Austurland:	Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Suður-Múlasýsla
Suðurland:	Vestur-Skaftafellssýsla

Tafla 2 sýnir hvaða þættir búsetuskilyrðanna það eru sem mest óánægja er með á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Heildarmynstur niðurstaðna er í samræmi við niðurstöðurnar fyrir landið allt, þó að mikilvægi einstakra þátta sé misjafnt. Hér kemur skýrlega fram að flestir íbúar hættusvæðanna, þ.e. þeirra svæða sem langflestu fólki hafa tapað á síðastliðnum árum, eru óánægðir með húshitunarkostnað, næstmest er óánægjan með verðlag og verslunaraðstæður, þá kemur lagning og viðhald vega, tekjuöflunarmöguleikar, atvinnutækifæri, húsnæðiskostnaður almennt, framboð hentugs húsnæðis á svæðinu, atvinnuöryggi og framhaldsskólamál. Á hinum enda listans eru þau atriði sem litla óánægju vekja, og þar eru áberandi margir þættir opinberrar þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði.

Tafla 2. Viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðunum á landsbyggðinni. Það sem flestir eru óánægðir með.

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Húshitunarkostnaður	78
Verðlag og verslunaraðstæður	69
Lagning og viðhald vega	58
Tekjuöflunarmöguleikar	52
Atvinnutækifæri	49
Húsnæðiskostnaður almennt	49
Framboð hentugs húsnæðis	45
Atvinnuöryggi	43
Framhaldsskólamál	43
Aðstaða til afþreyingar	38
Vöruúrval	37
Skemmtanalíf	37
Menningarlíf	35
Hætta vegna náttúruhamfara	34
Þjónustuúrval	32

[1] „Byggðir sem höllum fæti standa“ (Byggðastofnun, október 1997).

	% íbúa sem segjast óánægðir með viðkomandi þátt
Ruðningur vega á vetrum	29
Aðstaða til íþróttaiðkunar	28
Flugsamgöngur	27
Dagvistunarmál	24
Heilbrigðisþjónusta	22
Veðurfar í byggðarlaginu	21
Grunnskólamál	20
Þjónusta við aldraða	14
Hætta af völdum umferðar og ofbeldis	8

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning, en eins og fram kemur í annarri greinargerð,[2] þá greiða íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Meðalhúshitunarkostnaður á „köldu svæðunum" er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefnið, verðlag og verslunaraðstæður, tengist auðvitað aðgengi að verslunarþjónustu sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Síðan koma atriði tengd atvinnumálum og svo fleiri atriði tengd húsnæðisaðstæðum. Loks eru margir sem kvarta undan aðgengi að framhaldsskólanámi, sem eðlilega er takmarkað á umræddum svæðum."

Jöfnun lífskjara – mikilvægasta byggðamálið.

Þrátt fyrir að verðlag sé annað mesta umkvörtunarefni fólks, sbr. það sem fram kemur hér að framan, er jöfnun verðlags ekki meðal þeirra atriða sem talin eru upp í texta umræddrar þingsályktunar.

Mikilvægt er að rannsaka ofan í kjölinn þær ástæður sem liggja að baki mismunandi vöruverði eftir landshlutum þannig að unnt sé grípa til viðeigandi ráðstafana til að jafna muninn.

Sama á við um samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni sem hafa versnað mikið á undanförnum árum, og er rétt að benda á að nýlega voru stofnuð „Samtök fyrirtækja á Norðurlandi" sem m.a. hafa það markmið að jafna rekstrar- og starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni m.a. með endurbótum á flutningskerfinu hvort heldur það er á sjó, landi eða í lofti.

Jöfnun lífskjara, svo og jöfnun rekstrarskilyrða fyrirtækja án tillits til staðsetningar þeirra verður að vera meðal forgangsverkefna ef árangur á að nást í byggðamálum.

---

[2] Stefán Ólafsson, „Tengsl viðhorfa til húshitunarkostnaðar og aðgangs að hitaveitu" (greinargerð fyrir stjórn Byggðastofnunar, janúar 1998).

312. Fyrirspurn [267. mál]

til menntamálaráðherra um iðnnám á landsbyggðinni.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu margar iðnnámsbrautir hafa verið lagðar niður á landsbyggðinni í kjölfar þess að kjarnaskólar í iðnnámi voru stofnaðir?
2. Hversu margir iðnnemar sækja nám á höfuðborgarsvæðinu en eiga lögheimili utan þess?
3. Hversu margar kennarastöður hafa verið felldar niður í kjölfar þess að iðnnámsbrautir hafa verið lagðar niður á landsbyggðinni?
4. Hvernig hyggst menntamálaráðherra fylgja eftir því markmiði að halda opnum leiðum til starfsnáms fyrir sem flesta?

313. Frumvarp til laga [268. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Flm.: Þuríður Backman.

1. gr.

6. málsl. i-liðar 36. gr. laganna orðast svo: Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 125. og 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð: „Samkvæmt gildandi lögum greiðir Tryggingastofnun ríkisins kostnað við sjúkraflug ef sjúklingur er fluttur beint að heiman frá sér en sé hann fluttur af sjúkrahúsi greiðir viðkomandi stofnun flutninginn. Þetta fyrirkomulag hefur þann galla að minni sjúkrahús veigra sér við að innrita sjúklinga sem gætu þurft á sjúkraflugi að halda vegna þess að kostnaðurinn gengur nærri fjárhag lítilla stofnana. Það ýtir undir að sjúklingar séu strax sendir á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri í stað þess að gangast undir rannsókn heima fyrir til að ganga úr skugga um hvort sjúkraflug reynist nauðsynlegt. Einnig leiðir þetta til ónákvæmrar skráningar í þeim tilfellum þegar sjúklingur nýtur aðhlynningar á litlu sjúkrahúsi áður en til flutnings kemur. Sú breyting sem hér er lögð til mundi koma minni sjúkrahúsunum til góða, bæta nýtingu þeirra og draga úr sjúkraflugi.“

314. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir.

Alþingi ályktar að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytis félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála og fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefur að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Jafnframt geri starfshópurinn kostnaðaráætlun um verkefnið. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins verði formaður starfshópsins.

Greinargerð.

Lögð er fram sú tillaga að unnin verði framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra eru lagðar til grundvallar. Til að hægt sé að vinna að úrbótum í aðgengismálum þarf að meta stöðu þeirra nú, hvaða lög og reglugerðir fjalla um aðgengi og hversu vel þau tryggi aðgengi fyrir alla og að lokum vinna framkvæmdaáætlun um hvernig skuli staðið að úrbótum í aðgengismálum. Setja verður þeim framkvæmdum tímamörk og skilgreina kostnað og hver beri ábyrgð á þeim kostnaði. Markmiðið er að haustið 2002 liggi fyrir tillaga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, sem og öðrum lögum sem aðgengismál falla undir, og framkvæmdaáætlun um úrbætur í aðgengismálum.

Það kjörorð sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna byggjast á er „samfélag fyrir alla“. Með það að leiðarljósi hafa öll Norðurlöndin að Íslandi frátöldu unnið verkefna- og framkvæmdaáætlun um aðgengismál þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra eru lagðar til grundvallar. Þar að auki hafa ríkisstjórnirnar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi lagt fram frumvörp um úrbætur í aðgengismálum. Aðgengi fyrir alla felur í sér samfélag sem mætir þörfum allra þegna sinna og endurspeglar þátttöku allra.

Grunntónninn í meginreglum Sameinuðu þjóðanna er réttur fatlaðra á við aðra þegna landsins. Lögð er skylda á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að vekja athygli samfélagsins á málefnum fatlaðra og eru reglurnar ætlaðar aðildarríkjunum til leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að aðgengismálum. Meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggja ekki lagaskyldur á herðar ríkisstjórnum aðildarríkja þeirra en þær skuldbinda engu síður ríkin bæði siðferðislega og pólitískt.

Þegar unnið er að aðgengismálum er í langflestum tilvikum aðeins hugsað fyrir ytra aðgengi, þ.e. aðgengi fyrir hreyfihamlaða. En í aðgengi felst meira en það. Til að tryggja aðgengi fyrir alla þarf að huga að aðgengismálum sjónskertra og blindra, heyrnarlausra og heyrnarskertra og einstaklinga með þroskafrávik. Hafa ber þó í huga að með bættu aðgengi er ekki aðeins verið að mæta þörfum fatlaðra heldur allra þegna því öll eigum við það sameiginlegt að eldast sem felur í sér lakari sjón, heyrn og hreyfigetu.

Gildandi réttur.

Þau lög sem taka aðallega á aðgengismálum hér á landi eru skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eru mjög almenns eðlis og kveða ekki

nema að litlu leyti á um aðgengismál. Lögin hafa þó þau markmið að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fer umhverfisráðherra með yfirstjórn málaflokksins og setur hann, í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga, byggingarreglugerð er nær til alls landsins. Í byggingarreglugerð er mælt fyrir um kröfur sem gerðar eru til hönnunar mannvirkja, m.a. varðandi aðgengi fatlaðra. Þær kröfur snúa þó einungis að ytra aðgengi. Ekkert er fjallað um innra aðgengi, svo sem litaval og lýsingu, með tilliti til þarfa blindra og sjónskertra og aðgengi að upplýsingum, menntun o.fl. Skipulagsstofnun sinnir einnig aðgengismálum og er eitt af hlutverkum stofnunarinnar að veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra.

Mikill galli er á lögum um skipulags- og byggingarmál er snýr að aðgengi og vantar t.d. öll ákvæði um aðgengi fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa og heyrnarskerta og einstaklinga með þroskafrávik. Dæmi um hversu lítið lögin taka á þessu atriði er endurbygging Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Þar töldu menn sig vera að hanna byggingu aðgengilega öllum en svo er ekki. Aðeins er tekið á þörfum hreyfihamlaðra en ekki annarra hópa svo sem blindra og heyrnarskertra. Fleiri dæmi mætti nefna um endurbyggingar þar sem aðgengismálum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Þá er það sameiginlegt öllum lögum sem fjalla um réttarstöðu fatlaðra að ekki eru nein ákvæði um viðurlög ef lögunum er ekki framfylgt.

Skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra.

Árið 1999 kom út skýrsla starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra. Skýrslan var unnin af starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins sem var skipaður samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1996. Ályktunin var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu."

Meðal annars hafði starfshópurinn til hliðsjónar meginreglur Sameinuðu þjóðanna í umfjöllun um afmörkun og skilgreiningu á verkefninu, þ.e. 5., 10., 11. og 12. reglu, en þær reglur fjalla um tómstundir, menningu og aðgengi.

Í skýrslunni er leitað eftir upplýsingum um þátttöku barna og unglinga í skipulögðu tómstundastarfi, möguleika fatlaðra til ferðalaga og sumardvalar og aðgengi að menningarstarfsemi. Var þar sérstaklega litið á möguleika fatlaðra til að njóta leiklistar, sækja söfn og listsýningar, nýta sér þjónustu bókasafna og taka þátt í starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar. Einnig leggur starfshópurinn fram tillögur og ábendingar um úrbætur til þeirra ráðuneyta og sveitarfélaga sem eiga hlut að málinu.

Í skýrslunni eru dregnir fram fjölmargir þættir sem betur mega fara í aðgengismálum. Sem dæmi má nefna að af 116 kirkjum sem svöruðu erindi starfshópsins var staðan sú í 73% tilvika að fólk í hjólastól komst ekki inn hjálparlaust og sums staðar alls ekki. Tónmöskvar fyrir heyrnarskerta voru aðeins í 17% kirknanna.

Aðgengi fatlaðra barna að skipulögðu tómstundastarfi sveitarfélaganna er einnig mjög ábótavant. Af 124 sveitarfélögum sem fengu fyrirspurn svöruðu 99 (svarhlutfall tæp 80%). 36 af þessum sveitarfélögum hafa skipulagt tómstundastarf í boði og eru flest þeirra stærri sveitarfélögin. Athygli vekur að þegar spurt er hverjar séu helstu hindranir varðandi þátttöku fatlaðra í almennu tómstundastarfi er lélegt aðgengi oftast nefnt. Aðeins 21 sveitarfélag af 99 taldi aðgengi sæmilegt eða viðunandi, önnur sveitarfélög töldu aðgengi slæmt eða svöruðu ekki.

Hvað varðar aðgengi fatlaðra að sumardvöl og ferðalögum eru möguleikar þeirra mjög misjafnir. Aðgengi í orlofshúsum er mismunandi auk þess sem fatlaðir, sem þurfa að hafa með sér fylgdarmenn, þurfa yfirleitt að greiða þann kostnað sjálfir og getur það verið þeim ofviða.

Aðgengi að bókasöfnum var einnig kannað og sendi starfshópurinn fyrirspurn til 50 héraðs- og amtsbókasafna auk bókasafna stærri bæja og þéttbýlisstaða. Svarhlutfallið var 58%. Aðeins 11 af 50 bókasöfnum töldu aðgengi fyrir fólk í hjólastól vera viðunandi.

Þegar aðgengi að söfnum, kvikmyndahúsum og leikhúsum var kannað af starfshópnum var m.a. leitað eftir upplýsingum hjá fulltrúum ferlinefnda sveitarfélaganna. Aðgengi að söfnum er víða mjög ábótavant, það sama má segja um Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafn Íslands. Starfshópurinn bendir m.a. á að nauðsynlegt sé að gerð verði úttekt á hvernig búið sé að fötluðu fólki varðandi listsköpun og gerð verði áætlun til úrbóta sem byggist á þeim upplýsingum.

Starfshópurinn tekur einnig á möguleikum fatlaðra til þess að nýta sér almenn tilboð um sumardvöl, ferðalög og ferðaþjónustu. Atriði sem voru könnuð voru m.a. kostnaður vegna aðstoðarfólks, aðgengileg farartæki og gisti- og veitingastaðir.

Þeir sem ekki geta vegna fötlunar sinnar ferðast einir verða að kaupa sér aðstoð sem þýðir að þeir verða að greiða allt að tvöfaldan kostnað vegna ferða og uppihalds fylgdarmanns. Hér er um mikið réttlætismál að ræða sem úr þarf að bæta því óhætt er að fullyrða að margir fatlaðir ráða ekki við þann kostnað sem fylgir því að hafa aðstoðarmann á ferðalögum. Kemur einnig fram að aðstaða fatlaðra er mismunandi hvað þetta varðar. Þannig virðast þeir sem búa á sambýlum og stofnunum hafa betri möguleika til að ferðast þar sem starfsfólkið fylgir þeim á ferðalögum en þeir sem eru á eigin vegum.

Starfshópurinn mælir með að tryggð verði með lögum fjárhagsaðstoð við fatlaða til að standa straum af kostnaði vegna aðstoðarmanns.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðgengi að gisti- og veitingahúsum eða ferðamannastöðum.

Starfshópurinn beinir þeim tilmælum til samgönguráðuneytisins að það beiti sér fyrir því að gerð verði ítarleg úttekt á hótelum og gististöðum í landinu með tilliti til aðgengis og þjónustu við fatlaða.

Félagsmálaráðuneytið sendi öllum ráðuneytum skýrslu starfshópsins 20. febrúar 2000 þar sem vakin var athygli ráðuneytanna á einstökum köflum skýrslunnar sem sneru að hverju ráðuneyti fyrir sig.

Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins — Menntun og menning fyrir alla.

Árið 1999 var gefin út af menntamálaráðuneytinu verkefnáætlunin „Menntun og menning fyrir alla“. Markmiðið með áætluninni var skýrt: Menntun og menning fyrir alla. Fram kom að til að raunverulegur árangur náist muni menntamálaráðuneytið fylgja þeirri áætlun af mikilli festu. Meðal annars muni ráðuneytið fylgja eftir hinu víðtæka menningarátaki ársins 2000. Menningarstarf verði eflt um land allt og íslensk menning nýtt til að efla styrk þjóðarinnar og stöðu hennar í samfélagi þjóðanna. Í áætluninni segir einnig að markmið ríkisstjórnarinnar sé að standa vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla að öflugu lista- og menningarlífi sem sé aðgengilegt öllum landsmönnum.

Til að ná þessum markmiðum þyrfti samhliða að gera framkvæmdaáætlun þannig að fatlaðir mættu njóta öflugs menningarstarfs. Slík framkvæmdaáætlun liggur ekki fyrir.

Aðgengi að upplýsingum.

Í framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er aðalmarkmiðið að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Eitt af meginmarkmiðunum er að landsmenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum. Kostir upplýsingasamfélagsins verði nýttir til þess að efla lýðræðið og auka lífsgæði til hagsbóta fyrir almenning og íslenskt atvinnulíf. Upplýsingatækni verði beitt á öllum sviðum, hvort sem er við nýsköpun, heilbrigðismál, vísindi, listir og menningu eða á öðrum sviðum daglegs lífs.

Forsætisráðuneytið fer með framkvæmd stefnunnar og hefur verið unnið mjög vel að aðgengi fatlaðra að netinu. Er raduneyti.is dæmi um mjög aðgengilega vefsíðu.

Til að tryggja aðgengi að upplýsingum verður einnig að hafa í huga þarfir heyrnarlausra og heyrnarskertra og einstaklinga með þroskafrávik. Textun og táknmálstúlkun á sjónvarpsefni, sem og upplýsingar á táknmáli, svo sem um stjórnsýsluna, eru afar mikilvægar. Tryggja verður einstaklingum með þroskafrávik aðgengi að upplýsingum með útgáfu á auðlesnu efni.

Árið 1999 var lögð fram þingsályktunartillaga um textun á íslensku sjónvarpsefni. Í greinargerð með tillögunni segir að á Íslandi séu um 25.000 manns heyrnarskertir sem mundu nýta sér textun á íslensku sjónvarpsefni. Þessi tillaga hefur ekki náð fram að ganga og þegar lög um Ríkisútvarpið voru endurskoðuð var ákvæði um textun ekki sett inn í lögin. Það sem af er þessu ári (2001) hefur aðeins einn íslenskur þáttur verið textaður hjá Ríkissjónvarpinu.

Einnig er rétt að benda á dóm Hæstaréttar frá maí 1999 þar sem synjun Ríkisútvarpsins um að túlka framboðsumræður í sjónvarpssal daginn fyrir alþingiskosningar var dæmd ólögmæt. Segir í dómi Hæstaréttar að Ríkisútvarpinu beri að gæta jafnræðis milli þeirra sem útsendingum er beint til og beri eftir megni að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt sé heyrnarlausum.

Forsenda þess að heyrnarlausir geti tekið þátt í samfélaginu er að þeir fái upplýsingar á táknmáli. Til þess að svo megi verða þarf að stórefla túlkun á umræðu- og fréttaþáttum sem og textun á íslensku sjónvarpsefni.

Staðan annars staðar á Norðurlöndum.

Í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hefur verið unnin framkvæmdaáætlun um „samfélag fyrir alla“ þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna eru lagðar til grundvallar. Í öllum þessum löndum hefur verið unnið að framkvæmdaáætlun um aðgengi og hvernig skuli unnið að úrbótum og lagt fram fjármagn til að ná settum markmiðum. Eru hér aðeins nefnd nokkur dæmi um slíka vinnu.

Danmörk.

- Framkvæmdaáætlun gefin út af menningarmálaráðherra um aðgengi fatlaðra að menningu og menningarviðburðum.
- Samvinna menningarmálaráðuneytisins og By og Boligministeriet (verkefnasvið sem fellur á Íslandi undir félagsmála- og umhverfismálaráðuneyti) um breytingu á lögum sem hefur að markmiði að koma í veg fyrir að reistar séu byggingar sem ekki eru aðgengilegar.
- Menningarmálaráðuneytið hefur haft frumkvæði að því að fara fram á textun á dönsku sjónvarpsefni. Árið 1998 var þriðjungur af dönsku sjónvarpsefni textaður.

Finnland.

- Félags- og heilbrigðismálaráðuneytið gaf út framkvæmdaáætlun 1996 um „samfélag

fyrir alla“ þar sem meginreglur Sameinuðu þjóðanna voru hafðar að leiðarljósi. Í áætluninni var m.a. lögð áhersla á aukna textun og túlkun á sjónvarpsefni.
- Í stjórnarskránni er frá árinu 1995 kveðið á um rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu.
- Árið 2000 skipaði menningarmálaráðherra vinnuhóp til að vinna að úrbótum í aðgengi fatlaðra að menningu og menningarviðburðum.

Noregur.
- Árið1998 lagði ríkisstjórnin fram framkvæmdaáætlun um þátttöku og jafnræði fatlaðra í samfélaginu. Meginreglur Sameinuðu þjóðanna eru hafðar að leiðarljósi. Meðal verkefna er að auka styrki til leiksýninga sem fluttar eru á táknmáli, herða kröfur um aðgengi að íþróttamiðstöðvum og vinna að þróunarverkefninu „Menning og heilsa“.

Svíþjóð.
- Aðgengi fatlaðra að menningu, skýrsla sem gefin var út árið 1998.
- Frá því að skýrslan kom út hefur ríkisstjórnin árlega lagt fram 2 milljónir sænskra króna til að vinna að úrbótum í aðgengi fatlaðra að menningu. Hefur m.a. verið unnið að þróunarverkefninu „Söfn fyrir alla“.
- Árið 2000 lagði sænska ríkisstjórnin fram stjórnarfrumvarpið „Från patient til medborgare“ (frá sjúklingi til samfélagsþegns), framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðra þar sem leggja á áherslu á bætt aðgengi, þjónustu og viðmót við fatlaða. Lögð verður áhersla á að áætlunin snerti öll svið samfélagsins.
- Um 27% sænsks sjónvarpsefnis eru textuð og hafa verið sett markmið um að helmingur af efninu verði textaður árið 2005.
- Agenda 22, verkefni styrkt af Evrópubandalaginu. Verkefnið hefur að leiðarljósi að kynna meginreglur Sameinuðu þjóðanna fyrir sveitarfélögunum.

Niðurlag.

Ýmislegt hefur áunnist hér á landi í réttindamálum fatlaðra á undanförnum árum og áratugum en af samanburði við stöðuna annars staðar á Norðurlöndum má sjá að enn er mikið verk óunnið, ekki síst hvað varðar aðgengismál í víðum skilningi. Flutningsmenn vilja með tillögu þessari hvetja til þess að unnið verði markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.

315. Svar [130. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattlagningu launa og fjármagns.

1. *Telur ráðherra að misræmi milli skatta á launatekjur annars vegar og skatta á félög og arð hins vegar hafi valdið því að félög séu stofnuð í þeim tilgangi að lækka skattgreiðslur, og ef svo er, telur ráðherra ekki ástæðu til að dregið sé úr misræminu?*

Ráðherra telur að mishá skatthlutföll eftir eðli tekna séu aðeins einn þáttur af mörgum sem horft er til þegar tekin er ákvörðun um stofnun félags. Þar komi til margir fleiri þættir, bæði félagslegs og viðskiptalegs eðlis, þó svo að skattalegt umhverfi hljóti alltaf að skipta miklu máli.

2. *Hver getur mismunur á skattlagningu á tekjur af starfsemi orðið mestur eftir því hvort hún er rekin í formi einstaklingsreksturs eða í formi hlutafélags þegar tekið er tillit til tekjuskatts og útsvars einstaklinga, sérstaks tekjuskatts, tekjuskatts félaga og tryggingagjalds?*

Eftir því sem fjármálaráðuneytið kemst næst hafa engar rannsóknir verið gerðar á jaðaráhrifum skattkerfisins eftir mismunandi rekstrarformum hjá þeim stofnunum sem líklegastar eru til að sinna slíkum verkefnum. Ljóst er að slík rannsókn er mjög flókin og tímafrek eigi að vinna hana á faglegan hátt þannig að tillit sé tekið til allra þeirra þátta sem áhrif hafa á matið. Ráðherra telur því ekki mögulegt að svara þessari spurningu frekar í ljósi þess skamma tímafrests sem veittur er til svara. Á hinn bóginn er ljóst að hér er á ferðinni verðugt verkefni fyrir stofnanir og aðra þá aðila sem hafa áhuga á skattrannsóknum.

3. *Hver hefur verið fjölgun skattskyldra lögaðila síðastliðin fimm ár?*

Í eftirfarandi töflu kemur fram fjölgun skattskyldra lögaðila síðastliðinn áratug.

Fjöldi lögaðila eftir skattumdæmum 1991–2001.

Fjöldi á grunnskrá

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Reykjavík	7.001	7.005	7.238	7.494	7.929	8.290	8.689	9.320	10.034	10.927	11.621
Reykjanes	1.873	1.878	2.075	2.271	2.566	2.632	2.936	3.319	3.642	4.070	4.552
Vesturland	750	745	761	863	904	942	1.127	1.159	1.238	1.301	1.364
Vestfirðir	608	604	617	665	687	706	706	721	731	767	818
Norðurland vestra	491	473	486	520	566	588	629	651	658	676	725
Norðurland eystra	1.206	1.277	1.309	1.426	1.582	1.665	1.725	1.473	1.568	1.662	1.737
Austurland	641	617	648	689	737	782	832	866	899	1.686	987
Suðurland	666	685	165	1.257	1.321	1.326	1.443	1.548	1.609	289	1.834
Vestmannaeyjar	158	157	728	185	220	239	241	255	279	952	314
Utan umdæma	0	0	0	0	4	1	1	2	1	0	0
Landið allt	**13.394**	**13.441**	**14.027**	**15.370**	**16.516**	**17.171**	**18.329**	**19.314**	**20.659**	**22.330**	**23.952**

Fjöldi tekju- og eignarskattsskyldra

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Reykjavík	4.972	4.870	5.033	5.187	5.526	5.800	6.105	6.544	7.167	7.961	8.582
Reykjanes	1.460	1.467	1.592	1.712	1.948	1.979	2.257	2.633	2.950	3.347	3.830
Vesturland	441	426	425	440	465	494	545	577	626	673	732
Vestfirðir	445	455	459	471	484	501	497	511	513	549	594
Norðurland vestra	305	286	288	306	330	344	374	386	395	428	471
Norðurland eystra	799	798	797	844	884	924	963	1.010	1.082	1.146	1.227
Austurland	415	391	408	435	455	485	527	557	578	748	647
Suðurland	381	389	122	503	506	500	537	609	671	214	816
Vestmannaeyjar	126	123	433	137	157	173	172	183	204	623	234
Utan umdæma	0	0	0	0	4	1	1	0	0	0	0
Landið allt	**9.344**	**9.205**	**9.557**	**10.035**	**10.759**	**11.201**	**11.978**	**13.010**	**14.186**	**15.689**	**17.133**

Aðrir lögaðilar

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Reykjavík	2.029	2.135	2.205	2.307	2.403	2.490	2.584	2.776	2.867	2.966	3.039
Reykjanes	413	411	483	559	618	653	679	686	692	723	722
Vesturland	309	319	336	423	439	448	582	582	612	628	632
Vestfirðir	163	149	158	194	203	205	209	210	218	218	224
Norðurland vestra	186	187	198	214	236	244	255	265	263	248	254
Norðurland eystra	407	479	512	582	698	741	762	463	486	516	510
Austurland	226	226	240	254	282	297	305	309	321	938	340
Suðurland	285	296	43	754	815	826	906	939	938	75	1.018
Vestmannaeyjar	32	34	295	48	63	66	69	72	75	329	80
Utan umdæma	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0	0
Landið allt	**4.050**	**4.236**	**4.470**	**5.335**	**5.757**	**5.970**	**6.351**	**6.302**	**6.472**	**6.641**	**6.819**

4. *Hver hefur verið fjölgun sjálfstætt starfandi einstaklinga síðastliðin fimm ár og hvernig hafa laun þeirra (reiknað endurgjald) breyst síðastliðin fimm ár í samanburði við almennar launabreytingar?*

Ekki er unnt að fá nákvæmlega fram fjölgun sjálfstætt starfandi einstaklinga milli einstakra ára á umræddu tímabili. Í skattframtölum er að finna upplýsingar um fjölda þeirra sem reikna sér laun ár hvert án þess að fram komi hvaða vinnuframlag liggur að baki hinni reiknuðu fjárhæð. Þannig vegur einstaklingur sem reiknað hefur sér laun vegna tilfallandi greinarskrifa jafnþungt í fjöldatölunni og bóndi eða sjómaður í fullu starfi. Það misvægi skekkir síðan útreikninga á meðalfjárhæð reiknaðra launa. Til glöggvunar og fróðleiks er birt tafla unnin úr gögnum RSK um fjölda þeirra sem reikna sér laun á umbeðnu tímabili, heildarlaunagreiðslur þeirra og meðallaun. Einnig eru birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem hafa hagnað af sjálfstæðum atvinnurekstri og um heildarhagnað.

Upplýsingar úr skattframtölum 1996–2001.

	Framtalsár					
Tekjur á árgrundvelli	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**
Fjöldi framteljenda með reiknuð laun	26.779	27.057	26.309	24.705	24.176	23.509
Reiknuð laun, millj. kr.	15.485	15.964	16.170	15.814	16.212	17.298
Meðaltal á framteljanda, þús. kr.	578	590	615	640	671	736
Fjöldi framteljenda með hreinan hagnað	13.475	13.762	15.443	15.660	16.030	16.203
Hreinn hagnaður, millj. kr.	6.597	6.690	8.147	9.174	9.929	10.115
Meðaltal á framteljanda, þús. kr.	490	486	528	586	619	624

5. *Hvert er hlutfall fjármagnstekjuskatts hér á landi samanborið við önnur OECD-ríki og hverjar eru tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskattinum sem hlutfall af þjóðarframleiðslu samanborið við önnur OECD-ríki?*

Ekkert samræmt uppgjör liggur fyrir um hlutfall fjármagnstekjuskatts af heildarskatttekjum hins opinbera eða þjóðarframleiðslu í OECD-ríkjunum vegna mismunandi reglna í einstökum ríkjum. Til þess að varpa einhverju ljósi á það hvernig fjármagnstekjur eru almennt skattlagðar í helstu aðildarríkjum OECD er til fróðleiks yfirlitstafla frá stofnuninni um skattlagningu einstakra tegunda fjármagnstekna í OECD-ríkjunum. Hún sýnir í hnotskurn hvers vegna ekki hefur reynst unnt að koma á fót samræmdu uppgjöri á skattlagningu fjármagnstekna fyrir aðildarríki OECD.

Skattlagning vaxtatekna og arðgreiðslna hjá einstaklingum búsettum í aðildarríki.

Aðildarríki	Bankainnstæður	Ríkisskuldabréf	Arðgreiðslur (að meðtöldum skattfrádrætti ef við á)[a]	Tegund skattkerfis hjá fyrirtækjum	Skattafsláttur (% af nettóarðgreiðslu)[b]
Ástralía	IT (G)	IT (G)	IT (36 C)	FI	56,25
Austurríki	25 O	25 O	25 O	CL	
Belgía	15 O	15 O	15 O	CL	
Kanada	IT (G)	IT (G)	IT (22,1 C)	PI	27,6
Tékkland	15 F	15 F	15 F	PD	
Danmörk	IT (G)	IT (G)	25 F, IT (25 C)	PC	
Finnland	29 F	29 F	IT (29 C)	FI	40,85
Frakkland	15 O	15 O	IT (33,33 C)	FI	50
Þýskaland	IT (G) / IT (31,65 C)	IT (G) / IT(31,65 C)	IT (G) / IT (48,47 C)	FI/SR	94,1
Ungverjaland	EX	EX	20 F, 35 F	CL	
Ísland	10 F	10 F	10 F	PD	
Írland	20 F, 24 F	IT (24 C)	IT (24 C)	CL	
Ítalía	27 F	12,5 F	12,5 F	FI	58,73
Japan	20 F	20 F	35 F, IT (20 C)	CL	
Kórea	20 F, EX	20F, EX	20F, EX, IT (G)	PC	19,05
Lúxemborg	IT (G)	IT (G)	IT (25 C)	CL	
Mexíkó	24 F	EX	40 O	FI	53,85
Holland	IT (G)	IT (G)	IT (25 C)	CL	
Nýja-Sjáland	IT (19,5 C)	IT(19,5 C)	IT (33 C)	FI	49,25
Noregur	IT (G)	IT (G)	IT (28 C)	FI	38,89
Pólland	EX	EX	20F	CL	
Portúgal	20 O	20 O	25 O	PC	28,24
Spánn	IT (G), IT (18 C), EX	IT (G), IT (25 C), EX	IT (G), IT (28,57 C), EX	PI	40
Svíþjóð	IC	IC	IC	CL	
Sviss	IT (35 C)	IT (35 C)	IT (35 C)	CL	
Tyrkland	16,5 F	IT	IT (5,5 C eða 16,5 C)	PC	20
Bretland	IT (G) / IT (20 C)	IT (G) / IT (20 C)	IT (10 C)	PI	11,11
Bandaríkin	IT (G)	IT (G)	IT (G)	CL	

(a) Þessi dálkur sýnir staðgreiðsluskatt eða skattafslátt sem % af skattskyldri fjárhæð.
(b) Þessi dálkur sýnir skattafslátt sem % af nettóarðgreiðslu í þeim tilvikum þar sem við á.

Skýringar á skammstöfunum.

IT (G): Vaxtatekjur og arðgreiðslur eru skattlagðar eins og aðrar tekjur.
IT (10 C): 10% staðgreiðsluskattur (eða skattafsláttur) sem er frádráttarbær frá almennri álagningu.
10 F: 10% staðgreiðsluskattur (eða óafturkræfur skattafsláttur v/arðgreiðslu) er endanlegur í öllum tilvikum.
10 O: 10% staðgreiðsluskattur (eða skattafsláttur v/arðgreiðslu) er valkvæður.
EX: Vextir/arður er skattfrjáls.
CI: „Tvísköttun."
FI: Fyrirtækjaskattur frádráttarbær hjá hluthafa.
PI: Fyrirtækjaskattur frádráttarbær að hluta hjá hluthafa.
PD: Arður er frádráttarbær upp að vissu marki.
PC: Skattfrelsi arðs hjá hlutahafa upp að vissu marki.
ZR: O-skattur á mótteknum arði.
SR: Frádráttur að hluta, bæði hjá fyrirtækinu og eigendum þess.

316. Svar [72. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Í ráðuneytinu hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess og er sú vinna unnin undir forystu jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins. Áætluninni sem nú er í smíðum er fyrst og fremst ætlað að skilgreina hlutverk og verkefni jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins og verður hún byggð m.a. á jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins sem verið er að ganga frá og mun birtast í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem liggur fyrir í lokadrögum. Ráðuneytið safnar árlega upplýsingum um stöðu jafnréttismála hjá stofnunum ráðuneytisins og nokkrar af undirstofnunum þess hafa sett sér markmið í jafnréttismálum. Stjórnendur ráðuneytisins eru meðvitaðir um jafnan hlut kynjanna við mat á umsóknum og við val á starfsfólki, sbr. III. kafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Hæfni umsækjenda er meginforsenda við val á umsækjendum, en hlutföll kynja eru einnig höfð til hliðsjónar.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Auglýst hafa verið ellefu störf á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár. Um var að ræða stöðu skrifstofustjóra lyfjamálaskrifstofu, sex stöður deildarstjóra, ein staða bókasafnsfræðings og þrjár stöður stjórnarráðsfulltrúa.

1. Um stöðu skrifstofustjóra lyfjamálaskrifstofu sóttu þrír karlar og karl var ráðinn.
2. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu tveir karlar og karl var ráðinn.
3. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu tvær konur og sjö karlar og karl var ráðinn.
4. Um stöðu deildarstjóra á fjármálaskrifstofu sóttu fimm konur og tíu karlar og karl var ráðinn.
5. Um stöðu deildarstjóra á lögfræðiskrifstofu sóttu sjö konur og tveir karlar og kona var ráðin.
6. Um stöðu deildarstjóra á lögfræðiskrifstofu sóttu þrjár konur og einn karl og kona var ráðin.
7. Um stöðu deildarstjóra á skrifstofu heilsugæslu-, sjúkrahús- og öldrunarmála sóttu sex konur og fimm karlar og kona var ráðin.
8. Um stöðu bókasafnsfræðings sóttu sex konur og kona var ráðin.
9. Ráðningar á þremur stjórnarráðsfulltrúum fóru í gegnum ráðningarskrifstofu, 17 konur sóttu um og voru þrjár konur ráðnar.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðið hefur verið í tvær stöður án auglýsingar á síðustu þremur árum. Um er að ræða tvær stöður deildarstjóra eða sérfræðinga og um var að ræða eina konu og einn karl. Þrír starfsmenn komu til starfa eftir tilflutning frá öðrum opinberum aðilum. Hér var bæði um að ræða tilflutning innan Stjórnarráðsins og frá stofnunum ráðuneytisins. Hér var um að ræða stöðu fjármálastjóra, deildarstjóra og stjórnarráðsfulltrúa og allir þessir starfsmenn eru konur. Auk þess fluttist einn starfsmaður með verkefni sem var fært inn í ráðuneytið en hafði áður verið hjá Reykjavíkurborg, þessi starfsmaður er kona. Enn fremur hafa verið ráðnir starfsmenn í sumarafleysingar og til að leysa einstök afmörkuð tímabundin verkefni.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Í töflunum hér á eftir er yfirlit yfir nefndir, ráð, stjórnir og vinnuhópa á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Nefnd	Dagsetning skipunar-bréfa	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall kvenna	For-maður, karl/kona	Áætluð verklok
Stjórnir kosnar af Alþingi						
Tryggingaráð	16.06.99	5	2	40%	karl	
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna	22.12.99	7	3	43%	kona	2003
Nefndir, stjórnir eða ráð skipuð af ráðherra samkvæmt lögum/reglugerðum.						
Áfengis- og vímuvarnaráð	28.9.98	8	6	75%	karl	
Afgreiðslunefnd um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra	1.10.99	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Geislavarnir ríkisins	1.1.98	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Hjúkrunarráð	11.1.00	3	3	100%	kona	til fjögurra ára
Kvartananefnd, nefnd um ágreiningsmál	29.11.99	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Ljósmæðraráð	1.1.00	3	3	100%	kona	til fimm ára
Lyfjanefnd ríkisins	1.11.00	7	1	14%	karl	31.10.04
Lyfjaverðsnefnd	10.11.99	3	1	33%	karl	
Manneldisráð	1.10.98	5	3	60%	kona	30.09.02
Nefnd um greiðsluþátttöku skv. 41. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994	5.12.00	5	1	20%	karl	til fjögurra ára
Nefnd um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa	24.10.91	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	24.2.99	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Samstarfsnefnd um málefni aldraða	28.1.00	6	1	17%	karl	til næstu alþingis-kosninga
Samstarfsnefnd skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 19/1997 (um smitnæma sjúkdómsvalda)	8.11.00	3	1	33%	karl	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf	17.3.00	3	3	100%	kona	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um sérfræðileyfi sálfræðinga	24.7.98	3	0	0%	karl	
Sérfræðinefnd samkvæmt reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun	1.10.01	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Siðanefnd innan heilsugæslunnar skv. 2. gr. reglug. um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði	23.10.01	4	2	50%	kona	til fjögurra ára
Siglinganefnd		5	0	0%	karl	ótímabundið
Slysavarnaráð	13.4.99	8	0	0%	karl	til fjögurra ára
Sóttvarnaráð	1.9.98	7	1	14%	karl	til fjögurra ára
Stjórn Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands	2.11.01	5	1	20%	karl	til tveggja ára
Stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík	8.7.98	5	0	0%	karl	
Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands	13.10.00	6	3	50%	karl	
Stjórn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, Sjónstöð Íslands	1.1.01	3	0	0%	karl	til fjögurra ára
Stöðunefnd	1.12.98	3	1	33%	karl	30.11.01
Tannverndarráð		4	3	75%	kona	ótímabundið
Tóbaksvarnanefnd	1.4.01	3	1	33%	karl	til fjögurra ára
Úrskurðarnefnd (ráðgjöf/fræðsla um kynlíf, barneignir, fóstureyðingar o.fl.)	19.12.97	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Úrskurðarnefnd almannatrygginga	1.7.99	3	1	33%	karl	30.06.03
Úrskurðarnefnd um tæknifrjóvgun	1.7.99	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Vísindasiðanefnd	25.8.99	6	2	33%	kona	til fjögurra ára

Nefndir og vinnuhópar skipaðir til að sinna ákveðnum verkefnum						
Nefnd sem fylgist með vistunarmati aldraðra á landsvísu	lok árs 1990	5	1	20%	karl	
Nefnd (um innri mælingar á þörf fyrir hjúkrunarheimili aldraðra)	3.8.93	6	4	67%	karl	
Byggingarnefnd vegna barnaspítala á Landspítalalóð	16.6.94	5	1	20%	karl	
Byggingarnefnd vegna framkvæmda við D-álmu Sjúkrahúss/heilsugæslu Suðurnesja	2.4.97	3	1	33%	karl	
NOSOSKO	23.11.95	3	1	33%	karl	
Líffæraígræðslunefnd	22.1.97	5	1	20%	karl	
Nefnd til að endurskoða lög og reglur um sálfræðinga	15.4.97	5	2	40%	kona	
Verkefnisstjórn um fækkun slysa á börnum og unglingum	8.4.98	8	5	63%	karl	til þriggja ára
Nefnd um endurskoðun greiðslukerfa hjúkrunarheimila	15.4.99	7	4	57%	kona	
Nefnd vegna samninga Íslands við erlend ríki á sviði heilbrigðis- og tryggingamála	23.11.98	6	1	17%	karl	
Verkefnisstjórn sem hefur það verkefni að þróa nánar og fylgja eftir hugmyndum um útboð á byggingum og rekstri hjúkrunarheimilis aldraðra í Reykjavík sem hýsa 60 skjólstæðinga	24.11.98	5	1	20%	karl	
Nefnd sem skipuleggur störf sálfræðings (tilraunaverkefni á Suðurlandi)	15.1.99	3	1	33%	kona	
Vinnuhópur, vinna að gerð almennrar kröfulýsingar fyrir sjúkraskrárkerfið	18.5.99	7	2	29%	karl	
Vinnuhópur, upplýsingar sem reglubundið eru skráðar um heilbrigðismál hjá opinberum aðilum	12.4.00	8	4	50%	karl	árslok 2001
Vinnuhópur til að kanna kosti og galla þess að Blindrafélagið mundi annast rekstur Sjónstöðvar Íslands	17.4.00	3	1	33%	kona	
NOMESKO	1.6.99	3	2	67%	karl	til fjögurra ára
Nefnd (leiðir vegna aðskilnaðar kaupanda og veitanda heilbrigðisþjónustu á Íslandi)	18.2.00	10	4	40%	karl	
Stýrihópur til að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu fimmtán ára	12.4.00	6	2	33%	karl	1.1.02
Samstarfsráð um gæðamál heilbrigðiskerfisins	26.4.00	12	7	58%	karl	31.12.02
Gigtarráð	31.5.00	8	3	38%	kona	til fjögurra ára
Nefnd, samvinnuverkefni heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis, landlæknis og öldrunarstofnana (laða að fólk í öldrunarþjónustu)	8.9.00	7	5	71%	kona	
Nefnd, samkvæmt stefnu ríkisstjórnar í málefnum langveikra barna (4 ráðuneyti, htr., fél., mmr., fjr.)	12.9.00	4	2	50%	kona	
Nefnd, vaktar ónæmi fyrir sýklalyfjum í mönnum, dýrum og umhverfi, ofnotkun	20.9.00	7	0	0%	karl	
Verkefnisstjórn fyrir heilbrigðisnetið	30.5.01	3	0	0%	karl	árslok 2002
Starfsnefnd, hugmyndir um framtíðaruppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss	31.5.01	5	2	40%	kona	1.12.01
Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna	22.8.01	13	2	15%	kona	1.12.02
Samráðshópur um inntöku vistmanna á Hjúkrunarheimilið Sóltún, Reykjavík	10.10.01	3	3	100%	kona	þrjú ár í einu
Starfshópur til að gera tillögur um eflingu heilsugæslunnar í landinu	10.10.01	7	3	43%	karl	
Samtals		**291**	**108**	**37%**		

Samtals **59** nefndir, ráð, stjórnir eða vinnuhópar.

Stjórn	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall kvenna	Formaður, karl/kona
Stjórnir sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva				
Borgarnes	5	2	40%	karl
Ólafsvík	5	3	60%	karl
Grundarfjörður	5	4	80%	karl
Búðardalur	5	0	0%	karl
Dalvík	5	3	60%	karl
Reynslusveitarfélagið Akureyri (ekki búið að skipa stjórn)	5	4	80%	karl
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður (ekki búið að skipa stjórn)	5	2	40%	kona
Kirkjubæjarklaustur	5	2	40%	karl
Vík í Mýrdal	5	1	20%	karl
Rangárþing (Hella og Hvolsvöllur)	5	2	40%	kona
Laugarás	5	3	60%	karl
Hveragerði	5	4	80%	karl
Mosfellsbær	5	1	20%	karl
Þorlákshöfn	5	4	80%	karl
Sólvangur Hafnarfirði (heilsugæslust.)	5	2	40%	karl
Garðabær	5	4	80%	kona
Kópavogur	5	3	60%	karl
Seltjarnarnes	5	4	80%	kona
Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík	5	0	0%	karl
Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa				
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	5	3	60%	kona
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	5	3	60%	kona
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	5	3	60%	karl
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	5	1	20%	karl
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	5	2	40%	kona
Stjórn Hornbrekku á Ólafsfirði (heilsugæslustöð, dvalar- og hjúkrunarheimili)	5	4	80%	kona
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	5	3	60%	karl
Heilbrigðisstofnun Austurlands	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	5	2	40%	karl
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	5	2	40%	kona
Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	5	2	40%	karl
Stjórn St. Jósefsspítala, Hafnarfirði	5	4	80%	kona
Sólvangur Hafnarfirði (sjúkrahúsið)	5	3	60%	kona
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	5	1	20%	karl
Sjálfseignarstofanir				
Stjórn St. Franciskusspítala, Stykkishólmi		ráðherra tilnefnir mann í stjórnina		
Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Kirkjubæjarklaustri	5	3	60%	karl
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	5	1	20%	karl
Samtals	**195**	**95**	**49%**	

Samtals **40** stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

317. Svar [80. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Í sjávarútvegsráðuneytinu hefur að undanförnu verið unnið að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en gerð hennar er ekki lokið. Hins vegar er samráðshópur að störfum sem er að leggja lokahönd á jafnréttisstefnu fyrir Stjórnarráðið í heild og mun þeirri vinnu vera því sem næst lokið. Þegar jafnréttisstefna Stjórnarráðsins liggur fyrir mun ráðuneytið útfæra sína framkvæmdaáætlun nánar í samræmi við hana. Við val á umsækjendum um störf í ráðuneytinu er hæfni umsækjenda fyrst og fremst lögð til grundvallar en hlutfall kynja við sambærilegar stöður í ráðuneytinu jafnan haft í huga.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Á vegum ráðuneytisins hafa sex stöður verið auglýstar á sl. þremur árum. Um er að ræða tvær stöður sérfræðinga. Umsækjendur um þær voru alls 48, 34 karlar og 14 konur. Ráðnir voru karlar í báðar stöðurnar og við val á umsækjendum var m.a. tekið mið af kynjaskiptingu í sambærilegum störfum í ráðuneytinu. Ein staða sendils hefur verið auglýst tvisvar á sl. 3 árum. Í annað skiptið sóttu fjórir um starfið, allt karlar, en upplýsingar um fjölda umsókna í síðara skiptið liggja ekki fyrir í ráðuneytinu þar sem umsóknir fóru í gegnum ráðningarskrifstofu sem mat umsóknir eftir hæfnisskilyrðum. Þá var kona ráðin í starfið. Einnig hafa verið auglýstar tvær stöður ritara en fjöldi umsókna um þær stöður liggur ekki heldur fyrir þar sem umsóknir fóru í gegnum ráðningarstofu.

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Alls hefur verið ráðið í eina stöðu sérfræðings án undangenginnar auglýsingar og eina stöðu sendils á tímabilinu. Ráðnir voru karlar í báðum tilvikum.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Við ósk um tilnefningar í nefndir og ráð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er það starfsvenja að óska eftir tilnefningum af báðum kynjum. Varðandi svar við þessum lið að öðru leyti vísast til yfirlitsins hér á eftir.

Nefndir og ráð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

Ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skal ráðherra skipa ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til fjögurra ára. Forstjóri á sæti í nefndinni en nefndin kýs sér formann. Eftirgreindir eiga sæti í nefndinni samkvæmt tilnefningu tímabilið 1. janúar 1998 til 31. desember 2001:

Pétur Bjarnason Fiskifélagi Íslands, Alda Möller Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Jón Reynir Magnússon Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda, Tryggvi Finnsson Íslenskum sjávarafurðum hf., Guðmundur Stefánsson síldarútvegsnefnd, Sigurður Bogason Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, Sævar Gunnarsson Sjómannasambandi Íslands, Björn Grétar Sveinsson Alþýðusambandi Íslands, Ágúst H. Elíasson Samtökum fiskvinnslustöðva og Benedikt Valsson Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.
Samkvæmt lögum nr. 72/1984, um breyting á lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum sem skipaðir eru af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, einn tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn tilnefndur af starfsmönnum stofnunarinnar. Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar eiga sæti skipunartímabilið 1. júlí 2000 til 30. júní 2004:

Aðalmenn: Brynjólfur Bjarnason formaður, Pétur Bjarnason, Eiríkur Tómasson, Örn Einarsson og Konráð Þórisson. Varamenn: Ármann Kr. Ólafsson, Friðrik J. Arngrímsson, Brynhildur Benediktsdóttir, Sævar Gunnarsson og Einar Jónsson.

Stjórn Kvótaþings.
Samkvæmt 3. gr. laga nr. 11/1998, um Kvótaþing. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára frá 20. maí 1998 til 20. maí 2002.

Aðalmenn: Tómas Örn Kristinsson formaður, Kristín Haraldsdóttir og Þórir Skarphéðinsson. Varamenn: Kristján Skarphéðinsson og Páll Gunnar Pálsson.

Stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.
Samkvæmt 20. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnar. Eftirgreindir sitja í stjórn stofnunarinnar frá 1. janúar 1998 til 31. desember 2001:

Aðalmenn: Friðrik Friðriksson formaður, Alda Möller og Pétur Bjarnason. Varamenn: Teitur Stefánsson og Guðmundur Stefánsson.

Stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.
Skipuð samkvæmt lögum nr. 92 24. maí 1994 til fjögurra ára, frá 1. júní 1998 til 31. maí 2002. Samkvæmt lögum nr. 152/1996 er stjórnin skipuð án tilnefningar.

Nefndarmenn: Magnús Gunnarsson formaður, Pétur Bjarnason og Þorgeir Eyjólfsson.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.
Samkvæmt lögum nr. 13 27. mars 1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Nefndarmenn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, aðalmaður: Grétar Mar Jónsson, varamaður: Benedikt Þór Valsson.

Frá Sjómannasambandi Íslands, aðalmaður: Sævar Gunnarsson, varamaður: Hólmgeir Jónsson.

Frá Vélstjórafélagi Íslands, aðalmaður: Helgi Laxdal, varamaður: Jóhanna Eyjólfsdóttir.

Frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, aðalmenn: Kristján Ragnarsson, Pétur Pálsson og Sturlaugur Sturlaugsson, varamenn: Ágúst H. Elíasson, Ólafur Marteinsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson.

Án tilnefningar: Skúli J. Pálmason formaður, varamaður: Valtýr Sigurðsson.

Úrskurðarnefnd vegna álagningar gjalds af ólöglegum sjávarafla.
Samkvæmt lögum nr. 37 27. maí 1992.

Aðalmenn: Marteinn Másson formaður, Dögg Pálsdóttir og Stefán Tómasson. Varamenn: Þórunn Guðmundsdóttir og Andri Árnason.

Nefnd er gera skal samanburð á starfsumhverfi sjóvinnslu og landvinnslu.
Skipuð 24. ágúst 1999.

Nefndarmenn: Dr. Gunnar Ingi Birgisson, Elínbjörg Magnúsdóttir og Guðrún Lárusdóttir.

Nefnd er safni upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og á atvinnumöguleika.
Skipuð 18. október 2000.

Nefndarmenn: Ásgerður Halldórsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson og Hulda Lilliendahl.

Nefnd til að endurskoða fyrirkomulag eftirlits með framleiðslu og meðferð sjávarafurða.
Skipuð 19. nóvember 1999.

Nefndarmenn: Magnús H. Guðjónsson formaður, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur, Gylfi Gautur Pétursson forstjóri, Þórður Ásgeirsson Fiskistofustjóri, Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands, og Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur.

Samráðshópur um samstarf ráðuneyta varðandi fiskveiðieftirlit.
Nefnd skipuð 5. febrúar 1998.
Nefndin hefur yfirumsjón með samstarfi dómsmála- og sjávarútvegsráðuneyta og stofnana á þeirra vegum, um eftirlit með fiskveiðum, innan og utan landhelgi.

Nefndarmenn: Þorsteinn Geirsson, Björn Friðfinnsson, Þórður Ásgeirsson og Hafsteinn Hafsteinsson.

Samráðsnefnd um fiskveiðistjórn og eftirlit.
Skipuð 27. júní 1997.
Samráðsnefnd sjávarútvegsráðuneytis, Fiskistofu og Landssambands íslenskra útvegsmanna hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd gildandi laga um fiskveiðistjórn og veiðieftirlit og ræða álitaefni er upp kunna að koma.

Nefndarmenn: Jón B. Jónasson formaður, Eiríkur Tómasson, Kristján Ragnarsson, Guðmundur Karlsson og Þórður Ásgeirsson.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.
Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og halda námskeið fyrir fiskvinnslufólk um land allt.

Nefndarmenn: Arnar Sigurmundsson formaður, sjávarútvegsráðuneyti, Svavar Svavarsson Samtökum atvinnulífsins, Ágúst H. Elíasson Samtökum atvinnulífsins, Elinbjörg Magnúsdóttir Starfsgreinasambandi Íslands, Guðrún Eyjólfsdóttir sjávarútvegsráðuneyti og Aðalsteinn Árni Baldursson Starfsgreinasambandi Íslands. Verkefnastjóri: Hulda Lilliendahl.

Starfshópur sem gera skal tillögu um framkvæmd reglna á samningssvæðum NEAFC og NAFO.
Nefnd skipuð 27. apríl 1999.

Nefndarmenn: Þórður Eyþórsson formaður, Gylfi Geirsson og Guðmundur Kristmundsson.

Stjórn rekstrarfélags matvælaseturs Háskólans á Akureyri.
Skipuð 18. nóvember 1999.

Nefndarmenn: Helgi Jóhannesson formaður, Kjötiðnaðarstöð KEA, Hjörleifur Einarsson, forstjóri Rf, Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntæknistofnunar. Varamaður Hallgríms er Þorsteinn Tómasson.

Stjórn sjávarútvegshúss.
Yfirstjórn með rekstri sjávarútvegshússins að Skúlagötu 4.

Nefndarmenn: Þorsteinn Geirsson, Arndís Ármann Steinþórsdóttir, Jóhann Sigurjónsson og Hjörleifur Einarsson.

Umgengnisnefnd um auðlindir sjávar.
Skipuð 26. maí 1994.
Tilgangur nefndarinnar er að fjalla um hvernig megi bæta umgengni um auðlindir sjávar.

Nefndarmenn: Sævar Gunnarsson formaður, Sjómannasambandi Íslands, Kristján Þórarinsson Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Þórður Eyþórsson sjávarútvegsráðuneyti, Guðmundur Karlsson Fiskistofu, Hrafnkell Eiríksson Hafrannsóknastofnuninni, Grétar Mar Jónsson Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Helgi Laxdal Vélstjórafélagi Íslands.

Verkefnastjórn til að fylgja eftir áætlun um rannsóknir fyrir sjávarútveginn á mengandi eða varasömum efnum í sjávarafurðum og vistkerfi sjávar.
Skipuð 14. apríl 1999.

Nefndarmenn: Dórothea Jóhannsdóttir formaður, Guðjón Atli Auðunsson, Jón Ólafsson, Baldur Hjaltason og Friðrik Blomsterberg.

Verkefnastjórn sem skipuleggi og samræmi aðgerðir þeirra aðila sem koma að eftirliti á sjó og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir brottkast.
Skipuð 7. júlí 2000.

Nefndarmenn: Jón B. Jónasson formaður, Gunnar I. Birgisson, Guðmundur Karlsson, dr. Ólafur Karvel Pálsson og Halldór B. Nellet.

Verkefnastjórn um rekstur skólaskips.
Skipuð 13. mars 1998.
Verkefnastjórnin skal hafa yfirstjórn með rekstri skólaskipsins Drafnar.

Nefndarmenn: Guðrún Eyjólfsdóttir formaður, Ólafur Ástþórsson líffræðingur, Kristján Pálsson alþingismaður, Ingvar Viktorsson, samkvæmt tilnefningu Samtaka sveitarfélaga, og Pétur Bjarnason Fiskifélagi Íslands.

318. Svar [183. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um fartölvuvæðingu framhaldsskólanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur ráðherra gert til að stuðla að því að fartölvuvæða framhaldsskólana?*
2. *Hefur ráðherra beitt sér fyrir samningum um hagstæð innkaup skólanna á fartölvum?*

3. *Hvað hyggst ráðherra gera til að koma í veg fyrir að efnahagur mismuni nemendum og að fartölvuvæðingin skapi ójafnræði á milli barna efnaðra foreldra og efnaminni foreldra?*
4. *Hyggst ráðherra veita nemendum fjárhagsstuðning við fartölvukaupin og ef svo er, verður hann tengdur efnahag foreldranna?*

Ráðherra varpaði sumarið 1999 fram þeirri hugmynd að framhaldsskólar nýttu sér fartölvur í ríkari mæli í sínu starfi. Þessi hugmynd var kynnt á fundum í framhaldsskólum og einnig átti menntamálaráðuneytið viðræður við fyrirtæki um þátt þeirra. Niðurstaðan varð sú að skólum yrði í sjálfsvald sett hvernig þeir stæðu að fartölvumálum en ráðuneytið ákvað að styrkja tilraunir á þessu sviði í þremur þróunarskólum í upplýsingatækni. Eins og segir í stefnu ráðuneytisins um rafræna menntun, Forskot til framtíðar: „Reynsla af tilraunum í þróunarskólum með fartölvur og þráðlaus net verður nýtt til að finna raunhæfar og hagkvæmar leiðir í þessum efnum fyrir aðra framhaldsskóla.“ Í samvinnu við þróunarskóla í upplýsingatækni stendur ráðuneytið nú fyrir mati á reynslu skólanna af tilraunum með fartölvur. Í ljósi þeirra niðurstaðna verður framhaldið ákveðið.

Ráðuneytið hafði samráð við Ríkiskaup um sameiginleg kaup framhaldsskóla á fartölvum. Var óskað eftir tilboðum í fartölvur og þráðlaus net innan rammasamnings Ríkiskaupa. Í ljós kom að hvorki ráðuneytið né framhaldsskólar gátu skuldbundið sig til kaupa á fartölvum sem nægði til magnafsláttar. Tölvufyrirtæki höfðu síðan frumkvæði að því að bjóða skólum og nemendum fartölvur og tengingar á hagstæðum kjörum og hefur ráðuneytið fylgst með hvernig þau mál hafa þróast. Í ljósi reynslu þróunarskólanna mun ráðuneytið kanna leiðir til hagstæðra innkaupa á fartölvum í framtíðinni.

Möguleikar til að jafna tækifæri nemenda varðandi aðgengi að tölvum eru hluti af tilraunaverkefni þróunarskólanna. Sem dæmi má nefna að í Menntaskólanum á Akureyri hefur verið gerð tilraun með fartölvuver sem notað er til að útvega nemendum fartölvur á skólatíma og til kennslu í tilteknum áföngum. Lögð hefur verið áhersla á að í öllum skólum séu tölvuver þar sem nemendur hafa aðgang að tölvum.

Ekki eru áform um að veita nemendum fjárstuðning til kaupa á fartölvum.

319. Svar [129. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattgreiðslur fyrirtækja og einstaklinga.

1. *Hvernig hefur tekjuskattshlutfall félaga breyst hér á landi samanborið við önnur ríki OECD á síðasta áratug?*

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig tekjuskattshlutfall félaga hefur breyst síðastliðinn áratug í helstu aðildarríkjum OECD, eða frá árinu 1989 til 2001. Rétt er að hafa þann fyrirvara við þennan samanburð að skatthlutfallið eitt og sér segir ekki alla söguna um skattbyrði af viðkomandi skatti.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja í nokkrum OECD-löndum.

	1989, %	2001, %
Kanada	43	42
Japan	59	42
Ítalía	46	40
Belgía	43	40
Bandaríkin	34	40
Þýskaland	56	39
Lúxemborg	34	38
Frakkland	39	35
Portúgal	40	35
Holland	40	35
Spánn	35	35
Ástralía	39	34
Austurríki	30	34
Nýja Sjáland	33	33
Danmörk	50	30
Ísland	50	30
Bretland	35	30
Svíþjóð	52	28
Noregur	51	28
Finnland	50	28
Sviss	10	25
Írland	43	20

2. *Hvert er heildartekjuskattshlutfall á rekstrarhagnað félaga, þ.e. tekjuskattur félags að viðbættum skatti á eigandann við úttekt á arði, hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD?*

Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD) safnar reglubundið saman upplýsingum um skattareglur og skattaviðmiðanir í aðildarríkjunum. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig einstök ríki skattleggja rekstrarhagnað félaga annars vegar og arðgreiðslur hins vegar miðað við tekjuárið 2000. Þessar tölur einar og sér sýna þó sjaldnast samanlagða raunskattlagningu félags og eigenda þess þar sem í gildi eru mjög mismunandi reglur um frádráttarbærni arðs, ýmist í hendi félagsins eða eigandans. Þeim er því einungis ætlað að gefa almenna mynd af skattlagningu hagnaðar, en engar nýlegar rannsóknir liggja fyrir um eiginlega raunskattlagningu hagnaðar svo vitað sé.

Skattlagning hagnaðar í helstu aðildarríkjum OECD.

	Tekjuskattur lögaðila, %	Skattlagning arðgreiðslna, %
Austurríki	34	25
Ástralía	34	36
Bandaríkin	40	40
Belgía	40	15
Bretland	30	33
Danmörk	30	25
Finnland	28	29
Frakkland	35	33
Holland	35	25
Írland	20	24
Ísland	30	10
Ítalía	40	13

	Tekjuskattur lögaðila, %	Skattlagning arðgreiðslna, %
Japan	42	35
Kanada	42	22
Lúxemborg	38	25
Noregur	28	28
Nýja Sjáland	33	33
Portúgal	35	25
Spánn	35	29
Sviss	25	35
Svíþjóð	28	20
Þýskaland	39	48

Heimild: OECD og KPMG.

3. *Hve mörg fyrirtæki greiða tekjuskatt hér á landi, hvernig skiptast þau eftir atvinnugreinum og skattumdæmum árin 1999–2001 og hver er tekjuskattur fyrirtækja þessi ár sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?*

Í eftirfarandi töflu frá embætti ríkisskattstjóra koma fram upplýsingar um fjölda þeirra fyrirtækja (einstaklingsrekstur ekki meðtalinn) sem greiða tekjuskatt, tekjuskattsgreiðslur og skiptingu þeirra eftir skattumdæmum, enn fremur um heildarfjölda skattskyldra lögaðila. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um skiptingu þeirra eftir atvinnugreinum, en í skýrslu nefndar um verðbólgureikningsskil er að finna töflur sem gefa allgóða hugmynd um þessa skiptingu fyrir rekstrarárin 1998 og 1999. Þessi skýrsla birtist í heild sinni sem fylgiskjal I með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 114, 114. mál).

Tekjuskattur lögaðila 1999–2001.

	Skattumdæmi									
Miðað við framtalsár	**Reykjavík**	**Reykjanes**	**Vesturland**	**Vestfirðir**	**Norðurland vestra**	**Norðurland eystra**	**Austurland**	**Suðurland**	**Vestmannaeyjar**	**Landið allt**
1999										
Tekjuskattur, millj. kr.	6.778	1.828	151	109	74	400	105	203	61	**9.709**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.235	1.321	207	196	129	450	156	238	72	**6.004**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.167	2.950	626	513	395	1.082	578	671	204	**14.186**
2000										
Tekjuskattur, millj. kr.	7.417	1.757	148	101	102	387	115	256	35	**10.318**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.867	1.523	217	225	135	513	139	332	80	**7.031**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.961	3.347	673	549	428	1.146	748	623	214	**15.689**
2001										
Tekjuskattur, millj. kr.	6.225	1.730	153	133	108	343	99	322	28	**9.140**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	4.015	1.691	266	216	156	581	169	363	79	**7.536**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	8.582	3.830	732	594	471	1.227	647	816	234	**17.133**

Heimild: RSK.

Eftirfarandi tafla sýnir tekjuskatt fyrirtækja sem hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrir árin 1991–2000, en í fylgiskjali er að finna upplýsingar um opinber gjöld lögaðila 1991–2000.

Tekjuskattur lögaðila sem hlutfall af landsframleiðslu 1991–2000.

Ár	Tekjuskattur lögaðila	Landsframleiðsla	Hlutfall, %
1991	3.970	368.475	1,1
1992	4.209	399.248	1,1
1993	3.934	400.417	1,0
1994	4.249	412.039	1,0
1995	5.133	438.822	1,2
1996	5.195	451.372	1,2
1997	6.076	483.965	1,3
1998	7.592	524.136	1,4
1999	9.709	579.286	1,7
2000	10.318	623.419	1,7

4. *Hverjar eru skattgreiðslur fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar á árunum 1999–2001:*
   a. sem hlutfall af heildarsköttum,
   b. sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
   Óskað er einnig eftir samanburði á þessum efnisþáttum við skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja innan annarra ríkja OECD.
5. *Hvert er hlutfall heildarskattlagningar á tekjur af atvinnurekstri annars vegar og laun hins vegar hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD á árunum 1997–2001?*

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða skiptingu skattgreiðslna milli fyrirtækja og einstaklinga á tímabilinu 1999–2001, sem og hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu. Síðan kemur tafla sem sýnir hlutfallslega sundurliðun á skatttekjum hins opinbera fyrir OECD-löndin í heild árið 1998 þar sem ekki liggur fyrir nýrra uppgjör frá stofnuninni.

Skipting á skattgreiðslum milli fyrirtækja og einstaklinga 1999–2001.

	1999	2000	2001
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af skatttekjum	83,0	82,6	83,0
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af skatttekjum	17,0	17,4	17,0
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af VLF	25,0	24,6	23,7
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af VLF	5,1	5,2	4,9

Sambærileg sundurliðun á skiptingu skatta fyrir önnur OECD-lönd liggur ekki fyrir en næsta tafla sýnir sundurliðun á skatttekjum hins opinbera fyrir OECD-löndin í heild árið 1998. Mikilvægt er að gera greinarmun á tekjum hins opinbera í heild og skatttekjum ríkissjóðs þar sem hlutur sveitarfélaga getur verið mismunandi eftir löndum.

Hlutfallsleg skipting skatttekna hins opinbera í OECD-löndum 1998.

	Tekjuskattur einstaklinga	Tekjuskattur lögaðila	Tryggingargjald og aðrir launaskattar	Eignarskattar	Skattar á vöru og þjónustu
Austurríki	22,5	4,8	40,3	1,3	27,9
Ástralía	43,3	15,2	6,6	9,5	25,5
Bandaríkin	40,5	9,0	23,7	10,6	16,2
Belgía	30,7	8,5	31,5	3,2	24,9
Bretland	27,5	11,0	17,6	10,7	32,6
Danmörk	51,6	5,6	3,9	3,6	33,2
Finnland	32,3	9,0	25,2	2,4	30,7
Frakkland	17,4	59,0	39,5	7,3	26,6

	Tekjuskattur einstaklinga	Tekjuskattur lögaðila	Tryggingargjald og aðrir launaskattar	Eignarskattar	Skattar á vöru og þjónustu
Grikkland	13,2	6,4	32,3	3,8	41,0
Holland	15,2	10,6	39,9	4,9	27,7
Írland	30,9	10,7	13,8	5,2	38,7
Ísland	35,2	3,4	8,3	7,1	45,9
Ítalía	25,0	7,0	29,5	4,8	27,4
Japan	18,8	13,3	38,4	10,5	18,8
Kanada	38,5	10,0	15,8	10,4	24,7
Kórea	20,1	12,2	11,4	11,4	40,5
Lúxemborg	18,8	19,7	25,6	8,4	26,1
Mexíkó	29,5		18,0		51,3
Noregur	27,3	9,7	23,3	2,4	37,2
Nýja Sjáland	41,8	10,9	0,9	5,7	36,0
Portúgal	17,1	11,6	25,5	2,9	41,3
Pólland	22,0	7,5	33,1	3,0	34,4
Spánn	20,8	7,3	35,2	6,0	29,4
Sviss	31,8	6,0	35,7	8,3	18,2
Svíþjóð	35,0	5,7	33,5	3,7	21,6
Tékkland	13,6	9,7	44,1	1,5	31,0
Tyrkland	27,0	5,8	14,3	2,8	35,7
Ungverjaland	16,8	5,6	36,2	1,6	39,0
Þýskaland	25,0	4,4	40,4	2,4	27,4
OECD í heild	27,1	8,9	25,6	5,4	31,3
ESB	25,6	8,7	28,9	4,7	30,2

Fylgiskjal.

Opinber gjöld lögaðila 1991–2000, millj. kr.

	1991*	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Tekjuskattur	3.970	4.209	3.934	4.249	5.133	5.195	6.076	7.592	9.709	10.318
Fjármagnstekjuskattur**	-	-	-	-	-	-	-	65	40	1.160
Eignarskattar alls	1.366	1.363	1.344	1.455	1.614	1.727	1.959	2.087	2.149	2.454
þar af almennur eignarskattur	1.130	1.128	1.113	1.204	1.335	1.429	1.622	1.727	1.779	2.031
þar af sérstakur eignarskattur	236	235	232	251	278	298	338	360	371	423
Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald***	212	228	200	212	233	232	276	118	175	181
Markaðsgjald/útflutningsráðsgjald****	86	95	81	152	139	125	109	118	0	-
Markaðsgjald		0	0	152	139	125	109	118	0	
Útflutningsráðsgjald	86	95	81	0	0	0	0	0	0	
Tryggingagjald	0	7.826	8.222	8.419	9.320	9.882	11.906	12.575	14.681	16.392
þar af staðgreiðsla	0	7.824	8.215	8.416	9.319	9.880	11.900	12.575	14.681	16.391
þar af gjaldfallið 1. ágúst	0	2	7	3	1	2	6	0	0	1
Rekstrargjald										
Aðstöðugjald	4.201	4.482	4.166	-	-	-	-	-	-	-
Búnaðargjald								0	33	106
Þróunarsjóðsgjald		0	0	0	73	63				

	1991*	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	417	369	398	0	0	0	0	0	0	0
Kirkjugarðsgjald	63	68	63							
Önnur gjöld*****	480	437	461	0	73	63	-	-	-	-
Samtals	**10.315**	**18.641**	**18.408**	**14.487**	**16.510**	**17.223**	**20.327**	**22.555**	**26.787**	**30.612**
Alls									**26.754**	**30.506**

* Tryggingagjald var tekið upp árið 1992 og kom það í staðinn fyrir ýmis önnur gjöld, svo sem launaskatt. Þar sem launaskattur er ekki innifalinn í álagningartölum fyrir árið 1991 er heildarálagning ekki sambærileg milli áranna 1991 og 1992.

** Greiddur af lögaðilum sem undanþegnir eru tekjuskatti og eignarskatti, sbr. lög nr. 75/1981.

*** Iðnlánasjóðsgjald var lagt niður við álagningu 1998.

**** Markaðsgjald er nú lagt á með tryggingagjaldi.

***** Önnur gjöld eru skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, kirkjugarðsgjald og þróunarsjóðsgjald.

Heimild: RSK.

320. Fyrirspurn [270. mál]

til ráðherra Hagstofu Íslands um þróun matvöruverðs á Norðurlöndum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig hefur verðlagsvísitala eftirtalinna flokka matvara þróast í Danmörku, í Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og á tímabilinu í heild:
   a. grænmetis,
   b. landbúnaðarafurða,
   c. allra matvæla?
   Óskað er eftir því að verðlagsvísitölur fyrir innlendar og innfluttar vörur séu aðgreindar en einnig reiknuð út heildarvísitala yfir þróun hvers flokks.
2. Ef veruleg frávik eru í þróun vísitalna milli landa, hverjar eru taldar helstu ástæður þeirra? Er skýringa að leita í mismunandi tengslum ríkjanna við Evrópusambandið, mismunandi framleiðslu- og verslunarháttum eða sérstökum verndaraðgerðum í þágu innlendrar framleiðslu?

Skriflegt svar óskast.

321. Fyrirspurn [271. mál]

til iðnaðarráðherra um afurðalán í landbúnaði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hverjir eiga rétt á að nýta sér bakábyrgð Byggðastofnunar á afurðalánum á þessu hausti?
2. Hvernig breyttust kjörin á lánunum og hver eru þau nú eftir að ábyrgð Byggðastofnunar var veitt?
3. Hvernig fylgir Byggðastofnun því eftir að lántakendum sé ekki mismunað í lánskjörum?
4. Til hve langs tíma er þessi tilhögun um ábyrgð afurðalána ákveðin og hver er þóknun Byggðastofnunar fyrir að veita þessa ábyrgð?
5. Sé litið svo á að ábyrgð Byggðastofnunar á lánum til afurðastöðva nú í haust sé ákveðin byggðaaðgerð, má þá vænta þess að gripið verði til hliðstæðra aðgerða gagnvart fjárþörf annarra atvinnugreina í dreifbýli sem búa við ofurvexti á rekstrarlánum sínum?

322. Fyrirspurn [272. mál]

til landbúnaðarráðherra um grasmjölsframleiðslu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hve mikið hefur verið framleitt af grasmjöli og grasköggum hér á landi árlega sl. þrjú ár og hver er birgðastaðan nú?
2. Hversu mikið hefur verið flutt inn og út af grasmjöli, hreinu og í fóðurblöndum, sl. þrjú ár?
3. Hver er samkeppnisstaða íslenskrar grasmjölsframleiðslu gagnvart innfluttu grasmjöli og fóðurblöndum sem innihalda grasmjöl og hver er samkeppnisstaða annarrar innlendrar fóðurframleiðslu í samanburði við önnur lönd í Evrópu hvað beina eða óbeina framleiðslustyrki og tollvernd varðar?
4. Hefur farið fram úrelding á grasmjölsverksmiðjum á sl. þremur árum og sé svo, hvernig hefur hún farið fram?
5. Hve margar grasmjölsverksmiðjur eru nú starfandi hér á landi, hvar eru þær, hvert er eignarhald þeirra, hve mörg ársstörf eru unnin þar og hver er framtíðarstaða þeirra?

Skriflegt svar óskast.

323. Fyrirspurn [273. mál]

til utanríkisráðherra um fríverslunarsamning við Kanada.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvað veldur því að enn hefur ekki verið lokið við gerð fríverslunarsamnings EFTA við Kanada?

324. Fyrirspurn [274. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning Byggðastofnunar.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður við flutning Byggðastofnunar frá Reykjavík til Sauðárkróks?
2. Hve mikill kostnaður hefur þegar hlotist af þessum flutningi?
3. Hvað er áætlað að störfum muni fjölga á Sauðárkróki á næstunni vegna flutnings Byggðastofnunar á næsta ári?
4. Hve mörg stöðugildi eru við Byggðastofnun nú samanborið við fyrir ári?
5. Hefur Byggðastofnun aðstöðu til fundahalda í Reykjavík?
6. Hver er kostnaður við ferðalög innan lands á vegum Byggðastofnunar síðustu þrjú árin?

Skriflegt svar óskast.

325. Fyrirspurn [275. mál]

til félagsmálaráðherra um Jafnréttisstofu.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður við stofnun Jafnréttisstofu á Akureyri?
2. Hversu margir starfa á Jafnréttisstofu samanborið við skrifstofu jafnréttismála sem áður var í Reykjavík?
3. Hve margir þeirra starfa á Akureyri?
4. Hefur Jafnréttisstofa aðstöðu til fundahalda í Reykjavík?
5. Hver er kostnaður við ferðalög innan lands á vegum Jafnréttisstofu frá því að hún hóf starfsemi sína?
6. Hver var kostnaður við ferðalög innan lands á vegum skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisstofu árin 1999, 2000 og 2001?

Skriflegt svar óskast.

326. Tillaga til þingsályktunar [276. mál]

um gerð verndaráætlana samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Flm.: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson, Jóhann Ársælsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að gera verndaráætlanir samkvæmt Ramsar-samþykktinni, um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, fyrir þau svæði hér á landi sem falla undir samþykktina. Þau eru Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver og Grunnafjörður.

Greinargerð.

Ramsar-samþykktin um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi tók gildi hér á landi árið 1978. Þrjú svæði á Íslandi hafa verið tilkynnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar: Við gildistöku hennar Mývatns- og Laxársvæðið, Þjórsárver árið 1990 og Grunnafjörður í Borgarfirði árið 1996, eða skömmu eftir að hann var friðlýstur. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar ber aðildarríkjum að semja og hrinda í framkvæmd áætlun sem stuðlar að vernd skráðra Ramsar-svæða, svo og að skynsamlegri nýtingu votlenda (wise use).

Í skýrslu umhverfisráðherra um framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, sem lögð var fram á 125. löggjafarþingi, samkvæmt beiðni fyrsta flutningsmanns og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar, segir um Ramsar-samþykktina: „Markmið samþykktarinnar er að stuðla að verndun votlendis, einkum fyrir votlendisfugla og samkvæmt samningnum er hvert aðildarríki skuldbundið til þess að tilnefna a.m.k. eitt friðað votlendissvæði á skrá hennar yfir votlendi, sem hafa alþjóðlega þýðingu fyrir fuglalíf.“

Verndaráætlun fyrir þau þrjú svæði sem tilkynnt hafa verið hér á landi hefur ekki litið dagsins ljós. Í skýrslu umhverfisráðherra kom fram að vinna við gerð verndaráætlunar fyrir Mývatns- og Laxársvæðið væri hafin en óljóst væri hvenær henni lyki. Þá var vinna við gerð sérstakra verndaráætlana fyrir Þjórsárver og Grunnafjörð ekki hafin. Í skýrslunni segir enn fremur: „Á fimmta aðildarríkjaþingi Ramsar-samþykktarinnar árið 1993 var samþykkt ályktun um skynsamlega nýtingu votlendissvæða þar sem aðildarríkin eru hvött til þess að nýta leiðbeiningarreglur samþykktarinnar á kerfisbundnari og markvissari hátt til þess að stuðla að betri framkvæmd samþykktarinnar og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða.“ Í reglunum er bent á leiðir til þess að styrkja framkvæmdina, svo sem um uppbyggingu stofnana, upplýsingaöflun, vöktun, rannsóknir, þjálfun starfsfólks, menntun og kynningarstarf.

Þótt Ramsar-samþykktin kveði á um verndun votlendissvæða heimsins, sérstaklega með tilliti til fuglalífs, er verndunin í raun mun víðtækari þar sem öll dýr og plöntur votlendis skulu vernduð gegn ofnýtingu þannig að vistkerfið raskist ekki. Skilgreining samþykktarinnar á votlendi er víðtæk og nær m.a. til mýra, flóa, fenja og vatna með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þ.m.t. er sjór þar sem dýpi er innan við sex metrar, t.d. leirur og sjávarfitjar. Sérstakt tillit þarf að taka til Ramsar-svæða við landnotkun og ákvarðanir um framkvæmdir eða aðgerðir sem geta haft áhrif á ástand þeirra.

Dregist hefur úr hömlu að semja verndaráætlun um nýtingu íslensku Ramsar-svæðanna. Það getur ekki talist fullnægjandi af hálfu íslenskra stjórnvalda að hafa tilnefnt þrjú votlendissvæði til Ramsar-skrárinnar, það fyrsta fyrir 23 árum, en láta gerð verndaráætlunar sitja á hakanum sem raun ber vitni. Án slíkrar áætlunar fullnægjum við ekki skyldum okkar á alþjóðlegum vettvangi.

327. Fyrirspurn [277. mál]

til dómsmálaráðherra um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvernig fer fram afhending upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila til fyrirtækisins Lánstrausts hf. frá sýslumönnum, héraðsdómstólum og öðrum opinberum aðilum sem veita fyrirtækinu slíkar upplýsingar?
2. Hvaða upplýsingar eru veittar?
3. Hvað greiðir fyrirtækið fyrir móttöku á þessum upplýsingum og hvernig fer sú greiðsla fram?
4. Eru fleiri aðilar en Lánstraust hf. sem safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila? Ef svo er, hafa þeir fengið til þess leyfi hjá Persónuvernd og er tryggt að meðferð þeirra sé í samræmi við reglur um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust?

328. Svar [155. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir.

1. *Eru lög um opinberar framkvæmdir að einhverju leyti frávíkjanleg að mati ráðherra? Ef svo er, í hvaða tilvikum er heimilt að víkja frá ákvæðum þeirra? Hefur ákvæðum laganna í einhverjum tilvikum ekki verið fylgt á þessum grundvelli sl. þrjú ár? Ef svo er, hvaða framkvæmdir var þar um að ræða?*

Í lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, er að finna ákvæði sem veita visst svigrúm við tilhögun opinberra framkvæmda. Hér má nefna 13. gr. sem mælir fyrir um að sveitarfélag annist útboð framkvæmda ef um sameiginlega framkvæmd er að ræða, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað. Einnig er mælt fyrir um það í sömu grein að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir geti áskilið samþykki Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir útboðslýsingu sjái sveitarfélag um útboð. Í 4. mgr. 17. gr. laganna er mælt fyrir um að fjármálaráðuneytinu sé heimilt að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þessi verkefni. Allt frá setningu laga um opinberar framkvæmdir fyrir rúmlega 30 árum hefur skort á að gerð hafi verið skilamöt um opinberar framkvæmdir. Að undanförnu hefur hins vegar verið gert átak í gerð skilamata og hefur skilamat verið gert í kjölfar allra opinberra framkvæmda á síðustu tveimur árum.

2. *Eru dæmi þess að frumathugun og greinargerð um frumathugun hafi ekki verið unnin í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga um opinberar framkvæmdir á síðustu þremur árum? Ef svo er, við undirbúning hvaða opinberra framkvæmda var það ekki gert?*

Fyrir setningu reglugerðar nr. 715/2001, um skipulag opinberra framkvæmda, rannsakaði fjármálaráðuneytið áætlunargerðina með aðstoð samstarfsnefndar um opinberar framkvæmd-

ir eftir að hlutaðeigandi ráðuneyti óskaði heimildar til útboðs verksins. Í áætlunargerð felst fullnaðarhönnun verksins og er hún því mun ítarlegri og vandaðri en frumathugun sem er frumkönnun á verkefninu. Af þessum sökum hefur fjármálaráðuneytið almennt ekki rannsakað frumathugunina sérstaklega heldur hefur rannsóknin aðallega beinst að áætlunargerðinni sjálfri. Ráðuneytið hefur hins vegar gengið út frá því að til grundvallar áætlunargerðinni hafi legið frumathugun eins og lög mæla fyrir um. Í því skyni að styrkja framkvæmd laganna og bæta undirbúningsþátt verklegra framkvæmda hefur í reglugerð verið sett ákvæði sem mælir fyrir um að leggja beri frumathugun fyrir fjármálaráðuneyti eftir gerð hennar og óheimilt sé að hefja áætlunargerð fyrr en það hefur formlega samþykkt niðurstöður hennar. Jafnframt er ráðuneytið að vinna að verklags- eða leiðbeiningarreglum sem miða að því að skilgreina með nákvæmari hætti en verið hefur hvað frumathugunin eigi að innihalda.

3. *Hefur ráðherra í einhverjum tilvikum, á sl. þremur árum, mælt fyrir um sérstaka fjárveitingu til opinberrar framkvæmdar í frumvarpi til fjárlaga án þess að áætlunargerð skv. 7. og 8. gr. laga um opinberar framkvæmdir hafi legið fyrir? Ef svo er, í tengslum við hvaða framkvæmdir var þetta gert og um hversu háar fjárveitingar var að ræða í hverju tilviki fyrir sig?*

Stærstur hluti þeirra framkvæmda sem falla undir lög um skipan opinberra framkvæmda er fjármagnaður af sérstökum safnliðum einstakra ráðuneyta eins og t.d. „bygging sjúkrahúsa“ eða „sameiginlegt viðhald framhaldsskóla“ eða sjóðum eins og Framkvæmdasjóði aldraðra, Framkvæmdasjóði fatlaðra eða Endurbótasjóði menningarstofnana. Fjármálaráðuneytið gerir því í fæstum tilvikum tillögu um fjárveitingar til einstakra framkvæmda, heldur einstakra flokka framkvæmda. Skipting fjármagns niður á einstakar framkvæmdir á sér stað við hina þinglegu meðferð eða síðar af einstökum sjóðum. Fjármálaráðuneytið og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur síðan eftirlit með því að framkvæmdir séu ekki hafnar nema fyrir liggi fullnægjandi fjárheimildir og önnur skilyrði laganna séu uppfyllt.

4. *Hefur í einhverjum tilvikum frá árinu 1999 verið greitt fé úr ríkissjóði til opinberrar framkvæmdar án þess að áætlunargerð skv. 7. og 8. gr. laga um opinberar framkvæmdir hafi legið fyrir? Ef svo er, til hvaða framkvæmda var fé greitt og um hversu háar fjárhæðir var að ræða í hverju tilviki fyrir sig?*

Við útboð opinberra framkvæmda liggur fyrir útboðslýsing sem hefur verið yfirfarin af Framkvæmdasýslu ríkisins. Í útboðslýsingunni fylgja með fullnaðaruppdrættir og verklýsing framkvæmdar, nákvæm magntöluskrá og kostnaðaráætlun, tímaáætlun, greiðsluáætlun og verkáætlun. Ráðuneytið hefur talið að þessi gögn séu það ítarleg að þau uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til áætlunargerðar samkvæmt tilgreindum ákvæðum laganna. Viðbygging við flugstöð Leifs Eiríkssonar uppfyllti þessi skilyrði ekki að fullu vegna hins óvenjulega aðdraganda sem varð að byggingu hennar, en fullnaðarhönnun var ekki unnt að ljúka vegna þeirra tímamarka sem framkvæmdinni var ætluð vegna Schengen-samningsins. Til að bregðast við þessum aðstæðum var farið fram á reglulegar kynningar framkvæmdarinnar bæði í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og hjá fjármálaráðuneytinu út framkvæmdatímann. Heildarkostnaður viðbyggingarinnar að meðtaldri verðlagshækkun var um fjórir milljarðar króna.

5. *Hversu margar byggingarnefndir eru starfandi á vegum hins opinbera, vegna hvaða framkvæmda eru þær starfandi og hversu víðtækt umboð hefur þeim verið fengið í hverju tilviki fyrir sig?*

Á vegum fjármálaráðuneytisins er einungis starfandi ein nefnd á frumathugunarstigi sem hefur það hlutverk að gera úttekt á húsnæðismálum tollstjórans í Reykjavík. Umboð nefndarinnar nær til þess að gera tillögur til ráðuneytisins: a) hvort æskilegt sé að sameina alla starfsemi tollstjóraembættisins á einn stað, b) gera tillögu um hvar æskilegt sé að embættið sé staðsett, c) hver sé húsnæðisþörf embættisins í dag og áætla þróun til næstu tíu ára. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um hve margar bygginganefndir eru starfandi á vegum annarra ráðuneyta né hversu víðtækt umboð þeim hefur verið fengið.

6. *Í hverju felst sú aðstoð sem samstarfsnefnd um opinberrar framkvæmdir veitir fjármálaráðuneytinu í tengslum við fjármálalega framkvæmd laga um opinberar framkvæmdir?*

Í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir eiga sæti formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir móttekur þau erindi sem berast ráðuneytinu vegna opinberra framkvæmda og yfirfer hvort áætlunargerðin uppfylli skilyrði 7. og 8. gr. laganna og hvort fullnægjandi fjárheimildir séu fyrir hendi fyrir þeim áfanga framkvæmdar sem ljúka á. Nefndin gerir síðan tillögur til fjármálaráðuneytisins þar sem lagt er mat á það hvort ofangreind skilyrði eru uppfyllt og hvort heimila eigi útboð framkvæmdarinnar.

7. *Hefur samstarfsnefnd um opinberrar framkvæmdir sinnt því að rannsaka frumathuganir og áætlunargerðir svo sem henni er boðið að gera skv. 2. mgr. 18. gr. laga um opinberar framkvæmdir? Ef svo er, hefur nefndin einhvern tímann gert athugasemdir til ráðherra í kjölfar slíkrar rannsóknar?*

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur ekki rannsakað frumathuganir nema í undantekningartilvikum eins og komið hefur fram. Hafi rannsókn nefndarinnar á áætlunargerðinni leitt til þeirrar niðurstöðu að henni teljist að einhverju leyti ábótavant eða fjárheimildir skorti þá hefur nefndin frestað málinu og óskað skýringa eða viðbótargagna frá viðkomandi ráðuneyti. Berist fullnægjandi skýringar og gögn ásamt því að áætlunargerðin fullnægir að öðru leyti 7. og 8. gr. laganna hefur nefndin lagt til við fjármálaráðuneytið að heimila útboð framkvæmdarinnar. Formaður nefndarinnar hefur metið það í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til þess að gera ráðherra grein fyrir stöðu einstakra mála ef þörf er talin á.

8. *Hefur samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir haft frumkvæði að því að verkleg framkvæmd væri stöðvuð eða að hún væri ekki hafin? Ef svo er, hvaða framkvæmdir áttu þá í hlut og á hvaða grundvelli beitti nefndin sér fyrir slíku?*

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir frestar oft afgreiðslu erinda og þar með í sumum tilvikum framkvæmdinni sjálfri telji hún þau ekki fullnægja kröfum um málatilbúnað fyrir nefndinni eða vegna þess að þörf er á nánari upplýsingum eða skýringum. Í öðrum tilvikum hefur hún lagt til að erindum sé hafnað ef þau uppfylla ekki lögbundin skilyrði. Á meðfylgjandi yfirliti er að finna þau mál sem borist hafa nefndinni á síðustu tveimur árum og hún hefur frestað eða lagt til að verði hafnað uns frekari upplýsingar eða skilyrði liggja fyrir. Hafa ber þó í huga að mörg þessara mála voru þess eðlis að hér var einungis um frestun að ræða þar til nefndin fékk umbeðnar upplýsingar eða skýringar þannig að hægt væri að taka afstöðu til framhalds málsins.

Yfirlit yfir opinberar framkvæmdir á árunum 2000–2001 þar sem samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir frestaði máli eða mælti með stöðvun framkvæmda uns frekari upplýsingar lægju fyrir eða lagaskilyrði væru uppfyllt.

Staðsetning framkvæmdar	Eðli framkvæmdar	Hvernig afgreitt
Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, mæðradeild	Endurbætur.	Ekki lá fyrir samþykki Reykjavíkurborgar á framkvæmdum og ekki hafði verið tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu húsnæðisins. Erindinu því hafnað.
Fræðslumiðstöð á Þingvöllum	Bygging fræðslumiðstöðvar.	Frestað til að afla nánari upplýsinga um framkvæmdatímann.
Kaup á leikfanga- og ráðgjafarmiðstöð í Stykkishólmi	Kaup á fasteign.	Frestað þar sem ekki lá fyrir staðfesting frá Framkvæmdasjóði fatlaðra um að hann greiði kaupverðið.
Þjóðminjasafn	Síðari áfangi endurbyggingar Þjóðminjasafns.	Frestað til að afla frekari upplýsinga.
Þjónustuskáli Alþingis	Útboð á síðari áfanga nýbyggingar þjónustuskála Alþingis.	Frestað til að afla frekari upplýsinga um hvernig fjárveitingum yrði háttað.
Landlæknisembættið	Ósk um að taka á leigu Túngötu 14 í Reykjavík undir starfsemi embættisins.	Erindinu hafnað, enda hefði ekki verið gerð grein fyrir hvernig fjármagna ætti aukinn kostnað vegna flutnings og leigu á nýju húsnæði.
Skrifstofubygging Flugmálastjórnar	Endurbætur á þaki flugturnsins o.fl.	Frestað uns staðfesting bærist á því að kostnaður rúmaðist innan fjárheimilda stofnunarinnar.
Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum	Endurbætur.	Útboð ekki samþykkt þar sem áfangaskipting verksins gerði ráð fyrir að framkvæma umfram fjárveitingar í fyrsta áfanga verksins.
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Endurbætur.	Útboð ekki samþykkt þar sem áfangaskipting verksins gerði ráð fyrir að framkvæma umfram fjárveitingar í fyrsta áfanga verksins.
Sjúkrahús Suðurlands	Heimild til áætlunargerðar vegna viðbyggingar við Sjúkrahús Suðurlands.	Málinu frestað þar til nefndin hefði fengið í hendur niðurstöður frumathugunar, þar á meðal þarfagreiningu ásamt frekari upplýsingum.

329. Svar [98. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um framkvæmd laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Svarið er byggt á upplýsingum sem fengnar eru frá Íbúðalánasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. *Hvernig sinnir Íbúðalánasjóður því hlutverki sínu að „fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði“, sbr. 7. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998?*

Í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 432/1999, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, og 13. gr. reglugerðar nr. 783/1998, um viðbótarlán, sendir Íbúðalánasjóður sveitarfélögum ár hvert áminningu um umsóknarfrest um lán til leiguíbúða og um lánsheimildir vegna viðbótarlána. Jafnframt hefur þá verið óskað eftir áætlunum sveitarfélaga til næstu þriggja ára um heildaríbúðaþörf í hverju sveitarfélagi fyrir sig, áætlanir sveitarfélaga um byggingu eða kaup á leiguíbúðum og áætlanir sveitarfélaga um þörf á viðbótarlánum næstu þrjú árin.

Á umsóknareyðublöðum um lán til leiguíbúða og lánsumsóknum vegna viðbótarlána hefur einnig verið óskað eftir áætlunum sveitarfélaga um íbúðaþörf.

Þrátt fyrir þetta hefur það heyrt til undantekninga að sveitarfélög skili Íbúðalánasjóði slíkum áætlunum, jafnvel þótt eftir því hafi verið gengið.

Í ljósi þessa var ákveðið að Íbúðalánasjóður tæki einungis við umsóknum um lán til leiguíbúða og lánsumsóknum vegna viðbótarlána á sérstökum rafrænum eyðublöðum fyrir árið 2002. Ekki er unnt að skila inn slíkum eyðublöðum öðruvísi en að fylla út sérstaka reiti þar sem spurst er fyrir um áætlanir sveitarfélags um leiguíbúðaþörf og þörf á viðbótarlánum árin 2003, 2004 og 2005.

Þá er rétt að geta þess að Íbúðalánasjóður hefur gert samstarfssamning við Borgarfræðasetur Háskóla Íslands um rannsóknir og upplýsingaöflun á sviði húsnæðismála, þar sem meðal annars er ákveði um að Borgarfræðasetur HÍ taki að sér að vinna framtíðarspá um íbúðaþörf í landinu. Gert er ráð fyrir að slík framtíðarspá liggi fyrir á næsta ári.

2. *Hafa öll sveitarfélög séð til þess að húsnæðisnefndir geri árlega áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, hafi milligöngu um, og hugsanlega frumkvæði að því, að aflað verði húsnæðis í því skyni og aðstoði einstaklinga við húsnæðisöflun, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna? Svar óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.*
3. *Hvernig er staðið að vinnu við árlega áætlanagerð um þörf á íbúðarhúsnæði hjá Reykjavíkurborg, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Akureyri í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laganna?*
4. *Hvernig hafa þau sveitarfélög sem hér hafa verið nefnd aðstoðað einstaklinga við húsnæðisöflun?*
5. *Hvað eru margir einstaklingar og fjölskyldur í áðurnefndum sveitarfélögum án húsnæðis?*

Efni 2., 3., 4. og 5. liðar fjallar um áætlanagerð sveitarfélaga um húsnæðisþörf og aðstoð sveitarfélaga við húsnæðisöflun. Óskað var liðsinnis Íbúðalánasjóðs og Sambands íslenskra

sveitarfélaga við að svara þessum liðum fyrirspurnarinnar. Hvorki Íbúðalánasjóður né Samband íslenskra sveitarfélaga taldi sig geta svarað þeim.

Íbúðalánasjóður hefur leitað upplýsinga hjá sveitarfélögum. Fram kom í svari Íbúðalánasjóðs að það heyri til undantekninga að sveitarfélög skili áætlunum um heildaríbúðaþörf í sveitarfélaginu.

Í bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var bent á að eðlilegast væri að beina 3., 4. og 5. lið fyrirspurnarinnar til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Slíkt er mjög tímafrekt og var því fallið frá því vegna hins skamma frests til að svara fyrirspurn þessari. Hins vegar mun ráðuneytið hvetja bæði Íbúðalánasjóð og sveitarfélögin sjálf til að sinna þessari upplýsingasöfnun.

Störf húsnæðisnefnda.

Skyldur húsnæðisnefnda eru m.a. þær að gera áætlanir fyrir sveitarfélagið um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og aðstoða einstaklinga og fjölskyldur við öflun húsnæðis. Mikilvægt er að húsnæðisnefnd og sveitarfélögin sinni þessari upplýsingasöfnun vel og sendi Íbúðalánasjóði afrit af áætlunum og upplýsingum sínum. Í sumum sveitarfélögum hefur húsnæðisnefnd verið sameinuð félagsmálanefnd. Ráðuneytinu er kunnugt um að fjölmörg sveitarfélög vinna ötult starf við að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur við húsnæðisöflun. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir eru án húsnæðis en í mörgum sveitarfélögum er mikil eftirspurn eftir viðbótarlánum og biðlistar eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Viðbótarlán.

Sveitarfélög hafa ásamt ríkinu aðstoðað þá er búa við erfiðar félagslegar eða fjárhagslegar aðstæður við íbúðarkaup með svokölluðum viðbótarlánum. Viðbótarlán eru ætluð þeim sem þurfa sérstaka aðstoð við íbúðarkaup. Lánin koma til viðbótar húsbréfalánum og geta numið allt að 25% af matsverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs má þó aldrei fara yfir 90% af kaupverði að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga. Umsækjandi fær þannig húsbréfalán sem er 65% eða 70% af kaupverðinu og einnig 20% eða 25% viðbótarlán hjá Íbúðalánasjóði með atbeina húsnæðisnefndar. Allir sem eiga rétt á húsbréfaláni til kaupa á eigin íbúð eiga rétt á viðbótarláni að uppfylltum skilyrðum um greiðslugetu og tekju- og eignarmörk. Enn fremur er viðkomandi sveitarstjórn heimilt að setja reglur um veitingu viðbótarláns sem taka m.a. mið af húsnæðisaðstæðum, fjölskyldustærð, heilsufari og vinnugetu umsækjanda. Sveitarfélögin leggja fram upphæð sem svarar 5% af upphæð viðbótarlánsins í varasjóð viðbótarlána og stendur sjóðurinn í ábyrgð fyrir viðbótarláninu.

Frá 1. janúar 1999 til 1. september 2001 hafa 3.588 viðbótarlán verið afgreidd hjá Íbúðalánasjóði og gert er ráð fyrir að tala viðbótarlána verði orðin rúmlega 4.300 fyrir árslok.

Að öðru leyti er vísað í svar Íbúðalánasjóðs við 6. lið varðandi Reykjavíkurborg, Kópavog, Hafnarfjörð og Akureyri.

Félagslegar leiguíbúðir.

Sveitarfélög eiga fjölmargar leiguíbúðir sem þau leigja út til skjólstæðinga sinna. Við úthlutun leiguíbúðanna er tekið tillit til tekna auk eigna- og skuldastöðu. Einnig er tekið mið af húsnæðisaðstæðum, fjölskyldustærð, heilsufari og vinnugetu umsækjenda. Mikil ásókn er í þessar leiguíbúðir þar sem leigan fyrir þær er að jafnaði lægri en á almennum leigumarkaði. Sveitarfélögin hafa ýmist keypt eða byggt þessar eignir undir leiguhúsnæði eða um er að ræða félagslegar eignaríbúðir sem hafa verið innleystar af viðkomandi sveitarfélagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði veitti sjóðurinn lánsheimildir til sveitarfélaga, þ.m.t. Félagsbústaða hf., til bygginga eða kaupa á 833 leiguíbúðum. Um er að ræða lán til bygginga eða kaupa nýrra leiguíbúða á árunum 1999–2001 og lán vegna innlausnaríbúða sem breytt var í leiguíbúðir. Þessu til viðbótar fékkst með lögum nr. 77/2001, um breytingu á lögum um húsnæðismál, heimild fyrir sveitarfélög sem ætla að breyta innlausnaríbúð í leiguíbúð þannig að þau geta nú látið áhvílandi lán standa á óbreyttum vöxtum út upphaflegan lánstíma þrátt fyrir breytingu á notkun íbúðarinnar. Aðrir aðilar, svo sem félagasamtök, fengu lánsheimildir til bygginga eða kaupa á 690 leiguíbúðum á árunum 1999– 2001.

	1999	**2000**	**2001**
Sveitarfélög, þ.m.t. Félagsbústaðir hf.	272	318	243
Aðrir aðilar	193	131	366

Af hálfu ríkisvaldsins og Íbúðalánasjóðs er í gangi sérstakt átak til að fjölga leiguíbúðum hjá þeim sveitarfélögum þar sem þess er mest þörf. Áformað er að byggja í þessu sérstaka átaki 600 leiguíbúðir á næstu fjórum árum eða um 150 íbúðir ári. Vextir eru 4,5% og átak þetta verður unnið með stuðningi lífeyrissjóðanna.

Árlegar lánsheimildir Íbúðalánasjóðs eru 400 íbúðir á ári til félagslegra leiguíbúða sem leigðar verða fólki undir skilgreindum tekju- og eignarmörkum. Vextir á þessum félagslegu leiguíbúðum eru 3,5%.

Að öðru leyti er vísað í svar Íbúðalánasjóðs við 6. lið varðandi Reykjavíkurborg, Kópavog, Hafnarfjörð og Akureyri.

6. *Hvernig hefur Íbúðalánasjóður fylgst með áætlanagerð um íbúðarhúsnæði hjá Reykjavíkurborg, í Kópavogi, í Hafnarfirði og á Akureyri?*

Íbúðalánasjóður hefur leitað upplýsinga hjá framangreindum sveitarfélögum á sama hátt og hjá öðrum sveitarfélögum. Fram kom í svari Íbúðalánasjóðs að það heyrir til undantekninga að sveitarfélög skili áætlunum um heildaríbúðaþörf í sveitarfélaginu. Einnig er það undantekning að sveitarfélög hafi skilað áætlunum um þörf á leiguhúsnæði og viðbótarlánum tvö ár fram í tímann eins og reglugerðir kveða á um. Hins vegar má draga ákveðnar ályktanir af umsóknum sveitarfélaganna um lán til leiguíbúða og umsóknir um heimildir til veitingar viðbótarlána.

Reykjavík.

Hvað varðar Reykjavík þá barst sjóðnum árið 1999 erindi frá Félagsbústöðum hf. þar sem Félagsbústaðir áætluðu að þörf væri á allt að 810 leiguíbúðum í Reykjavík. Sjóðnum hafa ekki borist nýrri áætlanir frá Félagsbústöðum um íbúðaþörf. Hins vegar sóttu Félagsbústaðir um lán til kaupa á 100 íbúðum á hverju ári árin 1999, 2000 og 2001. Íbúðalánasjóður hefur orðið við öllum umsóknum Félagsbústaða í Reykjavík vegna þessara ára.

Íbúðalánasjóði hefur ekki borist umsókn um lán til leiguíbúða frá Félagsbústöðum fyrir árið 2002. Hins vegar liggja fyrir tæplega 500 umsóknir um lán til leiguíbúða frá félagasamtökum og leigufélögum í Reykjavík.

Þá hefur húsnæðisnefnd Reykjavíkur árlega áætlað þörf fyrir viðbótarlán í Reykjavík. Á árinu 1999 hljóðaði upphafleg áætlun upp á 400 viðbótarlán, en um mitt ár sótti húsnæðisnefndin um 210 lán til viðbótar. Áætlun húsnæðisnefndarinnar fyrir árið 2000 hljóðaði upp á 800 lán. Upphafleg áætlun fyrir árið 2001 hljóðaði upp á 650 lán. Reykjavíkurborg hefur

sótt um 350 lán til viðbótar fyrir árið 2001. Þá hefur Reykjavíkurborg sótt um heimildir fyrir 875 viðbótarlán fyrir árið 2002.

Kópavogur.

Í áætlunum þeim er Kópavogsbær sendi Íbúðalánasjóði fyrir árin 1999–2001 var heildaríbúðaþörf ekki skilgreind, hins vegar kom fram að Kópavogsbær áætlaði að nauðsynlegt árlegt framboð byggingarlóða væri 400 árin 1999–2000, en 450 fyrir árið 2001.

Í umsókn fyrir árið 2002 kemur fram að Kópavogsbær áætlar að heildaríbúðaþörf sé 450 íbúðir.

Kópavogsbær áætlaði að þörf væri fyrir 133 leiguíbúðir í bænum á árinu 1999, en sótti um lánafyrirgreiðslu vegna 60 leiguíbúða. Áætluð þörf fyrir árið 2000 var 70 leiguíbúðir, en Kópavogsbær sótti hins vegar um lánafyrirgreiðslu vegna 55 leiguíbúða það ár. Sótt var um lán til kaupa á 40 leiguíbúðum árið 2001, en að heildarþörf fyrir nýjar leiguíbúðir væri 60 íbúðir. Umsóknir um lán til leiguíbúða fyrir árið 2002 eru 35 talsins, en þörfin er áætluð 60 íbúðir. Íbúðalánasjóður hefur orðið við öllum umsóknum Kópavogsbæjar vegna áranna 1999–2001.

Áætlanir Kópavogsbæjar hvað varðar viðbótarlán voru 140 viðbótarlán árið 1999, 150 árið 2000, 145 árið 2001 og 160 árið 2002.

Hafnarfjörður.

Hafnarfjörður sótti um lán til 10 leiguíbúða fyrir árið 1999, en í umsókninni kom fram að vaxandi eftirspurnar eftir leiguhúsnæði hefði gætt á árinu 1998. Fyrir árin 2000–2002 sótti Hafnarfjörður um lán til kaupa á fimm leiguíbúðum. Ekki liggur fyrir áætlun um heildaríbúðaþörf. Íbúðalánasjóður hefur orðið við öllum umsóknum Hafnarfjarðar vegna áranna 1999–2001.

Hafnarfjarðarbær sótti um 200 viðbótarlán fyrir árið 1999 og lagði þar til grundvallar úthlutun á félagslegum leiguíbúðum og eftirspurn eftir félagslegu húsnæði í bænum í lok árs 1998. Fyrir árin 2000–2002 hefur Hafnarfjarðarbær sótt um 180 viðbótarlán árlega.

Akureyri.

Umsóknir Akureyrarbæjar um lán til leiguíbúða á árinu 1999 voru 50, en 25 fyrir árið 2000. Akureyrarbær áætlaði að þörf væri fyrir 60 nýjar leiguíbúðir í bænum árið 2001, en sótti um lán til átta leiguíbúða. Íbúðalánasjóður hefur orðið við öllum umsóknum Akureyrarbæjar vegna þessara ára. Í umsókn fyrir árið 2002 sótti Akureyrarbær um 10 leiguíbúðir, en félagasamtök og leigufélög sækja samtals um lán til 46 leiguíbúða. Þá eru ótaldar umsóknir um lán vegna nemendagarða.

Í áætlunum Akureyrarbæjar tengdum umsóknum fyrir árið 2002 er áætluð heildaríbúðaþörf í bænum 130 íbúðir, þar af 30 leiguíbúðir.

Akureyrarbær sótti um 150 viðbótarlán fyrir árið 1999, 220 fyrir árið 2000, 190 fyrir árið 2001 og 150 viðbótarlán fyrir árið 2001.

330. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

(Eftir 2. umr., 13. nóv.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989 og 4. nóvember 1993.

2. gr.

Í fylgiskjali með lögunum verða þær breytingar sem greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Breytingar á alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

1. Eftirfarandi breytingar verða á 3. reglu:
   a. Í stað orðanna „Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja“ í 2. mgr. g-liðar kemur: Hugtakið „skip með takmarkaða stjórnhæfni“ nær til, en takmarkast þó ekki við.
   b. 3. tölul. 2. mgr. g-liðar orðast svo: skip við móttöku eða losun eldsneytis, vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust.
2. Í stað orðsins „dyggilega“ í 5. reglu kemur: dyggilegan.
3. Eftirfarandi breytingar verða á 10. reglu:
   a. Í stað orðsins „siglingaleiðar“ í 1. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleiðar.
   b. Í stað orðsins „siglingaleið“ í 3. tölul. b-liðar kemur: einstefnuleið.
   c. Í stað orðanna „afmarkaða siglingaleið“ í c-lið kemur: afmarkaðar einstefnuleiðir, og í stað orðanna „hinnar afmörkuðu siglingaleiðar“ kemur: skipaumferðarinnar.
   d. 1. tölul. d-liðar orðast svo: Skip á ekki að sigla strandleið þegar það getur með öryggi siglt eftir þeirri einstefnuleið er við á í aðskilinni siglingaleið sem næst liggur. Þó mega skip, sem eru styttri en 20 metrar, seglskip og skip að fiskveiðum sigla strandleiðina.
   e. Í stað orðanna „Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði“ í 1. mgr. e-liðar kemur: Að jafnaði má ekki sigla skipi inn á svæði.

4. A-liður 14. reglu orðast svo: Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðum stefnum eða því nær gagnstæðum stefnum, svo að hætta er á árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort framhjá öðru á bakborða.
5. Í stað orðanna „torvelda góða útsýn frá skipinu“ í b-lið 20. reglu kemur: torvelda að halda dyggilegan útvörð á skipinu.
6. 2. tölul. c-liðar 23. reglu orðast svo: Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og siglir með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er.
7. Í stað orðanna „svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina“ í i-lið 24. reglu kemur: sérstaklega með því að lýsa upp dráttartaugina.
8. Eftirfarandi breytingar verða á 26. reglu:
   a. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. b-liðar falla brott.
   b. Orðin „á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu“ í 1. tölul. c-liðar falla brott.
   c. D-liður orðast svo: Viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur, á við skip sem er að fiskveiðum rétt í námunda við önnur skip að fiskveiðum.
9. Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka:
   a. 2. tölul. f-liðar 2. hluta, *Lóðrétt staðsetning siglingaljósa og fjarlægð á milli þeirra,* orðast svo: Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. gr. b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið(in) eða lóðrétt milli fremra(i) og aftara(i) sigluljóssins (sigluljósanna), svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.
   b. Nýr stafliður, d-liður, bætist við 3. hluta, *Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra,* svohljóðandi: Á vélskipi sem er aðeins skylt að hafa uppi eitt sigluljós skal ljósið vera framan við miðju skipsins. Á skipum, styttri en 20 metrar, er þó ekki skylt að hafa ljósið framan við miðju skipsins, en það skal haft eins framarlega á skipinu og unnt er.
   c. B-liður 9. hluta, *Láréttir ljósgeirar*, verður liður b. 1. og við bætist nýr liður, b. 2., svohljóðandi: Sé óframkvæmanlegt að fara eftir lið b. 1. í þessum hluta með því að hafa uppi aðeins eitt hringljós, skal hafa uppi tvö hringljós, sem skulu eftir því sem frekast er unnt og þar sem best hentar sett upp á þann veg eða þannig búin hlífum, að ljósin sjáist sem eitt ljós í einnar sjómílu fjarlægð.
   d. Nýr hluti bætist við, 13. hluti, svohljóðandi, og breytist röð annarra hluta samkvæmt því: *13. Mjög hraðskreið skip.* Á mjög hraðskreiðu skipi, þar sem hlutfallið af lengd skipsins á móti breidd þess er minna en 3,0, má sigluljósið vera lægra en mælt er fyrir um í 1. gr. a-liðar 2. hluta þessa viðauka, svo framarlega sem hornið við grunnlínu á jafnarma þríhyrningi, sem sigluljósið og hliðarljósin mynda, þegar horft er á ljósin framan frá, er ekki minna en 27°.
10. Eftirfarandi breytingar verða á 2. hluta II. viðauka, *Merki skipa að togveiðum:*
   a. Inngangsmálsliður a-liðar orðast svo: Skip að togveiðum, 20 metrar á lengd eða lengra, skal, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, hafa uppi.
   b. Inngangsmálsliður b-liðar orðast svo: Á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri og toga vörpu á milli sín, skal á hvoru þeirra um sig hafa uppi.
   c. Nýr stafliður, c-liður, bætist við, svohljóðandi: Skip styttra en 20 metrar má, eftir því sem við á, hafa uppi þau ljós sem mælt er fyrir um að hafa uppi í a- eða b-lið þessa

hluta, hvort sem skipið er að veiðum með botnvörpu eða flotvörpu eða togar vörpu með öðru skipi.

11. O-liður 1. hluta IV. viðauka orðast svo: Viðurkennd merki sem send eru frá fjarskiptakerfum, hér með taldir ratsjársvarar í björgunarförum.

331. Svar [215. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um þorskveiði smábáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið af heildarþorskaflanum var tekið á krókabáta á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001? Svar óskast bæði í aflahlutdeild og aflamarki.*
2. *Hve mikið af þeim þorskafla var hlutdeild krókabáta og hve mikið var flutt til þeirra úr aflamarkskerfinu þessi sömu ár?*

Leitað var til Fiskistofu um svar við fyrirspurninni og fylgir svar stofunnar hér á eftir.

16,206% af heildarþorskafla íslenskra skipa í íslenskri lögsögu voru veidd af krókabátum fiskveiðiárið 1999/2000 og 17,553% fiskveiðiárið 2000/2001. Þar af voru 12,663% af þorskaflanum veidd af þorskaflahámarksbátum fiskveiðiárið 1999/2000 og 13,171% af þorskaflahámarks- og krókaaflamarksbátum fiskveiðiárið 2000/2001.

Svar við seinni lið fyrirspurnarinnar er tvískipt. Annars vegar um hve mikill hluti þorskafla krókabáta var hlutdeild krókabáta (úthlutuð og áætluð hlutdeild í þorskafla) en hins vegar hve mikið aflamark var flutt úr aflamarkskerfinu í krókaaflamarkskerfið.

Þorskaflahámarks- og krókaaflamarksbátum er ekki heimilt að veiða annan þorskafla en þeir hafa aflaheimild fyrir. Hlutfall afla þeirra af leyfilegum þorskafla var 12,663% fiskveiðiárið 1999/2000 og 13,171% fiskveiðiárið 2000/2001. Aflaheimildir þeirra svöruðu að sjálfsögðu til aflans (úthlutun og heimildir til tilfærslu milli skipa og ára o.s.frv.). Krókabátar undir sóknarstýringu veiddu 3,543% þorskaflans fiskveiðiárið 1999/2000 og 4,383% þorskaflans fiskveiðiárið 2000/2001. Áætluð hlutdeild þeirra í þorskafla var 1,0797% fiskveiðiárið 1999/2000 og 1,080% fiskveiðiárið 2000/2001.

12 lestir af aflamarki (slægður fiskur) í þorski voru leigðar úr almenna aflahlutdeildarkerfinu í krókakerfið á fiskveiðiárinu 1999/2000. Hér var um ein viðskipti að ræða þar sem hlutaðeigandi færði aflamark af eigin aflamarksbáti á þorskaflahámarksbát sem hann átti. Útgerðir færðu 58,5 lestir af aflamarki í þorski á sama hátt, frá eigin aflamarksskipum á eigin þorskaflahámarks- eða krókaaflamarksbáta, á fiskveiðiárinu 2000/2001. Auk þess leigðu eigendur þorskaflahámarks- og krókaflamarksbáta 60,5 lesta aflamark í þorski af eigendum aflamarksskipa á fiskveiðiárinu 2000/2001. Alls var því flutt 119 lesta aflamark í þorski úr almenna aflahlutdeildakerfinu í krókakerfið fiskveiðiárið 2000/2001.

Þorskafli krókabáta fiskveiðiárin 1999/2000 og 2000/2001

		Afli upp úr sjó (óslægður) í lestum		Hlutfall afla innan landhelgi	
		Fiskveiðiár		Fiskveiðiár	
Nr. flokks	Útgerðarflokkur	1999/2000	2000/2001	1999/2000	2000/2001
96*)	Krókaaflamark	0	349	0,000%	0,158%
98*)	Þorskaflahámark	32.375	28.762	12,663%	13,013%
99	Línu- og handfærabátur	128	77	0,050%	0,035%
100	Handfærabátur	2.022	1.723	0,791%	0,780%
101	Sóknardagabátur	6.909	7.886	2,702%	3,568%
	Samtals	**41.433**	**38.798**	**16,206%**	**17,553%**
Heildarafli þorsks innan landhelgi		255.668	221.031		

*) Krókaaflamark og þorskaflahámark eru afbrigði af aflamarki, sem reiknað er frá aflahlutdeild og leyfilegum afla.

Þorskaflamark flutt af aflamarksskipum á krókabáta

	Fiskveiðiár	
Skýring	1999/2000	2000/2001
A-færslur af skipi í eigu sama aðila	12.0	58.5
D-færslur af óskyldum aðila		60.5
Samtals af aflamarksskipum	**12.0**	**119.0**

Áætlaður hlutur annarra krókabáta en krókaaflamarks- og þorskaflahámarksbáta af leyfilegum þorskafla

		Fiskveiðiár		Hlutfall af afla fiskveiðiársins	
Nr. flokks	Útgerðarflokkur	1999/2000	2000/2001	1999/2000	2000/2001
99	Línu- og handfærabátur	0,029%	0,029%	0,050%	0,035%
100	Handfærabátur	0,383%	0,383%	0,791%	0,780%
101	Sóknardagabátur	0,668%	0,668%	2,702%	3,568%
	Samtals	**1,0797%**	**1,080%**	**3,543%**	**4,383%**

332. Svar [211. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um landanir á Vestfjörðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklum afla var landað á Vestfjörðum tvö síðustu fiskveiðiár, skipt eftir sveitarfélögum?*
2. *Hve mikill hluti þess afla var:*
   a. *unninn á Vestfjörðum,*
   b. *settur í gáma til útflutnings,*
   c. *seldur til vinnslu í öðrum landshlutum?*

Ráðuneytið fór þess á leit við Fiskistofu að hún tæki saman svar við fyrirspurninni og fer svar hennar hér á eftir.

Í meðfylgjandi töflum koma fram upplýsingar um landaðan afla íslenskra skipa á Vestfjörðum tvö síðustu fiskveiðiár flokkaðar eftir fisktegundum í hverri löndunarhöfn. Landaður

afli íslenskra skipa á Vestfjörðum var 82.706 tonn fiskveiðiárið 1999/2000 og 88.804 tonn fiskveiðiárið 2000/2001. Umtalsverðum afla var landað að auki af erlendum skipum bæði fiskveiðiárin, mest af rækju og loðnu.

Tölur um magn afla einstakra fisktegunda sem landað var á Vestfjarðahöfnum fiskveiðiárin 1999/2000 og 2000/2001 eru sýndar í töflu 1 (svar við lið 1).

Tölur um magn afla einstakra fisktegunda sem fór til vinnslu á Vestfjörðum (vinnsluhús og vinnsluskip) ásamt hlutfalli þess afla af lönduðum afla á Vestfjörðum eru sýndar í töflu 2 fyrir fiskveiðiárið 1999/2000 og í töflu 3 fyrir fiskveiðiárið 2000/2001 (svar við lið 2.a). Af helstu tegundum var hlutfallslega mest unnið af rækju í fjórðungnum en minna af ýsu og kola. Meira var unnið af rækju en nemur lönduðum afla íslenskra skipa. Auk þess var verulegt magn af innfluttri rækju unnið á Vestfjörðum en sú rækja er ekki inni í þessum tölum.

Tölur um landaðan afla sem fluttur var óunninn í gámum á erlenda fiskmarkaði ásamt hlutfalli þess afla af lönduðum afla á Vestfjörðum eru sýndar í töflu 4 fyrir fiskveiðiárið 1999/2000 og í töflu 5 fyrir fiskveiðiárið 2000/2001 (svar við lið 2.b).

Sá afli sem eftir stendur af lönduðum afla á Vestfjörðum, eftir að afli til vinnslu á Vestfjörðum og afli sem fluttur var óunninn á erlenda fiskmarkaði hefur verið dreginn frá, kemur fram sem hlutfall af lönduðum afla í töflu 6 (svar við lið 2.c). Þessar tölur eru að mestu andhverfa við tölur í töflum 2 og 3. Mikið var selt í aðra landshluta af ýsu og kola en meira keypt af grálúðu og rækju en selt var úr fjórðungnum. Athuga ber að tölurnar sýna ekki veltu heldur er mismunur á seldum og keyptum afla settur fram sem hlutfall af lönduðum afla. Ef hlutfallið er neikvætt (-) þýðir það að meiri afli var unninn á Vestfjörðum en þar var landað. Það segir hins vegar ekkert um hvað varð nákvæmlega um þann afla sem þar var landað.

Tafla 1. Afli sem landað var á Vestfjarðahöfnum í kg upp úr sjó (óslægt). Erlend skip ekki meðtalin. Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Fisktegund	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldu-dalur	Þing-eyri	Flat-eyri	Suður-eyri	Bolungar-vík	Ísa-fjörður	Súða-vík	Norður-fjörður	Drangs-nes	Hólma-vík	Samtals
Fiskveiðiárið 1999/2000															
Þorskur	196.572	91.737	5.844.134	3.602.499	854.115	2.974.318	3.488.872	3.513.336	6.373.405	7.816.895		289.623	941.171	641.067	36.627.744
Ýsa			438.960	207.169	83.521	338.111	524.683	1.208.495	1.916.588	1.064.066		25	41.817	270.331	6.093.766
Ufsi	17	214	53.289	29.667	1.889	16.945	7.929	19.450	17.057	251.304				54	397.815
Karfi	0	0	1.919	936	10	16.693	2.033	4.319	8.276	392.232	0	0	25	32.607	459.050
Langa			10.494	683		51.608	6.043	585	749	1.813					71.975
Keila			71.377	558		115.015	29.258	2.316	9.558	2.940			114	2.497	233.633
Steinbítur			1.660.677	1.871.946	155.518	315.744	825.436	700.359	1.234.845	847.595			13.713	32.142	7.657.975
Úthafskarfi										1.104.545					1.104.545
Grálúða/svarta spraka						613			9.620	1.214.554				115.712	1.340.499
Skarkoli			334.034	73.372	112.609	29.436	60.831	11.946	178.724	199.994			1.850	17.593	1.020.389
Þykkvalúra/sólkoli			2.805	904	286		1.777		417	34.816					41.005
Sandkoli			46.468	1.785	7.359	69.819	2.411	17	2.881				48	3.624	134.412
Skrápflúra			20.158	61	643		1.180		1.364	1.187			329	1.397	26.319
Síld									112.790						112.790
Loðna									19.710.539						19.710.539
Rækja/djúprækja	59.971				554.230				446.101	2.636.131	1.999.068			1.030.304	6.725.805
Hörpudiskur					156.371		0								156.371
Kúfiskur/kúskel							553.711								553.711
Annað	26.229	0	29.165	5.264	3.164	37.117	10.517	4.658	31.223	87.568	0	0	482	4.907	240.294
Samtals	282.789	91.951	8.513.480	5.794.844	1.929.715	3.965.419	5.514.681	5.465.481	30.054.137	15.655.640	1.999.068	289.648	999.549	2.152.235	82.708.637
Fiskveiðiárið 2000/2001															
Þorskur	296.848	92.220	5.313.419	2.354.162	790.559	2.708.537	3.321.806	3.227.424	5.726.179	7.135.900	2.986	325.554	842.744	694.806	32.833.144
Ýsa	70		428.576	424.315	55.300	446.641	587.242	1.298.023	1.880.856	1.193.401		10.299	300.470	115.227	6.740.420
Ufsi	215	2.246	70.864	34.212	13.384	5.589	26.511	27.767	25.824	308.530		2.213	1.672	48	519.075
Karfi			2.652	319	117	26.446	4.682	4.774	20.455	225.380	0	30	811	531	286.197
Langa			9.805	514	145	28.035	2.437	386	1.127	1.155			5		43.609
Keila			59.384	1.514	4	128.076	1.351	3.638	20.282	5.445		167	3.240	4.121	227.222
Steinbítur	11.119		1.450.437	2.316.965	35.081	467.404	906.814	739.865	901.603	1.015.346		3.691	36.114	16.630	7.901.069
Grálúða/svarta spraka						487	4	492	6.270	1.929.191					1.936.444
Skarkoli			366.574	57.938	55.312	15.258	123.753	12.860	227.505	130.456		10	27.986	1.105	1.018.757
Þykkvalúra/sólkoli			1.045	316	18	199	7.028		923	30.076		8			39.613
Sandkoli			32.326	165	6.160	27.557	612		11.340	17			25.306	15	103.498
Skrápflúra			13.648	852	17		6.565	12	173	71			6.569		27.907
Síld						56.000		0							56.000
Loðna									31.980.000						31.980.000
Rækja/djúprækja	79.673				624.909	14.388			253.715	1.287.961	1.978.549		489	496.525	4.736.209
Hörpudiskur					74.859										74.859
Annað	0	0	24.473	4.772	2.933	52.201	10.545	6.602	32.802	139.980	0	163	2.782	2.958	280.211
Samtals	387.925	94.466	7.773.203	5.196.044	1.658.798	3.976.818	4.999.350	5.321.843	41.089.054	13.402.909	1.981.535	342.135	1.248.188	1.331.966	88.804.234

Tafla 2. Afli til vinnslu á Vestfjörðum eftir höfnum fiskveiðiárið 1999/2000 og hlutfall þess afla af löndunum afla í fjórðungnum. Erlend skip ekki meðtalin.

Fisktegund	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldu-dalur	Þing-eyri	Flat-eyri	Suður-eyri	Bolungar-vík	Ísafjörður + Hnífsdalur	Súða-vík	Norður-fjörður	Drangs-nes	Hólma-vík	Samtals
Þorskur			3.909.075	2.933.288	1.006.495	2.868.006	4.524.015	3.189.496	1.676.686	8.203.691			909.034	72.329	29.292.115
Ýsa			83.743	99.645	148	47.862	104.085	1.007.974	583.271	847.007			9.669	54	2.783.458
Ufsi				13.887	2.726				5.916	156.105				1.195	179.829
Karfi	0	0	0	134	0	0	0	394	34	292.855	0	0	0	235.838	529.255
Langa				460		54.076				693					55.229
Keila				445		207.566	9	1.582	320	376			42	452	210.792
Steinbítur			1.584.861	988.746	61.321	257.863	152.306	693.455	909.685	841.302			337		5.489.876
Úthafskarfi										1.156.908					1.156.908
Grálúða										1.558.814				424.754	1.983.568
Skarkoli			13	6.057	8.961	60		182		17.555					32.828
Sólkoli					0					7.553					7.553
Sandkoli				322	0					0					322
Skrápflúra					0					875					875
Síld									112.790	0					112.790
Loðna									19.710.539	0					19.710.539
Rækja					553.920				291.665	2.297.285	3.540.994			1.390.405	8.074.269
Hörpudiskur					77.770					0					77.770
Kúskel							404.463			0					404.463
Annað	0	0	5.534	2.058	0	867	1.239	3.667	1.847	149.287	0	0	0	4.931	169.430
	0	0	5.583.226	4.045.042	1.711.341	3.436.300	5.186.117	4.896.750	23.292.753	15.530.306	3.540.994	0	919.082	2.129.958	70.271.869
Þorskur	0,0%	0,0%	66,9%	81,4%	117,8%	96,4%	129,7%	90,8%	26,3%	104,9%	0,0%	0,0%	96,6%	11,3%	80,0%
Ýsa	-	-	19,1%	48,1%	0,2%	14,2%	19,8%	83,4%	30,4%	79,6%	-	0,0%	23,1%	0,0%	45,7%
Ufsi	0,0%	0,0%	0,0%	46,8%	144,3%	0,0%	0,0%	0,0%	34,7%	62,1%	-	-	-	2213,0%	45,2%
Karfi	-	-	0,0%	14,3%	0,0%	0,0%	0,0%	9,1%	0,4%	74,7%	-	-	0,0%	723,3%	115,3%
Langa	-	-	0,0%	67,3%	-	104,8%	0,0%	0,0%	0,0%	38,2%	-	-	-	-	76,7%
Keila	-	-	0,0%	79,7%	-	180,5%	0,0%	68,3%	3,3%	12,8%	-	-	36,8%	18,1%	90,2%
Steinbítur	-	-	95,4%	52,8%	39,4%	81,7%	18,5%	99,0%	73,7%	99,3%	-	-	2,5%	0,0%	71,7%
Úthafskarfi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	104,7%	-	-	-	-	104,7%
Grálúða/svarta spraka	-	-	-	-	-	0,0%	-	-	0,0%	128,3%	-	-	-	367,1%	148,0%
Skarkoli	-	-	0,0%	8,3%	8,0%	0,2%	0,0%	1,5%	0,0%	8,8%	-	-	0,0%	0,0%	3,2%
Þykkvalúra/sólkoli	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	-	0,0%	21,7%	-	-	-	-	18,4%
Sandkoli	-	-	0,0%	18,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	-	-	0,0%	0,0%	0,2%
Skrápflúra	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	-	0,0%	73,7%	-	-	0,0%	0,0%	3,3%
Síld	-	-	-	-	-	-	-	-	100,0%	-	-	-	-	-	100,0%
Loðna	-	-	-	-	-	-	-	-	100,0%	-	-	-	-	-	100,0%
Rækja/djúprækja	0,0%	-	-	-	99,9%	-	-	-	65,4%	87,1%	177,1%	-	-	135,0%	120,0%
Hörpudiskur	-	-	-	-	49,7%	-	-	-	-	-	-	-	-	-	49,7%
Kúfiskur/kúskel	-	-	-	-	-	-	73,0%	-	-	-	-	-	-	-	73,0%
Annað	0,0%	-	19,0%	39,3%	0,0%	2,3%	11,8%	78,7%	5,9%	170,5%	-	-	0,0%	100,5%	70,5%
Samtals	0,0%	0,0%	65,8%	69,9%	88,8%	87,5%	94,2%	89,7%	77,6%	99,8%	177,1%	0,0%	92,0%	99,2%	85,0%

Tafla 3. Afli til vinnslu á Vestfjörðum eftir höfnum fiskveiðiárið 2000/2001 og hlutfall þess afla af lönduðum afla í fjórðungnum. Erlend skip ekki meðtalin.

Fisktegund	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldu-dalur	Þing-eyri	Flat-eyri	Suður-eyri	Bolungar-vík	Ísa-fjörður	Súða-vík	Norður-fjörður	Drangs-nes	Hólma-vík	Samtals
Þorskur			3.127.057	2.026.745	1.263.825	2.348.826	4.533.472	3.068.395	2.523.629	7.260.919			810.608	56.149	27.019.625
Ýsa			77.819	110.737	10.604	31.471	154.632	1.142.967	378.465	899.227			4.855	79	2.810.856
Ufsi				30.003	13.382	197	647		6.590	273.492				48	324.359
Karfi					49	11		49	3.692	97.687			13		101.501
Langa			8	288	26	31.831	98			0					32.251
Keila			13.918	1.514		116.753			53	11					132.249
Steinbítur			1.511.586	1.478.006	188.469	490.133	34.754	754.021	521.320	1.532.192			2.078		6.512.559
Grálúða										2.236.811					2.236.811
Skarkoli			107.172	14	13.591	120		262		38.860					160.019
Sólkoli			474							7.787					8.261
Sandkoli										0					0
Skrápflúra										0					0
Síld						56.000				0					56.000
Loðna									31.965.420	16.000					31.981.420
Rækja					631.773				97.179	996.124	3.021.235			1.496.030	6.242.341
Hörpudiskur					32.338					0					32.338
Annað			7.460	507	106	281	2.186	7.713	796	163.155	0		88	0	182.292
Samtals	0	0	4.845.494	3.647.814	2.154.163	3.075.623	4.725.789	4.973.407	35.497.144	13.522.265	3.021.235	0	817.642	1.552.306	77.832.882
Þorskur	0,0%	0,0%	58,9%	86,1%	159,9%	86,7%	136,5%	95,1%	44,1%	101,8%	0,0%	0,0%	96,2%	8,1%	82,3%
Ýsa	0,0%	-	18,2%	26,1%	19,2%	7,0%	26,3%	88,1%	20,1%	75,3%	-	0,0%	1,6%	0,1%	41,7%
Ufsi	0,0%	0,0%	0,0%	87,7%	100,0%	3,5%	2,4%	0,0%	25,5%	88,6%	-	0,0%	0,0%	100,0%	62,5%
Karfi	-	-	0,3%	90,3%	22,2%	120,4%	2,1%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	11,3%
Langa	-	-	0,1%	56,0%	17,9%	113,5%	4,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	-	0,0%	-	74,0%
Keila	-	-	23,4%	100,0%	0,0%	91,2%	0,0%	0,0%	0,3%	0,2%	-	0,0%	0,0%	0,0%	58,2%
Steinbítur	0,0%	-	104,2%	63,8%	537,2%	104,9%	3,8%	101,9%	57,8%	150,9%	-	0,0%	5,8%	0,0%	82,4%
Grálúða/svarta spraka	-	-	-	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	115,9%	-	-	-	-	115,5%
Skarkoli	-	-	29,2%	0,0%	24,6%	0,8%	0,0%	2,0%	0,0%	29,8%	-	0,0%	0,0%	0,0%	15,7%
Þykkvalúra/sólkoli	-	-	45,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	26,9%	-	0,0%	-	-	21,5%
Sandkoli	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	-	-	0,0%	0,0%	0,0%
Skrápflúra	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	-	0,0%	-	0,0%
Síld	-	-	-	-	-	100,0%	-	-	-	-	-	-	-	-	100,0%
Loðna	-	-	-	-	-	-	-	-	100,0%	-	-	-	-	-	100,0%
Rækja/djúprækja	0,0%	-	-	-	101,1%	0,0%	-	-	38,3%	77,3%	152,7%	-	0,0%	301,3%	131,8%
Hörpudiskur	-	-	-	-	43,2%	-	-	-	-	-	-	-	-	-	43,2%
Annað	-	-	30,5%	10,6%	3,6%	0,5%	20,7%	116,8%	2,4%	116,6%	-	0,0%	3,2%	0,0%	65,1%
Samtals	0,0%	0,0%	62,3%	70,2%	129,9%	77,3%	94,5%	93,5%	86,4%	101,0%	152,5%	0,0%	65,5%	116,5%	87,6%

Tafla 4.

Afli sem landað var á Vestfjarðahöfnum fiskveiðiárið 1999/2000 í kg upp úr sjó (óslægt). Erlend skip ekki meðtalin. Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Fisktegund	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldu-dalur	Þing-eyri	Flat-eyri	Suður-eyri	Bolungar-vík	Ísa-fjörður	Súða-vík	Norður-fjörður	Drangs-nes	Hólma-vík	Samtals
Þorskur	196.572	91.737	5.844.134	3.602.499	854.115	2.974.318	3.488.872	3.513.336	6.373.405	7.816.895		289.623	941.171	641.067	36.627.744
Ýsa			438.960	207.169	83.521	338.111	524.683	1.208.495	1.916.588	1.064.066		25	41.817	270.331	6.093.766
Ufsi	17	214	53.289	29.667	1.889	16.945	7.929	19.450	17.057	251.304				54	397.815
Gullkarfi			1.752	756	2	16.693	2.033	4.319	8.276	141.208			25	370	175.434
Langa			10.494	683		51.608	6.043	585	749	1.813					71.975
Steinbítur			1.660.677	1.871.946	155.518	315.744	825.436	700.359	1.234.845	847.595			13.713	32.142	7.657.975
Skarkoli			334.034	73.372	112.609	29.436	60.831	11.946	178.724	199.994			1.850	17.593	1.020.389
Þykkvalúra			2.805	904	286		1.777		417	34.816					41.005
Sandkoli			46.468	1.785	7.359	69.819	2.411	17	2.881				48	3.624	134.412
Annað	86.200	0	120.867	6.063	714.416	152.745	594.666	6.974	20.321.195	5.297.949	1.999.068	0	925	1.187.054	30.486.319
Samtals	256.560	91.951	8.484.315	5.789.580	1.926.551	3.928.302	5.504.164	5.460.823	30.022.914	15.568.072	1.999.068	289.648	999.067	2.147.328	82.706.834

Óunninn afli fluttur á erlendan markað sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárið 1999/2000.

Þorskur		1.814	90.045	0	1.692	2.340	8.795	9.552	172.982	72.261		20.421		4.763	384.665
Ýsa		0	16.912	927	27	0	370	367	332	11.919		0		0	30.855
Ufsi		0	949	0	0	0	0	0	340	8.665		33		0	9.988
Gullkarfi		0	12	16	0	0	0	0	0	14.461		0		0	14.489
Langa		20	21	0	0	0	0	0	0	0		0		41	83
Steinbítur		0	21.317	18.137	50	0	4.382	37	8.190	75.353		0		0	127.466
Skarkoli		0	252.118	23.565	21.482	2.040	2.079	0	39.825	19.870		0		3.123	364.102
Þykkvalúra		0	4.204	33	98	0	0	0	133	1.671		0		0	6.138
Sandkoli		0	182	346	0	0	0	0	0	0		0		0	527
Annað	0	0	10.392	1.175	155	7	12	26	1.860	474	0	0	0	4	14.105
Samtals	0	1.834	396.152	44.199	23.504	4.387	15.639	9.981	223.662	204.674	0	20.455	0	7.932	952.418

Hlutfall útflutts óunnins afla af afla sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárið 1999/2000.

Þorskur	0,0%	2,0%	1,5%	0,0%	0,2%	0,1%	0,3%	0,3%	2,7%	0,9%	0,0%	7,1%	0,0%	0,7%	1,1%
Ýsa	-	-	3,9%	0,4%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,0%	1,1%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,5%
Ufsi	0,0%	0,0%	1,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,0%	3,4%	-	-	-	0,0%	2,5%
Gullkarfi	-	-	0,7%	2,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	10,2%	-	-	0,0%	0,0%	8,3%
Langa	-	-	0,2%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	-	-	-	0,1%
Steinbítur	-	-	1,3%	1,0%	0,0%	0,0%	0,5%	0,0%	0,7%	8,9%	-	-	0,0%	0,0%	1,7%
Skarkoli	-	-	75,5%	32,1%	19,1%	6,9%	3,4%	0,0%	22,3%	9,9%	-	-	0,0%	17,8%	35,7%
Þykkvalúra	-	-	149,9%	3,6%	34,2%	-	0,0%	-	31,8%	4,8%	-	-	-	-	15,0%
Sandkoli	-	-	0,4%	19,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	-	-	0,0%	0,0%	0,4%
Annað	0,0%	-	8,6%	19,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	0,0%	2,0%	4,7%	0,8%	1,2%	0,1%	0,3%	0,2%	0,7%	1,3%	0,0%	7,1%	0,0%	0,4%	1,2%

Tafla 5.

Afli sem landað var á Vestfjarðahöfnum fiskveiðiárið 2000/2001 í kg upp úr sjó (óslægt). Erlend skip ekki meðtalin. Samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum.

Fisktegund	Brjáns-lækur	Haukabergs-vaðall	Patreks-fjörður	Tálkna-fjörður	Bíldu-dalur	Þing-eyri	Flat-eyri	Suður-eyri	Bolungar-vík	Ísa-fjörður	Súða-vík	Norður-fjörður	Drangs-nes	Hólma-vík	Samtals
Þorskur	296.848	92.220	5.313.419	2.354.162	790.559	2.708.537	3.321.806	3.227.424	5.726.179	7.135.900	2.986	325.554	842.744	694.806	32.833.144
Ýsa	70		428.576	424.315	55.300	446.641	587.242	1.298.023	1.880.856	1.193.401		10.299	300.470	115.227	6.740.420
Ufsi	215	2.246	70.864	34.212	13.384	5.589	26.511	27.767	25.824	308.530		2.213	1.672	48	519.075
Gullkarfi			2.652	264	117	26.446	4.682	4.774	20.455	135.611		30	800	531	196.362
Langa			9.805	514	145	28.035	2.437	386	1.127	1.155			5		43.609
Keila			59.384	1.514	4	128.076	1.351	3.638	20.282	5.445		167	3.240	4.121	227.222
Steinbítur	11.119		1.450.437	2.316.965	35.081	467.404	906.814	739.865	901.603	1.015.346		3.691	36.114	16.630	7.901.069
Skarkoli			366.574	57.938	55.312	15.258	123.753	12.860	227.505	130.456		10	27.986	1.105	1.018.757
Þykkvalúra			1.045	316	18	199	7.028		923	30.076		8			39.613
Sandkoli			32.326	165	6.160	27.557	612		11.340	17			25.306	15	103.498
Annað	79.673	0	38.121	5.679	702.718	123.076	17.114	7.106	32.272.960	3.446.972	1.978.549	163	9.851	499.483	39.181.465
Samtals	387.925	94.466	7.773.203	5.196.044	1.658.798	3.976.818	4.999.350	5.321.843	41.089.054	13.402.909	1.981.535	342.135	1.248.188	1.331.966	88.804.234

Óunninn afli fluttur á erlendan markað sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárið 2000/2001.

Þorskur	12.913	19.717	290.980	0	0	0	14.107	19.511	43.625	0	0	0	0	0	400.852
Ýsa	0	0	1.955	0	0	0	607	4.963	6.181	0	0	0	0	0	13.706
Ufsi	0	40	42	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	82
Gullkarfi	0	0	0	0	0	6.830	0	50	0	11.623	0	0	0	0	18.503
Langa	0	0	0	0	0	0	0	96	0	0	0	0	0	0	96
Keila	0	0	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8
Steinbítur	0	0	38.067	0	0	4.300	13.586	1.339	1.170	236.693	0	0	0	0	295.154
Skarkoli	0	0	295.600	3.297	2.938	0	0	3.016	44.325	11.709	0	0	0	0	360.885
Þykkvalúra	0	0	1.382	0	0	0	0	8	120	1.107	0	0	0	0	2.615
Sandkoli	0	0	90	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	90
Annað	0	0	5.984	65	0	2.426	0	75	374	949	0	0	0	0	9.872
Samtals	12.913	19.757	628.122	3.297	2.938	11.130	28.300	28.983	95.421	261.132	0	0	0	0	1.101.864

Hlutfall útflutts óunnins afla af afla sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárið 2000/2001.

Þorskur	4,4%	21,4%	5,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	0,6%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%
Ýsa	0,0%	-	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,4%	0,3%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%
Ufsi	0,0%	1,8%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Gullkarfi	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	25,8%	0,0%	1,0%	0,0%	8,6%	-	0,0%	0,0%	0,0%	9,4%
Langa	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	24,9%	0,0%	0,0%	-	-	0,0%	-	0,2%
Keila	-	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Steinbítur	0,0%	-	2,6%	0,0%	0,0%	0,9%	1,5%	0,2%	0,1%	23,3%	-	0,0%	0,0%	0,0%	3,7%
Skarkoli	-	-	80,6%	5,7%	5,3%	0,0%	0,0%	23,5%	19,5%	9,0%	-	0,0%	0,0%	0,0%	35,4%
Þykkvalúra	-	-	132,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	13,0%	3,7%	-	0,0%	-	-	6,6%
Sandkoli	-	-	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	-	0,0%	0,0%	-	-	0,0%	0,0%	0,1%
Annað	0,0%	-	15,7%	1,1%	0,0%	2,0%	0,0%	1,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	3,3%	20,9%	8,1%	0,1%	0,2%	0,3%	0,6%	0,5%	0,2%	1,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,2%

Tafla 6. Afli landaður á Vestfjörðum fiskveiðiárin 1999/2000 og 2000/2001 sem ekki var unninn í fjórðungnum sem hlutfall af lönduðum afla á Vestfjörðum.

	Fiskveiðiár	
Fisktegund	**1999/2000**	**2000/2001**
Þorskur	19,0%	16,5%
Ýsa	53,8%	58,1%
Ufsi	52,3%	37,5%
Karfi/gullkarfi	37,7%	83,5%
Langa	23,2%	25,8%
Keila	9,8%	41,8%
Steinbítur	26,6%	13,8%
Úthafskarfi	-4,7%	-
Grálúða/svarta spraka	-48,0%	-15,5%
Skarkoli	61,1%	48,9%
Þykkvalúra/sólkoli	66,6%	71,9%
Sandkoli	99,4%	99,9%
Skrápflúra	96,7%	-
Síld	0,0%	0,0%
Loðna	0,0%	0,0%
Rækja/djúprækja	-20,0%	-31,8%
Hörpudiskur	50,3%	56,8%
Kúfiskur/kúskel	27,0%	-
Annað	28,9%	34,9%
Samtals	**13,9%**	**11,1%**

Í töflunni er mismunur heildarafla sem landað var á Vestfjörðum fiskveiðiárin 1999/2000 og 2000/2001 og afla sem unninn var í fjórðungnum og fluttur út ferskur sömu ár. Mismunur kemur fram sem hlutfall af lönduðum afla. Þegar hlutfall er neikvætt hefur meiri afli viðkomandi tegundar farið til vinnslu á Vestfjörðum en nam lönduðum afla

333. Svar [209. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um aflamarksbáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir aflamarksbátar eru undir 6 brl.?*
2. *Hvaðan eru þeir aðallega gerðir út?*
3. *Hvert er meðalaflamark þessara báta á yfirstandandi fiskveiðiári?*
4. *Hver hefur þróun aflamarks þeirra báta verið undanfarin tíu ár sem ekki hafa keypt sér viðbótaveiðiheimildir? Óskað er eftir dæmum.*

Leitað var til Fiskistofu um svör við fyrirspurninni og eru þau eftirfarandi:

1. 2. nóvember 2001 voru 169 aflamarksbátar sem eru minni eða jafnt og 6 brl. (brúttórúmlestir) og hafa veiðileyfi í aflamarkskerfinu.
2. 99 af þessum bátum, sbr. 1. tölul., lönduðu afla á fiskveiðiárinu 2000/2001. Alls var aflinn 1.307.912 kg (óslægt). Mestum afla var landað í Neskaupstað, eða 269.133 kg af 10 bátum, og á Hjalteyri við Eyjafjörð var landað 144.705 kg af 10 bátum.

3. Meðalaflamark 107 báta minni og jafnt og 6 brl., sem aflamark var skráð á við upphaf fiskveiðiársins 2001/2002 og úthlutað var til 1. september 2001 á grundvelli aflahlutdeildar, var (m.v. slægt): Þorskur 9.869 kg, ýsa 391 kg, ufsi 411 kg, karfi 46 kg, langa 2 kg, keila 4 kg, steinbítur 146 kg, grálúða 1 kg, skarkoli 29 kg, þykkvalúra 2 kg og sandkoli 5 kg (úthlutun úr jöfnunarsjóðum er ekki meðtalin).
4. Meðalaflamark á grundvelli aflahlutdeildar 125 báta minni og jafnt og 6 brl., sem veiðileyfi höfðu við upphaf fiskveiðiársins 2001/2002, var 1. september 1992 (m.v. slægt): Þorskur 11.106 kg, ýsa 1.338 kg, ufsi 1.252 kg, karfi 82 kg og skarkoli 156 kg.

Dæmi um breytingu aflamarks báta sem ekki hafa selt eða keypt aflahlutdeild á tímabilinu 1. september 1992 til 1. september 2001 fylgja með.

1. Aflamarksbátar minni eða jafnt og 6 brl. 1. september 2001.

Skip nr.	Heiti	Eink-st.	Einka-nr.	Nr. flokks	Útgerðarflokkur	Hafnar-nr.	Heimahöfn	Brl.
1590	Freyja	VE	260	90	Smábátur með aflamark	1	Vestmannaeyjar	3,9
5665	Lubba	VE	27	90	Smábátur með aflamark	1	Vestmannaeyjar	5,57
6154	Ölduljón	VE	509	90	Smábátur með aflamark	1	Vestmannaeyjar	5,04
6391	Merkúr	VE	2	90	Smábátur með aflamark	1	Vestmannaeyjar	4,6
7249	Svanur	VE	90	90	Smábátur með aflamark	1	Vestmannaeyjar	5,76
5452	Ársæll	VS	4	90	Smábátur með aflamark	2	Vík í Mýrdal	2,5
6121	Helga María	ÁR	121	90	Smábátur með aflamark	11	Þorlákshöfn	3,28
6600	María	ÁR	2	90	Smábátur með aflamark	11	Þorlákshöfn	4,9
6312	Jón Valgeir	GK	99	90	Smábátur með aflamark	13	Grindavík	5,34
1563	Litli Jón	KE	201	90	Smábátur með aflamark	21	Keflavík	4,92
6631	Reynir	KE	40	90	Smábátur með aflamark	21	Keflavík	3,92
6708	Kópur	KE	8	90	Smábátur með aflamark	21	Keflavík	5,1
6876	Eyrarröst	KE	25	90	Smábátur með aflamark	21	Keflavík	5,77
5930	Hafdís	GK	92	90	Smábátur með aflamark	25	Vogar	2,17
6493	Byr	GK	127	90	Smábátur með aflamark	25	Vogar	2,97
7188	Sæúlfur	GK	137	90	Smábátur með aflamark	25	Vogar	3,86
7213	Gulley	GK	159	90	Smábátur með aflamark	25	Vogar	5,26
1606	Mundi á Bakka	HF	62	90	Smábátur með aflamark	27	Hafnarfjörður	4,59
5823	Bára	HF	20	90	Smábátur með aflamark	27	Hafnarfjörður	4,04
5889	Hrönn	HF	101	90	Smábátur með aflamark	27	Hafnarfjörður	2,17
5903	Helgi	HF	151	90	Smábátur með aflamark	27	Hafnarfjörður	2,17
6117	Sigrún Ásta	HF	6	90	Smábátur með aflamark	27	Hafnarfjörður	3,28
1777	Grótta	KÓ	3	90	Smábátur með aflamark	31	Kópavogur	4,59
6096	Henni	KÓ	1	90	Smábátur með aflamark	31	Kópavogur	2,19
6293	Mjöll	KÓ	21	90	Smábátur með aflamark	31	Kópavogur	2,67
5132	Ósk	RE	206	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	3
5177	Hanna	RE	0	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	4,06
5467	Vera	RE	113	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,55
5675	Hrönn	RE	124	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	4,22
6217	Bjartey	RE	210	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	2,17
6250	Gunnar	RE	108	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	4,23
6297	Sjöfn	RE	315	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	4,14
6306	Kúði	RE	234	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	3,86
6331	Sörvi	RE	12	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	3,86
6437	Bjössi	RE	277	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	4,84
6668	Krummi	RE	98	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	3,26
6817	Ögri	RE	72	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,9
6823	Jakob Leó	RE	174	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,77
6880	Sjöfn	RE	39	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,68
7011	Már	RE	87	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,77
7136	Frigg	RE	37	90	Smábátur með aflamark	33	Reykjavík	5,9
1744	Þytur	AK	19	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	4,92
6070	Bára	AK	89	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	3,28

Skip nr.	Heiti	Eink-st.	Einka-nr.	Nr. flokks	Útgerðarflokkur	Hafnar-nr.	Heimahöfn	Brl.
6084	Harpa	AK	55	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	2,17
6110	Eyrún	AK	153	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	2,17
6277	Júpiter	AK	21	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	2,64
6389	Stormur	AK	75	90	Smábátur með aflamark	35	Akranes	5,15
5712	Straumur	SH	26	90	Smábátur með aflamark	38	Arnarstapi	4
6835	Lax	SH	600	90	Smábátur með aflamark	38	Arnarstapi	5,9
528	Arnar	SH	278	90	Smábátur með aflamark	42	Rif	5,94
6148	Hafdís	SH	284	90	Smábátur með aflamark	42	Rif	5,15
1803	Tvistur	SH	152	90	Smábátur með aflamark	45	Grundarfjörður	5,98
6244	Kvika	SH	292	90	Smábátur með aflamark	45	Grundarfjörður	3,86
6381	Sumarliði	SH	79	90	Smábátur með aflamark	45	Grundarfjörður	4,23
5868	Díana prinsessa	SH	696	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	3,51
5973	Skel	SH	413	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	2,55
6004	Þrándur	BA	58	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	2,17
6008	Bliki	SH	113	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	2,17
6197	Valur	SH	171	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	4,23
6222	Geirmundur	DA	14	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	5,15
6461	Gauti	SH	252	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	3,2
6591	Inga	SH	69	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	3,86
6867	Guðrún	SH	190	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	5,68
6899	Stjarnan	DA	7	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	5,68
7065	Anna	SH	310	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	5,77
7260	Ríkey	SH	86	90	Smábátur með aflamark	47	Stykkishólmur	4,45
6466	Straumur	SH	100	90	Smábátur með aflamark	49	Flatey á Breiðafirði	4,23
6450	Jón Bjarni	BA	50	90	Smábátur með aflamark	55	Brjánslækur	5,12
5940	Gola	BA	82	90	Smábátur með aflamark	57	Patreksfjörður	2,55
6560	Litlanes	BA	126	90	Smábátur með aflamark	57	Patreksfjörður	3,2
6273	Sigurvin	ÍS	452	90	Smábátur með aflamark	63	Þingeyri	3,28
6955	Ver	ÍS	90	90	Smábátur með aflamark	63	Þingeyri	5,68
6248	Þokki	ÍS	210	90	Smábátur með aflamark	67	Suðureyri	4,23
1616	Hafdís	ÍS	455	90	Smábátur með aflamark	69	Bolungarvík	4,92
5239	Rýta	ÍS	118	90	Smábátur með aflamark	69	Bolungarvík	2,03
7172	Logi	ÍS	79	90	Smábátur með aflamark	69	Bolungarvík	5,9
5048	Sigursæll	ÍS	87	90	Smábátur með aflamark	73	Ísafjörður	3,91
6083	Óli málari	ÍS	98	90	Smábátur með aflamark	73	Ísafjörður	3,28
7041	Darri	ÍS	422	90	Smábátur með aflamark	73	Ísafjörður	5,9
5796	Kristín	ST	61	90	Smábátur með aflamark	79	Drangsnes	5,66
6215	Embla	SK	21	90	Smábátur með aflamark	89	Sauðárkrókur	2,17
6609	Oddur	SK	100	90	Smábátur með aflamark	89	Sauðárkrókur	5,3
6830	Már	SK	90	90	Smábátur með aflamark	89	Sauðárkrókur	5,68
7379	Signý	SK	64	90	Smábátur með aflamark	89	Sauðárkrókur	2,23
6348	Glaður	SK	170	90	Smábátur með aflamark	91	Hofsós	4,23
7106	Óli	SK	115	90	Smábátur með aflamark	91	Hofsós	3,77
6209	Jón Kristinn	SI	52	90	Smábátur með aflamark	93	Siglufjörður	3,28
6539	Hrönn II	SI	144	90	Smábátur með aflamark	93	Siglufjörður	5,68
6755	Skutla	SI	49	90	Smábátur með aflamark	93	Siglufjörður	3,17
5313	Freymundur	ÓF	6	90	Smábátur með aflamark	95	Ólafsfjörður	3,87
6598	Freygerður	ÓF	18	90	Smábátur með aflamark	95	Ólafsfjörður	5,68
6987	Ljón	ÓF	5	90	Smábátur með aflamark	95	Ólafsfjörður	5,77
7286	Marvin	ÓF	28	90	Smábátur með aflamark	95	Ólafsfjörður	5,35
5362	Hafdís	EA	97	90	Smábátur með aflamark	97	Grímsey	5,09
5390	Siggi	EA	150	90	Smábátur með aflamark	97	Grímsey	4,87
6048	Svala	EA	143	90	Smábátur með aflamark	101	Dalvík	2,19
6077	Valþór	EA	313	90	Smábátur með aflamark	101	Dalvík	3,28
6711	Ísborg	EA	153	90	Smábátur með aflamark	101	Dalvík	5,4
5358	Vísir	EA	164	90	Smábátur með aflamark	105	Hjalteyri	1,78
6916	Vísir	EA	64	90	Smábátur með aflamark	105	Hjalteyri	2,4
5416	Sæborg	EA	280	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	3,54
5418	Eyrún	EA	122	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	2,86

Skip nr.	Heiti	Eink-st.	Einka-nr.	Nr. flokks	Útgerðarflokkur	Hafnar-nr.	Heimahöfn	Brl.
5836	Júlíus	EA	689	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,31
6058	Hafbjörg	EA	30	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	3,28
6095	Hafbjörg	EA	189	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	2,19
6186	Frosti	EA	86	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	3,4
6603	Einar	EA	209	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,68
6645	Sveinn	EA	204	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,15
6706	Svanur Þór	EA	318	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	3,92
6726	Skíði	EA	666	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,77
6747	Vala	EA	80	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,3
6923	Elva Dröfn	EA	103	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	3,2
6975	Funi	EA	51	90	Smábátur með aflamark	107	Akureyri	5,77
6421	Sindri	ÞH	72	90	Smábátur með aflamark	111	Grenivík	2,9
6829	Anna	ÞH	131	90	Smábátur með aflamark	111	Grenivík	5,68
5466	Hreifi	ÞH	77	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	1,5
5525	Bjarki	ÞH	271	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	3,81
5726	Kría	ÞH	191	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	1,78
6019	Brandur	ÞH	21	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	2,17
6208	Sif	ÞH	169	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	2,27
6592	Sólveig	ÞH	226	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,3
6651	Össur	ÞH	242	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,32
6769	Kvikk	ÞH	112	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,9
6836	Jón Jak	ÞH	8	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,99
6844	Korri	ÞH	444	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,77
6906	Jón Sör	ÞH	42	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	5,9
9815	Felix	ÞH	120	90	Smábátur með aflamark	115	Húsavík	2,46
6227	Jóhanna	ÞH	280	90	Smábátur með aflamark	117	Kópasker	3,38
6664	Þórey	ÞH	303	90	Smábátur með aflamark	117	Kópasker	3,28
7444	Hafdís	ÞH	204	90	Smábátur með aflamark	117	Kópasker	3,93
1776	Brimrún	ÞH	15	90	Smábátur með aflamark	119	Raufarhöfn	5,97
5296	Rósa	ÞH	156	90	Smábátur með aflamark	119	Raufarhöfn	5,01
5458	Sigurvon	ÞH	67	90	Smábátur með aflamark	119	Raufarhöfn	5,71
6849	Örn II	ÞH	80	90	Smábátur með aflamark	119	Raufarhöfn	5,77
6181	Eva	NS	197	90	Smábátur með aflamark	123	Bakkafjörður	4,89
6249	Jónas Gunnlaugsson	NS	14	90	Smábátur með aflamark	123	Bakkafjörður	3,28
6650	Díana	NS	165	90	Smábátur með aflamark	123	Bakkafjörður	5,3
6605	Góa	NS	8	90	Smábátur með aflamark	129	Borgarfjörður eystri	5,3
5607	Rán	NS	71	90	Smábátur með aflamark	131	Seyðisfjörður	2,95
6107	Rún	SU	14	90	Smábátur með aflamark	133	Mjóifjörður	5,15
6620	Ás	SU	192	90	Smábátur með aflamark	133	Mjóifjörður	3,2
1671	Dísa	NK	51	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	4,59
1765	Aldan	NK	28	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	5,86
1867	Nípa	NK	19	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	5,19
5773	Jóhanna	NK	32	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	2,78
6420	Veiðibjalla	NK	16	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	4,88
6517	Ólsen	NK	77	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	4,58
6784	Sigrún	NK	6	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	3,77
7031	Snorri	NK	59	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	5,77
7303	Sandvíkingur	NK	41	90	Smábátur með aflamark	135	Neskaupstaður	5,99
5983	Alli Sæm	SU	180	90	Smábátur með aflamark	137	Eskifjörður	2,19
6044	Kristján	SU	106	90	Smábátur með aflamark	137	Eskifjörður	3,28
6413	Rúna	SU	2	90	Smábátur með aflamark	137	Eskifjörður	5,79
1535	Dagný	SU	129	90	Smábátur með aflamark	139	Reyðarfjörður	5,64
6124	Stella	SU	44	90	Smábátur með aflamark	139	Reyðarfjörður	4,06
6633	Hrefna	SU	22	90	Smábátur með aflamark	139	Reyðarfjörður	4,58
5655	Tjaldur	SU	179	90	Smábátur með aflamark	141	Fáskrúðsfjörður	2,66
6075	Árni	SU	58	90	Smábátur með aflamark	141	Fáskrúðsfjörður	3,28
6380	Meta	SU	236	90	Smábátur með aflamark	141	Fáskrúðsfjörður	3,86
6639	Njáll	SU	8	90	Smábátur með aflamark	141	Fáskrúðsfjörður	5,3

Skip nr.	Heiti	Eink-st.	Einka-nr.	Nr. flokks	Útgerðarflokkur	Hafnar-nr.	Heimahöfn	Brl.
1802	Mardís	SU	64	90	Smábátur með aflamark	143	Stöðvarfjörður	5,42
6005	Vonin	SU	36	90	Smábátur með aflamark	145	Breiðdalsvík	2,55
1871	Kópur	SU	54	90	Smábátur með aflamark	147	Djúpivogur	4,59
1901	Höfrungur	SU	66	90	Smábátur með aflamark	147	Djúpivogur	5,55
6905	Víkingur	SU	430	90	Smábátur með aflamark	147	Djúpivogur	5,77
7057	Birna	SU	147	90	Smábátur með aflamark	147	Djúpivogur	5,9
6757	Mímir	SF	11	90	Smábátur með aflamark	149	Hornafjörður	5,9
6788	Silfurnes	SF	199	90	Smábátur með aflamark	149	Hornafjörður	5,3
6841	Bjarmi	SF	27	90	Smábátur með aflamark	149	Hornafjörður	5,9

Fjöldi: 169

2. Landað magn og fjöldi aflamarksbáta minni eða jafnt og 6 brl. sem lönduðu afla eftir löndunarhöfnum.

Löndunarhöfn	Fjöldi skipa á höfn	Magn
Neskaupstaður	10	269.133
Hjalteyri	10	144.705
Reykjavík	6	30.655
Húsavík	5	85.389
Akranes	5	1.995
Akureyri	5	1.876
Raufarhöfn	4	123.749
Fáskrúðsfjörður	4	74.457
Ólafsfjörður	4	61.638
Bakkafjörður	4	17.129
Eskifjörður	4	12.527
Hornafjörður	3	73.100
Dalvík	3	30.465
Vestmannaeyjar	3	16.663
Ísafjörður	3	10.014
Hafnarfjörður	3	396
Sandgerði	2	45.366
Grenivík	2	34.260
Grundarfjörður	2	33.129
Mjóifjörður	2	19.624
Siglufjörður	2	19.613
Þingeyri	2	15.813
Arnarstapi	2	12.764
Stöðvarfjörður	2	11.536
Ólafsvík	2	6.396
Erlendis	2	5.957
Flateyri	2	5.764
Kópasker	2	5.178
Rif	2	612
Djúpivogur	1	30.007
Seyðisfjörður	1	22.998
Reyðarfjörður	1	22.131
Grímsey	1	18.741
Borgarfjörður eystri	1	14.001
Drangsnes	1	5.627
Bolungarvík	1	5.513
Haganesvík	1	5.414
Sauðárkrókur	1	4.433

Keflavík	1	3.968
Norðurfjörður	1	2.345
Grindavík	1	2.199
Árskógssandur	1	549
Breiðdalsvík	1	68
Stykkishólmur	1	15
Samtals	**117**	**1.307.912**
Fjöldi báta með afla	**99**	

3. Úthlutað aflamark aflamarksbáta minni eða jafnt og 6 brl. 1. september fiskveiðiárið 2001/2002.

Magn í kg (slægt)

Skipa-nr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Skötu-selur	Grá-lúða	Skar-koli	Þykkva-lúra	Lang-lúra	Sand-koli
528											3		
1535	15.417	3.137	20	28	7		89		2	529		0	
1563					13	4							
1590	11.176	752	1.378	446	32	48	141		1	1		0	
1671	19.879	34	95				1.111		2	2		0	
1765	27.394						933	4	2	1.289	12	0	
1776	74.180	403	1.189	91			26		3	5	1	0	
1777	11.930	275	624	46			10						
1802	822	43	152						2	4		0	
1803	185				6	3				2		0	
1867	19.460	165	210		3	1	2		1	58		0	
1871	15.466	1.227	88				2.315		1	2		0	
5048	40.479	2.514	967	1.215			753		3	30	8	0	498
5132		0					0		0	0			
5296	52.767	1.297											
5313	10.493	5	129			2	16		1	1	53	0	
5358	3.747	58	31				35		1	1		0	
5362	24.723	4	2.550				1.682		2	3		0	
5390	20.898	1	1.808				32		2	3		0	
5416	9.008	0	37				4		1	1	5	0	
5418	1.497												
5458	10.219	617	1.492	17			159		1	1		0	
5466	3.916	3.137	79	50			180		1	1		0	
5607	18.166	1.057	84			6	503		1	3		0	
5655	5.200	49	29				1.696		0	1		0	
5675	7.551												
5712	0		0										
5773									0				
5796	3.742												
5823	13		0										
5889	4.152	2.029	308				4		1	1		0	1
6005	43		0							0			
6019	5.975	87	224	46			3		0	1		0	
6044	5.059	600	31				623		1	240		0	
6048	1.097	359	34				0		0	0		0	
6070	184	529	105				0	8	0	0		0	

Skipa-nr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Skötu-selur	Grá-lúða	Skar-koli	Þykkva-lúra	Lang-lúra	Sand-koli
6075	12.097	266	61				342		1	1		0	
6077	577	0	166	238			0		0	0		0	
6083	8.589												
6084	2.407	1.967	28				31		0	1		0	
6095	3.097	71	49				239		1	1		0	
6107	8.539	84	5				0		0	0			
6110	1.820	1.986	48			1	39		0	1		0	
6124	76	4	0				0			0			
6181	344		2								40		
6186	19.215	2.078	74				123		1	2		0	
6209	12.728	1	632	242			25		1	1		0	
6244							1						
6250	8.802	1.277	46				85		1	15		0	12
6273	8.922	0	115	107			1		1	1		0	
6277	88		0				0			0			
6297			0							0			
6306	11.098	215	50				1		1	1		0	
6312	8.589												
6331					6								
6380	12.576	616	84				48		1	1		0	
6381					28								
6389	7.506	0	213		1	3	1	3	0	1		0	
6391	7.556				81	84							
6420	26.355	1.243	156				456		2	3		0	
6421	3.616	0	21				62		0	1		0	
6437	8.434												
6461	1.331	0	6				0		0	0		0	
6517	34.293	1.417	202		1		5		3	10		0	
6539	6.587	1	166				175		1	2		0	
6591			1				15		0	0			
6592	14.133	3.688	2.849	339			24		3	122		0	
6598	16.663	171	280				13		1	2	13	0	
6600	8.539	3	132	245			30		1	1		0	
6603	271	41	1				0		0	0			
6605			101										
6620	15.793	772	1.521	173			951		2	664		0	
6639	6.015	209	40			1	7		0	1	0	0	
6645	11.219	1.213	287				2		1	1		0	
6650	1.565	545	61	26			43		1	12	36	0	
6651	16.757	89	5.893	11			35		2	2		0	
6668	8.434												
6706	8.428	357	89				135		1	2		0	
6708	26.094	2	6.704		11	10	3		2	3		0	
6711	15.294	1	573	91			1		1	2		0	
6726	34.427	366	93				2		2	2		0	
6755	134		1				0			0			
6757	30.008	10	2.976	508	1	31	8		2	11		0	
6769	173	10	523										
6784	5.952	67	31				1			2		0	

Skipa-nr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Skötu-selur	Grá-lúða	Skar-koli	Þykkva-lúra	Lang-lúra	Sand-koli
6788	13.903				2	19							
6823								5					
6829	15.571	477	377	34		3	604		1	2		0	
6830	372	6	218				0		0	0			
6835	8	9	10				2		1	2		0	
6836	1.718												
6841	20.864	7	3.000	238		21	6		2	2		0	
6844			80			5	0			0			
6849	5.391	119	3.051			4	7		1	1	37	0	
6876	5.138				34	45							
6923	8.844	557	87				126		1	2	1	0	
6955	3.889	641							1			0	
6987	13.060					7				0			
7031	29.224	924	167	14	2	37	1.145		2	3		0	
7041	5.108												
7057	36.602	1.383	643				491		3	4		0	
7106	5.947	0	26				1		0	1		0	
7136	5.639												
7172	4.414	586					5		1	1		0	
7249	8.129	0	367	672	17	67	1		1	1		0	
7303	12.118	27	50				1		1	1		0	
7444	53		0				0			0			
Samtals:	**1.055.971**	**41.885**	**44.020**	**4.877**	**245**	**402**	**15.610**	**20**	**77**	**3.068**	**209**	**0**	**511**

Fjöldi = 107

Meðalaflamark framangreindra báta við úthlutun 1. september 2001

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Stein-bítur	Skötu-selur	Grá-lúða	Skar-koli	Þykkva-lúra	Lang-lúra	Sand-koli
Meðal-tal	**9.869**	**391**	**411**	**46**	**2**	**4**	**146**	**0**	**1**	**29**	**2**	**0**	**5**

4. Úthlutað aflamark fiskveiðiárið 1992/1993 til aflamarksbáta minni eða jafnt og 6 brl. sem eru með veiðileyfi 1. september 2001.

Magn í kg (slægt)

Skipanr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Skarkoli
528	146				
1535	9.853	5.916	21		53
1563	10.676	4.369	2.968	213	
1590	10.881	853	3.947	688	
1671	19.779				
1744	19.484	20.265	91		
1765	24.823	2.383	1.695		262
1776	25.499	759	1.331		
1802	30.098				
1803	467				
1867	20.040	358	381		176
1871	18.618	2.160			
1901	58.030				
5132			752		

Skipanr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Skarkoli
5239	6.115		2.658		
5313	10.668	10	254		
5358	7.332				
5362	24.939		7.207		
5390	26.710		5.067		1
5416	9.288				
5418	9.460	795			
5458	11.249	1.344	4.296	26	
5525	3.280	6.491	118	77	
5607	22.689	2.145			3
5655	5.649	107			
5712	19.882		31		
5773	7.535	145			3
5823	14				
5836	10.703	4	263	379	
5889	1.381	1.457	235		2
5983	9.135	1.243	61		130
6005	47				
6019	6.146	189	591	71	
6044	3.733	1.179			748
6048	1.192	781	80		
6058	16.153	2.055	10.488		
6070	8.015		1.267		
6075	11.838	327	23		
6077	582		486	367	
6083	2.002	1.000			
6084	2.446	3.949	10		
6095	342	20			
6096	581				2
6107	255	184	11		
6110	1.913	4.157	76		
6121	6.615	723	937		
6124	6.388	707			
6148	5.840		1.210	1.478	
6186	6.517	279			
6209	17.116		1.707	373	
6217	4.041				
6222	36.978	397			
6227	730				
6248	5.757		186		
6250	8.794	1.552			45
6273	9.193		233	165	
6297	14.774				
6306	11.427	468	7		
6348	5.252	6.209			34
6380	12.916	1.340	82		
6389	11.329	6.474	11		22
6391	16.477	10.135			7
6413	3.702	2.018			
6420	27.156	2.705	108		
6421	5.160				
6437	26.487	3.575			139
6461	1.446				
6466	10.676	7.552			7
6493	9.466		7.998		
6517	24.676	3.084	144		20
6539	13.256		309		
6591	6.001		12		
6592	10.213	5.410	144	37	
6598	510				
6603	47	90			

Skipanr.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Skarkoli
6605	23.300	3	700	109	
6609	238	91			16.051
6620	233				
6633	15.311	6.833	14	43	1.646
6639	6.167	356	37		
6645	25.454	795	848		
6650	14.133	1.187		40	34
6651	12.130	191	16.010	17	
6664	467				
6706	25.986	397			
6708	14.797		19.651		
6711	15.644		1.518	140	
6726	22.703	795			
6747				55	
6755	146				
6757	31.125	18	8.487	785	23
6769			137		
6784	5.993				
6788	34.350	2.181	7.621	828	
6817	2.910			291	
6823	7.169	15.897			16
6829	13.494	612	764	53	
6830	377	13	644		
6835	10.357	63	69		
6841	21.416	12	8.678	368	
6844			237		
6849	9.950	258	8.966		
6867	7.535	49	12		
6876	13.121	1.094	4.494		
6899	7.704		6.726	1.433	9
6905	19.427	2.981	50		41
6906	1.752			249	
6923	19.951	795			
6955	10.707	1.276	1.633		
6975	506	4	23	569	3
6987	12.563	1.476	29		7
7011	22.282	424	5	172	
7031	27.554	1.930	103	21	
7041	2.990			1.124	
7057	30.560	2.503	1.424		
7065	10.059	36	627		
7106	6.461				
7136	15.224	2.212	2.990	72	65
7172	10.707	1.276	1.633		
7188	4.464	418	650		
7213	10.707	1.276	1.633		
7249	8.348	1.079	985		
7286	10.707	1.276	1.633		
7303	12.494	58			
9815	29				
Fjöldi = 125	**1.388.310**	**167.228**	**156.527**	**10.243**	**19.549**

Meðalaflamark framangreindra báta við úthlutun 1. september 1992.

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Skarkoli
Meðaltal	**11.106**	**1.338**	**1.252**	**82**	**156**

F I S K I S T O F A

Úthlutað aflamark skips sem ekki hefur verið flutt á né af aflahlutdeild fiskveiðiárin 1992/1993 - 2001/2002

Skip Nr: 1590	Heiti: Freyja	Einkst: VE	Einknr: 260

KvTeg		31-ÁGÚ-1993	31-ÁGÚ-1994	31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002
1	Þorskur	10.881	8.110	6.859	6.603	9.360	12.325	14.184	14.791	13.012	11.176
2	Ýsa	853	854	811	740	1.134	1.191	905	892	742	752
3	Ufsi	3.947	3.626	3.120	2.949	2.157	1.403	1.378	1.358	1.410	1.378
5	Karfi	688	592	506	428	446	446	446	411	391	446
6	Langa										32
8	Keila										48
9	Steinbítur					156	158	150	148	148	141
22	Grálúða									1	1
23	Skarkoli						3	3	1	1	1
	Sum	16.369	13.182	11.296	10.720	13.253	15.526	17.066	17.601	15.705	13.975

Dags. 06.11.2001

Meðtaldar eru aflahlutdeildir krókabáta þar sem við á

Aflahlutdeildarstaðan miðast við skrá Fiskistofu á útprentunardegi listans

Þingskjal 333

1572

Aflahlutdeild fiskveiðiáranna 1991 - 2000/2001 Skip nr: 1590

Magn SUM

Skip Nr													1590
Ur Gildi	31-ÁGÚ-1991	31-ÁGÚ-1992	31-ÁGÚ-1993	31-ÁGÚ-1994	31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002	
Heimild	R	R	R	R	R	R	R	R	R	R	R	R	
Fiskveiðiár/Fiskur													
1	0,0074485	0,0074485	0,0074485	0,0074485	0,0075990	0,0075990	0,0075416	0,0080310	0,0080170	0,0072887	0,0072887	0,0072887	
2	0,0017563	0,0017563	0,0017563	0,0017563	0,0017638	0,0017638	0,0033110	0,0033139	0,0033140	0,0030379	0,0030379	0,0030379	
3	0,0055619	0,0055619	0,0055619	0,0055619	0,0056051	0,0056051	0,0056051	0,0058589	0,0058591	0,0055638	0,0055638	0,0055638	
5	0,0006864	0,0006864	0,0006864	0,0006864	0,0006858	0,0006858	0,0006858	0,0006858	0,0006858	0,0006858	0,0006858	0,0006858	
6												0,0013176	
8												0,0011888	
9							0,0016552	0,0016712	0,0016714	0,0012313	0,0012313	0,0012313	
22								0,0000053	0,0000053	0,0000053	0,0000053	0,0000053	
23								0,0000394	0,0000394	0,0000394	0,0000394	0,0000394	
25								0,0000011	0,0000011	0,0000011	0,0000011	0,0000011	

Úthlutað aflamark skips sem ekki hefur verið flutt á né af aflahlutdeild fiskveiðiárin 1992/1993 - 2001/2002

Skip Nr: 6306	Heiti: Kúði	Einkst: RE	Einknr: 234

KvTeg		31-ÁGÚ-1993	31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002
1	Þorskur	11.427	7.204	6.935	9.381	12.239	14.085	14.688	12.922	11.098
2	Ýsa	468	445	406	324	341	259	255	212	215
3	Ufsi	7	6	5	4	51	50	49	51	50
9	Steinbítur					1	1	1	1	1
22	Grálúða								1	1
23	Skarkoli					3	2	1	1	1
	Sum	11.902	7.655	7.346	9.709	12.635	14.397	14.994	13.188	11.366

Dags. 06.11.2001

Meðtaldar eru aflahlutdeildir krókabáta þar sem við á

Aflahlutdeildarstaðan miðast við skrá Fiskistofu á útprentunardegi listans

Aflahlutdeild fiskveiðiáranna 1991 - 2000/2001 Skip nr: 6306

Magn SUM

Skip Nr																	6306
Ur Gildi		31-ÁGÚ-1991	31-ÁGÚ-1992	31-ÁGÚ-1993		31-ÁGÚ-1994		31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002	
Heimild		R	R	R	V	R	V	R	R	R	R	R	R	R	R	V
[illegible]und																
[illegible]	1	0,0078225	0,0078225	0,0078225	-0,0078225	0,0000000	0,0078225	0,0079806	0,0079806	0,0075580	0,0079750	0,0079611	0,0072378	0,0072378	0,0072378	-0,0072378
[illegible]	2	0,0009634	0,0009634	0,0009634	-0,0009634	0,0000000	0,0009634	0,0009675	0,0009675	0,0009458	0,0009481	0,0009481	0,0008691	0,0008691	0,0008691	-0,0008691
[illegible]	3	0,0000102	0,0000102	0,0000102	-0,0000102	0,0000000	0,0000102	0,0000103	0,0000103	0,0000103	0,0002114	0,0002114	0,0002008	0,0002008	0,0002008	-0,0002008
[illegible]	9										0,0000127	0,0000127	0,0000094	0,0000094	0,0000094	-0,0000094
[illegible]	22										0,0000042	0,0000042	0,0000042	0,0000042	0,0000042	-0,0000042
[illegible]	23										0,0000312	0,0000312	0,0000312	0,0000312	0,0000312	-0,0000312
[illegible]	25										0,0000008	0,0000008	0,0000008	0,0000008	0,0000008	-0,0000008

F I S K I S T O F A

Úthlutað aflamark skips sem ekki hefur verið flutt á né af aflahlutdeild fiskveiðiárin 1992/1993 - 2001/2002

Skip Nr: 6420	Heiti: Veiðibjalla	Einkst: NK	Einknr: 16

KvTeg	31-ÁGÚ-1993	31-ÁGÚ-1994	31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002
Þorskur	27.156	20.240	17.119	16.480	22.292	29.064	33.448	34.879	30.685	26.355
Ýsa	2.705	2.709	2.573	2.348	1.872	1.968	1.494	1.473	1.225	1.243
Ufsi	108	100	86	81	59	159	156	154	159	156
Steinbítur					507	510	486	477	479	456
Grálúða						1	1	1	2	2
Skarkoli						7	5	3	3	3
Sum	29.969	23.049	19.778	18.909	24.730	31.709	35.590	36.987	32.553	28.215

Dags. 06.11.2001

Meðtaldar eru aflahlutdeildir krókabáta þar sem við á

Aflahlutdeildarstaðan miðast við skrá Fiskistofu á útprentunardegi listans

Aflahlutdeild fiskveiðiáranna 1991 - 2000/2001 Skip nr: 6420

Magn SUM

Skip Nr															6420
Ur Gildi		31-ÁGÚ-1991		31-ÁGÚ-1992	31-ÁGÚ-1993	31-ÁGÚ-1994	31-ÁGÚ-1995	31-ÁGÚ-1996	31-ÁGÚ-1997	31-ÁGÚ-1998	31-ÁGÚ-1999	31-ÁGÚ-2000	31-ÁGÚ-2001	31-ÁGÚ-2002	
Heimild		R	V	R	R	R	R	R	R	R	R	R	R	R	
Botnfiskur															
	1	0,0285008	-0,0099113	0,0185895	0,0185895	0,0185895	0,0189651	0,0189651	0,0179607	0,0189381	0,0189050	0,0171875	0,0171875	0,0171875	
	2	0,0155091	-0,0099390	0,0055701	0,0055701	0,0055701	0,0055938	0,0055938	0,0054682	0,0054740	0,0054741	0,0050179	0,0050179	0,0050179	
	3	0,0045163	-0,0043635	0,0001528	0,0001528	0,0001528	0,0001540	0,0001540	0,0001540	0,0006625	0,0006625	0,0006291	0,0006291	0,0006291	
	9								0,0053628	0,0053949	0,0053957	0,0039748	0,0039748	0,0039748	
	22									0,0000106	0,0000106	0,0000106	0,0000106	0,0000106	
	23	0,0057572	-0,0057572	0,0000000	0,0000000	0,0000000				0,0000789	0,0000789	0,0000789	0,0000789	0,0000789	
	25									0,0000021	0,0000021	0,0000021	0,0000021	0,0000021	

334. Svar [214. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra.

Ráðuneytið fór þess á leit við Hafrannsóknastofnunina að hún tæki saman svar við fyrirspurninni og fer svar hennar hér á eftir.

1. *Hve margir veiðarfærasérfræðingar eru starfandi á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og hvar á landinu eru þeir staðsettir?*

Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar starfar sem stendur enginn sérfræðingur í fullu starfi að veiðarfærarannsóknum eingöngu. Meginástæðan er sú að sérfræðingur stofnunarinnar á þessu sviði lést um aldur fram fyrir um þremur árum og þrátt fyrir margháttaðar tilraunir hefur ekki ennþá tekist að ráða sérfræðing í stað hans. Á seinasta ári auglýsti Hafrannsóknastofnunin sérstaklega styrk til framhaldsnáms á þessu sviði og hóf styrkþeginn framhaldsnám í Bergen sl. haust. Væntir stofnunin mikils af styrkþeganum er væntanlega kemur til starfa á stofnuninni eftir um það bil ár. Þess má geta að skortur á veiðarfærasérfræðingum er ekki séríslenskt vandamál því á undanförnum árum hafa komið fyrirspurnir frá erlendum aðilum um sérfræðinga á þessu sviði hérlendis.

Þrátt fyrir það sem sagt er hér að ofan ber hins vegar að geta þess að veiðarfærarannsóknir hafa á engan hátt legið niðri á stofnuninni á undanförnum árum. Flestir fiskifræðingar stofnunarinnar, þó á öðrum sviðum starfi, hafa nokkra menntun og verulega reynslu á sviði veiðarfærafræða og hafa nokkrir þeirra í sameiningu stýrt veiðarfærarannsóknum stofnunarinnar. Þá hafa og þeir sérfræðingar sem vinna að rannsóknum á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar og á botndýralíf einnig tengst veiðarfærarannsóknunum. Flestir eru þessir starfsmenn starfandi í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík en einnig hafa tengst rannsóknunum útibússtjórar og starfsmenn útibúanna á landsbyggðinni.

2. *Hvaða rannsóknir eru í gangi á vegum stofnunarinnar á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar?*

Hér á eftir er getið helstu verkefna sem unnið er að á sviði rannsókna á veiðarfærum og áhrifum þeirra á vistkerfi sjávar. Tilgangur þessara tilrauna er í flestum tilfellum sá að bæta umgengni um auðlindina. Tekið skal fram að í flestum tilfellum er um að ræða langtímaverkefni en þeir áfangar sem þegar er lokið hafa fram til þessa skilað margvíslegum niðurstöðum. Má þar nefna að góðum árangri hefur verið náð í notkun fiskiskilju við rækjuveiðar, enda slíkum búnaði best við komið þar sem stærðarmunur á söknartegund og meðafla er mikill. Sömu sögu má segja um rannsóknir á smárækju- og smáfiskaskiljum sem leitt hafa til nýrra eða breyttra reglugerða um gerð og notkun þeirra hér við land. Stefnt er að áframhaldandi vinnu við smáfiskaskiljur á komandi árum. Þá er og verið að vinna að frekari tillögum um breytingar á möskvastærð við togveiðar, t.d. humarveiðar. Í flestum tilvikum er því þróun veiðarfæra langtímaverkefni er tekur til nokkurra ára.

Áhrif botnvörpu á samfélög botndýra.

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort veiðar með botnvörpu hafi marktæk áhrif á samfélög botndýra og botngerð. Gagnasöfnun fór fram árin 1997 og 1998 í Stakksfirði. Frumúrvinnslu 349 sýna er lokið og lokafrágangur niðurstaðna til birtingar er í fullum gangi.

Niðurstöður benda til þess að botnvörpuveiðar hafi lítil áhrif á botndýralíf í Stakksfirði, þar sem um leirkenndan botn á litlu dýpi er að ræða.

Umfang og dreifing botnvörpuveiða.

Gögn úr aflaskýrslugrunni Hafrannsóknastofnunarinnar eru notuð í sérstöku verkefni til að meta umfang og dreifingu veiða með fiskibotnvörpu. Yfirferð botnvörpunnar er heppilegasti mælikvarðinn til að meta umfang veiðanna. Þar sem stærri botnvörpur eru notaðar á djúpsævi en vörpur á grunnsævi eykst yfirferð hvers togs með auknu dýpi. Áhrif hverrar togstundar á lífríki botns eru því líklega meiri á djúpsævi en á grunnsævi. Gagnaúrvinnslu er lokið og er verið að ganga frá birtingu niðurstaðna í vísindariti.

Þéttleiki „áfánu" metinn með ljósmyndum.

Könnuð hefur verið útbreiðsla, samsetning og þéttleiki áfánu (dýr á yfirborði botns) með tilliti til botngerðar sem og áhrif veiðarfæra á samfélög áfánu. Við rannsóknirnar var notuð neðansjávarmyndavél. Úrvinnslu mynda er lokið. Dýralíf á botni svæðisins var fjölskrúðugt en aða var einkennistegund svæðisins. Frekari úrvinnslu gagna og greinarskrifum lýkur á næsta ári.

BIOICE.

Hér er um að ræða umfangsmiklar grunnrannsóknir sem miða að því að kortleggja alla botndýrafánu innan íslensku efnahagslögsögunnar, frá grunnslóð og niður á 2.000 m dýpi. Rannsóknirnar hófust 1994 og hafa síðan þá nánast árlega verið farnir leiðangrar á rannsóknaskipum stofnunarinnar til sýnasöfnunar. Út frá þeim umfangsmikla og einstæða grunni sem verið er að byggja upp með þessum rannsóknum er ætlunin að fylgjast með breytingum sem síðar kunna að verða á botndýrafánunni vegna áhrifa veiða og annarra umhverfisþátta.

Smáfiskaskiljur.

Árin 2000–2001 hafa verið gerðar tilraunir með rússnesk-norska smáfiskaskilju (Sort-V) við ýsuveiðar á togbáti fyrir Suðurlandi, togara fyrir Norðurlandi og á Árna Friðrikssyni RE 200 úti fyrir Vestfjörðum, þar sem togað var með tveimur vörpum samtímis. Skiljan reyndist í alla staði mjög vel við að skilja út smáfisk og hvað varðar þorsk reyndust t.d. aðeins að meðaltali um 21% undir 55 sm með skilju samanborið við um 47% án skilju en viðmiðunarmörk við veiðieftirlit eru 25% undir 55 sm. Samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar var Sort-V skiljan löggilt af sjávarútvegsráðuneytinu vorið 2001.

Árið 2001 voru kannaðar endurbættar gerðir íslensku EX-it smáfiskaskiljunnar þar eð þessi skilja hefur reynst misjafnlega eftir trollum og tegundum nets. Fyrsta rannsóknin í febrúar skilaði ekki árangri. Í ágúst og september sl. var hins vegar gerð tilraun með tvær íslenskar skiljur í sama trollinu, sú stærri í efra byrði vörpunnar en hin í því neðra. Reyndist þetta vel í miklum afla og stærðarblönduðum þorski. Prófað var með 60 mm og 65 mm rimla bili. Árangur var að þessu sinni sambærilegur við það besta sem náðst hefur í því að skilja út smáfisk. Enn frekari tilraunir eru fyrirhugaðar á öðrum gerðum skipa áður en af tillögum um löggildingu getur orðið af hálfu stofnunarinnar.

Smárækjuskilja.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar samanburðarrannsóknir á rækjuvörpum með og án smárækjuskilju. Hlutfall undirmálsrækju minnkaði um 33% (miðað við fjölda) með því að nota smárækjuskilju og 36 mm leggpoka, samanborið við notkun 36 mm leggpoka án

skilju. Einnig hafa verið bornar saman 36 mm leggpoki og 40 mm leggpoki en við þá breytingu minnkaði hlutfall undirmálsrækju um 23,4%. Nokkru meira tapaðist hins vegar af stærri rækju með stækkun möskvans en með skiljunni.

Möskvastærðartilraunir.

Samanburðarrannsóknir á hefðbundinni dragnót með 135 mm möskva og stórriðinni nót með 155–180 mm möskva, sem gerðar voru á Vestfjarðamiðum árið 2000, bentu til þess að aflatap af nýtanlegum fiski í svo stórriðna nót væri tæpast ásættanlegt fyrir þorra útgerðaraðila nema við sérstakar aðstæður og aflasamsetningu.

Í nóvember 2000 var á hörpudisksbát borin saman aflasamsetning í skelpokum með 60 mm og 70 mm stálhringjum. Lágmarkslöndunarstærð á hörpudiski er 60 mm og því hefur hringjastærð í skelplógum lengst af verið sú sama. Eins og við mátti búast fékkst nokkru minna af smærri skel með stærri hringjunum en munurinn var þó ekki eins afgerandi og ætla mætti fyrir þær sakir að smæsti hörpudiskurinn festir sig gjarnan við stærri tómar skeljar sem ekki sleppa í gegn.

Í byrjun þessa árs voru prófaðir 135 og 155 mm trollpokar á hinum nýja Árna Friðrikssyni RE 200 í tengslum við prófanir á tveggja-trolla útbúnaði skipsins.

Á næstu vikum stendur til að ljúka tilraunum með leggglugga á fiskitrolli á Dröfn RE 35.

Atferli og dauði uppsjávarfiska við flottrollsveiðar.

Í janúar og febrúar voru og gerðar tilraunir til þess að fylgjast með loðnutorfum, stærð þeirra, lögun og atferli gagnvart flotvörpu, veiðihæfni vörpunnar og loks yfirlifun þeirra fiska sem smjúga vörpuna. Sambærilegar tilraunir voru einnig gerðar til þess að skoða hegðun síldar. Útbúnar voru skjóður sem hengdar voru á trollið til að safna sýni af því sem fer út um möskva. Fengin var að láni neðansjávarmyndavél frá Hafrannsóknastofnuninni í Bergen og hún var fest á trollið. Með þessu var ætlunin að mynda atferli loðnu og síldar og meta síðan ástand þess fisks sem smaug troll möskvana. Vegna margvíslegra tæknilegra erfiðleika gengu þessar tilraunir þó ekki sem skyldi. Hér er hins vegar um mikilvægt mál að ræða og því er stefnt að frekari rannsóknum.

335. Fyrirspurn [278. mál]

til menntamálaráðherra um Íþróttamiðstöð Íslands að Laugarvatni.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir þeim niðurstöðum og tillögum sem koma fram í lokaskýrslu starfshóps frá 21. maí 2001 um eflingu Íþróttamiðstöðvar Íslands að Laugarvatni?

336. Fyrirspurn [279. mál]

til umhverfisráðherra um samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður gerð framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem tók gildi hér á landi 11. desember 1994?

Skriflegt svar óskast.

337. Fyrirspurn [280. mál]

til félagsmálaráðherra um launagreiðslur og tryggingagjald sveitarfélaga.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hverjar voru heildarlaunagreiðslur og greitt tryggingagjald 25 stærstu sveitarfélaganna og stofnana þeirra (þ.m.t. hlutafélaga þeirra, s.s. orkuveitna) sl. fimm ár, skipt eftir sveitarfélögum?
2. Hversu mikið hækkar álagt tryggingagjald sömu sveitarfélaga í krónum talið samanborið við árið 2000, ef tryggingagjaldið hækkar um 0,77 prósentustig eins og boðað er í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald o.fl. (þskj. 114, 114. mál)?

Skriflegt svar óskast.

338. Lög [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 14. nóv.)

Samhljóða þskj. 330.

339. Frumvarp til laga [281. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarna- og einangrunarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknaþjónustu, kostnaði við sýnatökur og rannsóknir og opinberum gjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við frágang á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi og afgreitt sem lög frá Alþingi í desember 2000, sbr. lög nr. 175/2000, urðu þau mistök að niður féll 2. mgr. 7. gr. laganna sem varðar heimild til gjaldtöku vegna þjónustu sem eigendur dýra og erfðaefnis greiða fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva. Til þess að tryggja rekstrargrundvöll þeirra er óhjákvæmilegt að ótvíræð heimild sé til gjaldtöku. Slíkri heimild var með sérstökum lögum bætt inn í lögin um innflutning dýra árið 1996, sbr. lög nr. 40/1996, og er með frumvarpi þessu lagt til að ákvæðum þeim sem niður féllu við lagabreytinguna 2000 verði á ný bætt inn í lögin.

340. Frumvarp til laga [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðið „fólks-“ í 1. tölul. 2. mgr. fellur brott.
b. Á eftir 1. tölul. 2. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga skal greiða 10.000 kr. árlegt gjald. Enn fremur skal árlega greiða 1.000 kr. vegna hverrar bifreiðar og skal það gjald greitt þegar bifreið er færð til árlegrar skoðunar.
c. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu vorþingi voru samþykkt lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001. 13. gr. laganna fjallar um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar sem ætlað er að standa straum af kostnaði sem hlýst af námskeiðahaldi, útgáfu leyfa og eftirliti samkvæmt lögunum. Upphæð gjaldsins tekur mið af þeim kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar. Um er að ræða hækkun á gjöldum til samræmis við raunkostnað.

Vegna misritunar í 1. tölul. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 73/2001 fellur gjaldtaka vegna almennra rekstrarleyfa fyrir fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga undir sama töluliðinn. Upphaflega ætlunin var sú að 1. tölul. tæki til vöru- og efnisflutninga en sértöluliður tæki á almennum rekstrarleyfum fyrir fólksflutninga.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að ákvæði um almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga verði í 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. og að 3. tölul. fjalli þá um sérútbúnar bifreiðar og 4. tölul. um sérleyfi og einkaleyfi. Lagt er til að gjaldið fyrir almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga verði 10.000 kr. Gjaldið var samkvæmt eldri lögum og reglum 7.000 kr. en með vísan til útreikninga þeirrar stofnunar sem hefur séð um umsýslu og útgáfu þessara leyfa var lagt til að gjaldið yrði hækkað í 10.000 kr.

Þá er lagt til að 4. tölul. 2. mgr. 13. gr. falli brott þar sem engin önnur rekstrarleyfi falla þarna undir. Vegna misritunar í 1. tölul. voru almenn rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga tilgreind þar en með réttu hefðu þau átt að falla undir 4. tölul. Því er lagt til með frumvarpi þessu að 2. tölul. fjalli um almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga og að 4. tölul. falli brott þar sem í fyrri töluliðum er talningin tæmandi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Tilgangur frumvarpsins er að hækka gjald fyrir almennt rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga úr 3.000 kr. fyrir hvert leyfi í 10.000 kr. fyrir hvert leyfi. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, og fjallar 13. gr. um gjaldtökuheimild Vegagerðarinnar sem ætlað er að standa straum af kostnaði sem hlýst af leyfisveitingunni. Við þá lagasetningu var gjald fyrir rekstrarleyfi fyrir fólksflutninga ákveðið 3.000 kr. eins og gjald fyrir sendibifreiðar og vöru- og efnisflutningabifreiðar. Nú er hins vegar lagt til að gjaldið verði hækkað til samræmis við raunkostnað. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar sem annast eftirlit og útgáfu rekstrarleyfanna er áætlað að hækkunin skili 2 m.kr. í meiri tekjur. Samtals er því gert ráð fyrir að tekjur af leyfisveitingum verði u.þ.b. 11 m.kr. á ári, og vega þær upp á móti kostnaði við veitingu leyfanna. Í frumvarpi til fjárlaga 2002 hefur verið gert ráð fyrir 9 m.kr. tekjum vegna veitingar leyfanna. Ekki verður séð að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

341. Fyrirspurn [283. mál]

til samgönguráðherra um samgöngumál á Norðausturlandi og endurskoðun vegáætlunar.

Frá Gunnari Pálssyni.

1. Hvað líður undirbúningi að ákvörðun veglínu frá Brunahvammshálsi og niður í Vopnafjörð?
2. Hvenær er þess að vænta að fjárveitingar til fyrrgreinds verks verði á vegáætlun?
3. Hvenær má vænta þess að uppbyggingu vegar milli Vopnafjarðar og Þórshafnar ljúki?

342. Fyrirspurn [284. mál]

til iðnaðarráðherra um smávirkjanir í sveitum.

Frá Gunnari Pálssyni.

1. Hvað líður efndum á tillögum nefndar um málefni raforkubænda sem skilaði áliti í júní á síðastliðnu ári?
2. Er einhver áætlun í gangi um að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum og leggja þriggja fasa rafmagn þannig að væntanlegir raforkubændur geti selt frá sér umframframleiðslu?

343. Svar [175. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um skipulag innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

1. *Hver er formleg staða þeirrar stefnumörkunar í skipulagsmálum þjóðgarðsins á Þingvöllum sem Þingvallanefnd samþykkti í maí 1988?*

Á vegum Þingvallanefndar var í maí 1988 gefin út stefnumörkun Þingvallanefndar í skipulagsmálum, „Þingvellir – þjóðgarðurinn og umhverfi“. Stefnumörkun þessi var unnin í framhaldi af hugmyndasamkeppni um skipulag Þingvallasvæðisins sem efnt var til í samvinnu við skipulagsstjórn ríkisins árið 1972.

Markmið stefnumörkunarinnar eins og það er skilgreint af hálfu Þingvallanefndar er m.a. að „vernda á sem öruggastan hátt einstæða náttúru og menningarsögu Þingvalla með því m.a. að fræða gesti þjóðgarðsins um gildi staðarins og gera þá þannig virka þátttakendur í verndun hans. Leitast er við að skipuleggja umferð um þjóðgarðinn og dvöl gesta innan hans, þannig að gætt sé áðurgreindra markmiða“.

Þingvallanefnd hefur í starfi sínu í meginatriðum fylgt þeirri stefnumörkun í skipulagsmálum sem samþykkt var í maí 1988. Stefnumörkunin felur ekki í sér eiginlega tillögu að deiliskipulagi, en ekki var unnið aðalskipulag fyrir Þingvallahrepp fyrr en seint á síðasta áratug að samþykkt var aðalskipulag fyrir Þingvallahrepp, Grímsneshrepp og Grafningshrepp. Stefnumörkunin frá 1988 var því ekki tekin til formlegrar meðferðar af skipulagsyfirvöldum,

enda ekki ráð fyrir því gert, en í stefnumörkuninni er hins vegar bent á nauðsyn þess að deiliskipulag fyrir þjóðgarðinn verði unnið. Sú vinna er nú hafin. Lokið var við deiliskipulag af svæðinu umhverfis fræðslumiðstöðina á Hakinu ofan Almannagjár árið 2000 og var það samþykkt af Skipulagsstofnun. Í ár hefur verið unnið að gerð deiliskipulags af umhverfi þjónustumiðstöðvarinnar á Leirunum og er þess að vænta að það verði sent skipulagsyfirvöldum til afgreiðslu innan skamms.

2. *Hvernig hefur þessari stefnumörkun verið framfylgt á vegum Þingvallanefndar hingað til?*

Stefnumörkunin er víðtæk og tekur til flestra þátta í starfsemi þjóðgarðsins, og því má segja að nánast allt starf sem þar er unnið varðandi skipulag, framkvæmdir og þjónustu tengist stefnumörkuninni með einum eða öðrum hætti. Nefna má eftirtalda þætti sérstaklega:

Fornleifarannsóknir. Á vegum Þjóðminjasafnsins var unnið að fornleifaskráningu, uppmælingu og gerð yfirlitskorts frá árinu 1986. Það verk var langt komið í maí 1988, en vinnu við verkið var þá frestað af hálfu Þjóðminjasafnsins vegna anna við önnur verkefni. Verkinu hefur ekki verið lokið.

Árið 1999 gerði Þingvallanefnd samkomulag við Fornleifastofnun Íslands um fornleifarannsóknir í Þinghelginni og var í fyrsta áfanga unnið að uppgreftri við Þingvallakirkju, ásamt því að unnið var að segul- og viðnámsmælingum á svæðinu. Árin 2000 og 2001 var þessum rannsóknum og mælingum haldið áfram.

Þingvallanefnd hefur auk þess falið Fornleifastofnun Íslands að sjá um faglegt eftirlit vegna framkvæmda í þjóðgarðinum sem útheimta jarðrask.

Líffræðirannsóknir. Árið 1974 var fyrir tilstuðlan Þingvallanefndar ráðist í umfangsmiklar líffræðirannsóknir á Þingvallavatni og vatnasviði þess sem stjórnað var af dr. Pétri M. Jónassyni. Árið 1992 kom út á ensku ítarlegt vísindarit, „Thingvallavatn", sem fjallar um líffræði og jarðfræði Þingvallavatns og Þingvallasvæðisins, og ritstýrði dr. Pétur því. Ritið var skrifað af fjölmörgum vísindamönnum. Útgáfa þess var greidd af mörgum aðilum, þar á meðal Þingvallanefnd. Þá er þess að geta að í fyrra og í ár standa yfir rannsóknir á urriða í Öxará, m.a. með merkingum, sem hafa skilað stórmerkum upplýsingum um ferðir urriðans úr ánni og í vatnið.

Gróðurrannsóknir. Víðtækar gróðurrannsóknir fóru fram á Þingvallasvæðinu 1986 og 1987 á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á árinu hafa farið fram viðræður við Náttúrufræðistofnun um gerð gróðurkorts af svæðinu. Sú vinna er hluti af undirbúningsvinnu vegna fyrirhugaðrar umsóknar um að þjóðgarðarnir á Þingvöllum og í Skaftafelli verði skráðir á heimsminjaskrá UNESCO.

Umhirða trjágróðurs. Á árunum 1940–1975 var plantað meginhluta þeirra barrtrjáa sem vaxa innan þjóðgarðsins. Lítið hefur verið grisjað af þessum trjám og er því ástand þeirra víða verulega slæmt. Í ágúst 1999 gerði Þingvallanefnd samkomulag við Skógrækt ríkisins um umhirðu og grisjun skóglendis í þjóðgarðinum. Einnig var gerð frumáætlun um að fjarlægja barrtré af tilteknum svæðum.

Skipulagssvæði þjóðgarðsins. Í stefnumörkuninni komu fram hugmyndir um friðun mun stærra lands á vatnasvæði Þingvallavatns. Á árinu 1997 voru unnin frumvörp sem lutu að stækkun þjóðgarðsins (frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum, forsætisráðuneyti) og vernd Þingvallavatns og vatnasviðs þess (umhverfisráðuneyti), líkt og nánar er vikið að í svari við 3. lið þessarar fyrirspurnar.

Þjónusta vestan Almannagjár – menningarmiðstöð. Í stefnumörkuninni er gert ráð fyrir að á svæðinu vestan Almannagjár verði reist ný mannvirki og aðstaða fyrir ferðamenn. Bygg-

ingu fræðslumiðstöðvar á Hakinu er nú að mestu lokið og er reiknað með að hún verði tekin í notkun á næsta ári.

Deiliskipulag Þinghelginnar. Lagt er til að gert verði nákvæmt deiliskipulag af Þinghelginni. Slíkt skipulag þarf nauðsynlega að vinna í náinni framtíð, en í því sambandi þarf m.a. að ljúka við fornleifaskráningu og gerð yfirlitskorts um fornleifar.

Útivist. Áhersla hefur verið lögð á að auðvelda fólki að fara um Þinghelgina og hafa verið lagðir göngustígar og brýr í því sambandi. Meðal annars hefur þetta verið gert í tengslum við stærri hátíðir sem haldnar hafa verið á Þingvöllum, en jafnframt hefur Þingvallanefnd átt gott samstarf við Vegagerðina um ýmis framfaramál innan þjóðgarðsins sem miða að því að auðvelda umferð bæði gangandi og akandi gesta. Árið 1999 var gefið út kort yfir gönguleiðir í Þingvallahrauni. Frá árinu 1994 hefur verið unnið að endurgerð göngu- og reiðstíga í þjóðgarðinum. Búið er að endurgera u.þ.b. 10 km af stígum, sem ætlaðir eru sem göngu- og reiðstígar, og 2 km af stígum sem eingöngu eru ætlaðir göngufólki.

Fræðsla. Þingvallanefnd hefur staðið fyrir skipulagðri fræðsludagskrá á Þingvöllum á laugardögum og sunnudögum að sumrinu og hefur svo verið frá árinu 1993. Á yfirstandandi ári var bætt við fræðsludagskrá á fimmtudagskvöldum og kallaðir til fyrirlesarar til að flytja ýmsan sértækan fróðleik um sögu og lífríki Þingvalla. Skólahópum, sem tekið er á móti á Þingvöllum að vori og hausti, hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Undanfarna mánuði hafa staðið yfir viðræður við Kennaraháskóla Íslands um gerð kennsluefnis um sögu og náttúrufar Þingvalla fyrir grunnskólanemendur, en það efni yrði notað í tengslum við undirbúning heimsókna nemenda til Þingvalla þar sem tekið verður á móti þeim með skipulegum hætti. Hafa a.m.k. tveir nemendur Kennaraháskólans ákveðið að vinna slíkt kennsluefni sem lokaverkefni til meistaranáms.

Þjónustumiðstöð á Leirunum. Byggt hefur verið við þjónustumiðstöð á Leirunum þar sem gestir geta nálgast upplýsingar og ráðleggingar varðandi heimsókn sína í þjóðgarðinn, auk annarrar þjónustu sem þar er að fá. Þjónustumiðstöðin er jafnframt miðstöð fyrir þá starfsemi sem rekin er í þjóðgarðinum á vegum Þingvallanefndar.

Af því sem að framan greinir má ráða að stefnumörkun Þingvallanefndar í skipulagsmálum frá 1988 hefur verið mikilvæg leiðsögn fyrir það starf sem unnið hefur verið í þjóðgarðinum síðan hún var gefin út. Stefnumörkunin er ekki bindandi, sbr. svar við 1. lið að framan, og útfærsla hennar hefur ráðist af þeim sjónarmiðum sem ráðandi hafa verið í Þingvallanefnd á hverjum tíma. Ekki hefur verið vikið frá stefnumörkuninni í neinum veigamiklum atriðum.

3. *Hvaða tillögur eða hugmyndir liggja nú fyrir frá Þingvallanefnd eða öðrum um stækkun þjóðgarðsins og verndun á vatnasviði Þingvallavatns?*

Á undanförnum árum hafa áform verið uppi sem lúta að báðum þeim atriðum sem hér er spurt um, þ.e. stækkun þjóðgarðsins og vernd vatnasviðs Þingvallavatns, en hér er um skyld mál að ræða.

Núgildandi lög um friðun Þingvalla eru síðan 1928. Frá því að lögin voru sett hafa öll viðhorf til náttúruverndar gjörbreyst auk þess sem umferð um þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er miklu meiri en áður. Að frumkvæði Þingvallanefndar var ráðist í endurskoðun laganna um friðun Þingvalla og lét nefndin vinna frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sem lagt var fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi. Í frumvarpinu er lagt til að hið friðhelga land á Þingvöllum verði stækkað. Með því yrði stigið mikilvægt skref til að tryggja vernd hinnar sérstöku náttúru þar, en jafnframt væri með samþykkt frumvarpsins lagður grunnur að mikilfenglegu útivistarsvæði fyrir landsmenn í næsta nágrenni við mesta þéttbýli landsins.

Frumvarpið sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi tók einnig til verndar á vatnasviði Þingvallavatns. Það varð ekki að lögum, en á 123. löggjafarþingi voru lögð fram tvö frumvörp: annars vegar frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sem ætlað var að leysa af hólmi lögin um friðun Þingvalla frá 1928, og hins vegar frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Frumvarpið til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum var ekki afgreitt af Alþingi á 123. löggjafarþingi, en ákveðið var að fresta framlagningu þess á ný uns óbyggðanefnd hefði skorið úr um mörk eignarlands og þjóðlendna í uppsveitum Árnessýslu. Þegar þau liggja fyrir er þess að vænta að forsætisráðherra leggi fram frumvarp um þjóðgarðinn á Þingvöllum fyrir Alþingi á ný. Er frumvarpið á lista ríkisstjórnarinnar yfir boðuð frumvörp sem lögð verða fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess var lagt fram á 123. löggjafarþingi, en málið var ekki afgreitt á því þingi. Tilgangur frumvarpsins er „að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess“, eins og segir í 1. gr. þess. Um ástæður þess að talin er ástæða til að flytja sérstakt frumvarp um verndun vatnsins og vatnasviðs þess skal hér vísað til athugasemda við frumvarpið, en þar kemur m.a. fram að vatnið og vatnasviðið er einstakt um lífríki og náttúrufar, auk þess sem talið er að þriðjung lindarvatns í byggð á Íslandi sé að finna á því svæði sem fellur undir skilgreint vatnsverndarsvæði. Málið verður lagt fram á ný samhliða áðurnefndu frumvarpi um þjóðgarðinn.

344. Svar [208. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um skipulagsmál á hálendinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg sveitarfélög koma nú að skipulagsmálum hálendisins?*
2. *Hvaða sveitarfélög eru þetta og hver er íbúatala þeirra hvers um sig?*
3. *Hver þeirra hafa gengið frá nýju aðalskipulagi síðan lög nr. 45/1998 tóku gildi og hver þeirra hafa deiliskipulagt svæði innan þess?*

Þrjátíu og fjögur sveitarfélög fara með stjórnsýslu á miðhálendi Íslands, sem er sami fjöldi og þegar umhverfisráðherra staðfesti svæðisskipulag miðhálendis Íslands til 2015, 10. maí 1999.

Um er að ræða eftirtalin sveitarfélög (íbúafjöldi 1. desember 2000 innan sviga): Borgarfjarðarsveit (688), Borgarbyggð (2.468), Hvítársíðuhreppur (83), Húnaþing vestra (1.225), Áshreppur (84), Svínavatnshreppur (138), Bólstaðarhlíðarhreppur (114), Sveitarfélagið Skagafjörður (4.183), Akrahreppur (228), Eyjafjarðarsveit (990), Hálshreppur (167), Bárðdælahreppur (112), Skútustaðahreppur (443), Norður-Hérað (322), Fljótsdalshreppur (86), Austur-Hérað (2.023), Djúpavogshreppur (524), Sveitarfélagið Hornafjörður (2.370), Skaftárhreppur (574), Mýrdalshreppur (519), Austur-Eyjafjallahreppur (138), Vestur-Eyjafjallahreppur (182), Fljótshlíðarhreppur (197), Hvolhreppur (796), Rangárvallahreppur (793), Holta- og Landsveit (371), Ásahreppur (144), Gnúpverjahreppur (285), Skeiðahreppur (250), Hrunamannahreppur (726), Biskupstungnahreppur (551), Laugardalshreppur (249), Grímsnes- og Grafningshreppur (328) og Þingvallahreppur (43).

Eftir að sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, tóku gildi 3. júní 1998 hefur umhverfisráðherra staðfest aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998–2018, 23. janúar 2001. Umhverfis-

ráðherra hefur nú skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga til meðferðar samþykktar tillögur að aðalskipulagi Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps. Nokkur af fyrrnefndum sveitarfélögum eru langt komin með að vinna tillögu að aðalskipulagi alls lands viðkomandi sveitarfélags. Gera má ráð fyrir að einhverjar þessara tillagna verði auglýstar nú í vetur, sbr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir hafa verið samþykktar:

Hvítársíðuhreppur: deiliskipulag áningarstaðar við Surtshelli samþykkt 23. júní 2001. Skútustaðahreppur: deiliskipulag hálendismiðstöðvar við Drekagil samþykkt 10. maí 2001. Holta- og Landsveit: deiliskipulag þjónustusvæðis við Tjaldvatn samþykkt 6. júlí 1998. Holta- og Landsveit og Ásahreppur: deiliskipulag Búðarhálsvirkjunar og Búðarhálslínu samþykkt í júní 2001. Ásahreppur: deiliskipulag Vatnsfellsvirkjunar samþykkt 5. júlí 1999.

345. Svar [164. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Örlygs Hnefils Jónssonar um útlán opinberra sjóða til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Íbúðalánasjóði. Svar Íbúðalánasjóðs barst ráðuneytinu með bréfum, dags. 23. október sl. og 8. nóvember sl.

Í svari Íbúðalánasjóðs kom fram að á þessu tímabili hafa ýmsar breytingar átt sér stað, svo sem sameining sveitarfélaga og nú síðast ný kjördæmaskipan. Til þess að gera upplýsingarnar samanburðarhæfar voru þær settar upp miðað við núverandi skipan sveitarfélaga og komandi kjördæmaskipan. Tölur og fjárhæðir vegna stærri byggðakjarna, svo sem Reykjavíkur, bæja og kaupstaða, eru taldar sér og teljast því ekki hluti af samantekt þeirrar sýslu sem þeir annars tilheyra.

1. *Hver hafa útlán opinberra sjóða verið á árabilinu 1990–2000 til nýbyggingar íbúðarhúsnæðis, þ.e. almenn lán, sundurliðað eftir árum á föstu verðlagi?*

Í svari Íbúðalánasjóðs kom fram að teknar voru saman upplýsingar um fasteignaveðlán, svokölluð húsbréfalán Íbúðalánasjóðs, á árunum 1990–2000 til nýbygginga á vegum byggingarverktaka og einstaklinga.

Miðað er við fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Fjárhæðir hvers árs eru framreiknaðar á föstu verðlagi til 1. janúar 2001 miðað við neysluverðsvísitölu 202,1 stig en miðað er við meðalverðlag á hverju ári fyrir sig.

Ár	Fjöldi lána	Lánsfjárhæð	Lánskjara-vísitala	Neyslu-vísitala	Meðal-vísitala	Meðal-vísitala	Á verðlagi janúars 2001
1990	1.747	3.458.510.727	2.771		2868,292		4.811.036.603
1991	1.678	4.789.656.448	2.969		3080,410		6.203.956.943
1992	1.103	3.397.630.288	3.196		3220,903		4.208.926.794
1993	1.114	3.196.219.163	3.246		3294,143		3.871.390.684
1994	1.426	4.271.318.058	3.343		3363,934		5.066.257.769
1995	1.337	4.026.913.776	3.385		3412,389		4.708.544.384
1996	1.457	4.307.119.166	3.440	174,2	3475,319	175,9908	4.946.104.041
1997	1.619	5.058.050.628	3.511	177,8		179,5910	5.692.000.976
1998	1.787	5.859.872.880	3.582	181,4		182,5464	6.487.558.527
1999	1.979	7.286.583.810	3.627	183,7		188,7798	7.800.722.611
2000	1.850	7.696.756.031	3.831	194,0		198,0086	7.855.792.660
2001			3.990	202,1			

2. *Hvernig hafa útlán þessi skipst á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum og:*
   a. *kjördæmum,*
   b. *sýslum,*
   c. *kaupstöðum?*

KJÖRDÆMI

Fjöldi lána	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**
Norðvesturkjördæmi	62	59	63	51	65
Norðausturkjördæmi	169	121	75	90	106
Suðurkjördæmi	158	213	127	171	190
Suðvesturkjördæmi	595	595	471	436	568
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	763	690	367	366	497
Kjördæmi alls	**1.747**	**1.678**	**1.103**	**1.114**	**1.426**

Fjárhæðir	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**
Norðvesturkjördæmi	115.717.000	165.292.337	218.412.385	140.183.606	190.182.162
Norðausturkjördæmi	378.662.000	329.945.298	214.051.888	265.911.739	335.385.356
Suðurkjördæmi	302.981.202	605.615.567	370.612.648	533.031.209	559.751.630
Suðvesturkjördæmi	1.165.484.981	1.711.600.518	1.499.408.168	1.238.723.488	1.673.383.187
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	1.495.665.544	1.977.202.728	1.095.145.199	1.018.369.121	1.512.615.723
Kjördæmi alls	**3.458.510.727**	**4.789.656.448**	**3.397.630.288**	**3.196.219.163**	**4.271.318.058**

Fjöldi lána	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Norðvesturkjördæmi	59	49	54	68	96
Norðausturkjördæmi	122	106	102	125	145
Suðurkjördæmi	176	132	127	82	148
Suðvesturkjördæmi	552	689	823	979	981
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	428	481	513	533	609
Kjördæmi alls	**1.337**	**1.457**	**1.619**	**1.787**	**1.979**

Fjárhæðir	**1995**	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**
Norðvesturkjördæmi	168.430.363	148.063.780	175.903.394	235.685.591	360.357.459
Norðausturkjördæmi	366.370.624	313.856.075	351.633.361	378.915.789	480.343.828
Suðurkjördæmi	478.898.206	373.550.078	413.292.980	283.275.931	574.937.237
Suðvesturkjördæmi	1.682.421.299	2.108.863.955	2.566.964.665	3.080.349.493	3.611.795.992
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	1.330.793.284	1.362.785.278	1.550.256.228	1.881.646.076	2.259.149.294
Kjördæmi alls	**4.026.913.776**	**4.307.119.166**	**5.058.050.628**	**5.859.872.880**	**7.286.583.810**

Fjöldi lána	**2000**
Norðvesturkjördæmi	94
Norðausturkjördæmi	166
Suðurkjördæmi	172
Suðvesturkjördæmi	830
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	588
Kjördæmi alls	**1.850**

Fjárhæðir	**2000**
Norðvesturkjördæmi	324.900.886
Norðausturkjördæmi	610.449.485
Suðurkjördæmi	783.482.276
Suðvesturkjördæmi	3.641.215.675
Reykjavíkurkjördæmi, bæði	2.336.707.709
Kjördæmi alls	**7.696.756.031**

SÝSLUR, FJÖLDI LÁNA

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Kjósarsýsla	88	104	74	76	97	75	61	106	131	162	103
Gullbringusýsla	13	17	4	6	9	5	2	3	3	6	18
Borgarfjarðarsýsla	4	7	1	4	5	4	5	1	0	2	10
Mýrasýsla	0	0	2	3	3	3	1	1	11	11	15
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	5	1	4	17	15	12	13	11	3	6	2
Dalasýsla	0	0	0	0	0	0	2	3	5	0	2
A-Barðastrandarsýsla	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0
V-Barðastrandarsýsla	0	2	0	0	3	1	1	0	0	0	0
V-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
N-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	0	0	2	7	14	4	1	1
Strandasýsla	1	2	4	3	4	3	3	0	1	0	0
V-Húnavatnssýsla	2	2	0	0	2	1	0	0	2	2	2
A-Húnavatnssýsla	8	6	4	3	3	4	1	0	2	2	2
Skagafjarðarsýsla	1	1	25	0	2	0	0	0	0	2	3
Eyjafjarðarsýsla	6	13	8	2	9	7	1	4	8	10	14
S-Þingeyjarsýsla	9	8	8	10	8	4	3	5	0	7	13
N-Þingeyjarsýsla	0	1	8	3	3	1	1	1	0	0	1
N-Múlasýsla	13	12	8	5	4	8	2	1	2	2	5
S-Múlasýsla	27	11	27	23	22	17	9	13	14	17	8
A-Skaftafellssýsla	5	26	6	23	15	10	7	12	5	8	7
V-Skaftafellssýsla	0	3	1	4	1	1	1	1	0	3	2
Rangárvallasýsla	5	4	10	8	11	14	4	8	6	6	12
Árnessýsla	30	31	21	23	25	21	29	31	20	20	23
Alls	**217**	**251**	**215**	**213**	**242**	**193**	**153**	**215**	**217**	**267**	**243**

KAUPSTAÐIR, FJÖLDI LÁNA

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Reykjavík	763	690	367	366	497	428	481	514	533	609	588
Kópavogur	211	157	103	106	207	316	468	603	725	568	377
Seltjarnarnes	32	51	47	35	35	15	19	23	19	10	7
Garðabær	53	63	87	88	56	31	19	13	11	22	133
Hafnarfjörður	211	220	160	131	173	115	122	78	93	219	210
Reykjanesbær	54	66	42	69	44	47	34	14	16	45	34
Grindavík	11	13	9	3	14	9	9	6	4	3	14
Akranes	13	14	9	5	0	0	4	9	26	44	38
Snæfellsbær	3	1	0	0	1	3	2	5	1	2	4
Bolungarvík	1	1	1	3	1	1	0	1	0		
Ísafjarðarbær	10	7	6	2	6	1	0	2	2	12	5
Siglufjörður	0	0	6	0	0	1	0	1	0		
Sveitarfélagið Skagafjörður	14	15	1	11	19	23	10	6	11	12	10
Akureyri	87	49	6	33	42	64	74	68	90	104	117
Húsavík	7	12	2	6	5	6	5	4	3	4	5
Ólafsfjörður	4	3	5	1	1	3	0	0	0	1	0
Dalvíkurbyggð	5	5	1	4	7	8	7	2	7	0	2
Seyðisfjörður	4	1	1	0	0	0	0	0	0		
Fjarðabyggð	7	6	1	3	5	4	4	4	1	0	1
Vestmannaeyjar	2	0	32	0	4	11	7	8	1	3	8
Sveitarfélagið Árborg	38	53	2	35	67	58	39	43	27	54	54
Alls	**1.530**	**1.427**	**888**	**901**	**1.184**	**1.144**	**1.304**	**1.404**	**1.570**	**1.712**	**1.607**
Sýslur og kaupstaðir alls	**1.747**	**1.678**	**1.103**	**1.114**	**1.426**	**1.337**	**1.457**	**1.619**	**1.787**	**1.979**	**1.850**

SÝSLUR, LÁNSFJÁRHÆÐ

	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Kjósarsýsla	178.793.932	293.869.968	225.106.290	216.011.779	275.513.362	233.560.977
Gullbringusýsla	22.240.000	45.123.036	7.013.190	9.286.630	30.354.757	17.391.146
Borgarfjarðarsýsla	6.200.000	14.724.000	3.960.846	8.169.154	18.270.272	11.988.551
Mýrasýsla	0	0	4.875.000	9.970.905	7.001.095	12.080.000
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	6.766.000	1.800.000	11.067.965	43.932.969	41.561.264	29.996.306
Dalasýsla	0	0	0	0	0	0
A-Barðastrandarsýsla	0	0	0	0	2.500.000	0
V-Barðastrandarsýsla	0	5.816.000	0	0	3.331.250	4.500.000
V-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	0	0	0
N-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	0	0	7.969.995
Strandasýsla	2.319.000	4.841.000	12.922.778	5.838.490	15.933.694	7.505.903
V-Húnavatnssýsla	4.494.000	6.989.692	0	0	8.300.000	3.419.000
A-Húnavatnssýsla	14.252.000	18.559.573	17.614.108	11.922.755	11.745.500	12.005.755
Skagafjarðarsýsla	2.319.000	2.436.000	94.304.398	0	3.200.000	0
Eyjafjarðarsýsla	11.414.000	38.893.272	22.376.200	7.813.330	25.704.380	22.428.890
S-Þingeyjarsýsla	17.867.000	18.377.725	19.213.019	30.183.234	23.013.959	9.473.822
N-Þingeyjarsýsla	0	1.623.000	24.244.935	5.165.601	8.306.500	2.000.000
N-Múlasýsla	25.692.000	27.996.376	23.189.452	14.728.488	13.245.450	21.774.714
S-Múlasýsla	76.441.000	30.630.285	76.318.165	62.400.162	69.425.892	41.697.824
A-Skaftafellssýsla	11.143.000	77.147.951	17.825.332	77.458.186	35.779.909	24.482.748
V-Skaftafellssýsla	0	8.800.130	3.011.209	6.238.678	3.381.210	1.168.790
Rangárvallasýsla	10.587.000	12.178.104	33.558.790	26.354.885	27.969.613	45.416.766
Árnessýsla	55.817.000	86.109.849	64.203.797	60.601.348	74.542.223	47.978.946
Alls	**446.344.932**	**695.915.961**	**660.805.474**	**596.076.594**	**699.080.330**	**556.840.133**

	1996	1997	1998	1999	2000
Kjósarsýsla	196.011.649	365.989.208	393.034.781	535.101.104	501.906.662
Gullbringusýsla	2.550.000	8.660.919	8.173.990	25.416.615	87.265.835
Borgarfjarðarsýsla	12.846.876	1.533.124	0	10.481.751	33.027.570
Mýrasýsla	5.168.421	4.966.033	40.230.750	48.231.931	44.408.635
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	37.531.739	30.612.280	10.760.820	19.374.700	2.634.582
Dalasýsla	8.355.453	10.914.111	11.559.036	0	8.101.060
A-Barðastrandarsýsla	0	0	0	0	0
V-Barðastrandarsýsla	6.563.000	0	0	0	0
V-Ísafjarðarsýsla	0	0	0	0	0
N-Ísafjarðarsýsla	27.050.575	43.275.117	10.659.121	5.150.000	7.627.000
Strandasýsla	6.140.457	0	3.500.000	0	0
V-Húnavatnssýsla	0	0	8.984.358	6.978.560	4.467.422
A-Húnavatnssýsla	3.294.000	0	9.942.084	10.853.253	6.608.864
Skagafjarðarsýsla	0	0	0	10.481.751	14.791.935
Eyjafjarðarsýsla	6.554.000	15.534.235	29.513.754	43.547.706	54.252.566
S-Þingeyjarsýsla	16.038.240	13.514.755	0	28.562.389	47.737.066
N-Þingeyjarsýsla	3.381.210	1.518.790	0	0	1.700.000
N-Múlasýsla	7.118.999	1.030.246	7.237.004	7.279.390	14.814.561
S-Múlasýsla	27.060.196	37.324.904	38.291.352	55.789.096	48.330.483
A-Skaftafellssýsla	24.710.416	34.454.644	11.494.127	27.364.857	28.015.098
V-Skaftafellssýsla	3.080.000	2.220.000	0	6.215.000	10.880.250
Rangárvallasýsla	7.208.840	21.561.505	18.545.667	26.578.983	43.393.115
Árnessýsla	87.231.637	106.560.893	73.994.359	70.257.365	90.520.910
Alls	**487.895.708**	**699.670.764**	**675.921.203**	**937.664.451**	**1.050.483.614**

KAUPSTAÐIR, LÁNSFJÁRHÆÐ

	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Reykjavík	1.495.665.544	1.977.202.728	1.095.145.199	1.018.369.121	1.512.615.723	1.330.793.284
Kópavogur	433.045.073	461.093.186	307.941.323	327.783.797	654.885.725	981.258.534
Seltjarnarnes	58.775.000	161.869.620	181.736.182	104.212.378	102.444.011	38.721.841
Garðabær	106.569.000	224.019.175	317.544.162	243.986.510	166.701.216	106.782.190
Hafnarfjörður	388.301.976	570.748.568	467.080.211	346.729.024	473.838.873	322.097.757
Reykjanesbær	98.876.366	211.556.816	126.909.217	235.456.393	131.009.893	147.707.631
Grindavík	20.738.000	37.788.702	25.687.135	11.000.000	46.304.613	25.585.810
Akranes	23.365.000	43.981.779	30.284.088	15.097.636	0	0
Snæfellsbær	5.509.000	81.000	0	0	5.036.011	10.336.069
Bolungarvík	1.942.000	6.439.143	4.302.832	5.187.368	3.136.000	1.600.000
Ísafjarðarbær	19.991.000	15.958.000	15.065.313	6.128.972	16.553.007	3.000.000
Siglufjörður	0	0	22.415.057	0	0	3.213.756
Sveitarfélagið Skagafjörður	28.560.000	43.666.150	1.600.000	33.935.357	53.614.069	60.815.028
Akureyri	194.185.000	139.271.656	19.674.736	109.218.933	133.031.428	206.977.537
Húsavík	12.413.000	34.227.019	6.516.000	11.700.000	14.630.300	16.999.096
Dalvíkurbyggð	16.252.000	11.405.000	14.550.810	4.500.000	6.362.000	10.821.105
Ólafsfjörður	6.840.000	8.463.000	1.331.571	12.701.991	25.818.237	22.863.089
Seyðisfjörður	4.562.000	1.750.000	1.762.000	0	0	0
Fjarðabyggð	12.996.000	17.307.965	4.875.000	7.500.000	15.847.210	11.334.547
Vestmannaeyjar	3.746.000	0	86.679.081	0	15.700.000	31.401.181
Sveitarfélagið Árborg	79.833.836	126.910.979	5.724.897	106.635.089	194.709.412	137.765.188
Alls	**3.012.165.795**	**4.093.740.487**	**2.736.824.814**	**2.600.142.569**	**3.572.237.728**	**3.470.073.643**
Sýslur og kaupstaðir alls	**3.458.510.727**	**4.789.656.448**	**3.397.630.288**	**3.196.219.163**	**4.271.318.058**	**4.026.913.776**

	1996	1997	1998	1999	2000
Reykjavík	1.362.785.278	1.553.256.228	1.881.646.076	2.259.149.294	2.336.707.709
Kópavogur	1.394.903.941	1.812.503.675	2.256.535.031	2.017.253.409	1.527.714.779
Seltjarnarnes	65.437.600	89.985.208	55.503.019	47.559.929	39.165.823
Garðabær	53.250.717	53.483.358	42.211.610	132.402.925	660.665.959
Hafnarfjörður	399.260.048	245.003.216	333.065.052	879.478.625	911.762.452
Reykjanesbær	74.238.010	47.722.742	64.489.395	180.296.142	160.185.079
Grindavík	25.185.210	21.428.030	17.910.421	16.600.000	71.456.146
Akranes	13.593.292	32.536.000	97.995.900	150.000.517	140.421.515
Snæfellsbær	4.521.047	18.950.150	3.000.000	4.000.000	17.723.552
Bolungarvík	0	953.895	0		
Ísafjarðarbær	0	5.543.089	11.669.000	40.828.297	14.690.257
Siglufjörður	0	1.312.340	0		
Sveitarf. Skagafjörður	22.998.920	25.307.255	27.384.522	53.976.699	30.398.494
Akureyri	210.387.280	250.997.960	264.511.190	330.216.723	411.293.646
Húsavík	12.294.904	17.471.000	17.868.696	12.918.654	23.683.829
Dalvíkurbyggð	0	0	0	0	4.937.334
Ólafsfjörður	16.764.161	4.900.000	19.293.000	2.029.870	0
Seyðisfjörður	0	0	0		
Fjarðabyggð	14.257.085	9.341.471	2.200.793	0	3.700.000
Vestmannaeyjar	27.637.975	25.773.513	1.121.250	9.349.679	49.295.141
Sveitarfélagið Árborg	121.707.990	141.910.734	87.546.722	212.858.596	242.470.702
Alls	**3.819.223.458**	**4.358.379.864**	**5.183.951.677**	**6.348.919.359**	**6.646.272.417**
Sýslur og kaupstaðir alls	**4.307.119.166**	**5.058.050.628**	**5.859.872.880**	**7.286.583.810**	**7.696.756.031**

3. *Hvernig hefur fjöldi nýbygginga þróast á árabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum og:*
   a. kjördæmum,
   b. sýslum,
   c. kaupstöðum?

Í svari Íbúðalánasjóðs kom fram að sjóðurinn hefur ekki neinar upplýsingar um þróun ný bygginga umfram það sem fram kemur í svörum við fyrri töluliðunum tveimur og felst í fjárhæðum og fjölda lána til nýbygginga. Auk þess sem samkvæmt reglugerð um húsbréf og húsbréfaviðskipti er húsbyggjanda heimilt að taka fleiri en eitt fasteignaveðlán vegna sömu eignar og geta liðið allt að fimm ár frá útgáfu frumbréfs þar til viðaukabréf er gefið út. Vegna þessa verður samanburður á tölum milli ára mjög vandasamur.

346. Svar [196. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um styrkingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

1. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á fót kennslu í dreifbýlislækningum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri?*

Undanfarin missiri hefur farið fram veruleg umræða um stöðu og mönnun í heilbrigðisþjónustu í dreifbýli á Íslandi. Í framhaldi af þessari umræðu skipaði landlæknir starfshóp sem hefur skilað áliti um ýmsa áhersluþætti til að efla stöðu heilbrigðisþjónustu í dreifbýli. Álitsgerðin var send til ýmissa aðila en lokaniðurstöður og formlegar tillögur landlæknis liggja ekki enn fyrir.

Einn meginþáttur tillagnanna var mikið og öflugt hlutverk Háskólans á Akureyri, auk heilbrigðisstofnana norðan lands, sem miðstöð slíkrar menntunar. Meðal annars var lagt til að komið yrði á fót námskeiðum sem styrktu heilbrigðisstarfsfólk í ýmsum verkefnum sem á þeim hvíla. Nú í vetur eru haldin tvö slík námskeið af hálfu Háskólans á Akureyri í samstarfi við Fjórðungssjúkrahúsið, þ.e. í myndgreiningu og bráðalækningum barna. Einnig er áætlað að halda á næstu vetrum námskeið í áfallahjálp, mæðra- og ungbarnavernd, stjórnun, upplýsingatækni, heilbrigðiseftirliti og e.t.v. í fleiri þáttum. Bein og óbein tengsl Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri við kennslu í dreifbýlislækningum eru því augljós og verður reynt að mæta þörf sjúkrahússins fyrir aukinn starfsafla vegna þessa.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir fleiri stöðugildum sérfræðinga við Fjórðungssjúkrahúsið til að sinna m.a. farþjónustu?*

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri leggur eins og aðrar stofnanir fram óskir sínar um auknar fjárveitingar, m.a. vegna fleiri stöðugilda sérfræðinga. Nú þegar á sér stað viss farþjónusta af hálfu sérfræðinga sjúkrahússins, t.d. á sviði geðlækninga til Austurlands. Ráðuneytið hefur stutt við þessa þjónustu eftir því sem fjárveitingar hafa leyft.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði á náms- og kandídatsstöðum við Fjórðungssjúkrahúsið?*

Kennsla og starfsþjálfun læknanema og læknakandídata hefur átt sér stað við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til margra ára og fellur því að öðrum þörfum sjúkrahússins um fjölgun stöðugilda.

4. *Hefur verið samið við Fjórðungssjúkrahúsið um þjónustu við sjúkraflug og ef svo er ekki, hvenær má vænta þess að það verði gert svo að bakvaktir lækna verði tryggðar við hina nýju miðstöð sjúkraflugs á Akureyri?*

Fundað hefur verið með stjórnendum Fjórðungssjúkrahússins nýlega um þjónustu við sjúkraflug, þ.e. að fjölga bakvöktum lækna sem fara í sjúkraflug frá Akureyri þegar þess er þörf. Þessum samningum er ekki lokið en fullur vilji er fyrir hendi af hálfu ráðuneytisins að ljúka þeim sem fyrst.

347. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist við ný grein, 1. gr. a, svohljóðandi:

Siglingastofnun Íslands getur heimilað að fiskiskip sem skráð er á íslenska skipaskrá sé skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Þurrleiguskráning er tímabundin skráning skips, sem leigt hefur verið án áhafnar, á erlenda skipaskrá án þess að það sé afmáð af íslenskri skipaskrá. Siglingastofnun Íslands getur ákveðið að heimild til þurrleiguskráningar takmarkist við skipaskrár tiltekinna ríkja. Heimilt er að skrá skip með þessum hætti til allt að eins árs og framlengja þurrleiguskráningu í framhaldi af því um allt að sex mánuði í senn. Með umsókn um heimild til þurrleiguskráningar skulu fylgja:

a. upplýsingar um leigutaka skipsins,
b. upplýsingar um hvar óskað er að skrá skipið þurrleiguskráningu,
c. afrit þurrleigusamnings, auk löggiltrar þýðingar á samningnum ef hann er á öðru tungumáli en íslensku eða ensku,
d. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að heimilt sé að skrá skipið þurrleiguskráningu þar,
e. staðfesting erlendrar skipaskrár á því að skipið verði tafarlaust afmáð af skipaskránni ef íslensk stjórnvöld fara fram á það,
f. skriflegt samþykki veðhafa fyrir þurrleiguskráningunni,
g. aðrar upplýsingar sem samgönguráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Áður en Siglingastofnun Íslands veitir heimild til þurrleiguskráningar skips skv. 1. mgr. skal liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. skip sem sigla undir þjóðfána Íslands gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
b. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,
c. verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
d. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,

e. sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,
f. þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur ganga ekki að öðru leyti gegn hagsmunum Íslands,
g. önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Skip, sem skráð er á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, siglir undir þjóðfána erlenda ríkisins og skal fylgja ákvæðum laga og reglna þess ríkis, þ.m.t. ákvæðum um eftirlit með skipum, búnað skipa og mönnun þeirra, meðan á þurrleiguskráningu stendur. Veðbönd skips, sem skráð er með þessum hætti, skulu skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra hér á landi.

Heimild til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður þegar:

a. þurrleigusamningur fellur úr gildi,
b. forsendur heimildar til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. eru brostnar að mati Siglingastofnunar Íslands,
c. skilyrði fyrir heimild til þurrleiguskráningar skv. 2. mgr. er ekki lengur uppfyllt að mati sjávarútvegsráðuneytisins,
d. leigutaki skipsins óskar þess,
e. skipið fellur undir 1. mgr. 15. gr.

Þegar heimild skips til þurrleiguskráningar skv. 1. mgr. fellur niður skal Siglingastofnun Íslands fara fram á það við erlendu skipaskrána að skipið verði tafarlaust afmáð af henni.

Þurrleiguskráningu skips telst lokið þegar tilkynning berst frá erlendu skipaskránni um að það hafi verið afmáð af henni.

2. gr.

Við 2. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Skip, sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, telst þó ekki vera íslenskt skip og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands meðan á þurrleiguskráningunni stendur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem samgönguráðherra skipaði í samráði við sjávarútvegsráðherra, en nefndinni var ætlað að „gera tillögur um tvískráningu íslenskra fiskiskipa, þar með talið hvort óska eigi eftir samningum þar um við erlend ríki og gera tillögur um lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að vera ef þurrleiguskráning íslenskra fiskiskipa verður heimiluð. Í störfum sínum ber nefndinni að hafa samráð við hagsmunaaðila". Í nefndinni voru Stefán Ásmundsson, sjávarútvegsráðuneyti, formaður, Helgi Jóhannesson, samgönguráðuneyti, Tómas H. Heiðar, utanríkisráðuneyti. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurbergur Björnsson, Siglingastofnun Íslands.

Með þurrleiguskráningu er átt við skráningu skips þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Leigutaki getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali getur komið upp fyrirtæki í öðru landi, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfyllir kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu. Skipið er áfram skráð á skipaskrá í heimalandi eiganda skipsins, þ.e. leigusalans. Hafi

eigandinn veðsett skipið með samningsveðum er haldið utan um þau í landi eigandans, þ.e. frumskráningarríkinu. Leigutaki tekur við skipinu og skráir það þurrleigu á skipaskrá heimalands síns. Við það færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og gilda þá lög þess um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi.

Tilgangur frumvarpsins er að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá en séu eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá. Í frumvarpinu eru sett mjög ströng skilyrði fyrir slíkri heimild og við það miðað að þurrleigð skip stundi aðeins veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi. Mikil fyrirhöfn og kostnaður er þessu samfara fyrir útgerðir skipanna. Veiðar þessara skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því felast ekki aðeins auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig fleiri atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Lagt er til að áður en Siglingastofnun Íslands veiti heimild til þurrleiguskráningar skips skuli liggja fyrir staðfesting sjávarútvegsráðuneytisins á því að nánar tiltekin skilyrði séu uppfyllt, en þau eru eftirfarandi:

- skip sem sigla undir þjóðfána Íslands gætu ekki stundað þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur grafa ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum sem ákveðnar eru og beitt er í samræmi við reglur þjóðaréttar,
- verndunarsjónarmið mæla ekki gegn þeim veiðum sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur eru í samræmi við þær reglur sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um,
- sýnt þykir að ríkið sem skipið mun verða skráð þurrleiguskráningu í muni virða skyldur sínar sem fánaríki,
- þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur ganga ekki að öðru leyti gegn hagsmunum Íslands,
- önnur skilyrði sem sjávarútvegsráðherra getur kveðið á um í reglugerð.

Nefndin sem vann frumvarpið viðaði að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði þá með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanríkisráðuneytið upplýsinga, í gegnum nokkur sendiráð Íslands, um löggjöf erlendra ríkja um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum. Þar er þurrleiguskráning heimiluð, en það felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Í Danmörku er heimildin bundin við kaupskip. Niðurstaða

nefndarinnar var að þurrleiguskráning væri heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og vísast til umfjöllunar í áliti nefndarinnar sem birtist í fylgiskjali með frumvarpi þessu.

Eins og þar kemur fram leitaði nefndin álits hagsmunaðila á málinu. Af hálfu stéttarfélaga sjómanna hafa komið fram sjónarmið um að engin rök standi til þess að veita heimild til þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Sjómannasamband Íslands lýsti m.a. þeirri skoðun að útgerðarmenn væru að þrýsta á stjórnvöld um að heimila þurrleiguskráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn og að útgerðir mundu nota þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem mætti stunda undir íslenskum fána í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Að því er fyrra atriðið varðar óttast sambandið að þegar þurrleiguskráð skip ljúki verkefnum sínum erlendis verði það afskráð af erlendri skipaskrá og komi aftur til Íslands með erlenda áhöfn. Þá aukist þrýstingur á að útlendingarnir starfi áfram á skipinu. Einnig óttast sjómenn að samningsstaða íslenskra sjómanna, að því er kjaramál varðar, versni við þessar aðstæður.

Við þessum athugasemdum er því til að svara að íslensk lög og kjarasamningar gilda um skip sem sigla undir íslenskum fána. Til þess að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfa þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi ef þeir koma frá löndum utan EES-svæðisins. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Áréttað skal í þessu sambandi að það er brot á 6. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, að greiða samkvæmt erlendum kjarasamningum á skipum sem sigla undir íslenskum fána. Rétt er að minna á að óheimilt er að ráða erlendan skipstjóra á íslenskt skip, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum. Hvað seinna atriðið varðar er í frumvarpinu miðað við að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt nema skip sem sigla undir þjóðfána Íslands geti ekki stundað viðkomandi veiðar.

Farmanna- og fiskimannasambandið taldi að áhætta væri fólgin í þurrleiguskráningu þar sem óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum. Vísaði sambandið í því efni til ákvæðis 2. tölul. 92. gr. hafréttarsamningsins. Að mati nefndarinnar sem vann að frumvarpinu er þessi athugasemd byggð á þeim misskilningi að þurrleiguskráning sé hið sama og tvíflöggun. Niðurstaða nefndarinnar var að þurrleiguskráning sé heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sambandið benti jafnframt á að veiðireynsla þurrleigðra skipa kæmi fánaríkinu til góða og gæti unnið gegn hagsmunum Íslands. Tekið er undir þau sjónarmið og lagt til að heimild til þurrleiguskráningar verði ekki veitt nema skip sem sigla undir þjóðfána Íslands geti ekki stundað viðkomandi veiðar.

Í máli Vélstjórafélags Íslands kom fram að félagið gerði sér grein fyrir því að þurrleiguskráning mundi auka tekjumöguleika íslenskra útgerða. Félagið legðist samt sem áður gegn því að þurrleiguskráning yrði heimiluð hér á landi.

Þegar skip eru þurrleigð gildir leigusamningurinn einungis um skipið, en ekki um áhafnir eins og ef um tímaleigusamning væri að ræða. Ætla má að íslenskar útgerðir kjósi að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti, m.a. til þess að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér dýr atvinnutæki. Heimild íslenskra sjómanna til þess að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkisins um atvinnuleyfi.

Að öðru leyti vísast til álits nefndar sem birtist í fylgiskjali með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Skýrsla nefndar um tvískráningu fiskiskipa.

I. Forsaga og nefndarskipan.

Með bréfi til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, (fylgiskjal 1) fór Landssamband íslenskra útvegsmanna þess á leit að íslensk stjórnvöld leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Í gögnum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, er vísað til slíkrar skráningar sem skráningar skipa á þurrleigu (e.: bareboat charter registration) sem nefndin kýs að kalla þurrleiguskráningu og verður það hugtak notað í þessari skýrslu.

Þurrleiguskráning felur í sér að gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Skipið er áfram skráð á skipaskrá í heimalandi eiganda skipsins, þ.e. leigusalans. Hafi eigandinn veðsett skipið með samningsveðum er algengast að haldið sé utan um þau í landi eigandans, þ.e. frumskráningarríkinu. Leigutaki tekur við skipinu og þurrleiguskráir það á skipaskrá heimalands síns. Við það færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og lög þess gilda um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Farið er með skipið eins og það sé eign leigutaka að því er sjóveð varðar. Leigusali og samningsveðhafar taka því nokkra áhættu varðandi sjóveð. Safni skipið t.d. hafnagjöldum í landi leigutakans er sú hætta ávallt fyrir hendi að skipið verði boðið upp til fullnustu sjóveðskrafna. Einnig tekur leigusali áhættu af því að skipinu verði haldið af yfirvöldum leigutaka í einhvern tíma ef leigutaki brýtur af sér við veiðar. Leigutaki hefur hins vegar hagsmuni af því að gæta þess að ekki hvíli sjóveðskrafa á skipinu áður en hann tekur við því.

Leigutaki getur ýmist verið tengdur leigusala eða ótengdur honum. Leigusali gæti komið upp fyrirtæki í öðru landi, t.d. með þátttöku þarlendra aðila, sem uppfyllir kröfur þess ríkis um eignarhald. Þetta fyrirtæki gæti þurrleigt skipið af móðurfyrirtækinu. Í öðrum tilvikum gæti leigutakinn verið ótengdur leigusala með öllu.

Þegar skip eru þurrleigð gildir leigusamningurinn einungis um skipið, en ekki um áhafnir eins og ef um tímaleigusamning væri að ræða. Hins vegar má ætla að íslenskar útgerðir kjósi að hafa íslenska sjómenn um borð að meira eða minna leyti, m.a. til þess að draga úr þeirri áhættu sem fylgir því að leigja frá sér þessi dýru atvinnutæki. Heimild íslenskra sjómanna til þess að starfa á þurrleigðum skipum er háð reglum fánaríkisins um atvinnuleyfi.

Fram hefur komið að nokkrar ástæður liggja að baki fyrrnefndrar beiðni LÍÚ. Íslenskar útgerðir hafa á undanförnum árum ekki haft næg verkefni fyrir flota sinn. Þetta ásamt öðru hefur leitt til þess að útgerðir sækjast í auknum mæli eftir verkefnum erlendis. Að auki hafa íslenskar útgerðir fundið markað erlendis fyrir skip sem þær hafa ekki not fyrir og fengið greitt fyrir þau með afla. Að sögn útgerðarmanna yrði um eftirfarandi tilvik að ræða:

- Sala á skipi úr landi með kaupleigusamningi. Skipið yrði í þessum tilvikum þurrleiguskráð þar til kaupverð hefur verið að fullu greitt. Með þessu væru útgerðarmenn að tryggja sig gagnvart kaupendum skipa er búa við réttarkerfi sem þeir treysta ekki fyllilega.
- Leiga á skipum til ótengdra aðila í tímabundin verkefni erlendis.
- Leiga á skipum til tengdra erlendra aðila svo þau geti veitt tímabundið úr veiðiheimildum annarra ríkja sem ekki er hægt að nýta undir íslenskum fána. Í sumum tilvikum yrði um dótturfyrirtæki að ræða með eignaraðild þarlendra aðila. Dæmi eru um að íslenskar útgerðir eigi hlut í fyrirtækjum eða dótturfyrirtæki erlendis, t.d. í Eistlandi, Lettlandi,

Þýskalandi, Bretlandi og Noregi. Þessi ríki taka þó ekki öll við skipum til þurrleiguskráningar.

Veiðiheimildir annarra ríkja, innan eða utan lögsögu þeirra, er yfirleitt einungis hægt að nýta með skipum er bera fána viðkomandi ríkis. Íslenskar útgerðir, sem hafa sóst eftir að veiða úr veiðiheimildum annarra ríkja, hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki og jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á þær veiðiheimildir sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi. Mikil fyrirhöfn og kostnaður er þessu samfara og hefur það ásamt öðru leitt til fyrrnefndrar beiðni frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Samgönguráðherra hefur í samráði við sjávarútvegsráðherra brugðist við þessari beiðni með því að skipa nefnd (sjá fylgiskjal 2) sem hefur það hlutverk að: „gera tillögur um tvískráningu íslenskra fiskiskipa, þar með talið hvort óska eigi eftir samningum þar um við erlend ríki og gera tillögur um lagabreytingar sem nauðsynlegar kunna að vera ef þurrleiguskráning íslenskra fiskiskipa verður heimiluð. Í störfum sínum ber nefndinni að hafa samráð við hagsmunaaðila".

Í nefndinni eru Stefán Ásmundsson, sjávarútvegsráðuneytinu, formaður, Helgi Jóhannesson, samgönguráðuneytinu, Tómas H. Heiðar, utanríkisráðuneytinu. Starfsmaður nefndarinnar er Sigurbergur Björnsson, Siglingastofnun Íslands. Nefndin hélt alls 18 fundi, þ.m.t. þrjá samráðsfundi með hagsmunaaðilum.

II. Umfjöllun nefndarinnar.

Nefndin byrjaði á að fara yfir umfjöllun hagsmunaaðila og fjölmiðla á innlendum vettvangi sem vitað var um. Þá viðaði hún að sér upplýsingum og gögnum um alþjóðasamninga er varða málið og skoðaði með hliðsjón af mögulegri þurrleiguskráningu frá íslenskri skipaskrá. Einnig aflaði utanríkisráðuneytið upplýsinga um þurrleiguskráningu og úthlutun veiðiheimilda erlendis í gegnum nokkur sendiráð Íslands. Loks aflaði hún upplýsinga um löggjöf í Danmörku og Færeyjum um skráningu skipa í þessum löndum, en þar er þurrleiguskráning heimiluð sem felur í sér heimild til þurrleiguskráningar á og frá skipaskrám þessara landa. Rétt er að geta þess að heimildin í Danmörku er bundin við kaupskip.

Á fundum nefndarinnar komu fljótlega fram eftirfarandi sjónarmið:

- Fara þyrfti yfir þjóðréttarlegan grundvöll þurrleiguskráningar.
- Kanna þyrfti fyrirkomulag skráningar skipa og úthlutunar veiðiheimilda erlendis.
- Kanna þyrfti sjónarmið hagsmunaaðila í þessu máli.

Þjóðaréttur.

Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður athugunar nefndarinnar á þjóðarétti að því er að þurrleiguskráningu varðar.

Hvað heimilar þjóðaréttur í þessu sambandi og hvað ekki?

- Ríki skulu skv. 91. gr. hafréttarsamningsins (fylgiskjal 3) „setja skilyrði fyrir veitingu þjóðernis síns til handa skipum, skráningu skipa í landi sínu og réttinum til að sigla undir fána sínum." Upptalningin virðist bera með sér að greinarmunur sé gerður á þessum þrem atriðum. Þau verða þó að teljast nátengd.

- Að þjóðarétti virðist því vera heimilt að setja mismunandi skilyrði fyrir því að skip a) fáist skráð á Íslandi, b) teljist vera íslensk skip samkvæmt íslenskum lögum og c) megi sigla undir íslenskum fána.
- Ef ríki er heimilt að ákveða skilyrði fyrir skráningu, þjóðerni og réttinum til að sigla undir fána sínum er því þar með í sjálfsvald sett hvort það heimilar að skip séu skráð innan lands og erlendis samtímis.
- Jafnframt er ríki í sjálfsvald sett hvaða skilyrði það setur fyrir þurrleiguskráningu. Ákvæði 2. tl. 92. gr. hafréttarsamningsins (fylgiskjal 3) kveður þó á um að skip, sem siglir undir fánum tveggja eða fleiri ríkja og notar þá eftir sinni hentisemi, teljist þjóðernislaust.
- Samningur S.þ. um skilyrði fyrir skráningu skipa frá 7. febrúar 1986 (fylgiskjal 4) byggist m.a. á því að þurrleiguskráning sé heimil samkvæmt þjóðarétti. Samningurinn hefur þó ekki enn öðlast gildi.
- Í umfjöllun IMO um þurrleiguskráð skip (fylgiskjal 5) er gengið út frá því að ekki ríki neinn ágreiningur um þjóðréttarlegt lögmæti þurrleiguskráningar.
- Í samþykkt Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, nr. FC DOC 99/11 (fylgiskjal 6) eru reglur varðandi veiðar þurrleiguskráðra skipa á NAFO svæðinu. Í samþykktinni koma ekki fram neinir fyrirvarar um lögmæti slíkrar skráningar.

Hvernig skiptist lögsaga yfir skipum sem eru þurrleiguskráð?

- Þótt hægt sé að kveða á um í íslenskum lögum að skip, sem siglir undir erlendum fána en er skrásett á Íslandi, teljist vera íslenskt er því að frumskráningu og eignarhald varðar nær lögsaga Íslands að öðru leyti ekki til þess fyrr en þurrleigu lýkur.
- Skipið telst vera erlent skip að því er alþjóðlegar fiskveiðistjórnunarráðstafanir varðar og getur ekki nýtt íslenskar veiðiheimildir.

Hver verða áhrif „FAO Compliance Agreement“?

- Ef Ísland fullgildir samninginn og hann öðlast gildi munu íslensk skip sem fara undir erlendan fána þurfa ný úthafsveiðileyfi í hvert sinn sem þau koma aftur undir íslenskan fána. Áður en slíkt leyfi yrði gefið út þyrfti að kanna feril skipsins skv. 5. tl. 3. gr. samningsins. Allar upplýsingar um feril skipsins ættu að liggja fyrir og yrði slík könnun því vart erfið eða tímafrek.

Hverjar eru skuldbindingar Íslands gagnvart alþjóðlegum fiskveiðistjórnarstofnunum og fiskveiðisamningum?

- Gera þarf ráðstafanir til þess að íslensk skip grafi ekki undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum á meðan þau sigla undir erlendum fána.

Hvaða áhrif hefur krafan um raunveruleg tengsl milli skips og fánaríkisins á þurrleiguskráningu?

- Íslenskum stjórnvöldum ber að fullvissa sig um að fánaríki hafi virkt eftirlit með þurrleigðuskráðu skipi. Að öðru leyti er það í höndum fánaríkis að meta hvort um raunveruleg tengsl samkvæmt þjóðarétti sé að ræða.

Eftirlit og stjórn fánaríkis.

- Í 4. tl. 12. gr. samnings S.þ. um skráningu skipa er kveðið á um að ríki hafi lögsögu yfir þurrleigðu skipi sem siglir undir fána þess.

Af framangreindu er ljóst að þurrleiguskráning er heimil samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Fyrirkomulag skráningar skipa og úthlutunar veiðiheimilda erlendis.

Að beiðni nefndarinnar óskaði utanríkisráðuneytið eftir svörum frá tilteknum ríkum við eftirfarandi spurningum:

Hvort þurrleiguskráning fiskiskipa sé leyfð þar og hvaða reglur gildi þar um.

Hvort það sé skilyrði fyrir því að skip geti fengið heimildir til að veiða úr veiðiheimildum viðkomandi ríkis að það sigli undir þarlendum fána.

Óskað var eftir upplýsingum frá eftirfarandi ríkjum: Argentínu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Chile, Eistlandi, Frakklandi, Írlandi, Japan, Kanada, Kína, Lettlandi, Litháen, Noregi, Portúgal, Póllandi, Rússlandi, Spáni og Þýskalandi.

Skemmst er frá því að segja að svör frá Argentínu, Chile, Japan, Kína, Noregi, Póllandi og Spáni voru á þá leið að þurrleiguskráning væri ekki leyfileg. Einungis skip undir innlendum fána gætu nýtt veiðiheimildir þessara landa. Í Japan gætu erlend skip frá nálægum slóðum þó fengið veiðiheimildir hjá þarlendum stjórnvöldum.

Samkvæmt svari frá Bandaríkjunum er þurrleiguskráning ekki leyfð þar í landi. Hins vegar geta bandarísk stjórnvöld veitt erlendum útgerðum fiskveiðiheimildir ef fiskstofnar eru í góðu ástandi.

Í svari frá Þýskalandi kom fram að einungis skip sem sigla undir þýskum fána geta nýtt sér þýskar veiðiheimildir. Fram kom að einungis skip sem hafa þýskt „fánavottorð" geta siglt undir þýskum fána. Ekki kom fram hvort þurrleiguskráning væri leyfileg.

Ráða má af svari frá Frakklandi að þurrleiguskráning sé leyfileg á franska skipaskrá að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í svari frá Eistlandi kom fram að heimilt er að þurrleiguskrá skip til Eistlands. Eistnesk lög gilda um þurrleiguskráð skip á þarlenda skipaskrá og sigla undir þarlendum fána. Ef öryggisreglur frumskráningarríkisins eru strangari en þær eistnesku gilda reglur frumskráningarríkisins um skipið. Skilyrði fyrir skráningu skips á eistneska skipaskrá er að leigutakinn sé eistneskur ríkisborgari, opinber aðili eða lögaðili. Ef um sameignarfélag er að ræða verður meirihlutaeign að vera í höndum Eistlendinga. Þá setja lögin skilyrði um að a.m.k. helmingur áhafnar sé eistneskir ríkisborgarar. Eftirfarandi verður að liggja fyrir áður en hægt er að þurrleiguskrá skip:

- Það sé þurrleigt til eistneskra aðila, sbr. skilyrðin hér að framan.
- Lög frumskráningarríkisins heimili þurrleiguskráningu.
- Eigandi skipsins leyfi þurrleiguskráningu.

Að uppfylltum þessum skilyrðum er skipið þurrleiguskráð til allt að tveggja ára og hægt að framlengja skráninguna um allt að eitt ár í senn. Til þess að nýta eistneskar veiðiheimildir verða erlend skipa að sigla undir eistneskum fána.

Í svari frá Litháen kom fram að þurrleiguskráning fiskiskipa væri leyfð með vissum skilyrðum. Enn fremur kom fram að einungis skip sem sigldu undir litháenskum fána gætu veitt úr veiðiheimildum landsins.

Í svari frá Lettlandi kom fram að veiðiheimildum væri einungis úthlutað til lettneskra útgerða. Lettneskar útgerðir gætu stofnað til samstarfs við erlendar útgerðir en í slíkum tilfellum yrðu þau að flytja skip sín undir lettneskan fána. Ekki kom fram hvort leyfi væri veitt til þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Sjónarmið hagsmunaaðila.

Nefndin kallaði helstu hagsmunaaðila á fund sinn og kynnti fyrir þeim hugmyndir um framkvæmd þurrleiguskráningar og skilyrði sem yrðu sett í því sambandi. Um var að ræða Landssamband íslenskra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiski-

mannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja. Hagsmunaaðilarnir kynntu sjónarmið sín fyrir nefndinni. Í kjölfarið sendi nefndin hagsmunaaðilum bréf með endurskoðuðum hugmyndum sínum (fylgiskjal 7) og óskaði eftir að þeir gæfu nefndinni skriflega umsögn. Umsagnirnar fylgja skýrslunni (fylgiskjöl 8 – 12). Hér á eftir fara athugasemdir hagsmunaaðila og umfjöllun nefndarinnar um þær.

Sjónarmið Landssambands íslenskra útvegsmanna.

LÍÚ vill opna fyrir möguleika á þurrleiguskráningu fiskiskipa eins og vikið er að í inngangi þessarar skýrslu. Sambandið færir rök fyrir því að slíkt muni auka tækifæri útgerða og sjómanna á frekari tekjuöflun. Ástæðurnar eru einkum tvær. Annars vegar að þurrleiguskráning geri útgerðarmönnum kleift að nýta skip sín betur en nú. Mörg íslensk fiskiskip hafi litlar aflaheimildir. Möguleikar á að leigja aflaheimildir og flytja þær á milli skipa hafi minnkað í kjölfar nýlegrar lagasetningar. Þessu til viðbótar sé afkastageta íslenskra skipa sífellt að aukast. Þetta leggist allt á eitt um að verkefni íslenskra fiskiskipa dragist saman. Hættara sé við því en áður að þessi dýru tæki liggi í einhvern tíma á ári bundin við bryggju verkefnalaus sjómönnum og útgerðum til vanþurftar. Hin ástæðan er sú að kostnaður við þurrleiguskráningu sé minni en við að taka skip af íslenskri skipaskrá og skrá þau á erlenda skipaskrá.

– Gagnrökin eru þau að ríkissjóður yrði af tekjum af stimpilgjöldum sem útgerðir greiða af kaupsamningi við útflöggun skipa. Sömuleiðis yrði ríkið af tekjum af stimpilgjöldum þegar skip eru aftur skráð á íslenska skipaskrá. Þegar betur er að gáð verður þó vart séð að það eigi við sterk rök að styðjast að ríkissjóður yrði fyrir tekjumissi ef þurrleiguskráningu frá íslenska skipaskrá væri heimiluð. Útgerðir og sjómenn fengju tekjur sem ólíklegt er að fengjust ella. Þar sem þurrleiga frá íslenskri skipaskrá mundi leiða til þess að kostnaður og fyrirhöfn við að nýta veiðiheimildir erlendra ríkja minnkaði er líklegt að fleiri íslensk skip gerðu slíkt en nú. Áhafnir greiða skatta og gjöld til viðkomandi fánaríkis en ekki til Íslands ef tvísköttunarsamningur er í gildi við viðkomandi ríki. Hins vegar aukast tekjur íslenska þjóðarbúsins þar sem tekjur skipverja og útgerða koma væntanlega að meira eða minna leyti inn í landið. Þessar tekjur eru nýttar til framfærslu áhafna, fjölskyldna þeirra og til reksturs útgerða. Þegar tekjurnar fara í umferð hérlendis innheimtast beinir og óbeinir skattar. Ríkissjóður fær þannig tekjur sem hann hefði ella ekki fengið. Þessar auknu skatttekjur yrðu væntanlega hærri en tekjur af stimpilgjöldum sem ríkissjóður yrði af ef þurrleiguskráning yrði leyfð frá íslenskri skipaskrá.

Eftirfarandi eru athugasemdir við hugmyndir nefndarinnar um skilyrði fyrir leyfi til þurrleiguskráningar sem komu fram í umsögn LÍÚ.

LÍÚ taldi rétt að heimild til þurrleiguskráningar næði til tilvika þar sem skip eru seld með kaupleigusamningi.

– Nefndin telur þetta eðlilega tilhögun.

LÍÚ taldi eðlilegt að eftirfarandi ákvæði 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 gilti um veiðar þurrleigðra skipa: „Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, [50%] lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.“

– Nefndin telur rétt að þetta fyrirkomulag mundi gilda.

LÍÚ óskaði eftir því að jákvætt yrði tekið í hugsanlegar kröfur erlendra ríkja um gagnkvæmni þurrleiguskráningar.

– Nefndin telur óraunhæft að ætla að þurrleiguskráning inn á íslenska skipaskrá yrði heimiluð.

LÍÚ lagði til að hámarksgildistími þurrleiguskráningar yrði a.m.k. eitt ár í stað sex mánaða eins og hugmyndir nefndarinnar gerðu ráð fyrir.

– Hugmynd nefndarinnar um sex mánaða hámarksgildistíma var sett fram í ljósi athugasemda sem Samtök fjármálafyrirtækja gerðu á fundi sínum með nefndinni. Í umsögn sinni telja samtökin nú ásættanlegt að leyfi séu gefin út til eins árs og telur nefndin því rétt að hámarksgildistími leyfis yrði eitt ár í senn.

LÍÚ taldi að erfiðleikum yrði háð að fá yfirlýsingu frá fánaríki um að það uppfyllti skuldbindingar sínar sem slíkt og að heimild til þess að afturkalla leyfi til þurrleiguskráningar væri nægjanleg.

– Nefndin telur þessa ábendingu réttmæta. Í stað slíkrar yfirlýsingar virðist eðlilegra að kveðið yrði á um að heimilt væri að hafna umsókn um þurrleiguskráningu ef sýnt þætti að erlent ríki muni ekki uppfylla skuldbindingar sínar sem fánaríki.

LÍÚ taldi óeðlilegt að leggja þyrfti fram tryggingar vegna hugsanlegra brota á reglum um þurrleiguskráningu eða brota á reglum um veiðar sem framin væru undir erlendum fána. Í því fælist hlutlæg refsiábyrgð á brotum sem viðkomandi íslensk útgerð hefði engin tök á að koma í veg fyrir og starfsmenn hennar ættu engan þátt í.

– Nefndin fjallaði ítarlega um þetta mál og telur að LÍÚ hafi nokkuð til síns máls. Nefndin telur þó nauðsynlegt að gerðar yrðu ráðstafanir til að stemma stigu við brotum. Slíkar ráðstafanir gætu m.a. falist í að krefjast þess að lögð yrðu fram gögn um leigutaka og leigusala skips, s.s. nöfn stjórnarmanna og helstu eigenda viðkomandi fyrirtækja, og upplýsingar um bein eða óbein eignatengsl milli leigutaka og leigusala. Ef brot sannaðist væri heimilt að synja umsóknum um þurrleiguskráningu síðar ef aðilar sem gerst hefðu brotlegir væru tengdir leigunni.

LÍÚ taldi álitamál hvaða reglur um öryggismál væru strangastar og taldi rétt að ekki yrðu gerðar kröfur um að framfylgja þyrfti íslenskum reglum um öryggismál um borð í þurrleiguskráðum skipum. Eðlilegra væri að reglur fánaríkisins giltu.

– Nefndin telur að um réttmæta ábendingu sé að ræða. Að athuguðu máli telur nefndin ekki raunhæft að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð fremur en öðrum íslenskum reglum meðan á þurrleigu stendur.

LÍÚ benti á að e.t.v. þyrfti að huga að breytingum á þinglýsingarlögum vegna þurrleiguskráningar fiskiskipa þannig að tryggt væri að réttarvernd þinglýsingar héldist meðan á þurrleiguskráningu stendur.

– Hugað verður að þessu atriði við frekari útfærslu á hugmyndum nefndarinnar ef niðurstaðan verður sú að leggja fram lagafrumvarp um að heimila þurrleiguskráningu fiskiskipa frá íslenskri skipaskrá.

Sjónarmið Sjómannasambands Íslands.

Sjómannasambandið lýsti þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn". Svo virðist sem athugasemdir sambandsins lúti einkum að tvennu í þessu efni. Annars vegar að aðstæðunum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu. Hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar.

– Að því að fyrra atriðið varðar óttast sjómenn að þegar þurrleiguskráð skip lyki verkefni sínu, hefði verið afskráð af erlendri skipaskrá og væri komið aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi ykist þrýstingur á að þeir yrðu áfram skráðir á skipið. Einnig ótt-

ast þeir að samningsstaða íslenskra sjómanna að því er kjaramál varðar mundi versna við þessar aðstæður.

Því er til að svara að íslensk lög og kjarasamningar gilda um skip sem sigla undir íslenskum fána. Til þess að unnt sé að ráða erlenda sjómenn á skip sem siglir undir íslenskum fána þurfa þeir að fá viðurkenningu á atvinnuskírteinum sínum. Auk þess þurfa þeir atvinnuleyfi á Íslandi ef þeir koma frá löndum utan EES-svæðisins. Skylt er að leita umsagnar viðkomandi stéttarfélaga áður en atvinnuleyfi er veitt. Sé atvinnuleyfi veitt fá viðkomandi sjómenn laun samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Áréttað skal í þessu sambandi að það er brot á 6. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, að greiða samkvæmt erlendum kjarasamningum á skipum sem sigla undir íslenskum fána. Rétt er að minna á að óheimilt er að ráða erlendan skipstjóra á íslenskt skip.

Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

– Að því er varðar síðara atriðið hefur nefndin aflað gagna til þess að kanna hvort íslensk skip geti nýtt veiðiheimildir erlends ríkis án þess að sigla undir fána þess. Benda þau til að möguleikar til þess séu mjög takmarkaðir. Tekið skal fram að hugmyndir nefndarinnar gera ráð fyrir því að þurrleigð skip gætu eingöngu nýtt veiðiheimildir sem ekki væri hægt að nýta undir íslenskum fána.

Sjómannasambandið gagnrýndi að þurrleiguskráning mundi ýta undir „kvótabrask“ útgerðarmanna.

– Þar sem heimild til þurrleiguskráningar mundi auka möguleika til þess að nýta tækifæri erlendis má gera ráð fyrir því að framsal veiðiheimilda mundi aukast, enda mundi skip ekki geta nýtt íslenskar veiðiheimildir sínar meðan á þurrleigu stæði. Það er stjórnvalda hverju sinni að setja reglur um fiskveiðistjórnun, veiðiheimildir og framsal þeirra og fellur það utan verksviðs nefndarinnar.

Sjómannasambandið taldi að ekki yrði hægt að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð í þurrleiguskráðum skipum.

– Nefndin telur þessa ábendingu vera réttmæta. Eftir að hafa athugað málið nánar telur nefndin ekki raunhæft að framfylgja íslenskum reglum um öryggismál um borð fremur en öðrum íslenskum reglum meðan á þurrleigu stendur.

Sjómannasambandið taldi eðlilegra að stjórnvöld leituðu eftir samningum við önnur ríki um veiðiheimildir innan lögsögu þeirra en að þurrleiguskráning yrði heimiluð.

– Nefndin telur óraunhæft að ætla að slíkir samningar gætu komið í stað þurrleiguskráningar, enda krefjist erlend ríki undantekningarlaust gagnkvæmni við slíka samningagerð.

Sjómannasambandið benti á að veiðireynsla þurrleigðra skipa kæmi fánaríkinu til góða og að veiðar þurrleigðra skipa gætu þannig unnið gegn hagsmunum Íslands.

– Nefndin telur að hér sé um réttmæta ábendingu að ræða. Í hugmyndum hennar hefur verið tekið fullt tillit til þessarar ábendingar og gera þær ráð fyrir því að leyfi yrði veitt til veiða úr tilteknum stofnum. Leyfi yrði ekki veitt ef fyrirhugaðar veiðar gengju gegn hagsmunum Íslands.

Sjónarmið Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Farmanna- og fiskimannasambandið taldi að áhætta væri fólgin í þurrleiguskráningu þar sem óvissa gæti ríkt um réttarstöðu áhafnar, eigenda og skips gagnvart öðrum ríkjum. Vísaði sambandið í því efni til ákvæðis 2. tl. 92. gr. hafréttarsamningsins.

– Svo virðist sem þessi athugasemd sé byggð á þeim misskilningi að þurrleiguskráning sé hið sama og tvíflöggun. Vísað er til umfjöllunar um þjóðarétt hér að framan. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar er sú að þurrleiguskráning sé heimiluð samkvæmt þjóðarétti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á fundi með nefndinni komu fram ýmis sjónarmið FFSÍ m.a. um að veiðireynsla þurrleigðra skipa komi fánaríkinu til góða, sem gæti unnið gegn hagsmunum Íslands.

– Fjallað er um þessa ábendingu í síðasta lið umfjöllunar um athugasemdir Sjómannasambands Íslands.

Sjónarmið Vélstjórafélags Íslands.

Í umsögn Vélstjórafélags Íslands kom fram að félagið gerði sér grein fyrir því að þurrleiguskráning mundi auka tekjumöguleika íslenskra útgerða, en legðist samt sem áður gegn því að þurrleiguskráning yrði heimiluð hér á landi.

Röksemd félagsins var sú að ef þurrleiguskráning yrði heimiluð yrði erfiðara að standa gegn kröfum útgerðarmanna um að innlendum vélstjórum er nytu markaðslauna yrði „skipt út fyrir pólska eða rússneska vélstjóra sem gerðu sér að góðu nakta kauptaxta."

– Nefndin vísar til umfjöllunar um fyrstu athugasemd Sjómannasambands Íslands varðandi þetta atriði.

Sjónarmið Samtaka fjármálafyrirtækja.

Samtök fjármálafyrirtækja lýstu sig fylgjandi hugmyndum um að leyfa þurrleiguskráningu á íslenskum fiskiskipum að því gefnu að strangar reglur gildi þar um. Eftirfarandi eru athugasemdir sem komu fram í umsögn samtakanna um hugmyndir nefndarinnar.

Samtökin óskuðu þess að gerð yrði krafa um að viðkomandi erlend stjórnvöld mundu staðfesta að veiðileyfi hafi verið gefið út til viðkomandi skips eða útgerðar áður en leyfi til þurrleiguskráningar yrði veitt.

– Nefndin telur þetta ekki raunhæft þar sem í mörgum tilfellum settu erlend ríki það sem skilyrði fyrir útgáfu veiðileyfis að viðkomandi skip sigldi undir fána þess. Í slíkum tilfellum mundi umsækjandi lenda í pattstöðu þar sem annars vegar fengi skip hans ekki veiðileyfi fyrr en það væri komið undir viðkomandi erlendan fána en hins vegar fengi það ekki að fara undir erlendan fána fyrr en það hefði fengið erlent veiðileyfi. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt tillögum nefndarinnar er þurrleiga háð samþykki veðhafa og geta þeir sett skilyrði um að veiðileyfi hafi verið gefið út telji þeir slíkt nauðsynlegt.

Samtökin óskuðu þess að gerðir yrðu tvíhliða samningar milli Íslands og viðkomandi ríkja um þurrleiguskráningu.

– Nefndin telur þetta óraunhæft vegna væntanlegra krafna um gagnkvæmni. Hugsanlegt væri að koma á beinu sambandi við skipaskrár viðkomandi ríkja enda væri það líklega besta og hagkvæmasta leiðin til að framkvæma þurrleiguskráningu.

Samtökin óskuðu eftir að samþykki veðhafa yrði þinglýst. Auk þess óskuðu samtökin eftir að nefndin útskýrði réttarstöðu fjárnámsbeiðanda og uppboðsbeiðanda í þessu sambandi.

– Nefndin taldi rétt að óska eftir nánari útskýringum á því við hvað væri átt. Svar við þessu erindi hefur ekki borist nefndinni. Ljóst er að þetta mál gæti haft áhrif á endanlega útfærslu á lagafrumvarpi um heimild til þurrleiguskráningar, en ætti ekki að hafa áhrif á ákvörðun um framhald málsins á þessu stigi.

Á fundi með nefndinni kom fram það sjónarmið samtakanna að hámarksgildistími leyfis til þurrleiguskráningar yrði ekki lengri en sex mánuðir. Í skriflegri umsögn samtakanna kem-

ur hins vegar fram að sá tími gæti verið of knappur og ásættanlegt væri að leyfi yrði gefið út til eins árs í senn.

– Nefndin leggur til að hámarksgildistími leyfis verði eitt ár í senn.

III. Niðurstaða.

Ljóst er að ákvörðun um hvort heimila eigi þurrleiguskráningu hér á landi er fyrst og fremst pólitísk, enda hafa hagsmunaaðilar mjög ólíka afstöðu til málsins. Landssamband íslenskra útvegsmanna er fylgjandi því að þurrleiguskráning verði leyfð hér á landi og Samtök fjármálafyrirtækja eru því einnig fylgjandi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samtök sjómanna eru hins vegar andvíg því að þurrleiguskráning verði heimiluð.

Eins og ráða má af umfjölluninni hér að framan sér nefndin ýmsa kosti við að heimila þurrleiguskráningu. Meginkostirnir eru annars vegar aukin verkefni fyrir íslensk skip, enda mundu þurrleigð skip aðeins stunda veiðar sem íslensk skip ættu annars ekki kost á. Veiðar þurrleigðra skipa yrðu því hrein viðbót við þau verkefni sem íslenski flotinn getur nú stundað. Í því mundu ekki aðeins felast auknar tekjur fyrir útgerðir heldur einnig aukin atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn og auknar tekjur fyrir íslenskt þjóðarbú. Hinn meginkosturinn er að íslenskar útgerðir gætu nýtt þurrleiguskráningu til að bæta réttarstöðu sína við sölu á skipum til erlendra aðila með kaupleigusamningi.

Í ljósi þess að ákvörðun um framhald þessa máls er í eðli sínu pólitísk telur nefndin, sem skipuð er embættismönnum, ekki rétt að gera beinar tillögu þar að lútandi. Með skýrslu þessari telur nefndin hins vegar að forsendur séu skapaðar fyrir viðkomandi ráðherra til þess að taka ákvörðun um framhald málsins.

Nefndin hefur mótað hugmyndir um reglur varðandi þurrleiguskráningu sem hún leggur til að verði lagðar til grundvallar verði ákvörðun tekin um að heimila slíka skráningu hér á landi. Hefur nefndin endurskoðað upphaflegar hugmyndir sínar í ljósi athugasemda hagsmunaaðila.

Í hugmyndum nefndarinnar er miðað við eftirfarandi:

– Þurrleigusamningur með eða án kaupréttar yrði forsenda þurrleiguskráningar.
– Rekstur skips færðist alfarið til fyrirtækis í því landi sem leigði skipið og mundu þarlend lög gilda um reksturinn.
– Lögsaga Íslands næði ekki til skipsins. Það teldist vera erlent skip meðan á þurrleigu stæði. Lög fánaríkis þess giltu um borð, þ.m.t. lög um veiðileyfi, veiðieftirlit, atvinnuleyfi, kjaramál og öryggismál.

Hugmyndir nefndarinnar gera ráð fyrir að leyfi til þurrleiguskráningar yrði háð margvíslegum skilyrðum sem hefðu það m.a. að markmiði:

– að koma í veg fyrir veiðar sem hægt væri að stunda undir íslenskum fána.
– að koma í veg fyrir veiðar sem græfu undan alþjóðlegum stjórnunar- og verndunarráðstöfunum.
– að koma í veg fyrir veiðar sem verndunarsjónarmið mæltu gegn.
– að stuðla að því að veiðarnar færu fram eftir þeim reglum sem viðeigandi alþjóðasamningar mæla fyrir um.
– að koma í veg fyrir veiðar sem að öðru leyti gengju gegn hagsmunum Íslands.
– að veiðar yrðu einungis stundaðar þar sem sýnt þætti að fánaríki virti skyldur sínar sem slíkt.

Verði ákvörðun tekin um að leyfa þurrleiguskráningu leggur nefndin til að bætt yrði heimildarákvæði í lög nr. 115/1985, um skráningu skipa, þar sem kveðið yrði á um skilyrði þurrleiguskráningar. Unnt yrði að kveða nánar á um slík skilyrði í reglugerð. Útfærsla á þurr-

leiguskráningu mundi kalla á samvinnu samgönguráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins þar sem málið varðar bæði fiskveiðar og skráningu skipa. Einnig yrði að koma á samskiptum við viðkomandi stjórnvöld í þeim erlendu ríkjum sem leyfa þurrleiguskráningu á sína skipaskrá. Nefndin telur ekki rétt að útfæra nánar lagabreytingar og reglugerðarsetningar nema ákvörðun verði tekin um að heimila þurrleiguskráningu íslenskra fiskiskipa.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að veita Siglingastofnun heimild til að fiskiskip sem skráð eru á íslenskri skipaskrá séu skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá. Með þurrleiguskráningu er átt við skráningu skips þegar gerður er samningur um leigu á skipi milli ríkisborgara eða lögaðila tveggja ríkja. Skipið er áfram skrá á skipaskrá í heimalandi eiganda skipsins, en siglir undir fána og lýtur reglum þurrleiguríkis. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

348. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er sýktur, selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Aðeins er heimilt að nýta þennan afla til bræðslu. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit með brottkasti afla. Samkvæmt gildandi lögum „er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefði verið unnt að komast hjá á þeim veiðum sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi.“ Í frumvarpi þessu er lagt til að óheimilt verði að henda slíkum fiski aftur í hafið heldur skylt að koma með hann að landi og að slíkur fiskur reiknist ekki til aflamarks fiskiskips, enda verði hann einungis nýttur til bræðslu. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er fyrst og fremst sú að gildandi heimild til að kasta fiski fyrir borð í ákveðnum tilvikum gerir allt eftirlit með brottkasti afla mjög erfitt. Þá er einnig talið heppilegt að fá allan afla að landi. Eins og nú háttar geta þeir sem verða uppvísir að brottkasti haldið því fram að fiskur sem hent var hafi verið sýktur eða skemmdur á annan hátt. Sönnunarbyrðin um að svo hafi ekki verið hvílir á eftirlitsaðila og er augljóst að mjög erfitt er, og jafnvel ómögulegt, að koma fullri sönnun við í slíkum tilvikum. Af þessu leiðir að sönnun á óleyfilegu brottkasti verður vart við komið nema að játning þess sem ásakaður er um brottkast liggi fyrir. Með slíkri breytingu verður eftirlit með brottkasti gert auðveldara. Hinn verðlitli afli reiknast ekki til aflamarks skipsins enda einungis nýttur til bræðslu.

Í 1. efnismgr. 1. gr. er kveðið á um að veiðum skuli hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum og er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um notkun veiðarfæra. Gildandi reglur um veiðarfæri lúta að mestu að möskvastærðum og útbúnaði þeirra og miðast fyrst og fremst við að sleppa smáfiski. Hins vegar er rétt að notkun veiðarfæra verði skoðuð út frá gæðum aflans. Má í þessu efni nefna að mjög langur togtími, t.d. við humarveiðar, leiðir til þess að meðafli verður mun lakari en ef togtími væri styttri. Jafnvel hefur togtími oft verið svo langur við humarveiðar að sjómenn hafa hent meðafla vegna þess að þeir hafa talið hann ónýtan. Þá má einnig benda á hættu á brottkasti þegar netum er ekki sinnt sem skyldi. Jafnvel þótt skylt verði að koma með allan afla að landi eins og lagt er til í frumvarpi þessu þá er þörf á að draga úr því að afli skemmist í veiðarfærum.

Í 2. efnismgr. 1. gr. eru ákvæði um að ráðherra geti heimilað að sleppt sé lifandi fiski sem veiðist í tiltekin veiðarfæri. Slíkt hefur tíðkast við handfæraveiðar og nótaveiðar. Þá segir í þessari málsgrein að ráðherra geti heimilað að varpað sé fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru sem til fellur við vinnslu um borð í veiðiskipum en ekki hefur verið talið hagkvæmt að skylda útgerðir til að koma með slíkt að landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Tilgangur frumvarpsins er að gera breytingar á 2. gr. laganna til að auðvelda eftirlit með brottkasti afla. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að varpa fyrir borð afla sem er sýktur, selbitinn eða skemmdur á annan hátt sem ekki hefur verið unnt að komast hjá á viðkomandi

veiðum sem og fisktegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi. Í frumvarpinu er lagt til að óheimilt sé að henda slíkum fiski aftur í hafið og skylt að koma með hann að landi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

349. Skýrsla [287. mál]

umhverfisráðherra um niðurstöðu 7. aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Hinn 10. nóvember sl. lauk í Marrakesh í Marokkó 7. aðildarríkjaþingi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Á þinginu voru samþykktar tæknilegar útfærslur á Kyoto-bókuninni og var þar byggt á því pólitíska samkomulagi sem náðist í Bonn í júlí sl. Tæknilegri útfærslu bókunarinnar er nú lokið.

Aðildarríkin samþykktu einnig útfærslu hins svokallaða „íslenska ákvæðis“ sem gerir litlum ríkjum mögulegt að ráðast í verkefni sem nýta endurnýjanlega orkugjafa þótt þau valdi staðbundinni aukningu í losun koltvíoxíðs.

Þessar ákvarðanir aðildarríkjaþingsins gera iðnríkjum kleift að undirbúa fullgildingu bókunarinnar og eru vonir bundnir við að nægjanlega mörg iðnríki gangi frá fullgildingu bókunarinnar fyrir leiðtogafund um sjálfbæra þróun sem haldinn verður í Jóhannesarborg í september 2002 svo að ljóst verði þá hvenær bókunin öðlast gildi. Til þess að bókunin taki gildi þurfa 55 lönd að gerast aðilar að henni og þarf samanlögð losun þeirra ríkja að vera yfir 55% af heildarlosun iðnríkjanna.

Á grundvelli niðurstöðunnar í Marrakesh verður lokið við endurskoðun stefnumótunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og er stefnt að því að leggja hana fyrir ríkisstjórn fyrri hluta næsta árs. Samhliða hefur hafist undirbúningur að fullgildingu Íslands á Kyoto-bókuninni og er stefnt að því að leggja þingsályktunartillögu þar að lútandi fyrir Alþingi á næsta ári.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðu aðildarríkjaþingsins í Marrakesh og aðdraganda hennar. Einnig er gerð grein fyrir útfærslu íslenska ákvæðisins.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Það markaði tímamót þegar samstaða náðist um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar stuttu fyrir Ríó-ráðstefnuna 1992. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í Ríó 1992 og staðfestur 16. júní 1993 og öðlaðist hann gildi 21. mars 1994.

Samningurinn hefur það meginmarkið „... að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þeim mörkum ætti að ná innan tímamarka sem nægðu til að vistkerfi geti sjálf aðlagað sig að loftslagsbreytingum til þess að tryggja að matvælaframleiðsla sé ekki í hættu og til að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta“. Markmið samningsins er því ekki að koma í veg fyrir loftslagsbreytingar heldur að halda aftur af hraða þeirra og að koma þannig í veg fyrir hættulega röskun á loftslagi af manna völdum.

Með loftslagssamningnum skuldbinda aðildarríki sig til þess að grípa til aðgerða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að auka bindingu kolefnis með ræktun eða verndun gróðurlenda. Einnig skuldbinda ríkin sig til þess að veita upplýsingar um losun sína, stefnumörkun og aðgerðir. Þá eru einnig skuldbindingar um samstarf á sviði tækniyfirfærslu og þekkingaruppbyggingar í þróunarríkjunum.

Í loftslagssamningnum er almenn skuldbinding um að heildarlosun iðnríkjanna verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var 1995 var stefnt að því að losun að frádreginni nýrri stóriðju yrði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990. Í þeim tilgangi var gripið til almennra aðgerða til að draga úr losun og sérstaks átaks til að auka bindingu kolefnis með landgræðslu og skógrækt en til þess voru veittar 450 millj. kr. af fjárlögum.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi árið 1990 var um 2.909 þúsundir tonna í koltvíoxíðígildum talið. Losunin árið 2000 að frádreginni nýrri stóriðju frá 1990 nam 3.093 þúsundum tonna. Binding kolefnis með ræktun er ekki inni í þessum tölum. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt jókst um rúmlega 100 þúsund tonn á tímabilinu er ljóst að heildarmarkmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2000 náðist. Þennan árangur má meðal annars rekja til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í álverinu í Straumsvík en þar hefur tekist að draga svo úr myndun flúorkolefna í framleiðslunni að verksmiðjan eins og hún er rekin í dag losar minna af gróðurhúsalofttegundum en hún gerði árið 1990 þrátt fyrir tvöföldun á framleiðslunni. Þetta átak í mengunarvörnum tengist meðal annars samningi fyrirtækisins við stjórnvöld.

Á árinu 1999 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda allra iðnríkjanna (ríki í viðauka I, sjá töflu aftast í þessari skýrslu) u.þ.b. 6,9% lægri en 1990. Þennan samdrátt má rekja til 37,4% samdráttar í losun Austur-Evrópuríkjanna. Losun annarra iðnríkja jókst hins vegar um 6,2% að meðaltali á sama tímabili.

Formlegur farvegur fyrir vísindaráðgjöf.

Komið hefur verið á formlegum farvegi fyrir vísindaráðgjöf um loftslagbreytingar og losun gróðurhúsalofttegunda í framtíðinni. Farvegurinn fyrir vísindaráðgjöfina er milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC *Intergovernmental Panel on Climate Change*) sem er alþjóðleg stofnun sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að og tengist Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). IPCC stundar ekki rannsóknir en dregur saman það sem best er vitað hverju sinni á vísindasviði um loftslagsmálin. Skýrslur nefndarinnar eru sendar aðildarríkjum til umsagnar meðan þær eru í vinnslu og samantekt á niðurstöðum er samþykkt á fundum aðildarríkja IPCC.

IPCC lagði fram þriðju skýrslu sína á þinginu í Marrakesh. Þar kemur m.a. fram að hitastig hækkaði um 0,6°C á síðustu öld og að þá hækkun megi að hluta rekja til áhrifa mannsins. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að hlýnum verði 1,4–5,8°C á þessari öld eftir því hvaða forsendur um framtíðarlosun gróðurhúsalofttegunda eru gefnar. Spár um hækkun yfirborðs sjávar eru á bilinu 9–88 cm á sama tímabili.

IPCC treystir sér ekki til að meta hvað telst „hættuleg röskun" samkvæmt markmiðum loftslagssamningsins (sjá hér að framan). Ástæðan er sú að afleiðingar loftslagsbreytinga koma ójafnt niður og það er því siðferðileg spurning hvað er ásættanlegt.

IPCC fjallar einnig um leiðir til þess að draga úr losun. Samantekt þeirra á niðurstöðum hagfræðilegra rannsókna bendir m.a. til þess að hagvaxtaráhrif Kyoto-bókunarinnar verði óveruleg. Afleiðingar af því að aðhafast ekkert geta hins vegar haft neikvæð áhrif á hagvöxt.

Talið er að þessi neikvæðu áhrif muni koma fram með meiri þunga í þróunarríkjunum en í iðnríkjunum samkvæmt umfjöllun IPCC.

Kyoto-bókunin.

Á fyrsta aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Berlín 1995 komust aðildarríkin að þeirri niðurstöðu að almennar skuldbindingar samningsins væru ófullnægjandi og ákveðið var að ganga til samningaviðræðna um lagalega skuldbindandi losunarmörk fyrir iðnríkin. Þá hafði IPCC nýlega sent frá sér aðra heildarúttekt sína á loftslagsbreytingum. Þessum samningaviðræðum lauk með samþykkt Kyoto-bókunarinnar 11. desember 1997.

Í Berlín var samþykkt að bókunin mundi ekki fela í sér nýjar skuldbindingar fyrir þróunarríkin, en sú samþykkt var forsenda þess að sátt náðist um að fara út í þær samningaviðræður sem síðar leiddu til Kyoto-bókunarinnar. Þátttaka þróunarríkjanna hefur verið eitt af viðkvæmustu atriðunum í loftslagsumræðunni, einkum fyrir Bandaríkin, en þau hafa talið að þau þróunarríki þar sem losun er umtalsverð og fer vaxandi ættu að taka á sig einhverjar skuldbindingar á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar. Það er ljóst að ekki verður tekist á við loftslagsvandann til lengri tíma litið án þátttöku þróunarríkjanna. Í þriðju skýrslu IPCC kemur vel fram að vandinn verður ekki leystur án þátttöku þeirra. Spurningin er fremur hvenær og með hvaða hætti þróunarríkin munu þurfa að taka á sig skuldbindingar í framtíðinni. Þegar bókunin hefur tekið gildi og iðnríkin hafa sýnt forustu í aðgerðum til að draga úr losun er talið að nýjar forsendur skapist til þess að ræða um aðkomu og framtíðarskuldbindingar þróunarríkjanna.

Af þeim 84 ríkjum sem undirrituðu Kyoto-bókunina áður en frestur til þess rann út hafa 42 ríki fullgilt hana. Þetta eru fyrst og fremst þróunarríki sem taka ekki á sig skuldbindingar í bókuninni. Ekkert ríkja OECD hefur enn séð sér fært að fullgilda bókunina, m.a. vegna þess að tæknilega útfærslu hennar hefur skort til þessa. Rúmenía hefur nýlega fullgilt bókunina og er fyrst þeirra ríkja sem taka á sig losunarmörk til þess að gera það. Til þess að bókunin taki gildi þurfa 55 lönd að gerast aðilar að henni og þarf samanlögð losun þeirra ríkja að vera yfir 55% af heildarlosun iðnríkjanna.

Heildarmarkmið bókunarinnar.

Mikilvægasti þáttur Kyoto-bókunarinnar eru ákvæðin um lagalega bindandi losunarmörk fyrir ríki í viðauka I (OECD-ríkin, ríki Austur-Evrópu, auk nokkurra ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum). Þessi losunarmörk miðuðust við það að heildarlosun þessara ríkja yrði samanlagt 5,2 % minni á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012), miðað við árið 1990. Ætlast er til að aðildarþjóðir hafi náð merkjanlegum árangri við að draga úr losun árið 2005.

Ákveðið var að taka tillit til aðstæðna ríkja þegar losunarmörk voru sett og eru þau á bilinu frá því að fela í sér 8% samdrátt miðað við árið 1990 og yfir í 10% aukningu. ESB tekur á sig sameiginlega skuldbindingu upp á 8% samdrátt. Í samningum sín á milli hafa ríki ESB síðan samið um skiptingu á þessum samdrætti (sjá töfluna). Fimm ríkjum ESB, Portúgal, Grikklandi, Spáni, Írlandi og Svíþjóð, verður heimilt að auka losun, t.d. um 27% í tilfelli Portúgals og um 25% í tilfelli Grikklands, meðan önnur draga mun meira saman og Lúxemborg mest eða 28%. Mest munar hins vegar um 21% samdrátt Þýskalands sem stendur fyrir því sem næst helmingi af öllum samdrætti ESB. Sameining þýsku ríkjanna gerir það verkefni auðveldara en ella. Danmörku er einnig ætlað að draga saman um 21%.

Framfylgd skuldbindinga.

Með niðurstöðunni í Marrakesh liggur útfærsla bókunarinnar fyrir þannig að nú hafa aðildarríkin allar forsendur til þess að taka afstöðu til fullgildingar hennar. Það eru einkum þrír þættir sem skildir voru eftir lítt útfærðir á Kyoto-fundinum 1997. Í fyrsta lagi voru það framfylgdarákvæðin, í öðru lagi sveigjanleikaákvæðin og í þriðja lagi binding kolefnis með ræktun.

Framfylgdarákvæðin snúast m.a. um það hver viðurlög skuli vera við því ef ríki fara fram úr losunarheimildum sínum eða standa ekki við aðrar skuldbindingar innan bókunarinnar. Nú hefur verið samið um þessi viðurlög þannig að ríki sem fara yfir losunarmörk á fyrsta skuldbindingartímabili (2008–2012) skulu bæta það upp á því næsta (sem væntanlega hefst 2013) með 30% álagi. Svo dæmi sé tekið um ríki sem losar 1 milljón tonna umfram heimildir á fyrsta tímabili þá dregst 1,3 milljón tonna frá heimildum þess á næsta tímabili. Ríki sem sýna ekki fullnægjandi framfylgd skulu greina frá ástæðum þess og leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur. Þau missa einnig heimild til þess að nýta sér sveigjanleikaákvæði bókunarinnar, þ.e. viðskipti með losunarheimildir og sameiginlega framkvæmd (sjá nánar hér á eftir).

Ekki hefur verið gengið frá því hvort framangreind viðurlög verða lagalega bindandi. Með Bonn-samkomulaginu frá því í júlí var ákveðið að fresta þeirri ákvörðun til fyrsta aðildarríkjaþings bókunarinnar sem haldið verður eftir að bókunin hefur öðlast gildi. Ef niðurstaðan verður sú að viðurlögin verði lagalega bindandi mun hvert ríki þurfa að fullgilda þá niðurstöðu.

Sveigjanleikaákvæðin.

Viðskipti með losunarheimildir er eitt af sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar. Ríkjum sem ekki nýta losunarheimildir sínar til fulls er heimilt að framselja það sem umfram er til annarra ríkja. Þess er vænst að markaðsverð á losunarheimildum verði 1000–2000 kr. á tonn koltvíoxíðs. Einnig er heimilt að telja sér til tekna heima fyrir samdrátt í losun sem rekja má til aðgerða sem viðkomandi ríki tekur þátt í í öðru ríki og er sú aðferð nefnd sameiginleg framkvæmd. Í því sambandi er gerður greinarmunur á verkefnum í öðrum iðnríkjum annars vegar og verkefnum í þróunarríkjunum hins vegar.

Reglur um sveigjanleikaákvæðin liggja nú fyrir. Engar tölulegar takmarkanir eru settar á sveigjanleikaákvæðin en bókunin gerir ráð fyrir að þau komi til viðbótar við aðgerðir heima fyrir til að draga úr losun eða auka bindingu. Viðskipti með losunarheimildir munu ekki hefjast fyrr en árið 2008. Sameiginleg framkvæmd með öðrum iðnríkjum getur hafist fyrr þó að samdráttur í losun sem af því leiðir komi viðkomdi ríki ekki til góða fyrr en á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

Sameiginleg framkvæmd með þróunarríkjunum getur hafist nú þegar. Tvö prósent af sölu eininga frá þessum verkefnum munu fara í sérstakan sjóð sem aðstoða mun þróunarríki við aðlögun að loftslagsbreytingum. Sérstök framkvæmdastjórn mun hafa eftirlit með framkvæmd þessara verkefna og mælingum á losunarsamdrætti eða bindingu vegna þeirra. Framkvæmdastjórnin hélt sinn fyrsta fund í Marrakesh.

Ísland hefur umtalsverð tækifæri á þessu sviði vegna sérþekkingar hér á landi á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, einkum jarðvarma. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hefur þegar haft mikil áhrif til góðs í þróunarríkjunum. Til að nefna dæmi um hvernig Íslendingar geta nýtt sér verkefni sem byggjast á sameiginlegri framkvæmd má nefna að með því að standa t.d. að jarðvarmavirkjun í Kenýa getur Ísland aflað sér losunarheimilda til notkunar hér á landi.

Binding kolefnis með ræktun.

Plöntur taka til sín koltvíoxíð andrúmsloftsins og breyta því í lífrænt efni. Þetta hefur verið nefnt binding kolefnis. Kyoto-bókunin heimilaði að tekið yrði tillit til bindingar með skógrækt eftir 1990 en vísaði spurningunni um bindingu með öðrum leiðum til þings aðildarríkja. Mikið hefur verið tekist á um þessi mál. Fallist var á tillögu Íslands og Ástralíu þess efnis að landgræðsla fengist viðurkennd til jafns við nýræktun skóga enda er landgræðsla jafngild aðgerð til þess að binda kolefni.

Mun umdeildari var sú ákvörðun að heimila að tekið verði tillit til bindingar í skógi sem var til staðar fyrir 1990 (þ.e. binding í eldri skógi). Bandaríkin, Kanada, Japan og Rússland lögðu mikla áherslu á þessa kröfu. Eðlismunur er á þessari bindingu og þeirri sem leiðir af nýrri landgræðslu eða nýræktun skóga eftir 1990. Bindingu í skógi sem var til staðar fyrir 1990 er einungis að litlum hluta hægt að rekja til beinna aðgerða ríkja eftir 1990. Hún er að mestu leyti tilkomin vegna fyrri aðgerða eða óbeinna áhrifa mannsins vegna næringarefna í regni og vaxtarhvetjandi áhrifa aukins koltvíoxíðs í andrúmsloftinu.

Með því að heimila ríkjum að reikna sér til tekna bindingu í eldri skógum er í raun verið að lækka markmiðið um heildarsamdrátt iðnríkjanna. Vegna þessa var ákveðið að setja þak á þessa heimild. Þrátt fyrir það hefur hún umtalsverð áhrif. Svo dæmi sé tekið af Kanada þá jafngildir heimildin því að markmið í Kyoto-bókuninni frá 1997 fyrir Kanada um 6% samdrátt hafi verið breytt í rúmlega 1% aukningu. Rússland, sem ásamt Japan er í oddaaðstöðu gagnvart gildistöku bókunarinnar vegna mikillar losunar og þess að Bandaríkin hættu þátttöku í Kyoto-ferlinu, knúði fram í Marrakesh hækkun á sinni heimild til að reikna bindingu í eldri skógi sér til tekna úr 66 í 121 milljón tonna koltvíoxíðs. Með þessu fær Rússland því í raun heimild til þess að auka losun sína um 3,9% samanborið við árið 1990 en átti samkvæmt bókuninni að vera með sömu meðallosun árin 2008–2012 og á árinu 1990.

Aðstoð við þróunarríkin.

Auk framangreindra atriða voru samþykktar ákvarðanir um útfærslu á ákvæðum Kyoto-bókunarinnar um tæknilega- og fjárhagslega aðstoð við þróunarríkin til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Var þar byggt á yfirlýsingu ESB-ríkjanna, Íslands, Noregs, Nýja-Sjálands, Sviss og Kanada í Bonn í júlí sl. þess efnis að þau væru tilbúin að leggja fram sameiginlega 410 milljónir Bandaríkjadala eigi síðar en 2005 til aðstoðar þróunarríkjunum. Þetta framlag kemur til viðbótar þeim fjármunum sem þróunarríkin hafa aðgang að í gegnum Hnattræna umhverfisbótasjóðinn (GEF) og úr sérstökum sjóði sem fjármagnaður verður með því að 2% af sölu losunareininga sem verða til vegna sameiginlegra framkvæmda með þróunarríkjunum verður skilað í sérstakan sjóð sem aðstoða munu þróunarríkin við aðlögun að veðurfarsbreytingum.

Sérstaða Íslands.

Það kom í ljós í Kyoto að erfitt yrði að setja Íslandi losunarmörk á svipaðan hátt og stærri ríkjum vegna smæðar efnahagskerfisins og samsetningar losunarinnar. Ísland er reyndar ekki eina smáríkið í viðauka I þannig að smæðin ein og sér skýrir ekki vandann til fulls. Það sem veldur vanda í okkar tilfelli eru hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna á heildarlosun. Gott dæmi um þetta eru þau nýju álver sem byggð hafa verið eftir 1990 og rætt hefur verið um að gætu bæst við fyrir 2012. Svo dæmi sé tekið þá er gert ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda frá fyrsta áfanga Reyðaráls leiði til 17% aukningar í losun frá Íslandi miðað við 1990. Það er því ljóst að hér á landi getur stærðargráða einstakra verkefna verið sú sama eða stærri en losunarmarkmið Kyoto-bókunarinnar frá 1997 fyrir Ísland.

Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því í Kyoto 1997 að aðildarríkjaþing samningsins tæki þetta vandamál fyrir. Þetta var samþykkt og málsgrein sem vísar til þessa vanda var bætt við ákvörðun þingsins. Rökin fyrir því að vandi Íslands gagnvart stærðarhlutföllunum kallaði á viðbrögð aðildarríkjaþings eru þau að á sama tíma og þessi verkefni hafa áhrif til aukningar á heildarlosun frá Íslandi hafa þau hnattrænt áhrif til lækkunar. Ástæðan er sú að ál er víða framleitt með orku úr jarðefnaeldsneyti sem leiðir til u.þ.b. átta sinnum meiri losunar en þegar ál er framleitt með endurnýjanlegri orku. Þetta er mikilvægt atriði sem fellur að meginmarkmiðum samningsins en þetta hefur vafist fyrir mörgum hér á landi. Það er mat íslenskra stjórnvalda að ekki sé verjandi að Kyoto-bókunin hafi þau áhrif að koma í veg fyrir verkefni sem leiða til samdráttar á heimsvísu einungis vegna þess að þau leiða til hlutfallslega mikillar aukningar í losun frá einu aðildarríki. Á þessum rökum hefur íslenska sendinefndin byggt sinn málflutning.

Umfjöllun um málið hófst á fundi undirnefndar samningsins um vísindalega og tæknilega ráðgjöf í júní 1998 og lauk á þinginu í Marrakesh með samþykkt íslenska ákvæðisins sem gerir m.a. ráð fyrir því að koltvíoxíðlosun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar í losun á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012), verði haldið utan við losunarskuldbindingar bókunarinnar eftir að losunarheimildir viðkomandi lands hafa verið fullnýttar. Ákvörðunin nær aðeins til þeirra ríkja sem losuðu minna en 0,05 % af heildarkoltvíoxíðlosun iðnríkjanna 1990. Sett eru viðbótarskilyrði. Meðal annars er gerð krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í losun, besta fáanlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisvenjur séu viðhafðar við framleiðsluna. Ákvörðunin lokar fyrir það að Ísland geti selt frá sér losunarheimildir til annarra landa. Engar takmarkanir eru hins vegar á því að Ísland afli sér viðbótarlosunarheimilda með viðskiptum eða sameiginlegri framkvæmd.

Mikilvægt er að undirstrika að íslenska ákvæðið nær einungis til koltvíoxíðlosunar. Í álverum losnar til viðbótar við koltvíoxíð umtalsvert magn af flúorkolefnum við spennuris í kerunum. Þetta eru mjög virkar gróðurhúsalofttegundir sem eru langlífar í andrúmsloftinu. Það er því mikilvægt að halda myndun þeirra í skefjum. Umtalsverður árangur hefur náðst á þessu sviði hér á landi. Upplýsingar sem fyrir liggja benda til þess að nýju verin muni ná enn betri árangri hvað þetta varðar.

Þar sem losun flúorkolefna frá álverum fellur ekki undir íslenska ákvæðið mun árangur stóriðjufyrirtækjanna í því að halda losun þeirra í lágmarki ráða nokkru um möguleika Íslands til þess að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar. Losun flúorkolefna getur orðið allt að 390 þúsund tonnum koltvíoxíðígilda eða tæp 12% af losunarheimildum Íslands á fyrsta skuldbindingartímabilinu. Ákvörðun aðildarríkjaþingsins felur í sér þak á heildarumfangi íslenska ákvæðisins. Það þak miðast við 1,6 milljónir tonna koltvíoxíðs. Sú nýja stóriðja sem rætt hefur verið um að hér geti verið komin fyrir lok fyrsta skuldbindingartímabilsins (2012) mun rúmast innan þessa þaks.

Með þessari ákvörðun aðildarríkjaþingsins er tekið á sérstöðu Íslands og leystur sá vandi sem skilgreindur var í Kyoto. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddsonar er að því stefnt að „Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni þegar fyrir liggur ásættanleg niðurstaða í sérmálum þess“. Nú þegar samningsmarkmið Íslands sem sett voru fram hafa náðst mun undirbúningur fyrir fullgildingu Íslands á Kyoto-bókuninni hefjast. Þingsályktunartillaga þess efnis verður væntanlega lögð fyrir Alþingi á næsta ári. Þess er vænst að fullgilding bókunarinnar kalli á lagasetningu vegna framkvæmdar innan lands.

Sá árangur sem nú hefur náðst í því að gæta hagsmuna Íslands jafnhliða hnattrænum ávinningi í loftslagsmálunum er afrakstur mikils starfs bæði ráðherra og embættismanna.

Samstillt átak umhverfis-, utanríkis-, iðnaðar-, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og forsætisráðuneytisins, sem hafa átt fulltrúa í sendinefndum Íslands, hefur skilað þessari niðurstöðu. Fjármála- og samgönguráðuneyti hafa auk fyrrnefndra ráðuneyta einnig átt fulltrúa í samninganefnd vegna málsins.

Undirbúningur stefnumörkunar.

Árið 2000 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi ígildi um 3,3 milljóna tonna koltvíoxíðs og hafði því aukist um 14,5% frá árinu 1990. Um 35% losunarinnar kemur frá iðnaði, 26% frá samgöngum og tækjum, 22% frá fiskiskipum og 17% frá annarri starfsemi.

Inni í þessum tölum er losun frá nýrri stóriðju eftir 1990 sem fellur undir íslenska ákvæðið. Þegar stóriðja sem komið hefur til eftir 1990 hefur verið dregin frá nemur losun frá Íslandi árið 2000 um 3,1 milljón tonna sem jafngildir 6,3% aukningu frá 1990. Þá er ekki talin með binding með landgræðslu og skógrækt sem er rúmlega 100 þúsund tonn.

Losunarspá vegna fyrsta skuldbindingartímabils bókunarinnar er nú í vinnslu á vegum Hollustuverndar ríkisins í samstarfi við Orkustofnun, Þjóðhagsstofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Vegagerð ríkisins og Fiskifélag Íslands. Hin nýja spá verður lögð til grundvallar stefnumörkunar um aðgerðir svo að Ísland geti staðið við skuldbindingar Kyoto- bókunarinnar. Á vegum stýrihóps ráðuneytisstjóra um loftslagsmál undir forustu umhverfisráðuneytisins er nú unnið að slíkri stefnumörkun og mun henni ljúka með tillögugerð til ríkisstjórnar fyrri hluta árs 2002.

Nýverið sendu samgönguráðuneytið og Vegagerðin frá sér skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og mun hún nýtast við framangreinda stefnumörkun. Svipuð stefnumörkun er í undirbúningi um þessar mundir í nágrannalöndunum og verður tekið mið að þeirri vinnu við stefnumörkun hér á landi. Ljóst er að Japan og fleiri ríki munu auka notkun kjarnorku til raforkuframleiðslu vegna tilkomu Kyoto-bókunarinnar því raforkuframleiðsla með kjarnorku felur ekki í sér losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að þessi þróun auki ekki á þann vanda sem þegar hefur skapast vegna kjarnorkuúrgangs.

Helstu ríkjahópar og hagsmunir þeirra.

Tekist hefur verið á um mikla hagsmuni í þeirri þriggja ára samningalotu sem nú er lokið. Hún hófst á 4. aðildarríkjaþinginu í nóvember 1998 í Buenos Aires. Ríkjahóparnir sem unnið hafa að samningaviðræðunum eru einkum þrír: þróunarríkin, Evrópusambandið og svonefndur regnhlífarhópur sem Ísland tilheyrir. Í þeim hópi eru auk Íslands Bandaríkin, Kanada, Japan, Ástralía, Nýja-Sjáland, Noregur, Rússland og Úkraína. Þetta samstarf hefur verið okkur mikilvægt þótt áherslur séu mismunandi innan hópsins enda talar hvert ríki fyrir sig í einstökum málum. Í mörgum málum hafa þó áherslur Íslands, Noregs og Nýja-Sjálands farið saman.

Áherslumunur hefur einnig verið milli ríkja innan Evrópusambandsins og hefur mikil vinna farið í innri samræmingu innan þess. Sameiginlegar skuldbindingar þeirra og samingar um innri skiptingu samdráttar í losun leiðir til aukinnar hagkvæmni og dregur úr þörf ESB-ríkja til þess að treysta á önnur sveigjanleikaákvæði, svo sem viðskipti með losunarheimildir. Ríki regnhlífarhópsins munu þurfa meira á sveigjanleikaákvæðunum að halda. ESB hefur í samningaviðræðunum unnið að því að draga úr gagnsemi og hagkvæmni sveigjanleikaákvæðanna.

Þróunarríkin eru mjög sundurleitur hópur þegar kemur að loftslagsmálunum. Innan þess hóps eru fátæk Afríkuríki sem gætu orðið fyrir talsverðu tjóni vegna loftslagsbreytinga, smáeyjaríki sem eiga á hættu að hverfa í sjó hækki yfirborð sjávar enn frekar, ríki sem eru komin

langt á iðnþróunarbraut og hafa meiri þjóðarframleiðslu á mann en ýmis ríki í viðauka I og loks olíuútflutningsríki. Síðastnefndi hópurinn með Sádi-Arabíu í fararbroddi hefur að nokkru leyti tafið samningaferlið. Hann hefur einnig gert kröfur um bætur vegna neikvæðra áhrifa aðgerða til að draga úr losun á þeirra efnahag. Ekki hefur verið fallist á þær kröfur í samningunum.

Lokaorð.

Um 80% losunar gróðurhúsalofttegunda frá iðnríkjunum kemur frá bruna jarðefnaeldsneytis, þ.e. kola, olíu og gass. Notkun jarðefnaeldsneytis er því orsök þeirrar stöðu sem jarðarbúar standa nú frammi fyrir gagnvart loftslagsbreytingum af manna völdum. Viðbrögð við loftslagsvandanum snúast því öðru fremur um það að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og að nota endurnýjanlega orkugjafa í staðinn annaðhvort beint eða til þess að framleiða eldsneyti, svo sem vetni.

Eins og staðan er í dag koma 99,9% af raforkuframleiðslunni og 70% af frumorkuþörfinni hér á landi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta hlutfall er hæst hjá okkur af þeim ríkjum sem við berum okkur almennt saman við. Þetta hlutfall verður ekki hækkað enn frekar nema með því að draga úr olíunotkun í samgöngum og sjávarútvegi eða með því að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa, t.d. með notkun vetnis.

Því má segja að loftslagsmálin snúist öðru fremur um orkubúskap mannkyns. Snúa þarf af þeirri braut að auka sífellt orkunotkunina og að mæta aukinni orkuþörf hvort sem er á heimilum, í samgöngum eða í atvinnulífinu með jarðefnaeldsneyti.

Mikilvægt er að aukningu orkunotkunar í iðn- og þróunarríkjunum verði mætt með endurnýjanlegum orkulindum þar sem kostur er. Þar eru víða ónýttir möguleikar. Skortur á tækniþekkingu takmarkar hins vegar möguleika ýmissa þróunarríkja til þess að nýta eigin endurnýjanlegar orkulindir en litla þekkingu þarf hins vegar til þess að auka notkun á jarðefnaeldsneyti. Það er því ljóst að þörfin fyrir þá þekkingu sem byggst hefur upp hér á landi við beislun endurnýjanlegra orkugjafa mun aukast og við Íslendingar getum miðlað öðrum af okkar reynslu.

Ríki í viðauka I við loftslags-samninginn	Hlutfall af koltvíoxíðlosun iðnríkjanna 1990	Umsamin losunarmörk Kyoto-bókunarinnar (og innri skipting ESB) fyrir 2008–2012 miðað við 1990	Breyting á losun frá 1990 til 1999, % af losun 1990
Austurríki	0,4%	-13%	+3%
Belgía	0,8%	-7,5%	+10,5%
Danmörk	0,4%	-21%	+4,5%
Finnland	0,4%	0%	-1,1%
Frakkland	2,7%	0%	-0,2%
Þýskaland	7,4%	-21%	-16,7%
Grikkland	0,6%	+25%	+16,9%
Írland	0,2%	+13%	+22,1%
Ítalía	3,1%	-6,5%	+4%
Lúxemborg	0,1%	-28%	-58,9%
Holland	1,2%	-6%	+6,6%
Portúgal	0,3%	+27%	+22,7%
Spánn	1,9%	+15%	+17,7%
Svíþjóð	0,4%	+4%	+1,6%
Bretland	4,3%	-12,5%	-14%
ESB í heild	**24,2%**	**-8%**	**-4%**
Pólland	3,0%	-6%	-29,1%
Búlgaría	0,6%	-8%	-50,5%
Tékkland	1,2%	-8%	-26,2%
Eistland	0,3%	-8%	-51,2%
Ungverjaland	0,5%	-6%	-14,8%
Lettland		-8%	-56,9%
Litháen	0,2%	-8%	-53,7%
Rúmenía	1,2%	-8%	-38,1%
Slóvakía	0,4%	-8%	-27,8%
Slóvenía		-8%	
Króatía		-5%	
Nýja-Sjáland	0,2%	0%	+5,2%
Noregur	0,3%	+1%	+8%
Ísland	0,016%	+10%	+15,1%[1]
Bandaríkin	36,1%	-7%	+11,7%
Kanada	3,3%	-6%	+15,1%
Ástralía	2,1%	+8%	+15,4%
Japan	8,5%	-6%	+5,7%
Rússland	17,4%	0%	-35,4%
Úkraína		0%	-50,5%
Sviss	0,3%	-8%	+0,8%
Mónakó	0,0005%	-8%	+33%
Liechtenstein	0,002%	-8%	
Viðauki I í heild	**100%**	**-5,2%**	**-6,9%**

[1] Eins og fram kemur í skýrslunni var aukningin miðað við árið 2000 um 14,5%. Þegar ný stóriðja eftir 1990 sem fellur undir íslenska ákvæðið hefur verið dregin frá nemur aukningin miðað við það ár 6,3%. Þá er ekki talin með binding með landgræðslu og skógrækt sem nemur rúmlega 100 þúsund tonnum koltvíoxíðs eða 3,4% af losun 1990.

350. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraðra.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 5,41% og miðast hækkunin að hálfu við breytingu á byggingarvísitölu og að hálfu við breytingu á neysluvísitölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Tómas Ingi Olrich.	Ásta Möller.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Gunnar Pálsson.

Soffía Gísladóttir.

351. Frumvarp til laga [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað „15.000 kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 16.500 kr.

2. gr.

Í stað „424 kr.“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 462 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Fram að lagabreytingunni var fjárhæðum breytt árlega með reglugerð. Við útreikning á gjaldinu var miðað við áætlaðan kostnað Fiskistofu af rekstri veiðieftirlitsins enda eftirlitsgjaldinu ætlað að standa undir þeim kostnaði. Gjaldinu var skipt þannig niður að leyfishafar greiða annars vegar gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni og hins vegar gjald sem ákvarðast af úthlutuðu aflamagni – eða lönduðum afla – hvers skips í þorskígildum talið.

Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni hækki úr 15.000 kr. í 16.500 kr. Með þessu móti hækka tekjur af gjaldinu á árinu 2002 um 3,7 m.kr.
2. Að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum skuli hækka úr 424 kr. í 462 kr. Í fjárlögum ársins 2001 er gert ráð fyrir að innheimta vegna gjalds á úthlutaðar aflaheimildir nemi um 176,5 m.kr. Gjald vegna fiskveiðiársins sem hófst 1. september sl. og lýkur 31. ágúst 2002 verður lagt á 1. desember nk. Úthlutun þorskígilda vegna fiskveiðiársins liggur fyrir og er um 382.400 þorskígildi. Til að ná markmiðum fjárlaga er því lagt til að gjaldið hækki úr 424 kr. í 462 kr.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald sem lagt er á veiðileyfi við útgáfu þeirra til veiðileyfishafa og rennur til Fiskistofu verði hækkað úr 15.000 kr. í 16.500 kr. Áætlað er að sú hækkun leiði til að innheimta gjaldsins nemi samtals 37,2 m.kr. sem er sama upphæð og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga ársins 2002, en 1,6 m.kr. lægri upphæð en er í fjárlögum 2001. Einnig hækkar gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum úr 424 kr. í 462 kr. Þótt upphæðin fyrir hvert tonn þorskígilda hækki er reiknað með 176,5 m.kr. innheimtu sem er sama innheimta ríkistekna og er greint frá í frumvarpi til fjárlaga 2002 og í fjárlögum 2001. Ástæðan er að gjaldið leggst nú á færri þorskígildi vegna minni úthlutunar aflaheimilda á fiskveiðiárinu 2001–2002.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs fram yfir það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga 2002.

352. Frumvarp til laga [289. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað „922 kr.“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1.018 kr., og í stað „350.000 kr.“ í sömu málsgrein kemur: 387.000 kr.

2. gr.

Í stað „1.230 kr.“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 1.358 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 34/2000, um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, voru m.a. lögfestar fjárhæðir sem renna til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Gjöldin eru tvenns konar og eru lögð á eigendur fiskiskipa. Annars vegar er um að ræða gjald sem lagt er á um hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum. Hins vegar er um að ræða gjald sem lagt er á við úthlutun aflaheimilda. Fram að framangreindri lagabreytingu hafði fjárhæðum verið breytt árlega með reglugerð og var miðað við breytingar sem orðið höfðu á vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma enda voru ákvæði þar að lútandi í þágildandi lögum. Til að halda sömu reglu er hér lagt til:

1. Að gjald á hvert brúttótonn fiskiskips verði hækkað úr 922 kr. í 1.018 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 350.000 kr. í 387.000 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs af þessu gjaldi um 92 m.kr. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs af gjaldinu hækki um 10 m.kr. og verði um 102 m.kr. árið 2002.
2. Að gjald á hvert úthlutað þorskígildistonn hækki úr 1.230 kr. í 1.358 kr. Árið 2000 námu tekjur Þróunarsjóðs af gjaldi á aflaheimildir um 538 m.kr. Verði frumvarp þetta að lögum ásamt því að úthlutun þorskígilda verði söm og á yfirstandandi fiskveiðiári má gera ráð fyrir að tekjurnar lækki um 19 m.kr. frá árinu 2000 og verði um 519 m.kr. árið 2002. Lækkunin stafar af fækkun úthlutaðra þorskígilda úr um 460.000 fiskveiðiárið 1999/2000 í um 382.400 þorskígildi fiskveiðiárið 2001/2002.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald sem lagt er á aflaheimildir við úthlutun þeirra og rennur til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði hækkað úr 1.230 kr. í 1.358 kr. en áætlað er að sú hækkun leiði til 519 m.kr. innheimtu ríkistekna sem ganga til sjóðsins og er það 64 m.kr. hækkun frá frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002. Einnig hækkar hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn skipa úr 922 kr. í 1.018 kr. Reiknað er með að þessi breyting skili 112 m.kr. í innheimtu ríkistekna sem renni til sjóðsins og er það 12 m.kr. hækkun frá fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að ríkistekjur sem renni til Þróunarsjóðsins á árinu 2002 nemi 631 m.kr. sem er 71 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2001 en 11 m.kr. hækkun frá innheimtu ársins 2000 sem nam 620 m.kr.

353. Fyrirspurn [290. mál]

til menntamálaráðherra um breytingar á reglugerð um jöfnun námskostnaðar.

Frá Drífu Snædal.

1. Er fyrirhugað að breyta reglugerð um jöfnun námskostnaðar til að betur sé hægt að sinna því hlutverki að jafna aðstöðumun nemenda af landsbyggðinni, hvaðan sem þeir koma eða hvaða nám sem þeir ætla sér að stunda?
2. Er fyrirhugað að breyta reglugerðinni þannig að námsstyrkur komi til frádráttar við ákvörðun námslána?

354. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [291. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

31. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára.

Landið er eitt kjördæmi.

Í lögum um kosningar til Alþingis skal kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun þingsæta sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýverið voru gerðar breytingar á stjórnarskránni er varða kosningar til Alþingis. Tilgangur þeirra var að einfalda kosningakerfið, draga úr misvægi atkvæða og stækka kjördæmi. Því er ekki að neita að skiptar skoðanir voru um ágæti þeirra tillagna sem leiddu til stjórnarskrárbreytinganna. Sumum fannst of langt gengið en öðrum of skammt.

Aðildarflokkar Samfylkingarinnar, þ.e. Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið og Samtök um kvennalista, tóku þátt í undirbúningi breytinganna og studdu enn fremur málið þegar það kom formlega til kasta Alþingis, bæði fyrir kosningarnar 1999 og eftir þær. Töldu þessir flokkar að skref í rétta átt væri betri kostur en kyrrstaða.

Á hinn bóginn var það og er ekkert launungarmál að á öllum stigum máls var þeirri skoðun jafnaðarmanna haldið fram að skynsamlegast væri að ganga alla leið til jöfnunar og það yrði best gert með því að landið yrði allt eitt kjördæmi. Í nefnd þeirri sem sett var á laggirnar haustið 1997 og skilaði rúmu ári síðar tillögum sem urðu grundvöllur þeirra breytinga sem síðar urðu lögfestar voru hins vegar sannarlega uppi ólíkar áherslur um leiðir. Sumir vildu einmenningskjördæmi, aðrir hölluðust að mörgum smáum kjördæmum með fáum þingmönnum og enn aðrir vildu að landið allt yrði eitt kjördæmi. Það var aftur á móti sameiginlegt álit fulltrúa allra þeirra flokka sem tóku þátt í nefndarstarfinu að verst yrði ef ekkert samkomulag næðist og óbreytt og óréttlát kjördæmaskipan með óviðunandi ójafnvægi atkvæða gilti áfram. Þess vegna náðist sátt um ákveðnar tillögur til úrbóta, skref í rétta átt.

Við meðferð málsins, í umræðum á Alþingi og einnig í kjölfar afgreiðslu Alþingis hafa þær raddir hins vegar ítrekað heyrst að áðurgreindar breytingar verði aðeins tímabundnar. Fljótt þurfi að taka skrefið til fulls og ákveða að landið verði eitt kjördæmi.

Samfylkingin hefur aldrei leynt viðhorfi sínu til kjördæmamálsins. Afstaða hennar er skýr og afdráttarlaus: Landið skal verða eitt kjördæmi. Til að hnykkja á þessu baráttumáli er frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga lagt fram.

Jafnaðarmenn hafa barist fyrir því að landið verði eitt kjördæmi frá árinu 1927 þegar Héðinn Valdimarsson, fyrrum forustumaður jafnaðarmanna, flutti frumvarp þess efnis. Í greinargerð með frumvarpinu lýsti hann þeirri skoðun sinni að eftir mannréttindakenningum þeim sem þingræðið hvílir á ættu allir fullorðnir menn í landinu að hafa jafnrétti í þessum málum og muni óvíða í siðuðum löndum sveigt svo langt frá því marki sem hér á landi. Að mati Héðins var því reglan einn maður – eitt atkvæði hornsteinn lýðræðisins.

Kostir og gallar einstakra aðferða við kosningar og skipan mála í þeim efnum eru velflestum kunnir enda hefur umræðan um kjördæmamálið staðið hlélítið áratugum saman. Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis frá október 1998 er á greinargóðan hátt farið yfir kosti og galla hinna fjölmörgu valkosta sem til sögunnar hafa verið nefndir varðandi þessi mál. Er til þeirrar skýrslu vísað varðandi þau efni.

Kostir þess að landið verði eitt kjördæmi eru augljósir. Hér skulu nokkrir nefndir:

1. Fullkominn jöfnuður næst milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar.
2. Stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um.
3. Þingmenn hafa heildarhagsmuni að leiðarljósi í störfum sínum en ekki þröng kjördæmasjónarmið.
4. Kosningakerfið er einfalt og auðskilið.

Þeir gallar sem nefndir hafa verið á því að landið verði eitt kjördæmi eru þeir helstir að þingmenn verði of fjarri kjósendum sínum samfara minnkandi áhrifum dreifbýlisins hvað fjölda þingmanna varðar. Einnig er nefnt aukið flokksræði þar sem fyrir liggur að hjá stærri stjórnmálaflokkum yrði um nokkurs konar sjálfkjör að ræða hjá efstu frambjóðendum þeirra á landslistum. Flutningsmenn benda hins vegar á að vilji stjórnmálaflokkar sækja kjörfylgi vítt og breitt um landið leggja þeir framboðslista sína vitaskuld fram á þann veg að þar verði góð breidd fulltrúa þéttbýlis og dreifbýlis. Til að tryggja virkt lýðræði við val fulltrúa flokkanna á framboðslistum kemur einnig til álita að í kosningalög yrðu fest ákvæði í þá veru. Má þar nefna ákvæði um prófkjör stjórnmálaflokka, auknar heimildir kjósenda við endurröðun frambjóðenda á framboðslistum og að vægi þeirra breytinga yrði aukið umtalsvert, hugsanlegt frelsi kjósenda til að velja einstaklinga á fleiri en einum framboðslista og fleiri skyld atriði. Ekki er með frumvarpi þessu tekin afstaða til þess hvernig aukin áhrif kjósenda á

framboðslista og aukið persónuval í kosningum verða tryggð í kosningalögum. Þau álitaefni ber að fara yfir og ákvarða við nauðsynlega endurskoðun kosningalaga verði frumvarp þetta samþykkt.

Ljóst er að stuðningur við tillöguna um að landið verði eitt kjördæmi hefur aukist umtalsvert hin síðari ár. Æ fleiri þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa lýst yfir stuðningi við það fyrirkomulag kosninga. Í því ljósi vænta flutningsmenn víðtæks stuðnings við frumvarpið.

Ef frumvarp þetta fær brautargengi er þó ljóst að kosið verður samkvæmt núverandi skipan í næstu kosningum en að þeim afloknum og eftir staðfestingu nýs þings tæki hin nýja skipan mála við í þeim kosningum sem þá færu í hönd, í síðasta lagi vorið 2007.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar um fjölda þingmanna og hvernig kosningu þeirra skuli háttað verði óbreytt en að í stað 2.–6. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar.

Lögð er til sú breyting í 2. mgr. að landið verði eitt kjördæmi í stað sex eða sjö kjördæma. Núverandi skipan mála þykir draga úr samkennd þjóðfélagsins og styðja gæslu sérhagsmuna á kostnað heildarhagsmuna. Með því að gera landið að einu kjördæmi næst fullkominn jöfnuður milli kjósenda þannig að misvægi atkvæða og um leið mannréttinda er ekki lengur til staðar. Að sama skapi fengju stjórnmálaflokkar þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um og jafnframt yrði kosningakerfið einfalt og auðskilið.

Í 3. mgr. er lagt til að í lögum um kosningar til Alþingis skuli kveðið á um úthlutun þingsæta og þess gætt að hver samtök fái þingmannatölu í samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Hér miða flutningsmenn við d'Hondt-regluna sem notuð hefur verið lengst af hér á landi.

Þá er í 3. mgr. lagt til að við úthlutun þingsæta komi þau stjórnmálasamtök ein til álita sem hlotið hafa minnst fjögur af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Ákvæði þetta tengist því markmiði að þing verði að vera starfhæft. Margir smáir flokkar gætu gert stjórn landsins erfiða. Til þess að ná framangreindu markmiði er því lagt til að settar verði kröfur um ákveðið lágmarksfylgi, svokallaðan þröskuld, þannig að þeir flokkar sem ekki ná þessum þröskuldi fái ekki fulltrúa á Alþingi. Ef engir þröskuldar væru dygðu rösklega 1,5% atkvæða til þess að fá mann kjörinn, þ.e. um 2.800 atkvæði. Sú tala gæti hins vegar lækkað eitthvað ef framboð væru mörg. Með 4% þröskuldi yrði þetta lágmark nú rúmlega 7.000 atkvæði og nægði það til að koma tveimur til þremur þingmönnum að, allt eftir því hvernig atkvæði skiptust að öðru leyti. Þröskuldar þessir eru alþekkt fyrirbæri víða um lönd þótt mjög sé misjafnt hversu háir þeir eru. Það er mat flutningsmanna að með þessu sé ekki girt fyrir að sjónarmið minni hluta fái notið sín.

355. Frumvarp til laga [292. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1.000.
b. Á eftir orðinu „samfleytt“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eftir gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því flutt að nýju efnislega óbreytt.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir þáverandi félagsmálaráðherra skipaði „sveitarfélaganefnd“ í febrúar 1992. Nefndin skilaði lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda sveitarfélaganna. Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir tíu árum voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 122. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Pólitískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist vera almennur. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest og helst öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni. Eigi að hafa þetta sjónarmið að forsendu mun þróun í þá átt að flytja verkefni til sveitarfélagana frá hinu opinbera stöðvast nema þau smáu sameinist og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið og flutningur verkefna til þeirra er forsenda þess að byggð geti haldist og þróast víða um land. Það er því eitt brýnasta verkefni byggðamálanna að styrkja sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ástæður þess að sameining sveitarfélaga hefur gengið hægt eru margvíslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda þessu að hluta til. Mikil breyting hefur þó orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að lokaskýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er afstaða til sameiningar jákvæðari en áður. Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á ýmsum svæðum. Til eru dæmi um að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar. Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögunum komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Afar brýnt er að hraða almennri þróun í átt til öflugri sveitarfélaga sem geta veitt sambærilega þjónustu og tekið við nýjum og

auknum verkefnum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1.000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1.000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum það búsetuumhverfi sem nú er nauðsynlegt til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt frumvarpsins yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.

Miklar umræður hafa farið fram um þessi mál á undanförnum árum og ýmsar hugmyndir komið fram um hvernig standa skuli að eflingu sveitarfélaganna. Þótt stjórnvöld hafi sýnt viðleitni til að flytja verkefni til sveitarfélaganna frá hinu opinbera virðast þau þó ekki hafa dug til að marka stefnu sem leiði til öflugri sveitarfélaga sem geri þeim almennt fært að taka yfir slík verkefni. Náist ekki að sameina fámennu sveitarfélögin í nægilega stórar einingar staðnar sú þróun sem verið hefur í þá átt að flytja verkefni frá hinu opinbera til sveitarfélaganna. Þetta frumvarp er flutt til að freista þess að koma í veg fyrir að þessi mál staðni í því fari sem þau eru í nú.

356. Svar [123. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hve margir heimilis- og heilsugæslulæknar eru starfandi samtals á höfuðborgarsvæðinu?*

Á höfuðborgarsvæðinu starfa alls 96 heimilis- og heilsugæslulæknar, þar af eru 16 sjálfstætt starfandi heimilislæknar.

2. *Hve margir starfa við hverja heilsugæslustöð í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði?*

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda starfandi heilsugæslulækna við hverja heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu. Að auki eru 16 sjálfstætt starfandi heimilislæknar í Reykjavík.

Reykjavík	Kópavogur	Garðabær	Hafnarfjörður	Seltjarnarnes	Mosfellsbær
39	11	5,5	10,5	9	5

3. *Hversu mörgum íbúum er hverjum lækni ætlað að sinna?*

Ekki eru fastar reglur um fjölda þeirra íbúa, sem hverjum lækni er ætlað að sinna en algeng viðmiðun er 1.500 til 1.750 manns. Samkvæmt úrskurði kjaranefndar er þessi fjöldi breytilegur eftir landshlutum og er hann minnstur í dreifbýli 1.000 manns. Þessi fjöldi er þó mun minni í sumum héruðum, allt niður í tæplega 500 manns. Úrskurður kjaranefndar gerir ráð fyrir að fjöldinn geti farið í allt að 2.400 manns, en áður voru dæmi þess að heilsugæslulæknar væru með allt að 3.000 manns á skrá hjá sér. Stærðir heilsugæslusvæða, íbúadreifing, aldursdreifing, aðgengi að annarri heilbrigðisþjónustu og fleiri þættir hafa afgerandi áhrif á þann fjölda íbúa sem hverjum lækni er ætlað að þjóna.

4. *Hversu margar nýjar stöður heilsugæslulækna hafa verið heimilaðar af hálfu heilbrigðisráðuneytisins á árunum 2000 og 2001?*

Á fjárlögum ársins 2000 var rekstrarstaða heilbrigðisstofnana bætt verulega í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á stöðu stofnana. Það ár var rekstrarstaða heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu bætt um rúmar 280 millj. kr. utan verðlagshækkana í fjárlögum. Auk þess voru veittar 10 millj. kr. til Heilsugæslunnar í Reykjavík vegna aukinnar starfsemi í nýjum heilsugæslustöðvum við Efstaleiti og í Grafarvogi.

Á fjárlögum ársins 2001 voru veittar heimildir fyrir þremur stöðugildum heilsugæslulækna í Grafarvogi, en heilsugæslustöðin í Grafarvogi mun bráðlega flytjast í nýtt og stærra húsnæði. Einnig var veitt heimild fyrir hálfu stöðugildi heilsugæslulæknis í heilsugæslustöð Hlíðasvæðis og tveimur stöðugildum heilsugæslulækna í Kópavogi.

5. *Hve mörgum stöðum heilsugæslulækna var óskað eftir í fjárlagatillögum heilsugæslustöðvanna á umræddu svæði fyrir árin 2000, 2001 og 2002?*

Í fjárlagatillögum ársins 2000 var óskað eftir heimildum til að ráða í 12 stöður heilsugæslulækna, 11 stöður heilsugæslulækna í fjárlagatillögum ársins 2001 og í 15,5 stöður heilsugæslulækna í fjárlagatillögum ársins 2002.

6. *Hvað áformar heilbrigðisráðuneytið að veita leyfi fyrir mörgum nýjum stöðum heilsugæslulækna á næsta ári?*

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er 37 millj. kr. framlag á óskiptum lið ráðuneytisins til að styrkja heilsugæsluna, auka þjónustu og stytta biðtíma, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi liður verður notaður til að styrkja stöðu heilsugæslunnar m.a. með því að fjölga heilsugæslulæknum en endanlegur fjöldi er ekki ákveðinn enda er ætlunin að styrkja fleiri þætti heilsugæslunnar.

357. Svar [212. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um laun og launahlutfall í flotanum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert var hlutfall launa af heildartekjum útgerðar í eftirfarandi útgerðarflokkum uppgjörsárin 1999 og 2000:*
   a. *hjá krókabátum,*
   b. *hjá öðrum smábátum,*
   c. *hjá hefðbundnum vertíðarbátum,*
   d. *hjá ísfisktogurum,*
   e. *hjá frystitogurum,*
   f. *hjá skipum í veiði á uppsjávarfiski?*
2. *Hverjar voru meðaltekjur skipverja í hverjum útgerðarflokki fyrir sig þessi sömu ár?*

Þjóðhagsstofnun hefur um árabil unnið yfirlit yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs og hafa þau síðustu ár byggst að mestu á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent stofnuninni. Í yfirlitum Þjóðhagsstofnunar er afkoma helstu greina útgerða sýnd og er flokk-

un stofnunarinnar eftirfarandi: bátar í nokkrum stærðarflokkum, loðnuskip, ísfisktogarar og frystitogarar. Samkvæmt Þjóðhagsstofnun eru reikningar fyrirtækjanna ekki nægilega sundurliðaðir til að unnt sé að greina útgerðarflokkana nánar niður.

Hlutfall launa af heildartekjum útgerða samkvæmt Þjóðhagsstofnun kemur fram í eftirfarandi töflu.

	1999	2000
Bátar undir 10 brl.	36,5%	35,8%
Bátar 10–200 brl.	46,5%	43,9%
Bátar yfir 200 brl.	48,1%	42,2%
Loðnubátar	47,9%	41,1%
Ísfisktogarar	38,9%	38,5%
Frystitogarar	39,0%	40,9%
Samtals	**41,8%**	**40,8%**

Í næstu töflu er nánari sundurliðun á launum eftir útgerðarflokkum.

Fjárhæðir í millj. kr.

	Bátar undir 10 brl.		**Bátar 10–200 brl.**		**Bátar yfir 200 brl.**		**Loðnu-bátar**		**Ísfisk-togarar**		**Frystitogarar**		**Samtals**	
	1999	**2000**	**1999**	**2000**	**1999**	**2000**	**1999**	**2000**	**1999**	**2000**	**1999**	**2000**	**1999**	**2000**
Tekjur útgerða alls	7.445	8.041	15.136	14.868	3.755	4.578	5.967	7.097	8.894	8.188	22.827	19.776	64.024	62.548
Aflahlutur	1.458	1.374	4.797	4.241	1.067	1.172	1.775	1.837	2.510	2.063	7.086	6.104	18.693	16.791
Önnur laun	72	574	1.318	1.473	506	566	729	709	521	697	681	1.086	3.827	5.105
Launatengd gjöld	135	172	539	502	139	154	221	225	266	242	685	635	1.985	1.930
Laun fyrir skrifstofustörf	1.051	760	381	307	94	40	134	145	163	154	444	266	2.267	1.672
Samtals laun	**2.716**	**2.880**	**7.035**	**6.524**	**1.806**	**1.931**	**2.859**	**2.915**	**3.460**	**3.156**	**8.896**	**8.091**	**26.772**	**25.497**
Samtals laun, % af tekjum	*36,5*	*35,8*	*46,5*	*43,9*	*48,1*	*42,2*	*47,9*	*41,1*	*38,9*	*38,5*	*39,0*	*40,9*	*41,8*	*40,8*

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ekki eru til upplýsingar um meðaltekjur skipverja eftir útgerðarflokkum. Þjóðhagsstofnun tekur saman yfirlit yfir laun sjómanna samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum og er þar fundinn sá hópur sem nýtur sjómannaafsláttar. Ekki er unnt að greina fiskimenn frá farmönnum og eftirfarandi upplýsingar ná til allra sjómanna. Samkvæmt upplýsingum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands er þó langstærsti hluti sjómanna fiskimenn.

Meðaltekjur sjómanna í þús. kr. árin 1999 og 2000 voru samkvæmt Þjóðhagsstofnun eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Annars vegar eru taldir upp allir sjómenn og hins vegar þeir sem gefa upp a.m.k. 274 daga á sjó.

	1999	2000
Allir sjómenn		
Fjöldi framteljanda	7.143	6.967
Meðaltekjur á mann	3.023	2.950
Sjómenn með a.m.k. 274 daga		
Fjöldi framteljanda	3.558	3.525
Meðaltekjur á mann	4.474	4.348

358. Frumvarp til laga [293. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. mgr. fellur brott.

b. 5. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna og nefnda skv. 1. og 2. mgr.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra en með því er stefnt að því að leggja niður starf eftirlitsmanns með ullarmati sem starfar á grundvelli 6. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum. Samkvæmt framangreindu ákvæði ræður landbúnaðarráðherra eftirlitsmann með ullarmati samkvæmt tillögu ullarmatsnefndar og skal hann hafa sérþekkingu á því sviði. Ullarverð hefur hins vegar verið lágt síðustu árin en kostnaður við ullarsöfnun mikill og umræður því verið um að lækka beri þennan kostnað eins og unnt er. Samkvæmt 5. gr. laganna er gert ráð fyrir að löggiltir ullarmatsmenn annist mat á ull. Jafnframt er þar gert ráð fyrir að með reglugerð sé unnt að skylda afurðastöðvar og söluaðila (þar með taldar sútunarverksmiðjur) til að hafa á sinn kostnað í þjónustu sinni löggilta matsmenn til að annast mat á ull samkvæmt lögunum og að sjá þeim fyrir aðstöðu við matið. Matinu er heimilt að skjóta til sérstakra kærunefnda sem einnig starfa á grundvelli laganna og eru skipaðar af landbúnaðarráðherra. Einungis einn kaupandi er að ull frá framleiðendum hér á landi en ullarverðið er verð sem byggist á samkomulagi milli Bændasamtaka Íslands og kaupandans. Þessi kaupandi hefur haft í þjónustu sinni matsmenn samkvæmt framangreindum ákvæðum og hefur reynslan sýnt að mat þeirra uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem markaðurinn gerir til vörunnar. Þá er gert ráð fyrir að framangreind kæruheimild verði áfram í lögunum ef ágreiningur rís um ullarmat. Í samræmi við það er ekki lengur talið nauðsynlegt að hafa eftirlitsmann með ullarmati starfandi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Í frumvarpi þessu eru því lagðar til breytingar sem hafa í för með sér að starf eftirlitsmanns með ullarmati verður lagt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott ákvæði sem gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra ráði sérstakan eftirlitsmann með ullarmati með sérþekkingu. Með því móti er dregið úr kostnaði við vinnslu ullarinnar sem því nemur. Kostnaður við störf hans hefur verið greiddur úr ríkissjóði. Ef afurðastöðvar eða aðrir vilja halda uppi eftirliti með ullarmatinu er þeim að sjálfsögðu heimilt að ráða slíkan eftirlitsmann á eigin kostnað.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði verður sjálfkrafa leitt af þeim breytingum sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins en eins og áður segir hafa laun eftirlitsmanns með ullarmati verið greidd úr ríkissjóði.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að leggja niður starf eftirlitsmanns með ull og gærum sem nú starfar á grundvelli 6. gr. laganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna verkefnisins lækki um 8 m.kr.

359. Fyrirspurn [294. mál]

til heilbrigðisráðherra um rýmingaráætlanir.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Eru fyrirliggjandi rýmingaráætlanir fyrir allar heilbrigðisstofnanir í landinu ef hætta steðjar að, t.d. náttúruhamfarir eða eldsvoði, og ef svo er, hvenær voru þær gerðar og fyrir hvaða stofnanir?
2. Hvenær voru síðast gerðar rýmingaráætlanir fyrir heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi?
3. Var við gerð þeirra tekið tillit til þeirra alvarlegu ábendinga sem fram hafa komið frá eftirlitsaðilum varðandi öldrunar- og hjúkrunardeildina Ljósheima á Selfossi? Ef svo er, hvað var gert til þess að bregðast við þessum ábendingum?

360. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðisráðherra um alnæmi og kynsjúkdóma.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margir hafa greinst með HIV-smit/alnæmi á ári síðustu fimm ár?
2. Hvernig hefur verið staðið að fræðslu og forvörnum varðandi þennan alvarlega sjúkdóm, t.d. í grunn- og framhaldsskólum?
3. Hversu margir hafa greinst með kynsjúkdóma á ári síðustu fimm ár?
4. Hvernig hefur verið staðið að fræðslu og forvörnum varðandi kynsjúkdóma, t.d. í grunn- og framhaldsskólum?

361. Fyrirspurn [296. mál]

til dómsmálaráðherra um Íslenska getspá.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hver hefur ágóði Íslenskrar getspár, félags Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands um rekstur getrauna, verið síðastliðin fimm ár?
2. Til hverra hefur ágóðinn runnið á hverju ári síðastliðin fimm ár og hversu mikið fé hafa þeir fengið árlega?
3. Er fyrirhuguð endurskoðun á lögum nr. 26/1986, um talnagetraunir?

Skriflegt svar óskast.

362. Fyrirspurn [297. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta af greiðslum úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvað olli því að greiðslur úr kjaradeilusjóðum stéttarfélaga voru í sumar teknar út af lista yfir greiðslur sem eru undanþegnar staðgreiðslu skatta með reglugerð nr. 500/2001, um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum?

363. Fyrirspurn [298. mál]

til viðskiptaráðherra um rannsókn Samkeppnisstofnunar á hækkun matvöruverðs.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að Samkeppnisstofnun fái aukið fé til að hraða rannsókn sinni á því hvort óeðlilegir viðskiptahættir valdi því að matvöruverð hefur hækkað svo mjög á Íslandi umfram það sem gerst hefur í nágrannalöndunum?

364. Fyrirspurn [299. mál]

til viðskiptaráðherra um gagnkvæmt samstarf við önnur ríki um fjármálastarfsemi.

Frá Árna R. Árnasyni.

1. Hver er ástæða þess að Ísland er ekki skráð á lista bandarísku skattstofunnar (IRS) samkvæmt ákvæðum þarlendra reglna (Revenue Procedure 2000–12) um viðurkennda milligönguaðila (QI) og staðfestar viðskiptareglur (KYC)?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir slíkri skráningu og er honum kunnugt um áhrif þessa á skattheimtu í viðskiptum íslenskra og bandarískra aðila?

365. Fyrirspurn [300. mál]

til félagsmálaráðherra um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum starfshóps sem hann skipaði 21. apríl 1999 til að fylgja eftir tillögum í skýrslu nefndar um biðlista eftir þjónustu svæðisskrifstofa málefna fatlaðra?

366. Fyrirspurn [301. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni fatlaðra.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvað líður endurnýjun samninga við félagasamtök og sveitarfélög sem veita fötluðum þjónustu samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög og lögum um málefni fatlaðra?

2. Hvað líður samningagerð milli félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um úrlausn á brýnum húsnæðisvanda fatlaðra einstaklinga sem enn búa á Kópavogshæli?

367. Tillaga til þingsályktunar [302. mál]

um skráningarskyldu skipa.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að semja reglur og leggja fyrir Alþingi að breyta lögum ef nauðsyn krefur í þá veru að skráningarskylt verði sérhvert skip sem notað er í atvinnuskyni, svo og önnur skip sem eru lengri en átta metrar að skráningarlengd.

Ráðherra setji reglur um skip sem eru undir átta metrum að stærð og kunna að vera notuð tímabundið í atvinnuskyni.

Greinargerð.

Eðlilegt verður að telja að öll skip sem haldið er úti í atvinnuskyni séu skráningar- og eftirlitsskyld, óháð stærð þeirra. Á slík skip er líklegt að ráðnir séu til starfa launþegar (fiskimenn), aðrir en eigendur. Hins vegar er einnig sjálfsagt að skilgreina í reglugerð, enda sé slíkrar heimildar aflað í lögum, hvað sé tímabundin atvinnustarfsemi þeirra manna sem róa fáa daga eða vikur á ári, t.d. við sérveiðar á ákveðnum svæðum eða til tímabundinnar tekjuöflunar við sjávarnytjar eða leiðsögu. Líklegt má telja að á næstu árum fjölgi bátum allt að átta metrum að stærð í flokkum skemmti- og tómstundabáta. Þessi þróun mun verða samhliða því að eldri bátar sem nú eru notaðir í atvinnuskyni verða seldir þegar atvinnumenn endurnýja fiskibáta sína. Telja verður eðlilegt að mæta þessari þróun sem óhjákvæmilega verður með því að setja nýjar viðmiðanir í lög og reglur um báta sem ekki eru að jafnaði notaðir í atvinnuskyni.

368. Svar [216. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta.

1. *Er ráðherra sammála því mati forstjóra Fjármálaeftirlitsins að líklegt sé að einhverjar fjármálastofnanir lendi í verulegum erfiðleikum á næstu mánuðum? Telur ráðherra rétt að grípa til aðgerða vegna þess og þá hverra?*

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði í ræðu á aðalfundi þess 18. október sl.: „Þrátt fyrir hækkun eiginfjárhlutfalla telur Fjármálaeftirlitið að margar lánastofnanir þurfi enn frekar að styrkja eiginfjárstöðu sína til að mæta hugsanlegum áföllum í nánustu framtíð. Margar lánastofnanir hafa fullnýtt heimildir til töku víkjandi lána til að styrkja eiginfjárstöðu sína, bæði hvað varðar hefðbundin víkjandi lán og hin nýju víkjandi skuldabréf. Eiginfjárstaða þessara lánastofnana verður því helst styrkt með auknum hagnaði eða útgáfu nýs hlutafjár/stofnfjár.

Rétt er að taka fram að staða einstakra lánastofnana er mjög mismunandi. Ekki er ólíklegt að einhverjar lánastofnanir eigi eftir að lenda í erfiðleikum. Aðrar munu verða fyrir litlum skakkaföllum. Þegar á heildina er litið og að gefnum eðlilegum efnahagslegum forsendum er ekki ástæða til að ætla að fjármálastöðugleiki sé í hættu."

Ráðherra telur ástæðulaust að grípa til sértækra aðgerða í bankakerfinu þar sem fjármálastöðugleika er ekki ógnað að mati Fjármálaeftirlitsins, alþjóðastofnana og matsfyrirtækja. Hins vegar eru lög og reglur á fjármálamarkaði í örri þróun og er ástæða til að styrkja þau enn frekar á næstu missirum, t.d. með hliðsjón af ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

2. *Hver er heildareign Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og hvernig skiptist hún milli innstæðudeildar og verðbréfadeildar? Hve hátt hlutfall er heildareignin af heildarinnstæðum einstaklinga í bönkum og sparisjóðum annars vegar og verðbréfaeign þeirra hins vegar?*

Eigið fé innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi 31. desember 2000 var 2.963 millj. kr. en eigið fé verðbréfadeildar 21 millj. kr. Miðað við sl. áramót nam eigið fé Tryggingarsjóðs 1,08% af tryggðum innstæðum sem er yfir því lágmarki (1,0%) sem lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, krefjast.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 98/1999 skal heildareign verðbréfadeildar sjóðsins nema að lágmarki 100 millj. kr. Á árinu 2000 voru innheimtar 20 millj. kr. frá aðildarfyrirtækjum og í ár jafnhá fjárhæð, hvorutveggja skv. 7. gr nefndra laga. Aðildarfyrirtæki sjóðsins hafa lagt fram ábyrgðaryfirlýsingar vegna verðbréfadeildar sem brúa bilið milli innheimtra lögboðinna fjárhæða og lágmarksstærðar sjóðsins, 100 millj. kr.

Verðbréfadeild tryggir einungis viðskipti með verðbréf sem eru í vörslu eða umsýslu aðildarfyrirtækis sjóðsins og því ber að endurgreiða eða standa skil á samkvæmt skilmálum er gilda um samskipti aðildarfyrirtækis og fjárfestis samkvæmt lögum eða samningum. Hliðstæð regla gildir um innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við viðskipti með verðbréf. Verðbréfaeign einstaklinga, eins og hún er á hverjum tíma, er ekki tryggð á grundvelli laganna, enda stóð það aldrei til. Þar af leiðandi er ekkert samband milli verðbréfaeignar sem slíkrar og lögbundinnar lágmarksstærðar verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs.

3. *Hve mikið hafa bankar og sparisjóðir greitt í sjóðinn árlega sl. fimm ár?*

Tryggingarsjóður var stofnaður í árslok 1999 á grundvelli laga nr. 98/1999 og tók hann 1. janúar 2000 við eignum og skuldum Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða og voru síðarnefndu sjóðirnir lagðir niður frá sama tíma. Engar innborganir frá aðildarfyrirtækjum Tryggingarsjóðs í innstæðudeild hafa átt sér stað frá stofnun hans. Viðskiptabankar greiddu heldur ekki í Tryggingarsjóð viðskiptabanka síðustu starfsár hans.

Um innborganir í innstæðudeild gildir 6. gr. laga nr. 98/1999, en þar segir að nái heildareign ekki 1% lágmarki af tryggðum innstæðum skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári.

Um innborganir í verðbréfadeild er vísað til svars við 2. tölulið hér að framan.

4. *Telur ráðherra Tryggingarsjóðinn nægjanlega öflugan til að geta mætt hugsanlegum skakkaföllum fjármálastofnana, annars vegar vegna innstæðna hjá bönkum og sparisjóðum og hins vegar vegna verðbréfaeignar?*

Markmið með lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er að veita viðskiptavinum lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis. Greiðslu úr sjóðnum er skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr., miðað við gengi evru 5. janúar 1999, er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Miðað við gengi evru í nóvember 2001 er lágmarkstryggingaverndin nú um 1,95 millj. kr. Stórt gjaldþrot fjármálafyrirtækis getur leitt til þess að ekki séu nægilegar eignir til í sjóðnum til að greiða kröfuhöfum en við slíkar aðstæður er heimilt að taka lán til að greiða þeim.

5. *Getur ráðherra fullvissað sparifjáreigendur um að tryggingavernd þeirra vegna innstæðna í bönkum eða verðbréfaeignar sé nægjanlega örugg þannig að tap þeirra verði að fullu bætt komi til gjaldþrota eða skakkafalla á fjármálamarkaðnum eða hjá einstökum fjármálafyrirtækjum?*

Nei. Kröfur eru ekki bættar að fullu nema eignir sjóðsins hrökkvi til. Eins og fram kom í svari við 4. tölulið er lágmarksvernd hvers kröfuhafa nú um 1,95 millj. kr.

6. *Hve margir eiga innstæðu í bönkum og sparisjóðum sem er yfir lágmarkstryggingu sem Tryggingarsjóður bætir að fullu og hver er lágmarkstryggingavernd sjóðsins? Hver er meðalinnstæða þeirra sem áttu hærri innstæðu en 10.000 kr. en undir lágmarkstryggingu sem bætt er að fullu?*

Nýlegar upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir. Í þinglegri meðferð frumvarpsins sem síðar varð að lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta árið 1999 óskaði viðskiptaráðuneytið eftir þessum upplýsingum frá einum viðskiptabanka. Eingöngu voru teknar með í útreikningana innstæður yfir 10 þús. kr., en um helmingur innlánsreikninga í viðkomandi viðskiptabanka voru með innstæðum undir þeirri fjárhæð. Meðalinnstæða þeirra innstæðueigenda sem voru með hærri innstæðu en 10 þús. kr. var 544.965 kr. Af þessum innstæðueigendum voru 93% með innstæðu undir 1,7 millj. kr.

7. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að Tryggingarsjóður taki á sig fulla tryggingavernd einstaklinga vegna innstæðna í bönkum eða verðbréfaeignar?*

Nei, mestu máli skiptir að einstaklingar með lágar innstæður fái kröfur sínar bættar að fullu. Vísbendingar eru um að tiltölulega fáir einstaklingar eigi innstæður yfir lágmarkstryggingavernd. Ekki er þörf á þeirri neytendavernd sem felst í innstæðutryggingakerfi fyrir eignameiri einstaklinga.

Innstæðutryggingaverndin hér á landi er meiri heldur en víðast hvar á EES-svæðinu, þó að Noregi undanskildum. Samkvæmt tilskipun ESB um innstæðutryggingar nr. 94/19/EBE skulu innstæður að lágmarki 20 þúsund evrur vera tryggðar. Heimilt er þó að undanskilja 10% innstæðunnar frá tryggingu. Hér á landi eru innstæður tryggðar fyrir að lágmarki tæpar 21 þúsund evrur en allar innstæður eru tryggðar að því marki sem eignir sjóðsins hrökkva til. Heimildin til að undanskilja hluta frá tryggingu er ekki nýtt.

369. Svar [217. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um stöðu banka og sparisjóða.

1. *Hver er þróun á eiginfjárhlutfalli banka og sparisjóða á árunum 1999–2001 án víkjandi lána í samanburði við þróun útlána annars vegar og framlög í afskriftareikning hins vegar og uppfylla þeir lágmarksskilyrði um eiginfjárhlutfall? Telur ráðherra hlut víkjandi lána til að uppfylla lágmarksskilyrði eðlilegan og er að vænta breytinga á skilyrðum um eiginfjárhlutfall í samræmi við mat Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi?*

Í töflu 1 er sýnd þróun á eiginfjárhlutfalli banka og sparisjóða í árslok 1999 og 2000 og í lok júní 2001, annars vegar samkvæmt lögum og hins vegar án víkjandi lána. Í lok júní 2001 er fyrrnefnda eiginfjárhlutfallið 10,6% og það síðarnefnda 7,0% fyrir þessar stofnanir í heild. Hlutföllin hafa hækkað frá árslokum 2000 þegar þau voru 9,7% og 6,6%. Í árslok 1999 voru hlutföllin hins vegar 10,3% og 8,0%. Lágmarkseiginfjárhlutfall samkvæmt lögum er 8% en ekki er um tiltekið lágmarkshlutfall að ræða varðandi eiginfjárhlutfall án víkjandi lána. Vissar takmarkanir eru þó á hlutdeild víkjandi lána í eigin fé í eiginfjárútreikningi.

Samkvæmt fyrirliggjandi eiginfjárskýrslum frá viðskiptabönkum og sparisjóðum til Fjármálaeftirlitsins voru lágmarkskröfur um eiginfjárhlutfall uppfylltar. Eiginfjárstaða einstakra innlánsstofnana er þó til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Unnið er að endurskoðun laga um viðskiptabanka og sparisjóði af nefnd sem skipuð var af viðskiptaráðherra og fjallar nefndin um hvort rétt sé að leggja til breytingar á eiginfjárákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í töflu 1 er m.a. sýnd þróun útlána og framlög í afskriftareikning á fyrrgreindu tímabili og hlutfall afskriftaframlaga af útlánum. Þar kemur fram að útlán jukust að nafnverði um 29,3% á árinu 2000 og 13,6% á fyrri helmingi ársins 2001. Afskriftaframlög námu 3,3 milljörðum kr. á árinu 1999, 4,1 milljörðum kr. árinu 2000 og 3,1 milljörðum kr. á fyrri helmingi ársins 2001. Sem hlutfall af meðalútlánum voru afskriftaframlögin fyrir sama tímabil 0,9%, 0,8% og 0,5% (½ ár).

Tafla 1. Yfirlit yfir þróun eiginfjárhlutfalla, útlána og afskriftaframlaga hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.[1)]

Fjárhæðir í milljörðum króna	1999	2000	30.6.2001	
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum	10,3%	9,7%	10,6%	
Eiginfjárhlutfall án víkjandi lána[2)]	8,0%	6,6%	7,0%	
Útlán í lok tímabils	459,8	594,7	675,5	
Meðalútlán á tímabilinu	417,1	527,3	635,1	
Gjaldfærð afskriftaframlög	3,7	4,1	3,1	(½ ár)
Afskriftaframlög sem hlutfall af meðalútlánum	0,9%	0,8%	0,5%	(½ ár)

[1)] Í töfluyfirlitinu er miðað við viðskiptabanka og sex stærstu sparisjóði sem ná til 96% af heildareignum viðskiptabanka og sparisjóða. Ástæðan er að talnaefni fyrir minni sparisjóði nær einungis til ársins 2000 og fyrri ára. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er talinn með frá árinu 1999.

[2)] Víkjandi lán samkvæmt eiginfjárþætti B og C.

2. *Er eiginfjárstaða banka og sparisjóða nægjanlega sterk að mati ráðherra og Fjármálaeftirlitsins til að mæta hugsanlegum skakkaföllum eða telur ráðherra nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og þá hverra?*

Fjármálaeftirlitið hefur lýst því yfir að stærstu lánastofnanir hér á landi með virka áhættustýringu og innra eftirlit ættu að stefna að því að eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum sé á hverjum tíma að lágmarki 10% og að margar lánastofnanir þurfi að setja sér enn hærri markmið um eigið fé í samræmi við áhættu í starfsemi þeirra. Sérstaklega hefur Fjármálaeftirlitið varað við því að víkjandi lán séu í ríkum mæli tekin til að fullnægja skilyrðum um eiginfjárhlutföll og þurfi lánastofnanir að stefna að því að eiginfjárhlutfall án víkjandi lána sé að lágmarki 8%.

Ráðherra telur ástæðulaust að grípa til sértækra aðgerða í bankakerfinu þar sem fjármálastöðugleika er ekki ógnað að mati Fjármálaeftirlitsins, alþjóðastofnana og matsfyrirtækja. Hins vegar eru lög og reglur á fjármálamarkaði í örri þróun og er ástæða til að styrkja þau enn frekar á næstu missirum, t.d. með hliðsjón af ábendingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

3. *Hvernig hafa heildareignir banka og sparisjóða myndast á árunum 1998–2001 og hvernig hafa erlendar skuldir þeirra breyst á þessu tímabili? Hve mikið hefur tap þeirra verið á þessum árum vegna gengisbreytinga og hlutabréfaeignar, annars vegar í krónum talið og hins vegar í samanburði við vanskil einstaklinga á þessu tímabili? Telur ráðherra að breyta þurfi lögum og reglum til að bæta áhættustýringu innlánsstofnana?*

Í töflu 2 er sýnd þróun á heildareignum og samsetningu heildareigna viðskiptabanka og sparisjóða frá árslokum 1998 til miðs árs 2001. Þar kemur fram að heildareignir hafa aukist úr 528 milljörðum kr. í árslok 1998 í 939 milljarða kr. í lok júní 2001. Stærsti einstaki eignaliðurinn er útlán sem námu 374 milljörðum kr., eða tæplega 71% af heildareignum, í upphafi tímabilsins og 676 milljörðum kr. í lok þess, eða tæplega 72% af heildareignum. Í töflu 2 er einnig sýnd þróun erlendra skulda viðskiptabanka og sparisjóða. Í árslok 1998 námu þær 154 milljörðum kr. eða 29% af heildareignum en í lok júní 2001 420 milljörðum kr. eða tæplega 45% af heildareignum.

Spurt er hversu mikið tap banka og sparisjóða hafi verið á árunum 1998–2001 vegna gengisbreytinga og hlutabréfaeignar, annars vegar í krónum talið og hins vegar í samanburði við vanskil einstaklinga. Ekki liggja fyrir upplýsingar um tap vegna gengisbreytinga og hlutabréfaeignar. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um gengishagnað/tap af fjármálastarfsemi og matsverðsbreytingar fjárfestingarverðbréfa og er þróun þessara rekstrarliða á tímabilinu 1998 til miðs árs 2001 kemur fram í töflu 2. Þar kemur fram að á árunum 1998 og 1999 sýna þessir rekstrarliðir jákvæða útkomu að fjárhæð 3,1 milljarðar kr. og 3,7 milljarðar kr. en á árinu 2000 varð útkoman neikvæð sem nam 2,5 milljörðum kr. og á fyrri hluta ársins 2001 neikvæð um 0,8 milljarða kr.

Í töflu 2 er enn fremur sýndur samanburður við vanskil einstaklinga frá og með árslokum 2000 en sambærilegar upplýsingar um vanskil fyrir þann tíma liggja ekki fyrir. Vanskil einstaklinga sem staðið hafa lengur en einn mánuð námu 5,1 milljörðum kr. í árslok 2000 og 6,9 milljörðum kr. í lok júní 2001.

Ráðherra telur ekki þörf á að breyta lagaákvæðum um áhættustýringu á þessu stigi. Vakin er athygli á því að af hálfu Fjármálaeftirlitsins er nú unnið að undirbúningi að útgáfu á leiðbeinandi tilmælum um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum og hefur í því sambandi verið gefið út umræðuskjal með drögum að slíkum tilmælum, sem sent hefur verið til umsagnar til eftirlitsskyldra aðila. Í þessum drögum er lögð sérstök áhersla á nauðsyn á

yfirsýn og markmiðssetningu stjórnenda varðandi áhættutöku og öflugt innra eftirlit og ábyrgð stjórna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja í því sambandi.

Tafla 2. Yfirlit yfir þróun og samsetningu heildareigna og erlendra lána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.[1)]

Fjárhæðir í milljörðum króna	1998	1999	2000	30.6.2001
Heildareignir í lok tímabils	*527,9*	*667,7*	*834,9*	*939,3*
Sjóður, ríkisvíxlar og kröfur á lánastofnanir	58,9	82,9	98,3	109,2
Útlán	374,4	459,8	594,7	675,5
Markaðsskuldabréf	60,0	73,8	65,2	67,4
Hlutabréf	8,0	18,6	34,7	40,5
Hlutir í hlutdeildarfélögum og tengdum félögum	7,9	12,6	12,7	13,6
Rekstrarfjármunir	12,4	12,6	13,0	13,7
Aðrar eignir	6,3	7,4	16,3	19,4
Hlutföll af heildareignum				
Sjóður, ríkisvíxlar og kröfur á lánastofnanir	11,2%	12,4%	11,8%	11,6%
Útlán	70,9%	68,9%	71,2%	71,9%
Markaðsskuldabréf	11,4%	11,1%	7,8%	7,2%
Hlutabréf	1,5%	2,8%	4,2%	4,3%
Hlutir í hlutdeildarfélögum og tengdum félögum	1,5%	1,9%	1,5%	1,4%
Rekstrarfjármunir	2,3%	1,9%	1,6%	1,5%
Aðrar eignir	1,2%	1,1%	2,0%	2,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Erlendar skuldir í lok tímabils	*153,8*	*224,3*	*348,7*	*419,6*
Erlendar skuldir sem hlutfall af heildareigum	29,1%	33,6%	41,8%	44,7%
Gengishagnaður(-tap) af fjármálastarfsemi[2)]	3,1	3,7	-0,8	-0,8
Matsverðsbreyting fjárfestingarverðbréfa (-gjöld)	0,0	0,0	-1,7	0,0
Samtals	3,1	3,7	-2,5	-0,8
Vanskil einstaklinga >1 mánuður			5,1	6,9

1) Í töfluyfirlitinu er miðað við viðskiptabanka og sex stærstu sparisjóði sem ná til 96% af heildareignum viðskiptabanka og sparisjóða. Ástæðan er að talnaefni fyrir minni sparisjóði nær einungis til ársins 2000. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er talinn með frá árinu 1998.

2) Þessi rekstrarliður er settur saman úr gengishagnaði/tapi af veltuskuldabréfum, veltuhlutabréfum, gjaldeyrisviðskiptum og öðrum fjármálaskjölum.

4. *Hver hafa útlánatöp banka og sparisjóða verið árlega sl. fimm ár, annars vegar vegna einstaklinga og hins vegar vegna lögaðila?*

Í töflu 3 er yfirlit yfir þróun útlánatapa og afskriftaframlaga hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á tímabilinu 1996–2000. Ekki liggur fyrir skipting milli einstaklinga og lögaðila á útlánatöpum. Fram kemur í yfirlitinu að gjaldfærð árleg afskriftaframlög námu frá 2,6 milljörðum kr. til 4,8 milljarða kr. á umræddu tímabili, lægst árið 1997 og hæst árið 2000. Sem hlutfall af meðalútlánum voru afskriftaframlögin 0,9%–1,2%, lægst árið 2000 og hæst árið 1996. Enn fremur er í töflu 3 sýnd þróun endanlega afskrifaðra útlána. Þar kemur fram að árlegar fjárhæðir endanlega afskrifaðra útlána námu á bilinu 2,4 milljörðum kr. til 4,7 milljarða kr., lægst á árinu 2000 og hæst á árinu 1997. Sem hlutfall af meðalútlánum námu endanlega afskrifuð útlán 0,4%–1,6%, lægst árið 2000 og hæst árið 1997. Til skýringar skal

þess getið að endanlega afskrifuð útlán eru þau útlán sem færð eru út sem endanlega töpuð en áður hafði verið lagt til hliðar fyrir með afskriftaframlagi sem gjaldfærslu í rekstrarreikningi.

Tafla 3. Yfirlit yfir þróun útlánatapa og afskriftaframlag hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.[1)]

Fjárhæðir í milljörðum króna	1996	1997	1998	1999	2000
Gjaldfærð framlög í afskriftareikning	3,2	2,6	3,4	4,3	4,8
– sem hlutfall af meðalútlánum	1,2%	0,9%	1,0%	1,0%	0,9%
Endanlega afskrifuð útlán	3,6	4,7	3,6	2,6	2,4
– sem hlutfall af meðalútlánum	1,4%	1,6%	1,0%	0,6%	0,4%
Meðalútlán	260,4	290,0	349,2	434,9	548,8

[1)] Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er meðtalinn í talnaefninu frá árinu 1998 og tveir forverar hans, þ.e. Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður, fyrir árin þar á undan.
Ekki liggur fyrir sundurliðun á útlánatöpum milli einstaklinga og lögaðila.

370. Svar [218. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um byggðakvóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hjá hvaða útgerðum eru þær 1.500 þorskígildislestir vistaðar sem Byggðastofnun úthlutaði samkvæmt bráðabirgðaákvæði XXVI í lögum um stjórn fiskveiða og hvar eru lögheimili fyrirtækjanna?

Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar hefur úthlutaður byggðakvóti undanfarinna tveggja ára að mestu verið veiddur af skipum sem skráð eru á þeim stöðum sem fengu úthlutað byggðakvóta. Undantekningin frá þessari meginreglu er þegar um hefur verið að ræða fiskvinnslufyrirtæki sem hafa fengið kvótann. Flest hafa fiskvinnslufyrirtækin reynt að auka kvótann með því að fá aðkomuskip til að veiða hann og til að landa jafnframt sínum eigin kvóta að verulegu eða öllu leyti hjá umræddum fiskvinnslufyrirtækjum. Með þessu móti hefur tekist að gera sem mest úr byggðakvótanum þannig að margfeldisáhrifin hafa verið allt að fimmföld í sumum byggðarlögum.

Ef vikið er að einstökum stöðum sem fengið hafa byggðakvóta hafa veiðar hans verið sem hér segir:

Bíldudalur: Fiskvinnslufyrirtækið Þórður Jónsson ehf. á Bíldudal vistar allan byggðakvóta Vesturbyggðar. Fyrirtækið fékk fiskiskipið Bjarma BA frá Tálknafirði til að veiða kvótann auk þess sem skipið landaði hluta af sínum eigin kvóta á Bíldudal. Ekki hefur verið gengið frá því hvernig staðið verður að veiðum byggðakvótans á Bíldudal á yfirstandandi fiskveiðiári.

Þingeyri: Eitt fyrirtæki fékk byggðakvótann á Þingeyri. Fiskiskip í eigu Vísis hf. í Grindavík hafa að mestu veitt kvótann en einnig heimabátar. Veruleg margföldun kvótans hefur orðið af þessum sökum en vel á þriðja þúsund tonna af fiski hafa verið unnin á Þingeyri undanfarin tvö ár vegna þess byggðakvóta sem þangað var úthlutað. Fiskurinn hefur komið af flestum skipum Vísis hf. en byggðakvótinn hefur verið vistaður á Sighvati GK.

Drangsnes: Byggðakvóti Drangsness hefur verið veiddur af heimabátum og landað til vinnslu hjá tveimur fyrirtækjum á staðnum.

Hofsós: Byggðakvóti Hofsóss hefur verið veiddur af skipum FISK á Sauðárkróki. Um verulega margföldun er að ræða en fiskvinnslufyrirtækið Höfði ehf. á Hofsósi hefur unnið aflann. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í vinnslu ufsa og samstarf FISK og Höfða hefur gefist vel. Höfði hefur getað fengið það hráefni sem hentar vinnslu fyrirtækisins í jöfnum skömmtum vegna þessa samstarfs við FISK. Önnur verkefni Höfða hafa einnig aukist frá því sem áður var vegna þessa fyrirkomulags.

Grímsey: Allur byggðakvóti Grímseyjar er veiddur af heimabátum.

Bakkafjörður: Kvóti Bakkafjarðar er að mestu veiddur af heimabátum. Undantekning frá því er sá hluti kvótans sem kom í hlut fiskvinnslunnar Gunnólfs á Bakkafirði. Bátur frá nágrannabyggðarlagi, Geir ÞH, hefur veitt þann kvóta auk þess að landa mestum hluta eigin kvóta hjá Gunnólfi.

Borgarfjörður eystri: Allur byggðakvóti staðarins er veiddur af heimabátum að undanskildum þeim kvóta sem úthlutað var til fiskvinnslu Karls Sveinssonar. Sá hluti kvótans hefur verið veiddur af skipum Vísis hf. í Grindavík með svipuðu fyrirkomulagi og á Þingeyri.

Seyðisfjörður: Megnið af byggðakvóta Seyðisfjarðar var fyrsta árið veiddur af síldarskipunum Hugin VE og Ísleifi VE. Á síðasta ári var hann allur veiddur af heimaskipum.

Fáskrúðsfjörður: Allur byggðakvóti Fáskrúðsfjarðar hefur verið veiddur af heimaskipum hingað til.

Stöðvarfjörður: Fyrsta árið var byggðakvóti Stöðvarfjarðar veiddur af heimabáti og Kambaröst SU, togara heimamanna til margra ára, sem þá var kominn í eigu Snæfells hf. á Dalvík. Kvóti síðasta fiskveiðiárs og yfirstandandi fiskveiðiárs var og verður hins vegar eingöngu veiddur af heimabátum.

Breiðdalsvík: Útgerðarfélag Breiðdælinga á Breiðdalsvík hefur verið handhafi byggðakvóta staðarins frá upphafi. Félagið á ekki fiskiskip en hefur fengið aðkomuskip til að veiða kvótann og jafnframt til að landa sínum eigin kvóta til vinnslu á Breiðdalsvík. Hefur tekist vel til með þetta fyrirkomulag og vel á annað þúsund tonn unnin á staðnum bæði árin. Í fyrstu veiddi togarinn Heiðrún GK kvótann en fiskiskipið Sigurður Einar RE veiðir hann nú.

371. Svar [122. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um afskrifaðar skattskuldir.

1. *Hvernig skiptust beinar og óbeinar afskrifaðar skattskuldir milli einstaklinga og lögaðila árlega á árunum 1995–2001 og hvernig er áætlað að þær skiptist árið 2002, sundurliðað eftir tegundum skatta? Hve margir einstaklingar og lögaðilar fengu afskrifaðar skattskuldir?*

Ákvarðanir um afskriftir hjá ríkissjóði eru teknar af svokallaðri afskriftanefnd sem skipuð er fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra, tollstjóranum í Reykjavík og Ríkisendurskoðun. Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir tillögur sem berast frá innheimtumönnum ríkissjóðs um afskriftir á gjaldendur og afgreiða þær með samræmdum hætti.

Afskriftir skattkrafna ríkissjóðs eru ýmist beinar eða óbeinar. Kröfur sem eru taldar sannanlega tapaðar eru afskrifaðar beinni afskrift og eru það fyrst og fremst kröfur á lögaðila þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið og fyrndar kröfur á einstaklinga.

Óbein afskrift felur í sér bókhaldslegt mat á innheimtanleika eftirstöðva í árslok. Í því sambandi er horft til stöðu innheimtuaðgerða, t.d. gjaldþrotaskipta eða árangurslauss fjárnáms.

Í töflu 1 koma fram beinar og óbeinar afskriftir skattkrafna á árabilinu 1995–2000, sundurliðað eftir tegundum skatta.

Eins og sjá má af töflunni er skipting afskrifaðra skattkrafna milli einstaklinga og lögaðila aðeins tiltæk fyrir eftirstöðvar tekju- og eignarskatta. Það skal tekið fram að fjöldatölur yfir þá sem fengu afskrifaðar skattkröfur eru eingöngu vegna beinna afskrifta en óbeinar afskriftir eru framkvæmdar með almennri niðurfærslu.

Rauntölur um afskriftir skattkrafna árin 2001 og 2002, sundurliðað eftir tegundum skatta, liggja ekki fyrir. Í fjárlögum fyrir árið 2001 eru afskriftir skattkrafna áætlaðar 4.000 millj. kr. og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er áætluð sama fjárhæð. Skipting afskrifta eftir tegundum kemur ekki fram í fjárlögum.

Tafla 1. Beinar og óbeinar afskriftir skattkrafna ríkissjóðs 1995–2000, í þús kr.

	1995		1996		1997		1998		1999		2000	
	Beinar afskriftir	**Óbeinar afskriftir**	**Beinar afskriftir**	**Óbeinar afskriftir**	**Beinar afskriftir**	**Óbeinar afskriftir**	**Beinar afskriftir**	**Óbeinar afskriftir**	**Beinar afskriftir**	**Óbeinar afskriftir**	**Beinar afskriftir**	**Óbeinar afskriftir**
Eignarskattar	95.631	-14.444	25.273	-54.941	60.270	-113.147	59.113	18.382	62.296	-141.247	33.489	298.740
Eignarskattur, einstaklingar	*20.771*	*61.087*	*14.716*	*-58.389*	*16.545*	*19.666*	*41.366*	*-19.474*	*37.406*	*-27.971*	*23.052*	*92.475*
Eignarskattur, lögaðilar	*74.860*	*-75.531*	*10.557*	*3.448*	*43.725*	*-132.814*	*17.607*	*37.856*	*24.589*	*-112.385*	*10.091*	*205.598*
Skipulagsgjald	-	-	-	-	-	-	*140*	-	*111*	-	*221*	-
Tekjuskattar	1.117.878	266.865	939.251	-7.262	1.059.272	230.313	1.099.315	-181.110	861.635	-188.577	632.322	1.834.742
Tekjuskattur, einstaklingar	*677.779*	*176.019*	*426.929*	*71.510*	*543.368*	*322.477*	*828.858*	*-360.028*	*430.039*	*49.612*	*436.923*	*1.411.884*
Tekjuskattur, lögaðilar	*440.099*	*90.846*	*512.322*	*-78.773*	*515.905*	*-92.163*	*270.456*	*178.918*	*425.416*	*-238.189*	*184.344*	*422.857*
Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum	-	-	-	-	-	-	-	-	*6.180*	-	*11.055*	-
Sjúkratryggingagjald	464	-128	315	-126	167	-38	6	-54	-	-	-	-
Persónuskattar	2.335	-81	2.293	-116	2.937	26.557	8.540	2.476	-6	-783	2.171	9.304
Aðflutningsgjöld	0	0	2.180	0	0	0	0	0	0	0	2.654	0
Vörugjöld	9.213	-33.081	6.403	-3.909	7.069	-4.985	444	-106	3.307	0	1.841	0
Virðisaukaskattur	772.509	778.410	693.665	55.646	876.796	-27.199	987.537	106.371	1.734.230	-105.643	689.159	4.685.983
Söluskattur	139.546	-90.448	53.488	-29.054	86.358	-64.714	18.873	-9.491	19.204	-14.416	993	0
Sértækir þjónustuskattar	0	0	0	0	0	0	0	0	539	0	1.341	0
Tryggingagjöld og skattar af launum	182.293	-50.682	166.979	-1.123	150.752	-93.900	88.068	-26.000	129.713	-33.920	23.597	171.678
Neyslu- og leyfisskattar	65.569	-105.785	24.445	19.267	41.317	-47.084	16.134	67.668	21.174	17.356	5.323	99.806
Bifreiðagjald	*24.614*	*-55.852*	*8.023*	*28.091*	*17.403*	*-38.346*	*5.571*	*5.090*	*3.540*	*3.263*	*928*	*25.527*
Þungaskattur	*39.931*	*-49.933*	*18.463*	*-8.823*	*23.449*	*-8.738*	*10.195*	*62.578*	*10.453*	*14.093*	*1.359*	*74.279*
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	*1.024*	*0*	*-2.040*	*0*	*464*	*0*	*368*	*0*	*7.181*	*0*	*3.037*	*0*
Eftirlitsgjöld	0	0	0	0	0	0	3.415	0	1.305	0	2.923	0
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	2.022.522	669.024	1.632.828	269.417	2.246.243	30.939	2.260.973	232.912	3.200.329	-1.104.227	1.070.478	1.761.736
Aðrar eignatekjur	0	0	0	0	0	0	0	0	1.498	0	0	0
Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	0	0	0	0	0	0	602	-174	20.838	-16.341	4.806	20.812
Sektir	5.243	59.524	3.396	16.904	4.167	58.000	32.218	-29.000	124.358	-51.000	1.278	-3.934
Samtals	**4.413.203**	**1.479.302**	**3.550.201**	**264.830**	**4.535.180**	**-5.220**	**4.575.232**	**181.928**	**6.180.420**	**-1.638.798**	**2.472.375**	**8.878.867**
Fjöldi einstaklinga og aðila sem fengu afskrifaðar skattskuldir	478		710		1.375		3.419		3.360		1.886	

2. *Hver er skýringin á þreföldun afskrifta á skattskuldum á reikningi ársins 2000?*

Á undanförnum árum hafa innheimtu- og álagningarkerfi ríkisins verið endurnýjuð og gefa þau mun betri yfirsýn en áður yfir skatttekjur og skattkröfur ríkins. Við mat á eftirstöðvum í árslok 2000 var unnt að haga yfirferðinni markvissar og taka tillit til fleiri þátta en áður hafði verið gert. Niðurfærsla á skattkröfum ríkisins í árslok, þ.e. óbein afskrift, byggðist í fyrsta skipti á heildaryfirliti yfir skuldir einstakra gjaldenda. Hún byggist því alfarið á rauntölum þannig að allar skuldir viðkomandi gjaldenda, með tilteknar innheimtumerkingar, eru lagðar til grundvallar við niðurfærslu skattkrafnanna. Áður var yfirferð vegna niðurfærsla skattkrafna bundin við einn gjaldflokk í senn og takmarkaðist við þá aðila sem skulduðu umfram tiltekna fjárhæð. Í mörgum gjaldflokkum takmarkaðist niðurfærslan t.d. við skuldir sem voru umfram tvær milljónir króna hjá tollstjóranum í Reykjavík og eina milljón króna hjá öðrum innheimtuembættum. Ástæða þess að fjárhæðamörk voru sett á sínum tíma var að umfang, tími og kostnaður við þessa vinnu leyfði ekki nákvæmari aðferðir. Afskriftagrunnurinn í árslok 2000 var því verulega víðtækari en áður og niðurstaða ársins í samræmi við það.

Í raun má segja að eftirstöðvar skattkrafna hafa verið of hátt metnar á undanförnum árum og þar af leiðandi hafa tekjur einnig verið ofmetnar. Af þessum sökum varð ekki komist hjá verulegri leiðréttingu í eitt skipti á eftirstöðvum skattkrafna hjá ríkissjóði og skýrir það háa gjaldfærslu á árinu 2000.

3. *Hve hátt hlutfall af nettó-skattlagningu á lögaðila var afskrifað árlega á árunum 1995–2001?*

Í töflu 2 sést hve hátt hlutfall af tekju- og eignarskatti var afskrifað með beinni afskrift á árunum 1995–2000. Óbeinar afskriftir skattkrafna eru ekki teknar með þar sem þær fela ekki í sér endanlega afskrift þeirra.

Tölur fyrir árið 2001 liggja ekki fyrir.

Tafla 2. Hlutfall beinna afskrifta hjá lögaðilum af tekju- og eignarskatti 1995–2000.

Upphæðir í þús. kr.	**Skattur**	**Beinar afskriftir**	**%**	**Skattur**	**Beinar afskriftir**	**%**
	1995			*1996*		
Eignarskattur, lögaðilar	1.633.115	74.860	3,14	1.637.619	10.557	0,64
Tekjuskattur, lögaðilar	4.596.729	440.099	4,81	3.955.069	512.322	12,95
Samtals	**6.229.844**	**514.959**	**8,27**	**5.592.688**	**522.879**	**9,35**
	1997			*1998*		
Eignarskattur, lögaðilar	2.178.703	43.725	2,01	1.862.687	17.607	0,95
Tekjuskattur, lögaðilar	5.256.876	515.905	9,81	7.155.040	270.456	3,78
Samtals	**7.435.579**	**559.630**	**7,53**	**9.017.727**	**288.063**	**3,19**
	1999			*2000*		
Eignarskattur, lögaðilar	2.090.327	24.589	1,18	2.387.582	10.091	0,42
Tekjuskattur, lögaðilar	8.680.233	425.416	4,90	9.144.761	184.344	2,02
Samtals	**10.770.560**	**450.005**	**4,18**	**11.532.343**	**194.435**	**1,69**

4. *Telur ráðherra ástæðu til sérstakra aðgerða vegna afskrifta á skattskuldum?*

Afskriftamál hafa verið til skoðunar að undanförnu í ráðuneytinu. Ráðherra hefur nýlega endurskipað afskriftanefnd. Fyrsta verk nefndarinnar var að setja og gefa út nýjar verklagsreglur en nefndinni er ætlað að útbúa og viðhalda verklagsreglum varðandi afskriftir fyrir

innheimtumenn ríkissjóðs og fylgja því eftir að innheimtumenn sendi inn afskriftarbeiðnir með reglulegu millibili. Tilgangurinn með verklagsreglum er m.a. að gera innheimtuferlið skilvirkara. Þannig gera reglurnar ráð fyrir því að afskriftum verði hraðað til að kröfur sem teljast með öllu óinnheimtanlegar eða eru fyrndar, séu færðar niður og eftir atvikum færðar á biðreikning þar sem þær standa fram að fyrningu. Með því að hreinsa þannig út óraunhæfar kröfur geta innheimtumenn einbeitt sér að nýrri kröfum en hraði skiptir miklu máli við innheimtuna.

Afskriftanefnd skilar fjármálaráðuneytinu fyrir 15. febrúar ár hvert skýrslu um störf sín á næstliðnu ári og fer ráðuneytið þannig yfir störf nefndarinnar. Samkvæmt skipunarbréfi ráðherra er jafnframt gert ráð fyrir því að nefndin geti heimsótt einstök embætti og leiðbeint starfsmönnum þeirra.

Þar að auki er starfandi nefnd á vegum ráðuneytisins sem skoðar áætlanir í skattkerfinu en aukningu afskrifta má m.a. rekja til þess að vægi áætlana hefur aukist verulega á milli ára.

Ekki er talið að þörf sé á frekari aðgerðum en nú eru í gangi á vegum ráðuneytisins.

372. Svar [246. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um framhaldsdeildir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvar á landinu eru nú starfræktar framhaldsdeildir sem útibú frá framhaldsskóla með skilgreinda hluta framhaldsskólanáms og hversu mikið*
   a. *greiðir ríkissjóður beint til einstakra framhaldsdeilda,*
   b. *greiða viðkomandi sveitarfélög?*
2. *Eftir hvaða reglum greiðir ríkissjóður fjárframlög til þeirra sem reka framhaldsdeildir utan höfuðstöðva sinna?*
3. *Hvaða sveitarfélög, sem ekki hafa eigin framhaldsskóla, hafa lagt fram beiðni um stofnun framhaldsdeilda?*

Tvær framhaldsdeildir eru starfræktar á landinu, önnur í Stykkishólmi og hin í Ólafsvík, báðar eru útibú frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Ríkissjóður greiðir ekki beint til einstakra framhaldsdeilda. Sveitarfélög leggja út fyrir ýmsum kostnaði og endurkrefja síðan viðkomandi framhaldsskóla.

Framhaldsdeildir eru samkvæmt fjárlögum sama rekstrareining og skólinn sem óskar eftir að reka þær og lúta þannig sömu reglum um fjárveitingar og annað framhaldsskólahald, þ.e. fjárframlög ráðast af nemendafjölda, tegund náms og stærð húsnæðis. Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur fengið aukaframlag vegna stjórnunar þessara útibúa.

Hólmavíkurhreppur hefur óskað eftir því við menntamálaráðuneytið að athugaðir verði möguleikar á framhaldsnámi á Hólmavík og í því efni litið til Grundarfjarðar sem fyrirmyndar, en þar hefur verið stundað skipulagt fjarnám á framhaldsskólastigi.

373. Fyrirspurn [303. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um einkarekstur göngudeildar við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Frá Kristjáni Pálssyni.

Hver er afstaða ráðherrans til þeirrar hugmyndar að reka göngudeild í einkarekstri við Landspítala – háskólasjúkrahús?

374. Fyrirspurn [304. mál]

til heilbrigðisráðherra um vanda of feitra barna og ungmenna.

Frá Ástu Möller.

Hvaða úrræði býður heilbrigðiskerfið upp á til að hjálpa vaxandi hópi of þungra og of feitra barna og ungmenna til að taka á vanda sínum?

375. Fyrirspurn [305. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við niðurflutning gagna af netinu.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hvers vegna lætur Landssíminn notendur netsins (veraldarvefsins) greiða eftir magni við niðurflutning gagna (download) af netinu?
2. Á hverju byggir Landssíminn nú verðmyndun?
3. Hve mikið kostar hvert gígabæti Landssímans erlendis frá?
4. Hverjum greiðir Landssíminn fyrir slíka notkun?
5. Eru notendur í Evrópu og Bandaríkjunum látnir greiða eftir magni við niðurflutning gagna af netinu?
6. Í hverju felst kostnaður við magn á niðurflutningi gagna eftir að tenging hefur átt sér stað?

Skriflegt svar óskast.

376. Lög [162. mál]

um breytingu á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 163.

377. Svar [78. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um jafnréttisáætlun, stöðuveitingar og skipan í nefndir og ráð.

1. *Hefur ráðuneytið gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut kvenna og karla í störfum innan ráðuneytisins og á vegum þess? Ef svo er, hvenær var það gert og hvað hefur verið gert til að framfylgja áætluninni?*

Ráðuneytið hefur ekki gert sérstaka framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að tryggja jafnan hlut karla og kvenna í störfum ráðuneytisins og á vegum þess. Hins vegar liggja fyrir drög að jafnréttisstefnu fyrir Stjórnarráðið í heild og stendur til að hún verði birt í sameiginlegri starfsmannahandbók ráðuneytanna. Ráðuneytið leitast við að auka og viðhalda kynjajafnrétti, sbr. markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar á vegum ráðuneytisins síðustu þrjú ár og um hvaða stöður er að ræða? Hversu margir umsækjendur voru um hverja stöðu og hversu margir þeirra voru metnir hæfir til að gegna henni, skipt eftir kyni í báðum tilvikum? Hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Alls hefur verið auglýst eftir umsækjendum um níu störf á vegum forsætisráðuneytisins sl. þrjú ár. Spurt er um hæfi umsækjenda. Upplýsingar um fjölda hæfra umsækjenda eru birtar með fyrirvara um að þær kunna að byggjast á mismunandi forsendum í einstökum tilvikum. Í 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eru talin upp almenn hæfisskilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að hægt sé að fá starf í þjónustu ríkisins og halda því. Geta í ákveðnum tilvikum verið gerðar kröfur til að umsækjendur uppfylli önnur hæfisskilyrði sérstaklega. Til að umsækjandi teljist vera hæfur þarf hann að uppfylla hin almennu skilyrði sem sett eru í lögum, auk þess að uppfylla önnur skilyrði sem ráðning kann að vera bundin, t.d. varðandi menntun, reynslu eða aðra hæfileika. Störf eru að jafnaði auglýst fyrir milligöngu ráðningarstofa, sem taka við umsóknum, flokka þær og meta, og gera að lokum tillögu um hverjir skuli teknir í viðtal. Það að einstaklingur sé ekki tekinn í viðtal þarf vitanlega ekki að þýða að hann sé ekki hæfur til að gegna viðkomandi starfi.

Í eftirfarandi samantekt er gefinn upp fjöldi þeirra sem töldust vera hæfir eða voru boðaðir í viðtal vegna mögulegrar ráðningar í störf sem voru auglýst.

	Umsækjendur	Konur hæfar/viðtal	Karlar hæfir/viðtal	Ráðning
a. staða ríkislögmanns	4	1	3	Karl
b. sérfræðingur, upplýsingamál	9	1	3	Kona
c. sérfræðingur, Norðurlandamál	49	5	2	Kona
d. sérfræðingur, vefmál	12	0	3	Karl
e. verkefnisstjóri, sérverkefni	20	12	8	Kona
f. fulltrúi	10	1	1	Kona
g. ritari	49	9	0	Kona
h. fulltrúi I, verkefnanefnd	-	4	0	Kona
i. fulltrúi II, verkefnanefnd	-	5	0	Kona

3. *Hefur á síðustu þremur árum verið ráðið í stöður á vegum ráðuneytisins sem ekki voru auglýstar? Ef svo er, um hvaða stöður er að ræða og hvort var kona eða karl ráðinn í umræddar stöður?*

Ráðningar til skemmri tíma eru 18 frá 1. nóvember 1998 og voru þær einkum tengdar þremur verkefnum: hátíðarhöldum vegna landafunda (5), kristnihátíð (4) og ráðstefnunni Konur og lýðræði (6). Auglýst var eftir starfsmönnum til að sinna þessum verkefnum í nokkrum tilvikum, en oftast var þó ráðið í þær samkvæmt ábendingum og meðmælum ráðningarstofa. Allir þeir starfsmenn sem hér um ræðir hafa látið af störfum að einum undanskildum, en ráðning þess starfsmanns er tímabundin. Ekki verða tíundaðar upplýsingar um hvert og eitt starf í svari þessu, en benda má á að 13 af þessum 18 starfsmönnum eru konur og að þau störf sem þær gegndu teljast ekki vera ábyrgðarminni en störf karlanna fimm sem ráðnir voru.

Þá hefur verið ráðið í tvö störf án auglýsingar, þ.e. í stöðu forstöðumanns Þjóðmenningarhússins við Hverfisgötu, en þar var um að ræða tilflutning í starfi skv. 37. gr. starfsmannalaga, og í stöðu umsjónarmanns hópvinnukerfis ráðuneytanna, en þar er einnig um tímabundinn tilflutning milli ráðuneyta að ræða.

4. *Hvaða nefndir og ráð eru starfandi á vegum ráðuneytisins? Hve margir fulltrúar eru í hverri nefnd eða ráði, hvernig skiptast þeir eftir kynjum og hvenær voru þeir skipaðir?*

Vísað er til eftirfarandi töflu, en rétt er að nefna að ráðuneytið hefur sjálfdæmi um hverjir veljist til setu í nefndum, ráðun og stjórnum á vegum þess í innan við helmingi tilvika. Í flestum tilvikum er skipað í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt tilnefningu, en algengt er að tilnefningaraðilar séu tilgreindir í lögum, samþykktum og ályktunum Alþingis. Alls eru konur 38% þeirra sem sitja í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum forsætisráðuneytisins.

Lögbundnar nefndir/ráð/stjórnir	Fjöldi	kk	kvk	Skipun
Grænlandssjóður	5	2	3	01.04.96
Hrafnseyrarnefnd	4	4	0	04.29.98
Óbyggðanefnd	3	3	0	09.01.98
Orðunefnd	5	4	1	12.30.98
Stjórn Kristnihátíðarsjóðs	3	1	2	03.01.01
Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjöf Norðmanna	3	3	0	02.24.98
Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs	5	2	3	03.16.98
Stjórn Þjóðmenningarhússins	3	2	1	04.15.99
Þingvallanefnd	3	3	0	06.16.99
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal	3	3	0	01.01.98
Úrskurðarnefnd um upplýsingamál	3	2	1	01.01.01
Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar	3	1	2	01.01.00
Samtals:	**43**	**30**	**13**	

Verkefnanefndir

Bygginganefnd Sölvhólsgötu	5	5	0	10.03.01
Framkvæmdanefnd um einkavæðingu	4	4	0	02.14.96
Handverksnefnd	4	0	4	05.30.99
Málaskrárnefnd	5	1	4	02.08.00
Nefnd um efnahagsleg völd kvenna og karla	3	1	2	10.16.00
Nefnd um stefnumótun í málefnum barna og unglinga	7	2	5	09.12.01
Nefnd um opinbera stefnumótun og jafnrétti	7	1	6	11.30.00
Nefnd um rafræna stjórnsýslu	3	3	0	11.07.00
Nefnd um stefnumótun í skjalastjórn Stjórnarráðsins	6	1	5	12.21.98
Nefnd um sveigjanleg starfslok	7	5	2	01.12.01
Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur	5	3	2	10.11.99
Ritstjórn sögu Stjórnarráðs Íslands	3	3	0	02.15.99
Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana	7	6	1	06.11.01
Stjórn Stafkirkjunnar í Heimaey	3	3	0	03.07.01
Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið	5	4	1	10.02.97
Samtals:	**74**	**42**	**32**	

Alls 27 nefndir/ráð/stjórnir

Heildarfjöldi:	**117**	**72**	**45**

378. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir 44 breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 954,8 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 46 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til reksturs embættisins vegna aukins umfangs og kostnaðar.

6.11 Bifreiðar. Lagt er til að stofnkostnaðarframlag lækki um 6,5 m.kr. Í fjárlögum ársins 2000 var gert ráð fyrir 6,5 m.kr. fjárveitingu til endurnýjunar á aðalbifreið embættis forseta Íslands. Ekki hefur orðið af bifreiðakaupunum og hefur fjárheimildin færst á milli ára en gert er ráð fyrir að hún falli nú niður.

201 Alþingi.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lagt er til að veitt verði 3 m.kr. aukaframlag til að mæta útgjöldum vegna samstarfsverkefnis vestnorrænu landanna.

1.07 Sérverkefni. Lagt er til að veitt verði 5 m.kr. aukaframlag vegna þátttöku Alþingis í hátíðarútgáfu á verkum Snorra Sturlusonar sem ákveðin var í tilefni 150 ára afmælis þjóðfundarins.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um að 38 m.kr. söluandvirði Skólabrúar renni til framkvæmda við fasteignir Alþingis.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 21 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 10 m.kr. aukafjárveiting til að standa straum af kostnaði við rannsóknir á afmörkuðum þáttum efnahagsmála sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið fyrir forsætisráðuneytið. Hæst ber þar verkefni sem snýr að tekjuskiptingu á Íslandi og rannsókn á ýmsum þáttum gjaldeyrismála.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gerð er tillaga um 11 m.kr. aukafjárveitingu til að jafna út uppsafnaðan halla sem verið hefur á rekstri fasteigna forsætisráðuneytis undanfarin tvö ár. Útgjöld hafa aukist vegna reksturs og umsjónar með fleiri fasteignum. Fastur rekstrarkostnaður og kostnaður vegna öryggismála hefur aukist umtalsvert. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er gerð tillaga um hækkun fjárhagsramma fasteigna forsætisráðuneytisins til að mæta umfangi og koma rekstri í jafnvægi.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 12,2 m.kr.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Gerð er tillaga um 11 m.kr. hækkun á framlagi til sjóðsins og skal framlagið notað til að mæta áföllnum kostnaði við endurbætur að Skriðuklaustri í Fljótsdal. Ráðist var í miklar endurbætur á húsakosti árið 2000, bæði Gunnarshúsi og forstöðumannsbústað, og lagði Endurbótasjóður menningarbygginga til fé í verkið. Lokið var við framkvæmdir sumarið 2000 en þær reyndust kostnaðarsamari en áætlað var og nam heildarkostnaður 31 m.kr. Fjármagn Endurbótasjóðs til verksins þraut þar sem hann hafði lítið af óskiptu fé til ráðstöfunar og 11 m.kr. vantar til að ljúka megi uppgjöri framkvæmda.

989 Ýmis íþróttamál.

1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri. Gerð er tillaga um 0,6 m.kr. aukafjárveitingu til Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri vegna hækkunar vísitölu og breytinga á mannahaldi.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 0,6 m.kr. og fjárveitingin renni sem rekstrarstyrkur til Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 133,5 m.kr.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að veitt verði 33 m.kr. fjárheimild sem fjármögnuð verði með sértekjum frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfar voðaatburðanna í Bandaríkjunum 11. september sl. var gripið til ýmissa ráðstafana og aukins viðbúnaðar gegn hryðjuverkum og aukins öryggiseftirlits. Bandaríska flugmálastjórnin (FAA) setti með bréfi 12. september sl. fram kröfur sem uppfylla þurfti til þess að flugfélögum væri heimilt farþega- og fraktflug til Bandaríkjanna. Yfirvöld á Keflavíkurflugvelli þurftu með nokkurra klukkutíma fyrirvara að bregðast við þessum kröfum og senda staðfestingu um að komið yrði til móts við þær. Aukinn kostnaður tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli felst aðallega í aukinni vopnaleit, farangursleit, handleit og gegnumlýsingu, en auknum verkefnum sýslumannsembættisins hefur eingöngu verið sinnt í yfirvinnu frá 11. september þar sem um neyðarviðbrögð er að ræða. Gert er ráð fyrir samsvarandi fyrirkomulagi a.m.k. til áramóta þar til skýrist hve mikill viðbúnaður er til framtíðar.

1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 23 m.kr. fjárveitingu til embættisins. Aukinn kostnaður lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli vegna atburðanna í Bandaríkjunum 11. september sl. felst aðallega í hertu öryggiseftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. og sameiginlegu eftirliti á varnarsvæðum. Auknum verkefnum sýslumannsembættisins hefur eingöngu verið sinnt í yfirvinnu frá 11. september sl. þar sem um neyðarviðbrögð er að ræða. Gert er ráð fyrir samsvarandi fyrirkomulagi a.m.k. til áramóta þar til skýrist hve mikill viðbúnaður er til framtíðar.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 33 m.kr. Um er að ræða kostnað sem greiddur er sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli vegna aukinnar vopnaleitar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11.

september sl. Hækkun útgjalda færist sem breyting á viðskiptahreyfingu stofnunarinnar og minnkar því svigrúm til lækkunar skulda samsvarandi.

Þá er einnig lögð til 12,5 m.kr. hækkun á fjárheimild til stofnunarinnar. Í kjölfar voðaatburðanna í Bandaríkjunum var gripið til ýmissa ráðstafana og aukins viðbúnaðar gegn hryðjuverkum og aukins öryggiseftirlits. Aukinn kostnaður felst aðallega í hertu öryggiseftirliti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., aukinni gæslu á flughlöðum og þjónustusvæði, vopnaleit, farangursleit, handleit og gegnumlýsingu, sem og sprengjuleit í flugvélum. Aukinn kostnaður færist sem breyting á viðskiptahreyfingu stofnunarinnar.

320 Sendiráð, almennt.

6.90 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu vegna öryggisráðstafana í sendiráðum Íslands erlendis. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september sl. hefur verið nauðsynlegt að endurbæta ýmsa öryggisþætti í nokkrum sendiráðum Íslands erlendis.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Gerð er tillaga um 50 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar til viðbótar við þær 50 m.kr. sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Við endurskoðun á skuldbindingum vegna ársins 2001 kom í ljós að þær eru hærri en áður var talið vegna hækkunar á gengi Bandaríkjadals, en yfir 90% af útgjöldum stofnunarinnar eru samningsbundin í bandarískum dölum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 21 m.kr.

311 Lögreglustjórinn í Reykjavík.

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lagt er til að veitt verði 12 m.kr. aukaframlag til að standa undir hertri öryggisgæslu við sendiráð í kjölfar hryðjuverkanna 11. september sl. og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Talið er að kostnaður muni nema alls um 12 m.kr. á þessu ári en óljóst er með kostnað á næsta ári.

390 Ýmis löggæslumál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Lagt er til að framlag til löggæsluembætta verði hækkað um 5 m.kr. vegna tímabundinna aðgerða og lögreglusamvinnu á árinu 2001 í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi. Gert er ráð fyrir að framlaginu verði ráðstafað til ríkislögreglustjóra og annarra embætta sem vinna að málinu eftir því sem við á.

Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. viðbótarframlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en eftirlit þetta er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þeirra. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fjárheimildin mun skiptast á milli embætta en ljóst er að stærsti hlutinn mun renna til lögreglunnar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði færð til viðkomandi embætta þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 98,1 m.kr.

302 Ríkissáttasemjari.

1.01 Ríkissáttasemjari. Lögð er til 15 m.kr. viðbótarfjárheimild til embættisins í kjölfar mikilla anna í kjaradeilum. Samkvæmt nýrri rekstraráætlun fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að útgjöld embættisins verði um 56,7 m.kr. Að teknu tilliti til yfirfærðs halla síð-

asta árs nema fjárheimildir embættisins á árinu samtals 35,5 m.kr. Gera má ráð fyrir talsvert minna umfangi á næsta ári og að embættið geti því borið hluta af halla ársins 2001.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Óskað var eftir 7,5 m.kr. framlagi vegna úrskurðar Félagsdóms nr. 9/2001 um viðurkenningu þess að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandi vestra beri að greiða starfsmönnum sem þess óskuðu laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana. Í fjáraukalagafrumvarpi var fyrir mistök gert ráð fyrir 15 m.kr. framlagi á þessum lið, en helming fjárhæðarinnar átti að færa á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi vegna sama tilefnis. Lagt er því til að framlag á lið 07-705 lækki um 7,5 m.kr. en hækki um sömu fjárhæð á lið 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að liðurinn hækki um 7,5 m.kr., sjá skýringar á lið 07-705.

711 Styrktarfélag vangefinna.

1.01 Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 20 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna vegna aðkallandi viðhalds á húseignum félagsins. Í tengslum við samning sem gerður var við félagið fyrr á árinu var gerð úttekt á viðhaldsþörf á húseignum þess. Niðurstaða þeirrar úttektar var að um 70 m.kr. þurfi til endurbóta og viðhalds á húseignum Styrktarfélags vangefinna.

750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Gerð er tillaga um 18,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins en stöðin hefur verið með viðvarandi rekstrarhalla undanfarin ár þrátt fyrir auknar fjárveitingar. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2002 er vanda stofnunarinnar mætt með 9,5 m.kr. hækkun á rekstrargrunni hennar. Framlagið er háð því skilyrði að ekki komi til nýrra fjárveitinga til stofnunarinnar frá því sem lagt er til í frumvarpi þessu og fjárlagafrumvarpi ársins 2002. Enn fremur er það skilyrði sett að stjórnendur stofnunarinnar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að halda rekstri stofnunarinnar innan fjárheimilda.

981 Vinnumál.

1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO. Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna hækkunar árgjalds félagsmálaráðuneytisins til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO. Hækkunin skýrist annars vegar af hækkun framlagsins í erlendri mynt og hins vegar af gengisbreytingu.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til liðarins en á árunum 2000 og 2001 féllu niður framlög til Alþýðusambands Íslands, tæpar 3 m.kr. hvort ár.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.41 Framlög og styrkir. Lögð er til 20 m.kr. aukafjárveiting til liðarins á móti þeirri 40 m.kr. lækkun sem áður hefur verið lögð til í ljósi endurskoðunar á spá um útgjöld.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Lögð er til 12 m.kr. aukafjárveiting til Byrgisins vegna meðferðarstarfs í endurhæfingarsambýlinu í Rockville.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu annars vegar til styrktar samtökunum Vímulaus æska vegna reksturs Foreldrahúss og hins vegar til hjóna sem annast tvö veik börn sín.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 313,5 m.kr.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001 er lögð til 90 m.kr. lækkun á framlagi fjögurra viðfangsefna sem hér segir:

1.11 Mæðra - og feðralaun ... 25 m.kr.
1.31 Endurhæfingarlífeyrir ... 25 m.kr.
1.41 Heimilisuppbót ..... 20 m.kr.
1.51 Uppbætur ..... 20 m.kr.

1.55 Bifreiðakaupastyrkir. Lögð er til 30 m.kr. hækkun á framlagi til bifreiðakaupa í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001. Gera má ráð fyrir að gengisbreytingar hafi áhrif á þennan lið, en ein af úthlutunarreglum stofnunarinnar kveður á um heimild hennar til þess að styrkja sem samsvarar 50 og 60% af kaupverði bifreiðar og enginn hámarksfjöldi styrkja tilgreindur. Að öðru leyti er úthlutun Tryggingastofnunar miðuð við ákveðnar fjárhæðir.

204 Lífeyristryggingar.

Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001 er lögð til 270 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins sem hér segir:

1.11 Ellilífeyrir ..... 20 m.kr.
1.15 Örorkulífeyrir ..... 10 m.kr.
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega ..... 100 m.kr.
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega .... 65 m.kr.
1.26 Tekjutryggingarauki ..... 50 m.kr.
1.31 Örorkustyrkur ..... 15 m.kr.
1.41 Fæðingarorlof ..... 10 m.kr.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Gerð er tillaga um 100 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að standa undir kostnaði sjúkratrygginga við læknishjálp. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld sjúkratrygginga vegna lækniskostnaðar má gera ráð fyrir að útgjöldin stefni í 2.700 m.kr. Þá er búið að taka tillit til þess að síðustu þrjá mánuði ársins dragi úr útgjöldum sjúkratrygginga vegna lækniskostnaðar sem nemur um 50 m.kr., en hlutur sjúklings í greiðslum fyrir sérfræðilæknisþjónustu var aukinn með reglugerð sem tók gildi 1. júlí sl.

1.15 Lyf. Gerð er tillaga um samtals 200 m.kr. viðbótarframlag til að standa undir auknum útgjöldum vegna greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjum, þar af falla 167 m.kr. á sjúkratryggingar og 33 m.kr. á Landspítala – háskólasjúkrahús. Samkvæmt endurskoðaðri spá um útgjöld ársins er gert ráð fyrir að þau verði um 5.750 m.kr., um 4.900 m.kr. hjá Tryggingastofnun en um 850 m.kr. hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útgjöldin fara tæpan milljarð kr. umfram fjárlög og er meginskýringin óhagstæð áhrif gengis á lyfjaverð. Í frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir rúmlega 790 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að koma til móts við gengisbreytingarnar en útgjaldaþróunin bendir til þess er að sú leiðrétting dugi ekki til.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Lagt er til að framlag til heyrnartækjakaupa verði aukið um 10 m.kr. til að stytta biðlista en stöðin hefur ekki annað eftirspurn eftir

heyrnartækjum í nokkur ár og biðlistar hafa lengst. Fjárveiting til heyrnartækjakaupa á árinu 2001 nam 53,8 m.kr. sem samsvarar úthlutun á 1.700 tækjum, en áætluð ársþörf er um 2.500 tæki. Þessi fjárveiting nægir fyrir úthlutun rúmlega 300 tækja til viðbótar.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lögð er til 13 m.kr. aukafjárveiting sem nemur áætlaðri kostnaðaraukningu við ferliverk á ársgrundvelli.

6.50 Nýbygging. Lögð er til 18 m.kr. aukafjárveiting til sundlaugar á Kristnesspítala. Byggingu hennar lauk síðasta ár en hún var fjármögnuð með söfnunarfé auk 15 m.kr. framlags frá Akureyrarbæ og 2 m.kr. framlags frá heilbrigðisráðuneytinu, alls 42 m.kr. Kostnaður nam hins vegar um 60 m.kr.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Liðurinn hækkar um 19,9 m.kr. og skýrist það af tvennu. Annars vegar er lagt til að veittar verði 33 m.kr. til að standa undir greiðslum vegna eldra fæðingarorlofskerfis. Í fjárlögum ársins 2001 eru veittar tímabundið 68 m.kr. til að fjármagna eftirstöðvar fæðingarorlofsgreiðslna samkvæmt þágildandi lögum um fæðingarorlof, en í ársbyrjun tóku gildi ný lög um greiðslur í fæðingarorlofi. Áfallinn kostnaður við eldra kerfi er um 101 m.kr. Farið er fram á 33 m.kr. fjárveitingu eða sem nemur mismun á raunverulegum kostnaði við eldra fæðingarorlofskerfi og framlagi ársins.

Hins vegar er gerð tillaga um að 13,1 m.kr. verði færð af liðnum í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila en í frumvarpinu er gert ráð fyrir alls 220 m.kr. fjárheimild vegna viðvarandi halla á rekstri þriggja hjúkrunarheimila: 08-421-1.01 Víðines, 08-495-1.41 Hrafnista, Reykjavík og 08-495-1.81 Holtsbúð, Garðabæ. Gerðar eru tillögur um breytingar á frumvarpinu sem miðast við að veitt verði 46,5 m.kr. viðbótarfjárheimild en að afgangurinn, 173,5 m.kr., verði millifærður af fimm liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að 13,1 m.kr. verði færð af liðnum 370-1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi og 13,9 m.kr. af liðnum 379-1.01 Sjúkrahús, óskipt. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að 49 m.kr. verði millifærðar af liðnum 495-1.12 Sóltún, Reykjavík þar sem hjúkrunarheimilið mun ekki taka til starfa fyrr en í ársbyrjun 2002. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 35 m.kr. millifærslu af óskiptum lið 499-1.01 Hjúkrunarheimili, almennur rekstur. Loks er lagt til að ráðstafað verði 62,5 m.kr. af liðnum 495-1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna tekna frá sjóðnum sem láðist að gera ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001.

373 Landspítali, háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús. Lagt er til 200 m.kr. aukaframlag til að standa undir kostnaði við endurskipulagningu sjúkrahússins í kjölfar sameiningar, þar með talinn kostnaður við sameiningu sérgreina og til greiðslu starfsloka- og biðlauna. Einnig er fjárveitingunni ætlað að standa undir öðrum óvæntum útgjöldum innan ársins.

Einnig er gerð tillaga um að 16 m.kr. af fyrirhugaðri fjárveitingu til reksturs nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík verði nýttar til tímabundins reksturs 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Áætlanir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis gerðu ráð fyrir að Sóltún, nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík, yrði tekið í notkun síðla árs 2001. Heimild fékkst til að nota hluta þess fjár sem annars hefði farið í rekstur heimilisins til tímabundinna úrræða fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga og fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið Landspítala – háskólasjúkrahúsi tímabundinn rekstur hjúkrunardeildar, auk annarra úrræða fyrir aldraða. Landspítali – háskólasjúkrahús gerði verk-

takasamning um rekstur 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þeim samningi lýkur 15. nóvember 2001. Þar sem hið nýja hjúkrunarheimili í Reykjavík tekur ekki til starfa fyrr en í janúar 2002 er lagt til að hluti þess fjár sem annars hefði farið í rekstur þess fari til áframhaldandi reksturs hjúkrunardeildar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða þar til Sóltún verður tekið í notkun í ársbyrjun 2002.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Gerð er tillaga um að 13,9 m.kr. verði færðar af liðnum í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringu á lið 08-370-1.01.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Gerð er tillaga um 10 m.kr. aukafjárveitingu til að gera heimilinu kleift að starfa áfram.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 5 m.kr. aukafjárveitingu vegna kaupa á blóðsöfnunarbíl fyrir Blóðbankann. Rauði kross Íslands gaf Blóðbankanum 26 m.kr. til kaupa á fullkomnum blóðsöfnunarbíl. Vegna óhagstæðrar gengisþróunar er verð bílsins komið í 31 m.kr. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu svo að unnt verði að taka við gjöf Rauða kross Íslands. Um er að ræða fullkominn blóðsöfnunarbíl, en með tilkomu hans verður unnt að safna blóði hvar sem er á landinu.

Þá er lögð til 2 m.kr. fjárveiting sem er lokaframlag til rannsókna á rauðum hundum. Framlag féll niður við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 og virðast hafa orðið mistök við afgreiðslu á fjárlagaliðnum 08-399-1.90.

411 Garðvangur, Garði.

1.01 Garðvangur, Garði. Lögð er til 6 m.kr. aukafjárveiting til endurbóta á húsnæði hjúkrunarheimilisins Garðvangi, Garði.

421 Víðines.

1.01 Víðines. Lögð er til 27 m.kr. hækkun til heimilisins í samræmi við tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringu á lið 08-370-1.01.

495 Daggjaldastofnanir.

1.12 Sóltún, Reykjavík. Lagt er til að 16 m.kr. af fyrirhugaðri fjárveitingu til reksturs nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík verði nýttar til tímabundins reksturs 22 rúma hjúkrunardeildar í húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss sem fyrr greinir, sjá skýringar á lið 08-373-1.01, og færist því fjárveitingin af þessum lið á lið Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Jafnframt er lagt til að 49 m.kr. verði færðar af liðnum þar sem heimilið tekur ekki til starfa fyrr en í ársbyrjun 2002 og að sú fjárhæð renni til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla þeirra, í samræmi við framangreindar tillögur, sjá skýringar á lið 08-373-1.01.

1.41 Hrafnista, Reykjavík. Lögð er til 172 m.kr. hækkun til heimilisins í samræmi við framangreindar tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringar á lið 08-370-1.01.

1.81 Holtsbúð, Garðabæ. Lögð er til 21 m.kr. hækkun til heimilisins í samræmi við framangreindar tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringar á lið 08-370-1.01.

1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Lagt er til að ráðstafað verði 62,5 m.kr. af liðnum vegna tekna frá sjóðnum sem láðist að gera ráð fyrir í fjárlögum ársins 2001

þannig að þær fari til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra í samræmi við áðurnefndar tillögur, sjá skýringar á lið 08-373-1.01.

499 Hjúkrunarheimili.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um að 35 m.kr. verði færðar af liðnum í samræmi við fyrrgreindar tillögur um fjárheimild til þriggja hjúkrunarheimila vegna viðvarandi halla á rekstri þeirra, sjá skýringar á lið 08-373-1.01.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 355 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 305 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir aukinni fjárheimild sem fyrirhugað er að verði deilt niður á stofnanir og verkefni í kjölfar útreiknings á endurmetnum launa- og gengisforsendum gildandi fjárlaga. Í ljós hefur komið að í þær fjárheimildir vantaði kostnaðarauka vegna ákvæða í samningi SFR-félaga um útdeilingu á 150 m.kr. framlagi 1. maí sl. og 150 m.kr. framlagi 1. október sl. til að gera stofnunum kleift að bæta kjör þeirra sem hafa lægstu launin. Þau útgjöld eru áætluð um 190 m.kr. á árinu 2001 að teknu tilliti til gildistöku launahækkana þessara starfsmanna. Þá hefur farið fram nánari athugun á áhrifum breytinga í kjarasamningum á vaktaálagi hjá starfsmönnum stofnana fatlaðra og er áætlað að launakostnaður þeirra hækki um 55 m.kr. Við frekari skoðun á launa- og verðlagsforsendunum hafa einnig komið fram nokkur tilvik þar sem endurbæta þarf fyrra mat að fengnum athugasemdum og frekari upplýsingum frá viðkomandi aðilum og er gert ráð fyrir 60 m.kr. fjárheimild vegna þessa.

999 Ýmislegt.

1.70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. aukaframlag til Súðavíkurhrepps til að ljúka byggingu stjórnsýsluhúss. Með þeirri framkvæmd er endanlega lokið flutningi byggðar í kjölfar snjóðflóðsins árið 1995. Heildarkostnaður byggingarinnar nemur 137 m.kr. og nemur fjárstuðningur ríkissjóðs til byggingarinnar þá samtals 90 m.kr. en áður var veitt fé til byggingarinnar með fjáraukalögum ársins 1999.

1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. fjárheimild til að greiða einstökum sveitarfélögum allt að 90% af viðurkenndum útgjöldum þeirra vegna jarðskjálfta á Suðurlandi árið 2000, en gert er ráð fyrir að sveitarfélögin beri sjálf 10% kostnaðar, auk kostnaðar við funda- og skrifstofuhald.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 15 m.kr.

211 Vegagerðin.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Gerð er tillaga um að veita 12 m.kr. til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Um er að ræða bráðabirgðasamning sem áætlað er að gera í samvinnu samgönguráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins um áætlunarflug og sjúkraflug, en ríkisstjórnin samþykkti að stefna að því að bjóða flugleiðina út og er gert ráð fyrir að útboðsferlið taki u.þ.b. þrjá mánuði.

651 Ferðamálaráð.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Lögð er til 3 m.kr. aukafjárveiting á þessum lið og er fjárhæðinni ætlað að fara til upplýsingamiðstöðvarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 39,5 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 6,5 m.kr. aukafjárveiting vegna aukins kostnaðar við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

190 Ýmis verkefni.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Gerð er tillaga um 2 m.kr. viðbótarfjárheimild til að mæta rekstrarvanda vegna fjölgunar mála hjá nefndinni.

283 Hreinsun umhverfis.

1.11 Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar. Lögð er til 20 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna aukins kostnaðar við að dæla og hreinsa olíu úr flaki El Grillo.

403 Náttúrustofur.

1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum. Lögð er til 5 m.kr. aukafjárveiting til Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum til rannsókna og kortagerðar af jarðskjálftasvæðunum Heklu, Vestmannaeyjum og Kötlu.

410 Veðurstofa Íslands.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 6 m.kr. aukafjárveitingu til Veðurstofu Íslands til endurnýjunar á varaaflstöð stofnunarinnar sem orðin er ónýt og til að fjarlægja gamlan niðurgrafinn olíutank sem farinn var að leka fyrir utan hús Veðurstofunnar.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 100 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2001 lækki um 100 m.kr. frá þeirri áætlun sem miðað var við í frumvarpinu en forsendur hennar hafa nú verið endurmetnar. Jafnframt er reiknað með að greidd vaxtagjöld ársins lækki um 270 m.kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. nóv. 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Drífa Hjartardóttir.

Tómas Ingi Olrich.

379. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, DrH, TIO).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-101 Embætti forseta Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	0,0	6,5	6,5
b. 6.11 Bifreiðar	0,0	-6,5	-6,5
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-201 Alþingi			
a. 1.04 Alþjóðasamstarf	0,0	3,0	3,0
b. 1.07 Sérverkefni	0,0	5,0	5,0
c. 6.21 Fasteignir	0,0	38,0	38,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*46,0*	*46,0*
3. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	10,0	10,0
4. Við **01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis**			
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis	0,0	11,0	11,0
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	0,0	11,0	11,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*11,0*	*11,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-989 Ýmis íþróttamál			
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	0,0	0,6	0,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*0,6*	*0,6*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-999 Ýmislegt			
1.90 Ýmis framlög	0,0	0,6	0,6
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*0,6*	*0,6*
8. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
a. 1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	5,0	33,0	38,0
b. 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	0,0	23,0	23,0
c. Sértekjur	0,0	-33,0	-33,0
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli			
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	0,0	45,5	45,5
Viðskiptahreyfingar	*0,0*	*45,5*	*45,5*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
03-320 Sendiráð, almennt			
6.90 Tæki og búnaður	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*

11. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	50,0	50,0	100,0
12. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	0,0	12,0	12,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*12,0*	*12,0*
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-390 Ýmis löggæslumál			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	0,0	9,0	9,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*9,0*	*9,0*
14. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-302 Ríkissáttasemjari			
1.01 Ríkissáttasemjari	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*
15. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	15,0	-7,5	7,5
16. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi			
1.01 Almennur rekstur	0,0	7,5	7,5
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,5*	*7,5*
17. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-711 Styrktarfélag vangefinna			
1.01 Styrktarfélag vangefinna	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*
18. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	0,0	18,3	18,3
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*18,3*	*18,3*
19. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-981 Vinnumál			
a. 1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,0	2,8	2,8
b. 1.90 Ýmislegt	0,0	6,0	6,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*8,8*	*8,8*
20. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.41 Framlög og styrkir	-40,0	20,0	-20,0
21. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.44 Byrgið, líknarfélag	0,0	12,0	12,0
b. 1.90 Ýmis framlög	16,0	4,0	20,0
22. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.11 Mæðra - og feðralaun	0,0	-25,0	-25,0
b. 1.31 Endurhæfingarlífeyrir	115,0	-25,0	90,0
c. 1.41 Heimilisuppbót	20,0	-20,0	0,0
d. 1.51 Uppbætur	-15,0	-20,0	-35,0
e. 1.55 Bifreiðakaupastyrkir	0,0	30,0	30,0

23. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.11 Ellilífeyrir	150,0	-20,0	130,0
b. 1.15 Örorkulífeyrir	40,0	-10,0	30,0
c. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	100,0	-100,0	0,0
d. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	400,0	-65,0	335,0
e. 1.26 Tekjutryggingarauki	350,0	-50,0	300,0
f. 1.31 Örorkustyrkur	0,0	-15,0	-15,0
g. 1.41 Fæðingarorlof	80,0	-10,0	70,0
h. *Greitt úr ríkissjóði*	*2.395,0*	*-270,0*	*2.125,0*
24. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	0,0	100,0	100,0
b. 1.15 Lyf	0,0	200,0	200,0
25. Við **08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**			
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	61,9	10,0	71,9
26. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
a. 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	0,0	13,0	13,0
b. 6.50 Nýbygging	0,0	18,0	18,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*31,0*	*31,0*
27. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	0,0	19,9	19,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*19,9*	*19,9*
28. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús			
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús	0,0	216,0	216,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*216,0*	*216,0*
29. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-379 Sjúkrahús, óskipt			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,0	-13,9	-13,9
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-13,9*	*-13,9*
30. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,0	10,0	10,0
b. 1.90 Ýmis framlög	1,9	7,0	8,9
31. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-411 Garðvangur, Garði			
1.01 Garðvangur, Garði	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
32. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-421 Víðines			
1.01 Víðines	0,0	27,0	27,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*27,0*	*27,0*

33. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-495 Daggjaldastofnanir			
a. 1.12 Sóltún, Reykjavík	0,0	-65,0	-65,0
b. 1.41 Hrafnista, Reykjavík	0,0	172,0	172,0
c. 1.81 Holtsbúð, Garðabæ	0,0	21,0	21,0
d. Sértekjur	0,0	-62,5	-62,5
e. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*65,5*	*65,5*
34. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-499 Hjúkrunarheimili			
1.01 Almennur rekstur	0,0	-35,0	-35,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*-35,0*	*-35,0*
35. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	3.969,0	305,0	4.274,0
36. Við **09-999 Ýmislegt**			
a. 1.70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	0,0	20,0	20,0
b. 1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	120,5	30,0	150,5
37. Við **10-211 Vegagerðin**			
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	54,0	12,0	66,0
38. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-651 Ferðamálaráð			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	0,0	3,0	3,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*3,0*	*3,0*
39. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	2,5	6,5	9,0
40. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,0	2,0	2,0
41. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-283 Hreinsun umhverfis			
1.11 Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar	0,0	20,0	20,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*20,0*	*20,0*
42. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-403 Náttúrustofur			
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	0,0	5,0	5,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*5,0*	*5,0*
43. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-410 Veðurstofa Íslands			
6.01 Tæki og búnaður	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
44. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.190,0	-100,0	1.090,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*1.740,0*	*-270,0*	*1.470,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-550,0*	*170,0*	*-380,0*

380. Tillaga til þingsályktunar [306. mál]

um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Snædal, Jón Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa sem tilnefndir verði af öllum þingflokkum, Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands auk formanns sem iðnaðarráðherra skipar til að gera tillögur um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði. Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði greinarinnar, efla menntun fagfólks og styrkja rannsóknir og þróunarstarf í skipaiðnaði og tengdum greinum.

Greinargerð.

Skipasmíðar og þjónusta við skip eiga sér langa sögu á Íslandi og á köflum hefur blómlegur iðnaður dafnað á þessu sviði sem skapað hefur þúsundir starfa í landinu og sparað þjóðinni umtalsverðan gjaldeyri. Nú um langt árabil hefur skipaiðnaðurinn hins vegar átt í miklum erfiðleikum. Samdráttur hefur verið viðvarandi í greininni, fyrirtækjum hefur fækkað til muna og miklir rekstrarerfiðleikar hrjá mörg þeirra sem eftir eru. Sérstaklega hefur staða nýsmíða verið erfið og má heita að nýsmíðar stærri skipa séu aflagðar í landinu. Staðan er því miður litlu skárri hvað varðar meiri háttar viðhaldsverkefni, endurbyggingar eða endurbætur því að slík verkefni fara unnvörpum úr landi.

Margt veldur því að svo er komið fyrir íslenskum skipaiðnaði sem raun ber vitni. Nefna má sem eina af meginástæðunum að um langt árabil hefur íslenskur skipaiðnaður óstuddur af stjórnvöldum mátt sæta mjög erfiðri samkeppni við ríkisstyrkta og niðurgreidda starfsemi í nágrannalöndunum. Einnig hefur samkeppni við nýsmíðar frá löndum þar sem vinnulaun eru til muna lægri en hér verið greininni erfið. Engu síður er enn verið að gera merkilega hluti í íslenskum skipasmíðum og má þar sem dæmi taka nýsmíðar fyrirtækisins Óseyjar í Hafnarfirði á minni fiskiskipum bæði fyrir innlendan markað og til útflutnings. Einnig hefur verið talsverð gróska í nýsmíðum smábáta, plastbáta eða hraðfiskibáta af ýmsu tagi hjá þó nokkrum fyrirtækjum. Stærstu fyrirtækin í greininni, sem áður fyrr stunduðu jöfnum höndum nýsmíðar, viðhald og viðgerðir, sem og upptökur stærri skipa, eiga öll í meiri eða minni erfiðleikum. Engin stór nýsmíðaverkefni hafa verið í gangi hér á landi um nokkurt árabil og ekki verður séð að óbreyttu að nein slík séu í sjónmáli. Ekki er síður alvarlegt að vel flest stærri viðhalds-, endurbyggingar- eða viðgerðaverkefni fara einnig úr landi. Mikil hætta steðjar því að þessari atvinnugrein og nauðsynlegt er að grípa nú þegar til aðgerða til þess að ekki glatist úr landi eða tapist með öllu mikilvæg verkþekking og reynsla. Væri þá illa komið fyrir þjóð sem byggir jafnmikið á sjósókn, fiskveiðum og siglingum og Íslendingar gera.

Sú staðreynd að sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga ætti að nægja til þess að allt sé gert sem hægt er til þess að hér á landi séu skipasmíðastöðvar, málmiðnaður, vélsmiðjur, rafiðnaður og önnur þjónusta sem sé fær um að veita skipaflotanum vandaða og örugga þjónustu bæði hvað varðar nýsmíðar, breytingar, endurbætur og reglubundið viðhald. Í þessum efnum verður ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki haft mannskap, þekkingu og fullnægjandi aðstöðu og afköst til taks þegar það hentar, t.d. þegar hávertíð stendur, tjón verður á skipi eða það bilar og hver sólarhringur í frátafir kostar milljónir króna, ef ekkert er svo gert til að skapa fyrirtækjunum verkefni og rekstrargrundvöll þar fyrir utan. Að

óbreyttu heldur hnignunin áfram, fyrirtækin tína tölunni, þekking glatast, afköst verði minni og minni o.s.frv. Svo rammt kveður að þessari óheillaþróun að m.a.s. verkefni á vegum stjórnvalda, eins og viðhald og viðgerðir á varðskipum Landhelgisgæslunnar, fara nú úr landi. Stórar pantanir, jafnvel hóppantanir, á fiskiskipum fara beint til erlendra skipasmíðastöðva. Þetta hvort tveggja gerist þó að öll rök, og einnig hagkvæmnisrök, stæðu til þess að vinna slík verkefni hérlendis. Rétt er að benda á að fleira er í húfi en störfin í skipaiðnaðinum sjálfum í þröngri merkingu. Mikill fjöldi starfa í tengdum greinum, sjálfstætt starfandi aðilar og hreinlega þekking – ekki aðeins til að vinna verk hér innan lands heldur einnig skipuleggja þau, hanna, stjórna og hafa eftirlit með þeim – hangir hér á spítunni. Með sama áframhaldi verður leitun að íslenskum tæknimönnum til þess að útbúa útboðsgögn, semja um viðhald eða nýsmíði eða til þess að hafa eftirlit með slíkum verkefnum. Ekki þarf að fjölyrða um óhagræði þess að þurfa að sækja slíka þjónustu meira og minna til útlanda ef svo færi og reyndar er ástæða til að ætla að kostnaðarauki tengdur þessum þáttum sem er því samfara að fara með verkefni úr landi sé oft vanmetinn.

Þess ber að geta að nýlega var ákveðið að efna til samstarfsverkefnis iðnaðarráðuneytis, Samtaka iðnaðarins og Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, sem hefur það að markmiði að kanna raunveruleg starfsskilyrði skipaiðnaðarins og móta stefnu í málefnum greinarinnar. Það starf á að sjálfsögðu að geta nýst vel sem grunnur að eða innlegg í þá vinnu sem hér er lagt til að ráðist verði í.

Tillagan gerir ráð fyrir því að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins undir forustu fulltrúa iðnaðarráðuneytisins. Verkefni nefndarinnar verði í fyrsta lagi að afla gagna um stöðu mála og fá yfirlit yfir stöðu greinarinnar. Nefndin skal einnig gera tillögur um aðgerðir til að bæta samkeppnisskilyrði skipaiðnaðarins þannig að hægt verði að bjarga því sem bjargað verður og snúa vörn í sókn. Vænlegast er að líkindum að einbeita sér fyrst í stað að því að auka hlut innlendra fyrirtækja í viðhalds- og endurbótaverkefnum á nýjan leik, horfa til nýsmíða eða samsetningar minni og meðalstórra skipa hér á landi og sækja síðan fram til stærri verkefna á þeim grunni sem þannig yrði lagður. Norðmenn, sem styðja sinn skipaiðnað leynt og ljóst og hafa lengi gert, nýta sér í talsverðum mæli ódýrt vinnuafl og lágan kostnað við stálvinnu í Póllandi, Kaliningrad og víðar en setja skipin saman eða fullbúa þau í norskum stöðvum. Þá þarf að taka á þáttum eins og fagmenntun starfsfólks. Eitt áhyggjuefnið er að verkþekking glatast nú óðum út úr greininni og engir nýir árgangar iðnaðarmanna og annars fagfólks bætast við. Einnig þarf að huga að því hvernig unnt er að efla rannsóknir og þróunarstarf og auka samstarf háskóla og rannsóknarstofnana við greinina til þess að Íslendingar geti nýtt sér verkþekkingu og hugvit sem hér er að finna til þess að komast aftur í fremstu röð í þessari atvinnugrein.

381. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um könnun á stöðu öldungadeilda framhaldsskóla.

Flm.: Drífa Snædal, Gunnar Pálsson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að gera könnun á stöðu kvöldnáms í öldungadeildum framhaldsskóla, meta þörfina fyrir slíkt nám og gera tillögur um hvernig nauðsynlegt námsframboð af þessu tagi verði tryggt til frambúðar um allt land.

Greinargerð.

Í upphafi næsta árs verður öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð þrjátíu ára. Þessi deild var sú fyrsta sinnar tegundar og strax í upphafi sannaði hún mikilvægi sitt. Aðsókn varð meiri en nokkurn grunaði og þróunin hefur orðið sú að öldungadeildir eru starfræktar í flestum framhaldsskólum á landinu. Deildirnar hafa sinnt mikilvægu hlutverki endur- og símenntunar enda er þetta eina tækifæri margra til að öðlast framhaldsskólamenntun. Í þeim hópi er ekki síst barnafólk sem hefur þarna tækifæri til að mennta sig jafnframt því að annast um börn og bú eða stunda aðra vinnu. Í þessum hópi hafa hingað til aðallega verið konur.

Öldungadeildirnar eru góð viðbót við dagskólanámið en hafa lotið öðrum lögmálum. Þeir sem stunda nám í öldungadeildum framhaldsskólanna hafa gjarnan verið að bæta við sig menntun, öðlast innsýn í hin ýmsu fræði og ná færni í tungumálum. Það er því undir hælinn lagt hvort öldungadeildanemar ætli sér að taka próf að námskeiði loknu eða einungis sitja kennslustundir. Af þessum sökum er hæpið að þröngva öldungadeildunum inn í reiknilíkan um fjárframlög sem notað er til viðmiðunar í dagskólunum. Þar er reglan sú að greitt er fyrir þá nemendur sem þreyta próf en ekki þann fjölda sem skráður er. Skólunum sem bjóða upp á kvöldnám er heimilt að taka gjald af nemendum sem nemur einum þriðja af kennaralaunum og opinber framlög eru tveir þriðju hlutar kennaralauna. Þá er ekki tekið tillit til stjórnunarkostnaðar. Þetta hefur orðið til þess að margir skólar hafa gefist upp á því að reka öldungadeildir og aðrir sjá sér ekki fært að halda úti þeirri þjónustu öllu lengur. Ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að öldungadeildirnar geti starfað á öðrum forsendum en dagskólarnir mun kostum til framhaldsskólanáms fyrir eldri nemendur fækka til muna, og jafnvel ekki vera í boði innan fárra ára.

Frá því að tilraun var gerð með stofnun öldungadeildar fyrir 30 árum hefur aðsókn aukist jafnt og þétt og nýir hópar nýtt sér þennan kost. Þannig er algengt að þeir sem byrja í dagskóla ljúki námi í kvöldskóla og yngri nemar hafa sótt í kvöldskólana í auknum mæli. Þau vandræði sem öldungadeildirnar standa núna frammi fyrir geta því komið hart niður á mörgum nemendum. Nauðsynlegt er að gera úttekt á stöðu öldungadeildanna, hvaða spurn er eftir slíku námsframboði, og síðast en ekki síst, hvernig hægt er að tryggja að þessar lausnir verði í boði fyrir nemendur um allt land í framtíðinni.

382. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúmlega 13 milljarða kr. Nú við 2. umræðu koma fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta nefndarinnar um að auka enn útgjöldin um 950 millj. kr. Fjárlög ársins 2001 gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 33,9 milljarða kr. afgangi. Tæpur helmingur þessa áætlaða afgangs er horfinn með þeim tillögum sem fram eru komnar. Auk þessara auknu útgjalda eru ýmsir veikleikar á tekjuhlið frumvarpsins þannig að allt stefnir í að tekjuafgangurinn minnki enn. Má í því sambandi benda á sölu eigna en enn eru áform um að selja eignir fyrir 21,5 milljarða kr. á þessu ári í mikilli óvissu. Gangi þessi söluáform ekki eftir stefnir í umtalsverðan tekjuhalla ríkissjóðs á árinu.

Ýmsar blikur eru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar. Má m.a. nefna gengishrap sem orðið er yfir 20% á fyrstu tíu mánuðum ársins og enn er mikill viðskiptahalli sem sífellt erfiðara er að ná tökum á við núverandi aðstæður í efnahagsmálum. Þrátt fyrir bata á viðskiptum með vöru og þjónustu er gert ráð fyrir miklum halla á viðskiptajöfnuði á þessu ári og er stærsti hluti hans vegna halla á jöfnuði þáttatekna. Erlendar skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru nú samkvæmt nýlegum upplýsingum frá fjármálaráðherra 661,7 milljarðar kr. Skuldir sjávarútvegsins eru áætlaðar um 200 milljarðar kr.

Við þennan vanda bætast skuldir heimilanna sem ætla má að hafi numið um 600 milljörðum kr. í árslok 2000. Á sama tíma búa Íslendingar við hæstu vexti og mestu verðbólgu innan OECD. Skuldir ríkissjóðs aukast en þær voru um 413 milljarðar kr. í lok síðasta árs og höfðu hækkað um 30 milljarða kr. á því ári. Skuldir einstaklinga sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa aukist verulega og má ætla að þær hafi numið um 160% af ráðstöfunarfé þeirra í árslok 2000. Ljóst er staða heimilanna versnar verulega á þessu ári miðað við verðbólguþróun ársins.

Allt bendir til að ríkisstjórnin hafi gefist upp við stjórn efnahagsmála og látið öðrum eftir að fást við þann vanda sem að steðjar. Ríkisfjármálin eru veigamikið stjórntæki í efnahagsmálum en þó virðist enginn forustumaður ríkisstjórnarinnar vera á vakt í brúnni, hvorki fjármálaráðherra né forsætisráðherra, enda geta þeir ekki stigið ölduna í þeim ólgusjó sem nú er í efnahagsmálum.

Fyrsti minni hluti hefur á undanförnum árum bent á fjölmörg atriði varðandi fjáraukalög sem ekki hafa staðist ákvæði fjárreiðulaga. Nokkuð hefur áunnist þótt enn séu ýmsir liðir í fjáraukalagafrumvarpinu sem eiga heima í fjárlögum næsta árs. Stærstu fjárhæðir frumvarpsins lúta að svokölluðum öryrkjadómi, kjarasamningum og breyttum efnahagsforsendum en ýmsir aðrir liðir eiga ekki heima í fjáraukalagafrumvarpi ef farið væri í einu og öllu eftir ákvæðum fjárreiðulaga. Dæmi um það er þegar verið er að bæta einstökum stofnunum uppsafnaðan vanda og heimildarlausar ákvarðanir um útgjöld.

Því miður virðist vera lítið aðhald í fjármálastjórn ríkisins. Þrátt fyrir að aðeins einn ráðherra beri heitið fjármálaráðherra bendir margt til þess að þeir séu í raun tólf. Allir ráðherrar virðast hafa sín eigin fjárlög og afleiðingin er einfaldlega sú að fjármálaráðherra stendur oft og tíðum frammi fyrir orðnum hlut og getur lítið rökstutt umframkeyrslu einstakra ráðuneyta og stofnana. Það ríkir því aðhaldsleysi í fjármálum ríkisins og agaleysi meðal þeirra sem taka ákvarðanir um útgjöld.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í apríl sl. um fjárlagaferlið kemur m.a. fram sú skoðun að fjárheimild veitt eftir á feli í sér raunverulegt framsal fjárveitingarvaldsins til ríkisstjórnarinnar enda þótt formlega sé fjárveitingarvaldið áfram hjá þinginu. Í sömu skýrslu er einnig fjallað um reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun þessa árs. Þar er rætt um ábyrgð fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta á framkvæmd fjárlaga og segir m.a. að fjármálaráðuneytið skuli hafa eftirlit með því hvernig önnur ráðuneyti haga sínu eftirliti með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra. Í 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar segir:

Ráðuneyti skal reglubundið bera saman áætlun fjárlaga við útgjöld, ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneytið hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að færa útgjöld að heimildum.

Ef eftir þessari reglugerð væri farið er ljóst að fjáraukalagafrumvarpið liti öðruvísi út. Fjárlaganefnd hefur því miður ekki þá yfirsýn yfir ríkisfjármálin sem nauðsynleg er. Má í því sambandi minna á að í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1999 kom fram að gerð yrði sú krafa „að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega“. Ekkert slíkt hefur gerst enn þá.

Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið er því haldið fram að hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er bent á að þetta skipulag nái ekki til afgreiðslu Alþingis á fjárlögum. Orðrétt segir: „Sú heildarsýn og sá agi sem felst í skipulaginu fer því forgörðum eftir að fjárlagafrumvarp hefur verið lagt fyrir þing. Stór hluti þeirrar útgjaldaaukningar sem jafnan verður í meðförum þingsins á rætur að rekja til tillagna frá ríkisstjórn.“ Með öðrum orðum: ríkisstjórnin hefur ekki þann aga sem skipulagið krefst.

Þetta agaleysi virðist síðan halda áfram eftir samþykkt fjárlaga. Þrátt fyrir að kerfið sé vel skipulagt og agað til að halda utan um útgjöld ríkisins nær það ekki til ákvarðana sem ríkisstjórnin og einstakir ráðherrar taka.

Til að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjáraukalaga liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana í árslok þess árs sem til umfjöllunar er í fjáraukalögum hverju sinni. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingu til stofnunar sem miðast við rekstur næsta árs án þess að taka tillit til stöðu hennar um áramót. Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því tilgangslaust er að flytja skuldir stofnana yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því að ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að ekki sé frestað að taka á vandamálum og beðið þess að í óefni sé komið.

Mörg atriði frumvarpsins bíða 3. umræðu því að ríkisstjórn og meiri hluti nefndarinnar eiga margt óunnið varðandi lokafrágang frumvarpsins. Meðal annars af þeim ástæðum fjallar 1. minni hluti ekki um einstakar tillögur meiri hlutans í þessu nefndaráliti. Slíkt bíður 3. umræðu þegar heildarsýn er fengin á frumvarpið.

Alþingi, 21. nóv. 2001.

Gísli S. Einarsson, frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Margrét Frímannsdóttir.

383. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga kemur nú til annarrar umræðu við miklar óvissuaðstæður í efnahagsmálum. Gengi íslensku krónunnar hefur haldið áfram að falla þrátt fyrir aðgerðir Seðla-

bankans og er fullkomlega óvíst hvenær gengisfallið mun stöðvast. Verðbólga á árinu er langt umfram þau markmið sem Seðlabankanum voru sett við stjórn peningamála og útlit fyrir að enn muni líða að minnsta kosti eitt ár þar til stöðugt verðlag verður að veruleika. Verðbólgan rýrir nú hratt kaupmátt launþega og setur kjarasamninga í hættu á almennum vinnumarkaði. Kjaraviðræður ríkisins við sína eigin launþega eru einnig í uppnámi. Kjaradeilan við sjúkraliða hefur nú þegar haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsugæslu í landinu. Atvinnuleysi er tekið að aukast og horfur eru dekkri í rekstri margra fyrirtækja en hefur verið um langt árabil. Vextir hérlendis eru nú rúmlega 9% hærri en í helstu viðskiptalöndum okkar og þeir ásamt þenslu á innanlandsmarkaði eru þungur baggi sem er farinn að sliga atvinnulífið. Í stuttu máli blasir við að „góðærið" margumtalaða er nú komið að endapunkti. Ríkisstjórn hefur flotið sofandi að feigðarósi. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa blasað við í a.m.k. tvö ár: mikill viðskiptahalli, erlend lántaka og mikil aukning útlána bankakerfsins. Hægt hefði verið að bregðast við þessum hættumerkjum áður en komið var í óefni. Þess í stað hefur ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar fullyrt að allt væri í stakasta lagi og þverneitað allri gagnrýni. Í þessari sjálfsblekkingu hefur ríkisstjórnin gert röð mistaka í hagstjórninni. Ástandið er enn verra og útlitið enn dekkra en þyrfti að vera ef viðbrögð hefðu verið rétt.

Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu, hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið „góðæri" með einkavæðingu og skertri almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis. Ein afleiðing þess er sú að tekjur ríkisins dragast hraðar saman en tekjuáætlun fjárlaga gerir nú ráð fyrir. Að mati Seðlabanka Íslands (sjá nýjasta hefti Peningamála) eru tekjur ríkissjóðs reyndar þegar farnar að minnka mjög hratt og vafasamt að forsendur fjárlaga haldi, eins þær eru nú settar fram. Enn fremur er ljóst að þær tekjur sem átti að afla með sölu ríkisfyrirtækja hafa ekki enn skilað sér, en áfram er reiknað með þeim í fjárhagsuppgjöri ársins.

Endurskoða þarf lagaumgjörð fjáraukalaga.

Lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, kveða á um þá umgjörð sem sett er allri vinnu við gerð frumvarps til fjárlaga og, ef nauðsyn krefur, frumvarps til fjáraukalaga. Í 21. gr. þeirra laga stendur:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra."

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt og afgreidd frá Alþingi bera forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir.

Nú getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári. Á því taka lögin um fjárreiður ríkisins einnig. Í 33. gr. stendur:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir

slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Í 44. gr. er kveðið nánar á um frumvarp til fjáraukalaga:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.“

Fjáraukalög að vori og að hausti.

Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi 9. október sl. Síðan þá hefur fjárlaganefnd haft frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana sem bæði hafa lagt fram viðbótarbeiðnir og fært rök fyrir auknum fjárheimildum innan fjárlagaársins.

Í langflestum tilvikum er hér um að ræða útgjöld sem hafa þegar verið innt af hendi eða framkvæmdarvaldið hefur skuldbundið sig til að greiða. Það er því nánast formsatriði hjá Alþingi að afgreiða aukin útgjöld á fjáraukalögum. Það vinnulag að stofna til útgjalda fyrst og leita svo heimilda eftir á gengur þvert á anda laganna um fjárreiður ríkisins.

Til þess að bæta úr þessu hefur undirritaður lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem kveður á um að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti.

Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs sem geta haft í för með sér fjárskuldbindingar innan sama árs sem þarf að taka afstöðu til. Ýmsar forsendur geta einnig breyst eins og dæmin sanna sem bregðast þarf við. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd taki þau mál til meðferðar og leggi fram fjáraukalagafrumvarp sem verði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög geta verið afgreidd í byrjun október og síðan koma lokafjárlög. Með þessu getur Alþingi stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum og komið í veg fyrir að efnt sé til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um.

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar.

Samkvæmt þeim tillögum sem enn er unnið eftir eru tekjur ríkissjóðs á árinu áætlaðar um 253 milljarðar kr. en endurskoðuð útgjöld nú við 2. umræðu fjáraukalaga eru 233,5 milljarðar kr. Tillögur um hækkun útgjalda frá fjárlögum nema nú samtals 14.357 þús. kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fyrir árið 2001 liggur enn ekki fyrir en allar líkur benda til að tekjur verði mun minni en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Þá er og líklegt að enn aukist við gjaldahliðina. Niðurstöðutölur geta því átt eftir að breytast við 3. umræðu.

Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda og uppsafnaðan halla margra stofnana og heilla málaflokka sem ekki fá úrlausn samkvæmt þessu fjáraukalagafrumvarpi. Þar má telja fjárskuldbindingar vegna félagslega húsnæðiskerfisins sem velt var einhliða yfir á sveitarfélögin. Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er óleystur þótt leyfð hafi verið lítils háttar hækkun á afnotagjöldum á næsta ári. Margir framhaldsskólar sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum og verða því að skera niður námsframboð. Þar er ljóst að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, stöðu þess

og markmið og þá menntun sem skólarnir veita, treysta bönd skóla og skólastarfs við fjölskyldulíf, atvinnuvegi og sitt nánasta umhverfi.

Bæði Skólameistarafélag Íslands og Félag framhaldsskóla hafa þráfaldlega bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem nú er beitt við skiptingu fjár á skólana og birtist í því að fjármagn er skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir og þeir sitja nú með skuldir svo skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna. Fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað. Brýnt er að hugmyndafræðin að baki reiknilíkansins við skiptingu fjárins verði endurskoðuð þannig að stutt verði við metnaðarfullt og fjölbreytt nám hvarvetna á landinu, nám sem taki mið af þörfum allra nemenda og tryggi góðan starfsanda. Fullt tillit á að taka til séraðstæðna hvers skóla.

Mörg sveitarfélög eiga nú í alvarlegum fjárhagsvanda. Í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur mjög hallað á sveitarfélögin. Hluti af fjárhagsvanda sveitarfélaganna er tilkominn vegna skuldbindinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Ríkisvaldið, sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins sameinuðust um að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd víða um land. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða að ábyrgðin og innlausnarskyldan ætti að hvíla á sveitarfélögunum. Undirritaður er fyrsti flutningsmaður að frumvarpi til fjáraukalaga sem liggur fyrir þinginu þar sem lagt er til sem fyrsta skref að verja allt að einum milljarði króna til að greiða úr bráðavanda sveitarfélaganna vegna félagslega íbúðarkerfisins. Samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga er talið að færa þurfi þessi lán niður um allt að þremur milljörðum króna. Það er afar brýnt að leysa fjárhagsvanda félagslega íbúðarkerfisins heildstætt og á landsvísu en ekki að þvinga einstök sveitarfélög til að selja eignir sínar til að standa skil á skuldbindingum sem þjóðin öll ber sameiginlega ábyrgð á. Þess er vænst að frumvarp undirritaðs fái jákvæða afgreiðslu.

Auk þessa verður að taka með raunhæfum hætti á rekstrarvanda sveitarfélaganna. Annað hvort verður að færa frekari tekjustofna til þeirra eða sjá til þess að ríkið komi inn í rekstur verkefna þeirra og felli niður skuldir sem eru tilkomnar vegna byggðaröskunar og lélegra tekjumöguleika. Annars munu þau á engan hátt verða fær um að veita íbúum sínum samkeppnishæfa og lögboðna þjónustu. Þá munu heilu byggðarlögin tæmast og búseta líða undir lok á stórum landsvæðum.

Grein Ögmundar Jónassonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd, sem birtist í Morgunblaðinu 6. október sl. sýnir glöggt hvernig skuldir heimila, fyrirtækja, sveitarfélaga og þjóðarbúsins alls hafa aukist á síðustu árum, sjá fylgiskjal.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill aðrar áherslur.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu fjölmargar breytingartillögur við bæði tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2001 þegar það var afgreitt frá Alþingi fyrir ári. Þær tillögur miðuðu að auknum jöfnuði í samfélaginu, auknum jöfnuði milli þjóðfélagshópa, eflingu atvinnulífs og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu til að tekjum ríkisins yrði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna. Því miður náðu þessar tillögur ekki fram að ganga og því fer sem fer.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur til-

efni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti, jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um kúrs. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að raunverulegri verðmætaaukningu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín, atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni, ekki aðeins á suðvesturhorninu heldur um allt land.

Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Lokaorð.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001 endurspeglar mikla spennu sem þenslan í þjóðfélaginu hefur alið á og undirstrikar að ríkisstjórnin hefur lítil tök á þróun efnhagsmála. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum sínum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina, rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórn.

Þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um meginhluta þess sem hér er verið að greiða atkvæði um. Breyta þarf lögum um fjárreiður ríkisins þannig að það sé þingið sem ákveði fjárveitingar fyrir fram en standi ekki frammi fyrir því að stimpla ákvarðanir framkvæmdarvaldsins eftir á.

Annar minni hluti og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. nóv. 2001.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal, Ögmundur Jónasson: Skuldasprenging. (Mbl. 6. október 2001.)

384. Fyrirspurn [308. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna um lán fyrir skólagjöldum, annars vegar til náms hér á landi og hins vegar náms í erlendum skólum?
2. Á hvaða grundvelli byggist sú ákvörðun að hafa ólíkar reglur um lán fyrir skólagjöldum hérlendis og erlendis?
3. Samræmast mismunandi reglur um lán fyrir skólagjöldum samningnum um Evrópska efnahagssvæðið?

Skriflegt svar óskast.

385. Fyrirspurn [309. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum síðastliðin tvö ár, sundurliðað eftir verkefnum?
2. Hvernig hefur ráðherra varið óskiptu fé síðastliðin tvö ár á safnliðunum 02-919-1.90 Söfn, 02-982-1.90 Listir, 02-983-1.10 Fræðistörf, 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, 02-984-1.90 Norræn samvinna, 02-988-1.90 Æskulýðsmál, 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál og 02-999-1.90 Ýmis framlög?

Skriflegt svar óskast.

386. Fyrirspurn [310. mál]

til menntamálaráðherra um tónlistarnám fatlaðra.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur farið fram könnun á því hvernig tónlistarskólar eru í stakk búnir til þess að mæta þörfum fatlaðra nemenda hvað varðar aðbúnað og kennslu? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hennar?

2. Telur ráðherra að þörf sé á úrbótum í þessum málum, og þá hverjum, og mun ráðherra beita sér fyrir slíkum úrbótum þannig að jafnræði ríki milli fatlaðra og ófatlaðra hvað tónlistarnám varðar?

387. Fyrirspurn [311. mál]

til umhverfisráðherra um stækkun Hagavatns.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hafa farið fram viðbótarrannsóknir og verið lagt fram nýtt mat á umhverfisáhrifum af stækkun Hagavatns? Ef ekki, hver er ástæða þess, og mun ráðherra beita sér fyrir að rannsóknirnar verði gerðar?

388. Frumvarp til laga [312. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. og 3. mgr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal innheimta 5.000 kr. skráningargjald af áfengisbirgjum við skráningu á hverri sölutegund þeirra í reynsluflokk. Með reynsluflokki er átt við söluflokk vara sem eru í tilraunasölu í ákveðinn tíma.

Áður en reynslusala hverrar sölutegundar hefst í vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal áfengisbirgir leggja fram tryggingu að fjárhæð 40.000 kr. til tryggingar því að varan nái tilskildum söluárangri til þess að komast í kjarna. Með kjarna er átt við söluflokk vara sem skráðar eru til almennrar ótímabundinnar sölu í flestum vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Náist tilskildur söluárangur endurgreiðist tryggingarfjárhæðin en að öðrum kosti rennur hún til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins innheimti skráningargjald vegna kostnaðar stofnunarinnar við reynslusölu á vörum frá áfengisbirgjum. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að áfengisbirgjar leggi fram 40.000 kr. tryggingu sem þeir fá endurgreidda komist varan í kjarna.

Þær sölutegundir áfengis sem skráðar eru til almennrar ótímabundinnar sölu í flestum vínbúðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hverju sinni eru í sérstökum kjarna. Stofnunin

hefur þó tímabundið í reynslusölu sölutegundir sem ekki hafa áunnið sér rétt til sölu í kjarna. Slíkar vörur sem flokkast í reynsluflokk færast hins vegar í kjarna nái þær ákveðnu söluhlutfalli á þeim tíma sem reynslusala stendur yfir. Um 300 sölutegundir eru teknar til reynslusölu á ári og er langur biðlisti yfir skráðar vörur til reynslusölu eða um 2.500 sölutegundir. Borið hefur á því að birgjar skrái fjölda tegunda eða jafnvel allar sölutegundir frá tilteknum framleiðanda án þess að ætlunin sé að koma öllum tegundum í sölu. Þetta fyrirkomulag kostar mikla vinnu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins auk þess sem slíkt fyrirkomulag tefur fyrir öðrum sölutegundum á skrá. Með því að mæla fyrir um 5.000 kr. skráningargjald og 40.000 kr. tryggingu til þess að vara komist úr reynslusölu og í kjarna verður vöruval Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins markvissara jafnframt því að standa undir kostnaði stofnunarinnar við ofangreinda reynslusölu. Er þetta fyrirkomulag því bæði stofnuninni sjálfri og birgjum til hagsbóta. Auk þess verður það birgjum hvatning til að vanda val þeirrar vöru sem þeir bjóða til reynslusölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins innheimti skráningargjald og tryggingargjald af birgjum vegna reynslusölu á áfengi. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld verði fremur lítill hluti af söluveltu fyrirtækisins og hafi óveruleg áhrif á skil á hagnaði til A-hluta ríkissjóðs.

389. Frumvarp til laga [313. mál]

um breytingar á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við gildistöku laganna um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, var sett reglugerð á grundvelli þeirra, reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 219/1995. Byggðist sú reglugerð á gerðum Evrópusambandsins um lífræna framleiðslu sem þá höfðu tekið gildi og sem Íslendingar höfðu, með samþykkt EES-samningsins, skuldbundið sig til að yfirtaka. Einnig byggðist sú reglugerð á stöðlum IFOAM – Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga, fyrir lífræna framleiðslu. Frá gildistöku þessara ákvæða hér á landi hefur orðið mikil þróun á þessum vettvangi hjá Evrópusambandinu. Með samþykkt EES-samningsins hafa Íslendingar sem fyrr segir skuldbundið sig til þess að yfirtaka gerðir ESB á þessu sviði. Í landbúnaðarráðuneytinu er unnið að því að endurútgefa og yfirtaka þessar gerðir í heild og laga þær að íslenskum aðstæðum eftir því sem svigrúm er til. Við þá vinnu hefur komið í ljós að í lögunum um lífræna landbúnaðarframleiðslu er ekki að finna ótvíræðar heimildir til yfirtöku sumra þessara ákvæða, einkum ákvæða sem snerta viðurlög. Með frumvarpi þessu er því lagt til að ótvíræð ákvæði verði lögfest hvað það varðar. Enn fremur er lagt til að heimild ráðherra til setningar reglugerðar verði aðlöguð þeirri öru þróun sem orðið hefur á þessu sviði innan ESB, sbr. skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. gildandi laga er heimild landbúnaðarráðherra til setningar reglugerðar bundin við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2092/91, með síðari breytingum. Frá því að gildandi lög voru sett hafa komið til sögunnar fleiri gerðir og staðlar sem Íslendingum er

skylt að yfirtaka samkvæmt ákvæðum EES-samningsins og fleiri eru væntanlegar. Er því ljóst að ákvæði 6. gr. laganna þar sem segir að heimild ráðherra sé bundin við reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2092/91, með síðari breytingum, er of þröngt og ekki í samræmi við þá þróun sem orðið hefur innan ESB og Ísland er skuldbundið af samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Er því í 1. gr. lagt til að í stað tilvísunar til reglugerðar ESB nr. 2092/91 komi tilvísun til skuldbindinga Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið en þar er að finna þær gerðir og staðla sem gilda um lífræna landbúnaðarframleiðslu og Ísland er skuldbundið af.

Um 2. gr.

Með ákvæðum 2. gr. er lagt til að lögfest verði ótvíræð ákvæði um viðurlög svo að unnt sé með öruggum hætti að framfylgja ákvæðum þeirra gerða ESB sem Íslendingar hafa með EES-samningnum skuldbundið sig til þess að yfirtaka. Lífræn framleiðsla er flókið ferli og sýnir reynslan að margvíslegar freistingar til undanbragða verða á vegi þeirra sem framleiða og markaðssetja slíkar afurðir. Þá er jafnan nokkuð um að vörur sem ekki eru lífrænt framleiddar eru boðnar á markaði sem slíkar. Slíkra tilhneiginga hefur einnig gætt hér á landi. Til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti og tryggja hagsmuni neytenda á þessu sviði er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi ótvíræðar heimildir til að grípa inn í og beita viðurlögum.

Með ákvæðum greinarinnar er jafnframt lagt til að felld verði úr gildi ákvæði 7. gr. laganna um að ráðherra skipi nefnd er skuli vera til ráðuneytis um reglur, staðla, vottun og allt er varðar lífræna landbúnaðarframleiðslu. Samráðsnefndin gegndi mikilvægu hlutverki við setningu gildandi reglugerðar um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 215/1995, en með tilkomu búnaðarlaga, nr. 70/1998, þar sem kveðið er á um að fagráð skuli starfa í hverri búgrein, hefur fagráð í lífrænni ræktun að mestu tekið við því samráðshlutverki sem nefndinni var ætlað.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

390. Frumvarp til laga [314. mál]

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Reikningsár félagsins er almanaksárið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram að ósk stjórnar Íslenskra getrauna. Á aðalfundi félagsins árið 2000 var samþykkt að færa reikningsár félagsins til samræmis við reikningsár aðila þeirra

sem að félaginu standa og þeirra erlendu getraunafyrirtækja sem félagið er í samvinnu við. Reikningsár þessara aðila er í flestum tilvikum almanaksárið en reikningsár félagsins er nú frá 1. júlí til 30. júní.

Þegar starfsemi félagsins hófst var enska knattspyrnan meginviðfangsefni þess. Með því að hafa reikningsárið frá 1. júlí til 30. júní náðist að halda leiktímabili ensku knattspyrnudeildarinnar innan reikningsársins. Starfsemi félagsins hefur breyst mikið síðari ár og enska knattspyrnan orðið minni þáttur í starfsemi félagsins. Því telur stjórn þess nauðsynlegt að breyta reikningsárinu til samræmis við reikningsár félaga innan íþróttahreyfingarinnar og samstarfsaðila.

Menntamálaráðuneytið, sem skv. 1. mgr. 4. gr. laganna fer með málefni Íslenskra getrauna, að öðru leyti en því að dómsmálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu getrauna, sbr. 5. gr. laganna, styður að lagabreyting þessi nái fram að ganga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59/1972, um getraunir, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu verður félaginu Íslenskar getraunir heimilað að hafa almanaksárið sem reikningsár í stað þess að miða við tímabilið frá 1. júlí til 30. júní. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

391. Frumvarp til laga [315. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

2. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Kaupandi, sem skyldugur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera skattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörð-

un, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands.

3. gr.

7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eins fljótt og auðið er.
c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 7. og 8. mgr., svohljóðandi:
   Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í 8. tölul. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000 um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.
   Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd endurgreiðslu skv. 7. og 8. mgr.

5. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, 43. gr. A, svohljóðandi:

Réttur til sérstakra endurgreiðslna skv. XIII. kafla og ákvæðum til bráðabirgða í lögum þessum fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi stjórnvaldi eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

6. gr.

Í stað viðauka við lögin kemur nýr viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki.

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 14% virðisaukaskatt:

0201.1000–0210.9090	Kjöt og ætir hlutar af dýrum.
0302.1101–0307.9920	Fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar.
0401.1000–0401.3000	Mjólki og rjómi. Þó skal greiða 24,5% virðisaukaskatt af ógerilsneyddum vörum í þessum tollflokkum.
0402.1000–0410.0000	Mjólkurafurðir, fuglaegg, náttúrulegt hunang og ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.
0504.0001–0504.0009	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum.
0511.9901	Dýrablóð.
0701.1000–0714.9000	Matjurtir og tilteknar rætur og hnýði.

0801.1100–0814.0000	Ætir ávextir, hnetur og hýði af sítrusávöxtum eða melónum.
0901.1100–0910.9900	Kaffi, te, maté og krydd.
1001.1001–1004.0009	Hveiti, meslín, rúgur, bygg og hafrar.
1005.9001–1008.2009	Maís (annar en fræ), ris, dúrra, bókhveiti og hirsi.
1008.9009	Annað korn, ót. a.
1101.0010–1105.2009	Malaðar vörur (korn, mjöl, bögglar og flögur).
1106.1000	Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum.
1106.2009	Mjöl úr sagó, rótum eða hnýðum.
1106.3000	Mjöl úr ávöxtum og hnetum.
1107.1000–1202.2000	Malt, sterkja, inúlín, hveitiglúten, sojabaunir og jarðhnetur.
1204.0000	Línfræ (hörfræ).
1206.0000–1208.9000	Sólblómafræ, önnur olíufræ, olíurík aldin og mjöl úr þeim vörum.
1211.9001–1211.9002	Plöntur og plöntuhlutar til manneldis (basilíkum, borasurt, mynta, rósmarín, rúturunni, salvía og malurt).
1212.1000	Fuglatrésbaunir (jóhannesarbrauð).
1212.2009	Sjávargróður og þörungar (söl o.fl.).
1302.2001 og 1302.2009	Pektínefni, pektínöt, pektöt, jurtaslím og hleypiefni.
1501.0011 og 1501.0021	Svína- og alifuglafeiti.
1502.0011 og 1502.0021	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum.
1503.0001	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía.
1504.1001 og 1504.1002	Þorskalýsi.
1504.1004	Lýsi úr fisklifur, ót.a.
1507.1001 og 1507.9001	Sojabaunaolía.
1508.1001 og 1508.9001	Jarðhnetuolía.
1509.1001 og 1509.9001	Ólívuolía.
1510.0001	Aðrar olíur.
1511.1001 og 1511.9001	Pálmaolía.
1512.1101 og 1512.1901	Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma.
1512.2101 og 1512.2901	Olía úr fræi baðmullar.
1513.1101 og 1513.1901	Kókoshnetuolía.
1513.2101 og 1513.2901	Pálmakjarna- eða babassúolía.
1514.1001 og 1514.9001	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1515.2101, 1515.2901, 1515.5001 og 1515.9001	Maísolía, sesamolía og önnur olía eða feiti, ót.a.
1516.1001–1516.2002, 1516.2009	Feiti eða olíur, hertar.
1517.1001–1517.9009	Smjörlíki og blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum.
1601.0010–1605.9029	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.
1701.1100–1702.9009	Sykur (þó ekki skrautsykur).
1703.1002 og 1703.1009	Reyrmelassi.
1703.9009	Melassi, ót.a.
1801.0000–1804.0000	Kakaóvörur, svo sem kakaóbaunir, kakaódeig og kakaósmjör (þó ekki kakaóduft).
1806.2002 og 1806.9021	Búðingsduft, búðingar og súpur sem innihalda kakaó.
1806.9011–1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innihalda kakaó.

1806.9022	Fæða sem inniheldur kakaó, sérstaklega tilreidd fyrir sjúka.
1806.9027 og 1806.2007	Morgunverðarkorn sem inniheldur kakaó.
1901.1000–1904.9009	Framleiðsla úr korni, fínmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk.
1905.1000	Hrökkbrauð.
1905.3022	Sætakex og smákökur sem innihalda minna en 20% af sykri.
1905.4000	Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur.
1905.9011 og 1905.9019	Brauð.
1905.9020	Ósætt kex.
1905.9030	Saltkex og kryddkex.
1905.9040	Kökur og konditorstykki.
1905.9051 og 1905.9059	Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza).
1905.9060	Nasl (snack), ót.a.
1905.9090	Brauðvörur, ót.a.
2001.1000–2008.9909	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum.
2101.1100 –2101.3009	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei, eða maté.
2102.1001–2102.2002	Ger og bökunarduft.
2102.2009–2102.3009	Ger og bökunarduft.
2103.1000–2104.2009	Sósur, súpur og seyði og framleiðsla í það, blönduð bragðefni og bragðbætiefni, jafnblönduð samsett matvæli.
2105.0011–2105.0029	Rjómaís og annar ís til manneldis.
2106.1000	Próteinseyði og textúruð próteinefni.
2106.9023	Blöndur jurta eða jurtahluta til lögunar á seyði.
2106.9024	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr gingsengkjörnum o.fl.
2106.9041–2106.9049	Búðingsduft, ót.a.
2106.9051	Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaríni og laktósa, notaðar sem sætuefni.
2106.9059	Létt smjörlíki o.fl. að meginstofni úr feiti og vatni.
2106.9062	Ávaxtasúpur og -grautar.
2106.9064	Búðingsduft með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd.
2106.9069	Ýmis matvælaframleiðsla, ót.a.
2201.9011–2201.9029	Drykkjarvatn, annað en ölkelduvatn.
2202.1021–2202.1029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9021–2202.9029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9011–2202.9019	Blönduð mjólk (25% eða minna blönduð miðað við rúmmál).
2501.0001	Matarsalt í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.
2836.1001	Ammoníumkarbónat (hjartarsalt) í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.3001 og 2836.4001	Karbónöt í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.9902	Pottaska í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2918.1200–2918.1300	Vínsýra.
2922.4201	Glútamínsýra í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2925.1101	Sakkarín og sölt þess í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
3203.0001	Matarlitur.

3302.1010	Blöndur af ilmandi efnum til matvælaiðnaðar.
3501.9001	Kaseínöt.
3502.1101 og 3502.1901	Albúmín.
3502.2001 og 3502.9001	Albúmín.
3503.0011 og 3503.0021	Matarlím (gelatín o.fl.).
3824.9008	Blanda úr sakkaríni og kemískum efnum í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til að viðauki við lögin samanstandi af lista yfir tollskrárnúmer þeirra vara til manneldis sem bera 14% virðisaukaskatt í stað 24,5% eins og núgildandi viðauki kveður á um. Kallar sú breyting á breytingu á orðalagi 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Í öðru lagi er lagt til að breyting verði gerð á 35. gr. laganna þess efnis að beina skuli skýrslum um þjónustukaup frá útlöndum til skattstjóra en ekki tollayfirvalda.

Í þriðja lagi er lagt til að afgreiðslutími beiðna um endurgreiðslur virðisaukaskatts sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess verði styttur og aðgengi að þessum endurgreiðslum þar með bætt. Einnig er lagt til að afnumið verði ákvæði um verðtryggingu endurgreiðslna.

Í fjórða lagi eru um að ræða lagfæringar til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 104/2000, um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur. Breytingarnar miðuðu að því að niðurfelling ýmissa gjalda sem lagðar eru á vörur við innflutning þeirra til landsins eða framleiðslu þeirra hér á landi verði lögákveðin í stað þess að handhöfum framkvæmdarvalds væri framseld heimild til að ákveða hvort til lækkunar eða niðurfellingar skuli koma. Breytingar í þessa átt, sem voru gerðar með lögum nr. 104/2000, náðu hins vegar aðeins til innflutnings. Af þeim sökum var eftirgjöf gjalda ekki fullkomlega sambærileg og verið hafði skv. 7. gr. fjárlaga, lið 1.1, þar sem sú heimild var ekki bundin við innflutning. Með frumvarpi þessu er eftirgjöf gjalda gerð sambærileg því sem áður var í 7. gr. fjárlaga, lið 1.1, eins og að var stefnt við gerð laga nr. 104/2000.

Í fimmta lagi er lagt til að réttur aðila til sérstakra endurgreiðslna samkvæmt lögunum verði bundinn við sex ár, þ.e. einungis verði hægt að fá endurgreiðslu sex ár aftur í tímann. Í lögunum hefur til þessa ekki verið að finna neina slíka reglu og verður að telja slíkan rétt til endurgreiðslu, án tímatakmarkana, í andstöðu við almenn tómlætissjónarmið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna þannig að í viðauka við lögin verði listi yfir tollskrárnúmer þeirra vara til manneldis sem bera 14% virðisaukaskatt, en samkvæmt gildandi reglum eru talin upp í viðauka þau tollskrárnúmer sem bera 24,5% virðisaukaskatt. Sú nálgun að telja upp í viðauka þær vörur til manneldis sem bera 14% virðisaukaskatt er til einföldunar og er í betra samræmi við uppbyggingu laganna, auk þess sem hún auðveldar vinnu við breytingar sem leiðir af breytingum á tollskrá.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að beina skuli skýrslum um þjónustukaup frá útlöndum til skattstjóra en ekki tollayfirvalda. Þar sem skattyfirvöld eru í betri eftirlitsaðstöðu hvað þetta varðar en tollyfirvöld er lagt til að skattyfirvöld annist framkvæmdina varðandi þessar skýrslur. Er það einnig í samræmi við núgildandi 1. málsl. 3. mgr. 35. gr. laganna. Óljóst hefur verið hvaða framkvæmdarákvæði gilda á sviði innfluttrar þjónustu. Samræmis vegna er lagt til að miðað sé við að skattverð, málsmeðferð og fleira fylgi þeim framkvæmdarákvæðum sem gilda innan lands og skattyfirvöld framfylgja, sbr. III. og IX. kafla laganna.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna falli brott. 4. gr. frumvarpsins kemur í stað þess ákvæðis. Um nánari skýringu vísast til umfjöllunar um 4. gr. (c-lið).

Um 4. gr.

Með greininni er í fyrsta lagi lagt til að styttur verði afgreiðslutími beiðna um endurgreiðslur virðisaukaskatts sem eigendur íbúðarhúsnæðis hafa greitt vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess skv. 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna. Sömu forsendur fyrir því að binda beiðnir og afgreiðslu þeirra við uppgjörstímabil virðisaukaskatts eru ekki til staðar varðandi þessar endurgreiðslur og þegar um nýbyggingar er að ræða. Lagt er til að beiðnir af umræddum toga verði teknar til afgreiðslu án ástæðulauss dráttar jafnóðum og þær berast og að til endurgreiðslu komi strax eftir að skattstjóri hefur tekið afstöðu til framkominnar beiðni.

Fyrrgreind tillaga byggist á skýrslu nefndar um framkvæmd virðisaukaskatt frá mars 2000. Í umræddri skýrslu er einnig lagt til að afnumið verði ákvæði um verðtryggingu endurgreiðslna sem nú miðast við einfalt meðaltal lánskjaravísitölu á uppgjörstímabili annars vegar og vísitölu endurgreiðslumánaðar hins vegar. Ákvæði þessi um verðtryggingu eru nú að mestu óþörf og ástæðulaus miðað við upphaflegar forsendur þeirra. Einnig er ákvæði um verðtryggingu þrándur í götu breyttrar framkvæmdar þar sem lagt er til að endurgreiðslubeiðnir vegna endurbóta og viðhalds afmarkist ekki við tiltekin uppgjörstímabil.

Í öðru lagi er lagt til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 42. gr. laganna. Um árabil var að finna heimild í fjárlögum fyrir fjármálaráðherra til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af ökutækjum til björgunarsveita. Með lögum nr. 104/2000, um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur, var lagt til að í stað þess að slík heimild væri í fjárlögum hverju sinni yrði niðurfelling lögbundin. Til fyllingar því, og í samræmi við eldri framkvæmd, er lagt til að endurgreiðsluheimildin nái jafnt til innflutnings sem og kaupa innan lands. Breytingin sem varð með lögum nr. 104/2000 náði aðeins til innflutnings. Til að tryggja að sömu skilyrði gildi þegar vara er keypt innan lands og þegar hún er keypt erlendis er tekið fram að endurgreiðsluheimildin sé bundin þeim skilyrðum um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi sem koma fram í 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987.

Í greininni er ennfremur lagt til að heimild til endurgreiðslu vegna ökutækja færist úr XI. kafla virðisaukaskattslaga, nr. 50/1988 (sérstök ákvæði um innflutning), yfir í XIII. kafla laganna (um endurgreiðslu virðisaukaskatts). Með þessari breytingu verður heimilt að endurgreiða einnig þann virðisaukaskatt sem leggst á innkaupsverð þessara ökutækja. Er það í samræmi við fyrri heimildir í 7. gr. fjárlaga, lið 1.1, til að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af ökutækjum til björgunarsveita.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að réttur aðila til sérstakra endurgreiðslna samkvæmt lögunum verði bundinn ákveðnum tímamörkum. Ekki er heimilt að setja slíkum rétti tímatakmörk nema á grundvelli lagaheimildar, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 2370/1998 og 1185/1994. Verður að telja rétt til endurgreiðslna án tímatakmarka í andstöðu við almenn tómlætissjónarmið. Með sérstökum endurgreiðslum er eingöngu átt við endurgreiðslur samkvæmt núgildandi XIII. kafla laganna og ákvæðum til bráðabirgða.

Í greininni er réttur til sérstakrar endurgreiðslu virðisaukaskatts bundinn við sex ár, þ.e. einungis verður hægt að fá endurgreiðslu sex ár aftur í tímann. Rökin fyrir því að miða réttinn til endurgreiðslu við sex ára tímamark eru í fyrsta lagi þau að jafnræði ríkir þá á milli þeirra sem sækja um endurgreiðslu og hinna sem fá eða óska eftir leiðréttingu skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lokamálsgrein 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í öðru lagi er sex ára fresturinn í samræmi við rétt skattyfirvalda til endurupptöku á skattskilum skattaðila honum í óhag, sbr. 5. mgr. 26. gr. laganna og 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981. Í sumum tilvikum er rétturinn til endurgreiðslu í beinum tengslum við almenn virðisaukaskattsskil aðila. Ef um er að ræða tímabil sem er eldra en sex ára samkvæmt skilgreiningu 5. mgr. 26. gr. laganna er skattyfirvöldum óheimilt að hreyfa við skattskilum skattaðila ef það er honum í óhag en hugsanlega geta þau ekki hindrað að hann geti fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna sama tímabils. Þannig kynni skattaðili að öðlast rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem hann hefur sjálfur ekki staðið skil á í ríkissjóð af eigin þjónustu. Verður að telja slíkt óeðilegt. Í þriðja lagi miðast sex ára reglan við þær reglur sem gilda um geymslu bókhalds en skv. 2. mgr. 17. gr. laganna ber skattaðila að geyma bókhald sitt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Verður það að teljast ein af grundvallarforsendum á afgreiðslu endurgreiðslubeiðni að skattyfirvöld geti skoðað bókhaldsgögn endurgreiðslubeiðanda og þeirra er hann átti viðskiptin við.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að upphaf fyrningarfrests endurgreiðsluréttar miðist við það tímamark þegar réttur til endurgreiðslu stofnast. Með þessu orðalagi er gert ráð fyrir að réttur til endurgreiðslu stofnist þegar sölureikningur vegna kaupa á viðkomandi vöru eða þjónustu er gefinn út að uppfylltum skilyrðum 13. gr. laganna. Að vísu er skilyrðið fyrir sumum þeim endurgreiðslum sem getið er um í 42. gr. laganna að viðkomandi reikningur hafi verið greiddur, t.d. þegar um er að ræða endurgreiðslu til eiganda íbúðarhúsnæðis vegna bygginga, viðhalds eða endurbóta á því. Ómögulegt væri í þeim tilvikum að miða fyrningarfrestinn við það hvenær reikningur er greiddur enda getur sú staða komið upp að kaupandi greiði reikninginn það seint að seljandi sé búinn að farga sínum bókhaldsgögnum um viðskiptin á grundvelli 2. mgr. 17 gr. laganna, sbr. 32. gr. reglugerðar nr. 50/1993, og skattyfirvöld geti þar af leiðandi ekki skoðað þau og gengið úr skugga um réttmæti viðkomandi viðskipta. Hins vegar, ef deilur verða á milli kaupanda og seljanda um viðkomandi viðskipti og málið fer fyrir dómstóla eða gerðardóm, er með orðalaginu „þegar réttur til endurgreiðslu stofnast“ átt við að miða beri upphaf fyrningarfrests við dómsuppsögu eða niðurstöðu gerðardóms þar sem þá er komin endanleg niðurstaða um réttindi og skyldur endurgreiðslubeiðanda, fremur en við dagsetningu reikningsins.

Um 6. gr.

Með þessari grein er lagt til að viðaukinn við lögin tilgreini tollskrárnúmer vara til manneldis sem greiða skal 14% virðisaukaskatt af í stað 24,5% eins og núgildandi viðauki kveður á um.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á fyrirkomulagi virðisaukaskattskerfisins. Breytingarnar beinast að framkvæmd skattalaganna og er ekki ástæða til að ætla að þær hafi teljandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum.

392. Frumvarp til laga [316. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „10.000“ í 2. málsl. kemur: 50.000.
b. 4. málsl. orðast svo: Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum skal ríkisskattstjóri taka gjald fyrir útgáfu bindandi álita. Í frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að grunngjald fyrir hvert álit verði hækkað úr 10.000 kr. í 50.000 kr. og hins vegar að ákvæði laganna um hámarksgjald, 40.000 kr., verði afnumið. Komið hefur í ljós við framkvæmd laganna að hvert álit er tímafrekarar en gert var ráð fyrir í upphafi þar sem þau mál sem óskað er bindandi álita um verða sífellt flóknari og umfangsmeiri.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

Í frumvarpinu er lagt til annars vegar að grunngjald fyrir bindandi álit sem ríkisskattstjóri gefur út verði hækkað úr 10.000 kr. í 50.000 kr. og hins vegar að ákvæði laganna um hámarksgjald að fjárhæð 40.000 kr. verði afnumið. Gert er ráð fyrir að tekjur af gjaldtökunni breytist óverulega þar sem útgefin álit eru venjulega færri en tuttugu talsins á ári hverju.

393. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um unglingamóttöku og getnaðarvarnir.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Guðmundur Árni Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Drífa Snædal, Bryndís Hlöðversdóttir, Jónína Bjartmarz, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja viðræður við heilsugæsluna í Reykjavík um opnun unglingamóttöku, t.d. við eina af stöðvum hennar. Jafnframt feli ráðherra landlækni að koma á fót tilraunaverkefni innan heilsugæslunnar með ókeypis eða ódýrar getnaðarvarnir fyrir fólk á aldrinum fimmtán ára til tvítugs.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa verið á undanförnum árum um stöðu ungs fólks í samfélaginu, ábyrgð þess og hlutverk.

Afar mikilvægt er bregðast við þörfinni fyrir sérstaka móttöku fyrir ungt fólk þar sem það getur rætt sín mál við fagaðila á eigin forsendum en ekki á forsendum hinna fullorðnu. Þegar hefur verið stofnað til unglingamóttöku á Akureyri og í Hafnarfirði. Slík þjónusta er mikilvæg bæði í kynfræðslumálum og sértækum vandamálum ungmenna sem upp geta komið.

Í fréttablaði Fræðslusamtaka um kynlíf og barneignir, FKB, er fjallað um þær tvær stöðvar sem þegar eru starfandi. Þar segir m.a. um unglingamóttökuna á heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði að sumarið 1999 hafi verið byrjað að þróa hugmyndir um starfsemi unglingamóttöku á vegum heilsugæslustöðvarinnar. Sýnt hafi þótt strax í upphafi að stór hluti starfsemi unglingamóttöku mundi felast í ráðgjöf og meðferð sem beindist að kynlífi ungs fólks í ljósi þess að markhópurinn væri unglingar sem eru kynþroska og eru að verða eða orðnir virkir í kynlífi. Þetta eru þættir eins og getnaðarvarnaráðgjöf og fóstureyðingaráðgjöf en ótímabærar þunganir unglinga eru margar á Íslandi og mjög brýnt þótti að sinna þessum þætti enn betur en gert er.

Áhættuhegðun unglinga, t.d. reykingar, vímuefnaneysla og ofneysla áfengis, er málaflokkur sem þarfnast umfjöllunar og forvarna og átti unglingamóttakan að geta sinnt einhverjum hluta þessa málaflokks. Talið var að ungt fólk mundi leita til slíkrar móttöku vegna

ofbeldis sem það hefði verið beitt, eins og sifjaspells og/eða nauðgunar, félagslegra vandamála, t.d. samskiptavanda á heimilum eða í skóla, og vegna húðvandamála, geðheilsu, kvíða, þunglyndis eða átraskana.

Markhópur móttökunnar var skilgreindur sem unglingar og ungt fólk 14 til 20 ára á upptökusvæði heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi í Hafnarfirði.

Móttakan er skipulögð með þarfir unglinga í huga og nauðsynlegt er að leiðarljósið sé:

- þægileg og vingjarnleg framkoma starfsfólks sem sýnir ungmennum virðingu og skilning,
- engar tímapantanir,
- ókeypis heimsóknir,
- gott aðgengi, t.d. með tilliti til strætisvagna,
- móttakan aðskilin frá fullorðinsmóttöku,
- þægilegur opnunartími (síðdegis, t.d. eftir skóla).

Um unglingamóttökuna á heilsugæslustöðinni á Akureyri segir að hugmyndir varðandi unglingamóttöku hafi verið komnar fram síðla árs 1999. Heilsugæsluheimsóknir níundu bekkinga höfðu þá tíðkast um nokkurra ára skeið og var vel tekið af unglingum og starfsfólki heilsugæslunnar og komu þær í stað hefðbundinna fyrirlestra skólalækna.

Fjölmennasti hópurinn sem leitar þangað er stúlkur í 9. og 10. bekk og miðbekkjum í framhaldsskólum. Einstaka drengir slæðast þó inn.

Flestir búa nemendurnir á Akureyri og mun fátíðara er að utanbæjarnemar sæki móttökuna en þeir eru talsvert margir í skólum á Akureyri. Komuástæður eru fjölmargar en þyngst vega getnaðar- og kynsjúkdómaráðgjöf og geðfélagsleg vandamál. Slíkum tilfellum fjölgar og hefur orðið að vísa þeim erfiðustu annað, svo sem til barna- og unglingageðlækna, sálfræðinga og geðlækna. Nauðsynlegt er að hafa öflugt stuðningsnet sem hægt er að beina þeim til sem á þurfa að halda til áframhaldandi meðferðar.

Eflaust eru afar svipuð markmið með báðum þessum stöðvum, og vitað er af undirbúningi víðar, m.a. á Seltjarnarnesi. Eins og fram kemur í upplýsingum um þessar stöðvar ber hæst ráðgjöf og fræðslu um getnaðarvarnir og kynlíf – en mikilvægt er hvernig starfsemin auglýsir sig strax í upphafi.

Í febrúar árið 2000 kom út skýrsla um fóstureyðingar og aðgengi að getnaðarvörnum en Sóley Bender var formaður starfshóps sem vann skýrsluna fyrir þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörgu Pálmadóttur. Þar kemur m.a. fram að það hafi verið viðurkennd staðreynd í heiminum að fjárfesting til forvarna í formi fræðslu og ráðgjafar um kynlíf og barneignir skili sér margfalt ef borið er saman við þann kostnað sem heilbrigðis- og félagsmálaþjónusta leggur af mörkum ef forvörnum er ekki komið við. Talið er að hver króna sem fari í að greiða kostnað við forvarnastarf á þessu sviði spari hverjar tíu krónur sem fari í aðstoð við fólk ef forvörnum er ekki beitt.

Eftirfarandi eru tillögur að forvörnum úr skýrslunni:

- Auka þarf val kvenna/para um þjónustuform. Starfrækt verði sérhæfð móttaka til ráðgjafar um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir með sérmenntuðu starfsfólki sem geti verið annarri þjónustu á þessu sviði til ráðgjafar. Slík þjónusta hafi opið að degi til og á kvöldin.
- Stuðla þarf að áframhaldandi þróun fræðslu og ráðgjafar um getnaðarvarnir fyrir konur sem fara í fóstureyðingu á kvennadeild Landspítalans. Þar hafi konur aðgang að getnaðarvörnum á kostnaðarverði.
- Auka þarf aðgengi kvenna að neyðargetnaðarvörn.

- Meiri umfjöllun þarf að verða um ábyrgt kynlíf og þar með ábyrga notkun getnaðarvarna, t.d. í fjölmiðlum og víðar.
- Kynna þarf neyðargetnaðarvörn fyrir fólki með ýmsum hætti, eins og auglýsingum á strætisvögnum, með skjáauglýsingum og í kvikmyndahúsum.
- Kynna þarf betur hormónasprautuna.

Sérstakur kafli er í skýrslunni um aðgengi að getnaðarvörnum, en þar segir m.a. að hér á landi hafi fólk ekki haft nægjanlega greiðan aðgang að nokkrum getnaðarvörnum. Megi þar nefna neyðargetnaðarvörn, hormónasprautuna, hormónalykkjuna og hettuna. Árið 1996 hafi FKB markvisst byrjað að kynna neyðargetnaðarvörn. Það sama ár hafi í fyrsta skipti verið dreift bæklingi hér á landi um neyðargetnaðarvörn. Bæklingnum var dreift til þeirra ungmenna sem tóku þátt í könnun um viðhorf ungs fólks til sérhæfðrar ráðgjafar á sviði kynlífs og barneigna. Það sama ár var hann einnig sendur til allra heimilislækna, kvensjúkdómalækna og barnalækna ásamt greinum og upplýsingum um neyðargetnaðarvörn. Samkvæmt þessari könnun sem gerð var 1996 kom fram að 64% ungmenna vissu ekki hvað neyðargetnaðarvörn var. Jafnframt kom fram að verið væri að skoða þekkingu kvenna sem fara í fóstureyðingu á neyðargetnaðarvörn. Bráðabirgðatölur sem byggðust á svörum 100 kvenna sem sótt höfðu um fóstureyðingu hérlendis sýndu að 43% vissu ekki hvað neyðargetnaðarvörn var en hinar (57%) höfðu allflestar fengið þá vitneskju samdægurs. Ljóst er af viðtölum við konurnar að þeim þótti það miður að hafa ekki haft vitneskju um þessa leið til neyðargetnaðarvarnar.

Niðurstöður skýrslunnar eru m.a. eftirfarandi og gætu tvímælalaust verið leiðarljós til úrbóta í þessum málaflokki:

- Vaxandi þörf er á ráðgjöf fyrir ungt fólk um kynlíf, getnaðarvarnir og barneignir í ljósi þess aukna fjölda sem leitar til ráðgjafa FKB.
- Ráðgjöf skortir um getnaðarvarnir, svo sem neyðargetnaðarvörn og smokka, fyrir ungt fólk innan veggja skólanna.
- Skortur er á hjúkrunarfræðingum í framhaldsskólum sem geta m.a. veitt fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir.
- Hjúkrunarfræðingar í skólum hafa ekki leyfi til að gefa neyðargetnaðarvörn.
- Betur verði kynntir möguleikar (ungs) fólks til ráðgjafar varðandi getnaðarvarnir á heilsugæslustöðvum og afgreiðslutími þjónustunnar lengdur í samræmi við óskir og þarfir (ungs) fólks.
- Endurskoða þarf námsefni um getnaðarvarnir í framhaldsskólum landsins.
- Neyðargetnaðarvörn sé aðgengileg á kostnaðarverði fyrir ungt fólk yngra en 20 ára.

Samkvæmt reglugerð frá 2001 hefur apótekum verið veitt undanþága til að afgreiða neyðargetnaðarvarnir sem lyf í neyðartilfelli, enda þarf að nota slíka vörn innan 72 klst. frá óvörðum samförum.

Sýnt hefur verið fram á að góð fræðsla og ráðgjöf um getnaðarvarnir stuðlar að staðfastri notkun þeirra. Forsenda þess er að starfsfólk heilsugæslunnar hafi góða þekkingu og þjálfun til að geta veitt fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir. Þegar tekið er tillit til þarfa skjólstæðingsins varðandi getnaðarvarnir eru meiri líkur á því að viðkomandi sé ánægður með þá getnaðarvörn og noti hana reglubundið. Eftir því sem fleiri getnaðarvarnir eru í boði skapast meira svigrúm varðandi val á þeim og verður líklegra að fólk geti fundið sér þá getnaðarvörn sem hentar því best.

Flutningsmenn tillögunnar telja mikilvægt að gera fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir aðgengilegri fyrir ungt fólk og er það í samræmi við nýsamþykkta heilbrigðisáætlun til ársins 2010 en í henni segir í 5. kafla að íslensk markmið til 2010 séu:

1. Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu ungs fólks um 25%.
2. Dregið verði úr reykingum ungs fólks um 50%.
3. Dregið verði úr slysum og dauðaslysum ungs fólks um 25%.
4. Ótímabærum þungunum meðal stúlkna 19 ára og yngri fækki um 50%.

394. Svar [237. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um þriggja fasa rafmagn.

1. Hversu háar fjárhæðir er áætlað að fari í tengingu þriggja fasa rafmagns á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins á þessu ári, greint eftir umdæmi Rariks, og hver er áætluð fjárveiting næsta árs og hvar verður framkvæmt?

Á þessu ári er áformað að verja um 205 millj. kr. til endurnýjunar og styrkingar dreifikerfa Rafmagnsveitna ríkisins til sveita utan sumarbústaðahverfa. Ætla má að um 40% eða 80 millj. kr. af þessari upphæð nýtist til þrífösunar hjá notendum sem ekki höfðu aðgang að þriggja fasa rafmagni áður. Önnur verkefni sem unnið er að fyrir ofangreindar 205 millj. kr. eru t.d.:

- Lagning þriggja fasa strengja í stað gamalla þriggja fasa lína til að auka rekstraröryggi og flutningsgetu.
- Lagning þriggja fasa strengja til að auka flutningsgetu.
- Lagning þriggja fasa strengja til nýrra notenda.
- Uppsetning þriggja fasa spennistöðva samfara lagningu strengja.

Styrking og endurnýjun kerfisins er því nú nánast alfarið með þriggja fasa strengjum. Verulegur hluti af fjármagni fer hins vegar til endurnýjunar á þeim hluta kerfisins sem nú er þriggja fasa, enda eru þriggja fasa línurnar almennt eldri en einfasa línurnar auk þess sem þær eru meginstofnbrautir kerfisins og mikilvægar með tilliti til rekstraröryggis. Skipting fjármagns eftir landshlutum í ár er eftirfarandi í millj. kr.:

Vesturland	45,6
Norðurland vestra	29,6
Norðurland eystra	53,6
Austurland	28,7
Suðurland	47,9
Samtals	**205,4**

Á næsta ári er áformað að verja 280 millj. kr. til nýframkvæmda og endurnýjunar í sveitakerfum. Endanleg ákvörðun um verkefni liggur ekki fyrir en ætla má að skipting milli landshluta verði áþekk því sem var í ár.

2. Hvaða landshlutar, sveitarfélög eða svæði, eru enn án þriggja fasa rafmagns?

Þegar 11 og 19 kV dreifikerfið til sveita var byggt upp voru aðaldreifilínur út frá aðveitustöðvum að jafnaði hafðar þriggja fasa enda flutningur mestur um þær. Meginlínur út frá þeim þar sem byggð var strjálli og flutningur raforku minni svo og einstakar álmur voru hins vegar að jafnaði einfasa þar sem kostnaður við þær var verulega lægri og almennt engin þörf fyrir þriggja fasa rafmagn til almennrar notkunar. Í upphafi voru þannig innan við 25% af

línum kerfisins þriggja fasa og nánast allir notendur með einfasa tengingu frá dreifispenni og heim í hús og nánast allir spennar í dreifbýli einfasa.

Einfasa kerfið er því fyrir hendi í öllum sveitum og landshlutum en eftir því sem byggðin er strjálli eru þær algengari og þar sem hún er strjálust er það nánast allsráðandi. Í dag eru tæp 40% dreifikerfis þriggja fasa og tæp 20% spennistöðva.

3. *Hver er áætlaður kostnaður við að ljúka lagningu þriggja fasa rafmagns á landinu og hvenær er áætlað að ljúka því verki?*

Áætlaður kostnaður við að ljúka þrífösun á öllu 11 og 19 kV dreifikerfinu með strenglögn og uppsetningu þriggja fasa spennistöðva er í dag áætlaður um 10 milljarðar króna. Allar nýjar framkvæmdir eru nú þriggja fasa þannig að þegar endurnýjun kerfisins lýkur verður það nánast alfarið þriggja fasa. Við óbreyttar fjárveitingar verður því þess langt að bíða að öll landsbyggðin búi við þriggja fasa rafmagn. Vandinn er því sá að forgangsraða þarf þrífösun landsbyggðarinnar með hliðsjón af þörfinni, en allvíða er lítil sem engin þörf fyrir þrífösun, en annars staðar og þá sérstaklega vegna stærri býla og atvinnurekstrar er þörfin brýn. Sérstök nefnd er iðnaðarráðherra skipaði á sl. ári í samræmi við þingsályktun Alþingis frá 10. mars 1999 vinnur nú að úttekt á þörf atvinnulífs landsbyggðarinnar fyrir þriggja fasa rafmagn á næstu árum. Hefur nefndin haft samband við allar sveitarstjórnir og óskað eftir upplýsingum um mestu þörf fyrir þriggja fasa rafmagn í hverju sveitarfélagi til að geta hugsanlega forgangsraðað framkvæmdum og gert markvissari áætlanir um endurnýjun dreifiveitna og þá um leið lagningu þriggja fasa rafmagns til þeirra aðila er mesta þörf hafa fyrir það. Nefndin mun væntanlega ljúka störfum fyrir næstu áramót.

395. Svar [264. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um rafgirðingar.

1. *Hefur farið fram heildarúttekt á rafgirðingum á ákveðnum landsvæðum eða landshlutum m.a. með tilliti til fjarlægðar rafgirðinga frá háspennulínum og þverunar þessara lína, festinga rafgirðinga í háspennustaura, fjarlægðar rafgirðinga og jarðskauta þeirra frá fjarskiptalögnum, nálgunar annarra jarðskauta, svo sem frá háspennuvirkjum, útbreiðsluviðnáms rekstrarjarðskauta, merkinga og legu rafgirðinga, og ef ekki, er fyrirhugað að gera slíka úttekt?*

Löggildingarstofa hefur hvorki látið gera heildarúttekt á uppsetningu rafgirðinga í landinu né á einstökum landsvæðum. Árið 1998 gaf viðskiptaráðherra út reglugerð sem hefur að geyma reglur um uppsetningu rafgirðinga, búnað þeirra og frágang (reglugerð nr. 121/99). Tæknilegir þættir hennar voru unnir af Löggildingarstofu í samvinnu við Bændasamtök Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Bændaskólann á Hvanneyri, Landgræðslusjóð, Landssímann, Vegagerðina og Rafteikningu hf.

Eftir gildistöku reglnanna voru þær kynntar fagmönnum á rafmagnssviði og hagsmunaaðilum í landbúnaði. Áður höfðu engar staðfestar reglur gilt um uppsetningu rafgirðinga. Aðeins voru fyrir hendi leiðbeiningar um uppsetningu og notkun rafgirðinga sem Rafmagnseftirlit ríkisins gaf út árið 1983.

Þveri rafgirðingar háspennulínur eða liggi samsíða þeim ber eigendum rafgirðinga að sækja um sérstakt leyfi fyrir slíku til viðkomandi rafveitu eða eiganda háspennulínunnar, sbr.

fyrrgreindar reglur um rafgirðingar. Jafnframt ber eigendum rafgirðinga að hafa samráð við eigendur fjarskiptavirkja séu rafgirðingar lagðar nálægt símaloftlínum.

Haustið 2000 hóf Löggildingarstofa átaksverkefni sem felst í könnun á ástandi raflagna á sveitabýlum í landinu, svo sem raflögnum á bæjum, útihúsum, hlöðum, ástandi jarðskauta, rafgirðinga o.fl. Faggiltar skoðunarstofur skoða raflagnir hundruða sveitabýla um land allt samkvæmt skilgreindum skoðunarreglum. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki haustið 2002 og munu niðurstöður verða rækilega kynntar.

2. *Hvernig er eftirliti með uppsetningu nýrra rafgirðinga háttað og hvaða faggiltir aðilar sjá um eftirlitið?*

Þurfi að fasttengja spennugjafa rafgirðinga við almenna veitukerfið skal það gert af löggiltum rafverktaka, sbr. reglur um rafgirðingar. Eigandi rafgirðingar getur að öðru leyti sjálfur annast uppsetningu hennar. Sé spennugjafi hins vegar með aðtaug og hefðbundinni kló þarf ekki að kalla til löggiltan rafverktaka.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Löggildingarstofa hefur aflað sér eru flestir spennugjafar sem fluttir eru til landsins og ætlaðir eru til tengingar við almenna veitukerfið búnir aðtaug og kló.

Löggildingarstofa telur að í flestum tilfellum sjái eigendur sjálfir um uppsetningu og tengingu rafgirðinga sinna enda hafa stofnuninni ekki borist neinar tilkynningar frá löggiltum rafverktökum um tengingu rafgirðinga síðustu árin. Berist stofnuninni slíkar tilkynningar munu faggiltar skoðunarstofur á rafmagnssviði, Frumherji hf. eða Rafskoðun ehf., skoða í samræmi við skilgreindar skoðunarreglur.

3. *Er skylt að tilkynna um nýlagningu rafgirðinga, og ef svo er, hvernig og hvert á að tilkynna uppsetningu þeirra?*

Löggiltum rafverktökum er skylt að tilkynna um verk sem þeir hafa lokið til viðkomandi rafveitu sem sér um að koma tilkynningunum áfram til Löggildingarstofu. Löggildingarstofa velur síðan til úttektar úr þeim verkum sem rafverktakar hafa unnið við. Áætla má að um 30–50 % af verkum hvers rafverktaka séu árlega skoðuð. Þá ber einnig að hafa í huga að samkvæmt lögum eiga allir löggiltir rafverktakar að hafa komið sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi (gæðakerfi) sem tryggir að öll þeirra verk séu unnin og yfirfarin (skoðuð) samkvæmt gildandi reglum.

4. *Þurfa faggiltir aðilar að fylgjast með uppsetningu rafgirðinga?*

Faggiltar skoðunarstofur skoða rafgirðingar þegar Löggildingarstofa lætur skoða verk löggiltra rafverktaka eftir að þeim er lokið. Eigendum rafgirðinga er að sjálfsögðu heimilt að semja við skoðunarstofur um skoðun á rafgirðingum sínum.

5. *Hve oft frá 1. janúar 1997 hafa verið gerðar athugasemdir við uppsetningu nýrra rafgirðinga og hvaða athugasemdir voru gerðar?*

Engar tilkynningar um uppsetningu rafgirðinga hafa borist frá löggiltum rafverktökum. Því hefur Löggildingarstofa ekki óskað eftir skoðun á nýjum rafgirðingum sem lið í úttekt á starfsemi rafverktaka. Skoðaðar hafa verið rafgirðingar í þeim tilfellum sem ábendingar hafa borist. Í þessum tilvikum hefur öryggi manna og dýra ekki verði stefnt í hættu heldur hafa viðkomandi rafgirðingar truflað fjarskiptavirki. Helstu athugasemdir sem gerðar hafa verið lúta að einangrun girðinga og efnisvali, jarðskautum og aðtaugum.

6. Hvernig er eftirliti með eldri rafgirðingum háttað?

Löggildingarstofa hefur ekki beint eftirliti sínu sérstaklega að rafgirðingum en benda má á átaksverkefni varðandi raflagnir í landbúnaði, sjá svar við 1. lið fyrirspurnarinnar. Á síðustu 30 árum er stofnuninni ekki kunnugt um neitt tjón er rekja má til rafgirðinga og á sama tímabili eru skráð tvö óhöpp sem óbeint má rekja má til slíks búnaðar. Fyrra atvikið átti sér stað árið 1995 er maður á göngu hrasaði á rafgirðingu við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Síðara atvikið átti sér stað á síðasta ári er starfsmaður rafveitu við línuskoðun ók á vír sem var strengdur á milli tveggja rafgirðinga. Vírinn hefði átt að vera sérstaklega merktur en var það ekki.

Það skal sérstaklega tekið fram að áætlað er að um 140.000 húsveitur (neysluveitur) séu í landinu og að notkunarflokkar þeirra séu á annað hundrað. Ef skoða ætti eldri neysluveitur með þeirri tíðni sem eldri reglur kváðu á um, gæti árlegur kostnaður vegna slíks eftirlits numið 150 millj. kr. (sjá skýrslu um rafmagnsöryggismál, Árangur af breyttu skipulagi, gefin út af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum árið 1999). Löggildingarstofa hefur ekki yfir slíkum fjármunum að ráða. Þess í stað hefur stofnunin, í ríkari mæli, beitt sér fyrir sérstökum átaksverkefnum varðandi skoðanir á eldri húsveitum.

Á síðasta ári voru t.d. kynntar niðurstöður skoðana á raflögnum hesthúsa. Skoðuð voru á annað hundrað hesthús á tímabilinu 1998–2000 um allt land. Niðurstöðurnar voru kynntar öllum hagsmunaaðilum og í fjölmiðlum. Nú er á vegum Löggildingarstofu verið að skoða raflagnir hótela og veitingahúsa og skemmtistaða um allt land. Þá er, eins og áður hefur komið fram, verið að kanna ástand raflagna á sveitabýlum.

7. Hverjir bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi rafgirðinga?

Eigendur rafgirðinga bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra, sem og öðrum rafmagnstækjum og raflögnum sem eru í þeirra eigu.

8. Hver metur hvort rafgirðing er talin henta?

Það gerir eigandi rafgirðingar. Það er þó háð ákveðnum skilyrðum, sbr. reglur um rafgirðingar.

9. Hvert geta bændur leitað eftir leiðbeiningum um uppsetningu og frágang rafgirðinga og annarra raforkuvirkja til notkunar við búrekstur?

Bændur geta leitað eftir leiðbeiningum um uppsetningu og frágang rafgirðinga og annarra raforkuvirkja til Löggildingarstofu og löggiltra rafverktaka. Bændaskólinn á Hvanneyri og e.t.v. fleiri aðilar hafa staðið fyrir námskeiðum um uppsetningu og notkun rafgirðinga og fyrirtæki sem selja rafgirðingarefni hafa gefið út leiðbeiningar um uppsetningu og notkun.

10. Gilda sömu reglur um fimm víra rafgirðingu og þær sem hafa færri strengi?

Í reglum um rafgirðingar er ekki gerður greinarmunur á fimm víra rafgirðingum og þeim sem hafa færri strengi.

11. Hve víða eru rafgirðingar ótryggar vegna fjarlægðar þeirra eða jarðskauta frá fjarskiptalögnum?

Rafgirðingum er engin hætta búin af fjarskiptalögnum. Líklegra er að rafgirðingar geti truflað rekstur fjarskiptavirkja og fjarskiptalagna. Viðbrögð við slíku eru á hendi Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. lög um fjarskipti.

12. Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til þess að tryggja öryggi rafgirðinga með tilliti til fjarskiptalagna?

Slíkar aðgerðir eru á hendi Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. svar við 11. lið fyrirspurnarinnar.

396. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107/1999, um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Hannesson frá samgönguráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Póst- og fjarskiptastofnun, Landssíma Íslands hf., Tali hf. og Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Markmið frumvarpsins er tvenns konar. Annars vegar að koma gjaldstofni og gjaldhlutfalli vegna jöfnunarsjóðs alþjónustu í varanlegt form þannig að ekki þurfi að leggja fram sérstakt frumvarp á Alþingi ár hvert nema fjárþörf jöfnunarsjóðsins breytist og hins vegar að tryggja aðgang að heimtaugum rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild, en Landssími Íslands hf. er eina fjarskiptafyrirtækið sem fellur undir þá skilgreiningu hér á landi.

Varðandi aðgang að heimtaugum leggur nefndin áherslu á að ákvæði frumvarpsins sem skylda rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild til að birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu verði fylgt vel eftir.

Í 26. gr. fjarskiptalaga er lögð skylda á fyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet o.fl. og njóta umtalsverðrar markaðshlutdeildar að leggja fram viðmiðunartilboð vegna samtenginga. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur gengið illa og hafa þau viðmiðunartilboð sem Landssíminn hefur lagt fram ekki talist fullnægjandi að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Dráttur á framlagningu viðmiðunartilboða er mjög bagalegur fyrir fyrirtæki á þessu sviði og afar mikilvægt að ástand í þessum málum verði bætt. Í 2. tölul. 1. mgr. 26. gr. fjarskiptalaga er að finna heimild til handa Póst- og fjarskiptastofnun til að setja reglur um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboðs. Samkvæmt upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun stendur nú yfir vinna við gerð slíkra reglna og ætla menn að með tilkomu þeirra muni komast á viðunandi ástand. Nefndin mælist til þess að þessari vinnu verði flýtt eins og kostur er.

Viðmiðunartilboð vegna aðgangs að heimtaugum samkvæmt frumvarpinu eru annars eðlis en viðmiðunartilboð skv. 26. gr. fjarskiptalaga. Ljóst má vera að ekki er síður mikilvægt að viðmiðunartilboð vegna aðgangs að heimtaugum sé birt en viðmiðunartilboð á sviði samtenginga. Til að tryggja að framkvæmd þessa ákvæðis verði eins og til er ætlast leggur nefndin til að Póst- og fjarskiptastofnun verði með sambærilegum hætti og í 26. gr. laganna gert að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboða samkvæmt greininni.

Þá leggur nefndin til að orðalagi a-liðar 1. gr., þar sem kveðið er á um að gjaldhlutfall skuli endurskoðað árlega af Póst- og fjarskiptastofnun, verði breytt. Misskilja má þetta ákvæði frumvarpsins á þann veg að með þessu sé Póst- og fjarskiptastofnun framselt vald til að breyta gjaldhlutfallinu eftir þörfum en það er engan veginn ætlunin með frumvarpinu auk þess sem slíkt framsal skattlagningarvalds er andstætt stjórnarskrá. Þessu ákvæði var ein-

ungis ætlað að tryggja að Póst- og fjarskiptastofnun endurskoðaði gjaldhlutfallið reglulega, með hliðsjón af fjárþörf jöfnunarsjóðsins. Síðan var ætlunin að ráðherra mundi á grundvelli þeirrar endurskoðunar leggja fram frumvarp til breytingar á gjaldhlutfallinu, ef þörf væri á. Það er ljóst að gjaldhlutfallinu verður ekki breytt nema með lögum og til að ákvæðið valdi ekki misskilningi að þessu leyti leggur nefndin til að orðalagi þess verði breytt og það skýrt nánar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Lúðvík Bergvinsson, Kristján L. Möller og Árni Steinar Jóhannsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 22. nóv. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Kristján L. Möller, með fyrirvara.		Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.

397. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 107/1999, um fjarskipti.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. 2. efnismálsl. a-liðar orðist svo: Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.
2. Við 2. gr. Við 1. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

398. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Mannréttindasamtökum innflytjenda, laganefnd Lögmannafélags Íslands, Toshiki Toma, presti innflytjenda, fjölmenningarráði, Rótum og Verslunarráði Íslands.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að fallið verði frá áskilnaði 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna um að útlendingur þurfi að hafa átt lögheimili hér á landi í fimm ár til að geta eignast fasteign. Dómsmálaráðherra, sem hefur heimild til að veita undanþágu frá þessu skilyrði skv. 2. mgr. 1. gr., hefur aldrei hafnað undanþágu frá þessu skilyrði á undanförnum áratugum en fjölmargar beiðnir um slíkt berast á ári hverju. Er tilgangur frumvarpsins að bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem eiga lögheimili hér á landi og vilja fjárfesta í fasteign.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 23. nóv. 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ásta Möller.
Kjartan Ólafsson.	Guðjón A. Kristjánsson.	Katrín Fjeldsted.
Guðrún Ögmundsdóttir.		Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

399. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 20. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 15. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 31 fund og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 2.277,6 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Meiri hluti nefndarinnar þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 7. gr. Auk þess bíða 3. umræðu ýmis viðfangsefni sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 276 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi. Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til að styrkja frekar starfsemi setursins.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 7 m.kr. tímabundið framlag með það að markmiði að auka öryggi rafrænna upplýsinga sem ráðuneytin búa yfir. Fjárveitingin yrði til viðbótar 5 m.kr. framlagi á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið sem ætlað er til að efla öryggi upplýsinga hjá Stjórnarráðinu.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Lagt er til að 250 m.kr. fjárveiting til framkvæmda við húsbyggingar fyrir ráðuneyti verði flutt til forsætisráðuneytis af lið 09-981 Ýmsar fasteignir hjá fjármálaráðuneyti, enda fer forsætisráðuneytið með mál sem varða ráðstöfun skrifstofuhúsa fyrir ráðuneytin í heild samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

6.01 Nýframkvæmdir. Gerð er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag til að koma upp nauðsynlegum búnaði til sýningahalds í fræðslumiðstöðinni á Hakinu þannig að unnt verði að opna gestastofuna á árinu 2002. Með bréfi forsætisráðuneytisins í janúar sl. var heimilað að halda áfram framkvæmdum við fræðslumiðstöðina en þeim hafði verið frestað um eitt ár. Byggingu hússins á að ljúka á þessu ári og verður það þá fullfrágengið með snyrtingum og gestastofu. Tillagan féll niður fyrir misgáning við frágang fjárlagafrumvarpsins.

Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að koma upp snyrtiaðstöðu í tengslum við þjónustumiðstöðina á Leirunum. Núverandi aðstaða er óviðunandi auk þess sem engar snyrtingar eru opnar á Þingvöllum þegar þjónustumiðstöðin er lokuð á veturna. Fyrirhugað er að reisa aðstöðuna í tveimur áföngum og að sótt verði um 2,5 m.kr. fjárveitingu til seinni áfanga á árinu 2003. Tillagan féll niður fyrir misgáning við frágang fjárlagafrumvarpsins.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 706,6 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

5.50 Fasteignir. Lagt er til að útgjöld til viðhalds verði lækkuð í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands. Í áætluninni er gert ráð fyrir að skólinn fái 60 m.kr. af lið 02-269-5.21 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmda hækki um 313 m.kr. frá fjárlagafrumvarpi og nemi 518 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun skólans um framkvæmdir og tækjakaup. Auknar framkvæmdir verða fjármagnaðar með lántöku Happdrættis Háskóla Íslands.

208 Örnefnastofnun Íslands.

1.01 Örnefnastofnun Íslands. Gerð er tillaga um tímabundna 1 m.kr. fjárveitingu til útgáfu mynda með örnefnamerkingum í samvinnu Örnefnastofnunar og IWW ehf.

228 Listaháskóli Íslands.

1.01 Listaháskóli Íslands. Lögð er til 30 m.kr. hækkun á framlagi vegna fyrirhugaðs samnings við skólann til viðbótar 30 m.kr. hækkun sem áætlað er fyrir í fjárlagafrum-

varpinu. Við gerð frumvarpsins var ákveðið að áætla ekki fyrir hlutdeild Reykjavíkurborgar í myndlistarnámi á sama hátt og í fjárlögum fyrri ára, en Listaháskólinn tók við kennslunni af Myndlista- og handíðaskólanum haustið 1999. Hefur Reykjavíkurborg gert ágreining um greiðsluþátttöku frá þeim tíma, en hún var áætluð 51 m.kr. á ári. Tillagan felur í sér að ríkissjóður auki framlag sitt til skólans enda takist ekki samningar um að Reykjavíkurborg leggi skólanum til fé.

Þá er lagt til að framsetningu fjárlagaliðarins verði breytt til samræmis við framsetningu fjárreiðna annarra einkaskóla sem fá greiðslur úr ríkissjóði. Samkvæmt því lækka útgjöld um 12,7 m.kr. þar sem jafnháar sértekjur falla niður.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

5.21 Viðhald og *6.21 Stofnkostnaður.* Lagt er til að færðar verði 30 m.kr. af viðfangsefni fyrir stofnkostnað á fjárlagaliðnum yfir á viðfangsefni fyrir viðhald í samræmi við sundurliðun fjárveitinga í greinargerð fjárlagafrumvarps.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.73 Reykjavíkurakademían. Gerð er tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.95 Tæki og búnaður, óskipt. Lögð er til 8 m.kr. hækkun liðar en sundurliðun hans er sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

451 Símenntun og fjarkennsla. Lögð er til alls 12 m.kr. hækkun á liðnum til rekstrar símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Framlag til hverrar stöðvar hækkar um 1,5 m.kr. og færist á eftirtalin viðfangsefni: 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi, 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða, 1.23 Farskóli Norðurlands vestra, 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar, 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga, 1.26 Fræðslunet Austurlands, 1.27 Fræðslunet Suðurlands og 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag hækki um 133 m.kr. og skýrist það af tvennu. Annars vegar er um að ræða 91 m.kr. hækkun í samræmi við endurskoðaða áætlun um útlán sjóðsins sem gerir ráð fyrir að lánþegum í námi erlendis fjölgi um 3% milli ára í stað 2% eins og fjárlagafrumvarpið byggist á og að lánþegum í námi innan lands fjölgi um 10% en ekki um 2% samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar eru 42 m.kr. vegna áætlaðra gengisbreytinga.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til safnsins vegna fjarvinnsluverkefna. Skráningarverkefni hafa síðustu tvö ár verið unnin í fjarvinnslu fyrir safnið á Húsavík og Hvammstanga. Góð reynsla er af þessu fyrirkomulagi og hafa fleiri fyrirtæki sýnt áhuga á að taka að sér fjarvinnslu.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerðar eru tillögur um sex tímabundnar fjárveitingar til byggða- og minjasafna og nema þær 29 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til tímabundin 8 m.kr. fjárveiting til að halda áfram rannsóknum og kynningu á Gásakaupstað. Verkefnið hófst sumarið 2001 og er á vegum Minjasafnsins og Þjóðminjasafns Íslands. Það felur í sér fornleifarannsókn, sagnfræðirannsókn, náttúrufarsrannsókn og kynningu. Í öðru lagi er lögð til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurbyggingar Norska hússins í Stykkishólmi en næsta ár verða 170 ár liðin frá byggingu þess. Í þriðja lagi er lagt til 7 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi uppbyggingar Vatneyrarbúðar á Patreksfirði. Í fjórða lagi er gerð tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings safnahúss í Garðinum en þar er gert ráð fyrir að verði m.a. sérhæft sjóminjasafn. Í fimmta lagi er lögð til

2 m.kr. tímabundin fjárveiting til bátasafns í Stykkishólmi. Loks er í sjötta lagi gerð tillaga um að veita 2 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir kostnaði við frágang umhverfis Glaumbæ í Skagafirði.

6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum. Lagt er til að 7 m.kr. tímabundið framlag verði veitt til að standa straum af byggingarkostnaði safnsins.

6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundna fjárveitingu til áframhaldandi viðhalds og endurbyggingar á Kútter Sigurfara sem er eini kútterinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi.

919 Söfn, ýmis framlög. Lagt er til að framlög til safna á þessum lið hækki alls um 76 m.kr.

1.10 Listasafn ASÍ. Lagt er til að framlag til safnsins verði hækkað um 1 m.kr. til að styrkja frekar rekstur þess.

1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Lagt er til að framlag til safnsins hækki um 1 m.kr. til að styrkja frekar starf þess.

1.41 Galdrasýning á Ströndum. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar Galdrasýningar á Ströndum.

6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli. Lögð er 7 m.kr. tímabundin fjárveiting til frekari uppbyggingar setursins.

6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík. Lögð er til tímabundin 7 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi uppbyggingar á húsnæði miðstöðvarinnar.

6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum. Lögð er til 4 m.kr. tímabundin fjárveiting til að greiða skuldir af endurbyggingu vélbátsins Blátinds í Vestmannaeyjum. Henni lauk í júní sl. og var báturinn þá afhentur menningarmálanefnd Vestmannaeyja til varðveislu og sýningar.

6.28 Sögusafnið í Reykjavík. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi stuðnings við uppbyggingu Sögusafnsins. Eftir stuðning Orkuveitu Reykjavíkur og fjárlaganefndar hefur Nýsköpunarsjóður ákveðið að styrkja það og er gert ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag um safnið. Fyrirhugað er að safnið verði opnað næsta sumar.

6.29 Endurbygging á Brydebúð. Lögð er til 3 m.kr. tímabundin fjárveiting til uppbyggingar Brydebúðar sem unnið hefur verið að.

6.32 Sjóminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundna fjárveitingu til frekari viðgerða á flutninga- og uppskipunarbátnum Friðþjófi sem er um 100 ára gamall.

6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi. Lögð er til 4 m.kr. tímabundin fjárveiting til framkvæmda við endurbyggingu Tryggvaskála.

6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði. Lagt er til að safninu verði veittur 7 m.kr. tímabundinn styrkur til að byggja bátaskemmu og setja þar upp sýningu á bátum og bryggjum síldarhafnarinnar.

6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði. Lögð er til tímabundin 6 m.kr. fjárveiting til byggingar safnahúss í Neðstakaupstað.

6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði. Lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. tímabundið framlag til að gera við eikarbátinn Sædísi sem smíðaður var á Ísafirði 1938.

6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði. Lögð er til 3,5 m.kr. tímabundin fjárveiting til að gera við vélbátinn Gest sem líklega er elsti vélbátur sem nú er til í landinu.

6.41 Safnahús í Búðardal. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til stuðnings við uppbyggingu safnahúss í Búðardal en þar stendur til að endurbyggja gamla kaupfélagshúsið.

6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri. Lagt er til 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar svokallaðrar Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra. Viðfangsefni hennar verða

þrjú, þ.e. ævi og list Jóhannesar Kjarvals, byggðasaga Borgarfjarðar, Víkna og Loðmundarfjarðar og loks þjóðtrú, þjóðsögur, álfar og huldufólk í Borgarfirði.

6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík. Lögð er til 3 m.kr. tímabundin fjárveiting til undirbúnings Saltfiskseturs Íslands í Grindavík.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.92 Kaupvangur á Vopnafirði. Lagt er til 7 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka 1. áfanga innanhússviðgerða í Kaupvangi.

6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag vegna endurbóta á Duushúsunum.

979 Húsafriðunarsjóður.

6.10 Húsafriðunarsjóður. Hér er lögð til 17 m.kr. hækkun fjárveitingar sem skiptist á sex tiltekin verkefni og er fjárveitingin tímabundin til þeirra allra. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 7 m.kr. fjárveitingu til viðgerða á gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði sem mun verða nýtt sem safnahús. Þar verður bæjar- og héraðsbókasafn, listasafn og héraðsskjalasafn. Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu til endurbóta á Syðstabæjarhúsinu í Hrísey. Í þriðja lagi er lögð til 2 m.kr. fjárveiting til endurbóta á Pakkhúsinu í Borgarbyggð. Í fjórða lagi er 2 m.kr. fjárveiting til endurbyggingar gamla kaupfélagshússins á Breiðdalsvík. Þá er í fimmta lagi 1 m.kr. fjárveiting til að endurhlaða Hraunsrétt í Aðaldal sem var upprunalega hlaðin á árunum 1836–38 og er með stærstu réttum á landinu og mjög sérstök. Loks er í sjötta lagi lögð til 1 m.kr. fjárveiting til að ljúka viðgerðum á gömlum beituskúr á Grenivík sem minnir á gamla tíð og gamla atvinnuhætti.

983 Ýmis fræðistörf.

1.23 Hið íslenska bókmenntafélag. Lögð er til 3 m.kr. hækkun á fjárveitingum til félagsins sem nema þá 4 m.kr. eins og í fjárlögum þessa árs.

988 Æskulýðsmál.

1.12 Ungmennafélag Íslands. Lagt er til að fjárveitingar til Ungmennafélags Íslands hækki um 25 m.kr. til að efla starf hreyfingarinnar. Til stendur m.a. að koma upp þjónustumiðstöðvum víðs vegar um landið.

1.13 Bandalag íslenskra skáta. Lagt er til að rekstrarstyrkur Bandalags íslenskra skáta hækki um 3 m.kr. tímabundið fyrir landsmót skáta 2002 sem haldið verður í Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum við Akureyri.

1.17 Landssamband KFUM og KFUK. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi svo að KFUM og KFUK í Reykjavík geti víkkað út starfsemi sína.

1.90 Æskulýðsmál. Lögð er til 4,9 m.kr. hækkun safnliðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.14 Íþróttasamband fatlaðra. Lagt er til að fjárveiting til sambandsins hækki um 4 m.kr. vegna stöðugt aukins umfangs starfsemi þess.

1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri. Gerð er tillaga um 0,8 m.kr. hækkun til eflingar starfsemi miðstöðvarinnar.

1.21 Skáksamband Íslands. Lagt er til að framlag hækki tímabundið um 2 m.kr. Starfsemi sambandsins eykst stöðugt en helstu verkefni þess eru: skólaskák, kvennaskák, þátttaka í mótum erlendis, þátttaka í heimsmeistaramótum, Evrópumótum og ólympíumótum og efling skákiðkunar á landsbyggðinni.

1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi. Lögð er til 5 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum til stuðnings við undirbúning unglingalandsmóts UMFÍ árið 2002 í Stykkishólmi.

1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004. Lagt er til að Ísafjarðarbæ verði veitt 10 m.kr. tímabundið framlag til mannvirkjagerðar fyrir landsmót UMFÍ 2004.

6.54 Gaddstaðir, reiðskemma. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings á uppbyggingu aðstöðu fyrir hestamenn á Gaddstaðaflötum.

6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundna fjárveitingu til byggingar skíðamannvirkja í Skarðsdal.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Lagt er til að safnliðurinn hækki um 17,9 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 135,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.19 Ráðstefnur. Gerð er tillaga um 60 m.kr. tímabundið framlag, til viðbótar við framlagið sem þegar hefur verið sótt um, vegna vorfundar utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins, NATO, og samstarfsríkja þess. Fundurinn verður haldinn á Íslandi vorið 2002, en slíkur fundur var síðast haldinn á Íslandi árið 1987. Samkvæmt þeim kostnaðaráætlunum sem liggja fyrir nú verður kostnaður ráðuneytisins vegna fundarins um 260 m.kr. Er þá ekki talinn með kostnaður við löggæslu sem færist hjá dómsmálaráðuneytinu.

1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands. Lögð er til 2 m.kr. hækkun fjárveitinga til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 69,1 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna aukins eftirlits í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Á þessu stigi er ekkert sem bendir til þess að slakað verði á þeim kröfun sem gerðar hafa verið um öryggisráðstafanir á millilandaflugvöllum. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði tveir til þrír menn sem verði á vakt allan sólarhringinn og nauðsynlegum viðbótarkostnaði vegna þeirra auk þjálfunar.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 24,8 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum. Jafnframt er lagt til að auknum útgjöldum verði mætt með breytingu á viðskiptahreyfingu á stofnuninni. Kostnaðurinn felst aðallega í hertri öryggisgæslu, aukinni vopna- og farangursleit ásamt aukinni sprengjuleit í flugvélum.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1.11 Þróunaraðstoð. Lagt er til að hækkun á framlagi til þróunarmála, sem í frumvarpinu var áætluð 50 m.kr., verði lækkuð um 20 m.kr., það er að hækkun umfram gengisbreytingar verði 30 m.kr. í stað 50 m.kr. Á móti hefur verið lagt til að framlag árið 2001 hækki um 100 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði lækkuð um 0,5 m.kr.

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Lögð er til 6 m.kr. hækkun liðarins og er fjárveitingin ætluð verkefninu Nytjaland.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Lögð er til 12 m.kr. hækkun á fjárveitingum til skólans svo að unnt sé að ráða fleiri sérfræðinga til starfa en umsvif skólans hafa aukist í samræmi við þau lög sem skólinn starfar eftir og ný námskrá var samþykkt árið 2000 sem gerir ráð fyrir lengingu námsins á öllum brautum.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Farið er fram á að 49 m.kr. tímabundnar sértekjur sem voru færðar vegna átaks um landgræðslu og skógrækt verði felldar niður. Átakinu er lokið og lækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð þannig að framlög úr ríkissjóði til landgræðslu verða óbreytt. Þá er jafnframt farið fram á 33 m.kr. millifærslu af rekstrarlið yfir á stofnkostnað vegna lagningar hitaveitu. Fyrirhugað er að verkið taki þrjú ár og kosti um 90 m.kr.

6.01 Tæki og búnaður. Framangreind millifærsla af rekstrarlið hækkar stofnkostnaðarliðinn um 33 m.kr.

321 Skógrækt ríkisins.

1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá. Lögð er til 15 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð til rannsókna á kolefnisbindingu vegna nýskógræktar og kolefnislosun vegna skógareyðingar.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Lagt er til að framlag vegna beingreiðslna hækki um 10 m.kr. í samræmi við nýlega ákvörðun um hækkun á grundvallarverði mjólkur. Nýtt verð er 76,02 kr. á lítra en beingreiðsluframlag ríkissjóðs miðast við 47,1% af grundvallarverði.

1.02 Lífeyrissjóður bænda. Lögð er til 0,4 m.kr. hækkun til Lífeyrissjóðs bænda í samræmi við verðlagshækkun mjólkur, en framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðsins miðast við 4% mótframlag.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

1.30 Uppkaup á greiðslumarki. Lögð er til 57 m.kr. lækkun framlaga til uppkaupa á greiðslumarki sauðfjár. Gert hafði verið ráð fyrir kaupum á 10.000 ærgildum, en tilboð bárust aðeins í um 8.000 ærgildi.

811 Bændasamtök Íslands.

1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta. Lögð er til 5,2 m.kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um leiðbeiningarþjónustu.

1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta. Lögð er til 3,4 m.kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um héraðsráðunauta.

1.96 Búfjárrækt. Lögð er til 58 m.kr. millifærsla af stofnkostnaði búfjárræktar yfir á rekstrarliði þar sem megnið af kostnaðinum á viðfanginu eru laun. Jafnframt er hér lögð til 4,5 m.kr. hækkun í samræmi við ákvæði um endurskoðun á launaliðum samnings við Bændasamtökin um leiðbeiningar við búfjárrækt.

6.95 Búfjárrækt. Þessi liður lækkar um 58 m.kr. í samræmi við framangreinda millifærslu af stofnkostnaðarlið búfjárræktar yfir á rekstur.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 11 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til hafrannsóknarskipsins Drafnar sem nýtt er sem skólaskip.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um að veita sérstakan tímabundinn 6 m.kr. styrk til verkefnis með það að markmiði að meta samkeppnishæfni þorskeldis á Íslandi, að afla og miðla upplýsingum um þorskeldi og að móta stefnu í rannsókna- og þróunarvinnu. Verkefnið er samstarfsverkefni sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegsfyrirtækja.

202 Hafrannsóknastofnunin. Gerð er tillaga um að 15,5 m.kr. verði millifærðar af stofnkostnaðarviðfangsefnum Hafrannsóknastofnunarinnar á rekstrarlið vegna leiðréttingar á framsetningu frumvarpsins. Þannig hækkar viðfangsefnið *1.01 Almenn starfsemi* um 15,5 m.kr. Viðfangsefnið *1.30 Rannsóknaskip* lækkar um 6 m.kr., *5.31 Viðhald rannsóknaskipa* lækkar um 7 m.kr., *6.31 Tæki og búnaður í skip* lækkar um 1,4 m.kr. og loks lækkar *6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa* um 1,1 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 80,5 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um að millifærð verði til aðalskrifstofu 8,2 m.kr. fjárheimild af fjárlagaliðnum 06-397 Schengen-samstarf til að standa undir launakostnaði og öðrum starfskostnaði starfsmanns vegna Schengen-samstarfsins. Undanfarin ár hefur sérstakur starfsmaður unnið að undirbúningi að þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þessum undirbúningsþætti er að mestu lokið og hverfur starfsmaðurinn til sinna fyrri starfa en ýmis verkefni vegna samstarfsins færast til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að veitt verði 4,4 m.kr. viðbótarfjárveiting til embættis ríkislögreglustjóra vegna aukins ferðakostnaðar en mjög hefur færst í vöxt að lögreglumenn fylgi útlendingum sem vísað er frá Íslandi til erlendra landa. Slíkum ferðum fylgir jafnframt talsverður dvalarkostnaður.

Jafnframt er lagt til að millifærð verði 1,8 m.kr. fjárheimild til embættis ríkislögreglustjóra af fjárlagaliðnum 06-397 Schengen-samstarf til að standa undir auknum ferðakostnaði. Með því að Ísland er orðið virkur þátttakandi í Schengen-samstarfinu hefur embætti ríkislögreglustjóra verið falið að sinna þátttöku í nokkrum sérhæfðum vinnunefndum, svo sem vinnunefnd er fjallar um starfsemi SIRENE-skrifstofanna, fölsuð skilríki, fíkniefni o.fl.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til aukinnar löggæslu í tengslum við fyrirhugaðan ráðherrafund NATO hér á landi í maí á næsta ári. Viðbótarkostnaður löggæsluembætta er einkum vegna aukavakta og yfirvinnu lögreglumanna við öryggisgæslu fundardagana, um 30 m.kr., undirbúnings, þjálfunar, ferða og uppihalds, um 10 m.kr., og nokkurra búnaðarkaupa, um 10 m.kr. Auk lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu er fyrirhugað að lögreglumenn frá embættum víðs vegar á landinu komi að gæslunni ráðstefnudagana 13.–15. maí. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið hafi yfirumsjón með undirbúningi og skipulagningu þessa viðbúnaðar hjá ríkislögreglustjóra og öðrum embættum.

Einnig er gerð tillaga um 12 m.kr. framlag til vopnaleitar vegna millilandaflugs frá innanlandsflugvöllum en eftirlit þetta er afleiðing hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og aukinnar spennu á alþjóðavettvangi í kjölfar þess. Á þessu stigi er áætlað að eftirlitið muni kosta um 12 m.kr. á ársgrundvelli. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fjárhæðin skiptist milli embætta en ljóst er að stærsti hlutinn mun renna til lögreglunnar í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði færð til viðkomandi embætta þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að framlag til Landhelgisgæslu Íslands verði hækkað um 6,8 m.kr. vegna aukins kostnaðar við vátryggingar flugfara á grundvelli útboðs um tryggingarnar. Ekki hefur hins vegar verið tekin endanleg afstaða til tilboða enda er útboðinu nýlokið og er hér því um áætlaða fjárhæð að ræða.

397 Schengen-samstarf.

1.01 Schengen-samstarf. Lagt er til að millifærðar verði 10 m.kr. af liðnum, sbr. framangreindar skýringar, annars vegar á lið 06-101 um 8,2 m.kr. millifærslu til aðalskrifstofu og hins vegar á lið 06-303 um 1,8 m.kr. millifærslu til embættis ríkislögreglustjóra.

432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum.

1.20 Löggæsla. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag vegna reynsluverkefnis í skipulögðum fíkniefnaleitum.

701 Þjóðkirkjan.

1.01 Biskup Íslands. Lagt er til að veitt verði 5,3 m.kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði við að fjölga prestsembættum um eitt á grundvelli lagaákvæða um að fjölga beri embættum í hvert sinn sem meðlimum þjóðkirkjunnar fjölgar um 5.000. Á grundvelli núverandi talna yfir fjölda í þjóðkirkjunni og reynslu undanfarinna ára þykir næsta víst að fjöldi meðlima muni hafa náð því marki í lok þessa árs. Tölur til staðfestingar frá Hagstofu Íslands munu hins vegar ekki liggja fyrir í tæka tíð fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga næsta árs. Fjárhæðin tekur mið af nánari útfærslu í samningi ríkis og kirkju frá 1998 og er ætlað að standa undir launum, embættiskostnaði, námsleyfum o.fl.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 27,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Lagt er til að hækkað verði framlag til nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum um 0,5 m.kr.

1.90 Ýmislegt. Tillaga er gerð um 2 m.kr. millifærslu á framlagi af liðnum til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlögun tölva að þörfum fatlaðra“ undir liðnum 996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Lögð er til 13 m.kr. hækkun liðarins og er fjárveitingin ætluð til að greiða fyrir nýjum þjónustusamningi við meðferðarheimilið Árbót.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Lagt er til að liðurinn hækki tímabundið um 2 m.kr. og er fjárveitingin ætluð foreldrum tveggja alvarlega veikra barna til að gera þeim unnt að annast þau.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 16,8 m.kr. fjárveitingu til greiðslu á húsaleigu sambýla í eigu Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar og skrif-

stofuaðstöðu fyrir svæðisskrifstofuna. Félagsmálaráðuneytið hefur í vaxandi mæli leitað eftir húsnæði til leigu fyrir sambýli í stað þess að byggja eða kaupa húsnæði.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð Fjöliðjunni á Vesturlandi.

705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.

1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Lögð er til 7,5 m.kr. hækkun á launalið vegna úrskurðar Félagsdóms nr. 9/2001 um viðurkenningu þess að Byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra hafi borið að greiða starfsmönnum sem þess óskuðu laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.01 Almennur rekstur. Lögð er til 7,5 m.kr. hækkun á launalið vegna úrsagnar starfsmanna úr Verkalýðsfélagi Fljótsdalshéraðs og inngöngu í Starfsmannafélag ríkisstofnana.

711 Styrktarfélag vangefinna.

1.01 Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 20 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna vegna aðkallandi viðhalds á húseignum félagsins. Í tengslum við samning sem gerður var við félagið fyrr á árinu var gerð úttekt á viðhaldsþörf á húseignum þess. Niðurstaða þeirrar úttektar var að um 70 m.kr. þurfi til endurbóta og viðhalds á húseignum Styrktarfélags vangefinna. Gert er ráð fyrir jafnhárri viðbótarfjárveitingu í breytingartillögu við 2. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Gerð er tillaga um viðbótarfjárheimild í Framkvæmdasjóð fatlaðra að fjárhæð 70 m.kr. Á sjóðnum hvíla skuldbindingar vegna framkvæmda og samninga og fyrirséð er að halli verður á starfsemi hans í lok ársins.

981 Vinnumál.

1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO. Gerð er tillaga um 3 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna hækkunar árgjalds félagsmálaráðuneytisins til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.41 Framlög og styrkir. Tímabundið framlag sem veitt var til Atvinnuleysistryggingasjóðs í kjölfar samkomulags milli aðila vinnumarkaðarins í mars 2000 er lækkað um 51 m.kr. Samkomulagið var gert í þeim tilgangi að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný verkefni. Samhliða þessu samkomulagi gerðu forvígismenn atvinnurekenda og félagsmálaráðherra samkomulag um 104 m.kr. framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2001, 53 m.kr. árið 2002 og 43 m.kr. árið 2003 eða alls 200 m.kr. Framlagið lækkar því um 51 m.kr. milli áranna 2001 og 2002.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að fjárveiting verði lækkuð um 150 m.kr. vegna endurskoðunar í ljósi þróunar á árinu.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Gerð er tillaga um tvær millifærslur til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlögun tölva að þörfum fatlaðra“ á þessum lið sem þannig hækkar um 4 m.kr. Er þar annars vegar um 2 m.kr. millifærslu af liðnum 999-

1.60 að ræða og hins vegar 2 m.kr. af liðnum 190-1.90 en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.31 Félagasamtök, styrkir. Gerð er tillaga um 2 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna styrks til Vímulausrar æsku til reksturs Foreldrahúss. Í maí 1999 var undirritaður þjónustusamningur milli félagsmálaráðuneytis og Vímulausrar æsku um tilraunaverkefni til tveggja ára vegna reksturs Foreldrahúss. Samningurinn rann úr gildi í lok maí sl. Það er mat ráðuneytisins að mikilvægt verði að styrkja þessa starfsemi áfram á einn eða annan hátt.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Lögð er til 4 m.kr. hækkun á framlagi til Klúbbsins Geysis vegna aukinna umsvifa.

1.36 Félagið Geðhjálp. Lögð er til 5 m.kr. fjárveiting til Geðhjálpar. Fjárveitingunni er ætlað að styrkja félagið í að auka þjónustu við fólk með geðraskanir og aðstandendur þess.

1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili. Gerð er tillaga um hækkun fjárveitingar um 10 m.kr. til að styrkja rekstur endurhæfingarheimilisins.

1.44 Byrgið, líknarfélag. Lagt er til að framlag til reksturs Byrgisins hækki um 10 m.kr. Byrgið er líknarfélag sem rekur endurhæfingarsambýli í Rockville.

1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Sem fyrr greinir er tillaga gerð um 2 m.kr. millifærslu á framlagi af liðnum til verkefnisins „Upplýsingamiðlun í allra þágu: aðlögun tölva að þörfum fatlaðra“ undir liðnum 996-6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið en mótframlag þetta féll niður í fjárlagafrumvarpinu.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 107,1 m.kr.

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Á fjárlögum ársins 1998 var samþykkt 2,2 m.kr. fjárveiting til aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins. Gert var ráð fyrir að fénu yrði varið til útgáfu- og kynningarstarfsemi í tengslum við ný lög um réttindi sjúklinga. Þegar því starfi var lokið var fjárveitingin nýtt til aukinnar túlkaþjónustu í samræmi við lögin um réttindi sjúklinga. Áformað er að flytja fjárveitinguna til stofnana og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við túlkaþjónustu sem þær panta.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á 32,5 m.kr. framlag til að endurgera stærsta tölvukerfi Tryggingastofnunar, þ.e. greiðslukerfi lífeyristrygginga. Miklar endurbætur þyrfti að gera á núverandi greiðslukerfi, Tryggva, á næstu árum og þykir sýnt að hagkvæmara er að smíða nýtt kerfi. Að mati sérfræðinga er heildarkostnaður við endurgerð kerfisins metinn til 260,5 m.kr. með þarfagreiningu og útboði á kerfisgerð, en það er sú leið sem mælt er með að verði farin. Í áætluðum heildarkostnaði við endurgerð kerfisins er rekstrarkostnaður við núverandi greiðslukerfi næstu tvö árin, 2002 og 2003, að fjárhæð 32 m.kr. hvort ár, en litið er svo á að sú fjárveiting sé innifalin í rekstrarframlagi Tryggingastofnunar nú. Gert er ráð fyrir að 116,5 m.kr. falli til á næsta ári, 81 m.kr. á árinu 2003 og 21 m.kr. á árunum 2004–2006. Ráðuneytið hefur í hyggju að ráðstafa 26 m.kr. í ár og á næsta ári af sérstakri fjárveitingu ráðuneytisins, Tryggingastofnun leggur til 32 m.kr. í samræmi við það sem áður sagði og standa þá eftir 32,5 m.kr. á næsta ári, 81 m.kr. árið 2003, þar af er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun leggi til 32

m.kr. og því sé nauðsynlegt viðbótarframlag að fjárhæð 49 m.kr. og 21 m.kr. árin 2004–2006.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.15 Umönnunarbætur. Lögð er til 15 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.31 Endurhæfingarlífeyrir. Lögð er til 10 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar. Lagt er til að lækka framlag um 5 m.kr. í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 30 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld Tryggingastofnunar á árinu 2001.

1.51 Uppbætur. Lögð er til 30 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.55 Bifreiðakaupastyrkir. Farið er fram á 40 m.kr. hækkun á framlagi til bifreiðakaupa í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöld árið 2001. Gengisbreytingar hafa áhrif á þennan lið, en ein af úthlutunarreglum stofnunarinnar kveður á um heimild hennar til þess að styrkja sem samsvarar 50% eða 60% af kaupverði bifreiðar og enginn hámarksfjöldi styrkja tilgreindur. Að öðru leyti eru reglur Tryggingastofnunar um úthlutun háðar ákveðnum fjölda styrkja miðað við tiltekna fjárhæð í hverjum flokki.

204 Lífeyristryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 160 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Lögð er til 82 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

1.26 Tekjutryggingarauki. Lögð er til 28 m.kr. lækkun á framlagi í samræmi endurskoðaða spá um útgjöld á árinu 2001.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Farið er fram á 100 m.kr. hækkun á framlagi til lækniskostnaðar. Í samræmi við endurskoðaða spá um útgjöld sjúkratrygginga er gert ráð fyrir að lækniskostnaður verði 100 m.kr. umfram fjárveitingar á þessu ári.

1.15 Lyf. Samtals er farið fram á 200 m.kr. hækkun á framlagi til að mæta auknum útgjöldum vegna greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjum. Gert er ráð fyrir að 167 m.kr. falli á sjúkratryggingar og 33 m.kr. á Landspítala – háskólasjúkrahús, en á árinu voru fluttar greiðslur til sjúkrahússins frá Tryggingastofnun til að greiða fyrir svokölluð S-merkt lyf, en Tryggingastofnun greiddi áður fyrir lyfin.

1.91 Annað. Á fjárlögum ársins 1998 var samþykkt 6,6 m.kr. fjárveiting til sjúkratrygginga til að mæta kostnaði við túlkaþjónustu í samræmi við lög um réttindi sjúklinga. Tryggingastofnun gerði athugasemdir við áformaða fjárveitingu þar sem ekki er sérþekking hjá stofnuninni til að veita túlkunarþjónustu fyrir heyrnarlausa og nýbúa. Ráðuneytið hefur greitt fyrir þjónustuna undanfarin ár. Áformað er að flytja fjárveitinguna til stofnana og er þeim ætlað að standa straum af kostnaði við túlkaþjónustu sem þær nota.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lögð er til 8,8 m.kr. hækkun á liðnum. Fjárveiting er annars vegar millifærð af 206-1.91 Annað, 6,6 m.kr., og hins vegar af aðalskrifstofu ráðuneytisins, 101-1.01 Yfirstjórn, 2,2 m.kr., í samræmi við skýringar þar um kostnað við túlkaþjónustu.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Farið er fram á að sértekjur lækki um 100 m.kr. til samræmis við minni sértekjur en jafnframt lækki rekstrargjöld um sömu fjárhæð. Vegna sameiningar Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala falla niður sértekjur og útgjöld af viðskiptum þeirra í milli þar sem um innri viðskipti deilda er að ræða.

379 Sjúkrahús, óskipt.

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa. Lagt er til að framlag verði lækkað um 21,6 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði við leiðréttingu á framlögum til hjúkrunarheimila sem miðast við að umönnunarkostnaður taki mið af hjúkrunarþyngd.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra.

1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra og *6.01 Stofnkostnaður og endurbætur.* Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 88,9 m.kr. Í þingbyrjun var lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir 88,9 m.kr. hækkun framlags í sjóðinn og hefur það verið samþykkt sem lög og kemur hækkunin til framkvæmda á árinu 2002. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 var hins vegar gert ráð fyrir óbreyttu gjaldi í sjóðinn. Af fjárveitingunni fara 47 m.kr. á viðfangsefni 1.01 og er jafnframt gerð tillaga um breytt heiti, Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Þá fara 41,9 m.kr. á viðfangsefnið 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Lagt er til að veitt verði 20 m.kr. framlag til fjölþættra sýklavarna. Gert er ráð fyrir að gera þurfi m.a. nokkrar endurbætur á húsnæði Landspítala – háskólasjúkrahúss, kaupa meira bóluefni, efla bráðameðferð og auka fræðslu meðal heilbrigðisstarfsmanna.

1.53 Tóbaksvarnir. Farið er fram á 7,7 m.kr. hækkun framlags til tóbaksvarna. Í samræmi við breytingu á lögum nr. 101/1996, um tóbaksvarnir, sem tók gildi 1. ágúst 2001 skal verja a.m.k. 0,9% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarna í stað 0,7% samkvæmt eldri ákvæðum.

1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili. Lögð er til 5 m.kr. hækkun á fjárveitingum til að styrkja rekstur meðferðarheimilisins.

Hjúkrunarheimili og daggjaldastofnanir.

Lagt er til að framlög til nokkurra hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana breytist til leiðréttingar á framlögum og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd. Breytingar á framlögum til einstakra heimila eru eftirfarandi:

	M.kr.
409 Hjúkrunarheimilið Skjól.	
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól	5,0
410 Hjúkrunarheimilið Eir.	
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir	5,0
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.	
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	5,0
421 Víðines.	
1.01 Víðines	21,6

495 Daggjaldastofnanir.

1.11 Seljahlíð, Reykjavík	-2,4
1.15 Dalbær, Dalvík	12,1
1.21 Höfði, Akranesi	14,2
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	7,1
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	13,3
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	-0,9
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	13,9
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	0,7
1.35 Jaðar, Ólafsvík	-0,2
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	-2,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík	63,9
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	35,3
1.45 Grund, Reykjavík	31,1
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	5,5
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	-2,8
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	0,8
1.65 Lindargata, Reykjavík	-0,8
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	3,0
1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	-2,6
1.85 Fríðuhús, Reykjavík	3,6

1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Lagt er til að sértekjur hækki um 47 m.kr. Í þingbyrjun var lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir 88,9 m.kr. hækkun framlags í sjóðinn og hefur það verið samþykkt sem lög og kemur hækkunin til framkvæmda á árinu 2002. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 var hins vegar gert ráð fyrir óbreyttu gjaldi í sjóðinn.

Í fjárlagafrumvarpi láðist að færa 62,5 m.kr. innheimtar tekjur í Framkvæmdasjóð aldraðra til daggjaldastofnana í hærra daggjaldi og er lagt til að þau mistök verði leiðrétt.

1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum. Lagt er til að framlög til viðfangsefnisins hækki um 8,2 m.kr. til leiðréttingar á framlögum og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ. Ekki er gerð tillaga um hækkun á liðnum en lögð er áhersla á að rekstur göngudeildar SÁÁ á Akureyri verði tryggður á þessum lið með a.m.k. 10 m.kr.

499 Hjúkrunarheimili.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 106,5 m.kr. verði færðar af liðnum til að leiðrétta daggjaldataxta hjúkrunarheimila og til aðlögunar að nýju greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili sem tekið verður í notkun í áföngum. Styrkja þarf rekstrargrunn einstakra heimila og hækka eða lækka framlög til annarra til að laga þau að framlagi þar sem umönnunarkostnaður tekur mið af hjúkrunarþyngd.

715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi.

1.11 Sjúkrasvið. Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á fjárveitingum til St. Franciskusspítala, Stykkishólmi svo að unnt verði að ráða tvo sjúkraþjálfara í fullt starf.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 729,1 m.kr.

103 Ríkisbókhald.

1.48 Innheimtuskilakerfi og *1.49 Forsendukerfi innheimtugagna.* Í frumvarpinu eru fjárveitingar vegna rekstrar og stofnkostnaðar fjármálatölvukerfa ríkisins fluttar af sameiginlegum lið til viðkomandi stofnana sem bera ábyrgð á umsjón með þeim. Fyrir misgáning var fjárveiting vegna innheimtuskilakerfa annars vegar og forsendukerfis innheimtugagna hins vegar færð til embættis tollstjórans í Reykjavík en hún átti að færast til Ríkisbókhalds. Gerð er tillaga um að leiðrétta þetta með því að færa 16,2 m.kr. fjárveitingu á viðfangsefni 1.48 og 16 m.kr. á viðfangsefni 1.49 og fella niður jafnháa fjárheimild á viðfangsefni 262-1.41 Innheimtuskilakerfi og 262-1.43 Forsendukerfi innheimtugagna á lið tollstjórans í Reykjavík.

262 Tollstjórinn í Reykjavík.

1.41 Innheimtuskilakerfi og *1.43 Forsendukerfi innheimtugagna.* Í samræmi við framangreinda skýringu lækkar fjárveiting til innheimtuskilakerfis um 16,2 m.kr. og fjárveiting til forsendukerfis innheimtugagna um 16 m.kr.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002 er lagt til að fjárheimild eftirtalinna viðfangsefna lækki frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu um alls 624 m.kr.

	M.kr.
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-529,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	-13,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	-2,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-46,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	-10,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	-1,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	-4,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	-18,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-1,0

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Lagt er til að fjárheimild til greiðslu vaxtabóta hækki um 500 m.kr. Við lokafrágang frumvarpsins voru framreikningar um þróun útgjaldanna á árinu 2002 ekki nægilega langt á veg komnir til að unnt væri að leggja til breytingar á fjárheimildum. Frá því fjárlagafrumvarpið var lagt fram hefur verið unnið frekar að þeirri áætlun og er nú talið að vaxtabætur á næsta ári verði í kringum 4.400 m.kr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.

6.05 Stjórnarráðsbyggingar. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmda við húsbyggingar fyrir ráðuneyti verði flutt á nýjan fjárlagalið hjá forsætisráðuneyti, 01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins, enda fer forsætisráðuneytið með mál sem varða ráðstöfun skrifstofuhúsa fyrir ráðuneytin í heild samkvæmt auglýsingu um Stjórnarráð Íslands. Lækkar því þessi liður um 250 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Lögð er til 1.036,9 m.kr. hækkun á launa- og verðlagslið frumvarpsins sem byggist á endurmati í samræmi við endurskoðaða verðbólguspá Seðlabanka Íslands. Bankinn gerir nú ráð fyrir 6,6% hækkun milli áranna 2000 og 2001 og

5,9% hækkun milli áranna 2001 og 2002 í stað 6,4% og tæplega 5%, eins og reiknað var með í frumvarpinu miðað við fyrri spá. Þá hefur verið gerður nákvæmari útreikningur á áhrifum af breyttu gengi íslensku krónunnar. Breyttar forsendur um almennar verðlagshækkanir hafa í för með sér um 615 m.kr. hækkun á almennum rekstrargjöldum stofnana og verkefna og um 420 m.kr. hækkun á bótum almannatrygginga. Þessi hækkun á verðlagi frumvarpsins tekur til flestra viðfangsefna en til hagræðis er tillaga um heildarfjárheimildina flutt á þessum lið fremur en á einstökum viðfangsefnum. Skipting fjárheimildarinnar á einstök viðfangsefni fjárlaga er sýnd í sérstökum yfirlitum I með breytingartillögum meiri hlutans.

Jafnframt er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 66,2 m.kr. Fjárheimildin er ætluð til að mæta auknum launakostnaði hjá stofnunum fatlaðra og Barnaverndarstofu í kjölfar hækkunar á vaktaálagi en þessi þáttur kjarasamninganna hafði ekki verið metinn sérstaklega í forsendum frumvarpsins. Skipting fjárheimildarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 44,8 m.kr.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að felldar verði niður 2 m.kr. vegna úrskurðarnefndar í póst- og fjarskiptamálum. Nefndin hefur fengið eigið viðfangsefni í fjárlögum og fjárveiting vegna hennar færð á það viðfangsefni.

190 Ýmis verkefni.

1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundna fjárveitingu til uppbyggingar rústabjörgunaraðstöðu að Gufuskálum.

1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf. Gerð er tillaga um að veita Samgönguminjasafninu Ystafelli í Ljósavatnshreppi 3 m.kr. tímabundinn styrk til uppbyggingar safnsins.

1.49 Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel. Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundna fjárveitingu til verkefnisins Aldamótabærinn Seyðisfjörður til endurbyggingar húsa sem síðan verða nýtt sem hótel.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um að veita Björgunarfélagi Ísafjarðar tímabundinn 2 m.kr. styrk til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Þá er lagt er til að Björgunarsveitinni Sæbjörgu á Flateyri verði veittur tímabundinn 1 m.kr. styrkur til að koma nýju húsnæði sveitarinnar í nothæft ástand.

211 Vegagerðin.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Farið er fram á að veitt verði 30 m.kr. framlag til að styrkja innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er samsvarandi tillaga um 12 m.kr. styrk, en ætlunin er að gera bráðabirgðasamning í samvinnu samgönguráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Tryggingastofnunar um áætlunarflug og sjúkraflug. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stefnt verði að því að bjóða flugleiðina út og er gert ráð fyrir að útboðsferlið taki u.þ.b. þrjá mánuði. Að því loknu, og á grundvelli tilboða, er áætlað að gera samning við flugrekanda um rekstur áætlunarflugs á flugleiðinni ásamt sjúkraflugi.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.74 Lendingabætur. Lagt er til að liðurinn hækki um 0,8 m.kr. og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum III með breytingartillögum meiri hlutans.

651 Ferðamálaráð.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Lögð er til 3 m.kr. hækkun á liðnum og er fjárveitingin ætluð upplýsingamiðstöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 4 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Lögð er til 4 m.kr. tímabundin hækkun á þessum lið í þeim tilgangi að styrkja starfsemi Fagráðs textíliðnaðarins við eflingu framleiðslu íslenskrar ullarvöru.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði óbreytt.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Lagt er til að niður falli 7 m.kr. mótframlag Hagstofunnar til verkefnis á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um gagnaöflun, hagskýrslugerð og miðlun upplýsinga um hagnýtingu upplýsingatækni. Verkefnið var fært til Hagstofunnar frá forsætisráðuneytinu og við það miðað að til þess yrði veitt 8 m.kr. Ekki stóð til að Hagstofan legði sérstakt mótframlag til verkefnisins.

1.50 Þjóðskráin. Lögð er til 1 m.kr. lækkun á mótframlagi Hagstofunnar til verkefnis á vegum íslenska upplýsingasamfélagsins um rafræn samskipti og þjónustu til samræmis við lækkun á framlagi upplýsingasamfélagsins.

996 Íslenska upplýsingasamfélagið.

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið. Í samræmi við framangreindar breytingar á lið aðalskrifstofu lækkar þessi liður um 8 m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 110,3 m.kr.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Yfirstjórn. Gerð er tillaga um 2,3 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar húsaleigu. Fyrri húsaleigusamningur um Vonarstræti 4, sem gerður var árið 1990, rennur út nú í lok árs 2001. Endurnýja þurfti því leigusamninginn við Reykjavíkurborg, eiganda húsnæðisins, og húsaleigan hækkaði. Stefnt er að því að aðalskrifstofa ráðuneytisins flytjist í nýtt húsnæði í lok árs 2004.

190 Ýmis verkefni.

1.10 Fastanefndir. Gerð er tillaga um að 6 m.kr. fjárveiting vegna nefndar um sorpflokkun verði millifærð af viðfanginu 1.23 Ýmis umhverfisverkefni yfir á viðfangsefni 1.10 Fastanefndir.

1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið. Lögð er til 6,5 m.kr. fjárveiting til samvinnunefndar um miðhálendið og er um nýtt viðfangsefni að ræða. Umfang nefndarinnar er það mikið að rétt þykir að hún hafi sérstakt viðfangsefni í fjárlögum. 5 m.kr. af fjárveitingunni eru millifærðar af viðfanginu 1.23 Ýmis umhverfisverkefni.

1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Gerð er tillaga um breytingar sem lækka liðinn um 9 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 2 m.kr. aukið framlag til Staðardagskrár, sem er sérstök umhverfisáætlun sveitarfélaga um úrbætur í umhverfismálum, og annarra verkefna. Hins vegar er tillaga um 11 m.kr. millifærslu af liðnum á tvö framangreind viðfangsefni, 6 m.kr. á 1.10 Fastanefndir og 5 m.kr. á 1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið.

1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur. Lagt er til að fjárveiting til undirbúnings að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs verði alls 3 m.kr. Hluti fjárins, 2,8 m.kr., er millifærður af viðfangi 1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur, yfir á þetta viðfang sem er nýtt.

1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum. Lagt er til að framlag til rannsóknastöðvar að Kvískerjum lækki um 4,6 m.kr. Inneign hefur safnast á viðfanginu og ekki er talin þörf á frekara fjármagni til að ríkissjóður geti staðið við sínar upphaflegu skuldbindingar þegar að því kemur að ráðist verði í framkvæmdir.

1.56 Vernd Breiðafjarðar. Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. fjárveiting til framkvæmdar verndaráætlunar samkvæmt lögum nr. 54/1995. Fyrir liggur tillaga Breiðafjarðarnefndar um verndaráætlun sem nauðsynlegt er að ýta úr vör á næsta ári.

1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur. Lagt er til að 2,8 m.kr. verði millifærðar af þessum lið á framangreint nýtt viðfang, 1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur.

1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál. Lögð er til 2,9 m.kr. hækkun á framlagi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna aukins umfangs.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til að styrkja ýmis náttúruverndarsamtök.

205 Náttúruvernd ríkisins.

1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði og *6.01 Tæki og búnaður.* Lagt er til að þær 10 m.kr. sem ætlaðar eru til uppbyggingar og starfrækslu hins nýja þjóðgarðs á Snæfellsnesi verði færðar af stofnkostnaðarviðfanginu 6.01 Tæki og búnaður yfir á rekstrarviðfangið 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði.

281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.

6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. tímabundin fjárveiting til fráveituframkvæmda sveitarfélaga þannig að heildarfjárveiting til þeirra mála árið 2002 verði 220 m.kr. Um er að ræða fjármuni sem koma til greiðslu ári eftir að framkvæmdir eiga sér stað. Í fjárlögum ársins 2001 er 120 m.kr. varið til þessara mála, en þar af eru 20 m.kr. vegna endurgreiðslu á ⅕ hluta skerðingar á fjárveitingu ársins 2000. Á vegum Reykjavíkurborgar er nú unnið að fráveituframkvæmdum fyrir ríflega 1 milljarð kr. auk framkvæmda annarra sveitarfélaga víðs vegar um land.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Yfirstjórn og *1.02 Setur í Reykjavík.* Til að leiðrétta skekkju sem var í fjárlagagerð fyrir árið 2001 er lagt til að 28 m.kr. tilfærsla milli launa og sértekna verði millifærð af viðfangi 1.01 Yfirstjórn yfir á viðfang 1.02 Setur í Reykjavík.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild til vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 100 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Í samræmi við endurskoðaða áætlun er gert ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2002 verði 100 m.kr. hærri en áætlað var í frumvarpinu. Skýrist það einkum af breytingum á gengi krónunnar, en á móti hafa vextir á erlendum mörkuðum lækkað.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. nóv. 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristján Pálsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Drífa Hjartardóttir.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Á fund nefndarinnar komu Örlygur Geirsson, Gísli Þór Magnússon og Auður B. Árnadóttir frá menntamálaráðuneyti, Leifur Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti, Þorsteinn Þorsteinsson og Már Vilhjálmsson frá Skólameistarafélagi Íslands, Þóra Sigurðardóttir og Valgerður Bergsdóttir frá Myndlistaskólanum í Reykjavík, Páll Skúlason og Ingjaldur Hannibalsson frá Háskóla Íslands, Margrét Hallgrímsdóttir og Anna Guðný Ásgeirsdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Kristín Huld Sigurðardóttir frá Fornleifavernd ríkisins, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Hannes Gíslason frá Námsgagnastofnun Íslands, Stefán Baldursson og Guðrún Guðmundsdóttir frá Þjóðleikhúsinu, Markús Örn Antonsson og Guðmundur Gylfason frá Ríkisútvarpinu og Þröstur Ólafsson frá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hækkun innritunargjalda við Háskóla Íslands var rædd í nefndinni. Samkvæmt lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, á gjaldið að standa undir kostnaði við innritun nemenda. Samkvæmt upplýsingum frá menntamála- og fjármálaráðuneyti hefur gjaldið verið nánast óbreytt síðastliðinn áratug. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 40% hækkun gjaldsins og fram kom hjá fulltrúum ráðuneytanna að hér sé um eðlilega hækkun að ræða miðað við vísitölu neysluverðs á sama tíma.

Enn hefur ekki verið lokið við gerð samnings um fjármögnun rannsókna við Háskóla Íslands. Fram kom í máli fulltrúa Háskólans að eðlilegt væri að fjárveitingar til rannsókna yrðu sem jafnastar fjárveitingum til kennslu jafnframt því sem árangurstenging yrði viðhöfð í rannsóknum. Meiri hlutinn ítrekar mat sitt frá fyrra ári um nauðsyn þess að samningum um framlög til rannsókna í háskólum verði lokið eins fljótt og kostur er. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðbætur á kennslukostnað við Háskóla Íslands verði 12,1% á milli áranna 2001

og 2002 en verðbætur á rannsóknakostnað verði 6,6%. Meiri hlutinn bendir á að skoða þurfi þennan þátt í ljósi þess að langmesti kostnaður við rannsóknir er launakostnaður.

Reiknilíkan framhaldsskóla var rætt í nefndinni. Unnið er að endurskoðun á því í menntamálaráðuneytinu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þeirri endurskoðun ljúki sem fyrst og bendir á nauðsyn þess að hugað verði að sérstöðu hvers framhaldsskóla í þeirri vinnu.

Meiri hlutinn bendir á nauðsyn þess að gerð þjónustusamnings við Myndlistaskólanum í Reykjavík vegna reksturs fornámsdeildar verði hraðað eftir föngum.

Varðandi Þjóðminjasafn Íslands telur meiri hlutinn brýnt að hægt verði að opna safnið og fagna þannig 100 ára afmæli þess 24. febrúar 2003.

Á 126. löggjafarþingi voru lögð fram fjögur samhliða frumvörp, til þjóðminjalaga, safnalaga, laga um húsafriðun og laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Með frumvörpunum, og síðar lögfestingu þeirra, var þágildandi þjóðminjalögum, nr. 88/1989, skipt upp og lagt til að sérlög giltu um hvern framangreindan þátt. Í nefndaráliti menntamálanefndar um frumvarp til þjóðminjalaga kom fram að nefndin teldi eðlilegt að Fornleifavernd ríkisins yrði í sama húsi og Þjóðminjasafn Íslands og húsafriðunarnefnd til að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri og jafnframt að stofnanirnar gerðu með sér samning um sameiginlega skrifstofuþjónustu og fjármálaumsýslu þrátt fyrir stjórnsýslulegan aðskilnað. Að athuguðu máli hefur komið í ljós að ef fjármálastjóri Þjóðminjasafns Íslands á einnig að sinna störfum fyrir Fornleifavernd ríkisins muni hann sitja báðum megin við borðið þar sem eitt hlutverka Fornleifaverndarinnar er að bjóða út verkefni vegna fornleifarannsókna og leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd rannsóknarverkefna. Þjóðminjasafn Íslands mun aftur á móti stunda fornleifarannsóknir og mun því væntanlega vera ein þeirra stofnana sem tekur þátt í útboðum vegna þeirra. Í ljósi þessa telur meiri hlutinn eðlilegt að hugað verði að því hvort bæta þurfi við stöðugildi fjármálafulltrúa hjá Fornleifavernd ríkisins.

Þá telur meiri hlutinn brýnt að tryggt sé nægilegt fjármagn í nýstofnaðan safnasjóð skv. 10. gr. safnalaga, nr. 106/2001, og fornleifasjóð skv. 24. gr. þjóðminjalaga, nr. 107/2001.

Að lokum ræddi nefndin fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins. Við umræður í nefndinni kom fram að um 450 millj. kr. vantar til þess að stofnunin geti haldið úti sambærilegum rekstri og verið hefur. Meiri hlutinn telur að huga þurfi að tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna lífeyrisskuldbindinga.

Ólafur Örn Haraldsson ritar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson, með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Kjartan Ólafsson.
Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar leggst gegn því að innritunargjöld í ríkisháskólum séu hækkuð. Samkvæmt t.d. lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, má fjárhæð innritunargjalda nema allt að 25.000 kr. og það var andi laganna að ekki mætti innheimta nema fyrir raunkostnaði við innritun. Minni hlutinn telur að ekki hafi verið sýnt fram á að raunkostnaður við innritun nemenda hafi hækkað tilsvarandi við það sem lagt er til í fjárlagafrumvarpinu. Minni hlutinn telur að með hagræðingu eigi að vera hægt að láta innritunargjöldin nægja fyrir raunkostnaði.

Þeir ríkisreknu háskólar sem búa við reiknilíkanið sem tekið var upp fyrir fáum árum eru margir í vanda staddir. Til þess eru ýmsar ástæður, svo sem þær að í upphaflegri útgáfu líkansins var ekki hugað nægilega að fjölbreytileika skólanna og reynt var að steypa þá alla í sama mótið. Forsendur voru allt of naumar, t.d. hvað snertir umfang kennslu, framlög til stjórnkerfis og stoðstarfsemi. Þá hefur það gerst á þessu ári að launaliður líkansins hefur ekki fylgt umsömdum launahækkunum. Hér virðist vanta um 5% og sú hundraðstala er fljót að verða að nokkrum tugum milljóna króna, jafnvel í minni skólum, og skólarnir mega einfaldlega ekki við þess konar áföllum. Menn eru búnir að standa í niðurskurði árum saman til að reyna að ná endum saman og þar er ekki á bætandi. Minni hlutinn telur algjörlega nauðsynlegt að róttæk endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla fari fram tafarlaust.

Hvað kennslusamninga við háskóla varðar álítur minni hlutinn að þá þurfi að endurskoða og gera ráð fyrir hærri framlögum á hvern nemanda í háskólum sem ekki innheimta skólagjöld. Það er t.d. ljóst að Háskóli Íslands þarf að halda úti kennslu í mjög fámennum og fjárhagslega óhagkvæmum deildum sem einkareknir háskólar sneiða hjá.

Minni hlutinn gagnrýnir það að ekki skuli enn lokið gerð samnings um fjármögnun til rannsókna í háskólum og tekur hvað það varðar undir álit meiri hluta nefndarinnar. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að ekki skuli vera samræmi milli verðbóta á kennslukostnaði og verðbóta á rannsóknarkostnaði í frumvarpinu. Það verður að leiðrétta.

Það er álit minni hlutans að nauðsynlegt sé að taka á málum Þjóðminjasafnsins og Fornleifaverndar ríkisins m.a. vegna þess nýja rekstrarumhverfis sem ný lög búa þessum stofnunum. Þannig tekur minni hlutinn undir þá beiðni Fornleifaverndar ríkisins og Þjóðminjasafns að nauðsynlegt sé að aðskilja embætti fjármálastjóra stofnananna tveggja, enda ófært að fjármálastjóri Þjóðminjasafns þurfi að semja við sjálfan sig vegna tilboða í verk sem Fornleifaverndin býður út. Ef til stendur að opna Þjóðminjasafnið á tilsettum tíma vantar 120 millj. kr. til nýrrar grunnsýningar safnsins að mati forsvarsmanna þess því samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er einungis fjármagnaður kjarninn í starfseminni en engir fjármunir ætlaðir til nýrrar grunnsýningar. Minni hlutinn tekur undir þessi sjónarmið.

Tekið er undir það í áliti meiri hlutans að nauðsynlegt sé að hraða eftir föngum samningi um rekstur fornámsdeildar við Myndlistaskólann í Reykjavík. Minni hlutinn telur að ganga þurfi frá samningnum nú þegar svo að starfsemi fornámsdeildar raskist ekki á næsta skólaári. Þá er einnig nauðsynlegt að ganga frá samningi við Listaháskóla Íslands og ekki síður við Tækniskóla Íslands en dregist hefur úr hömlu að ganga tryggilega frá framsæknum samningi sem síðarnefndi skólinn getur starfað eftir.

Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að leysa fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins tafarlaust. Stofnunina vantar 400–500 millj. kr. á næsta ári til að hún geti starfað eðlilega og sinnt sínu lögboðna hlutverki. Sértekjukrafa sem gerð er á stofnunina í fjárlagafrumvarpinu er óraunhæf og hana verður að lækka um 75–100 millj. kr. Þá verður einnig að taka til skoðunar lífeyrisskuldbindingar sem hvíla á stofnuninni. Nú þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur verið lagður niður og aðrar stofnanir þurfa ekki lengur að greiða lögbundið framlag til hans heldur Ríkisútvarpið áfram að greiða 25% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar eða samkvæmt áætlun fyrir næsta ár 103 millj. kr. Undir þann rekstur þarf að skjóta öðrum stoðum.

Þá vill minni hlutinn að málefni Námsgagnastofnunar verði skoðuð sérstaklega og framlag til hennar hækkað um 40 millj. kr. Enda er slíkt nauðsynlegt ef stofnunin á að geta sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

Að lokum gagnrýnir minni hlutinn niðurskurð á safnliðum frumvarpsins og þá tilhneigingu að auka það hlutfall sem ráðherra hefur til úthlutunar án milligöngu Alþingis.

Sigríður Jóhannesdóttir.
Einar Már Sigurðarson.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Nefndin fékk á sinn fund Sverri Hauk Gunnlaugsson, Pétur Ásgeirsson og Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti.

Gert er ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins hækki um 927 millj. kr. miðað við fjárlög fyrir árið 2001 og vega gengisbreytingar og hækkun launakostnaðar nokkuð þungt, auk þess sem sendiráðum hefur verið fjölgað. Hluti af aukinni fjárþörf skýrist einnig af tímabundnu framlagi að fjárhæð 170 millj. kr. vegna utanríkisráðherrafundar NATO og aðildarríkja þess sem haldinn verður á Íslandi á næsta ári. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum utanríkisráðuneytis að reikna mætti með að heildarkostnaður við ráðstefnuna gæti þó numið allt að 250 millj. kr., m.a. vegna almennra kostnaðarhækkana.

Meiri hlutinn minnir á mikilvægi þess að málefni utanríkisþjónustunnar séu í stöðugri endurskoðun, m.a. með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best.

Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á að kostnaður við öryggis- og löggæslu í tengslum við NATO-ráðstefnuna er ekki innifalinn í fjárlagatillögum ráðuneytisins, enda telur utanríkisráðuneytið að dómsmálaráðuneytið eigi að bera þann kostnað. Þá vekur meiri hlutinn athygli fjárlaganefndar á því að aukinn kostnaður við öryggis- og löggæslu á Keflavíkurflugvelli vegna hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september sl. er ekki heldur inni-

falinn í fjárlagatillögum ráðuneytisins en sérstök beiðni um viðbótarfjárframlag mun verða lögð fram síðar. Gera verður ráð fyrir að um verulegar fjárhæðir verði að ræða.

Að lokum minnir meiri hlutinn á erindi nefndarinnar frá 15. nóvember 2000 til fjárlaganefndar um styrkveitingu til íslenskukennslu við Háskólann í Moskvu að fjárhæð 400.000 kr. og er erindið birt sem fylgiskjal með álitinu.

Að öðru leyti sér meiri hluti utanríkismálanefndar ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fjárlagafrumvarpið.

Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þórunn Sveinbjarnardóttir ritar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. nóv. 2001.

Tómas Ingi Olrich, form.
Kristján Pálsson.
Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.
Einar K. Guðfinnsson.
Jónína Bjartmarz.

Fskj.

Erindi utanríkismálanefndar til fjárlaganefndar.

Dagana 4.–8. október sl. fór sendinefnd frá utanríkismálanefnd í opinbera heimsókn til Rússlands í boði utanríkismálanefndar Dúmunnar. Í ferð sinni til Moskvu var Moskvuháskóli heimsóttur og hittu menn þar að máli nemendur í hugvísindadeild skólans sem leggja stund á íslenskunám og kennara þeirra.

Utanríkismálanefnd vill koma þeirri ósk á framfæri við fjárlaganefnd að leitað verði leiða til að styrkja þá nemendur sem stunda íslenskunám með kaupum á tölvubúnaði sem nýst gæti þeim við námið. Samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Íslands í Moskvu kostar Pentium III tölva, prentari og viðeigandi búnaður í Moskvu í dag um $ 3.700–4.000 dali, eða um 350.000 íslenskar krónur.

Nefndin beinir því til fjárlaganefndar að Alþingi verði gert kleift að efla aðstöðu þeirra sem stunda íslenskunám í Moskvuháskóla með því að færa hugvísindadeild háskólans að gjöf 350.000 kr. til tölvukaupa.

Alþingi, 15. nóv. 2000.

Tómas Ingi Olrich, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Jónína Bjartmarz.
Árni R. Árnason.
Sighvatur Björgvinsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hlutinn vekur athygli á því að útgjöld utanríkisráðuneytis hafa aukist umtalsvert á síðustu árum. Sumpart er þar um að ræða aukna starfsemi í utanríkisþjónustunni, tilkomu aukins alþjóðasamstarfs og nýrra verkefna, lítillega aukin framlög til þróunarsamvinnu o.fl. sem óumflýjanlegt og brýnt er að sinna. Ný útgjaldatilefni verður þó að meta hverju sinni með hliðsjón af því hvernig takmörkuðum fjármunum verður best varið. Þannig hefur mörgum brugðið í brún þegar kostnaður vegna nýs sendiráðs í Japan kom í ljós. Ekki einasta er fasteignaverð svimandi hátt í Tókýó heldur kemur á daginn að standsetning húsnæðis, og ýmis búnaður í það, er óheyrilega kostnaðarsöm. Síðan bætist við gríðarmikill árlegur rekstrarkostnaður þannig að þetta eina sendiráð kemur til með að kosta svipað og tvö sendiráð á Norðurlöndunum eða rúmlega það. Minni hlutinn tekur fram að hann hefur stutt það að utanríkisþjónustan væri efld og Íslendingar yrðu að gæta hagsmuna sinna á alþjóðavettvangi og kosta þar nokkru til. Þetta gildir einnig um opnun nýrra sendiráða, t.d. í Kanada og Afríku. Hitt er annað að þegar í ljós kom hversu gríðarlegur kostnaður yrði samfara opnun sendiráðs í Japan hefði e.t.v. átt að endurskoða þá ákvörðun eða leita leiða til þess að ná þessum kostnaði niður, t.d. með því að fara í samstarf við aðrar Norðurlandaþjóðir um rekstur þess. Af öðrum nýtilkomnum útgjaldatilefnum sem augljóslega hleypa upp kostnaði á vegum utanríkisráðuneytisins er nærtækt að nefna aðild okkar að Schengen-samstarfinu en ljóst er nú að sú aðild reynist ærið dýru verði keypt. Kemur það ekki síst fram í kostnaði við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem nánar verður vikið að síðar.

Ef litið er á útgjaldaþróun til utanríkismála á fimm ára tímabili frá og með árinu 1998 til og með talna sem nú liggja fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er þróunin í milljörðum króna og sem hlutfall utanríkisráðuneytis af heildarútgjöldum eftirfarandi:

Heildarútgjöld ríkissjóðs	**M.kr.**	**Útgjöld utanríkisráðuneytis**	**M.kr.**	**Hlutfall**
1998	165.677	1998	2.916	1,76%
1999	182.376	1999	3.185	1,75%
2000	193.159	2000	3.778	1,96%
2001	219.164	2001	4.084	1,86%
2002 (frumvarp)	239.296	2002 (frumvarp)	5.012	2,09%

Minni hlutinn gerir sérstaklega athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1. *Utanríkisráðherrafundur NATO.* Minni hlutinn telur að þeim gríðarlegu fjármunum sem fara munu í að halda utanríkisráðherrafund NATO hér á landi á næsta ári væri betur varið í önnur verkefni, t.d. til hækkunar á framlögum til þróunarsamvinnu eða annarra þarfra málefna á vegum ríkisins. Nú er upplýst að kostnaður sem fellur á utanríkisráðu-

neytið verður allt að 250 millj. kr. og hefur áætlaður kostnaður hækkað um fleiri tugi milljóna á nokkrum vikum. Alls óvíst er þó að öll kurl séu komin til grafar og þessi tala gæti því allt eins átt eftir að hækka enn frekar. Upplýst var í nefndinni að kostnaður vegna öryggis og löggæslu er fyrir utan þetta og á enn eftir að gera ráð fyrir honum í fjárlagatillögum. Ljóst er að sá kostnaður verður gríðarlegur og bætir ástand heimsmála ekki úr skák í þeim efnum. Minni hlutinn vekur athygli á því hvernig ákvarðanir sem leiða af sér hundruð milljóna króna í ríkisútgjöld ber að í tilvikum eins og þessum. Það er ráðherra sem býður á fundi erlendis að Ísland taki að sér að halda fund eða standa fyrir atburðum af þessu tagi. Síðan er komið heim og leitað til fjárveitingavaldsins sem stendur frammi fyrir tveimur kostum: að borga reikninginn eða valda ráherra, landi og þjóð þeim álitshnekki að afturkalla boðið. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að þegar um er að ræða jafnkostnaðarsamt fyrirtæki og margnefndur NATO-fundur er ætti að hafa um þetta samráð fyrir fram og áður en boðist er til að taka slíkt að sér.

2. *Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.* Hlutafélag var stofnað um rekstur flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sem yfirtók reksturinn frá og með 1. október 2000. Samkvæmt upplýsingum sem að lokum bárust frá utanríkisráðuneyti voru langtímaskuldir fyrirtækisins í lok júní sl. samkvæmt fyrsta árshlutareikningi félagsins rétt tæpir 6 milljarðar kr. Til viðbótar eru skammtímaskuldir upp á um 460 millj. kr. auk lífeyrisskuldbindinga upp á um hálfan milljarð króna. Rekstrartekjur höfðu aukist óverulega á milli ára eða úr 1.881.471.205 kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2000 í 1.932.860.099 kr. á sama tímabili þessa árs. Ljóst er því að hugmyndir um stórauknar tekjur vegna aukinna umsvifa og meiri leigutekna og veltu hafa ekki gengið eftir. Ef litið er til afkomunnar á sama tímabili, þ.e. janúar til júní í ár, syrtir heldur betur í álinn. Rekstrartap er upp á litlar 580 millj. kr. og hefur þó verið tekjufærður skattafrádráttur sem nemur rúmlega 220 millj. kr. sem að sjálfsögðu er sýnd veiði en ekki gefin eins og árar í rekstri fyrirtækisins. Tap fyrir skatta er þannig yfir 800 millj. kr. Vissulega er ljóst að gengisfall krónunnar ræður miklu um þessa hörmulegu afkomu, en fjármagnsliðir eru neikvæðir upp á rúmlega 1.100 millj. kr. Samkvæmt fjárlögum ársins í ár var gert ráð fyrir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. endurfjármagnaði öll áhvílandi lán sín hjá ríkissjóði. Nú er upplýst að hætt hafi verið við þetta og meira að segja farið fram á sérstaka ríkisábyrgð á endurfjármögnun þess láns sem fellur í gjalddaga í desember nk. Jafnframt hafi verið ákveðið að endurfjármögnun annarra lána fari ekki fram fyrr en á gjalddaga lánanna í hverju tilviki og verður væntanlega flutt breytingartillaga við fjárlagafrumvarpið þar að lútandi. Hugmyndir um að hið nýja hlutafélag yrði fjárhagslega sjálfstæður aðili sem sæi um fjármögnun fjárfestinga og eldri lána á sjálfstæðum forsendum hafa því runnið út í sandinn og vaknar þá á nýjan leik sú spurning hvað áunnist hafi með hlutafélagavæðingunni úr því að hlutafélagið kemst hvorki lönd né strönd án sérstakrar ríkisábyrgðar og stuðnings ríkisins. Ekki fengust upplýsingar um rekstrarhorfur flugstöðvarinnar í ljósi breyttra aðstæðna og er þá átt við þann samdrátt í flugumferð sem nú blasir við og ekki liggur heldur neitt fyrir hvernig takast eigi á við vaxandi rekstrarefiðleika mjög margra leigutaka í flugstöðinni sem fréttir hafa borist af að undanförnu. Þá er enn ónefndur sá þáttur sem minni hlutinn óttast að eigi eftir að valda miklum erfiðleikum á komandi missirum og verða ávísun á stóraukin útgjöld ríkisins og það er aðild okkar að Schengen-samstarfinu. Ljóst er að tilkoma Schengen-samstarfsins þýðir umtalsvert óhagræði og viðbótarkostnað fyrir flugrekstrar- og þjónustuaðila í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ekki fengust neinar upplýsingar um hvernig til stæði að reyna að taka á þessum vanda

og er óhjákvæmilegt að gagnrýna það að ekki skuli liggja fyrir greinarbetri upplýsingar um stöðu mála þegar líður að lokum fjárlagavinnu fyrir árið 2002.

3. Óskað var sérstaklega eftir upplýsingum um hvernig *framlög Íslendinga til þróunarmála* hefðu þróast að undanförnu og í hvað stefndi í þeim efnum á næsta ári. Upplýst er, og veldur vonbrigðum, að tölur í fjárlagafrumvarpi muni þýða að framlög til þróunarsamvinnu haldast óbreytt sem hlutfall af landsframleiðslu á árinu 2002 miðað við árið 2001 eða 0,12% af landsframleiðslu. Rétt er að minna á að yfirlýst markmið aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna er að þróuð ríki verji 0,7% af landsframleiðslu, þ.e. opinberir aðilar, og vonast er til að aðrir, svo sem hjálparstofnanir, samtök og einstaklingar, verji 0,3% af landsframleiðslu þannig að heildarframlög þróaðra ríkja verði að lágmarki 1% af landsframleiðslu. Samkvæmt stefnumótun í ríkisstjórn á fyrra kjörtímabili var ætlunin að hækka framlög Íslendinga og þar með hlutfall af landsframleiðslu í áföngum á næstu árum. Þegar litið er yfir nokkur síðustu ár og horft til næsta árs kemur í ljós að sáralítið hefur áunnist í þeim efnum. Þannig var framlag Íslands til þróunarsamvinnu 0,10% af landsframleiðslu bæði árið 1995 og aftur árið 1997 svo dæmi sé tekið, en þetta hlutfall verður eins og áður sagði 0,12% af landsframleiðslu árin 2001 og 2002. Hlutfallið hefur því aðeins þokast upp um 0,02% miðað það sem var fyrir 5–7 árum. Þetta þýðir að upphæðin þyrfti nærfellt að sexfaldast til að ná hinum alþjóðlegu viðmiðunarmörkum sem til að mynda önnur Norðurlönd hafa flest uppfyllt fyrir löngu eða langleiðina það.

Með vísan til þess sérstaklega sem að framan greinir og í ljósi almennrar útgjaldaþróunar til málefna á verksviði utanríkisráðuneytisins undanfarin ár telur minni hlutinn að ástæða sé til að málefni ráðuneytisins verði yfirfarin sérstaklega nú í tengslum við fjárlagagerðina og höfð til nánari skoðunar á komandi mánuðum.

Alþingi, 19. nóv. 2001.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Á fund nefndarinnar vegna skiptingar safnliða kom stjórn Rangárbakka, hestamiðstöðvar Suðurlands ehf., vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar mótssvæðisins á Gaddstaðaflötum. Að mati landbúnaðarnefndar er verkefnið svo umfangsmikið að það rúmast ekki innan skiptingar safnliðar og vísar nefndin erindinu því aftur til fjárlaganefndar. Vekur nefndin aftur á móti athygli á nauðsyn þess að móta heildstæða stefnu um framtíðarskipan og uppbyggingu móts-

svæða sem geta hýst landsmót hestamanna og fleiri verkefni í ferðaþjónustu tengd íslenska hestinum.

Þá vekur nefndin athygli á að þörf er á áframhaldandi stuðningi við landshlutabundin skógræktarverkefni og mælir nefndin með frekari fjárveitingu til þessa.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Jónína Bjartmarz.

Alþingi, 15. nóv. 2001.

Drífa Hjartardóttir, form.
Guðjón Guðmundsson.
Gunnar Pálsson.
Karl V. Matthíasson.
Sigríður Jóhannesdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Nefndin fékk á sinn fund Þorstein Geirsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Þórð Ásgeirsson og Gylfa Ástbjartsson frá Fiskistofu, Jóhann Sigurjónsson og Vigni Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnuninni og Kristján B. Ólafsson og Jón Heiðar Ríkharðsson frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Í máli fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis kom fram að helstu breytingar á aðalskrifstofu ráðuneytisins verði vegna ráðningar starfsmanns í nýtt stöðugildi í kjölfar aukinnar alþjóðasamvinnu sem vaxið hefur hratt á undanförnum árum. Þá bendir ráðuneytið á að framlag til Kvótaþings fellur niður þar sem Kvótaþing hefur verið lagt af. Nefndin vekur athygli á því að í frumvarpinu eru felldir út fjárlagaliðir í gildandi fjárlögum undir fjárlagaliðnum Ýmis verkefni. Gerir nefndin tillögu um að tryggðar verði fjárveitingar til þess að áfram verði hægt að stunda sjóvinnukennslu og að 7 millj. kr. verði veittar til áframhaldandi undirbúnings kalkþörungavinnslu í Arnarfirði og Húnaflóa, en rannsóknir lofa mjög góðu.

Nauðsynlegt er að áfram verði í fjárlögum næsta árs 20 millj. kr. fjárveiting til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi sjávar og hafsbotns. Minnt er á að fjárveiting í frumvarpinu vegna endurbóta á hafrannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni dugir einungis fyrir um helmingi endurbóta og þarf því að gera ráð fyrir fjárveitingu til þeirra á árinu 2003. Þá vill nefndin vekja athygli á því að ef úthaldsdögum hafrannsóknarskipa yrði fjölgað úr 170 í 220 mundi kostnaður á úthaldsdag lækka um 15%.

Fulltrúar Fiskistofu vöktu athygli á því að rekstur stofnunarinnar hefur gengið vel undanfarin ár en á árinu 2003 mun stofnunin verða komin í verulega fjárþörf ef svo fer sem horfir. Ljóst er að ýmsar lagabreytingar sem gerðar hafa verið og hafa falið í sér aukið eftirlit og breytta framkvæmd þess hafa kallað á aukin útgjöld í rekstri stofnunarinnar. Sértekjur stofnunarinnar standa undir hluta af rekstrarkostnaði stofnunarinnar en annað er greitt úr ríkissjóði. Við ákvörðun á útgjaldaaukandi verkefnum þarf því að taka afstöðu til þess hvort greiða beri fyrir þau með auknum sértekjum eða með fjárveitingum úr ríkissjóði.

Rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hefur verið þungur undanfarin ár. Tekjur stofnunarinnar af rannsóknastarfsemi eru nú óvissari en oft áður sökum fyrirhugaðra breytinga á Rannís. Enn fremur eru miklar breytingar fyrirhugaðar á næstu rammaáætlun ESB, bæði varðandi þau svið sem verða opin fyrir umsóknum, sem og formi og stærð verkefna. Í máli fulltrúa stofnunarinnar kom fram að til að hægt verði að stunda og stýra rannsóknum sem leitt geti til aukins verðmætis sjávarfangs sé nauðsynlegt að styrkja starfsemi stofnunarinnar frá því sem nú er. Í því sambandi gegni útibú stofnunarinnar lykilhlutverki og nauðsynlegt sé að hægt verði að starfrækja þau sem sérhæfðar og sjálfstæðar rannsóknastöðvar í stað þess að nýta þau eingöngu sem þjónustuútibú. Nefndin leggur því til að fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verði hækkuð um 15 millj. kr. vegna þessa. Er það í samræmi við tillögur nefndarinnar frá því í fyrra sem lutu að því að styrkja í senn rannsóknarstarf stofnunarinnar og efla þjónustu hennar á landsbyggðinni sem skiptir miklu máli fyrir fiskvinnsluna.

Jóhann Ársælsson og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Vilhjálmur Egilsson, Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason og Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi, 15. nóv. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Árni R. Árnason.
Guðmundur Hallvarðsson.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Á fund nefndarinnar komu Skarphéðinn B. Steinarsson og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti, Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri og Ásdís Ingibjargardóttir frá dómsmála-

ráðuneyti, Haraldur Johannessen og Þórir Oddsson frá ríkislögreglustjóra, Böðvar Bragason, Geir Jón Þórisson, Hörður Jóhannesson og Sólmundur Jónsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík og Tryggvi Gunnarsson og Róbert Spanó frá umboðsmanni Alþingis.

Á fundum sínum ræddi nefndin þá fjárlagaliði sem snúa að löggæslumálum. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að fjárveiting til lögreglustjórans í Reykjavík hækkar að raungildi um 9 millj. kr. til að fjölga lögreglumönnum um tvo. Í ljósi umræðu um löggæslumál á höfuðborgarsvæðinu telur nefndin nauðsynlegt að gerð sé úttekt á því hversu mörg stöðugildi lögreglustjórinn í Reykjavík þurfi til að halda uppi löggæslu og afköstum í rannsóknum lögreglumála.

Þá var ræddur löggæslukostnaður vegna utanríkisráðherrafundar NATO og samstarfsríkja þess sem fyrirhugað er að halda á Íslandi á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði af hálfu dómsmálaráðuneytis eða utanríkisráðuneytis. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins mun ráðuneytið gera tillögu um að kostnaðurinn verði færður í fjárlög við 2. umræðu um frumvarpið. Nefndin hefur áður lýst yfir þeirri skoðun sinni að athuga þurfi sérstaklega vel fyrirkomulag fjárveitinga til opinberra heimsókna svo að kostnaður við þær teljist ekki óvænt til rekstrarfjár lögreglu.

Nefndin ræddi einnig ítarlega beiðni embættis forseta Íslands til forsætisráðuneytisins um að ónýtt fjárheimild sem ætluð var til bifreiðakaupa í fjárlögum fyrir árið 2000 að upphæð 6,5 millj. kr. yrði notuð til annarra viðfangsefna í rekstri embættisins. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu mun ráðuneytið gera tillögu um þessa millifærslu við 2. umræðu fjáraukalagafrumvarps. Nefndin telur að heimild til slíkrar millifærslu geti reynst vafasamt fordæmi.

Í máli umboðsmanns Alþingis kom fram vilji hans til að auka þátttöku umboðsmanns og starfsmanna hans í fræðslu um stjórnsýslurétt og skyld málefni. Hann kvað hins vegar embættið hvorki hafa til þess nægilegan mannskap né fjármagn. Nefndin telur að þörfin á slíkri fræðslu sé veruleg og því um verðugt verkefni að ræða auk þess sem það muni geta haft í för með sér sparnað í rekstri embættisins til lengri tíma. Nefndin leggur því til að aukið fjárframlag verði tímabundið veitt umboðsmanni Alþingis til að sinna því verki.

Að lokum bendir nefndin á að hún hefur ekki til ráðstöfunar eiginlegan safnlið eins og flestar aðrar nefndir þingsins. Telur hún slíkt fyrirkomulag óeðlilegt þar sem erindum á hennar málefnasviðum er vísað til annarra nefnda. Leggur nefndin til að fjárlaganefnd taki þetta til skoðunar.

Alþingi, 19. nóv. 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form.
Jónína Bjartmarz.
Ásta Möller.
Kjartan Ólafsson.
Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Á fund nefndarinnar komu Berglind Ásgeirsdóttir, Húnbogi Þorsteinsson, Sturlaugur Tómasson og Garðar Jónsson frá félagsmálaráðuneyti, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður og Þórður Skúlason framkvæmdastjóri frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stefán J. Hreiðarsson forstöðumaður og Petrína Þorsteinsdóttir frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Nefndin fór yfir einstaka liði frumvarpsins en ræddi auk þess sérstaklega málefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar greindi frá því að fjárhagsstaða stöðvarinnar hefði verið slæm síðustu ár. Orsakir vandans væru fyrst og fremst aukin þörf og eftirspurn eftir þjónustu stöðvarinnar. Nefndin beinir því til fjárlaganefndar að huga að stöðu stöðvarinnar með tilliti til þess.

Samkvæmt frumvarpinu lækka útgjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 658 millj. kr. milli ára. Í máli formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga kom fram að töluvert fjármagn vantar í sjóðinn vegna breytinga á álagningarstofni fasteigna, útvíkkunar á grunni húsaleigubóta með lögum nr. 52/2001 og einsetningar skóla. Þá greindi formaður frá því að sérstakt framlag að fjárhæð 700 millj. kr. sem nú sé fellt niður hefði styrkt stöðu sveitarfélaganna á síðustu þremur árum og taldi hann að ástæða væri til að huga að stöðu sveitarfélaganna með tilliti til fólksfækkunar. Einnig kemur fram í máli fulltrúa Sambandsins að engan veginn sé ljóst hvernig ríkið ætli að koma að lausn vanda sveitarfélaganna vegna húsnæðismála og þær aðgerðir sem fram komi í frumvarpinu dugi ekki til. Bendir nefndin í því sambandi m.a. á skýrslu samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsnæðismál sveitarfélaganna frá 1. mars 2001. Þá gerði formaður grein fyrir greiðslum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna en árið 2000 greiddi sjóðurinn 517 millj. kr. til stofnunarinnar. Nefndin telur eðlilegt að Innheimtustofnun verði flutt yfir til ríkisins þar sem Tryggingarstofnun ríkisins ákveður í raun útgjöld Innheimtustofnunar.

Í sérstöku erindi Þroskahjálpar til nefndarinnar frá 1. nóvember sl. er bent á að í frumvarpinu sé ekki farið eftir tillögum nefnda félagsmálaráðherra um biðlista vegna búsetu. Nefndin bendir á að huga beri að þeirri þörf sem er fyrir hendi en framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra helst óbreytt frá fyrra ári. Nú þegar hætt hefur verið við fyrirhugaða yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga lítur nefndin svo á að skoða þurfi betur framlag til sjóðsins í því ljósi.

Hvað varðar skiptingu safnliða tekur nefndin eftirfarandi fram: Nefndin gerir þá tillögu að fjárveiting Geðhjálpar verði hækkuð um 500 þús. kr. til uppbyggingar á tengla- eða stuðningsmannakerfi. Þá kemur fram í erindi Sjálfsbjargar að félagið hafi verið rekið með miklu

tapi síðustu ár og þá fyrst og fremst vegna húsaleigugjalda auk þess sem tekjur þess hafi dregist verulega saman. Þar sem nefndin getur einungis orðið við erindi Sjálfsbjargar að litlu leyti leggur hún til að mál félagsins verði skoðuð heildstætt af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Hið sama er að segja um erindi Foreldra- og styrktarfélags Öskjuhlíðarskóla og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Nefndin leggur til að gengið verði frá þjónustusamningum hið fyrsta við Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla vegna reksturs sumardvalarstaðar fyrir nemendur skólans og við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna uppbyggingar í Reykjadal. Einnig telur nefndin að annaðhvort eigi að gera þjónustusamning við Íslenska ættleiðingu eða gera ráð fyrir fjárframlagi til félagsins í föstum liðum fjárlagafrumvarpsins þar sem félagið hefur fengið auknar skyldur vegna löggildingar dómsmálaráðherra samkvæmt lögum nr. 130/1999, um ættleiðingar. Þá vísar nefndin erindi Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK) aftur til fjárlaganefndar með þeim tilmælum að erindinu verði komið á framfæri við dóms- og kirkjumálaráðuneyti þar sem nefndin telur starfsemi félagsins ekki vera á sviði félagsmálanefndar. Einnig er erindi Dalabyggðar á safnlið 07-999-190 og BSRB á safnlið 07-981-190 vísað aftur til fjárlaganefndar og lagt til að þau verði lögð fyrir félagsmálaráðuneytið til afgreiðslu. Hvað varðar erindi Ólafs Snorrasonar og Jennýjar Steingrímsdóttur á safnlið 07-999-190 vísar nefndin því til fjárlaganefndar og leggur jafnframt til að erindið verði fært undir lið 07-701-101 og hann um leið hækkaður um sem nemur 2 millj. kr. og jafnframt að gerður verði þjónustusamningur við þau. Loks telur nefndin ástæðu til að taka fram að ekki sé rétt að til hennar sé vísað erindum sem varða töluverðar fjárhæðir vegna stofnunar félagasamtaka eða áforma þeirra um stærri verkefni nema óskað sé eftir áliti hennar um verkefnin sem slík.

Arnbjörg Sveinsdóttir og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara þar sem þær eiga sæti í fjárlaganefnd.

Kristján Pálsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. nóv. 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., með fyrirvara.
Magnús Stefánsson.
Jónína Bjartmarz.
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.
Steingrímur J. Steingrímsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Nefndin fékk á sinn fund Svanhvíti Jakobsdóttur og Hrönn Ottósdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Karl Steinar Guðnason og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Magnús Pétursson og Önnu Stefánsdóttur frá Landspítala – Háskólasjúkrahúsi og Sigurð Guðmundsson, Harald Briem og Þórarinn Gunnarsson frá landlæknisembættinu.

Í frumvarpinu kemur fram að útgjöld til málaflokksins hækka um 9,3 milljarða kr., eða um 12% frá fjárlögum ársins 2001. Af þessari upphæð eru 3.336,8 millj. kr. vegna launa- og verðlagshækkanna. Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 5.829,9 millj. kr. Vegur þar þyngst 1.869 millj. kr. hækkun til tryggingamála og þar af má rekja 1.600 millj. kr. til lagabreytinga um hækkun á greiðslum til elli- og örorkulífeyrisþega sem tóku gildi á árinu. Þá hækkar framlag til rekstrar sjúkrastofnana um 447 millj. kr. sem skýrist að mestu af heilsársrekstri nýs hjúkrunarheimilis, Sóltúns í Reykjavík.

Nefndin leggur áherslu á að gætt verði ýtrasta aðhalds í rekstri heilbrigðiskerfisins og leitað verði leiða til hagræðingar, m.a. með skipulagsbreytingum. Liður í þeirri viðleitni er að styrkja heilsugæsluna þannig að hún verði fær um að sinna þeirri grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu sem henni er ætlað, m.a. samkvæmt heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Markmiðum heilbrigðisáætlunar verður ekki náð nema tryggt sé að fólk eigi jafnan og greiðan aðgang að heilsugæsluþjónustu. Sýnt hefur verið fram á að vel starfhæf heilsugæsla leiðir til minni ásóknar í sjúkrahúsþjónustu, sem og aðra heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, sem aftur leiðir til lækkunar á heildarútgjöldum til heilbrigðisþjónustu.Talið hefur verið að 80–85% íbúa hvers lands gætu fengið þörf sinni fyrir heilbrigðisþjónustu fullnægt innan heilsugæslunnar ef næg þjónusta stæði til boða en hún er jafnan ódýrara úrræði en sambærileg þjónusta á sjúkrahúsum eða hjá sérgreinalæknum. Efling heilsugæslunnar svo að hún fái sinnt grunnþjónustu fyrir alla landsmenn, eins og hún er skilgreind í 19. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, er að mati nefndarinnar sá þáttur sem er líklegastur til að skila þjóðfélaginu mestu í þessu sambandi um leið og það mundi styðja flest markmið heilbrigðisáætlunarinnar.

Þörfin fyrir úrbætur og aukna heilsugæsluþjónustu er langmest í Reykjavík og nágrenni, m.a. vegna fólksfjölgunar á undanförnum árum, og leggur nefndin ríka áherslu á að brýnni þörf íbúa á þessu svæði fyrir efla og bætta þjónustu verði mætt. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar þyrfti að auka framlög um 100 millj. kr. til að mæta þörfinni.

Þá leggur nefndin áherslu á nokkur önnur brýn viðfangsefni.

Hér er í fyrsta lagi um að ræða þá óeðlilegu bið sem nú er eftir heyrnartækjum. Mikilvægt er að stytta biðtíma og leggur nefndin til að fjárframlög verði aukin til að hægt sé að veita heyrnarskertum ásættanlega þjónustu.

Í öðru lagi vekur nefndin athygli á brýnni þörf fyrir fjölgun bæklunaraðgerða þar sem tafir í þeim efnum valda ekki bara sjúklingum þjáningum og tekjutapi heldur eru biðlistarnir mjög kostnaðarsamir fyrir þjóðfélagið allt.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að gert verði átak í uppbyggingu á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða en eitt af átta forgangsverkefnum heilbrigðisáætlunar er að stytta bið eftir vistun á hjúkrunarheimili niður í 90 daga fyrir þá sem eru í brýnni þörf.

Katrín Feldsted, Ólafur Örn Haraldsson og Margrét Frímannsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málssins. Ásta R. Jóhannesdóttir og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 16. nóv. 2001.

Jónína Bjartmarz, form.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ásta Möller.
Tómas Ingi Olrich.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Nefndin fékk á sinn fund Jóhann Guðmundsson, Ragnhildi Hjaltadóttur, Halldór S. Kristjánsson og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti, Helga Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni, Þorgeir Pálsson flugmálastjóra, Kristján Helgason frá Siglingastofnun Íslands og Magnús Finnsson frá Póst- og fjarskiptastofnun. Þá komu á fund nefndarinnar Páll H. Hannesson og Steingrímur Ólafsson fyrir hönd stjórnar söfnunarsjóðs vegna óháðrar rannsóknar á flugslysinu í Skerjafirði.

Í frumvarpinu kemur fram hækkun á heildartekjum og gjöldum samgönguráðuneytisins vegna breyttrar framsetningar á samgönguáætlunum þar sem sýnd eru innbyrðis viðskipti milli deilda Vegagerðarinnar. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 171 millj. kr. og munar þar mest um 75 millj. kr. millifærslu af tilfærsluviðfangsefni Ferðamálaráðs á nýtt rekstrarviðfangsefni ráðsins og millifærslu á 30 millj. kr. framlagi af framkvæmdum við flugvelli á rekstur Flugmálastjórnar vegna aukins eftirlits með flugöryggi.

Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 479,6 millj. kr. og verður 12.606,1 millj. kr. Stærsta breytingin er 437 millj. kr. hækkun til vegamála.

Í útgjaldaramma er gert ráð fyrir lækkun útgjalda með frestun eða lækkun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 1.610 millj. kr.

Nefndin fjallaði um skiptingu á safnlið 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur og vöruflutningar. Skipting þessa liðar hefur verið í nokkuð föstum skorðum undanfarin ár. Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar frá því sem verið hefur. Lagt er til að framlag til sérleyfishafa að upphæð 1.780 þús. kr. verði fellt niður. Vegagerðin gerir sérstaka þjónustusamninga við sérleyfishafa og er við það miðað að framlög, sem þar er samið um, komi að öllu leyti í stað þessa fjárframlags. Þá er ekki gerð tillaga um stofnstyrki að þessu sinni, enda hafa nefndinni ekki borist erindi um slíka styrki. Ásamt þessu eru almennir styrkir skornir niður af ýmsum ástæðum. Nefndin mælist til þess að því fé sem stendur eftir óskipt af liðnum verði ráðstafað af samgönguráðherra að fenginni umsögn Vegagerðarinnar. Við skiptingu skal við það miðað að upphæðinni sé skipt niður á þau byggðarlög þar sem sérstakir erfiðleikar eru í vetrarsamgöngum og þörf er talin á viðbót við snjómokstur.

Meiri hlutinn leggur til að veitt verði fé í nýtt viðfangsefni sem nefnist „Gagnagrunnur vegna leigubifreiðamála“ undir liðnum 10-190 Ýmis verkefni. Um er að ræða stofnkostnað við gagnagrunn sem áætlað er að setja á lagginar samkvæmt frumvarpi til laga um leigubifreiðar sem nú liggur fyrir þinginu. Fjárveiting þessi er nauðsynleg þar sem ekki getur talist rétt að núverandi atvinnuleyfishafar beri þann stofnkostnað sem nauðsynlegur reynist vegna breytinga á stjórnsýslu leigubifreiðamála. Gera verður ráð fyrir þessu framlagi í tvö ár til viðbótar en það fer þó eftir því hver raunkostnaður verður.

Meiri hlutinn tekur ekki afstöðu til nokkurra erinda og vísar þeim aftur til fjárlaganefndar þar sem þau rúmast ekki undir þeim safnlið sem nefndin fjallaði um. Um er að ræða erindi stjórnar söfnunar vegna flugslyssins í Skerjafirði, erindi frá Ferðaþjónustu bænda vegna verkefnisins „Færum heiminn heim í hlað – Netvæðing ferðaþjónustu í dreifbýli“ og erindi frá Hrauneyjum ehf. vegna Hálendismiðstöðvar.

Arnbjörg Sveinsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir, með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.
Magnús Stefánsson.
Einar K. Guðfinnsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Fyrsti minni hluti samgöngunefndar hefur ýmsar athugasemdir við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar.

Í fyrsta lagi mótmælir 1. minni hluti áformuðum niðurskurði á fjárframlögum til vegamála samkvæmt gildandi vegáætlun. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nemur niðurskurðurinn 1.461millj. kr. frá vegáætlun. Ekki liggja fyrir tillögur um hvar niðurskurðinum er ætlað að koma niður, en eðlilegt hefði verið að sú ákvörðun væri tekin samhliða niðurskurðinum.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að þeim fjármunum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir til málaflokksins verði ráðstafað þar, enda næg verkefni. Má nefna brýna þörf á auknu fjármagni til vegaframkvæmda á Norðausturlandi og Vestfjörðum. Þá er afar brýnt að auka framlög til safn- og tengivega og styrkvega eða vega sem í daglegu tali eru kallaðir „sveitavegir". Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds þessara vega hafa hlutfallslega rýrnað þegar litið er á framlög til vegamála í heild. Akstur skólabarna og sókn til vinnu utan bús krefst úrbóta á vegakerfi sveitanna. Byggðaröskunin er alvarlegasta ógnun í efnahagsbúskap þjóðarinnar. Betri vegir og stytting vegalengda milli staða eykur samkeppnishæfni búsetunnar og styrkja hana um allt land og því eru samgöngubætur og aukið öryggi á þjóðvegunum forgangsmál.

Í öðru lagi telur 1. minni hluti brýna þörf á því að endurskoða reglur um úthlutun fjármuna til hafnarframkvæmda. Sumar hafnir eru í þeirri stöðu að þeim er ófært að ráðast í framkvæmdir þar sem þær hafa ekki ráð á því mótframlagi sem þeim er gert að greiða miðað við núverandi reglur. Bág fjárhagsstaða hafnarsjóða má ekki leiða til þess að íbúum og fyrirtækjum í einstökum sveitarfélögum á landinu sé mismunað að þessu leyti. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á hversu alvarleg þessi staðreynd er fyrir einstök sveitarfélög. Þá er mikilvægt að áætluð framlög til stofnframkvæmda sem fram koma í áætlunum sem samþykktar eru á Alþingi séu verðbættar til að verðlagsbreytingar komi ekki niður á framkvæmdum.

Í þriðja lagi mótmælir 1. minni hluti sérstaklega fyrirhugaðri fjárveitingu til stórskipahafnar í Reyðarfirði. Nauðsyn þessarar framkvæmdar veltur á því hvort álver verður byggt í Reyðarfirði eða ekki, en um það hefur engin endanleg ákvörðun verið tekin og því ótímabært að ráðstafa fé í framkvæmdina. Þessum fjármunum væri betur varið til hafnargerðar þar sem þörfin liggur fyrir, en ljóst er að hún er víða brýn. Má þar nefna staði þar sem atvinnulíf er í hættu vegna þess að hafnirnar geta ekki tekið á móti skipum með eðlilegum hætti til löndunar og útskipunar.

Í fjórða lagi er mótmælt skerðingu á fjármagni til sjóvarnargarða og til hafnabótasjóðs. Hér er um lítinn sparnaðarávinning að ræða fyrir ríkissjóð þar sem upphæðirnar eru litlar en verkin sem sjóðirnir styrkja hafa mikla þýðingu fyrir hlutaðeigandi. Þá er eðlilegt að þessi stofnframlög séu verðbætt á fjárlögum.

Í fimmta lagi er frestun á framkvæmdum við innanlandsflugvelli mótmælt. Bitnar þessi frestun m.a. á framkvæmdum við flugvellina á Akureyri, Egilsstöðum, í Vestmannaeyjum, á Hornafirði og Ísafirði. Frekar hefði átt að horfa til þess að aðstaða til innanlandsflugs yrði styrkt og bætt. Fyrir þinginu liggur nú frumvarp til laga um loftferðir þar sem gerðar eru auknar kröfur til flugvalla og flugvéla. Innanlandsflug á undir högg að sækja. Óeðlilegt verður að teljast að á sama tíma og til stendur að auka kröfur á þessu sviði er áformað að fresta ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum á flugvöllum landsins.

Þá er mótmælt því að skipting á liðnum 10-190-1.12 vetrarsamgöngur og vöruflutningar sé færð frá nefndinni að meginhluta og yfir til samgönguráðherra. Sömuleiðis hefði samgöngunefnd átt að skipta liðnum 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf, 14 millj. kr. Almenna reglan á að vera sú að þingið skipti safnliðum en ekki ráðherra.

Að lokum sér 1. minni hluti ástæðu til að fagna niðurfellingu leiðarflugsgjalda sem fól í sér óréttlátta og íþyngjandi gjaldtöku fyrir alla flugumferð í landinu.

Alþingi, 19. nóv. 2001.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Kristmund Halldórsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Smári Sigurðsson og Karl Friðriksson frá Iðntæknistofnun, Hákon Ólafsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Kristján Jónsson og Eiríkur Briem frá Rafmagnsveitum ríkisins, Jakob Björnsson frá Orkusjóði og Ásta Valdimarsdóttir frá Einkaleyfastofunni. Einnig bárust nefndinni skriflegar athugasemdir frá Þorkatli Helgasyni hjá Orkustofnun.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að iðnaðarráðuneyti verði gert kleift að sinna öllum þeim mikilvægu verkefnum sem því hafa verið falin. Bent er á m.a. breytingu á raforkulögum, hafsbotnsrannsóknir, kolvetnisleit, byggðamál, nýja orkugjafa og aðra mikilvæga þætti nýsköpunar í atvinnulífi. Nefndin hvetur til þess að framlög til iðnaðarráðuneytis verði aukin um sem nemur tveimur stöðugildum.

Nefndin leggur til að strax verði hafin vinna við endurskoðun á fjármögnun rannsóknastofnana á vegum iðnaðarráðuneytis, sbr. skýrslu ráðuneytisins um hlutverk rannsóknastofnana iðnaðarráðuneytisins í eflingu rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Nýsköpun og framfarir byggjast á rannsóknum og frumkvöðlastarfi. Nefndin telur að of hafi verið saumað að rannsóknastofnunum ráðuneytisins, þ.e. Iðntæknistofnun, Orkustofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og á því verði að finna skjóta lausn.

Í ljósi þess að verið er að kanna þann möguleika að Rafmagnsveitur ríkisins festi kaup á Rafveitu Sauðárkróks bendir nefndin á að eðlilegt væri að heimild til þeirra kaupa væri í fjárlagafrumvarpi. Jafnframt bendir nefndin á að mikil þörf er á lántökuheimild til handa fyrirtækinu, en gert er ráð fyrir rúmlega 400 millj. kr. halla á rekstri þess án þess að gert sé ráð fyrir að honum verði mætt með láni eða annarri fjármögnun.

Loks bendir nefndin á mikilvægi þess að lokið verði við áætlunargerð varðandi þrífösun á rafmagni í dreifbýli og fjármagn veitt til þess að unnt verði að byrja á því verkefni. Með þróun í landbúnaði undanfarin ár hafa bú stækkað og tækjakostur aukist og nú er svo komið að skortur á þrífösun háir rekstri þeirra.

Árni Steinar Jóhannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hjálmar Árnason, formaður nefndarinnar, var einnig fjarverandi við afgreiðslu málsins, en er samþykkur áliti þessu.

Ísólfur Gylfi Pálmason skrifar undir álitið með þeim fyrirvara að hann á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 15. nóv. 2001.

Guðjón Guðmundsson.
Bryndís Hlöðversdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.
Kjartan Ólafsson.
Árni R. Árnason.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 2001.

Á fund nefndarinnar komu Þórður H. Ólafsson frá umhverfisráðuneyti, Árni Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Davíð Egilsson og Þórey Guðmundsdóttir frá Hollustuvernd ríkisins, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Lárus Svanlaugsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í frumvarpinu kemur fram að rekstrargjöld umhverfisráðuneytisins hækka um 87,9 millj. kr. frá fjárlögum ársins 2001. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 13,9 millj. kr. framlag til Hollustuverndar ríkisins. Sú hækkun skýrist að mestu leyti af 10 millj. kr. hækkun vegna fyrirhugaðs flutnings stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Í máli fulltrúa Hollustuverndar kom fram að leiðrétta þurfi fjárlagafrumvarpið vegna eldri skuldbindinga og jafnframt vanti stofnunina nú 55 millj. kr. til að standa við ýmsar skuldbindingar sínar sem falla undir forgangsmál. Stofnunin hefur fengið aukin verkefni sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu en mjög skortir á að stofnunin hafi fjárhagslegan grundvöll til að geta sinnt þessum verkefnum. Nefndin telur nauðsynlegt að kannað verði hvernig unnt verði að mæta þessum þörfum.

Útgjöld Náttúruverndar ríkisins hækka um 15,9 millj. kr. milli ára en þar af eru 8,4 millj. kr. vegna launa- og verðlagshækkana. Fulltrúi stofnunarinnar hefur hins vegar farið fram á um 100 millj. kr. aukafjárveitingu til ýmissa nauðsynlegra verkefna. Nefndin telur brýnt að stofnuninni verði gert kleift að sinna sem flestum þessara verkefna. Þá leggur nefndin sérstaka áherslu á að auka þyrfti fjárheimildir til þjóðgarðsins á Snæfellsnesi þannig að mögulegt verði að byggja upp starfsemi og aðstöðu þjóðgarðsins eins og vera ber. Þjóðgarðurinn

var stofnaður sl. sumar og telur nefndin að þær 10 millj. kr. sem hann á að fá samkvæmt frumvarpinu dugi engan veginn til þessa.

Málefni Skipulagsstofnunar voru einnig rædd á fundi nefndarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5,5 millj. kr. hækkun á útgjöldum stofnunarinnar en fulltrúi hennar hefur farið fram á 11,7 millj. kr. hækkun, m.a. vegna aukins rekstrarkostnaðar og annarra skuldbindinga. Nefndin leggur áherslu á að þess verði gætt að Skipulagssjóður hafi fjárhagslega burði til þess að ná því setta markmiði að aðalskipulagsgerð fyrir öll sveitarfélög í landinu verði lokið árið 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. nóv. 2001.

Magnús Stefánsson, form.
Kristján Pálsson.
Katrín Fjeldsted.
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Drífa Snædal, með fyrirvara.
Ásta Möller, með fyrirvara.

400. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ÍGP, ArnbS, KPál, DrH, TIO).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	12,0	3,0	15,0
b. 1.90 Ýmis verkefni	17,1	7,0	24,1
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins			
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	0,0	250,0	250,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*250,0*	*250,0*
3. Við **01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**			
6.01 Nýframkvæmdir	27,5	16,0	43,5
4. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 5.50 Fasteignir	120,0	-44,0	76,0
b. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	205,0	313,0	518,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.356,4*	*269,0*	*3.625,4*
5. Við **02-208 Örnefnastofnun Íslands**			
1.01 Örnefnastofnun Íslands	13,5	1,0	14,5

6. Við **02-228 Listaháskóli Íslands**			
a. 1.01 Listaháskóli Íslands	296,8	17,3	314,1
b. Sértekjur	-12,7	12,7	0,0
7. Við **02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 5.21 Viðhald	35,0	30,0	65,0
b. 6.21 Stofnkostnaður	440,0	-30,0	410,0
8. Við **02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi**			
1.73 Reykjavíkurakademían	0,0	7,0	7,0
9. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	16,0	8,0	24,0
10. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	7,0	1,5	8,5
b. 1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	7,0	1,5	8,5
c. 1.23 Farskóli Norðurlands vestra	7,0	1,5	8,5
d. 1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	7,0	1,5	8,5
e. 1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	7,0	1,5	8,5
f. 1.26 Fræðslunet Austurlands	7,0	1,5	8,5
g. 1.27 Fræðslunet Suðurlands	7,0	1,5	8,5
h. 1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	7,0	1,5	8,5
11. Við **02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna**			
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.550,0	133,0	2.683,0
12. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	186,6	6,0	192,6
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	48,4	29,0	77,4
c. 6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	0,0	7,0	7,0
d. 6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara	0,0	4,0	4,0
13. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
a. 1.10 Listasafn ASÍ	2,0	1,0	3,0
b. 1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	5,0	1,0	6,0
c. 1.41 Galdrasýning á Ströndum	0,0	7,0	7,0
d. 6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	0,0	7,0	7,0
e. 6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	0,0	7,0	7,0
f. 6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum	0,0	4,0	4,0
g. 6.28 Sögusafnið í Reykjavík	0,0	7,0	7,0
h. 6.29 Endurbygging á Brydebúð	0,0	3,0	3,0
i. 6.32 Sjóminjasafn Íslands	0,0	1,0	1,0
j. 6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	0,0	4,0	4,0
k. 6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	0,0	7,0	7,0
l. 6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	0,0	6,0	6,0
m. 6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	0,0	3,5	3,5
n. 6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	0,0	3,5	3,5
o. 6.41 Safnahús í Búðardal	0,0	7,0	7,0
p. 6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	0,0	4,0	4,0
q. 6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	0,0	3,0	3,0

14. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
a. 6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	0,0	7,0	7,0
b. 6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	0,0	7,0	7,0
15. Við **02-979 Húsafriðunarsjóður**			
6.10 Húsafriðunarsjóður	40,5	17,0	57,5
16. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	1,0	3,0	4,0
17. Við **02-988 Æskulýðsmál**			
a. 1.12 Ungmennafélag Íslands	17,0	25,0	42,0
b. 1.13 Bandalag íslenskra skáta	12,5	3,0	15,5
c. 1.17 Landssamband KFUM og KFUK	11,0	4,0	15,0
d. 1.90 Æskulýðsmál	4,5	4,9	9,4
18. Við **02-989 Ýmis íþróttamál**			
a. 1.14 Íþróttasamband fatlaðra	12,5	4,0	16,5
b. 1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,0	0,8	2,8
c. 1.21 Skáksamband Íslands	7,0	2,0	9,0
d. 1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	5,0	5,0	10,0
e. 1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004	0,0	10,0	10,0
f. 6.54 Gaddstaðir, reiðskemma	0,0	7,0	7,0
g. 6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	0,0	7,0	7,0
19. Við **02-999 Ýmislegt**			
1.90 Ýmis framlög	4,5	17,9	22,4
20. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.19 Ráðstefnur	181,4	60,0	241,4
b. 1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	2,0	2,0	4,0
21. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	262,5	69,1	331,6
Greitt úr ríkissjóði	*425,8*	*69,1*	*494,9*
22. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**			
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	375,4	24,8	400,2
Viðskiptahreyfingar	*-146,6*	*24,8*	*-121,8*
23. Við **03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands**			
1.11 Þróunaraðstoð	442,8	-20,0	422,8
24. Við **04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins**			
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	307,0	6,0	313,0
25. Við **04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**			
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	170,6	12,0	182,6
26. Við **04-311 Landgræðsla ríkisins**			
a. 1.01 Landgræðsla ríkisins	412,7	-82,0	330,7
b. 6.01 Tæki og búnaður	6,5	33,0	39,5
c. Sértekjur	-80,1	49,0	-31,1
27. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá	64,2	15,0	79,2

28. Við **04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**			
a. 1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.715,0	10,0	3.725,0
b. 1.02 Lífeyrissjóður bænda	140,0	0,4	140,4
29. Við **04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**			
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	293,0	-57,0	236,0
30. Við **04-811 Bændasamtök Íslands**			
a. 1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta	126,3	5,2	131,5
b. 1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta	82,9	3,4	86,3
c. 1.96 Búfjárrækt	0,0	62,5	62,5
d. 6.95 Búfjárrækt	58,0	-58,0	0,0
31. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	16,0	5,0	21,0
b. 1.90 Ýmislegt	24,3	6,0	30,3
32. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	718,2	15,5	733,7
b. 1.30 Rannsóknaskip	370,2	-6,0	364,2
c. 5.31 Viðhald rannsóknaskipa	85,0	-7,0	78,0
d. 6.31 Tæki og búnaður í skip	18,0	-1,4	16,6
e. 6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa	15,0	-1,1	13,9
33. Við **06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	209,8	8,2	218,0
34. Við **06-303 Ríkislögreglustjóri**			
1.01 Ríkislögreglustjóri	576,9	6,2	583,1
35. Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	65,2	62,0	127,2
36. Við **06-395 Landhelgisgæsla Íslands**			
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.044,0	6,8	1.050,8
37. Við **06-397 Schengen-samstarf**			
1.01 Schengen-samstarf	62,7	-10,0	52,7
38. Við **06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**			
1.20 Löggæsla	70,7	2,0	72,7
39. Við **06-701 Þjóðkirkjan**			
1.01 Biskup Íslands	865,0	5,3	870,3
40. Við **07-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,1	0,5	4,6
b. 1.90 Ýmislegt	4,3	-2,0	2,3
41. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	398,0	13,0	411,0
42. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	22,5	2,0	24,5
43. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.01 Almennur rekstur	1.078,6	16,8	1.095,4
44. Við **07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi**			
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir	35,4	2,5	37,9

45. Við **07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**			
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	175,5	7,5	183,0
46. Við **07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi**			
1.01 Almennur rekstur	146,6	7,5	154,1
47. Við **07-711 Styrktarfélag vangefinna**			
1.01 Styrktarfélag vangefinna	405,0	20,0	425,0
48. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	235,0	70,0	305,0
49. Við **07-981 Vinnumál**			
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5,4	3,0	8,4
50. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
1.41 Framlög og styrkir	132,0	-51,0	81,0
51. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
1.11 Fæðingarorlofssjóður	4.155,0	-150,0	4.005,0
52. Við **07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið**			
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	7,0	4,0	11,0
53. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.31 Félagasamtök, styrkir	44,5	2,0	46,5
b. 1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða	6,5	4,0	10,5
c. 1.36 Félagið Geðhjálp	0,0	5,0	5,0
d. 1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili	9,2	10,0	19,2
e. 1.44 Byrgið, líknarfélag	2,4	10,0	12,4
f. 1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	16,1	-2,0	14,1
54. Við **08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	287,3	-2,2	285,1
55. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	738,2	32,5	770,7
56. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
a. 1.15 Umönnunarbætur	900,0	-15,0	885,0
b. 1.31 Endurhæfingarlífeyrir	365,0	-10,0	355,0
c. 1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	75,0	-5,0	70,0
d. 1.41 Heimilisuppbót	2.058,0	-30,0	2.028,0
e. 1.51 Uppbætur	2.530,0	-30,0	2.500,0
f. 1.55 Bifreiðakaupastyrkir	150,0	40,0	190,0
57. Við **08-204 Lífeyristryggingar**			
a. 1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	8.040,0	-160,0	7.880,0
b. 1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.728,0	-82,0	3.646,0
c. 1.26 Tekjutryggingarauki	672,0	-28,0	644,0
58. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	2.632,0	100,0	2.732,0
b. 1.15 Lyf	5.116,0	167,0	5.283,0
c. 1.91 Annað	124,0	-6,6	117,4
59. Við **08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**			
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	142,3	8,8	151,1

60. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
a. 1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	21.567,8	-100,0	21.467,8
b. Sértekjur	-1.952,8	100,0	-1.852,8
61. Við **08-379 Sjúkrahús, óskipt**			
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	96,0	-21,6	74,4
62. Við **08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
a. Við 1.01 Kostnaður skv. 3.–5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra. Liðurinn orðist svo:			
1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða	362,5	47,0	409,5
b. 6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	312,5	41,9	354,4
63. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	47,3	20,0	67,3
b. 1.53 Tóbaksvarnir	38,4	7,7	46,1
c. 1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	20,5	5,0	25,5
64. Við **08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól	462,7	5,0	467,7
65. Við **08-410 Hjúkrunarheimilið Eir**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir	537,2	5,0	542,2
66. Við **08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum**			
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	281,0	5,0	286,0
67. Við **08-421 Víðines**			
1.01 Víðines	158,6	21,6	180,2
68. Við **08-495 Daggjaldastofnanir**			
a. 1.11 Seljahlíð, Reykjavík	118,3	-2,4	115,9
b. 1.15 Dalbær, Dalvík	82,3	12,1	94,4
c. 1.21 Höfði, Akranesi	149,8	14,2	164,0
d. 1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	91,6	7,1	98,7
e. 1.25 Barmahlíð, Reykhólum	34,7	13,3	48,0
f. 1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	74,4	-0,9	73,5
g. 1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	21,7	13,9	35,6
h. 1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	36,5	0,7	37,2
i. 1.35 Jaðar, Ólafsvík	18,2	-0,2	18,0
j. 1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	63,1	-2,0	61,1
k. 1.41 Hrafnista, Reykjavík	676,3	63,9	740,2
l. 1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	568,3	35,3	603,6
m. 1.45 Grund, Reykjavík	617,5	31,1	648,6
n. 1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	233,8	5,5	239,3
o. 1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	158,9	-2,8	156,1
p. 1.63 Hlíðabær, Reykjavík	29,8	0,8	30,6
q. 1.65 Lindargata, Reykjavík	29,1	-0,8	28,3
r. 1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	52,3	3,0	55,3
s. 1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	53,5	-2,6	50,9
t. 1.85 Fríðuhús, Reykjavík	19,4	3,6	23,0
u. 1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	10,1	8,2	18,3
v. Sértekjur	-290,0	-109,5	-399,5

69. Við **08-499 Hjúkrunarheimili**			
1.01 Almennur rekstur	106,5	-106,5	0,0
70. Við **08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi**			
1.11 Sjúkrasvið	206,3	6,0	212,3
71. Við **09-103 Ríkisbókhald**			
a. 1.48 Innheimtuskilakerfi	0,0	16,2	16,2
b. 1.49 Forsendukerfi innheimtugagna	0,0	16,0	16,0
72. Við **09-262 Tollstjórinn í Reykjavík**			
a. 1.41 Innheimtuskilakerfi	16,2	-16,2	0,0
b. 1.43 Forsendukerfi innheimtugagna	16,0	-16,0	0,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*856,8*	*-32,2*	*824,6*
73. Við **09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**			
a. 1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	5.260,0	-529,0	4.731,0
b. 1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	131,0	-13,0	118,0
c. 1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	28,0	-2,0	26,0
d. 1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	454,0	-46,0	408,0
e. 1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	99,0	-10,0	89,0
f. 1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	13,0	-1,0	12,0
g. 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	36,0	-4,0	32,0
h. 1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	176,0	-18,0	158,0
i. 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	8,0	-1,0	7,0
j. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.051,0*	*242,0*	*3.293,0*
k. *Viðskiptahreyfingar*	*3.154,0*	*-866,0*	*2.288,0*
74. Við **09-821 Vaxtabætur**			
1.11 Vaxtabætur	3.885,0	500,0	4.385,0
75. Við **09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**			
6.05 Stjórnarráðsbyggingar	250,0	-250,0	0,0
76. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
a. 1.90 Launa- og verðlagsmál	625,0	1.148,2	1.773,2
b. Sértekjur	0,0	-45,1	-45,1
77. Við **10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	188,5	-2,0	186,5
Greitt úr ríkissjóði	*187,5*	*-2,0*	*185,5*
78. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	11,6	2,0	13,6
b. 1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	14,0	3,0	17,0
c. 1.49 Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel	0,0	5,0	5,0
d. 1.90 Ýmislegt	15,3	3,0	18,3
79. Við **10-211 Vegagerðin**			
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	92,4	30,0	122,4
Greitt úr ríkissjóði	*11.832,4*	*30,0*	*11.862,4*

80. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
6.74 Lendingabætur	3,0	0,8	3,8
Greitt úr ríkissjóði	*1.946,4*	*0,8*	*1.947,2*
81. Við **10-651 Ferðamálaráð**			
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	22,0	3,0	25,0
82. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**			
1.50 Nýsköpun og markaðsmál	28,8	4,0	32,8
83. Við **13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Yfirstjórn	250,2	7,0	257,2
b. 1.50 Þjóðskráin	100,2	1,0	101,2
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*242,0*	*8,0*	*250,0*
84. Við **13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið**			
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	26,0	-8,0	18,0
85. Við **14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**			
1.01 Yfirstjórn	195,2	2,3	197,5
86. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.10 Fastanefndir	0,0	6,0	6,0
b. 1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	0,0	6,5	6,5
c. 1.23 Ýmis umhverfisverkefni	34,2	-9,0	25,2
d. 1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	0,0	3,0	3,0
e. 1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	5,6	-4,6	1,0
f. 1.56 Vernd Breiðafjarðar	1,6	2,0	3,6
g. 1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2,8	-2,8	0,0
h. 1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	10,0	2,9	12,9
i. 1.90 Ýmis verkefni	5,5	4,0	9,5
87. Við **14-205 Náttúruvernd ríkisins**			
a. 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	56,0	10,0	66,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	15,0	-10,0	5,0
88. Við **14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**			
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	120,0	100,0	220,0
89. Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	34,9	-28,0	6,9
b. 1.02 Setur í Reykjavík	159,6	28,0	187,6
90. Við **19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs**			
a. 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.300,0	100,0	16.400,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*13.770,0*	*1.200,0*	*14.970,0*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*2.530,0*	*-1.100,0*	*1.430,0*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Endurmat á verðlagsforsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002.

Fjárveiting að fjárhæð 1.036,9 m.kr. vegna endurmats á verðlagsforsendum frumvarpsins skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
	Æðsta stjórn ríkisins	
00-101-1.01	Yfirstjórn	0,4
00-101-1.81	Opinberar heimsóknir	0,2
00-201-1.01	Alþingiskostnaður	2,0
00-201-1.03	Fastanefndir	0,2
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	0,8
00-201-1.06	Almennur rekstur	2,4
00-201-1.07	Sérverkefni	0,1
00-201-1.10	Rekstur fasteigna	1,3
00-301-1.01	Ríkisstjórn	0,1
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	0,3
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	0,7
	Samtals	**8,5**
	Forsætisráðuneyti	
01-101-1.01	Yfirstjórn	0,8
01-101-1.20	Stjórnarráðshús	0,1
01-190-1.14	Ritun sögu Stjórnarráðsins	0,1
01-190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	0,2
01-190-1.55	Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	0,2
01-190-1.90	Ýmis verkefni	0,1
01-201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	0,1
01-211-1.01	Þjóðhagsstofnun	0,4
01-231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	0,1
01-231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	3,7
01-251-1.01	Þjóðmenningarhúsið	0,2
01-261-1.01	Óbyggðanefnd	0,1
01-271-1.01	Ríkislögmaður	0,1
01-902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	0,2
	Samtals	**6,4**
	Menntamálaráðuneyti	
02-101-1.01	Yfirstjórn	1,4
02-201-1.01	Kennsla	7,7
02-201-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	3,6
02-202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	0,7
02-202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	0,1
02-203-1.01	Yfirstjórn	0,1
02-203-1.02	Rekstur fasteigna	0,1
02-203-1.03	Rannsóknastofur	0,9

		M.kr.
02-205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	0,2
02-205-1.20	Bókaútgáfa	0,1
02-207-1.01	Íslensk málstöð	0,1
02-210-1.01	Háskólinn á Akureyri	1,1
02-210-1.02	Rannsóknastarfsemi	0,5
02-211-1.01	Tækniskóli Íslands	1,6
02-215-1.01	Kennsla	1,8
02-215-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	0,6
02-223-1.01	Námsmatsstofnun	0,1
02-225-1.01	Kennsla	0,5
02-225-1.02	Rannsóknir og önnur verkefni	0,1
02-227-1.01	Kennsla	1,8
02-228-1.01	Listaháskóli Íslands	0,9
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	0,6
02-237-1.01	Yfirstjórn	0,1
02-299-1.61	Norræna eldfjallastöðin	0,1
02-299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	0,2
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	0,3
02-301-1.01	Almennur rekstur	0,6
02-302-1.01	Almennur rekstur	0,7
02-302-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-303-1.01	Almennur rekstur	0,2
02-303-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-304-1.01	Almennur rekstur	0,8
02-305-1.01	Almennur rekstur	0,6
02-306-1.01	Almennur rekstur	0,4
02-306-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-307-1.01	Almennur rekstur	0,3
02-307-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-308-1.01	Almennur rekstur	1,0
02-309-1.01	Almennur rekstur	0,4
02-316-1.05	Fasteignir Héraðsskóla	0,2
02-319-1.11	Sameiginleg þjónusta	0,7
02-319-1.14	Sérkennsla	0,3
02-319-1.15	Prófkostnaður	0,5
02-319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	0,1
02-319-1.28	Mat á skólastarfi	0,2
02-319-1.30	Endurmenntun	0,1
02-319-1.36	Viðskipta- og tölvuskólinn	0,1
02-319-1.41	Framkvæmd nýrrar skólastefnu	0,2
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	0,3
02-350-1.01	Almennur rekstur	1,2
02-351-1.01	Almennur rekstur	0,5
02-352-1.01	Almennur rekstur	0,6
02-353-1.01	Almennur rekstur	0,7
02-354-1.01	Almennur rekstur	0,8

		M.kr.
02-355-1.01	Almennur rekstur	0,3
02-356-1.01	Almennur rekstur	0,4
02-356-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-357-1.01	Almennur rekstur	0,8
02-358-1.01	Almennur rekstur	0,3
02-358-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-359-1.01	Almennur rekstur	1,2
02-359-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-360-1.01	Almennur rekstur	0,5
02-361-1.01	Almennur rekstur	0,1
02-362-1.01	Almennur rekstur	0,2
02-363-1.01	Almennur rekstur	0,2
02-363-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-365-1.01	Almennur rekstur	1,0
02-441-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-451-1.11	Símenntun og fjarkennsla	0,1
02-506-1.01	Almennur rekstur	0,2
02-506-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-507-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-514-1.01	Almennur rekstur	2,0
02-516-1.01	Almennur rekstur	1,0
02-541-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-564-1.01	Kennsla	0,1
02-564-1.02	Annað en kennsla	0,1
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið	0,4
02-581-1.01	Almennur rekstur	1,2
02-720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	0,1
02-720-1.35	Samræmd próf	0,2
02-720-1.70	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	0,4
02-725-1.01	Námsgagnastofnun	3,2
02-884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	5,2
02-884-1.10	Skólaakstur	0,5
02-902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	0,5
02-903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	0,6
02-905-1.01	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	1,3
02-907-1.01	Listasafn Íslands	0,4
02-972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	0,3
02-973-1.01	Þjóðleikhús	2,1
02-974-1.01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,7
02-981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	0,2
02-982-1.30	Íslenska óperan	0,6
02-985-1.90	Alþjóðleg samskipti	0,5
02-985-1.91	Aðildargjöld ESB	19,9
	Samtals	**84,8**

		M.kr.
	Utanríkisráðuneyti	
03-101-1.01	Yfirstjórn	3,5
03-101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	0,4
03-101-1.53	Þýðingamiðstöð	0,3
03-190-1.19	Ráðstefnur	2,2
03-190-1.31	Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	0,1
03-201-1.01	Yfirstjórn	0,1
03-201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	0,2
03-201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	0,3
03-211-1.01	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	1,1
03-301-1.01	Sendiráð Íslands í Berlín	2,9
03-302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1,8
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	3,5
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	2,1
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	2,2
03-306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	8,6
03-307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	0,2
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	2,2
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	3,8
03-310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	8,1
03-311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	5,9
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	11,8
03-313-1.01	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	3,6
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	2,2
03-315-1.01	Sendiráð Íslands í Ottawa	1,0
03-316-1.01	Sendiráð Íslands í Tókíó	4,5
03-317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	3,7
03-318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	2,2
03-319-1.01	Sendiráð Íslands í Mapútó	0,5
03-320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	2,4
03-390-1.01	Almennur rekstur	0,2
03-390-1.11	Þróunaraðstoð	11,7
03-391-1.10	Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna	0,2
03-391-1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,3
03-391-1.12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	0,6
03-391-1.13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	0,3
03-391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna	0,2
03-391-1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	0,1
03-391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	0,5
03-401-1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	1,0
03-401-1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3
03-401-1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	0,2

		M.kr.
03-401-1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	0,5
03-401-1.18	Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	0,7
03-401-1.19	Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	0,5
03-401-1.39	Evrópuráðið	1,6
03-401-1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	1,3
03-401-1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	1,7
03-401-1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	1,9
03-401-1.71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	3,0
03-401-1.72	EFTA-dómstóllinn	1,0
03-401-1.73	Þróunarsjóður EFTA	4,3
03-401-1.75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	1,0
03-401-1.81	Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	0,1
03-401-1.85	Alþjóðleg friðargæsla	1,9
	Samtals	**116,5**
	Landbúnaðarráðuneyti	
04-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
04-190-1.51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	0,2
04-211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	0,6
04-233-1.01	Yfirdýralæknir	0,3
04-233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	0,2
04-233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	0,1
04-261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,6
04-271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	0,6
04-283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	0,3
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	0,1
04-311-1.01	Landgræðsla ríkisins	2,3
04-311-1.90	Fyrirhleðslur	0,1
04-321-1.01	Skógrækt ríkisins	0,2
04-321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	0,3
04-321-1.90	Sérstök verkefni	0,2
04-801-1.01	Beinar greiðslur til bænda	44,6
04-801-1.02	Lífeyrissjóður bænda	1,7
04-805-1.01	Beinar greiðslur til bænda	20,6
04-805-1.02	Lífeyrissjóður bænda	0,8
04-805-1.03	Jöfnunargreiðslur	0,8
04-805-1.05	Niðurgreiðslur á ull	2,9
04-805-1.06	Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	1,5
04-805-1.10	Þjónustu- og þróunarkostnaður	3,1
04-805-1.30	Uppkaup á greiðslumarki	3,5
04-805-1.35	Fagmennska í sauðfjárrækt	0,5
	Samtals	**86,7**
	Sjávarútvegsráðuneyti	
05-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
05-101-1.11	Fiskveiðisamningar	0,1

		M.kr.
05-190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	0,1
05-190-1.33	Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	0,5
05-190-1.51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	0,4
05-190-1.52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	0,8
05-190-1.90	Ýmislegt	0,1
05-202-1.01	Almenn starfsemi	3,1
05-202-1.30	Rannsóknaskip	2,6
05-203-1.01	Almenn starfsemi	0,3
05-204-1.01	Fiskistofa	1,8
05-204-1.10	Landamærastöðvar	0,1
05-213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	0,1
05-901-1.01	Yfirstjórn	0,2
	Samtals	**10,8**
	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	
06-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-102-1.01	Stjórnartíðindi	0,1
06-111-1.10	Kosningar	0,1
06-190-1.10	Fastanefndir	0,3
06-190-1.40	Alþjóðasamstarf	0,1
06-201-1.01	Yfirstjórn	0,3
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	1,2
06-231-1.10	Málskostnaður í opinberum málum	4,1
06-231-1.20	Réttargæslumenn	0,1
06-232-1.10	Opinber réttaraðstoð	0,7
06-251-1.01	Persónuvernd	0,3
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	0,2
06-303-1.01	Ríkislögreglustjóri	2,0
06-303-1.05	Innheimta sekta	0,3
06-303-1.11	Rekstur lögreglubifreiða	-1,0
06-305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	0,6
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	3,0
06-321-1.01	Almannavarnir ríkisins	0,2
06-331-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	0,1
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	4,4
06-395-5.41	Viðhald skipa og flugfarkosta	0,8
06-397-1.01	Schengen-samstarf	0,5
06-398-1.01	Útlendingaeftirlitið	0,8
06-411-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-412-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-412-1.20	Löggæsla	0,1
06-413-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-413-1.20	Löggæsla	0,1
06-414-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-414-1.20	Löggæsla	0,1

		M.kr.
06-415-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-416-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-416-1.20	Löggæsla	0,1
06-418-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-418-1.20	Löggæsla	0,2
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-420-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-420-1.20	Löggæsla	0,1
06-421-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-421-1.20	Löggæsla	0,1
06-422-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-424-1.01	Yfirstjórn	0,3
06-424-1.20	Löggæsla	0,3
06-425-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-425-1.20	Löggæsla	0,2
06-426-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-426-1.20	Löggæsla	0,1
06-428-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-428-1.20	Löggæsla	0,2
06-429-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-429-1.20	Löggæsla	0,1
06-431-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-431-1.20	Löggæsla	0,1
06-432-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-432-1.20	Löggæsla	0,1
06-433-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-433-1.20	Löggæsla	0,4
06-434-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-434-1.20	Löggæsla	0,3
06-436-1.01	Yfirstjórn	0,3
06-436-1.20	Löggæsla	0,3
06-436-1.40	Tollgæsla	0,1
06-437-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-437-1.20	Löggæsla	0,2
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,1
06-490-1.11	Útgáfa ökuskírteina	0,1
06-490-1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	1,2
06-490-1.60	Gagnalínukostnaður	0,3
06-490-1.63	Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	0,7
06-490-1.65	Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	0,3
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	2,2
06-701-1.01	Biskup Íslands	7,1
	Samtals	**39,2**

		M.kr.
	Félagsmálaráðuneyti	
07-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
07-302-1.01	Ríkissáttasemjari	0,3
07-313-1.01	Jafnréttisstofa	0,1
07-331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	1,3
07-400-1.01	Yfirstjórn	0,2
07-400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	1,0
07-400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	0,2
07-700-1.80	Starfsþjálfun	0,1
07-701-1.01	Almennur rekstur	1,4
07-702-1.01	Almennur rekstur	0,7
07-702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,1
07-703-1.01	Almennur rekstur	0,1
07-703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	0,1
07-704-1.01	Almennur rekstur	0,2
07-705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	0,1
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,3
07-707-1.01	Almennur rekstur	0,1
07-708-1.01	Almennur rekstur	0,3
07-708-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,1
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	0,9
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,4
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	0,4
07-750-1.01	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	0,4
07-801-1.12	Jöfnun húsaleigubóta	3,9
07-980-1.01	Yfirstjórn	1,3
07-981-1.81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	0,9
07-981-1.90	Ýmislegt	0,1
07-984-1.11	Atvinnuleysisbætur	19,3
07-984-1.15	Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	0,2
07-984-1.16	Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	0,4
07-984-1.25	Styrkir til fiskvinnslustöðva	1,7
07-984-1.31	Kjararannsóknarnefnd	0,1
07-984-1.51	Rekstur úthlutunarnefnda	0,2
07-985-1.10	Almennur rekstur	0,1
07-987-1.10	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	0,4
07-989-1.13	Foreldrar utan vinnumarkaðar	5,5
07-999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,1
07-999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992	1,5
07-999-1.40	Kvennaathvarf í Reykjavík	0,1
07-999-1.49	Móttaka flóttamannahópa	0,6
	Samtals	**45,8**

		M.kr.
	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	
08-101-1.01	Yfirstjórn	1,0
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	3,4
08-203-1.11	Mæðra- og feðralaun	3,2
08-203-1.15	Umönnunarbætur	10,8
08-203-1.21	Makabætur	0,4
08-203-1.25	Ekkju- og ekkilsbætur	0,9
08-203-1.31	Endurhæfingarlífeyrir	4,4
08-203-1.35	Barnalífeyrir vegna menntunar	0,9
08-203-1.41	Heimilisuppbót	24,7
08-203-1.51	Uppbætur	30,4
08-203-1.55	Bifreiðakaupastyrkir	1,8
08-204-1.11	Ellilífeyrir	75,1
08-204-1.15	Örorkulífeyrir	29,2
08-204-1.21	Tekjutrygging ellilífeyrisþega	96,5
08-204-1.25	Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	44,7
08-204-1.26	Tekjutryggingarauki	8,1
08-204-1.31	Örorkustyrkur	2,1
08-204-1.35	Barnalífeyrir	15,9
08-204-1.91	Annað	0,9
08-206-1.11	Lækniskostnaður	9,5
08-206-1.21	Hjálpartæki	6,0
08-206-1.25	Hjúkrun í heimahúsum	0,6
08-206-1.31	Þjálfun	5,5
08-206-1.35	Tannlækningar	8,0
08-206-1.41	Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	0,9
08-206-1.45	Brýn meðferð erlendis	11,1
08-206-1.51	Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	3,1
08-206-1.91	Annað	0,7
08-207-1.10	Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	2,7
08-301-1.01	Yfirstjórn	0,5
08-324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	0,6
08-326-1.01	Sjónstöð Íslands	0,3
08-327-1.01	Geislavarnir ríkisins	0,2
08-330-1.01	Manneldisráð	0,1
08-340-1.40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	0,1
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	7,3
08-368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	0,8
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús	76,2
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	0,4
08-397-1.01	Lyfjastofnun	0,4
08-399-1.35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	0,1
08-399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0,1
08-399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn	0,8
08-399-1.81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	0,3
08-400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	1,6

		M.kr.
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	0,7
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	1,2
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	1,5
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	0,5
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	1,0
08-413-1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	0,8
08-414-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	0,2
08-415-1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	0,2
08-416-1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	0,2
08-417-1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	0,1
08-420-1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	1,2
08-421-1.01	Víðines	0,6
08-422-1.01	Hlaðgerðarkot	0,3
08-430-1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	0,8
08-431-1.01	Endurhæfingardeild	0,3
08-431-1.10	Almenn deild	0,6
08-432-1.01	Vistheimilið Bjarg	0,1
08-435-1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	0,1
08-490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	0,3
08-495-1.11	Seljahlíð, Reykjavík	0,4
08-495-1.12	Sóltún, Reykjavík	2,1
08-495-1.15	Dalbær, Dalvík	0,3
08-495-1.19	Hjallatún, Vík	0,1
08-495-1.21	Höfði, Akranesi	0,5
08-495-1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	0,3
08-495-1.25	Barmahlíð, Reykhólum	0,1
08-495-1.27	Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	0,3
08-495-1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,1
08-495-1.33	Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	0,1
08-495-1.35	Jaðar, Ólafsvík	0,1
08-495-1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,2
08-495-1.41	Hrafnista, Reykjavík	2,4
08-495-1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	2,0
08-495-1.45	Grund, Reykjavík	2,2
08-495-1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,8
08-495-1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,6
08-495-1.51	Fellsendi, Búðardal	0,2
08-495-1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	2,5
08-495-1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,2
08-495-1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,1
08-495-1.65	Lindargata, Reykjavík	0,1
08-495-1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,2
08-495-1.69	Múlabær, Reykjavík	0,2
08-495-1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar	0,3
08-495-1.81	Holtsbúð, Garðabæ	0,4
08-495-1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,2

		M.kr.
08-495-1.85	Fríðuhús, Reykjavík	0,1
08-496-1.11	Hjúkrunarrými	0,9
08-497-1.11	Hjúkrunarrými	0,3
08-499-1.01	Almennur rekstur	0,3
08-501-1.11	Sjúkraflutningar	3,3
08-501-1.12	Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða	0,6
08-501-1.15	Sjúkraflug	0,3
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	1,7
08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1,5
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	0,3
08-517-1.01	Læknavaktin	0,4
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,2
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,1
08-525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,1
08-526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	0,1
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,1
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,1
08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	0,5
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	0,2
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,1
08-572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,1
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	0,2
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,1
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,1
08-579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,1
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	0,5
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,2
08-584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	0,6
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	0,3
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	0,2
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-711-1.11	Sjúkrasvið	2,5
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-715-1.11	Sjúkrasvið	0,5
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-721-1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-725-1.11	Sjúkrasvið	1,3
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-731-1.11	Sjúkrasvið	0,2
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-735-1.11	Sjúkrasvið	0,1
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-741-1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-745-1.11	Sjúkrasvið	0,5

		M.kr.
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	0,2
08-751-1.11	Sjúkrasvið	1,1
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-755-1.11	Sjúkrasvið	0,6
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	0,5
08-761-1.11	Sjúkrasvið	1,0
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-777-1.11	Sjúkrasvið	1,7
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	0,3
08-781-1.11	Sjúkrasvið	0,8
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-785-1.11	Sjúkrasvið	1,1
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-791-1.11	Sjúkrasvið	1,5
	Samtals	**551,6**
	Fjármálaráðuneyti	
09-101-1.01	Yfirstjórn	1,3
09-103-1.01	Ríkisbókhald	0,4
09-103-1.41	Launagreiðslukerfi	0,8
09-103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	2,5
09-103-1.45	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	0,7
09-103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	0,6
09-104-1.01	Ríkisfjárhirsla	0,2
09-201-1.01	Yfirstjórn	0,9
09-201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	1,1
09-201-1.41	Skattvinnslukerfi	2,0
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	0,5
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	0,1
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	0,1
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,1
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	0,1
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	0,1
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	0,1
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	0,2
09-212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	0,1
09-212-1.06	Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	0,3
09-212-1.30	Þungaskattur	0,2
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	0,2
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	0,2
09-250-1.10	Ýmis innheimtukostnaður	3,1
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	3,6
09-262-1.41	Innheimtuskilakerfi	0,2
09-262-1.43	Forsendukerfi innheimtugagna	0,2
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins	2,1
09-972-1.01	Lánasýsla ríkisins	0,6

		M.kr.
09-980-1.05	Rekstur tölvukerfis	0,1
09-984-1.01	Yfirstjórn	0,1
09-984-1.11	Rekstur fasteigna	-9,2
09-984-5.21	Viðhald fasteigna	9,1
09-999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	0,4
09-999-1.11	Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	0,3
09-999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	0,1
09-999-1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	0,4
09-999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	0,2
09-999-1.49	Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	0,1
09-999-1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	0,1
09-999-1.60	Dómkröfur	1,0
09-999-1.90	Óviss útgjöld	0,1
	Samtals	**25,4**
	Samgönguráðuneyti	
10-101-1.01	Yfirstjórn	0,6
10-190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	0,2
10-190-1.24	Tilkynningaskylda íslenskra skipa	0,1
10-190-1.25	Staðsetningarkerfi	0,1
10-190-1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	1,9
10-190-1.90	Ýmislegt	0,2
10-211-1.13	Styrkir til innanlandsflugs	0,9
10-335-1.01	Yfirstjórn	1,5
10-335-6.70	Hafnamannvirki	15,4
10-335-6.76	Ferjubryggjur	0,1
10-381-1.01	Rannsóknanefnd sjóslysa	0,2
10-471-1.01	Flugmálastjórn	4,3
10-481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	0,1
10-512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	0,4
10-512-1.11	Rekstur strandarstöðva	1,7
10-651-1.01	Ferðamálaráð	0,1
10-651-1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	2,8
10-651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	0,5
10-651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	0,6
	Samtals	**31,7**
	Iðnaðarráðuneyti	
11-101-1.01	Yfirstjórn	0,4
11-102-1.01	Einkaleyfastofan	0,7
11-201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	0,5
11-203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	0,3
11-240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	0,1
11-245-1.10	Samtök iðnaðarins	2,4
11-299-1.21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	0,1

		M.kr.
11-299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	0,1
11-299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	0,1
11-301-1.02	Orkumálasvið	0,4
11-301-1.03	Orkurannsóknir	0,5
11-399-1.15	Niðurgreiðsla á rafhitun	10,1
	Samtals	**15,7**
	Viðskiptaráðuneyti	
12-101-1.01	Yfirstjórn	0,5
12-190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	0,2
12-302-1.01	Löggildingarstofa	1,1
12-402-1.01	Fjármálaeftirlitið	1,2
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun	0,5
	Samtals	**3,5**
	Hagstofa Íslands	
13-101-1.01	Yfirstjórn	0,7
13-101-1.50	Þjóðskráin	0,5
	Samtals	**1,2**
	Umhverfisráðuneyti	
14-101-1.01	Yfirstjórn	0,9
14-190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	0,1
14-190-1.40	Alþjóðastofnanir	0,6
14-190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	0,1
14-190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,1
14-190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	0,1
14-205-1.01	Yfirstjórn	0,3
14-205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	0,3
14-210-1.01	Veiðistjóri	0,1
14-210-1.11	Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	0,1
14-221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	1,0
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	0,4
14-303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	0,5
14-303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	0,4
14-310-1.01	Landmælingar Íslands	1,2
14-321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	0,5
14-321-1.20	Brunamálaskóli	0,1
14-401-1.02	Setur í Reykjavík	0,6
14-401-1.03	Setur á Akureyri	0,2
14-407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	0,1
14-410-1.01	Almenn starfsemi	1,4
	Samtals	**9,1**
	Samtals	**1.036,9**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Endurmat á launafjárveitingum til stofnana félagsmálaráðuneytis.

Fjárveiting að fjárhæð 66,2 m.kr. vegna endurmats á launafjárveitingum til Barnaverndarstofu og stofnana fatlaðra skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
07-400-1.01	Yfirstjórn	0,3
07-400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	2,9
07-400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	0,6
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	0,2
07-700-1.80	Starfsþjálfun	0,1
07-700-1.90	Ýmis verkefni	0,3
07-701-1.01	Almennur rekstur	20,0
07-701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,7
07-702-1.01	Almennur rekstur	13,4
07-702-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,4
07-702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,3
07-702-1.89	Þjónusta á vegum félagasamtaka	0,1
07-703-1.01	Almennur rekstur	2,4
07-703-1.30	Dagvist og verndaðir vinnustaðir	0,5
07-704-1.01	Almennur rekstur	2,5
07-705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	3,4
07-706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	0,8
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	7,4
07-707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,1
07-708-1.01	Almennur rekstur	3,3
07-708-1.10	Svæðisráð	0,1
07-708-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,3
07-708-1.72	Skaftholt	0,6
07-708-1.86	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	1,1
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	3,9
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,3
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	0,2
	Samtals	**66,2**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

		Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).		
1.	Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	320.000
2.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	40.000
3.	Háskóli Íslands, viðhald	60.000
4.	Háskólinn á Akureyri, endurbætur	40.000

		Þús. kr.
5.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald	5.000
6.	Framkvæmdir, óskipt	10.000
	Samtals	**475.000**

2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).

1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50.000
2.	Flensborgarskóli, kennsluálma	15.000
3.	Sjómannaskólahús	50.000
4.	Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma	45.000
5.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, kennsluálma	20.000
6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma	70.000
7.	Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur	40.000
8.	Menntaskólinn að Laugarvatni, endurbygging	30.000
9.	Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús	20.000
10.	Fjölbrautaskóli Vesturlands, bókasafn	20.000
11.	Menntaskólinn að Laugarvatni, tæki	8.000
12.	Til framkvæmda, óskipt	12.000
13.	Tæki og búnaður, óskipt	16.000
	Samtals	**396.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).

1.	Kirkjubæjarstofa	4.000
2.	Steinaríki Íslands	2.000
3.	Kvennasögusafn Íslands	600
4.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	500
5.	Reykhólahreppur, hlunnindasafn	500
6.	Sædýrasafnið, Höfnum	3.000
7.	Herhúsið, Siglufirði	500
8.	Þjóðlagasetrið, Siglufirði	2.000
9.	Búvélasafnið Hvanneyri	1.000
	Óskipt	3.400
	Samtals	**17.500**

4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn, endurbygging	240.000
2.	Verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins	65.000
3.	Bókageymslur í Reykholti	5.000
4.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	30.000
6.	Listasafn Íslands, endurbætur	10.000
	Óskipt	10.000
	Samtals	**385.000**

5. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.000
2.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400

		Þús. kr.
3.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.300
4.	Reykholtshátíð	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Leikbrúðuland	900
7.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
8.	Eiríksstaðanefnd	400
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
10.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
11.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.200
12.	Sumartónleikar við Mývatn	400
13.	Harmónikkufélag Vestfjarða	300
	Óskipt	26.900
	Samtals	**36.800**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.000
2.	Örlygur Hálfdánarson	1.000
3.	Oddur Helgason	1.000
	Óskipt	3.500
	Samtals	**7.500**

7. Norræn samvinna (02-984 1.90).

	Norræna félagið	3.000
	Óskipt	11.500
	Samtals	**14.500**

8. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Norræn samtök um ungmennastarf (NSU)	1.100
2.	AFS á Íslandi	500
3.	Snorraverkefnið	4.900
	Óskipt	2.900
	Samtals	**9.400**

9. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
2.	Körfuknattleikssamband Íslands	2.500
	Óskipt	3.100
	Samtals	**5.900**

10. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1.	Heimilisiðnaðarskólinn	700
2.	Kvenfélagasamband Íslands	1.800
3.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
4.	Surtseyjarfélagið	400
5.	Íslenskudeild Moskvuháskóla, tölvur	400
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500

		Þús. kr.
7.	SMS, samskipti með síma	4.000
8.	Fræðslusetur, Sandgerðisbæ	2.000
9.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnasafn	1.000
10.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	5.000
11.	Sögufélag Ísfirðinga	2.000
12.	Sænautasel	1.000
	Óskipt	600
	Samtals	**22.400**

11. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Æðarræktarfélag Íslands	300
2.	Tún, vottunarstofa ehf.	2.000
3.	Landvernd	4.000
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum	300
6.	Rannsókn á landslagi	3.000
7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
9.	Nytjaland	5.000
10.	Rannsóknir á glerál	800
	Óskipt	3.500
	Samtals	**28.400**

12. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1.	Héraðsvötn	4.000
2.	Hornafjarðarfljót	1.000
3.	Kotá	1.000
4.	Skaftá	500
5.	Klifandi/Hafursá	4.000
6.	Markarfljót	15.000
7.	Þjórsá	1.000
	Samtals	**26.500**

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1.	Vesturlandskjördæmi	1.000
2.	Vestfjarðakjördæmi	500
3.	Norðurlandskjördæmi vestra	1.000
4.	Norðurlandskjördæmi eystra	3.000
5.	Austurlandskjördæmi	1.000
6.	Suðurlandskjördæmi	4.600
	Samtals	**11.100**

	Samtals	**37.600**

		Þús. kr.
13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).		
1.	Barnaheill	700
2.	Blindrafélagið	5.000
3.	Daufblindrafélag Íslands	700
4.	Félag ábyrgra feðra	100
5.	Félag einstæðra foreldra	1.200
6.	Félag heyrnarlausra	3.000
7.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
8.	Foreldrafélag misþroska barna	500
9.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
10.	Geðhjálp	4.000
11.	Íslensk ættleiðing	3.000
12.	Kvennaráðgjöfin	700
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Leigjendasamtökin	500
15.	Ný dögun	600
16.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
17.	Samtökin '78	800
18.	Sjálfsbjörg	3.500
19.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
20.	Systkinasmiðjan	300
21.	Umsjónarfélag einhverfra	600
22.	Vernd	800
23.	Þroskahjálp	4.000
	Óskipt	6.700
	Samtals	**44.500**
14. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).		
1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
2.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	12.000
3.	Sjúkrahúsið Blönduósi	7.000
4.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	15.000
5.	Heilsugæslustöðin Akureyri	15.000
6.	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	2.500
7.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
8.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	35.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	10.000
10.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	57.000
11.	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	8.500
12.	Heilsugæslustöðin Reyðarfirði	4.000
	Samtals	**204.000**
15. Ýmis framlög (08-399 1.90).		
1.	Gigtarfélagið	2.500
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	600
3.	Vímulaus æska	1.500

		Þús. kr.
4.	Samtök sykursjúkra	600
5.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
6.	Geðrækt	5.000
7.	Tourette-samtökin á Íslandi	300
8.	Alnæmissamtökin	500
9.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
10.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
11.	MS-félag Íslands	700
12.	Umhyggja	1.000
13.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	900
14.	Lífsvog	400
15.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
16.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	900
17.	Heimili og skóli	1.700
18.	Von, sjálfshjálparhópur vegna brjóstaaðgerða	200
19.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
20.	Mænuskaðaverkefni, Auður Guðjónsdóttir	500
21.	Blóðgjafafélag Íslands	200
22.	Astma- og ofnæmisfélagið	300
23.	Samtök lungnasjúklinga	200
24.	Bergmál, líknar- og vinafélag	200
25.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
	Óskipt	5.900
	Samtals	**30.100**

16. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200
	Óskipt	7.090
	Samtals	**9.300**

17. Hafnarmannvirki (10-335 6.70)

a. Vesturland:

1.	Akranes	56.300
2.	Snæfellsbær	60.600
3.	Grundarfjörður	22.400
4.	Stykkishólmur	14.100
	Samtals	**153.400**

	Þús. kr.
Vestfirðir:	
1. Reykhólahöfn	2.800
2. Vesturbyggð	17.400
3. Bolungarvík	23.700
4. Ísafjarðarbær	23.400
5. Súðavík	10.300
6. Drangsnes	1.100
Samtals	**78.700**
Norðurland vestra:	
1. Skagaströnd	8.200
2. Skagafjörður	46.300
3. Siglufjörður	10.000
Samtals	**64.500**
Norðurland eystra:	
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	34.800
2. Hafnasamlag Norðurlands	26.800
3. Grímsey	6.000
4. Húsavík	155.600
5. Kópasker	4.900
6. Raufarhöfn	9.300
7. Þórshöfn	125.800
Samtals	**363.200**
Austurland:	
1. Bakkafjörður	11.600
2. Vopnafjörður	21.900
3. Seyðisfjörður	213.400
4. Fjarðabyggð	158.700
5. Fáskrúðsfjörður	19.200
6. Djúpivogur	30.200
7. Hornafjörður	8.300
Samtals	**463.300**
Suðurland:	
1. Vestmannaeyjar	125.800
2. Þorlákshöfn	40.700
Samtals	**166.500**
Reykjanes:	
1. Grindavík	118.200
2. Sandgerði	30.200
3. Hafnasamlag Suðurnesja	18.400
Samtals	**166.800**

	Þús. kr.
b. Óskipt til slysavarna o.fl.	8.600
c. Rannsóknir	16.000
Samtals	**1.481.000**

18. Lendingarbætur (10-335 6.74)

1. Þernuvík Ísafjarðardjúpi	500
2. Grunnavík Ísafjarðardjúpi	200
3. Drangar Árneshreppi	1.000
4. Gjögur (krani á bryggju)	500
5. Reykjar, Reykjaströnd	1.000
6. Fyrir ofan Lagarfljótsbrú	600
Samtals	**3.800**

19. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80)

1. Akraneskaupstaður	6.500
2. Snæfellsbær	1.600
3. Reykhólahreppur	2.500
4. Ísafjarðarbær	6.700
5. Súðavíkurhreppur	3.200
6. Kaldrananeshreppur	1.600
7. Höfðahreppur	4.100
8. Öxafjarðarhreppur	1.900
9. Vopnafjarðarhreppur	4.800
10. Árborg, sveitarfélag	17.700
11. Ölfus, sveitarfélag	7.900
12. Bessastaðahreppur	8.100
13. Seltjarnarneskaupstaður	5.000
Óskipt	2.200
Samtals	**73.800**

401. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Meginatriði.

Ríkisstjórnin virðist nú hafa misst tök á stjórn efnahagsmála. Þetta birtist í miklu gengisfalli íslensku krónunnar undanfarin missiri, hárri og vaxandi verðbólgu, svimháum vöxtum sem leggjast þungt á fyrirtæki og fjölskyldur, gríðarlegum erlendum skuldum þjóðarbúsins og viðskiptahalla sem erfitt er að ná niður. Yfirlýsingar ráðherra ríkisstjórnarinnar um stöðu mála eru misvísandi og ótrúverðugar. Óðagot, ráðleysi og pat einkenna nú öll viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Gott dæmi um það er að nokkrum klukkustundum eftir að forsætisráðherra lýsti opinberlega yfir sl. sunnudag að útgjaldatillögur fjárlagafrumvarpsins yrðu skornar niður um

nokkra milljarða króna samþykkti meiri hluti fjárlaganefndar tillögur um að hækka útgjöld ríkisins um 2,2 milljarða kr. Af misvísandi yfirlýsingum formanna stjórnarflokkanna í fjölmiðlum í aðdraganda umræðunnar að dæma er jafnframt ljóst að stjórnarflokkarnir hafa hvorki náð saman um niðurskurð né hafa þeir hugmynd um hvaða málaflokkar verða skornir niður. Vinnubrögð af þessu tagi eru fordæmalaus og sýna glögglega ráðleysið sem einkennir nú tök ríkisstjórnarinnar á efnahagsmálum þjóðarinnar.

Í reynd þýða þessi vinnubrögð stjórnarmeirihlutans að 2. umræða um fjárlagafrumvarpið er marklaus. Tillögur ríkisstjórnarinnar liggja ekki fyrir. Miðað við yfirlýsingu forsætisráðherra um niðurskurð er ljóst að frumvarpið mun gerbreytast milli 2. og 3. umræðu og líklegt er að ýmsar tillögur sem meiri hlutinn gerir við 2. umræðu munu ekki lifa af þann niðurskurð. Ekki er ástæða til að fjalla efnislega um breytingartillögur meiri hlutans nú heldur bíður sú umræða þess að ríkisstjórnarflokkarnir ljúki tillögugerð sinni þannig að hægt sé að fjalla um breytingar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 með heildstæðum hætti. Vinnubrögð af þessu tagi eru hvorki til þess fallin að treysta virðingu þingsins né efla trú landsmanna á getu ríkisstjórnarinnar til að vinna bug á þeim efnahagsvanda sem nú steðjar að. Sá vandi er að stærstum hluta heimatilbúinn. Það er rétt að rifja upp að ríkisstjórnin var ítrekað vöruð við. Staðan sem nú er uppi staðfestir í eitt skipti fyrir öll varnaðarorð Samfylkingarinnar sem fyrst voru sett fram vorið 1999. Fjölmargir erlendir og innlendir sérfræðingar hafa síðan talað á sömu nótum. Ríkisstjórnin ein ber því alla ábyrgð á þeirri þróun sem nú hefur leitt til þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Markmið ríkisstjórnarinnar.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 voru að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Þessum markmiðum ætlaði ríkisstjórnin að ná með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem lýsir sé m.a. í því að upphafleg stefna hennar var að tekjuafgangur næsta árs yrði 18,6 milljarðar kr. og lánsfjárafgangur 41 milljarður kr. Megináherslan var samkvæmt fjárlagafrumvarpi lögð á að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Lækkun skatta og einkavæðingaráform voru sögð hluti af þeirri stefnu. Ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að sala ríkisfyrirtækja gæfi um 15,5 milljarða kr. tekjur eða langstærstan hluta af áætluðum tekjuafgangi. Nú er hins vegar allsendis óvíst að þessi markmið náist. Tekjuhlið frumvarpsins bíður að vanda 3. umræðu en nú þegar er ljóst að verulegar breytingar verða á henni vegna verra útlits í efnahagsmálum. Þá ríkir veruleg óvissa um sölu eigna, ekki síst vegna vinnubragða ríkisstjórnarinnar við útboð Landssímans hf. Við upphaf 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið er því ekkert sem tryggir að hægt verði að ná þeim tekjuafgangi ríkissjóðs á næsta ári sem stefnt var að í frumvarpinu.

Helstu efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins eru að hagvöxtur verði um 1% og hækkun verðbólgu verði nálægt 3% innan ársins og um 5% á milli áranna 2001 og 2002. Þessar forsendur voru fallnar áður en 1. umræða fór fram. Samfylkingin benti rækilega á þá staðreynd. Ríkisstjórnin brást ákaflega illa við þeim málflutningi eins og kom fram í yfirlýsingum og fréttatilkynningum ráðherra. Nú liggur fyrir hver hafði rétt fyrir sér í því efni. Seðlabankinn hefur lýst þeirri skoðun að verðbólgan verði meiri á næsta ári en forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir og í svipuðum dúr og Þjóðhagsstofnun spáði. Þar með staðfesti bankinn í reynd málflutning Samfylkingarinnar. Ríkisstjórnin hefur sjálf gefist upp fyrir veruleikanum og lýst því í verki að hún hafði rangt fyrir sér með því að tillögur meiri hlutans í fjárlaganefnd styðjast við spár Seðlabankans og þar með spá Þjóðhagsstofnunar. Það getur vart

talist annað en ótvíræð uppreisn fyrir orðstír Þjóðhagsstofnunar í ljósi þeirra dæmalausu árása sem stofnunin hefur sætt af hálfu forsætisráðherra.

Gríðarlegur viðskiptahalli er undirrót gengisfalls krónunnar og þar með vaxandi verðbólgu og svimhárra vaxta. Ríkisstjórnin hefur ítrekað vakið vonir um að viðskiptahallinn minnkaði hratt á næstu árum. Samfylkingin hefur hins vegar bent á að gríðarleg skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis vegna þenslu af völdum ríkisstjórnarinnar vinni gegn hraðri minnkun viðskiptahallans. Af því tilefni er rétt að rifja upp að Þjóðhagsstofnun hefur einmitt bent á að sífellt auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum leiddu til að halli á jöfnuði þátttekna ykist umtalsvert. Þar af leiðandi yrði mun erfiðara að minnka viðskiptahallann en ella. Þetta virðist nú vera að rætast.

Þjóðhagsstofnun var gagnrýnd af ríkisstjórninni fyrir að spá að hagvöxtur drægist saman á næsta ári um 0,3%. Nú liggur fyrir að mat stofnunarinnar byggðist síst á of mikilli svartsýni. Seðlabankinn telur þannig í nýjustu spá sinni nú í nóvember að líklegt sé að samdrátturinn verði meiri. Þannig liggur fyrir að ríkisstjórnin byggði á óhóflegri bjartsýni um ýmsar lykilforsendur fjárlagafrumvarpsins eins og Samfylkingin benti á.

Lausatök ríkisstjórnarinnar.

Lausatök ríkisstjórnarinnar við stjórn efnahagsmála hafa m.a. haft þau áhrif að gengi íslensku krónunnar hefur að meðaltali fallið um 25% á árinu gagnvart helstu gjaldmiðlum þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi margsinnis þurft að grípa til aðgerða til að sporna við frekara falli. Þvert ofan í spár ríkisstjórnarinnar um minnkandi verðbólgu mælist verðbólga nú, miðað við síðustu 12 mánuði, yfir 8%. Þetta er mun hærri verðbólga en þekkist í helstu viðskiptalöndum okkar. Vextir eru hér orðnir miklu hærri en í flestum þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við. Stýrivextir eru hér 10,1%. Ef litið er til samanburðarlanda eru þeir aðeins hærri í Brasilíu (19%), Póllandi (17%) og Suður-Afríku (11%). Formaður annars stjórnarflokksins hefur gengið svo langt að kalla þetta okurvexti. Fátt bendir hins vegar til þess að ríkisstjórninni takist með fjárlögum fyrir árið 2002 að skapa þær aðstæður að Seðlabankinn treysti sér til að lækka vexti.

Staða efnahagsmála um þessar mundir einkennist af afleiðingum langvarandi þenslu og því að þenslutíminn var ekki notaður til að undirbúa samdráttartímann sem nú er fram kominn. Strax árið 1998 var ljóst að taka þyrfti betur á í ríkisfjármálum. Samfylkingin vakti máls á því í aðdraganda síðustu kosninga og margoft síðan. Erlendar sérfræðistofnanir bentu sömuleiðis ítrekað á hættumerki í stjórn ríkisfjármála. Svipuð varnaðarorð mátti lesa í skýrslum Þjóðhagsstofnunar. Hún varaði við óskyggilegri þróun í efnahagsmálum og kann að gjalda fyrir með tilvist sinni nái vilji forsætisráðherra fram að ganga. Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum er óhjákvæmilegt að rifja upp nokkur aðvörunarorð innlendra og erlendra sérfræðinga sem vöruðu ríkisstjórnina eindregið við þróuninni.

Varnaðarorð sérfræðinga.

Í skýrslu OECD í desember 1999 var dregin upp dökk mynd af ástandinu en þar segir m.a.: „Hætta hefur aukist á að skyndilega muni þurfa að draga saman í efnahagslífinu til að minnka verðbólgu og ná henni niður á sama stig og er erlendis. Auk þess er mikil aukning á útlánum banka og þar með aukast líkur á harkalegri lendingu ef vextir eru hækkaðir."

Á fyrri hluta ársins 2000 benti Þjóðhagsstofnun m.a. á að vaxandi líkur væru á harkalegri lendingu ef misvægið í þjóðarbúskapnum héldi áfram að aukast og klykkti út með eftirfarandi: „Það er alveg ljóst að það fær ekki staðist til lengdar að verðbólga sé meiri en í helstu viðskiptalöndum og viðskiptahalli sé á bilinu 6–8% af landsframleiðslu."

Þá er rétt að rifja upp það sem fram kom í þjóðhagsáætlun fyrir árið 2001 þar sem sagði orðrétt: „Áframhaldandi hár viðskiptahalli mun því leiða til tiltölulega hratt versnandi erlendrar stöðu.“ Síðan bætti stofnunin við og sagði: „Sífelld aukning skulda fæst ekki staðist. Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar.“

Það vantaði því ekki að innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar sæju blikur á lofti áður en syrti í álinn fyrir alvöru og spöruðu hvergi aðvaranir sínar. Ríkisstjórnin hunsaði hins vegar öll aðvörunarorð.

Því miður er svo komið að forsendur kjarasamninga á almennum markaði eru brostnar. Ef ekkert verður að gert stefnir í bullandi ágreining á vinnumarkaðnum með ófyrirsjánlegum afleiðingum. Verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir aðgerðum ríkisvaldsins og spurt hvort stjórnvöld vilji ekki vera með í baráttunni gegn verðbólgunni. Til að ná tökum á vandanum er nauðsynlegt að sem flestir komi að þeirri lausn og því er brýnt að leitað verði þjóðarsáttar en til þess að slík sátt náist þarf ríkisstjórnin að viðurkenna vandann. Ríkisstjórnin á næsta leik, ábyrgð hennar er mikil. Fyrsta skrefið í þessa átt var ákall fjármálaráðherra til þingsins um aðstoð þess við að ná tökum á ríkisútgjöldum í viðtali við Morgunblaðið 22. nóvember sl.

Hið virta fyrirtæki Standard & Poor's, sem undanfarin ár hefur metið lánshæfni ríkissjóðs, bendir á í frétt sinni 22. október sl. að efnahagsuppsveiflan sem hófst 1996 og knúin var áfram af lánsfé sé nú að hjaðna einmitt þegar ytri skilyrði hafa versnað. Hugsanlega gæti afleiðingin orðið tiltölulega lítill hagvöxtur í töluverðan tíma og áhættusamari eignir bankakerfisins. Að mati Standard & Poor's eru vísbendingar um áhættu í fjármálakerfi fyrir hendi á Íslandi, svo sem mikil eftirspurn fjármögnuð af lánsfé, ör hækkun fasteignaverðs og ójafnvægi í utanríkisviðskiptum. Horfur um minni hagvöxt og versnandi skuldastöðu við útlönd hafa aukið líkur á rýrnandi gæðum útlána hjá fjármálafyrirtækjum. Veikist fjármálakerfið enn frekar gæti komið til þess að íslenskar fjármálastofnanir þyrftu á auknu eigin fé að halda, hugsanlega úr ríkissjóði. Erlendar skuldir landsins eru miklar eða um 280% af útflutningi árið 2001. Mikil raungengislækkun krónunnar undirstrikar áhrif erlendrar skuldsetningar fyrirtækja og fjármálastofnana í landinu.

Lakari efnahagshorfur.

Hagvöxtur hefur minnkað jafnt og þétt úr 5% árið 2000 og stefnir nú í samdrátt á næsta ári. Minni hagvöxtur ásamt gengislækkun krónunnar hefur þegar haft áhrif á stöðu ríkisfjármála og leitt til hækkunar ríkisskulda. Þetta er óháð öðrum breytingum sem orðið hafa í fjármálageiranum. Að mati Standard & Poor's er frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 byggt á bjartsýnum forsendum um hagvöxt og tekjur. Þeir telja hins vegar að halli ríkissjóðs árið 2002 geti orðið um 1,8% af vergri landsframleiðslu eða sem nemur um 14 milljörðum kr. Að mati Standard & Poor's geta verulegar skattalækkanir því enn frekar staðið í vegi fyrir því að jafnvægi náist aftur í fjármálum ríkissjóðs.

Í nýbirtri spá OECD er talið að efnahagshorfur séu mun lakari en áður var búist við og að jafnvel muni gæta samdráttar á síðari hluta þessa árs og fyrri hluta þess næsta. Á næsta ári spáir OECD nú 0,6% samdrætti í landsframleiðslu, samanborið við 2,4% hagvöxt í fyrri spá OECD og spá um 1% hagvöxt í fjárlagafrumvarpinu.

Í stefnuræðu sinni árið 1996 lýsti forsætiráðherra mikilvægi þess að ná tökum á viðskiptajöfnuði til þess, eins og hann sagði: „að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári“.

Þegar þessum áhyggjum var lýst var viðskiptahallinn 8 milljarðar kr. og mörgum þótti þó ærið. Síðan forsætisráðherra lýsti þessari stefnu hefur þróunin orðið þveröfug. Viðskiptahallinn hefur aukist geigvænlega. Á árinu 1999 nam hann 42,7 milljörðum kr. eða 6,9% af landsframleiðslu. Á þessu ári stefnir í að viðskiptahallinn aukist enn og nemi 58,6 milljörðum kr. eða 8% af landsframleiðslunni.

Samfara auknum viðskiptahalla jukust erlendar skuldir þjóðarbúsins mikið. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við árið 1995 voru hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins rúm 50% af landsframleiðslu. Forsætisráðherra lýsti þá yfir á Alþingi að ríkisstjórnin stefndi að því að þær lækkuðu í 34% af landsframleiðslu í lok ársins 2000. Staðreyndin er hins vegar sú að í árslok 2000 námu hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins 89,1% af landsframleiðslu. Þetta hlutfall var komið í 107,6% um mitt ár 2001 og Þjóðhagsstofnun spáir því að það verði komið í 111% í árslok 2001.

Aðgerðarleysi ríkisstjórnar.

Voru varnaðarorð Samfylkingarinnar og fjölda sérfræðinga varðandi viðskiptahalla og áhrif hans á gengið hrein svartnættisspá eins og forsætisráðherra lét gjarnan að liggja? Hvað hefur í raun gerst á undanförnum mánuðum? Viðskiptahallinn veikti krónuna þannig að hún hefur sigið jafnt og þétt. Verðbólgan er á uppleið og mælist nú rúm 8%. Þrátt fyrir tilraunir forsætisráðherra til að „tala gengið upp“ er það í sögulegu lámarki dag eftir dag og hefur fallið um 25% frá áramótum gagnvart helstu gjaldmiðlum. Mest hefur krónan fallið gagnvart bandaríkjadal á þessum tíma eða um 30%. Nú blasir við að samdráttur verður hraðari en gert var ráð fyrir og því er mikilvægt að bundinn verði endi á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Forsendur kjarasamninga eru í uppnámi og því er ljóst að tryggja verður þátttöku aðila vinnumarkaðarins í lausn efnahagsvandans. Verkalýðshreyfingin hefur haft frumkvæði að því að óska eftir viðræðum við ríkisstjórnina um mögulega þjóðarsátt og með því axlað þá ábyrgð sem skort hefur hjá ríkisstjórninni.

Alþingi, 26. nóv. 2001.

Einar Már Sigurðarson, frsm. Gísli S. Einarsson. Kristján L. Möller.

402. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2002 kemur nú til 2. umræðu. Endurskoðuð tekjuáætlun og lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir. Nánast ekkert hefur verið rætt í nefndinni hvernig bregðast á við fjárþörf stórra málaflokka.

Á stuttum fundi í fjárlaganefnd sl. sunnudagskvöld tilkynnti formaður nefndarinnar að ekki hefði verið lokað einum einasta útgjaldalið í frumvarpinu og væru þeir allir til umfjöllunar milli 2. og 3. umræðu. Engu síður vildi formaðurinn að frumvarpið yrði tekið út úr nefnd til 2. umræðu. Ekki var minnst einu orði á að fyrir dyrum stæði niðurskurður eða breyt-

ingar á öllu fjárlagafrumvarpinu. Því kom það 2. minni hluta á óvart að heyra vitnað í fjölmiðlum til sjónvarpsviðtals sl. sunnudag, 25. nóvember, við forsætisráðherra þar sem hann boðaði að niðurskurðartillögur frá ríkisstjórninni yrðu lagðar fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar á mánudag. Í ljósi alls þessa er það fullkomin sýndarmennska að mati 2. minni hluta að taka fjárlagafrumvarpið svo búið til 2. umræðu. Annar minni hluti leggur til að 2. umræðu verði frestað uns nýjar tillögur ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hafa komið fram og um þær hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Heimatilbúinn vandi í efnahagsmálum.

Þessi mikli vandræðagangur ríkisstjórnarinnar þarf ekki að koma á óvart. Gengi krónunnar er fallandi og hefur náð sögulegu lágmarki þessa dagana, en gengisvísitalan er nú komin yfir 150 stig. Þetta gerist þrátt fyrir 9% vaxtamun við útlönd og að Seðlabankinn hafi varið digrum sjóðum í erlendum gjaldeyri krónunni til varnar. Enn fremur er spáð 8,5% verðbólgu á árinu sem er langt umfram þau markmið sem Seðlabankanum voru sett við stjórn peningamála. Þjóðhagsstofnun spáir 0,3% samdrætti í landsframleiðslu á næsta ári og fari svo er það í fyrsta skipti síðan 1992 sem landsframleiðsla dregst saman. OECD spáir enn meiri samdrætti eða 0,6% á næsta ári. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 1% hagvexti.

Aðstæður heimila og fyrirtækja hafa einnig snúist til verri vegar að undanförnu. Verðbólgan rýrir hratt kaupmátt launþega og setur kjarasamninga í hættu á almennum vinnumarkaði. Stýrivextir Seðlabankans eru nú 10,1% og þeir, ásamt þenslu á innanlandsmarkaði, eru þungur baggi á atvinnulífinu. Því er ljóst að efnahagsuppsveiflu undangenginna ára er lokið en hversu snörp niðursveiflan mun verða er enn óvissu hulið. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa blasað við sl. tvö til þrjú ár, svo sem mikill viðskiptahalli, erlendar lántökur og mikil aukning útlána bankakerfisins, en hægt hefði verið að bregðast við þeim áður en komið var í óefni. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru nú orðnar hærri en nemur árlegri landsframleiðslu (sjá grein Ögmundar Jónassonar sem birt er sem fylgiskjal II). Ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar hefur allt til þessa dags þverneitað allri gagnrýni og fullyrt að allt væri í stakasta lagi.

Það væri þó hreint oflof að segja að ríkisstjórnin hafi flotið sofandi að feigðarósi því að flestar árar hafa verið úti til þess að róa þjóðarskútunni í öfuga átt. Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins, byggð og búsetu í landinu öllu, hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið „góðæri“ með einkavæðingu og skertri almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun þjóðarbúsins erlendis. Ein afleiðing þess er sú að tekjur ríkisins dragast hraðar saman en tekjuáætlun fjárlaga gerir nú ráð fyrir. Reyndar eru tekjur ríkissjóðs þegar farnar að minnka mjög hratt að mati Seðlabanka Íslands, sbr. nýjasta hefti Peningamála. Nú er viðurkennt að forsendur fjárlagafrumvarpsins halda engan veginn, eins og þær voru settar fram við 1. umræðu. Sala ríkisfyrirtækja, svo sem Landssímans og bankanna, er í fullkominni óvissu enda hvorki viðskiptalegar né samfélagslegar forsendur fyrir sölu þeirra um þessar mundir.

Þótt hinir hörmulegu atburðir í Bandaríkjunum 11. september sl. og stríðsástand víða í heiminum hafi skapað mikla óvissu í þróun efnahagsmála og heimsviðskipta á næstu mánuðum væri það mikil sjálfsblekking að kenna því ástandi einu um stöðuna hér í efnahagsmálum og horfurnar fram undan.

Hvað hefur farið úrskeiðis?

Í 35. tölublaði Viðskiptablaðsins frá í ágúst 2001 segir m.a.:

„Erlend lántaka leiddi til mikils innflæðis fjármagns sem aftur varð til þess að gengi krón-

unnar styrktist. Seðlabankinn og ríkisvaldið hefðu átt að taka höndum saman um að koma í veg fyrir hækkun krónunnar, t.d. með með því að nota innflæðið til að greiða niður erlendar skuldir ríkisins.

Afnema átti vikmörk krónunnar miklu fyrr en gert var í mars á þessu ári. En vikmörkin voru eins konar ríkisábyrgð á gengi krónunnar og urðu til þess að einstaklingar og fyrirtæki vanmátu þá gengisáhættu sem fylgir erlendum lántökum.

Fara átti varlegar í að rýmka heimildir lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga. Það er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir kaupi erlendar eignir, en sú þróun verður að ganga í smáum skrefum svo þjóðhagslegum stöðugleika sé ekki raskað.

Aðhald í ríkisfjármálum hefði mátt byrja miklu fyrr, en fjárlögin 1998 og 1999 báru töluverðan keim af kosningum sem þá voru.

Aðilar í atvinnulífi og stjórnkerfi fóru inn í þessa uppsveiflu innblásnir af kenningum kenndum við „nýja hagkerfið“ sem urðu til þess að möguleikar tæknifyrirtækja sem og framleiðsla hagkerfisins í heild voru stórlega ofmetnir. Það leiddi til bólu á hlutabréfamarkaði.“

Mistökin liggja einnig, að mati undirritaðs, í ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar og einkavæðingu í almannaþjónustu. Hröð og skipulagslaus sala hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum á sl. 3–4 árum reynist nú efnahagslífi þjóðarinnar dýrkeypt. Ríkisbankarnir voru einkavæddir og þeim heimilað að auka hlutafé sitt og selja á uppboðsmarkaði. Einkavæðing og sala hlutafjár í eignum ríkisins fór fram með miklum gusugangi og boðaföllum. Atgangurinn minnti helst á hugmynd Egils Skallagrímssonar sem var orðinn ellimóður en átti þá hinstu ósk að fara með kistur sínar, bróður- og sonarbætur, og dreifa á Þingvöll þá er Alþingi var háð og sjá allan þingheim berjast um fjölskyldusilfrið. Einstaklingar slógu lán og keyptu hlutabréf. Peningastofnanir og fjölmörg fyrirtæki tóku erlend lán til að kaupa hluti hvert í öðru og spenntu upp verðgildi stofnana og fyrirtækja langt umfram raunvirði. Uppboðsmarkaður verðbréfa var eins og torg múgsefjunar. Æðstu ráðamenn þjóðarinnar töluðu fjálglega um nýja hagkerfið sem leysti allra vanda og gæti ekki leitt til annars en gróða. Forn gildi og almenn skynsemi þyrftu þar víst hvergi að koma nærri. Þess er einnig skemmst að minnast að í framsöguræðu fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpinu fyrir ári var „hið nýja hagkerfi“ mært ótæpilega.

Margir höfðu þó varað við „netbólunni“ svokölluðu og lýst hlutabréfum sumra fyrirtækja „sem nokkurs konar keðjubréfum og mörgum verðbréfamiðlurum sem áköfum póstmönnum“ (Morgunblaðið í maí 2001). Athyglisvert er að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki minnst á „nýja hagkerfið“ síðustu mánuðina.

Það verður að breyta um kúrs í efnahagsmálum.

Ein af forsendum byggðar og blómlegs atvinnulífs er nærtæk almenn grunnþjónusta. Þetta á við um verslun, síma, fjarskipti, póstþjónustu, heilbrigðisþjónustu, menntun og jafnvel eldsneytistöku á bíla og vélar svo að nokkuð sé nefnt. Búseta og heimilishald krefst þess að hafa góðan aðgang að lágmarksþjónustu í sínu nánasta umhverfi. Sú þróun sem stjórnvöld hafa hvatt til í íslensku atvinnulífi er samruni og miðstýring sem leiðir til aukinnar fjarlægðar stjórnenda fyrirtækja frá því samfélagi sem þeim er ætlað að þjóna. Það er ekki langt síðan styrkur atvinnulífs hér á landi var dreifræði. Fyrirtækjum var stjórnað þar sem þau þjónuðu og ákvarðanir voru teknar af fólki sem þekkti staðhætti vel.

En nú hefur orðið mikil samþjöppun í íslensku atvinnulífi og almannaþjónustu. Stækkun eininga í atvinnulífi og samfélagsþjónustu, einkavæðing með tímabundna arðsemi fjármagns sem höfuðmarkmið hefur í raun verið stefna stjórnvalda síðustu ár. Einnig þessi sýn á sér takmörk eins og nú er að koma á daginn. Tengsl atvinnulífs og umhverfis rofna, fyrirtækin trénast upp og tapa sveigjanleika og aðlögunarhæfni, enda hafa eigendurnir ekki lengur sam-

félagslega skírskotun. Gildir þar einu þótt í byrjun sé hlutaféð í eigu starfsmanna eða annarra sem eru nátengdir grasrótinni. Áður en varir hafa hlutirnir verið seldir og afdrif fyrirtækjanna eru þá í annarra höndum. Hagkvæmni og arðsemi snúast í andhverfu sína. Samkeppni snýst í fákeppni og einokun, hófleg arðsemiskrafa breytist í hömlulausa fégræðgi, siðferði og samfélagsábyrgð eru fyrir borð borin.

Dapurleg dæmi þessa dagana eru áframhaldandi skerðing póstþjónustu á Vestfjörðum með tilheyrandi uppsögnum starfsfólks og minnkandi þjónusta Landsbankans sem lokar nú útibúum á Norðausturlandi og Suðurlandi. Það kann að virðast einföld framkvæmd að loka pósthúsi eða bensínafgreiðslu, leggja niður bankaútibú og segja starfsmönnum upp. En með slíku er í raun verið að auka rekstrarkostnað bæði heimila og fyrirtækja svo að um munar. Meint hagræðing kemur oft fram sem örlítil aukning á hagnaði, en getur falið í sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þær byggðir og þá einstaklinga sem eiga í hlut.

Þjónusta banka og fjármálaþjónusta.

Bankarnir hafa það meginhlutverk að vera þjónustustofnanir, taka við innlánum og lána síðan út peninga. Þeir eru hins vegar orðnir umsvifamiklir aðilar á hlutabréfamörkuðum, kaupa upp fyrirtæki sem eru í viðskiptum við þá og reka þau svo áfram. Þannig verða til hættuleg hagsmunatengsl þar sem ekki er alltaf ljóst hvort á stærri hlut í hinu, fyrirtækið í bankanum eða bankinn í fyrirtækinu. Sú hætta skapast að peningastjórn bankans og útlánastarfsemi verði ekki lengur hlutlaus eða með almannahagsmuni að leiðarljósi. Í ritstjórnargrein tímaritsins Íslenskur iðnaður er það gagnrýnt að bankar reki svona tvöfalda starfsemi og varpi tapi af hlutabréfaviðskiptum sínum út í vexti og þjónustugjöld hjá viðskiptavinum sínum. Tekið er dæmi úr níu mánaða uppgjöri Landsbankans: „Gengistap af hlutabréfum nam 1.610 milljónum króna og eru umskiptin frá fyrra ári um tveir milljarðar króna.“ Hreinar vaxtatekjur bankans jukust um 44% eða 1.892 milljónir króna í samanburði við fyrstu níu mánuði ársins 2000. „Þarf frekari vitna við?“ spyr ritstjórinn. „Lántakendur eru umsvifalaust látnir greiða tapið af hlutabréfaeign bankans.“ Að mínu viti getur heilbrigð og virk bankaþjónusta vart gegnt hlutverki sínu við þessar aðstæður. Bönkum sem stunda almenna útlánastarfsemi ætti ekki að vera heimilt að fjárfesta í hlutabréfum og fullkomlega fráleitt er að þeim sé heimilt að fjárfesta í samkeppnisatvinnurekstri.

Lokaorð.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vilja aðra forgangsröðun í tekjuöflun og útgjöldum ríkisins en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Fjárlögum ríkisins á að beita til þess að auka jöfnuð í samfélaginu svo að enginn þurfi að líða vegna aldurs, fötlunar eða búsetu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, jafnframt að stefna í atvinnumálum taki fullt mið af sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í atvinnurekstri og við ákvörðun framkvæmda. Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti, jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd. Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og verður háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagns-

eigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Sem fylgiskjöl eru birt sérálit sem fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar í einstökum þingnefndum hafa sent fjárlaganefnd. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs hefur undanfarin ár flutt breytingartillögur við tekjuhlið frumvarpsins og þá málaflokka sem sérstök tilefni eru til. Eins og nú horfir verður slíkt látið bíða 3. umræðu, ef stjórnarmeirihlutinn heldur því til streitu að láta 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið fara fram í fullkominni óvissu og án þess að gengið hafi verið frá endanlegum breytingartillögum, hvorki við tekna- né gjaldahlið frumvarpsins.

Alþingi, 26. nóv. 2001.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Sveinn Hannesson: Hver borgar brúsann? (Úr Íslenskum iðnaði — fréttabréfi Samtaka iðnaðarins. Ritstjórnargrein í nóvember 2001.)
II. Ögmundur Jónasson: Skuldasprenging. (Mbl. 6. október 2001.)
III. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (03 Utanríkisráðuneyti) frá minni hluta utanríkismálanefndar. Sjá þskj. 399.
IV. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (10 Samgönguráðuneyti) frá 1. minni hluta samgöngunefndar. Sjá þskj. 399.
V. Álit um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 (02 Menntamálaráðuneyti) frá minni hluta menntamálanefndar. Sjá þskj. 399.

403. Frumvarp til barnaverndarlaga. [318. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Markmið barnaverndarlaga o.fl.

1. gr.

Réttindi barna og skyldur foreldra.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

Foreldrum ber að sýna barni sínu umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

2. gr.

Markmið o.fl.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná mark-

miðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.

Skýring hugtaka.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Með barnaverndaryfirvöldum er átt við félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Með foreldrum er að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns.

4. gr.

Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Í barnaverndarstarfi ber að stuðla að því að stöðugleiki ríki í uppvexti barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þeir hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. KAFLI
Yfirstjórn barnaverndarmála.

5. gr.

Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyra fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

6. gr.

Kærunefnd barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt

lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

7. gr.

Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Félagsmálaráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar.

Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótast af þjónustunni.

Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

8. gr.

Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

Barnaverndarstofa getur auk þess krafið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi nefnd.

Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem tilefni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

9. gr.

Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

III. KAFLI
Barnaverndarnefndir.

10. gr.

Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1500.

Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Skipan barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Fari sveitarstjórn ekki að lögum um skipan barnaverndarnefndar getur félagsmálaráðherra ákveðið að sex mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað barnaverndarnefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. málsl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

a. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
b. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
c. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

13. gr.

Sjálfstæði barnaverndarnefnda.

Sveitarstjórnum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

14. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra

mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

15. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á lögheimili á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæmi sem barn flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á lögheimili geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Þá getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á lögheimili fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelur eða er statt fara með mál. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

IV. KAFLI

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr.

Tilkynningarskylda almennings.

Hver sá sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, fé-

lagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

18. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.

Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það.

Um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim. Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutökur af börnum. Nánari ákvæði skulu sett með reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

19. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

20. gr.

Samstarf við barnaverndaryfirvöld.

Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barna þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þeirra. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.

Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI

Upphaf barnaverndarmáls.

21. gr.

Málsmeðferð vegna tilkynninga.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða

þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, t.d. með áfengis- og fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

22. gr.

Markmið könnunar máls.

Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

23. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum.

Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

24. gr.

Úrræði með samþykki foreldra.

Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
c. útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
d. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
e. aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldranna sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársamnings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldris og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða.

Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

26. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,
c. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Úrskurðir eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

27. gr.

Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.

Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,
b. kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

28. gr.

Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.

Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að 12 mánuði í senn.

Ef krafist er framlengingar slíkrar vistunar eða krafist er forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

29. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,
c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

30. gr.

Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.

Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að gagni geti komið.

Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu lögræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

31. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og kveða upp úrskurð innan 14 daga, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi. Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

32. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður sérstakur lögráðamaður, þar með talinn sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barns.

Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

33. gr.

Umsjá barna sem vistast utan heimilis.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

34. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr., getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru 12 mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

VII. KAFLI

Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

35. gr.

Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

Ef barnaverndarnefnd fær vitneskju um að framkomu manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

36. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá.

Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef ríkt barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

37. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.

VIII. KAFLI

Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

38. gr.

Gildissvið stjórnsýslulaga.

Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlana og um stuðningsúrræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

39. gr.

Skráning mála.

Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

40. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

41. gr.

Rannsóknarregla, málshraði o.fl.

Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

42. gr.

Skráning upplýsinga.

Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

43. gr.

Rannsóknarheimildir.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni.

Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.

44. gr.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalið eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

45. gr.

Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

46. gr.

Réttindi barns við málsmeðferð.

Börn sem náð hafa 15 ára aldri eru aðilar barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Jafnan skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

47. gr.

Andmælaregla.

Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

48. gr.

Samþykki foreldra og barna.

Samþykki foreldris skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja manna er votta að foreldri hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

49. gr.

Ályktunarhæfi og form úrskurða.

Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

50. gr.

Fullnusta ákvarðana.

Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

IX. KAFLI
Málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

51. gr.
Málskot.

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Kærunefnd barnaverndarmála skal innan viku frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

52. gr.
Málsmeðferð fyrir kærunefnd.

Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir kærunefnd. Skal málflutningur að jafnaði vera skriflegur en kærunefnd getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málflutning fyrir nefndinni.

Kærunefnd skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. Kærunefnd kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða sérfræðinga.

Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

X. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.

53. gr.
Gildissvið laga um meðferð einkamála.

Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

54. gr.

Um sérfróða meðdómsmenn, þinghöld og málshraða.

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Um sérfróða meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála.

Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

Hraða ber meðferð máls svo sem kostur er.

55. gr.

Aðild barns.

Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Ávallt skal gefa barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar þótt það gerist ekki aðili þess skv. 1. mgr.

56. gr.

Sönnun og sönnunargögn.

Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar forsjár skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.

57. gr.

Málsástæður.

Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

58. gr.

Um nafnleynd o.fl.

Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

59. gr.

Áhrif málskots.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

60. gr.

Gjafsókn.

Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.

61. gr.
Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.

Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. gildir ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

62. gr.
Aðild og kröfugerð.

Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili.

Sá sem ber mál undir dóm samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal beina því til héraðsdómara í umdæmi þeirrar barnaverndarnefndar sem fer með mál. Skal gera það skriflega og greina svo glöggt sem verða má:

a. nafn barns og foreldra, kennitölu,
b. lögheimili og dvalarstað,
c. hvaða kröfur séu gerðar,
d. lýsingu málsatvika og rökstuðning fyrir kröfum.

63. gr.
Þinghöld, sönnunargögn o.fl.

Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds svo fljótt sem verða má og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita stuttan frest til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Heimilt er dómara að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.

Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega.

Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

64. gr.
Málskot.

Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir.

XII. KAFLI
Um ráðstöfun barna í fóstur.

65. gr.
Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar:

a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur,
b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,
c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

66. gr.
Leyfisveiting.

Þeir sem óska eftir að taka börn í fóstur skulu beina umsókn sinni til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu. Barnaverndarnefnd veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð. Umsögn ásamt öðrum gögnum skal send Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í fóstur. Barnaverndarstofa veitir væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og annan faglegan stuðning.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur.

67. gr.
Val á fósturforeldrum.

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Telji barnaverndarnefnd það falli best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fer um það skv. 66. gr. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili.

Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 3. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

68. gr.

Fóstursamningur.

Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. lögheimili barns og daglega umsjá,
b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,
c. áætlaðan fósturtíma,
d. framfærslu barns og annan kostnað,
e. umgengni barns við kynforeldra eða aðra nákomna,
f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,
g. slit samnings vegna breyttra forsendna,
h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 3. mgr. 65. gr., þegar það á við.

69. gr.

Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.

Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

70. gr.

Réttindi barna í fóstri.

Barn á rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem því eru nákomnir samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 74. gr.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir.

Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

71. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annar kynforeldra fer með forsjá barns þegar svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Barnaverndarnefnd metur hæfi þess foreldris og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

72. gr.

Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

73. gr.

Tilkynningar um gerð fóstursamnings.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

74. gr.

Umgengni í fóstri.

Barn á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Kanna skal viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi.

Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barna við kynforeldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

75. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað vegna fósturs og skal endurgreiða sveitarfélagi, þar sem barnið dvelst, kostnað vegna skóla og aksturs. Um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna umönnunar og þjálfunar skv. 3. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.

76. gr.

Eftirlit með fóstri.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef ástæða þykir til.

77. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubrests, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarnefnd og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til.

Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

78. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

XIII. KAFLI
Heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins.

79. gr.

Heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,
b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,
c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Barnaverndarstofa, í umboði félagsmálaráðuneytisins, annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu. Stofan skal hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana og hún getur mælt

fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra. Barnaverndarstofa veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning.

Komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraraðila heimila skv. 1. mgr. má skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytis. Sama á við ef ágreiningur rís um framkvæmd þjónustu milli einstaklings sem nýtur þjónustu á heimili skv. 1. mgr. eða forráðamanns hans annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar.

Um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

80. gr.

Framkvæmd vistunar barna á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á.

Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Ráðherra getur sett reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um að þegar sérstaklega stendur á geti barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Hún skal fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, m.a. með reglubundnum heimsóknum á heimili. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úrræði, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili.

81. gr.

Réttur barna til umgengni.

Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarnefnd leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

Barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisrétt-

arins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd skal leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

82. gr.

Réttindi barna og beiting þvingunar.

Heimili og stofnanir skv. 79. gr. skulu rekin þannig að barn sem þar dvelst geti sjálft ráðið persónulegum högum sínum og haft þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimilinu og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.

Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Börnum sem vistuð eru á heimilum skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

Óheimilt er að:

a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,
b. beita innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu,
c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu:

a. um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra,
b. sem miðar að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni berist inn á heimili,
c. um meðferð á persónulegum fjármunum og eigum barns.

Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barna og foreldra þeirra til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

83. gr.

Leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.

Heimilt er einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili sem hafa að markmiði að veita þjónustu sem skilgreind er í 1. mgr. 79. gr.

Þeir sem óska eftir að setja á stofn heimili eða stofnun skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu, enda falli heimili eða stofnun ekki undir önnur lög. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili eða stofnun er áður en leyfi er veitt.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um rekstur heimila samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Barnaverndarstofa getur svipt aðila leyfi til áframhaldandi reksturs ef frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta líður án þess að bætt sé úr því sem áfátt er eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg.

XIV. KAFLI

Heimili og önnur úrræði á ábyrgð barnaverndarnefnda.

84. gr.

Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,
b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Um leyfisveitingar Barnaverndarstofu til starfsemi skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 83. gr.

Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Um stofnun og rekstur heimila samkvæmt ákvæði þessu fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

85. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

Ráðherra setur reglugerð að fengum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

86. gr.

Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.

Þeir sem óska eftir að taka börn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XV. KAFLI

Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

87. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

88. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.

Ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála svo og starfsemi á vegum Barnaverndarstofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

89. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því.

Barnaverndarnefnd getur krafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XVI. KAFLI
Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

90. gr.
Heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barna sinna, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi forsjárforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

91. gr.
Önnur vistun barna á heimilum án atbeina barnaverndaryfirvalda.

Þeir sem óska eftir því að taka börn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr., þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XVII. KAFLI
Almenn verndarákvæði.

92. gr.
Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu að ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

93. gr.
Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan

almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

XVIII. KAFLI
Refsiákvæði o.fl.

94. gr.
Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

95. gr.
Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver, sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 3. mgr. 93. gr. varðar sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

96. gr.
Brot umsjáraðila gagnvart barni.

Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

97. gr.
Brot gagnvart börnum.

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

98. gr.

Lagaskil.

Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

99. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, ásamt öllum síðari breytingum á þeim lögum.

Ákvæði 3. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi. Við meðferð málsins í félagsmálanefnd var það sent ýmsum aðilum til umsagnar og bárust nefndinni allmörg svör. Frumvarpið er nú endurflutt. Þær athugasemdir sem gerðar voru við 4. mgr. 43. gr. frumvarpsins voru þess efnis að rétt þykir að taka tillit til þeirra. Í stað þeirrar heimildar sem lögð var til í frumvarpinu að barnaverndarnefnd hefði til að fara inn á heimili barns til rannsókna á högum þess verður sú heimild óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. að samþykki foreldra eða dómsúrskurð þurfi til. Sú breyting leiðir til nýrrar 5. mgr. 43. gr. um aðgang barnaverndarnefndar að öðrum þeim stöðum en heimili þar sem barn dvelst. Eðli málsins samkvæmt gegnir þar öðru máli en um aðgang barnaverndarnefndar að heimili barns. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 16. desember 1997. Í nefndina voru skipuð Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður, tilnefndur af félagsmálaráðherra, Benedikt Bogason, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, tilnefndur af Barnaverndarstofu, Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, forstöðumaður barnaverndarráðs, tilnefnd af barnaverndarráði, Hjördís Hjartardóttir, félagsmálastjóri Vestur-Húnavatnssýslu, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur á Barnaverndarstofu, tilnefnd af Barnaverndarstofu, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri, fulltrúi félagsmálaráðuneytis, og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri, fulltrúi félagsmálaráðuneytis. Með bréfi, dags. 8. apríl 1999, óskaði Guðrún Erna lausnar frá skipun í nefndinni. Í stað hennar var Ingveldur Einarsdóttir héraðs-

dómari og formaður barnaverndarráðs skipuð í nefndina, sbr. bréf dags. 3. maí 1999, sem fulltrúi barnaverndarráðs. Á tímabilinu júlí 1988 til maí 1999 starfaði Guðrún Ögmundsdóttir, núverandi alþingismaður, með nefndinni í fjarveru Ingibjargar Broddadóttur. Þá starfaði Halla Bachmann Ólafsdóttir lögfræðingur með nefndinni sem ritari frá 15. ágúst 1999 til 30. apríl 2000.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur þetta fram:

„Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða í heild sinni lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Í ráðuneytinu liggja fyrir drög að frumvarpi til breytinga á nefndum lögum, sem unnin voru af nefnd sem einkum var ætlað að huga að kæruleiðum í barnaverndarmálum í samræmi við tilmæli umboðsmanns Alþingis. Félagsmálaráðuneytið telur þörf á frekari endurskoðun laganna, m.a. í ljósi þess að ný lögræðislög taka gildi 1. janúar nk. sem hefur í för með sér hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár."

Nefndin hefur haldið þrjátíu bókaða fundi þar sem fram hefur farið ítarleg umræða um einstök atriði fyrirliggjandi frumvarps og rætt við ýmsa aðila um efni þess.

Í upphafi nefndarstarfsins óskaði nefndin eftir athugasemdum við gildandi barnaverndarlög, nr. 58/1992, og framkvæmd þeirra frá tilteknum aðilum í landinu sem koma með einum eða öðrum hætti að málefnum sem varða vernd barna.

Nefndinni bárust athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, félagsmálastjóra Seltjarnarness, umboðsmanni barna, Barnaheillum, félagsmálaráði Hornafjarðar, félagsmálaráði Vestmannaeyja, Sálfræðingafélagi Íslands, félagsmálastjóra Reykjanesbæjar, barnaverndarnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, barnaverndarnefnd Stokkseyrarhrepps, Félagsmálastofnun Kópavogsbæjar, félagsmálanefnd Borgarbyggðar, Samtökum félagsmálastjóra, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, félagsmálastjóra Dalvíkurbyggðar og Félagsþjónustu Þingeyinga.

Nefndin hefur farið ítarlega yfir þessar athugasemdir og tekið tillit til þeirra við samningu frumvarpsins. Þá hefur nefndin með óformlegum hætti ráðfært sig við fjölmarga aðra aðila sem starfa að barnaverndarmálum. Enn fremur hafa fulltrúar Barnaverndarstofu og barnaverndarráðs í nefndinni skilað skriflegum athugasemdum sem nefndin hefur tekið mið af. Þá hefur nefndin kynnt sér skipulag barnaverndarmála á Norðurlöndum og notað það sem fyrirmynd í sumum tilvikum.

Þann 18. apríl 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða ákveðna þætti barnaverndarlaga. Í henni áttu sæti Anna Guðrún Björnsdóttir lögfræðingur, sem jafnframt var formaður, Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, og Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, sem fyrr er nefnd. Nefndin skilaði drögum, dags. 7. ágúst 1997, að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Við samningu frumvarpsins sem hér liggur fyrir kynnti nefndin sér drögin rækilega og tók mið af mörgu sem þar kemur fram.

Eftir að nefndin skilaði tillögum sínum að frumvarpi til félagsmálaráðherra 19. desember 2000 var farið yfir frumvarpið í ráðuneytinu og gerðar á því nokkrar breytingar.

2. Eldri löggjöf um vernd barna og ungmenna.

Fyrstu heildarlög um barnavernd á Íslandi voru lög um barnavernd, nr. 43 frá 1932. Þau lög komu í stað margra og dreifðra lagaákvæða sem áður höfðu gilt um málaflokkinn. Með lögum þessum var að verulegur leyti lagður grunnurinn að því skipulagi sem gildandi barnaverndarlög, nr. 58/1992, byggjast á. Í 1. gr. laganna var í fyrsta skipti mælt fyrir um barnaverndarnefndir sem stofna skyldi í öllum kaupstöðum og kauptúnum þar sem íbúar voru 300

eða fleiri. Í sveitarfélögum með færri íbúum var gert ráð fyrir að skólanefnd hefði verkefni barnaverndarnefndar með höndum. Þá var mælt fyrir um stofnun yfirbarnaverndarnefndar Íslands en hún skyldi hafa yfirumsjón með starfi barnaverndarnefnda í landinu og safna saman upplýsingum um starfsemi þeirra. Þá átti nefndin að hafa yfirumsjón með starfi og rekstri barnahæla. Enn fremur hafði nefndin það hlutverk að úrskurða í málum sem undir hana voru borin samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Nokkuð þótti skorta á að ákvæði laganna frá 1932 væru nægilega rækileg. Endurskoðun þeirra lauk með setningu laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947. Meðal breytinga sem þá voru gerðar var að yfirbarnaverndarnefnd var lögð niður og Barnaverndarráð Íslands stofnað, auk þess sem sett voru ítarlegri ákvæði um starfsemi ráðsins en áður var að finna um yfirbarnaverndarnefnd. Þessi lög voru felld úr gildi með lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Þau lög voru um margt ítarlegri en lögin frá 1947 og með þeim urðu verkefni og skyldur barnaverndarnefnda fleiri.

Í gildistíð laganna frá 1966, og raunar einnig eldri laga um barnavernd, heyrðu barnaverndarmálefni undir menntamálaráðuneytið. Hélst sú skipan þar til lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, tóku gildi. Með þeim voru barnaverndarmálefni flutt til félagsmálaráðuneytisins. Lögunum hefur verið breytt tvívegis, sbr. lög nr. 22/1995 og lög nr. 160/1998.

Gildandi lög fólu í sér ýmis mikilvæg nýmæli. Þykir því rétt, samhengisins vegna, að gera nokkra grein fyrir þeim hér. Meðal nýmæla voru:

a. Starfsháttum barnaverndarráðs var breytt þannig að það fer nú ekki lengur með það tvíþætta hlutverk sem það áður hafði, þ.e. að veita barnaverndarnefndum ráðgjöf við úrlausn einstakra mála og fara jafnframt með fullnaðarúrskurðarvald í sömu málum. Samkvæmt lögunum fer barnaverndarráð einungis með fullnaðarúrskurðarvald í barnaverndarmálum en leiðbeiningarskylda og eftirlit með störfum barnaverndarnefnda var flutt til félagsmálaráðuneytisins. Með lögum nr. 22/1995 var Barnaverndarstofa sett á fót og skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga færðist eftirlitshlutverkið frá félagsmálaráðuneytinu til Barnaverndarstofu.
b. Í lögunum frá 1992 er að finna ákvæði sem stuðla eiga að stækkun og eflingu barnaverndarumdæma, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1992, en smæð barnaverndarumdæma hefur löngum þótt standa virku barnaverndarstarfi í landinu fyrir þrifum. Í greinargerðum og athugasemdum sem sendar hafa verið nefndinni er víða bent á að barnaverndarnefndir séu enn of margar og gera þyrfti ráðstafanir til að fækka þeim og efla. Er í þessu frumvarpi að finna ýmis ákvæði sem miða að því markmiði, sbr. nánar III. kafla frumvarps þessa.
c. Í gildandi lögum er einnig að finna ítarlegri og skýrari ákvæði um fóstur en var í eldri lögum, svo sem um ráðstöfun barna í fóstur, um réttarstöðu barna í fóstri, fósturforeldra og kynforeldra, sbr. nánar ákvæði VI. kafla laganna um ráðstöfun barna í fóstur. Þótt þau ákvæði hafi tvímælalaust falið í sér miklar réttarbætur hafa þau engu að síður sætt gagnrýni í athugasemdum sem nefndinni hafa borist við gildandi lög og tillit hefur verið tekið til í þessu frumvarpi, sbr. ákvæði XII. kafla frumvarpsins.
d. Í eldri lögum voru ákvæði um málsmeðferð á víð og dreif í ýmsum lagagreinum. Í gildandi lögum eru ákvæði um starfshætti barnaverndarnefnda og málsmeðferð sett í sérstakan kafla og eru þau til muna skýrari og ítarlegri en ákvæði eldri laga, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla. Enn eru lagðar til allmiklar breytingar í þessu frumvarpi, sbr. einkum VIII.–XI. kafla sem hafa að geyma nokkuð ítarlegar reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum, kærunefnd barnaverndarmála og dómstólum.

e. Í gildandi lögum er leitast við að skilgreina betur en áður réttarstöðu barna í barnaverndarmálum, með það að markmiði að bæta réttarstöðu þeirra. Kemur m.a. fram í 43. gr. a sú regla að börn eigi að jafnaði rétt á að tjá sig um mál og að beinlínis sé skylt að leita álits barns þegar það er orðið 12 ára. Þegar sérstaklega stendur á er barnaverndarnefnd auk þess heimilt að skipa barni sérstakan talsmann, sbr. 3. mgr. 43. gr. a, sbr. og 24. gr. laga nr. 160/1998.

f. Lögum um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, var breytt með lögum nr. 22/1995, eins og rakið er hér að framan. Mikilvægasta nýmæli þeirra laga var stofnun Barnaverndarstofu. Aðdragandi þessara breytinga var sá að á árinu 1993 fór fram heildarúttekt á barnaverndarmálum á vegum Hagsýslu ríkisins, þar á meðal á hlutverki og rekstri Unglingaheimilis ríkisins. Niðurstöður skýrslunnar voru þær að brýn þörf væri á endurskoðun á skipulagi barnaverndarmála. Stjórnsýslu í málaflokknum væri og verulega ábótavant, samhæfingu vantaði og skortur væri á eftirliti með árangri stofnana sem ríkið ræki og styrkti á grundvelli laganna. Verkaskipting félagsmálaráðuneytis og undirstofnana var talin samrýmast illa stjórnsýsluvenjum. Meðferðarkerfi væri gallað. Nýting á meðferðarheimilum væri ekki nægjanleg og rekstur þeirra óhagkvæmur. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga væri óljós. Þá væri verkaskipting á milli félags- og heilbrigðiskerfis í málefnum barna og ungmenna óljós. Á grundvelli þessara athugasemda lét þáverandi félagsmálaráðherra vinna tillögur að endurskipulagningu málaflokksins. Tillögurnar voru lagðar fram í greinargerð í janúar 1994 undir heitinu „Nýskipan málefna barna og unglinga". Í henni var lagt til að Unglingaheimili ríkisins yrði lagt niður en þess í stað kæmu tvær stofnanir, Barnaverndarstofa og móttöku- og meðferðarstöð fyrir unglinga. Hlutverki Barnaverndarstofu er ítarlega lýst hér á eftir. Móttöku- og meðferðarstöðinni var ætlað að sinna sérhæfðri meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum. Þá var gert ráð fyrir að langtímameðferð unglinga færi eingöngu fram á meðferðarheimilum sem rekin væru á fjölskyldugrunni. Tillögurnar byggðust á nýju skipulagi um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem væri meira í samræmi við anda barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

g. Í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs með lögræðislögum, nr. 71/1997, fór fram endurskoðun á ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Leiddi sú endurskoðun til setningar laga nr. 160/1998. Með þeim lögum var m.a. heiti laganna breytt í barnaverndarlög. Þá var tilvísun til ungmenna í öðrum ákvæðum laganna felld brott. Breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 160/1998 voru annars helstar þessar: Í 1. gr. þeirra er tilgreint að með börnum í lögunum sé átt við einstaklinga yngri en 18 ára og var sú breyting færð inn í þær greinar sem áður höfðu haft aldursmarkið 16 ár. Jafnframt var orðið „ungmenni" fellt út úr lagatextanum eins og fyrr segir. Í lögunum var lögð áhersla á að börn skyldu njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Þá var sú breyting gerð á 22. gr. að gert var ráð fyrir heimild barnaverndarnefndar í samráði við foreldra til að vista barn til meðferðar og rannsóknar á viðeigandi stofnun eða heimili. Vistunin skyldi vera tímabundin og sæta endurskoðun eigi sjaldnar en á sex mánaða festi. Ef barn eldra en 12 ára væri vistað gegn vilja sínum skyldi það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns. Þá kom það nýmæli einnig inn að yngra barni en 12 ára skyldi einnig gefinn kostur á að tjá sig ef það hefði þroska til og óskaði eftir því. Benda má á að meðal röksemda fyrir hækkun sjálfræðisaldurs var sú að með því væru sköpuð betri skilyrði en áður til að koma unglingum í vanda vegna eigin hegðunar til aðstoðar með vistun þeirra á meðferðarstofnunum. Ákvæði 22. gr. byggist á

þessu. Þá voru með 24. gr. laganna, sbr. 43. gr. a, áréttuð réttindi barns við málsmeðferð með því að gera ráð fyrir að barn gæti tjáð sig um mál sem það varðar og að tekið skyldi réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls í samræmi við aldur þess og þroska.

3. Skipulag barnaverndarmála samkvæmt lögum nr. 58/1992.

Rétt þykir hér til glöggvunar að gera grein fyrir stjórn og skipulagi barnaverndarmála á Íslandi samkvæmt gildandi lögum, nr. 58/1992, eins og þau eru eftir breytingar með lögum nr. 22/1995 og lögum nr. 160/1998. Í 3. gr. gildandi laga kemur fram að starf til verndar börnum ræki félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Eru stofnanir þessar nefndar einu nafni barnaverndaryfirvöld. Verður nú gerð í stuttu máli grein fyrir hlutverki þessara stofnana.

a. *Félagsmálaráðuneytið.* Í 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, eins og hún er eftir breytingar þær sem gerðar voru með lögum nr. 22/1995, segir að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn barnaverndarmála og annist stefnumótun í málaflokknum. Þá er félagsmálaráðuneytið talið upp meðal þeirra stofnana sem rækja starf til verndar börnum skv. 2. gr. laganna. Ákvæði 3. gr. laga nr. 58/1992, eins og það var áður en því var breytt með lögum nr. 22/1995, var mun langorðara um hlutverk ráðuneytisins. Sagði þar enn fremur að ráðuneyti skyldi hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skyldi enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála og hafa eftirlit með störfum þeirra, sbr. nánar ákvæði 2. mgr. 3. gr. eins og hún var upphaflega. Skv. 3. mgr. skyldi ráðuneytið einnig hlutast til um að settar yrðu á fót stofnanir skv. 51. gr. laganna og hafa eftirlit með þeim. Eins og fyrr segir var Barnaverndarstofa sett á fót með lögum nr. 22/1995 og tók hún m.a. við hlutverki ráðuneytisins eins og það var áður skilgreint í 2. og 3. mgr. 3. gr. Eftir sem áður fer félagsmálaráðuneytið nú með yfirstjórn í málaflokknum samkvæmt lögunum og annast stefnumótun. Í því felst meðal annars að félagsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögunum og á frumkvæði að lagabreytingum í málaflokknum. Í samræmi við þetta hefur félagsmálaráðherra sett nokkrar reglugerðir á grundvelli laganna. Þær eru: reglugerð nr. 452/1993, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna; reglugerð nr. 160/1993, um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir; reglugerð nr. 49/1994, um starfshættu barnaverndarráðs; reglugerð nr. 264/1995, um Barnaverndarstofu; reglugerð nr. 271/1995, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, sbr. reglugerð, nr. 474/1998, um breytingu á þeirri reglugerð; reglugerð nr. 532/1996, um ráðstöfun barna í fóstur. Þá er mælt fyrir um hlutverk ráðuneytisins í nokkrum öðrum ákvæðum laganna. Í 3. mgr. 3. gr. kemur fram að nánar tilteknum ákvörðunum Barnaverndarstofu verði skotið til félagsmálaráðuneytisins. Skv. 9. gr. laganna skipar ráðherra barnaverndarráð. Að lokum er í 4. mgr. 51. gr. gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið sjái til þess að sérhæfð heimili og stofnanir séu til fyrir börn.

b. *Barnaverndarstofa.* Hlutverk Barnaverndarstofu er skilgreint í 3. gr. gildandi laga. Veigamestu hlutverk hennar samkvæmt lögunum eru eftirfarandi, sbr. einnig 1. gr. reglugerðar nr. 264/1995:

   i. Barnaverndarstofu ber að vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og annast daglega stjórn barnaverndarmála, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. Með þessu tekur stofan við hlutverki sem félagsmálaráðuneytið hafði áður. Með tilkomu stofunnar hefur ríkið eflt þjónustu í barnaverndarmálum og aukið tengsl og aðstoð ríkisins við barnaverndarnefndir sveitarfélaga.

ii. Barnaverndarstofa hefur með höndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarlaga, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í þessu felst m.a. að stofan veitir aðstoð við túlkun og framkvæmd laganna. Ráðgjöf er ýmist veitt barnaverndarnefndum eða almenningi. Nefna má að á árinu 1999 veitti Barnaverndarstofa barnaverndarnefndum ráðgjöf í 327 málum. Þá veitti hún öðrum en nefndunum ráðgjöf í 347 málum. Af þessum má vera ljóst að hér er um að ræða allumfangsmikinn þátt í starfsemi stofunnar. Erindin sem berast Barnaverndarstofu lúta að öllum þáttum barnaverndarstarfs og meðferðar barnaverndarmála. Ráðgjöf er mest veitt símleiðis en einnig með tölvupósti, skriflega eða á sérstökum fundum. Tengd þessum þætti í starfsemi stofunnar er útgáfa handbókar fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra. Miðað er við að bókin, sem kom fyrst út árið 1998, verði uppfærð reglulega í samræmi við gildandi reglugerðir og framkvæmd á hverjum tíma.

iii. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og krefur þær um ársskýrslur, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. Eftirliti þessu má skipta í tvennt: Annars vegar eftirlit að eigin frumkvæði Barnaverndarstofu og hins vegar í tilefni af kvörtunum frá einstaklingum. Tilefni eftirlits að eigin frumkvæði geta verið mismunandi, svo sem atriði sem fram koma í ársskýrslum nefndanna, umsóknum um meðferðardvöl fyrir börn, fóstursamningum o.fl. Þá getur opinber umræða um barnaverndarmálefni stundum verið tilefni eftirgrennslana Barnaverndarstofu. Alls fjallaði Barnaverndarstofa um 19 mál af þessu tagi á árinu 1999. Í reglugerð um Barnaverndarstofu, nr. 264/1995, sbr. 9. gr., er enn fremur gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa geti tekið við kvörtunum frá einstaklingum varðandi starfshætti barnaverndarnefnda. Á árinu 1999 bárust Barnaverndarstofu 40 kvartanir af þessu tagi. Kvörtunum er svarað formlega og geta þær snúið að fjölmörgum atriðum, svo sem viðbrögðum barnaverndarnefnda við tilkynningum, framkvæmd könnunar barnaverndarmáls, framkvæmd stuðningsúrræða og málsmeðferð. Barnaverndarstofa fjallar aftur á móti ekki um þær ákvarðanir barnaverndarnefnda sem skylt er að taka með úrskurði skv. 45. gr. núgildandi laga og bera má undir barnaverndarráð. Unnt er að kæra til Barnaverndarstofu þær stjórnvaldsákvarðanir sem barnaverndarnefnd er ekki skylt að úrskurða um. Þannig hefur Barnaverndarstofa úrskurðað um ákvarðanir um styrki til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 46. gr. og um synjun á endurupptöku máls skv. 50. gr. núgildandi laga. Barnaverndarstofa fær einnig nokkuð af erindum þar sem beiðst er formlegrar afgreiðslu eða leiðbeininga, svo sem um heimild barnaverndarnefndar til að fara áfram með mál skv. 8. gr., spurningar um hæfi nefndarmanna í barnaverndarnefnd eða heimildir barnaverndarnefnda við tilteknar aðstæður. Eftirliti Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum er ætlað að tryggja samhæfða og samræmda starfshætti og þjónustu í málaflokknum. Liður í þessu eftirliti er einnig skipuleg söfnun upplýsinga frá barnaverndarnefndum sem senda stofunni, í samræmi við ákvæði laganna, árlega skýrslu um starfsemi sína, sbr. nánar ákvæði 2. mgr. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa geti, telji hún ástæðu til, lagt fyrir barnaverndarnefndir að gera sérstakar ráðstafanir í máli. Enn fremur segir að ef Barnaverndarstofa verður þess áskynja að barnaverndarnefnd hafi kveðið upp úrskurð sem stofan telur andstæðan lögum geti hún skotið honum til endanlegrar úrlausnar barnaverndarráðs.

iv. Barnaverndarstofa hefur eftirlit með öllum stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli barnaverndarlaga, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. Í þessu felst að Barnaverndarstofa fer með yfirumsjón og fjárhagslegt og faglegt eftirlit með öllum meðferðarheimilum sem rekin eru af ríkinu eða ríkið styrkir. Hér er um að ræða

heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og alvarlegra hegðunarerfiðleika. Barnaverndarstofu er því ætlað að hafa yfirsýn yfir öll meðferðarúrræði ríkisins og nýtingu þeirra og er stofunni heimilt að mæla fyrir um sérhæfingu heimilanna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Stofunni er einnig ætlað að hafa umsjón með vistun barna og ungmenna á stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir á grundvelli laganna, sbr. nánar 4. mgr. 51. gr. gildandi laga. Þá ber stofunni að hlutast til um að slíkar stofnanir verði settar á fót, sbr. 3. mgr. 51. gr. Bent er á að á vegum Barnaverndarstofu er starfandi fagteymi sérfræðinga sem hefur það hlutverk að treysta samstarf og samhæfingu meðferðarstofnana fyrir börn.

v. Í lögum og reglugerð er gert ráð fyrir að Barnaverndarstofa skuli veita barnaverndarnefndum fulltingi við útvegun fósturforeldra, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 5. og 6. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 264/1995, sbr. einnig reglugerð um ráðstöfun barna í fóstur nr. 532/1995. Í þessu felst í reynd að Barnaverndarstofa metur hæfi væntanlegra fósturforeldra og veitir þeim fræðslu, auk þess sem barnaverndarnefndum ber að velja fósturforeldra fyrir einstök börn í samráði við Barnaverndarstofu. Á vegum stofunnar eru árlega haldin námskeið fyrir fósturforeldra og væntanlega fósturforeldra. Unnið er að því á vegum stofunnar að taka upp nýtt og öflugt kerfi til að meta og þjálfa fósturforeldra. Barnaverndarstofa heldur jafnframt skrá yfir börn í fóstri.

vi. Barnaverndarstofu ber að vinna að þróunar- og rannsóknarstarfi á sviði barnaverndar, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. Liður í þessu starfi er samræming stjórnsýslu í barnaverndarmálum og skipuleg öflun upplýsinga. Þessi samræming og upplýsingaöflun veitir stofunni heildarsýn yfir málaflokkinn og auðveldar rannsóknar- og þróunarvinnu. Meðal þróunarverkefna sem Barnaverndarstofa hefur staðið fyrir er svonefnt Barnahús. Barnahúsið er samstarfsvettvangur fyrir úrvinnslu mála sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Markmiðið með starfseminni er að samhæfa hlutverk mismunandi aðila sem fást við rannsókn slíkra mála, fækka komustöðum og viðmælendum barns svo að það þurfi ekki að endurupplifa erfiða lífsreynslu með nýjum og nýjum viðtölum við marga viðmælendur frá mismunandi stofnunum. Á einum og sama staðnum fer barn bæði í rannsóknarviðtal og læknisskoðun. Viðtöl eru tekin af sérfræðingum á þessu sviði og fjöldi viðmælenda í lágmarki. Barnið og fjölskyldan geta fengið áfallahjálp og langtímameðferð. Á einum stað er til þverfagleg þekking mismunandi aðila við rannsókn og meðferð mála sem unnt er að miðla til þeirra sem á þurfa að halda.

vii. Barnaverndarstofu ber að sjá um almenna fræðslu um barnaverndarmál fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. Nefna má sem dæmi um þennan þátt í starfsemi stofunnar að á árunum 1996–97 hélt Barnaverndarstofa tveggja daga námskeið fyrir allar barnaverndarnefndir, starfsmenn þeirra og samstarfsaðila. Námskeiðin voru 15 talsins og þátttakendur alls 254. Á námskeiðum þessum var farið yfir öll grunnatriði í vinnslu barnaverndarmála og kynntur samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga á árinu 1998 voru aftur haldin eins dags námskeið fyrir sömu aðila. Þá hefur stofan staðið fyrir fjölmörgum ráðstefnum og fræðslufundum um barnaverndarmálefni. Í þessu sambandi er einnig vert að nefna að árið 1998 gaf Barnaverndarstofa út handbók fyrir barnaverndarnefndir þar sem er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hlutverk barnaverndarnefnda og vinnslu mála, sbr. það sem áður segir um það efni. Telja verður að reglubundin námskeið og útgáfa fræðsluefnis af hálfu Barnaverndarstofu

sé mikilvæg fyrir barnaverndarnefndir, starfsmenn þeirra og samstarfsaðila, svo sem kennara, lögreglumenn, starfsmenn heilbrigðisþjónustu og fleiri. Það er stefna Barnaverndarstofu að standa fyrir kerfisbundinni fræðslu handa sem flestum þeirra sem starfa með börnum.

c. *Barnaverndarnefndir.* Í II. kafla gildandi laga, sbr. 6.–8. gr., er að finna ákvæði um barnaverndarnefndir. Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarstjórna. Þær eru þó sjálfstæðar gagnvart sveitarstjórn sem getur ekki gefið þeim fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Þá hefur sveitarstjórn heldur ekki aðgang að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál. Barnaverndarnefndir eru kosnar af sveitarstjórn og geta sveitarfélög sameinast um nefnd, sbr. nánar ákvæði 6. gr. Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd eða félagsmálaráði störf barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd ber að ráða sérhæft starfslið, sbr. nánar ákvæði 7. gr. Ákvæði um hlutverk barnaverndarnefnda eru á víð og dreif í lögunum. Þau eru í meginatriðum eftirfarandi, sbr. 4. gr. laganna:

i. *Forvarnir.* Barnaverndarnefndum er ætlað að setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla eiga að því að búa börnum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því, sbr. 1. mgr. 4. gr.

ii. *Eftirlit og leitarstarf.* Barnaverndarnefndir eiga að fylgjast með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna í þeim tilgangi að greina sem fyrst vanda þeirra sem búa við óviðunandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Eftirlitshlutverk barnaverndarnefnda nær einnig til barna sem dveljast á heimilum og stofnunum sem rekin eru af einkaaðilum og sveitarfélögum í umdæmi þeirra, sbr. 2. mgr. 4. gr.

iii. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum sem við eiga og heppilegust þykja hverju sinni, sbr. 3. mgr. 4. gr. Í lögunum er að finna nánari ákvæði um hver þessi úrræði eru og skilyrðin fyrir beitingu þeirra.

Enn fremur er í einstaka lagaákvæðum mælt fyrir um tiltekin verkefni barnaverndarnefnda. Þannig segir í 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, að dómsmálaráðuneytið skuli að jafnaði leita umsagnar barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta og að dómari leiti umsagnar ef hann telur þörf á því. Skv. 37. gr. barnalaga getur sýslumaður leitað umsagnar barnaverndarnefndar telji hann ástæðu til áður en hann ræður til lykta ágreiningsmáli um umgengni. Þá getur sýslumaður mælt fyrir um liðsinni barnaverndarnefndar við framkvæmd umgengni. Einnig má nefna ættleiðingarlög, nr. 130/1999, þar sem meðal annars er mælt fyrir um umsagnir barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum, sbr. 16. gr. Þar er enn fremur mælt svo fyrir að dómsmálaráðherra setji í reglugerð fyrirmæli um gerð slíkra umsagna. Þá er skv. 6. gr. ættleiðingarlaga gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd ræði við barn áður en það gefur samþykki sitt til ættleiðingar, í þeim tilvikum þegar samþykki barns er skilyrði fyrir ættleiðingu. Nefndinni er jafnframt ætlað að veita barninu leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar.

Markmið barnaverndarlaga er eins og að framan er rakið umfram allt að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Segja má að þetta lýsi kjarnanum í hlutverki og starfsemi barnaverndarnefnda. Þeim ber fyrst og fremst að rækja hlutverk sitt með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Barnaverndarnefndum er þannig skylt að aðstoða foreldra við að gegna foreldraskyldum sínum en grípa til viðeigandi úrræða lögum samkvæmt ef þörf er á. Í barnaverndarlögunum eru ýmis ákvæði um stuðning við foreldra sem annast börn sín og hefur slíkur stuðningur farið vaxandi umfram það að taka börn af heimilum. Má þar nefna leiðbeiningar til foreldra, skipun tilsjónarmanns með

fjölskyldu, persónulegan ráðgjafa fyrir barn, stuðningsfjölskyldu fyrir barn og foreldri, dagvist, skólavist o.fl. fyrir barn, beiting úrræða annarra laga, aðstoð við útvegun meðferðar fyrir foreldra, aðstoð og stuðningur við barn vegna ofbeldis gegn því o.s.frv. Um barnaverndarnefndir er nánar fjallað í athugasemdum við II. kafla frumvarps þessa, svo sem um fjölda þeirra, málafjölda, verkefni o.s.frv.

d. *Barnaverndarráð.* Í III. kafla gildandi laga er að finna ákvæði um barnaverndarráð, sbr. nánar ákvæði 9.–11. gr., sbr. og reglugerð nr. 49/1994. Skv. 10. gr. er hlutverk barnaverndarráðs að fara með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr. laganna. Á árunum 1995–1999 kvað barnaverndarráð upp alls 83 úrskurði og 92 mál voru afgreidd með öðrum hætti. Undir aðra afgreiðslu falla m.a. málskot sem dregin eru til baka eða vísað er frá af einhverjum ástæðum áður en til úrskurðar kemur. Þá falla hér undir umsagnir um lagafrumvörp og svör við fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis. Flestir úrskurðirnir á greindu árabili varða umgengni barns í fóstri við kynforeldra. Á árinu 1999 kvað barnaverndarráð upp 10 úrskurði og 18 mál voru afgreidd með öðrum hætti. Upplýsingar þessar eru fengnar úr skýrslu barnaverndarráðs fyrir árið 1999.

4. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá því sem er í gildandi lögum. Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum mikilvægum nýmælum. Upptalning breytinga og nýmæla hér á eftir er fjarri því að vera tæmandi. Vísast til athugasemda við einstaka kafla og einstakar greinar frumvarpsins um frekari greinargerð fyrir nýmælum þess.

a) Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í 4. gr. frumvarpsins er leitast við að draga saman meginreglur sem leggja ber til grundvallar í öllu barnaverndarstarfi og mikilvægt þykir að skýrt sé kveðið á um í sjálfum lagatextanum. Með þessu er lögð áhersla á réttindi barna og önnur þau grundvallarsjónarmið sem barnaverndaryfirvöldum ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum. Reglur þessar hafa lengi verið viðurkenndar sem grundvallarreglur í barnaverndarstarfi. Ákvæði 4. gr. felur því fyrst og fremst í sér breytingu að því er varðar framsetningu þessara reglna en síður efnisbreytingar.

b) Kærunefnd barnaverndarmála.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði á fót *kærunefnd barnaverndarmála.* Í því felst m.a. að barnaverndarráð í þeirri mynd sem nú er verði lagt niður. Þessi breyting helst í hendur við þá fyrirætlan að um forsjársviptingarmál og önnur mál sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda verði fjallað fyrir dómi, sbr. nánar 5. kafla athugasemda þessara hér á eftir um úrskurðarvald í barnaverndarmálum. Til kærunefndar barnaverndarmála verði unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda, sbr. nánar ákvæði 51. gr. frumvarpsins, sbr. og athugasemdir við þá grein, og stjórnvaldsákvörðunum Barnaverndarstofu, sbr. 6. gr. Hlutverk kærunefndar er skilgreint í 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Úrskurðum nefndarinnar er ætlað að vera endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra eða annars æðra stjórnvalds.

c) Framkvæmdaáætlanir á sviði barnaverndar.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sveitarstjórn skuli fyrir hvert kjörtímabil gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Með þessu er reynt að stuðla að því að sveitarstjórnir setji sér skýr markmið í barnaverndarmálum og vinni að framgangi þeirra. Þannig er leitast við að styrkja barnaverndarstarf í landinu og gera það markvissara og árangursríkara.

d) Efling og stækkun barnaverndarumdæma.

Í 10. og 11. gr. frumvarpsins eru ýmis fyrirmæli sem eiga að stuðla að því að stækka og efla barnaverndarumdæmi í landinu. Bent er á ákvæði 1. mgr. 10. gr. þar sem fram kemur að íbúafjöldi á bak við barnaverndarnefnd skuli ekki vera minni en 1500. Enn fremur er bent á ákvæði 4. mgr. 11. gr. í þessu sambandi þar sem gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði fengnar tilteknar heimildir til að hlutast til um að barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna verði settar á fót. Er þess vænst að ákvæði þessi leiði til stækkunar barnaverndarumdæma og styrki barnaverndarstarf á vegum sveitarfélaga. Í athugasemdum við 10. og 11. gr. frumvarpsins er ítarlega fjallað um þróun og stækkun barnaverndarumdæma og fækkun nefnda. Ákvæði 13. gr. frumvarpsins um sjálfstæði nefndanna og ákvæði 14. gr. um starfslið þeirra stefna einnig að því að styrkja nefndirnar faglega.

e) Upphaf barnaverndarmáls.

Í V. kafla frumvarpsins ræðir um upphaf barnaverndarmáls. Leitast er við að gera þau ákvæði mun skýrari en í gildandi lögum. Gerður er skýr greinarmunur á þeirri ákvörðun barnaverndarnefndar að hefja rannsókn máls og öðrum ákvörðunum sem nefndin tekur. Þá er nefndinni settur sjö daga frestur til að taka slíka ákvörðun eftir að henni barst tilkynning. Ákvörðun um að hefja rannsókn er ekki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála eða annars stjórnvalds, enda er hér aðeins um að ræða ákvörðun um málsmeðferð en ekki eiginlega stjórnsýsluákvörðun. Um þetta er nánar mælt fyrir í 21. gr. frumvarpsins, sbr. einnig ítarlegar skýringar við þá grein.

f) Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

Í VI. kafla frumvarpsins, sbr. einnig VII. kafla þess, eru ákvæði um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Róttækar breytingar eru lagðar til á framsetningu ákvæðanna og flokkun ráðstafananna, séu þau borin saman við hliðstæð ákvæði gildandi laga. Væntir nefndin að með þessu verði ákvæðin skýrari en í gildandi lögum og auðveldara að fara eftir þeim. Gerð er grein fyrir nokkrum mikilvægustu efnisbreytingunum hér á eftir en að öðru leyti vísast til athugasemda við VI. og VII. kafla.

g) Afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum.

Í 3. mgr. 21. gr. og 30. gr. frumvarpsins er nýmæli sem varðar afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum. Í 3. mgr. 21. gr. er gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti hafið rannsókn máls vegna tilkynninga sem varða þungaðar konur. Í 30. gr. er síðan að finna frekari ákvæði um möguleg úrræði barnaverndarnefndar í slíkum tilfellum. Þar kemur fram að ef rannsókn barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona kunni að stofna eigin heilsu eða lífi og ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skuli barnaverndarnefnd beita úrræðum skv. VI. kafla eftir því sem við á í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við lögráðamann hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, allt eftir því sem við getur átt. Ef nefndin telur að úrræði skv. 1. mgr. komi

ekki að gagni getur hún sett fram kröfu um sviptingu lögræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Rökin að baki slíkri heimild eru næsta augljós. Um frekari skýringar ákvæðisins vísast til athugasemda við 3. mgr. 21. gr. og 30. gr. frumvarpsins.

h) Upplýsingar úr sakaskrá vegna brota gegn börnum.

Í 36. gr. er m.a. það nýmæli að gert er ráð fyrir að Barnaverndarstofa skuli eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga ef brot hefur beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára. Hér er um að ræða kynferðisbrot og önnur brot gegn börnum. Gert er ráð fyrir að ríkissaksóknara verði gert skylt að láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji slíkur maður í umdæmi hennar. Þá er í 2. mgr. 36. gr. tekið fram að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða öðrum stofnunum sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru reknar af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn framangreindum ákvæðum hegningarlaga. Í lokamálsgreininni er jafnframt gert ráð fyrir að yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm á grundvelli þeirra ákvæða sem talin eru í 2. mgr. Markmiðið með þessum ákvæðum er að stemma stigu við því að menn sem hlotið hafa dóma vegna brots á nefndum ákvæðum ráðist til starfa með börnum og á stofnunum og öðrum stöðum þar sem börn eru og dveljast um lengri eða skemmri tíma.

i) Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Í 29. gr. frumvarpsins er það mikilvæga nýmæli að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flyst frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Þá er einnig gert ráð fyrir atbeina dómstóla í eftirtöldum tilvikum: i) Foreldrar geta borið undir dómara ákvörðun barnaverndarnefndar um beitingu ráðstafana skv. 1. mgr. 27. gr., þ.e. vistun í allt tvo mánuði. ii) Barnaverndarnefnd skal leita úrlausnar héraðsdómara til að koma fram ráðstöfunum skv. 1. mgr. 27. gr. eigi þær að standa lengur en tvo mánuði, sbr. 28. gr. iii) Foreldrar geta gert kröfu fyrir dómi um endurskoðun varanlegrar ráðstöfunar á barni skv. 2. mgr. 34. gr. og endurskoðun fyrri ákvarðana skv. 2. mgr. 34. gr. Þessari breytingu fylgja enn fremur aðrar breytingar, svo sem sérstakir kaflar um málsmeðferð fyrir dómi, sbr. X. og XI. kafla, stofnun kærunefndar barnaverndarmála o.fl. Í 5. kafla í þessum athugasemdum er sérstaklega fjallað um þessa breytingu og rökin fyrir henni. Að lokum er í þessu sambandi einnig bent á ákvæði 37. gr. frumvarpsins um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, en lagt er til að barnaverndarnefnd geti farið fram á að það við héraðsdómara að þessum úrræðum verði beitt. Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

j) Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

Í frumvarpinu eru ítarlegri reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en í gildandi lögum, sbr. VIII. kafla. Þá eru einnig lagðar til sérstakar reglur um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála, sbr. IX. kafla. Sérstök athygli er vakin á ákvæði 44. gr. um skyldu ýmissa aðila til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar. Með þessu eru tekin af öll tvímæli um skyldu þessara aðila til að láta upplýsingar í té endurgjaldslaust, sbr. nánar skýringar við þetta ákvæði.

k) Málsmeðferð fyrir dómi.

Í X. og XI. kafla eru lagðar til reglur um málsmeðferð fyrir dómi. Ákvæðin eru að öllu leyti nýmæli, enda hefur ekki fyrr í íslenskum lögum sérstaklega verið gert ráð fyrir því að barnaverndarmál væru rekin fyrir dómi. Gerður er greinarmunur á málum 2. mgr. 34. og 29. gr. annars vegar og öðrum málum skv. 27. og 28. gr. hins vegar. Mál þessi eru ólík að eðli, m.a. að því leyti að mál skv. 27. og 28. gr. eru ekki höfðuð með stefnu heldur er máli beint til héraðsdómara. Af þessum sökum er ákvæðum um málsmeðferð fyrir dómi skipt niður á tvo kafla. Sérstök athygli er vakin á 1. mgr. 54. gr. um sérfróða meðdómsmenn.

l) Barn sem aðili máls.

Í málsmeðferðarreglum frumvarpsins er gert ráð fyrir að barn sem náð hefur 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls. Þetta er mikilvægt nýmæli sem á að stuðla að því að treysta réttarstöðu barna í barnaverndarmálum. Með þessum hætti fær barn sem náð hefur þessum aldri óskoraðan rétt til að tjá sig um mál á sama hátt og foreldrar þess, það hefur sjálfstæðan aðgang að öllum gögnum málsins og getur átt rétt á aðstoð lögmanns, auk þess sem heimilt er að skipa því talsmann með sömu skilmálum og gilda um yngri börn. Þetta er svipað og gert hefur verið í öðrum ríkjum Norðurlanda, t.d. í Noregi.

m) Ákvæði um fóstur.

Í XII. kafla frumvarpsins er lagt til að fóstur verði nú skilgreint með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum. Með fóstri er í frumvarpinu átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barna í a.m.k. þrjá mánuði en samkvæmt núgildandi lögum hefur verið miðað við a.m.k. sex mánuði og að um skemmri vistun fari skv. 4. mgr. 51. gr. Af þessari breytingu leiðir m.a. að hugtakið „varanlegt fóstur“ er ekki lengur notað, þótt ennþá sé gert ráð fyrir að fóstur geti staðið þar til barn verður lögráða. Í frumvarpinu eru einnig ítarlegri og skýrari reglur um fóstur en nú gilda og vísast nánar til athugasemda við XII. kafla.

n) Agaviðurlög og þvingun inni á heimilum og stofnunum.

Í tengslum við stofnanakaflann er einnig vert að vekja athygli á ákvæði 82. gr. um réttindi barna á meðferðarheimilum og stofnunum. Með þessu nýmæli er leitast við að setja lagaramma um beitingu þvingunarráðstafana inni á öllum heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli laganna. Ákvæðið sem hér er gerð tillaga um er í samræmi við ábendingar sem fram koma í greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda frá því í maí 1998. Í þessu sambandi er þó vert að nefna að Barnaverndarstofa setti þegar á árinu 1997 fyrst reglur um þetta efni. Í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðherra setji reglugerð um þetta efni. Ákvæði frumvarpsins veitir þeim reglum trausta lagastoð.

o) Almenn verndarákvæði og þátttaka barna í fyrirsætu- og fegurðarkeppni.

Lagt er til í XVII. kafla að almennum verndarákvæðum verði fækkað til muna, enda á það eftirlit sem tíundað hefur verið í samsvarandi kafla gildandi laga að stórum hluta undir önnur yfirvöld. Vert er enn fremur að vekja athygli á 2. og 3. mgr. 93. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. er kveðið svo á um að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og annarrar keppni af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett með reglugerð nánari reglur, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um þátttöku barna í slíkri

keppni, svo sem um samþykki foreldra o.fl. Þá er í 3. mgr. tekið fram að börnum yngri en 18 ára skuli óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Jafnframt bera skipuleggjendur eða ábyrgðaraðilar slíkra sýninga ábyrgð á því að aldursmörkin séu virt.

5. Úrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Hugmyndir um að fela dómstólum meira hlutverk í barnaverndarmálum en gildandi lög gera ráð fyrir eru ekki nýjar af nálinni. Þær voru m.a. til umræðu við samningu frumvarps þess sem síðar varð að gildandi lögum. Þar sem hér er um að ræða eitt af mikilvægustu nýmælum frumvarpsins þykir rétt að gera nokkra grein fyrir umræðu þeirri sem átt hefur sér stað hér á landi um þetta mál og þeim röksemdum sem hér koma til skoðunar.

Í 45. gr. gildandi laga er mælt fyrir um það hvaða ákvarðanir barnaverndarnefnd tekur með úrskurði. Segir þar að málum sem varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra skv. 24. gr. (ýmis úrræði án samþykkis foreldra), 25. gr. (forsjársvipting), 3.–5. mgr. 33. gr. (umgengni við kynforeldra), 35. gr. (að barn skuli vera kyrrt í fóstri), 4. mgr. 40. gr. (að barn skuli vera kyrrt í umsjá annarra) og 1. mgr. 46. gr. (að tiltekin gögn máls skuli ekki afhent) skuli ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurðum barnaverndarnefnda er síðan unnt að skjóta til barnaverndarráðs, en ráðið fer með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til þess skv. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 49. gr., sbr. nánar 10. gr. laganna. Í 2. mgr. 3. gr. er vísað til úrskurða barnaverndarnefndar sem Barnaverndarstofa getur skotið til ráðsins. Í 49. gr. eru aftur á móti taldir upp þeir aðilar sem geta skotið úrskurðum barnaverndarnefndar til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs.

Samkvæmt gildandi barnaverndarlögum er dómstólum ekki ætlað sérstakt hlutverk við úrlausn ágreiningsmála sem lúta að framkvæmd laganna. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að gildandi lögum var sérstaklega hugað að því hvernig úrskurðarvaldi í þvingunaraðgerðum í barnaverndarmálum skyldi vera háttað. Segir í greinargerðinni að til álita hafi komið að fela hinum almennu dómstólum slíkt vald. Nefndin sem samdi frumvarpið taldi þó að þeirri leið fylgdu ýmsir ókostir og að hún yrði tæpast nægilega skilvirk. Í greinargerðinni segir:

„Tryggja þarf sérþekkingu dómara og er það að nokkru leyti unnt með því að dómari kalli til sérfróða meðdómsmenn við úrlausn þessara mála, sbr. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, en dómsformaður þyrfti einnig að hafa nokkra sérþekkingu. Einnig er dómstólameðferðin dýr og seinleg. Þótt ætla megi að dómstólaleiðin tryggi rétt foreldra best telur nefndin ekki ljóst að hið sama gildi um öryggi og velferð barnsins þegar mál eru rekin fyrir dómstólum. Í barnavernd felst stuðningur samfélagsins við börn. Ef grípa þarf til úrskurðar er eðli hans og tilgangur að tryggja velferð barnsins og öryggi en alls ekki sá að refsa foreldrum. Í meðferð barnaverndarmáls er mikilvægt að tryggja samfellda meðferð þar sem eitt úrræði leiðir af öðru barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis er að barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún ákveður að taka barn af heimili. Þetta getur skert rétt foreldra og deilt hefur verið á „sjálfdæmi“ barnaverndarnefnda. Í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessari hættu með skýrum málsmeðferðarákvæðum og sterkari stöðu barnaverndarráðs sem áfrýjunaraðila. Niðurstaða nefndarinnar er sú að best fari á því að barnaverndarnefndir fari áfram með úrskurðarvald eins og nú háttar til. Úrskurðum má síðan skjóta til barnaverndarráðs sem hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum málum eins og verið hefur en þó með þeirri veigamiklu breytingu að hlutverk barnaverndarráðs er takmarkað við úrlausnir í málum sem skotið er til ráðsins en eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk verði í höndum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. frumvarpsins.“

Bent er á að í 1. mgr. 49. gr. gildandi laga er notað orðið „fullnaðarúrskurðar“. Í athugasemdum í greinargerð við þetta ákvæði er fjallað um heimildir til að bera ákvarðanir barnaverndarráðs undir dómstóla. Þar segir:

„Barnaverndarráði er áfram ætlað að kveða upp fullnaðarúrskurði í barnaverndarmálum, þ.e. að ekki er gert ráð fyrir að mál fari til úrlausnar dómstóla. Dómstólar hafi aðeins um það að segja hvort nefndir eða ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Barnaverndarmál eru í eðli sínu viðkvæm og nauðsynlegt að niðurstaða fáist sem fyrst um framtíð barna sem í hlut eiga. Jafnframt er þess að geta að gert er ráð fyrir breyttu verksviði ráðsins þannig að það verði eingöngu úrskurðaraðili um málskot. Það, ásamt því að málsmeðferðarreglur eru bættar, ætti að tryggja að réttarstaða aðila verður líkari því sem gerist við meðferð dómsmála.“

Í greinargerðinni er byggt á þeim skilningi að dómstólar geti aðeins, að því er úrskurði barnaverndarráðs varðar, fjallað um það hvort barnaverndarnefndir og ráðið hafi farið út fyrir valdmörk sín. Þessi skilningur er ekki í samræmi við dómaframkvæmd hér á landi nema í málum þar sem ágreiningur er um inntak umgengnisréttar en dómstólar hafa ekki talið sér fært að kveða á um það. Við athugun á barnaverndarmálum sem borin hafa verið undir dómstóla hér á landi kemur í ljós að þeir telja sig að öðru leyti bæra til að meta bæði form og efnishlið máls. Þetta er einnig í samræmi við sérstaka bókun Íslands við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem byggt er á því að þetta sé gildandi réttur hér á landi. Úrlausnarvald dómstóla er því í reynd ekki bundið við það sem í greinargerðinni er nefnt valdmörk barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs. Afleiðingin er sú að barnaverndarmál getur farið í gegnum fjögur stig áður en það er endanlega til lykta ráðið, þ.e. barnaverndarnefnd, barnaverndarráð, héraðsdóm og Hæstarétt.

Við endurskoðun ákvæða gildandi barnaverndarlaga telur nefndin að stefna beri að því að einfalda þetta fyrirkomulag, stytta málsmeðferðarferlið, auka réttaröryggi og stuðla að vandaðri meðferð barnaverndarmála. Þessi markmið leiða til þeirrar niðurstöðu að heppilegt sé að taka úrskurðarvald að því er alvarlegustu þvingunarráðstafanirnar varðar af barnaverndarnefndunum. Þetta er einnig í samræmi við álit fjölmargra aðila sem sent hafa nefndinni athugasemdir við gildandi lög. Sýnist það vera meginviðhorfið að almennt tryggi það ekki nægilega óhlutdrægni í málsmeðferð og við úrlausn máls að barnaverndarnefnd, sem verið hefur í miklum samskiptum við foreldra, átt frumkvæði að máli og annast alla rannsókn þess, geti sjálf kveðið upp úrskurði sem fela í sér jafnalvarlega skerðingu á grundvallarréttindum. Sérstaklega er þetta talið eiga við þær þvingunarráðstafanir sem alvarlegastar teljast, svo sem sviptingu forsjár.

Eftir ítarlegar umræður um mismunandi leiðir sem til greina koma varðandi úrskurðarvaldið hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu að heppilegast sé að úrskurðarvald í stærri málum fari beint til dómstóla en barnaverndarnefndir fari enn með úrskurðarvald í vissum málum sem varða þvingunarráðstafanir sem telja má að varði minni hagsmuni. Þá verði unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda í málum sem undir þær heyra til sérstakrar nefndar, kærunefndar barnaverndarmála. Jafnframt verði barnaverndarráð í núverandi mynd lagt niður.

Í frumvarpinu er nánar lagt til að atbeini dómstóla skuli koma til: i) vegna ákvörðunar barnaverndarnefndar skv. 1. mgr. 27. gr., ii) til að koma fram ráðstöfunum skv. 1. mgr. 27. gr. ef þær eiga að standa lengur en tvo mánuði, sbr. 28. gr., iii) við sviptingu forsjár skv. 29. gr. og iv) við endurskoðun varanlegra ráðstafana skv. 2. mgr. 34. gr.

Rökin fyrir því að fela dómstólum framangreindar ákvarðanir eru einkum þessi: Í *fyrsta lagi* eru þær ákvarðanir sem um ræðir þess eðlis að þær eiga eftir almennum sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og annarra mannréttinda heima hjá dómstólum. Ákvarðanir þessar fela

í sér slíka skerðingu þessara réttinda að best fer á því að um þær sé fjallað fyrir dómi. Í *öðru lagi* verða málsmeðferðarstigin aðeins tvö, þ.e. héraðsdómur og Hæstiréttur, í stað fjögurra áður. Augljóst er að þetta einfaldar meðferð þessara mála og styttir heildarmálsmeðferðartímann verulega. Í *þriðja lagi* er meðferð mála fyrir dómi jafnan sú vandaðasta sem völ er á í íslensku réttarkerfi og sú sem tryggir best réttaröryggi aðila máls. Í *fjórða lagi* er þetta í besta samræmi við þjóðréttarskuldbindingar sem Ísland er aðili að. Má þar nefna 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en meginmál samningsins hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994, og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. auglýsingu nr. 18/1992, einkum 1. tölul. 9. gr. Þó má taka fram að hér er ekki byggt á því að núverandi skipan úrskurðarvalds í barnaverndarmálum á Íslandi sé beinlínis andstæð þessum sáttmálum þar sem unnt er að hnekkja úrskurðum barnaverndarráðs fyrir dómi. Samt sem áður telst það í betra samræmi við sáttmálana að gera ráð fyrir að ákvarðanir þessar séu í öndverðu teknar fyrir dómi að undangenginni þeirri málsmeðferð sem þar á við.

Meginröksemdin fyrir því að dómstólaleiðinni var hafnað við undirbúning gildandi laga var sú, að með henni væri erfitt að tryggja nægilega sérþekkingu sem nauðsynleg var talin í barnaverndarmálum. Nefndin telur að þetta eigi ekki við rök að styðjast. Mál sem borin eru undir dómstóla eru margvísleg og koma iðulega inn á svið þar sem sérþekkingar kann að vera þörf. Við þessu er hægt að bregðast með ýmsum hætti, svo sem með kvaðningu sérfróðra meðdómenda og/eða matsmanna. Þá er hægt í barnaverndarlögum að mæla fyrir um sérreglur um meðferð slíkra mála sem eiga að tryggja að sérþekkingar, að því marki sem hún telst nauðsynleg, sé aflað áður en ákvörðun er tekin, sbr. nánar ákvæði X. og XI. kafla frumvarps þessa um meðferð mála fyrir dómi. Nefndin hafnar þeirri skoðun að sérstaða þessara mála sé slík að ekki sé fært að fela dómstólum meðferð þeirra vegna skorts á sérþekkingu og telur að þau rök sem að framan eru rakin vegi þyngra. Í því sambandi er vert að benda á að í þessu frumvarpi eru ákvæði þar sem beinlínis segir að sérfróða meðdómsmenn skuli að jafnaði kveðja til setu í dómi vegna mála skv. 29. gr., sbr. nánar ákvæði 54. gr.

Þá var því enn fremur haldið fram við undirbúning gildandi laga að mikilvægt væri að tryggja samfellda meðferð barnaverndarmáls þar sem eitt úrræði leiðir af öðru, barninu til hagsbóta. Einn meginkostur núverandi kerfis var talinn sá að barnaverndarnefnd bæri áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins eftir að hún hefði ákveðið að taka barn af heimili. Ekki verður séð að barnaverndarnefnd verði í annarri og verri aðstöðu til að tryggja samfellda og faglega meðferð máls þótt henni verði gert að gera kröfu fyrir dómi um að barn verði tekið af foreldrum þeirra, í stað þess að nefndin taki sjálf slíka ákvörðun. Ljóst er að ef dómstóll verður við slíkri kröfu mun forsjá barns eða umsjá hverfa til nefndarinnar sem taka mun allar ákvarðanir um framhald málsins eftir því sem best hentar hagsmunum og þörfum þess. Meðferð málsins er samfelld og barnaverndarnefnd ber áfram fulla ábyrgð á velferð barnsins.

Að lokum má geta þess að með barnalögum, nr. 20/1992, sbr. 1. mgr. 35. gr., var í fyrsta skipti gert ráð fyrir því sem aðalreglu að forsjármál skyldu rekin fyrir dómi. Umræður um það höfðu staðið nokkuð lengi og rökin gegn því voru mjög áþekk þeim sem leiddu til þess að sú leið var ekki farin í gildandi barnaverndarlögum. Þótt forsjármál séu ekki að öllu leyti sambærileg við barnaverndarmál eru þau eðli málsins samkvæmt nægilega lík til að hafa megi reynsluna af þeirri skipan mála hér til hliðsjónar. Í stuttu máli má segja að reynslan af þessu fyrirkomulagi hafi á heildina litið verið góð. Við meðferð forsjármála fyrir héraðsdómi er það nánast regla að kvaddir eru til setu í dómi sérfróðir meðdómendur, svo sem geðlæknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. Þá nýta dómarar í ríkum mæli heimildir barnalaga til að leggja fyrir aðila að afla sérfræðiskýrslna eða eftir atvikum ákveða að afla þeirra sjálfir, sbr. nánar ákvæði 60. gr. barnalaga. Ekki er vafi á því að með þessum úrræðum hefur verið

tryggð nægileg sérþekking í þessum málum. Þá hefur reynslan sýnt að dómstólaleiðin er mun skjótvirkari en stjórnsýslumeðferð sú er áður var aðalreglan í þessum málum. Við samningu X. og XI. kafla frumvarps þessa um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi hefur að nokkru leyti verið stuðst við ákvæði VIII. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ýmsum ákvæðum um markmið barnaverndarlaga, skyldur foreldra við börn, hugtaksskilgreiningum og meginreglum barnaverndarstarfs. Helsta nýmæli kaflans er í 4. gr. þar sem settar eru fram nokkrar meginreglur barnaverndarstarfs. Nýmælið felst þó fremur í framsetningu reglnanna en innihaldi þeirra. Í reynd er hér um að ræða reglur sem lengi hefur verið byggt á sem meginreglum í barnaverndarstarfi, sumum skráðum, en öðrum óskráðum. Rétt þykir að leggja til að þær verði lögfestar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er sett fram það meginsjónarmið sem barnaverndarlög eru reist á, að barn á rétt á sérstakri vernd og umönnun. Þá er tekið fram að börn skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska. Þessi grundvallarsjónarmið koma fram í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sbr. einnig inngang samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992.

Í 2. mgr. er vísað til þeirrar almennu skyldu foreldra að þeim beri að gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín eftir því sem best hentar hag barnanna og þörfum. Hér er áréttuð sú grundvallarregla allrar löggjafar sem varðar börn, að hagur þeirra og þarfir skuli vera í fyrirrúmi. Þessi regla kemur m.a. fram í 29. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Hér er um að ræða eina af grundvallarreglum barnaréttarins. Hliðstætt ákvæði er í 17. gr. gildandi barnaverndarlaga. Betur þykir fara á að setja þessa mikilvægu meginreglu fram í 1. gr. laganna.

Í 2. mgr. er umhyggja og nærfærni nefnd sérstaklega sem liður í forsjár- og uppeldisskyldum. Í því felst m.a. það veigamikla atriði að í uppeldi sé barni sýnd virðing og beitt skuli samræðum en ekki líkamlegum refsingum þegar svo ber undir.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er markmið barnaverndarlaga skilgreint. Meginmarkmið þeirra er að öll börn á Íslandi búi við viðunandi aðstæður. Með þessu orðalagi er þess freistað að setja barnaverndarstarfi eðlileg og raunhæf markmið. Í orðalaginu felst að barnaverndaryfirvöldum er ekki falið það verkefni að stuðla að því að öll börn búi við bestu mögulegu aðstæður, heldur fyrst og fremst að aðstæður einstakra barna sem yfirvöld hafa afskipti af séu viðunandi. Það er vissulega matsatriði hvaða aðstæður teljast viðunandi. Það getur verið breytilegt á hverjum tíma eftir almennum efnahag, siðferðilegu gildismati og breytilegum kröfum um nauðsynleg lífsgæði.

Í 1. mgr. er jafnframt miðað við að lögin tryggi að börn sem eru í sérstökum vanda fái nauðsynlega aðstoð. Lögð er áhersla á tvenns konar tilvik; annars vegar að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisskilyrði fái nauðsynlega aðstoð og hins vegar að börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái aðstoð. Í fyrra tilvikinu er átt við börn sem eru þolendur óviðunandi skilyrða sem þeim eru búin af hendi þeirra sem hafa umsjá þeirra eða annarra sem hafa afskipti af þeim. Í síðara tilvikinu er átt við börn sem stefna heilsu og þroska í hættu vegna eigin háttsemi, þótt þeim kunni annars að vera búin viðunandi uppeldisskilyrði af hálfu foreldra. Oft fer þetta tvennt þó saman.

Í 2. málsl. 1. mgr. er tekið fram að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Í þessum orðum felst að lögin eru byggð á því að fjölskylda barns gegni lykilhlutverki í uppeldi þess og miða beri barnaverndarstarf fyrst og fremst við að styrkja það hlutverk. Uppbygging laganna er í samræmi við þetta, þar sem ávallt er miðað við að fyrst skuli reynt að ná tökum á vandanum með því að skapa þær aðstæður innan fjölskyldu barnsins að þær teljist viðunandi og þá í samstarfi og samráði við hana, áður en önnur úrræði eru reynd gegn vilja viðkomandi. Í þessu felst jafnframt það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá eigin fjölskyldu og að stöðugleiki ríki í uppvexti þeirra.

Í 2. mgr. er tekið fram að lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Í þessu felst að lögin taka til allra barna á yfirráðasvæði ríkisins án tillits til ríkisborgararéttar og hversu varanleg dvöl barnsins er hér á landi. Þannig geta lögin tekið til barna sem eingöngu koma til landsins sem ferðamenn í stuttan tíma. Bent er á að í 5. mgr. 15. gr. frumvarpsins er m.a. mælt fyrir um lögsögu barnaverndarnefnda þegar um er að ræða börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi. Það getur m.a. átt við um börn sem koma í stuttan tíma, t.d. sem ferðamenn. Að sjálfsögðu getur þó skipt máli varðandi þau úrræði sem til greina kemur að beita hversu lengi dvöl barnsins hér á landi er ætlað að standa. Þá geta lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, sbr. lög nr. 133/1993 og nr. 82/1998, haft áhrif á það hversu lengi einstökum börnum sem koma erlendis frá er heimilt að dvelja í landinu. Þá hafa ýmis önnur lög þýðingu í þessu sambandi, sbr. t.d. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, sbr. lög nr. 47/1993, lög nr. 90/1995 og reglugerð nr. 674/1995. Varðandi möguleika barnaverndaryfirvalda til að beita úrræðum vegna erlendra barna er rétt að hafa í huga að barnaverndaryfirvöld hafa í sjálfu sér ekki heimild til að ákveða að dvöl barnsins hér á landi skuli standa lengur en leiða myndi af lögum þeim sem fyrr voru nefnd eða öðrum lögum sem kunna að hafa þýðingu í því sambandi.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skilgreind hugtökin „barn“, „foreldri“ og „barnaverndaryfirvöld“. Í meginatriðum er stuðst við skilgreiningar sem er að finna í gildandi lögum.

Í 1. mgr. greinir hvað átt er við með orðinu „barn“. Í frumvarpinu tekur það til allra einstaklinga yngri en 18 ára. Miðað er við sama aldursmark í gildandi lögum, sbr. 2. mgr. 1. gr. eins og henni var breytt með c-lið 1. gr. laga nr. 160/1998. Þetta aldursmark er einnig í samræmi við 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, þar sem fram kemur að menn verði lögráða, þ.e. bæði sjálfráða og fjárráða, 18 ára gamlir og enn fremur er þetta í samræmi við 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Í þessu aldursmarki felst jafnframt sú almenna regla að afskiptum barnaverndaryfirvalda af einstökum börnum lýkur þegar þau hafa náð 18 ára aldri. Hitt er þó ljóst að heppilegt getur verið að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið eftir að þessu aldursmarki er náð, t.d. þar sem barn er á fósturheimili eða á stofnun til meðferðar. Af því leiðir að rétt þykir að gera ráð fyrir að barnaverndaryfirvöld geti ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Augljós rök mæla með því að gera ráð fyrir þessu, þar sem árangur meðferðar eða dvalar á fósturheimili getur ráðist af því að unnt sé að halda ráðstöfun áfram. Vakin er athygli á að áþekkt ákvæði er að finna í 3. mgr. 27. gr. gildandi laga, sbr. 18. gr. laga nr. 160/1998.

Í 2. mgr. er tekið fram að með barnaverndaryfirvöldum sé átt við félagsmálaráðuneyti, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir. Um hlutverk ein-

stakra stofnana í barnaverndarmálum er að finna nánari fyrirmæli í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Þá er einnig vísað til almennra athugasemda í greinargerð þessari. Sérstök áhersla er vakin á því að kærunefnd barnaverndarmála kemur fram í upptalningunni í stað barnaverndarráðs.

Hugtökin foreldri og foreldrar koma víða fyrir í frumvarpinu. Leitast er við að skýra þau í 3. mgr. Í samræmi við markmið með barnavernd er gert ráð fyrir víðtækri samvinnu við foreldra um beitingu úrræða þegar þess er þörf en jafnframt er gert ráð fyrir heimildum til beitingar þvingunarúrræða gegn foreldrum, og eftir atvikum barni, þegar nauðsyn krefur. Í þessum tilvikum er eingöngu átt við foreldra sem fara með forsjá barna sinna samkvæmt ákvæðum barnalaga. Orðalagið að jafnaði vísar til þess að í einstaka tilvikum er fjallað um réttarstöðu foreldra sem hafa misst forsjá barna sinna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga en njóta samt tiltekinna réttinda, svo sem í 3. mgr. 33. gr., 56., 74. og 81. gr.

Um 4. gr.

Í þessari grein er safnað saman nokkrum meginreglum alls barnaverndarstarfs. Reglur þessar ber að leggja til grundvallar við beitingu og túlkun laganna.

Í 1. mgr. er sett fram sú almenna grundvallarregla að í barnaverndarstarfi skuli jafnan beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Þetta er grundvallarregla barnaréttar og vísar eins og 1. mgr. til sjálfstæðs réttar barnsins þar sem hagsmunir þess skulu skipa öndvegi. Aðrir hagsmunir, svo sem hagsmunir foreldra, verða þar af leiðandi að víkja ef þeir stangast á við hagsmuni barnsins. Reglan kemur m.a. fram í 1. tölul. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þar er tekið fram að það sem er börnum fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir taka ákvarðanir sem þau varða. Við beitingu þessarar reglu í barnaverndarstarfi eru barnaverndaryfirvöld þó að sjálfsögðu bundin við þau úrræði sem lögin gera ráð fyrir og heimila.

Í 2. mgr. er kveðið á um að börn skuli njóta réttinda í samræmi við aldur og þroska og að í störfum sínum beri barnaverndaryfirvöldum að taka tillit til sjónarmiða þeirra og óska eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfir. Þessar grundvallarreglur eru í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í löggjöf um málefni barna víða um heim á síðustu áratugum þar sem vaxandi áhersla er lögð á sjálfstæðan rétt barnsins. Ýmis ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eru byggð á þessu viðhorfi og þess gætir í vaxandi mæli í íslenskri löggjöf um málefni barna, ekki síst í barnalögum og gildandi barnaverndarlögum. Í hendur við þetta viðhorf helst sú regla að taka beri tillit til sjónarmiða og óska barnsins eftir því sem við á. Í 5. gr. og 1. tölul. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna segir um þetta að aðildarríki skuli tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós í öllum málum sem það varðar og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Reglan er ekki miðuð við að barn hafi náð tilteknum aldri, heldur verður rétturinn ríkari með vaxandi þroska. Eitt af þeim atriðum sem hér fellur undir er að barni sé sýndur trúnaður að svo miklu sem það gengur ekki nærri hagsmunum þess. Sá trúnaður má þó ekki hafa áhrif á tilkynningarskyldu ef upplýsingar sem barn gefur eru alvarlegar og gefa tilefni til að gripið sé til ráðstafana til að tryggja öryggi og velferð þess.

Í 3. mgr. er sett fram sú meginregla að stuðla skuli að því að stöðugleiki ríki í uppvexti barna. Allt barnaverndarstarf miðar að þessu. Ávallt ber að hafa að leiðarljósi að sem minnst röskun verði á lífi barns. Leitast ber við að styðja og styrkja fjölskylduna með þeim úrræðum sem lögin mæla fyrir um. Aðeins þegar sýnt er að hin vægari úrræði koma ekki að haldi er

gert ráð fyrir að öðrum úrræðum sem lengra ganga verði beitt. Í öllum tilvikum ber yfirvöldum að hafa að leiðarljósi hvað hentar best hag og þörfum barnsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þeir hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Þetta er sjálfsögð regla og stuðlar að betri árangri í barnaverndarstarfi. Með þessu er lögð áhersla á að virða skuli réttindi foreldra og annarra sem eru ábyrgir fyrir barni og leitast skuli við að finna úrræði sem henta í samráði við þá og með samþykki þeirra, áður en lengra er gengið. Í frumvarpinu er einnig að finna önnur ákvæði sem byggð eru á þessum sömu viðhorfum, sbr. t.d. 23., 24., 25. og 43. gr.

Í 5. mgr. er lögð áhersla á að barnaverndaryfirvöld skuli í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Í þessu samhengi er jafnframt lögð áhersla á að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi í samskiptum þessara stofnana. Samvinna stofnana sem framfylgja eiga barnaverndarlögum er að sjálfsögðu nauðsynleg, sérstaklega þar sem gera má ráð fyrir að álitamál kunni að rísa um valdsvið og hlutverk þessara stofnana, en einnig til að tryggja að besta mögulega þekking og reynsla nýtist hverju sinni. Þá er nauðsynlegt að barnaverndaryfirvöld eigi góða samvinnu við aðrar stofnanir sem koma að málefnum barna, svo sem heilbrigðisstofnanir, skóla, umboðsmann barna o.fl. Aðeins með því að virða þessa grundvallarreglu er tryggt að hagsmunir þeirra barna sem um er fjallað séu hafðir í fyrirrúmi. Í 20. gr. er að finna ákvæði um samstarf barnaverndaryfirvalda við aðra aðila. Þá ber að hafa þessa reglu að leiðarljósi við túlkun á 20. og 44. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um jafnræðisreglu. Þar kemur fram að barnaverndaryfirvöld skuli í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis. Ákvæðið er hliðstætt 11. gr. stjórnsýslulaga. Þar kemur fram að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðra á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni og öðrum sambærilegum ástæðum. Reglan kemur einnig fram í 75. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem hún á sér stoð í þjóðréttarskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Að því er barnaverndarmál varðar felst megininntak reglunnar í því að sambærileg mál skuli leysa á sambærilegan hátt. Jafnræðisreglan er sjálfsögð og eðlileg sem meginregla. Ljóst er þó að matsatriðin geta verið mörg við framkvæmd hennar, svo sem um það hvenær mál eru sambærileg. Þá getur það verið matsatriði hvenær sjónarmið varðandi úrlausn máls teljast málefnaleg. Mikilvægt er að minna á þessa grundvallarreglu og leggja áherslu á að hún sé ávallt höfð að leiðarljósi.

Í 7. mgr. er sett fram grundvallarregla um beitingu úrræða. Segir að barnaverndaryfirvöld skuli ávallt miða við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná því markmiði sem að er stefnt og aðeins skuli gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Regla þessi er í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga. Þar er tekið fram að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðrum hætti. Þetta er ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins. Sérstök ástæða er til að hafa hana að leiðarljósi í barnaverndarmálum. Afskipti barnaverndaryfirvalda af málefnum barns og fjölskyldu þess er oftar en ekki afar viðkvæmt mál. Af því leiðir það sjónarmið að sérstakar ráðstafanir af hálfu barnaverndaryfirvalda séu því aðeins réttlætanlegar að nauðsyn beri til vegna hagsmuna barnsins. Byggja verður á því sjónarmiði að það séu fyrst og fremst foreldrar barna sem skuli taka ákvarðanir sem varða hagi þeirra. Þetta er í samræmi við almennt viðurkenndar grundvallarreglur um friðhelgi fjölskyldu og einkalífs, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, mannrétt-

indasáttmála Evrópu, einkum 8. gr., sbr. lög nr. 62/1994 og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. Stjórnartíðindi, C-deild, auglýsingu nr. 18/1992. Í síðari hluta málsgreinarinnar er reglan frekar áréttuð þar sem sérstaklega er tekið fram að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu skuli ávallt reynd áður en yfirvöld grípa til beinna þvingunaraðgerða. Þannig er beiting þvingunarráðstafana háð þeim almennu skilyrðum að aðrar leiðir hafi verið reyndar fyrst og að beinar þvingunarráðstafanir séu því aðeins réttlætanlegar að hagsmunir barnsins verði ekki nægjanlega tryggðir með öðrum hætti.

Í 8. mgr. er mælt fyrir um svonefnda trúnaðarreglu. Þar segir að allir þeir sem vinna að barnavernd skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af. Í þessu felst m.a. að öll gögn í barnaverndarmálum skuli varðveita með tryggilegum hætti, sbr. einnig 39. gr. frumvarpsins. Trúnaðarreglan er sjálfsögð og eðlileg, einkum þegar haft er í huga að barnaverndarnefndir hafa oft undir höndum miklar upplýsingar um viðkvæm einka- og fjölskyldumálefni þeirra sem þær hafa afskipti af. Mikilvægt er að gætt sé trúnaðar um slíkar upplýsingar. Enn fremur má gera ráð fyrir að aðilar muni vera fúsari til góðs samstarfs við barnaverndaryfirvöld ef þeir geta treyst því að fyllstu þagmælsku verði gætt um einkamálefni þeirra. Bent er á að þetta ákvæði leggur þá skyldu á barnaverndarnefndir og kærunefnd barnaverndarmála að gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem nefndirnar búa yfir varðandi aðila máls gagnvart utanaðkomandi sem ekki eru aðilar barnaverndarmáls. Barnaverndarnefndir og kærunefnd barnaverndarmála geta ekki í skjóli þessarar reglu neitað aðilum um aðgang að gögnum máls, sbr. nánar ákvæði 45. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða skipulag stjórnsýslu í barnaverndarmálefnum. Barnaverndaryfirvöld eru skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofa, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Viðamesta breytingin að því er varðar stjórn málaflokksins er sú að lagt er til að sett verði á fót kærunefnd barnaverndarmála en hún kemur í stað barnaverndarráðs. Þessi breyting helst í hendur við það að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrskurðarvald í nokkrum mikilvægum málum fari frá barnaverndarnefndum til hinna almennu dómstóla, sbr. það sem um þetta segir í almennum athugasemdum í greinargerð þessari. Einnig eru aðrar breytingar gerðar á einstökum ákvæðum, einkum að því er varðar Barnaverndarstofu. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni heyrir barnavernd undir félagsmálaráðuneytið. Enn fremur ber ráðuneytið ábyrgð á stefnumótun í málaflokknum. Í þessari yfirstjórn ráðuneytisins felst fyrst og fremst að stofnanir sem fjalla um barnavernd og gert er ráð fyrir í frumvarpinu eiga stjórnsýslulega undir félagsmálaráðherra, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum lögum. Þótt gert sé ráð fyrir að félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn barnaverndarmála mælir frumvarpið svo fyrir, sbr. 7. gr., að Barnaverndarstofa, sem er sérstök stofnun sem heyrir undir félagsmálaráðherra, annist stjórnsýslu á þessu sviði. Þá ákveður félagsmálaráðherra aðsetur Barnaverndarstofu. Nánar er hlutverk ráðuneytisins og ráðherra samkvæmt frumvarpinu eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er félagsmálaráðuneytinu ætlað að vinna að laga- og reglugerðasetningu og veita álit um túlkun barnaverndarlaga og annarra laga á þessu sviði. Í öðru lagi ber ríkinu (félagsmálaráðuneyti) að sjá til þess að tiltæk séu úrræði skv. 79. gr. frumvarpsins, svo sem vistheimili, neyðarmóttökur, meðferðarheimili og önnur úrræði. Í þriðja lagi má nefna að

félagsmálaráðherra ber að sjá til þess að barnaverndarnefndir séu starfandi í öllum sveitarfélögum, sbr. nánar ákvæði 10. og 11. gr. frumvarpsins. Hér er ekki um að ræða tæmandi talningu á hlutverki ráðuneytis og ráðherra samkvæmt frumvarpi þessu.

Í stefnumótun félagsmálaráðuneytis, sbr. 2. mgr., er gert ráð fyrir að hún sé byggð á þeirri þekkingu sem til er hverju sinni um börn og aðstæður þeirra. Um einstök atriði stefnumótunar má nefna uppbyggingu heimila og stofnana skv. 79. gr. frumvarpsins. Jafnframt verður að gera ráð fyrir að ráðuneytið láti reglulega endurskoða stefnuna á grundvelli úttekta á barnaverndarstarfi og þeim úrræðum sem til greina kemur að beita hverju sinni til að stuðla að því að viðunandi árangur náist. Þess má vænta að mótun heildarstefnu í barnaverndarmálum geti orðið til þess að tryggja að öll börn njóti sambærilegrar þjónustu enn frekar en nú er.

Bent er á að ekki er gert ráð fyrir að ráðuneytið fari áfram með úrskurðarvald í málaflokknum eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum, sbr. t.d. 3. mgr. 3. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að úrskurðir barnaverndarnefnda verði nú einungis kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Einstakar stjórnvaldsákvarðanir Barnaverndarstofu sæta einnig kæru til kærunefndar barnaverndarmála en ekki til ráðuneytisins eins og gert er ráð fyrir samkvæmt gildandi lögum. Um heimildir til að skjóta úrskurðum kærunefndar til hinna almennu dómstóla fer samkvæmt almennum reglum sem um það gilda.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi kærunefnd barnaverndarmála. Miðað er við að til nefndarinnar verði skotið úrskurðum barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Þá er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu, sbr. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að kærunefndin taki við verulegum hluta þeirra verkefna sem nú eru hjá barnaverndarráði, að frátöldum þeim málum sem fara eiga beint til dómstóla samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í frumvarpi þessu. Enn fremur tekur kærunefndin við hluta þeirra verkefna sem nú eru á hendi ráðuneytisins, með því að unnt er að skjóta til hennar nánar tilteknum ákvörðunum Barnaverndarstofu sem unnt er samkvæmt gildandi lögum að skjóta til félagsmálaráðherra, sbr. það sem áður segir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að þrír menn sitji í kærunefnd barnaverndarmála og að formaðurinn skuli vera lögfræðingur sem fullnægir hæfisskilyrðum héraðsdómara. Gert er ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands tilnefni formanninn. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að í nefndinni sitji fólk sem hefur sérstaka þekkingu á barnaverndarmálum vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu.

Samkvæmt 3. mgr. eru úrskurðir nefndarinnar endanlegir á stjórnsýslustigi. Þeim verður þar af leiðandi ekki skotið til félagsmálaráðherra til endurskoðunar né annars stjórnvalds.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um stjórnsýslulega stöðu og hlutverk Barnaverndarstofu. Fram kemur í 1. mgr. að Barnaverndarstofa er sérstök stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Stofunni er ætlað að annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Með þessu er staða Barnaverndarstofu í stjórnsýslu ríkisins skilgreind með hliðstæðum hætti og hlutverk Jafnréttisstofu, sbr. 2. gr. laga nr. 96/2000. Í þessu felst fyrst og fremst að Barnaverndarstofa fer í reynd með yfirumsjón og stjórnsýslu þeirra þátta barnaverndarstarfs sem eru á ábyrgð

og verksviði ríkisins samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa eða reglugerða sem settar kunna að verða með stoð í þeim.

Hlutverk Barnaverndarstofu er nánar skilgreint í eftirfarandi málsgreinum, sbr. einnig 8. gr. frumvarpsins. Reglur þessar eru í öllum meginatriðum sambærilegar við það sem er að finna í gildandi barnaverndarlögum, sbr. kaflann um Barnaverndarstofu í almenna hluta greinargerðar þessarar, þótt ýmsar breytingar sé að finna á efni þeirra og framsetningu.

Að því er varðar tengsl Barnaverndarstofu við barnaverndarnefndir má segja að þau felist í tvennu. Í fyrsta lagi er um að ræða leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf af hálfu Barnaverndarstofu og í öðru lagi eftirlit stofunnar með því að barnaverndarnefndir starfi lögum samkvæmt. Eftirlit Barnaverndarstofu getur ýmist verið að frumkvæði stofunnar eða komið til vegna kvartana um að barnaverndarnefnd sinni ekki hlutverki sínu, sbr. nánar ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Frumkvæði Barnaverndarstofu felst m.a. í því að kalla eftir reglubundnum skýrslum frá nefndum um starfsemi þeirra eða upplýsingum um einstök atriði eða einstök mál. Kvartanir sem stofunni berast eru afgreiddar með formlegum hætti, með því að kalla eftir upplýsingum frá viðkomandi nefnd og koma á framfæri ábendingum eða tilmælum um að gera ráðstafanir til þess að meðferð mála verði í samræmi við ákvæði laga. Sú gagnrýni hefur komið fram að varhugavert sé að eftirlit með barnaverndarnefndum fari saman við hlutverk stofunnar varðandi leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf. Það samrýmist tæplega góðum stjórnsýsluháttum að hafa þetta tvíþætta hlutverk á einni og sömu hendi. Nefndin hefur rætt nokkuð um þetta. Niðurstaða hennar er sú að þrátt fyrir þá galla sem í slíku fyrirkomulagi kunni að felast sé rétt að gera ráð fyrir lítt breyttri skipan þessara mála enn um sinn. Nefndin telur að hafa verði í huga að leiðbeiningar og ráðgjöf til barnaverndarnefnda eru fyrst og fremst almenns eðlis, þ.e. að svara spurningum um almenna túlkun eða framkvæmd barnaverndarlaga við tilteknar aðstæður og um þær leiðir sem færar eru í einstökum málum. Í þessu felst því ekki að Barnaverndarstofa taki beinan þátt í vinnslu tiltekins barnaverndarmáls eða taki formlega þátt í einstökum ákvörðunum þeirra. Byggt er á því að heppilegt sé fyrir hinar fjölmörgu barnaverndarnefndir í landinu að geta leitað á einn stað eftir leiðbeiningum og ráðgjöf og það hljóti að vera til þess fallið að stuðla að samræmi og samhæfingu í starfsemi nefndanna og túlkun þeirra og framkvæmd á barnaverndarlögum. Eftirliti Barnaverndarstofu er á hinn bóginn fyrst og fremst ætlað að samhæfa barnaverndarstarf á landinu og fylgjast með því að barnaverndarnefndir ræki skyldur sínar lögum samkvæmt. Markmiðið sé í raun það sama, að stuðla að samræmingu í starfi barnaverndarnefnda á öllu landinu sem um leið uppfylli fyrirmæli barnaverndarlaga. Til viðbótar þessu skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að einstökum ákvörðunum eða úrskurðum nefndanna verði skotið til Barnaverndarstofu. Í þessu felst að Barnaverndarstofa fjallar ekki um kærur á stjórnsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda heldur einungis um almennar kvartanir sem lúta að vinnslu máls og kvartanir sem lúta að starfsháttum nefndanna almennt og starfsvenjum þeirra. Af þessu leiðir einnig að ekki er hætta á að Barnaverndarstofa þurfi að úrskurða á kærustigi í málum sem hún kann með einhverjum hætti að hafa komið að á fyrri stigum í formi leiðbeininga, ráðgjafar eða tilmæla.

Samkvæmt 2. mgr. hefur Barnaverndarstofa það hlutverk að vinna að almennri samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Enn fremur skal hún hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar. Að því er síðastnefnda varðar má t.d. nefna að í athugasemdum sem Sálfræðingafélag Íslands sendi nefndinni er bent á nauðsyn þess að stunda rannsóknir á þýðingu þeirra úrræða sem barnaverndaryfirvöld beita. Slíkt geti stuðlað að betri skilningi á gildi þessara úrræða og til lengri tíma betra barnaverndarstarfi.

Samkvæmt 3. mgr. skal Barnaverndarstofa hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, sbr. nánar ákvæði 8. gr.

Í 4. mgr. er ráðgert að Barnaverndarstofa annist leyfisveitingar til fósturforeldra og að stofan veiti barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum, sbr. nánar reglur XII. kafla frumvarpsins. Rétt þykir að gera ráð fyrir að Barnaverndarstofa fari með þessi verkefni. Með þessu er leitast við að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir nýtingu þessa úrræðis og samhæfingu og faglega framkvæmd þess.

Í 5. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofu er ætlað að fara með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til þess að séu tiltæk skv. XIII. kafla frumvarpsins. Stofunni ber einnig að hlutast til um það að slíkar stofnanir verði settar á fót. Enn fremur ber stofunni að hafa yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Þá annast hún leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laganna. Á grundvelli þessa ákvæðis getur Barnaverndarstofa sett stofnunum skv. XIII. kafla erindisbréf, m.a. varðandi sérhæfingu þeirra, meðferðarstefnu og annað það sem að starfsemi þeirra lýtur. Er þetta samsvarandi því hlutverki sem Barnaverndarstofa hefur gagnvart meðferðarheimilum og stofnunum skv. 5. mgr. 51. gr. núgildandi laga en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mun fleiri tegundir úrræða falli hér undir, sbr. nánar athugasemdir í almennum hluta og við XIII. kafla frumvarpsins.

Í 6. mgr. er mælt svo fyrir að Barnaverndarstofa skuli stuðla að þverfaglegu samstarfi, samhæfingu og eflingu stofnana sem sinna barnavernd, m.a. með rekstri sérstakra þjónustumiðstöðva sem veita sérhæfða þjónustu á sviði barnaverndar. Jafnframt er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum sérhæfða þjónustu vegna verkefna sem nefndunum er skylt að sinna. Þá er tekið fram að Barnaverndarstofu sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem Barnaverndarstofa veitir samkvæmt þessu ákvæði eftir reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Ákvæði þetta, að því er varðar beint þjónustuhlutverk Barnaverndarstofu, er nýmæli. Með því er átt við að ef Barnaverndarstofa metur það æskilegt þá geti stofan boðið sértæka þjónustu, fyrst og fremst sérhæfð úrræði, sem barnaverndarnefndum ber að öðru jöfnu að hafa tiltæk. Kemur þetta helst til álita þegar þörf er sérhæfingar, svo sem við meðferð utan stofnunar í málum vegna kynferðisbrota bæði fyrir þolendur og gerendur, og annars konar meðferð utan stofnunar vegna afmarkaðra vandamála, t.d. vímuefnanotkunar eða hegðunarerfiðleika. Einnig gerir þetta Barnaverndarstofu kleift að þróa nýjungar í meðferð fyrir börn utan stofnana, en sífellt meiri áhersla er lögð á slíkt í nágrannalöndum okkar. Barnaverndarstofa hefur unnið að slíkum verkefnum og hefur sótt heimild til þess í ákvæði um rannsóknar- og þróunarstarf. Eitt af mikilvægustu verkefnum Barnaverndarstofu af þessu tagi hingað til er Barnahús. Um Barnahús er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Erfitt er að sjá fyrir sér að einstakar barnaverndarnefndir geti haft frumkvæði eða rekið úrræði sem næði markmiðum slíkrar miðstöðvar. Nefndin telur æskilegt að renna styrkari stoðum undir möguleika Barnaverndarstofu á því að koma þjónustu af þessu tagi á laggirnar. Á því er tillagan í 6. mgr. byggð.

Ákvæði 7. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 8. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofa skuli árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína. Slíkar skýrslur munu veita mikilvægar upplýsingar um barnaverndarstarf í landinu.

Að síðustu er kveðið á um það í 9. mgr. að félagsmálaráðherra skuli kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð. Gildandi reglugerð um Barnaverndarstofu er nr. 264/1995.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað nánar um eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Í 1. mgr. er ráðgert að barnaverndarnefndir sendi Barnaverndarstofu árlega skýrslu um starfsemi sína. Ársskýrslurnar veita Barnaverndarstofu heildarsýn yfir stöðu barnaverndarmála á landinu. Skv. 2. mgr. getur stofan enn fremur krafið nefndirnar um frekari skýrslur ef tilefni er til.

Í 3. mgr. er ráðgert að Barnaverndarstofa geti, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd. Meðferð á kvörtunum yfir störfum barnaverndarnefnda sem berast frá aðilum barnaverndarmáls eða öðrum sem eiga samskipti við nefndirnar eða jafnvel hinum almenna borgara er að mati nefndarinnar eðlilegur hluti af rækslu hins almenna eftirlits með starfi nefndanna. Slíkar kvartanir geta síðan verið tilefni til þess að Barnaverndarstofa setji fram leiðbeiningar eða tilmæli um það sem betur má fara í starfsemi viðkomandi nefndar. Þetta stuðlar þannig að samræmingu barnaverndarstarfs og væntanlega árangursríkara barnaverndarstarfi þegar á heildina er litið. Við rækslu þessa hlutverks síns ber Barnaverndarstofu að gæta þess að afskipti stofunnar verki ekki truflandi á vinnslu einstakra mála.

Í 4. mgr. kemur fram að telji Barnaverndarstofa að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skuli hún leiðbeina nefnd um málsmeðferð og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Ekki er gert ráð fyrir að leiðbeiningar eða ábendingar Barnaverndarstofu hafi áhrif á lagalegt gildi ákvarðana nefndanna. Þó verður að líta svo á að nefndunum beri almennt að haga störfum sínum og vinnslu barnaverndarmála í samræmi við leiðbeiningar og ábendingar stofunnar. Ákvarðanir Barnaverndarstofu eru í þeim skilningi bindandi fyrir nefndirnar. Ef Barnaverndarstofa telur að nefndin sinni ekki lögmæltum skyldum sínum getur hún áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar og gert sveitarstjórn viðvart.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga til að marka sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil. Ákvæði greinarinnar, sem er nýmæli, er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og markvissu og árangursríkara barnaverndarstarfi. Í slíkri áætlun skal m.a. koma fram að sett séu markmið í barnaverndarstarfi, skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangsröðun verkefna, mat á starfsmannaþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað, sbr. a-lið 12. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman ýmsum almennum ákvæðum um barnaverndarnefndir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum kom ákvæði um barnaverndarnefndir fyrst inn í lög um barnavernd, nr. 43/1932. Síðan þá hafa barnaverndarnefndir myndað grundvöll að skipulagi barnaverndarmála á Íslandi. Í þessu frumvarpi er miðað við að svo verði áfram.

Samkvæmt skýrslum Barnaverndarstofu voru barnaverndarnefndir í árslok 1999 alls 56 talsins á vegum 124 sveitarfélaga. Til að fá hugmynd um starfsemi þeirra má geta þess að á þessu sama ári bárust nefndunum alls 2683 tilkynningar. Þá höfðu þær afskipti af samtals 2958 börnum í 2285 fjölskyldum.

Um 10. gr.

Í greininni eru almenn ákvæði um barnaverndarnefndir.

Í 1. mgr. kemur fram að á vegum sveitarfélaga skuli starfa barnaverndarnefndir. Hliðstætt ákvæði er í 1. málsl. 6. gr. gildandi laga. Eðlilegt þykir að þetta ákvæði komi fram í upphafi kaflans.

Í umræðum um barnaverndarmál hér á landi er því gjarnan haldið fram að barnaverndarnefndir séu of margar og smæð umdæmanna standi virku barnaverndarstarfi fyrir þrifum. Fámenn sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að sinna raunhæfu barnaverndarstarfi, bæði vegna fjárskorts og vegna þess að þekking, þjálfun og reynsla fæst ekki þar sem fá mál eru til meðferðar á löngu tímabili. Í greinargerð með frumvarpi til laga um vernd barna og ungmenna sem varð að gildandi lögum var lögð mikil áhersla á að barnaverndarumdæmi yrðu stækkuð. Þegar lög nr. 58/1992 tóku gildi voru sveitarfélög í landinu 197 og barnaverndarnefndir jafnmargar, en á árunum þar á undan voru nefndirnar allt að 223.

Tillögur, sem upphaflega komu fram í frumvarpi því sem síðar varð að gildandi lögum og áttu að stefna að því að fækka nefndunum og styrkja þær, fólu í meginatriðum í sér að sérstakar barnaverndarnefndir yrðu aðeins kosnar í Reykjavík og í kaupstöðum en í öðrum tilvikum skyldu héraðsnefndir kjósa barnaverndarnefnd fyrir umdæmi sitt í heild. Þessum tillögum í frumvarpinu var breytt í meðförum þingsins á þann veg sem gildandi lög gera nú ráð fyrir og tekið er upp að nokkru í þessu frumvarpi. Breytingar sem gerðar voru fólust aðallega í því að sveitarstjórnum var fengið frelsi til að velja þá skipan sem þeim var talin henta með því að þeim er heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar. Enn fremur fólust breytingar í því að ekki er kveðið á um lágmarksíbúafjölda eins og í raun var gert ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi með því að miða einstaka barnaverndarnefnd við lágmarksstærð kaupstaðar, eða 1000 íbúa, sbr. 2. mgr. 10. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986. Í núgildandi lögum segir einungis að minni sveitarfélög skuli sameinast um kosningu barnaverndarnefndar.

Nokkur árangur hefur náðst í fækkun og stækkun barnaverndarumdæma. Þannig voru barnaverndarnefndir í lok ársins 1996 82, í lok árs 1998 62 talsins eða helmingi færri en sveitarfélög í landinu og í lok ársins 1999 voru nefndirnar 56. Fækkun nefndanna skýrist bæði af sameiningu sveitarfélaga og fækkun þeirra og því að í allmörgum tilfellum hafa sveitarfélög komið sér saman um barnaverndarnefndir. Geta má þess að af nefndunum sem voru starfandi í lok árs 1998 fóru 28 eingöngu með verkefni á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, en 34 félagsmálanefndum hafði verið falið hlutverk barnaverndarnefnda.

Þróunin síðustu ár kemur berlega í ljós í meðfylgjandi töflu sem sýnir íbúafjölda að baki hverri nefnd á árunum 1996, 1998 og 1999.

	Fjöldi nefnda		
Íbúafjöldi	**1996**	**1998**	**1999**
<100	7	6	4
100–500	20	11	6
500–1000	15	7	9
1000–2000	20	15	15
2000–3000	5	7	5
3000–4000	1	1	2
4000–5000	7	6	6
5000>	7	9	9
Heildarfjöldi	**82**	**62**	**56**

Þrátt fyrir þessa þróun er ljóst að mörg barnaverndarumdæmi eru enn of fámenn til að uppi verði haldið virku barnaverndarstarfi. Í lok árs 1998 voru sex sveitarfélög með innan við 100 íbúa sem höfðu sérstaka barnaverndarnefnd og í lok ársins 1999 voru þau enn fjögur. Þar af voru tvö sveitarfélög með innan við 50 íbúa, Vindhælishreppur með 41 íbúa og Mjóafjarðarhreppur með 31 íbúa. Starfsskilyrði nefndanna eru enn víða ófullnægjandi vegna fámennis en einnig vegna þeirrar miklu nálægðar sem þar ríkir milli nefndarmanna og annarra íbúa sveitarfélagsins. Ýmsir þeirra sem sent hafa nefndinni athugasemdir telja að stefna beri að því að fækka nefndunum enn frekar til að stuðla að því að markmiðum barnaverndarlaga verði betur náð. Í því skyni eru í þessu frumvarpi lögð til ákveðin nýmæli sem eiga að stuðla að því að efla og styrkja barnaverndarnefndir, sbr. t.d. ákvæði 2. málsl. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Nánar er gerð grein fyrir þessum ákvæðum hér á eftir.

Í 2. mgr. er tekið fram að sveitarstjórn skuli kjósa barnaverndarnefnd, sbr. þó ákvæði 3. og 4. mgr. Tekið er fram í 2. mgr. að fámennari sveitarfélög skuli hafa samvinnu sín á milli við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Miðað er við að fjöldi íbúa í hverju barnaverndarumdæmi verði ekki undir 1500. Þetta síðastnefnda er nýmæli og er ætlað að tryggja ákveðna lágmarksstærð barnaverndarumdæma og stuðla þannig að eflingu barnaverndarnefnda og virkara starfi þeirra. Reynslan hefur sýnt að mjög erfitt er að halda uppi virku barnaverndarstarfi í fámennustu sveitarfélögunum. Vakin er athygli á því að í lokamálslið 4. mgr. 11. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir ráðherra til að víkja frá þessari íbúafjöldareglu við tilteknar aðstæður.

Í 3. mgr. kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir. Þetta ákvæði samsvarar 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Allmörg dæmi eru þess að sveitarfélög hafi nýtt sér þessa heimild.

Í 4. mgr. er tekið fram að sveitarstjórn sé heimilt að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skuli gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda. Þetta ákvæði samsvarar 2. mgr. 6. gr. gildandi laga. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að mikilvægt er að félagsmálanefnd, sem jafnframt hefur með höndum verkefni barnaverndarnefndar, geri skýran greinarmun á hlutverkum sínum eftir því hvort hún er að fjalla um barnaverndarmál eða önnur mál sem henni eru falin lögum samkvæmt. Allmörg dæmi eru þess að sveitarfélög hafi nýtt sér þessa heimild.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um fjölda nefndarmanna o.fl. Tekið er fram að fimm nefndarmenn skuli eiga sæti í barnaverndarnefndum og jafnmargir varamenn. Heimilt er þó að þeir séu sjö í þeim tilvikum þegar fleiri en eitt sveitarfélag standa saman að nefnd. Þá skuli nefndin að jafnaði skipuð bæði konum og körlum.

Þessi ákvæði eru sambærileg við það sem er í gildandi lögum. Þrátt fyrir þessi skýru ákvæði hefur borið við að ekki sé nægilega gætt að því að nefndir séu fullskipaðar. Nokkur dæmi eru þess að aðeins hafi verið skipaðir þrír fulltrúar. Flestar þessara nefnda hafa verið félagsmálanefndir, sem jafnframt hafa fengið það hlutverk að sinna störfum barnaverndarnefnda, en í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er heimild til að skipa nefndina þremur fulltrúum hið minnsta. Þannig var ljóst að mismunandi skilyrði voru í lögum í þessu efni. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að eftir breytingu á lögum um félagsþjónustu með lögum nr. 34/1997, sbr. 1. gr., er gert ráð fyrir að fimm fulltrúar sitji í félagsmálanefnd. Þetta

misræmi ætti því að vera úr sögunni. Í árslok 1999 voru þó enn þrjár nefndir á landinu skipaðar þremur fulltrúum hver, þ.e. í Grímsey, Vindhælishreppi og Mjóafjarðarhreppi.

Í frumvarpinu, eins og í gildandi lögum, er gert ráð fyrir að í barnaverndarnefnd sitji bæði karlar og konur. Í sumum tilfellum hefur reynst erfitt að fullnægja þessu skilyrði. Þannig voru í árslok 1998 níu nefndir eingöngu skipaðar konum en aðeins ein var eingöngu skipuð körlum. Árið 1998 var fjöldi fulltrúa í nefndum 308, þar af voru 211 konur en karlar voru 97. Í árslok 1999 voru samsvarandi tölur 273, þar af 193 konur og 80 karlar. Það ár voru átta nefndir einungis skipaðar konum og konur í meiri hluta í alls 42 nefndum, þar af einn karl í 21 nefnd og tveir karlar í 21 nefnd. Engin nefnd var eingöngu skipuð körlum.

Tekið er fram, eins og í gildandi lögum, að leitast skuli við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Þetta eru eðlileg skilyrði þar sem oft reynir á fagþekkingu í starfi barnaverndarnefnda, bæði lögfræðilega og annars konar sérfræðiþekkingu.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa en það er að öllu leyti sambærilegt við það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir tilkynni Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar hafa verið haldnar. Enn fremur ber að tilkynna stofunni um breytingar sem verða á nefndinni á kjörtímabilinu. Með þessari tilkynningarskyldu er stuðlað að því að Barnaverndarstofa geti sinnt eftirlitsskyldum sínum.

Ákvæði 4. mgr. miðar einnig að því marki að í sveitarfélögum eða á vegum þeirra starfi barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna. Þar kemur fram að fari sveitarstjórn ekki að lögum um skipan barnaverndarnefndar skv. 1. mgr. geti félagsmálaráðherra ákveðið að liðnum sex mánuðum frá sveitarstjórnarkosningum að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Ráðherra getur m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Heimild ráðherra samkvæmt þessari málsgrein er alfarið byggð á barnaverndarsjónarmiðum. Reynslan sýnir að fyrir kemur að ákvæði laganna um skipan barnaverndarnefndar er ekki virt og þykir því rétt að leggja til að sett verði í lögin ákvæði sem stuðla á að því að fyrirmælum þeirra verði fylgt. Aftur er vakin athygli á lokamálslið 4. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að ráðherra geti vikið frá íbúafjöldareglunni í 1. mgr. 10. gr. þegar íbúafjöldi að baki nefnd er nálægt því að vera 1500 og landfræðilegar og aðrar ástæður gera það torvelt eða óhagkvæmt að ná þessum fjölda. Rétt þykir að gera ráð fyrir slíkri undanþágu til að skapa nauðsynlegan sveigjanleika í þessu efni, eftir því sem aðstæður krefjast.

Í 5. mgr. er tekið fram að starfandi barnaverndarnefnd haldi að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga. Í þessu felst að starfandi barnaverndarnefnd missir ekki sjálfkrafa umboð sitt þegar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Þetta er sjálfsögð regla og tryggir að umboð barnaverndarnefndar falli ekki niður áður en ný hefur verið kosin eða skipuð.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er hliðstætt 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að orðalagi hefur verið breytt og ákvæði um forvarnir verið tekið út. Í því sambandi er vakin athygli á ákvæði 9. tölul. 11. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem segir að félagsmála-

nefndir skuli beita sér fyrir forvörnum sem séu til þess fallnar að tryggja stöðu einstaklinga og fjölskyldna. Í VIII. kafla laganna er tekið fram að félagsmálanefndum beri að gæta hagsmuna barna og ungmenna í hvívetna og að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða. Einnig að félagsmálanefnd skuli gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af. Skv. 35. gr. laganna um félagsþjónustu, sbr. lög nr. 34/1997, er sérstaklega tekið fram að fyrir tilstuðlan sveitarfélaga skuli vera skipulagt forvarnastarf í unglingamálum sem miði að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir. Ekki þykir ástæða til að gera einnig ráð fyrir þessu sem sérstöku verkefni barnaverndarnefnda og því er lagt til í þessu frumvarpi að ákvæði gildandi laga sem að þessu lýtur verði fellt niður.

Í a-lið 1. mgr. er kveðið á um eftirlit. Ákvæði er að því leyti breytt frá gildandi lögum að ekki er kveðið sérstaklega á um hlutverk barnaverndarnefnda varðandi eftirlit með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum á dvalarheimilum fyrir börn, sbr. nánar ákvæði 4. gr. gildandi laga. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir leitarstarfi. Um þetta hlutverk nefndanna að því er varðar eftirlit með heimilum og stofnunum er nánar fjallað í XIII., XIV. og XVI. kafla frumvarpsins sem hafa að geyma ákvæði um eftirlit með heimilum fyrir börn og verkaskiptingu milli Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda í því sambandi. Í samræmi við þetta er í ákvæði frumvarpsins lögð áhersla á að barnaverndarnefnd kanni aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna sem ætla má að búi við óviðunandi skilyrði. Orðalag ákvæðis samkvæmt þessu frumvarpi er í betra samræmi við raunverulegt hlutverk barnaverndarnefnda sem felst í könnun á aðstæðum einstakra barna þegar tilefni er til fremur en eftirliti með högum barna almennt.

Í b-lið er kveðið á um úrræði barnaverndarnefnda. Kjarni starfs barnaverndarnefnda hefur verið og verður áfram afskipti þeirra af málefnum einstakra fjölskyldna og barna og beiting úrræða sem lögin bjóða til að tryggja einstökum börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Lögin hafa að öðru leyti að geyma ákvæði um nánari útfærslu á þessum úrræðum, skilyrðum fyrir beitingu þeirra o.fl.

Í c-lið er kveðið á um önnur verkefni sem nefndunum eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum eða verkefni sem sveitarstjórn felur barnaverndarnefnd. Hér má t.d. nefna ákvæði ættleiðingarlaga, nr. 130/1999, um hlutverk barnaverndarnefnda varðandi umsagnir í ættleiðingarmálum.

Um 13. gr.

Ákvæðum 13. gr. frumvarpsins er ætlað að tryggja sjálfstæði barnaverndarnefnda, einkum gagnvart sveitarstjórn. Lagt er til að lögfestar verði meginreglur sem taldar hafa verið gilda um þetta efni. Sjálfsagt er að undirstrika faglegt sjálfstæði nefndanna á þennan hátt þar sem starf þeirra er í eðli sínu ópólitískt. Sjálfstæði barnaverndarnefnda leiðir einnig af þeim reglum laganna sem kveða á um sérstakt eftirlit með störfum þeirra. Þannig eru barnaverndarnefndir háðar eftirliti Barnaverndarstofu og ákvarðanir þeirra kæranlegar til kærunefndar barnaverndarmála eða dómstóla en ekki sveitarstjórnar, sbr. 3. mgr.

Í 1. mgr. er tekið fram að sveitarstjórnir geta ekki gefið barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála. Þetta leiðir beinlínis af þeim meginsjónarmiðum sem ákvæði greinarinnar eru reist á.

Þá á sveitarstjórn skv. 2. mgr. ekki rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum sem varða einstök barnaverndarmál sem eru til meðferðar. Slík gögn varða oftar en ekki viðkvæm fjölskyldumálefni íbúa sveitarfélagsins en snerta ekki að öðru leyti málefni sveitarfélagsins sem slíks.

Enn fremur er tekið fram í 3. mgr. að ákvörðunum barnaverndarnefnda verði ekki skotið til sveitarstjórnar til endurskoðunar. Þetta ákvæði undirstrikar enn frekar faglegt sjálfstæði nefndanna gagnvart sveitarstjórn.

Um 14. gr.

Ákvæði 14. gr. eru að nokkru hliðstæð 7. gr. gildandi laga. Þó er vakin athygli á að 1. mgr. er nokkuð breytt. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að barnaverndarnefndir hafi aðgang að sérhæfðu starfsliði eða að sérfræðiþekkingu fólks með viðhlítandi menntun, hvort sem það fólk er í fullu starfi eða hlutastarfi hjá barnaverndarnefnd eða eftir atvikum vinnur að einstökum verkefnum þegar þörf er á. Með sérhæfðu fólki í þessari grein er átt við fólk sem hefur sérmenntað sig á þeim sviðum sem helst reynir á í barnaverndarstarfi, þ.e. lækna (geðlækna), sálfræðinga, félagsráðgjafa, sérmenntaða kennara og uppeldisfræðinga. Nokkuð skortir á víða um landið að barnaverndarnefndir hafi nægan aðgang að sérhæfðu starfsliði og stendur það barnaverndarstarfi fyrir þrifum. Við þær aðstæður er hætta á að mál séu ekki nægilega könnuð, málsmeðferð verði ómarkviss og dragist á langinn og réttarstöðu aðila máls verði ekki gætt sem skyldi.

Í árslok 1999 höfðu 34 nefndir af 56 sérhæfða starfsmenn og þær nefndir sem höfðu fleiri en einn starfsmann voru 19. Í mörgum tilvikum voru þeir einnig starfsmenn félagsmálanefndar. Þess má geta að einna algengast er að leitað sé ráðgjafar á Barnaverndarstofu af starfsmönnum sem starfa einir fyrir nefnd. Þetta undirstrikar að einhverju leyti nauðsyn á frekari fagþekkingu, t.d. frekari sérhæfingu í þessum málum sem eru oft mjög erfið. Margar nefndanna ráða sérhæft starfsfólk þegar á þarf að halda til að sinna einstökum verkefnum, en hafa það að öðru leyti ekki í föstum störfum. Nokkuð skortir þó á að barnaverndarnefndir sem fara þessa leið geri nægilega skýra samninga við starfsmenn sem ráðnir eru í einstök verkefni, svo sem um verkaskiptingu nefndarinnar og viðkomandi starfsmanns og afmörkun á því hvaða verkefni honum eru falin. Þetta getur leitt til þess að samfella verður ekki trygg í einstaka málum, skorts á nægjanlegu eftirliti og yfirsýn barnaverndarnefnda yfir þau verkefni sem nefndir bera ábyrgð á og hættu á ójafnræði við afgreiðslu barnaverndarmála. Mikilvægt er að kveða skýrt á um þessi atriði þegar starfsmenn eða verktakar eru ráðnir til að sinna einstökum verkefnum.

Stækkun barnaverndarumdæma ætti að auka möguleika og getu nefndanna til að ráða sérhæft starfslið eða kaupa sér sérfræðiþjónustu vegna einstakra mála.

Ákvæði 2. mgr. miðar í reynd að sama marki og 1. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að barnaverndarnefndir geti samið við stofnanir á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu um sameiginlegt starfsmannahald og aðgang að sérfræðiþjónustu. Með ákvæðinu er undirstrikað að nefndirnar geta farið ýmsar aðrar leiðir til að tryggja sér aðgang að sérfræðiþekkingu en með því að ráða sérfræðinga til starfa hjá nefndunum. Rétt er að benda á að starfsmönnum sem sinna fleiri verkefnum ber að gæta þess að skilja á milli vinnu við hina ólíku málaflokka sem þeir vinna að og gæta trúnaðar um upplýsingar í barnaverndarmálum.

Í 3. og 4. mgr. er að finna ákvæði sem varða framsal á ákvörðunarvaldi nefndanna til einstakra starfsmanna, en álitaefni sem að þessu lúta koma stundum upp.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd verði heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka eftir reglum sem nefndin setur sjálf. Í reglum þessum verði unnt að mæla fyrir um það hvaða starfsmenn skuli hafa heimild til að ákveða að hefja könnun máls, sbr. 21. gr., semja greinargerð og gera áætlun skv. 23. gr. o.fl. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að í þessum reglum verði heimilt að fela einstökum starfsmönnum að taka ákvarðanir skv. 24. og 25. gr., að því marki sem það er gert með samþykki foreldra.

Mikilvægt er að vandað sé til slíkra reglna og skýrt sé kveðið á um það hvaða starfsmenn hafi þetta ákvörðunarvald og í hvaða mæli. Þá er einnig vert að benda á að þetta ákvæði frumvarpsins felur aðeins í sér heimild barnaverndarnefndar til að framselja ákvörðunarvaldið til einstakra starfsmanna, en ekki skyldu. Þannig hefur nefndin það í hendi sér hvort og að hvaða marki þetta skuli gert. Í reynd felur þetta í sér að barnaverndarnefnd er heimilt að framselja í slíkum reglum ákvörðunarvald í öllum málum sem ekki falla undir 4. mgr. þessarar greinar. Vakin er athygli á að í 31. gr. frumvarpsins er beinlínis gert ráð fyrir að formaður nefndar, eða starfsmaður í umboði hans, framkvæmi neyðarráðstafanir. Í þessari grein er því að finna sjálfstæða heimild fyrir formann til að fela einstökum starfsmönnum að framkvæma ráðstafanir. Heimildin tekur fyrst og fremst til þess að fela föstum starfsmönnum nefndanna að taka einstakar ákvarðanir. Um heimildir sjálfstæðra verktaka sem taka að sér að vinna að einstökum verkefnum fer samkvæmt nánari ákvæðum í samningi hans við nefndina, sbr. athugasemdir hér að framan við 1. mgr.

Í 4. mgr. er tekið fram að vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verði ekki framselt til einstakra starfsmanna. Með þessu er í reynd jafnframt undirstrikuð sú meginregla að barnaverndarnefndir geta framselt til starfsmanna vald til að taka aðrar ákvarðanir. Þær ákvarðanir sem 4. mgr. vísar til eru á hinn bóginn þess eðlis að rétt þykir að gera ráð fyrir að þær séu teknar af nefndinni sjálfri.

Um 15. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um valdmörk barnaverndarnefnda og samstarf milli þeirra. Í gildandi lögum segir að barnaverndarnefnd þar sem barn er dvalfast eigi úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. mgr. Túlkun orðsins „dvalfast“ hefur valdið vafa í framkvæmd og þykir rétt að orða þetta þannig að notað sé hugtak sem skilgreint er í lögum. Í 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, segir að lögheimili manns sé þar sem hann hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. sömu greinar segir að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Í 3. mgr. er jafnframt tekið fram að dvöl á gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði sem jafna má til þessa, sé ekki ígildi fastrar búsetu. Þá er sérstaklega tekið fram að barn 17 ára eða yngra eigi sama lögheimili og foreldrar þess. Enn fremur að hafi barnið fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skuli það eiga lögheimili þar, enda sé forsjárforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðrum hvorum foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barnið hjá hvorugum foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu. Þykir heppilegt að miða við lögheimili barns þegar valdsvið barnaverndarnefndar er ákvarðað. Með þeim hætti ætti sjaldnast að leika vafi á hvaða barnaverndarnefnd á með réttu að fjalla um mál.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að flytjist barn úr umdæmi nefndar eftir að hún hefur tekið mál þess til meðferðar skuli barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem hið nýja heimili barnsins er taka við meðferð málsins. Jafnframt ber fyrri nefndinni skylda til að tilkynna hinni síðari um flutninginn og upplýsa hana um fyrri afskipti sín af málefnum barnsins. Er þetta í samræmi við 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. greinarinnar er það nýmæli að þyki hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi vegna dvalar barns þar um lengri eða skemmri tíma skulu viðkomandi barnaverndarnefndir semja um það sín í milli. Enn fremur kemur fram í 3. mgr. að Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á lögheimili fari með

mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Í því tilviki ber nefndunum að veita hvor annarri upplýsingar og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana. Ákvörðun Barnaverndarstofu má skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Heimild Barnaverndarstofu í 3. mgr. til að kveða á um hvar mál skuli rekið við þær aðstæður sem þar er lýst er rýmri en í gildandi lögum þar sem hún er ekki eingöngu afmörkuð við tiltekin þvingunarúrræði. Rök geta verið fyrir þessari heimild í fleiri tilvikum, t.d. þegar um er að ræða stuðningsúrræði í samvinnu við foreldra. Þau tilvik hafa komið upp að fjölskylda, sem er undir eftirliti barnaverndarnefndar, grípur til þess ráðs að flytjast úr umdæmi til að losna við afskipti nefndarinnar. Í slíkum tilvikum riðlast oft úrvinnsla málsins og börnin fara á mis við nauðsynlegan stuðning og vernd sem þeim hefði annars staðið til boða.

Í 4. mgr. er fjallað um ábyrgð barnaverndarnefndar á barni eftir að hún hefur ráðstafað því í fóstur eða vistun í annað umdæmi, sbr. 3. mgr. 8. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að nefndin beri áfram fulla ábyrgð á barninu en hún getur hins vegar farið þess á leit að barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barnsins beri tilteknar skyldur. Nefndin í dvalarumdæmi þar sem barnið fer á fóstur- eða vistheimili getur haft betri tök á að fylgjast með líðan barnsins, aðbúnaði þess og atlæti en nefndin sem ráðstafaði því í fóstur. Er því gert ráð fyrir heimild til þess að nefndirnar geti skipt með sér verkum til að sem bestur árangur náist.

Í 5. mgr. er að finna ákvæði sem lýtur að þeirri aðstöðu þegar barn á ekki lögheimili á Íslandi en þörf kann að vera fyrir afskipti barnaverndaryfirvalda. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin taki til allra barna á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelur skuli fara með mál. Ef ágreiningur er um hvar mál skuli reka sker Barnaverndarstofa úr. Miðað er við að ríkissjóður endurgreiði sveitarstjórn útlagðan kostnað vegna mála sem varða börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

Um IV. kafla.

Þessi kafli samsvarar IV. kafla gildandi laga. Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

a. Lýsing á þeim aðstæðum sem eiga að leiða til skyldu til að tilkynna er ítarlegri en í gildandi lögum og í samræmi við upphaf 21. gr. frumvarpsins.
b. Upptalningin í 2. mgr. 17. gr. á starfsstéttum er ítarlegri en upptalningin í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga.
c. Ákvæði 18. gr. hafa verið einfölduð til muna. Látið er nægja, að því er varðar skýrslutökur af börnum sem sakborningum eða vitnum, að vísa til laga um meðferð opinberra mála en jafnframt tekið fram að ávallt skuli gefa fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur með reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.
d. Í 19. gr. frumvarpsins um nafnleynd, sem samsvarar 15. gr. gildandi laga, eru lagðar til breytingar. Byggt er á því sem meginreglu að nafnleynd skuli ekki viðhöfð en unnt sé að heimila hana. Meginbreytingin felst einkum í 3. mgr. 19. gr. þar sem tekið er fram að nafnleynd eigi ekki við um stéttir þær sem 17. og 18. gr. tekur til.
e. Í 2. mgr. 20. gr. er ákvæði sem varðar samvinnu sjúkrastofnana, þar með talinna áfengismeðferðarstofnana, við barnaverndaryfirvöld. Ákvæðið er til muna skýrara en samsvarandi ákvæði í 4. mgr. 16. gr. og leggur auknar skyldur á herðar þessum stofnunum varðandi barnavernd.

Í frumvarpinu er ekki gerð tilraun til að skilgreina hvað átt er við með tilkynningu. Það getur að sjálfsögðu verið álitamál hvenær um er að ræða tilkynningu í þröngum skilningi og hvenær ekki. Ástæða er þó til að leggja áherslu á að hugtakið sé ekki af barnaverndarnefnd-

um túlkað svo þröngt að það komi í veg fyrir að barnaverndarnefndir gegni lögboðnum skyldum sínum. Í því sambandi er einnig bent á að gert ráð fyrir því í 21. gr. að upplýsingar, sem barnaverndarnefndum berast með öðrum hætti en beinum tilkynningum, geti einnig orðið tilefni til aðgerða af þeirra hálfu. Þannig hefur það ekki úrslitaþýðingu um skyldu barnaverndarnefndar til að kanna mál hvort vitneskja um aðstæður barns fæst vegna beinna tilkynninga eða með öðrum hætti. Af þessari ástæðu m.a. hefur það takmarkað gildi að leitast við að skilgreina nákvæmlega hvað átt er við með tilkynningu.

Um 16. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um tilkynningarskyldu almennings. Samsvarandi ákvæði er í gildandi lögum, sbr. 12. gr., og var það tekið að mestu úr 1. og 3. mgr. 48. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Orðalagi frumvarpsgreinarinnar hefur þó verið breytt þannig að það vísar til þess að aðstæður barns séu óviðunandi. Í þessari breytingu felast þó ekki efnisbreytingar.

Tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum er byggð á því að börn á ungum aldri séu þess ekki umkomin að gæta hagsmuna sinna sjálf með því að snúa sér til barnaverndaryfirvalda. Tilkynningarskyldan þjónar þeim tilgangi að barnaverndaryfirvöldum berist vitneskja um barn eða börn sem þurfa aðstoð og stuðlar þar með að því að þau geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu.

Ákvæði 16. gr. mælir fyrir um almenna tilkynningarskyldu allra borgara sem hafa ástæðu til að ætla að börnum sé misboðið vegna vanrækslu eða annars konar illrar meðferðar eða ef þau stofna sjálf lífi sínu og heilsu í hættu. Samkvæmt ákvæðinu er það almenn borgaraleg skylda að tilkynna barnaverndarnefnd um atvik eða aðstæður sem greinin tekur til. Í ákvæðum 17. og 18. gr. er aftur á móti mælt sérstaklega fyrir um tilkynningarskyldu nánar tilgreindra aðila sem vegna starfa sinna hafa sérstök afskipti af börnum.

Um 17. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem sérstök afskipti hafa af börnum vegna starfa sinna.

Í 1. mgr. er sett fram sú almenna regla að hver sem vegna starfa sinna hefur afskipti af málefnum barna, og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, barn stofni heilsu sinni og þroska í hættu eða verði fyrir áreitni eða ofbeldi, sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Í 2. mgr. eru nefndir sérstaklega leikskólastjórar, leikskólakennarar, dagmæður, skólastjórar, kennarar, prestar, læknar, tannlæknar, ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfarar og aðrir þeir sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf og gert er skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir ekki aðeins á opinberum starfsmönnum, heldur á hverjum þeim sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna eða einstökum börnum. Þótt upptalningin sé nokkuð ítarleg ber orðalag ákvæðisins þó með sér að hún er ekki tæmandi.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að tilkynningarskylda samkvæmt þessu ákvæði gangi framar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Með þessu er tryggt að þeir aðilar sem ákvæðið á við um geta ekki borið fyrir sig ákvæði um þagnarskyldu sem varða einstakar starfsstéttir. Rík barnaverndarsjónarmið búa að baki þessari reglu.

Það getur að sjálfsögðu verið matsatriði hvenær tilkynningarskylda fyrrgreindra aðila

verður virk og hvenær aðstæður eru með þeim hætti að tilkynna beri um þær. Vissulega getur tilkynning til barnaverndarnefndar verið viðkvæmt mál og óheppilegt að tilkynnt sé þegar ekki er ástæða til. Við túlkun samsvarandi ákvæðis gildandi laga, og raunar einnig eldri laga, hefur það sjónarmið verið orðað að tilkynningarskyldan eigi við þegar aðstæður barns eru með þeim hætti að líklegt er að þær geti leitt til sérstakra ráðstafana af hálfu barnaverndaryfirvalda. Þessi túlkun þrengir þó óþarflega að tilkynningarskyldunni og er til þess fallin að dregin verði sú ályktun að tilkynnandi eigi ekki að tilkynna nema hann telji líklegt að aðstæður séu þannig að leiði til sérstakra ráðstafana af hálfu nefndar. Hefur þessi túlkun leitt til þess að aðilar telja sig þurfa að kanna mál nánar áður en þeir tilkynna og í sumum tilfellum hefur þetta leitt til sérstakrar málsmeðferðar af hálfu þessara aðila áður en ákvörðun er tekin um að tilkynna. Þetta er að sjálfsögðu ekki ætlunin. Sérstök könnun máls áður en viðkomandi tilkynnir er ósamrýmanleg barnaverndarlögum.

Það er að sjálfsögðu verkefni barnaverndarnefndar í fyrsta lagi að meta hvort ástæða er til að hefja könnun máls, í öðru lagi að standa fyrir könnuninni og í þriðja lagi taka ákvarðanir um nauðsynleg úrræði ef því er að skipta. Mikilvægt er að þeir aðilar sem 1. og 2. mgr. tekur til túlki ekki tilkynningarskylduna svo þröngt að það takmarki möguleika barnaverndarnefnda til að halda uppi virku barnaverndarstarfi. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um hvort tilkynning gefur tilefni til frekari könnunar á máli eða eftir atvikum ákveður að aðhafast ekki í máli eða fella mál niður á síðari stigum, ef í ljós kemur að ekki er tilefni til aðgerða af hennar hálfu.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu. Vekja má athygli á að nokkru leyti hliðstæðu ákvæði í 18. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, sem fjallar um afskipti af börnum. Þar segir að lögreglu beri að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins tekur hins vegar til allra barna og gengur því lengra en ákvæði lögreglulaga að þessu leyti. Enn fremur er í þessu sambandi ástæða til að vekja athygli á 11. gr. lögreglulaga sem fjallar um samvinnu lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir, þótt barnaverndarnefndir séu ekki nefndar sérstaklega. Þar kemur fram í 2. mgr. að lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skuli hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skuli lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum, eftir því sem tilefni gefst til, og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra. Með félagsmálayfirvöldum er m.a. vísað til barnaverndarnefnda.

Í 2. mgr. er fjallað um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða fyrir dómi. Í öllum tilvikum gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim, sbr. nánar lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (oml.), ásamt síðari breytingum, einkum með lögum nr. 36/1999, sbr. reglugerð nr. 395/1997 og nr. 321/1999. Í lögunum og reglugerðunum eru ýmis sérákvæði um stöðu barna sem brotaþola, vitna eða sakborninga, hvort heldur er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi. Þar er enn fremur að finna ákvæði sem varða rétt foreldra til að vera viðstaddir, svo og um réttargæslumenn og verjendur. Er það mat nefndarinnar að þessi ákvæði tryggi réttarstöðu barna við þessar aðstæður nægilega. Þykir ekki ástæða til að endurtaka þessi ákvæði í barnaverndarlögum eða eftir atvikum leggja til að settar verði sérstakar reglur í barnaverndarlög. Látið er nægja að vísa til þeirra. Í niðurlagi greinarinnar er þó tekið fram að gefa skuli fulltrúa barnaverndarnefndar

kost á að vera viðstaddur skýrslutökur af barni samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Samkvæmt þessu er það ekki skilyrði að fulltrúi barnaverndarnefndar sé alltaf viðstaddur. Mál geta verið þess eðlis að þess sé ekki talin sérstök þörf, svo sem þegar um er að ræða minni háttar umferðarlagabrot. Þess vegna er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji um þetta reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Gera verður ráð fyrir að við undirbúning á tillögum að reglum hafi Barnaverndarstofa samráð við lögreglu- og dómsmálayfirvöld.

Um 19. gr.

Þegar rætt er um nafnleynd tilkynnanda í barnaverndarmálum vegast einkum á þrenns konar sjónarmið.

Í fyrsta lagi sjónarmið um réttláta málsmeðferð. Samkvæmt þeim hefur aðili máls rétt til að vita hver tilkynnti um ófullnægjandi aðbúnað barns. Það kann að skipta hann miklu máli til þess að andmælaréttur hans nýtist að fullu. Sé lögð áhersla á þetta sjónarmið leiðir það til þess að gera verður ráð fyrir því sem meginreglu að aðili eigi rétt á að vita hver tilkynnandi er. Er gengið út frá þeirri meginreglu í þessu frumvarpi.

Í öðru lagi koma til þau sjónarmið sem varða vernd tilkynnanda. Þá er lögð áhersla á það sjónarmið að tilkynnandi sjálfur, sem er ekki að gera annað en að gæta hagsmuna tiltekins barns og um leið opinberra hagsmuna, eigi rétt á því að vera laus við þau óþægindi sem vitneskja aðila kann að hafa í för með sér fyrir tilkynnanda.

Í þriðja lagi koma síðan til athugunar sjónarmið sem varða virkni og árangur í barnaverndarstarfi. Því er haldið fram að sé tilkynnendum ekki tryggð nafnleynd muni það fæla þá frá því að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf kynni að vera á afskiptum hennar. Tvö síðarnefndu sjónarmiðin eru augljóslega tengd.

Í ákvæðinu er farin sú leið að byggja á nafnleynd tilkynnanda sem aðalreglu með sama hætti og gert er í gildandi lögum. Það byggist á því að sjónarmiðið um virkni og árangur í barnaverndarstarfi vegi þyngst þeirra sjónarmiða sem kynnt voru hér að framan. Nauðsynlegt er að upplýsingar um aðbúnað barna berist greiðlega til barnaverndarnefndar. Jafnframt er byggt á því sjónarmiði, sem er tengt hinu fyrrnefnda, að verði tilkynnendum ekki tryggð nafnleynd mundi það fæla þá frá að tilkynna. Afleiðingin yrði sú að barnaverndarnefnd fengi ekki upplýsingar um hagi barna þótt full þörf væri á afskiptum hennar. Ákvæði núgildandi laga og frumvarpsins um nafnleynd endurspegla sérstöðu barnaverndarmála innan stjórnsýslunnar, að börn eru ekki talin þess umkomin að gæta hagsmuna sinna sjálf með því að snúa sér til barnaverndaryfirvalda.

Enda þótt í frumvarpi þessu sé gert ráð fyrir óbreyttri aðalreglu um nafnleynd tilkynnanda er lagt til það nýmæli að tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. skuli ekki njóta nafnleyndar skv. 2. mgr. Þetta er byggt á því að eðlilegt sé að gera hér greinarmun á tilkynningum frá almenningi skv. 16. gr. frumvarpsins annars vegar og frá sérstökum starfsstéttum skv. 17. gr. frumvarpsins hins vegar. Hið sama á við þegar tilkynning berst frá lögreglu skv. 18. gr. svo og þegar tilkynningar berast frá stofnunum, svo sem heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, skólum o.s.frv.

Vert er að minna á að nafnleyndin samkvæmt þessari grein getur aldrei átt við efni tilkynningarinnar. Aðilar eiga að sjálfsögðu alltaf rétt á að fá upplýsingar um efni tilkynningar, þótt nafnleyndar sé gætt að öðru leyti, til þess að geta komið að athugasemdum eða leiðréttingum ef því er að skipta. Við slíka upplýsingagjöf þarf að gæta þess að ekki verði ljóst hver tilkynnandinn er.

Enn fremur er vert að benda á að tilkynningar geta í sumum tilvikum verið nafnlausar og barnaverndarnefnd hefur ekki tök á að komast að því hver tilkynnandi er. Slíkar tilkynningar geta engu að síður verið fullt tilefni fyrir barnaverndarnefnd til að hefja rannsókn máls og grípa til ráðstafana ef því er að skipta.

Að lokum er bent á ákvæði 1. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar segi á sér deili. Þannig er miðað við að nafnleyndin eigi aðeins við gagnvart barninu og aðstandendum þess en ekki gagnvart nefndinni sjálfri.

Gert er ráð fyrir því að ákvörðun um nafnleynd sé unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

Tekið skal fram að nefndin sem samdi frumvarp þetta hafði aðrar áherslur um nafnleynd en hér eru lagðar til grundvallar. Nefndin lagði til það nýmæli að horfið yrði frá meginreglunni um að sá sem tilkynni til barnaverndarnefndar eigi rétt á nafnleynd. Lagði nefndin til að meginreglan yrði sú að aðilar ættu ekki rétt á nafnleynd nema sérstakar ástæður mæltu með því, þ.e. byggt var á rétti aðila til að vita um tilkynnanda sem aðalreglu. Var það talið í samræmi við almenn viðhorf í stjórnsýslurétti um opna málsmeðferð hjá stjórnvöldum og í góðu samræmi við vandaða og réttláta meðferð þeirra. Aftur á móti skyldi viðkomandi geta óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni sjálfri og mæti nefndin þá hvort verða skyldi við því.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem áður eru rakin, um nauðsyn þess að upplýsingar berist greiðlega til barnaverndarnefndar og að ákvæði laga fæli almenning ekki frá að tilkynna barnaverndarnefnd um aðbúnað barna, var meginreglan um nafnleynd færð í það horf sem hér er lagt til og er það óbreytt frá gildandi lögum eins og áður hefur komið fram.

Um 20. gr.

Í greininni ræðir um samstarf ýmissa stofnana við barnaverndaryfirvöld. Hún er að mestu efnislega samhljóða 16. gr. gildandi laga og var hún þar lítið breytt frá eldri lögum, sbr. 19. gr. laga nr. 53/1966. Ákvæði 20. gr. undirstrika áhersluna sem leggja ber á gott samstarf allra þeirra sem eiga að láta sig varða hagsmuni barns.

Í 1. mgr. kemur fram að til þess að tryggja góðan árangur í barnaverndarstarfi sé öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Enn fremur að barnaverndaryfirvöld skuli leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila. Ákvæði þetta er orðað með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum að því leyti að sleppt er upptalningu á stofnunum í dæmaskyni. Eftir sem áður falla hér undir heilbrigðisstofnanir, skólar, dagvistarheimili barna og starfsmenn þessara stofnana og lögregla, en einnig aðrar stofnanir sem ekki falla beint undir þessa upptalningu, svo sem sumardvalarheimili fyrir börn og stofnanir, fyrirtæki og félög sem hafa með höndum barnastarf.

Túlkun lagaákvæðis um samvinnu barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í málum einstakra barna hefur stundum valdið vafa. Hefur verið tilhneiging hjá þeim aðilum, sem ekki hafa með höndum verkefni samkvæmt barnaverndarlögum en sinna samt börnum, til að túlka þau þannig að skyldur samkvæmt þessum ákvæðum barnaverndarlaga séu að öllu leyti gagnkvæmar. Í þessu sambandi er vert að benda á að um fyllilega gagnkvæmar samvinnuskyldur getur tæpast verið að ræða milli barnaverndarnefnda annars vegar og annarra aðila sem hafa afskipti af börnum hins vegar, nema með samþykki forsjáraðila og að barnaverndarnefnd meti það barni fyrir bestu. Í frumvarpinu, svo og í gildandi lögum, er skýrt kveðið á um að tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda gangi framar ákvæðum um þagnarskyldu og í frumvarpinu eru að auki ákvæði um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd, sbr. 44.

gr. Um samsvarandi skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart öðrum stofnunum, þar sem börn kunna að vera, er ekki að ræða. Leggja verður áherslu á að barnaverndarnefndir eru í raun einu opinberu yfirvöldin sem hafa lögbundnar heimildir og allvíðtækar skyldur til afskipta af einkamálum barna og foreldra, auk þess að hafa yfir að ráða ýmsum úrræðum sem beita má þegar þörf krefur. Það eru því eingöngu barnaverndarnefndir sem hafa heildarsýn á stöðu einstakra barna í barnaverndarmálum. Til að tryggja samfellu í vinnslu máls og árangur í að bæta aðstæður barns er því nauðsynlegt að barnaverndarnefnd hafi frumkvæði að því að móta samstarf við aðra aðila og gæti fyllsta trúnaðar gagnvart foreldrum og barni.

Þá kemur fram í 2. mgr. að öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, beri að taka tillit til hagsmuna barna þegar teknar séu ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þeirra. Þá er sérstaklega áréttað að læknar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris. Samstarf að þessu leyti getur t.d. falið í sér að stofnanir tilkynni til barnaverndarnefndar þegar foreldri er lagt inn á áfengismeðferðarstofnun eða geðdeild til meðferðar sé einhver ástæða til að ætla að börn þessa fólks séu aðstoðar þurfi. Barnaverndarnefndir geti þá leitað upplýsinga um hve lengi sjúkrahúsvist kunni að standa, hverjar batahorfur séu o.s.frv.

Í 3. mgr. er áréttað að lögregla og fangelsismálayfirvöld skuli hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim aðstoð við úrlausn barnaverndarmála. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 18. gr. frumvarps þessa og enn fremur 18. gr. lögreglulaga, sbr. athugasemdir við 18. gr. hér að framan. Sérstaklega má nefna þörf fyrir samvinnu þegar barn hefur fengið skilorðsbundna ákærufrestun eða skilorðsbundinn dóm.

Að síðustu kemur fram í 4. mgr. að félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að félagsmálaráðherra hafi samráð við önnur ráðuneyti um setningu nánari reglna um samvinnu stofnana sem heyra undir mismunandi ráðuneyti.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða upphaf barnaverndarmála. Nýmæli kaflans felast einkum í því að leitast er við að gera þessi ákvæði skýrari en samsvarandi ákvæði í gildandi lögum, sbr. einkum 18. gr. þeirra. Ástæða er til að vekja athygli á ákvæði 3. mgr. 21. gr. varðandi afskipti barnaverndarnefndar af þunguðum konum. Ákvæði þetta er nýmæli, sbr. nánar 30. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í þessari grein ræðir um upphaf barnaverndarmáls. Leitast er við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmáls skýrari en í gildandi lögum, einkum með því að afmarka með skýrum hætti ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls annars vegar og aðrar ákvarðanir hennar um rannsóknaraðgerðir og ákvarðanir um beitingu úrræða hins vegar. Oftast koma mál til kasta nefndanna vegna tilkynninga frá utanaðkomandi aðilum, sbr. 16., 17. og 18. gr. þessa frumvarps, en einnig geta upplýsingar sem nefndin fær með öðrum hætti, sbr. 2. mgr., orðið tilefni til að hefja könnun máls.

Í 1. mgr. eru sett fram meginskilyrði fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda af einstökum börnum eða fjölskyldum. Meginskilyrðið er að líkamlegri og andlegri heilsu barns og þroska sé hætta búin. Í framhaldinu er greint á milli þrenns konar tilvika. Í fyrsta lagi að heilsu barns

og þroska sé hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, í öðru lagi vegna áreitni eða ofbeldis af hálfu annarra og í þriðja lagi vegna eigin hegðunar barns og lífernis. Þetta er í samræmi við markmið laganna eins og þau eru skilgreind í 2. gr. Rétt er að nefna að samkvæmt gildandi lögum er fjallað um skyldur barnaverndarnefnda við börn sem verða fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum í 23. gr. Þessar ástæður fyrir afskiptum barnaverndarnefnda eru færðar inn í upptalningu 21. gr. frumvarpsins til að taka af öll tvímæli um að sams konar málsmeðferð gildi um þessi tilvik og önnur barnaverndarmál, þ.e. sömu skyldur til að meta tilkynningu eða upplýsingar, taka ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls og meta þörf fyrir úrræði. Þá takmarkast val á úrræðum ekki við það sem nefnt er í 23. gr. núgildandi laga heldur getur komið til ráðstafana almennt samkvæmt ákvæðum VI. og VII. kafla.

Í 1. mgr. er enn fremur sett fram sú regla að þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu um aðstæður barns sem falla undir ákvæðið skuli hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan viku frá því henni barst tilkynningin, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun á málinu. Í gildandi lögum er ekkert ákvæði um tímafresti til að taka afstöðu til tilkynningar og með hvaða formlega hætti það skuli gert. Þá eru lögin fáorð um málsmeðferð vegna tilkynninga. Rétt þykir að setja í lög ákvæði sem mæla nánar fyrir um frest til að taka ákvörðun um könnun. Í verklagsreglum barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur verið miðað við sama frest.

Samkvæmt 2. mgr. getur barnaverndarnefnd hafið könnun vegna vitneskju sem henni berst með öðrum hætti. Þar sem ekki er við beina tilkynningu að styðjast á ákvæði 1. mgr. um tímafrest ekki eins vel við. Sem dæmi um þetta má nefna upplýsingar sem nefnd eða starfsmaður, sem sinnir fleiri en einu verkefni, fær þegar fjallað er um mál samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, eða grunur vaknar við vinnslu máls um að önnur börn en þau sem málið fjallar um kunni að búa við óviðunandi aðstæður. Einnig má nefna upplýsingar sem barnaverndarnefnd fær við vinnslu umsagnar í forsjár- eða umgengnisdeilum samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þegar um það er að ræða, að barnaverndarnefnd fær vitneskju með öðrum hætti en með tilkynningu, er miðað við að nefndin skuli hafa tekið ákvörðun um könnun innan viku frá því upplýsingar bárust sem tilefni gefa til nánari athugunar.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Fyrir kemur að barnaverndarnefndir fá tilkynningar um þungaðar konur sem með líferni sínu kunna að stofna í hættu lífi og heilsu ófædds barns síns. Í gildandi lögum er ekki að finna bein ákvæði um þetta. Í 2. mgr. 25. gr. gildandi barnaverndarlaga segir að úrskurð á grundvelli d-liðar fyrri málsgreinar ákvæðisins, þegar um sé að ræða nýfætt barn sem enn hefur ekki flust í umsjá foreldra, sé einungis heimilt að kveða upp hafi viðeigandi aðgerðir skv. 21. gr. verið reyndar til þrautar án árangurs. Hefur þetta verið túlkað svo að í þessu felist heimild fyrir barnaverndarnefnd til að kanna mál og meta þörf fyrir stuðningsaðgerðir áður en barn fæðist, því að öðrum kosti sé ekki unnt að uppfylla skilyrði um að fullreyna stuðning áður en foreldrar eru sviptir forsjá nýfædds barns.

Ákvæði 3. mgr. er ætlað að taka af öll tvímæli um þessar heimildir og gera þær skýrari. Þar kemur fram að fái barnaverndarnefnd tilkynningu, eða vitneskju með öðrum hætti, um að þunguð kona kunni að stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, t.d. með áfengis- og fíkniefnaneyslu, geti barnaverndarnefnd með sama hætti og mælt er fyrir um í 1. mgr. ákveðið að hefja könnun á málinu. Leiði könnun í ljós að tilefni sé til aðgerða á 30. gr. frumvarpsins við.

Ýmis álitaefni geta komið upp við túlkun og framkvæmd 21. gr. og verða nú nokkur þeirra rakin.

Vera má að af tilkynningu sé þegar ljóst að aðstæður sem þar er lýst geti ekki leitt til sérstakra ráðstafana af hálfu barnaverndarnefndar. Enn fremur kann að vera augljóst að málið eigi einfaldlega ekki undir barnaverndarnefnd, t.d. vegna þess að tilkynning varði einstakling sem orðinn er 18 ára. Í slíkum tilvikum tekur nefndin ákvörðun um að hefja ekki könnun og málið fellur niður við svo búið.

Í öðrum tilfellum, þar sem rökstuddur grunur er um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin af ástæðum sem greindar eru í 1. mgr., tekur barnaverndarnefnd formlega ákvörðun um að hefja könnun máls. Þessi ákvörðun markar formlegt upphaf barnaverndarmáls. Mikilvægt er að það sé skýrt afmarkað þar sem þá verða virkar allar málsmeðferðarreglur sem eiga við um meðferð mála fyrir barnaverndarnefnd, sbr. nánar ákvæði frumvarps þessa um málsmeðferð.

Ákvæði þessarar greinar, sbr. einkum 4. mgr., eru einnig byggð á því að gerður er skýr greinarmunur á athugun sem er undanfari ákvörðunar um könnun og ákvörðuninni um að hefja könnun annars vegar og sjálfri könnun máls hins vegar. Ákvörðun um að hefja könnun er ákvörðun um málsmeðferð en lýtur ekki að efni máls. Hér er því ekki um eiginlega stjórnsýsluákvörðun að ræða sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Af því leiðir að ákvæði stjórnsýslulaga og ákvæði VIII. og IX. kafla frumvarpsins um meðferð mála hjá barnaverndarnefndum og kærunefnd barnaverndarmála eiga ekki við um undirbúning og form ákvörðunar um hvort hefja skuli könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun sætir heldur ekki kæru til æðra stjórnvalds, í þessu tilviki kærunefndar barnaverndarmála.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls ber skv. 2. málsl. 4. mgr. að tilkynna það foreldrum eða forráðamönnum barns. Þetta er í samræmi við 14. gr. stjórnsýslulaga þar sem fram kemur að stjórnvald skuli tilkynna aðila um að mál sé til meðferðar sem hann varðar nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram. Þessari reglu er ætlað að tryggja að aðili máls eigi kost á því að neyta andmælaréttar síns. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Hér er ekki síst átt við ef tilkynning varðar meint kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni eða aðrar slíkar grófar misgjörðir sem geta átt undir hegningarlög. Tilkynning til foreldris kann við slíkar aðstæður að gefa því kost á að grípa til aðgerða sem spillt geta könnun máls og eftir atvikum rannsókn af hálfu lögreglu síðar, eins og nánar er fjallað um í athugasemdum við 43. gr. Með því að fresta tilkynningu er í vissum tilvikum gefinn kostur á að rannsaka mál að nokkru marki, áður en tilkynnt er um það til foreldra. Í ljósi meginreglunnar um skyldu til að tilkynna foreldrum strax um ákvörðun um könnun verður að túlka þessa undantekningu þröngt.

Í athugasemdum sem fram hafa komið við gildandi lög hefur komið fram það viðhorf að viðmiðið um „rökstuddan grun“ sé fremur óljóst og að þörf sé á að afmarka það nánar. Í skilyrðinu um rökstuddan grun í 5. mgr. felst að ekki er heimilt að hefja könnun máls nema gild ástæða sé til að ætla að tilefni sé til þess. Hafa verður í huga að hvers konar afskipti eða aðgerðir af hálfu barnaverndarnefndar geta verið viðkvæmt mál fyrir hlutaðeigandi. Af því leiðir að grunur verður að vera á rökum reistur um að aðstæður séu með þeim hætti sem vikið er að í greininni. Grunur verður að beinast að því að tiltekið barn eða tiltekin börn búi við óviðunandi aðstæður. Erfitt er að skilgreina nánar hvenær grunur telst á rökum reistur. Í stuttu máli má segja að í skilyrðinu um rökstuddan grun felist að ekki sé heimilt að hefja rannsóknaraðgerðir nema nokkrar líkur séu á því að tilefni sé til þess. Þetta má ekki túlka of þröngt, sérstaklega í ljósi þess hversu afmarkaðar heimildir barnaverndarnefnd hefur við athugun á máli áður en tekin er ákvörðun um hvort hefja skuli könnun, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Þá má árétta að barnaverndarnefnd er skylt að láta mál niður falla á síðari stigum um leið og í ljós kemur að ekki er ástæða til frekari afskipta. Verður ekki hjá

því komist að fela þeim er starfa að þessum málum að meta það í hverju einstöku tilviki hvort skilyrðinu um rökstuddan grun er fullnægt. Óraunhæft er að ætla að hægt sé að kveða skýrar á um þetta skilyrði í lagatexta.

Það er einnig sérstakt álitamál hversu ríkar heimildir barnaverndarnefnd á að hafa til athugunar eða rannsóknar á máli til að undirbúa formlega ákvörðun sína um það hvort hefja skuli könnun þess eða ekki. Í framkvæmd hefur þetta atriði valdið nokkrum vafa. Í handbók Barnaverndarstofu er þess freistað að túlka ákvæði gildandi laga að þessu leyti. Er þar byggt á áþekkum skýringum og hér koma fram. Í aðalatriðum verður að gera ráð fyrir að heimildum nefndanna til sérstakrar rannsóknar eða athugunar í tilefni af tilkynningum sé þröngur stakkur skorinn. Ákvörðun um að hefja könnun verður fyrst og fremst að taka á grundvelli innihalds tilkynningarinnar. Atriði sem skipta máli í því sambandi er m.a. hversu alvarlegar ávirðingar koma fram í tilkynningu, hversu nákvæm er hún, af hverju tilkynningin stafar, í hvaða aðstöðu er tilkynnandi til að þekkja aðstæður o.s.frv. Þetta leiðir raunar til þess að fara verður gætilega þegar um nafnlausar tilkynningar er að ræða. Þá getur einnig verið að tilkynning sé sett fram af meinbægni í garð þeirra sem hún varðar. Nefndinni er heimilt að ræða frekar við tilkynnanda sjálfan til þess að treysta grundvöll undir ákvörðun sinni. Þá verður að gera ráð fyrir að nefndin geti skoðað eldri tilkynningar og mál sem varða sömu aðila ef því er að skipta. Á hinn bóginn er nefndinni ekki heimilt að afla sérstakra gagna, ræða við aðra en tilkynnanda eða halda uppi fyrirspurnum um barn, fjölskyldu þess eða heimili áður en ákvörðun er tekin um könnun máls, sbr. nánar ákvæði 3. mgr. þessarar greinar um tilkynningu til málsaðila.

Í vissum tilvikum getur verið álitamál hver sé tilkynnandi, einkum ef tilkynnandi upplýsir um aðstæður sem aðrir hafa lýst fyrir honum. Hér getur vaknað sú spurning hvort nefnd getur, áður en hún tekur ákvörðun um könnun, sett sig í samband við þann aðila. Almennt verður þó að gera ráð fyrir, eins og fyrr segir, að nefndin geti ekki án vitundar aðila sett sig í samband við aðra en tilkynnandann sjálfan, óháð því hvernig vitneskja hans á aðstæðum er til komin. Barnaverndarnefnd getur framselt vald til að taka ákvörðun um könnun máls til einstakra starfsmanna, sbr. 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Rétt er að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd setji sérstakar reglur um það hvaða tilteknu starfsmenn hafa þessa heimild en ekki sé gert ráð fyrir að allir starfsmenn nefndanna hafi hana sjálfkrafa. Eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls geta einstakir starfsmenn að sjálfsögðu annast framkvæmd hennar, sbr. aftur 3. mgr. 14. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um málsmeðferð vegna tilkynninga. Í slíkri reglugerð verði m.a. mælt fyrir um samræmda skráningu tilkynninga, notkun eyðublaða, form og skráningu ákvörðunar um að hefja könnun eða eftir atvikum fella mál niður. Þá kynni að vera ástæða til að setja reglugerð um athuganir í tilefni af tilkynningu, um tilkynningu til aðila og form þeirra, hvenær fresta megi tilkynningu til þeirra o.s.frv.

Um 22. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um markmið könnunar barnaverndarmáls. Þar kemur fram í 1. mgr. að markmið könnunar máls sé að afla upplýsinga um allar aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laganna. Könnun skal beinast að því að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins sem í hlut á, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl þess við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Þessi upptalning er ekki tæmandi og ræðst það af eðli og umfangi hvers máls hversu víðtæk könnun er. Barnaverndarnefndum sem ekki hafa sérmenntað

starfsfólk ber að leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Slík sérfræðiþekking kann oft að vera nauðsynleg, svo sem til að framkvæma próf á börnum, taka viðtöl við þau og foreldrana, framkvæma læknisskoðun o.s.frv.

Í 2. mgr. er fjallað um könnun máls að öðru leyti, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt, og er vísað til ákvæða VIII. kafla frumvarpsins. Í þessu sambandi ber að benda sérstaklega á ákvæði 41. gr. sem hefur að geyma rannsóknarregluna, ákvæði 43. gr. um rannsóknarheimildir og ákvæði 44. gr. um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

Við framkvæmd þessara ákvæða allra ber að hafa í huga að öll afskipti barnaverndarnefnda af málefnum fjölskyldu fela í sér íhlutun í mál sem venjulegast mundu teljast einkamál. Af þessum sökum m.a. er það meginregla að könnun máls gangi ekki lengra en þörf er á hverju sinni.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um ráðstafanir barnaverndarnefnda. Ákvæði kaflans samsvara að talsverðu leyti 19. og 21.–27. gr. gildandi laga. Fjölmargar breytingar er þó að finna bæði efnislegar og þá ekki síður að því er varðar framsetningu ákvæðanna. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

a. Ekki er gert ráð fyrir sérákvæði um börn í hættu vegna eigin hegðunar, svo sem gert er í 22. gr. núgildandi laga. Er þetta byggt á því að erfitt er að skilgreina barnaverndarmál að öllu leyti eftir því hvort ástæður þess liggja hjá foreldrum barnsins eða hjá barninu sjálfu og ljóst er að þetta fer oftar en ekki saman. Með sérstöku ákvæði um börn í hættu vegna eigin hegðunar eru líkur á því að fleiri mál en rétt er verði skilgreind sem svo að rót vandans liggi hjá barninu sjálfu, t.d. eftir að barn nær ákveðnum aldri eða ef vista þarf barn á sérhæfðu meðferðarheimili eða stofnun. Samkvæmt núgildandi lögum fer t.d. um allar vistanir barna á meðferðarheimilum eða stofnunum eftir 22. gr. en færa má rök fyrir því að þörf fjölmargra barna fyrir meðferð tengist vanrækslu eða öðru framferði foreldris. Áréttað skal að þessi breyting dregur ekki úr skyldu barnaverndarnefndar til að greina vanda barns með svo skýrum hætti að unnt sé að beita þeim úrræðum sem heppilegust þykja hverju sinni. Breytingin undirstrikar að val á úrræði takmarkast ekki af skilgreiningu barnaverndarmálsins heldur ber að miða við heildarsýn á vanda og þörfum barnsins.

b. Ákvæði kaflans eru flokkuð eftir því hvort fyrir liggur samþykki aðila eða hvort þvingun er beitt. Einnig er skilið á milli þess hvort úrræðin miðast við stuðningsaðgerðir meðan barn býr enn á heimili sínu eða ráðstöfun og vistun barns utan heimilis. Þessi flokkun er nokkuð önnur en samkvæmt núgildandi lögum. Breytingunni er ætlað að undirstrika þann mun sem er á beitingu þessara úrræða, bæði að formi til og efnislega, með því að fjallað er sérstaklega um ráðstafanir og vistanir barna utan heimilis.

c. Samþykki aðila er skilgreint með mismunandi hætti eftir því hvaða úrræða er gripið til og við tilteknar kringumstæður er gert ráð fyrir að börn sem náð hafa 15 ára aldri séu aðilar barnaverndarmáls, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Ef vista skal barn utan heimilis án þess að beita þvingun þarf að liggja fyrir samþykki bæði forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri, sbr. 25. og 27. gr. frumvarpsins. Þetta undirstrikar að slík úrræði eru að öllu jöfnu alvarlegra inngrip í líf barns en stuðningur meðan barn býr á heimili sínu og felur í sér aukna áherslu á réttarstöðu barns.

d. Umtalsverðar breytingar eru lagðar til á úrskurðarvaldi barnaverndarnefnda. Vísast til almennra athugasemda við frumvarpið og athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Um 23. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um greinargerð um könnun máls og niðurstöður könnunar annars vegar og samningu áætlunar um beitingu úrræða hins vegar. Ákvæði um áætlun eru í 19. gr. gildandi laga. Þar er þó ekki gerður greinarmunur á greinargerð annars vegar og áætlun hins vegar. Þykir skýrara að gera þennan greinarmun þar sem niðurstöður könnunarinnar sem slíkar geta aldrei verið háðar samþykki foreldra eða annarra þótt rétt sé að gera ráð fyrir því, sem meginreglu, að áætlun um beitingu úrræða sé unnin í samráði og samvinnu við aðila máls, eftir því sem unnt er.

Samkvæmt 1. mgr. skal barnaverndarnefnd, við lok könnunar, taka saman greinargerð þar sem lýst er tilkynningu og efni hennar, eða öðru tilefni könnunar, rannsóknaraðgerðir og framkvæmd þeirra eru raktar og dregnar saman niðurstöður könnunar, tiltekið er hvar úrbóta sé þörf og settar fram hugmyndir eða tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ekki er miðað við að greinargerð þessi sé samin í samráði við foreldra og með samþykki þeirra eða annarra, sbr. hins vegar ákvæði 2. mgr. um gerð áætlunar. Hér er því um að ræða samantekt barnaverndarnefndar sjálfrar sem myndar grundvöll að frekari ákvörðunum hennar um gerð áætlunar og beitingu úrræða. Greinargerðin telst þó meðal gagna málsins, sbr. ákvæði 45. gr. frumvarpsins um aðgang aðila að gögnum máls.

Ef niðurstaða könnunar er sú að beita þarf sérstökum úrræðum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga skal barnaverndarnefnd gera áætlun um frekari meðferð málsins. Meginreglan er sú að áætlun er samin í samvinnu við aðila máls. Þannig ber að leita eftir samþykki foreldra og barna, sem náð hafa 15 ára aldri (ef þau eru aðilar), fyrir áætluninni. Enn fremur er gert ráð fyrir að haft skuli samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Samning áætlunar um framhald máls er nauðsynlegur liður í markvissri vinnslu þess. Í áætluninni á að koma fram hvert sé markmið afskipta barnaverndarnefndar og hvernig hagsmunir barnsins verði best tryggðir. Þá þarf einnig að koma fram hvaða aðstoð verði veitt barni og foreldrum og hvaða aðrir aðilar komi að framkvæmd þeirra stuðningsaðgerða, svo sem leikskóli, heilsugæsla eða aðrir. Í ákvæðinu er lögð sérstök áhersla á að áætlun skuli unnin í samráði við foreldra, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar. Litið er svo á að til þess að áætlun þjóni tilgangi sínum þurfi foreldrar og barnið sjálft, að því marki sem það hefur þroska til, að taka virkan þátt í gerð hennar. Áætlun skal vera skrifleg, gerð til ákveðins tíma og endurskoðuð eftir þörfum. Endurskoðunar getur verið þörf ef ekki er farið eftir áætlun sem gerð hefur verið og rétt þykir að reyna beitingu annars konar úrræða eða ef talin er þörf á að gera nýjar áætlanir í máli sem taka gildi hver af annarri.

Í 3. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd skuli meta þörf á samstarfi við aðra aðila við framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra, veita liðsinni sitt við að koma slíku samstarfi á. Bent er á að í athugasemdum við 20. gr. frumvarpsins er rætt um samstarf barnaverndarnefndar í einstökum málum við aðra sem afskipti hafa af börnum. Eins og þar kemur fram geta barnaverndarnefndir ekki gefið upplýsingar um vanda barna eða vinnslu máls nema með samþykki forsjáraðila. Rétt þykir hér að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir hafi frumkvæði að því að meta þörfina á samstarfi við aðra aðila og leitast við að fá foreldra til samvinnu þegar þörf krefur. Þeir sem hér koma til greina eru til dæmis aðrir aðstandendur barns, kennarar þess, lögregla og heilsugæsla.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn mælir 4. mgr. svo fyrir að barnaverndarnefnd skuli einhliða semja áætlun um framvindu málsins og beitingu úrræða. Markmið með þessari áætlun er að taka saman upplýsingar um það sem gert hefur verið í máli frá því greinargerð skv. 1. mgr. var unnin, t.d. um þá samvinnu sem kann að hafa náðst á einhverju stigi eða þær tilraunir sem gerðar hafa verið. Einnig ber hér að leggja mat á hvort ástæða þyki

til að beita þeim úrræðum samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem unnt er að grípa til án samþykkis aðila. Árétta ber að lögð er áhersla á samfellu í vinnslu barnaverndarmáls og að á hverjum tíma sé ljóst hvað fyrirhugað er í máli. Ef ekki næst samvinna við aðila máls er þannig nauðsynlegt að barnaverndarnefnd taki ákvörðun um hvort málinu verði lokað eða hvort gripið verði til þvingunarúrræða. Þá er enn fremur markmiðið með þessari áætlun að auðkenna þær ráðstafanir sem talið er að grípa þurfi til á grundvelli könnunar málsins og eru til þess fallnar að tryggja hagsmuni barnsins. Einhliða áætlun skv. 4. mgr. skal kynna fyrir foreldrum en hún er ekki háð samþykki þeirra að öðru leyti.

Um 24. gr.

Greinin hefur að geyma upptalningu úrræða sem miðast við að barn búi áfram á heimili sínu og unnt er að beita með samþykki foreldra. Í reynd leiðir af 1. og 2. mgr. að einnig sé hægt að beita með samþykki foreldra þeim úrræðum sem mælt er fyrir um í 26. gr. Þá verður að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti með samþykki foreldra beitt öðrum úrræðum sem ekki eru sérstaklega nefnd ef þau þykja henta, enda sé það á færi barnaverndarnefndar að beita þeim og það rúmist innan þeirra heimilda sem barnaverndarnefnd hefur. Ákvæði greinarinnar er að hluta til sambærilegt við 21. gr. gildandi laga að því leyti að a–e-liður í frumvarpsgreininni er sambærilegur við a–e-lið 21. gr. Röð einstakra liða hefur þó verið breytt. Hluta þeirrar greinar er einnig að finna í 25. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er sérstaklega um vistanir.

Samkvæmt 1. mgr. skal barnaverndarnefnd, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

a. Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns. Þetta úrræði gengur skemmst og því rétt að telja það upp fyrst. Hér er um að ræða almenna ráðgjöf af hendi starfsmanna nefndarinnar eða annarra sem nefndin felur þetta verkefni, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa. Í þessu felast eingöngu leiðbeiningar og ráðgjöf um atriði sem þykja horfa til bóta. Þá er ástæða til að taka fram að hér er eingöngu um sálfræðilega og félagslega ráðgjöf að ræða en ekki t.d. lögfræðilega. Til að nefndirnar geti sinnt þessu hlutverki er að sjálfsögðu mikilvægt að þær hafi yfir að ráða hæfum starfsmönnum. Þar sem ljóst er að nefndirnar eru mjög misvel í stakk búnar að þessu leyti er sérstök ástæða til að vekja athygli á 2. mgr. 14. gr. um heimild nefndanna til að semja við stofnanir á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.
b. Stuðla að því, í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir, að beitt verði almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum. Hér undir geta t.d. fallið lög um almannatryggingar, félagslega aðstoð, félagsþjónustu sveitarfélaga, leikskóla og lög um málefni fatlaðra. Orðalagi er hér breytt frá d-lið 21. gr. gildandi laga til að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir geta ekki beitt úrræðum samkvæmt öðrum lögum og nauðsyn þess að afmarka valdsvið og ábyrgð yfirvalda á þeim málaflokkum sem undir hvert yfirvald heyrir. Í þessum staflið greinarinnar er vísað til þess að barnaverndarnefnd upplýsi foreldra eða aðra umsjáraðila barns um rétt til félagslegrar aðstoðar samkvæmt öðrum lögum og aðstoði foreldra og leiðbeini þeim við að ná þeim rétti. Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi en ákvæðið vísar til hvers konar réttinda sem foreldrar kunna að eiga og geta auðveldað þeim að ná tökum á vanda sínum. Hér reynir á að starfsmenn barnaverndarnefnda séu vel upplýstir um efni félagsmálalöggjafarinnar til að vera í stakk búnir til að veita þessa þjónustu.

c. Útvega barni aðstoð með viðeigandi stuðningi eða meðferð. Hér er átt við úrræði sem barnaverndarnefndir geta beitt, t.d. sumardvöl eða annars konar stuðningur. Einnig geta hér fallið undir sálfræðiviðtöl, t.d. vegna ofbeldis sem barn hefur beitt eða orðið fyrir eða vegna annarra vandamála. Sem fyrr er upptalningin ekki tæmandi á þeim úrræðum sem hér koma til greina. Ákvæðið kemur í stað c-liðar 21. gr. gildandi laga, en eins og kemur fram í athugasemdum við b-lið 24. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á þau úrræði sem barnaverndarnefnd er í stakk búin til að útvega.
d. Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu. Ákvæði þetta samsvarar b-lið 21. gr. gildandi laga, sbr. og reglugerð nr. 452/1992, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna. Nokkur reynsla er komin á beitingu þessara úrræða og þykja þau almennt gefast vel. Algengt er að biðlistar myndist eftir úrræðum af þessu tagi en nauðsynlegt er að barnaverndarnefndir sjái til þess að úrræðin séu fyrir hendi þegar þörf krefur. Í 2. mgr. 38. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur um stuðningsaðgerðir sem leysa muni af hólmi áðurnefnda reglugerð.
e. Aðstoða foreldra við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála. Þetta ákvæði er frábrugðið öðrum þar sem það varðar beint foreldrana sjálfa. Ljóst er að oft liggur meginvandi barnsins hjá foreldri þess. Er því rétt að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti hlutast til um að foreldri fái nauðsynlegan stuðning og meðferð. Samkvæmt ákvæðinu getur barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra, veitt fulltingi sitt við að koma foreldrum í meðferð á viðeigandi stofnun vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða vegna annarra félagslegra eða geðrænna erfiðleika. Í þessu sambandi er vert að benda á 50. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 34/1997. Þar kemur fram að félagsmálanefndir skuli hlutast til um að áfengissjúkir og þeir sem misnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á. Samkvæmt þessu gæti atbeini barnaverndarnefndar falist í því að leita eftir því við félagsmálanefnd að þessari heimild verði beitt. Enn fremur má nefna 51. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 34/1997, þar sem fram kemur að félagsmálanefndir skuli stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd geti enn fremur, með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar, beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. frumvarpsins. Þetta er ekki sérstaklega tekið fram í gildandi lögum. Eðlilegt verður að telja að þetta sé heimilt.

Í 3. mgr. kemur fram að samþykki foreldris sem barn býr hjá nægi fyrir ráðstöfunum samkvæmt greininni. Hér er höfð í huga sú aðstaða að foreldrar sem ekki búa saman fara samt sem áður sameiginlega með forsjá. Samkvæmt þessu þarf ekki samþykki foreldris sem barnið býr ekki hjá til þess að beita megi úrræðum skv. 24. gr.

Um 25. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um úrræði utan heimilis. Í þessum tilvikum er gert ráð fyrir samþykki forsjáraðila og barns sem náð hefur 15 ára aldri. Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd geti tekið við forsjá eða umsjá barns og ýmist ráðstafað því í fóstur skv. a-lið eða vistað barn t.d. á vistheimili, meðferðarheimili eða stofnun skv. b-lið. Þessi ákvæði koma í stað f- og g-liðar 21. gr. og 1. og 2. mgr. 22. gr. gildandi laga. Eðlilegt þykir að skipa

þessum úrræðum í sérstaka grein þar sem úrræði utan heimilis eru annars eðlis og ganga lengra en þau sem mælt er fyrir um í 24. gr.

Skiptingin í a- og b-lið 1. mgr. undirstrikar að frumvarpið gerir ákveðinn greinarmun á ráðstöfun barns í fóstur annars vegar og vistun barns á heimili eða stofnun hins vegar. Eins og áður sagði er ekki lengur gerður jafnskýr greinarmunur og áður á úrræðum fyrir börn í hættu vegna eigin hegðunar og öðrum ástæðum afskipta. Við val á úrræði skal leggja höfuðáherslu á þarfir viðkomandi barns. Benda má á að skv. XIII. og XIV. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða. Gert er ráð fyrir að ríkið beri ábyrgð á að hafa tiltæk heimili og stofnanir fyrir börn sem þurfa á sérhæfðri meðferð að halda en að barnaverndarnefndir beri ábyrgð á öllum öðrum úrræðum.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að ráðstafanir skv. 1. mgr. skuli eigi standa lengur en þörf krefur, þær skuli að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun. Þetta er í samræmi við markmið laganna um að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og það almenna sjónarmið að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá foreldrum sínum. Ákvæðið er einnig í samræmi við almenna meðalhófsreglu, sbr. 7. mgr. 4. gr. Almenna reglan er því sú að stefna ber að því að úrræði skv. 1. mgr. vari í sem skemmstan tíma og að barn snúi aftur til foreldra sinna. Það er þó ljóst að þarfir og hagsmunir barna geta kallað á ráðstafanir til lengri tíma. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að með tilliti til hagsmuna barns geti fóstur eða vistun varað þar til barn verður lögráða. Kemur þetta í staðinn fyrir sérstaka skilgreiningu á varanlegu fóstri í kafla um ráðstöfun barna í fóstur, sbr. núgildandi lög. Vísast hér til athugasemda við XII. kafla frumvarpsins um fóstur. Nauðsynlegt þykir að gera ráð fyrir að úrræði geti varað þar til barn verður lögráða, fyrst og fremst til að tryggja stöðugleika í lífi barns þegar það á við, sbr. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Við framkvæmd þessa er gert ráð fyrir að ráðstöfun barns í fóstur verði algengasta úrræðið. Ekki þykir rétt að útiloka að önnur úrræði verði nýtt. Ljóst er að úrræði sem eru í eðli sínu tímabundin, svo sem vistun til greiningar eða meðferðar, koma tæpast til greina en hér gæti komið til álita að vista barn á sambýli eða beita sambærilegu úrræði.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um stöðu barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri. Við þær aðstæður ber ávallt að gefa barni tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Í 4. mgr. er fjallað um samþykki foreldra fyrir ráðstöfunum samkvæmt greininni. Þar kemur fram að fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þurfi samþykki beggja foreldra til ráðstafana sem fela í sér vistun barns utan heimilis. Til samanburðar er hér bent á ákvæði 3. mgr. 24. gr. þar sem eingöngu er gerð krafa um samþykki foreldris sem barn býr hjá. Ráðstafanir samkvæmt þessari grein eru aftur á móti mun viðameiri og því þykir rétt að gera ráð fyrir samþykki beggja foreldra þegar forsjá er sameiginleg. Þó er gert ráð fyrir að samþykki foreldris sem barn býr hjá sé nægilegt ef fyrir liggur samþykki barns sem orðið er 15 ára. Í þeim tilvikum skal leita umsagnar hins foreldrisins.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði sem barnaverndarnefnd er heimilt að grípa til án samþykkis og gegn vilja foreldra. Þessi þvingunarúrræði miðast við að barn búi áfram á heimili sínu en beiting þeirra yrði oftast liður í frekari meðferð málsins af hálfu barnaverndarnefndar. Ákvæðið er að hluta til sambærilegt við ákvæði 24. gr. gildandi laga. Úrræðin sem greinin mælir fyrir um eiga við ef úrræði skv. 24. og 25. gr. hafa ekki skilað árangri eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Þetta

er í samræmi við þá reglu að ávallt skuli fyrst freista þess að beita þeim úrræðum fyrst sem skemmst ganga. Barnaverndarnefnd tekur ákvarðanir skv. a–c-lið 1. mgr. með úrskurði.

Samkvæmt a-lið getur barnaverndarnefnd kveðið á um eftirlit með heimili. Ákvæðið er samhljóða a-lið 24. gr. gildandi laga. Eftirlit með heimili felur í sér reglulegar heimsóknir barnaverndarnefndar á heimili. Einnig er mögulegt að beita þessu úrræði með öðrum hætti, t.d. með því að fylgjast með barni með öflun upplýsinga frá dagvistarheimili, leikskóla eða öðrum sem kunna um að bera. Eftirlit með barni á þessum stofnunum hefur talsverða þýðingu í framkvæmd.

Samkvæmt b-lið getur nefndin gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, meðferð eða þjálfun. Fyrirmæli af þessu tagi eru raunhæf varðandi ytri aðbúnað barns, eins og dagvistun, læknismeðferð o.s.frv. Þótt svo eigi að heita að slík fyrirmæli séu sett fram gegn vilja foreldra sýnir reynslan að erfitt er að koma þeim í framkvæmd gegn eindreginni andstöðu þeirra. Í reynd þjóna slík fyrirmæli því oft fyrst og fremst því markmiði að gefa foreldrum kost á að fara að fyrirmælum barnaverndarnefndar um tiltekin atriði áður en gripið er til harkalegri ráðstafana. Þrátt fyrir augljósa erfiðleika við að framfylgja slíkum fyrirmælum gegn vilja foreldra þykir rétt að gera ráð fyrir þeim hér. Samsvarandi ákvæði er í b-lið 24. gr. gildandi laga.

Í c-lið kemur fram að barnaverndarnefnd getur ákveðið að ekki megi fara með barn úr landi. Ákvæðið samsvarar e-lið 24. gr. gildandi laga. Hliðstætt ákvæði er í 41. gr. barnalaga nr. 20/1992. Gert er ráð fyrir að unnt sé að beita þessu eftir að barnaverndarmál er hafið ef barnaverndarnefnd telur að barnið geti verið í hættu og að hagsmunum þess verði ekki borgið með öðrum hætti. Með tilliti til þessa er unnt að beita ákvæðinu meðan á könnun máls stendur, meðan unnið er að gerð áætlunar skv. 23. gr. eða eftir atvikum eftir að ákvarðanir hafa verið teknar um beitingu úrræða. Rétt er að taka fram að fjallað er um fyrirhugaðan flutning barns úr landi í 39. gr. barnalaga nr. 20/1992. Samkvæmt ákvæðinu getur dómstóll eða dómsmálaráðuneyti mælt svo fyrir að ósk annars foreldris að eigi megi fara með barn úr landi meðan forsjármáli hefur eigi verið ráðið til lykta. Er hér almennt um annars konar mál að ræða en gert er ráð fyrir í c-lið 26. gr. frumvarpsins þar sem leggja þarf sérstakt mat á það hvort barni sé hætta búin.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðstafanir skv. a-, b- og c-lið skuli ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur. Þær ber að endurskoða eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Samkvæmt 3. mgr. eru úrskurðir barnaverndarnefndar samkvæmt þessari grein kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um heimildir barnaverndarnefndar til að úrskurða um vistun barns utan heimilis í þeim tilvikum þegar ekki liggur fyrir samþykki foreldris og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri. Gert er ráð fyrir að uppfyllt séu sömu skilyrði og getið er um í 1. mgr. 26. gr., þ.e. að úrræði skv. 24. og 25. gr. hafi ekki skilað árangri eða eftir atvikum barnaverndarnefnd komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi. Ákvæði greinarinnar koma í stað 22. gr. og c-liðar 24. gr. gildandi laga en það endurspeglar sem fyrr er rakið að ekki er lengur gerður greinarmunur á úrræðum fyrir börn í hættu vegna eigin hegðunar og öðrum ástæðum afskipta.

Samkvæmt a-lið getur barnaverndarnefnd ákveðið að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði. Hér er fyrst og fremst átt við þær aðstæður ef foreldrar hafa samþykkt ráðstafanir skv. 1. mgr. 25. gr. Vera má að foreldrum snúist hugur en barna-

verndarnefnd meti það svo að hagsmunum barns sé best borgið með áframhaldandi vistun. Barnaverndarnefnd getur kveðið á um slíka vistun í allt að tvo mánuði. Ef vistun barns þarf að standa lengur verður nefndin að afla sér dómsúrskurðar. Tveir mánuðir þykja hæfilegur tími til að meta stöðu og þarfir barns, taka ákvörðun um hvort barn skuli snúa heim eða nauðsyn þess að grípa til annarra ráðstafana, svo sem vistunar til frekari meðferðar.

Í b-lið er kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og nauðsynlegar ráðstafanir í framhaldi af því, svo sem ráðstöfun þess á fóstur- eða vistheimili, meðferðarheimili eða stofnun til að tryggja öryggi barns eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barni eða veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu. Hér er gert ráð fyrir að unnt sé að grípa til allra þeirra úrræða sem lögin mæla fyrir um eftir því sem talið er henta barni best hverju sinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri sé heimilt að bera ákvörðun barnaverndarnefndar á grundvelli a- og b-liðar undir dóm. Í þessu felst að þótt barnaverndarnefnd geti sjálf, án atbeina dómstóla, með úrskurði kveðið á um þessar ráðstafanir, eiga foreldrar eða barn sem náð hefur 15 ára aldri alltaf rétt á að bera þær undir dómstóla, enda þótt þeim sé ekki ætlað að standa lengur en tvo mánuði. Krafa um niðurfellingu ákvörðunar barnaverndarnefndar þarf að hafa komið fram innan fjögurra vikna. Tekið er fram í ákvæðinu að málskot komi ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um 28. gr.

Greinin er reist á því að barnaverndarnefndir hafi eingöngu heimild til að taka ákvarðanir um vistun barna utan heimilis í tiltekinn tíma en verði að bera kröfu um lengri vistun undir dómstóla. Þar kemur fram í 1. mgr. að barnaverndarnefnd ber að afla sér úrskurðar dómara ef vistun barns utan heimilis gegn vilja foreldris eða barns sem orðið er 15 ára á að standa lengur en tvo mánuði. Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt þessari málsgrein fer samkvæmt ákvæðum XI. kafla frumvarpsins. Dómari getur úrskurðað um slíka vistun í allt að 12 mánuði í senn. Hægt er að krefjast framlengingar, sbr. nánar ákvæði 2. mgr.

Í 2. mgr. kemur fram að ef krafist er framlengingar vistunar eða sett fram krafa um forsjársviptingu skv. 29. gr., haldist ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur hefur gengið. Með þessu er tryggt að unnt er að halda vistun áfram þótt 12 mánuðir séu liðnir ef krafa hefur komið fram um framlengingu eða mál verið höfðað til forsjársviptingar áður en vistunartíminn rennur út.

Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir úrskurði dómara við þær aðstæður sem greinin lýsir. Ákvörðun felur í sér að foreldrar eru sviptir rétti til að ráða persónulegum högum barna sinna um lengri tíma. Miða ber við að foreldrar haldi lögráðum sínum yfir barni að öðru leyti og beri aðrar skyldur gagnvart barni, svo sem framfærsluskyldu. Ákvörðun um vistun samkvæmt þessari grein felur því ekki í sér eiginlega forsjársviptingu eða sviptingu lögráða yfir barni að öllu leyti. Vistun skal aldrei standa lengur en nauðsyn krefur. Hæfilegt þykir að miða við að vistun geti staðið í allt að 12 mánuði í senn. Við fyrsta dómsúrskurð telst þá með sá tími sem vistun hefur varað skv. 27. gr. ef um það er að ræða. Ef þörf er talin á að vistun standi lengur ber að afla dómsúrskurðar að nýju.

Um 29. gr.

Í 29. gr. ræðir um sviptingu forsjár. Eins og fyrr er rakið í almennum athugasemdum er hér gerð sú meginbreyting að lagt er til að barnaverndarnefnd geri kröfu fyrir dómi um að foreldri verði svipt forsjá. Um rökin fyrir þessu vísast til þess sem fyrr segir. Að öðru leyti eru skilyrði ákvæðisins sambærileg við það sem er í gildandi lögum, sbr. 25. gr.

Þannig segir í 1. mgr. að barnaverndarnefnd geti krafist þess fyrir dómi að foreldrar, annað eða bæði, skuli svipt forsjá barns. Nánari skilyrði eru sett fram í a–d-lið 1. mgr. og nægir að eitt þeirra sé uppfyllt. Þau eru:

a. Að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra við barnið sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska.
b. Að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla.
c. Að barni sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða það megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu.
d. Fullvíst má telja að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess geti verið hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjá, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða hegðun foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Þessi skilyrði hafa verið orðuð með svipuðum hætti í eldri barnaverndarlögum og allnokkur reynsla er komin á beitingu þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að túlkun þeirra og framkvæmd breytist þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd setji fram kröfu fyrir dómi, í stað þess að kveða sjálf upp úrskurð um sviptingu eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Í því felst að ekki er gert ráð fyrir að þau verði túlkuð rýmra af hálfu nefndanna en hingað til hefur verið gert þótt úrlausnarvaldið hverfi til dómstóla ef frumvarp þetta verður að lögum. Í samræmi við þetta er áréttað í 2. mgr. að kröfu um sviptingu forsjár skuli því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum mildari úrræðum til úrbóta eða slíkar ráðstafanir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Dómari metur hvort skilyrðum 1. mgr. til forsjársviptingar er fullnægt og er hann að sjálfsögðu ekki á neinn hátt bundinn af mati nefndarinnar á þörf fyrir sviptingu.

Í 3. mgr. er áréttað að mál til sviptingar forsjár sæti meðferð samkvæmt þeim reglum sem fram koma í X. kafla frumvarpsins, sbr. nánar athugasemdir við ákvæði þess kafla.

Vakin er athygli á að ákvæði 2. mgr. 25. gr. gildandi barnaverndarlaga um sviptingu forsjár yfir nýfæddum börnum er ekki að finna í frumvarpinu. Ekki er talin sérstök þörf á þessu jafnframt ákvæðum sem mæla fyrir um afskipti nefndanna af þunguðum konum, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 30. gr. frumvarps þessa. Með þeim ákvæðum skapast skilyrði til afskipta nefndar af þungaðri konu, en þau afskipti geta einnig verið undanfari sviptingar strax eftir að barn fæðist, ef aðstæður eru metnar svo að móðirin sé ófær um að annast um barn. Um skilyrði fyrir sviptingu forsjár yfir nýfæddu barni gilda að öðru leyti sömu skilyrði og endranær.

Um 30. gr.

Ákvæði 30. gr. er nýmæli, sbr. það sem áður hefur komið fram í athugasemdum við 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd sé heimilað, í samráði við hina þunguðu konu, að beita úrræðum skv. 24. og 25. gr. eftir því sem þau geta átt við í slíkum tilvikum. Hugsanlegt er að hin væntanlega móðir sé undir lögræðisaldri. Við slíkar aðstæður er gert ráð fyrir að unnt sé að beita úrræðum skv. 24. gr. gegn vilja hennar, í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um.

Ef aðstæður eru þannig að hin væntanlega móðir hefur náð lögræðisaldri, en sýnir engan vilja til samstarfs við barnaverndarnefnd og stefnir lífi og heilsu sinni og hins ófædda barns í augljósa hættu með líferni sínu, eiga hin almennu úrræði samkvæmt öðrum ákvæðum barnaverndarlaga illa við. Þar sem um lögráða einstakling er að ræða þykir heldur ekki eiga við að mæla fyrir um sérstök úrræði barnaverndarnefnda í slíkum tilvikum. Því er farin sú leið að gera ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti, telji hún ástæðu til, sett fram kröfu um að hin þungaða kona verði svipt lögræði. Með sviptingu lögræðis, í þessu tilviki sjálfræðis,

skapast grundvöllur til að vista hana á stofnun til aðhlynningar og meðferðar. Bent er á að í d-lið 2. mgr. 7. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, kemur fram að meðal sóknaraðila máls til sviptingar lögræðis geti verið félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila, þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga. Í því felst m.a. að það er dómari sem á endanum á mat um það hvort aðstæður væntanlegrar móður séu með þeim hætti að skilyrði séu til að svipta hana lögræði. Þá eiga önnur ákvæði lögræðislaga um réttarstöðu lögræðissviptra manna að sjálfsögðu við í þessum tilvikum. Sérstök ástæða er til að benda á að skv. 1. mgr. 5. gr. lögræðislaga getur svipting lögræðis, þar með talin svipting sjálfræðis, verið tímabundin. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum liðnum. Vera má að við þær aðstæður sem frumvarpsgreinin tekur til muni tímabundin svipting oftast nægja. Enn fremur er bent á að ákvæði lögræðislaga um nauðungarvistun geta að sjálfsögðu átt við um þungaðar konur, enda sé skilyrðum laganna að öðru leyti fullnægt.

Um 31. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um neyðarráðstafanir. Þar kemur fram að ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla. Þær ráðstafanir sem hér koma aðallega til skoðunar eru þær sem varða töku barns af heimili, kyrrsetningu þess á stað þar sem það er o.s.frv. Er þá gert ráð fyrir að formaður eða starfsmaður í umboði hans geti framkvæmt ráðstöfun án undangenginnar málsmeðferðar.

Í 2. mgr. ræðir um framhald málsins. Barnaverndarnefnd ber í fyrsta lagi að taka málið til meðferðar án tafar. Til greina kemur að samkomulag náist við foreldra og eftir atvikum barn um áframhaldandi ráðstöfun og í þeim tilvikum er ekki gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd kveði upp sérstakan úrskurð. Ef barnaverndarnefnd telur hins vegar þörf áframhaldandi ráðstöfunar, en samþykki aðila liggur ekki fyrir, verður nefndin að kveða upp úrskurð innan 14 daga frá því að formaður eða starfsmaður í umboði hans tók ákvörðun. Kemur hér fyrst og fremst til álita úrskurður skv. 27. gr. Ef úrskurður nefndarinnar liggur ekki fyrir innan tilskilins tíma fellur bráðabirgðaráðstöfunin úr gildi. Hér er um að ræða nokkra breytingu frá því sem mælt er fyrir um í 47. gr. gildandi laga þar sem miðað er við að leggja beri ákvörðun formanns eða starfsmanns fyrir nefndina til staðfestingar. Telja verður að það hafi ekki sérstaka þýðingu að ákvörðun formanns eða starfsmanns í umboði hans sé staðfest. Eðlilegra þykir að nefndin taki einfaldlega ákvörðun innan tiltekins tíma um framhald málsins.

Ef neyðaraðstæður eru taldar vera fyrir hendi er heimilt að fara inn á heimili þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr., enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

Um 32. gr.

Í greininni ræðir um skipan forsjár og lögráð barns sem tekið hefur verið úr forsjá og umsjá foreldra. Í 1. mgr. kemur fram að hafi foreldrar verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar. Miðað er við að barnaverndarnefnd fari með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Þá getur barnaverndarnefnd enn fremur óskað eftir því að yfirlögráðandi skipi barni sérstakan lögráðamann, þar með talinn fjárhaldsmann, ef það er talið í þágu hagsmuna barnsins. Um forsjá barna sem sett eru í fóstur samkvæmt ákvæðum XII. kafla frumvarpsins fer samkvæmt ákvæðum þess kafla.

Í framkvæmd hefur oft verið ýmsum vandkvæðum bundið að skipa lögráðamenn fyrir börn en úr þessu hefur að einhverju leyti verið bætt með ákvæði 62. gr. lögræðislaga nr.

71/1997 sem m.a. felur í sér að yfirlögráðandi getur ákveðið að skipaður lögráðamaður fái sanngjarna þóknun fyrir störf sín sem greiðist úr ríkissjóði. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir að lögráð barnsins verði hjá barnaverndarnefnd þar til hún ákveður annað, enda er það nefndin sem í reynd ber ábyrgð á velferð barnsins eftir að það hefur verið tekið úr forsjá foreldra sinna.

Í 2. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr. Hér t.d. átt við ef barn verður forsjárlaust vegna andláts foreldra.

Um 33. gr.

Í greininni ræðir um umsjá barna sem tekin hafa verið af heimili samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Barnaverndarnefnd skal skv. 1. mgr. þegar gera ráðstafanir til að tryggja barni góða umsjá. Hafa ber í huga að þessar ráðstafanir fela ekki allar sjálfkrafa í sér að foreldrar hafi verið sviptir forsjá, sbr. t.d. 25. gr. og b-lið 1. mgr. 27. gr. Allt að einu er mikilvægt að leggja þá skyldu á herðar barnaverndarnefndar að tryggja barni, sem tekið hefur verið af heimili, góða umsjá. Í framkvæmd er það oft svo að slík umsjá hefur verið tryggð áður en barn er tekið af heimili sínu. Barnaverndarnefnd skal gera skriflega áætlun um hvernig umsjá barns verði tryggð, svo sem um hvernig vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun og stuðning meðan vistun varir.

Í 2. mgr. er sett fram sú meginregla að leitast skuli við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni. Ekki er unnt að kveða fastar að orði, enda getur verið mjög erfitt að finna slíkar lausnir, auk þess sem hagsmunir barnanna þurfa ekki alltaf að vera best tryggðir með þeim hætti, t.d. vegna mismunandi þarfa þeirra.

Í 3. mgr. ræðir um réttarstöðu foreldris sem svipt hefur verið forsjá samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Byggt er á þeirri grundvallarreglu að foreldri sem svipt hefur verið forsjá hafi ekki lengur rétt til íhlutunar um málefni barnsins og eigi ekki aðild að ákvörðunum um frekari ráðstafanir í barnsins þágu. Í þessu felst m.a. að foreldri á ekki skilyrðislausan rétt til að fá upplýsingar um ráðstafanir eða til aðgangs að gögnum og ekki ber að leita eftir samráði þess um aðgerðir. Í samræmi við þetta byggist 3. mgr. á því að foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum sem varða ákvörðun um umgengnisrétt. Þetta er eðlileg regla. Í forsjársviptingunni felst að foreldrar eru sviptir öllum rétti til að taka ákvarðanir fyrir hönd barna sinna. Eina undantekningin frá þessu eru ágreiningsmál sem varða umgengnisrétt þeirra.

Um 34. gr.

Í greininni ræðir um endurskoðun ráðstafana. Í 1. mgr. er kveðið á um afturköllun samþykkis fyrir tímabundnum úrræðum skv. 25. gr. frumvarpsins. Er þá einfaldlega gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti gripið til annarra úrræða gegn vilja foreldra, sbr. nánar ákvæði 26.–29. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. ræðir um tvenns konar aðstæður. Í fyrsta lagi þá aðstöðu þegar foreldri, og/eða eftir atvikum barn, vill draga til baka samþykki sitt fyrir ráðstöfunum skv. 25. gr. sem hefur verið ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Er miðað við að aðili geri kröfu fyrir dómi ef barnaverndarnefnd vill ekki fallast á slíka málaleitan. Í öðru lagi er í málsgreininni fjallað um það þegar foreldrar vilja fá breytt eldri dómi um sviptingu forsjár. Í slíku tilfelli verður einnig að höfða mál fyrir dómi, enda samþykki barnaverndarnefnd ekki slíka breytingu.

Í 3. mgr. er nánar mælt fyrir um skilyrði breytinga o.fl. Fram kemur að krafa skv. 2. mgr. verði því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með

tilliti til hags og þarfa barnsins. Ákvæðið er orðað með hliðstæðum hætti og ákvæði 35. gr. barnalaga nr. 20/1992. Þá er sett fram sú regla í 3. mgr. að hafi foreldri verið svipt forsjá sé einungis hægt að gera kröfu um breytingu á forsjá að liðnir séu hið skemmsta 12 mánuðir frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi. Samkvæmt þessu getur dómari vísað máli frá ef það er höfðað innan þessara tímamarka. Rökin að baki þessari reglu eru augljós. Með henni er komið í veg fyrir endurtekin og samfelld málaferli þar sem krafa um breytingu er sett fram strax í kjölfar endanlegs dóms. Slíkt er til þess fallið að skapa óróleika og óvissu um framtíð barns og raska þeim stöðugleika í lífi þess sem ávallt ber að leitast við að varðveita. Á hinn bóginn þykir ekki verða hjá því komist að gera ráð fyrir að foreldrar sem sviptir hafa verið forsjá hafi leiðir til að fá því breytt ef aðstæður þeirra hafa breyst til hins betra og breyting er að öðru leyti talin í samræmi við hagsmuni barnsins. Við beitingu þessa ákvæðis má hafa til hliðsjónar 35. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Um VII. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði um aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda en þær sem taldar eru í VI. kafla. Rétt þykir að skipa þessum ákvæðum í sérstakan kafla þar sem þessar ráðstafanir eru nokkurs annars eðlis en þær sem um ræðir í VI. kafla. Breytt framsetning ákvæðanna þykir skýrari en í gildandi lögum. Rétt er að benda sérstaklega á tvö mikilvæg nýmæli í kaflanum. Í fyrsta lagi 36. gr. um rétt Barnaverndarstofu og fleiri aðila til upplýsinga úr sakaskrá vegna manna sem gerst hafa sekir um brot sem eiga undir nánar tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga. Í öðru lagi er ástæða til að benda á ákvæði 37. gr. um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, en hið síðarnefnda er nýmæli í barnaverndarlögum.

Um 35. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga sér að nokkru hliðstæðu í 23. gr. gildandi laga, sbr. einkum 2. mgr. Í gildandi lögum segir þó aðeins að barnaverndarnefnd skuli í tilvikum sem þeim sem lýst er í ákvæðinu grípa til nauðsynlegra aðgerða án þess að nánar sé tilgreint hverjar þær skuli vera. Í frumvarpsgreininni er leitast við að skýra þetta frekar. Í ákvæðinu kemur fram að fái barnaverndarnefnd vitneskju um að framkomu manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant, skuli nefndin, ef hún telur tilefni til, hefja könnun málsins. Hér undir gæti t.d. fallið einelti af hálfu starfsmanns, ruddaleg, óviðurkvæmileg, ofbeldisfull eða ógnandi framkoma. Ákvörðun um könnun ber að tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal síðan tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta. Ákvæðið á einkum við um starfsmenn leikskóla, skóla, sumarbúða fyrir börn, tómstundamiðstöðva fyrir börn og þess konar staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma. Vakin er athygli á að með 1. mgr. eru barnaverndarnefndum ekki fengnar beinar heimildir til að grípa til sértækra úrræða eða þvingunarráðstafana. Heimildin nær eingöngu til þess að rannsaka málið og til þess að tilkynna um niðurstöður könnunar til vinnuveitanda. Það er síðan vinnuveitanda að taka frekari ákvarðanir eftir því sem hann telur niðurstöður könnunar gefa tilefni til, svo sem um áminningu, tilflutning í starfi eða eftir atvikum brottrekstur ef ávirðingar eru taldar nægilega miklar. Ef ætla má að framkoma manns í garð barns sé slík að varðað geti hann refsingu samkvæmt ákvæðum hegningarlaga eða annarra laga getur nefnd, og eftir atvikum vinnuveitandi, tilkynnt um niðurstöður könnunar til lögreglu. Til álita getur komið að beita þessu ákvæði þó ekki liggi fyrir hvort eða hvaða einstök börn hafi orðið fyrir tjóni. Rétt er að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir geta enn fremur þurft að beita þessu ákvæði jafnhliða vinnslu barnaverndarmáls um mál tiltekins barns þegar það á við.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að unnt sé að grípa til ráðstafana í því skyni að vernda börn gegn hættum sem þeim kunna að stafa af dæmdum kynferðisbrotamönnum. Rannsóknir hafa sýnt að nokkur hluti kynferðisbrotamanna er líklegur til að endurtaka brot sín. Af þessum sökum þykir réttmætt vegna hagsmuna barna að unnt sé að fylgjast með aðsetri þeirra á hverjum tíma og jafnvel grípa til tiltekinna ráðstafana ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, t.d. að freista þess að slíkir menn sinni ekki störfum sem feli í sér umgengni við börn, umsjón og ábyrgð á þeim. Nefndin hefur kannað löggjöf um þetta efni í nokkrum löndum og eru ákvæði greinarinnar að nokkru leyti byggð á hliðstæðum sjónarmiðum og í löggjöf annarra ríkja.

Á síðasta áratug hafa verið sett lög í nokkrum löndum, t.d. Bretlandi og Bandaríkjunum, sem miða að því að unnt sé að fylgjast með dæmdum kynferðisbrotamönnum. Lengst hafa Bandaríkjamenn gengið í þessum efnum en árið 1996 tóku gildi sérstök lög um almenna tilkynningarskyldu dæmdra kynferðisbrotamanna, svonefnd „Megan's Law“. Um er að ræða alríkislög sem skylda öll 50 ríki Bandaríkjanna til að lögleiða lágmarksákvæði til að láta almenningi í té upplýsingar um þá kynferðisbrotamenn sem álitið er að hætta geti stafað af. Dæmdum kynferðisbrotamönnum er þá gert skylt að tilkynna yfirvöldum um heimilisfang sitt þegar að lokinni afplánun og síðan ætíð þegar þeir hafa aðsetursskipti. Einstök ríki Bandaríkjanna hafa útfært lögin með ólíkum hætti og er sums staðar gengið mjög langt í þessum efnum. Í sumum ríkjum gengur lögregla í hús í nágrenni hins dæmda og gerir barnafjölskyldum viðvart, lætur í té upplýsingar um eðli brots og nafn og heimilisfang viðkomandi og jafnvel andlitsmynd. Þá er algengt að persónuupplýsingum um dæmda kynferðisbrotamenn (svonefnd „sex offender registry“) sé komið fyrir á veraldarvefnum í því skyni að gera þær aðgengilegar öllum sem vilja. Gjarnan fylgir þá eins konar „hættumat“ þar sem brotamenn eru flokkaðir eftir því hvort af þeim kunni að stafa mikil, miðlungs eða lítil hætta („high risk“, „medium risk“ og „low risk“) og er þekktum aðferðum beitt við þetta mat. Megans-lögin eru mjög umdeild í Bandaríkjunum og ekki síst sú framkvæmd sem lengst gengur og hér hefur verið greint frá. Fagfólk á þessu sviði er almennt andvígt þessu fyrirkomulagi sem komið var á í tilfinningahita í kjölfar tiltekinna atburða sem settu mark sitt á bandarísku þjóðina. Nefndin telur að ákvæði um tilkynningarskyldu til almennings um kynferðisbrotamenn hliðstæð þeim sem hér hefur verið greint frá eigi ekki erindi í lög á Íslandi.

Árið 1997 tóku gildi í Bretlandi sérstök lagaákvæði um skráningu dæmdra kynferðisbrotamanna (Sex Offenders Register). Þau eru sambærileg bandarísku lagareglunum að því er varðar skyldu dæmdra kynferðisbrotamanna til að tilkynna aðsetur sitt til lögregluyfirvalda. Í lögunum er þó ekki að finna almennar heimildir, hvað þá skyldu, til að tilkynna almenningi um aðsetur dæmdra kynferðisbrotamanna. Aftur á móti eru heimildir til að miðla upplýsingum um þá kynferðisbrotamenn sem talið er að veruleg hætta stafi af til barnaverndaryfirvalda svo og í sérstökum tilvikum til stofnana sem sinna börnum sérstaklega, t.d. skóla. Þá eru þröngar heimildir fyrir hendi til að upplýsa almenning, t.d. þegar kynferðisbrotamaður býr undir sama þaki og börn. Þá eru enn fremur í breskum lögum ákvæði sem miða að því að kynferðisbrotamönnum verði bannað að sinna störfum sem hafa í för með sér samskipti við börn án eftirlits annarra (unsupervised access to children).

Reglur sem stefna að sama marki er víðar að finna þótt skemmra gangi. Þannig má nefna að með lögum frá 4. júní 1999 nr. 35 voru gerðar nokkrar breytingar á norsku barnaverndarlögunum, m.a. á grein 6–10. Samkvæmt ákvæðinu ber þeim sem ráðnir eru til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða stofnunum sem sinna málefnum sem eiga undir barnavernd að leggja fram sakavottorð (politiattest). Hið sama gildir um fósturforeldra. Jafnframt er hægt

að krefjast slíks vottorðs vegna annarra sem búa á heimili fósturforeldra. Tekið er fram að í vottorðinu skuli koma fram hvort menn hafa verið dæmdir samkvæmt tilteknum ákvæðum hegningarlaga og að óheimilt sé að ráða þá til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða stofnunum sem sinna barnavernd. Þau ákvæði norsku hegningarlaganna sem vísað er til samsvara þeim ákvæðum íslensku hegningarlaganna sem vísað er til hér að neðan, sbr. lög nr. 19/1940. Í Noregi er einnig að finna sérákvæði í lögum um leikskóla, grunnskóla og víðar sem innihalda sams konar bann.

Ákvæði frumvarpsins byggjast á áþekkum sjónarmiðum og að framan eru rakin en ganga þó mun skemmra en hinar bandarísku og bresku reglur sem að framan eru raktar. Má segja að leiðin sem lögð er til í þessu frumvarpi svipi mest til þeirrar norsku, þótt útfærslan sé önnur, að því leyti að gert er ráð fyrir aðgangi að upplýsingum að gefnu tilefni í stað þess að gera kröfu um að sakavottorð verði alltaf lagt fram. Þá gera norsku lögin ekki ráð fyrir upplýsingaöflun af því tagi sem 1. mgr. greinarinnar mælir fyrir um.

Í 1. mgr. greinarinnar er farin sú leið að tryggja Barnaverndarstofu aðgang að upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot sem eiga undir XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Sum ákvæðanna eru að vísu þess eðlis að þau eiga eingöngu við þegar verknaður beinist gegn einstaklingum undir ákveðnum aldursmörkum. Önnur eru aftur á móti ekki bundin við það, svo sem 194. gr. Þykir því rétt að afmarka þetta með þeim hætti sem hér er lagt til. Með slíkri upplýsingaöflun gefst Barnaverndarstofu jafnframt kostur á að fá upplýsingar um þá sem taldir eru sérstaklega hættulegir. Stofan getur jafnframt tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji í umdæmi hennar maður sem það á við um. Í ákvæðinu er jafnframt gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti tilkynnt öðrum um mann sem ákvæðið á við um, en þá þarf hún að fá til þess samþykki Barnaverndarstofu. Hér koma fyrst og fremst til greina heimilismenn þar sem viðkomandi maður hefur aðsetur, ef börn eru á heimilinu. Einnig gætu hér komið til greina nágrannar viðkomandi ef þeir eiga börn sem telja má að geti verið í hættu. Árétta ber að þessi réttur til að tilkynna öðrum, sem skýra verður þröngt, dregur ekki á nokkurn hátt úr skyldu barnaverndarnefnda til að kanna málið frekar sem barnaverndarmál, ef veruleg hætta er talin stafa af manni og skilyrði eru fyrir hendi að öðru leyti til að hefja könnun máls sem barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum, eða öðrum stofnunum þar sem barnaverndarstarf fer fram, menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem talin eru hér að framan. Bent er á að bannið tekur eingöngu til barnaverndaryfirvalda og stofnana sem sinna barnaverndarstarfi, hvort sem þær eru einkareknar eða reknar af ríki eða sveitarfélögum. Þetta er sams konar regla og í norsku lögunum.

Að sjálfsögðu kemur til athugunar hvort samsvarandi bann skuli gilda um skóla, leikskóla og dagvistarheimili fyrir börn og aðra staði þar sem börn koma saman og dveljast um lengri eða skemmri tíma, svo sem íþrótta- og tómstundamiðstöðvar o.s.frv. Ekki þykir þó fært að mæla fyrir um slíkt alhliða bann í barnaverndarlögum. Þykir eðlilegra að þetta sé gert í sérlögum um einstakar stofnanir ef vilji er til þess að setja slík bönn. Í 3. mgr. er aftur á móti farin sú leið að nánar tilgreindir aðilar geta fengið upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður sem sótt hefur um störf á þeirra vegum hafi gerst sekur um brot sem varðar við eitthvert af framangreindum ákvæðum. Ekki er gert ráð fyrir að þessir aðilar geti fengið upplýsingar um alla sem gerst hafa sekir um slík brot, heldur aðeins hvort það á við um tiltekinn einstakling og þá aðeins að gefnu tilefni.

Um 37. gr.

Í greininni er kveðið á um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann. Þar kemur fram að ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Þá er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur að barninu geti annars liðið vel þar. Nýmælið felst í því að gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd geri kröfu um þessar aðgerðir fyrir dómi, í samræmi við þá málsmeðferð sem gildir samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála um nálgunarbann. Nálgunarbann er nýtt úrræði í íslenskri löggjöf, sbr. nú XIII. kafla A, 110. gr. a – 110. gr. d, í lögum um meðferð opinberra mála, sbr. 3. gr. laga nr. 94/2000. Í gildandi barnaverndarlögum er að finna ákvæði um brottvikningu af heimili, sbr. 28. gr. Ákvæði 37. gr. frumvarpsins kemur í stað þess að nokkru leyti en er þó víðtækara en ákvæði gildandi laga sem tekur aðeins til brottvikningar af heimili en ekki nálgunarbanns. Þá er eins og fyrr segir ekki gert ráð fyrir því lengur að barnaverndarnefnd geti sjálf tekið ákvörðun um brottvikningu heimilismanns, heldur verður að gera um hana kröfu fyrir dómi.

Samkvæmt 110. gr. b laga um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir að lögregla setji fram kröfu um nálgunarbann. Í þessum frumvarpi er einnig gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti sett slíka kröfu fram, enda sé það gert til verndar barni eða börnum, en að öðru leyti fari um meðferð máls samkvæmt þeim reglum sem fram koma í lögum um meðferð opinberra mála. Ef ákvæði frumvarps þessa eru borin saman við tilvitnuð ákvæði laga um meðferð opinberra mála er ljóst að skilyrði fyrir nálgunarbanni eru ekki að öllu leyti sambærileg í þessum tilvikum. Í frumvarpi þessu er krafa um nálgunarbann og brottvikning af heimili úrræði barnaverndarnefndar til verndar börnum en ekki lögregluaðgerð. Verður að meta hvort skilyrði eru til beitingar úrræðisins í því ljósi.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefndum og fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Ákvæði þessi eru ítarlegri en í gildandi lögum og leitast er við greiða úr ýmsum álitaefnum sem upp hafa komið við framkvæmd gildandi laga.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um tengsl stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sérákvæða þeirra um meðferð barnaverndarmála sem frumvarpið hefur að geyma. Segir í 1. mgr. að um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð skuli ákvæði stjórnsýslulaga gilda með þeim frávikum sem greinir í ákvæðum frumvarpsins. Þá er sérstaklega tekið fram að málsmeðferðarreglur þessar gildi einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. frumvarpsins. Með þessu ákvæði er tekinn af allur vafi um það að almenn ákvæði stjórnsýslulaga gilda nema sérstaklega sé mælt fyrir um frávik í barnaverndarlögum. Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í gildandi lögum og hefur það í framkvæmd vakið spurningar um gildissvið stjórnsýslulaga að þessu leyti. Full ástæða er því til að kveða skýrt á um þetta í barnaverndarlögum.

Vert er að benda á að í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga segir að ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en þau mæla fyrir um, haldi gildi sínu. Í þessu felst að stjórnsýslulögin mæla fyrir um lágmarkskröfur til málsmeðferðar. Enn

fremur leiðir af þessu að gera verður ráð fyrir því að ákvæði stjórnsýslulaga gangi framar ákvæðum annarra laga sem gera vægari kröfur. Þetta sjónarmið kemur m.a. fram í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1360/1995 (SUA 1996, 151). Segir í álitinu að það leiði af ákvæði 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaga að barnaverndarlög víki fyrir ákvæðum stjórnsýslulaga að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um lakari réttarstöðu málsaðila, en að því leyti sem ákvæði barnaverndarlaga geyma strangari málsmeðferðarreglur, sem tryggja betur réttarstöðu málsaðila, gangi þau framar stjórnsýslulögum. Þetta takmarkar í reynd svigrúmið til að mæla fyrir um sérstakar málsmeðferðarreglur í barnaverndarmálum sem fælu í sér vægari kröfur um málsmeðferð en í stjórnsýslulögunum felast. Í tveimur ákvæðum frumvarps þessa er þó að finna sérákvæði sem segja má að feli í sér visst frávik frá þeim meginreglum sem stjórnsýslulögin hafa að geyma. Í fyrsta lagi í 4. mgr. 21. gr. þar sem kveðið er á um að heimilt sé að fresta tilkynningu til foreldra um að könnun sé hafin. Þetta ákvæði felur í sér nokkurt frávik frá 14. gr. stjórnsýslulaga, sem í þessu tilviki er réttlætt með því að ríkir hagsmunir barns og rannsóknarhagsmunir kunni að réttlæta það. Í öðru lagi er að finna frávik frá almennum reglum í 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði ákveðið að tiltekin gögn skuli ekki afhent telji hún afhendingu þeirra geta skaðað hagsmuni barnsins. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau, eða ljósrit af þeim, séu afhent. Í þessum ákvæðum felast viss frávik frá meginreglu þeirri sem er að finna í 15. gr. stjórnsýslulaga. Það er þó frávik sem talið er rúmast innan takmarka þeirra sem greind eru í 17. gr. stjórnsýslulaga og í þessu tilviki réttlætt með því að aðgangur að upplýsingum geti haft skaðleg áhrif á samband foreldra og barns. Á þessu sjónarmiði er ákvæði frumvarpsins reist. Að öðru leyti er við það miðað að ákvæði frumvarpsins feli ekki í sér reglur sem veiti aðilum máls lakari réttarstöðu en leiða mundu af stjórnsýslulögum þótt sumar þessara reglna eigi vissulega sérstaklega við um barnaverndarmál.

Í sumum tilvikum inniheldur þessi kafli frumvarpsins ákvæði sem eru sams konar þeim sem er að finna í stjórnsýslulögum. Vekur það þá spurningu hvort ekki væri nægilegt að vísa til þessara ákvæða í stað þess að endurtaka þau í barnaverndarlögum. Í þessu sambandi er þó bent á að reglurnar í þessum kafla eru ekki jafnalmennt orðaðar og hliðstæð ákvæði stjórnsýslulaga. Er orðalaginu hagað þannig að reglurnar lúta sérstaklega að barnaverndarmálum og meðferð þeirra. Enn fremur telur nefndin að til bóta sé að hafa reglurnar einnig í barnaverndarlögum þar sem með því yrðu ákvæði laganna ítarlegri og auðveldara fyrir þá sem vinna eftir þeim að hafa heildaryfirlit yfir þær á einum stað. Leggja ber áherslu á að í þessari framsetningu felst ekki að túlka beri og beita þessum ákvæðum á þann hátt að það leiði til lakari réttarstöðu málsaðila en samkvæmt stjórnsýslulögum.

Í 2. mgr. er tekið fram að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd. Gert er ráð fyrir að sú reglugerð taki til einstakra þátta í málsmeðferðinni og feli í sér nánari útfærslu þeirra reglugerða sem í frumvarpinu er að finna. Ekki er þó gert ráð fyrir að í reglugerð sé mælt fyrir um frekari frávik frá almennum reglum stjórnsýslulaga, að því marki sem slíkar reglur kynnu að leiða til lakari réttarstöðu fyrir aðila en leiða mundi af stjórnsýslulögum. Mikilvægt er að sett verði reglugerð til fyllingar ákvæðum frumvarpsins þannig að tryggt sé samræmi í störfum einstakra barnaverndarnefnda að því marki sem unnt er.

Um 39. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu barnaverndarnefnda til að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Þá ber að varðveita gögn með tryggilegum hætti og

þannig að þau séu aðgengileg. Hliðstætt ákvæði er í 22. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Meginsjónarmiðið að baki reglu upplýsingalaga er að gögnin séu aðgengileg vegna aðgangs almennings að þeim. Í barnaverndarlögum eru það þó ekki þeir hagsmunir sem hafðir eru í huga, heldur fyrst og fremst hagsmunir aðila af því að málsmeðferðin sé greið og skipuleg. Ljóst þarf að vera hvenær og hvernig mál hefst, hvaða gögn tilheyra því og hvenær ákvarðanir hafa verið teknar. Vandaðri skráningu málsins er ætlað að stuðla að þessu. Þá er skipuleg og vönduð skráning mála forsenda fyrir því að Barnaverndarstofa geti rækt eftirlitshlutverk sitt. Skráningin auðveldar einnig barnaverndarnefndum vinnslu ársskýrslna sinna til Barnaverndarstofu, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Um 40. gr.

Í greininni er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu barnaverndarnefndar. Þar segir að barnaverndarnefnd skuli leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð fyrir nefndinni og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum frumvarpsins og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir og fleira. Almennt ákvæði þessa efnis er lögfest í 7. gr. stjórnsýslulaga. Þar segir að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Ákvæði frumvarpsins er sértækara. Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á leiðbeiningarskyldu barnaverndaryfirvalda.

Vegna eðlis barnaverndarmála og heimilda barnaverndaryfirvalda til að grípa inn í viðkvæm einkamálefni er rík ástæða til að leggja áherslu á skyldu barnaverndaryfirvalda til að leiðbeina aðilum um málsmeðferð, réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum frumvarpsins og reglum stjórnsýslulaga. Þannig ber nefndinni m.a. að leiðbeina aðilum um rétt þeirra til aðstoðar lögmanns og um kæruleiðir. Sérstök ástæða er til að nefna þetta tvennt þar sem misbrestur á leiðbeiningum varðandi þessi atriði getur auðveldlega leitt til þess að ákvarðanir nefndar verði ógiltar, auk þess sem ónógar eða rangar leiðbeiningar gætu varðað nefndirnar bótaskyldu ef skilyrðum er að öðru leyti fullnægt.

Um 41. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um rannsóknarreglu, málshraða o.fl. Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Þetta er svokölluð rannsóknarregla, sbr. einnig 10. gr. stjórnsýslulaga. Í þessu felst að barnaverndarnefnd skal að eigin frumkvæði tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Með þessu er reynt að tryggja að ákvarðanir nefndanna séu bæði löglegar og réttar. Ekki verða settar fram nákvæmar reglur um það hvernig staðið skuli að könnun máls og hvaða gagna skuli aflað. Er það breytilegt eftir eðli málsins hverju sinni. Sérstaklega þarf að gæta vel að því að mál sé nægjanlega rannsakað áður en barnaverndarnefnd tekur íþyngjandi ákvörðun gegn vilja aðila.

Í 2. mgr. er meðalhófsreglan m.a. sett fram þar sem segir að könnun barnaverndarmáls skuli ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur. Með þessu er lögð áhersla á að barnaverndarnefnd gangi ekki lengra í gagnaöflun og könnun máls hverju sinni en nauðsynlegt er. Í þessu felst einnig að ekki séu notaðar harkalegri aðferðir við könnun máls og öflun gagna en efni standa til. Í síðari hluta 2. mgr. er mælt fyrir um málshraða. Segir að ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skuli að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um að hefja könnun var tekin. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að könnun máls sé hraðað svo sem kostur er og niðurstaða fáist sem fyrst.

Um 42. gr.

Í 42. gr. er sérstaklega fjallað um skráningu munnlegra upplýsinga. Mælt er svo fyrir að slíkar upplýsingar beri að skrá nákvæmlega ef ætla má að þær geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins og þær er ekki að finna í öðrum gögnum málsins. Þetta ákvæði breytir því þó ekki að ástæða er til að barnaverndarnefnd leitist við að afla skriflegra upplýsinga. Ákvæði greinarinnar byggist á því að mikilvægt sé að tryggja aðilum aðgang að upplýsingum sem nefndunum eru veittar munnlega, enda sé um að ræða upplýsingar um málsatvik sem geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Þá þarf enn fremur að koma fram hver veitti viðkomandi upplýsingar. Aðgangur að þeim og vitneskja um hver lét þær í té er mikilvæg til þess að málsaðili geti gætt andmælaréttar síns. Hliðstæð regla er í 23. gr. upplýsingalaga, þótt markmið hennar sé að hluta til annað.

Um 43. gr.

Í greininni er mælt fyrir um rannsóknarheimildir. Í 1. mgr. er lögð áhersla á það sjónarmið að framkvæma skuli könnun í samráði og samvinnu við foreldra.

Í 2. mgr. kemur fram að foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá sé skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skuli barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni. Með þessu er lögð áhersla á skyldu foreldra til samvinnu við barnaverndarnefnd við könnun máls. Þá er að sjálfsögðu mikilvægt að starfsmenn barnaverndarnefnda geri sér far um að sýna börnum og foreldrum ýtrustu nærgætni, enda hvers konar afskipti barnaverndarnefnda viðkvæmt mál.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimildir barnaverndarnefndar til að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar er getur borið um hag aðila.

Í 4. mgr. ræðir um heimildir barnaverndarnefnda til að fara inn á heimili barns til rannsókna á högum þess. Lagt er til, eins og gildandi lög gera ráð fyrir, að meginreglan verði sú að barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar eigi því aðeins aðgang að heimili barns að samþykki foreldra liggi fyrir, en ella dómsúrskurður.

Í 5. mgr. ræðir á hinn bóginn um heimildir barnaverndarnefndar til að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf til að tala við barn, fylgjast með því eða gera á því athugun. Breytingin frá því sem er í gildandi lögum er í meginatriðum tvenns konar: Annars vegar sú að önnur regla gildi um aðgang barnaverndarnefndar að stöðum utan heimilis barns en á heimili, en gildandi lög leggja þetta tvennt að jöfnu. Hins vegar að önnur regla gildi um ung börn en um börn 12 ára og eldri.

Meginreglan verði sú að sé barn yngra en 12 ára verði slík athugun á barni aðeins gerð í samráði við foreldra. Þó er gert ráð fyrir, ef ríkir rannsóknarhagsmunir mæla með því, að heimilt sé að tala við barn og fylgjast með því án vitneskju foreldra. Í þeim tilvikum ber að tilkynna viðkomandi svo fljótt sem verða má að athugun hafi farið fram. Þykir það samræmast vel þeim sjónarmiðum sem fram koma í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns að unnt sé að tala við barn og kanna hagi þess þótt ekki liggi fyrir samþykki foreldris ef brýnir rannsóknarhagsmunir þykja mæla með því. Þessa undantekningu ber að sjálfsögðu að skýra í ljósi þeirrar meginreglu að samþykkis sé leitað. Lögð er því áhersla á að haft sé samráð við foreldra og að barnaverndarnefnd þurfi að rökstyðja sérstaklega ef talið er rétt að tala við barn og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra. Á það fyrst og fremst við ef grunur er um að barn hafi verið beitt alvarlegu ofbeldi, t.d. kynferðisofbeldi, eða stafi að öðru leyti ógn af framferði foreldris. Þessari heimild er ætlað að draga úr hættu á að foreldri komi í veg fyrir að barn tjái sig, svo sem með því að neita um samþykki til þess,

hóta því eða eftir atvikum að foreldri reyni að hafa óeðlileg áhrif á framburð barns eða spilli könnun máls með öðrum hætti.

Af ákvæði þessu leiðir að þegar um börn 12 ára og eldri er að ræða er barnaverndarnefndum og starfsmönnum þeirra heimilt að ræða við þau, vegna könnunar máls, t.d. í skóla eða neyðarathvarfi, án þess að hafa um það samráð við foreldra áður. Aldursmarkið, 12 ár, tekur mið af 2. mgr. 46. gr. frumvarpsins þar sem segir að ávallt skuli gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Er þetta í samræmi við vaxandi áherslu á sjálfstæðan rétt barns og sérstaka hagsmuni þess við úrlausn barnaverndarmáls þar sem tekið er mið af þroska þess og aldri.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er að finna nýmæli sem kveður á um skyldu tiltekinna aðila til að láta barnaverndarnefnd í té upplýsingar. Í framkvæmd hafa komið upp allmörg álitamál sem þetta varðar, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í málum 530/1991 og 536/1991 (SUA 1992, 323), sem nánar eru rakin hér á eftir. Með ákvæði frumvarpsins er lagt til að kveðið verði skýrt á um skyldu tiltekinna aðila til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar. Þar segir að öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, sé skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur og aðrar upplýsingar sem nefndin telur að geti skipt máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalið eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins. Með sama hætti er lögreglu og sakaskrá ríkisins skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem þessir aðilar búa yfir um barn og foreldra þess. Upplýsingaskylda samkvæmt þessum ákvæðum gengur framar þagnarskyldu einstakra starfsstétta. Sjá einnig til samanburðar 17. gr. frumvarpsins og athugasemdir við þá grein.

Vert er að benda á að meðal upplýsinga sem skylt er að láta í té samkvæmt þessu ákvæði eru þær sem varða heilsufar foreldra og batahorfur ef því er að skipta. Slíkar upplýsingar geta vissulega skipt miklu máli þegar gera þarf áætlun um framtíð barns og stuðningsaðgerðir í þágu þess. Í fyrrgreindum málum umboðsmanns var kvartað yfir því að landlæknir og nafngreindur læknir á tilteknu sjúkrahúsi hefðu í heimildarleysi afhent barnaverndaryfirvöldum skýrslu um sjúkdóm (eyðnismit). Í niðurstöðu umboðsmanns var talið að það yrði ekki gagnrýnt þótt barnaverndaryfirvöld teldu sjúkdóm foreldris varða hagi barnsins. Var afhending gagnanna til barnaverndaryfirvalda ekki talin fela í sér brot á þagnarskyldu læknisins.

Þá er enn fremur mögulegt að fram komi meðan á meðferð foreldris stendur að foreldri hafi framið misgjörðir gagnvart barni, svo sem sýnt því kynferðislegt ofbeldi eða misboðið því á annan hátt. Rétt er að gera ráð fyrir að yfirmönnum á meðferðarstofnun verði skylt að láta í té upplýsingar um slíkt, sbr. og einnig ákvæði um tilkynningarskyldu í 16. og 17. gr. frumvarpsins. Þetta er m.a. þýðingarmikið til þess að unnt sé að veita viðkomandi börnum þann stuðning sem nauðsynlegur kann að vera.

Í gildandi lögum eru ákvæði um upplýsingaskyldu ekki skýr. Ástæða er því til að setja skýrar reglur um upplýsingaskyldu, m.a. til að fækka álitaefnum sem að þessu lúta. Komið hafa upp ágreiningsmál þar sem læknar hafa tilkynnt barnaverndarnefnd um óviðunandi aðstæður en þeir hafi síðan ekki talið sér skylt að gefa nánari upplýsingar um mál. Þá hefur

borið við að heilbrigðisstofnanir hafi neitað að gefa upplýsingar um stöðu foreldra sem lagðir hafa verið inn nema gegn greiðslu. Hafa landlæknir og stjórnendur einstakra sjúkrahúsa talið að greiða skuli fyrir þessar upplýsingar. Með ákvæði því sem lagt er til hér er kveðið skýrt á um að slíkar upplýsingar skuli látnar nefndunum í té endurgjaldslaust.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um upplýsingarétt og aðgang málsaðila að gögnum máls.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að barnaverndarnefnd skuli með nægjanlegum fyrirvara láta aðilum í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess. Hliðstæð regla er í 15. gr. stjórnsýslulaga. Þar kemur fram að aðili máls eigi rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Samkvæmt ákvæði stjórnsýslulaga felst einnig í reglunni að aðili skuli fá afrit eða ljósrit af málsskjölum fari hann fram á það, nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé vandkvæðum bundið.

Reglan er byggð á því sjónarmiði að almennur aðgangur að upplýsingum og umráð skjala málsins sé nauðsynlegur liður í því að aðili geti gætt andmælaréttar síns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um takmörkun á rétti til aðgangs að gögnum málsins. Segir þar að barnaverndarnefnd geti með rökstuddum úrskurði ákveðið að tiltekin gögn skuli ekki afhent telji hún það geta skaðað hagsmuni barnsins. Á sama hátt getur nefndin ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent. Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um álitamál varðandi takmarkanir á aðgangi að gögnum máls sem geta verið til þess fallin að skaða tengsl barns og foreldris, sbr. álit hans í máli nr. 1360/1995, eins og fram kemur í athugasemdum við 38. gr. hér að framan. Meginsjónarmiðið er það að stjórnsýslulögin mæla fyrir um lágmarkskröfur til málsmeðferðar fyrir stjórnvöldum. Takmarkanir þær sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. eru aftur á móti í samræmi við það sem fram kemur í 17. gr. stjórnsýslulaga. Byggt er á því sjónarmiði að ríkir einkahagsmunir réttlæti þau frávik sem 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins mælir fyrir um.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 38. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að börn sem eru 15 ára og eldri séu aðilar barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Samkvæmt gildandi lögum hefur ekki verið litið svo á að barn, óháð aldri þess, væri aðili barnaverndarmáls. Hér því um að ræða nýmæli sem er í samræmi við gildandi reglur í nágrannaríkjunum. Með þessu er tryggt að barn sem náð hefur þessum aldri sé sjálfstæður aðili málsins með öllum þeim réttindum sem því fylgja.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að gefa skuli barni, í samræmi við aldur þess og þroska, kost á að tjá sig um mál sem það varðar og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn máls. Enn fremur kemur fram að ávallt skuli gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál. Þessi regla er nánari útfærsla á meginreglunni sem kemur fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er sambærilega reglu að finna í 43. gr. a gildandi laga og í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í 3. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd skuli, þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls, taka afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann til að vera því til halds og trausts meðan á meðferð málsins stendur. Hér er átt við börn undir 15 ára aldri sem ekki eru aðilar máls. Vert er að benda á að almenna reglan er sú að barnaverndarnefnd metur það hverju sinni hvort þörf er á þessu. Þó er tekið fram að áður en barnaverndarnefnd grípur til ráðstafana skv. 25., 27. og 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár

skv. 29. gr. skuli barnaverndarnefnd jafnan skipa barni talsmann. Heppilegt getur verið að skipa því sérstakan talsmann sem er því til halds og trausts undir málsmeðferðinni. Ekki er hér sérstaklega haft í huga að talsmaður sé löglærður, heldur fremur aðili sem hefur sérmenntun og starfsreynslu á sviði sálfræði og félagsráðgjafar. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að talsmaðurinn sé löglærður ef það er talið þjóna hagsmunum barnsins. Ef barn er 15 ára eða eldra er það samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa aðili málsins og nýtur réttarstöðu sem slíkt við alla meðferð þess. Í því felst að barn, sem aðili, á rétt á aðstoð lögmanns, sbr. nánar ákvæði 34. og 35. gr.

Um 47. gr.

Í greininni er mælt fyrir um svonefnda andmælareglu. Þá er þar einnig að finna ákvæði um talsmann barns og lögmannsaðstoð.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að aðilar barnaverndarmáls skuli eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Hliðstæð regla er í 13. gr. stjórnsýslulaga. Með reglunni er tryggt að aðilar barnaverndarmáls eiga skýlausan rétt á að fá að gæta réttar síns með því að koma að sjónarmiðum sínum og gögnum þeim til stuðnings í málinu. Í dæmigerðu barnaverndarmáli má gera ráð fyrir að í gögnum máls séu margvíslegar upplýsingar sem eru aðila, oftast foreldrum, mjög í óhag. Það væri í fullkomnu ósamræmi við almenn sjónarmið um réttláta málsmeðferð að gefa aðila ekki kost á að tjá sig um þær og andmæla þeim ef því er að skipta. Brot gegn andmælarétti aðila mundi venjulega leiða til ógildingar úrskurðar barnaverndaryfirvalda. Reglan um skyldu til að tilkynna aðila um að könnun máls sé hafin, sbr. 4. mgr. 21. gr. frumvarpsins, tengist andmælaréttinum. Með tilkynningarskyldunni er tryggt að aðila sé kunnugt um að mál sé í gangi sem beinist að honum en það er að sjálfsögðu forsenda þess að hann geti gætt andmælaréttar síns. Í reglunni felst þó ekki að aðili máls eigi sjálfur heimtingu á því að koma fyrir nefndina þegar honum þóknast og tala máli sínu á öllum stigum máls. Verður hann að sjálfsögðu að fara að réttum málsmeðferðarreglum í því sambandi. Aðalatriðið er að aðili fái að tjá sig eftir að allra gagna, sem skipt geta máli fyrir úrlausn málsins, hefur verið aflað og áður en ákvörðun er tekin. Andmælarétturinn á auðvitað fyrst og fremst við áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð um beitingu beinna þvingunarráðstafana.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um fjárstyrk til handa aðilum til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og vegna reksturs máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem barnaverndarnefnd setur. Í reglunum skal meðal annars taka tillit til efnahags foreldra og eðlis og umfangs málsins. Bent er á að það eru aðilar málsins sem eiga rétt á þessu. Í því felst m.a. að barn sem orðið er 15 ára og er aðili máls á rétt á fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð.

Um 48. gr.

Í greininni ræðir um samþykki foreldris og barns sem náð hefur 15 ára aldri fyrir ráðstöfun skv. 25. gr. frumvarpsins. Mælt er fyrir um að samþykki skuli vera skriflegt og undirritað. Ástæða er til að tryggja að vandlega sé gengið frá samþykki í þessum tilvikum þar sem ráðstafanir skv. 25. gr. geta haft umfangsmiklar og afdrifaríkar breytingar í för með sér fyrir barn og foreldra.

Um 49. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að barnaverndarnefnd sé ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Þegar barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skulu skv. 2. mgr. fjórir nefndarmenn hið fæsta standa að úrskurði. Vakin er athygli á að ekki er lengur gert ráð fyrir sem skilyrði að lögfræðingur sitji í nefndinni en árétta má að slíkt kann eftir sem áður að vera æskilegt, m.a. með tilliti til þeirra málsmeðferðarreglna sem gæta þarf að. Þykir ekki þörf á að setja það skilyrði þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir úrskurðarvaldi nefndanna varðandi þær þvingunarráðstafanir sem hingað til hafa verið taldar alvarlegastar. Þó er vakin athygli á að gert er ráð fyrir að formaður kærunefndar barnaverndarmála sé lögfræðingur.

Um form úrskurða segir að þeir skuli vera skriflegir og rökstuddir. Í þeim skuli rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á að heimilt sé að skjóta máli til kærunefndar barnaverndarmála. Þetta er allt í samræmi við almennar reglur og ekki er þörf á frekari skýringum við þetta ákvæði.

Um 50. gr.

Í greininni ræðir um fullnustu ákvarðana barnaverndarnefnda, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla. Sýna ber aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á. Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar getur barnaverndarnefnd skv. 2. mgr. kallað til lögreglu til að veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar. Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr. Úrskurðir barnaverndarnefnda og kærunefndar barnaverndarmála og úrskurðir eða dómar sem kveðnir eru upp á grundvelli barnaverndarmála njóta vissrar sérstöðu. Vegna eðlis barnaverndarmála, hagsmuna barnanna og þeirrar kröfu sem þau eiga á sérstakri vernd þykir nauðsynlegt að unnt sé að framfylgja lögmætum ákvörðunum fljótt og örugglega með aðstoð lögreglu án undangenginna frekari fullnustuaðgerða.

Í 4. mgr. kemur fram að Barnaverndarstofa geti mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli fullnustuð hér á landi. Barnaverndarstofa á alfarið mat um þetta atriði. Ber stofunni m.a. að ganga úr skugga um að um sé að ræða lögmæta ákvörðun lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki og að fullnusta ákvörðunar hér á landi gangi ekki gegn almennum sjónarmiðum eða sé á annan hátt andstæð hagsmunum barnsins.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði sem varða málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála. Eins og fyrr segir eru ákvæði um kærunefnd barnaverndarmála nýmæli. Kærunefndin kemur að nokkru leyti í stað barnaverndarráðs sem verður lagt niður verði frumvarp þetta að lögum. Rétt þykir að hafa ákvæði um málsmeðferð fyrir kærunefnd í sérstökum kafla. Reglur VIII. kafla eiga einnig að öðru leyti við um málsmeðferð fyrir kærunefndinni, eftir því sem við á.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er sett fram regla um tímafresti til að kæra mál. Miðað er við að aðilar barnaverndarmáls geti skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Þá er einnig mælt fyrir um að kærunefnd barnaverndarmála skuli innan viku frá því henni barst kæra taka málið til með-

ferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar. Reglum þessum um tímafresti er ætlað að tryggja hraða og greiða meðferð barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. kemur fram að kærunefndin getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Hún getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju. Í þessu felst að kærunefndin er bær til að meta allar hliðar barnaverndarmáls, bæði formlegar og efnislegar.

Um 52. gr.

Í upphafi greinarinnar er tekið fram að um málsmeðferð fyrir kærunefnd gildi ákvæði VIII. kafla eftir því sem við á, enda er þar að mestu leyti um að ræða almennar reglur um málsmeðferð fyrir stjórnsýslunni. Málsmeðferðin er fyrst og fremst skrifleg en enn fremur getur nefndin mælt fyrir um munnlegan flutning. Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Reglan er byggð á því að kæra til kærunefndar riðli ekki vinnslu málsins sem kann að vera á mjög viðkvæmu stigi. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

Í 3. mgr. er sett fram sú regla að kærunefndin skuli að jafnaði byggja úrskurð sinn á gögnum þeim sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd kveður á um kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða óháðra sérfræðinga. Í þessum ákvæðum felst að kærunefndin aflar ekki sjálf gagna eins og hún sé sjálfstæður rannsóknaraðili, heldur leggur fyrir aðila málsins að afla gagnanna.

Um X. kafla.

Eins og fram hefur komið felst eitt helsta nýmæli frumvarpsins í því að lagt er til að barnaverndarmál verði að hluta rekin fyrir dómi. Í þessum kafla frumvarpsins og þeim næsta (XI. kafla) er að finna ákvæði um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi. Ákvæði þessi eru nýmæli að öllu leyti, enda hefur ekki sérstaklega verið gert ráð fyrir því fyrr í íslenskum lögum að barnaverndarmál séu rekin fyrir dómi. Eins og fram hefur komið er í ýmsum ákvæðum frumvarpsins mælt fyrir um atbeina dómstóla við úrlausn mála. Málin eru ólík að eðli og því nauðsynlegt að gera nokkurn greinarmun á málsmeðferð í einstökum tilvikum. Í samræmi við þetta er ákvæðum sem varða málsmeðferð fyrir dómi skipt í tvo kafla.

Í fyrsta lagi er um að ræða mál sem höfðuð eru á grundvelli 29. gr. og 2. mgr. 34. gr. Hér er annars vegar um að ræða mál sem barnaverndarnefnd getur höfðað til sviptingar forsjá, sbr. 29. gr., og hins vegar mál sem foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri getur höfðað til að fá endurskoðaða ráðstöfun sem samþykkt hefur verið á grundvelli 25. gr. og er ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Mál þessi eiga það sameiginlegt að þau varða grundvallarágreining um forsjá barns eða umsjá.

Í öðru lagi er um að ræða eftirtalin mál: a) mál skv. 2. mgr. 27. gr., þ.e. mál þar sem foreldrar gera kröfu um niðurfellingu ráðstafana skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr., og b) mál skv. 28. gr. um kröfu barnaverndarnefndar um vistun (eða kyrrsetningu) í lengri tíma en tvo mánuði.

Rétt er enn fremur að benda á að í 37. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að krafa um brottvikningu heimilismanns og/eða nálgunarbann verði gerð fyrir dómi. Um það gilda aftur á

móti að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Ekki er því að finna í þessu frumvarpi sérstakar reglur um meðferð þess konar mála. Sjá nánar athugasemdir við 37. gr. frumvarpsins.

Um 53. gr.

Í þessari grein er sett fram sú meginregla að um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gildi ákvæði laga um meðferð einkamála, sbr. lög nr. 91/1991, með þeim frávikum sem sérstaklega eru greind í frumvarpinu.

Um 54. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði sú regla að sérfróðir meðdómsmenn skuli að jafnaði kallaðir til setu í dómi. Tæplega er ástæða til að sérfróðir meðdómsmenn séu ávallt kallaðir til, t.d. þar sem útivist verður af hálfu aðila, máli er vísað frá vegna augljósra annmarka á því eða þar sem máli er lokið með sátt. Í öðrum tilvikum þar sem mál kemur til frekari meðferðar er miðað við að sérfróðir meðdómsmenn séu kallaðir til. Um meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála. Í almennum athugasemdum við frumvarp þetta, sbr. kafla um meðferð barnaverndarmála fyrir dómi, kemur fram að færð hafi verið þau rök gegn því að fela dómstólum meðferð barnaverndarmála að erfitt sé að tryggja nægilega sérþekkingu hjá hinum almennu dómstólum. Nefndin telur að mál skv. X. kafla séu þannig vaxin efnislega að almennt verði að gera ráð fyrir að sérþekkingar sé þörf. Því er einfaldlega lagt til að lögfest verði ákvæði sem gerir ráð fyrir að sérfróðir meðdómsmenn skuli að jafnaði kallaðir til setu í dómi í málum af því tagi. Með þessum hætti ætti að vera unnt að tryggja nægilega sérþekkingu þar sem hennar er þörf.

Ákvæði 2. mgr. er sett til hlífðar aðilum máls. Í barnaverndarmálum er oftar en ekki fjallað um viðkvæm einkamálefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Því þykir sjálfsagt að gera ráð fyrir að þinghöld skuli háð fyrir luktum. Ákvæði 1. mgr. 58. gr. er reist á sömu sjónarmiðum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um málshraða. Hraða ber málsmeðferð eins og kostur er fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Um 55. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um aðild barns að dómsmálum samkvæmt þessum kafla. Fram kemur að barni, sem náð hefur 15 ára aldri, skuli tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Barni er þá heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu. Nánar er mælt fyrir um meðalgönguaðild í 20. gr. laga um meðferð einkamála. Samkvæmt því ákvæði er þriðja manni heimilt að ganga inn í mál annarra ef úrslit þess skipta hann máli að lögum. Ber þá að stefna báðum eða öllum upphaflegu aðilum málsins og gera kröfu um að honum verði leyfð meðalgangan og dæmt sakarefnið eða dómur falli þannig að réttur hans verði verndaður. Þessi leið er valin þannig að ekki er skylt að stefna barni inn í mál, heldur er því gefinn kostur á að gæta réttar síns með þessum hætti.

Í 2. mgr. er mælt svo fyrir að ávallt skuli gefa talsmanni barns kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Um 56. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um sönnun og sönnunargögn. Þegar um er að ræða mál skv. 29. gr. ber barnaverndarnefnd að sjálfsögðu að leitast við að upplýsa mál vel áður en hún tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi. Með þessu er m.a. lögð áhersla á að barnaverndarnefnd sé ekki að höfða mál nema eftir ítarlegan undirbúning og að vandlega athuguðu máli.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem felur í sér frávik frá almennum reglum að því er varðar hlutverk dómara við gagnaöflun. Samkvæmt ákvæðinu getur dómari þannig lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem skýrslna sérfróðra manna um foreldra og barn. Þá getur dómari lagt fyrir varnaraðila að afla nánar tilgreindra gagna. Ef lagt er fyrir foreldra eða forráðamenn barns að afla sérfræðiskýrslna getur dómari ákveðið að kostnaður vegna þess skuli greiðast úr ríkissjóði. Áþekkar reglur eru í ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, um meðferð forsjármála fyrir dómi, sbr. VIII. kafla (einkum 60. gr.).

Um 57. gr.

Í greininni kemur fram að aðilar í málum samkvæmt þessum kafla geti flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið. Þetta er frávik frá almennum reglum og helgast af sérstöku eðli þessara mála þar sem aðstæður sem skipt geta verulegu máli geta auðveldlega breyst meðan á meðferð máls stendur. Sambærilegt ákvæði er í 62. gr. barnalaga.

Um 58. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru reist á því að í barnaverndarmálum er iðulega fjallað um viðkvæm einkamálefni. Það þykir því sanngjarnt og eðlilegt að gera ráð fyrir að gætt sé trúnaðar um það sem fram kemur í þinghaldi og að ekki verði af endurritum ráðið hverjir aðilar máls séu. Þetta er einnig samræmi við ákvæði 2. mgr. 55. gr. frumvarpsins.

Um 59. gr.

Í greininni er mælt fyrir um áhrif málskots. Dómar héraðsdóms sæta áfrýjun til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála. Meginreglan sem fram kemur í greininni er sú að málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi. Þetta er eðlileg regla í málum af þessu tagi þar sem aðilar geta ekki með því að áfrýja máli frestað því að dómur héraðsdóms komi til framkvæmda. Með því er tryggt að ekki verði rof á ráðstöfunum barnaverndarnefndar. Héraðsdómari getur þó ákveðið í dómi að áfrýjun málsins skuli fresta fullnustu dóms.

Um 60. gr.

Í greininni ræðir um gjafsókn. Gert er ráð fyrir að foreldrar og barn skuli hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þykir það eðlileg og sanngjörn regla við þessar aðstæður að kostnaður vegna slíks málareksturs lendi á ríkissjóði. Í 2. mgr. er þó gert ráð fyrir að réttur til gjafsóknar sé ekki skilyrðislaus þegar um er að ræða mál skv. 2. mgr. 34. gr., þ.e. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms. Fer um rétt til gjafsóknar í slíkum málum eftir almennum reglum.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur um meðferð mála skv. 27. og 28. gr. frumvarpsins. Í þessum ákvæðum er vikið í verulegum atriðum frá almennri meðferð einkamála, m.a. að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að þau séu höfðuð með stefnu með venjulegum hætti, heldur er máli beint millilíðalaust til dómsins. Miða reglurnar að því að aðilar hafi greiðan aðgang að skjótri úrlausn dómstóla um þessi atriði. Bent er á að reglur þessa kafla eru að nokkru leyti sambærilegar við málsmeðferðarreglur í lögræðislögum um rétt nauðungarvistaðs manns til að bera ákvörðun undir dómstól. Ekki þykir ástæða til þess að strangari reglur gildi í barnaverndarlögum. Vakin er athygli á að málskot til dómstóla frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Í greininni er að finna almenna tilvísun til annarra málsmeðferðarreglna X. kafla. Hér er t.d. átt við ákvæðin um þinghöld fyrir luktum dyrum, nafnleynd barns o.s.frv. Þá felur ákvæðið enn fremur í sér almenna tilvísun til laga um meðferð einkamála eftir því sem við getur átt. Ljóst er þó að sérreglur samkvæmt þessum kafla ganga framar hinum almennu reglum að því marki sem þær kunna að stangast á. Ekki er í þessum kafla þó sérstaklega gert ráð fyrir sérfróðum meðdómsmönnum, umfram það sem leiðir af almennum reglum.

Um 62. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um aðild í málum samkvæmt þessum kafla. Sérstaklega er tekið fram að barn sem náð hefur 15 ára aldri skuli teljast aðili máls. Í 2. mgr. 27. gr. er mælt fyrir um sjálfstæðan rétt barns, sem orðið er 15 ára, til að bera ákvörðun barnaverndarnefndar undir dómstóla. Þá getur barn verið aðili máls vegna kröfu barnaverndarnefndar skv. 28. gr. Þetta er í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með frumvarpi þessu að barn, sem náð hefur 15 ára aldri, sé sjálfstæður aðili barnaverndarmáls.

Í 2. mgr. kemur fram að kröfu er einfaldlega beint til héraðsdómara án þess að höfða þurfi málið með útgáfu stefnu. Í greininni er nánar mælt fyrir um form og efni kröfunnar og þau gögn sem henni skulu fylgja. Að því er reglur þessar varðar hefur m.a. verið höfð hliðsjón af ákvæðum lögræðislaga nr. 71/1997, sbr. 30.–31. gr.

Um 63. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þinghöld, sönnunargögn o.fl. sem varðar meðferð málsins fyrir dómi.

Í 1. mgr. er mælt svo fyrir að þegar krafa hefur komið fram skuli þegar tilkynna um hana til aðila með sannanlegum hætti og boða til þinghalds.

Í 2. mgr. kemur fram að í fyrsta þinghaldi skuli barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna málsins. Varnaraðila er síðan veittur frestur til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna.

Í 3. mgr. ræðir um áhrif útivistar af hálfu varnaraðila. Ef sóknaraðili sækir ekki þing fellir dómari málið niður við svo búið. Helst má reikna með að útivist verði af hálfu varnaraðila þegar barnaverndarnefnd setur fram kröfu. Við þær aðstæður er gert ráð fyrir að dómari taki málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem sóknaraðili hefur lagt fram. Ef varnaraðili hefur skilað greinargerð, áður en þingsókn af hans hálfu fellur niður, getur dómari gefið sóknaraðila kost á að leggja fram skriflega svör við því sem fram hefur komið í greinargerð varnaraðila áður en hann tekur mál til úrskurðar.

Í 5. mgr. kemur fram að þegar öflun skriflegra gagna er lokið skuli mál sótt og varið munnlega. Þá er heimilt að leiða vitni fyrir dóminn en ekki er gert ráð fyrir að matsgerðir fari fram í málum samkvæmt þessum kafla. Þetta er mikilvægt atriði, enda getur öflun matsgerða eftir að krafa hefur verið sett fram fyrir dómi leitt af sér miklar tafir á málarekstri. Slíkt fer gegn þeim markmiðum sem að er stefnt með ákvæðum þessa kafla. Miðað er við að krafa sé ekki sett fram fyrir dómi fyrr en aflað hefur verið nægilegra gagna.

Í 6. mgr. kemur fram að dómari skuli kveða upp úrskurð sinn eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan viku frá því hann tók mál til úrskurðar.

Um 64. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um kæru til Hæstaréttar. Um meðferð kærumáls gilda almennar reglur. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar héraðsdómara, nema mælt sé fyrir um það í úrskurði.

Um XII. kafla.

Í XII. kafla er safnað saman ákvæðum sem varða fóstur og ráðstöfun barna í fóstur. Reglur um fóstur eru í VI. kafla gildandi laga (29.–39. gr.). Ýmiss konar gagnrýni hefur komið fram á gildandi lög og hefur verið tekið tillit til hennar við samningu þessara ákvæða. Meðal nýmæla þessa kafla má nefna:

a. Dregið er úr þeim mun sem í núgildandi lögum er gerður á tímabundnu fóstri og varanlegu með því að fella niður slíkar skilgreiningar í kaflanum um fóstur og ákvæði um tilteknar réttarverkanir, einkum að því er varðar forsjá. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 25. gr. og 34. gr. frumvarpsins er gerður ákveðinn greinarmunur á því hvort ráðstöfun er tímabundin eða hvort henni er ætlað að vara þar til barn verður lögráða. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að áherslubreyting verði í framkvæmd að þessu leyti frá því sem nú er heldur lögð áhersla á að tekin sé afstaða til þessa hverju sinni með tilliti til hagsmuna og þarfa barnsins. Áhersla er lögð á að markmið með fósturráðstöfun sé skýrt í hverju tilviki, m.a. hversu lengi ráðstöfun skuli vara, og að áætlun um áframhaldandi vinnslu málsins taki mið af því. Ekki þykir æskilegt að skilgreina í lagatexta réttaráhrif varanlegs fósturs að því er varðar forsjá heldur miða við að afstaða sé tekin til þess í fóstursamningi hverju sinni að hvaða leyti lögráð barna (sjálfræði og fjárræði) skuli falin fósturforeldrum. Þess má geta að ekki þykir fyllilega nákvæmt að tala um að fósturforeldrar fari með forsjá barns þar sem réttarstaða fósturforeldra getur í raun ekki orðið fyllilega sambærileg við réttarstöðu kynforeldris samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Þannig hafa fósturforeldrar t.d. ekki heimildir til þess að fela öðrum umsjá eða forsjárskyldur barna sem tekin hafa verið í fóstur og geta ekki samþykkt ættleiðingu barns. Af þessum sökum m.a. er í ákvæðum kaflans talað um forsjárskyldur.

b. Vakin er athygli á 3. mgr. 65. gr. frumvarpsins. Um er að ræða nýmæli sem gerir ráð fyrir sértækum fósturráðstöfunum fyrir börn sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna eða tilfinningalegra vandamála. Þetta ákvæði hefur það að markmiði, auk þeirra markmiða sem fóstur almennt hefur, að veita barni sérstaka þjónustu, umönnun og þjálfun. Þannig eru markmiðin með fóstri á grundvelli þessa ákvæðis víðtækari en með fóstri almennt sem grundvallað er eingöngu á 1. mgr. 65. gr. Með þessu er stefnt að því að fóstur á grundvelli 3. mgr. 65. gr. geti að einhverju eða öllu leyti komið í stað vistunar barns á heimili eða stofnun.

c. Leitast er við að gera ákvæði fósturkaflans skýrari að því er varðar verkaskiptingu milli Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndar við ráðstöfun barna í fóstur.

d. Leitast er við að mæla skýrar fyrir um alla málsmeðferð í tengslum við fóstur þannig að ljóst megi vera hver tekur ákvörðun um hvað. Enn fremur er mælt nánar fyrir um málsmeðferð varðandi einstök deilumál, einkum varðandi umgengnisrétt kynforeldra og annarra nákominna við barn.

Samkvæmt upplýsingum frá Barnaverndarstofu var samtals 239 börnum ráðstafað í fóstur á árunum 1996–1999. Þar af var 74 ráðstafað í varanlegt og 165 í tímabundið fóstur. Upplýsingar þessar sýna enn fremur að dregið hefur talsvert úr notkun þessa úrræðis. Þannig var samtals 75 börnum ráðstafað í fóstur á árinu 1996, 73 á árinu 1997, 50 á árinu 1998 og 39 á árinu 1999. Skýringin á þessari fækkun er líklega aukinn stuðningur við fjölskyldur, faglegri vinnubrögð og aukin áhersla á að leita leiða til að börn geti verið áfram hjá foreldrum. Þrátt fyrir þetta er ráðstöfun barna í fóstur, hvort heldur er í lengri eða skemmri tíma, mikilvægt barnaverndarúrræði. Víst má telja að svo verði áfram enn um sinn. Því er mikilvægt að vandað sé til lagareglna um þetta úrræði.

Um 65. gr.

Ákvæði greinarinnar er að nokkru sambærilegt við ákvæði 29. gr. gildandi laga. Þó skal bent á að í frumvarpsgreininni er aðeins talað um að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns en orðinu forsjá sleppt. Þetta, svo og það að fella niður 2. mgr. 29. gr. gildandi laga, er í samræmi við það að í forsjársamningi þarf að taka afstöðu til þess sérstaklega í hverju tilviki hvort og að hvaða marki fósturforeldrum verða falin lögráð barnsins (sjálfræði og fjárræði). Það er með öðrum orðum ekki hugtaksskilyrði varðandi fóstur, hvort sem því er ætlað að standa í lengri eða skemmri tíma, að fósturforeldrar fari jafnframt með forsjá. Enn fremur er bent á að greinin er byggð á því að samþykki foreldra þurfi að vera að frumkvæði barnaverndarnefndar. Í því felst að ráðstöfun barns í fóstur er barnaverndarúrræði en ekki einhliða valkostur fyrir foreldra sem af einhverjum ástæðum telja sig ekki geta haft börn sín hjá sér um lengri eða skemmri tíma. Þannig er ljóst að hugtakið fóstur á aðeins við þegar um er að ræða formlega ráðstöfun barnaverndarnefndar. Vakin er athygli á ákvæði 90. gr. frumvarpsins sem á við um heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Í því tilviki eru það foreldrarnir sjálfir sem eiga frumkvæði að vistun barns og taka ákvörðun um það á eigin spýtur. Enn fremur er vakin athygli á að ákvæði 2. mgr. 29. gr. gildandi laga er ekki tekið upp í þessa frumvarpsgrein. Það er í samræmi við það að ekki er lengur byggt á því að sérstakur eðlismunur sé á tímabundnu fóstri annars vegar og varanlegu fóstri hins vegar, þannig að fóstri fylgi sjálfkrafa ákveðin réttaráhrif, eftir því hvort það er varanlegt eða tímabundið. Við það er miðað, eins og áður segir, að tekin verði afstaða til þess í fóstursamningi, eftir því sem best þykir eiga við hverju sinni. Það leiðir af eðli máls að sé fóstri í reynd ætlað að standa í lengri tíma, t.d. þegar fóstri ungra barna er ætlað að standa þar til þau verða 18 ára gömul, má að jafnaði gera ráð fyrir að forsjá barnsins (lögráð) hverfi til fósturforeldra mæli hagsmunir barnsins ekki sérstaklega gegn því. Enn fremur er bent á að með fóstri er í frumvarpinu átt við að barnaverndarnefnd feli fósturforeldrum umsjá barna í a.m.k. þrjá mánuði en samkvæmt gildandi lögum hefur verið miðað við a.m.k. sex mánuði og að um skemmri vistun fari skv. 4. mgr. 51. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. er markmiðum og inntaki fósturs lýst. Ekki er sambærilegt ákvæði í gildandi lögum. Samkvæmt ákvæðinu er markmið fósturs að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Markmiðið er með öðrum orðum að finna barni annað heimili. Sú skylda er lögð á barnaverndaryfirvöld og fósturforeldra að tryggja barni góðan aðbúnað hjá fósturforeldrum. Fósturforeldrum ber einnig að sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Þetta eru hin almennu markmið fósturs. Í 3. mgr. er markmiðið þó einnig víðtækara. Í því tilviki er markmiðið einnig að tryggja börnum sem ákvæðið á við um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista þau á stofnun. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Um 66. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um leyfisveitingar til fósturforeldra. Lagt er til að snúið verði til þess horfs sem gilti fyrir gildistöku laga nr. 22/1995, þannig að þeir sem óska eftir að taka börn í fóstur beini umsókn sinni til barnaverndarnefndar í stað Barnaverndarstofu eins og nú er. Þannig verði það barnaverndarnefnd, í stað Barnaverndarstofu nú, sem meti hæfi fósturforeldra þegar umsókn berst. Með því að fela barnaverndarnefnd að taka á móti umsóknum frá þeim sem óska eftir að taka börn í fóstur skal nefndin afla nauðsynlegra gagna sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, t.d. sakavottorðs, læknisvottorðs, meðmæla o.fl., sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 532/1996, um ráðstöfun barna í fóstur, ásamt því að gera könnun á högum

og aðstæðum. Skulu gögn þessi send Barnaverndarstofu sem fer yfir þau svo og könnun nefndarinnar ásamt því að gera eigin könnun á heimilisaðstæðum umsækjenda. Þá er það hlutverk stofunnar að veita væntanlegum fósturforeldrum fræðslu og ráðgjöf.

Með hliðsjón af framangreindu er það hlutverk Barnaverndarstofu að veita barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Með ákvæðinu er ætlað að tryggja nægt framboð af fósturforeldrum, en nauðsynlegt er að einhverjum aðila sé falið það hlutverk.

Með því fyrirkomulagi að þeir einir geti tekið barn í fóstur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem fengið hafa til þess leyfi Barnaverndarstofu er ætlunin að tryggja samræmt faglegt mat á hæfni fósturforeldra og framboð og aðgang barnaverndarnefnda á öllu landinu að hæfum fósturforeldrum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 67. gr.

Um 67. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um fósturforeldra. Hliðstætt ákvæði er í 30. gr. gildandi laga eins og henni var breytt með lögum nr. 22/1995. Þó eru nokkrar breytingar gerðar.

Í 1. mgr. er tekið fram að Barnaverndarstofa skuli halda skrá yfir þá sem hlotið hafa leyfi til að taka börn í fóstur. Vakin er athygli á því að með reglugerð, sbr. 78. gr. frumvarpsins, er heimilt að setja nánari reglur um almenn skilyrði fyrir hæfi fósturforeldra og fræðslu þeim til handa. Sambærilegt ákvæði var sett í gildandi lög með lögum nr. 22/1995. Þá er mikilvægt að tryggt sé að fósturforeldrar séu í reynd færir um að taka barn í fóstur með þeim skyldum sem það hefur í för með sér fyrir þá. Það er að sjálfsögðu forsenda þess að markmiðið með ráðstöfun barns í fóstur náist. Reglur af þessu tagi eru því eðlilegar og nauðsynlegar til að tryggja hæfi fósturforeldra. Með því að halda eina miðlæga skrá yfir hæfa fósturforeldra er betur hægt að tryggja nýtingu þessa úrræðis og stuðla að því að barn fari til þeirra fósturforeldra sem best henta högum þess og þörfum. Slík skrá getur og auðveldað til muna barnaverndaryfirvöldum að finna hæfa fósturforeldra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd sendi Barnaverndarstofu beiðni um fósturheimili. Barnaverndarnefnd velur síðan fósturforeldra í samráði við stofuna. Sambærileg regla er í 2. mgr. 30. gr. gildandi laga. Er þetta talin heppileg regla með hliðsjón af því að Barnaverndarstofa metur hæfi fósturforeldra og hefur þar af leiðandi gleggstar upplýsingar um stöðu, aðstæður, möguleika og sérþekkingu hvers og eins. Reglan miðar þannig að því að tryggja val á heppilegasta úrræðinu fyrir hvert barn. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra úr hópi þeirra sem koma til greina af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á enda verður að gera ráð fyrir að nefndin hafi bestu upplýsingar um þessi atriði. Hafa ber að leiðarljósi það markmið sem stefnt er að með ráðstöfun barns í fóstur og stefna að stöðugleika í lífi barnsins.

Í 3. mgr. er fjallað um fóstur skv. 3. mgr. 65. gr. Fóstur samkvæmt þessu ákvæði hefur í för með sér kostnaðarþátttöku ríkisins. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir að Barnaverndarstofa velji fósturforeldra í þessu tilviki í samráði við barnaverndarnefnd, þótt nefndin sjálf geri fóstursamninginn. Miðað er við að Barnaverndarstofa hafi upplýsingar um fósturforeldra sem hafa þekkingu og þjálfun til að veita þá sérstöku þjónustu sem fóstur á grundvelli ákvæðisins útheimtir. Ákvæði fóstursamnings sem gera ráð fyrir sérstökum skyldum fósturforeldra, og þar með kostnaðarauka ríkisins, skv. 3. mgr. 65. gr. eru þó háð samþykki Barnaverndarstofu.

Um 68. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um fóstursamninga. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að við ráðstöfun barns í fóstur skuli barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér fóstursamning. Aðilar samningsins eru barnaverndarnefnd og fósturforeldrar. Með þessu er undirstrikað að um er

að ræða formlega ráðstöfun barnaverndarnefndar og að hún er ábyrg gagnvart fósturforeldri vegna álitamála sem kunna að rísa vegna framkvæmdar samningsins. Aðrir, svo sem kynforeldrar barns, eru í reynd ekki aðilar slíks samnings.

Í ákvæðinu er enn fremur í liðum a–g mælt nánar fyrir um efni fóstursamninga. Í stuttu máli er gert ráð fyrir að öllum meginatriðum um réttindi og skyldur fósturforeldra annars vegar og barnaverndaryfirvalda hins vegar verði ráðið til lykta í fóstursamningi. Í því felst, eins og fyrr segir, að lögin gera ekki ráð fyrir því að fóstur hafi sjálfkrafa í för með sér önnur réttaráhrif en þau að fósturforeldrar fara með umsjá barnsins og umönnun þess og uppeldi frá degi til dags. Um réttindi og skyldur að öðru leyti er mælt fyrir í fóstursamningi. Samningurinn er því grundvöllur að réttarsambandi barnaverndaryfirvalda og fósturforeldra og þeim réttindum og skyldum sem fóstrinu fylgja fyrir þessa aðila. Áréttað skal að einstaka atriði ber að taka upp í fóstursamning sem í raun eru ekki samningsatriði milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra, sbr. d- og e-lið. Vísast til athugasemda við þessa liði. Miðað er við að ávallt skuli gerður fóstursamningur áður en barn flyst á heimili fósturforeldra. Í greininni eru að öðru leyti talin upp þessi atriði:

a. Lögheimili barns og dagleg umsjá. Búseta barns hjá fósturforeldrum er í reynd kjarni fósturs, þ.e. að barn búi á heimili fósturforeldra og þeir fari með umsjá þess frá degi til dags. Lögð er áhersla á að meta skuli í hverju tilviki hvenær flytja skuli lögheimili barns til fósturforeldra. Hafa þarf hliðsjón af markmiði með ráðstöfun barns í fóstur, lengd fóstursins og hagsmunum barnsins.
b. Þá skal í fóstursamningi taka fram hvaða forsjárskyldur fósturforeldrum er ætlað að fara með. Ekki er rétt að tala um að fósturforeldrar fari með forsjá barna þar sem fósturforeldrar hafa í raun aldrei sömu réttarstöðu og kynforeldri sem fer með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Hér er ekki verið að gera efnislegar breytingar á réttarstöðu fósturforeldra frá því sem raunverulega er samkvæmt gildandi lögum heldur stefnt að því að gera ákvæðin skýrari. Mestu varðar hér að tekin sé afstaða til þess hver skuli fara með lögráð barnsins í skilningi lögræðislaga, nr. 71/1997, þ.e. sjálfræði og/eða fjárræði. Taka ber fram hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með lögráðin. Í sumum tilvikum kann t.d. að vera ástæða til að sérstakur fjárhaldsmaður sé skipaður, eða eftir atvikum að fela sérstökum fjárhaldsmanni umsjón tiltekinna eigna, en ákvæði lögræðislaga bjóða upp á nokkurn sveigjanleika í þessu efni. Ákvæði b-liðar á við hvort sem fóstri er ætlað að standa lengur eða skemur. Að jafnaði verður að gera ráð fyrir að forsjárskyldur flytjist í ríkara mæli til fósturforeldra ef fóstri er ætlað að vara þar til barn verður lögráða.
c. Í c-lið er kveðið á um að í fóstursamningi skuli ákveða þann tíma sem fóstri er ætlað að standa. Leggja ber áherslu á markmiðið með ráðstöfun barns í fóstur.
d. Þá er í d-lið tekið fram að samið skuli um greiðslur til fósturforeldra og annan kostnað, svo sem fósturlaun. Mikilvægt er að vandað sé til þessara ákvæða þannig að ekki komi til ágreinings síðar vegna kostnaðar af framfærslu barns.
e. Í e-lið er gert ráð fyrir að í fóstursamningi verði getið um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna. Um umgengni fer skv. 74. gr. frumvarpsins. Skal barnaverndarnefnd stefna að því að gera samning um umgengnina við þá sem umgengni eiga að rækja en barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni sem kunna að verða um umgengni. Gert er ráð fyrir að kanna skuli viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi um umgengni. Rétt þykir að geta um fyrirkomulag umgengni í fóstursamningi þrátt fyrir að þetta sé ekki samkomulagsatriði milli barnaverndarnefndar og fósturforeldra.

f. Í f-lið segir að afstaða skuli tekin til stuðnings barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra á meðan fóstur varir. Slíkur stuðningur getur t.d. falist í reglubundnum heimsóknum barnaverndarnefndar og sérfræðiaðstoð til barns eða fósturforeldra þegar þess er talin þörf.
g. Þá er að lokum tekið fram í g-lið að setja skuli í samning ákvæði um slit hans, einkum vegna breyttra forsendna. Hér undir geta einnig fallið brot á samningsskuldbindingum.
h. Í h-lið er mælt fyrir um ákvæði um sérstaka þjálfun og umönnun, sbr. 3. mgr. 65. gr., þegar það á við. Ef ákvæði af þessu tagi hefur í för með sér kostnað fyrir ríkið er gert ráð fyrir að það sé háð samþykki Barnaverndarstofu, sbr. 3. mgr. 67. gr. frumvarpsins.

Ástæða er til að taka fram að upptalningin er ekki tæmandi og nauðsynlegt kann að vera að taka afstöðu til fleiri atriða í einstökum fóstursamningum allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Um 69. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við það sem segir í athugasemdum við b-lið 68. gr. frumvarpsins. Þegar tekin er afstaða til þess hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal skv. 1. mgr. taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að standa, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum. Með þessu er horfið frá því fyrirkomulagi, sem gildandi lög eru að nokkru byggð á, að fóstur skuli að þessu leyti hafa tiltekin réttaráhrif eftir því hvort því er ætlað að vera varanlegt eða tímabundið. Vísast að öðru leyti til þess sem um þetta segir í almennum athugasemdum við þennan kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að ákveða megi að við ákveðnar aðstæður skuli fóstur standa allt þar til barn verður lögráða, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um réttindi barna í fóstri.

Í 1. mgr. er kveðið á um umgengnisrétt. Þar er mælt fyrir um rétt barnsins til umgengni við kynforeldra og aðra sem eru því nákomnir. Um umgengnisrétt er nánar fjallað í 74. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um stuðning barnaverndarnefndar við barn meðan fóstur varir. Almennt er gert ráð fyrir að getið sé um stuðning við barn í fóstursamningi, sbr. f-lið 68. gr. Getur hér komið til álita stuðningur af hálfu nefndarinnar í formi viðtala eða þar sem barni er útveguð sérfræðiaðstoð eða stuðningur. Leggja verður áherslu á að barnaverndarnefnd meti þörf barnsins fyrir stuðning með reglubundnum hætti meðan fóstur varir.

Í 3. mgr. er kveðið á um þann mikilvæga rétt barnsins að því sé tryggð vitneskja um það hvers vegna því er ráðstafað í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess. Hér sem fyrr verður að taka mið af því sem best samræmist aldri og þroska barns þess sem í hlut á.

Um 71. gr.

Í þessari grein er kveðið á um réttarstöðu foreldris sem ekki fer með forsjá. Þar kemur fram í 1. mgr. að fari aðeins annar kynforeldra með forsjá þegar svipting forsjár fór fram skuli barnaverndarnefnd kanna grundvöll að því að hinu foreldrinu verði falin umsjá barnsins og forsjá. Þetta ákvæði er í samræmi við þá staðreynd að forsjárlaust kynforeldri hefur ákveðna stöðu að lögum gagnvart barninu, svo sem að því er varðar framfærslu þess, rétt til umgengni o.fl.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd geti, telji hún hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, afsalað forsjá barns til hins kynforeldrisins. Í þessu felst jafnframt

að það er barnaverndarnefnd sem metur hæfi þess kynforeldris. Barnaverndarnefnd gerir skriflegan samning við kynforeldri um að það taki við forsjá barnsins. Eftir það fer um réttarstöðu barns og foreldris samkvæmt ákvæðum barnalaga. Þetta hefur í för með sér að reglur barnalaga, t.d. um ágreining um framfærslu og ágreining um umgengni, ber að leysa á grundvelli ákvæða þeirra laga. Í barnalögum er lögð áhersla á að foreldrar nái samkomulagi um þessi atriði en ella verði annar foreldranna að fara fram á það við sýslumann að hann kveði upp úrskurð um tilteknar kröfur á hendur hinu foreldrinu.

Samkvæmt 3. mgr. skal ávallt leita umsagnar þess foreldris sem ekki fer með forsjá áður en barni er ráðstafað í fóstur. Regla þessi kann að þykja svo sjálfsögð að ekki sé ástæða til að taka hana fram. Engu að síður þykir rétt að hafa hana hér með þar sem hún undirstrikar sérstakan rétt þessa foreldris og skyldur, ef því er að skipta, til að gæta hagsmuna og velferðar barnsins.

Um 72. gr.

Í þessari grein er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd skuli kappkosta að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og undir væntanlegt fóstur. Þá þarf á hliðstæðan hátt að undirbúa fósturforeldra undir það að taka við barni. Ákvæði þetta miðar að því að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum þessara ákvarðana fyrir barnið og tryggja að sem bestur árangur náist með fósturráðstöfun.

Um 73. gr.

Í þessari grein ræðir um tilkynningar barnaverndarnefndar til Barnaverndarstofu og fleiri aðila. Varðandi tilkynningu til Barnaverndarstofu er bent á að skv. 2. mgr. 67. gr. á barnaverndarnefnd að hafa samráð og leita samþykkis Barnaverndarstofu við val á fósturforeldrum. Það er því nauðsynlegt fyrir Barnaverndarstofu að hafa upplýsingar um hverjir hafa þegar tekið börn í fóstur og hversu lengi því er ætlað að vara. Þetta er enn fremur nauðsynlegt þar sem Barnaverndarstofu er ætlað skv. 2. mgr. að halda skrá yfir börn í fóstri. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 74. gr.

Í greininni er fjallað um gagnkvæman rétt foreldra og barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til umgengni meðan ráðstöfun varir. Er þetta eðlileg regla og í samræmi við mannréttindaákvæði og alþjóðasamninga sem Ísland hefur fullgilt. Í greininni er átt við beinan umgengnisrétt, auk annarra samskipta, svo sem í gegnum síma, bréfaskipti og þess háttar, sbr. það sem fram kemur í 1. mgr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt kynforeldra og annarra nákominna til umgengni við barn. Þegar um kynforeldra er að ræða segir að þeir eigi rétt á umgengni við barn, nema umgengni sé bersýnilega talin andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Ef neita á um umgengnisrétt með öllu eða takmarka hann verulega verður þannig að sýna fram á að hann sé bersýnilega andstæður hagsmunum barnsins. Þegar um aðra nákomna er að ræða er aftur á móti tekið þannig til orða að umgengni sé barninu til hagsbóta. Samkvæmt þessu orðalagi er réttur þessara aðila ekki jafnríkur og kynforeldra. Vera kann að umgengni barns við aðra nákomna geti haft sérstaka þýðingu fyrir það, einkum þar sem umgengni við kynforeldra er lítil sem engin. Leggja ber áherslu á að með nákomnum er ekki endilega átt við skyldmenni. Aðrir geta fallið undir það að vera nákomnir, svo sem nánir vinir fjölskyldu. Barnaverndarnefnd metur hvort aðili telst nákominn barni í skilningi þessa ákvæðis. Leggja verður áherslu á að nokkuð önnur sjónar-

mið gilda um mat á umgengni við barn í fóstri en um rétt til umgengni samkvæmt ákvæðum barnalaga nr. 20/1992. Erfitt er að gefa leiðbeiningar um inntak umgengnisréttarins í lögum en nokkur sjónarmið má þó nefna. Við ákvörðun um umgengni verður barnaverndarnefnd sem endranær að meta hagsmuni og þarfir barns í hverju máli. Gæta verður þess að umgengni sé í samræmi við markmiðin með fóstri. Þannig verður almennt að gera ráð fyrir ríkari umgengni ef fóstri er ætlað að vara í skamman tíma og áætlað að barn snúi aftur til foreldra sinna. Þegar barni er ráðstafað í fóstur sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða verður almennt að gera ráð fyrir að foreldrar hafi ekki verið færir um að búa barninu viðunandi uppeldisaðstæður og hafi jafnvel verið sviptir forsjá barnsins af ástæðum sem lýst er í 29. gr. frumvarpsins. Markmið fósturs er þá að jafnaði að barn aðlagist og tilheyri fósturfjölskyldu sem taki að sér uppeldi þess. Við slíkar aðstæður er viðurkennt að hagsmunir barnsins kunni að krefjast þess að umgengni verði takmörkuð allverulega en árétta ber að meta þarf hagsmuni barnsins í hverju tilviki og sterk rök þurfa að vera fyrir því að hafna umgengni með öllu.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á að taka skuli afstöðu til umgengni strax við ráðstöfun barns í fóstur. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefnd meti þarfir og hagsmuni barnsins, m.a. með tilliti til sjónarmiða foreldra og viðhorfa fósturforeldra, og leiti eftir því að gera skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja, þ.e. kynforeldra og aðra nákomna eftir atvikum.

Samkvæmt 4. mgr. hefur barnaverndarnefnd úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við kynforeldri eða aðra. Tekur úrskurðarvaldið til þess hvort umgengni skuli viðurkennd, forms hennar (með beinum heimsóknum, gegnum síma eða með bréfaskiptum), umfangs (hversu oft og lengi í senn) og framkvæmdar (svo sem um stað og stund). Enn fremur er tekið fram að barnaverndarnefnd geti svipt kynforeldri umgengnisrétti með öllu þegar sérstaklega stendur á og hann er talinn andstæður hagsmunum barnsins. Heppilegt þykir að taka fram í lagatexta að barnaverndarnefnd geti með öllu synjað um umgengnisrétt, enda er hér um að ræða þess konar réttindi kynforeldra að eðlilegt hlýtur að gera kröfu til þess að svipting hans að öllu leyti hvíli á traustri lagaheimild.

Í 5. mgr. er áréttað að þeir sem umgengni eiga að rækja geti óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt og að barnaverndarnefnd taki ákvörðun með úrskurði náist ekki nýtt samkomulag.

Í 6. mgr. er kveðið á um rétt þeirra sem umgengni eiga að rækja til að krefjast þess að barnaverndarnefnd breyti úrskurði sínum um umgengni. Rétt þykir að gera ráð fyrir slíkri reglu þar sem vera kann að aðstæður barns hafi breyst. Þó er sett fram sú regla að barnaverndarnefnd sé ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar fyrr en a.m.k. 12 mánuðir eru liðnir frá því að endanleg ákvörðun lá síðast fyrir. Rökin fyrir þessu eru sambærileg og getið er um í athugasemdum við 3. mgr. 34. gr. frumvarpsins, þ.e. að koma í veg fyrir samfelldan ágreining sem skapar óróa og raskar stöðugleika í lífi barns.

Í 7. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd getur úrskurðað að halda skuli dvalarstað barns leyndum fyrir kynforeldrum. Rétt þykir að barnaverndarnefnd hafi slíka heimild, enda geta aðstæður verið með þeim hætti að afskipti kynforeldra af barninu geta verkað mjög truflandi og unnið gegn því að markmiðin með fósturráðstöfun náist.

Í 8. mgr. kemur fram að úrskurðir samkvæmt þessari grein sæti kæru til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 75. gr.

Í greininni er kveðið á um framfærslu og annan kostnað vegna fósturs. Fram kemur að þegar barni er ráðstafað í fóstur skuli ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með

því, fósturlaun og annar kostnaður. Reglan er sú að sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur greiðir kostnað vegna fósturs. Þetta er í samræmi við gildandi lög. Enn fremur er lagt til að í ljósi þess að rekstur grunnskóla er nú á vegum sveitarfélaga að sveitarfélag sem ráðstafar barninu endurgreiði viðkomandi sveitarfélagi þann kostnað er hlýst af skólagöngu og akstri í því sambandi. Ef um er að ræða fóstur á grundvelli 3. mgr. 65. gr. fer um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.

Um 76. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um eftirlit með fóstri. Eftirlitsskyldan hvílir á barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur. Er þetta til samræmis við ákvæði 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins um að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur fari áfram með mál en hún gerir ráð fyrir að þessar, sem og aðrar skyldur barnaverndarnefndar samkvæmt þessum kafla, séu virkar svo lengi sem fóstrið varir. Henni ber að fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfunin nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef ástæða þykir til. Í ákvæðinu felst að barnaverndarnefnd ber áfram ábyrgð á velferð barnsins, ásamt fósturforeldrum.

Um 77. gr.

Í þessari grein er kveðið á um endurskoðun fóstursamnings. Vera má að aðstæður fósturforeldra breytist, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga, heilsubrests eða annarra sambærilegra ástæðna. Við slíkar aðstæður er lögð sú skylda á fósturforeldra að tilkynna um breyttar aðstæður til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Ber þá að taka fóstursamning til endurskoðunar ef ástæða þykir til.

Í 2. mgr. segir að tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem lúta að því að aðstæðum barns hjá fósturforeldri kunni að vera ábótavant, svo sem um það að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skuli berast til þeirrar barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Ber þá barnaverndarnefnd tafarlaust að kanna málið og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt barnaverndarnefndar til breytingar á fóstursamningi eða niðurfellingar. Miðað er við að barnaverndarnefnd geri þetta með rökstuddum úrskurði. Úrskurður er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 78. gr.

Gildandi reglugerð um fóstur er nr. 532/1996 og er hún sett af ráðherra. Efni greinarinnar skýrir sig sjálft.

Um XIII. kafla.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við uppbyggingu úrræða fyrir börn sem vista þarf utan heimilis. Lögð hefur verið áhersla á að ríkið taki að sér uppbyggingu sérhæfðra faglegra úrræða sem sveitarfélög hafa ekki aðstöðu til að sinna með góðu móti. Skv. 5. mgr. 51. gr. gildandi laga skal félagsmálaráðuneytið þannig sjá um að sérhæfð heimili og stofnanir séu tiltæk fyrir börn þegar úrræði barnaverndarnefndar hafa ekki komið að gagni. Hér er átt við heimili og stofnanir þar sem fram fer sérhæfð meðferð, svo sem vímuefnameðferð og vistun í bráðatilvikum vegna meintra afbrota og hegðunarerfiðleika. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum efnisbreytingum að þessu leyti en leitast er við að gera öll ákvæði um uppbyggingu úrræða, nýtingu þeirra og réttarstöðu barna meðan vistun varir skýrari en nú er.

Leggja ber áherslu á að barnaverndarnefndir bera fyrst og fremst almenna ábyrgð á að

veita börnum þá þjónustu sem hentar þeim best og velferð þeirra krefst. Hlutverk ríkisins er einungis að veita afmarkaða þjónustu við sérstakar aðstæður sem takmarkast af því að hafa tiltæk meðferðarheimili eða stofnanir þar sem veitt er sérhæfð meðferð. Uppbygging allra annarra úrræða er á ábyrgð barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

Um 79. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber félagsmálaráðuneytið ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita tiltekna sérhæfða þjónustu til að mæta mismunandi þörfum. Um er að ræða heimili og stofnanir til að a) veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, b) greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð og c) veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota. Í þessu felst óbreytt ábyrgð ríkisins frá því sem nú er. Ákvæðið kemur fyrst og fremst í staðinn fyrir 5. mgr. 51. gr. núgildandi laga þar sem segir að félagsmálaráðuneytið skuli sjá um að hafa tiltæk sérhæfð heimili og stofnanir fyrir börn þegar úrræði barnaverndarnefndar hafa ekki komið að gagni.

Um heimildir barnaverndarnefnda til að vista börn utan heimilis vísast til ákvæða 25., 27., 28., 29. og 33. gr. frumvarpsins en um framkvæmd sjálfrar vistunarinnar er nánar fjallað í 80. gr. hér á eftir.

Í 2. mgr. felst að það verði áfram hlutverk Barnaverndastofu, í umboði félagsmálaráðuneytisins, að annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Þá er lagt til að lögfest verði sérstök heimild sem felur í sér að stofan geti falið einkaaðilum rekstur heimila og stofnana á grundvelli þjónustusamnings. Ríkið rekur í dag meðferðarstöð fyrir unglinga, Stuðla, en öll langtímameðferðarheimili eru rekin samkvæmt sérstökum þjónustusamningum. Er þetta í samræmi við breyttar áherslur í opinberum rekstri og þykir hafa gefist vel. Um stjórnsýslu einkaframkvæmdar gilda lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins þar sem í 30. gr. er að finna heimild fyrir ráðherra m.a. til að gera samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni. Gert ráð fyrir að áhersla verði áfram lögð á gerð þjónustusamninga um einkaframkvæmd við val á rekstrarformi heimila og stofnana skv. 79. gr. þegar það á við.

Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirumsjón Barnaverndarstofu. Í hlutverki Barnaverndarstofu samkvæmt þessu ákvæði felst einnig að stofan hefur faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfseminni. Þá getur Barnaverndarstofa mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu heimila og stofnana og veitir rekstraraðilum fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning. Er þetta sambærilegt við hlutverk Barnaverndarstofu skv. 5. mgr. 51. gr. gildandi laga. Talsvert hefur verið unnið að því að móta verkefni Barnaverndarstofu að þessu leyti, settar ýmsar reglur, svo sem verklagsreglur um meðferð umsókna, reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar og settar hafa verið reglur um fyrirkomulag eftirlits og um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila. Taka reglurnar gildi 1. mars 2001.

Í 3. mgr. er tekið fram að komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraraðila heimila á vegum Barnaverndarstofu megi skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytisins. Sama á við ef einstaklingur er ósáttur við þá þjónustu sem hann fær á meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Er þar einungis átt við kvörtun undan þjónustustarfsemi en ekki þegar í hlut eiga stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru í tengslum við þjónustuna, svo sem um tímalengd, umgengni eða réttindi meðan vistun varir. Greiðist ekki úr framangreindum málum með umleitan til Barnaverndarstofu má bera þau undir félagsmálaráðuneyti.

Í 4. mgr. er kveðið á um að félagsmálaráðherra setji reglur um heimili og stofnanir samkvæmt þessum kafla, sbr. þó sérákvæði í 5. mgr. 80. gr. um setningu reglugerða um vistanir sérstaklega, og 82. gr. um agaviðurlög og þvingunarráðstafanir.

Um 80. gr.

Greinin fjallar um framkvæmd vistunar á heimili eða stofnun sem rekin er skv. 79. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að barnaverndarnefnd skuli reyna önnur stuðningsúrræði áður en barn er vistað á heimili eða stofnun nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Um þetta sjónarmið vísast m.a. til athugasemda við 2. og 25. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum sem og í þessu frumvarpi er miðað við að ávallt skuli leggja áherslu á að beita úrræðum með miða að því að ná tökum á vanda barns með því að skapa þær aðstæður innan fjölskyldu barnsins að þær teljist viðunandi enda er lagt til grundvallar að hagsmunir barna séu alla jafna best tryggðir með því að þau alist upp hjá foreldrum sínum. Regla þessi svarar til 5. mgr. 51. gr. gildandi laga um að ekki reyni á ábyrgð ríkisins nema úrræði barnaverndarnefndar hafi ekki komið að gagni.

Í 2. mgr. segir að barnaverndarnefnd skuli senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem meti og ákveði í samráði við nefndina hvaða heimili eða stofnun henti barninu best. Er þetta í samræmi við ákvæði í reglugerð um Barnaverndarstofu nr. 264/1995 en eðlilegt þykir að fjalla um þetta í lögunum. Gert er ráð fyrir að í sérstökum tilvikum geti barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Kemur þetta helst til álita þegar um er að ræða einhvers konar neyðarmóttöku en í reglugerð nr. 271/1995, sbr. reglugerð nr. 474/1998, um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, er gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir geti snúið sér til meðferðarstöðvarinnar með beiðni um skammtímavistun fyrir barn í neyðar- og bráðatilvikum á lokaðri deild.

Í 3. mgr. er fjallað um skyldur barnaverndarnefnda meðan vistun varir, svo sem við undirbúning barns fyrir vistun og stuðning meðan á vistun stendur og skyldur til að fylgjast með því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Tekið er fram að gera skuli skriflegan samning um vistun hvers barns. Samsvarandi ákvæði, sem skýrir réttarstöðu barna meðan vistun varir, er ekki í núgildandi lögum en er í samræmi við framkvæmd.

Nýmæli er að finna í 4. mgr. þar sem gert er ráð fyrir að ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns, sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr., beri barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en í tvo mánuði. Vistun barns á heimili eða stofnun er almennt talin hafa í för með sér talsvert álag fyrir barnið og lögð er áhersla á að barn geti farið af heimili eða stofnun með reglubundnum hætti, svo sem um helgi og í sumar- og jólaleyfi. Þegar foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns er í vissum tilvikum ekki unnt að heimila umgengni foreldris og barns með þessum hætti. Sérstaklega þykir nauðsynlegt að tryggja betur en nú er gert rétt þessara barna til að njóta einhverrar umönnunar utan heimilis eða stofnunar meðan vistun varir.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um vistanir skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á heimili eða stofnun, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð sem varðar stofnsetningu þeirra og almennan rekstur, sbr. 4. mgr. 79. gr.

Um 81. gr.

Greinin fjallar um umgengnisrétt foreldra og barna sem vistuð eru á heimili eða stofnun skv. 79. gr. Samsvarandi ákvæði skortir í núgildandi lög en í framkvæmd hefur verið beitt lögjöfnun frá ákvæði 33. gr. um umgengni í fósturmálum. Ákvæði frumvarpsins er efnislega að flestu leyti sambærilegt við 74. gr. um umgengni við barn í fóstri og vísast til athugasemda við þá grein.

Gert er ráð fyrir samráði við heimili eða stofnun áður en ákvörðun er tekin um umgengni, sbr. 3. mgr., þar sem segir að barnaverndarnefnd skuli taka tillit til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun við gerð samnings um umgengni og 7. mgr. þar sem barnaverndarnefnd er gert skylt að leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

Um 82. gr.

Í greininni eru ákvæði sem varða réttindi barna sem dveljast á heimilum og stofnunum, svo og um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög. Ákvæðum þessum er ætlað að gilda um öll heimili og stofnanir sem rekin eru samkvæmt ákvæði XIII. kafla en einnig heimili og stofnanir sem rekin eru skv. XIV. kafla frumvarpsins. Í gildandi barnaverndarlögum eru ákvæði sem þetta varða fábrotin. Eina ákvæðið sem fjallar beint um þetta er 2. mgr. 53. gr. Þar segir að líkamlegum og andlegum refsingum megi ekki beita á heimilum eða stofnunum fyrir börn. Á grundvelli 51. og 52. gr. barnaverndarlaga og 19. gr. reglugerðar um Barnaverndarstofu setti stofan reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu. Reglurnar tóku gildi 1. nóvember 1997. Endurskoðaðar reglur um sama efni tóku gildi 1. febrúar 1999 og er m.a. þar að finna ákvæði um réttindi barna, takmarkanir á réttindum, þvingunaraðgerðir og eftirlit.

Þar til reglur Barnaverndarstofu voru settar voru reglur um beitingu þvingunarráðstafana og agaviðurlaga inni á meðferðarheimilum nánast ekki til. Með reglunum varð réttarstaðan, að því er þessa þætti í starfsemi heimila og stofnana sem rekin eru á grundvelli laganna varðar, skýrari en áður var. Engu að síður verður að telja eðlilegt að sett verði í barnaverndarlög almenn ákvæði sem að þessu lúta þannig að þær þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem nauðsynlegt er talið að grípa til og samræmst geta góðu meðferðarstarfi hvíli á traustri lagastoð. Þá er enn fremur eðlilegt að gera ráð fyrir að lagareglur þessar séu nánar útfærðar í reglugerð sem sett er að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Við samningu ákvæða frumvarpsins sem að þessu lúta var enn fremur tekið mið af ábendingum sem fram koma í *Greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda* sem samin var fyrir félagsmálaráðuneytið í maí 1998. Þá hafa ákvæði greinar 5–9 í norsku lögunum um *Barneverntjenester* frá 17. júlí 1992, nr. 100, verið höfð hér til hliðsjónar.

Í 1. mgr. er sett fram sú meginregla að stofnanir og heimili samkvæmt lögum þessum skuli rekin þannig að tillit sé tekið til sjálfsákvörðunarréttar og vilja barns og réttar þess til að hafa þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á stofnuninni eða heimilinu og ábyrgð á rekstri þess, þar á meðal ábyrgð á öryggi barnsins og velferð. Með þessu er áréttað að sjálfsákvörðunarréttur um persónuleg málefni er meginregla. Eðli málsins samkvæmt hlýtur réttur þessi þó að sæta takmörkunum. Í fyrsta lagi er um að ræða einstaklinga sem eru ósjálfráða. Réttur barns sætir því takmörkunum vegna réttinda og skyldna þeirra sem fara með lögráð barns til að ráða persónulegum högum þess, allt samkvæmt þeim reglum sem nánar er kveðið á um í barnalögum, nr. 20/1992, og lögræðislögum, nr. 71/1997, og aldri og þroska barnsins sem í hlut á. Enn fremur sætir þessi réttur takmörkunum að því marki sem samræmist tilganginum með vistun þess á heimili eða stofnun og ábyrgð á rekstrinum.

Í 2. mgr. felst sú meginregla að barn skuli vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar þess. Börnum sem vistuð eru á stofnunum eða

heimilum sem rekin eru skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði stofnunar eða heimilis að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist. Með þessari framsetningu er meginreglan áréttuð og að rétturinn sætir takmörkunum sem réttlætast af markmiðum meðferðarstarfsins og velferð barnsins.

Í 3. mgr. er nánar kveðið á um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög sem eru bönnuð. Í a-lið segir að bannað sé að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Þetta er í samræmi við 2. mgr. 53. gr. gildandi laga. Þetta er sjálfsögð regla og undirstrikar að beinar líkamlegar og andlegar refsingar eiga ekki við í meðferðarstarfi. Ákvæðið kemur þó ekki í veg fyrir að beitt sé þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem nauðsynleg þykja til að halda uppi nauðsynlegum aga í starfsemi og rekstri heimilis eða stofnunar. Skv. b-lið er almenna reglan sú að bannað er að beita innilokun, einangrun og öðrum þess konar þvingunarráðstöfunum nema samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Með þessu er ekki sett skilyrðislaust bann við því að innilokun eða einangrun sé beitt, heldur að það verði aðeins gert samkvæmt nánar tilgreindum reglum, með þeim skilyrðum sem þar eru greind og í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um. Hér er einungis átt við neyðartilvik, fyrst og fremst í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að barn skaði sjálft sig eða aðra. Miðað er við að í reglugerðinni verði einnig nánar kveðið á um það hver hafi heimild til að taka ákvörðun um innilokun eða einangrun. Í c-lið er sett fram sú meginregla að barn skuli eiga rétt til að senda og taka við pósti, eiga samskipti við utanaðkomandi, svo sem með tölvupósti eða símleiðis. Þennan rétt má þó takmarka út frá meðferðar- eða rekstrarlegum sjónarmiðum samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

Þá er í 4. mgr. mælt svo fyrir að í reglugerð verði kveðið á um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir, agaviðurlög og málsmeðferð vegna beitingar þeirra, sbr. a-lið 4. mgr. Með reglum skv. b-lið skal miða að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni berist inn á heimili eða stofnun. Reglur þessar geta m.a. falið í sér heimildir til að takmarka rétt barns til að eiga samskipti við utanaðkomandi með póstsendingum, tölvupósti eða símtölum. Enn fremur um líkamsleit og önnur slík úrræði sem miða að því að koma í veg fyrir að fyrrgreind efni berist inn á heimili eða stofnun. Með reglum skv. c-lið 4. mgr. skal kveða á um rétt barns til að hafa persónulegar eigur með sér og um meðferð á persónulegum fjármunum og eigum barns. Í þessu felst að heimilt getur verið, ef það samræmist meðferðarmarkmiðum og ábyrgð á rekstri heimilis, að takmarka rétt barns til að hafa með sér persónulegar eigur. Hér undir getur fallið hvað sem er, svo sem fatnaður, farsímar, tölvur, hljómflutningstæki, bækur, blöð, tímarit o.s.frv. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að kveðið verði á um allt slíkt í reglugerð í samræmi við tilgang meðferðar, rekstur heimilis eða stofnunar og aðstæður þar.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild til að fela þeim er reka heimili eða stofnun skv. 79. gr. á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og þvingunarráðstafanir. Nauðsynlegt er að hafa slíka lagaheimild þar sem annars kunna að rísa álitamál um heimild þessara aðila til að beita opinberu valdi að þessu leyti. Þetta er í samræmi við 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Í 6. mgr. er við það miðað að með reglugerð verði kveðið nánar á um heimildir til að skjóta ákvörðunum um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana til kærunefndar barnaverndarmála. Með þessu er leitast við að tryggja greiða og réttláta málsmeðferð vegna ákvarðana um takmarkanir réttinda og þvingunarráðstafanir sem telja má alvarlegastar og eru þess eðlis að rétt sé að gera ráð fyrir málskoti til kærunefndar barnaverndarmála.

Um 83. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga til að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili þar sem börn koma til dvalar, umönnunar, stuðnings eða meðferðar. Með þessu er gert ráð fyrir þeim möguleika að barnaverndarnefndir, félagasamtök og aðrir aðilar geti rekið heimili eða stofnun skv. 79. gr. en þurfi að sækja um leyfi til Barnaverndarstofu. Hér er um nýmæli að ræða en ekki þykir rétt að útiloka þá leið að þessir aðilar gætu átt frumkvæði að því að uppfylla þarfir barna fyrir vistun utan heimilis. Verulegur munur er á þessari leið og því að gera þjónustusamning þar sem ríkið hefur að öllu jöfnu frumkvæði að því að gera samning og skilgreinir þá þjónustu sem veita skal. Sá sem óskar eftir leyfi til að reka heimili eða stofnun hefur sjálfur frumkvæðið að því að skipuleggja úrræðið, svo sem um val á staðsetningu og inntak þjónustunnar, þó að uppfylltum lágmarkskröfum samkvæmt reglugerð, sbr. 3. mgr. Rétt er að taka fram að Barnaverndarstofa hefur skv. 80. gr. yfirumsjón með vistun barna á öllum heimilum og stofnunum skv. 79. gr. frumvarpsins. Ákvörðun barnaverndaryfirvalda um vistun barns á slíku einkareknu heimili eða stofnun, að því marki sem því er ætlað að mæta þörfum sem skilgreindar eru í 79. gr., hlýtur því eðli málsins samkvæmt að vera gerð með vitund og vilja Barnaverndarstofu. Þeir sem vilja setja slíkar stofnanir á fót hljóta því eðli málsins samkvæmt að leita samráðs við barnaverndaryfirvöld, einkum Barnaverndarstofu, varðandi uppbyggingu og rekstur slíkra heimila eða stofnana, m.a. varðandi frekari skilgreiningu þeirra þarfa sem heimili eða stofnun er ætlað að uppfylla. Þar sem hér er um að ræða leið til að mæta þeirri þörf fyrir úrræði sem er á ábyrgð ríkisins segir í frumvarpinu að Barnaverndarstofa hafi eftirlit með rekstri þessara heimila og stofnana.

Í greininni er kveðið á um heimildir Barnaverndarstofu til að svipta þann leyfi sem fengið hefur leyfi stofunnar til að reka heimili eða stofnun skv. 1. og 2. mgr. að uppfylltum skilyrðum greinarinnar. Áður en til þess ráðs er gripið ber Barnaverndarstofu að sjálfsögðu að leitast við að fá viðkomandi með leiðbeiningum og áminningum til að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um XIV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði sem varða önnur vistunarúrræði á vegum barnaverndaryfirvalda en þau sem eiga undir XIII. kafla. Annars vegar er hér um að ræða stuðningsfjölskyldur og hins vegar sumardvöl.

Um 84. gr.

Greinin felur í sér óbreyttar kröfur til barnaverndarnefnda frá því sem er í gildandi lögum að öðru leyti en því að reynt er að skýra hlutverk barnaverndarnefnda frekar og setja efnið fram með skýrari hætti. Leggja ber áherslu á að barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk viðeigandi úrræði til að mæta þörfum barna og upptalning úrræða er því ekki tæmandi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði til að veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda og til könnunar á högum barna, vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra. Hér er fyrst og fremst um að ræða börn sem ekki er talið að þurfi sérhæfða meðferð en geta af einhverjum ástæðum ekki verið á heimili sínu um tiltekinn tíma. Getur komið til álita vistun á vistheimili, einkaheimili eða annað samsvarandi úrræði, t.d. meðan mál er kannað frekar eða unnið að því að finna annað úrræði.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. skulu barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði, t.d. heimili eða sambýli, þar sem börn geta búið vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa,

svo sem í kjölfar meðferðar. Ekki er gert ráð fyrir að fram fari sérstök meðferð á þessum heimilum heldur er hér t.d. um að ræða verndaða búsetu fyrir börn sem lokið hafa dvöl á meðferðarheimili en eiga þess ekki kost að flytja til foreldra sinna vegna heimilisaðstæðna eða vegna þess að forsjáraðilar geta ekki stutt barnið eins og nauðsynlegt er. Getur vistun bæði verið tímabundin og þar til barn verður sjálfráða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti falið öðrum aðilum rekstur heimilis með þjónustusamningi. Gilda um það sömu reglur og um þjónustusamning milli Barnaverndarstofu og annarra aðila, sbr. 2. mgr. 79. gr.

Mjög fá sveitarfélög hafa komið sér upp úrræðum eins og þeim sem hér er lýst. Reykjavíkurborg hefur lengi starfrækt tvö vistheimili auk fjölskylduheimila, tilsjónarsambýla o.fl. Möguleikar barna á þjónustu eru mjög mismunandi eftir sveitarfélögunum en áríðandi er að öll börn njóti samsvarandi þjónustu að þessu leyti. Rétt þykir að Barnaverndarstofa hafi yfirlit yfir þörf á úrræðum samkvæmt þessari grein, hvetji barnaverndarnefndir til að koma upp nauðsynlegum úrræðum og liðsinni þeim eftir því sem þörf er á. Með hliðsjón af 83. gr. er rekstur samkvæmt grein þessari háður leyfi Barnaverndarstofu.

Í 4. mgr. kemur fram að ákvæði 80., 81. og 82. gr. eigi við um vistun barna samkvæmt ákvæði 84. gr. eftir því sem við á. Þannig ber t.d. að miða við að barnaverndarnefndir reyni að jafnaði önnur stuðningsúrræði áður en börn eru vistuð utan heimilis, úrræði sé valið af kostgæfni og að barn sé undirbúið undir vistun og viðskilnað við foreldra sína. Þá eiga reglur 81. og 82. gr. um umgengni og réttindi barna og beitingu þvingunar við um heimili skv. 84. gr. Árétta ber að ákvæði 2. mgr. 80. gr. um umsókn til Barnaverndarstofu á eðli málsins samkvæmt ekki við um vistun á heimili skv. 84. gr.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji reglugerð um stofnun og rekstur heimila skv. 84. gr. að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Um 85. gr.

Rétt er að taka fram að stuðningsfjölskyldur teljast ekki beinlínis til vistunar utan heimilis. Úrræðið er þó eðli málsins samkvæmt nægilega skylt til þess að rétt sé að telja það upp hér. Skv. 24. gr. frumvarpsins bera barnaverndarnefndir ábyrgð á því að hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Með reglugerð skulu settar nánari reglur um þetta sem og önnur stuðningsúrræði, sbr. 2. mgr. 38. gr. Gildandi reglugerð um þetta efni er, eins og áður segir, reglugerð, nr. 452/1993, um tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa og stuðningsfjölskyldu skv. 21. gr. laga nr. 58/1992, sbr. nánar d-lið. Vísast nánar til athugasemda við 24. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt þessari grein ber barnaverndarnefnd að sjá til þess að úrræðin séu fyrir hendi þegar þörf krefur. Barnaverndarstofu er aftur á móti ætlað að veita leyfi til starfseminnar. Vakin er athygli á stuðningsfjölskyldu skv. 4. mgr. 80. gr. og skýringum við þá grein.

Um 86. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir sumardvöl á vegum barnaverndarnefndar en sumardvöl er eitt þeirra stuðningsúrræða sem barnaverndarnefndir geta beitt þegar þörf krefur skv. c-lið 24. gr. frumvarpsins. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu voru á þriðja hundrað börn vistuð á sveitaheimilum á vegum barnaverndarnefnda árið 1999. Um leyfi til að taka börn í slíka vistun og eftirlit með starfseminni gilda ákvæði 91. gr. sem fjallar m.a. um sumardvalarheimili, sumarbúðir og þess háttar.

Um XV. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skiptingu kostnaðar af barnaverndarstarfi milli foreldra, sveitarfélags og ríkisins. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Um 87. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þann kostnað sem hlýst af störfum barnaverndarnefndar, svo og þann kostnað sem leiðir af þjónustu sem hún veitir og úrræðum sem hún ber ábyrgð á. Sveitarstjórn ber ábyrgð á þessum kostnaði. Um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. fer samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 88. gr.

Um 88. gr.

Í þessari grein er kveðið á um fjárhagslega ábyrgð ríkisins. Fram kemur að ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála og Barnaverndarstofu. Ljóst er, að því marki sem ríkinu er ætlað að setja á fót stofnanir og heimili skv. 79. gr. og reka þau, eða eftir atvikum fela öðrum þetta verkefni á grundvelli þjónustusamnings, að gera verður ráð fyrir að ríkið beri kostnað sem af því hlýst.

Í 2. mgr. er kveðið á um kostnað vegna fósturs á grundvelli 3. mgr. 65. gr. sérstaklega. Af 75. gr., sbr. og 87. gr., leiðir að sveitarfélag ber ábyrgð á kostnaði vegna fósturs almennt. Aðeins í þeim tilvikum þegar fósturráðstöfun er á grundvelli fyrrnefnds ákvæðis er gert ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna fósturs. Barnaverndarstofa ákveður kostnaðarhlutdeild ríkisins. Við ákvörðun á hlutdeild þess skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

Um 89. gr.

Í þessari grein er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra. Foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum samkvæmt ákvæðum barnalaga þar til þau verða 18 ára gömul. Þetta á við þótt barni sé ráðstafað í vistun annars staðar fyrir tilstilli barnaverndarnefndar. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti krafið kynforeldra um framfærslueyri meðan á vistun utan heimilis stendur. Með vistun er hér átt við fóstur eða vistun á heimili eða stofnun. Fjárhæð framfærslueyris ræðst af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um framfærslueyri og er ákvörðun hennar kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála. Nánar fer um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris samkvæmt ákvæðum barnalaga, sbr. 4. mgr.

Í 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi sé ekki skylt að framfæra það. Rétt þykir að gera ráð fyrir þessu þótt meginregla samkvæmt barnalögum sé sú að framfærsluskylda sé óháð forsjá.

Um XVI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði sem varða vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda. Annars vegar er um að ræða heimildir fyrir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Hér er því ekki um að ræða eiginleg barnaverndarúrræði samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa. Gert er ráð fyrir afskiptum barnaverndaryfirvalda ef slík ráðstöfun á að haldast tiltekinn tíma. Hins vegar er að finna ákvæði sem varða vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda. Þótt ekki sé hér um barnaverndarúrræði að ræða sem fyrr segir þykir það falla vel að efni barnaverndarlaga og markmiði þeirra að gera ráð fyrir að leyfisveitingar og eftirlit með slíkri starfsemi eigi undir barnaverndaryfirvöld.

Um 90. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um heimildir foreldra til að vista börn sín sjálfir utan heimilis. Foreldrar sem fara með lögráð barns, ráða persónulegum högum þess, þar með heimili þess. Sambærileg ákvæði er að finna í 40. gr. gildandi barnaverndarlaga. Ekki er í þessari grein verið að setja sérstakar skorður við því að foreldrar taki, fyrir hönd barna sinna, ákvörðun um vistun þeirra utan heimilis. Rétt þykir aftur á móti að gera ráð fyrir að foreldrum sé skylt að tilkynna um slíka ráðstöfun til barnaverndarnefndar. Ákvæðið snýr þannig fyrst og fremst að hlutverki barnaverndarnefndar við þessar aðstæður. Miðað er við að tilkynningarskyldan verði virk ef dvöl er ætlað að standa sex mánuði eða lengur. Áskilið er í greininni að vistun barns brjóti ekki í bága við hagsmuni þess og á barnaverndarnefnd, sem tilkynnt er til, mat um það. Í samræmi við þetta verður að gera ráð fyrir heimild nefndarinnar til að kanna frekar hagi þeirra sem barni er ætlað að dveljast hjá, sbr. nánar ákvæði 3. mgr. þessarar greinar. Þá er það enn fremur skilyrði, ef barn er komið á skólaskyldualdur, að því hafi verið tryggð skólavist í umdæmi sem það flyst í til dvalar. Sérregla um dvalartíma gildir þegar barni er komið til dvalar hjá vandamönnum. Í slíkum tilvikum þarf ekki að tilkynna um vistun nema henni sé ætlað að standa í tólf mánuði eða lengur.

Samkvæmt 2. mgr. gildir tilkynningarskylda skv. 1. mgr. ekki þegar vistun er nauðsynleg vegna skólagöngu barnsins, þegar barn er vistað í opinberri stofnun vegna heilsu sinnar eða þroska eða þegar barn er orðið 15 ára. Þetta ákvæði er óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 40. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skuli hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Þessi regla á við ef ætla má að foreldrar taki ákvörðun um vistun annars staðar vegna þess að þeir telja sig ekki hafa aðstæður til að hafa barn hjá sér. Ber þá barnaverndarnefnd að athuga hvort völ sé úrræða sem gætu gert það kleift. Ef þetta er ekki unnt er barnaverndarnefnd heimilt að kanna sérstaklega hvort hag og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess, ef hún telur ástæðu til. Í þessu felst að barnaverndarnefnd þarf ekki að láta slíka könnun fara fram ef nefndin telur að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um hinn nýja dvalarstað barnsins. Þá kemur einnig fram í 3. mgr. að ef barnaverndarnefnd telur ástæðu til vegna hagsmuna barns er henni heimilt að hafa eftirlit með aðbúnaði og högum barns í vistun sem tilkynningarskyldan gildir um á sama hátt og væri barnið í fóstri.

Í gildandi lögum, sbr. 4. mgr. 40. gr., er gert ráð fyrir að barnaverndarnefnd geti ákveðið gegn vilja forsjárforeldra að ráðstöfun barns til dvalar hjá öðrum skv. 1. mgr. skuli haldast, enda hafi barn verið í umsjá (í vistun) annarra í þrjá mánuði eða lengur. Í þessu frumvarpi er miðað við að barnaverndarnefnd geti ekki tekið slíka ákvörðun nema til bráðabirgða. Miðað er við að barnaverndarnefnd geti tekið ákvörðun um að framlengja vistun barns í allt að þrjá mánuði. Innan þess tíma ber barnaverndarnefnd að höfða mál fyrir dómi til sviptingar forsjár. Gert er ráð fyrir að ákvörðun barnaverndarnefndar skuli haldast þar til dómur hefur fallið.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um lögsögu barnaverndarnefndar. Miðað er við að barnaverndarnefnd þar sem barnið átti lögheimili þegar foreldrar vistuðu það, fari með mál samkvæmt greininni, nema sú barnaverndarnefnd og barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn er vistað semji um annað. Þetta er í samræmi við ákvæði 15. gr. frumvarps þessa.

Um 91. gr.

Í 1. mgr. ræðir um þá sem óska eftir að taka börn til dvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma. Miðað er við að barnaverndarnefndir í heimilisumdæmi nefndar veiti leyfi til slíkrar starfsemi.

Þá kemur fram í 2. mgr. að félagasamtökum eða öðrum aðilum sé heimilt að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings eða afþreyingar og hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu. Hér er einkum átt við sumarbúðir og sumardvalarheimili þótt ákvæðið sé ekki bundið við það.

Þá kemur fram í 3. mgr. að ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

Um XVII. kafla.

Í kafla þessum er safnað saman ýmsum verndarákvæðum, sbr. til hliðsjónar ákvæði X. kafla gildandi barnaverndarlaga.

Um 92. gr.

Ákvæði um útivistartíma barna er hliðstætt því sem er í 57. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því að miðað er við að sömu reglur gildi um land allt. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti vikið frá þessum reglum í sérstökum samþykktum.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að aldursmörk miðist við fæðingarár. Með þessu er átt við að 12 ára aldursmarkið vísi til þeirra barna sem verða 12 ára á almanaksárinu. Með þessu er tryggt að sömu reglur gildi um öll börn sem fædd eru á sama almanaksárinu og eru þar af leiðandi að öllu jöfnu á sama skólaárinu. Þetta þykir sanngjörn viðmiðun og er sú sama og notuð er við ákvörðun aldursmarka þegar um er að ræða aðgang að dansleikjum og öðrum skemmtunum.

Um 93. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit með skemmtunum og sýningum. Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 56. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru aftur á móti nýmæli. Í 2. mgr. kemur fram að skipuleggjendum og ábyrgðaraðilum fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarrar keppni af því tagi, þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, sé skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu. Í reglugerð verði m.a. kveðið á um samþykki foreldra eða annarra fyrir þátttökunni, um skyldu skipuleggjenda til að taka tillit til skólagöngu þátttakenda og önnur atriði sem talin er þörf á að reglur verði settar um. Er við það miðað að Barnaverndarstofa safni frekari upplýsingum um framkvæmd slíkrar keppni og þær upplýsingar komi fram í tillögum stofunnar að reglugerð til ráðherra. Tillögur Barnaverndarstofu feli í sér þau atriði sem stofan telur að betur megi fara með tilliti til hags þeirra barna sem eru þátttakendur í keppni í ljósi þeirra upplýsinga sem hún hefur safnað.

Í 3. mgr. er lagt bann við því að börn yngri en 18 ára taki þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru m.a. til komin vegna ábendinga frá umboðsmanni barna sem telur að ýmislegt sem fylgi fyrirsætustörfum og fegurðarsamkeppni sé hvorki heilsusamlegt né uppbyggjandi fyrir börn. Nefndin hefur rætt allítarlega um þetta mál. Niðurstaðan er sú

að ekki sé gerlegt að setja almennt bann við þátttöku barna yngri en 16 ára í slíkri keppni, enda algengt að þátttakendur séu yngri en það. Þátttaka barna yngri en 16 ára er yfirleitt með fullri vitund, vilja og beinum stuðningi forsjáraðila þeirra. Erfitt sé að koma auga á þau rök sem réttlætt geti það að gripið sé fram fyrir hendur forsjáraðila með því að setja slíkt bann í lög. Lagt er til í frumvarpinu að farin verði sú leið að gera skipuleggjendum keppni þar sem keppendur eru yngri en 18 ára að tilkynna um hana til Barnaverndarstofu. Með þessum hætti gefst stofunni kostur á að fylgjast með framkvæmd keppni.

Nefndin telur aftur á móti sterkari rök hníga til þess að banna sérstaklega þátttöku barna í nektarsýningum eða öðrum slíkum sýningum sem eru fyrst og fremst af kynferðislegum toga. Hliðstæð bönn eru í gildi í nágrannaríkjunum á Norðurlöndum og því nærtækt að settar verði reglur sem banni þátttöku barna í slíkum sýningum hér á landi. Byggist það á því sjónarmiði að sérstök ástæða sé til að vernda ungt fólk að þessu leyti þar sem það geti oft síður en þeir sem eldri eru metið afleiðingar þeirrar ákvörðunar að taka þátt í slíkum sýningum.

Um XVIII. kafla.

Í þessum kafla er safnað saman refsiákvæðum o.fl. Ákvæðin eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum 59.–67. gr. gildandi laga. Framsetningu þeirra hefur þó verið breytt verulega.

Um 94. gr.

Greinin hefur að geyma refsiákvæði vegna brota gegn tilkynningarskyldu o.fl. Sambærileg ákvæði er að finna í 59. og 60. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. er kveðið á um refsingu við því að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem ákvæði frumvarpsins taka til.

Í 2. mgr. er kveðið á um refsingu við því að láta hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin.

Um 95. gr.

Í greininni er kveðið á um brot vegna brottnáms barns, brot gegn nálgunarbanni skv. 37. gr. o.fl. Í 1. mgr. kemur fram að ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í 2. mgr. er kveðið á um brottnám barns úr vist þar sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað því.

Um 96. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 63. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að refsihámarkið er fimm ár í stað tveggja. Eftir sem áður er áskilið að ekki liggi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Um 97. gr.

Í ákvæðinu ræðir um brot gagnvart börnum. Ákvæðin eru sambærileg við 64.–66. gr. gildandi laga.

Um 98. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skil eldri laga og yngri. Í 1. mgr. kemur fram að ef málsmeðferð fyrir barnavernd hefur hafist í tíð eldri laga gildi ákvæði nýju laganna um meðferð máls eftir

gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik máls hafi að einhverju eða öllu leyti gerst í tíð eldri laga. Þá er í 2. mgr. miðað við að kærunefnd barnaverndarmála taki við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Óhætt þykir að gera ráð fyrir að hinar nýju reglur gildi um meðferð málsins þótt það hafi hafist í tíð eldri laga, þar sem vandséð er að það geti á nokkurn hátt leitt til verri réttarstöðu fyrir aðila. Meðal annars af þeirri ástæðu er það sérstaklega tekið fram varðandi meðferð máls fyrir barnaverndarráði, þar sem málsmeðferð þar er með nokkuð öðrum hætti en gert er ráð fyrir að því er varðar kærunefnd barnaverndarmála.

Í 3. mgr. kemur fram að hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum. Rétt þykir við þessar aðstæður að gera ráð fyrir að mál sé klárað fyrir barnaverndarráði.

Um 99. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt. Gerð hefur verið breyting á 43. gr. frumvarpsins. Sú breyting hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Jafnframt hefur verið gerð breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins. Í henni felst að gildistaka 3. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr., sem tekur til kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna sérhæfðra fósturráðstafana, frestast til 1. janúar 2003. Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í lok árs 1997 til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá gildandi lögum og hafa nokkrar þeirra áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að barnaverndarráð verði lagt niður í núverandi mynd og þess í stað skipi félagsmálaráðherra þrjá menn til setu í kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Lagt er til að Hæstiréttur tilnefni formann sem skal uppfylla skilyrði héraðsdómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Gert er ráð fyrir að nefndinni verði heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri. Til kærunefndar verði m.a. unnt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda og stjórnvaldsákvörðunum Barnaverndarstofu. Kostnaður kærunefndar er áætlaður 6 m.kr. á ári en á móti falla niður útgjöld vegna barnaverndarráðs sem eru 16 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2002. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður Barnaverndarstofu lækki um 0,2 m.kr. og félagsmálaráðuneytis um 0,1 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að ríkissjóður greiði hluta kostnaðar telji barnaverndarnefnd þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu skal það háð samþykki Barnaverndarstofu. Gert er ráð fyrir

að um 20 börn geti fallið undir þetta úrræði og heildarkostnaður þess á ári nemi um 25 m.kr. Ákvæði frumvarpsins um þetta efni taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu nýmæli um að barnaverndarmál verði að hluta rekin fyrir dómi og að úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flytjist frá barnaverndarnefndum til dómstóla. Einnig eru nýmæli um að foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri geti gert kröfu fyrir dómi um endurskoðun ráðstafana sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða. Þá er gert ráð fyrir að foreldrar geti borið undir dómara ákvörðun barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis í allt að tvo mánuði og að barnaverndarnefnd geri kröfu um það fyrir héraðsdómi óski hún eftir að koma fram vistun barns utan heimilis til lengri tíma en tveggja mánaða. Þessar breytingar leiða m.a. til breytinga á málsmeðferð fyrir dómi og skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi þegar krafa er gerð um forræðissviptingu eða endurskoðun ráðstafana sem ætlað er að vara þar til barn verður lögráða. Ætla má að fjöldi mála geti orðið nálægt 10 að meðaltali næstu ár og kostnaður við meðdómara nemi um 3 m.kr. á ári.

Í fjórða lagi geta barnaverndaryfirvöld ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Í þessu felst að unnt reynist að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið eftir að þessu aldurstakmarki er náð, t.d. þar sem barn er á fósturheimili eða á stofnun til meðferðar. Skylt ákvæði er í gildandi lögum hvað varðar stuðningsaðgerðir en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimildin nái einnig til vistunar á stofnun eða fósturheimili. Komi til slíkrar vistunar má áætla að hún kosti 4–5 m.kr. á ári.

Í fimmta lagi ber félagsmálaráðuneyti ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að veita tiltekna sérhæfða þjónustu fyrir börn þegar úrræði barnaverndarnefnda hafa ekki komið að gagni. Í þessu felst óbreytt ábyrgð ríkisins frá því sem nú er.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður ríkissjóðs hækki um 34 m.kr. á ári. Á móti falla niður 16 m.kr. útgjöld. Árleg viðbótarfjárþörf til rekstrar næmi því 18 m.kr. Þá er ótalinn kostnaður við vistun einstaklinga eftir að 18 ára aldri er náð en gert er ráð fyrir að slík tilvik verði fá.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júní 2002 en ákvæði um sérstaka umönnun og þjálfun barna skv. 3. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 2003. Frumvarpið leiðir því ekki til aukinna útgjalda ríkissjóðs á árinu 2002, en útgjöldin aukast um 18 m.kr. frá og með árinu 2003.

404. Frumvarp til laga [319. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. A laganna kemur ný grein, 6. gr. B, sem orðast svo:

Fjármálaráðherra úthlutar tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum, að því leyti sem vörur falla ekki undir viðauka IIIA, IIIB, IVA eða IVB við lög þessi.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 að gera tillögu um úthlutun tollkvóta skv. 1. mgr.

Úthlutun tollkvóta skal, eftir því sem við getur átt, vera í samræmi við samninginn um málsmeðferð við veitingu innflutningsleyfa sem birtur er í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn. Berist umsóknir um meiri innflutning en nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð. Endurúthluta má tollkvótum sem ekki eru nýttir innan þess frests sem tilgreindur er við úthlutun kvótans. Heimilt er í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna heimild til innflutnings á þeim tollum sem um tollkvótana gilda.

Um viðurlög við misnotkun á tollkvóta í því skyni að fá ívilnun í tolli eða sköttum við innflutning á vörum sem ekki falla undir tollkvótann skal fara skv. XIV. kafla laganna. Heimilt er að synja þeim um úthlutun tollkvóta sem gerst hefur sekur um misnotkun.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um úthlutun tollkvóta samkvæmt þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar og aðrir skilmálar sem um innflutninginn skulu gilda.

2. gr.

A-tollur allra tollskrárnúmera í 24. kafla í viðauka I við lögin verður 0%.

3. gr.

1. gr. laganna öðlast þegar gildi en 2. gr. laganna öðlast gildi 1. janúar 2002. Ákvæði 2. gr. tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra fái heimild til þess að úthluta tollkvótum vegna innflutnings samkvæmt milliríkja- og alþjóðasamningum, að því leyti sem innfluttar vörur falla ekki undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur. Tilefni þessarar breytingar er samningur Íslands og Noregs, sem gerður var í mars árið 2000, um gagnkvæma tollfrjálsa tollkvóta á íslenskum hestum annars vegar og á norskum kartöfluflögum og ostum hins vegar.

Í 6. gr. A í tollalögum, nr. 50/1987, er að finna reglur um hvernig skuli standa að úthlutun tollkvóta fyrir landbúnaðarvörur sem veittir eru samkvæmt samningnum um viðskipti með landbúnaðarvörur hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (oft nefndur WTO-samningurinn/GATT-samningurinn) og er viðauki við samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Í lögum hefur eingöngu verið kveðið á um hvernig skuli standa að úthlutun tollkvóta að því er varðar vörur sem flokkast undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur. Í þeim tilvikum skal tollkvótum úthlutað samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og er úthlutun á forræði landbúnaðarráðherra. Þar sem ostar falla undir áðurnefndan samning um landbúnaðarvörur heyrir úthlutun tollkvóta fyrir norsku ostana undir landbúnaðarráðherra. Lagareglur hefur hins vegar skort varðandi úthlutun tollkvóta í öðrum tilvikum, svo sem þegar slíkir kvótar eru ákveðnir í einstökum fríverslunarsamningum. Lagaheimild hefur því ekki verið fyrir hendi fyrir úthlutun tollkvóta fyrir norskar kartöfluflögur en slíkar reglur eru forsenda þess að Íslendingar geti staðið við áðurnefnt samkomulag við Norðmenn. Gert er ráð fyrir að úthlutun tollkvóta skv. 1. gr. frumvarpsins heyri undir fjármálaráðherra.

Um 2. gr.

Lagt er til að tollar af tóbaki verði felldir niður þar sem Ísland hefur með breytingum á bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skuldbundið sig til að fella niður tolla af tóbaki sem flutt er til landsins frá Evrópska efnahagssvæðinu, frá 1. janúar 2002. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldtaka ríkisins af tóbaki lækki í kjölfarið þar sem samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi. Þar er lagt til að greiða skuli til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða framleitt hér á landi. Með þessu móti er komið í veg fyrir að opinber gjaldtaka verði mismunandi af tóbaki frá Evrópu annars vegar og löndum utan Evrópu hins vegar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar á tollalögum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tollar af tóbaki verði felldir niður. Sú breyting tengist öðru lagafrumvarpi um að greitt verði sérstakt tóbaksgjald í ríkissjóð og vísast til umsagnar með því frumvarpi um áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að fjármálaráðherra fái heimild til að úthluta tollfrjálsum kvótum vegna innflutnings á vörum sem falla ekki undir viðauka tollalaga um landbúnaðarvörur. Tilefni þeirrar breytingar er samningur Íslands og Noregs, sem gerður var í mars árið 2000, um gagnkvæma tollfrjálsa kvóta á íslenskum hestum og norskum kartöfluflögum og ostum. Með hliðsjón af samkomulaginu er gert ráð fyrir að heimilaður verði tollfrjáls innflutningur á 15 tonnum af norskum kartöfluflögum á móti tollfrjálsum útflutningi til Noregs á 200 íslenskum hrossum. Lauslega áætlað má reikna með að ríkissjóður verði af 2–3 m.kr. tekjum af tollum verði frumvarpið óbreytt að lögum.

405. Frumvarp til laga [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Áfengisgjald**.

2. gr.

Í stað 8.–10. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Tóbaksgjald**, með þremur nýjum greinum, 8.–10. gr., og III. KAFLI, **Almenn ákvæði**, með tveimur nýjum greinum, 11. og 12. gr., svohljóðandi:

a. (8. gr.)

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

b. (9. gr.)

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem verslunin hefur flutt hingað til lands eða framleiddar hafa verið hér á landi og verslunin selur til smásala tóbaks.

Fjárhæð tóbaksgjalds skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Vindlingar: 167,20 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Neftóbak: 1,97 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
3. Annað tóbak: 5,98 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt gjald eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils.

c. (10. gr.)

Af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota, eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða skal við tollafgreiðslu greiða tóbaksgjald sem hér segir:

1. Vindlingar: 210 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Annað tóbak: 10,50 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Tóbak sem ferðamenn, farmenn og aðrir flytja með sér til landsins til einkanota og er undanþegið tolli samkvæmt ákvæðum tollalaga skal jafnframt undanþegið gjaldi skv. 1. mgr.

d. (11. gr.)

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengis- og tóbaksgjalds skv. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. sætir kæru til fjármálaráðherra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi og tóbaki.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt lögum þessum af áfengi og tóbaki, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um virðisaukaskatt og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum, svo og ákvæði laga um vörugjald.

e. (12. gr.)
Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.
Heiti laganna verður: **Lög um gjald af áfengi og tóbaki**.

4. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp sérstakt gjald, tóbaksgjald, á tóbaksvörur sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar hér á landi.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur um langt skeið haft einkarétt til innflutnings og heildsölu á tóbaksvörum. Verslunin hefur jafnframt annast gjaldtöku af vörunum fyrir ríkissjóð með álagningu á þær. Sú álagning hefur verið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða magnálagningu sem lögð er á tóbaksvörur og reiknast hún sem tiltekin fjárhæð á hvert gramm, nema af vindlingum (sígarettum), þar sem hún er tiltekin fjárhæð á hvert stykki. Hins vegar er lögð u.þ.b. 12% heildsöluálagning sem ætlað er að standa undir kostnaði ÁTVR við umsýslu tóbakssölunnar.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til breytinga á tollalögum, nr. 55/1987, sem varðar m.a. afnám tolla af tóbaki. Ástæða þess er að Ísland hefur skuldbundið sig til að fella niður tolla af tóbaki frá 1. janúar 2002 samkvæmt breytingum sem gerðar hafa verið á bókun 3 við EES-samninginn. Í dag eru tollar á tóbaki 25% af cif-verði vindlinga og 18% á öðru tóbaki.

Sem fyrr segir er í þessu frumvarpi lagt til að tekið verði upp sérstakt gjald, tóbaksgjald, í stað framangreindra tolla og þeirrar gjaldtöku ÁTVR sem hefur verið í formi magnálagningar. Frumvarpinu er því ekki ætlað að auka álögur ríkisins á tóbak heldur er hér fyrst og fremst um formbreytingu á gjaldtöku tóbaks að ræða og því ættu áhrif á útsöluverð tóbaks að vera óveruleg. Tekjur ríkissjóðs af tollum og magnálagningu tóbaks nema nú tæplega þremur milljörðum króna á ári hverju.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þetta nýja tóbaksgjald verði lagt á og innheimt af ÁTVR á heildsölustigi við sölu verslunarinnar á tóbaksvörum til smásala.

Jafnframt er gert ráð fyrir að innheimt verði tóbaksgjald af tóbaksvörum sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins umfram það magn sem þeim er heimilt að hafa tollfrjálst með sér til landsins eða sem er sent til landsins án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða. Lagt er til að gjaldtaka verði í slíkum tilvikum nokkuð hærri en af því tóbaki sem ÁTVR flytur inn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.
Í greininni er mælt fyrir um nýtt kaflaheiti, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.
Hér er lagt til að fimm nýjum greinum verði bætt við lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi, þar sem kveðið verði á um upptöku tóbaksgjalds. Um rök fyrir upptöku tóbaksgjalds vísast til almennra athugasemda við frumvarpið. Þar sem um er að ræða gjaldtöku sem í mörgu svipar til áfengisgjalds er lagt til að kveðið verði á um hvort tveggja í sama lagabálki.

Í a-lið (8. gr.) er kveðið á um að lagt skuli tóbaksgjald á allt tóbak sem flutt er til landsins eða er framleitt hér á landi. Tóbak er skilgreint sem sérhver vara sem flokkast í 24. kafla tollskrárinnar.

Í b-lið (9. gr.) er kveðið á um fjárhæð svo og álagningu og innheimtu tóbaksgjalds á tóbak sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur til landsins. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði í þessu tilviki innheimt á heildsölustigi, en ekki við tollafgreiðslu eins og áfengisgjald.

Í c-lið (10. gr.) er kveðið á um álagningu tóbaksgjalds á tóbak sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins eða sem er sent hingað til lands án þess að um sé að ræða innflutning í atvinnuskyni. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði ákvarðað með sama hætti og þegar um innflutning ÁTVR er að ræða, þ.e. sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki vindlinga, en tiltekin fjárhæð á hvert gramm af annarri tóbaksvöru. Lagt er til að fjárhæð gjaldsins verði nokkuð hærri en þegar um innflutning ÁTVR er að ræða.

Í d-lið (11. gr.) er lagt til að úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengis- og tóbaksgjalds samkvæmt tilgreindum ákvæðum laganna sæti kæru til ráðherra, sbr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987, líkt og kveðið er á um varðandi áfengisgjald í 9. gr. gildandi laga um áfengisgjald. Varðandi endurákvörðun og kæru álagningar áfengis- og tóbaksgjalds að öðru leyti gilda ákvæði 99.–101. gr. tollalaga. Ákvæði tollalaga gilda eftir því sem við getur átt um innfluttar vörur en ákvæði laga um vörugjald, nr. 97/1987, og virðisaukaskatt, nr. 50/1988, að því er varðar innlendar framleiðsluvörur.

Í e-lið (12. gr.) er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að setja með reglugerð fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

Um 3.–4. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu verður tekið upp lögbundið tóbaksgjald á heildsölustigi sem komi í stað samsvarandi magngjalds á tóbaksvörur hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Stofnunin hefur einkarétt til innflutnings og heildsölu á tóbaksvörum. Hér er um að ræða formbreytingu á tekjum A-hluta ríkissjóðs af tóbaksvörum sem ætti ekki að hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs eða Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins þar sem upphæð tóbaksgjaldsins er miðuð við að hagnaður af tóbakssölunni verði því sem næst óbreyttur.

406. Tillaga til þingsályktunar [321. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001 frá 18. maí 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999, um urðun úrgangs.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001 frá 18. maí 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999, um urðun úrgangs.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-

samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999, um urðun úrgangs.

Tilskipunin fjallar um rekstrarlegar og tæknilegar kröfur varðandi úrgang og urðun hans, og kveður á um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og lofts. Tilskipunin tekur til urðunar spilliefna, venjulegs úrgangs og óvirks úrgangs.

Tilskipunin kveður á um flokkun urðunarstaða í þrjá skilgreinda flokka. Gera skal áætlun um að minnka verulega, í ákveðnum áföngum, lífrænan úrgang sem fer til urðunar. Ekki er heimilt að urða fljótandi úrgang, eld- eða sprengifiman úrgang né sóttmengaðan úrgang. Frá og með 16. júlí 2003 er ekki heimilt að urða heila hjólbarða og frá og með 16. júlí 2006 er ekki heimilt að urða kurlaða hjólbarða. Aðeins er heimilt að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður, t.d. flokkaður og rúmmálsminnkaður. Auk þess eru ákvæði um hvaða úrgang er heimilt að urða í hverjum flokki urðunarstaða, vöktun, tilkynningarskyldu og innra eftirlit meðan urðunarstaður er í rekstri. Í tilskipuninni eru jafnframt ítarleg ákvæði varðandi umsóknir og skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstaði.

Rekstraraðilum urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku tilskipunarinnar er gert að laga sig að ákvæðum hennar innan 8 ára frá lögleiðingu tilskipunarinnar sbr. nánari reglur þar um.

Tilskipunin hefur það í för með sér að rekstraraðila urðunarstaðar ber að vakta urðunarstað gagnvart mengun í a.m.k. 30 ár frá lokun hans. Gjald fyrir urðun skal standa undir áætluðum kostnaði við þá vöktun sem og stofn- og rekstrarkostnaði urðunarstaðarins. Sveitarfélög bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs skv. 5. og 15. gr. reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Sveitarfélögum er heimilt skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að setja gjaldskrá fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu sem falla undir lögin. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd

eftirlits með einstökum þáttum. Með vísan til þessa setja sveitarfélög sér gjaldskrár um sorphirðu í sveitarfélaginu.

Í tilskipuninni eru einnig ákvæði um lokun urðunarstaðar og ábyrgð rekstraraðila. Rekstraraðili skal bera ábyrgð á viðhaldi, vöktun og umsjón urðunarstaðar svo lengi sem viðkomandi yfirvöld telja þörf á með hliðsjón af því hversu lengi hætta getur stafað af urðunarstöðum sem lokað hefur verið. Hann skal tilkynna eftirlitsaðila um veruleg umhverfisáhrif sem í ljós koma. Þá skal rekstraraðili vera ábyrgur fyrir vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni í nágrenni urðunarstaðarins svo lengi sem viðkomandi yfirvöld telja þörf á með hliðsjón af því hversu lengi hætta getur stafað af urðunarstöðum.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í umhverfisráðuneytinu, þar sem talið er nauðsynlegt að skilgreint verði í lögum hvað skuli felast í gjaldi fyrir urðun. Að mati umhverfisráðuneytisins fela ákvæði tilskipunarinnar jafnframt í sér hlutlæga ábyrgð rekstraraðila urðunarstaðar á mengunartjóni sem rakið verður til urðunarstaðarins. Í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, eru ákvæði um hlutlæga ábyrgð vegna mengunartjóns. Önnur ákvæði um hlutlæga ábyrgð vegna mengunartjóns eru ekki í íslenskum lögum. Í Danmörku og Noregi hefur þegar verið skilgreint í lögum hvað skuli felast í urðunargjaldi og kveðið á um hlutlæga ábyrgð á mengunartjóni.

Hafin er vinna við endurskoðun reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999, með það fyrir augum að fella inn í reglugerðina þau atriði sem ekki þarfnast lagabreytinga.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á EES-svæðinu eigi síðar en 19. nóvember 2001.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 56/2001

frá 18. maí 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2001 frá 31. janúar 2001([1]).

2) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32ca (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32d. **399 L 0031**: Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/31/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni([*]).

([1]) Stjtíð. EB L 66, 8.3.2001, bls. 50 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 8.
([2]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.
([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS 1999/31/EB
frá 26. apríl 1999
um urðun úrgangs

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ályktun ráðsins frá 7. maí 1990 ([4]) um meðhöndlun úrgangs lýsir ráðið yfir velþóknun sinni og stuðningi við stefnuáætlun bandalagsins og hvetur framkvæmdastjórnina til þess að leggja fram tillögu um viðmiðanir og staðla um förgun úrgangs með urðun.

2) Í ályktun ráðsins frá 9. desember 1996 um meðhöndlun úrgangs segir að í framtíðinni skuli urðun úrgangs í öllu bandalaginu eingöngu fara fram við öruggar aðstæður og undir eftirliti.

3) Ýta ber undir aðgerðir til að draga úr úrgangi og stuðla að endurvinnslu hans og endurnýtingu, svo og notkun endurnýttra efna og endur-

([1]) Stjtíð. EB C 156, 24.5.1997, bls. 10.
([2]) Stjtíð. EB C 355, 21.11.1997, bls. 4.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 1998 (Stjtíð. EB C 80, 16.3.1998, bls. 196), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. júní 1998 (Stjtíð. EB C 333, 30.10.1998, bls. 15) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 78).

([4]) Stjtíð. EB C 122, 18.5.1990, bls. 2.

nýttrar orku, í því skyni að standa vörð um náttúruauðlindir og koma í veg fyrir sóun á landrými.

4) Rétt er að rannsaka betur brennslu húsasorps og hættulítils sorps sem og myltingu, metanvinnslu og meðhöndlun efnis sem kemur upp við dýpkunarframkvæmdir (dýpkunarefnis).

5) Samkvæmt mengunarbótareglunni er meðal annars nauðsynlegt að taka tillit til hvers kyns umhverfisspjalla sem rekja má til urðunarstaðar.

6) Líkt og á við um sérhverja aðra meðhöndlun úrgangs ber að hafa eftirlit með urðun og stjórna henni í því skyni að koma í veg fyrir eða minnka hugsanleg skaðleg áhrif á umhverfið og koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem steðjað gæti að heilbrigði manna.

7) Nauðsynlegt er að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir að úrgangur sé skilinn eftir eða að honum sé kastað eða fargað eftirlitslaust. Af þessum sökum er nauðsynlegt að unnt sé að hafa eftirlit með urðunarstöðum að því er varðar þau efni sem urðaði úrgangurinn inniheldur. Menn skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, geta séð efnahvörf þessara efna fyrir.

8) Draga ber bæði úr magni og hættulegum eiginleikum þess úrgangs sem urða skal þar sem við á. Auðvelda skal meðhöndlun úrgangs og stuðla að aukinni endurnýtingu hans. Því ber að hvetja til þess að úrgangurinn fái tiltekna meðhöndlun til þess að tryggja að urðunin samræmist markmiðunum sem sett eru fram í tilskipun þessari. Skilgreiningin á meðhöndlun nær einnig til flokkunar.

9) Aðildarríkin ættu að hafa tök á að beita nándarreglunni í tengslum við losun úrgangs og þeirri meginreglu að bandalagið sem heild og aðildarríkin geti sjálf losað sig við eigin úrgang, í samræmi við tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([1]). Framfylgja skal markmiðum þessarar tilskipunar með því að koma á fót fullnægjandi og samþættu neti förgunarstöðva sem grundvallaðar eru á víðtækri umhverfisvernd.

10) Ósamræmi milli tæknilegra staðla, sem varða förgun úrgangs með urðun, og lægri kostnaður henni tengdur, gæti orðið til þess að ýta undir förgun úrgangs í stöðvum þar sem ekki eru gerðar miklar kröfur um umhverfisvernd en það gæti skapað alvarlega umhverfisógn vegna flutnings úrgangs óþarflega langar leiðir og óheppilegra aðferða við förgun.

11) Sakir þessa er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknilega staðla, sem varða urðun úrgangs, á vettvangi bandalagsins í því skyni að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins í bandalaginu.

12) Nauðsynlegt er að tilgreina nákvæmlega þær kröfur sem urðunarstaðir verða að uppfylla að því er varðar staðsetningu, tilhögun, stjórnun, eftirlit, lokun, fyrirbyggjandi aðgerðir og verndunaraðgerðir sem grípa þarf til gegn hvers kyns umhverfisógn sem steðjar að, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma, og þó einkum gegn mengun grunnvatns sem verður vegna þess að sigvatn sígur út í jarðveginn.

13) Í ljósi þess sem kom fram hér að framan er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hvaða flokka urðunarstaða skal taka til skoðunar og hvers konar úrgangi megi taka við í hverjum flokki urðunarstaða.

14) Staðir, þar sem úrgangur er geymdur til bráðabirgða, skulu uppfylla viðeigandi kröfur í tilskipun 75/442/EBE.

15) Endurnýting, í samræmi við tilskipun 75/442/EBE, óvirks eða hættulítils úrgangs, sem hentar til að endurskapa eða endurbyggja land og nota til uppfyllingar eða í byggingar, telst ekki endilega urðunarstarfsemi.

16) Ráðstafanir skulu gerðar til þess að minnka myndun metangass á urðunarstöðum, meðal annars í því skyni að sporna gegn hnattrænni hlýnun, með því að draga úr urðun lífræns úrgangs og innleiða kröfur um að stjórn sé höfð á gasmyndun á urðunarstöðum.

17) Ráðstafanir, sem gripið er til í því skyni að draga úr urðun lífræns úrgangs, skulu jafnframt gerðar í því skyni að efla sérstaka söfnun líf-

([1]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

ræns úrgangs og efla flokkun almennt, endurnýtingu og endurvinnslu.

18) Sakir sérkenna þeirrar aðferðar við förgun úrgangs að urða hann er nauðsynlegt að innleiða sérstaka málsmeðferð við leyfisveitingu að því er varðar alla flokka urðunarstaða í samræmi við almennar kröfur um leyfisveitingu sem þegar hafa verið settar fram í tilskipun 75/442/EBE og almennu kröfurnar í tilskipun 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]). Áður en urðunarstaður er tekinn í notkun skal lögbært yfirvald sannreyna, í tengslum við skoðun staðarins, að hann samræmist skilmálum leyfisins.

19) Í hverju tilviki skal ganga úr skugga um að unnt sé að koma úrganginum fyrir á þeim urðunarstað sem ætlað er að taka við honum, einkum ef um hættulegan úrgang er að ræða.

20) Svo að komast megi hjá því að umhverfinu sé ógnað er nauðsynlegt að taka upp samræmda aðferð við móttöku úrgangs á grundvelli aðferðar við flokkun úrgangs sem taka má á móti á urðunarstöðum í mismunandi flokkum, og við flokkunina skal einkum styðjast við sérstök, stöðluð viðmiðunargildi. Í þessu skyni verður að koma á fót samkvæmu og stöðluðu kerfi til að sanngreina úrganginn, taka sýni úr honum og greina þau og þetta þarf að gera nógu snemma til að auðvelda upptöku þessarar tilskipunar. Þær viðmiðanir, sem gilda um móttöku, skulu vera sérstaklega nákvæmar að því er varðar óvirkan úrgang.

21) Þar til slíkar greiningaraðferðir eða nauðsynleg viðmiðunargildi til sanngreiningar hafa verið fastsett geta aðildarríkin við beitingu þessarar tilskipunar haldið sig við innlendar skrár eða sett saman innlendar skrár yfir úrgang, sem er annars vegar tækur til urðunar og hins vegar ótækur, eða skilgreint viðmiðanir, þar á meðal viðmiðunargildi, sem eru áþekk þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um samræmda aðferð við móttöku.

22) Tækninefndinni ber að ákvarða þær viðmiðanir sem gilda um móttöku þegar um er að ræða tiltekinn hættulegan úrgang sem taka skal við á urðunarstöðum fyrir hættulítinn úrgang.

23) Nauðsynlegt er að koma á sameiginlegum aðferðum við vöktun meðan urðunarstaður er í notkun og í kjölfar lokunar hans til þess að kanna hvort vart verði einhverra skaðlegra áhrifa frá honum á umhverfið og grípa til viðeigandi ráðstafana til úrbóta.

24) Nauðsynlegt er að skilgreina hvenær og hvernig skuli loka urðunarstað svo og þær skyldur og ábyrgð sem rekstraraðili staðarins ber í kjölfar lokunarinnar.

25) Ákvæði þessarar tilskipunar um tilhögun við lokun gilda ekki fyrir þá urðunarstaði sem er lokað fyrir þann dag sem tilskipun þessi er lögleidd.

26) Binda ber í reglur þau skilyrði, sem gilda skulu um framtíðarrekstur núverandi urðunarstaða, í því skyni að innan tiltekins frests verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir sem varða aðlögun þeirra að tilskipun þessari á grundvelli sérstakrar áætlunar um breytingar fyrir hvern stað.

27) Rekstraraðilar núverandi urðunarstaða, sem hafa, í samræmi við bindandi, innlendar reglur sem jafngilda þeim sem um getur í 14. gr. þessarar tilskipunar, lagt fram þau skjöl, sem um getur í a-lið 14. gr. í þessari tilskipun, áður en hún tekur gildi og sem hafa fengið leyfi til áframhaldandi reksturs frá lögbæru yfirvaldi, þurfa ekki að leggja fram þessi skjöl að nýju og lögbært yfirvald þarf heldur ekki að gefa út nýtt leyfi.

28) Rekstraraðili skal gera ráðstafanir í formi fullnægjandi trygginga eða á annan jafngildan hátt til að tryggja að staðið verði við allar skuldbindingar, meðal annars þær sem lúta að framkvæmdum við lokun urðunarstaðarins og eftirlit í kjölfar lokunar hans.

29) Gera skal ráðstafanir til þess að tryggja að gjald, sem tekið er fyrir förgun úrgangs á urðunarstað, nægi fyrir öllum kostnaði sem tengist uppsetningu og starfrækslu stöðvarinnar, svo og, að svo miklu leyti sem hægt er, kostnaði sem fylgir því að setja fullnægjandi tryggingar eða jafngildi þeirra og sem rekstraraðila staðarins ber að gera, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunarinnar.

30) Ef lögbært yfirvald telur að ólíklegt sé að umhverfinu stafi hætta af urðunarstað lengur en í

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26.

tiltekinn tíma er heimilt að takmarka þann áætlaða kostnað, sem reikna ber með við gjaldtöku rekstraraðila, við það tiltekna tímabil.

31) Nauðsynlegt er að tryggja að ákvæðum um framkvæmd þessarar tilskipunar sé beitt á viðeigandi hátt í gjörvöllu bandalaginu og að rekstraraðilar og starfslið urðunarstaðanna hafi aflað sér þeirrar þekkingar og hlotið þá þjálfun sem tryggir nauðsynlega hæfni þeirra.

32) Framkvæmdastjórninni ber að fastsetja staðlaða aðferð við móttöku úrgangs og koma á staðlaðri flokkun úrgangs, sem taka má við á urðunarstað, í samræmi við nefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

33) Aðlögun viðaukanna við þessa tilskipun að framförum á sviði vísinda og tækni og stöðlun aðferða við vöktun, sýnatöku og greiningu skal fara fram samkvæmt sömu nefndarmeðferð.

34) Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni reglulegar skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa sérstakan gaum innlendu áætlununum sem leggja skal fram samkvæmt 5. gr. Framkvæmdastjórninni ber að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli þessara skýrslna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Heildarmarkmið

1. Tilgangurinn með þessari tilskipun er, til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í tilskipun 75/442/EBE, einkum 3. og 4. gr., og með því að setja strangar rekstrar- og tæknikröfur um úrgang og urðunarstaði, að kveða á um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar í því skyni að koma í veg fyrir eða draga, sem mest má verða, úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun yfirborðs- og grunnvatns, jarðvegs og andrúmslofts, og á umhverfið í heild sinni, þar á meðal gróðurhúsaáhrifin, sem og að draga úr hvers kyns hættu, sem kynni að steðja að heilbrigði manna vegna urðunar úrgangs, allan þann tíma sem urðunarstaðurinn hefur áhrif á umhverfið.

2. Í þessari tilskipun er að finna, fyrir þá urðunarstaði sem tilskipun 96/61/EB gildir um og að því er varðar tæknilega eiginleika urðunarstaða, viðeigandi tæknikröfur til þess að útfæra nánar viðeigandi skilmála fyrir almennar kröfur í þeirri tilskipun. Viðeigandi kröfur í tilskipun 96/61/EB teljast uppfylltar hafi kröfur, sem eru settar fram í þessari tilskipun, verið uppfylltar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „*úrgangur*“: hvers kyns efni eða hlutur sem tilskipun 75/442/EBE nær yfir.

b) „*húsasorp*“: úrgangur frá heimilishaldi, svo og annar úrgangur sem, vegna eðlis síns eða samsetningar, líkist úrgangi frá heimilishaldi.

c) „*hættulegur úrgangur*“: allur úrgangur sem fellur undir 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ([1]).

d) „*hættulítill úrgangur*“: úrgangur sem fellur ekki undir c-lið.

e) „*óvirkur úrgangur*“: úrgangur sem tekur ekki neinum umtalsverðum eðlis-, efna- eða líffræðilegum breytingum. Óvirkur úrgangur leysist ekki upp, brennur ekki eða hvarfast á annan eðlis- eða efnafræðilegan hátt, brotnar ekki niður í náttúrunni eða hefur skaðleg áhrif á annað efni sem hann kemst í snertingu við þannig að líklegt sé að það hafi í för með sér mengun umhverfis eða geti skaðað heilbrigði manna. Heildarútskolunin og heildarinnihald mengandi efna í úrganginum og visteiturhrif af völdum sigvatnsins skulu vera óveruleg og umfram allt skal ekki vera hætta á að gæði yfirborðs- eða grunnvatns spillist.

f) „*neðanjarðargeymsla*“: varanleg geymsluaðstaða fyrir úrgang í holrúmi djúpt í jarðlögum, til dæmis í salt- eða kalíumnámu;

g) „*urðunarstaður*“: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í (þ.e. neðanjarðar) landi, þar á meðal:

– förgunarstaður eigin úrgangs (þ.e. urðunarstaður þar sem framleiðandi úrgangs fargar eigin úrgangi á framleiðslustað), og

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtíð. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

– varanlegur staður (þ.e. sem er notaður lengur en eitt ár) þar sem úrgangur er geymdur tímabundið,

en ekki:

– aðstaða þar sem úrgangur er losaður og undirbúinn áður en hann er fluttur áfram til endurnýtingar, meðhöndlunar eða förgunar annars staðar, og

– geymsla úrgangs áður en hann er endurnýttur eða meðhöndlaður, að jafnaði skemur en þrjú ár, eða

– geymsla úrgangs áður en honum er fargað, að jafnaði skemur en eitt ár;

h) „*meðhöndlun*“: eðlisræn, varmatengd, efnafræðileg eða líffræðileg ferli, meðal annars flokkun, sem breyta eiginleikum úrgangsins þannig að umfang hans minnkar, af honum stafar síður hætta, hann verður auðveldari í meðförum eða möguleikar á endurnýtingu hans aukast;

i) „*sigvatn*“: allur vökvi sem seytlar gegnum fargaða úrganginn og rennur frá urðunarstaðnum eða helst innan hans;

j) „*hauggas*“: allar lofttegundir sem myndast í urðaða úrganginum;

k) „*síuvökvi*“: sú lausn sem fæst við útskolunarprófun á rannsóknarstofu;

l) „*rekstraraðili*“: einstaklingur eða lögpersóna sem ber ábyrgð á urðunarstað í samræmi við innlend lög þess aðildarríkis þar sem urðunarstaðurinn er. Þessi aðili þarf ekki að vera hinn sami allt frá undirbúningi til eftirlitsskeiðs í kjölfar lokunar.

m) „*lífbrjótanlegur úrgangur*“: allur úrgangur sem getur brotnað niður á loftfirrtan eða loftháðan hátt, svo sem matar- og garðaúrgangur og pappír og pappi;

n) „*úrgangshafi*“: framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögpersónan sem hefur hann í vörslu sinni;

o) „*umsækjandi*“: sá sem sækir um leyfi fyrir urðunarstað samkvæmt tilskipun þessari;

p) „*lögbært yfirvald*“: yfirvald sem aðildarríkin tilnefna og bera skal ábyrgð á að staðið sé við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir;

q) „*fljótandi úrgangur*“: allur úrgangur í vökvaformi, þar á meðal skolp en ekki leðja;

r) „*afskekkt byggð*“: landsvæði þar sem:

– búa ekki fleiri en 500 íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð og íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og,

– fjarlægð til næsta þéttbýliskjarna, þar sem búa minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

3. gr.

Gildissvið

1. Aðildarríkin skulu láta þessa tilskipun gilda um sérhvern urðunarstað sem fellur undir skilgreiningarnar í g-lið 2. gr.

2. Með fyrirvara um núgildandi löggjöf bandalagsins skal eftirfarandi undanþegið gildissviði tilskipunar þessarar:

– dreifing leðju, meðal annars seyru, dýpkunarefnis og svipaðs efnis á land í því skyni að auðga jarðveginn eða bæta hann á annan hátt,

– notkun óvirks úrgangs, sem hentar til að endurskapa eða endurbyggja land og nota til uppfyllingar eða í uppbyggingu, á urðunarstöðum,

– það að koma hættulitlu efni, sem kemur upp við dýpkun lítilla vatnsfalla, fyrir á bökkunum meðfram þeim og það að koma hættulítilli leðju fyrir í yfirborðsvatni, þar á meðal á botni og í jarðvegsgrunni,

– það að koma fyrir ómenguðum jarðvegi eða hættulitlum, óvirkum úrgangi sem fellur til við leit, nám, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna, svo og við starfrækslu grjótnáma.

3. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 75/442/EBE geta aðildarríkin, að eigin vali, lýst yfir því að veita megi undanþágu frá ákvæðunum í 2. lið

og liðum 3.1, 3.2 og 3.3 í I. viðauka við þessa tilskipun þegar hættulitlum úrgangi, sem verður skilgreindur af nefndinni sem komið er á fót samkvæmt 17. gr. þessarar tilskipunar, og er ekki óvirkur úrgangur en fellur til við leit, nám, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna svo og við starfrækslu grjótnáma, er komið fyrir þannig að ekki hljótist af mengun umhverfis eða heilbrigði manna bíði skaða af.

4. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 75/442/EBE geta aðildarríkin, að eigin vali, lýst yfir því að 6. gr. (d-liður), 7. gr. (i-liður), 8. gr. (iv-liður a-liðar), 10. gr., 11. gr. (a-, b- og c-liður 1. mgr.), 12. gr. (a- og c-liður), I. viðauki (3. og 4. liður), II. viðauki (nema 3. þrep 3. liðar og 4. liður) og III. viðauki við þessa tilskipun (3. til 5. liður) gildi, að hluta eða í heild, ekki um:

a) urðunarstaði fyrir hættulítinn eða óvirkan úrgang sem geta að hámarki tekið við 15 000 tonnum eða sem taka að hámarki við 1000 tonnum og þjóna eyjum svo fremi að viðkomandi urðunarstaður sé sá eini á eyjunni og ætlast sé til að hann taki til förgunar þann úrgang sem fellur til á viðkomandi eyju. Þegar urðunarstaðurinn hefur verið fullnýttur skal sérhver nýr urðunarstaður, sem komið er á fót á eyjunni, uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun;

b) urðunarstaði fyrir hættulítinn eða óvirkan úrgang í afskekktum byggðum ef viðkomandi urðunarstaður tekur eingöngu til förgunar úrgang sem fellur til í þessari afskekktu byggð.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en tveimur árum frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., birta skrá yfir eyjar og afskekktar byggðir sem hafa fengið undanþágu. Framkvæmdastjórnin skal gefa út skrána yfir eyjarnar og afskekktu byggðirnar.

5. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 75/442/EBE geta aðildarríkin, að eigin vali, lýst yfir því að neðanjarðargeymslur, eins og þær eru skilgreindar í f-lið 2. gr. í þessari tilskipun, geti verið undanþegnar ákvæðunum í d-lið 13. gr. og í 2. lið, að undanskildum fyrsta undirlið, og 3. til 5. lið I. viðauka og í 2., 3. og 5. lið III. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr.

Flokkar urðunarstaða

Urðunarstaðir skulu falla undir einhvern eftirfarandi flokka:

- urðunarstaðir fyrir hættulegan úrgang,
- urðunarstaðir fyrir hættulítinn úrgang,
- urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang.

5. gr.

Ótækur úrgangur og óviðunandi meðhöndlun úrgangs á urðunarstöðum

1. Aðildarríkin skulu hvert um sig og eigi síðar en tveimur árum eftir þann dag, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., setja fram áætlun sem miðar að því að minnka magn þess lífræna úrgangs sem berst til urðunarstaða og tilkynna framkvæmdastjórninni um þá áætlun. Í þessari áætlun skulu vera ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í 2. mgr., einkum með endurvinnslu, moltugerð, framleiðslu gass eða endurnýtingu efna/orku.

Framkvæmdastjórnin skal, innan 30 mánaða frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu sem er samantekt á áætlunum aðildarríkjanna.

2. Með þessari áætlun ber að tryggja eftirfarandi:

a) eigi síðar en fimm árum eftir þann dag, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., skal lífrænt húsasorp, sem berst til urðunarstaða, hafa minnkað niður í 75% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna húsasorps sem féll til árið 1995 eða á því síðasta ári fyrir 1995 sem stöðluð gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um;

b) eigi síðar en átta árum eftir þann dag, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., skal lífrænt húsasorp, sem berst til urðunarstaða, hafa minnkað niður í 50% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna húsasorps sem féll til árið 1995 eða á því síðasta ári fyrir 1995 sem stöðluð gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um;

c) eigi síðar en 15 árum eftir þann dag, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., skal lífrænt húsasorp, sem berst til urðunarstaða, hafa minnkað niður í 35% af heildarmagni (miðað við þyngd) þess lífræna húsasorps sem féll til árið 1995 eða á því síðasta ári fyrir 1995 sem stöðluð gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um.

Tveimur árum fyrir þann dag, sem um getur í c-lið, skal ráðið endurmeta framangreint markmið á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um þá hagnýtu reynslu sem aðildarríkin hafa aflað sér í við-

leitni sinni til að ná þeim markmiðum sem mælt var fyrir um í a- og b-lið, ásamt tillögu, ef við á, um staðfestingu eða breytingu á þessu markmiði til þess að tryggja viðtæka vernd umhverfisins.

Þeim aðildarríkjum sem, árið 1995 eða á því síðasta ári fyrir 1995 sem stöðluð gögn frá Hagstofu Evrópubandalaganna liggja fyrir um, fluttu yfir 80% af því húsasorpi, sem safnað var, til urðunar, er heimilt að fresta því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í a-, b- eða c-lið, þó eigi lengur en um fjögur ár. Aðildarríki, sem hyggjast beita þessu ákvæði, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína fyrir fram. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna öðrum aðildarríkjum og Evrópuþinginu um þessar ákvarðanir.

Beiting þeirra ákvæða, sem eru sett fram í undirgreininni hér að framan, má ekki undir neinum kringumstæðum verða til þess að markmiðið, sem er sett fram í c-lið, náist síðar en fjórum árum eftir þann dag sem mælt er fyrir um í c-lið.

3. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að ekki verði tekið á móti eftirfarandi úrgangi á urðunarstað:

a) fljótandi úrgangi;

b) úrgangi sem er, við þau skilyrði sem ríkja á urðunarstað og samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, sprengifimur, ætandi, eldnærandi, mjög eldfimur eða eldfimur;

c) úrgangi frá sjúkrahúsum og öðrum klínískum úrgangi, sem fellur til á stofnunum lækna eða dýralækna og er smitandi samkvæmt skilgreiningu (eiginleiki H9 í III. viðauka) í tilskipun 91/689/EBE, og úrgangi sem fellur undir 14. flokk (I. viðauka A) í þeirri tilskipun;

d) notuðum, heilum hjólbörðum að liðnum tveimur árum frá þeim degi, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., þó ekki hjólbörðum sem eru notaðir sem byggingarefni, og kurluðum, notuðum hjólbörðum að liðnum fimm árum frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr. (í báðum tilvikum að undanskildum hjólbörðum fyrir reiðhjól og hjólbörðum sem eru meira en 1400 mm að ytra þvermáli);

e) neinum öðrum úrgangi sem fullnægir ekki þeim viðmiðunum um móttöku sem ákvarðaðar eru í samræmi við II. viðauka.

4. Bannað er að þynna eða blanda úrgang í þeim eina tilgangi að hann fullnægi viðmiðunum um móttöku úrgangs.

6. gr.

Úrgangur sem taka má á móti á urðunarstöðum í mismunandi flokkum

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að:

a) ekki sé urðaður annar en meðhöndlaður úrgangur. Þetta ákvæði þarf ekki að gilda um óvirkan úrgang, sem er ekki tæknilega gerlegt að meðhöndla, né um nokkurn annan úrgang ef slík meðhöndlun þjónar ekki markmiðunum með þessari tilskipun, eins og þau eru sett fram í 1. gr., um að minnka magn úrgangsins eða þá hættu sem steðjar að heilbrigði manna eða að umhverfinu;

b) á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang sé eingöngu urðaður hættulegur úrgangur sem fullnægir þeim viðmiðunum sem eru settar í samræmi við II. viðauka;

c) á urðunarstöðum fyrir hættulítinn úrgang megi koma fyrir:

   i) húsasorpi;

   ii) hættulitlum úrgangi af öðru tagi sem fullnægir þeim viðmiðunum sem settar eru um móttöku úrgangs á urðunarstað fyrir hættulítinn úrgang í samræmi við II. viðauka;

   iii) stöðugum, óvirkum, hættulegum úrgangi (sem hefur t.d. harðnað í fast efni eða umbreyst í gler) þar sem útskolunin er með sviptuðum hætti og gerist í þeim hættulitla úrgangi sem um getur í ii-lið og sem fullnægir viðeigandi viðmiðunum um móttöku sem settar eru í samræmi við II. viðauka. Ekki skal koma þessum hættulega úrgangi fyrir í hólfum sem eru ætluð undir lífbrjótanlegan, hættulítinn úrgang;

d) á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang má eingöngu koma fyrir óvirkum úrgangi.

7. gr.

Umsókn um leyfi

Aðildarríkin skulu sjá til þess að í umsókn um leyfi fyrir urðunarstað komi að minnsta kosti fram eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á umsækjanda og á rekstraraðila ef þeir eru ekki einn og sami aðilinn;

b) lýsing á tegund þess úrgangs, sem koma á fyrir, og heildarmagni hans;

c) fyrirhuguð móttökugeta förgunarstaðarins;

d) lýsing staðarins, þar á meðal lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans;

e) fyrirhugaðar aðferðir í því skyni að fyrirbyggja og minnka mengun;

f) fyrirhuguð áætlun um rekstur, vöktun og stjórnun;

g) fyrirhuguð áætlun um lokun og aðgerðir í kjölfar lokunarinnar;

h) ef mats á umhverfisáhrifum er krafist samkvæmt tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([1]), skulu koma fram þær upplýsingar sem framkvæmdaraðilinn veitir samkvæmt 5. gr. þeirrar tilskipunar;

i) fullnægjandi trygging umsækjanda eða sérhver önnur jafngild ráðstöfun sem krafist er samkvæmt iv-lið a-liðar 8. gr. í þessari tilskipun.

Þegar umsókn um leyfi hefur verið samþykkt skulu þessar upplýsingar vera aðgengilegar lögbærum yfirvöldum á sviði hagskýrslna í aðildarríkinu eða bandalaginu ef nota þarf upplýsingarnar í tölfræðilegri vinnslu.

8. gr.

Skilyrði fyrir leyfi

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að:

a) lögbært yfirvald veiti ekki leyfi fyrir urðunarstað nema það sé þess fullvisst að:

i) urðunin sé, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. 3. gr., í samræmi við allar viðeigandi kröfur í þessari tilskipun, einnig þær sem eru settar fram í viðaukunum;

ii) urðunarstaðurinn lúti stjórn einstaklings sem er tæknilega fær um að annast stjórn hans og að rekstraraðilar og starfslið urðunarstaðarins hljóti faglega og tæknilega menntun og þjálfun;

iii) urðunarstaðurinn sé rekinn þannig að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum slysa;

iv) umsækjandinn hafi, á grundvelli aðferða sem aðildarríkin skulu taka ákvörðun um áður en rekstur hefst, gert eða muni gera ráðstafanir í formi fullnægjandi tryggginga eða á annan jafngildan hátt sem tryggja að staðið verði við þær skyldur (þeirra á meðal skyldur sem varða eftirlit í kjölfar lokunar), sem fylgja leyfinu sem veitt var í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, og að fylgt verði þeirri tilhögun við lokun sem krafist er samkvæmt 13. gr. Þessari tryggingu eða jafngildi hennar skal haldið svo lengi sem það er nauðsynlegt samkvæmt ákvæðum d-liðar 13. gr. um viðhald staðarins og eftirlit í kjölfar lokunar hans. Aðildarríkin geta lýst yfir því að eigin vali að þessi liður gildi ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang;

b) urðunin samræmist viðeigandi áætlun eða áætlunum um meðferð úrgangs sem um getur í 7. gr. tilskipunar 75/442/EBE;

c) lögbært yfirvald skuli, áður en förgun hefst, skoða staðinn til þess að ganga úr skugga um að hann samræmist viðeigandi skilyrðum leyfisins. Þetta skerðir á engan hátt þá ábyrgð sem rekstraraðili ber samkvæmt skilyrðum leyfisins.

9. gr.

Inntak leyfisins

Til að kveða nánar á um og auka við ákvæðin sem sett eru fram í 9. gr. tilskipunar 75/442/EBE og 9. gr. tilskipunar 96/61/EB skulu að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar koma fram í leyfi fyrir urðunarstað:

a) flokkur urðunarstaðarins;

b) skrá yfir skilgreindar tegundir úrgangs, sem heimilt er að koma fyrir á urðunarstaðnum, og heildarmagni hans;

c) kröfur sem varða undirbúning urðunarstaðarins og urðunarframkvæmdir og aðferðir við vöktun og stjórnun, þar á meðal neyðaráætlanir (B-liður

([1]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/11/EB (Stjtíð. EB L 73, 14.3.1997, bls. 5).

4. liðar í III. viðauka), sem og bráðabirgðakröfur sem varða aðgerðir við lokun og eftirlit í kjölfar hennar;

d) sú skylda umsækjanda að leggja fyrir hið lögbæra yfirvald skýrslu hið minnsta einu sinni á ári hverju um tegundir úrgangs, sem fargað er, og heildarmagn hans og um árangurinn af vöktunaráætluninni sem krafist er samkvæmt 12. og 13. gr. III. viðauka.

10. gr.

Kostnaður við urðun úrgangs

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að gjald, sem rekstraraðili tekur fyrir förgun hvers kyns úrgangs á urðunarstaðnum, nægi fyrir öllum kostnaði, sem tengist uppsetningu og starfrækslu urðunarstaðarins, og einnig, að svo miklu leyti sem hægt er, kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sem um getur í iv-lið a-liðar 8. gr., og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar hans í að minnsta kosti 30 ár. Með fyrirvara um kröfurnar, sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([1]), skulu aðildarríkin tryggja gagnsæi í öflun og notkun hvers kyns nauðsynlegra upplýsinga um kostnað.

11. gr.

Aðferðir við móttöku úrgangs

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að, áður en tekið verður móti úrgangi á urðunarstað:

a) geti úrgangshafi eða rekstraraðili sýnt fram á með viðeigandi gögnum og fyrir eða við afhendingu, eða við afhendingu í fyrsta sinn ef um áframhald verður að ræða, og svo fremi að tegund úrgangs sé hin sama, að umræddur úrgangur sé tækur til urðunar á staðnum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í leyfinu og að hann uppfylli þær viðmiðanir um móttöku sem settar eru fram í II. viðauka;

b) *beiti rekstraraðili eftirfarandi aðferðum við móttöku:*

- könnuð verði þau skjöl sem fylgja úrganginum, meðal annars þau skjöl sem krafist er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. í tilskipun 91/689/EBE, og, þar sem við á, þau sem krafist er samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([2]);

- fram fari sjónræn skoðun úrgangsins við innkeyrsluhliðið og þar sem úrganginum er komið fyrir og, eftir því sem við á, sannprófun á að hann sé í samræmi við þá lýsingu sem finna má í þeim skjölum sem úrgangshafi leggur fram. Ef skylt er að taka dæmigerð sýni samkvæmt 3. þrepi 3. liðar í II. viðauka skal geyma niðurstöður greininganna og sýnatakan skal fara fram í samræmi við 5. lið í II. viðauka. Geyma skal þessi sýni í einn mánuð hið minnsta;

- haldin verði skrá yfir magn og einkenni þess úrgangs sem komið er fyrir þar sem sagt er til um upprunann, dagsetningu afhendingar, deili á framleiðanda eða þeim er safnar, ef um húsasorp er að ræða, og nákvæma staðsetningu á urðunarstaðnum ef um hættulegan úrgang er að ræða. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar lögbærum yfirvöldum á sviði hagskýrslna í aðildarríkinu eða bandalaginu ef nota þarf upplýsingarnar í tölfræðilegri vinnslu;

c) rekstraraðili urðunarstaðarins skuli leggja fram skriflega móttökukvittun í hvert sinn sem tekið er móti sendingu úrgangs á staðnum;

d) rekstraraðili skuli, ef ekki er unnt að taka móti úrgangi til urðunar, með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 259/93, tilkynna lögbæru yfirvaldi án tafar um að ekki hafi verið unnt að taka móti úrganginum.

2. Að því er varðar urðunarstaði sem hafa verið undanþegnir ákvæðum þessarar tilskipunar með skírskotun til 4. og 5. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja:

- að fram fari regluleg sjónræn skoðun úrgangsins þar sem honum er komið fyrir til þess að ganga úr skugga um að eingöngu sé tekið við hættulitlum úrgangi frá eyjunni eða afskekktu byggðinni á staðnum, og

([1]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 56.

([2]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 120/97 (Stjtíð. EB L 22, 24.1.1997, bls. 14).

– að haldin sé skrá yfir magn úrgangsins sem er komið fyrir á staðnum.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingar um magn og, ef því verður við komið, tegund úrgangsins, sem berst slíkum undanþegnum stöðum, komi fram í reglulegu skýrslunum sem sendar eru framkvæmdastjórninni um beitingu þessarar tilskipunar.

12. gr.

Aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrarskeiði

Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstrarskeiði fullnægi að minnsta kosti eftirfarandi kröfum:

a) á rekstrarskeiði urðunarstaðar skal rekstraraðili fylgja áætlun um eftirlit og vöktun eins og tilgreint er í III. viðauka;

b) rekstraraðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið, sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, og hlíta ákvörðun lögbærs yfirvalds um eðli og tímasetningu þeirra aðgerða til úrbóta sem grípa ber til. Þær aðgerðir skulu vera á kostnað rekstraraðilans.

Rekstraraðili skal, svo oft sem lögbært yfirvald ákveður og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á grundvelli fyrirliggjandi gagna, um allar niðurstöður af vöktuninni, svo að unnt sé að sýna fram á samræmi við skilyrði í leyfinu og auka þekkingu á hegðun úrgangsins á urðunarstað;

c) gæðaeftirlit með þeim greiningum, sem gerðar eru vegna eftirlits og vöktunar og/eða greiningum sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr., skal vera í höndum viðurkenndra rannsóknastofa.

13. gr.

Aðferðir við lokun og eftirlit í kjölfar lokunar

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að eftirfarandi sé, eftir því sem við á, í samræmi við leyfið:

a) lokunarferli skal hefja á urðunarstað eða hluta hans,

i) að uppfylltum viðeigandi skilyrðum sem sett eru fram í leyfinu, eða

ii) að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds og að beiðni rekstraraðila, eða

iii) með rökstuddri ákvörðun lögbærs yfirvalds;

b) lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, telst ekki endanleg fyrr en lögbært yfirvald hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og tilkynnt honum samþykki sitt fyrir lokuninni. Þetta skerðir á engan hátt þá ábyrgð sem rekstraraðili ber samkvæmt skilyrðum í leyfinu;

c) þegar urðunarstað hefur verið lokað endanlega ber rekstraraðili ábyrgð á viðhaldi hans, vöktun og eftirliti í kjölfar lokunar hans svo lengi sem þess er krafist af hálfu lögbærs yfirvalds og með tilliti til þess hve lengi hætta getur stafað af urðunarstaðnum.

Rekstraraðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og hlíta ákvörðun lögbærs yfirvalds um eðli og tímasetningu þeirra aðgerða til úrbóta sem grípa ber til;

d) með fyrirvara um bandalagslöggjöf eða innlenda löggjöf, að því er varðar bótaábyrgð úrgangshafa, ber rekstraraðili ábyrgð á vöktun og greiningum að því er varðar hauggas og sigvatn, sem berst frá staðnum, og grunnvatn í nágrenni staðarins, í samræmi við ákvæði III. viðauka, svo lengi sem lögbært yfirvald telur líklegt að umhverfinu stafi hætta af urðunarstaðnum.

14. gr.

Núverandi urðunarstaðir

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að urðunarstaðir, sem hafa fengið leyfi eða eru þegar starfræktir við lögleiðingu þessarar tilskipunar, geti því aðeins haldið áfram starfrækslu að eftirfarandi áföngum sé lokið svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en átta árum eftir daginn sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr.

a) innan eins árs frá þeim degi, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., ber rekstraraðila að semja og leggja fyrir lögbær yfirvöld til samþykktar áætlun um breytingar á staðnum, þar á meðal upplýsingar sem taka til þeirra atriða sem talin eru upp í 8. gr., og sérhverjar aðgerðir til úrbóta sem rekstraraðili telur nauðsynlegar til þess að uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í tilskipun þessari, að undanskildum kröfunum í 1. lið I. viðauka;

b) að lokinni kynningu á breytingaáætluninni skulu lögbær yfirvöld taka endanlega ákvörðun um það hvort heimilt sé að halda rekstri áfram á grundvelli fyrrgreindrar breytingaáætlunar og þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að loka, svo fljótt sem við verður komið, í samræmi við g-lið 7. gr. og 13. gr., þeim stöðum sem hafa, í samræmi við 8. gr., ekki fengið leyfi til þess að halda rekstri áfram;

c) á grundvelli samþykktu breytingaáætlunarinnar fyrir viðkomandi stað skal lögbært yfirvald heimila þá vinnu sem nauðsynleg er og mæla fyrir um aðlögunartíma til að ljúka framkvæmd áætlunarinnar. Allir núverandi urðunarstaðir skulu, innan átta ára frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., uppfylla kröfurnar í tilskipun þessari, að undanskildum kröfunum í 1. lið I. viðauka;

d) i) ákvæði 4., 5. og 11. gr. og II. viðauki skulu, innan eins árs frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., gilda um urðunarstaði fyrir hættulegan úrgang;

ii) ákvæði 6. gr. skulu, innan þriggja ára frá þeim degi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr., gilda um urðunarstaði fyrir hættulegan úrgang.

15. gr.

Tilkynningarskylda

Aðildarríkin skulu á þriggja ára fresti senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa sérstakan gaum innlendu áætlununum sem lagðar eru fram samkvæmt 5. gr. Skýrsluna ber að byggja á spurningalista eða fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin tekur saman drög að í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE (1). Senda ber aðildarríkjunum spurningalistann eða fyrirmyndina sex mánuðum áður en það tímabil hefst sem skýrslan tekur til. Senda ber framkvæmdastjórninni skýrsluna eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess þriggja ára tímabils sem hún tekur til.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út bandalagsskýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en níu mánuðum eftir að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

16. gr.

Nefnd

Allar breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga viðaukana við þessa tilskipun að framförum á sviði vísinda og tækni, og allar tillögur, sem varða stöðlun á aðferðum við eftirlit, sýnatöku og greiningu í tengslum við urðun úrgangs, skulu samþykktar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar með fulltingi nefndarinnar, sem komið var á fót samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE, og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. þessarar tilskipunar. Breytingar á viðaukunum skulu einungis gerðar í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eins og þær eru settar fram í viðaukunum. Að því er varðar II. viðauka skal nefndin skoða eftirfarandi í þessu skyni: að teknu tilliti til almennra meginreglna og almennra aðferða við prófun og viðmiðana við móttöku, sem fram koma í II. viðauka, skal ákvarða sértækar viðmiðanir og/eða prófunaraðferðir og tilheyrandi viðmiðunargildi fyrir hvern flokk urðunarstaða, einnig sértækar tegundir urðunarstaða innan hvers flokks ef nauðsyn krefur, þar á meðal vegna geymslu neðanjarðar. Tillögur, sem varða stöðlun aðferða við eftirlit, sýnatöku og greiningu í tengslum við viðaukana við þessa tilskipun, skulu samþykktar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, með fulltingi nefndarinnar, innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi.

Framkvæmdastjórnin samþykkir, með fulltingi nefndarinnar, ákvæðin um samhæfingu og reglulega sendingu þeirra tölfræðilegu gagna, sem um getur í 5., 7. og 11. gr. þessarar tilskipunar, innan tveggja ára frá því að tilskipun þessi öðlast gildi og, ef nauðsyn krefur, um breytingar á slíkum ákvæðum.

17. gr.

Nefndarmeðferð

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins

(1) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki áliti ber framkvæmdastjórninni, án tafar, að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

18. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tveimur árum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

19. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

20. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. apríl 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FISCHER

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENNAR KRÖFUR SEM GILDA UM ALLA FLOKKA URÐUNARSTAÐA

1. **Staðsetning**

1.1. Þegar staðsetning urðunarstaðar er ákveðin ber að taka tillit til krafna er varða:

a) fjarlægð frá ystu mörkum staðarins að íbúða- og útivistarsvæðum, vatnaleiðum, vatnasvæðum og öðrum stöðum þar sem landbúnaður er stundaður eða þéttbýlt er;

b) grunnvatn, strandsjó eða náttúruverndarsvæði á viðkomandi svæði;

c) jarðfræðileg og vatnajarðfræðileg skilyrði á svæðinu;

d) hættu á flóðum, landsigi, skriðuhlaupum eða snjóflóðum á staðnum;

e) verndun náttúrunnar eða menningarminja á svæðinu.

1.2. Því aðeins er hægt að veita leyfi fyrir urðunarstað að einkenni hans, að því er varðar framangreindar kröfur eða þær ráðstafanir sem gerðar skulu til úrbóta, bendi til þess að urðunarstaðurinn skapi ekki alvarlega hættu fyrir umhverfið.

2. **Aðgerðir sem varða vatn og sigvatn**

Gera skal viðeigandi ráðstafanir, með tilliti til einkenna urðunarstaðarins og veðurfræðilegra skilyrða, í því skyni að:

- stjórna því hve mikið úrkomuvatn berst í urðunarhauginn,
- varna því að yfirborðs- og/eða grunnvatn komist í urðaða úrganginn,
- safna saman menguðu vatni og sigvatni. Lögbært yfirvald getur úrskurðað að þetta ákvæði eigi ekki við ef niðurstaða mats, sem byggist á staðsetningu urðunarstaðarins og þeim úrgangi sem tekið er við, er sú að umhverfinu stafi engin hætta af urðunarstaðnum,
- meðhöndla mengað vatn og sigvatn, sem safnað er frá urðunarstaðnum, þannig að það samræmist þeim stöðlum sem gilda um losun þess.

Framangreind ákvæði þurfa ekki að gilda um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

3. **Verndun jarðvegs og vatns**

3.1. Urðunarstaður verður að vera þannig staðsettur og þannig úr garði gerður að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirkan hátt í þeim tilvikum sem krafist er samkvæmt 2. lið og eins og kröfur þar segja til um. Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu meðan rekstrar-/virkniskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðsþéttingu meðan óvirka skeiðið varir/eftir lokun.

3.2. Um jarðfræðilegan tálma er að ræða þegar jarðfræðilegar og vatnajarðfræðilegar aðstæður undir urðunarstaðnum og í nágrenni hans veita slíka fyrirstöðu að jarðvegi og grunnvatni stafar engin hætta af.

Á botni og í hliðum urðunarstaðarins skal vera jarðlag sem uppfyllir þær kröfur, sem gerðar eru um lekt og þykkt, og verndar jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn í heild að minnsta kosti á sambærilegan hátt og yrði að uppfylltum eftirfarandi kröfum:

- urðunarstaður fyrir hættulegan úrgang: $K = 1{,}0 \times 10^{-9}$ m/s; þykkt = 5 m,
- urðunarstaður fyrir hættulítinn úrgang: $K = 1{,}0 \times 10^{-9}$ m/s; þykkt = 1 m,
- urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang: $K = 1{,}0 \times 10^{-7}$ m/s; þykkt = 1 m,

m/s: metrar á sekúndu.

Uppfylli jarðfræðilegi tálminn ekki framangreind skilyrði frá náttúrunnar hendi má fullgera hann og styrkja á annan hátt þannig að hann veiti samsvarandi vörn. Tilbúinn jarðfræðilegur tálmi skal ekki vera minna en 0,5 metrar að þykkt.

3.3. Til viðbótar þeim jarðfræðilega tálma, sem lýst var að framan, verður að koma kerfi til að safna sigvatni og þétta botninn í samræmi við eftirfarandi meginreglur í því skyni að tryggja að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni urðunarstaðarins:

Söfnun sigvatns og botnþétting

Flokkur urðunarstaðar	hættulítill úrgangur	hættulegur úrgangur
Tilbúin þétting	nauðsynleg	nauðsynleg
Hriplag = 0,5 m	nauðsynlegt	nauðsynlegt

Aðildarríkjunum er heimilt að setja almennar eða sértækar kröfur sem gilda um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang og um eiginleika framangreindra tæknilegra lausna.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að mæla fyrir um yfirborðsþéttingu ef niðurstaðan, að lokinni athugun á því hvort umhverfinu sé hætta búin, er sú að nauðsynlegt sé að hindra myndun sigvatns. Mælt er með eftirfarandi yfirborðsþéttingu:

Flokkur urðunarstaðar	hættulítill úrgangur	hættulegur úrgangur
Gassöfnunarlag	nauðsynlegt	ekki nauðsynlegt
Tilbúin þétting	ekki nauðsynleg	nauðsynleg
Þétt jarðlag	nauðsynlegt	nauðsynlegt
Hriplag > 0,5 m	nauðsynlegt	nauðsynlegt
Þekjandi yfirborðsjarðlag > 1 m	nauðsynlegt	nauðsynlegt

3.4. Hafi lögbært yfirvald ákveðið, í samræmi við 2. lið („Aðgerðir sem varða vatn og sigvatn") og á grundvelli umhverfisáhættumats, einkum að teknu tilliti til tilskipunar 80/68/EBE ([1]), að söfnun og meðhöndlun sigvatns sé ekki nauðsynleg eða að staðfest hafi verið að jarðvegi og grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni er heimilt að minnka þær kröfur, sem eru settar fram í liðum 3.2 og 3.3 hér að framan, til samræmis við það. Ef um er að ræða urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang má aðlaga þessar kröfur með innlendri löggjöf.

3.5. Nefndinni, sem sett er á laggirnar samkvæmt 17. gr. þessarar tilskipunar, ber að þróa og samþykkja þá aðferð sem nota skal við ákvörðun á lektarstuðli fyrir urðunarstaði, bæði á staðnum og á öllu svæðinu.

4. **Aðgerðir sem varða gas**

4.1. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að hafa stjórn á því hauggasi sem safnast fyrir á urðunarstaðnum og berst frá honum (III. viðauki).

4.2. Safna ber hauggasi á öllum urðunarstöðum sem taka móti lífrænum úrgangi og skylt er að meðhöndla og nýta gasið. Verði því ekki við komið að nota það gas, sem safnast, til orkuframleiðslu skal eyða því með bruna.

4.3. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins samkvæmt lið 4.2 skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna.

5. **Óþægindi og hætta**

Gera skal ráðstafanir til að minnka, sem mest má verða, þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna:

- lyktar og ryks sem leggur frá staðnum,
- efna sem fjúka,

([1]) Stjtíð. EB L 20, 26.1.1980, bls. 43. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

- hávaða og umferðar,
- fugla, meindýra og skordýra,
- myndun úðaefna,
- elda.

Ganga skal þannig um urðunarstaðinn að óhreinindi berist ekki frá honum á opinbera vegi og landið umhverfis hann.

6. **Stöðugleiki**

Koma skal úrganginum þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til staðhátta (formfræði) á urðunarstaðnum, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

7. **Takmörkun aðgangs**

Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Hlið skulu vera lokuð nema þann hluta dags sem starfsemi fer fram. Á hverjum urðunarstað skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG AÐFERÐIR VIÐ MÓTTÖKU ÚRGANGS

1. **Inngangur**

Í þessum viðauka er lýst:

- almennum meginreglum sem gilda um móttöku úrgangs á urðunarstöðum í mismunandi flokkum. Í framtíðinni skulu aðferðir við flokkun úrgangs byggjast á þessum meginreglum,
- viðmiðunarreglum um bráðabirgðaaðferðir við móttöku úrgangs sem fylgja ber þar til mótuð hefur verið samræmd aðferð við flokkun og móttöku úrgangs. Aðferðin verður, ásamt viðeigandi aðferðum við sýnatöku, mótuð af tækninefndinni sem um getur í 16. gr. þessarar tilskipunar. Tækninefndinni ber að móta viðmiðanir sem uppfylla þarf að því er varðar tiltekinn hættulegan úrgang sem taka á við á urðunarstöðum fyrir hættulítinn úrgang. Þessar viðmiðanir skulu einkum miðast við það hvernig útskolun úr slíkum úrgangi er háttað í bráð og lengd. Viðmiðanirnar skulu mótaðar innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar. Tækninefndinni ber einnig að móta viðmiðanir sem uppfylla þarf að því er varðar úrgang sem taka á til geymslu neðanjarðar. Þessar viðmiðanir skulu einkum miðast við að gert sé ráð fyrir því að úrgangurinn hvarfist hvorki innbyrðis né við berglögin.

Starfi tækninefndarinnar, sem skal taka mið af þeim markmiðum sem sett eru í 1. gr. þessarar tilskipunar, skal lokið innan þriggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar, að undanskildu starfi við tillögur um stöðlun aðferða við eftirlit, sýnatöku og greiningar í tengslum við viðaukana við þessa tilskipun sem skulu samþykktar innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar.

2. **Almennar meginreglur**

Nauðsynlegt er að kunna sem nákvæmust skil á samsetningu, útskolun, langtímahegðun og almennum eiginleikum þess úrgangs sem urða skal. Móttaka úrgangs á urðunarstað getur grundvallast annaðhvort

á skrá yfir tækan eða ótækan úrgang, samkvæmt skilgreiningu á eðli hans og uppruna, eða á greiningaraðferðum og viðmiðunargildum sem eiga við um eiginleika þess úrgangs sem taka á við. Þær aðferðir, sem nota á við móttöku úrgangs í framtíðinni og lýst er í þessari tilskipun, skulu, svo sem við verður komið, byggjast á stöðluðum greiningaraðferðum fyrir úrgang og viðmiðunargildum sem eiga við um eiginleika þess úrgangs sem taka á við.

Áður en slíkar greiningaraðferðir og viðmiðunargildi verða skilgreind skulu aðildarríkin að minnsta kosti setja saman innlendar skrár yfir úrgang, sem telst tækur eða ótækur í hverjum flokki urðunarstaða, eða skilgreina þær viðmiðanir sem úrgangurinn þarf að uppfylla svo að hann verði tilgreindur í skránum. Úrgangur telst tækur á urðunarstað í tilteknum flokki ef viðkomandi tegund úrgangs finnst á viðeigandi innlendri skrá eða uppfyllir svipaðar viðmiðanir og gilda fyrir tilgreiningu í skránni. Þessar skrár, eða jafngildar viðmiðanir, ásamt greiningaraðferðum og viðmiðunargildum, skulu sendar framkvæmdastjórninni innan sex mánaða frá lögleiðingu þessarar tilskipunar eða þegar þær eru samþykktar á innlendum vettvangi.

Þessar skrár eða viðmiðanir um móttöku skulu notaðar til þess að setja saman staðarsértækar skrár, þ.e. skrána yfir tækan úrgang sem tilgreindur er í leyfinu í samræmi við 9. gr. þessarar tilskipunar.

Viðmiðanirnar, sem gilda um þann úrgang sem er tilgreindur á viðmiðunarskránum eða gilda um móttöku úrgangs fyrir hvern flokk urðunarstaða, geta byggst á annarri löggjöf og/eða eiginleikum úrgangsins.

Viðmiðanir, sem gilda um móttöku úrgangs á urðunarstað í tilteknum flokki, skulu miðast við að eftirfarandi sé haft í huga:

- verndun næsta umhverfis (einkum grunn- og yfirborðsvatns),
- verndun þeirra kerfa sem ætlað er að vernda umhverfið (þ.e. þéttilaga og hreinsikerfa fyrir sigvatn),
- verndun þeirra æskilegu ferla sem eru að verki innan urðunarstaðarins og stuðla að stöðugleika úrgangsins,
- verndun gegn hvers kyns hættu sem steðjar að heilbrigði manna.

Viðmiðanir, sem byggjast á eiginleikum úrgangs, eru til dæmis:

- kröfur um þekkingu á heildarsamsetningunni,
- takmarkanir á magni lífræns efnis í úrganginum,
- kröfur eða takmarkanir sem varða rotnanleika lífrænna efnisþátta í úrganginum,
- takmarkanir á magni tilgreindra efnisþátta sem geta verið skaðlegir/hættulegir (með tilliti til framangreindra viðmiðana um verndun),
- takmarkanir á hugsanlegri og áætlaðri útskolun tilgreindra efnisþátta sem geta verið skaðlegir/hættulegir (með tilliti til framangreindra viðmiðana um verndun),
- visteiturefnafræðilegir eiginleikar úrgangsins og þess sigvatns sem myndast.

Þær viðmiðanir um móttöku úrgangs, sem byggjast á eiginleikum hans, verða að öllu jöfnu að vera nákvæmastar fyrir urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang og mega vera ónákvæmari fyrir urðunarstaði fyrir hættulítinn úrgang og enn ónákvæmari fyrir urðunarstaði fyrir hættulegan úrgang, en það skýrist af víðtækari ákvæðum um verndun umhverfisins að því er varðar tvo síðastnefndu flokka urðunarstaða.

3. **Almennar aðferðir við prófun og móttöku úrgangs**

Almenn lýsing á eiginleikum úrgangsins og prófun hans verður að byggjast á eftirfarandi þriggja þrepa skiptingu:

1. þrep: *Lýsing á grunneiginleikum.* Hún felur í sér nákvæma ákvörðun, með beitingu staðlaðra greiningar- og hegðunarprófunaraðferða, þess hvernig útskolun er háttað í bráð og lengd og/eða sérkennandi eiginleika úrgangsins.

2. þrep: *Samræmisprófun.* Hún felur í sér reglubundna prófun með beitingu einfaldari staðlaðra greiningar- og hegðunarprófunaraðferða til að ganga úr skugga um það hvort úrgangurinn samræmist skilyrðum leyfisins og/eða sértækum viðmiðunum sem vísað er til. Prófanirnar beinast helst að þeim lykilbreytum og þeirri hegðun sem kemur fram í lýsingunni á grunneiginleikunum.

3. þrep: *Sannprófun á staðnum.* Hún felur í sér að fljótlegum prófunaraðferðum er beitt til að staðfesta að tiltekinn úrgangur sé sá sami og sá sem gekkst undir samræmisprófun og sem lýst er í fylgiskjölunum. Hún getur verið fólgin í því einu að skoða farm úrgangs sjónrænt fyrir og eftir að hann er losaður á urðunarstað.

Að öllu jöfnu skal lýsa hverri tegund úrgangs samkvæmt 1. þrepi og hún þarf að uppfylla viðeigandi viðmiðanir eigi að tilgreina hana í viðmiðunarskránni. Prófa verður hverja tegund úrgangs með reglubundnum hætti (t.d. árlega) samkvæmt 2. þrepi og hún þarf að uppfylla viðeigandi viðmiðanir eigi hún að haldast á staðarsértækri skrá. Hver farmur úrgangs, sem kemur að hliði urðunarstaðar, verður að gangast undir sannprófun samkvæmt 3. þrepi.

Heimilt er að tilteknar tegundir úrgangs séu undanþegnar prófun samkvæmt 1. þrepi til langframa eða um tiltekinn tíma. Slík undanþága getur byggst á því að prófun verði illa eða ekki við komið, heppilegar prófunaraðferðir eða viðmiðanir um móttöku séu ekki tiltækar eða önnur löggjöf gildi hvað þetta varðar.

4. **Viðmiðunarreglur um bráðabirgðaaðferðir við móttöku úrgangs**

Þar til þessi viðauki hefur verið fullgerður er eingöngu prófun samkvæmt 3. þrepi lögboðin en 1. og 2. þrep skulu notuð að því marki sem við verður komið. Á þessu bráðabirgðastigi skal sá úrgangur, sem tekið er á móti í tilteknum flokki urðunarstaða, annaðhvort finnast á takmarkandi innlendri skrá eða á staðarsértækri skrá yfir viðkomandi flokk urðunarstaða eða uppfylla svipaðar viðmiðanir og gilda um tilgreiningu í skránni.

Eftirfarandi almennu viðmiðunarreglur má nota til þess að setja bráðabirgðaviðmiðanir um móttöku úrgangs á urðunarstöðum í meginflokkunum þremur eða um tilgreiningu úrgangs í samsvarandi skrám.

Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang: eingöngu er heimilt að tilgreina í skránni óvirkan úrgang eins og hann er skilgreindur í e-lið 2. gr.

Urðunarstaðir fyrir hættulítinn úrgang: í skránni má ekki tilgreina úrgang sem fellur undir ákvæði tilskipunar 91/689/EBE.

Urðunarstaðir fyrir hættulegan úrgang: bráðabirgðadrög að skrá fyrir urðunarstaði fyrir hættulegan úrgang skulu eingöngu ná til þeirra tegunda úrgangs sem falla undir ákvæði tilskipunar 91/689/EBE. Umræddar tegundir úrgangs skulu á hinn bóginn ekki tilgreindar í skránni án undangenginnar meðhöndlunar ef í ljós kemur að heildarinnihald eða útskolun meintra hættulegra efnisþátta geti valdið skammtímahættu fyrir starfsmenn eða umhverfið eða komið í veg fyrir að úrgangurinn nái nægilegum stöðugleika á fyrirhugðum líftíma urðunarstaðarins.

5. **Sýnataka úr úrgangi**

Sýnataka úr úrgangi getur skapað alvarlegan vanda að því er varðar sýnatökutækni og það hve dæmigerð sýnin verða, en það stafar af því hve sundurleitar að eðli margar tegundir úrgangs eru. Evrópskur staðall um sýnatöku úr úrgangi verður mótaður. Þar til þessi staðall hefur verið samþykktur af hálfu aðildarríkjanna í samræmi við 17 gr. þessarar tilskipunar er aðildarríkjunum heimilt að beita innlendum stöðlum og aðferðum.

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ EFTIRLIT OG VÖKTUN Á REKSTRARSKEIÐI OG Í KJÖLFAR LOKUNAR

1. **Inngangur**

Tilgangurinn með þessum viðauka er að gera grein fyrir þeim lágmarksvöktunaraðferðum sem nota ber til að kanna:

- hvort úrgangur, sem tekið hefur verið við til förgunar, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fyrir viðkomandi flokk urðunarstaða,
- hvort öll ferli á urðunarstaðnum verki eins og æskilegt er,
- hvort þau kerfi, sem ætlað er að vernda umhverfið, starfi að öllu leyti eins og til er ætlast,
- hvort skilyrði leyfisins fyrir urðunarstaðnum hafi verið uppfyllt.

2. **Veðurfræðileg gögn**

Samkvæmt upplýsingaskyldu, sem aðildarríkjunum er lögð á herðar (15. gr.), skulu þau leggja fram gögn um aðferðir sem eru notaðar við öflun veðurfræðilegra gagna. Það er á valdi aðildarríkjanna að ákveða hvernig gagnanna skuli aflað (á staðnum, með innlendu kerfi veðurathugana o.s.frv.).

Ef aðildarríkin komast að þeirri niðurstöðu að meta megi með góðum árangri út frá vatnsjöfnuði hvort sigvatn safnist fyrir í urðaða úrganginum eða hvort leki berist frá staðnum er mælt með því að eftirfarandi upplýsinga sé aflað við vöktun á urðunarstaðnum eða frá næstu veðurathugunarstöð, svo lengi sem þess er þörf að mati lögbærs yfirvalds í samræmi við c-lið 13. gr. þessarar tilskipunar:

	Í rekstri	Í kjölfar lokunar
1.1 Magn úrkomu	daglega	daglega og mánaðarúrkoma
1.2 Hiti (lágmark, hámark, kl. 14.00 að Mið-Evróputíma)	daglega	meðalhiti mánaðar
1.3 Stefna og styrkur ríkjandi vindáttar	daglega	ekki nauðsynlegt
1.4. Uppgufun (hrip- og útskolunarmælir) (1)	daglega	daglega og mánaðaruppgufun
1.5 Loftraki (kl. 14.00 að Mið-Evróputíma)	daglega	meðalraki mánaðar

(1) Eða með annarri nothæfri aðferð.

3. **Gögn um mengun: vatn, sigvatn og eftirlit með lofttegundum**

Taka ber sýni úr sigvatni og yfirborðsvatni á stöðum þar sem þau verða dæmigerð. Sýnataka og mælingar (rúmmál og samsetning) á sigvatni skulu gerðar sérstaklega fyrir hvern stað þar sem sigvatni er veitt frá staðnum. Tilvísun: almennar viðmiðunarreglur um sýnatökutækni, ISO-staðall nr. 5667-2 (1991).

Vöktun yfirborðsvatns skal fara fram á ekki færri stöðum en tveimur, öðrum á stað þar sem vatnið streymir að urðunarstaðnum og hinum þar sem það streymir frá honum.

Eftirlit með lofttegundum skal gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins. Tíðni sýnatöku og greininga er tilgreind í eftirfarandi töflu. Vegna eftirlits ber að taka sýni af sigvatni og vatni á stöðum þar sem meðalsamsetningin er dæmigerð.

		Í rekstri	Í kjölfar lokunar ([3])
2.1	Magn sigvatns	mánaðarlega ([1]) ([3])	á sex mánaða fresti
2.2	Samsetning sigvatns ([2])	ársfjórðungslega ([3])	á sex mánaða fresti
2.3	Magn og samsetning yfirborðsvatns ([7])	ársfjórðungslega ([3])	á sex mánaða fresti
24	Möguleg losun lofttegunda og loftþrýstingur ([4]) (CH_4, CO_2, O_2, H_2S, H_2 o.s.frv.)	mánaðarlega ([3]) ([5])	á sex mánaða fresti ([6])

([1]) Haga má tíðni sýnatökunnar eftir því hvernig úrganginum er komið fyrir á urðunarstaðnum (haugur, grafinn o.s.frv.). Þetta verður að koma fram í leyfinu.
([2]) Færibreyturnar, sem mæla skal, og þau efni, sem ber að greina, eru mismunandi eftir samsetningu þess úrgangs sem urðaður er; tilgreina skal færibreyturnar í leyfinu og þær eiga að endurspegla útskolunareiginleika úrgangsins.
([3]) Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálla eftirlit gefi jafn góða raun er heimilt að breyta tilhöguninni. Að því er sigvatnið varðar skal í öllum tilvikum mæla leiðni þess einu sinni á ári hið minnsta.
([4]) Þessar mælingar tengjast einkum innihaldi lífræns efnis í úrganginum.
([5]) CH_4, CO_2, O_2, reglulega; aðrar lofttegundir eftir þörfum í samræmi við samsetningu urðaða úrgangsins svo að útskolunareiginleikar hans verði ljósir.
([6]) Fylgjast verður reglulega með virkni gassöfnunarkerfisins.
([7]) Lögbært yfirvald getur kveðið upp þann úrskurð að vegna einkenna urðunarstaðarins séu þessar mælingar óþarfar og leggur þá fram skýrslu þar að lútandi svo sem mælt er fyrir um í 15. gr. tilskipunarinnar.

Liðir 2.1 og 2.2 gilda eingöngu þar sem sigvatni er safnað (sjá 2. lið I. viðauka).

4. **Verndun grunnvatns**

A. *Sýnataka*

Mælingarnar skulu veita upplýsingar um það grunnvatn sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna losunar úrgangsins og skal að minnsta kosti einn mælipunktur vera á aðstreymissvæði grunnvatnsins og tveir á frástreymissvæði þess. Bæta má við mælipunktum á grundvelli sérstakrar vatnajarðfræðilegrar rannsóknar og ef það er nauðsynlegt í þeim tilgangi að greina snemma ef sigvatn berst út í grunnvatnið fyrir slysni.

Taka ber sýni að minnsta kosti á þremur stöðum áður en urðun hefst svo að viðmiðunargildi séu handbær vegna sýnatöku síðar. Tilvísun: sýnataka úr grunnvatni, ISO-staðall nr. 5667, 11. hluti (1993).

B. *Vöktun*

Þær færibreytur, sem greina skal í sýnum, skulu ákvarðaðar út frá þeirri efnasamsetningu sem búist er við að sigvatnið hafi og gæðum grunnvatnsins á svæðinu. Við val á færibreytum vegna greininga skal taka tillit til hreyfinga á grunnvatnssvæðinu. Færibreytur geta einnig verið vísifæribreytur svo að tryggt sé að breytingar á vatnsgæðum uppgötvist snemma ([1]).

	Í rekstri	Í kjölfar lokunar
Staða grunnvatns	á sex mánaða fresti ([1])	á sex mánaða fresti ([1])
Efnasamsetning grunnvatns	staðarsértæk tíðni ([2])([3])	staðarsértæk tíðni([2])([3])

([1]) Auka verður tíðnina ef grunnvatnsstaðan er breytileg.
([2]) Tíðnin verður að grundvallast á því að á milli þess sem sýni eru tekin verði unnt að grípa til aðgerða til úrbóta ef viðbragðaþröskuldi er náð, tíðnina verður með öðrum orðum að ákvarða á grundvelli þekkingar og mats á rennslishraða grunnvatnsins.
([3]) Þegar viðbragðaþröskuldi er náð (sjá C-lið) er nauðsynlegt að sannprófa hann með því að taka sýni á ný. Ef þröskuldsgildin eru staðfest verður að fylgja neyðaráætlun (sem mælt er fyrir um í leyfinu).

C. *Viðbragðaþröskuldur*

Um verulegan umhverfisskaða, sem um getur í 12. og 13. gr. þessarar tilskipunar, á grunnvatni er að ræða þegar greining á grunnvatnssýnum leiðir í ljós umtalsverða breytingu á gæðum vatnsins. Ákvarða ber viðbragðaþröskuld með hliðsjón af sértækum vatnajarðfræðilegum myndunum á urðunarstaðnum og gæðum grunnvatnsins. Ætíð skal tilgreina viðbragðaþröskuldinn í leyfinu ef því verður við komið.

Niðurstöður mælinganna skal meta með hjálp eftirlitskorta og fastsettum eftirlitsreglum og viðmiðunarmörkum fyrir hverja borholu sem er undanstreymis. Viðmiðunarmörk vegna eftirlits skulu ákvörðuð út frá staðbundnum breytileika á gæðum grunnvatnsins.

5. **Svæðislýsing staðarins: gögn um urðaða úrganginn**

	Í rekstri	Í kjölfar lokunar
5.1.Gerð og samsetning urðaða úrgangsins ([1])	árlega	
5.2.Breyting á umfangi (sig) urðaða úrgangsins	árlega	árleg mæling

([1]) Gögn um stöðuna á viðkomandi urðunarstað: svæði undir úrgangi, magn og samsetning úrgangs, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.

([1]) Æskilegar færibreytur: sýrustig, heildarmagn lífræns kolefnis, fenól, þungmálmar, flúoríð, arsen, olía/vetniskolefni.

407. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti og Gylfa Ástbjartsson, Árna Múla Jónasson og Auðun Ágústsson frá Fiskistofu.

Til að ná markmiðum fjárlaga er með frumvarpinu annars vegar lagt til að gjald fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni sem rennur til veiðieftirlits Fiskistofu hækki úr 15.000 kr. í 16.500 kr. og hins vegar að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum, sem einnig rennur til veiðieftirlits Fiskistofu, hækki úr 424 kr. í 462 kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason og Helga Guðrún Jónasdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 22. nóv. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Guðjón A. Kristjánsson.

408. Svar [170. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um reglugerðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra sett allar reglugerðir sem lög kveða á um að hann skuli setja? Ef svo er ekki, hvaða reglugerðir eru ósettar og hvað líður setningu þeirra?

Á vegum umhverfisráðuneytisins hefur á undanförnum árum staðið yfir heildarendurskoðun helstu laga sem undir ráðuneytið falla. Má þar nefna skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, lög um brunavarnir, nr. 75/2000, og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Það er ljóst að við framkvæmd þessara laga þarf að styðjast við reglugerðir og getur vinna við þær tekið nokkurn tíma enda oft gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi stofnanir eða tilteknir aðilar komi að málum ýmist í tengslum við tillögugerð eða umsagnir.

Hér á eftir er gerð grein fyrir reglugerðum sem ber að setja samkvæmt tilteknum lögum og ekki hafa enn verið settar:

1. Lög nr. 15/1994, um dýravernd.

Samkvæmt 6. mgr. 16. gr. laganna setur ráðherra í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum. Tilraunadýranefnd, en til hennar þarf að sækja um leyfi fyrir tilraunum fylgi þeim álag eða þjáning fyrir dýrið, skilaði tillögum til ráðuneytisins sl. vor og sendi ráðuneytið tillögurnar til umsagnar fjölmargra aðila. Reglugerðin verður sett á næstunni.

2. Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995.

Samkvæmt 5. gr. laganna setur umhverfisráðherra, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð þar sem kveðið skal á um verndaraðgerðir á grundvelli laganna, um varnir gegn hvers konar mengun og aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars. Breiðafjarðarnefnd, sem starfar samkvæmt lögunum og nýlega hefur lokið við gerð verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð, vinnur að þessu máli og mun væntanlega senda ráðuneytinu tillögur sínar innan tíðar.

3. Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Samkvæmt 27. gr. laganna skal ráðherra kveða nánar á um útgáfu framkvæmdaleyfa í reglugerð. Ákvæðin um framkvæmdaleyfi sem tóku gildi 1. janúar 1998 eru nýmæli. Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að reynsla fáist af framkvæmdinni áður en reglugerð verður sett en að hluta til er tekið á útgáfu framkvæmdaleyfa í 3. og 4. tölul. 9. gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Nú hefur hins vegar verið tekin ákvörðun um endurskoðun laganna þar sem sérstaklega verður tekið á framkvæmdaleyfum með hliðsjón af fenginni reynslu. Samkvæmt 29. gr. laganna skal ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, kveða nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang landeignarskrár. Málið er í vinnslu á vegum sérstakrar nefndar. Í 50. gr. laganna segir að ráðherra setji nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Nefnd á vegum ráðuneytisins skilaði tillögum fyrr á árinu og voru þær sendar til umsagnar valinna aðila. Málið verður væntanlega afgreitt á næstunni.

4. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Í 20. gr. laganna segir að ráðherra setji í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag Hollustuverndar ríkisins. Tillaga hefur ekki borist.

5. Lög um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum.

Í 5. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 171/2000, er kveðið á um það að ráðherra setji reglugerð um vottun landmælingamanna sem sjá um að mæla eignamörk landa og lóða að fengnum tillögum Landmælinga Íslands og að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins. Unnið er að gerð tillagna hjá Landmælingum Íslands.

6. Lög nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Í lögunum, sem öðluðust gildi 1. júlí 1999, eru fjölmörg ákvæði um setningu reglugerða sem ekki voru í fyrri lögum. Unnið er að gerð þessara reglugerða á vegum ráðuneytisins og

Náttúruverndar ríkisins og er vinnan mislangt á veg komin. Samkvæmt 5. gr. laganna skal ráðherra setja í reglugerð nánari fyrirmæli um hlutverk og starfsskyldur forstjóra Náttúruverndar ríkisins og innra skipulag stofnunarinnar. Reglugerðin er í vinnslu og verður væntanlega sett á næsta ári. Samkvæmt 7. gr. skal ráðherra, að fengnum tillögum Náttúruverndar ríkisins, setja gjaldskrá um kostnað og eftirlit með framkvæmdum, þar skal m.a. kveða á um umfang opinbers eftirlits og ákvörðun eftirlitsgjalda sem taka mið af innra eftirliti þeirra fyrirtækja sem eftirlit beinist að. Unnið er að gerð reglugerðarinnar. Samkvæmt 11. gr. setur ráðherra í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992. Reglugerðin er í vinnslu. Samkvæmt 43. gr. skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um auglýsingar utan þéttbýlis. Málið er í vinnslu. Samkvæmt 73. gr. skal setja í reglugerð ákvæði um hámark dagsekta til þess að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt náttúruverndarlögum og til þess að láta af atferli sem er ólögmætt. Málið er í vinnslu.

7. Lög um brunavarnir, nr. 75/2000.

Samkvæmt 7. gr. setur ráðherra brunamálaráði starfsreglur að fengnum tillögum þess. Málið er í vinnslu hjá ráðinu. Samkvæmt 11. gr. skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkviliðsstarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálastofnunar í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Brunamálastofnun vinnur að málinu og hefur samráð við Hollustuvernd ríkisins um þann þátt sem snýr að mengunaróhöppum. Samkvæmt 39. gr. setur ráðherra reglugerð um framkvæmd laganna að fenginni tillögu Brunamálastofnunar. Málið er í vinnslu. Samkvæmt sömu grein setur ráðherra reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum að fengnum tillögum Brunamálastofnunar og að fenginni umsögn samgönguráðherra. Málið er í vinnslu hjá Brunamálastofnun.

8. Lög nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Í lögunum er kveðið á um það í 4. gr. að umhverfisráðherra og sjávarútvegsráðherra skuli setja í reglugerð almenn ákvæði um ýmis atriði sem lögin taka til. Unnið er að gerð reglugerðarinnar.

409. Fyrirspurn [322. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu þeirra sem kynda með olíu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra fól að kanna stöðu þeirra sem þurfa að kynda með olíu?
2. Ef nefndin hefur lokið störfum hverjar eru þá tillögur hennar?
3. Fyrir hvaða úrbótum getur ráðherra beitt sér til handa þeim sem þurfa að kynda með olíu?

410. Fyrirspurn [323. mál]

til umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum skógræktarverkefna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Í hvaða tilfellum hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum landshlutabundinna skógræktarverkefna?
2. Í hvaða tilfellum hefur verið óskað álits Skipulagsstofnunar á skógræktarverkefnum með tilliti til matsskyldu og hvernig hefur Skipulagsstofnun afgreitt þær beiðnir?

411. Fyrirspurn [324. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hvernig hefur kynningu á málstað Íslands í hvalveiðimálum verið háttað síðustu ár?
2. Hver hefur árlegur kostnaður við kynningu á málstað Íslendinga orðið sl. þrjú ár?
3. Hver eru helstu áform íslenskra stjórnvalda um að vinna málstað Íslendinga fylgi á næstu árum og hver er áætlaður kostnaður við það?

412. Fyrirspurn [325. mál]

til landbúnaðarráðherra um fullvirðisrétt við sölu ríkisjarða.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hversu margar ríkisjarðir hafa verið seldar af hálfu landbúnaðarráðuneytisins á tímabilinu 1997–2001 þar sem fullvirðisréttur í eigu jarðeiganda (ríkis), þ.e. réttur til framleiðslu og greiðslumarks í sauðfé og mjólk, hefur verið skráður á viðkomandi ríkisjörð (lögbýli)?
2. Í hve mörgum tilvikum var fullvirðisrétturinn seldur með jörð? Var hann í þeim tilvikum metinn sérstaklega til verðs? Ef svo er, hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við mat á verðmæti hans? Ef hann var ekki metinn sérstaklega, hvaða rök lágu þar að baki?
3. Hvernig hefur fullvirðisrétti sem skráður var eign ríkisins verið ráðstafað í kjölfar sölu ríkisjarða:
   a. Í hve mörgum tilvikum var hann seldur sérstaklega og hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við mat á verðmæti hans?
   b. Hefur honum í einhverjum tilvikum verið ráðstafað á annan hátt en með sölu, t.d. leigu, gjöfum eða með öðrum hætti? Ef svo er, eftir hvaða reglum var farið?

4. Hefur ráðherra veitt heimildir til þess á tímabilinu að ábúendur ríkisjarða gætu selt eða afhent fullvirðisrétt í eigu ríkisins af jörð meðan hún hefur verið í ábúð? Ef svo er, á hvaða lagaheimildum hefur það verið byggt?
5. Hvernig hefur verið farið með fullvirðisrétt í eigu ríkisins við ábúðarlok og uppgjör við fráfarandi ábúanda?

Skriflegt svar óskast.

413. Tillaga til þingsályktunar [326. mál]

um aðild að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Aðildarríki samningsins, sem gerður var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og gjarnan er nefndur New York-samningurinn, voru hinn 26. október 2001 127 talsins. Samningurinn öðlaðist gildi 7. júní 1959.

Samningurinn hefur það að meginmarkmiði að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gerðardómsúrskurðum þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur þar sem fullnustu er leitað. Hann gildir um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem kveðnir eru upp á landsvæði annars ríkis en þess þar sem viðurkenningar þeirra og fullnustu er leitað og til eru komnir vegna ágreinings einstaklinga eða lögaðila. Samningurinn gildir einnig um gerðardómsúrskurði sem ekki eru taldir innlendir í því ríki þar sem leitað er eftir viðurkenningu og fullnustu þeirra.

Í samningnum er heimild fyrir aðildarríki að lýsa því yfir að þau muni einungis láta samninginn gilda um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem eru kveðnir upp í öðru aðildarríki. Gert er ráð fyrir að slík yfirlýsing verði gefin af Íslands hálfu við aðild að samningnum. Langflest aðildarríki samningsins hafa nýtt sér þessa heimild og á meðan Ísland hefur ekki gerst aðili að samningnum hefur það í för með sér að engin trygging er fyrir því að gerðardómsúrskurðir kveðnir upp á Íslandi verði viðurkenndir erlendis né heldur að gerðardómsúrskurðir kveðnir upp í öðrum ríkjum verði viðurkenndir eða þeim framfylgt hér á landi.

Með aukinni alþjóðavæðingu, fjölbreyttari viðskiptum íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu og auknu sóknarfæri erlendra aðila til að stunda viðskipti á Íslandi er orðið brýnt að Ísland gerist aðili að New York-samningnum.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989 (þskj. 228, 203. mál). Með því eru sköpuð skilyrði til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM VIÐURKENNINGU OG FULLNUSTU ERLENDRA GERÐARDÓMSÚRSKURÐA

New York 10. júní 1958.

1. gr.

1. Samningur þessi gildir um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem kveðnir eru upp á landsvæði annars ríkis en þess þar sem viðurkenningar þeirra og fullnustu er leitað og til eru komnir vegna ágreinings einstaklinga eða lögaðila. Hann gildir einnig um gerðardómsúrskurði sem ekki eru taldir innlendir í því ríki þar sem leitað er eftir viðurkenningu og fullnustu þeirra.

2. Til „gerðardómsúrskurða" teljast ekki aðeins úrskurðir gerðarmanna sem skipaðir eru til úrlausnar einstakra mála, heldur einnig úrskurðir fastra gerðarstofnana sem aðilar hafa lagt mál sín fyrir.

3. Við undirritun samnings þessa, fullgildingu hans eða aðild að honum, eða þegar tilkynnt er um rýmkun skv. 10. gr. hans, getur hvert ríki, á grundvelli gagnkvæmni, lýst því yfir að það muni beita samningnum um viðurkenningu og fullnustu úrskurða sem aðeins eru kveðnir upp á landsvæði annars samningsríkis. Það getur einnig lýst því yfir að það muni aðeins beita samningnum um ágreining í réttarsambandi, sem telst viðskiptalegs eðlis samkvæmt landslögum þess ríkis sem gefur slíka yfirlýsingu, hvort sem það á rætur að rekja til samnings eða ekki.

2. gr.

1. Hvert samningsríki skal viðurkenna skriflegan samning þar sem aðilar skuldbinda sig til að leggja í gerð hvern þann ágreining sem risið hefur eða rísa kann milli þeirra í tilteknu réttarsambandi, hvort sem það á rætur að rekja til samnings eða ekki, enda sé sakarefnið þess eðlis að unnt sé að leysa úr því með gerð.

2. Undir hugtakið „skriflegur samningur" fellur gerðarákvæði í gerðarsamningi eða öðrum samningi sem aðilar hafa undirritað eða kemur fram í bréfaskiptum eða símskeytum þeirra á milli.

3. Þegar dómstóll í samningsríki fær til meðferðar mál, sem aðilar hafa gert samning um í skilningi þessarar greinar, skal hann að beiðni einhvers aðilanna, vísa aðilunum til gerðardóms, nema hann telji

CONVENTION ON THE RECOGNITION AND ENFORCEMENT OF FOREIGN ARBITRAL AWARDS

New York, 10 June 1958

Article I

1. This Convention shall apply to the recognition and enforcement of arbitral awards made in the territory of a State other than the State where the recognition and enforcement of such awards are sought, and arising out of differences between persons, whether physical or legal. It shall also apply to arbitral awards not considered as domestic awards in the State where their recognition and enforcement are sought.

2. The term "arbitral awards" shall include not only awards made by arbitrators appointed for each case but also those made by permanent arbitral bodies to which the parties have submitted.

3. When signing, ratifying or acceding to this Convention, or notifying extension under article X hereof, any State may on the basis of reciprocity declare that it will apply the Convention to the recognition and enforcement of awards made only in the territory of another Contracting State. It may also declare that it will apply the Convention only to differences arising out of legal relationships, whether contractual or not, which are considered as commercial under the national law of the State making such declaration.

Article II

1. Each Contracting State shall recognize an agreement in writing under which the parties undertake to submit to arbitration all or any differences which have arisen or which may arise between them in respect of a defined legal relationship, whether contractual or not, concerning a subject matter capable of settlement by arbitration.

2. The term "agreement in writing" shall include an arbitral clause in a contract or an arbitration agreement, signed by the parties or contained in an exchange of letters or telegrams.

3. The court of a Contracting State, when seized of an action in a matter in respect of which the parties have made an agreement within the meaning of this article, at the request of one of the parties, refer the

umræddan samning ógildan, óvirkan eða óframkvæmanlegan.

3. gr.

Hvert samningsríki skal viðurkenna gerðardómsúrskurð sem bindandi og fullnusta hann í samræmi við réttarfarsreglur á því landsvæði þar sem byggt er á úrskurðinum, samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í eftirfarandi greinum. Ekki má setja strangari skilyrði eða leggja á hærri gjöld fyrir viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem samningur þessi tekur til en fyrir viðurkenningu og fullnustu innlendra gerðardómsúrskurða.

4. gr.

1. Til að afla viðurkenningar og fullnustu samkvæmt undanfarandi grein skal sá aðili, sem leitar viðurkenningar og fullnustu, leggja fram með beiðni sinni:

a. staðfest frumrit eða afrit úrskurðarins;

b. frumrit samnings sem getið er um í 2. gr. eða staðfest afrit hans.

2. Ef téður úrskurður eða samningur er ekki á opinberu tungumáli þess lands þar sem byggt er á úrskurðinum skal sá aðili sem leitar viðurkenningar hans og fullnustu leggja fram þýðingu þessara skjala á það tungumál. Þýðingin skal staðfest af opinberum eða eiðfestum þýðanda, af sendierindreka eða af ræðismanni.

5. gr.

1. Aðeins má hafna viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurðar að kröfu þess aðila sem hann beinist gegn ef sá aðili veitir lögbæru yfirvaldi þar sem viðurkenningar og fullnustu er leitað sönnun fyrir því að:

a. aðilar að samningi þeim sem getið er um í 2. gr. hafi samkvæmt þeim lögum sem um þá gilda verið að einhverju leyti vanhæfir eða að samningurinn sé ekki gildur samkvæmt þeim lögum sem aðilarnir hafa ákveðið að um hann gildi, eða, ef engar vísbendingar eru um það, samkvæmt lögum þess lands þar sem úrskurðurinn var kveðinn upp; eða

b. aðila þeim sem úrskurðurinn beinist gegn hafi ekki verið tilkynnt réttilega um skipun gerðarmanns eða um gerðardómsmeðferðina, eða að

parties to arbitration, unless it finds that the said agreement is null and void, inoperative or incapable of being performed.

Article III

Each Contracting State shall recognize arbitral awards as binding and enforce them in accordance with the rules of procedure of the territory where the award is relied upon, under the conditions laid down in the following articles. There shall not be imposed substantially more onerous conditions or higher fees or charges on the recognition or enforcement of arbitral awards to which this Convention applies than are imposed on the recognition or enforcement of domestic arbitral awards.

Article IV

1. To obtain the recognition and enforcement mentioned in the preceding article, the party applying for recognition and enforcement shall, at the time of the application, supply:

(a) The duly authenticated original award or a duly certified copy thereof;

(b) The original agreement referred to in article II or a duly certified copy thereof.

2. If the said award or agreement is not made in an official language of the country in which the award is relied upon, the party applying for recognition and enforcement of the award shall produce a translation of these documents into such language. The translation shall be certified by an official or sworn translator or by a diplomatic or consular agent.

Article V

1. Recognition and enforcement of the award may be refused, at the request of the party against whom it is invoked, only if that party furnishes to the competent authority where the recognition and enforcement is sought, proof that:

(a) The parties to the agreement referred to in article II were, under the law applicable to them, under some incapacity, or the said agreement is not valid under the law to which the parties have subjected it or, failing any indication thereon, under the law of the country where the award was made; or

(b) The party against whom the award is invoked was not given proper notice of the appointment of the arbitrator or of the arbitration proceed-

honum hafi af öðrum ástæðum verið ókleift að flytja mál sitt; eða

c. úrskurðurinn fjalli um ágreining sem ekki er gert ráð fyrir eða fellur ekki undir skilmála um að leggja mál í gerð, eða að í úrskurðinum séu ákvarðanir um málefni sem falla utan gildissviðs skilmála um að leggja mál í gerð, enda verði sá hluti úrskurðarins sem inniheldur ákvarðanir um málefni sem lögð eru í gerð viðurkenndur og fullnustaður, ef unnt er að aðgreina ákvarðanir um málefni sem lögð eru í gerð frá þeim sem ekki eru lögð í gerð; eða

d. skipun gerðardómsins eða gerðardómsmeðferðin hafi ekki verið í samræmi við samning aðilana eða, ef ekki er um samning að ræða, hafi ekki verið í samræmi við lög þess lands þar sem gerðardómsmeðferð fór fram; eða

e. úrskurðurinn sé ekki enn orðinn bindandi fyrir aðilana, eða honum hafi verið hnekkt eða frestað af lögbæru yfirvaldi í því landi þar sem úrskurðurinn var kveðinn upp, eða samkvæmt lögum þess lands.

2. Einnig má synja um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurðar ef lögbært yfirvald í því landi þar sem viðurkenningar og fullnustu er leitað telur að:

a. ekki sé unnt að úrskurða um ágreiningsefnið í gerðardómi samkvæmt lögum þess lands; eða

b. viðurkenning eða fullnusta úrskurðarins væri andstæð allsherjarreglu þess lands.

6. gr.

Ef sótt hefur verið um hnekkingu eða frestun úrskurðar hjá lögbæru yfirvaldi sem getið er um í e-lið 1. mgr. 5. gr. getur það yfirvald sem leitað er til af þeim sem vill byggja á úrskurðinum frestað ákvörðun um fullnustu úrskurðarins ef það telur það viðeigandi, og getur einnig, að ósk þess aðila sem leitar fullnustu úrskurðarins, fyrirskipað hinum aðilanum að setja hæfilega tryggingu.

7. gr.

1. Ákvæði samnings þessa skulu hvorki hafa áhrif á gildi marghliða eða tvíhliða samninga sem samningsríki hafa gert um viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða né skulu þau svipta hagsmuna-

ings or was otherwise unable to present his case; or

(c) The award deals with a difference not contemplated by or not falling within the terms of the submission to arbitration, or it contains decisions on matters beyond the scope of the submission to arbitration, provided that, if the decisions on matters submitted to arbitration can be separated from those not so submitted, that part of the award which contains decisions on matters submitted to arbitration may be recognized and enforced; or

(d) The composition of the arbitral authority or the arbitral procedure was not in accordance with the agreement of the parties, or, failing such agreement, was not in accordance with the law of the country where the arbitration took place; or

(e) The award has not yet become binding on the parties, or has been set aside or suspended by a competent authority of the country in which, or under the law of which, that award was made.

2. Recognition and enforcement of an arbitral award may also be refused if the competent authority in the country where recognition and enforcement is sought finds that:

(a) The subject matter of the difference is not capable of settlement by arbitration under the law of that country; or

(b) The recognition or enforcement of the award would be contrary to the public policy of that country.

Article VI

If an application for the setting aside or suspension of the award has been made to a competent authority referred to in article V (1) (e), the authority before which the award is sought to be relied upon may, if it considers it proper, adjourn the decision on the enforcement of the award and may also, on the application of the party claiming enforcement of the award, order the other party to give suitable security.

Article VII

1. The provisions of the present Convention shall not affect the validity of multilateral or bilateral agreements concerning the recognition and enforcement of arbitral awards entered into by the Contract-

aðila rétti til að notfæra sér gerðardómsúrskurði með þeim hætti og að því marki sem lög eða milliríkjasamningar heimila í því landi þar sem leitað er eftir að byggja á honum.

2. Genfarbókun um gerðardómsákvæði frá 1923 og Genfarsamningur um fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða frá 1927 skulu ekki lengur hafa gildi milli samningsríkja þegar þau verða bundin af þessum samningi og að því marki sem þau bindast af honum.

8. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra aðila að Sameinuðu þjóðunum til og með 31. desember 1958, og einnig af hálfu hvers þess ríkis sem er eða verður síðar aðili að einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna eða samþykktum Alþjóðadómstólsins, eða hvers þess ríkis sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður aðild.

2. Samningur þessi er háður fullgildingu og skal fullgildingarskjalinu komið í vörslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

9. gr.

1. Öllum þeim ríkjum sem getið er um í 8. gr. er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum.

2. Ríki öðlast aðild með afhendingu aðildarskjals til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

1. Hvert ríki getur við undirritun, fullgildingu eða aðild lýst því yfir að samningurinn skuli einnig ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða þar sem það ber ábyrgð á alþjóðasamskiptum. Slík yfirlýsing skal taka gildi þegar samningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi ríki varðar.

2. Hvenær sem er eftir það skal slík rýmkun gerð með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hún taka gildi á nítugasta degi eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku, eða á þeim degi sem samningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi ríki varðar, hvort sem síðara reynist.

3. Að því er varðar þau landsvæði sem samningur þessi nær ekki til við undirritun, fullgildingu eða að-

ing States nor deprive any interested party of any right he may have to avail himself of an arbitral award in the manner and to the extent allowed by the law or the treaties of the country where such award is sought to be relied upon.

2. The Geneva Protocol on Arbitration Clauses of 1923 and the Geneva Convention on the Execution of Foreign Arbitral Awards of 1927 shall cease to have effect between Contracting States on their becoming bound and to the extent that they become bound, by this Convention.

Article VIII

1. This Convention shall be open until 31 December 1958 for signature on behalf of any Member of the United Nations and also on behalf of any other State which is or hereafter becomes a member of any specialized agency of the United Nations, or which is or hereafter becomes a party to the Statute of the International Court of Justice, or any other State to which an invitation has been addressed by the General Assembly of the United Nations.

2. This Convention shall be ratified and the instrument of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article IX

1. This Convention shall be open for accession to all States referred to in article VIII.

2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article X

1. Any State may, at the time of signature, ratification or accession, declare that this Convention shall extend to all or any of the territories for the international relations of which it is responsible. Such a declaration shall take effect when the Convention enters into force for the State concerned.

2. At any time thereafter any such extension shall be made by notification addressed to the Secretary-General of the United Nations and shall take effect as from the ninetieth day after the day of receipt by the Secretary-General of the United Nations of this notification, or as from the date of entry into force of the Convention for the State concerned, whichever is the later.

3. With respect to those territories to which this Convention is not extended at the time of signature,

ild skal hvert viðkomandi ríki huga að nauðsynlegum ráðstöfunum til að rýmka gildissvið samningsins svo að hann nái til slíkra landsvæða, með fyrirvara um samþykki ríkisstjórna viðkomandi landsvæða ef stjórnskipulegar ástæður krefjast.

11. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um sambandsríki eða ríki sem ekki eru ein heildareining:

a. Að því er varðar þær greinar samningsins sem falla undir löggjafarvald sambandsríkisins skulu skuldbindingar sambandsríkisstjórnarinnar að því marki vera hinar sömu og þeirra samningsríkja sem ekki eru sambandsríki.

b. Að því er varðar þær greinar samningsins sem falla undir löggjafarvald þeirra ríkja eða fylkja sem mynda sambandsríkið en ber ekki samkvæmt stjórnskipun sambandsríkisins að gera ráðstafanir á sviði löggjafar skal ríkisstjórn sambandsríkisins vekja athygli viðeigandi yfirvalda þeirra á þeim greinum og leggja fram meðmæli sín eins fljótt og auðið er.

c. Sambandsríki sem er aðili að samningi þessum skal, að ósk annars samningsríkis, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, leggja fram yfirlýsingu um lög og réttarframkvæmd sambandsríkisins og þeirra eininga sem það mynda með tilliti til tiltekins ákvæðis samningsins sem sýnir að hvaða marki viðkomandi ákvæði hefur komið til framkvæmda með lagasetningu eða öðrum ráðstöfunum.

12. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi er þriðja skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent.

2. Að því er varðar ríki sem fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu þriðja skjalsins um fullgildingu eða aðild skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi er skjal þess um fullgildingu eða aðild er afhent.

13. gr.

1. Hvert samningsríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn tekur gildi

ratification or accession, each State concerned shall consider the possibility of taking the necessary steps in order to extend the application of this Convention to such territories, subject, where necessary for constitutional reasons, to the consent of the Governments of such territories.

Article XI

In the case of a federal or non-unitary State, the following provisions shall apply:

(a) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of the federal authority, the obligations of the federal Government shall to this extent be the same as those of Contracting States which are not federal States;

(b) With respect to those articles of this Convention that come within the legislative jurisdiction of constituent states or provinces which are not, under the constitutional system of the federation, bound to take legislative action, the federal Government shall bring such articles with a favourable recommendation to the notice of the appropriate authorities of constituent states or provinces at the earliest possible moment;

(c) A federal State Party to this Convention shall, at the request of any other Contracting State transmitted through the Secretary-General of the United Nations, supply a statement of the law and practice of the federation and its constituent units in regard to any particular provision of this Convention, showing the extent to which effect has been given to that provision by legislative or other action.

Article XII

1. This Convention shall come into force on the ninetieth day following the date of deposit of the third instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to this Convention after the deposit of the third instrument of ratification or accession, this Convention shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article XIII

1. Any Contracting State may denounce this Convention by a written notification to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation shall

einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

2. Hvert ríki sem hefur gefið út yfirlýsingu eða tilkynningu skv. 10. gr., getur hvenær sem er eftir það lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að samningur þessi skuli ekki lengur gilda um viðkomandi landsvæði einu ári eftir þann dag er tilkynningunni er veitt viðtaka.

3. Samningur þessi skal gilda áfram um gerðardómsúrskurði hafi málsmeðferð til viðurkenningar eða fullnustu þeirra hafist áður en uppsögn tekur gildi.

14. gr.

Samningsríki skal ekki heimilt að bera fyrir sig samning þennan gagnvart öðrum samningsríkjum nema að því marki sem það er sjálft bundið af samningnum.

15. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna þeim ríkjum sem getið er um í 8. gr. um eftirfarandi:

a. undirritanir og fullgildingar skv. 8. gr.;

b. aðild skv. 9. gr.;

c. yfirlýsingar og tilkynningar skv. 1., 10. og 11. gr.;

d. gildistökudag samnings þessa skv. 12. gr.;

e. uppsagnir og tilkynningar skv. 13. gr.

16. gr.

1. Samningi þessum, en textar hans á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal komið í vörslu skjalasafns Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfest afrit af samningi þessum til þeirra ríkja sem getið er um í 8. gr.

take effect one year after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

2. Any State which has made a declaration or notification under article X may, at any time thereafter, by notification to the Secretary-General of the United Nations, declare that this Convention shall cease to extend to the territory concerned one year after the date of the receipt of the notification by the Secretary-General.

3. This Convention shall continue to be applicable to arbitral awards in respect of which recognition and enforcement proceedings have been instituted before the denunciation takes effect.

Article XIV

A Contracting State shall not be entitled to avail itself of the present Convention against other Contracting States except to the extent that it is itself bound to apply the Convention.

Article XV

The Secretary-General of the United Nations shall notify the States contemplated in article VIII of the following:

(a) Signatures and ratifications in accordance with article VIII;

(b) Accessions in accordance with article IX;

(c) Declarations and notifications under articles I, X and XI;

(d) The date upon which this Convention enters into force in accordance with article XII;

(e) Denunciations and notifications in accordance with article XIII.

Article XVI

1. This Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts shall be equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit a certified copy of this Convention to the States contemplated in article VIII.

414. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 sem gerðir voru í London 9. nóvember 2001:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002.
2. Bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.
3. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.
4. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002.
5. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 sem gerðir voru í London 9. nóvember 2001: 1. sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002; 2. bókun milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002; 3. samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002; 4. samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002; og 5. samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari, bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal II, samningurinn við Færeyjar sem fylgiskjal III, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal IV og samkomulagið við Rússneska sambandsríkið sem fylgiskjal V.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða kvóta.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Aðilar hafa síðan samið árlega um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Á fundi aðila í London 5.–9. nóvember 2001 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir, sbr. sameiginlega bókun aðila, fylgiskjal I, og er því óbreytt frá árinu 2001. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 6.800 lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal II. Aflinn skiptist milli aðila í sömu hlutföllum og verið hefur og koma í hlut Íslands 132.080 lestir, í hlut Evrópubandalagsins 71.260 lestir, í hlut Færeyja 46.420 lestir, í hlut Noregs 484.500 lestir og í hlut Rússlands koma 115.740 lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Í samningi milli Íslands og Færeyja er kveðið á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða allan sinn hlut í lögsögu hins með sama hætti og á undanförnum árum, sbr. fylgiskjal III.

Samkvæmt tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs fá íslensk skip áfram ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 5.900 lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögunni við meginland Noregs. Norsk skip fá heimild til að veiða allt að 94.200 lestir í íslenskri lögsögu á árinu 2002, sbr. fylgiskjal IV. Samkvæmt samningi milli Íslands og Rússlands er rússneskum skipum veitt heimild til að veiða allt að 3.700 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal V.

Við ákvörðun heildaraflamarks er nú í fyrsta skipti byggt á þeirri nýtingarstefnu sem aðilar samþykktu haustið 1999 að fylgt skyldi við stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Heildaraflamarkið er jafnframt í samræmi við tillögu ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Sameiginlegu bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2002. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið.

Fylgiskjal I.

SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Ole Tougaard, sendinefnd Færeyja undir forystu Andras Kristiansen, sendinefnd Íslands undir forystu Tómasar H. Heiðar, sendinefnd Noregs undir forystu Johán H. Williams og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Yuri Arsentjev hittust í London 5.–9. nóvember 2001 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Þessi fundur var í framhaldi af fundi sem haldinn var í Harstad 15.–17. október 2001.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Enn fremur komu þeir sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það endurskoðaða fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2002 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í London 9. nóvember 2001 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins
Ole Tougaard

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Íslands
Tómas H. Heiðar

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Yuri Arsentjev

AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the North-East Atlantic for 2002

1. A Delegation of the European Community, headed by Mr. Ole Tougaard, a Delegation of the Faroe Islands, headed by Mr. Andras Kristiansen, a Delegation of Iceland, headed by Mr. Tómas H. Heiðar, a Delegation of Norway, headed by Mr. Johán H. Williams, and a Delegation of the Russian Federation, headed by Mr. Yuri Arsentjev, met in London on 5–19 November 2001 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2002. This meeting was a continuation of a meeting held in Harstad on 15–17 October 2001.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2002 set out in Annex I to this Agreed Record. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the revised long-term management arrangement set out in Annex II.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2002 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Done at London 9 November 2001 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

For the Delegation of the European Community
Ole Tougaard

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras Kristiansen

For the Delegation of Iceland
Tómas H. Heiðar

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Yuri Arsentjev

I. VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum verði 851.500 lestir á árinu 2002.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 við 850.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	71.260 lestir*
Færeyjar	46.420 lestir*
Ísland	132.080 lestir
Noregur	484.500 lestir
Rússneska sambandsríkið	115.740 lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

4. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til ICES:

Þess er óskað að ICES láti í té upplýsingar um ástand stofnsins eins og gert er ráð fyrir í viðauka við gagnkvæma bókun ICES og NEAFC. Enn fremur er þess óskað að ICES láti í té aflaspá fyrir árið 2003 og að miðað verði við fiskveiðidánarstuðla á bilinu F = 0,08–0,15, meðal annars F = 0,125.

Þess er einnig óskað að ICES meti líkindi þess að hrygningarstofninn verði minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn og B_{lim} sem er 2.500.000 tonn á 5 og 10 ára tímabili miðað við mismunandi þunga sókn sem helst óbreytt út tímabilið, að því tilskildu að hrygningarstofninn sé stærri en B_{pa}. Prófa skal sókn sem miðast meðal annars við fiskveiðidánarstuðlana F = 0,05, 0,08, 0,10, 0,125, 0,15 og 0,2.

Að því er hverja þessara aflaspáa varðar er þess óskað að ICES meti væntanlegt meðaltal hlutfallslegra breytinga á afla frá ári til árs og væntanlegan meðalafla á sama 10 ára tímabili.

ICES skal einkum halda áfram að meta breytilegar aðferðir til að endurreisa hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn, þar á meðal skal meta kosti þess að fiskveiðidánarstuðullinn lækki í sama hlutfalli og hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa}. Markmið hinna ýmsu aðferða við að endurreisa stofninn skulu leiða til þess að miklar líkur verði á því að komið verði í veg fyrir að stofninn verði minni en B_{lim} og tryggja að hann stækki á ný upp fyrir B_{pa} innan fyrirsjáanlegra tímamarka.

Þess er óskað að ICES láti þessar upplýsingar í té fyrir 15. september 2002.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 2.580 lestum.

ANNEX I

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, hereinafter referred to as herring, of 851,500 tonnes in 2002.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 2002 to a maximum limit of 850,000 tonnes on the basis of the following quotas:

European Community	71,260 tonnes*
Faroe Islands	46,420 tonnes*
Iceland	132,080 tonnes
Norway	484,500 tonnes
Russian Federation	115,740 tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

4. The Parties agreed to submit the following request to ICES:

ICES is requested to provide information about the stock development in accordance with the Annex of the Memorandum of Understanding with NEAFC. Furthermore, it should provide catch options for 2003 based on fishing mortalities in the range F = 0.08 to 0.15 including F = 0.125.

ICES should evaluate the probability that the SSB will fall below B_{pa} of 5,000,000 tonnes and B_{lim} of 2,500,000 tonnes in a 5 and 10-year period at various levels of constant fishing mortalities while the SSB is above B_{pa}, including values in the range of F = 0.05, 0.08, 0.10, 0.125, 0.15, 0.2.

For each of these combinations, evaluate the expected average percentage change in catches from year to year and the expected average catches over the same ten-year period.

ICES should particularly continue to evaluate adaptive recovery strategies, including an option with linear reduction in F, in the event SSB falls below B_{pa} of 5,000,000 tonnes. The strategies should aim at preventing the SSB from falling below B_{lim} with a high probability and ensure the safe recovery of the stock to above B_{pa} at various time horizons.

ICES is requested to provide this information before 15 September 2002.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 2,580 tonnes.

II. VIÐAUKI
Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (B_{lim}) 2.500.000 tonnum.

2. Að því er árið 2002 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.

3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls frá 0,125 við B_{pa} (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við B_{lim} (2.500.000 tonn).

4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

ANNEX II
Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level of Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (B_{lim}) of 2,500,000 tonnes.

2. For the year 2002 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.

3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality rate from 0.125 at B_{pa} (5,000,000 tonnes) to 0.05 at B_{lim} (2,500,000 tonnes).

4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Með vísan til liðar 2.1 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002 sem undirrituð var í dag.

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in 2002

With reference to Article 2.1 of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring in the Northeast Atlantic, and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2002 signed today.

Rússneska sambandsríkið skal láta 6.800 lestir af kvóta sínum á árinu 2002 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í London 9. nóvember 2001 í fjórum frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Íslands
Tómas H. Heiðar

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Yuri Arsentjev

The Russian Federation shall reserve, for conservation purposes, 6,800 tonnes of its quota for 2002 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at London 9 November 2001 in four originals in English.

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras Kristiansen

For the Delegation of Iceland
Tómas H. Heiðar

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Yuri Arsentjev

Fylgiskjal III.

Samningur
milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Ísland og Færeyjar
vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í London 9. nóvember 2001

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum að veiða 46.420 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum að veiða 132.080 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

2. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Semja
millum Føroyar og Ísland um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2002.

Føroyar og Ísland,
vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2002 millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í London 9. november 2001,
hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða 46.420 tons av várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

Føroyar loyva íslendskum fiskiførum at veiða 132.080 tons av várgýtandi norðurhavssild á føroyskum fiskiøki undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

2. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða norðurhavssild á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týdningi.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

3. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

4. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í London 9. nóvember 2001 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:	Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Tómas H. Heiðar	*Andras Kristiansen*

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøki, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd áðrenn komu á økið og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp.

3. gr.

Til tess at tryggja skipaða veiðu kunnu føroyskir myndugleikar avmarka talið av íslendskum skipum sum veiða í senn í føroyskum sjógvi til 25 skip og íslendskir myndugleikar avmarka talið av føroyskum skipum sum veiða í senn á íslendska búskaparøkinum til 8 skip.

4. gr.

Henda avtala hevur ikki fordømisgildi fyri semjur partanna millum í framtíðini.

Gjørd í London 9. november 2001 í tveimum eintøkum, onnur á føroyskum og hin á íslendskum.

Vegna føroysku sendinevndina:	Vegna íslendsku sendinevndina:
Andras Kristiansen	*Tómas H. Heiðar*

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2002.

Í samræmi við 3. tölul. I. viðauka við sameiginlega bókun frá 9. nóvember 2001 um niðurstöður fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 2002 heimilt að veiða allt að 132.080 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 5.900 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on Access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 2002

In accordance with paragraph 3 of Annex I to the Agreed Record dated 9 November 2001 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2002, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2002 to fish 132,080 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N, of which a maximum of 5,900 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 94.200 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 9. nóvember 2001.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Tómas H. Heiðar

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Johán H. Williams

Norwegian fishing vessels are granted access in 2002 to fish 94,200 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London 9 November 2001.

For the Icelandic Delegation:
Tómas H. Heiðar

For the Norwegian Delegation:
Johán H. Williams

Fylgiskjal V.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002.

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002, sem undirrituð var í dag af Evrópubandalaginu, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Rússneska sambandsríkinu, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2002 allt að 3.700 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands austan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N–09°00'V
B. 67°00'N–09°00'V
C. 69°25'N–13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna Fiskistofu Íslands fyrir fram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Fjöldi þeirra fiskiskipa, sem tilkynnt eru, skal ekki vera meiri en 20. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en Fiskistofa Íslands hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau

ARRANGEMENT
between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 2002

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2002, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2002 to take up to 3,700 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone east of a line drawn between the following points:

A. 64°00'N–09°00'W
B. 67°00'N–09°00'W
C. 69°25'N–13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Directorate of Fisheries in Iceland in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. The total number of fishing vessels notified shall not exceed 20. They are not authorised to commence fishing until the Directorate of Fisheries in Iceland has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Eco-

eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

nomic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

London, 9. nóvember 2001.

Fyrir hönd sendinefndar Íslands:
Tómas H. Heiðar

Fyrir hönd sendinefndar Rússneska sambandsríkisins:
Yuri Arsentjev

London, 9 November 2001.

For the Delegation of Iceland:
Tómas H. Heiðar

For the Delegation of the Russian Federation:
Yuri Arsentjev

415. Skýrsla [328. mál]

fjármálaráðherra um þróun lífeyrismála 1998–2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. INNGANGUR

A. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Árið 1997 samþykkti Alþingi ný lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 – lífeyrislögin. Með lögunum var í fyrsta sinn sett heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Þar er að finna ákvæði um skyldu launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til þess að tryggja sér tiltekin lífeyrisréttindi, ákvæði um iðgjaldsstofn, ítarleg ákvæði um hvaða lágmarksréttindi lífeyrissjóðum ber að veita sjóðfélögum og öðrum rétthöfum á grundvelli greiddra iðgjalda og ákvæði um eftirlit ríkisskattstjóra með því að iðgjöld séu greidd. Í lögunum eru einnig reglur um starfsemi lífeyrissjóða svo sem um hæfi stjórnenda, innra eftirlit, úttekt á greiðsluhæfi sjóðanna, fjárfestingar, gerð ársreikninga og eftirlit með starfsemi sjóðanna. Þá er það nýmæli í lögunum að settar eru sérstakar reglur um lífeyrissparnað sem veitir einstaklingum möguleika á að mynda viðbótarlífeyrissparnað í formi bundinna innláns- eða verðbréfareikninga og/eða með kaupum á tryggingum.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laganna og veitir lífeyrissjóðum starfsleyfi, en eftirlit með starfsemi sjóðanna er í höndum Fjármálaeftirlitsins.

B. Ákvæði um úttekt á þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laganna.

Með ákvæði nr. II til bráðabirgða við lífeyrislögin var mælt fyrir um að fjármálaráðherra skyldi á árinu 2001 láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laganna. Í skýrslunni skyldi sérstaklega fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr. laganna. Í því sambandi var tekið fram að eitt af markmiðum laganna væri að auka val-

möguleika sjóðfélaganna. Í tilvitnaðri 4. gr. lífeyrislaganna er skilgreind sú lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóðum ber að tryggja jafnframt því sem lífeyrissjóðum er heimilað að ákveða lágmark tryggingaverndarinnar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II. kafla laganna og að hluta til í sameign skv. III. kafla laganna.

Loks var tekið fram í bráðabirgðaákvæðinu að komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. skuli fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp til laga um breytingu á lögunum þannig að þetta markmið þeirra náist.

II. UPPBYGGING LÍFEYRISRÉTTINDA

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt lífeyrislaganna. Einkum er lögð áhersla á að greina hvaða valmöguleikar standa einstaklingum til boða varðandi öflun lífeyrisréttinda og hvort þau markmið laganna, að auka möguleika þeirra á að mynda lágmarkstryggingavernd sína með samþættingu samtryggingar og séreignar, hafi náðst. Í viðauka I eru skilgreiningar á nokkrum mikilvægum hugtökum um lífeyrismál en í viðaukum II og III eru töflur yfir starfandi lífeyrissjóði þar sem fram koma margvíslegar upplýsingar um réttindakerfi sjóðanna. Í viðauka IV er yfirlit yfir skiptingu lífeyrisréttinda í séreign og í viðauka V er yfirlit yfir skiptingu eigna lífeyrissjóðanna og vörsluaðila lífeyrissparnaðar eftir réttindakerfum.

Áður en fjallað verður nánar um mat á réttindaávinnslukerfum lífeyrissjóðanna er gerð lausleg grein fyrir þeim ákvæðum lífeyrislaganna sem lúta að réttindaávinnslu.

A. Lágmarkstryggingavernd.

Í 1. mgr. 2. gr. lífeyrislaganna er mælt fyrir um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða skuli vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði eldri laga um sama efni[1]. Hins vegar var með lífeyrislögunum lögfest í fyrsta sinn skilgreining á þeirri lágmarkstryggingavernd sem hver lífeyrissjóður skal tryggja sjóðfélögum sínum, sbr. 4. gr. lífeyrislaganna. Þar er mælt fyrir um að lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir, miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds, skuli fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst og 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings samkvæmt lögunum. Það svarar til réttindaávinnslu sem nemur 1,4% af iðgjaldsstofni fyrir hvert ár. Einnig skal lágmarkstryggingavernd fela í sér að jafnað sé milli sjóðfélaga kostnaði vegna maka- og barnalífeyris samkvæmt ákvæðum laganna.

Hverjum lífeyrissjóði ber að starfrækja samtryggingadeild, og eftir atvikum séreignadeild fyrir bundna séreign[2], sem veiti að lágmarki réttindi til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris eins og þau eru nánar skilgreind í III. kafla lífeyrislaganna. Lífeyrissjóði ber að tilgreina í samþykktum sínum það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir.

---

[1] Sbr. 4. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

[2] Þ.e. þegar lífeyrissjóður býður upp á lágmarkstryggingavernd í formi samþættingar á samtryggingu og séreign.

B. Samþætting séreignar og samtryggingar.

Eins og að framan greinir er lífeyrissjóðum veitt heimild til að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign (þ.e. hefðbundin samtrygging sem veitir rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris) og að hluta til öflunar réttinda í séreign (þ.e. þeir fjármunir sem ráðstafað er í séreign renna óskiptir til viðkomandi einstaklings eða aðstandenda hans), sbr. 4. gr. lífeyrislaganna.

C. Viðbótartryggingavernd.

Til viðbótar lágmarkstryggingavernd getur sjóðfélagi svo áunnið sér viðbótartryggingavernd, allt eftir því hve hátt iðgjald hans til öflunar lífeyrisréttinda er.

D. Lífeyrissparnaður.

Í samræmi við II. kafla lífeyrislaganna er einstaklingum og sjálfstætt starfandi aðilum heimilt að gera samning um lífeyrissparnað við vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Slíkur sparnaður getur eftir atvikum falist í:

a) séreignarhluta iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar,
b) þeim hluta lágmarksiðgjalds sem er umfram iðgjald til lágmarkstryggingaverndar,
c) viðbótarframlagi samkvæmt ákvörðun rétthafa.

E. Ráðstöfun iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda — Aðild að lífeyrissjóði.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. lífeyrislaganna skal aðild að lífeyrissjóði fara eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein eða sérlögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi einstaklingur sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal ávallt tiltaka í skriflegum ráðningarsamningi. Reyndin er sú að í flestum tilvikum er mælt fyrir um skylduaðild launamanna að tilteknum lífeyrissjóði í kjarasamningum.

Þegar um skylduaðild að lífeyrissjóði er að ræða skal starfsmaður greiða það iðgjald til sjóðsins sem mælt er fyrir um í samþykktum hans sem er þá efnislega samhljóða ákvæði þess kjarasamnings sem mælir fyrir um aðild að viðkomandi lífeyrissjóði. Í þeim tilvikum þegar starfskjör eru ekki ákvörðuð í kjarasamningum er iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda ákveðið í ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Hverjum launamanni og sjálfstætt starfandi einstaklingi ber þó ávallt að greiða að lágmarki 10% af launatekjum sínum í lífeyrissjóð sem hefur starfsleyfi fjármálaráðherra[3]. Sé ekki á annan hátt mælt fyrir um í kjarasamningum eða sérlögum, getur einstaklingur skipt iðgjaldi sínu á fleiri en einn lífeyrissjóð.

Í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður skilgreinir samþættingu lágmarkstryggingaverndar þannig að hluti hennar byggir á bundinni séreign sjóðfélaga er sjóðfélögum heimilt að ráðstafa þeim hluta sem varið er í bundna séreign til annars aðila en viðkomandi lífeyrissjóðs[4]. Það sama gildir um viðbótartryggingaverndina, þ.e. þann hluta iðgjalds sem er

---

[3] Iðgjaldsstofn er skilgreindur í 3. gr. lífeyrislaganna.

[4] Þegar bundin séreign er greidd út er hún greidd út eftir reglum þess sjóðs sem tók við iðgjaldi til öflunar lágmarkstryggingaverndar í sameign, jafnvel þó séreignarhluti sameignarinnar hafi verið vistaður annars staðar.

umfram það sem þarf til að uppfylla lágmarkstryggingavernd eins og hún er skilgreind hjá viðkomandi lífeyrissjóði[5].

F. Dæmi um ráðstöfun iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda.

Samkvæmt lífeyrislögunum getur skipting iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda verið með ýmsum hætti. Almennt má þó segja að lífeyrissjóðirnir fari að meginstefnu til tvær leiðir í þessum efnum. Hér er gerð grein fyrir því með hvaða hætti flestir lífeyrissjóðirnir skipta 10% lágmarksiðgjaldinu.

i) Iðgjaldi alfarið ráðstafað til samtryggingardeilda.

Í langflestum sjóðum með skylduaðild er öllu lágmarksiðgjaldinu varið til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu. Sjóðfélagar ávinna sér þannig hlutdeild í samtryggingardeild viðkomandi lífeyrissjóðs. Eðli samtryggingadeildar er það að ekki eru bein tengsl á milli framlags til öflunar lífeyrisréttinda og þess sem sjóðfélagi, eða eftir atvikum maki hans eða börn, fá greitt í lífeyri. Það byggir á því að sjóðfélaga er tryggður ellilífeyrir til æviloka og eftir atvikum réttur til framreiknings vegna örorku. Þá er kostnaður samtryggingadeildar vegna maka- og barnalífeyris borinn sameiginlega af sjóðfélögum án tillits til þess hvort þeir eigi maka eða börn.

Flestir lífeyrissjóðirnir sem fara þessa leið byggja á stigakerfi, þ.e. sjóðfélagi ávinnur sér rétt til lífeyris án tillits til aldurs þegar hann greiðir iðgjald til sjóðsins. Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða hins vegar upp á aldurstengdar deildir. Í þeim deildum er réttindaöflunin háð aldri sjóðfélagans þ.e. hún fer eftir því hversu lengi iðgjaldið verður í ávöxtun hjá viðkomandi lífeyrissjóði. Þá byggja lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóður bankamanna að hluta til á hlutfallsdeildum (sbr. B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins), þ.e. þá vinna sjóðfélagar sér inn réttindi sem eru hlutfall af launum þeirra[6].

ii) Lágmarkstryggingavernd samþætt úr samtryggingu og bundinni séreign.

Nokkrir lífeyrissjóðir bjóða upp á samþættingu lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu og séreign.

Með samþættingu í séreign og samtryggingu er átt við að iðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda er að hluta til ráðstafað í samtryggingadeild og að hluta í séreignardeild (svo kallaða bundna séreign). Þegar til greiðslu lífeyris kemur fær sjóðfélagi bæði greiðslu úr samtryggingadeild og af séreign sinni sem samanlagt tryggja honum lágmarkstryggingu eins og hún er skilgreind af viðkomandi lífeyrissjóði. Í þeim tilvikum sem sjóðfélagi fellur frá áður en hann hefur fengið greidda út alla séreign sína fellur hún til erfingja hans og skiptist eftir ákvæðum erfðalaga.

Ef ekki reynist nauðsynlegt að verja öllu lágmarksiðgjaldinu, þ.e. 10%, til öflunar lágmarkstryggingaverndar, er því sem umfram er varið í frjálsa séreign skv. II. kafla lífeyrislaganna.

---

[5] Þeir aðilar sem hér um ræðir eru svokallaðir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar, og hafa þeir heimild fjármálaráðherra til að gera samninga um viðbótartryggingavernd og/eða lífeyrissparnaðar (séreignarsparnaðar). Þeir aðilar sem geta fengið slíkt leyfi eru viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir, sbr. 3. mgr. 8. gr. lífeyrislaganna.

[6] Það er nokkuð misjafnt eftir atvikum hver viðmiðunarlaunin eru, ýmist þau laun sem sjóðfélagi greiðir af, hæstu laun hans á tilteknu tímabili eða þau laun sem hann var á við starfslok (þau eru þá hækkuð samkvæmt launum síðari eftirmanna eða samkvæmt launavísitölu).

III. GREINING LÍFEYRISSJÓÐANNA

A. Flokkun lífeyrissjóða.[7]

Í viðaukum II og III við skýrslu þessa eru yfirlit yfir starfandi lífeyrissjóði. Þar kemur fram að í árslok 2000 höfðu 56 lífeyrissjóðir starfsleyfi fjármálaráðherra. Af þeim tóku 45 sjóðir enn við iðgjöldum. Þar af buðu 7 upp á lágmarkstryggingavernd í formi samþættingar séreignar og samtryggingar en 38 höfðu lágmarkstrygginguna alfarið í samtryggingu. Þá buðu 26 lífeyrissjóðir upp á samning um lífeyrissparnað. Að auki buðu 34 aðrir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar en lífeyrissjóðir upp á lífeyrissparnað (þ.e. bankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og líftryggingafélög).

Yfirlit yfir skiptingu á lífeyrissjóðunum (ítarlegri sundurliðun er í viðaukum II og III):

Starfandi lífeyrissjóðir	56
Lífeyrissjóðir sem taka á móti iðgjöldum	45
Lífeyrissjóðir sem taka á móti iðgjöldum, og eru með lágmarkstryggingavernd alfarið í samtryggingu	38
Lífeyrissjóðir sem bjóða upp á samþættingu lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu og séreign	7
Lífeyrissjóðir sem bjóða upp á lífeyrissparnað	26
Lífeyrissjóðir með stigakerfi og jafna réttindaávinnslu	35
Lífeyrissjóðir með hlutfallskerfi	17
Lífeyrissjóðir með aldurstengt kerfi	12

Eins og fram hefur komið varð sú breyting með lífeyrislögunum að nú ber öllum lífeyrissjóðum að veita sjóðfélögum sínum tiltekna lágmarkstryggingavernd miðað við tilteknar forsendur[8]. Þau lágmarksréttindi sem sjóðunum ber að veita eru útfærð í III. kafla lífeyrislaganna.

Almennt má segja að þeir lífeyrissjóðir sem skylduaðild var að við gildistöku laganna, og byggðu réttindaávinnslu eingöngu á samtryggingu, hafi ekki gert breytingar á réttindakerfum sínum. Þeir séreignarlífeyrissjóðir sem störfuðu fyrir gildistöku laganna og byggðu réttindaávinnslu sína á séreign hafa nú tekið upp samtryggingardeildir í samræmi við ákvæði lífeyrislaganna. Réttindaávinnslu þessara sjóða er hins vegar þannig háttað að þeir bjóða sjóðfélögum sínum upp á lágmarkstryggingavernd með samþættingu samtryggingar og séreignar.

---

[7] Rétt er að taka fram að í skýrslu þessari byggist flokkun lífeyrissjóða og samanburður á réttindakerfum þeirra á hreinni eign þeirra til greiðslu lífeyris samkvæmt ársreikningabókum lífeyrissjóða sem teknar eru saman af Fjármálaeftirlitinu. Það er sú leið sem almennt er farin við samanburð á lífeyrissjóðunum. Nokkuð önnur niðurstaða fengist ef miðað væri við áfallnar skuldbindingar sjóðanna vegna þess að skuldbindingar þeirra sjóða sem njóta bakábyrgðar vinnuveitanda (ríkis, sveitarfélaga eða banka) eru ekki að fullu sjóðmyndaðar. Til að gefa nokkra mynd af þeim áhrifum sem þetta hefur má nefna að hrein eign Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til greiðslu lífeyris í árslok 2000 var 76 milljarðar kr. en áfallnar skuldbindingar sjóðsins námu 272 milljörðum kr. Það skal þó tekið farm að hér eru um langstærsta lífeyrissjóðinn að ræða þannig að áfallnar skuldbindingar annarra lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar vinnuveitanda og eru ekki að fullu sjóðmyndaðar eru mun lægri. Þrátt fyrir að þessi flokkun sjóðanna gefi talsvert aðra mynd af lífeyriskerfinu en ef miðað er við hreina eign sjóðanna til greiðslu lífeyris er farin sú leið að miða við hina hefðbundnu flokkun til þess að auðvelda samanburð við aðrar úttektir.

[8] Sjá skilgreiningu á lágmarkstryggingavernd í viðauka I.

Miðað við eignir lífeyrissjóða í árslok 2000 voru eignir þeirra sjóða sem bjóða lágmarkstryggingavernd í formi samþættingar séreignar og samtryggingar 6,32% af hreinni eign allra lífeyrissjóða en hrein eign þeirra sjóða sem mynda lágmarkstryggingaverndina alfarið í samtryggingu var 93,68%. Hrein eign sjóða sem hættir voru að taka við iðgjöldum var 1,67% af hreinni eign lífeyrissjóða.

Hvað aldurstengda réttindaávinnslu varðar má geta þess að 12 lífeyrissjóðir hafa tekið upp deildir með aldurstengdri réttindaávinnslu. Þar af eru þrír lífeyrissjóðir sem skylduaðild er að, tveir faggreinasjóðir með frjálsa aðild, og 6 lífeyrissjóðir sem byggja á frjálsri aðild sem eru stofnaðir og reknir af verðbréfafyrirtækjum. Einnig býður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga upp á aldurstengda réttindaávinnslu í valdeild sjóðsins. Yfirlit yfir þá lífeyrissjóði sem bjóða upp á aldurstengda réttindaávinnslu er í viðauka II.

B. Lífeyrisréttindi í séreign.

Alls buðu 60 aðilar upp á samninga um lífeyrissparnað í árslok 2000, 26 lífeyrissjóðir, 3 bankar, 24 sparisjóðir, 5 verðbréfafyrirtæki og 2 líftryggingafélög.

Þar sem skammt eru um liðið síðan farið var að bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað er nokkrum örðugleikum háð að meta með hvaða hætti slíkur sparnaður mun hafa áhrif á myndun lífeyrisréttinda einstaklinga þegar til lengri tíma er litið. Til þess að gefa nokkra mynd af stöðunni má þó geta þess að samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins var innstæða á reikningum fyrir lífeyrissparnað hjá vörsluaðilum lífeyrissparnaðar um 3,9 milljarðar kr. í árslok 2000 á móti 1,6 milljörðum kr. í lok árs 1999 og hafði því vaxið um 144% á milli ára. Á sama tíma óx hrein eign lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar um u.þ.b. 10% eða úr 518 milljörðum í 568 milljarða. Hrein eign til greiðslu lífeyrissparnaðar var 0,30% af hreinni eign lífeyriskerfisins í árslok 1999 en hafði vaxið í um 0,68% í árslok 2000. Þegar lífeyrisréttindi í formi lífeyrissparnaðar eru metin sem hlutfall af eignum almenna lífeyriskerfisins ber að hafa í huga að eignir almenna lífeyriskerfisins hafa byggst upp á rúmum þremur áratugum en samningar um lífeyrissparnað hafa einungis verið í boði frá ársbyrjun 1999.

Þá töldu, samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra, um 32.500 framteljendur fram greiðslur til lífeyrissparnaðar árið 1999, samtals um kr. 1,4 milljarðar, en heildarfjöldi framteljenda var þá um 217 þúsund einstaklingar. Árið 2000 töldu hins vegar um 46.800 einstaklingar fram greiðslur til lífeyrissparnaðar, samtals um kr. 2,5 milljarða, en þá varð heildarfjöldi framteljanda um 221 þúsund einstaklingar. Fjöldi þeirra sem töldu fram greiðslur í lífeyrissparnað óx þannig um tæp 45% á milli ára og fjárhæð greidd til lífeyrissparnaðar hækkaði um tæp 79%. Iðgjöld til lífeyrissparnaðar sem hlutfall af heildariðgjöldum til lífeyrissjóða var um 3,2% árið 1999 en hækkaði í 5,1% árið 2000[9].

Með hliðsjón af þessu og öðrum fyrirliggjandi gögnum má gera ráð fyrir að hlutfall lífeyrissparnaðar í heildareign lífeyriskerfisins eigi eftir að halda áfram að vaxa á næstu árum.

---

[9] Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningabókum Fjármálaeftirlitsins voru greidd iðgjöld til lífeyrissjóða um 45 milljarðar árið 1999 og 49 milljarðar árið 2000 (ósundurgreind samtala fyrir lágmarksiðgjald og lífeyrissparnað). Ekki eru aðgengilegar upplýsingar um fjárhæð iðgjalda til vörsluaðila lífeyrissparnaðar, annarra en lífeyrissjóða (þ.e. banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og líftryggingarfélaga).

IV. SAMEINING LÍFEYRISSJÓÐA

Frá því að lífeyrislögin voru samþykkt hafa níu lífeyrissjóðir sameinast öðrum lífeyrissjóðum. Því til viðbótar hafa nokkrir sveitarfélagasjóðir falið Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga rekstur sjóðanna. Einnig hefur nokkur þróun orðið í þá átt að verðbréfafyrirtæki hafa tekið að sér daglegan rekstur lífeyrissjóða.

Yfirlit yfir sameiningu lífeyrissjóða:

- Lífeyrissjóður Félags íslenskra leikara sameinaðist lífeyrissjóðnum Einingu.
- Lífeyrissjóður leigubifreiðastjóra sameinaðist Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.
- Lífeyrissjóður starfsmanna Sjóvátryggingafélags Íslands sameinaðist Lífeyrissjóði verslunarmanna.
- Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja sameinaðist lífeyrissjóðnum Einingu.
- Lífeyrissjóður blaðamanna sameinaðist Lífeyrissjóði verslunarmanna.
- Lífeyrissjóður Félags íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli sameinaðist lífeyrissjóðnum Einingu.
- Lífeyrissjóður KEA sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands.
- Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands.
- Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík sameinaðist Lífeyrissjóði Suðurnesja.

V. NIÐURSTAÐA

A. Almennt.

Með samþykkt lífeyrislaganna varð umtalsverð breyting á starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða. Í samþykktum sem sjóðirnir hafa sett sér í samræmi við ákvæði laganna er, innan þess svigrúms sem lífeyrislögin heimila, mælt fyrir um iðgjald til lágmarkstryggingaverndar, réttindi sjóðfélaga, rekstur sjóðanna, hlutverk stjórnenda þeirra, fjárfestingastefnu og innra eftirlit með starfseminni.

Öllum lífeyrissjóðum ber nú að gera tryggingafræðilega úttekt árlega þar sem staða sjóðanna er metin með tilliti til getu þeirra til að standa við framtíðarskuldbindingar sínar. Í þeim tilvikum sem sjóður á eignir umfram skuldbindingar eða fyrirsjáanlegt er að hann geti ekki staðið við framtíðarskuldbindingar sínar ber honum að grípa til tiltekinna ráðstafana[10]. Með því er komið í veg fyrir að greiðsluvandi sjóðanna verði óviðráðanlegur eða eftir atvikum að hann safni eignum langt umfram skuldbindingar.

Eins og fram hefur komið er í lífeyrislögunum og samþykktum fyrir lífeyrissjóði mælt fyrir um fjárfestingastefnu lífeyrissjóða. Markmiðið með þessum reglum er að stuðla að því að sjóðirnir nái góðri og tryggri ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Í því skyni að auka svigrúm sjóðanna til að nýta þau fjárfestingatækifæri sem þeir meta hagstæðust fyrir sjóðina á hverjum tíma voru heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga í einstökum flokkum verðbréfa og erlendum gjaldmiðlum rýmkaðar nokkuð með lögum nr. 56/2000. Frá gildistöku lífeyrislaganna hefur orðið veruleg breyting á samsetningu eignarsafns lífeyrissjóðanna í þá veru að nú er lögð aukin áhersla á fjárfestingar í hlutabréfum sem og erlendum verðbréfum. Núverandi ákvæði um fjárfestingar veita lífeyrissjóðunum verulegt svigrúm til þess að haga samsetningu eignasafna sinna með þeim hætti að góðri ávöxtun verði náð að

---

[10] Sjá nánar 39. gr. lífeyrislaganna.

teknu tilliti til áhættu. Reglur um fjárfestingar lífeyrissjóða eru hins vegar þess eðlis að þær þarf að skoða í ljósi aðstæðna á hverjum tíma. Í skýrslu þessari er ekki fjallað sérstaklega um fjárfestingar lífeyrissjóða en bent skal á að ítarleg úttekt er gerð á fjárfestingum sjóðanna og ávöxtun þeirra í ársreikningabókum lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið tekur saman.

Eins og fram kemur í kafla IV hefur nokkuð verið um sameiningu lífeyrissjóða og samvinnu einstakra sjóða um rekstur sjóðanna. Í flestum tilvikum er þó um að ræða að fremur smáir sjóðir hafa sameinast stærri sjóðum. Sameining lífeyrissjóða er almennt til þess fallin að stuðla að hagkvæmari rekstri lífeyriskerfisins og auka möguleika sjóðanna á að nýta sér sérfræðiþekkingu við rekstur sjóðanna.

B. Samspil samtryggingar og séreignar.

i) Almennt.

Lífeyrissjóðir hafa almennt ekki farið þá leið að bjóða upp á lágmarkstryggingavernd með samþættingu samtryggingar og séreignar, sbr. upplýsingar í viðaukum II og III. Þannig bjóða einungis 7 af þeim 45 sjóðum sem taka við iðgjöldum upp á lágmarkstryggingavernd með þessum hætti. Af þessum 7 sjóðum eru 5 stofnaðir og reknir af verðbréfafyrirtækjum og 2 tiltölulega smáir starfsgreinasjóðir sem reknir eru af verðbréfafyrirtæki. Þá eru 12[11] sjóðir lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna. Loks eru það 26 sjóðir sem flestir byggja réttindaákvæði samþykkta sinna á grundvelli samnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál frá 1995.

Eins og að framan er rakið er í ákvæði nr. II til bráðabirgða við lífeyrislögin tekið fram að eitt af markmiðum laganna sé að auka valmöguleika sjóðfélaganna við myndun lífeyrissparnaðar, m.a. þannig að þeim verði gefið færi á að mynda hluta af lágmarkstryggingaverndinni í séreign. Þá segir að komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmörkum skv. 4. gr. laganna (þ.e. samþætting lágmarkstryggingaverndar í sameign og séreign) skuli fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögunum þannig að þetta markmið þeirra náist.

Meginmarkmiðið með 3. mgr. 4. gr. lífeyrislaganna var að stuðla að því að sjóðfélagar eigi kost á því að mynda hluta af lífeyrisréttindum sínum í séreign. Með því geta þeir tryggt að hluti áunninna lífeyrisréttinda þeirra renni beint til þeirra eða falli eftir atvikum til erfingja þeirra ef þeir hafa ekki nýtt þau að fullu fyrir andlát sitt.

Í kjölfarið á setningu lífeyrislaganna hefur orðið mikil þróun í lífeyrissparnaði einstaklinga og óhætt að fullyrða að þátttaka almennings í þessu formi lífeyrisréttinda er mun almennari en gert var ráð fyrir. Þar vega eflaust þungt þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem lúta að skattfrestun á framlagi til lífeyrissparnaðar,

---

[11] Eftirlaunasjóður starfsmanna Íslandsbanka er nokkuð frábrugðinn sveitarfélagasjóðunum þó hann njóti bakábyrgðar vinnuveitanda og er því ekki flokkaður með þeim hér.

ákvæði um mótframlag úr ríkissjóði (allt að 0,4% af launum)[12] og mótframlag vinnuveitenda samkvæmt kjarasamningum (allt að 2% af launum)[13].

Með því að nýta ákvæði lífeyrislaganna, skattalaga og ákvæði kjarasamninga um mótframlag vinnuveitanda getur launamaður varið því sem svarar til 16,4% af launum sínum til öflunar lífeyrisréttinda. Þar af greiðir launamaður sjálfur beint 8%, þ.e. 4% hefðbundið framlag til lágmarkstryggingarverndar og 4% sem hann getur varið í lífeyrissparnað. Á móti greiðir vinnuveitandi 6% mótframlag til lágmarkstryggingaverndar og 2% til lífeyrissparnaðar. Þá nemur mótframlag ríkissjóðs í formi lækkaðs tryggingagjalds allt að 0,4%.

Með því að nýta sér samninga um lífeyrissparnað geta launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar þannig hæglega byggt upp lífeyrissparnað sinn með þeim hætti að verulegur hluti hans sé myndaður í séreign þrátt fyrir að lágmarkstryggingaverndin sé alfarið í samtryggingu.

ii) Samantekt.

Eins og rakið hefur verið hér að framan er það eitt af markmiðum lífeyrislaganna að gefa sjóðfélögum í lífeyrissjóðum möguleika á að mynda hluta af lágmarkstryggingavernd sinni í séreign, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna og ákvæði II til bráðabirgða. Ljóst er að lífeyrissjóðirnir hafa almennt ekki farið þá leið að bjóða sjóðfélögum sínum upp á slíka samsetningu lágmarkstryggingarverndar. Þessu markmiði laganna hefur því ekki verið náð með þeim hætti sem stefnt var að. Hins vegar sýna tölur um hækkun inneignar á reikningum fyrir lífeyrissparnað að hlutur lífeyrissparnaðar í heildarsamsetningu lífeyrisréttinda vex hraðar en annars konar lífeyrisréttindi. Af því leiðir að sífellt hærra hlutfall lífeyrisréttinda sjóðfélaga er í séreign án þess að það hafi áhrif á framlag til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingarsjóðum.

Það er því meginniðurstaða þessarar skýrslu að almenn þátttaka í lífeyrissparnaði, mótframlag ríkisins og vinnuveitenda samhliða fjölbreyttu framboði af samningum um lífeyrissparnað hafi leitt til þess að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi nú almennt raunhæfan möguleika á því að byggja lífeyrissparnað sinn upp með samþættingu samtryggingar og séreignar, þrátt fyrir að það hafi gerst með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir við setningu lífeyrislaganna. Einnig er vert að hafa í huga að stutt reynsla er komin á framkvæmd laganna, eða frá 1. júlí 1998, og því viðbúið að lífeyrissjóðirnir hafi ekki að fullu lagað starfsemi sína að breyttu lagaumhverfi.

Það er því mat fjármálaráðherra að ekki sé ástæða til þess að gera sérstakar breytingar á lífeyrislögunum vegna ákvæðis nr. II til bráðabirgða við lífeyrislögin.

---

[12] Í kjölfar gildistöku lífeyrislaganna var lögum um tekjuskatt og eignarskatt breytt á þann veg að launamönnum var heimilað að greiða allt að 2% af skattskyldum tekjum í lífeyrissparnað án þess að af því væri reiknaður tekjuskattur. Samhliða því lagði ríkið til á móti 10% af framlagi launamanns, allt að 0,2% af skattskyldum launum hans. Útgreiðsla lífeyrissparnaðar er hins vegar skattlögð eins og almennar launatekjur. Frá fyrsta janúar 2001 var heimild til skattfrestunar hækkuð úr 2% í 4% og mótframlag ríkissjóðs hækkað úr 0,2% í 0,4%.

[13] Samkvæmt flestum kjarasamningum hefur verið samið um 2% mótframlag frá og með janúar 2002, er 1% fram til þess tíma.

VI. VIÐAUKAR

Viðauki I - Skilgreiningar.

Með lífeyrislögunum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra hafa verið skilgreind nokkur mikilvæg hugtök varðandi lífeyrismál. Til glöggvunar er gerð grein fyrir nokkrum þeirra hér:

- **Lágmarksiðgjald:** Iðgjald sem nemur a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni og ákveðið er í sérlögum, kjara- eða ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.
- **Lágmarkstryggingarvernd:** Sú tryggingarvernd sem lífeyrissjóður veitir samkvæmt lögum eða samþykktum sínum miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds.
- **Lífeyrissjóður:** Félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum I. til III. kafla lífeyrislaganna[14].
- **Lífeyrissparnaður:** Lífeyrissparnaður er í daglegu tali oft nefndur viðbótarlífeyrissparnaður eða séreignarsparnaður. Lífeyrissparnaður getur farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sparnaðartryggingu. Um hann gilda ákvæði II. kafla lífeyrislaganna.
- **Iðgjald til lágmarkstryggingarverndar:** Það iðgjald sem lífeyrissjóður reiknar að þurfi til að standa undir lágmarkstryggingarvernd.
- **Iðgjaldsstofn[15]:** Iðgjaldsstofn er að meginstefnu til sá sami og tekjuskattsstofn samkvæmt lögum um tekju og eignarskatt[16], þ.e. heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu.
- **Séreignarhluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar:** Sá hluti iðgjalds sem renna skal til séreignarmyndunar þegar lífeyrissjóður skilgreinir hluta lágmarkstryggingarverndar með séreignarréttindum.
- **Viðbótariðgjald:** Iðgjald umfram lágmarksiðgjald.
- **Viðbótartryggingarvernd:** Sú tryggingarvernd sem er umfram þá lágmarkstryggingarvernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu iðgjalds samkvæmt sérstökum samningi við vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
- **Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar:** Þeir aðilar sem heimild hafa skv. 3. mgr. 8. gr. lífeyrislaganna til að stunda starfsemi skv. II. kafla laganna og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd. Þessir aðilar eru lífeyrissjóðir, bankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og hafa starfsstöð hér á landi.

---

[14] Sbr. 2. mgr. 1. gr. lífeyrislaganna.
[15] 1. mgr. 2. gr. lífeyrislaganna.
[16] 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Viðauki II – Yfirlit yfir réttindakerfi lífeyrissjóða o.fl.

				Réttindaávinnslukerfi								
Fjárhæðir í þús. kr.	Hrein eign 31.12.2000	Hlutfall af hreinni eign	Stigakerfi	Hlutfallskerfi	Aldurshá kerfi	Lífeyris-sparnaður	Bakábyrgð	Tekur við iðgjöldum	Samþætting lágmarkstrv.	a
1 Lífeyrissjóður verslunarmanna	85.686.756	15,14%	1			1		1		
2 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	76.087.894	13,44%	1	1		1	1	1		
3 Lífeyrissjóðurinn Framsýn	48.084.460	8,49%	1			1		1		
4 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	42.083.354	7,43%	1		1	1		1		
5 Lífeyrissjóður sjómanna	41.161.796	7,27%	1			1		1		
6 Lífeyrissjóður Norðurlands	19.504.233	3,45%	1			1		1		
7 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	19.242.729	3,40%	1			1		1		
8 Lífeyrissjóður bankamanna	17.598.639	3,11%	1	1				1		
9 Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	16.277.233	2,88%	1			1		1		
10 Samvinnulífeyrissjóðurinn	15.604.177	2,76%	1		1	1		1		
11 Lífeyrissjóður Austurlands	13.854.583	2,45%	1			1		1		b
12 Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12.238.128	2,16%	1			1		1		
13 Lífeyrissjóður lækna	11.742.474	2,07%			1			1		
14 Lífeyrissjóður bænda	11.518.068	2,03%	1					1		
15 Lífeyrissjóður Suðurnesja	11.013.506	1,95%	1			1		1		b
16 Lífeyrissjóður verkfræðinga	10.643.355	1,88%			1	1		1		
17 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.045.949	1,77%	1			1		1		
18 Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8.862.557	1,57%			1	1		1	1	
19 Almennur lífeyrissjóður VÍB	8.503.536	1,50%			1	1		1	1	
20 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	7.504.773	1,33%		1			1	1		
21 Lífeyrissjóður Vesturlands	7.189.224	1,27%	1			1		1		
22 Eftirlaunasjóður FÍA	6.772.942	1,20%	1			1		1		
23 Lífeyrissjóðurinn Eining	6.457.411	1,14%			1	1		1	1	
24 Lífeyrissj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl. hf.	6.070.779	1,07%		1				1		
25 Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga	5.557.692	0,98%			1	1		1	1	
26 Lífeyrissjóður Suðurlands	5.212.574	0,92%	1					1		
27 Íslenski lífeyrissjóðurinn	4.023.613	0,71%			1	1		1	1	
28 Lífeyrissjóður verkalýðsfél. á norðurl. vestra	3.291.737	0,58%	1			1		1		c
29 Lífeyrissjóðurinn Hlíf	3.214.728	0,57%	1			1		1		
30 Lífeyrissjóður K.E.A.	3.100.530	0,55%	1			1		1		c
31 Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurborgar	3.006.691	0,53%	1	1			1	1		
32 Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf.	2.521.493	0,45%	1							
33 Eftirlaunasjóður starfsm. Íslandsbanka hf.	2.370.870	0,42%		1			1	1		
34 Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	1.993.434	0,35%	1							
35 Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1.977.471	0,35%	1					1		
36 Lífeyrissjóður Rangæinga	1.875.175	0,33%	1					1		
37 Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	1.483.263	0,26%		1	1	1		1		
38 Eftirlaunasj. slökkviliðsm. á Keflavíkurflugv.	1.438.769	0,25%	1							
39 Lífeyrissj. starfsm. Kópavogskaupst.	1.349.222	0,24%		1			1	1		
40 Séreignalífeyrissjóðurinn	1.310.949	0,23%			1	1		1	1	

	Fjárhæðir í þús. kr.	Hrein eign 31.12.2000	Hlutfall af hreinni eign	Réttindaávinnslukerfi a						
				Stigakerfi	Hlutfallskerfi	Aldurshá kerfi	Lífeyris-sparnaður	Bakábyrgð	Tekur við iðgjöldum	Samþætting lágmarkstrv.
41	Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.251.770	0,22%	1	1			1	1	
42	Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	1.185.732	0,21%	1						
43	Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.068.012	0,19%			1	1		1	1
44	Lífeyrissjóður starfsm. Akureyrarbæjar	1.057.373	0,19%	1	1			1	1	
45	Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	766.054	0,14%		1			1	1	
46	Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	637.156	0,11%	1				1		
47	Eftirlaunasjóður starfsm. Olíuverslunar Ísl.	581.734	0,10%	1						
48	Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	467.592	0,08%		1			1	1	
49	Lífeyrissj. starfsm. Áburðarv.smiðju ríkisins	447.038	0,08%	1						
50	Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	417.759	0,07%	1						
51	Lífeyrissj. starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	287.200	0,05%		1			1	1	
52	Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	165.174	0,03%		1			1	1	
53	Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsbanka Ísl.	109.293	0,02%		1			1		
54	Tryggingasjóður lækna	84.170	0,01%	1			1			
55	Lífeyrissj. starfsm. Vestmannaeyjabæjar	76.119	0,01%		1			1	1	
56	Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurapóteks	8.910	0,00%		1					
	Samtals:	566.087.852	100%	35	17	12	28	14	45	7

a) Stigakerfi: Iðgjöld eru umreiknuð í stig, óháð aldri sjóðfélagans.
Hlutfallskerfi: Lífeyrir er hlutfall af launum.
Aldursháð kerfi: Iðgjöld gefa mismunandi stig eftir aldri sjóðfélagans.

b) Hefur heimild til séreignardeildar skv. samþykktum en nýtir hana ekki.

c) Sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands 1. janúar 2001.

Viðauki III – Flokkun lífeyrissjóða.

			Réttindaávinnslukerfi							a)
Fjárhæðir í þús. kr.	**Hrein eign 31.12.2000**	**Hlutf. af hreinni eign**	**Stigakerfi**	**Hlutfallskerfi**	**Aldurshá kerfi**	**Lífeyris-sparnaður**	**Bakábyrgð**	**Tekur við iðgjöldum**	**Samþætting lágmarkstrv.**	
Lífeyrissjóðir sem bjóða upp á lágmarkstryggingarvernd með samþættingu séreignar og samtryggingar										
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	8.862.557	1,57%			1	1		1	1	Fjöldi
Almennur lífeyrissjóður VÍB	8.503.536	1,50%			1	1		1	1	7
Lífeyrissjóðurinn Eining	6.457.411	1,14%			1	1		1	1	Hlutfall
Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga	5.557.692	0,98%			1	1		1	1	af eign
Íslenski lífeyrissjóðurinn	4.023.613	0,71%			1	1		1	1	6,32%
Séreignalífeyrissjóðurinn	1.310.949	0,23%			1	1		1	1	
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.068.012	0,19%			1	1		1	1	
Almennir samtryggingasjóðir með 100% sjóðmyndaðar skuldbindingar										
Lífeyrissjóður verslunarmanna	85.686.756	15,14%	1			1		1		Fjöldi
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	48.084.460	8,49%	1			1		1		26
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	42.083.354	7,43%	1		1	1		1		
Lífeyrissjóður sjómanna	41.161.796	7,27%	1			1		1		Hlutfall
Lífeyrissjóður Norðurlands	19.504.233	3,45%	1			1		1		af eign
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	19.242.729	3,40%	1			1		1		75,34%
Lífeyrissjóður bankamanna	17.598.639	3,11%	1	1				1		
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	16.277.233	2,88%	1			1		1		
Samvinnulífeyrissjóðurinn	15.604.177	2,76%	1		1	1		1		
Lífeyrissjóður Austurlands	13.854.583	2,45%	1			1		1		b)
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12.238.128	2,16%	1			1		1		
Lífeyrissjóður lækna	11.742.474	2,07%			1			1		
Lífeyrissjóður bænda	11.518.068	2,03%	1					1		
Lífeyrissjóður Suðurnesja	11.013.506	1,95%	1			1		1		b)
Lífeyrissjóður verkfræðinga	10.643.355	1,88%			1	1		1		
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.045.949	1,77%	1			1		1		
Lífeyrissjóður Vesturlands	7.189.224	1,27%	1			1		1		
Eftirlaunasjóður FÍA	6.772.942	1,20%	1			1		1		
Lífeyrissj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl. hf.	6.070.779	1,07%		1				1		
Lífeyrissjóður Suðurlands	5.212.574	0,92%	1					1		
Lífeyrissjóður verkalíðsfél. norðurl. vestra	3.291.737	0,58%	1			1		1		c)
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	3.214.728	0,57%	1			1		1		
Lífeyrissjóður K.E.A.	3.100.530	0,55%	1			1		1		c)
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1.977.471	0,35%	1					1		
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.875.175	0,33%	1					1		
Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	1.483.263	0,26%		1	1	1		1		

Fjárhæðir í þús. kr.	Hrein eign 31.12.2000	Hlutf. af hreinni eign	Réttindaávinnslukerfi a) Stigakerfi	Hlutfallskerfi	Aldursháð kerfi	Lífeyris-sparnaður	Bakábyrgð	Tekur við iðgjöldum	Samþætting lágmarkstrv.	
Lífeyrissjóðir með bakábyrgð og enn taka við iðgjöldum										
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	76.087.894	13,44%	1	1		1	1	1		Fjöldi
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	7.504.773	1,33%		1			1	1		11
Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurborgar	3.006.691	0,53%	1	1			1	1		
Eftirlaunasjóður starfsm. Íslandsbanka hf.	2.370.870	0,42%		1			1	1		Hlutfall
Lífeyrissj. starfsm. Kópavogskaupst.	1.349.222	0,24%		1			1	1		af eign
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.251.770	0,22%	1	1			1	1		16,67%
Lífeyrissjóður starfsm. Akureyrarbæjar	1.057.373	0,19%	1	1			1	1		
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	766.054	0,14%		1			1	1		
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	467.592	0,08%		1			1	1		
Lífeyrissj. starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	287.200	0,05%		1			1	1		
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	165.174	0,03%		1			1	1		
Lífeyrissj. starfsm. Vestmannaeyjabæjar	76.119	0,01%		1			1	1		
Sjóðir sem ekki taka við iðgjöldum										
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf.	2.521.493	0,45%	1							Fjöldi
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	1.993.434	0,35%	1							11
Eftirl. sj. Slökkviliðsm. á Keflavíkurflugv.	1.438.769	0,25%	1							
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	1.185.732	0,21%	1							Hlutfall
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	637.156	0,11%	1				1			af eign
Eftirlaunasjóður starfsm. Olíuverslunar Ísl.	581.734	0,10%	1							1,67%
Lífeyrissj. starfsm. Áburðarverksm. ríkisins	447.038	0,08%	1							
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	417.759	0,07%	1							
Eftirlaunasjóður starfsm. Útvegsbanka Ísl.	109.293	0,02%		1			1			
Tryggingasjóður lækna	84.170	0,01%	1			1				
Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurapóteks	8.910	0,00%		1						
Samtals:	566.087.852	100%	35	17	12	28	14	45	7	

a) Stigakerfi: Iðgjöld eru umreiknuð í stig, óháð aldri sjóðfélagans.
Hlutfallskerfi: Lífeyrir er hlutfall af launum.
Aldursháð kerfi: Iðgjöld gefa mismunandi stig eftir aldri sjóðfélagans.

b) Hefur heimild til séreignardeildar skv. samþykktum en nýtir hana ekki.

c) Sameinaðist Lífeyrissjóði Norðurlands 1. janúar 2001.

Viðauki IV – Yfirlit yfir séreign lífeyrissjóða og lífeyrissparnað vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Eign lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar í formi lífeyrissparnaðar

	1999	2000	Hækkun milli ára í %
Lífeyrissjóðir	965.856.528	1.869.551.196	94%
Aðrir en lífeyrissj.	613.033.794	2.016.269.795	229%
Lífeyrissparnaður samtals	1.578.890.322	3.885.820.991	146%
Séreign lífeyrissjóða sem áður voru að fullu séreignarsjóðir	29.045.846.364	33.102.017.387	14%
Séreign samtals	**30.624.736.686**	**36.987.838.378**	**21%**

Viðauki V – Yfirlit yfir skiptingu á hreinni eign lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar 1999 og 2000.

		1999		2000		
		Í þús. kr.	% af heildareign	Í þús. kr.	% af heildareign	Hækkun á milli ára
Lífeyrissjóðir	**Stigakerfi**	384.149.208	74,22%	401.510.641	70,68%	4,52%
	Hlutfallskerfi	91.299.947	17,64%	103.967.413	18,30%	13,87%
	Aldursháð kerfi	11.536.490	2,23%	25.638.251	4,51%	122,24%
	Fyrrum séreignarsjóðir	29.045.846	5,61%	33.102.017	5,83%	13,96%
	Lífeyrissparnaður í lífeyrissjóðum	965.552	0,19%	1.869.551	0,33%	93,63%
	Hrein eign lífeyrissjóða 31.12.2000	516.997.043	99,88	566.087.873	99,65%	9,50%
	Lífeyrissparnaður - aðrir en lífeyrissj.	613.034	0,12%	2.016.269	0,35%	228,90%
	Heildareign samtals	517.610.077		568.104.142		9,76%
	Þar af lífeyrissparnaður	1.578.586	0,30%	3.885.820	0,68%	146,16%

416. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Ásgeir Þorsteinsson, Stein Hermann Sigurðsson, Kristin Ólafsson og Guðmund Bogason frá bifreiðastjórafélaginu Frama, Guðjón Þ. Andrésson og Steinar Guðjónsson frá bifreiðastjórafélaginu Andvara, Jón Magnússon lögmann, Jón Stefánsson og Jóhann Sigfússon frá leigubifreiðastjórafélaginu Átaki og Magnús Jóhannsson og Stefán Björnsson frá bifreiðastjórafélaginu Frey. Þá bárust umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, bifreiðastjórafélaginu Átaki, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, bifreiðastjórafélaginu Andvara, bifreiðastjórafélaginu Faxa, Bifreiðastöð Oddeyrar ehf., bifreiðastjórafélaginu Frama, bifreiðastjórafélaginu Frey, Samkeppnisstofnun, Ökukennarafélagi Íslands, Bifreiðastöðinni Litla bíl ehf. og Greiðabílum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um leigubifreiðar og felur það í sér margar breytingar frá núgildandi lögum um starfsemina.

Veigamesta breytingin felst í því að stjórnsýsla málaflokksins er færð frá samgönguráðuneytinu til Vegagerðarinnar en heimilt verður að kæra ákvarðanir hennar til samgönguráðherra, sbr. 4. gr. frumvarpsins og ákvæði stjórnsýslulaga um kæru til æðra stjórnvalds.

Samkvæmt frumvarpinu skal Vegagerðin starfrækja gagnagrunn sem geyma á upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Með þessum gagnagrunni er ætlunin að tryggja að Vegagerðin hafi ávallt heildaryfirsýn yfir málaflokkinn og að framkvæmd laganna sé samræmd.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að fjöldi leigubifreiða verði takmarkaður eftir svæðum svo sem verið hefur. Nefndin fjallaði um röksemdir fyrir því að viðhalda stjórnun á fjölda leigubifreiða á takmörkunarsvæðum. Í því sambandi var m.a. rædd reynsla Svía af því að gefa leigubílaakstur frjálsan. Það er mat meiri hluta nefndarinnar að líta beri á leigubílaakstur sem hluta af almenningssamgöngukerfinu og í því ljósi sé nauðsynlegt að tryggja að ávallt sé næg og góð þjónusta í boði. Telur meiri hlutinn að á þessu stigi sé ekki vænlegt að gefa leigubifreiðaakstur frjálsan til að ná því markmiði.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu og athugasemdum um 11. gr. kemur fram að gert sé ráð fyrir að allt daglegt eftirlit með atvinnuleyfishöfum og forfallabílstjórum sé í höndum lögreglunnar. Orðalag og framsetning þessara athugasemda má misskilja með þeim hætti að með frumvarpinu sé lögreglunni gert að hafa sérstakt eftirlit með leigubifreiðastjórum. Meiri hlutinn leggur áherslu á að lögreglunni er ekki ætlað að hafa eftirlit með leigubifreiðastjórum umfram það sem felst í almennri eftirlitsskyldu lögreglunnar enda leiðir ekkert slíkt af frumvarpstextanum sjálfum. Þess má einnig geta að samgönguráðherra gat þess í framsöguræðu sinni um málið að varast bæri að misskilja tilvitnuð orð í athugasemdum með frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að ráðherra gæti þess við setningu reglna um undanþágur, sbr. 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins, að leigubifreiðastjórar njóti sambærilegs orlofsréttar og almennt gerist og að ákvæða laga nr. 30/1987, um orlof, sé gætt í hvívetna.

Meiri hlutinn lítur svo á að við veitingu skilyrtra atvinnuleyfa skv. 7. gr. frumvarpsins, með þeirri breytingu sem meiri hlutinn leggur til, verði sömu skilyrði lögð til grundvallar og

fram koma í frumvarpinu um leigubifreiðastjóra og leigubifreiðar þeirra eftir því sem við getur átt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Nokkurs ósamræmis gætir í notkun hugtaka í frumvarpinu. Talað er samhliða um leigubifreiðar, fólksbifreiðar til leiguaksturs, leigubíla og bifreiðar, bifreiðastjórafélög og félög leigubifreiðastjóra, leigubifreiðaakstur og leiguakstur o.fl. Lagt er til að þetta verði samræmt og talað um leigubifreiðar, félög leigubifreiðastjóra, leigubifreiðaakstur og leigubifreiðastöðvar.
2. Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins að fenginni tillögu Vegagerðarinnar. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á þessu ákvæði. Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn rétt að það komi fram að ráðherra sé aðeins heimilt að fela sveitarstjórn umsjá málaflokksins að ósk um það berist frá sveitarfélaginu sjálfu. Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að ráðherra skuli leita umsagnar Vegagerðarinnar áður en ákvörðun er tekin. Í frumvarpinu er gengið út frá því að ráðherra sé aðeins heimilt að taka þessa ákvörðun að fenginni tillögu Vegagerðarinnar. Óeðlilegt er að ráðherra sé bundinn við það að tillaga berist frá Vegagerðinni og er því lagt til að einungis sé skylt að leita umsagnar hennar. Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til að tekið sé skýrt fram að við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags skuli viðkomandi sveitarstjórn taka stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögunum eftir því sem við getur átt. Þetta er nauðsynlegt til að ekki sé vafi um valdheimildir sveitarfélags í þessu sambandi. Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til að ráðherra geti gefið sveitarfélagi undanþágu frá starfrækslu gagnagrunns enda sé eftirlit tryggt án hans. Í fimmta lagi er síðan gert ráð fyrir að gjöld skv. 12. gr. frumvarpsins renni til sveitarfélags hafi það tekið málaflokkinn yfir.
3. Í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er gert að skilyrði fyrir atvinnuleyfi að umsækjandi sé skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður með a.m.k. 35% eignarhlutdeild samkvæmt samningi við löggilt kaupleigufyrirtæki. Meiri hlutinn leggur til að skilyrðið um 35% eignarhlutdeild verði fellt brott.
4. Í 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er óflekkað mannorð, sem nánar er skilgreint í ákvæðinu, gert að skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis. Skilyrði þetta er ítarlegra og strangara en tilefni er til auk þess sem notkun hugtaksins „óflekkað mannorð“ er óheppilegt í þessu samhengi og skilgreining þess ekki í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um kosningar til Alþingis. Af þessum sökum leggur meiri hlutinn til að skilyrði þetta verði orðað með öðrum hætti og er stuðst við orðalag 5. gr. laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi sem samþykkt voru á síðasta þingi.
5. Lagt er til að felld verði brott heimild til að veita leiðsögumanni tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi, sbr. 7. gr. frumvarpsins.
6. Meiri hlutinn leggur til að tiltekið verði sérstaklega í 1. tölul. 2. mgr. 9. gr. að heimilt sé að veita leigubifreiðastjóra tímabundna undanþágu vegna fæðingar- og foreldraorlofs svo að það valdi ekki vafa.
7. Meiri hlutinn leggur til að bætt verði nýjum málslið við 3. mgr. 9. gr. er veiti ráðherra heimild til að ákveða gjald fyrir afgreiðslu veittra undanþágna. Ljóst er að kostnaður mun falla til vegna þessarar umsýslu hjá leigubifreiðastöðvum og félögum leigubifreiðastjóra og því nauðsynlegt að þeim verði gert kleift að innheimta gjald sem honum nemur.

8. Lagt er til að heimild dánarbús skv. 8. mgr. 9. gr. til að nýta atvinnuleyfi verði styttur í þrjá mánuði en sá tími nái þó aldrei fram yfir lok búskipta.
9. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hafa forfallabílstjórar frá 1. maí 1999 tekið námskeið til undirbúnings starfinu. Meiri hlutinn gengur út frá því að samkvæmt ákvæðinu geti Vegagerðin metið það hvort þessi námskeið teljist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum laganna. Þeir sem þegar hafa lokið námskeiði sem telst fullnægjandi af hálfu Vegagerðarinnar eru samkvæmt þessu undanþegnir skyldu til að sækja umrædd námskeið. Þá lítur meiri hlutinn svo á að þeir sem hófu akstur fyrir 1. maí 1999 hafi þegar hlotið þá starfsreynslu sem teljist ígildi námskeiðs samkvæmt lögunum og leggur því til að þessir aðilar verði undanþegnir námskeiðsskyldu.

Alþingi, 26. nóv. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

417. Frumvarp til fjáraukalaga [128. mál]

fyrir árið 2001.

(Eftir 2. umr., 27. nóv.)

Samhljóða þskj. 128 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**-5.004,5**	**484,3**
Skattar á tekjur og hagnað	1.340,0	1.037,0
Tryggingagjöld	894,5	1.154,0
Eignarskattar	1.138,0	1.245,6
Skattar á vörur og þjónustu	-8.868,0	-3.383,3
Aðrir skattar	491,0	431,0
Aðrar rekstrartekjur	-1.126,1	-159,9
Sala eigna	6.000,0	-10.500,0
Fjárframlög	16,0	16,0
Tekjur samtals	**-114,6**	**-10.159,6**
Æðsta stjórn ríkisins	55,4	55,4
Forsætisráðuneyti	362,5	362,5
Menntamálaráðuneyti	851,5	800,5
Utanríkisráðuneyti	222,5	177,0
Landbúnaðarráðuneyti	107,6	107,6
Sjávarútvegsráðuneyti	66,0	66,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	365,6	365,6
Félagsmálaráðuneyti	-201,4	-201,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.753,2	2.998,2
Fjármálaráðuneyti	9.012,5	6.012,5
Samgönguráðuneyti	506,2	256,2
Iðnaðarráðuneyti	85,0	85,0
Viðskiptaráðuneyti	8,0	-10,8
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	62,7	62,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.090,0	1.470,0
Gjöld samtals	**14.347,3**	**12.607,0**
Tekjujöfnuður	**-14.461,9**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-14.461,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	13.088,3
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-10.452,7
Viðskiptaskuldir (breyting)	-441,0
Handbært fé frá rekstri	**-12.267,3**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-22.185,0
Veitt löng lán	-70,0
Afborganir veittra lána	-7.850,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-12.045,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	9.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-33.150,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-45.417,3**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	33.300,0
Afborganir lána	14.650,0
Fjármögnun samtals	**47.950,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	2.500,0
Breyting á handbæru fé	**5.032,7**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

	m.kr.
00-101 Embætti forseta Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	6,5
1.81 Opinberar heimsóknir	7,0
Almennur rekstur samtals	13,5
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	-6,5
Gjöld samtals	**7,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,0
00-201 Alþingi	
Almennur rekstur:	
1.04 Alþjóðasamstarf	3,0
1.07 Sérverkefni	5,0
Almennur rekstur samtals	8,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	38,0
Gjöld samtals	**46,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,0
01-190 Ýmis verkefni	
Almennur rekstur:	
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	300,0
1.90 Ýmis verkefni	10,0
Almennur rekstur samtals	310,0
Gjöld samtals	**310,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 11,0

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 10,0

Gjöld samtals **21,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis framlög 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	38,0
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	23,0
Almennur rekstur samtals	61,0
Gjöld samtals	**61,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-33,0
Gjöld umfram tekjur	**28,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	45,5
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	45,5

03-320 Sendiráð, almennt

Stofnkostnaður:	
6.90 Tæki og búnaður	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	100,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	100,0

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

06-390 Ýmis löggæslumál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 7,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,5

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,5

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	20,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	18,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,3

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	2,8
1.90 Ýmislegt	6,0
Almennur rekstur samtals	8,8
Gjöld samtals	**8,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,8

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-360,0
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	-80,0
1.41 Framlög og styrkir	-20,0
Almennur rekstur samtals	-460,0
Gjöld samtals	**-460,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-300,0
Gjöld umfram tekjur	**-760,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-760,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.44 Byrgið, líknarfélag	12,0
1.90 Ýmis framlög	20,0
Almennur rekstur samtals	32,0
Gjöld samtals	**32,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,0

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra- og feðralaun	-25,0
1.15 Umönnunarbætur	30,0
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	-10,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	90,0
1.45 Sérstök heimilisuppbót	-80,0
1.51 Uppbætur	-35,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	30,0
Almennur rekstur samtals	0,0
Gjöld samtals	**0,0**

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	130,0
1.15 Örorkulífeyrir	30,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	335,0
1.26 Tekjutryggingarauki	300,0
1.31 Örorkustyrkur	-15,0
1.35 Barnalífeyrir	30,0
1.41 Fæðingarorlof	70,0
Almennur rekstur samtals	880,0
Gjöld samtals	**880,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.125,0
Viðskiptahreyfingar	-1.245,0

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	100,0
1.15 Lyf	200,0
1.21 Hjálpartæki	30,0
1.35 Tannlækningar	-30,0
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	60,0
1.55 Sjúkradagpeningar	-20,0
1.91 Annað	35,0
Almennur rekstur samtals	375,0
Gjöld samtals	**375,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	71,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	71,9

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	13,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	18,0
Gjöld samtals	**31,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	19,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,9

08-373 Landspítali, háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali, háskólasjúkrahús 216,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 216,0

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa ..... -13,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -13,9

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.17 Vísindasiðanefnd 3,3
1.53 Tóbaksvarnir 7,7
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili 10,0
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrasaltslöndunum 13,8
1.90 Ýmis framlög 8,9
Almennur rekstur samtals 43,7

Gjöld samtals **43,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,7

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Víðines	27,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,0

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.12 Sóltún, Reykjavík	-65,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík	172,0
1.81 Holtsbúð, Garðabæ	21,0
Almennur rekstur samtals	128,0
Gjöld samtals	**128,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-62,5
Gjöld umfram tekjur	**65,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,5

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-35,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-35,0

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	0,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	4.274,0
Sértekjur:	
Sértekjur	50,0
Gjöld umfram tekjur	**4.324,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.324,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.70 Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	20,0
1.73 Vöktun á Eyjafjallajökli og Kötlu	18,0
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	150,5
Almennur rekstur samtals	188,5
Gjöld samtals	**188,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	188,5

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	66,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	100,0
Gjöld samtals	**166,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	166,0

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:	
1.11 Ferðamálasamtök landshluta	3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.23 Ýmis umhverfisverkefni 2,1
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál 2,0
1.90 Ýmis verkefni 2,0
Almennur rekstur samtals 6,1

Gjöld samtals 6,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,1

14-283 Hreinsun umhverfis

Almennur rekstur:
1.11 Hreinsun olíu úr flaki skipsins El Grillo á botni Seyðisfjarðar .. 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-410 Veðurstofa Íslands

Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.090,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.470,0
Viðskiptahreyfingar	-380,0

418. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, ArnbS, SI, MS, ÞKG).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „leiguaksturs“ í 1. mgr. komi: leigubifreiðaaksturs.
   b. Í stað orðanna „Leiguakstur fólksbifreiða“ í 1. mgr. komi: Leigubifreiðaakstur.
   c. Í stað orðsins „fólksbifreiða“ í 2. mgr. komi: leigubifreiða.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „bifreiðastöðva“ í 1. mgr. komi: leigubifreiðastöðva.
   b. Í stað orðsins „Bifreiðastöðvar“ í 2. mgr. komi: Leigubifreiðastöðvar.
   c. Í stað orðsins „bifreiðastöðvum“ í 2. mgr. komi: leigubifreiðastöðvum.
   d. Í stað orðsins „bifreiðastjórafélögum“ í 2. mgr. komi: félögum leigubifreiðastjóra.
   e. 4. mgr. orðist svo:
      Samgönguráðherra er heimilt að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins enda liggi fyrir ósk þess efnis frá viðkomandi sveitarstjórn. Við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags tekur viðkomandi sveitarstjórn við stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt. Samgönguráðherra getur veitt sveitarfélagi undaþágu frá starfrækslu gagnagrunns skv. 1. og 2. mgr. enda sé tryggt að unnt sé að halda uppi fullnægjandi eftirliti.
   f. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Umsjón með leigubifreiðaakstri.*

3. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar.
   b. Í stað orðanna „Bifreiðastöðvar fyrir leigubifreiðar“ í 2. mgr. komi: Leigubifreiðastöðvar.
   c. Í stað orðsins „bifreiðastöð“ í 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. komi: leigubifreiðastöð.
   d. Í stað orðsins „bifreiðastöðva“ í 4. mgr. komi: leigubifreiðastöðva.
   e. Í stað orðsins „Bifreiðastöðvar“ í 4. mgr. komi: Leigubifreiðastöðvar.
   f. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Leigubifreiðastöðvar.*
4. Í stað orðsins „bifreiðastöðva“ í 1. mgr. 4. gr. komi: leigubifreiðastöðva.
5. Við 5. gr.
   a. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Er skráður eigandi fólksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður samkvæmt samningi við löggilt kaupleigu- eða rekstrarleigufyrirtæki.
   b. Í stað orðsins „leiguakstur“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
   c. 4. tölul. 1. mgr. orðist svo: Hefur ekki verið dæmdur til refsivistar eða framið alvarlegt eða ítrekað brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.
6. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „leiguakstur á fólki“ í 1. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
   b. Í stað orðanna „Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur“ í 2. mgr. komi: Leigubifreiðastjórar.
   c. Í stað orðsins „leiguakstur“ í 2. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
   d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Endurnýja ber atvinnuskírteini á fimm ára fresti.
   e. Í stað orðsins „leigubíll“ í 4. mgr. komi: leigubifreið.
   f. Lokamálsliður 5. mgr. falli brott.
7. Við 7. gr. Orðin „og til bifreiðastjóra sem jafnframt er fullgildur leiðsögumaður“ falli brott.
8. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „bifreiða í leiguakstri“ í 1. mgr. komi: leigubifreiða.
   b. Í stað orðsins „bifreiðastjóra“ í 1. mgr. komi: leigubifreiðastjóra.
   c. Í stað orðsins „fólksbifreiða“ í 3. mgr. komi: leigubifreiða.
   d. Í stað orðanna „leiguakstur á fólki“ í 3. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
   e. Í stað orðanna „fólksbifreiða í leiguakstri“ í 3. mgr. komi: leigubifreiða.
   f. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Takmörkun á fjölda leigubifreiða.*
9. Við 9. gr.
   a. Í stað orðsins „leiguakstur“ í 1. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
   b. 1. tölul. 2. mgr. orðist svo: orlofs, þ.m.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda eða annarra forfalla.
   c. Í stað orðsins „bifreiðastjóra“ í 3. mgr. komi: leigubifreiðastjóra.
   d. Í stað orðsins „Bifreiðastöðvar“ í 3. mgr. komi: Leigubifreiðastöðvar.
   e. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða gjald fyrir afgreiðslu veittra undanþágna.

f. 4. mgr. orðist svo:
Vegagerðin getur heimilað að félög leigubifreiðastjóra annist afgreiðslu undanþágna, sbr. 3. mgr., standist þau kröfur hennar.
g. Í stað orðsins „Bifreiðastjóra“ í 5. mgr. komi: Leigubifreiðastjóra.
h. Í stað orðsins „leiguakstur“ í 7. mgr. komi: leigubifreiðaakstur.
i. Orðin „eða dánarbúi“ í 8. mgr. falli brott.
j. Við 8. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjá mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta.

10. Við 10. gr. Í stað orðanna „fólksbifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs“ komi: leigubifreiðum.
11. Við 12. gr.
a. Í stað fjárhæðarinnar „13.000 kr.“ í 1. mgr. komi: 10.000 kr.
b. 3. mgr. orðist svo:
Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar eða eftir atvikum til einstakra sveitarstjórna enda hafi þeim verið falin framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 2. gr. Gjöldin skulu standa undir umsýslu og starfsemi samkvæmt lögum þessum. Jafnframt er heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir kostnaði.
12. Við ákvæði til bráðabirgða.
a. Í stað orðsins „bifreiðastöðvar“ í upphafi og lok 1. mgr. komi: leigubifreiðastöðvar.
b. 2. mgr. orðist svo:
Hinn 1. júlí 2002 skulu forfallabílstjórar, sem hófu akstur eftir 1. maí 1999, hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðrum kosti falla leyfi þeirra niður.

419. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 og brtt. á þskj. 400.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JB).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,4	-16,4	0,0
2. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	94,8	-55,0	39,8
3. Við brtt. á þskj. 400, a-liður 20. tölul. orðist svo:			
[03-190 Ýmis verkefni]			
a. 1.19 Ráðstefnur	181,4	-170,0	11,4
4. Við brtt. á þskj. 400, 35. tölul. orðist svo:			
Við **06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál**			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	65,2	12,0	77,2

5. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**
   6.70 Hafnamannvirki [Fjarðabyggð] ..... 1.283,0 -158,7 1.124,3

420. Fyrirspurn [329. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir á sjúkrahúsum og utan þeirra.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða aðgerðir, meðferð eða rannsóknir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt samningum við sérfræðilækna eru einnig gerðar á sjúkrahúsum og hve margar slíkar aðgerðir voru gerðar á sjúkrahúsum annars vegar og utan þeirra hins vegar, árin 1997 og 2000?
2. Hver er kostnaður við hverja aðgerð, annars vegar á sjúkrahúsum og hins vegar utan þeirra, og hver er kostnaðarhluti sjúklinga þar af, án afsláttar?

Skriflegt svar óskast.

421. Fyrirspurn [330. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslu sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða breytingar, tölulegar og hlutfallslegar, hafa orðið á fjölda eininga, komufjölda sjúklinga og fjölda eininga á hverja komu í greiðslum sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp milli áranna 1997 og 2000, skipt eftir sérgreinum?
2. Hvað skýrir framangreindar breytingar, skipt eftir sérgreinum?

Skriflegt svar óskast.

422. Fyrirspurn [331. mál]

til menntamálaráðherra um rafrænt upplýsingakerfi bókasafna.

Frá Þuríði Backman.

1. Verður tekið tillit til þegar útlagðrar vinnu og kostnaðar við rafræna skráningu þeirra bókasafna sem skráð hafa söfn sín í gagnasafnið Feng við yfirfærslu skráninganna í nýstofnað Landskerfi bókasafna hf.?
2. Verður kostnaður við undirbúning að samruna Fengs og Gegnis, bókasafns- og upplýsingakerfanna, styrktur úr ríkissjóði?
3. Hvaða tillit verður tekið til aukins rekstrarkostnaðar þeirra bókasafna sem hafa skráð í Feng og munu því reka tvöfalt skráningarkerfi eftir að Gegnir hefur verið yfirfærður í landskerfið og þar til Fengur er kominn yfir í það?
4. Hvernig verður gagnagrunnur Fengs metinn inn í Aleph 500 bókasafns- og upplýsingakerfið?
5. Verður farið að tillögu samstarfshóps um menningarmál um að komið verði á þróunarsjóði bókasafna með 8 millj. kr. fjárframlagi úr ríkissjóði árið 2002?

Skriflegt svar óskast.

423. Fyrirspurn [332. mál]

til samgönguráðherra um greiðslur fyrir sjúkra- og innanlandsflug.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu miklu fé úr ríkissjóði var varið árlega til að styrkja sjúkraflug og innanlandsflug sl. tíu ár og það sem af er þessu ári, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?
2. Hvaða samningar um greiðslur eru í gildi og hverjar eru áætlanir næsta árs, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?
3. Viðhald hvaða smærri flugvalla er á vegum ríkisins og um hvaða flugvelli hafa verið gerðir verksamningar við samtök eða sveitarfélög?
4. Hvaða smærri flugvellir hafa verið lagðir af árlega sl. tíu ár?

Skriflegt svar óskast.

424. Frumvarp til laga [333. mál]

um eldi nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

2. gr.

Til eldis samkvæmt lögum þessum teljast geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er á landi eða í sjó.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi. Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Til eldis nytjastofna þarf rekstrarleyfi Fiskistofu. Áður en Fiskistofa gefur út slíkt leyfi skal hún afla umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Hollustuverndar ríkisins. Er eldi nytjastofna óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands án slíks leyfis.

Umsókn um rekstrarleyfi skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot vatns, lands og sjávar, leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti svo og önnur gögn sem Fiskistofa óskar eftir að lögð verði fram.

Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi og sýnt er að veiting leyfisins stríðir ekki gegn markmiðum 1. gr. skal Fiskistofa gefa út rekstrarleyfi til fimm ára í senn.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð á grundvelli þessara laga sem mælir nánar fyrir um skilyrði sem umsækjendur um rekstrarleyfi samkvæmt lögunum þurfa að uppfylla til að fá útgefið leyfi. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í fiskeldisnefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og skulu ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um það eftirlit. Eftirlitið skal ná til fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og til þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Forsvarsmönnum fiskeldisstöðva er skylt að veita Fiskistofu og eftirlitsaðilum hennar allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum Fiskistofu og eftir reglum sem hún setur. Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir.

Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um tilhögun eftirlits samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal Fiskistofa veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur Fiskistofa afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsisvist allt að tveimur árum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskeldisstöðvar sem starfa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er nú endurflutt með þeim breytingum sem kynntar voru í sjávarútvegsnefnd sl. vor. Til viðbótar þeim breytingum er nú lagt til að veiting rekstrarleyfa skv. 3. gr. verði tímabundin til fimm ára í senn. Frumvarpið var upphaflega lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari

breytingum, sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar fiskeldisnefnd er skuli vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Þá skal nefndin fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt þeim lögum. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi taka einungis til vatnafiska eins og þeir eru þar skilgreindir. Við auðlindastjórnun er mikilvægt að leitast við að samræma ólíka hagsmuni, t.d. hagsmuni af fiskveiðum, hagsmuni af eldi á vatnafiski og hagsmuni af eldi nytjastofna. Til að tryggja samræmda stefnumótun og framkvæmd reglna varðandi fiskeldi er mikilvægt að þeir ráðherrar sem að þessum málum koma hafi aðgang að sambærilegum upplýsingum og njóti sambærilegrar ráðgjafar. Ekki er í gildi löggjöf um eldi nytjastofna sem sambærileg er þeirri er gildir um eldi vatnafiska og er brýnt að úr því verði bætt. Fiskeldisnefndinni er m.a. ætlað að vera sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar við þá vinnu sem fram undan er við framangreindar úrbætur. Upphaflega stóð til að frumvarpið mælti fyrir um gjaldtöku fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar samkvæmt gjaldskrá. Þar sem vinna við mótun gjaldskrár er ekki hafin og í ljósi þess að vandkvæðum er bundið að útfæra gjaldskrá á þann hátt að gjaldið sé í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu rekstrarleyfis er ákveðin hætta á duldri skattheimtu. Því þykir rétt að ákvörðun um gjald fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar bíði þeirrar allsherjarendurskoðunar sem til stendur að gera á lögum á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um tilgang laganna. Tilvísun til ábyrgs eldis annars vegar og til réttmætra hagsmuna þeirra sem hins vegar nýta villta nytjastofna er ætlað að leggja þá skyldu á ráðherra að hann vegi og meti þá hagsmuni sem kunna annars vegar að felast í fyrirhuguðu fiskeldi en hins vegar í nýtingu villtra nytjastofna.

Um 2. gr.

Orðið eldi er notað í sömu merkingu og orðið fiskeldi í lax- og silungsveiðilögum með þeirri breytingu sem leiðir af því að í þeim lögum er það skilgreiningaratriði að um eldi vatnafiska sé að ræða. Í frumvarpi þessu nær eldi hins vegar bæði til sjávardýra og sjávargróðurs. Ekki skiptir hér máli hvort eldið fer fram á landi eða í sjó.

Með orðinu nytjastofnar er átt við auðlindir jafnt úr jurta- og dýraríkinu, hvort heldur sem slíkar lífverur þrífast á hafsbotni eða í hafinu yfir honum. Ástæða þess að ferskvatnsfiskar eru undanskildir við skilgreiningu hugtaksins nytjastofnar er sú að lög um lax- og silungsveiði eiga við um það eldi svo sem að framan er rakið.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Þá kemur fram að rekstrarleyfi þurfi til eldis nytjastofna og að eldi nytjastofna sé með öllu óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelginni án slíks leyfis. Í lögum um ostrurækt, nr. 21/1939, er að finna hliðstætt ákvæði á hinu takmarkaða gildissviði þeirra laga. Áður en slíkt leyfi er gefið út er gert ráð fyrir að umsagna sé aflað frá Hafrannsóknastofnuninni og Hollustuvernd ríkisins. Áður hefur þessa ekki verið krafist með svo almennum hætti sem nú er gert. Rekstrarleyfi skulu gefin út til fimm ára í senn. Í greininni er gert ráð fyrir að umsókn um rekstrarleyfi skuli vera skrifleg og að þar komi fram upplýsingar m.a. um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000,

um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig skulu fylgja umsókn skilríki um afnot vatns, lands og sjávar, leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti. Fyrirmynd að því ákvæði sem hér er gerð tillaga um er að finna í sambærilegu ákvæði í lax- og silungsveiðilögum. Er Fiskistofu rétt að krefjast hliðstæðra gagna og þar er gerð krafa um að fylgi umsókn. Einnig er ráðherra heimilt samkvæmt greininni að setja reglugerð sem mælir nánar fyrir um þau skilyrði sem umsóknaraðilar um rekstrarleyfi þurfa að uppfylla. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skipan fiskeldisnefndar. Um nefnd þessa er fjallað í frumvarpi til laga um breytingu á lax- og silungsveiðilögum sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Vísast til athugasemda við það frumvarp í þessu sambandi. Rétt er að árétta það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um mikilvægi þess að sjávarútvegsráðherra geti notið ráðgjafar nefndarinnar í þeirri stefnumótunarvinnu og lagasmíð sem fram undan er á þessu sviði.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um eftirlit af hálfu Fiskistofu með framkvæmd laganna. Þau ákvæði núgildandi fiskveiðistjórnunarlaga sem gilt gætu um eftirlitið eru einkum 2. mgr. 15. gr. og 17. gr. laganna. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Gert er ráð fyrir að eftirlitið nái til fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Forsvarsmönnum fiskeldisstöðva er skylt að veita Fiskistofu og eftirlitsaðilum hennar allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum Fiskistofu og eftir reglum sem hún setur. Er hér m.a. tekið tillit til athugasemda ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur sem hefur lagt til að eftirlit skuli framkvæmt af faggiltum skoðunarstöðvum í eins ríkum mæli og unnt er og eðlilegt megi teljast að rekstrarleyfishafar greiði raunkostnað við eftirlit. Með hliðsjón af því er lagt til að fiskeldisstöðvar greiði árlegt eftirlitsgjald fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila. Skal gjaldið miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags.

Í greininni kemur fram að ráðherra geti með reglugerð mælt nánar fyrir um tilhögun eftirlits.

Um 6. gr.

Í þessari grein kemur fram að Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti skal Fiskistofa

veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi. Þá kemur fram að sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun verður rekstrarleyfi afturkallað. Að lokum segir í greininni að Fiskistofa geti afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta, sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða.

Um 7. og 8. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um að fiskeldisstöðvum sem hafa starfað á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé veitt ráðrúm í eitt ár til að koma starfsemi sinni í það horf sem frumvarpið kveður á um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Tilgangurinn með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmu og ábyrgu eldi nytjastofna og verndun villtra stofna þeirra. Einnig er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Í frumvarpinu er lagt til að til eldis nytjastofna þurfi rekstrarleyfi sem Fiskistofa gefur út. Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að komið verði á gjaldtöku fyrir eftirlit sem miðist við raunkostnað. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra tilnefni einn fulltrúa í fiskeldisnefnd. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina og er gert ráð fyrir kostnaði við hana hjá landbúnaðarráðuneytinu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að gjaldtöku fyrir rekstrarleyfi að sinni, samanber greinargerð frumvarpsins, leggst kostnaðurinn á ríkissjóð. Gert er ráð fyrir kostnaði sem nemur einu starfsgildi hjá Fiskistofu eða framlagi sem nemur 5 m.kr. á ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að það kosti ríkissjóð 5 m.kr. á ári.

425. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2002.

(Eftir 2. umr. 28. nóv.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2002 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**222.245,8**	**214.872,8**
Skattar á tekjur einstaklinga	58.980,0	56.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.000,0	5.040,0
Tryggingagjöld	22.564,7	22.186,4
Eignarskattar	12.883,7	12.757,0
Virðisaukaskattur	79.220,0	76.050,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	39.233,0	39.145,5
Skattar ótaldir annars staðar	3.364,4	2.893,9
Aðrar rekstrartekjur	**19.513,2**	**15.586,2**
Arðgreiðslur	1.478,5	1.450,5
Vaxtatekjur	12.910,0	9.140,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.124,7	4.995,7
Sala eigna	15.520,0	15.520,0
Fjárframlög	621,0	621,0
Tekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.612,7	2.612,7
Forsætisráðuneyti	1.382,2	1.382,2
Menntamálaráðuneyti	28.472,4	28.472,4
Utanríkisráðuneyti	5.263,9	5.384,6
Landbúnaðarráðuneyti	10.835,0	10.835,0
Sjávarútvegsráðuneyti	2.639,2	2.639,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.748,6	13.748,6
Félagsmálaráðuneyti	18.119,9	18.119,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	89.863,2	89.838,2
Fjármálaráðuneyti	28.006,8	21.528,8
Samgönguráðuneyti	16.037,9	16.787,9
Iðnaðarráðuneyti	2.925,7	2.925,0
Viðskiptaráðuneyti	1.457,8	1.411,6
Hagstofa Íslands	382,8	382,8
Umhverfisráðuneyti	3.289,5	3.287,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.400,0	14.970,0
Gjöld samtals	**241.437,6**	**234.325,9**
Tekjujöfnuður	**16.462,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2002 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	16.462,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-15.552,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.340,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-796,3
Handbært fé frá rekstri	**-3.225,9**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	21.100,0
Veitt löng lán	-4.480,0
Afborganir veittra lána	8.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**40.320,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**37.094,1**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	15.000,0
Afborganir lána	-40.200,0
Fjármögnun samtals	**-25.200,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-9.000,0
Breyting á handbæru fé	**2.894,1**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	335,0	0,0	13,0	650,0
Ríkisútvarpið	0,0	0,0	170,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-45,0	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,0	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	3,0	2,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.110,0	3.300,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	230,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-145,0	214,0	885,0	0,0
Samtals	**3.258,0**	**3.516,0**	**1.278,0**	**880,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	858,0	4.394,0	37,0	3.400,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	68,3	1.950,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	419,0	0,0	0,0	200,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.509,0	26.186,0	5,0	25.924,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-196,0	7.750,0	0,0	10.162,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	41,0	3.080,0	0,0	4.315,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	646,0	0,0	5,0	0,0
Hafnabótasjóður	-100,4	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	-10,0	105,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-21,5	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	213,5	2.300,0	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	208,0	170,0	10,0	0,0
Samtals	**3.598,9**	**45.995,0**	**57,0**	**47.201,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 15.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.480 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.400 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 200 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 230 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 650 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2002 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 13.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 25.924 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 10.162 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 4.315 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
   - 3.5 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.6 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.7 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 385 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

2. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2002 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.
2.6 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.7 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.8 Að selja fasteign Rafmagnsveitu ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.
2.9 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitu ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.10 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitu ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.11 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.12 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.13 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hveragerði að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.
2.14 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.15 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.16 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.17 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.19 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.21 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.22 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.23 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.9 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.14 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi.
3.15 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.16 Að selja eða semja um hugsanlega yfirtöku á húsnæði ÁTVR á Seyðisfirði.
3.17 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.18 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík og kaupa eða leigja annað hentugra.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
4.4 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.6 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.9 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.10 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.

4.12 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.13 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.15 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.16 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.17 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.20 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.21 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu, og verja andvirðinu í þágu landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.
4.22 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.23 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.25 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.26 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.27 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.28 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.29 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.30 Að selja jörðin Urðarbak, Húnaþing vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.31 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþing vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.32 Að selja jörðin Kollafjörð, Kjalanesi, Reykjavík.
4.33 Að selja jörðin Mógilsá, Kjalanesi, Reykjavík.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Ásvöllum, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Ytra Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.37 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu í Sandgerði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.5 Að kaupa húsnæði eða viðbót við núverandi húsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
6.6 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.7 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.8 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans og taka til þess nauðsynleg lán.
6.9 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.12 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.13 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín og taka til þess nauðsynleg lán.
6.14 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.
6.16 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.17 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Ríkisspítala.
6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir landlæknisembættið.
6.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
6.20 Að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd ríkisins.
6.21 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.22 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir Sýslumanninn í Reykjavík.
6.23 Að kaupa til niðurrifs flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna framkvæmda við flugvöllinn.
6.24 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir þjóðgarðsvörð í Snæfellsnesþjóðgarði.
6.25 Að kaupa eða leigja geymsluhúsnæði í Reykholti í Borgarfirði.
6.26 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti Yfirdýralæknis.
6.27 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti Veiðimálastjóra.
6.28 Að kaupa eða leigja læknisbústað í Borgarnesi.
6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði undir heilsugæslustöðvar í Reykjavík.
6.30 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Ólafsfirði og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2002 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2002, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.

7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.

7.5 Að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.

7.6 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

7.7 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.

7.8 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.9 Að semja, með samþykki samgönguráðherra, við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

7.10 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og aðra aðila um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og greiða nauðsynlegan kostnað við samningsgerðina.

7.11 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum.

7.12 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2002.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	53.740,0	51.600,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.240,0	1.240,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	4.000,0	3.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**58.980,0**	**56.800,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	6.000,0	5.040,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.500,0	1.080,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	687,0	675,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.187,0**	**1.755,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**67.167,0**	**63.595,0**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	18.917,6	18.539,3
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.487,1	3.487,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**22.564,7**	**22.186,4**
	Tryggingagjöld	**22.564,7**	**22.186,4**

3 Skattar á launagreiðslur

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	174,4	170,9

4 Eignarskattar

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	4.410,7	4.384,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	3.439,0	3.439,0
	Skattar á hreina eign	**7.849,7**	**7.823,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	850,0	850,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.300,0	3.200,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	545,0	545,0
	Sértækir eignarskattar	**884,0**	**884,0**
	Eignarskattar	**12.883,7**	**12.757,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	79.220,0	76.050,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.430,0	2.400,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	700,0	700,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.300,0	3.300,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.190,0	2.190,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	40,5	40,5
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	673,0	673,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.406,2	6.456,2
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.872,1	1.872,1
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	3.300,0	3.300,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.848,0	2.798,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	18,6	18,6
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.349,4	1.349,4
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**109.783,1**	**106.583,1**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.680,0	2.620,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.964,0	4.964,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	148,9	148,9
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	72,5	72,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	293,1	293,1
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	493,9	496,4
5.2.2.35	Ýmislegt	17,5	17,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.669,9**	**8.612,4**
	Skattar á vörur og þjónustu	**118.453,0**	**115.195,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	200,0	200,0
6.1.15	Markaðsgjald	218,0	218,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	500,0	500,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**918,0**	**918,0**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	85,0	50,0
	Aðrir skattar	**1.003,0**	**968,0**
	Skatttekjur, samtals	**222.245,8**	**214.872,8**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	308,0	280,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.170,5	1.170,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.478,5**	**1.450,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	4.820,0	1.880,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.370,0	4.240,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	3.720,0	3.020,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	42,0	42,0
	Aðrar eignatekjur	**12.952,0**	**9.182,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**14.430,5**	**10.632,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	75,0	75,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	35,0	35,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	1.905,0	1.905,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,1	336,1
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	636,0	636,0
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	111,2	111,2
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	629,0	629,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.35	Ýmislegt	251,8	214,0
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	234,7	234,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	57,0	57,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.383,7**	**4.345,9**
	Ýmsar tekjur	**4.383,7**	**4.345,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	330,0	300,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	180,0	118,8
10.3	Ýmsar sektir	40,0	40,0
	Sektir	**550,0**	**458,8**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	125,0	125,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**149,0**	**149,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**19.513,2**	**15.586,2**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	15.500,0	15.500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	20,0	20,0
	Sala eigna, samtals	**15.520,0**	**15.520,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	76,0	76,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	220,0	220,0
	Rekstrarframlög	**296,0**	**296,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**621,0**	**621,0**
	Fjárframlög, samtals	**621,0**	**621,0**
	Heildartekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	96,4
1.50 Fálkaorðan	1,7
1.81 Opinberar heimsóknir	21,9
Almennur rekstur samtals	120,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	4,5
Gjöld samtals	**125,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	125,5

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	541,0
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,7
1.03 Fastanefndir	75,9
1.04 Alþjóðasamstarf	90,7
1.06 Almennur rekstur	468,0
1.07 Sérverkefni	21,1
1.10 Rekstur fasteigna	123,9
Almennur rekstur samtals	1.367,3
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	47,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	39,0

m.kr.

6.21 Fasteignir	48,0
Stofnkostnaður samtals	87,0
Gjöld samtals	**1.501,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**1.492,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.492,8

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	440,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	440,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	139,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	79,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,0

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	73,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,9

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 259,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **248,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 248,2

00-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **2.612,7**
Greitt úr ríkissjóði **2.612,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	171,9
1.20 Stjórnarráðshús	17,9
Almennur rekstur samtals	189,8
Gjöld samtals	**189,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	189,8

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,8
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,1
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,6
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	15,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	11,6
1.90 Ýmis verkefni	24,2
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0
Almennur rekstur samtals	135,1
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**137,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**136,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,6

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 26,9

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 9,8

Gjöld samtals **36,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,7

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 137,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **133,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,0

m.kr.

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	25,7
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	94,4
Almennur rekstur samtals	120,1
Gjöld samtals	**120,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**119,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,0

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	18,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,1

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	55,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**58,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,3
Gjöld umfram tekjur	**55,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	55,3

m.kr.

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Stofnkostnaður:
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 144,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,0

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 46,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur 44,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,3

01-303 Kristnihátíðarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Kristnihátíðarsjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 46,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 43,5

Gjöld samtals **91,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,3

Gjöld umfram tekjur **79,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,3

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 23,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.382,2**
Greitt úr ríkissjóði **1.382,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	381,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**379,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	379,4

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	2.149,7
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.178,3
1.13 Háskólasjóður	76,0
Almennur rekstur samtals	4.404,0
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	76,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	518,0
Gjöld samtals	**4.998,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-905,7
Gjöld umfram tekjur	**4.092,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.636,7
Innheimt af ríkistekjum	455,6

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	176,3
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22,3
Almennur rekstur samtals	198,6
Gjöld samtals	**198,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-78,8
Gjöld umfram tekjur	**119,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,8
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,3
1.02 Rekstur fasteigna	16,5
1.03 Rannsóknastofur	262,3
Almennur rekstur samtals	310,1
Gjöld samtals	**310,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,8
Gjöld umfram tekjur	**201,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,3

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	11,5
1.11 Íslenskukennsla erlendis	8,2
Almennur rekstur samtals	19,7
Gjöld samtals	**19,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **18,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,7

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 81,8
1.20 Bókaútgáfa 11,6
Almennur rekstur samtals 93,4

Gjöld samtals **93,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **88,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,0

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Orðabók Háskólans 30,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **24,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,5

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 20,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **16,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,6

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 14,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **13,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 358,2
1.02 Rannsóknastarfsemi 107,3
Almennur rekstur samtals 465,5

Gjöld samtals **465,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **459,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 441,3
Innheimt af ríkistekjum 18,5

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 353,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 337,2
Innheimt af ríkistekjum 16,1

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	641,3
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	276,6
Almennur rekstur samtals	917,9
Gjöld samtals	**917,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	884,4
Innheimt af ríkistekjum	33,5

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	83,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-64,1
Gjöld umfram tekjur	**19,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,0

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	86,1
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	22,2
Almennur rekstur samtals	108,3
Gjöld samtals	**108,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,3

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	385,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,5

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 315,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,0

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 87,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,0

Gjöld umfram tekjur **63,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,9

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 99,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,2

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 95,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

m.kr.

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Vísindasjóður	201,5
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,0

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,2
Stofnkostnaður:	
6.60 Tæknisjóður	187,5
Gjöld samtals	**201,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,7

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Bygginga- og tækjasjóður	77,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	77,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 65,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 410,0

Gjöld samtals **475,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 475,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 17,4
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.73 Reykjavíkurakademían 7,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 45,7
1.91 Háskólar, óskipt 41,4
Almennur rekstur samtals 133,5

Gjöld samtals **133,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,5

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 316,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,2
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 277,5

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	14,5
Almennur rekstur samtals	292,0
Gjöld samtals	**292,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,7
Innheimt af ríkistekjum	5,3

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	86,8
1.09 Önnur verkefni	13,0
Almennur rekstur samtals	99,8
Gjöld samtals	**99,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**99,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	98,1
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	376,4
1.09 Önnur verkefni	34,8
Almennur rekstur samtals	411,2
Gjöld samtals	**411,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,8
Gjöld umfram tekjur	**402,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	394,4
Innheimt af ríkistekjum	8,0

m.kr.

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	291,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	285,9
Innheimt af ríkistekjum	6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	135,2
1.09 Önnur verkefni	10,9
Almennur rekstur samtals	146,1
Gjöld samtals	**146,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**143,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5
Innheimt af ríkistekjum	2,3

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	129,5
1.09 Önnur verkefni	16,9
Almennur rekstur samtals	146,4
Gjöld samtals	**146,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**144,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5
Innheimt af ríkistekjum	2,5

m.kr.

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	421,6
1.09 Önnur verkefni	29,8
Almennur rekstur samtals	451,4
Gjöld samtals	**451,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**440,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	432,0
Innheimt af ríkistekjum	8,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	218,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,1
Innheimt af ríkistekjum	4,3

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir Héraðsskóla	19,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**29,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	372,0

	m.kr.
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	24,0
Stofnkostnaður samtals	396,0
Gjöld samtals	**396,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	396,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	63,8
1.12 Orlof kennara	88,8
1.13 Forfallakennsla	36,6
1.14 Sérkennsla	270,3
1.15 Prófkostnaður	52,6
1.16 Nýjungar í skólastarfi	27,9
1.17 Námsskrárgerð	33,0
1.18 Námsefnisgerð	17,7
1.19 Kennslueftirlit	5,7
1.21 Nám tannsmiða	9,1
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,3
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,7
1.26 Þróunarsjóður	14,5
1.27 Íslenskukennsla	15,9
1.28 Mat á skólastarfi	32,1
1.30 Endurmenntun	24,7
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,5
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0
1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn	43,1
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	37,7
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	95,1
Almennur rekstur samtals	903,6
Gjöld samtals	**903,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	903,6

m.kr.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	524,6
1.09 Önnur verkefni	62,5
Almennur rekstur samtals	587,1
Gjöld samtals	**587,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,5
Gjöld umfram tekjur	**560,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	550,4
Innheimt af ríkistekjum	10,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	296,6
1.09 Önnur verkefni	10,5
Almennur rekstur samtals	307,1
Gjöld samtals	**307,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**305,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	298,8
Innheimt af ríkistekjum	6,7

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	246,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**246,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,3
Innheimt af ríkistekjum 4,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 290,6
1.09 Önnur verkefni 11,4
Almennur rekstur samtals 302,0

Gjöld samtals **302,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **295,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 290,0
Innheimt af ríkistekjum 5,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 276,7
1.09 Önnur verkefni 9,9
Almennur rekstur samtals 286,6

Gjöld samtals **286,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **284,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 279,0
Innheimt af ríkistekjum 5,1

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 118,3

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	0,9
Almennur rekstur samtals	119,2
Gjöld samtals	**119,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**118,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	116,5
Innheimt af ríkistekjum	2,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	178,8
1.09 Önnur verkefni	20,6
Almennur rekstur samtals	199,4
Gjöld samtals	**199,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**196,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,2
Innheimt af ríkistekjum	3,6

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	346,2
1.09 Önnur verkefni	17,9
Almennur rekstur samtals	364,1
Gjöld samtals	**364,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**360,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 353,6
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 99,9
1.09 Önnur verkefni 12,1
Almennur rekstur samtals 112,0

Gjöld samtals **112,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **110,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 108,8
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 517,1
1.09 Önnur verkefni 10,2
Almennur rekstur samtals 527,3

Gjöld samtals **527,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **521,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 512,1
Innheimt af ríkistekjum 9,8

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 224,8

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**224,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	220,2
Innheimt af ríkistekjum	4,4

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	47,9
1.09 Önnur verkefni	0,6
Almennur rekstur samtals	48,5
Gjöld samtals	**48,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**48,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5
Innheimt af ríkistekjum	0,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	75,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**75,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,1
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	70,1

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	10,0
Almennur rekstur samtals	80,1
Gjöld samtals	**80,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,2
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	396,8
1.09 Önnur verkefni	9,2
Almennur rekstur samtals	406,0
Gjöld samtals	**406,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**397,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	391,1
Innheimt af ríkistekjum	6,8

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	21,5
1.02 Nám táknmálstúlka	3,3
Almennur rekstur samtals	24,8
Gjöld samtals	**24,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**22,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,8

m.kr.

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	123,1
1.02 Annað en kennsla	14,4
Almennur rekstur samtals	137,5
Gjöld samtals	**137,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**137,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,2

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	21,5
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	8,5
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	8,5
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	8,5
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	8,5
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	8,5
1.26 Fræðslunet Austurlands	8,5
1.27 Fræðslunet Suðurlands	8,5
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8,5
Almennur rekstur samtals	89,5
Gjöld samtals	**89,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,5

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	90,0
1.09 Önnur verkefni	6,1
Almennur rekstur samtals	96,1
Gjöld samtals	**96,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **94,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,2
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 40,7
1.09 Önnur verkefni 6,1
Almennur rekstur samtals 46,8

Gjöld samtals **46,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **46,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,7
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 823,7
1.09 Önnur verkefni 78,7
Almennur rekstur samtals 902,4

Gjöld samtals **902,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -37,8

Gjöld umfram tekjur **864,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 852,1
Innheimt af ríkistekjum 12,5

m.kr.

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	280,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-21,8
Gjöld umfram tekjur	**258,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	254,5
Innheimt af ríkistekjum	3,8

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	12,4
1.02 Annað en kennsla	6,0
Almennur rekstur samtals	18,4
Gjöld samtals	**18,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,4

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	15,0
1.02 Annað en kennsla	1,1
Almennur rekstur samtals	16,1
Gjöld samtals	**16,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,1

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík	19,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,3

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 42,0
1.02 Annað en kennsla 13,8
Almennur rekstur samtals 55,8

Gjöld samtals **55,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **54,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,5
Innheimt af ríkistekjum 5,3

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 50,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **49,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,8

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 463,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 463,5

m.kr.

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	16,0
1.33 Þróunarsjóður leikskóla	3,0
1.35 Samræmd próf	56,7
1.37 Endurmenntun	19,8
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	38,9
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum	11,7
Almennur rekstur samtals	146,1
Gjöld samtals	**146,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**142,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,4

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	355,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,6
Gjöld umfram tekjur	**320,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,3

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	9,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,3
Innheimt af ríkistekjum	7,5

m.kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.550,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.550,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	436,2
1.10 Skólaakstur	42,1
Almennur rekstur samtals	478,3
Gjöld samtals	**478,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	478,3

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	193,1
1.10 Byggða- og minjasöfn	77,4
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,4
Almennur rekstur samtals	274,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	7,0
6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara	4,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**287,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**276,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	276,6

m.kr.

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands	110,9
1.11 Héraðsskjalasöfn	10,8
Almennur rekstur samtals	121,7
Gjöld samtals	**121,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,1
Gjöld umfram tekjur	**115,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,6

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:	
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	379,9
Stofnkostnaður:	
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands	46,5
Stofnkostnaður samtals	70,0
Gjöld samtals	**449,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-70,3
Gjöld umfram tekjur	**379,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	379,6

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	10,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**10,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listasafn Íslands 83,8
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar 4,4
Almennur rekstur samtals 88,2

Stofnkostnaður:
6.01 Listaverkakaup 12,0

Gjöld samtals **100,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -14,7

Gjöld umfram tekjur **85,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,5

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Blindrabókasafn Íslands 51,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **50,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,8

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.10 Listasafn ASÍ 3,0
1.11 Nýlistasafn 5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 6,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum 7,0

	m.kr.
1.90 Söfn, ýmis framlög	17,5
Almennur rekstur samtals	38,5
Stofnkostnaður:	
6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	7,0
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	7,0
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum	4,0
6.28 Sögusafnið í Reykjavík	7,0
6.29 Endurbygging á Brydebúð	3,0
6.32 Sjóminjasafn Íslands	1,0
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	4,0
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	7,0
6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	6,0
6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	3,5
6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	3,5
6.41 Safnahús í Búðardal	7,0
6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	4,0
6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	3,0
Stofnkostnaður samtals	74,0
Gjöld samtals	**112,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	112,5

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	385,0
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	7,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	7,0
Stofnkostnaður samtals	399,0
Gjöld samtals	**399,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	399,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	1.905,0

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1.905,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:
1.01 Íslenski dansflokkurinn 68,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,5

Gjöld umfram tekjur **63,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,6

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhús 622,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -173,1

Gjöld umfram tekjur **448,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 448,9

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 238,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 238,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

m.kr.

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Höfundaréttarsjóður	62,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald	1,3
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur	1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	1,0
Almennur rekstur samtals	65,3
Gjöld samtals	**65,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,3

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:	
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	246,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	246,9

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:	
6.10 Húsafriðunarnefnd	57,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:	
6.01 Listskreytingasjóður	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

m.kr.

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndasjóður	305,7
1.02 Kvikmyndasafn Íslands	18,2
Almennur rekstur samtals	323,9
Gjöld samtals	**323,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	323,9

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.14 Bókasafnssjóður höfunda	19,3
1.15 Þýðingarsjóður	7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður	6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga	17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga	5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa	35,0
1.25 Starfsemi hljómsveita	5,5
1.27 Tónlist fyrir alla	4,5
1.28 Barnamenningarsjóður	2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð	8,6
1.30 Íslenska óperan	107,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	25,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	31,5
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	25,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.83 Samningur við Menningarborgarsjóð	5,0
1.90 Listir	36,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	7,5
Almennur rekstur samtals	424,0
Gjöld samtals	**424,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	424,0

m.kr.

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	4,3
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,5
1.20 Iðnsaga Íslands	7,2
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,5
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0
Almennur rekstur samtals	37,0
Gjöld samtals	**37,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	37,0

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	14,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.90 Alþjóðleg samskipti	87,0
1.91 Aðildargjöld ESB	524,4
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	14,5
Almennur rekstur samtals	625,9
Gjöld samtals	**625,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	625,9

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:	
1.10 Æskulýðsráð ríkisins	2,0

m.kr.

1.12 Ungmennafélag Íslands	42,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta	15,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni	1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK	15,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir	1,5
1.90 Æskulýðsmál	9,4
Almennur rekstur samtals	88,4
Gjöld samtals	**88,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	88,4

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:	
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands	74,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra	1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra	16,5
1.15 Skólaíþróttir	3,0
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,8
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	9,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,2
1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	10,0
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004	10,0
1.25 Skákskóli Íslands	5,8
1.29 Afreksmannasjóður	10,0
1.30 Bridgesamband Íslands	10,0
1.90 Ýmis íþróttamál	5,9
Almennur rekstur samtals	189,2
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
6.54 Gaddstaðir, reiðskemma	7,0
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	7,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**213,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 213,2

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 147,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Forvarnastarf í skólum 5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd 2,5
1.43 Skriðuklaustur 10,6
1.44 Snorrastofa 5,9
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.90 Ýmis framlög 22,4
Almennur rekstur samtals 51,4

Stofnkostnaður:
6.93 Snorrastofa 6,0

Gjöld samtals **57,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,4

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **28.472,4**
Greitt úr ríkissjóði **25.820,8**
Innheimt af ríkistekjum **2.651,6**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	605,0
1.02 Varnarmálaskrifstofa	66,7
1.53 Þýðingamiðstöð	54,7
Almennur rekstur samtals	726,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**735,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**730,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	720,3
Innheimt af ríkistekjum	10,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.19 Ráðstefnur	243,6
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,3
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,3
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,0
Almennur rekstur samtals	275,6
Gjöld samtals	**275,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,6

m.kr.

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,7
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	331,8
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	248,7
1.30 Fíkniefnaeftirlit	12,3
Almennur rekstur samtals	641,5
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**645,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,9
Gjöld umfram tekjur	**609,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	495,5
Innheimt af ríkistekjum	114,1

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	401,3
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	15,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	46,5
Gjöld samtals	**463,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,4

Gjöld umfram tekjur **422,7**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 543,4
Viðskiptahreyfingar ..... -120,7

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín 75,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,9

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 47,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,7

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 89,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 89,9

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 80,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,7

m.kr.

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 50,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,9

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 106,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,2

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 38,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,8

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 86,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,1

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 149,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 149,2

m.kr.

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 107,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,3

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 78,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,9

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 79,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,1

03-313 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 48,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,0

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 82,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 82,0

m.kr.

03-315 Sendiráð Íslands í Ottawa

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ottawa 62,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0

03-316 Sendiráð Íslands í Tókíó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Tókíó 101,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,9

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 50,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,8

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 28,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0

03-319 Sendiráð Íslands í Mapútó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Mapútó 20,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,7

m.kr.

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 119,4

Viðhaldsverkefni:
5.90 Viðhald 15,9

Stofnkostnaður:
6.90 Tæki og búnaður 23,9

Gjöld samtals **159,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,2

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 34,4
1.11 Þróunaraðstoð 434,5
Almennur rekstur samtals 468,9

Gjöld samtals **468,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 468,9

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 63,0
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 10,4
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 22,4
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 11,6
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 48,9
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 3,1
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 20,7
Almennur rekstur samtals 180,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**182,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,1

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	38,3
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	11,7
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	7,5
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,5
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	27,2
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	18,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6,4
1.39 Evrópuráðið	20,3
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	16,0
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	43,8
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	48,8
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	77,8
1.72 EFTA-dómstóllinn	25,4
1.73 Þróunarsjóður EFTA	113,9
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	26,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	2,1
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	73,2
1.87 Íslensk friðargæsla	180,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	67,0
Almennur rekstur samtals	808,4
Gjöld samtals	**808,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	808,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,0

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.263,9**
Greitt úr ríkissjóði	**4.717,1**
Innheimt af ríkistekjum	**667,5**
Viðskiptahreyfingar	**-120,7**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	152,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,4
Gjöld umfram tekjur	**148,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,4

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	15,2
1.12 Mat á búvörum	12,0
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,1
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	19,7
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,2
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,9
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,1
1.90 Ýmis verkefni	28,4
Almennur rekstur samtals	97,2
Gjöld samtals	**97,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,2
Innheimt af ríkistekjum	12,0

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	314,2
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald	6,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,7
6.20 Fasteignir	1,3
Stofnkostnaður samtals	5,0
Gjöld samtals	**325,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-131,4
Gjöld umfram tekjur	**194,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	194,5

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastofnun	87,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-45,5
Gjöld umfram tekjur	**42,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	42,1

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðimálastjóri	21,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,2
Gjöld umfram tekjur	**20,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 219,3
1.25 Sauðfjárveikivarnir 40,9
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir 10,8
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 64,0
Almennur rekstur samtals 335,0

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **339,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **333,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 254,8
Innheimt af ríkistekjum 79,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 212,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,0
6.20 Fasteignir og lóðir 7,0
Stofnkostnaður samtals 14,0

Gjöld samtals **230,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -81,1

Gjöld umfram tekjur **149,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 149,1

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 183,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **207,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -64,3

Gjöld umfram tekjur **143,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,1

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 99,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2

Gjöld samtals **106,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **95,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,1

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 17,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **16,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,7

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 333,0
1.90 Fyrirhleðslur 37,7
Almennur rekstur samtals 370,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 39,5

Gjöld samtals **415,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -34,2

Gjöld umfram tekjur **381,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,0

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 157,9
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá 79,5
1.90 Sérstök verkefni 66,8
Almennur rekstur samtals 304,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 6,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,2
6.20 Fasteignir, óskipt 9,1
Stofnkostnaður samtals 15,3

Gjöld samtals **325,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -111,4

Gjöld umfram tekjur **214,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 214,3

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Landgræðslusjóður 23,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 89,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **87,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,6

m.kr.

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Suðurlandsskógar	69,2
1.13 Vesturlandsskógar	34,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	30,0
1.16 Norðurlandsskógar	50,0
1.17 Austurlandsskógar	10,0
Almennur rekstur samtals	193,2
Gjöld samtals	**193,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.769,6
1.02 Lífeyrissjóður bænda	142,1
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	275,0
Almennur rekstur samtals	4.186,7
Gjöld samtals	**4.186,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.186,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.734,6
1.02 Lífeyrissjóður bænda	68,8
1.03 Jöfnunargreiðslur	66,8
1.05 Niðurgreiðslur á ull	246,9
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	123,5
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	263,1
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	239,5
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	38,5
Almennur rekstur samtals	2.781,7
Gjöld samtals	**2.781,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.781,7

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta 131,5
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta 86,3
1.96 Búfjárrækt 62,5
Almennur rekstur samtals 280,3

Stofnkostnaður:
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni 55,0

Gjöld samtals **335,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 335,3

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 281,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 281,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 165,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 195,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,0

m.kr.

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 117,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,3

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 60,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **58,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5
Innheimt af ríkistekjum 52,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,5

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

m.kr.

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 30,0
Almennur rekstur samtals 80,0

Gjöld samtals **80,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 38,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.835,0**
Greitt úr ríkissjóði **10.687,0**
Innheimt af ríkistekjum **148,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	139,2
1.11 Fiskveiðisamningar	7,5
Almennur rekstur samtals	146,7
Gjöld samtals	**146,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**140,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,4

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	21,0
1.23 Matvælasetur	5,7
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	21,0
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	28,3
1.49 Úrskurðarnefndir	14,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	9,7
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	21,0
1.90 Ýmislegt	30,4
Almennur rekstur samtals	170,6
Gjöld samtals	**170,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,6

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 736,8
1.30 Rannsóknaskip 366,8
Almennur rekstur samtals 1.103,6

Viðhaldsverkefni:
5.31 Viðhald rannsóknaskipa 78,0

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 16,6
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 13,9
Stofnkostnaður samtals 30,5

Gjöld samtals **1.212,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -194,1

Gjöld umfram tekjur **1.018,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.018,0

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 284,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **300,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -174,3

Gjöld umfram tekjur **125,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,7

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	438,8
1.10 Landamærastöðvar	39,4
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	37,2
Almennur rekstur samtals	515,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**519,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**506,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	506,3

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	41,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs	23,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,1

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	18,5
Stofnkostnaður:	
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	25,8
Gjöld samtals	**44,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-32,7
Gjöld umfram tekjur	**11,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,6

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	545,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	545,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	47,2
1.30 Keldnaholt	11,2
Almennur rekstur samtals	58,4
Gjöld samtals	**58,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**55,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,5

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur 2.639,2
Greitt úr ríkissjóði 2.599,2
Innheimt af ríkistekjum 40,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	218,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**216,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	216,3

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	30,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,2
Gjöld umfram tekjur	**4,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,1

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	12,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	26,5

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,5

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 43,3
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,8
1.40 Alþjóðasamstarf 6,7
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,5
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 4,3
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 4,1
1.83 Kristskirkja, Landakoti 2,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,8
Almennur rekstur samtals 72,8

Gjöld samtals **72,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,1

Gjöld umfram tekjur **54,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,5
Innheimt af ríkistekjum 3,2

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 64,3
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma 6,0
Almennur rekstur samtals 70,3

Gjöld samtals **70,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **69,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,3

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 551,6
1.11 Meðdómsmenn 23,2
Almennur rekstur samtals 574,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 16,5

Gjöld samtals **591,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 591,3

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 350,1
1.20 Réttargæslumenn 6,9
Almennur rekstur samtals 357,0

Gjöld samtals **357,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,0

Gjöld umfram tekjur **253,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,0

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 63,1
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 5,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana 4,3
Almennur rekstur samtals 72,4

Gjöld samtals **72,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **71,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,5

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 51,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **49,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,1

m.kr.

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	77,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,7

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	585,1
1.05 Innheimta sekta	22,0
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	162,0
Almennur rekstur samtals	769,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,0
6.11 Bifreiðar	98,0
Stofnkostnaður samtals	113,0
Gjöld samtals	**882,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-272,9
Gjöld umfram tekjur	**609,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	609,2

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	131,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,9

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.871,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,0

Gjöld samtals **1.874,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,0

Gjöld umfram tekjur **1.867,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.867,0

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Almannavarnir ríkisins 41,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,8

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:
1.10 Neyðarsímsvörun 68,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,7

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 74,1
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 3,3
Almennur rekstur samtals 77,4

Gjöld samtals **77,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,5

Gjöld umfram tekjur **46,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,9

m.kr.

06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja

Almennur rekstur:	
1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	230,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,0

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.20 Fíkniefnamál	1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	61,6
Almennur rekstur samtals	63,1
Gjöld samtals	**63,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,1

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	127,3
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	0,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	7,5
Almennur rekstur samtals	150,7
Gjöld samtals	**150,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	150,7

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:	
6.21 Fasteignir	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:	
1.90 Landhelgisgæsla Íslands	1.055,2
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta	65,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**1.125,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,0
Gjöld umfram tekjur	**1.095,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.095,3

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:	
6.41 Landhelgissjóður Íslands	8,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:	
1.01 Schengen-samstarf	53,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	12,0
Gjöld samtals	**65,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,2

m.kr.

06-398 Útlendingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingaeftirlitið 132,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,5

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 207,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **206,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 206,5

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 55,4
1.20 Löggæsla 75,3
Almennur rekstur samtals 130,7

Gjöld samtals **130,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,7

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 39,5
1.20 Löggæsla 63,5
Almennur rekstur samtals 103,0

Gjöld samtals **103,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **101,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,1

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 50,3
1.20 Löggæsla 71,5
Almennur rekstur samtals 121,8

Gjöld samtals **121,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,8

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 18,3
1.20 Löggæsla 10,0
Almennur rekstur samtals 28,3

Gjöld samtals **28,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 33,5
1.20 Löggæsla 33,4
Almennur rekstur samtals 66,9

Gjöld samtals **66,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **64,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,6

m.kr.

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,1
1.20 Löggæsla	16,3
Almennur rekstur samtals	35,4
Gjöld samtals	**35,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,4

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	57,4
1.20 Löggæsla	79,8
1.40 Tollgæsla	4,6
Almennur rekstur samtals	141,8
Gjöld samtals	**141,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**141,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	141,5

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,4
1.20 Löggæsla	16,5
Almennur rekstur samtals	38,9
Gjöld samtals	**38,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**38,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,8

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	39,2
1.20 Löggæsla	54,5
Almennur rekstur samtals	93,7
Gjöld samtals	**93,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**93,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	93,3

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,3
1.20 Löggæsla	55,7
1.40 Tollgæsla	1,6
Almennur rekstur samtals	99,6
Gjöld samtals	**99,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**99,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,0

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	25,6
1.20 Löggæsla	32,6
Almennur rekstur samtals	58,2
Gjöld samtals	**58,2**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **53,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,5

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,6
1.20 Löggæsla 15,9
Almennur rekstur samtals 36,5

Gjöld samtals **36,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,5

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 123,5
1.20 Löggæsla 178,5
1.40 Tollgæsla 11,9
Almennur rekstur samtals 313,9

Gjöld samtals **313,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **310,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,8

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 56,5
1.20 Löggæsla 74,3
Almennur rekstur samtals 130,8

Gjöld samtals **130,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **130,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,1

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 52,7
1.20 Löggæsla 68,3
1.40 Tollgæsla 9,7
Almennur rekstur samtals 130,7

Gjöld samtals **130,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **128,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 128,5

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 58,5
1.20 Löggæsla 75,0
Almennur rekstur samtals 133,5

Gjöld samtals **133,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **132,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,5

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	26,0
1.20 Löggæsla	34,9
Almennur rekstur samtals	60,9
Gjöld samtals	**60,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,9

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	21,7
1.20 Löggæsla	22,7
Almennur rekstur samtals	44,4
Gjöld samtals	**44,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**44,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,2

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	34,3
1.20 Löggæsla	33,1
Almennur rekstur samtals	67,4
Gjöld samtals	**67,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**67,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,0

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	49,0
1.20 Löggæsla	72,8
1.40 Tollgæsla	12,0
Almennur rekstur samtals	133,8
Gjöld samtals	**133,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**127,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	127,5

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	81,4
1.20 Löggæsla	167,1
1.40 Tollgæsla	11,0
Almennur rekstur samtals	259,5
Gjöld samtals	**259,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**238,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	238,7

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	109,2
1.20 Löggæsla	229,5
1.40 Tollgæsla	14,1
Almennur rekstur samtals	352,8
Gjöld samtals	**352,8**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **350,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,2

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 148,3
1.20 Löggæsla 197,7
1.40 Tollgæsla 32,9
Almennur rekstur samtals 378,9

Gjöld samtals **378,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **378,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 378,7

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 140,4
1.20 Löggæsla 156,4
Almennur rekstur samtals 296,8

Gjöld samtals **296,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **296,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 296,3

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	29,2
1.11 Útgáfa ökuskírteina	10,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	102,9
1.60 Gagnalínukostnaður	25,5
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	70,6
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	28,9
Almennur rekstur samtals	267,2
Gjöld samtals	**267,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	267,2

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	42,5
Gjöld samtals	**47,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	605,1
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**615,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,8

Gjöld umfram tekjur **553,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 553,3

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 877,4
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 7,5
Almennur rekstur samtals 887,3

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 16,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 6,0
6.26 Auðunarstofa 12,0
Stofnkostnaður samtals 43,0

Gjöld samtals **930,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -29,3

Gjöld umfram tekjur **901,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 901,0

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 152,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,7

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 47,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 583,0
1.13 Kirkjugarðasjóður 50,0
Almennur rekstur samtals 633,0

Gjöld samtals **633,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 633,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1.353,0
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 118,0
Almennur rekstur samtals 1.471,0

Gjöld samtals **1.471,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.471,0

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 250,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **13.748,6**
Greitt úr ríkissjóði **13.718,9**
Innheimt af ríkistekjum **29,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	147,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**147,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,2

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	3,6
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2,6
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	3,5
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	3,2
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,9
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,4
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,5
1.21 Reynslusveitarfélög	3,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	5,3
1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,6
1.26 Jafnréttisráð	6,3
1.90 Ýmislegt	2,3
Almennur rekstur samtals	45,5
Gjöld samtals	**45,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,5

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 39,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,8

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 31,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,2

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 316,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **321,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,3

Gjöld umfram tekjur **285,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 199,0
Innheimt af ríkistekjum 86,5

m.kr.

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	59,4
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	414,9
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	93,5
Almennur rekstur samtals	567,8
Gjöld samtals	**567,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	567,8

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	15,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,9

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	9,8
1.80 Starfsþjálfun	24,7
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	6,1
1.90 Ýmis verkefni	24,8
Almennur rekstur samtals	65,4
Gjöld samtals	**65,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,4

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.116,8
1.10 Svæðisráð	2,5
1.30 Verndaðir vinnustaðir	30,9
Almennur rekstur samtals	1.150,2
Gjöld samtals	**1.150,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.150,2

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 755,2
1.10 Svæðisráð 1,7
1.30 Verndaðir vinnustaðir 29,7
1.61 Dagvistun Keflavík 16,2
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 8,3
Almennur rekstur samtals 811,1

Gjöld samtals **811,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **803,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 803,1

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 134,5
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 38,5
Almennur rekstur samtals 174,1

Gjöld samtals **174,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **162,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,2

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	110,0
1.10 Svæðisráð	1,1
Almennur rekstur samtals	111,1
Gjöld samtals	**111,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	111,1

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	186,5
Almennur rekstur samtals	187,6
Gjöld samtals	**187,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,6

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	45,7
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	414,0
Almennur rekstur samtals	460,8
Gjöld samtals	**460,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	460,8

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	154,2

	m.kr.
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir	12,5
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	13,5
Almennur rekstur samtals	181,3
Gjöld samtals	**181,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**179,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	187,4
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir	17,3
1.72 Skaftholt	25,1
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	54,7
Almennur rekstur samtals	285,6
Gjöld samtals	**285,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**284,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	284,1

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	429,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,7
Gjöld umfram tekjur	**414,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 414,1

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 180,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **179,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,0

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 150,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,3

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 156,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **152,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,9

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 305,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 305,0

m.kr.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.815,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	330,9
Almennur rekstur samtals	5.145,9
Gjöld samtals	**5.145,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.145,9

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	6,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	333,4
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3
Almennur rekstur samtals	343,7
Gjöld samtals	**343,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-189,1
Gjöld umfram tekjur	**154,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	154,6

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	9,3
1.90 Ýmislegt	18,0
Almennur rekstur samtals	34,8
Gjöld samtals	**34,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	303,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-80,0
Gjöld umfram tekjur	**223,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.624,3
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	56,2
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	112,4
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	144,7
1.31 Kjararannsóknarnefnd	27,1
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	81,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	55,2
Almennur rekstur samtals	2.272,9
Gjöld samtals	**2.272,9**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-446,0
Gjöld umfram tekjur	**1.826,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.826,9

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	14,6
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	23,1
Gjöld samtals	**23,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	29,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	4.005,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	461,5
Almennur rekstur samtals	4.466,5
Gjöld samtals	**4.466,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.466,5

m.kr.

07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 26,2
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 128,1
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 46,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10,5
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.36 Félagið Geðhjálp 5,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 26,7
1.41 Stígamót 16,6
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 19,2
1.44 Byrgið, líknarfélag 12,4
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,6
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 8,0
1.49 Mótttaka flóttamannahópa 49,7
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 14,1
1.90 Ýmis framlög 13,5
Almennur rekstur samtals 384,8

Gjöld samtals **384,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 384,8

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **18.119,9**
Greitt úr ríkissjóði **18.033,4**
Innheimt af ríkistekjum **86,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	286,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**289,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**286,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,7

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	774,1
1.90 Rekstrarhagræðing	15,0
Almennur rekstur samtals	789,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**819,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-90,0
Gjöld umfram tekjur	**729,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	729,6

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	271,2
1.15 Umönnunarbætur	895,8
1.21 Makabætur	32,4
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	75,9
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	359,4
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	70,9
1.41 Heimilisuppbót	2.052,7
1.51 Uppbætur	2.530,4
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	191,8
Almennur rekstur samtals	6.480,5
Gjöld samtals	**6.480,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.480,5

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.335,1
1.15 Örorkulífeyrir	2.462,2
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.976,5
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.690,7
1.26 Tekjutryggingarauki	652,1
1.31 Örorkustyrkur	174,1
1.35 Barnalífeyrir	1.344,9
1.91 Annað	75,9
Almennur rekstur samtals	22.711,5
Gjöld samtals	**22.711,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22.711,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.741,5

	m.kr.
1.15 Lyf	5.283,0
1.21 Hjálpartæki	998,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	107,6
1.31 Þjálfun	921,5
1.35 Tannlækningar	1.117,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	146,9
1.45 Brýn meðferð erlendis	524,1
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	146,1
1.55 Sjúkradagpeningar	245,0
1.91 Annað	118,1
Almennur rekstur samtals	12.348,8
Gjöld samtals	**12.348,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12.348,8

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	761,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	761,7

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	88,0
1.15 Bætur til framfærslu	280,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	160,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	568,0
Gjöld samtals	**568,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	568,0

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	68,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,1

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 195,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,3
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 146,8
1.10 Læknaráð 2,6
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 12,2
1.40 Siðaráð 0,9
Almennur rekstur samtals 163,2

Gjöld samtals **163,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 161,2
Innheimt af ríkistekjum 2,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 13,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,7

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 138,8

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **139,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,4

Gjöld umfram tekjur **107,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,4

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 58,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **57,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,1

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 48,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **49,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **44,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,1
Innheimt af ríkistekjum 7,2

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:
1.01 Manneldisráð 18,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **18,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,1

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 105,1
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri 5,5
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 13,0
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 17,1
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 2,8
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 6,0
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 3,8
1.80 Gigtarráð 3,9
1.90 Ýmis starfsemi 1,9
Almennur rekstur samtals 159,1

Stofnkostnaður:
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda 9,0

Gjöld samtals **168,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,1

m.kr.

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.444,8
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
6.50 Nýbygging	10,0
Stofnkostnaður samtals	65,0
Gjöld samtals	**2.530,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,5
Gjöld umfram tekjur	**2.390,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.390,3

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	432,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**421,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	421,1

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	151,1
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	60,0
Gjöld samtals	**211,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 211,1

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 21.544,0

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 248,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 218,0
6.21 Barnaspítali 420,0
Stofnkostnaður samtals 638,0

Gjöld samtals **22.430,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.852,8

Gjöld umfram tekjur **20.577,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20.477,2
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Læknishéraðasjóður 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 74,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,8

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 20,0

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 204,0
Stofnkostnaður samtals 221,4

Gjöld samtals **241,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,4

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða 409,5

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 354,4

Gjöld samtals **763,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 763,9

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 115,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **110,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,5
Innheimt af ríkistekjum 14,9

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	20,6
1.14 Lyfjaverðsnefnd	6,0
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	45,4
1.17 Vísindasiðanefnd	10,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,5
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	191,8
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	38,5
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,8
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	67,3
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,2
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	46,1
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	25,6
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	19,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	11,1
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	10,7
1.90 Ýmis framlög	30,1
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	586,4
Gjöld samtals	**586,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,4
Gjöld umfram tekjur	**540,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	540,0

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	543,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -43,9

Gjöld umfram tekjur **499,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 499,2

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi 274,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **267,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 267,9

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól 468,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,8

Gjöld umfram tekjur **452,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 452,1

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir 543,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **527,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 527,5

m.kr.

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 170,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **168,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,5

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 350,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,1

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 286,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,2

Gjöld umfram tekjur **276,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 276,6

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 83,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,4

m.kr.

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 64,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,8

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 78,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,6

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 27,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,5

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 398,3

Stofnkostnaður:
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur 15,0

Gjöld samtals **413,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **404,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 404,5

m.kr.

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Víðines	180,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,6
Gjöld umfram tekjur	**175,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,2

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:	
1.01 Hlaðgerðarkot	61,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,7

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	282,9
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald fasteignar	5,0
Gjöld samtals	**287,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,1
Gjöld umfram tekjur	**280,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	280,8

08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Endurhæfingardeild	111,5
1.10 Almenn deild	205,0
Almennur rekstur samtals	316,5
Gjöld samtals	**316,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 316,5

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg 34,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,9

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 64,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 64,4

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 133,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **133,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,2

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 116,3
1.12 Sóltún, Reykjavík 591,0
1.15 Dalbær, Dalvík 94,7
1.19 Hjallatún, Vík 36,9
1.21 Höfði, Akranesi 164,5
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum 99,0

	m.kr.
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	48,1
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	73,8
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	35,7
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	37,3
1.35 Jaðar, Ólafsvík	18,1
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	61,3
1.41 Hrafnista, Reykjavík	742,6
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	605,6
1.45 Grund, Reykjavík	650,8
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	240,1
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	156,7
1.51 Fellsendi, Búðardal	42,5
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	821,2
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	9,4
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	46,9
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	30,7
1.65 Lindargata, Reykjavík	28,4
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	55,5
1.69 Múlabær, Reykjavík	43,2
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	86,2
1.81 Holtsbúð, Garðabæ	110,4
1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	51,1
1.85 Fríðuhús, Reykjavík	23,1
1.97 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	5,6
1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	18,3
Almennur rekstur samtals	5.145,0
Gjöld samtals	**5.145,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-444,9
Gjöld umfram tekjur	**4.700,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.700,1

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	348,4

	m.kr.
1.21 Dagvistun aldraðra	15,2
Almennur rekstur samtals	363,6
Gjöld samtals	**363,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	363,6

08-497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:	
1.11 Hjúkrunarrými	134,3
1.21 Dagvistun aldraðra	4,2
1.31 Fæðingar	4,7
Almennur rekstur samtals	143,2
Gjöld samtals	**143,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	143,2

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:	
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	89,3
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald, óskipt	27,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	25,0
6.90 Tölvuvæðing	52,2
Stofnkostnaður samtals	77,2
Gjöld samtals	**193,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 193,5

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 274,4
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 54,1
1.15 Sjúkraflug 91,6
Almennur rekstur samtals 420,1

Gjöld samtals **420,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 420,1

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík 887,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,3

Gjöld umfram tekjur **826,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 826,3

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 427,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **410,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 410,1

m.kr.

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	104,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,9
Gjöld umfram tekjur	**92,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	92,8

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:	
1.01 Læknavaktin	187,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,8
Gjöld umfram tekjur	**161,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	161,7

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	73,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,6
Gjöld umfram tekjur	**67,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,3

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	52,7

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,4

Gjöld umfram tekjur **49,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,3

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 30,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **28,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 48,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **45,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,9

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 29,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **28,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0

m.kr.

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík	49,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,8
Gjöld umfram tekjur	**44,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,8

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri	259,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-17,6
Gjöld umfram tekjur	**241,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,5

08-568 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:	
1.01 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	67,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,7
Gjöld umfram tekjur	**62,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,5

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	28,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **27,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,7

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 28,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **27,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi 68,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,7

Gjöld umfram tekjur **61,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,6

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 49,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **43,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,9

m.kr.

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 30,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **29,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,5

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 26,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **25,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,0

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 220,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,1

Gjöld umfram tekjur **195,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,0

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 94,7

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,9

Gjöld umfram tekjur **86,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,8

08-584 Heilsugæsla í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Kópavogi 253,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,4

Gjöld umfram tekjur **234,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 234,4

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 148,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -15,1

Gjöld umfram tekjur **133,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,2

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 87,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,6

Gjöld umfram tekjur **80,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

m.kr.

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð	7,9
1.90 Forvarnasjóður	71,4
Almennur rekstur samtals	79,3
Gjöld samtals	**79,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,3

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	88,9
1.11 Sjúkrasvið	907,9
Almennur rekstur samtals	996,8
Gjöld samtals	**996,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-53,7
Gjöld umfram tekjur	**943,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	943,1

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,3
1.11 Sjúkrasvið	212,8
Almennur rekstur samtals	254,1
Gjöld samtals	**254,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,3
Gjöld umfram tekjur	**241,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	241,8

m.kr.

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	41,7
1.11 Sjúkrasvið	122,5
Almennur rekstur samtals	164,2
Gjöld samtals	**164,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,8
Gjöld umfram tekjur	**158,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	158,4

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	136,7
1.11 Sjúkrasvið	433,3
Almennur rekstur samtals	570,0
Gjöld samtals	**570,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-44,4
Gjöld umfram tekjur	**525,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	525,6

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	34,6
1.11 Sjúkrasvið	65,5
Almennur rekstur samtals	100,1
Gjöld samtals	**100,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,1
Gjöld umfram tekjur	**97,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,0

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 36,2
1.11 Sjúkrasvið 50,6
Almennur rekstur samtals 86,8

Gjöld samtals **86,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **84,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,7

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 46,4
1.11 Sjúkrasvið 138,8
Almennur rekstur samtals 185,2

Gjöld samtals **185,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,4

Gjöld umfram tekjur **176,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 176,8

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 50,4
1.11 Sjúkrasvið 216,1
Almennur rekstur samtals 266,5

Gjöld samtals **266,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,5

Gjöld umfram tekjur **257,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 257,0

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 61,6
1.11 Sjúkrasvið 483,6
Almennur rekstur samtals 545,2

Gjöld samtals **545,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,1

Gjöld umfram tekjur **521,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 521,1

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 35,5
1.11 Sjúkrasvið 234,8
Almennur rekstur samtals 270,3

Gjöld samtals **270,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,6

Gjöld umfram tekjur **258,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 258,7

m.kr.

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	157,3
1.11 Sjúkrasvið	400,6
Almennur rekstur samtals	557,9
Gjöld samtals	**557,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-41,0
Gjöld umfram tekjur	**516,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	516,9

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	346,2
1.11 Sjúkrasvið	716,9
Almennur rekstur samtals	1.063,1
Gjöld samtals	**1.063,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-63,4
Gjöld umfram tekjur	**999,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	999,7

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	72,1
1.11 Sjúkrasvið	351,2
Almennur rekstur samtals	423,3
Gjöld samtals	**423,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,2
Gjöld umfram tekjur	**397,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 397,1

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 144,4
1.11 Sjúkrasvið 510,1
Almennur rekstur samtals 654,5

Gjöld samtals **654,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -37,8

Gjöld umfram tekjur **616,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 616,7

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 233,2
1.11 Sjúkrasvið 611,0
Almennur rekstur samtals 844,2

Gjöld samtals **844,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -65,9

Gjöld umfram tekjur **778,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 778,3

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 49,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,0

	m.kr.
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**89.863,2**
Greitt úr ríkissjóði	**89.714,1**
Innheimt af ríkistekjum	**124,1**
Viðskiptahreyfingar	**25,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	428,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**435,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**431,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	431,0

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	242,2
1.41 Launagreiðslukerfi	68,2
1.43 Tekjubókhaldskerfi	207,0
1.45 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	56,3
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	54,0
1.48 Innheimtuskilakerfi	16,2
1.49 Forsendukerfi innheimtugagna	16,0
Almennur rekstur samtals	659,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	22,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	10,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	480,0
Stofnkostnaður samtals	542,0
Gjöld samtals	**1.201,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.200,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.200,8

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisfjárhirsla 41,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **42,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,4

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 365,9
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 91,5
1.20 Skatteftirlit 32,8
1.41 Skattvinnslukerfi 168,0
Almennur rekstur samtals 658,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 69,4
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 12,6
Stofnkostnaður samtals 90,0

Gjöld samtals **748,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 748,2

m.kr.

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 308,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **312,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 312,3

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 47,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **47,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 28,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **28,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,3

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 30,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **29,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,8

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 73,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **72,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,6

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 34,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **34,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,5

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 47,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **47,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

m.kr.

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja 20,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **20,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,1

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Reykjaness 180,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,0

Gjöld umfram tekjur **177,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 177,9

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld 16,0
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 1,0
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum 5,6
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa 3,8
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið 26,5
1.10 Skatteftirlit 7,4
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 25,0
1.30 Þungaskattur 18,9
Almennur rekstur samtals 104,2

Stofnkostnaður:
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið 26,0

Gjöld samtals **130,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,2

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 87,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **88,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,8

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 99,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **101,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,2

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 266,8
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 6,2
Almennur rekstur samtals 273,0

Gjöld samtals **273,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -113,7

Gjöld umfram tekjur **159,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,3

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	829,1
1.41 Innheimtuskilakerfi	0,2
1.43 Forsendukerfi innheimtugagna	0,2
Almennur rekstur samtals	829,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,0
Gjöld samtals	**843,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**838,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	828,6
Innheimt af ríkistekjum	10,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.731,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	118,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	26,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	408,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	89,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	12,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	32,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	158,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	7,0
Almennur rekstur samtals	5.581,0
Gjöld samtals	**5.581,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.293,0
Viðskiptahreyfingar	2.288,0

m.kr.

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 303,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 303,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 352,6

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 13,5
6.02 Landskrá fasteigna 80,8
Stofnkostnaður samtals 94,3

Gjöld samtals **446,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **445,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 316,2
Innheimt af ríkistekjum 129,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

m.kr.

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.770,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.770,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.930,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.930,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 4.385,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.385,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 118,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -115,4

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.485,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.485,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasýsla ríkisins	132,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-71,6
Gjöld umfram tekjur	**61,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,0

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	190,0
6.15 Tjónabætur	20,0
Stofnkostnaður samtals	210,0
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0
Viðskiptahreyfingar	190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur húsnæðis	149,3
1.05 Rekstur tölvukerfis	30,5
Almennur rekstur samtals	179,8
Stofnkostnaður:	
6.21 Húsnæði	38,0
6.41 Tölvubúnaður	13,0
Stofnkostnaður samtals	51,0
Gjöld samtals	**230,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-208,5
Gjöld umfram tekjur	**22,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,3

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 46,5
1.11 Rekstur fasteigna 359,8
Almennur rekstur samtals 406,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 770,4

Gjöld samtals **1.176,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.176,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 625,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 625,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	39,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	39,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	40,3
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	27,3
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,1
1.13 Kjarasamningar	14,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	35,8
1.15 Kjararannsóknir	6,5
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	17,7
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	164,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	90,0
1.45 Ýmsar nefndir	3,8
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	8,4
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,7
1.60 Dómkröfur	85,4
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	14,4
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	2,8
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	11,0
Almennur rekstur samtals	556,1

Stofnkostnaður:

6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	2,0
6.91 Hagræðingarmál	3,5
Stofnkostnaður samtals	5,5
Gjöld samtals	**561,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	561,6

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28.006,8**
Greitt úr ríkissjóði	**21.389,8**
Innheimt af ríkistekjum	**139,0**
Viðskiptahreyfingar	**6.478,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	187,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	186,1
Viðskiptahreyfingar	1,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	47,3
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	23,5
1.25 Staðsetningarkerfi	6,0
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	13,6
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	47,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	17,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	74,4
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.49 Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,5
1.90 Ýmislegt	18,5
Almennur rekstur samtals	339,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**349,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	349,1

m.kr.

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	453,0
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.100,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	364,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	123,3
Almennur rekstur samtals	4.040,3
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	2.194,0
5.10 Viðhald	2.040,0
Viðhaldsverkefni samtals	4.234,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	5.805,0
6.21 Landsvegir	115,0
6.40 Tilraunir	101,0
6.43 Safnvegir	272,0
6.45 Styrkvegir	54,0
6.47 Reiðvegir	39,0
Stofnkostnaður samtals	6.386,0
Gjöld samtals	**14.660,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.100,0
Gjöld umfram tekjur	**11.560,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.863,3
Viðskiptahreyfingar	-303,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	459,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.298,4
6.74 Lendingabætur	3,8
6.76 Ferjubryggjur	6,5
6.80 Sjóvarnargarðar	73,8
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	16,6
Stofnkostnaður samtals	1.431,3
Gjöld samtals	**1.890,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-122,9
Gjöld umfram tekjur	**1.767,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.964,2
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-198,0

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	23,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,8

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	1.156,8
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	100,4
Almennur rekstur samtals	2.697,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.41 Flugvellir, framkvæmdir 557,1

Gjöld samtals **3.254,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.668,3

Gjöld umfram tekjur **1.586,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.724,8
Innheimt af ríkistekjum 111,8
Viðskiptahreyfingar ..... -250,0

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 20,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 146,0
1.11 Rekstur strandarstöðva 158,1
Almennur rekstur samtals 304,1

Gjöld samtals **304,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 237,0
Innheimt af ríkistekjum 67,1

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálaráð 49,6
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 87,9
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 25,0

	m.kr.
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,7
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	50,3
1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	8,0
Almennur rekstur samtals	233,5
Gjöld samtals	**233,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**230,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,3

10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**16.037,9**
Greitt úr ríkissjóði	**16.607,7**
Innheimt af ríkistekjum	**180,2**
Viðskiptahreyfingar	**-750,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	83,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**85,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,0

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	107,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,8
Gjöld samtals	**111,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	111,2
Viðskiptahreyfingar	0,7

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	423,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,7

	m.kr.
Gjöld samtals	**432,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-286,0
Gjöld umfram tekjur	**146,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,3

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	213,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,5
Gjöld samtals	**217,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-137,9
Gjöld umfram tekjur	**79,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	79,8

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	14,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,6

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	202,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	202,4

m.kr.

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 29,9
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 6,6
1.30 Alþjóðlegt samstarf 19,8
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 32,9
Almennur rekstur samtals 179,2

Gjöld samtals **179,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,2

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 5,9
1.02 Orkumálasvið 93,5
1.03 Orkurannsóknir 119,8
1.04 Sala rannsókna 207,5
Almennur rekstur samtals 426,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,2

Gjöld samtals **437,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -207,5

Gjöld umfram tekjur **230,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 230,4

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda 16,8
1.13 Jarðhitaleit 12,0
1.23 Notendur utan samveitna 2,0
Almennur rekstur samtals 33,3

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir 50,0

Gjöld samtals **83,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 85,3
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun 853,1
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum 139,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið 10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum 5,0
1.21 Nýskipan orkumála 4,0
1.23 Þróunarverkefni o.fl. 11,0
Almennur rekstur samtals 1.107,4

Gjöld samtals **1.107,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.107,4

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 172,5

	m.kr.
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	100,9
Almennur rekstur samtals	273,4
Stofnkostnaður:	
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0
Gjöld samtals	**573,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	573,4

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	29,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.925,7**
Greitt úr ríkissjóði	**2.813,8**
Innheimt af ríkistekjum	**111,2**
Viðskiptahreyfingar	**0,7**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	108,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**108,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,1

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	2,1
1.20 Icepro-nefnd	4,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	30,8
Almennur rekstur samtals	45,7
Gjöld samtals	**45,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,7

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	194,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,3

	m.kr.
Gjöld samtals	**197,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,9
Gjöld umfram tekjur	**188,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	174,2
Innheimt af ríkistekjum	13,9

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	287,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	241,2
Viðskiptahreyfingar	46,2

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður olíuvara	503,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	503,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:	
1.10 Flutningssjóður sements	170,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	170,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppnisstofnun	135,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,9

	m.kr.
Gjöld samtals	**137,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,5

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:	
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.457,8**
Greitt úr ríkissjóði	**1.156,5**
Innheimt af ríkistekjum	**255,1**
Viðskiptahreyfingar	**46,2**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	257,9
1.50 Þjóðskráin	101,7
Almennur rekstur samtals	359,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	13,6
Gjöld samtals	**373,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,4
Gjöld umfram tekjur	**364,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	251,2
Innheimt af ríkistekjum	113,6

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**382,8**
Greitt úr ríkissjóði	**269,2**
Innheimt af ríkistekjum	**113,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	198,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**199,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	199,9

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	6,0
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	6,5
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	25,3
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,9
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	25,0
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,3
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	6,4
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	3,6
1.58 Náttúrugripasöfn	3,0
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	13,0
1.90 Ýmis verkefni	9,5
Almennur rekstur samtals	155,6
Gjöld samtals	**155,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	155,6

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 12,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **8,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 70,1
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 66,3
Almennur rekstur samtals 136,4

Viðhaldsverkefni:
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 25,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **166,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,9

Gjöld umfram tekjur **140,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 140,5

m.kr.

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	21,4
1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	36,6
Almennur rekstur samtals	58,0
Gjöld samtals	**58,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	58,0

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

14-215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi

Stofnkostnaður:	
6.21 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	260,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	11,5
Gjöld samtals	**272,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,2
Gjöld umfram tekjur	**247,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,2
Innheimt af ríkistekjum	5,0

m.kr.

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 220,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1
1.10 Eyðing spilliefna 148,9
Almennur rekstur samtals 160,0

Gjöld samtals **160,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 564,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 564,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 112,4
1.11 Mat á umhverfisáhrifum 27,4
Almennur rekstur samtals 139,8

Gjöld samtals **139,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,8

Gjöld umfram tekjur **121,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 121,0

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	45,3
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	35,6
Almennur rekstur samtals	80,9
Gjöld samtals	**80,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,9

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	226,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**231,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-51,9
Gjöld umfram tekjur	**179,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,7

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	83,8
1.10 Námssjóður	3,5
1.20 Brunamálaskóli	18,2
Almennur rekstur samtals	105,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,5
Gjöld samtals	**108,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,5
Viðskiptahreyfingar 2,5

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,1

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 351,0

Gjöld samtals **358,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 358,1

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 6,9
1.02 Setur í Reykjavík 188,2
1.03 Setur á Akureyri 37,5
Almennur rekstur samtals 232,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **238,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -78,7

Gjöld umfram tekjur **159,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,4

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 5,6

	m.kr.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	5,6
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	5,6
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	5,6
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	5,6
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	5,6
Almennur rekstur samtals	33,6
Gjöld samtals	**33,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	33,6

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	15,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**17,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	414,1
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	112,2
Almennur rekstur samtals	526,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**554,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-161,2
Gjöld umfram tekjur	**393,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	393,6

m.kr.

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 39,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.289,5**
Greitt úr ríkissjóði **3.282,0**
Innheimt af ríkistekjum **5,0**
Viðskiptahreyfingar **2,5**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.400,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14.970,0
Viðskiptahreyfingar	1.430,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**16.400,0**
Greitt úr ríkissjóði	**14.970,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.430,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Þús. kr.

1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).

1.	Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	320.000
2.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	40.000
3.	Háskóli Íslands, viðhald	60.000
4.	Háskólinn á Akureyri, endurbætur	40.000
5.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald	5.000
6.	Framkvæmdir, óskipt	10.000
	Samtals	**475.000**

2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).

1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50.000
2.	Flensborgarskóli, kennsluálma	15.000
3.	Sjómannaskólahús	50.000
4.	Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma	45.000
5.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, kennsluálma	20.000
6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma	70.000
7.	Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur	40.000
8.	Menntaskólinn að Laugarvatni, endurbygging	30.000
9.	Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús	20.000
10.	Fjölbrautaskóli Vesturlands, bókasafn	20.000
11.	Menntaskólinn að Laugarvatni, tæki	8.000
12.	Til framkvæmda, óskipt	12.000
13.	Tæki og búnaður, óskipt	16.000
	Samtals	**396.000**

3. Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).

1.	Kirkjubæjarstofa	4.000
2.	Steinaríki Íslands	2.000
3.	Kvennasögusafn Íslands	600
4.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	500
5.	Reykhólahreppur, hlunnindasafn	500
6.	Sædýrasafnið, Höfnum	3.000

7.	Herhúsið, Siglufirði	500
8.	Þjóðlagasetrið, Siglufirði	2.000
9.	Búvélasafnið Hvanneyri	1.000
	Óskipt	3.400
	Samtals	**17.500**

4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn, endurbygging	240.000
2.	Verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins	65.000
3.	Bókageymslur í Reykholti	5.000
4.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	25.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	30.000
6.	Listasafn Íslands, endurbætur	10.000
	Óskipt	10.000
	Samtals	**385.000**

5. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.000
2.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
3.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.300
4.	Reykholtshátíð	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Leikbrúðuland	900
7.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
8.	Eiríksstaðanefnd	400
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
10.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
11.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.200
12.	Sumartónleikar við Mývatn	400
13.	Harmónikkufélag Vestfjarða	300
	Óskipt	26.900
	Samtals	**36.800**

6. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.000
2.	Örlygur Hálfdánarson	1.000
3.	Oddur Helgason	1.000
	Óskipt	3.500
	Samtals	**7.500**

7. Norræn samvinna (02-984 1.90).

	Norræna félagið	3.000
	Óskipt	11.500
	Samtals	**14.500**

8. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Norræn samtök um ungmennastarf (NSU)	1.100
2.	AFS á Íslandi	500
3.	Snorraverkefnið	4.900
	Óskipt	2.900
	Samtals	**9.400**

9. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	300
2.	Körfuknattleikssamband Íslands	2.500
	Óskipt	3.100
	Samtals	**5.900**

10. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1.	Heimilisiðnaðarskólinn	700
2.	Kvenfélagasamband Íslands	1.800
3.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
4.	Surtseyjarfélagið	400
5.	Íslenskudeild Moskvuháskóla, tölvur	400
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
7.	SMS, samskipti með síma	4.000
8.	Fræðslusetur, Sandgerðisbæ	2.000
9.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnasafn	1.000
10.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	5.000
11.	Sögufélag Ísfirðinga	2.000
12.	Sænautasel	1.000
	Óskipt	600
	Samtals	**22.400**

11. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Æðarræktarfélag Íslands	300
2.	Tún, vottunarstofa ehf.	2.000

3.	Landvernd	4.000
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum	300
6.	Rannsókn á landslagi	3.000
7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
9.	Nytjaland	5.000
10.	Rannsóknir á glerál	800
	Óskipt	3.500
	Samtals	**28.400**

12. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1.	Héraðsvötn	4.000
2.	Hornafjarðarfljót	1.000
3.	Kotá	1.000
4.	Skaftá	500
5.	Klifandi/Hafursá	4.000
6.	Markarfljót	15.000
7.	Þjórsá	1.000
	Samtals	**26.500**

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1.	Vesturlandskjördæmi	1.000
2.	Vestfjarðakjördæmi	500
3.	Norðurlandskjördæmi vestra	1.000
4.	Norðurlandskjördæmi eystra	3.000
5.	Austurlandskjördæmi	1.000
6.	Suðurlandskjördæmi	4.600
	Samtals	**11.100**
	Samtals	**37.600**

13. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1.	Barnaheill	700
2.	Blindrafélagið	5.000
3.	Daufblindrafélag Íslands	700
4.	Félag ábyrgra feðra	100
5.	Félag einstæðra foreldra	1.200

6.	Félag heyrnarlausra	3.000
7.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
8.	Foreldrafélag misþroska barna	500
9.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
10.	Geðhjálp	4.000
11.	Íslensk ættleiðing	3.000
12.	Kvennaráðgjöfin	700
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Leigjendasamtökin	500
15.	Ný dögun	600
16.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
17.	Samtökin '78	800
18.	Sjálfsbjörg	3.500
19.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
20.	Systkinasmiðjan	300
21.	Umsjónarfélag einhverfra	600
22.	Vernd	800
23.	Þroskahjálp	4.000
	Óskipt	6.700
	Samtals	**44.500**

14. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
2.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	12.000
3.	Sjúkrahúsið Blönduósi	7.000
4.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	15.000
5.	Heilsugæslustöðin Akureyri	15.000
6.	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	2.500
7.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
8.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	35.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	10.000
10.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	57.000
11.	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	8.500
12.	Heilsugæslustöðin Reyðarfirði	4.000
	Samtals	**204.000**

15. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Gigtarfélagið	2.500
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	600

3.	Vímulaus æska	1.500
4.	Samtök sykursjúkra	600
5.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
6.	Geðrækt	5.000
7.	Tourette-samtökin á Íslandi	300
8.	Alnæmissamtökin	500
9.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
10.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
11.	MS-félag Íslands	700
12.	Umhyggja	1.000
13.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	900
14.	Lífsvog	400
15.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
16.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	900
17.	Heimili og skóli	1.700
18.	Von, sjálfshjálparhópur vegna brjóstaaðgerða	200
19.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
20.	Mænuskaðaverkefni, Auður Guðjónsdóttir	500
21.	Blóðgjafafélag Íslands	200
22.	Astma- og ofnæmisfélagið	300
23.	Samtök lungnasjúklinga	200
24.	Bergmál, líknar- og vinafélag	200
25.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
	Óskipt	5.900
	Samtals	**30.100**

16. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

a. Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200
	Óskipt	7.090
	Samtals	**9.300**

17. Hafnarmannvirki (10-335 6.70)

a. Vesturland:

1.	Akranes	56.300
2.	Snæfellsbær	60.600
3.	Grundarfjörður	22.400
4.	Stykkishólmur	14.100
	Samtals	**153.400**

Vestfirðir:

1.	Reykhólahöfn	2.800
2.	Vesturbyggð	17.400
3.	Bolungarvík	23.700
4.	Ísafjarðarbær	23.400
5.	Súðavík	10.300
6.	Drangsnes	1.100
	Samtals	**78.700**

Norðurland vestra:

1.	Skagaströnd	8.200
2.	Skagafjörður	46.300
3.	Siglufjörður	10.000
	Samtals	**64.500**

Norðurland eystra:

1.	Hafnasamlag Eyjafjarðar	34.800
2.	Hafnasamlag Norðurlands	26.800
3.	Grímsey	6.000
4.	Húsavík	155.600
5.	Kópasker	4.900
6.	Raufarhöfn	9.300
7.	Þórshöfn	125.800
	Samtals	**363.200**

Austurland:

1.	Bakkafjörður	11.600
2.	Vopnafjörður	21.900
3.	Seyðisfjörður	213.400
4.	Fjarðabyggð	158.700

5.	Fáskrúðsfjörður	19.200
6.	Djúpivogur	30.200
7.	Hornafjörður	8.300
	Samtals	**463.300**

Suðurland:

1.	Vestmannaeyjar	125.800
2.	Þorlákshöfn	40.700
	Samtals	**166.500**

Reykjanes:

1.	Grindavík	118.200
2.	Sandgerði	30.200
3.	Hafnasamlag Suðurnesja	18.400
	Samtals	**166.800**

b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	8.600
c.	Rannsóknir	16.000
	Samtals	**1.481.000**

18. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1.	Þernuvík Ísafjarðardjúpi	500
2.	Grunnavík Ísafjarðardjúpi	200
3.	Drangar Árneshreppi	1.000
4.	Gjögur (krani á bryggju)	500
5.	Reykjar, Reykjaströnd	1.000
6.	Fyrir ofan Lagarfljótsbrú	600
	Samtals	**3.800**

19. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1.	Akraneskaupstaður	6.500
2.	Snæfellsbær	1.600
3.	Reykhólahreppur	2.500
4.	Ísafjarðarbær	6.700
5.	Súðavíkurhreppur	3.200
6.	Kaldrananeshreppur	1.600
7.	Höfðahreppur	4.100
8.	Öxafjarðarhreppur	1.900
9.	Vopnafjarðarhreppur	4.800

10.	Árborg, sveitarfélag	17.700
11.	Ölfus, sveitarfélag	7.900
12.	Bessastaðahreppur	8.100
13.	Seltjarnarneskaupstaður	5.000
	Óskipt	2.200
	Samtals	**73.800**

Sundurliðun 3 (Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta) og sundurliðun 4 (Fjármál lánastofnana í C-hluta) eru samhljóða þskj. 1.

426. Fyrirspurn [334. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjanaleyfi.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvert var efnislegt innihald þeirra virkjanaleyfa sem iðnaðarráðherra undirritaði hinn 15. júní sl. fyrir virkjanir í Súgandafirði og Ólafsfirði og samkvæmt hvaða reglum voru leyfin veitt?

427. Fyrirspurn [335. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstrarleyfi fyrir heilbrigðisþjónustu.

Frá Ástu Möller.

1. Í hvaða tilvikum þarf rekstrarleyfi til að hefja starfsemi sem fellur undir lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. 26. og 27. gr. laganna?
2. Í hvaða tilvikum þurfa heilbrigðisstarfsmenn sem hafa hlotið starfsréttindi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að sækja sérstaklega um leyfi til að starfrækja stofur fyrir starfsemi sína?
3. Hve margar umsóknir um rekstrarleyfi, sbr. 26. og 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, hafa borist ráðherra á síðustu fimm árum? Um hvaða starfsemi hefur verið sótt? Hverjum þessara umsókna hefur verið hafnað og á hvaða grundvelli?

Skriflegt svar óskast.

428. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Guðmund Eggertsson, Benedikt Sigurjónsson og Lúther Jónsson frá Iðnráði Reykjavíkur, Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins og Baldur Gíslason og Jóhannes Einarsson frá Iðnmennt. Umsagnir bárust um málið frá Samiðn, Eyþingi, Samtökum iðnaðarins og Iðnráði Reykjavíkur.

Frumvarpinu er ætlað að veita heimild til þess að iðnráð verði stofnuð í sveitarfélögum sem hafa yfir 5.000 íbúa, í stað þess að þau verði kosin í hverjum kaupstað eins og skylt hefur verið. Við meðferð málsins í nefndinni vöknuðu spurningar um hlutverk iðnráða og það

ferli sem lögbundið hefur verið við útgáfu meistarabréfa. Sú umræða leiddi til þess að nefndin afréð að leggja til veigamiklar breytingar á frumvarpinu þess efnis að ákvæði um iðnráð verði með öllu felld úr iðnaðarlögum og öðrum lögum. Nefndin lítur svo á að ekki hafi verið nægilega vel búið að iðnráðum í gegnum tíðina og að heppilegast sé að einfalda það ferli sem umsækjandi þarf að ganga í gegnum til að fá meistarabréf útgefið. Telja má nægilega öruggt að lögreglustjórar kanni hvort skilyrðum iðnaðarlaga um útgáfu meistarabréfa sé fullnægt, þ.e. hvort sveinsbréf er fyrir hendi, meistaraskólanámi lokið og að sveinn hafi starfað tilskilinn tíma hjá meistara að loknu sveinsprófi. Í vafatilvikum gæti lögreglustjóri leitað álits t.d. landssamtaka meistara og sveina.

Nefndin bendir einnig á að eðlilegt sé að fram fari á vegum umhverfisráðuneytis endurskoðun á ferli við löggildingu iðnmeistara á grundvelli skipulags- og byggingarlaga þannig að ferlið sem umsækjendur þurfa að ganga í gegnum verði einfaldara. Við þá endurskoðun væri eðlilegt að leita samráðs við fulltrúa launþega og atvinnurekenda.

Hingað til hefur ekki aðeins verið unnt að leita til iðnráða sem umsagnaraðila um meistarabréf heldur einnig sem sáttaaðila, t.d. varðandi mörk iðngreina. Nefndin bendir á að þeim vandamálum sem upp kunna að koma megi vísa til menntamálaráðuneytisins sem setur námskrár þar sem innihald kennslu og mörk námsgreina, bein eða óbein, eru tilgreind. Ráðuneytið gæti síðan leitað umsagnar starfsgreinaráða. Þá stendur enn opin sú leið á grundvelli iðnaðarlaga að kæra til refsingar fyrir brot á lögunum, þ.e. ef talið er að einn iðnaðarmaður fari með ólögmætum hætti inn á starfssvið annars. Þá mundi dómstóll skera úr málinu.

Jafnframt leggur nefndin til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að fela öðrum aðilum að sjá um útgáfu sveinsbréfa. Í því sambandi bendir nefndin á að fræðslumiðstöðvar iðnaðarins hafa annast gagnaöflun varðandi vinnustaðanám til sveinsprófs og annast framkvæmd sveinsprófa. Því kemur til greina að þær annist einnig útgáfu sveinsprófsskírteina í umboði iðnaðarráðuneytis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Svanfríður Jónasdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Árni R. Árnason.	Árni Steinar Jóhannsson.
Kjartan Ólafsson.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

429. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.
   b. 3. mgr. orðast svo:
      Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   14. gr. laganna fellur brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 64/1934, um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur: Orðin „í samráði við iðnráð Reykjavíkur“ í niðurlagi 1. gr. falla brott.

430. Lög [288. mál]

um breytingu á lögum nr. 33 5. maí 2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 351.

431. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um sjálfstæði Palestínu.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Karl V. Matthíasson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu, í samræmi við friðarsamkomulagið

sem gert var í Ósló árið 1993, og geri þannig Palestínumönnum kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi.

Alþingi lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Palestínumenn og Ísraelsmenn leysi úr ágreiningsmálum sínum á grundvelli alþjóðaréttar, samþykkta Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamninga.

Alþingi styður hugmyndir um að alþjóðlegt gæslu- og eftirlitslið verði sent á vettvang til að koma í veg fyrir vopnahlésbrot.

Greinargerð.

Ástandið sem Palestínumenn búa við er með öllu óviðunandi. Sífellt magnast ófriðarbálið og með því hörmungar hins almenna borgara, ekki síst barna og ungmenna. Ekki er ofmælt að staðan versnar ár frá ári. Heilar kynslóðir Palestínumanna alast upp í flóttamannabúðum og sjá ekki annan tilgang með lífinu en að ganga ofbeldi og hryðjuverkum á hönd. Eina leiðin út úr ógöngunum og til að stöðva mannréttindabrotin, ofbeldið og hryðjuverkin er að gera palestínsku þjóðinni kleift að lifa sem frjáls þjóð í eigin landi. Þar getur frumkvæði og stuðningur Íslendinga skipt miklu. Ísland, sem eitt elsta lýðræðisríki veraldar, nýtur virðingar á alþjóðasviðinu langt umfram það sem stærð lands og þjóðar gefa tilefni til. Okkur ber skylda til þess sem frelsisunnandi lýðræðisþjóð að beita áhrifum okkar í þágu friðar fyrir botni Miðjarðarhafs, og vera frumkvöðlar og brautryðjendur á sviði friðar og mannréttindamála í heiminum. Baráttan fyrir því að gera palestínsku þjóðinni kleift að lifa frjálsri í eigin landi fellur undir hvort tveggja.

Palestínustjórn ræður yfir innan við 18% af Vesturbakkanum og Gaza. Ísraelsher hefur hlutað Palestínusvæðið niður í rúmlega 220 smáeiningar. Þorp og bæir eru að verulegu leyti einangruð þar sem Ísraelsstjórn takmarkar samgöngur milli þeirra. Stjórn Palestínumanna ræður ekki yfir samgöngum á landi og í lofti né fjarskiptum og hún fær ekki að láta lögreglumenn sína ferðast hindrunarlaust milli svæða. Þessi staða gerir í senn búsetu og alla stjórn á svæði Palestínumanna mjög erfiða og stuðlar að ótryggu ástandi. Það er lágmarkskrafa að Palestínumenn fái fulla stjórn yfir svæðum sem þeir eiga í orði kveðnu að ráða fyrir. Leiðin til þess og til aukins öryggis er einfaldlega sú að gera þeim kleift að stofna eigið ríki. Líkt og palestínski læknirinn og húmanistinn Mustafa Barghouthi, heiðursgestur á landsfundi Samfylkingarinnar 16.–18. nóvember sl., sagði svo eftirminnilega í ávarpi sínu til landsfundar flokksins: „Ofbeldið og öryggisleysið eru einkennin en hernámið er orsökin. Hernámið er að verða að krabbameini sem getur orðið báðum þjóðunum að bana og breiðst út til annarra landa.“

Sammæli okkar allra um siðmenningu, mannréttindi og frelsi verður að verja eftir öllum þeim leiðum sem færar eru og samrýmast stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum. Á alþjóðavettvangi þarf að kippa fótunum undan hryðjuverkamönnum, hvar sem er í heiminum, og treysta þannig stoðir lýð- og mannréttinda. Ísland á að styðja skilvirka samvinnu alþjóðastofnana um þetta meginmarkmið, þar sem hver stofnun leggur sitt af mörkum í samræmi við hlutverk sitt og getu. Við getum lagt okkar af mörkum við að koma á réttlæti og friði í millum Ísraelsmanna og Palestínumanna.

Palestínumenn eiga sér langa og merka sögu. Þeir bjuggu í þorpum og þéttbýli og eru raunar taldir fyrsti þjóðflokkur jarðarinnar til að búa í skipulögðu þéttbýli. Þjóðin á sér því langa og merkilega sögu. Frá því að arabar lögðu Bretum lið í því að frelsa landið frá Tyrkjum árin 1917–1918 hefur ófriðarbálið logað. Bretar lofuðu á móti að styðja araba við að stofna sitt eigið ríki í Palestínu. Það efndu þeir ekki. Með þessu háttalagi var lagður grunnurinn að því ömurlega ástandi sem palestínska þjóðin hefur búið við allar götur síðan.

Á mælikvarða stjórþjóðanna eru Palestínumenn lítil þjóð sem býr á agnarsmáu landsvæði. Þjóðin er nú tæplega sjö milljónir manna. Samt sem áður hafa örlög og ástand þjóðarinnar verið eitt af helstu bitbeinum alþjóðasamfélagsins síðustu 60 árin. Angar þeirrar deilu teygja sig um heimssöguna nær alla síðustu öld. Frá árinu 1948 hafa átökin á milli Ísraelsmanna og Palestínumanna þannig brotist út í styrjöld nánast á hverjum áratug. Þá er ótalinn gríðarlegur fjöldi innrása, hryðjuverka og átaka sem leitt hafa til mikillar spennu á sviði alþjóðamála og jafnvel ógnað heimsfriðnum á dögum kalda stríðsins. Til marks um vána sem spenna og átök fyrir botni Miðjarðarhafs leiða af sér má nefna að eina viðvörunin um kjarnorkustríð, sem vitað er um, var gefin út innan herafla Bandaríkjamanna í októberstríðinu árið 1973. Fjölda annarra dæma má tína til um hve alvarlegt ástandið er, svo ekki sé minnst á þá hörmung ófriðar, fátæktar og misréttis sem þjóðin býr við.

Fátækt, menntunarskortur og stöðugur ótti um eigið öryggi er hlutskipti palestínsku þjóðarinnar. Eftir að átakahrinan hófst í fyrra með uppreisn Palestínumanna, intifada, hafa tæplega 840 Palestínumenn fallið á rúmu ári og um 24.000 slasast. Þetta er til marks um hve alvarlegt ástandið er. Sárlega skortir fé, mannafla og tæki. Vaxandi atvinnuleysi á svæðunum í Palestínu og minnkandi þjóðarframleiðsla veldur því að æ erfiðar gengur að fjármagna rekstur heilbrigðisþjónustunnar. Um 70% þjóðarinnar búa í dreifbýli, þar sem ekki eru viðunandi heilsugæslustöðvar eða sjúkrahús. Fátækt og vanþróun eiga sök á hárri dánartíðni ungbarna og tíðni smitsjúkdóma. Rúmlega 60% Palestínumanna lifa nú undir skilgreindum fátæktarmörkum. Mannréttindi þeirra eru fótum troðin og einskis virt. Þetta getur alþjóðasamfélagið ekki liðið og má ekki líða. Ástandið sem skapast hefur í kjölfar atburðanna 11. september má ekki verða skálkaskjól þeirra sem vilja nýta sér spennu á milli kynþátta og trúarbragða til áframhaldandi kúgunar og ofbeldisverka.

Samið var um það í Óslóarviðræðunum að Ísraelsmenn létu stjórn Arafats fá skattfé sem innheimt er af íbúum hernumdu svæðanna. Þannig átti stjórninni að verða kleift að reisa og viðhalda innviðum samfélags í Palestínu, ekki síst bráðnauðsynlegu heilbrigðiskerfi. Við það hafa Ísraelar ekki staðið heldur haldið peningunum ranglega, að sögn til að refsa Palestínumönnum. Palestínska skattféð í sjóðum Ísraelsmanna nemur nú um 750 milljónum bandaríkjadala.

Palestínska þjóðin er markvisst kúguð af Ísraelsmönnum með hörmulegum afleiðingum. Því verður að linna. Það er fullkomlega eðlileg og sanngjörn krafa að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum hið fyrsta. Alþjóðasamfélagið verður því að beita kröftum sínum til að ýta undir markvissa uppbyggingu sjálfstæðs palestínsks ríkis. Með því að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísraelsmenn dragi heri sína frá hernumdu svæðunum í Palestínu, þannig að palestínsku þjóðinni verði kleift að lifa við frelsi í eigin landi, stuðla Íslendingar að því að mannréttindi Palestínumanna og réttur þeirra til sjálfstæðs ríkis verði virtur. Þannig geta Íslendingar lagt sitt lóð á vogarskálina til að friður komist á. Friður með sæmd fyrir botni Miðjarðarhafs væri táknrænt dæmi þess að alþjóðasamfélagið hefði snúið blaðinu við og ætlaði í upphafi nýrrar aldar að standa þannig að málum að hvergi líðist mannréttindabrot eða yfirgangur í krafti valds gagnvart þjóðum og þjóðarbrotum heimsins.

Ísland hefur alltaf sýnt frumkvæði að því að viðurkenna ný sjálfstæð ríki, svo sem Eystrasaltsríkin og fyrrum lýðveldi Júgóslavíu. Það væri því í takt við fyrri framgöngu á alþjóðavettvangi tækju Íslendingar upp málstað Palestínumanna. Vissulega mun það ekki leysa deiluna fyrir botni Miðjarðarhafs þótt Palestínumönnum verði gert kleift að stofna sjálfstætt ríki. Forsenda þess að raunverulegur friður komist á fyrir botni Miðjarðarhafs er að Palestínumenn fái aðstoð til að byggja upp innviði samfélags síns og leggja góðan grunn að farsælu efnahagslífi. Þess vegna er þessi tillaga lóð á vogarskál friðar.

432. Svar [255. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

1. *Hversu mörg sveitarfélög hafa lokið gerð heildaráætlana um úrbætur í fráveitumálum?*

Með umsókn sveitarfélaga um fjárstuðning vegna fráveituframkvæmda skal fylgja heildaráætlun um fráveituframkvæmdir í sveitarfélaginu. Skilyrði fyrir fjárstuðningi er að framkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum. Öll sveitarfélög sem hafa fengið úthlutað styrkjum til fráveituframkvæmda hafa lokið gerð heildaráætlana fyrir þann hluta sveitarfélagsins sem hlutaðeigandi framkvæmdir ná yfir. Heimilt er að skipta heildaráætlun upp í einstaka hluta, svo sem fyrir einstaka þéttbýliskjarna og dreifbýlið, þar sem svo háttar til. Um 40 sveitarfélög í landinu hafi lokið gerð heildaráætlunar, sjá nánar svar við 3. spurningu.

2. *Hvernig er stuðningi ríkisins háttað í þessum málum?*

Fjárhagslegur stuðningur ríkisins vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga getur samkvæmt 4. gr. laga nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, numið allt að 200 millj. kr. á ári, þó aldrei hærri upphæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði styrkhæfra framkvæmda næstliðins árs. Heimilt er að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir þegar miðað er við heildarkostnað á íbúa.

Kostnaður sveitarfélaga vegna úrbóta er mjög breytilegur. Þegar jöfnunarákvæðum laganna var beitt í fyrsta sinn árið 1996 var við það miðað að meðaltalskostnaður sveitarfélaga vegna úrbóta í fráveitumálum í þéttbýli væri um 55.000 kr. á íbúa og byggðist það á reynslutölum. Kostnaður vegna sambærilegra framkvæmda í dreifbýli, þ.e. þar sem ekki er um sameiginleg fráveitukerfi að ræða, reyndist vera um 28.000 kr. á íbúa. Enda þótt hlutfallslegur kostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda í dreifbýli sé verulega lægri á íbúa en í þéttbýli þá hafa styrkhæfar framkvæmdir í dreifbýli hingað til alltaf notið 20% styrks enda aðstaða sveitahreppa að ýmsu leyti erfiðari, svo sem vegna áætlanagerða. Við beitingu jöfnunarákvæðis hafa þéttbýlissveitarfélög fengið greiddan 15% styrk hið minnsta og upp í 30% hámark þar sem hlutfallslegur kostnaður á íbúa vegna sameiginlegs fráveitukerfis er hæstur.

3. *Hversu mörg sveitarfélög og hver þeirra hafa fengið styrk til þessara framkvæmda?*

Sveitarfélögin á Íslandi eru nú 122 að tölu. Alls hafa 46 sveitarfélög (nú 40 vegna sameiningar) fengið styrk úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Þau eru: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Reykjanesbær, Sandgerði, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Árneshreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður, Húnaþing vestra, Sveinsstaðahreppur, Blönduós, Akureyri, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Bárðdælahreppur, Fjarðabyggð, Skeggjastaðahreppur, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Norður-Hérað, Austur-Hérað, Vestmannaeyjar, Árborg, Vestur-Landeyjahreppur, Rangárvallahreppur, Ásahreppur, Hraungerðishreppur, Biskupstungnahreppur, Hveragerði, Ölfus og loks Grímsnes- og Grafningshreppur. Þessi sveitarfélög eru mislangt komin með úrbætur í fráveitumálum. Í þessum sveitarfélögum búa um 70% landsmanna.

4. *Kemur til greina að Ísland fái undanþágu frá ströngum reglum Evrópusambandsins í þessum málum vegna sérstakra aðstæðna, m.a. sökum fámennis?*

Reglur Evrópusambandsins um hreinsun skolps frá þéttbýli voru settar til að vernda Norðursjóinn og vatn í bandalaginu. Talið er að til þess að hindra skaða af völdum skolps sem ekki hefur verið hreinsað fullnægjandi þurfi að koma á tveggja þrepa hreinsun. Frekari hreinsunar, þ.e. þriggja þrepa hreinsunar, sé þörf á viðkvæmum stöðum en á síður viðkvæmum stöðum sé eins þrepa hreinsun fullnægjandi. Reglur Evrópusambandsins hvað framangreinda hreinsun varðar frá þéttbýli ná til sveitarfélaga sem losa 10.000 persónueiningar eða meira í strandsjó og 2000 persónueiningar og meira þegar losað er í ferskvatn og árósa. Þannig taka reglur Evrópusambandsins tillit til aðstæðna í umhverfinu og til fámennra sveitarfélaga og eru ekki strangar í þeim skilningi. Hér á landi nægir eins þrepa hreinsun í langflestum tilvikum, enda landið strjálbýlt og íbúar fáir. Í nokkrum tilvikum þarf þó tveggja þrepa hreinsun, þ.e. þegar losað er í ferskvatn því þá er líffræðileg hreinsun oft áskilin. Þriggja þrepa hreinsunar yrði ekki krafist hér á landi.

Eins þrepa hreinsun miðar fyrst og fremst að því að fjarlægja botnfellanlegan og fljótandi úrgang úr skolpi. Þrátt fyrir að næringarefnaauðgun sé ekki talið vandamál hér við land er ekki forsenda til þess að setja slakari kröfur en fyrsta stigs hreinsun skolps sem veitt er til sjávar, sem hljóta að teljast algerar lágmarkskröfur til hreinsunar við bestu skilyrði.

Til viðbótar reglum Evrópusambandsins eru í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skolp, ákvæði um umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns og er það sérislenskt ákvæði. Líftími saurgerla er lengri eftir því sem kaldara er og minni sólargeislun og því má ætla að vegna aðstæðna á Íslandi sé líftími saurgerla meiri en sunnar í álfunni. Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar vegna útrása í sjó.

5. *Kemur til greina að styrkja sveitarfélög lengur en til ársins 2005?*

Framangreind lög ná yfir framkvæmdir unnar á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005. Gildistími laganna er liðlega hálfnaður. Fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir við setningu laganna og staðfestur heildarraunkostnaður hefur aldrei náð 200 millj. kr. á ári. Kostnaður við framkvæmdir í ár sem fellur á sjóðinn og kemur til greiðslu á næsta ári er hins vegar áætlaður rúmar 300 millj. króna. Mikið hefur áunnist í fráveitumálum hér á landinu frá því að lögin voru sett en mikið verk er þó óunnið. Fráveitunefnd sem starfar samkvæmt lögunum hefur farið yfir stöðu mála og telur æskilegt að hún verði könnuð nánar í einstökum sveitarfélögum, m.a. með tilliti til þess hver staðan verði í árslok 2005 og hvaða viðbrögð séu nauðsynleg á gildistíma laganna og eftir árið 2005. Framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ og Akureyri verða langt komnar og að einhverju leyti lokið í árslok 2005. Milli 80 og 90 sveitarfélög hafi ekki kynnt áform um úrbætur í fráveitumálum en þar býr um 30% landsmanna. Ráðuneytið mun fara yfir stöðuna þegar fráveitunefnd hefur metið hana og meta hvort þörf sé á frekari aðkomu ríkisvaldsins.

433. Svar [274. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um flutning Byggðastofnunar.

1. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við flutning Byggðastofnunar frá Reykjavík til Sauðárkróks?*

Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar er áætlað að heildarkostnaður við flutning Byggðastofnunar nemi um 40 millj. kr. þar af nema biðlaun um 25 millj. kr.

2. *Hve mikill kostnaður hefur þegar hlotist af þessum flutningi?*

Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar nemur greiddur kostnaður 25 millj. kr.

3. *Hvað er áætlað að störfum muni fjölga á Sauðárkróki á næstunni vegna flutnings Byggðastofnunar á næsta ári?*

Byggðastofnun gerir ráð fyrir að störfum þar muni fjölga um fimm til sex til viðbótar þeim sem nú eru hjá stofnuninni.

4. *Hve mörg stöðugildi eru við Byggðastofnun nú samanborið við fyrir ári?*

Starfsmenn Byggðastofnunar eru nú 18 miðað við 22 á sl. ári.

5. *Hefur Byggðastofnun aðstöðu til fundahalda í Reykjavík?*

Byggðastofnun hefur takmarkaða aðstöðu til fundarhalda í Reykjavík. Stofnunin getur, eftir nánara samkomulagi, haft aðgang að fundarherbergi fyrir minni fundi hjá Lánasýslu ríkisins og í iðnaðarráðuneytinu.

6. *Hver er kostnaður við ferðalög innan lands á vegum Byggðastofnunar síðustu þrjú árin?*

Á árinu 1998 nam innlendur ferðakostnaður 5,3 millj. kr., árið 1999 7,3 millj. kr. og 7,1 millj. kr. árið 2000. Það sem af er þessu ári nemur innlendur ferðakostnaður 11,9 millj. kr.

434. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn óbreytt. Á 125. löggjafarþingi var málinu vísað til menntamálanefndar sem fékk á sinn fund Reyni Karlsson frá menntamálaráðuneyti, Sólveigu Ásgrímsdóttur frá Sálfræðingafélagi Íslands og Baldur Kristjánsson frá Kennaraháskóla Íslands. Umsagnir bárust frá Ungmennafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, Ómari Ragnarssyni, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, landlækni, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og heilbrigðis- og tryggingarnefnd Alþingis. Einnig barst yfirlýsing frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Málinu var aftur vísað til menntamálanefndar á 126. löggjafarþingi og þá kom einnig á fund nefndarinnar Reynir Karlsson frá menntamálaráðuneyti og síðan Ellert B. Schram frá

Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Nefndin fékk jafnframt aftur umsögn frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis.

Frá því að bann við hnefaleikum tók gildi með lögum nr. 92/1956 hafa þeir tekið miklum breytingum og aðskildir hafa verið annars vegar atvinnuhnefaleikar og hins vegar áhugamannahnefaleikar. Með frumvarpinu er lagt til að áhugamannahnefaleikar verði heimilaðir og að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Öll keppni, svo og sýning eða kennsla, í atvinnuhnefaleikum er hins vegar áfram bönnuð, sbr. framangreind lög.

Áhugamannahnefaleikar eru viðurkennd íþróttagrein af alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt er keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum.

Atvinnuhnefaleikar eru m.a. stundaðir í Bandaríkjunum, Bretlandi og Rússlandi en víða eru þeir bannaðir. Munurinn á atvinnuhnefaleikum og áhugamannahnefaleikum er meðal annars sá að í áhugamannahnefaleikum eru höfuðhlífar notaðar og lotur geta verið allt að fimm talsins en hver þeirra stendur aldrei lengur en tvær mínútur í senn. Í atvinnuhnefaleikum getur hver keppni hins vegar staðið í tólf lotur og hver þeirra stendur í þrjár mínútur.

Reglur um atvinnuhnefaleika eru ekki samræmdar milli landa og gilda því mismunandi reglur um ýmsa þætti íþróttarinnar. Ákveðin atriði eru þó sameiginleg hjá öllum löndum sem heimila atvinnuhnefaleika og verða nokkur þeirra því nefnd hér: Höfuðhlífar eru ekki notaðar, bannað er að vera í bol og aukastig eru gefin fyrir rothögg. Munnstykki eru almennt notuð en það er þó ekki algilt.

Reglur um áhugamannahnefaleika eru hins vegar samræmdar í öllum 190 aðildarlöndum International Amateur Boxing Association (AIBA). Nokkur helstu einkenni áhugamannahnefaleika eru að í þeim er ávallt keppt með höfuðhlífar, munnstykki og í bol. Í áhugamannahnefaleikum kvenna er hnefaleikurum skylt að nota brjósthlífar. Rothögg gefa ekki aukastig.

Nánari afmörkun milli atvinnu- og áhugamannahnefaleika hérlendis mun fara eftir þeim reglum sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur. Við samningu reglnanna leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að hugað verði sérstaklega að öryggiskröfum fyrir iðkendur íþróttarinnar. Það er mat meiri hlutans að með ströngum öryggisreglum, líkt og í Noregi og Svíþjóð, sé það nægilega tryggt.

Réttlætanlegt þykir að heimila iðkun áhugamannahnefaleika þar sem markmið þeirra er ekki það sama og í atvinnuhnefaleikum. Áhugamannahnefaleikar snúast um leikni í að fara inn fyrir varnir andstæðingsins en ekki um að slá andstæðinginn niður eða veita honum rothögg eins og í atvinnuhnefaleikum. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun PriceWaterhouse-Coopers vilja rúmlega 60% landsmanna að hnefaleikar verði leyfðir hér á landi. Hér er þó eingöngu verið að leggja til lögleiðingu á áhugamannahnefaleikum. Að lokum er lögð áhersla á að það á að vera á valdi hvers einstaklings að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á heiti frumvarpsins og hugtakanotkun þess varðandi ólympíska hnefaleika. Hugtakanotkun fyrir þessa íþrótt hefur verið á reiki og jöfnum höndum verið notuð orðin ólympískir hnefaleikar og áhugamannahnefaleikar. Ástæða þessa er að öllum líkindum sú að stór þáttur röksemdafærslu fyrir lögleiðingu íþróttarinnar hefur verið sá að sýna fram á að hún sé leyfð á Ólympíuleikum og þannig verið talað um ólympíska hnefaleika. Hið rétta er að íþróttin heitir áhugamannahnefaleikar og því er lögð til framangreind breyting. Fram hefur komið að reglur um áhugamannahnefaleika eru samræmdar í öllum 190 aðildarlöndum International Amateur Boxing Association og gilda þær jafnframt á Ólympíuleikum. Alkunna er að keppt er í margs konar íþróttum

á Ólympíuleikum án þess að það breyti nafngift þeirra, sbr. tennis, frjálsar íþróttir o.s.frv.
2. Breyting sú sem lögð er til í 2. tölul. lýtur einungis að málfari.
3. Lagt er til að við 3. gr. frumvarpsins bætist nýr málsliður til að tryggja að við samningu reglna um íþróttina verði öryggi iðkenda haft í fyrirrúmi.

Alþingi, 29. nóv. 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Einar Már Sigurðarson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

Magnús Stefánsson.

435. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, ÞKG, EMS, SI, KÓ, KHG, MS).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ólympískum hnefaleikum“ og hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: áhugamannahnefaleikar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.
3. Við 3. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.
4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um áhugamannahnefaleika.

436. Tillaga til þingsályktunar [337. mál]

um átraskanir.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Jónína Bjartmarz, Stefanía Óskarsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Tómas Ingi Olrich, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson, Sverrir Hermannsson, Drífa Hjartardóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að þverfagleg þjónusta þeirra sem hafa sérþekkingu á átröskunum verði sameinuð þannig að bjóða megi upp á sérhæfða meðferð fyrir átröskunarsjúklinga á öllum aldri.

Greinargerð.

Engin heildstæð meðferðarstefna er til vegna átvandamála á Íslandi. Nauðsynlegt er að leiða saman þá fagaðila sem þekkingu hafa á meðferð við sjúklinga með lystarstol, lotugræðgi og offitu svo að heilbrigðisyfirvöld fái yfirsýn yfir umfang vandans og bæta megi þjónustu við þennan hóp sjúklinga. Nýlega hefur verið komið á fót vísi að þverfaglegu teymi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en í því munu m.a. eiga sæti sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og geðlæknir.

Í nefndaráliti heilbrigðisnefndar Alþingis um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 segir að offita og aðrar átraskanir færist í vöxt og telji nefndin mikilvægt að spornað verði við þeim með öllum ráðum. Aukin offita barna er sérstakt áhyggjuefni. Markmið 11 í heilbrigðisáætluninni, en þar er fjallað um heilbrigðari lífshætti, lýtur að þessu og lagði nefndin áherslu á að því markmiði yrði fylgt fast eftir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á allt að 18% dánarlíkur sjúklinga með lystarstol og þrátt fyrir meðferð munu batahorfur einungis vera um 50%. Viðtalsmeðferð hefur yfirleitt verið undirstaða í meðferð við áttruflunum en þrátt fyrir ýmsar rannsóknir er ekki ljóst hvaða meðferðarform er árangursríkast eða hvaða meðferðarþættir skipta mestu máli.

Faraldsfræðileg rannsókn á átvandamálum íslenskra barna og unglinga á aldrinum 4–18 ára (rúmlega 900 börn hvaðanæva af landinu) sýndi að um 15% barna borða of mikið en allt að 40% barna eiga við lystarleysi að stríða (Helga Hannesdóttir 1994). Hér á landi stendur nú yfir rannsókn á umfangi og meðferð áttruflana, lystarstols og lotugræðgi sem ætlað er að ná til allra þeirra sem koma til meðferðar og greinast með sjúkdóminn yfir þriggja ára tímabil. Rannsókn þessi er liður í samvinnuverkefni 18 Evrópulanda og er verkefnið stutt af ESB og nefnist COST Action B6.

Nýjasta skilgreining á lystarstoli og lotugræðgi er eftirfarandi:

DSM-IV: Lystarstol.

A. Afneitun á að halda líkamsþyngd innan eðlilegra marka þegar tekið er tillit til aldurs og hæðar (þ.e. vegur minna en 85% af eðlilegri þyngd; eða ekki er um eðlilega aukningu á þyngd að ræða á vaxtartíma (gelgjuskeiði)).
B. Mikill ótti við að þyngjast eða verða feit(ur), jafnvel þótt viðkomandi sé undir eðlilegum þyngdarmörkum.
C. Röskun á eigin mati á þyngd eða líkamslögun; eigið mat (sjálfsmynd) full-háð líkamslögun og þyngd eða afneitun á hve alvarlega lág líkamsþyngdin er.
D. Tíðastopp í samfellt þrjá mánuði.

DSM-IV: Lotugræðgi.

A. Endurtekin ofátsköst. Ofátskast einkennist í senn af:
   (1) því að borða óhóflega mikið á skömmum tíma (skemur en tveimur klst.) og meira en flestir mundu neyta á sama tíma við sömu aðstæður.
   (2) tilfinningu um að geta ekki haft stjórn á áti meðan á átkastinu stendur (að geta ekki hætt að borða eða hvorki hafa stjórn á hvað né hve mikið er borðað).
B. Aðgerðir til að koma í veg fyrir að þyngjast með því að kasta upp; misnota hægðalyf, þvagræsilyf, bjúgtöflur eða önnur lyf; að fasta eða stunda óhóflegar líkamsæfingar.
C. Bæði ofátsköst og óvenjulegar aðgerðir til mótvægis að jafnaði einu sinni eða oftar vikulega í þrjá mánuði.
D. Sjálfsmynd full-háð líkamslögun og þyngd.
E. Ofangreind einkenni einskorðast ekki við tímabil lystarstols.

Í grein um lystarstol og lotugræðgi sem birtist í tímaritinu Heilbrigðismál 3/1996 segir Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur m.a.:

„Þeir sem greinast með lystarstol og lotugræðgi eiga það sameiginlegt að vera gagnteknir af hugsun um mat. Líkamsmyndin er brengluð, þannig að þeim finnst ummál líkamans vera stærra en það í rauninni er, þeir eru sannfærðir um að þeir þurfi að léttast og ákveðnir í að halda líkamsþyngd innan marka sem þeir setja sér og þvinga sig til að halda.

Lystarstol er kvilli sem hrjáir aðallega konur og einkennist af verulegu þyngdartapi og næringarskorti vegna þess að fólk forðast að borða orkuríkan mat. Uppsölur og tilraunir til að hreinsa líkamann á annan hátt, t.d. með stólpípum og hægðalyfjum, eru áberandi hjá þeim sem þjást af lystarstoli. Yfirdrifin líkamsrækt er stunduð til þess að léttast. Hjartsláttur er oft óreglulegur. Hárvöxtur getur verið afbrigðilegur.

Bjögun á líkamsímynd er einkennandi fyrir lystarstol. Þrátt fyrir að stúlkurnar séu aðeins skinn og bein finnst þeim þær vera of feitar.

Þegar fólk léttist aðlagar líkaminn sig að breyttri líkamsþyngd; það hægir á starfsemi og efnaskiptum líkamans, hitastig hans fellur og því er konum með lystarstol oft kalt. Tíðir hætta vegna þess að svo grannur líkami getur ekki alið barn. Andúð á mat eykst í réttu hlutfalli við hve mikið konan hefur lést.

Lystarstol leiðir til þess að viðkomandi léttist meira en eðlilegt getur talist og afstaða til þess að borða og þyngjast verður neikvæð. Þegar því er haldið fram að konan sé of grönn útilokar hún þau rök og gerir sér í hugarlund að hún sé í eðlilegri þyngd eða of þung. Konur með lystarstol leyna því hve grannar þær eru með því að klæðast víðum fötum. Þá reyna þær að velja sér hálfgerða spéspegla sem sýna þær breiðari en þær eru.

Þær stúlkur sem þjást af lystarstoli hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig, jafnvel þó þær séu þreyttar og aðframkomnar. Þær sem haldnar eru lystarstoli ganga að meðaltali 12–14 kílómetra á dag en venjuleg kona gengur nær helmingi styttra.

Lystarstol ágerist hægt og rólega og getur tekið eitt til tvö ár að koma fram. Nákomnir átta sig því ekki á vandanum fyrr en um seinan. Foreldrar taka stundum fyrst eftir því að eitthvað hefur farið úrskeiðis þegar þeir skoða nokkurra mánaða gamlar myndir af barni sínu. Viðbrögð fjölskyldu verða oft mikil og einkennast af kvíða. Þegar þannig er komið er hyggilegast að leita til heimilislæknis sem vísar áfram til fagmanna sem fást við lystarstol.

Flestar eiga stúlkurnar erfitt með að viðurkenna vandamálið. Það er ekki fyrr en í lengstu lög að þær fara í meðferð, enda finnst þeim ekki vera neitt að sér. Þeim finnst þyngd sín og útlit eðlilegt og sama gildir um mikla þörf fyrir hreyfingu. Meðferðar er oftast leitað að undirlagi foreldra eða nákominna. Stúlkurnar óttast mest af öllu að fitna og að þær muni tútna út ef þær borði eðlilega. Þær eru orðnar vanar svo litlu magamáli að þeim finnst óþægilegt að borða og vita ekki hve mikið er óhætt að borða.

Stúlkurnar verða matvandar og borða aðeins vissar fæðutegundir. Það felst þversögn í því að þeim er umhugað um að þeir sem þær búa með borði vel, þó að þær svelti sjálfar heilu hungri. Einnig óttast þær að vera vaktaðar á meðan þær borða. Óttinn beinist oft gegn ákveðnum mat, til dæmis feitmeti, sósum og öllu sem er orkuríkt.

Ástæður lystarstols geta verið margvíslegar. Oft er um að ræða erfiðleika á unglingsárum eða hjónabandserfiðleika foreldra. Tíðir hafa stundum hafist óvenju snemma. Stúlkunum hefur verið gefið of mikið að borða í æsku. Þær eru gjarnan samviskusamar, þeim vegnar vel í skóla og þær reyna að ná fullkomnun. Væntingar foreldra eru meiri en stúlkunum finnst þær geta staðið undir.

Tíska er talin hafa haft mikil áhrif, til dæmis var fyrirsætan Twiggy með hið dæmigerða útlit sem sést í lystarstoli, tágrönn með mjóslegið og kinnfiskasogið andlit. Sú kvenímynd

sem nú nýtur hylli er íþróttalegt útlit og ólík því sem kvengyðjur fyrri ára höfðu, t.d. Marilyn Monroe. Lystarstol er algengt meðal dansara og tískusýningafólks sem leggja áherslu á grannan vöxt.

Einkenni lystarstols koma oftast fram fyrir 25 ára aldur. Engin önnur læknisfræðileg eða sálfræðileg skýring er á þyngdartapinu. Það er ekki fylgifiskur annarra kvilla, svo sem truflana á hormónastarfsemi eða krabbameins. Einhverjir fjórir eftirtalinna þátta eru til staðar:

1. Tímabundin ofvirkni. Konurnar hreyfa sig gjarnan mikið, láta sér ekki nægja að vera í leikfimi þrisvar í viku og eru í líkamsrækt aðra daga líka.
2. Brengluð líkamsímynd. Dómgreind á eðlilegu útliti raskast.
3. Forsaga um offitu er oft til staðar.
4. Tíðablæðingar stöðvast.
5. Truflun á innri áreitum svo sem að finna ekki til þreytu eftir áreynslu eða finna ekki til hungurs.
6. Kreddur varðandi mat.
7. Óeðlileg hræðsla við offitu.
8. Lítill eða lélegur svefn.

Lystarstol er mun algengara meðal kvenna en karla. Tölur frá Bretlandi og Bandaríkjunum benda til þess að 1–2% stúlkna á aldrinum 12–18 ára eigi við lystarstol að stríða og flestar eru þær á aldrinum 16–18 ára. Þó hefur lystarstol fundist hjá kvenfólki allt að fimmtugu.

Gerð var rannsókn á tíðni lystarstols og lotugræðgi á nemendum í læknadeild Háskóla Íslands árið 1988. Greiningarlistar voru lagðir fyrir 358 nemendur, 264 konur og 94 karla. Sjö töldust vera með röskun á matarvenjum, sex (1,7 af hundraði) uppfylltu greiningarskilyrði fyrir lotugræðgi og einn fyrir lystarstol.

Á undanförnum árum virðist nýgengi röskunar á matarvenjum hafa aukist. Svissnesk rannsókn leiddi í ljós fjórfalda aukningu á nýgengi lystarstols meðal kvenna á aldrinum 12–25 ára á tímabilinu frá 1956 til 1975. Svipuð aukning hefur einnig komið í ljós í öðrum vestrænum þjóðfélögum.

Áður en til meðferðar kemur hefur venjulega verið reynt að hafa áhrif á stúlkurnar heima fyrir með því að reka á eftir þeim og hvetja þær til að borða. Eftir innlögn hefur ýmiss konar meðferð verið reynd, svo sem að gefa næringu í æð eða fæða stúlkurnar með slöngu. Einnig hefur verið reynt að gefa lyf sem eiga að örva matarlyst. Slík meðferð hefur yfirleitt ekki borið mikinn árangur. Einnig hefur ýmiss konar sálræn meðferð verið reynd, svo sem hópmeðferð og fjölskyldumeðferð. Hugræn atferlismeðferð hefur reynst árangursrík.

Meðferðin fer að jafnaði fram á spítala þar sem stúlkan er látin taka ábyrgð á mataræði sínu. Hún er frædd um hvaða einkenni eru eðlileg í kjölfar þess að hafa soltið. Lögð er áhersla á að viðkomandi þjáist af sulti. Meðferðin byggist á því að ná réttri þyngd með því að gera matarvenjur eðlilegar. Einnig er reynt að hafa áhrif á hugsanir. Það sem einkennir hugsanagang í lystarstoli er „annaðhvort eða“ hugsanir, með öðrum orðum virðist enginn valkostur vera milli þess að vera of léttur og of þungur. Konunum finnst þær vera feitar vegna þess að þær þykjast sjá einhverja fitu á lærunum. Á þann hátt gera þær úlfalda úr mýflugu. Þær taka einangruð atriði fyrir og alhæfa út frá þeim. Einnig draga þær órökrænar ályktanir af því sem er að gerast í kringum þær og af eigin hegðun. Það er mikilvægt að leiðrétta hugmyndir sem konurnar hafa um fæðu og jafnframt að styrkja sjálfsmat þeirra. Einnig er nauðsynlegt að benda á hve varasamt er að taka mark á hugmyndum í þjóðfélaginu um æskilegt útlit.

Að jafnaði er það gert að markmiði að þyngjast hægt eða um 500–700 grömm á viku. Líkamsrækt er hafin fljótlega og reynt er að styrkja tilfinningu fyrir eðlilegum líkama. Eftir

að kjörþyngd hefur verið náð er stefnt að því að halda óbreyttri þyngd á venjulegu fæði í viku fyrir útskrift. Síðan er stúlkunni fylgt eftir á göngudeild um langan tíma, að minnsta kosti eitt ár og jafnvel lengur. Meðan á meðferð stendur er fylgst með þyngd, hreyfingu, hitaeiningum sem neytt er, hitastigi og hormónabreytingum.

Yfirleitt er það hópur fagmanna á sjúkrahúsum sem taka að sér meðferð á lystarstoli, svo sem sálfræðingur, læknir, hjúkrunarfræðingur, næringarfræðingur og sjúkraþjálfari.

Þegar stúlkur með lystarstol fara að þyngjast breytist afstaða þeirra til hins betra og þær fara að ná áttum. Viss stig meðferðarinnar geta þó verið erfið, til dæmis þegar þær fara að fitna og finna fyrir hitatilfinningu um það bil sem líkamsstarfsemin fer að taka við sér. Tíðir hefjast sjaldan á meðan á meðferð stendur. Oft þarf að bíða hálft til eitt ár í eðlilegri þyngd uns það gerist.

Þegar litið er á árangur meðferðar á lystarstoli víða um lönd telst hann góður i tæplega helmingi tilfella. Þegar félagsleg aðlögun er góð og stúlkurnar eiga vini eru líkur á bata almennt góðar. Eftir því sem best er vitað hefur enginn dáið af völdum lystarstols hérlendis, að minnsta kosti enginn af þeim sem farið hafa í meðferð.

Lotugræðgi er tengd lystarstoli og í báðum tilvikum eiga einkum konur í hlut. Röskun á líkamsímynd, þráhyggja um líkamsþyngd og yfirdrifinn ótti við að fitna er sammerkt með þessum kvillum. Það sem einkennir lotugræðgi er mikil þörf fyrir að borða óhóflega mikið á skömmum tíma og kasta upp strax á eftir svo og misnotkun hægðalyfja. Þetta er gert til að hreinsa líkamann áður en hann hefur náð að melta eða taka fæðuna upp. Margar þeirra kvenna sem eru með lotugræðgi hafa náð mikilli færni í að kasta upp. Þær ánetjast þessu atferli og hugsa sífellt um mat og líkamsþyngd. Hegðun í tengslum við mat verður að áráttu, Þær eru oft aumar í maga og kviðarholi. Á morgnana vakna þær gjarnan þrútnar í andliti.

Lotugræðgi getur verið hættuleg, einkum vegna þess að kalíumbúskap líkamans hrakar en það getur haft slæm áhrif á starfsemi hjartans og leitt til dauða. Þyngd kvennanna er yfirleitt eðlileg. Tannheilsu hrakar vegna þess að í meltingarvökvanum sem kastað er upp eru sýrur sem vinna á glerungi tannanna og flýta fyrir tannskemmdum.

Í lotugræðgi er ofátið vel undirbúið. Keyptur er orkuríkur og auðmeltur matur. Síðan er sest að snæðingi og að lokum er öllu kastað upp. Borðað er yfir sig án þess að mikið beri á. Það er erfiðara að uppgötva lotugræðgi en lystarstol því henni er haldið leyndri. Konurnar eru líka tregar að viðurkenna vandamálið og fara ekki í meðferð nema þær eigi ekki annars úrkosti.

Orkuinnihald fæðunnar hjá lotugráðugum konum er oft tvöfalt eða þrefalt miðað við það sem er hjá heilbrigðum konum. Aðeins lítið af orkunni nýtist vegna uppkastanna.

Fæstar þeirra kvenna sem eru með lotugræðgi hafa notið meðferðar því þær halda eðlilegri líkamsþyngd með þessum óvenjulegu hreinsunaraðferðum. Því getur kvillinn dulist heimilislækni, eiginmanni, foreldrum og vinum árum saman.

Konurnar vita þó sjálfar að ofátið er ekki eðlilegt og óttast að geta ekki hætt að borða svo mikið af sjálfsdáðum. Eftir að hafa borðað yfir sig fylgja niðurdrepandi hugsanir og dapurt geðslag.

Til að um lotugræðgi sé að ræða þurfa þrjú eftirtalinna einkenna að vera til staðar:

1. Borðar mjög hratt.
2. Borðar auðetið og orkuríkt fæði.
3. Borðar yfir sig án þess að mikið beri á.
4. Hættir ofáti þegar magaverkir eða höfgi gera vart við sig eða vegna þess að einhver truflar át.

5. Reynir hvað eftir annað að léttast með því að leggja hart að sér í megrun eða kasta upp að eigin frumkvæði.
6. Matarvenjur einkennast af áti og föstu á víxl.
7. Notar hægðalyf eða stólpípur til að stjórna þyngd.

Ólíkt þeim sem greinast með lystarstol eru þeir sem eru með lotugræðgi meðvitaðir um að hegðunin sé óeðlileg. Þeim líður oftast illa og eru því reiðubúnir að þiggja hjálp.

Meðferð við lotugræðgi fer yfirleitt fram á göngudeildum geðdeilda eða stofu. Um er að ræða tíu til tuttugu viðtöl í þrjá til sex mánuði. Í fyrstu eru viðtölin fremur þétt, jafnvel tvö í viku, en dreifast þegar frá líður. Meðferðin beinist að því að ná betra valdi á hugsun sem tengist áti. Strax í upphafi fer konan að fylgjast með eigin hugsun og atferli. Samhliða fer fram fræðsla um eðlilegar matarvenjur og hollt mataræði. Megininntak meðferðar er að kenna aðferðir til þess að bæta stjórn á hugsun og hegðun og koma reglu á neysluvenjur."

Klínískar leiðbeiningar frá geðlæknum.

Í septembermánuði 1999 gaf Geðlæknafélag Íslands út Leiðarvísi um lækningameðferðir (clinical guidelines) við átröskunum. Leiðbeiningarnar voru þýðing á Practice Guidelines for Treatment of Patients with Eating Disorders frá ameríska geðlæknafélaginu, American Psychiatric Association (APA).

Hugtakið „leiðarvísir um lækningastörf" vísar til safns af úrræðum um umönnun sjúklinga sem hefur verið þróað til að hjálpa læknum við að taka ákvarðanir á starfsvettvangi sínum.

Markmið leiðarvísa við lækningastörf er að bæta umönnun sjúklinga. Þótt sumir hafi haldið því fram að enga leiðarvísa ætti að gera opinbera fyrr en „allar upplýsingarnar hafa borist" er það ekki gerlegt sökum þrýstingsins frá ákvörðunum lækna og stjórnvalda. Geðlæknar og þeir sem er falið að sjá um auðlindir heilbrigðismála verða að taka bestu mögulegu ákvarðanirnar byggðar á upplýsingunum sem fyrir liggja á hverjum tíma. Leiðarvísar ættu að hjálpa starfandi geðlæknum við að ákveða hvað er vitað í dag um hvernig best sé að hjálpa sjúklingum þeirra.

Búist er við að leiðarvísar muni hafa önnur gagnleg áhrif sjúklingum til handa. Þeir eru leið til að mennta geðlækna, aðra lækna og starfsmenn í geðheilbrigðisþjónustu, svo og almenning, um viðeigandi og óviðeigandi meðferðir. Leiðarvísar munu benda á þau svið þar sem gagnrýnar upplýsingar vantar og þar sem ætla mætti að rannsóknir mundu bæta ákvarðanir sérfræðinga. Að lokum gætu leiðarvísar hjálpað þeim sem er falið að hafa yfirumsjón með nýtingu og endurgreiðslu á þjónustu geðlækna með því að þróa greiningaratriði sem hvíla á vísindalegum grunni og eru í meiri snertingu við starfsvettvang sérfræðinga í geðlæknisfræði.

Leiðarvísirinn um lækningameðferðir við átröskunum var fyrsta skrefið hjá Geðlæknafélagi Íslands í ferli sem getur verið mikilvægt fyrir geðlækningar á Íslandi í framtíðinni.

Í grein eftir Magnús Skúlason, Eirík Örn Arnarson og Ingvar Kristjánsson í Læknablaðinu 1985, 71:161–7, segir svo meðal annars:

„Anorexia nervosa, lystarstol af geðrænum toga, hefur lengi verið þekkt, en talið frekar sjaldgæft. Ýmislegt bendir til, að tíðnin hafi aukist á síðari árum. Til eru heimildir um sjúkdómstilfelli á Sýrlandi frá 9. öld sem minnir á nútíma lystarstol. Sagan segir að sýrlenskur læknir, Bauktisha ibn Ibrail, hafi ráðið bót á vandanum og fengið sjúklinginn til að byrja að nærast á ný með aðferðum sem líkjast nokkuð atferlislækningum nútímans. Fyrsta lýsing sjúkdómsins á nútímavísu er þó eftir Bretann Richard Morton frá því um 1690, en hann nefnir fyrirbærið raunar „nervous atrophy". Tvö hundruð árum síðar lýstu þeir Gull og Laségue anorexia nervosa. Gilles de la Tourette og Janet rituðu um þetta efni um síðustu aldamót.

Lystarstol einkennist af því, að dregið er svo mjög úr matarneyslu, að óhæfileg megrun og næringarskortur hlýst af. Takist ekki að grípa í taumana með viðeigandi meðferð í tæka tíð getur verið lífshætta á ferðum. Þótt merking orðsins anorexia sé lystarleysi eða lystarstol, samanber hið íslenska nýyrði um sjúkdóminn, þá er hér engan veginn um eiginlegt lystarleysi að ræða. Sjúklingarnir „vilja“ einfaldlega ekki matast, telja sig ekki þarfnast þess, virðast óttast að borða og þyngjast um of. Ekki er þetta samt viljandi svelti í þeim skilningi, að viðkomandi sé að þessu af meðvituðum eða markvissum ásetningi, svo sem að skaða sjálfan sig, ógna lífi sínu eða fyrirfara sér, svo sem í mótmælasvelti af stjórnmálaástæðum eða öðrum sökum. Enda þótt þessir sjúklingar dragi „viljandi“ úr neyslu sinni, eins og áður segir, þá virðast þeir alls ekki geta gert sér grein fyrir afleiðingum þessa hátternis, hvorki útlitinu sem af því hlýst né lífshættulegum næringarskorti. Þetta virðist meðal annars tengjast brenglaðri líkamsímynd, sem fylgir þessum sjúkdómi. Sjúklingarnir hafa ekki raunhæft mat á eigin stærð, þeim finnst líkaminn eða sumir líkamshlutar stærri en þeir eru. Tengsl þeirra við eigin líkama, þarfir hans og kenndir, svo og við tilfinningar almennt, virðast mjög ófullkomin og benda til bresta í veiklaðri sjálfskennd. Jafnframt eru þeir oft haldnir þráhyggju og áráttu, öfgakenndri samviskusemi og löngun til að standa sig og geðjast öðrum. Ósk eftir fullkomleika, ósveigjanleiki og ósanngjörn kröfuharka í eigin garð er áberandi. Þeir eru oft stíflyndir og með ríka þörf á að hafa sem flesta hluti í lagi og á meintu valdi sínu, einnig líkamsþyngdina.

Öfgakennd hófsemi þeirra í mat, sem orsakar megrunina og fleira virðist bera vitni sterkri ofstjórnarþörf, sem að líkindum endurspeglar sjúklegan skort á trausti og innra öryggi af einhverjum sökum. Sá ótti við tilveruna, sem þar býr að baki, veldur lamandi vanmáttarkennd, sem reynt er að dylja, sporna við og bægja frá sér.

Sjálfsblekking, afneitun og réttlæting á sveltinu eru dæmigerð fyrir þennan sjúkdóm og meðal megineinkenna hans og nátengd þráhyggjunni og þráháttunum og um leið stífninni og andstöðunni, sem gerir meðferðina svo erfiða.

Þess ber að geta að sumir sjúklinganna hafa einnig persónueinkenni með sefasýkisblæ, stundum án verulegrar þráhyggju og áráttu, en stundum í bland við þau einkenni. Loks ber að hafa hugfast að líkamlegar afleiðingar mikils næringarskorts og megrunar hafa ýmis óheppileg áhrif á sálræna og félagslega þætti í lífi viðkomandi. Hluti af geðeinkennum sjúklinganna er því án efa afleiðing sveltisins og ekki orsök.

Skylt lystarstoli, anorexia nervosa, er sjúkdómsfyrirbæri, sem nefna mætti græðgishviðusýki, bulimia nervosa, sem einkennist af svæsnum ofátshviðum eða „túrum“, og síðan uppköstum sem sjúklingurinn framkallar sjálfur. Þessu fylgir alls ekki alltaf nein sérstök megrun. Sjúklingarnir hafa oft meira áberandi einkenni persónuleikatruflunar en lystarstolssjúklingar.

Greining.

Til þess að staðla greininguna hafa verið gerðir nokkrir einkennalistar. Hér verður stuðst við lista Feighners og félaga hans frá 1972 (20). Hann hefur verið mikið notaður og telur eftirfarandi:

a. Sjúklingur sé 25 ára eða yngri.
b. Þyngdartap sé ekki undir 25 % af upprunalegri líkamsþyngd (eða kjörþyngd).
c. Viðhorf til fæðu, neyslu hennar og líkamsþyngdar er mjög afbrigðilegt og er ekkert tillit tekið til ábendinga um það efni, aðvarana eða jafnvel hótana.
    1. Því er neitað, að um óheilbrigt ástand sé að ræða og eðlilegri næringarþörf einnig afneitað.
    2. Greinileg ánægja tengist því að léttast og láta það á móti sér að nærast eðlilega.

3. Afar sterk þrá eftir því að grennast sem allra mest og ljóst er að árangri á því sviði tengist einhvers konar vellíðan og léttir.
4. Matur er oft hamstraður og meðhöndlaður á óvenjulegan hátt.

d. Enginn líkamlegur sjúkdómur skýrir lystarleysið og hina litlu þyngd.
e. Ekki er heldur nein tiltekin geðtruflun önnur, sem skýrt getur megrunina, svo sem geðhvörf, geðklofi, þráhyggja, árátta eða fælni.
f. Minnst tvö af eftirfarandi atriðum eru til staðar:
   1. Tíðaleysi.
   2. Áberandi líkhár.
   3. Hægur hjartsláttur, yfirleitt um eða undir 60/mín.
   4. Ofvirknistímabil.
   5. Ofátshviður.
   6. Uppköst, stundum framkölluð af sjúklingi sjálfum.

Sjúkdómsgreiningaskrá ameríska geðlæknafélagsins, DSM-III lýsir anorexia nervosa mjög svipað þessu, en nefnir færri viðmiðanir. Áhersla er lögð á mikinn ótta sjúklinganna við að missa stjórn á neyslunni og fitna úr hófi ef látið sé undan eðlilegri matarlyst og næringarþörf. Undirstrikuð er trufluð sjálfsmynd og þá átt við líkamsímynd með svo brengluðu mati á eigin stærð, að nálgast ranghugmynd eða skyntruflun. Í viðmiðanalista Russels frá 1970 er lögð áhersla á truflaða hormónastarfsemi, tíðaleysi og minnkaða kynhvöt. Russel forðast að draga skarpa línu við 25 ára aldurinn og við skilyrðið um 25% þyngdartap og virðist það hyggilegt.

Tíðni.

Ýmsir hafa kannað tíðni lystarstols. Árið 1973 voru lagðar fram rannsóknarniðurstöður sem oft er vitnað til, en samkvæmt þeim reyndist nýgengi 0.37/ 100.000 íbúa á tilteknu svæði í New York ríki, en 1.64/100.000 á Norðaustur-Skotlandi. Sjúkdómurinn er allt að því tvítugfalt algengari meðal kvenna en karla (23). Kunn er rannsókn Crisps á stóru úrtaki á skólastúlkum í London á árunum 1971–1974. Komst hann að því að ein af hverjum 250 yfir 15 ára aldri í almennum skólum hafði fengið alvarlegt lystarstol, en í einkaskólum ein af hverjum 100 yfir 16 ára aldri. Sjúkdómurinn gæti þannig virst algengari hjá þeim efnaðri og hærra settu í þjóðfélaginu. Einnig hafa menn komist að því að tíðni er mun hærri í vissum áhættuhópum en hjá öðrum og ber ballettdansara þar hæst.

Ekki er ástæða til að ætla að tíðni sjúkdómsins á Íslandi sé frábrugðin því sem gerist með nágrannaþjóðunum. Í tilefni þessara skrifa voru nokkrir lyflæknar með langa starfsreynslu spurðir, hvort þeir minntust lystarstolstilfella frá fyrri tíð, og þá, hve langt aftur. Traust vitneskja reyndist vera um einn sjúkling í Reykjavík á þriðja tug aldarinnar, einn á Akureyri 1930–1940 og tvo á Suðurlandi á sama áratug. Þó að tíðnin hafi að líkindum verið nokkru meiri, þá virðist sjúkdómurinn mjög fátíður á þessum árum samkvæmt þessari eftirgrennslan.

Tiltæk gögn lyflækningadeildar Landspítalans leiða í ljós, að á árunum 1956–1969, að báðum meðtöldum, fengu tíu þessa greiningu þar, raunar allir eftir 1960. Á árunum 1970–1980 bættust við nítján, og sjö á árunum 1981–1982, en af þeim hlutu þrír meðferð á geðdeild. Skilmerki á þessum árum virðast að vísu nokkuð óskýr. Við beitingu skilmerkja Feighners myndu tölurnar líklega hafa orðið aðeins lægri. Eigi að síður gefa þær greinilega vísbendingu um fjölgun.

Helstu meðferðarform sem til greina koma og tengjast lækningu á lystarstoli á einhverju stigi eru:

I. Meðferð byggð á læknandi viðræðum og samskiptum (psychotherapy).
a. Sálgreining (psychoanalysis). Þessi aðferð er nefnd af fræðilegum ástæðum, en er auðvitað svo kostnaðarsöm og fyrirhafnarmikil að hún mun tæpast notuð svo nokkru nemi.
b. Viðtalsmeðferð byggð á kenningum sálgreiningar (psychoanalytically oriented psychotherapy). Hún er einfaldari í framkvæmd og auðveldari til hagnýtingar en hefðbundin sálgreining.
c. Önnur viðtalsmeðferð og stuðningsmeðferð.
d. Hugræn atferlismeðferð (Cognitive Behaviour Therapy).
e. Fjölskyldumeðferð.
f. Hópmeðferð, einkum á síðari stigum meðferðar.

II. Lyfjameðferð. Þar er um nokkur sjónarmið að ræða. Þörf getur verið á kvíðalyfjum og/eða geðlægðarlyfjum eftir atvikum, um lengri eða skemmri tíma. Forðast ber benzódíazepín-sambönd vegna slævingar og þolmyndunar, einkum þar eð um langvarandi ástand er að ræða. Insúlin og klórprómazín hafa verið reynd með lystaukandi og róandi verkun í huga. Mælt hefur verið með Anafranili (chlomipramin) í tilfellum þar sem geðlægð er samofin sterkum þrátilhneigingum.

III. Félagslegur stuðningur, ráðgjöf og fyrirgreiðsla, einkum hvað varðar búsetu, atvinnu, menntun og fleira sem miðar að heilsusamlegu umhverfi og því að hjálpa sjúklingnum til að byggja upp heilbrigðan lífsstíl og skynja tilgang í lífi sínu.

Ljóst er að oftast þarf að beita fleiru en einu meðferðarformi, og hinar ýmsu aðferðir og stefnur þarf þá að tengja í samræmda heild svo að meðferðaráætlun verði sem virkust og árangur sem bestur. Val á meðferðarformum ræðst af ýmsum þáttum, bæði því hve veikir sjúklingarnir eru, svo og mati á ýmsum persónueigindum þeirra og ytri og innri aðstæðum. Síðast en ekki síst vegur menntun og þjálfun viðkomandi meðferðaraðila og starfsfólks hér þungt á metunum, svo og starfsaðstaða og aðbúnaður."

Í sama tölublaði Læknablaðsins frá 1985 er að finna aðra grein eftir sömu höfunda og eru þar birtar nokkrar sjúkrasögur.

Ítarefni.

Magnús Skúlason, Eiríkur Ö. Arnarson og Ingvar Kristjánsson: „Anorexia Nervosa: Lystarstol af geðrænum toga. Orsakir, einkenni og meðferð. Yfirlitsgrein." Læknablaðið, 1985, 716, 161–68.

Magnús Skúlason, Eiríkur Ö. Arnarson og Ingvar Kristjánsson: „Anorexia Nervosa: Lystarstol af geðrænum toga. Sex sjúkratilfelli." Læknablaðið, 1985, 716, 168–175.

Eiríkur Ö. Arnarson: „Lystarstol og lotugræðgi." Sálfræðihandbókin, Mál og menning, 1993, 596–602.

Eiríkur Ö. Arnarson: „Lystarstol og lotugræðgi." Kafli í bókinni „Flögð undir fögru skinni" sem út kom í tilefni Listahátíðar í Reykjavík 1998 gefin út af Íslensku menningarsamsteypunni; art.is.

Eiríkur Ö. Arnarson og Sigrún Davíðsdóttir: „Megrun og matarvenjur." Heilbrigðismál, 1984, 2, 24–34.

Eiríkur Ö. Arnarson: „Lystarstol og lotugræðgi: Röskun á matarvenjum." Heilbrigðismál, 1996, 3(44), 18–21.

Margrét Sigmarsdóttir: „Átröskun meðal fimleikastúlkna." Sálfræðiritið, 2000, 6, 27–34.

Helga Hannesdóttir: „The state of the Art – Past, Present and Future." Bókarkafli í Psychotherapeutic Issues on Eating Disorders: Models, Methods and Results. Ed. Bria P, Ciocca A, de Risio S, Róm, Ítalíu 1998. Italian University Press.

Dr. Hans Kordy and Dr. Janet Treasure (chairpersons): COST Action B. Efficiency of psychotherapeutic treatment of eating disorders. Report on the mid period evaluation. EUR 19212 EN (1999).
Helga Hannesdóttir, Ólöf Sigurðardóttir, Jón G. Stefánsson. „Evrópsk rannsókn á átröskunum á Íslandi.“ Læknablaðið, 1999, 4. tbl., 368–369.

437. Frumvarp til laga [338. mál]

um búfjárhald o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Markmið, yfirstjórn og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðbúnaður búfjár* er umhirða, húsakostur og/eða skjól.
2. *Friðað svæði* er land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.
3. *Gripheld girðing* er mannvirki úr ýmsu efni sem reist er til að hindra frjálsa för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund. Girðing getur miðast við aldur og kyneiginleika búfjár, verið fjárheld, hrossheld, nautgripaheld, graðpeningsheld o.s.frv.
4. *Hagaganga* er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.
5. *Landspilda* er ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.
6. *Lausaganga* er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.
7. *Lausagöngubann* er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.
8. *Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.
9. *Umráðamaður lands* er sá aðili sem hefur rétt til að ráðstafa nýtingu landsins.

10. *Tilsjónarmaður* er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði en ber ekki ábyrgð á því nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.
11. *Varsla búfjár* er þegar umráðamaður búfjár heldur því innan afmarkaðs svæðis.
12. *Vörslukrafa* er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.
13. *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrlegur farartálmi sem kemur algerlega í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.
14. *Vörsluskylda* er skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta þess.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

4. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir alla þá sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga. Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Bændasamtökum Íslands og skulu samtökin halda heildarskrá fyrir allt landið.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

III. KAFLI
Varsla búfjár.

6. gr.

Sveitarstjórnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

7. gr.

Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.
4. Aðrar búfjártegundir en framan greinir, allt árið.

Lögreglustjóri skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. maí á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

9. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi lögreglustjóra búféð sem ráðstafar því í samráði við sveitarstjórn. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans.

Lögreglustjóri, sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

IV. KAFLI
Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

10. gr.

Búfjáreftirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

Sveitarfélög skulu ráða búfjáreftirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjáreftirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og þar með beit. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjáreftirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjáreftirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjáreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjáreftirlitsmanna fer eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjáreftirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Kostnaður við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögunum. Þeim er þó heimilt að innheimta eftirlitsgjald af búfjáreigendum fyrir sannanlegum kostnaði við búfjáreftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjaldið skal standa undir kostnaði við akstur og vinnustundir búfjáreftirlitsmanns í samræmi við umfang eftirlits hjá hverjum og einum. Einnig skal í gjaldskrá fjalla um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., eftir því sem við getur átt í hverju tilviki.

Á hverju búfjáreftirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjáreftirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitarfélögunum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjáreftirlitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjáreftirlitsnefnd annast yfirstjórn búfjáreftirlitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjáreftirlitsmenn gefa búfjáreftirlitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

11. gr.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjáreftirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af heföbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur landbúnaðarráðuneytið heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjáreftirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjáreftirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

12. gr.

Búfjáreftirlitsmaður fer á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit eða hafa gæðastjórnun viðurkennda af Bændasamtökum Íslands og skulu þeir láta búfjáreftirlitsmanni í té vorskýrslu, sbr. 4. tölul. 17. gr. Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

13. gr.

Búfjáreftirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjáreftirlitsskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir Bændasamtökum Íslands frumritið eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár og ber ráðuneytið kostnað sem af því hlýst.

14. gr.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitilöndum. Umráðamaður

búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjáreftirlitsskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagagöngu og umráðamann þess.

15. gr.

Meini umráðamaður búfjár búfjáreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til landbúnaðarráðherra. Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjaldtöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

16. gr.

Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði.

Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan tveggja sólarhringa búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn, lögreglustjóri, og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerð um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð um einstakar búfjártegundir í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðinni skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir aldri og tegund þess. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjáreftirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
4. Reglugerð um starfssvæði búfjáreftirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæslu, eftirlitið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vorskýrslur.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal hann sviptur leyfi til að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., ásamt síðari breytingum. Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í október árið 1999 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að gera úrræðaferil laganna skýrari og skilvirkari.

Í nefndinni sátu Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárvallahrepps, Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu, Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Kristján Bjarndal Jónsson, héraðsráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, og Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma hjá embætti yfirdýralæknis.

Miklar umræður urðu um búfjáreftirlitið, hvar ætti að vista það, umfang hvers svæðis og einnig hvernig uppbygging búfjáreftirlitsins ætti að vera, þannig að ná mætti því markmiði

að minnka nálægð eftirlitsaðila og gera eftirlitið skilvirkara. Einnig var mikið rætt um leyfi til að halda búfé og úrræðaferilinn í lögunum. Nefndin hélt 18 fundi og náðist að lokum samstaða um það frumvarp sem hér er lagt fram að undanteknu séráliti Gunnars Sæmundssonar sem birt er sem fylgiskjal. Auk þess var gerð breyting á 4. gr. og 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins í meðförum ráðuneytisins. Frumvarpið var sent fjölda aðila sem gáfu góðar ábendingar og ítarlega var farið yfir umsagnirnar og mörg atriði tekin til greina sem bent var á að betur mættu fara.

Fyrsta meginbreytingin sem lögð er til með frumvarpinu er sú að búfjáreftirlitssvæðin eru stækkuð og þeim fækkað. Hugsunin er að kveða nánar á um búfjáreftirlitssvæðin í reglugerð, þannig verði auðveldara að breyta svæðaskipan, t.d. við sameiningu sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að samræma búfjáreftirlit um land allt og er Bændasamtökum Íslands falið það hlutverk. Einnig er bent á mikilvægi þess að gæta sérstaklega að hæfi búfjáreftirlitsmanna samkvæmt stjórnsýslulögum. Markmið nefndarinnar er m.a. að minnka þá nálægð sem verið hefur í búfjáreftirliti.

Önnur meginbreyting er að dregið er úr forðagæslueftirliti hjá þeim sem allt er í lagi hjá eða hefur verið síðustu ár. Þeir skila sjálfir inn skýrslu með upplýsingum um fjölda búfjár og heildarmagn forða. Hætt er eftirlitsferð hjá þeim sem starfrækja innra eftirlit eða hafa gæðastýringu sem viðurkennd er af Bændasamtökum Íslands, hins vegar senda þessir aðilar inn haustskýrslu eins og aðrir. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti. Þessi breyting er tilkomin vegna þess að eðlilegt þykir að þeim aðilum, þar sem ekkert er aðfinnsluvert, sé treyst til að fylla út forðagæsluskýrslu og skila henni fyrir tilskilinn tíma. Nefndarmenn telja bændur fyllilega færa um að meta nauðsynlegt heildarmagn af forða í samræmi við fjölda búfjár og gera ráðstafanir til úrbóta ef fóður vantar.

Þriðja meginbreytingin sem lögð er til er að sveitarstjórn haldi skrá yfir þá sem halda búfé innan umdæmis sveitarfélagsins. Með þessari breytingu verður til heildarskrá yfir þá sem halda búfé og er Bændasamtökum Íslands falið að halda slíka skrá.

Fjórða meginbreytingin með frumvarpinu er gerð á úrræðaferlinum. Þegar upp koma mál er varða slæman aðbúnað og/eða fóðrun skal tilkynna þau beint til héraðsdýralæknis. Héraðsdýralæknir þarf að kalla með sér héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis við eftirlitsstörf á síðari stigum. Ef hins vegar þarf að grípa til harðari aðgerða stjórnar lögreglustjóri þeim, t.d. ef vörslusvipta á og eða aflífa, en aflífun fer þó ávallt fram í samráði við yfirdýralækni.

Fimmta meginbreytingin sem lögð er til með frumvarpinu er að upplýsingaöflun um uppskeru hjá kartöflu- og gulrófnabændum verði lögð niður. Talið er eðlilegra að viðkomandi samtök afli þessara upplýsinga sjálf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Helstu breytingar á greininni frá núgildandi lögum eru þær að kveðið er á um tilgang laganna og bætt er við að fjallað sé um vörslu búfjár. Einnig er kveðið á um að með lögunum sé verið að afla gagna um hagtölur.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum utan þess að 3. mgr. er felld niður. Í 3. gr. frumvarpsins eru ítarlegar skilgreiningar og þykir eðlilegt að núgildandi 3. mgr. færist yfir í 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér þykir nauðsynlegt að skilgreina þau hugtök sem koma fyrir í lögunum. Um nokkur ný hugtök er að ræða sem afar brýnt er að hafa vel skilgreind þannig að ekki fari á milli mála við hvað sé átt.

Um 4. gr.

4. gr. er nýmæli, en nauðsynlegt er að halda skrá yfir alla þá sem halda búfé, sbr. skilgreiningu búfjár í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Með breytingunni verður til skrá yfir alla búfjáreigendur þar sem Bændasamtök Íslands munu halda heildarskrá. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórnir sendi uppfærða skrá árlega fyrir 15. janúar til búnaðarsambanda, héraðsdýralækna og Bændasamtaka Íslands. Þeir sem eiga búfé og hafa það í hagagöngu skulu vera skráðir í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Sveitarstjórn heldur skrá yfir þá sem eiga búfé og uppfærir hana árlega. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús. Þar sem skráðir eru bústjórar skulu þeir teljast umráðamenn búfjár. Sé um að ræða annars konar félagsform við búrekstur skal stjórnarformaður teljast umráðamaður búfjár nema gerður sé samningur við annan aðila.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er 3. og 4. gr. núgildandi laga steypt saman. Í 1. mgr. er bætt við að birta skuli slíka samþykkt í Stjórnartíðindum þannig að ekki fari á milli mála að allir geti kynnt sér samþykktina.

2. mgr. er nokkuð breytt frá því sem er í 2. mgr. 4. gr. núgildandi laga. Gæta verður sérstaklega að skilyrðum sem takmarka atvinnufrelsi og eignarrétt manna, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 33/1944, og lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

Í 3. mgr. er fjallað um mat á bótum en í núgildandi lögum er ekki fjallað um mat á bótum eða hverjir skuli meta bætur til viðkomandi aðila. Nauðsynlegt er að gera hér breytingar til að skýrt sé kveðið á um það hvaða fagaðilar meti það tjón sem búfjáreigandi verður fyrir vegna slíkra takmarkana sem um getur í 2. mgr. Í frumvarpinu er lagt til að matsnefnd eignarnámsbóta meti bætur samkvæmt lögunum.

Um 6. gr.

1. mgr. er nær samhljóða 1. og 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga.

2. mgr. er nýmæli. Þar er kveðið á um það að þar sem sveitarstjórn hefur gert búfjáreigendum skylt að hafa búfé í vörslu skuli vera gripheld girðing og að umráðamaður búfjár beri ábyrgð á að svo sé. Hvað varðar kostnaðarskiptingu við uppsetningu girðinga og viðhald þeirra er vísað til ákvæða girðingar- og vegalaga.

Um 7. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að aldri graðhesta er ber að hafa í vörslu allt árið er breytt frá því að hægt sé að skylda menn til að hafa 12 mánaða hross í vörslu allt árið, óskaði hrossaræktarsamband og/eða sveitarstjórn eftir því við ráðherra, í skyldu til að hafa 10 mánaða og eldri graðhesta eða laungraða hesta í vörslu allt árið. Algengt er að folar verði kynþroska veturgamlir og því þarf að tryggja örugga vörslu þeirra strax að vori. Seinfæddir folar hafa ekki náð árs aldri á þeim tíma og því er lagt til að aldurinn verði færður niður í 10 mánuði.

Sú breyting er lögð til í 2. mgr. að lögreglustjóri í stað hreppstjóra áður skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga

vörslu. Hreppstjórar eru orðnir mjög fáir í landinu og því þykir eðlilegt að hér taki lögreglustjóri við þeirra skyldum. Við ítrekuð brot (hugsað strax við þriðja brot) skal vera heimilt að selja graðhest nauðungarsölu samkvæmt lögum um nauðungarsölu en síðan sé heimilt að fella hann verði hann ekki seldur. Nauðsynlegt er að hér komi inn heimildarákvæði er kveði á um aflífun sé graðhestur ekki seldur.

Um 8. gr.

Þessi grein er nýmæli og kveður á um það að umráðamönnum lands, sbr. skilgreiningu á umráðamanni lands í 3. gr. laganna, sé heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað fyrir ágangi búfjár. Umráðamaður lands verður að uppfylla skilyrði um fullnægjandi vörslulínur, sbr. ákvæði 3. gr. laganna, sem teknar hafa verið út af búnaðarsambandi. Slíka ákvörðun skal tilkynna sveitarstjórn, sem auglýsir hana í Stjórnartíðindum. Einnig er fjallað um það að umráðamaður lands skuli framvísa til sveitarstjórnar fyrir 15. maí á hverju vori umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi. Um kostnað við uppsetningu og viðhald girðinga á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga. En sé um að ræða girðingu sem er inni á landi umráðamanns landsins ber hann alfarið þann kostnað sem hlýst af uppsetningu og viðhaldi.

Um 9. gr.

Þessi grein er einnig nýmæli og tekur til þeirra svæða þar sem lausaganga er bönnuð samkvæmt heimild í 8. gr. Greinin fjallar um hvað gera skuli ef búfé kemst inn á þau svæði þar sem lausaganga er bönnuð og hvernig málsmeðferðin er. Mikilvægt er að búfénu sé ekki haft í svelti og því er það á ábyrgð umráðamanns lands að handsama, fóðra og geyma búféð þar til umráðamaður búfjár sækir það. Umráðamaður búfjár ber þó allan kostnað af geymslu, fóðrun og/eða gæslu þess eða heimkeyrslu, verði ekki orðið við tilmælum um að sækja það innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu getur umráðamaður lands afhent það lögreglustjóra sem ráðstafar því í samráði við sveitarstjórn.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að lögreglustjóri, sveitarstjórn og umráðamaður lands eigi lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði. Komi í ljós að girðingu í kringum hið friðaða svæði var ábótavant ber umráðamaður lands ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af geymslu og fóðrun búfjárins. Valdi búféð tjóni fer um greiðslu bóta eftir almennu sakarreglunni.

Um 10. gr.

Mikil umræða varð í nefndinni um vistun búfjáreftirlitsins. Nauðsyn þótti að breyta þeirri framkvæmd sem í gildi er, í þá átt að stækka eftirlitssvæðin þannig að minni hætta væri á hagsmunaárekstrum. Niðurstaðan varð sú að kveða á um starfssvæði búfjáreftirlits í reglugerð en með því móti væri mun auðveldara að gera breytingar á starfssvæðum, t.d. við sameiningu sveitarfélaga.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að minni sveitarfélögin skuli reka búfjáreftirlit sameiginlega á skilgreindum starfssvæðum sem kveðið verður á um í reglugerð. Stærstu sveitarfélögin geta verið sjálfstæð.

Í 2. mgr. er fjallað um búfjáreftirlitsmann, menntun hans og starfsskyldur. Auk þess er fjallað um námskeið sem Bændasamtök Íslands munu halda til að samræma störf búfjáreftirlitsmanna og handbók sem þau útbúa fyrir búfjáreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Einnig er sérstaklega fjallað um hæfi búfjáreftirlitsmanna samkvæmt stjórnsýslulögum. En í 3. og 4. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er fjallað um vanhæfi og áhrif þess.

Í 3. mgr. er fjallað um það að sveitarfélög á hverju starfssvæði geti með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjáreftirlitið, svo sem búnaðarsamböndum, eða t.d. falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að kostnaður af starfi búfjáreftirlits greiðist af sveitarfélögunum, en þeim sé þó heimilt að leggja á eftirlitsgjald á móti sannanlegum kostnaði við búfjáreftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjaldið skal standa straum af kostnaði við akstur og vinnustundir búfjáreftirlitsmanna í samræmi við umfang eftirlits hjá hverjum aðila. Einnig er heimilað að leggja á eftirlitsgjald fyrir handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., eftir því sem við getur átt í hverju tilviki. Nauðsynlegt er að hafa slíkt heimildarákvæði í lögunum til þess að gera sveitarfélögum sem það vilja mögulegt að leggja á eftirlitsgjald. Sjálfsforræði sveitarfélaga í þessum efnum þarf að vera tryggt. Ef vilji er til þess innan sveitarfélags að búfjáreigendur standi undir hluta eða öllum kostnaði við búfjáreftirlit á það að vera valkostur sem unnt er að nýta.

Í 5. mgr. er fjallað um búfjáreftirlitsnefnd. Hún kemur fram fyrir hönd sveitarfélaganna, sem reka sameiginlega búfjáreftirlit, sem yfirstjórn gagnvart starfsfólki, eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem höfð eru samskipti við.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands sem búfjáreftirlitsmaður sendir öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði. Í haustskýrslunni eiga að koma fram upplýsingar um fjölda búfjár af hverri tegund, aldur þess, aðbúnað, fóðrun og þar með beit. Einnig skulu koma fram upplýsingar um gróffóðurforða, tegund, uppruna og fyrningar. Þá skulu auk þess koma fram upplýsingar um kaup á heyi. Geta skal um allt búfé sem tekið er í hagagöngu. Senda skal skýrsluna útfyllta til baka í síðasta lagi 20. nóvember. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að senda og skila á rafrænu formi. Skili umráðamaður búfjár haustskýrslu ekki fyrir tilskilinn frest skal búfjáreftirlitsmaður fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár allan kostnað eftirlitsins í samræmi við gildandi gjaldskrá. Sá aukakostnaður sem umráðamaður búfjár verður fyrir ef hann skilar ekki haustskýrslu fyrir 20. nóvember hlýtur að leiða til þess að umráðamenn búfjár skili frekar en ella útfylltum skýrslum fyrir frestlok. Í ákvæðinu segir að landbúnaðarráðuneytið geti heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir. Hér er t.d. átt við gagnagrunn sem myndast við einstaklingsmerkingu gripa. Þá nær heimildin til þess að fella niður upplýsingaöflun að hluta.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um grunneftirlit. Kveðið er á um eftirlitsferð sem búfjáreftirlitsmaður skal fara einu sinni á ári, fyrir 15. apríl, til þeirra sem ekki starfrækja innra eftirlit eða eru með viðurkennda gæðastjórnun á búum sínum. Gæðastjórnunin verður að vera viðurkennd af Bændasamtökum Íslands. Óeðlilegt er að margar eftirlitsferðir séu farnar til þeirra sem starfrækja innra eftirlit eða hafa gæðastjórnun viðurkennda af Bændasamtökum Íslands. Hins vegar er eðlilegt að búfjáreftirlitsmaður geti tekið að sér eftirlit samkvæmt gæðastýringarkerfi en í þessum lögum er ekki tekið á því heldur verða sett sérstök lög sem fjalla um það, enda ekki sami aðili sem greiðir fyrir eftirlit samkvæmt gæðastýringu og almennt búfjáreftirlit, nema búfjáreigandi beri kostnaðinn í báðum tilvikum. Í eftirlitsferðinni skal búfjáreftirlitsmaður líta eftir aðbúnaði búfjár, fóðrun og sannreyna fjölda þess. Hafi verið gerðar athugasemdir við aðbúnað búfjár og/eða fóðrun þess síðustu 15 mánuði miðað við 15. apríl

skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir. Ekki er ætlast til að búfjáreftirlitsmaður fari margar ferðir á bæi því ef hlutirnir eru ekki í lagi skal grípa til aðgerða skv. 16. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af eftirlitinu og vísað til 4. mgr. 10. gr. laganna.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að búfjáreftirlitsmaður skuli senda haustskýrslur, sbr. 11. gr., til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamböndin yfirfara gögnin og senda Bændasamtökum Íslands frumritin eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu upplýsinganna og skulu þær heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og fleiri opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um búfé í hagagöngu og hver ber ábyrgð á því. Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn. Tilsjónarmaður sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjár og beitilöndum þess. Tilsjónarmaður skal skráður á viðkomandi skýrslu. Umráðamaður lands ber ábyrgð á fullnægjandi upplýsingum um búfé í hagagöngu og umráðamann þess.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um það þegar umráðamaður búfjár synjar búfjáreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum eða beitilöndum og ekki verður komið við upplýsingaöflun samkvæmt lögunum. Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 16. gr.

Héraðsdýralæknir ber ábyrgð eftir að ábending er komin til hans um vanfóðrun og/eða slæman aðbúnað, fari málið hins vegar enn lengra og komi til aflífunar eða vörslusviptingar færist ábyrgðin yfir á lögreglustjóra. Hér er leitast við að gera aðgerðir eftirlitsaðila skilvirkar. Þegar mál eru komin í farveg samkvæmt þessari grein er oft þörf skjótra aðgerða og því eru allir frestir styttir til muna. Auk þess er nákvæmlega skilgreint hver fer með ábyrgð á hverju stigi. Hér er einnig bætt við heimild til aflífunar, bæði þegar umráðamaður búfjár er vörslusviptur búfé, sbr. 4. mgr., og þegar búfé hefur orðið fyrir varanlegum skaða, sbr. 5. mgr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að búfjáreftirlitsmaður skuli tilkynna héraðsdýralækni komi í ljós að aðbúnaður eða fóðrun sé ábótavant eða búféð beitt harðýðgi. Skal þá héraðsdýralæknir fara á staðinn og meta ástand búfjár og aðstæður á staðnum, héraðsdýralæknir getur farið einn á staðinn en komi til frekara eftirlits skal hann kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu skrifa fyrirmæli um úrbætur. Nauðsynlegt er að tveir sérfræðingar gefi fyrirmælin. Mikilvægt er að gefa umráðamanni búfjár frest til úrbóta. Frestur til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða skal mest vera ein vika, en þrjár vikur ef aðbúnaði er ábótavant. Andmælafrestur aðila skal mest vera fjórir sólarhringar.

Í 2. mgr. er fjallað um þá stöðu þegar umráðamaður búfjár meinar eftirlitsaðilum samkvæmt þessari grein um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum. Þá er nauðsynlegt að úr-

ræðaferillinn sé skýr, héraðsdýralæknir tilkynni lögreglustjóra um það skriflega innan sólarhrings og lögreglustjóri óski eftir dómsúrskurði. Hér verður að hafa í huga að um lifandi dýr er að ræða og því brýnt að fá dómsúrskurð til aðgerða.

Í 3. mgr. er kveðið á um frekari aðgerðir virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og er þá hægt að vörslusvipta umráðamann búfjárins búfénu. Lögreglustjóri tekur aðgerðir þá í sínar hendur og stýrir þeim.

Í 4. mgr. er kveðið á um að lögreglustjóri ráðstafi búfénu í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn. Kveðið er á um heimild til að aflífa búfé að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.

Í 5. mgr. er fjallað um heimild héraðsdýralæknis, í samráði við yfirdýralækni, til að aflífa búfé innan tveggja sólarhringa hafi það orðið fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á aðgerðum. Hér er nauðsynlegt að héraðsdýralæknir eða annar sérfræðingur meti ástand búfjárins.

Í 6. mgr. er kveðið á um skyldur sveitarstjórnar til að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og umhirðu eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Þessar skyldur eru byggðar á dýraverndarástæðum og þá einkum vegna þess að nauðsynlegt er að staðkunnur aðili beri ábyrgð á fóðrun og vörslu búfjárins þar til vitað er um nánari afdrif þess.

Í 7. mgr. er síðan kveðið á um að umráðamaður búfjár beri allan kostnað af þessum ráðstöfunum og sveitarstjórn, lögreglustjóri og aðrir eftirlitsaðilar eigi lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af þessari grein. Þó er kveðið á um það að viðkomandi eftirlitsaðili beri allan kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um reglugerðir sem landbúnaðarráðherra setur. Í gildandi lögum er fjallað um allar þessar reglugerðir nema reglugerð um starfssvæði búfjáreftirlits og framkvæmd þess. Nauðsynlegt þykir að nánar sé fjallað um merkingar búfjár, vörslu búfjár, aðbúnað og meðferð búfjár í sérstökum reglugerðum.

Um 18.–19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Sérálit.

Undirritaður skilar hér eftirfarandi séráliti um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.

Í 4. mgr. 10. gr. er fjallað um kostnað við búfjáreftirlit. Eins og greinin er orðuð er sveitarstjórnum heimilt að leggja á alla búfjáreigendur eftirlitsgjald til að standa undir kostnaði við eftirlitið.

Það er skoðun undirritaðs að forðagæsla og búfjáreftirlit sé að verulegum hluta opinbert eftirlit fremur en þjónusta við bændur. Því getur undirritaður ekki samþykkt gjaldtöku vegna hins almenna hluta eftirlitsins, þ.e. reglulegt eftirlit og umsýslu hvað varðar þá sem rækja skyldur sínar varðandi þá þætti sem lögin kveða á um. Þann þátt í framkvæmd laganna verður að meta að eðlilegt sé að greiddur verði af opinberu fé.

Þetta sérálit er í fullu samræmi við samþykkt Búnaðarþings 2001 um þetta mál.

Upphaf 12. gr. orðist svo:

Búfjáreftirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, heimsækja alla umráðamenn búfjár í sínu umdæmi. Bændasamtök Íslands hafa heimild til að undanþiggja einstök bú sem starfrækja innra eftirlit eða gæðastjórnun. Þau skulu láta búfjáreftirlitsmanni ... (greinin síðan óbreytt).

Gunnar Sæmundsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um búfjárhald o.fl.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma eftirlit með búfjárhaldi og gera það skilvirkara. Í frumvarpinu er lagt til sveitarfélög á hverju starfssvæði greiði allan kostnað við þá starfsemi. Sveitarfélögum verður heimilt að leggja á eftirlitsgjald á móti þessum kostnaði samkvæmt gjaldskrá sem tekur mið af kostnaði við eftirlitið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

438. Framhaldsnefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Tekjur hækka frá frumvarpinu um 1.265 m.kr. og verða 1.150,4 m.kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, þ.e. heimildagrein. Breytingar á sundurliðun 2 nema alls 609,8 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 365 m.kr.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að framlag til Ríkisútvarpsins hækki um 365 m.kr. í samræmi við auknar tekjur af afnotagjöldum á yfirstandandi ári. Áætlað er að af-

notagjöldin skili um 1.990 m.kr. í tekjur samanborið við 1.625 m.kr. samkvæmt áætlun fjárlaga. Mismunurinn skýrist að hluta til af 7% hækkun afnotagjalda frá 1. janúar sl. sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögunum. Tekjuhlið fjárlaga hækkar um sömu fjárhæð og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 148 m.kr.

261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði.

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Gerð er tillaga um 54 m.kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði Stofnfisks verði varið í þessu skyni í stað þess að honum verði varið til fiskeldislána eins og heimild var fyrir í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um 44 m.kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði Stofnfisks verði varið í þessu skyni í stað þess að honum verði varið til fiskeldislána eins og heimild var fyrir í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

283 Garðyrkjuskóli ríkisins.

1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins. Lögð er til 10 m.kr. fjárheimild til að greiða upp uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði af jörðinni Straumi verði varið í þessu skyni.

321 Skógrækt ríkisins.

1.01 Skógrækt ríkisins. Lögð er til 40 m.kr. fjárheimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla frá liðnum árum. Lagt er til að hluta af söluhagnaði af jörðinni Straumi verði varið í þessu skyni.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 61,8 m.kr.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 2,4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

733 Kirkjugarðsgjöld.

1.11 Kirkjugarðar. Lagt er til að lögboðið framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði hækkað um 14,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Kirkjugarðsgjald hækkar í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

1.13 Kirkjugarðasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjugarðasjóðs um 1,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi en það tekur hækkun í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

735 Sóknargjöld. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögboðið framlag til þjóðkirkjunnar

vegna sóknargjalda verði hækkað um 21,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 7,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands. Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 10,2 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 4 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Hækkunin milli tekjuáranna 1999 og 2000 var 8,8%.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 9 m.kr.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ.

1.70 Vistheimilið Skálatúni. Gerð er tillaga um 9 m.kr. aukafjárveitingu vegna halla sem m.a. stafar af launabreytingum hjá starfsmönnum sem eru utan SFR og ekki eru bættar sérstaklega á launa- og verðlagslið fjárlaga.

989 Fæðingarorlof.

1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og *1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Lagt er til að 61,6 m.kr. verði millifærðar innan þessa fjárlagaliðar af viðfangsefninu 1.11 Fæðingarorlofssjóður á viðfangsefnið 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins. Fjárheimildin er vegna kostnaðar Tryggingastofnunar við undirbúning starfsemi fæðingarorlofssjóðs árið 2000 og starfsemi hans árið 2001. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2000 hafi verið 8,4 m.kr. vegna hugbúnaðargerðar og annarra undirbúningsþátta og 53,2 m.kr. árið 2001. Þar af eru 17 m.kr. vegna hugbúnaðargerðar. Tryggingastofnun ríkisins hefur haft umsjón með greiðslum úr eldra kerfi sem starfrækt verður til ársloka 2001. Frá þeim tíma fellur kostnaður við rekstur þess niður svo og ýmis undirbúningskostnaður við að hrinda nýju kerfi í framkvæmd og mun það koma á móti rekstrarkostnaði stofnunarinnar af nýja fæðingarorlofssjóðnum frá og með árinu 2002.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 20 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Lagt er til útgjaldaheimild stofnunarinnar verði aukin um 61,6 m.kr. en að sértekjur hækki á móti um sömu fjárhæð þannig að framlag úr ríkissjóði verði óbreytt eftir sem áður. Fjárheimildin er vegna kostnaðar Tryggingastofnunar við undirbúning starfsemi fæðingarorlofssjóðs árið 2000 og starfsemi hans árið 2001. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra.

Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2000 hafi verið 8,4 m.kr. vegna hugbúnaðargerðar og annarra undirbúningsþátta og 53,2 m.kr. árið 2001. Þar af eru 17 m.kr. vegna hugbúnaðargerðar. Tryggingastofnun ríkisins hefur haft umsjón með greiðslum úr eldra kerfi sem starfrækt verður til ársloka 2001. Frá þeim tíma fellur kostnaður við rekstur þess niður svo og ýmis undirbúningskostnaður við að hrinda nýju kerfi í framkvæmd og mun það koma á móti rekstrarkostnaði stofnunarinnar af nýja fæðingarorlofssjóðnum frá og með árinu 2002. Sértekjurnar sem stofnunin hefur til að fjármagna verkefnið eru færðar sem framlag frá viðfangsefninu 07-989 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins hjá félagsmálaráðuneyti.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um 5 m.kr. aukafjárveitingu þar sem óhjákvæmilegt hefur reynst að auka starfsemi meinafræðideildar á árinu. Það hefur leitt til meiri mönnunar og hækkunar á kostnaði.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 15 m.kr. aukafjárveitingu vegna nýrrar vararafstöðvar sem reyndist óhjákvæmilegt að kaupa og taka í notkun með tilkomu nýrrar legudeildarálmu og flutnings barnadeildar í nýtt húsnæði. Útboð á vararafstöð ásamt húsnæðisbreytingum fór að hluta fram árið 2000 en lýkur á þessu ári. Heildarkostnaður fór fram úr upphaflegri áætlun, nemur nú um 39 m.kr. Framlög vegna þess námu 2,2 m.kr. og 11 m.kr. í fjárlögum og fjáraukalögum 2000.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði óbreytt.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um breytingar á framkvæmdaröð á hafnaáætlun sem ekki hefur áhrif á heildarframlag til stofnunarinnar. Lagt er til að framlag til framkvæmda á Vopnafirði hækki um 84,4 m.kr. og á Arnarstapa í Snæfellsbæ um 3,9 m.kr. Þá er lögð til samsvarandi lækkun á framlögum til framkvæmda sem áætlaðar voru á þessu ári: Í Bolungarvík 14 m.kr., á Þórshöfn 54 m.kr., á Fáskrúðsfirði 18 m.kr. og í Sandgerði 2,3 m.kr. Heildarframlög til þessara framkvæmda koma fram í sérstökum yfirlitum II.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 6 m.kr.

371 Orkusjóður.

1.13 Jarðhitaleit. Lögð er til 6 m.kr. fjárveiting til að uppfæra jarðfræðikort af Heimaey, seltu- og hitamæla allar tiltækar borholur og gera í kjölfarið grunnvatnskort af eynni.

SKÝRINGAR VIÐ 3. GR.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 3. gr. frumvarpsins sem breytir 5. gr. fjárlaga. Lagt er til að Íbúðalánsjóði verði veittar auknar lántökuheimildir í ljósi þróunar útlána það sem af er árinu. Lánsfjármögnun hækkar um 940 m.kr. frá fjárlögum ársins til að fjármagna viðbótarlán sem sjóðurinn sér um að veita fyrir hönd sveitarfélaganna. Enn fremur er húsbréfadeild heimilað að auka lántökur um 4.200 m.kr. vegna aukinnar útgáfu húsbréfalána og áformuð lántaka til endurfjármögnunar á eldra húsnæðiskerfi lækkar um 2.500 m.kr. í ljósi endurskoðunar á sjóðstreymi Byggingarsjóða ríkisins og verkamanna.

Jafnframt er lagt til að lántökur og útlán Byggðastofnunar verði aukin um 300 m.kr. og

verði 1.600 m.kr. á árinu 2001. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. október sl., en það er mat stjórnenda stofnunarinnar að eiginfjárstaða hennar standi undir auknum útlánum.

Þá er lagt til að við bætist nýr liður sem heimili Rafmagnsveitum ríkisins að taka lán er nemur allt að 780 m.kr. Þar af eru 300 m.kr. til kaupa á Rafveitu Sauðárkróks og 480 m.kr. til að standa undir hallarekstri fyrirtækisins vegna óarðbærra rekstrareininga.

Loks er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað að veita hinu nýja hlutafélagi um rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sjálfskuldarábyrgð er nemur allt að 2.500 m.kr. til að standa undir endurfjármögnun lána í árslok 2001.

Í sundurliðun 2 með frumvarpinu birtust tvær tillögur án þess að skýringar fylgdu þeim. Ekki var gert ráð fyrir þeim í samtölum 1. og 2. gr. frumvarpsins, enda áttu þær ekki að vera í sundurliðuninni og birtust þar vegna mistaka við frágang prentskrár. Þær tillögur sem um ræðir voru annars vegar 1,3 m.kr. undir liðnum 01-190 1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada, og hins vegar 9 m.kr. undir liðnum 08-500 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Tillögurnar eru ekki í stöðuskjalinu og hefur breytingin ekki áhrif á útgjöldin í frumvarpinu þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í lagagreinum þess.

Alþingi, 30. nóv. 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Drífa Hjartardóttir.
	Tómas Ingi Olrich.	

439. Breytingartillögur [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, DrH, TIO).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-971 Ríkisútvarpið			
a. 1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	0,0	365,0	365,0
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*365,0*	365,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði			
a. 1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	0,0	54,0	54,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*54,0*	*54,0*

3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal			
a. 1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	0,0	44,0	44,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*44,0*	*44,0*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins			
a. 1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins	0,0	10,0	10,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*10,0*	*10,0*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
04-321 Skógrækt ríkisins			
a. 1.01 Skógrækt ríkisins	0,0	40,0	40,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*40,0*	*40,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-705 Kirkjumálasjóður			
a. 1.10 Kirkjumálasjóður	0,0	2,4	2,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,4*	*2,4*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-733 Kirkjugarðsgjöld			
a. 1.11 Kirkjugarðar	0,0	14,8	14,8
b. 1.13 Kirkjugarðasjóður	0,0	1,3	1,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*16,1*	*16,1*
8. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-735 Sóknargjöld			
a. 1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	0,0	21,6	21,6
b. 1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	0,0	7,5	7,5
c. 1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	0,0	10,2	10,2
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*39,3*	*39,3*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-736 Jöfnunarsjóður sókna			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sókna	0,0	4,0	4,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*4,0*	*4,0*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ			
a. 1.70 Vistheimilið Skálatúni	0,0	9,0	9,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*9,0*	*9,0*
11. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	0,0	61,6	61,6
b. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	250,0	-61,6	188,4
12. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
a. 1.01 Tryggingastofnun ríkisins	-12,8	61,6	48,8
b. Sértekjur	0,0	-61,6	-61,6
13. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
a. 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	13,0	5,0	18,0
b. 6.01 Tæki og búnaður	0,0	15,0	15,0

14. Við bætist nýr fjárlagaliður:
11-371 Orkusjóður

a. 1.13 Jarðhitaleit	0,0	6,0	6,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*6,0*	*6,0*

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Fjárveiting að fjárhæð 370 m.kr. á fjárlagaliðnum framhaldsskólar, almennt, 02-319 1.14 og 1.90, skiptist á skóla samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

	02-319 1.14	02-319 1.90
	Þús. kr.	Þús. kr.
02-301 1.01 Menntaskólinn í Reykjavík		14.500
02-302 1.01 Menntaskólinn á Akureyri		16.000
02-303 1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni		3.500
02-304 1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð		21.500
02-305 1.01 Menntaskólinn við Sund		13.500
02-306 1.01 Menntaskólinn á Ísafirði		5.400
02-307 1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum		5.450
02-308 1.01 Menntaskólinn í Kópavogi		20.000
02-309 1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík		9.900
02-319 1.90 Framhaldsskólar almennt		300
02-350 1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti		29.900
02-350 1.09 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.100	
02-351 1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla		13.300
02-352 1.01 Flensborgarskóli		11.400
02-353 1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja		13.600
02-354 1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands		13.600
02-355 1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum		5.150
02-355 1.09 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	300	
02-356 1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra		8.500
02-356 1.09 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2.000	
02-357 1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands		16.100
02-357 1.09 Fjölbrautaskóli Suðurlands	900	
02-358 1.01 Verkmenntaskóli Austurlands		3.900
02-359 1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri		25.800
02-359 1.09 Verkmenntaskólinn á Akureyri	550	
02-360 1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ		12.000
02-360 1.09 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.150	
02-361 1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu		2.800
02-362 1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík		3.900
02-363 1.01 Framhaldsskólinn á Laugum		2.400
02-365 1.01 Borgarholtsskóli		16.200
02-365 1.09 Borgarholtsskóli	2.300	
02-506 1.01 Vélskóli Íslands		5.200

			Þús. kr.	Þús. kr.
02-507	1.01	Stýrimannaskólinn í Reykjavík		2.100
02-514	1.01	Iðnskólinn í Reykjavík		46.900
02-514	1.09	Iðnskólinn í Reykjavík	1.700	
02-516	1.01	Iðnskólinn í Hafnarfirði		10.700
02-571	1.01	Sjómannaskólahúsið		700
02-581	1.01	Verslunarskóli Islands		5.800
		Samtals	**10.000**	**360.000**
		Samtals		**370.000**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Eftirfarandi liðir í 18. tölul., **Hafnamannvirki (10-335 6.70)**, í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fjárlaga fyrir árið 2001 breytast og verða svohljóðandi:

	Þús. kr.
1. Snæfellsbær	42.300
2. Bolungarvík	800
3. Þórshöfn	1.300
4. Vopnafjörður	99.300
5. Fáskrúðsfjörður	1.900
6. Sandgerði	86.000

440. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, DrH, TIO).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

Sundurliðun 1
Tekjur A-hluta

I	**Skatttekjur**	Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	4.146,0	4.025,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	7,0	170,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	2.002,5	1.998,2
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**6.155,5**	**6.193,2**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-1.107,0	-1.725,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	530,0	530,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**5.578,5**	**4.998,2**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	1.335,0	1.519,8
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	238,0	300,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.573,0**	**1.819,8**
	Tryggingagjöld	**1.573,0**	**1.819,8**
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	11,0

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	45,0	102,6
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	-29,0	121,0
	Skattar á hreina eign	**16,0**	**223,6**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	193,0	193,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-190,0	-290,0
	Eignarskattar	**19,0**	**126,6**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-9.720,0	-3.690,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	60,0	85,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-120,0	-120,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-2.250,0	-2.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-20,0	-20,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-598,0	-598,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-345,0	-180,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	285,0	285,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	230,0	230,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	30,0	30,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-12.448,0**	**-6.068,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-40,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	438,0	438,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-45,0	-45,0
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	-2,5	-2,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-270,5	-275,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2,0	2,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**82,0**	**26,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-12.366,0**	**-6.041,3**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	450,0	450,0
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30,0	-30,0
	Aðrir skattar	**480,0**	**420,0**
	Skatttekjur, samtals	**-4.704,5**	**1.334,3**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-20,0	450,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-1.035,0	-1.035,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-1.055,0**	**-585,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.974,7	1.203,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-2.600,0	-920,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.920,0	1.320,0
	Aðrar eignatekjur	**1.294,7**	**1.603,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**239,7**	**1.018,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	-455,0	-455,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-80,0	-80,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	365,0	365,0
9.1.3.17	Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs	-29,0	-29,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-39,9	-33,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-20,0	-20,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-258,9**	**-252,9**
	Ýmsar tekjur	**-258,9**	**-252,9**

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-102,4	-80,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	5,5	65,0
	Sektir	**-96,9**	**-15,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-45,0	-45,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-161,1**	**705,1**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.000,0	-10.500,0
	Sala eigna, samtals	**6.000,0**	**-10.500,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-59,0	-59,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
	Fjárframlög, samtals	**16,0**	**16,0**
	Heildartekjur samtals:	**1.150,4**	**-8.444,6**

441. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, KPál, ÍGP, DrH, TIO).

Við 3. gr.

a. 3. tölul. orðist svo: Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 27.300 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 31.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 7.500 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 5.000 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 2.600 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 3.540 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.6 kemur: allt að 2.100 m.kr.
   e. Í stað orðanna „allt að 1.300 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 1.600 m.kr.
   f. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
      3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 780 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   4. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
      5. Annað.
         Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. til endurfjármögnunar allt að 2.500 m.kr.

442. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, KPál, ÍGP, DrH, TIO).

1. Við 4. gr. Nýir liðir:
   1.4 Að fella niður ábyrgðargjöld skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, sem lögð voru á Íbúðalánasjóð fram að gildistöku laga nr. 70/2000 sem undanþiggja sjóðinn greiðslu gjaldsins.
   6.7 Að selja ferjuna Fagranes og nota söluandvirðið til uppgjörs vegna Djúpbátsins hf.
   7.33 Að kaupa fasteignirnar Breiðöldu 5 og 7 á Hellu, Rangárvallasýslu, og nýta þær sem bráðabirgðahúsnæði vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi.
   8.27 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og taka til þess nauðsynleg lán.
   8.28 Að kaupa nýtt hlutafé í Íslenska járnblendifélaginu hf.
2. Við 4. gr. Breyttir liðir:
   a. Liður 2.31 í lögunum orðast svo: Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu til fasteigna Alþingis.
   b. Liður 5.4 í lögunum orðast svo: Að selja hlut ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja hluta af andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins.

443. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til grundvallarbreytingar á stjórn leigubifreiðamála í landinu. Ráðgert er að færa stjórn leigubifreiðamála frá ráðuneyti samgöngumála til Vegagerðarinnar. Frumvarp sama efnis var lagt fram á seinasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum til batnaðar frá því að það var lagt fram þá og meiri hluti nefndarinnar leggur fram margar breytingar á því sem að áliti 1. minni hluta eru til bóta. Engu síður eru atriði í frumvarpinu sem gera það að verkum að 1. minni hluti getur ekki stutt málið óbreytt.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að þjónusta leigubifreiða og leigubifreiðaakstur séu einn af grunnþáttum almannasamgangna á landinu. Mikilvægt er því að tryggja góða, örugga og ódýra þjónustu en um leið eðlileg starfskjör leigubifreiðastjóra. Lagasetning um þessa þjónustu þarf að taka mið af því að þjónustan verði tiltæk og í boði sem allra víðast á landinu. Nauðsynlegt er að þessi grundvallarmarkmið og tilgangur laganna séu skýrt orðuð í lögunum sjálfum.

Fyrsti minni hluti telur að ákvæði 9. gr. frumvarpsins, er lýtur m.a. að veitingu undanþágna frá akstri eigin bifreiðar vegna töku orlofs, sé ófullnægjandi. Við umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram upplýsingar um að framkvæmd núgildandi laga og reglna settra samkvæmt þeim hefði í einhverjum tilvikum stangast á við lög nr. 30/1987, um orlof. Var gagnrýnin einkum fólgin í því að laugardagar og sunnudagar hefðu á sumum svæðum verið reiknaðir með í orlofstöku sem er andstætt ákvæðum laga um orlof. Til að tryggja að leigubifreiðastjórar njóti orlofskjara á við aðra leggur 1. minni hluti áherslu á að farið verði að ákvæðum orlofslaga við veitingu undanþágna eftir því sem við getur átt. Meiri hlutinn nefnir þetta í áliti sínu en tryggara er að þetta birtist í lögunum sjálfum.

Fyrsti minni hluti dregur í efa nauðsyn þess að starfræktur verði gagnagrunnur á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Mikill kostnaður fylgir stofnsetningu og starfsemi þessa gagnagrunns og leggst hann á leigubifreiðastjóra. Það er mat 1. minni hluta að hægt sé að halda utan um þennan málaflokk á einfaldari og ódýrari hátt en frumvarpið gerir ráð fyrir. Auk þessa telur 1. minni hluti að óeðlilegt sé að varpa öllum stjórnsýslukostnaði sem hlýst af starfsemi sem er þáttur í almannasamgöngukerfi landsmanna alfarið yfir á leigubifreiðastjóra. Samkvæmt frumvarpinu skulu leigubifreiðastjórar greiða 13.000 kr. árlegt gjald fyrir atvinnuleyfi sitt. Jafnframt er gert ráð fyrir gjaldtöku vegna ýmissar umsýslu í þessum málaflokki, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Haldbær rök skortir fyrir þessum gjaldtökum og leggur 1. minni hluti því til að þessi grein frumvarpins verði felld á brott. Ljóst er að samgönguráðuneytið mun hafa nokkurn hag af tilfærslu þessa málaflokks til Vegagerðarinnar og gagnrýnir 1. minni hluti að ekki var gerð grein fyrir því í umsögn fjármálaráðuneytisins hversu mikið sparast hjá ráðuneytinu við þessa breytingu.

Gjaldtaka sem þessi getur ekki farið annað en út í verðlagið og því er verið að auka skattlagningu á þessari þjónustu en því er 1. minni hluti andvígur. Opinber grunnumsýsla þessarar atvinnugreinar á að vera framlag ríkisins til þessarar þjónustu. Víða úti á landi er rekstrargrundvöllur leigubílaksturs veikur en engu að síður er hér um mikilvæga samfélagsþjónustu að ræða. Flöt skattlagning þessarar þjónustu, eins og frumvarpið leggur til, bitnar ekki síst með auknum þunga á þjónustu leigubíla á litlum stöðum.

Þá gerir 1. minni hluti athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr. frumvarpins. Í umsögn Persónuverndar sem barst nefndinni á síðasta þingi um frumvarpið segir eftirfarandi: „Með ákvæðinu gæti Vegagerðin því veitt einstökum bifreiðastöðvum og bifreiðastjórafélögum tengingu við umrædda málaskrá sína um tölvunet. Að mati Persónuverndar skortir rök fyrir slíkri samtengingu og er þeirri spurningu ósvarað hvers vegna ekki sé hægt að veita viðkomandi bifreiðastöðvum upplýsingar um atvinnuleyfishafa á viðkomandi stöð með einfaldri og viðurhlutaminni hætti.“ 1. minni hluti telur að sjónarmið um friðhelgi einkalífs og persónuvernd eigi að ráða ferðinni og telur því að umrædd heimild Vegagerðarinnar eigi ekki rétt á sér.

Með hliðsjón af framangreindu telur 1. minni hluti, þrátt fyrir ýmsar breytingar sem meiri hlutinn leggur til og eru til batnaðar, að vinna þurfi frumvarpið betur áður en það verður afgreitt sem lög frá Alþingi.

Alþingi, 3. des. 2001.

Jón Bjarnason.

444. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er lagt til að stjórnsýsla vegna málefna leigubifreiða færist frá samgönguráðuneytinu, umsjónarnefndum og bifreiðastjórafélögunum yfir til Vegagerðarinnar.

Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um leigubifreiðar til fólksflutninga hér á landi og eiga þau að leysa af hólmi lög nr. 61/1995, með síðari breytingum. Ekki er gert ráð fyrir neinum gjaldtökum í núgildandi lögum nema hvað ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð gjaldtöku fyrir veittar undanþágur. Í þessu frumvarpi er lagt til að innheimtar verði u.þ.b. 10 millj. kr. í gjaldtöku af leigubifreiðastjórum vegna atvinnuleyfisins á ári, 100 millj. kr. á tíu árum miðað við óbreytta gjaldtöku, sem rökstutt hefur verið á þann hátt að um sé að ræða kostnað sem hlýst af stjórnsýslu Vegagerðarinnar vegna málaflokksins. En í athugasemdum frumvarpsins segir m.a. að tilgangur þess sé m.a. að færa lög um leigubifreiðar að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Ekki er vikið nánar að því í hverju þessar breyttu aðstæður felast.

Um þetta segir m.a. í áliti Samkeppnisstofnunar: „Hluti af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu er aukin áhersla, m.a. Alþingis, á gildi virkrar samkeppni í viðskiptum. Þetta kristallast í 1. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, þar sem segir að markmið þeirra sé að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í sömu lagagrein segir einnig að þessu markmiði skuli ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri. Enn fremur segir að markmiði laganna skuli ná með því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að mark-

aðnum. Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er gengið þvert gegn markmiði samkeppnislaga. Aðgangur að markaðnum fyrir leigubifreiðarekstur verður jafn takmarkaður samkvæmt frumvarpinu og verið hefur í gildandi lögum.“

Af þessari umsögn er m.a. ljóst að frumvarpið fer þvert gegn markmiðum samkeppnislaga. Þetta er reynt að réttlæta með því að um sé að ræða skiptingu takmarkaðra gæða. Af þessum orðum mætti ráða að náttúrulegar takmarkanir, eða aðrar óviðráðanlegar orsakir, leiði til þessarar niðurstöðu. Svo er þó ekki. Í dag eru u.þ.b. 700 atvinnuleyfi gild í landinu vegna leigubifreiðaaksturs, þar af 570 á höfuðborgarsvæðinu. Eins og fyrirkomulagið er nú, en ekki er ætlunin að breyta því, er ráðherra heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða á tilteknum svæðum. Þetta hefur verið gert á fjórum stöðum, höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Árnessýslu og á Suðurnesjum. Öðrum en þeim sem hafa atvinnuleyfi á þessum svæðum er því óheimilt að aka fólki gegn gjaldi. Hin takmörkuðu gæði eru því fjöldi útgefinna leyfa sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að veita en ekki neinar náttúrulegar aðstæður. Auk ákvarðana um fjölda atvinnuleyfa er stjórnsýslunni ætlað að hafa afskipti af nýtingu atvinnuleyfisins — en leigubifreiðastjóra er ætlað að hafa starfið að aðalatvinnu — heimiluðu og teknu orlofi, útgerð bílsins vegna veikinda o.s.frv. Með öðrum orðum mun kostnaður við þetta útgerðarkerfi leigubifreiðastjóra því hlaupa á tugum milljóna kr. næstu árin. Hér er því verið að byggja upp enn eitt báknið í ríkiskerfinu, sem án efa á eftir að vinda frekar upp á sig. Sem dæmi um þessa stjórnsýslu má nefna að til þess að fá atvinnuleyfi þurfa leigubifreiðastjórar fyrst að ganga í gegnum meirapróf vegna leigubifreiðaaksturs hjá Umferðarráði sem kostar u.þ.b. 100 þús. kr. Auk þess þurfa þeir sem leysa af atvinnuleyfishafana, þeir sem eru að vinna sér inn tíma, að fara á afleysinganámskeið hjá bifreiðastjórafélögunum sem kostar 5.000 kr. og að lokum þurfa þeir að fara á leyfishafanámskeið, áður en atvinnuleyfi er útgefið hjá ökuskóla, sem kostar u.þ.b. 40 þús. kr.

Það er því mat 2. minni hluta að hugmyndafræðin að baki frumvarpinu sé í andstöðu við þá þjóðfélagsþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Hér er verið að búa til dýra stjórnsýslu utan um atvinnustarfsemi leigubifreiðastjóra. Annar minni hluti leggur þó ríka áherslu á að leigubílar og leigubílaakstur séu mikilvægur þáttur í almannasamgöngum. Tryggja þarf góða og örugga þjónustu og um leið eðlileg starfskjör leigubifreiðastjóra. Mikilvægt er að bæði lögin og framkvæmd þeirra taki mið af því. Um leið þarf einnig að tryggja hag neytenda en hagsmunum þeirra er ekki mikill gaumur gefinn í frumvarpinu. Það hefur komið fram að þessi aukna gjaldtaka og viðamikla stjórnsýsla mun leiða af sér a.m.k. 3% hækkun á taxta leigubifreiðastjóra, eins og fram kom á fundum samgöngunefndar.

Enn fremur er það tekið fram í frumvarpinu að bifreiðastöðvar skuli í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemina. Við ríkjandi aðstæður og opinberar takmarkanir er svo komið að fákeppni ríkir í rekstri bifreiðastöðva. T.d. eru tvær stöðvar ráðandi á höfuðborgarsvæðinu. Í frumvarpinu er lagt til að allar leigubifreiðar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð. Þessi skipan mála býður heim hættu á verðsamráði og markaðsskiptingu og öðrum alvarlegum samkeppnishindrunum, þar sem hættan er sú að hagsmunir neytenda yrðu fyrir borð bornir. Til þess að geirnegla þessa hluti er svo lagt til engum skuli veitt fleiri en eitt leyfi svo ljóst má vera að fleiri bifreiðastöðvar munu vart líta dagsins ljós, verði frumvarpið að lögum.

Félag ökukennara vekur athygli á því að frumvarp þetta virðist ganga þvert á þá stefnu stjórnvalda að einkavæða starfsemi frekar en að færa hana í ríkari mæli undir opinbera stjórnsýslu.

Þá vöktu leigubifreiðastjórar athygli á því að þeir þyrftu að greiða gjald af atvinnuleyfinu á hverju ári og höfðu uppi efasemdir um að aðrar stéttir þyrftu að gera það sama. Þessum gjöldum er m.a. ætlað að fjármagna gagnagrunn um leyfishafa sem koma á upp hjá Vegagerðinni. Það hefur reyndar komið fram að kostnaður við uppsetningu gagnagrunnsins, sem m.a. er ætlað að geyma upplýsingar um leyfishafa og afleysingabílstjóra, mun hlaupa á nokkrum milljónum kr. Það er því ljóst að kostnaður leyfishafa er margfaldur miðað við kostnaðinn af hinni opinberu stjórnsýslu. Þessu má m.a. finna stoð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 en þar kemur fram að aðalskrifstofa samgönguráðuneytisins gerir ekki ráð fyrir neinum sparnaði við flutning málaflokksins yfir til Vegagerðarinnar.

Annar minni hluti dregur í efa nauðsyn þess að starfræktur verði gagnagrunnur með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sérstaklega er gerð athugasemd við síðari málslið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Vegagerðin geti heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á bifreiðastöðvum eða hjá bifreiðastjórafélögum til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr. frumvarpsins. Í umsögn Persónuverndar frá því í fyrra sem barst nefndinni vegna umfjöllunar um svipað frumvarp segir eftirfarandi um þetta atriði: „Með ákvæðinu gæti Vegagerðin því veitt einstökum bifreiðastöðvum og bifreiðastjórafélögum tengingu við umrædda málaskrá sína um tölvunet. Að mati Persónuverndar skortir rök fyrir slíkri samtengingu og er þeirri spurningu ósvarað hvers vegna ekki sé hægt að veita viðkomandi bifreiðastöðvum upplýsingar um atvinnuleyfishafa á viðkomandi stöð með einfaldari og viðurhlutaminni hætti.“ Annar minni hluti telur að sjónarmið um friðhelgi einkalífs og persónuvernd eigi að ráða ferðinni og gagnrýnir því að ætlunin sé að veita Vegagerðinni umrædda heimild. Þá nefnir Persónuvernd fleiri atriði sem nánar verður fjallað um þegar gerð verður grein fyrir þessu nefndaráliti.

Í samgöngunefnd var lítið sem ekkert fjallað um þá gagnrýni sem sett var fram árið 1953 þegar núverandi fyrirkomulagi í leigubifreiðaakstri var fyrst komið á með samþykkt Alþingis á lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum. Í umræðu um þau lög var því haldið fram að það að heimila stjórnvöldum að takmarka fjölda leigubifeiða með stjórnvaldsákvörðunum væri aðför að persónu- og atvinnufrelsi manna. Á þetta hefur ekki reynt fyrir dómstólum og því má draga þá ályktun að enginn hafi haft eða viljað láta reyna á þann leynda draum sinn að verða leigubifreiðarstjóri. Það breytir ekki hinu að þessi skerðing á atvinnufrelsi er ekki rökstudd á annan hátt en þann að tiltekin tilraun í frelsisátt hafi ekki gefist vel í Svíþjóð. Að auki liggur sú röksemd í loftinu að öryggi farþega í fólksbifreiðum sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs og taka átta farþega eða færri sé betur borgið innan þessa kerfis en ella. Hér skal ekkert um þessar röksemdir fullyrt en vert er að minna á að í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannahagsmunir krefjist.

Þrátt fyrir að breytingartillögur meiri hlutans séu að mestu leyti til bóta treystir 2. minni hluti sér ekki til að styðja frumvarpið, enda felur það í sér mikla opinbera umsýslu auk þess sem það fer algerlega gegn ákvæðum og markmiðum samkeppnislaga.

Alþingi, 3. des. 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm.

Kristján L. Möller.

445. Frumvarp til laga [339. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Við fyrri málslið 5. mgr. 61. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

2. gr.

Við 1. málsl. 3. mgr. 67. gr. laganna bætist: þ.m.t. fjárhagslegar skuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu.

3. gr.

Lög þessi ölast þegar gildi.

Greinargerð.

Í seinni tíð hafa sumar sveitarstjórnir í auknum mæli „fjármagnað“ byggingarframkvæmdir og raunar einnig rekstur húsnæðis með samningum við einkaaðila sem byggja, eiga og reka viðkomandi húsnæði, en sveitarfélögin greiða fyrir afnotaréttinn með langtímasamkomulagi. Þessi leið hefur verið farin hvort heldur um er að ræða lögbundin verkefni sveitarfélaga eða ekki. Um þessa leið hafa verið pólitísk átök og sýnist sitt hverjum um fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af slíkum lántökum þegar ráðast þarf í brýnar fjárfestingar. Fleiri álitamál hafa vaknað í þessu sambandi.

Um það er þó ekki deilt að ákvörðunarvald af þessum toga liggur hjá hverri sveitarstjórn, svo fremi sem fjárhagsleg geta sveitarfélagsins leyfir slíkar skuldbindingar, auk þess að slíkir samningar við einkaaðila gangi að öðru leyti ekki gegn gildandi lögum og reglum.

Á hinn bóginn hefur verið óvissa um hvernig slíkar skuldbindingar skuli færa í ársreikninga sveitarfélaga, sbr. 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Hliðstæð álitamál hafa einnig verið uppi varðandi einkaframkvæmdir og rekstrarleigu við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlana, hvort heldur er til eins eða þriggja ára, sbr. 61. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga, enda einkaframkvæmdarsamningar þess eðlis að hverfandi eða enginn kostnaður fellur á sveitarfélög fyrr en framkvæmdum er lokið.

Á því hefur borið að einstök sveitarfélög hafi reynt að komast hjá því að gera fullnægjandi grein fyrir slíkum fjárhagsskuldbindingum í fjárhagsáætlunum og ársreikningum. Það er með öllu óviðunandi að sveitarfélög geti skuldbundið skattgreiðendur jafnvel um milljarða króna til langs tíma án þess að sérstaklega sé gerð grein fyrir þeim í fjárhagsáætlunum, né heldur að þær séu færðar nákvæmlega til bókar í efnahagsreikningi ársreiknings.

Félagsmálaráðuneytið hefur reynst ófært um að veita fullnægjandi svör við fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna um þessi álitaefni og hefur m.a. vísað til þess að hér sé um nýmæli að ræða hjá sveitarfélögum hérlendis og að ekkert sé sérstaklega um þau atriði fjallað í sveitarstjórnarlögum. Ekki nægir að taka á þessum veigaþungu álitamálum í reglugerð ráðherra sem honum ber að setja um nánari ákvæði varðandi bókhald og ársreikninga sveitarfélaga að

höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Alþingi verður að setja lög um hvernig með skuli fara, þannig að allri óvissu sé eytt.

Til að taka af öll tvímæli í þessum efnum er þetta frumvarp flutt. Í því er gerð ljós sú skylda sveitarfélaga að upplýsa nákvæmlega um fjárhagsskuldbindingar vegna einkafjármögnunar og rekstrarleigu í fjárhagsáætlunum og ársreikningum.

446. Fyrirspurn [340. mál]

til utanríkisráðherra um íslensku friðargæsluna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hversu margir sóttu um að komast á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar, sbr. auglýsingu þar um í september sl.? Hversu margir umsækjendanna voru konur og hversu margir karlar?
2. Hvenær mun viðbragðslisti íslensku friðargæslunnar liggja fyrir og hversu margir einstaklingar verða á honum?
3. Hvað felst í því að setja nafn sitt á viðbragðslistann og hvaða skilyrði þarf fólk að uppfylla til þess að komast á hann?
4. Hvernig fer þjálfun væntanlegra friðargæsluliða fram og hver mun hafa yfirumsjón með henni?
5. Hversu margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu starfa að málefnum friðargæslunnar?
6. Hver er ráðgerður kostnaður íslenska ríkisins við friðargæsluna næstu tvö ár og hvernig skiptist hann?
7. Er ráðgert að efna til samstarfs með Norðurlandaþjóðunum um friðargæslu?
8. Hvernig er verksvið íslensku friðargæslunnar skilgreint innan þeirra alþjóðastofnana og samtaka sem í hlut eiga, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins?

Skriflegt svar óskast.

447. Fyrirspurn [341. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsókn á dreifingu barnakláms á netinu.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

Hver er ástæða þess að Ísland er ekki í hópi þeirra nítján ríkja sem nú beita sér fyrir rannsókn á dreifingu klámmynda af börnum á netinu?

Skriflegt svar óskast.

448. Svar [241. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um útbreiðslu ADSL-þjónustu.

1. *Í hvaða sveitarfélögum á Íslandi er boðið upp á ADSL-þjónustu og hvaða fjarskiptafyrirtæki veita hana á hverjum stað fyrir sig?*

ADSL-þjónusta er tvíþætt, annars vegar er um að ræða heimtaugina með sérstökum endabúnaði sem sendir gögn á öðru tíðnisviði en nýtt er fyrir almenna talsímaþjónustu, hins vegar er um það að ræða að boðin sé ADSL-netþjónusta en hún felst í tengingu notandans við efni á internetinu. Fyrir utan þá aðila sem selja aðgang að hinum eiginlegu ADSL-línum og endabúnaði selja netþjónustur internetaðgang. Slík þjónusta er boðin á landsvísu.

Íslandssími selur ADSL-fjarskiptaþjónustu í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og á Akureyri. Áformað er að veita slíka þjónustu víðar en þau áform eru ekki opinber. Íslandssími endurselur jafnframt aðgang að xDSL-kerfi Landssímans á öðrum svæðum. Landssíminn býður upp á ADSL-fjarskiptaþjónustu í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Borgarnesi, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Höfn, Selfossi og í Vestmanneyjum.

Einungis þeir notendur sem eru innan við 4 km frá símstöð þar sem ADSL-búnaður hefur verið settur upp eiga möguleika á að fá þjónustuna. Í stóru sveitarfélögunum Ísafjarðarbæ, Skagafirði, Egilsstöðum og Árborg er þjónustan einungis veitt í byggðakjörnunum sem taldir eru upp hér að ofan.

Gildandi fjarskiptalög tryggja fjarskiptafyrirtækjum rétt til þess að bjóða ADSL-endabúnað og þjónustu án þess að þau þurfi að byggja upp nýtt kerfi frá grunni. Slík sala getur verið allt frá hreinni endursölu til þess að fyrirtækið noti einungis eigin búnað og allt þar á milli. Fjarskiptafyrirtækið gæti því leigt heimtaug af Landssímanum á kostnaðarverði að viðbættum hæfilegum hagnaði en notað eigin búnað að öllu öðru leyti. Fjarskiptafyrirtækin Halló – frjáls fjarskipti, Lína.net og Snerpa eru í hópi þeirra sem eru að þróa sölu gagnaflutningsþjónustu sinnar með blöndu eigin búnaðar og annarra. Einnig er rétt að nefna að dæmi eru um að einstaklingar og fyrirtæki hafi sett eigin xDSL búnað á leigulínur og einkanet til þess að auka bandvídd þeirra.

2. *Eru einhver skilyrði sett af fjarskiptafyrirtækjunum, t.d. hvað varðar fjölda notenda í upphafi?*

Ákvarðanir um uppbyggingu ADSL-þjónustu byggjast almennt á viðskiptaforsendum enda marka fjarskiptalög fyrst og fremst leikreglur markaðarins á meðan fyrirtækin ákvarða forsendur eigin rekstrar. Þó hefur Landssími Íslands með samkomulagi við samgönguráðherra skuldbundið sig til að byggja upp ADSL-þjónustu í öllum stærri þéttbýliskjörnum, þannig að á næstu tveimur árum nái framangreind þjónusta, eða önnur jafngild þjónusta, til 75–80% þjóðarinnar. Samkomulagið var undirritað 16. mars 2001. Frekari ákvarðanir hafa ekki verið teknar hjá Landssímanum um áframhaldandi uppbyggingu á ADSL-fjarskiptaþjónustu á minni stöðum.

ADSL-þjónusta er aðeins ein tegund aðferða við að flytja gögn á fjarskiptanetum. Tæknin að baki er hluti af tegundarflokki endabúnaðar koparpars sem gengur almennt undir viðurnefninu xDSL. Með slíkum búnaði er mögulegt að auka verulega flutningsgetu hefðbundinnar heimtaugar á almenna talsímanetinu með því að senda gögn á hárri tíðni. Kostir xDSL-lausna eru því fólgnir í möguleikum á verulegri aukningu bandvíddar milli fjarskiptafyrirtæk-

is og endanotanda án þess að grafa þurfi fyrir nýrri heimtaug. Fjölmargir tæknilegir annmarkar fylgja hins vegar tækninni sem gera það að verkum að einungis er skynsamlegt að nota hana í þéttbýli. Þar vegur þyngst að eðlisfræðilegir eiginleikar hátíðnisendinga yfir koparþræði valda því að flutningsgeta minnkar verulega með aukinni fjarlægð frá símstöð. Þá má einnig nefna að rafsegulsvið sem leiðir af xDSL-gagnaflutningi veldur truflunum á fjarskiptum þegar u.þ.b. 30% samhliða koparþráða eru með slíkan búnað.

Sennilega er útbreiðsla ADSL-þjónustu nú þegar komin til smærri og dreifbýlli staða en venjulegt er í öðrum löndum þar sem þessi þjónusta einskorðast við stærri bæi með íbúafjölda sem skiptir tugum þúsunda. Þegar Landssími Íslands hf. setti upp ADSL-þjónustu var reynt að miða við að 30 að minnsta kosti hefðu pantað þjónustu. Ekki hefur verið ákveðið hvort slík regla verði notuð framvegis enda eru 30 notendur á hverjum stað væntanlega of lítið til að standa undir útlögðum kostnaði. Íbúar annarra svæða mega því eiga von á því að fjarskiptatengingar þeirra byggist á annarri og hagkvæmari tækni. Þá er rétt að hafa það í huga að notendur geta látið sér í léttu rúmi liggja hvort þeir eru tengdir með ISDN, ADSL, VDSL, SDSL-endabúnaði, ljósleiðara eða þráðlausri tækni, þar sem það er fremur bandvídd tengingarinnar en tegundarheiti endabúnaðarins sem hefur áhrif á notkunarmöguleika á internetinu.

449. Svar [262. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um rannsóknasetur að Kvískerjum.

1. *Hvað líður undirbúningsvinnu að stofnun rannsóknaseturs að Kvískerjum og hvenær má búast við að framkvæmdin hefjist?*

Undanfarið hefur verið starfandi nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins sem farið hefur yfir stöðu mála varðandi stofnun rannsóknaseturs að Kvískerjum og unnið að framgangi málsins og undirbúningi byggingar og reksturs setursins. Nefndinni var jafnframt falið að gera tillögur um leiðir til að fjármagna byggingu setursins og rekstur. Nefndin mun skila tillögum til ráðuneytisins um miðjan næsta mánuð.

2. *Hverjir munu standa að byggingu og rekstri rannsóknasetursins?*

Í þeim tillögum sem lágu fyrir er fyrrgreind nefnd hóf störf og samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um málið var gert ráð fyrir því að ríkið og sveitarfélagið Hornafjörður stæðu sameiginlega að byggingu setursins. Í tillögunum er gert ráð fyrir rannsóknaráðstöðu og sýningaraðstöðu að Kvískerjum en nú eru hugmyndir um að skilja sýningaraðstöðuna frá og tengja hana annarri safnastarfsemi á Höfn og hugsanlega einnig gestastofunni í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Hvað rekstur stöðvarinnar varðar þá hefur verið rætt um að Háskóli Íslands taki að sér að sjá um rekstur og umsjón með setrinu, en þetta er eitt af því sem tekið verður á í tillögum þeirrar nefndar sem nú er að störfum. Þetta skýrist betur þegar tillögur nefndarinnar liggja fyrir.

3. *Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í rannsóknasetrinu og hverjir munu eiga aðgang að því?*

Eins og áður segir hefur nefndin ekki skilað tillögum og er því ekki hægt að slá neinu föstu. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hefur aðallega verið horft til þess að starfsemi rannsóknastöðvarinnar verði byggð upp á svipaðan hátt og starfsemi náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, þ.e. að komið verði upp aðstöðu að Kvískerjum til þess að vinna

að rannsóknum á þessu svæði. Ekki hefur komið til tals að rannsóknasetrið sjálft standi fyrir rannsóknum eða kosti þær heldur að rannsóknastofnanir eins og Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóli Íslands, Veðurstofa Íslands og Orkustofnun nýti sér aðstöðuna til þess að stunda rannsóknir á þessu svæði. Jafnframt að starfsmenn þessara stofnana eða annarra aðila geti nýtt aðstöðuna til smærri funda eða til skrifta og úrvinnslu rannsóknarverkefna.

4. *Hvernig hefur það fé verið nýtt sem var veitt af fjárlögum ríkisins til undirbúnings rannsóknaseturs að Kvískerjum?*

Þar sem framkvæmdir hafa ekki hafist enn hefur litlum hluta þess fjár sem veitt hefur verið til verkefnisins undanfarin ár verið ráðstafað. Fyrir liggja teikningar að húsi og staðsetningu þess ásamt yfirliti yfir efnisþörf og hefur verið greitt fyrir vinnu arkitekta og verkfræðinga vegna þeirra starfa. Að öðru leyti hefur fjárveitingum í fjárlögum ekki verið ráðstafað og eru þær geymdar.

5. *Hefur verið myndaður sérfræðingahópur sem hefur það hlutverk að kynna sér og fjalla um rannsóknir á svæðinu og gera tillögur um ný rannsóknarverkefni, og ef ekki, hvenær má búast við að til hans verði stofnað?*

Sérfræðingahópur um rannsóknir á svæðinu hefur ekki verið stofnaður, en þegar fyrir liggur að ráðist verði í að reisa aðstöðu fyrir rannsóknasetur að Kvískerjum og búið verður að ganga frá því hver hafi umsjón með rekstri setursins er tímabært að setja saman sérfræðingahóp til þess að fjalla um rannsóknir og tillögur að nýjum rannsóknarverkefnum á svæðinu.

450. Skýrsla [342. mál]

um úttekt Ríkisendurskoðunar á skattsvikamálum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Með vísan til 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin tekið til skoðunar úttekt Ríkisendurskoðunar á skattsvikamálum, ferli þeirra, fjölda og afgreiðslu 1997–1999. Úttektin beindist að því að lýsa í megindráttum ferli skattsvikamála, aðallega innan stjórnsýslunnar, draga fram tölulegar upplýsingar um afgreiðslu skattsvikamála innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum, einkum á árunum 1997–1999, og greina hugsanlega veikleika í núverandi ferli skattsvikamála, lýsa þeim og hugsanlegum leiðum til úrbóta.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Guðríði Jóhannesdóttur og Jón L. Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Ingvar Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Garðar Gíslason frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti og Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra ríkisins.

I.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að margir aðilar geta komið að meðferð skattsvikamáls. Hér er um að ræða skattrannsóknarstjóra ríkisins, skattstjóra í einstökum skattumdæmum, ríkisskattstjóra, yfirskattanefnd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og dómstóla.

Meðferð skattsvikamáls hefst þannig að grun um skattsvik er vísað til skattrannsóknarstjóra ríksins, annaðhvort af skattstofu, ríkisskattstjóra eða af þriðja manni, eða ríkislögreglustjóri vísar máli til hans. Skattrannsóknarstjóri getur líka tekið mál upp að eigin frumkvæði. Eftir könnun máls ákveður skattrannsóknarstjóri hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki. Ef ekki er málið lagt upp eða skattstjóra falið að ljúka skattaþætti þess. Ef rannsókn fer fram eru hins vegar nokkrir möguleikar fyrir hendi. Rannsókn getur lokið án skýrslu og þá er mál lagt upp. Ef rannsókn lýkur hins vegar með skýrslu er fjórar leiðir færar:

1. Skattaþætti málsins er vísað til ríkisskattstjóra en refsiþáttur er enginn. Skattaþátturinn er þá kæranlegur til yfirskattanefndar og eftir meðferð þar er hægt að vísa honum til dómstóla.
2. Skattaþætti málsins er vísað til ríkisskattstjóra og refsiþætti til yfirskattanefndar. Skattaþátturinn er kæranlegur til yfirskattanefndar og eftir meðferð þar er hægt að vísa honum til dómstóla, en refsiþættinum er ekki hægt að vísa áfram.
3. Skattaþætti málsins er vísað til ríkisskattstjóra og refsiþættinum til ríkislögreglustjóra. Skattaþátturinn er kæranlegur til yfirskattanefndar og eftir meðferð þar er hægt að vísa honum til dómstóla, en refsiþættinum getur lokið með því að ríkislögreglustjóri leggur máli eða ákærir í því. Við ákæru lýkur máli fyrir dómstólum.
4. Bótakröfu og refsiþætti er vísað til ríkislögreglustjóra sem annaðhvort leggur málinu eða ákærir í því. Við ákæru lýkur máli fyrir dómstólum.

II.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að ótvírætt sé að verulegur árangur hafi náðst á síðasta áratug í að upplýsa skattsvik og að aðgerðir gegn skattsvikum á undanförnum árum hafi sannanlega skilað betri árangri en áður hafi þekkst. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á eftirfarandi atriði við meðferð skattsvikamála í skýrslu sinni:

Lög og reglugerðir sem gilt hafa um skattalagabrot og meðferð þeirra hafa ekki að öllu leyti verið nægjanlega skýr og kunna í framkvæmd að hafa leitt til ójafnræðis skattaðila. Ríkisendurskoðun bendir þó á að ný reglugerð um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna sem sett var í maí 2001 komi til með að draga úr þeirri óvissu sem ríkt hefur um skilgreiningu á hugtakinu skattsvik og um mörk skatteftirlits og skattrannsókna. Ríkisendurskoðun bendir jafnframt á að skortur á rannsóknarheimildum skattstjóra, samhliða fremur þröngri túlkun á því hvað skatteftirlit felur í sér, kunni að hafa dregið úr frumkvæði þeirra og leitt til þess að skattstjórar hafi frekar beint kröftum sínum að öðrum afmörkuðum þáttum. Ríkisendurskoðun spyr hvort skýr aðgreining og verkaskipting kunni ekki í einhverjum mæli að standa þessum þætti skattframkvæmdar fyrir þrifum. Enda þótt reglugerðin kveði á um mörk skatteftirlits og skattrannsókna virðist ljóst að sú verkaskipting sem í henni felst sé ekki að öllu leyti heppileg og rökrétt, þar sem skatteftirlit og skattrannsóknir hljóti að vera náskyld viðfangsefni. Til að ná fram nánari tengslum skatteftirlits og skattrannsókna bendir Ríkisendurskoðun á þá möguleika að fela skattstjórum rannsóknarheimildir í minni málum eða gefa embætti skattrannsóknarstjóra heimild til skatteftirlits ef svo ber undir, en slíka heimild hafði forveri embættisins á skrifstofu ríkisskattstjóra.

Málsmeðferðartími í skattsvikamálum á þeim tíma sem úttekt Ríkisendurskoðunar náði til hefur í mörgum tilvikum verið langur og jafnvel staðið árum saman. Þetta eykur hættu á að mál fyrnist, skattkröfur tapist og kröfu skattaðila um skjóta málsmeðferð sé ekki nægjanlega gætt. Ríkisendurskoðun telur að skoða þurfi leiðir til að einfalda ferli skattsvikamála í því skyni að gera það skilvirkara. Stofnunin bendir á eftirfarandi möguleika til þess:

1. Lögreglustjórar gæfu út ákærur í stað ríkislögreglustjóra í minni málum, svo sem þegar gjaldandi neitar að afhenda gögn eða vill ekki að refsiþáttur sé afgreiddur af yfirskattanefnd, bókhald hefur ekki verið fært og ársreikningur því ekki gerður eða þegar um er að ræða langvarandi vanskil en fjárhæðir eru hins vegar lágar.
2. Embætti skattrannsóknarstjóra fengi ákæruvald í tilteknum málum. Á móti því mælir hins vegar frávik frá núverandi kerfi varðandi fyrirkomulag ákæruvalds.
3. Yfirskattanefnd kæmi ekki að sektarákvörðun heldur yrði skattrannsóknarstjóra falið að ljúka refsiþætti mála sem áður fóru til nefndarinnar með sekt, fallist skattaðili á það. Sú afgreiðsla væri að nokkru hliðstæð heimildum lögreglustjóra vegna minni háttar afbrota.

III.

Nefndin tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar um að nauðsynlegt sé að skýr ákvæði sé að finna í lögum og reglugerðum um skattalagabrot og meðferð þeirra. Nefndin tekur einnig undir að nauðsynlegt sé að skatteftirlit og skattrannsóknir séu framkvæmd í nánum tengslum.

Fram kom í meðferð nefndarinnar á málinu að fólki sem starfar við skatteftirlit hefur fækkað. Nefndin bendir á að nauðsynlegt sé að það dragi ekki úr gæðum og umfangi eftirlitsins, en nefndin telur að jafnan þurfi að vera nægilega margt starfsfólk við skatteftirlit og bendir á mikilvægi þess að hafa vel þjálfað starfslið við eftirlitsstörf. Nefndin lítur svo á að miklu skipti að starfsfólk sem sinnir skatteftirliti geti stundað þá vinnu árið um kring án þess að þurfa að grípa inn í störf við álagningu á álagstímum. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að kappkostað verði að viðhalda stöðugleika í eftirlitsdeildum skattstjóranna.

Loks bendir nefndin á að það er sífellt viðfangsefni skattyfirvalda að reyna að einfalda ferli skattsvikamála og flýta meðferð þeirra. Nefndin telur því ástæðu til að ítarlega verði skoðað hvernig hraða megi málsmeðferðartíma í skattsvikamálum. Í því skyni leggur nefndin til að sá möguleiki verði kannaður að lögreglustjóri gefi út ákærur í stað ríkislögreglustjóra í minni málum og að embætti skattrannsóknarstjóra fái ákæruvald í tilteknum málum. Jafnframt leggur nefndin til að athugaðir verði kostir þess og gallar að yfirskattanefnd komi ekki að sektarákvörðun heldur verði skattrannsóknarstjóra falið að ljúka refsiþætti mála. Nefndin beinir því til fjármálaráðherra að hann láti kanna framangreind atriði og leggur áherslu á að þeirri vinnu verði hraðað eins og frekast er unnt. Einnig telur nefndin að taka þurfi virðisaukaskattssvik til sérstakrar skoðunar, en samkvæmt upplýsingum frá skattrannsóknarstjóra hafa nýjar leiðir til skattsvika komið þar fram. Miklu skiptir að leitast sé við að stemma stigu við þeirri brotastarfsemi sem farin er að sjást í þessum geira, en þar eru mjög alvarleg ásetningsbrot á ferðinni.

451. Svar [272. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um grasmjölsframleiðslu.

Í svörum við fyrirspurninni er ekki gerður greinarmunur á grasmjöli og grasköggum, og eru svörin eftirfarandi:

1. *Hve mikið hefur verið framleitt af grasmjöli og grasköggum hér á landi árlega sl. þrjú ár og hver er birgðastaðan nú?*

Árið 1999 voru framleidd 2.689,5 tonn af grasköggum hér á landi, en árið 2000 voru framleidd um 1.190 tonn. Engin framleiðsla var árið 2001. Eftir því sem næst verður komist eru birgðir grasköggla nú um 700 tonn af innlendri framleiðslu.

2. *Hversu mikið hefur verið flutt inn og út af grasmjöli, hreinu og í fóðurblöndum, sl. þrjú ár?*

Innflutningur grasmjöls og grasköggla hefur verið sem hér segir: Árið 1999 0,3 tonn, árið 2000 571,6 tonn og árið 2001 226,0 tonn.

Útflutningur grasmjöls og grasköggla hefur verið sem hér segir: Árið 1999 575,2 tonn, árið 2000 261,3 tonn og árið 2001 68,9 tonn.

3. *Hver er samkeppnisstaða íslenskrar grasmjölsframleiðslu gagnvart innfluttu grasmjöli og fóðurblöndum sem innihalda grasmjöl og hver er samkeppnisstaða annarrar innlendrar fóðurframleiðslu í samanburði við önnur lönd í Evrópu hvað beina eða óbeina framleiðslustyrki og tollvernd varðar?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um efni þessa liðar fyrirspurnarinnar enda mundi það kalla á úttekt sem ekki verður unnin á fáeinum dögum.

Hins vegar skal þess getið að árið 1998 skipaði landbúnaðarráðherra, í samráði við forsætisráðherra og fjármálaráðherra, nefnd er hafði það hlutverk að gera úttekt á rekstrarskilyrðum grasköggla verksmiðja. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í febrúarmánuði árið 1999. Í skýrslu nefndarinnar er m.a. fjallað um samkeppnisstöðu íslenskra grasköggla samanborið við danska framleiðslu. Þar segir „Verð á innfluttum grasköggum frá Danmörku er allt að 25 til 40% lægra en verð á íslenskum grasköggum. Munurinn verður þó minni sé tekið tillit til gæða. Verð á vörum sem eru í samkeppni við grasköggla, eins og byggi og maís, er jafnvel enn lægra. Ljóst er að geti innlend framleiðsla ekki keppt á þessu verði eins og flest bendir til er hún þjóðhagslega óhagkvæm, að því gefnu að aðrir þættir, svo sem atvinnuástand, séu með viðunandi hætti."

Jafnframt segir í skýrslunni: „Verð á grasköggum í Danmörku án styrkja og álaga er á bilinu 10 til 13 íslenskar krónur eða umtalsvert lægra en á íslenskum grasköggum. Heimsmarkaðsverð á öðrum samkeppnisvörum, eins og byggi og maís, er einnig verulega lægra. Niðurstaðan er því sú að samkeppnisstaða innlendra grasköggla verksmiðja er mun lakari en til dæmis í Danmörku eins og málum er háttað."

Í skýrslunni var ekki borin saman samkeppnisstaða annarra innlendrar fóðurframleiðslu í samanburði við önnur lönd í Evrópu hvað beina eða óbeina framleiðslustyrki og tollvernd varðar. Hins vegar voru styrkir til grasköggla framleiðslu athugaðir. Um það atriði segir m.a. í skýrslunni: „Í Evrópusambandinu er veittur styrkur til framleiðslu á þurrkuðu fóðri eins og grasköggum. Til þess að slíkur styrkur fáist greiddur þarf framleiðandinn að uppfylla fjölmörg skilyrði. Framleiðslustyrkurinn er greiddur grasköggla verksmiðjunum fyrir hvert framleitt tonn. Þannig er á framleiðsluárinu 1998/99 greiddar 68,83 evrur á tonn af grasköggum, en það svarar til u.þ.b. 5.382 íslenskra króna á tonnið (5,38 krónur á kg). En framleiðslustyrkur Evrópusambandsins er einnig kvótabundinn. Þannig er aðeins veittur styrkur til 4.412.400 tonna af þurrkuðu fóðri og hefur hvert land innan sambandsins ákveðinn kvóta í tonnum. Þessir skilmálar gilda því fyrir bæði Danmörku og Svíþjóð en ekki Noreg. Þar í landi er enginn stuðningur við grasköggla framleiðslu."

4. *Hefur farið fram úrelding á grasmjölsverksmiðjum á sl. þremur árum og sé svo, hvernig hefur hún farið fram?*

Í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 er eftirfarandi heimild: „Að semja, að fengnum tillögum nefndar um þjóðhagslega hagkvæmni grasköggla framleiðslu, við framleiðendur um endurskipulagningu grasköggla framleiðslu í landinu, stuðningsaðgerðir við greinina, skuldbreytingu og niðurfellingu lána.“

Á grundvelli þessarar heimildar ákvað ríkisstjórnin að veita einhverjum verksmiðjum fjárhagslegan stuðning gegn því að þær yrðu úreltar. Þrjár verksmiðjur af fjórum ákváðu að óska eftir úreldingu gegn því að fá fjárhagslegan stuðning til að hætta starfseminni. Það voru verksmiðjurnar í Vallhólma í Skagafirði, Brautarholti á Kjalarnesi og Flatey í Austur-Skaftafellssýslu. Fjórða verksmiðjan, Fóðuriðjan í Ólafsdal í Dalasýslu, ákvað að halda starfseminni áfram. Skilyrði fyrir úreldingunni voru eftirfarandi:

a. Að framleiðslu yrði hætt þegar í stað.
b. Að styrknum yrði varið til að lækka skuldir verksmiðjunnar. Úthlutun til aðila, sem skulduðu ríkissjóði, ætti sér stað með beinni niðurfellingu skulda þeirra.
c. Að undirrituð yrði yfirlýsing um að allri framleiðslu á grasköggum og grasmjöli yrði hætt strax.
d. Að þinglýst yrði kvöð á verksmiðjuhús þess efnis að framvegis fari grasköggla framleiðsla ekki fram þar.
e. Eigendum verksmiðja var heimilt að nýta viðkomandi fasteignir að vild nema til framleiðslu grasköggla og grasmjöls.
f. Eigendum var heimilt að selja þær birgðir af grasköggum sem til voru.

5. *Hve margar grasmjölsverksmiðjur eru nú starfandi hér á landi, hvar eru þær, hvert er eignarhald þeirra, hve mörg ársstörf eru unnin þar og hver er framtíðarstaða þeirra?*

Ein grasköggla verksmiðja er starfandi en engin framleiðsla fór þó fram í henni á sl. sumri. Hún er hlutafélag og eru um 4,5 ársstörf unnin þar. Staða hennar í framtíðinni verður án efa erfið.

452. Framhaldsnefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Við lokaumræðu um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001 er eðlilegt að horfa til baka og athuga hvernig til hefur tekist með framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2001. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að útgjöld næmu 219,2 milljörðum kr. og tekjur 253,1 milljarði kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður 33,9 milljarðar kr. Nú liggur fyrir að útgjöld aukast um 14,9 milljarða kr. umfram fjárlög og að áætlað er að tekjurnar nemi 254,2 milljörðum kr. sem er aðeins 1,2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Tekjujöfnuður er því áætlaður um 20 milljarðar kr. Ef ekki verður af sölu eigna eins og ráð er fyrir gert stefnir í að halli af reglulegri starfsemi ríkissjóðs gæti numið rúmlega einum milljarði króna.

Áætlað var að ríkissjóður tæki á árinu löng lán sem næmu 27 milljörðum kr. Nú er ljóst að lántökur verða mun meiri eða sem nemur 60,9 milljörðum kr. Ástæður þessa eru sem fyrr þær að gjaldeyrisstaðan er veik og viðskiptahallinn mikill. Þá hefur gengisþróunin verið með

þeim hætti að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður erlend lán og hefur því þurft að taka ný erlend lán til að gera upp þau eldri.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um efnahagsforsendur fjárlaga fyrir árið 2001. Tekjur ríkissjóðs af reglulegri starfsemi dragast saman að raungildi sem endurspeglar þann samdrátt í efnahagslífinu sem aukist hefur á árinu 2001. Áætlað var að einkaneyslan ykist um 1,7% á þessu ári en nú er spáð að hún dragist saman um 1%. Nú er ætlað að viðskiptahallinn nemi 58,6 milljörðum kr. í árslok 2001. Þrátt fyrir að halli á vöruskiptajöfnuði fari minnkandi nægir hann ekki til að minnka viðskiptahallann svo neinu nemi vegna þess að halli á jöfnuði þáttatekna fer vaxandi sökum versnandi skuldastöðu erlendis.

Þessi mikli viðskiptahalli og skuldasöfnunin sem honum fylgir hefur aukið jafnt og þétt þrýstinginn á gengi íslensku krónunnar og hefur Seðlabankinn hvað eftir annað þurft að grípa inn í. Þrátt fyrir það hefur gengi íslensku krónunnar fallið um fjórðung gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu. Í þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2001 er varað við afleiðingum af svo miklum og langvarandi viðskiptahalla en þar segir m.a.: „Mikill og langvarandi viðskiptahalli þjóða hefur því stundum verið undanfari skarprar gengislækkunar.“ Við slíkar aðstæður er mikil hætta á að verðbólga aukist enn frekar. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að verðbólga yrði um 4% á árinu 2001 en nú stefnir í að hún verði tvöfalt hærri. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða áhrif þessi þættir hafa á heimilin í landinu og atvinnulífið almennt. Þessi staða hefur valdið því að forsendur kjarasamninga á almennum markaði eru brostnar og ef ekkert er að gert stefnir í uppsögn samninga í febrúar.

Gert er ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins verði um 111% af landsframleiðslu í lok þessa árs en þetta hlutfall var 89,1% í lok ársins 2000. Óhjákvæmilega hefur þenslan og væntingar landsmanna aukið á skuldasöfnun heimilanna. Þannig mun hlutfall milli skulda og ráðstöfunartekna heimilanna hækka verulega milli ára. Ekki má mikið út af bregða í efnahagsstjórninni til að illa fari hjá mörgum heimilum við slíkar aðstæður.

Eins og fram kom við 2. umræðu um fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2001 taldi 1. minni hluti verulega bresti vera í fjármálstjórn ríkisins. Þetta má einnig lesa út úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið sem kom út í maí 2001. Margar stofnanir eyða umfram heimildir ár eftir ár án þess að gripið sé til aðgerða. Þá eru teknar ákvarðanir um veruleg útgjöld án þess að heimildir séu til staðar. Má þar nefna tvö dæmi: Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir að kostnaður við einkavæðingarnefnd næmi 15,4 millj. kr. Þegar þessi útgjöld voru samþykkt lá fyrir að selja ætti m.a. Landssímann og halda áfram sölu hlutafjár í ríkisbönkunum. Nú er sótt um 300 millj. kr. aukafjárveitingu. Engar skýringar hafa fengist á þessari viðbótarfjárþörf eða af hverju teknar voru ákvarðanir um þessi útgjöld án þess að fyrir lægi fjárheimild. Hitt dæmið er kostnaður við nýtt bókhalds- og starfsmannakerfi ríkisins. Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir 160 millj. kr. framlagi „til kaupa og aðlögunar á nýju bókhalds- og starfsmannakerfi fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins“ eins og það er orðað í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu. Það lá ljóst fyrir á þessum tíma að stefnt væri að því að efna til útboðs á árinu 2001 og ganga til samninga um kaup á nýju kerfi fyrir mitt ár enda gekk það eftir og í júlí 2001 undirrituðu fjármálaráðherra og Skýrr hf. samning um kaup á nýju kerfi fyrir 819 millj. kr. Vegna þessa er nú óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 350 millj. kr. Í þessu sambandi má einnig benda á að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 hefur fjármálaráðuneytið og einstök fagráðuneyti gert skuldbindandi samninga við fjölmarga aðila og er áætlað að útgjöld vegna þeirra nemi tæpum 18 milljörðum kr. á næsta ári.

Í byrjun árs 2001 gaf fjármálaráðuneytið út reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að skilvirkum

rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan fjárheimilda. Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um ófyrirséða greiðsluskyldu ráðuneyta og stofnana. Þar segir m.a. að „falli greiðsluskylda á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997.“ Í 33. gr. fjárreiðulaganna er kveðið á um að fjármálaráðherra sé skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Ljóst er að í mörgum tilvikum, m.a. í þeim tveimur sem á undan er getið, hefur ekki verið farið eftir þessu lagaákvæði.

Við 3. umræðu um frumvarpið leggur meiri hlutinn til útgjaldahækkanir að upphæð 609,8 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 365 millj. kr. vegna endurmats á tekjum Ríkisútvarpins og lagt er til að 98 millj. kr. af söluhagnaði Stofnfisks hf. verði varið til að greiða niður rekstrarhalla Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Hólaskóla. Þessi ráðstöfun á söluhagnaði á sér ekki skýra stoð í lið 5.4 í 7. gr. fjárlaga eins og hann er orðaður. Þá er lagt til að 50 millj. kr. af söluhagnaði jarðarinnar Straums verði varið til að greiða niður rekstrarhalla Garðyrkjuskóla ríkisins og Skógræktar ríkisins. Varðandi ráðstöfun á söluhagnaði jarðarinnar Straums bendir 1. minni hluti á að í umræðum um fjárlög ársins 2001 kom það fram hjá þáverandi formanni fjárlaganefndar, Jóni Kristjánssyni, að það væri fortakslaust að söluandvirði jarðarinnar Straums ætti að verja til styrktar rekstri Skógræktar ríkisins, enda um það fjallað í viðkomandi gjafabréfum. Því verður ekki annað séð en að gengið sé gegn ákvæðum gjafabréfsins með því að ráðstafa hluta af söluhagnaði til að mæta rekstrarhalla Garðyrkjuskólans.

Eins og áður hefur komið fram hafa ekki fengist fullnægjandi upplýsingar varðandi beiðni forsætisráðuneytis um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við útboðs- og einkavæðingarverkefni ríkisins. Ráðuneytið hefur með tölvupósti 30. nóvember sl. hafnað því að veita umbeðnar upplýsingar, m.a. vegna þess að þær séu undirorpnar þagnarskyldu og „(þ)ar eð sambærileg þagnarskylda hvíli(r) ekki á þingmönnum eða þingnefndum, telur ráðuneytið (því) ekki fært að veita nánari upplýsingar um það hvernig framangreind fjárhæð skiptist milli einstakra viðsemjenda.“ Þetta svar stangast m.a. á við 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, þar sem segir m.a. „Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði“. Röksemdir ráðuneytisins fá ekki staðist því fjárlaganefnd nýtur lögbundins réttar til að fá upplýsingar og ef ráðherra telur nánari sundurliðun og skýringar aukafjárveitinga vera viðkvæmar upplýsingar getur hann ávallt óskað eftir að farið verði með viðkomandi erindi og gögn til fjárlaganefndar sem trúnaðarmál, sbr. 4. gr. reglna forsætisnefndar frá 5. desember 1994. 1. minni hluti ítrekar harðlega þessi vinnubrögð forsætisráðuneytisins og bendir á að þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem framkvæmdarvaldið neitar Alþingi um upplýsingar. Það er álit 1. minni hluta að með þessu sé orðinn trúnaðarbrestur á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem haft getur ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Alþingi, 4. des. 2001.

Gísli S. Einarsson, frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Kristján L. Möller.

Með framhaldsnefndarálitinu var fylgiskjal: Reglugerð nr. 116/2001, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.

453. Framhaldsnefndarálit [128. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001 kemur nú til 3. umræðu. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu um almenn atriði og tillögur að þingræðislegri vinnu við fjárlagagerðina og það jafnframt að útgjöld séu samþykkt fyrir fram með fjáraukalögum. Aðeins bráða- eða neyðartilvik réttlæta aðra tilhögun. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber framkvæmdarvaldinu að kynna aukna fjárþörf fyrir fjárlaganefnd strax og hún er ljós og leita heimildar á fjáraukalögum. Áður hefur verið bent á þær ástæður að Alþingi hafi samþykkt lög, t.d. á vorþingi, sem krefjast útgjalda á því sama ári og getur því verið nauðsynlegt að bregðast strax við með samþykkt fjáraukalaga. Því er hér ítrekað það mat 2. minni hluta að fjárreiðulögum verði illa framfylgt nema til komi sú breytta tilhögun að Alþingi samþykki fjáraukalög í lok vorþings og svo aftur í upphafi haustþings ef nauðsyn krefur. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort meiri hluti ríkisstjórnarinnar sé nægur til að tryggja ákvarðanir framkvæmdarvaldsins heldur er hitt aðalatriðið að farið sé að lögum og ákvarðanir um aukin útgjöld teknar á þingræðislegan hátt. Þessu til viðbótar má benda á að reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta sem fjármálaráðuneytið gaf út í byrjun þessa árs skerpir enn á þessu ferli en því miður fer það ekki sjálft eftir þeim.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu 2001 verði um 254,2 milljarðar kr. en þær voru áætlaðar á fjárlögum um 253,1 milljarður kr. og hafa því aukist um 1,2 milljarða kr. frá fjárlögum. Rekstrargjöld samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2001 voru áætluð liðlega 219 milljarðar kr., en samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir við 3. umræðu fjáraukalaga eru þau áætluð rúmir 233 milljarðar kr. og rekstrarafgangur ársins um 20 milljarðar kr. Samkvæmt fjárlögum ársins 2001 var rekstrarafgangur áætlaður 33 milljarðar kr.

Ljóst er að meiri samdráttur hefur verið í efnahagslífinu frá samþykktum fjárlögum ársins en ráð var fyrir gert. Sérstaklega á þetta við um einkaneyslu en nú er talið að hún dragist saman um 1% á þessu ári en í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir 1,7 % aukningu. Nú stefnir í að viðskiptahallinn verði nálægt 8% af landsframleiðslu í árslok 2001. Þrátt fyrir hagstæðari vöruskiptajöfnuð á árinu hefur viðskiptahallinn ekki minnkað að sama skapi því á móti vegur óhagstæður jöfnuður þáttatekna sem vex hratt vegna versnandi skuldastöðu erlendis.

Hinn mikli viðskiptahalli og útflæði fjármagns hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur ekki getað greitt niður skuldir erlendis án þess að veikja gengi krónunnar. Þrátt fyrir góðan rekstrarafgang er takmarkað hægt að greiða niður innlendar skuldir án þess að valda aukinni þenslu á innlendum peningamarkaði. Nú blasir við að gengi íslensku krónunnar hefur frá áramótum fallið um fjórðung gagnvart helstu gjaldmiðlum. Verðbólgan hefur einnig ætt af stað og er nú áætlað að hún verði rúmlega 8% í árslok 2001 sem er tvöfalt hærra hlutfall en fjárlög gerðu ráð fyrir. Nú er gert ráð fyrir að hreinar skuldir ríkissjóðs nemi 167,7 milljörðum kr. í árslok 2001 og hafa þær aukist um rúma 40 milljarða kr. á árinu.

Meginástæður þessarar þróunar á rætur í rangri stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og skattamálum. Ofuráhersla á hagkvæmni stærðarinnar og forgangsréttur fjármagnseigenda til hámarks tímabundinna arðgreiðslna hefur leitt þróun atvinnulífsins á villigötur. Einka-

væðing almannaþjónustu leiðir til verri þjónustu og skertrar samkeppnishæfni margra byggðarlaga. Hinn mikli viðskiptahalli sem er til kominn vegna stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum hefur leitt til gífurlegrar þenslu í viðskipta- og verslunarþjónustu á suðvesturhorninu langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu hefur gefið tilefni til. Þessi stefna hefur leitt til þess að þeir atvinnuvegir sem í raun auka þjóðarframleiðsluna og standa undir hagvextinum hafa verið vanræktir. Þenslan hefur sogað til sín vinnukraft og fjármagn frá þessum atvinnugreinum sem lýsir sé m.a. í gífurlegum fólksflutningum á höfuðborgarsvæðið og vaxandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsbyggðinni.

Staða sveitarfélaganna.

Skuldir sveitarfélaganna hafa vaxið mjög á undanförnum árum og á þessu ári er gert ráð fyrir að þær aukist úr 49,5 milljörðum kr. í 53 milljarða kr. Skuldastaða sveitarfélaganna er afar misjöfn sem og möguleikar þeirra til að standa við skuldbindingar sínar. Skuldir einstakra sveitarfélaga og lágar tekjur á íbúa er ein mesta ógnun við samfélagsþjónustuna og jafnvægi í búsetu í landinu. Brýnt er að aukinn jöfnuður verði í tekjum og gjöldum hins opinbera.

Mörg sveitarfélög telja sig ekki hafa fengið bættan þann kostnað sem þau tóku á sig við einsetningu og yfirfærslu grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaganna. Er endurmat á þeim viðskiptum óútkljáð milli ríkis og sveitarfélaga.

Staða nokkurra sveitarfélaga gagnvart Íbúðalánasjóði er mjög slæm og er skuldsetning í félagslega íbúðakerfinu að sliga þau mörg. Ríkisstjórnin hefur ekki gert neitt til að leysa þennan vanda, sem þó er að nokkru leyti til kominn vegna ákvarðana ríkisins. Það eina sem gerst hefur er að sveitarfélögin á Vestfjörðum voru neydd til að skilyrða sölu á Orkubúi Vestfjarða hf. þannig að andvirðinu yrði varið til að greiða niður skuldir við Íbúðalánasjóð.

Félagsíbúðirnar voru liður í opinberri stefnu stjórnvalda í húsnæðismálum. Það var Alþingi sem setti lögin og ákvað einhliða að fela sveitarfélögunum fjárhagslega bakábyrgð á félagslega húsnæðiskerfinu. Í umræðum á þingi hefur komið fram að félagsmálaráðherra hafi skipað nefnd til að móta tillögur um hvernig ætti að leysa fjárþörf félagslega íbúðarkerfisins með heildstæðum hætti á landsvísu. Nefndin mun hafa skilað minnispunktum til ráðherra sem ekkert virðist hafa verið gert með og lítur svo út að ekkert sé aðhafst frekar í málunum. Haldið er áfram á þeirri braut að ríkið kaupi eignir og þjónustustofnanir einstakra sveitarfélaga og taki andvirðið upp í skuldir. Má þar benda á kaup ríkisins á Orkubúi Vestfjarða sem var þvingunaraðgerð gagnvart sveitarfélögunum á Vestfjörðum og erfiðri fjárhagsstöðu nokkurra þeirra.

Með þessari aðgerð er í raun ýtt til hliðar því að taka á skuldamálum sveitarfélaganna heildstætt.

Rafveita Sauðárkróks.

Við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga leggur meiri hlutinn til að ríkisfyrirtækinu Rarik verði veitt 300 millj. kr. lánsfjárheimild til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks. Meðan sveitarfélögin hér á suðvesturhorninu keppast við að styrkja og efla orkuveitur sínar og nýta styrk þeirra til sóknar og átaks í atvinnuuppbyggingu sjá önnur sveitarfélög sig nauðbeygð til að selja þessar þjónustustofnanir sínar upp í skuldir m.a. við hið opinbera, skuldir sem eru til komnar vegna lækkunar tekna eða beinlínis rangrar tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.

Rafveita Sauðárkróks hefur skilað umtalsverðum tekjum til sveitarfélagsins og verið til marghátttaðs stuðnings í rekstri á undanförnum árum.

Sala Rafveitu Sauðárkróks er mjög umdeild meðal íbúa sveitarfélagsins, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal, „áskorun til þingmanna". Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er það slæm að sveitarstjórnin sér sig knúna til að fara þessa leið til að bæta stöðuna. Sameining sveitarfélaganna í Skagafirði hefur í sjálfu sér ekki fært aukið fjármagn inn í byggðarlagið en kostnaður hefur aukist, a.m.k. fyrst í stað. Þá telja heimamenn að halli verulega á þá í viðskiptum við ríkisvaldið varðandi kostnað við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélagsins. Í frumvarpi til fjáraukalaga er farið fram á að ríkið láti Rarik fá fé til að kaupa veituna og grynnka þar með á rekstrarskuldum sveitarfélagsins. Að mati 2. minni hluta væri miklu nær að ríkið léti þessa fjármuni ganga beint til sveitarfélagsins eða styddi það á annan hátt þannig að það héldi sinnu veitu. Þess vegna er gerð tillaga um að þessi kerfislægi fjárhagsvandi sveitarfélaganna sé leystur á landsvísu og þar með fjárhagsvandi Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þjóðarbúið og rekstur ríkissjóðs á árinu 2001.

Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins námu um 89,1% af landsframleiðslu í árslok 2000 en nú stefnir í að þetta hlutfall verði komið í 111% af landsframleiðslu í árslok 2001. Á árinu 1996 námu hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins 50,8% af landsframleiðslu. Hin mikla þensla á undanförnum árum hefur því að stærstum hluta verið fjármögnuð með erlendum lánum.

Bankar og sparisjóðir hafa ekki farið varhluta af þeim efnahagssamdrætti sem nú ríkir. Þeir hafa þurft að auka framlög í afskriftareikning vegna aukinna vanskila hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Eiginfjárhlutfall þeirra hefur farið stöðugt lækkandi frá árinu 1999. Það hefur, án víkjandi lána, lækkað úr 9,9% árið 1997 í 6,6% árið 2000. Hætt er við að erfitt verði að selja hlutabréf í ríkisbönkunum fyrir viðunandi verð nema að ríkissjóður bæti eiginfjárhlutfall þeirra með auknum framlögum.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001.

Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu til þingsins um framkvæmd fjárlaga janúar til september 2001. Þar er gagnrýnd sú stefna að halda ríkisstofnunum í gíslingu með því að taka ekki á fjárhagsvanda þeirra, láta þær bera árum saman halla frá fyrri árum og halda þeim þannig í spennitreyju án þess þó að skipa þeim að loka eða leggja niður lögboðna þjónustu og verkefni sem þeim er gert að sinna við fullkomlega óviðunandi aðstæður. Á þetta til dæmis við um framhaldsskólana þar sem þetta háttalag ríkisvaldsins er að vinna illbætanlegt tjón á öllu menntakerfi landsmanna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir m.a. (bls. 25–26):

„Til þess að yfirfærsla eða flutningur fjárheimilda með þessum hætti nái tilgangi sínum og verði til þess að auka sveigjanleika í ráðstöfun fjármuna þurfa að gilda ákveðnar reglur um hversu stóran hluta fjárheimilda má flytja á milli ára og hversu lengi. Mörg dæmi eru um stofnanir sem búa við skertar fjárveitingar sem nema tugum milljóna króna vegna halla fyrri ára og sem þær hafa velt frá einu ári til þess næsta. Til dæmis námu fjárveitingar til eins menntaskóla 333 m.kr. í fjárlögum ársins 2001, en sú fjárheimild var skert um 122 m.kr. vegna halla fyrri ára. Að teknu tilliti til millifærslu annarra fjárheimilda á árinu nam fjárheimild skólans 261 m.kr. á árinu 2001. Í lok september hafði hins vegar verið stofnað til útgjalda fyrir 318 m.kr. Ekki verður séð að skólinn geti rétt reksturinn af miðað við þá fjárheimild sem honum er ætluð á árinu nema með mjög verulegum samdrætti í þjónustu, t.d. aðgerð á borð við að hætta að taka við nýjum nemendum. Þessi skóli er síður en svo eins-

dæmi um stofnun sem býr við svo skertar fjárheimildir að engin leið er til að veita þá þjónustu sem henni er ætlað. Á 30 fjárlagaliðum nemur skerðing fjárheimilda vegna halla fyrri ára 20% eða meiru af fjárheimild ársins. Í þeim hópi eru til að mynda fimm skólar og tvö sýslumannsembætti. Engin áform virðast liggja fyrir um hvort og þá hvernig þessar stofnanir eiga að draga saman þjónustu til að rekstur þeirra falli innan fjárheimilda.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mjög brýnt að tekið verði á þessum málum og að framvegis verði fjárheimildir ekki skertar vegna halla fyrri ára nema raunhæft sé að stofnanir geti ráðið við slíka skerðingu. Setja þyrfti viðmiðunarmörk um hversu háar fjárhæðir megi flytja á milli ára. Í öðrum löndum þar sem heimilt er að flytja fjárheimildir milli ára eru sett mjög þröng mörk þar um."

Falla þessar athugasemdir fullkomlega að þeirri gagnrýni sem 2. minni hluti hefur verið með á framkvæmd þessa málaflokks hjá menntamálaráðuneytinu.

Um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu og það hvað hefur breyst í fjármálum ríkisins frá því að fjárlög fyrir árið 2001 voru samþykkt í desember fyrir ári síðan segir í skýrslunni (bls. 33–34):

„Áætlanir í frumvarpi til fjáraukalaga um afkomu ríkissjóðs í árslok 2001 sýna að í stað 33,8 ma.kr. tekjuafgangs er nú gert ráð fyrir að hann verði 19,3 ma.kr. eða lækki um 14,5 ma.kr. Í stað þess að handbært fé frá rekstri skili 9,1 ma.kr. er nú gert ráð fyrir að á vanti 3,5 ma.kr. eða breyting til hins verra um 12,6 ma.kr. Í fjárlögum ársins 2001 var gert ráð fyrir að fjárfestingarhreyfingar skiluðu 29,6 ma.kr. í ríkissjóð en nú er hins vegar gert ráð fyrir að á vanti 3,6 ma.kr. og er því breyting til hins verra að fjárhæð 33,2 ma.kr. Áætlað var að svokallaður hreinn lánsfjárjöfnuður skilaði 38,7 ma.kr. til ríkissjóðs í ár en áætlanir nú gera ráð fyrir að á vanti 7,1 ma.kr. Að lokum var gert ráð fyrir að afborganir af lánum umfram tekin lán næmu 24,2 ma.kr. en nú er aftur á móti gert ráð fyrir að lántökur umfram afborganir nemi 26,3 ma.kr. eða breyting að fjárhæð 50,5 ma.kr.

Ríkisendurskoðun hefur lagt mat á afkomuhorfur í árslok 2001 og borið saman við áætlun fjármálaráðuneytis. Stofnunin vill vekja athygli á eftirfarandi í því sambandi. Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlun tekna nema að því leyti er varðar söluhagnað af eignum að fjárhæð 21,5 ma.kr. Í lok septembermánaðar höfðu 277 m.kr. verið færðar til tekna vegna sölu eigna. Ef áform stjórnvalda um sölu Landssíma Íslands hf. og fjármálastofnana ná ekki fram að ganga fyrir árslok mun afkoma ríkissjóðs versna er nemur þeirri fjárhæð."

Lokaorð.

Það er því ljóst að margt hefur farið á annan veg en þjóðhagsáætlun og stefna ríkisins í efnahagsmálum gerðu ráð fyrir. Eins og 2. minni hluti rakti ítarlega í nefndaráliti við 2. umræðu fjáraukalaga er meginhluti þessa fjárhagsvanda sem nú er glímt við heimatilbúinn og á rætur í alvarlegum mistökum ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála. Hann á rætur í einkavæðingarherferð almannaþjónustunnar og rangrar stefnu í atvinnumálum. Einstakir ráðherrar beita sér fyrir ákveðnum gæluverkefnum sínum í stað þess að vinna út frá markaðri heildarstefnu í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta hennar vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina, rangrar forgangsröðunar og mistaka í hagstjórn.

Alþingi, 4. des. 2001.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal.

Bréf frá ungum sjálfstæðismönnum í Skagafirði.
(21. nóv. 2001.)

Hæstvirti þingmaður!

Þann 13. nóvember sl. samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar sölu á Rafveitu Sauðárkróks og er Rarik kaupandinn. Á næstunni mun þetta mál verða tekið fyrir á Alþingi og ákvörðun tekin um hvort veita eigi Rarik lánsheimild til þessara kaupa.

Í upphafi árs hafði sú ákvörðun verið tekin af sveitarstjórn Skagafjarðar að sameina allar veitur sveitarfélagsins ef það reyndist ákjósanlegt, ef ekki, átti að skoða sölu Rafveitunnar. Við sameiningu hefði orðið til öflugt veitufyrirtæki, sem skilað hefði arði um ókomin ár. Niðurstöður nefndar, sem sett var á fót til þess að kanna hvort ásættanleg hagræðing næðist með sameiningu veitnanna, var sú að hægt hefði verið að lækka skuldir sveitarfélagsins um minnst 370 milljónir kr. Auk þess var mögulegt að hið nýja fyrirtæki keypti áhaldahús sveitarfélagsins á allt að 50 milljónir kr. Allir flokkar voru sammála um að þetta væri hagstæðasta leiðin, er bæði gæti lagað slæma stöðu sveitarsjóðs nú og skilað hagnaði til framtíðar.

Þann 7. júlí lagði Framsóknarflokkur óvænt fram tillögu um að fresta sameiningu og skoða til hlítar að selja Rafveituna. Sjálfstæðisflokkur lýsti vonbrigðum sínum yfir þessari tillögu , enda var hún ekki í samræmi við það sem áður hafði verið samþykkt í sveitarstjórn. Sleit þá Framsóknarflokkur meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokk.

Þetta er eitt heitasta mál sem upp hefur komið hér í Skagafirði og biðjum við ykkur að veita því sérstaka athygli. Hvers vegna liggur meiri hluta sveitarstjórnar svo á að selja Rafveituna núna í haust? Því var hagstæðasta leiðin, sem stefnt hafði verið að frá upphafi árs, skyndilega orðin óhagstæð? Ekki gaf núverandi meiri hluti sér tíma til þess að skoða möguleika Rafveitunnar í ljósi komandi breytinga á orkulögum, heldur dró strax þá ályktun að hún yrði aðeins byrði á sveitarfélaginu. Þeir hrósa þá líklega happi yfir að hafa komið þeim bagga yfir á Rarik. Er það ekki undarlegt að Rarik, sem er í ríkiseign, skuli sækjast eftir og fá heimild til að kaupa orkufyrirtæki í eigu sveitarfélaga á landsbyggðinni, þegar það er stefna ríkisstjórnar að selja eignir en ekki kaupa. Á sama tíma verða orkufyrirtækin í eigu sveitarfélaganna á Suðvesturhorninu stöðugt öflugri. Þó Rafveita Sauðárkróks sé lítil á landsvísu er hún mikill styrkur fyrir sveitarfélagið og sala hennar því skref í ranga átt. Þetta er einungis skammtímalausn þar sem ekki er hugsað um hagsmuni sveitarfélagsins til framtíðar.

Við biðjum þig að kynna þér þetta mál til hlítar og leggja okkur lið við að standa vörð um framtíð okkar og byggðar út á landi.

Virðingarfyllst:

Fyrir hönd ungra sjálfstæðismanna í Skagafirði,
Sigurlaug Vildís Bjarnadóttir.

454. Breytingartillögur [128. mál]

við brtt. á þskj. 441 og 442 [Fjáraukalög 2001].

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Við brtt. á þskj. 441. Í stað fjárhæðarinnar „780 m.kr.“ í f-lið a-liðar komi: 480 m.kr.
2. Við brtt. á þskj. 442. Liður 8.27 í 1. tölul. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að hafnað verði að gefa Rafmagnsveitum ríkisins heimild til að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og að veita þeim lán að upphæð 300 millj. kr. til þessara kaupa. Sveitarfélagið Skagafjörður á í miklum fjárhagsvanda eins og mörg önnur sveitarfélög á landsbyggðinni. Þennan greiðsluvanda sveitarfélaganna á að leysa með aðgerðum á landsvísu heildstætt. Sveitarfélögin á suðvesturhorni landsins, þangað sem „góðærið“ kom, keppast nú við að efla orkufyrirtæki sín og nýta styrk þeirra til sóknar í nýsköpun atvinnulífs. Á meðan sjá sveitarfélögin á landsbyggðinni hvert af öðru sér ekki fært annað en að selja þessi fjöregg sín til að létta til bráðbirgða á greiðsluvandanum. Lagt er til að ríkið komi að því að leysa fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem hluta af heildarlausn á landsvísu en ekki með því að afhenda Rarik peninga til að kaupa af þeim Rafveituna og rýra þar með möguleika Skagfirðinga til að sækja fram á eigin forsendum í orkubúskap.

455. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 4. gr. Nýr liður:

8.27 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

Greinargerð.

Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búa nú við háar skuldir og mikla greiðsluerfiðleika, m.a. vegna skulda við félagslega íbúðarkerfið og aukins kostnaðar við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélaganna. Þar telja mörg þeirra mjög á sig hallað í samskiptum við ríkisvaldið. Hvor tveggja þessara málaflokka bíður úrlausnar á landsvísu.

Þessi mál og önnur er varða verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru óútkljáð en þau verður að leysa með nýju fjármagni til sveitarfélaganna. Óviðunandi er að einstök sveitarfélög séu knúin til að selja bestu eignir sínar og þjónustustofnanir til að leysa bráðan greiðsluvanda heldur ber að einhenda sér í að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsvísu. Hér er lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 1 milljarði kr. á fjáraukalögum þessa árs sem fyrsta skref í að leysa þennan vanda án þess að taka af sveitarfélögum eignir í staðinn.

456. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Sigríði Ingvarsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Hjálmari Árnasyni og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **02-982 Listir, framlög.**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	31,5	2,1	33,6
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:			

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.600
2. Árni Kristjánsson	1.600
3. Ásgerður Búadóttir	1.600
4. Erró	1.600
5. Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6. Guðbergur Bergsson	1.600
7. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.600
8. Gunnar Eyjólfsson	1.600
9. Hannes Pétursson	1.600
10. Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11. Jón Nordal	1.600
12. Jórunn Viðar	1.600
13. Kristján Davíðsson	1.600
14. Matthías Johannessen	1.600
15. Róbert Arnfinnsson	1.600
16. Rúrik Haraldsson	1.600
17. Stefán Hörður Grímsson	1.600
18. Thor Vilhjálmsson	1.600
19. Þorsteinn frá Hamri	1.600
20. Þráinn Bertelsson	1.600
21. Þuríður Pálsdóttir	1.600
Samtals	**33.600**

457. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Við 4. gr. Breyttur liður:
Liður 4.47 í lögunum orðast svo: Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í Straumi í Hafnarfirði og verja andvirðinu til Skógræktar ríkisins.

458. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2001.

Frá Jóni Bjarnasyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	300,0	-300,0	0,0

459. Tillaga til þingsályktunar [343. mál]

um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi felur iðnaðarráðherra að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Nefndin taki m.a. afstöðu til álagningar á eldsneyti og fjalli um uppbyggingu innviða, framtíðarskipulag eldsneytismála, stuðning við tilraunir og áhrif vistvæns eldsneytis á íslenskt efnahagslíf. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum, frá iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og fyrirtækinu Íslenskri nýorku ehf. Tillögur nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. nóvember 2002.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hafa samgöngur orðið sífellt mikilvægari í daglegu lífi fólks. Þær hafa mikil áhrif á skipulag borga og þar með búsetu fólks. Þróun samgangna hefur verið gríðarlega hröð síðustu ár og þar hafa kröfur almennings vegna einkabílsins verið hvað háværastar. En þessari þróun fylgja margar neikvæðar hliðar. Dýrt er að byggja upp og viðhalda samgöngumannvirkjum, skipulag borga verður sífellt flóknara, slysatíðni í umferðinni hefur aukist, aukin mengun hefur fylgt vaxandi notkun einkabílsins og þessu hefur fylgt mikið álag á orkuauðlindir (jarðefni) heims sem sjá samgöngum fyrir því eldsneyti sem þarf.

Með aukinni umhverfismeðvitund hefur verið lögð meiri áhersla á að draga úr mengun frá samgöngum. Nokkrar leiðir hafa verið nefndar, meira vægi almenningssamgangna, vistvænir orkugjafar, hvatning til að ganga og hjóla meira og fleira mætti telja.

Orkubúskapur samgangna.

Jarðefnaeldsneyti hefur verið ráðandi orkugjafi í samgöngum nánast alla síðustu öld. Aðrir orkugjafar, fyrst kol og síðan raforka, hafa þó verið mikilvægir í að knýja áfram hluta af samgöngukerfi margra landa og er þá fyrst og fremst átt við almenningssamgöngur og lestakerfi. Ef eingöngu er horft til Íslands knýr jarðefnaeldsneyti allt íslenska samgöngukerfið.

Samtals brenna bílar á Íslandi, þ.m.t. flutningabílar, strætisvagnar, vinnuvélar o.s.frv., um 252 þús. tonnum af olíu[1] á hverju ári. Við þennan bruna gefa þessi tæki frá sér rúmlega 600 þús. tonn af koltvísýringi (CO_2) sem er tæplega ⅓ af heildarlosun CO_2 frá Íslandi. Á Íslandi er hlutfall útblásturs gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með því hæsta sem gerist í heiminum og er ástæða þess sú að notkun endurnýjanlegra auðlinda til orkuframleiðslu, þ.e. jarðvarma- og vatnsaflsvirkjana, er hærri en gerist í öðrum löndum. Aukning olíunotkunar og mengunar af hennar völdum hefur verið stigvaxandi á undanförnum árum, um 2% á ári. Rétt er þó að benda á að sama fylgni hefur ekki verið á sviði fjölda ekinna kílómetra og losunar á CO_2. Fjöldi ekinna kílómetra hefur aukist um 3–4% á ári undanfarin ár en aukning í losun CO_2 er helmingi minni. Þetta skýrist fyrst og fremst af bættri eldsneytisnýtingu bíla og bættu vegakerfi, t.d. bundnu slitlagi.

Orkuberar framtíðarinnar.

Þjóðir heims hafa á undanförnum áratugum lagt mikla áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mengun í mörgum stórborgum heims er slík að öndunarsjúkdómar verða sífellt algengari og á heitum sumardögum er umferð víða takmörkuð vegna mengunar.

Hægt er að draga verulega úr notkun jarðefnaeldsneytis með einföldum aðgerðum og sú einfaldasta er að vekja fólk til meðvitundar. Hér er átt við að draga úr bílferðum (á höfuðborgarsvæðinu er áætlað að farnar séu 660 þús. bílferðir á dag), bæta aksturslag (með fræðslu um aksturslag má draga úr olíunotkun um allt að 10%), forhita bílvélar o.s.frv.

Önnur aðferð til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis er að auka notkun á almenningssamgöngum. Þannig dregur verulega úr notkun olíu og einnig dregur úr álagi á samgöngumannvirki og viðhaldi þeirra. Nauðsynlegt er að opinberir aðilar (hér er átt við ríki og sveitarfélög) séu samtaka í þessum málum þar sem uppbygging samgöngumannvirkja er kostnaðarsöm. Auk þess getur samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda komið sér vel, ef standa á við alþjóðlega sáttmála varðandi mengunarmál. Slíkir sáttmálar gera ráð fyrir því að öll lönd öðlist kvóta, CO_2-losunarkvóta, og að verslun hefjist með slíka kvóta. Reynt hefur verið að meta verðmæti CO_2-kvóta og hafa Svíar meðal annarra komið með tillögu um að tonn af CO_2 gæti kostað á bilinu 10–15 þús. kr. Miðað við að bílar á Íslandi losa rúmlega 600 þús. tonn af CO_2 út í andrúmsloftið væri verðmæti þessa útblásturs að lágmarki[2] 6 milljarðar kr.

Rafhreyfillinn.

Sérfræðingar eru almennt sammála um að sprengihreyfillinn muni líða undir lok á þessari öld og rafhreyfillinn taka við. Ástæðan er ekki sú að olía í heiminum verði uppurin (steinöld

[1] Olía er hér notað sem samheiti yfir bensín og dísil.
[2] Umdeilt er hvort um sé að ræða eingreiðslu eða árlegt leigugjald.

lauk ekki af því að allir steinar voru búnir) heldur vegna bættrar auðlindanýtingar og vegna áhrifa mengunar. Nýting jarðefnaeldsneytis er ekki mikil í sprengihreyfli. Í bíl nýtist á bilinu 18–30% orkunnar til að snúa hjólbörðunum, en afgangurinn tapast, fyrst og fremst, sem varmi út í andrúmsloftið. Nýting rafhreyfla er mun meiri.

Nokkra möguleika er hægt að útfæra sem geymsluform á raforku fyrir rafhreyfilinn.

Rafgeymirinn.

Þróun rafgeyma var hröð á tveimur síðustu áratugum síðustu aldar. Blýgeymar eru alþekktir og eru enn í notkun í flestum hefðbundnum bílum, en slíkir geymar hafa lítið verið notaðir sem geymar fyrir rafmagnsbíla. Nokkuð hefur þó borið á slíkum geymum í stærri farartækjum eins og sorpbílum og öðrum farartækjum sem ekki þurfa að aka hratt né fara langar vegalengdir enda hafa þeir frekar lágt orkuinnihald á þyngdareiningu og eru ódýrir í framleiðslu. Aðrir geymar hafa verið notaðir mun meira. Þar ber fyrst að nefna Nikkel-Cadmium (Ni-Cd) geyma, einnig hafa auknar vonir verið bundnar við Nikkel-Metal- Hydrate (NiMH) rafgeyma. Framtíðargeymar eru þó í þróun og þar má nefna Lithium-ion og/eða Lithium polymer geyma. Þeir hafa mun hærra orkuinnihald en fyrrnefndir geymar og gætu því hentað betur í framtíðar-rafbílinn. Sama vandamál á við um blýgeyminn og flesta rafgeyma sem komið hafa á markaðinn, þ.e. að framleiðslukostnaður er of hár, geymarnir eru of fyrirferðarmiklir og drægi bíla sem nota þá verður takmarkað vegna lágs orkuinnihalds á þyngdareiningu. Væntingar um að bæta þetta eru nokkrar með notkun Lithium-rafgeyma.

Besta nýtni orku fyrir rafhreyfilinn er að geyma raforkuna beislaða í rafgeymum. Rafbílar með rafgeyma hafa ekki náð mikilli markaðshlutdeild þrátt fyrir talsvert miklar tilraunir bifreiðaframleiðenda um markaðssetningu. Stjórnvöld hafa víða reynt að styðja við þessa þróun og hafa Frakkar gengið einna lengst, enda hafa franskir bílaframleiðendur lagt mikla áherslu á þróun rafbíla með rafgeymum. Neytendur hafa hins vegar ekki sýnt þessari tegund rafbíla mikinn áhuga, fyrst og fremst vegna takmarkaðs drægis. Það má þó gera ráð fyrir því að rafbílar muni gegna veigamiklu hlutverki við ákveðin verkefni í framtíðinni. Þar má nefna þjónustubíla fyrirtækja, sem yfirleitt þurfa ekki á miklu drægi að halda, aukabíla á heimili o.s.frv.

Vetni.

Vetni (H_2) er algengasta og minnsta atóm í heiminum. Langstærsti hluti vetnis er bundinn við súrefni og myndar á því formi vatn (H_2O). Vetnissameind samanstendur af tveimur rafeindum og tveimur róteindum. Tvær leiðir eru til nýtingar á vetni í bílum, annars vegar við bruna í sprengihreyfli eða við að nýta raforkuna sem hlaðinn er í sameindinni með notkun efnarafala.

Flest bifreiðafyrirtæki í heiminum eru að skoða vetni sem orkubera framtíðarinnar. Í flestum tilvikum er vetni notað sem orkuberi, þ.e. geymsluform fyrir raforku. Nokkrir hafa þó skoðað að nota vetni í stað olíu á sprengihreyfla. Ástæða þess að athygli manna beinist síður að notkun vetnis í sprengihreyfli er að orkunýting þar er mun lakari en í efnarafölum. En það hvernig vetnið er nýtt í bílum er kannski minni spurning en sú hvernig það verður geymt um borð í bílum og hvernig því verður dreift í framtíðinni.

Efnarafalar eða sprengihreyfill.

Efnarafall var fundinn upp um miðja 19. öld af William Groove. Efnarafallinn var hins vegar lítið notaður lengi vel, þar til NASA fór að sýna áhuga vegna geimferða. Mynd 1 sýnir efnarafal og hvernig vinnsla efnarafala fer fram. Eins og sjá má á þeirri mynd er eina útslepp-

ið frá efnarafal vatn og sé vetnið framleitt með endurnýjanlegum orkulindum, vatnsorku, jarðvarma, sólar-sellum, vindi, sjávarföllum o.s.frv. verður engin mengun til við nýtingu vetnis í efnarafal. Fáar þjóðir heims hafa aðgang að endurnýjanlegum orkugjöfum í dag sem eru samkeppnishæfir við jarðefnaeldsneyti í verði. Ófáar raddir hafa því heyrst að lítill tilgangur sé í að nota vetni í stað jarðefnaeldsneytis því eins og staðan er í dag verði vetnið búið til úr jarðefnaeldsneyti. Staðreyndin er hins vegar sú að orkunýtni efnarafals er allt að helmingi til tvöfalt betri en nýtni sprengihreyfils í farartæki. Ef jarðgas (jarðefnaeldsneyti) er hreinsað í vetni og aðrar lofttegundir og vetnið notað á efnarafal í stað sprengihreyfils verður heildarlosun gróðurhúsalofttegunda 10–15% minni vegna betri nýtni en ef gasið væri notað beint á sprengihreyfil.



Mynd 1. Vinnsla efnarafals. Róteindahimnan hleypir aðeins róteindum í gegnum sig og því þarf rafeindin að fara lengri leið og knýr þá hreyfilinn. Síðan sameinast róteindin og rafeindin, blandast lofti og eini útblásturinn er vatn.

Geymsla vetnis.

Meginvandi við nýtingu vetnis er hversu erfitt er að geyma það. Vetni hefur háan sveimstuðul, það dreifist mjög hratt í andrúmslofti og þynnist hratt út, er mjög hvarfgjarnt og hvarfast við súrefni í andrúmsloftinu (og myndar vatnsgufu). Til þess að koma nægu vetni um borð í farartæki til að drægi farartækisins verði sambærilegt við núverandi tækni er nauðsynlegt að geyma vetni annaðhvort undir miklum þrýstingi eða vökvagera vetnið. Tækniþróunin á aðferðum við geymslu á vetni hefur verið nokkuð hröð á undanförnum árum og lausnir varðandi geymslu í gasformi eru í sjónmáli.

Aðrir geymslumátar hafa einnig verið skoðaðir. Miklar væntingar hafa verið gerðar til svokallaðra „kolefnis-pípla“ (carbon-fiber nano tubes). Sýnt hefur verið fram á tæknina á tilraunastofum og talið er að ef hægt verður að þróa geymslutæknina í bíla gæti tankur með kolefnis-píplum aukið drægi vetnisbíla umfram hefðbundna bíla um 20–100% með jafnstórum eldsneytistanki.

Það er kostnaðarsamt að vökvagera vetni þar sem kæla þarf vetnið niður í –253°C áður en það verður að vökva. Hins vegar eru geymslutankar fyrir kælt vetni ódýrari og smærri en núverandi þrýstikútar og því er möguleiki að þessi tækni verði notuð til að geyma vetni um borð í farartækjum.

Metanól (CH_3OH) er geymsluform á vetni. Meginástæða þess að metanól hefur verið rannsakað sem geymsluform á vetni er að metanól er vökvi við eðlilegar aðstæður og inniheldur mikið vetni. Þetta gerir það að verkum að auðvelt er að geyma metanól í hefðbundnum tönkum í bílum, þannig að geymsluvandamál vetnisins er úr sögunni. Helstu gallar á notkun metanóls eru þeir að það er eitrað og að hreinsibúnað þarf um borð í farartækið til þess að hreinsa vetnið frá öðrum efnasamböndum. Sá búnaður er enn fyrirferðarmikill og dýr. Fyrst og fremst hefur verið horft til notkunar metanóls til að brúa bilið yfir í notkun vetnis. Notkun metanóls fylgir talsverð losun gróðurhúsalofttegunda og því ljóst að hér ekki um framtíðarlausn að ræða heldur tímabundna fyrir farartæki eins og bíla.

Innviðir vegna vetnisnýtingar.

Í hönnun innviða vegna nýtingar vetnis sem orkubera er gert ráð fyrir framleiðslu vetnisins á staðnum. Á Íslandi yrði vatn rafgreint og dreift frá hverri orkustöð fyrir sig. Flutningur á eldsneyti mun þá að miklu leyti heyra sögunni til.

Ef vetni verður vökvagert eru þó líkur á að hluti framleiðslunnar yrði annars staðar en á orkustöðinni sjálfri. Stærðarhagkvæmni hefur umtalsverð áhrif við að vökvagera vetni.

Verði vetni geymt sem metanól verður kostnaður við uppbyggingu orkustöðva líklega mun lægri en ella og er þá gert ráð fyrir því að metanóli verði dreift til hverrar stöðvar líkt og gert er með dísil og bensín í dag. Hins vegar þarf að breyta núverandi stöðvum þannig að hægt verði að dreifa metanóli og mun af því hljótast nokkur kostnaður. Orkufyrirtækin (þ.e. fyrrverandi olíufyrirtækin) hafa áhyggjur af auknum þróunarkostnaði vegna dreifingar á orku og vilja sem mest draga úr honum. Fyrirtæki eins og Shell International hafa meðal annars lagt á það höfuðáherslu að endurnýja orkustöðvar (bensínstöðvar) aðeins einu sinni. Margt bendir til þess að vetni verði framtíðarorkugjafi farartækja og er stefna fyrirtækisins að nota hefðbundna orkugjafa sem lengst og breyta framtíðarstöðvum sínum síðan í vetnisstöðvar.

Áhugi orkudreififyrirtækjanna virðist því vera mestur á uppbyggingu innviða fyrir nýtingu vetnis en kostnaður við breytingar verður mikill og ljóst að hann mun falla á samfélagið á næstu 20-40 árum. Mikilvægt er að staðlar og form framtíðareldsneytisins verði ákveðið sem allra fyrst til að draga úr þessum kostnaði og auka hraða þróunarinnar.

Etanól.

Víða í heiminum er etanól nýtt samhliða hefðbundnu jarðefnaeldsneyti og hefur gefist vel. Auðvelt er að blanda 5–15% etanóli í bensín og keyra hefðbundna bíla á slíkri blöndu (stilla þarf vélina sérstaklega). Einnig er etanól notað sem aðaleldsneytisgjafi og er þá 10–15% bensíni blandað í etanólið.

Etanól má framleiða úr ýmsum lífrænum efnum, t.d. er algengt að framleiða það úr afgangsspæni úr trjáiðnaði. Með því að blanda etanóli í bensín þar sem etanólið er unnið úr endurnýjanlegum auðlindum er hægt að draga talsvert úr útblæstri.

Hérlendis hafa komið upp hugmyndir um að framleiða etanól úr lúpínu. Ljóst er að ef að slíkri vinnslu verður er hægt að draga nokkuð úr innflutningi á olíu og einnig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Lífrænt gas.

Lífræn gasvinnsla hefur aukist mikið á undanförnum árum þar sem gasið verður til við rotnun úrgangs (endurvinnsla). Mörg lönd eru farin að fullvinna og hreinsa gasið (metan) og knýja með því vélar, þar með talin farartæki. Bifreiðaframleiðendur hafa sýnt slíkum verkefnum aukinn áhuga á síðustu áratugum og eru farnir að framleiða tvinnfarartæki, þ.e. farartæki sem brenna bæði gas og bensín.

Á Íslandi er hafin vinnsla á lífrænu gasi (metan). Líklegt verður að teljast að aukning verði á slíkri framleiðslu hérlendis á næstu árum. Mikilvægt er að skoða alla þá möguleika sem fyrir hendi eru um nýtingu á gasinu. Tilraunir hafa verið gerðar með að hreinsa gasið og nota það á tvinnfarartæki.

Jarðgas.

Líkt og með metangas hefur það aukist mikið að undanförnu að knýja farartæki í almenningssamgöngum (strætisvagna, leigubíla o.s.frv.) með jarðgasi. Jarðgas er að stærstum hluta metangas og líkt og lífrænt gas unnið úr úrgangi, en fleiri gastegundir fylgja þó með, t.d. etan, própan, bútan o.fl.

Ekkert jarðgas hefur fundist við Ísland og því verður að teljast ólíklegt að slík farartæki eigi eftir að sjást hér á landi.

Tvinnbílar.

Tvinnfarartæki (e. hybrid-vehicles) er samheiti yfir bíla sem nýta tvenns konar eldsneyti. Nokkuð er síðan umræða um þessa gerð farartækja hófst en aðeins á síðasta áratug fóru þau að sjást í meira mæli. Nokkrar tegundir tvinnbíla eru nú þegar á markaði en líklegt verður að teljast að margar fleiri útgáfur slíkra farartækja líti dagsins ljós í nánustu framtíð. Algengasta gerð tvinnbíla í dag nýtir gas og bensín. Tvinnfarartækjum er skipt í nokkra flokka, eftir eðli hreyfils og hvort um er að ræða farartæki sem nú þegar er á markaði eða hugsanlegri framtíðarsamsetningu eldsneytis.

Mikil áhersla bifreiðaframleiðenda á tvinnfarartæki á undanförnum árum er einkum til að nýta auðlindir betur og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það að nota samsetningu bensíns og rafmagns, þ.e. að nota bensín til að framleiða rafmagn á geyma og knýja bílinn þannig, dregur úr útblæstri um 5–15%. Aðrar útgáfur tvinnbíla gera einnig ráð fyrir að draga úr útblæstri um 5–50%. Á Íslandi er líklegt að hægt væri að miða við efra gildið ef raforka er notuð í einu eða öðru formi.

Innviðir fyrir tvinnfarartæki.

Meginástæða þess að talið er að tvinnfarartæki eigi bjarta framtíð á næstu 20–50 árum er að ekki þarf að byggja upp nýja innviði fyrir farartækin. Þó að almennt sé talið að vetni sé eldsneyti framtíðarinnar, þá er líklegt að tímabilið sem brúa verður á meðan tækniþróun, tilraunir og uppbygging nýrra innviða fyrir vetni fer fram, sé tími tvinnbíla. Því má vænta verulega aukinnar notkunar tvinnfarartækja á næstu árum.

Eldsneyti í framtíðinni.

Umhverfismál eru sífellt fyrirferðarmeiri í allri umræðu um framtíðina og er losun gróðurhúsalofttegunda þar ofarlega á baugi. Í heiminum er losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum aðeins lítill hluti heildarlosunar en ljóst er að samgöngur er sá vettvangur þar sem einna auðveldast verður að draga úr losun. Einnig er mengun frá samgöngum vel sýnileg

meðal íbúa þróaðra ríkja þar sem losun á sér að mestu stað í borgarsamfélaginu þar sem meiri hluti fólks býr.

Þróun síðustu ára í notkun vistvæns eldsneytis hefur verið ör. Rafbíllinn er kominn á markað, tvinnfarartæki hafa litið dagsins ljós og vetnisfarartæki farin að aka um götur. Tímabil óvissu og breytinga er hafið. Mismunandi verður hvaða eldsneytistegundir verða í notkun frá 2000 þar til tími vetnis og efnarafala tekur við. Það mun að miklu leyti ráðast af þeim auðlindum sem lönd búa yfir.

Ísland.

Ísland er kjörið til að gegna forustuhlutverki við nýtingu eldsneytis sem nýtir raforku. Hér átt við rafbíla annars vegar og vetni og efnarafala hins vegar. Nefna má nokkrar ástæður því til stuðnings. Ísland býr yfir ónýttum auðlindum, bæði vatnsorku og jarðvarma, til raforkuframleiðslu. Eins og áður hefur komið fram munu rafbílar væntanlega gegna ákveðnu hlutverki í samgöngum til framtíðar en vetni verður væntanlega undirstöðuorkuberinn.

Í upphafi er um dýr og flókin verkefni að ræða. Það er hins vegar ljóst að efnahagslegur ávinningur getur orðið verulegur í framtíðinni ef tekst að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir innlenda vistvæna orkugjafa. Viðskiptahalli mun minnka, ný störf munu skapast, aukin raforkusala, tækniþekking mun aukast, hugsanleg sala á CO_2-kvóta í framtíðinni og bætt umhverfisímynd landsins getur haft áhrif á til dæmis aukinn fjölda ferðamanna. Til viðbótar má nefna að sjálfstæði þjóðarinnar verður mun meira ef Ísland er óháð erlendum aðilum í innflutningi á eldsneyti. Tækifæri eru einnig á fleiri sviðum, t.d. á sviði menntamála, þ.e. útflutningur á þekkingu líkt og er með Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Stefnumótun stjórnvalda hvað varðar vistvænt eldsneyti vantar. Ljóst er að miklar breytingar verða á þessum málum á næstu árum og nauðsynlegt að þátttakendur í þeim viti hvernig stjórnvöld ætla að taka á málum. Þar má nefna álögur á eldsneyti og farartæki, stuðning við uppbyggingu innviða, framtíðarskipulag samgangna og eldsneytisdreifingar. Sú umhverfisvæna orka sem Ísland býr yfir er ein verðmætasta eign þjóðarinnar og því er mikilvægt að stefnumótun til framtíðar hvað varðar orku taki einnig á eldsneyti til samgangna. Tækifærin eru mörg og þau ber að nýta á meðan þau gefast.

Orkunotkun vetnissamfélagsins.

Í erindi sem Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku, hélt á Orkuþingi 2001 segir um orkunotkun vegna vetnisvæðingar:

„Á undanförnum mánuðum hefur mikil umræða verið í samfélaginu um nýtingu á þeim endurnýjanlegu orkulindum sem Ísland býr yfir. Einkum hefur umræðan verið vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á Austurlandi í tengslum við uppbyggingu stóriðju á Reyðarfirði. Umræðan hefur meðal annars snúist um hvort ekki væri betra að nýta þessar orkulindir til umhverfisvænni verkefna en stóriðju og þær efasemdir að ekki verði næg orka fyrir vetnissamfélagið ef ný stóriðja mun rísa á Íslandi.

Íslenska samgöngukerfið brennir rúmlega 250 þúsund tonnum af bensíni og gasolíu árlega og skipaflotinn ríflega 253 þúsund tonnum af olíu. Ef vetni væri notað í stað þessara hefðbundnu orkugjafa þyrfti um 90 þúsund tonn af vetni á ári. Til að framleiða þetta magn vetnis þarf um 4,8 TWh af raforku (sjá töflu).

	Bensín og olía (000 tonn)	Vetni (000 tonn)	Raforka til vetnisframleiðslu
Bílar	252	39	2,1 TWh
Skip	233	52	2,7 TWh
Samtals	**485**	**91**	**4,8 TWh**

Tafla. Notkun olíu og bensíns, ársins 2000, umreiknuð yfir í magn vetnis og þá raforku sem þyrfti til vetnisframleiðslunnar. Hér er gert ráð fyrir að efnarafalar verði notaðir í bæði bíla og skip í stað hefðbundinna véla.

Hér er rétt að nefna að samkvæmt tölum frá Orkustofnun er áætlað að á Íslandi sé efnahagslega og umhverfislega hagkvæmt[3] að virkja ca. 50 TWh og er því um að ræða tæp 10% af virkjanlegri raforku. Nú þegar er búið að virkja um 17% af þessum 50 TWh til að anna núverandi orkuþörf landsins. Fyrirhuguð stóriðja á Austurlandi mun ekki hafa nein umtalsverð áhrif á orkuöflun fyrir vetnissamfélagið. Það er þó rétt að benda á að báðir áfangar fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar jafngilda um 4,8 TWh af raforku (sama orka og þarf í allt vetnissamfélagið).

Ólíklegt verður að teljast að framleiðsla vetnis fyrir framtíðarvetnissamfélag verði í stórum, miðlægum framleiðslueiningum. Fyrst og fremst vegna þess að gert er ráð fyrir „on-site" framleiðslutækni, þ.e. vetnisstöðvum sem framleiða vetni nærri notkunarstað. Akstur með eldsneyti mun því að miklu leyti heyra sögunni til. Í öðru lagi vegna þess að það er ljóst að vetnisframleiðsla mun aukast jafnt og þétt yfir talsvert langt tímabil, þ.e. hraðinn mun að miklu stjórnast eftir því hversu hratt vetnistæknin verður aðgengileg almenningi og fyrirtækjum. Mynd 2 sýnir hugsanlega þróun eða spá Íslenskrar NýOrku um notkun vetnis á næstu áratugum. Þar er gert ráð fyrir því að samgöngur á landi og fiskiskipaflotinn muni að mestu leyti nota vetni árið 2050. Sjá má að eftir 20 ár verður vetnissamfélagið farið að nota um 1 TWh á ári. Það er því eðlilegt að orkufyrirtæki fari að huga að notkun raforku til vetnisframleiðslu í skipulagningu virkjunarkosta og virkjana til framtíðar."



Mynd 2. Spá um fyrirhugaða þróun notkunar vetnis sem eldsneytis í stað hefðbundinna orkugjafa í bílum og skipum. Ljóst er að tækniþróun næstu ára getur haft talsverð áhrif á kúrfuna.

[3] Túlkun orðsins „hagkvæmt" er talsvert umdeild í þessu samhengi. Sums staðar hafa verið færð rök fyrir því að þar sé tekið tillit til umhverfismála sem og annarra mála, en ekki eru allir á eitt sáttir um þá skýringu. Þetta er þó opinbert viðmið og því er farið eftir því hér.

Verkefnastaðan á Íslandi.

Fyrirtækið Íslensk nýorka er í eigu íslenskra aðila (Vistorku) að 51% hluta og þriggja erlendra aðila (DaimlerChrysler, Norsk Hydro og Shell Hydrogen) er skipta 49% jafnt á milli sín. Hlutverk þessa félags er að innleiða og gera tilraunir með vetnistækni á Íslandi. Byggist sú ætlun m.a. annars á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar þar að lútandi. Nú er unnið að eftirtöldum verkefnum:

1. *Vetnisstrætisvagnar.*

Verkefnið hófst formlega 1. mars 2001 og er gert ráð fyrir því að strætisvagnar fari í almennan akstur tveimur árum síðar og aki í tvö ár. Að því gefnu að jákvæðar niðurstöður fáist er vonast til að fjölga megi vögnum í kjölfarið. Þess má geta að Evrópusambandið hefur styrkt þetta verkefni um 2,8 milljónir evra.

2. *Vetnisbílar.*

Flest bifreiðafyrirtæki gera ráð fyrir að hefja tilraunaverkefni á árunum 2003–2005. Íslensk nýorka vinnur að því að fá til landsins tilraunaverkefni sem eru 10–30 bílar. Vonir standa til að slík verkefni geti hafist í lok árs 2003 eða á árinu 2004. Fjöldaframleiðsla hefst væntanlega ekki fyrr en síðar eða í kringum 2008–2010 og má þá reikna með að almenningur geti nálgast slík farartæki á sambærilegum kostnaði við hefðbundna bíla.

3. *Vetni um borð í fiskiskipum.*

Þetta verkefni er nú efst á baugi innan fyrirtækisins. Unnið er að því að koma saman verkefnishópi, þ.e. fyrirtækjum sem munu taka þátt í slíku verkefni. Þessi hugmynd hefur vakið verðskuldaða athygli enda ekki mikið verið unnið með efnarafala og vetni um borð í fiskiskipum. Ljóst er að um mjög dýr verkefni er að ræða. Meginmunurinn á þessu verkefni og þeim tveim fyrrnefndu er að gert er ráð fyrir því að hanna og smíða nýtt skip. Hvort tveggja er hægt að gera á Íslandi. Með því gætu Íslendingar náð tæknilegri forustu í slíkum verkefnum og aflað vitneskju sem gæti orðið verðmæt útflutningsgrein. Vonir standa til að hægt verði að hefja tilraunir með efnarafala og vetni um borð í fiskiskipi 2004–2005.

Fleiri verkefni eru í gangi.

1. Nú þegar hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með litla efnarafala til að skoða hvort hægt sé að skipta út rafgeymum og/eða dísilrafstöðvum og nota vetni. Niðurstaðna þessarar vinnu er að vænta á nýju ári.
2. Útflutningur á vetni. Fyrirtækið hefur fengið styrk frá Evrópusambandinu til að gera hagkvæmnisathugun á útflutningi vetnis. Ljóst er að eftirspurn eftir „grænu“ vetni er að aukast í Evrópu og möguleikar eru hugsanlega að opnast á slíkum útflutningi.
3. Evrópusambandið hefur einnig styrkt verkefni sem gerir „case study“ rannsókn á hvaða áhrif, félagsleg, samfélagsleg og efnahagsleg, það muni hafa að vetnisvæða heilt samfélag. Hér er sérstaklega verið að skoða uppbyggingu þeirra innviða sem nauðsynlegt er að reisa til að dreifa vetni.
4. Fræðsluefni. Fyrirtækið vinnur að gerð fræðsluefnis um áhrif notkunar vetnis og vetnishringrásina, hvað muni breytast í samfélaginu og hvaða áhrif það hafi á daglegt líf. Stefnt er að gerð bæklinga og kennsludisks (sem Evrópusambandið hefur nú þegar styrkt) um þessi mál og gert ráð fyrir því að birta slíkt áður en vetnisfarartæki fara að aka um götur til að fólk fái vitneskju um þróunina. Slíku efni verður dreift til allra framhaldsskóla (þeim að kostnaðarlausu).

5. Jarðvarmi og vetni. Talsverðir möguleikar eru á að samnýta jarðvarma og vetni. Ljóst er að mikill áhugi er á slíkum verkefnum. Undirbúningur sumra verkefna er stutt á veg kominn en verið er að skrifa verkefnislýsingu á tveimur verkefnum og gert ráð fyrir að sækja um fé hjá erlendum stofnunum á næsta ári til slíkra verkefna. Önnur eru enn í hugmyndabankanum, t.d. að vinna vetni í tengslum við djúpboranir sem fyrirhugaðar eru á Reykjanesi í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja.
6. Gerð kennsluefnis á háskólastigi. Fyrirtækið og samstarfsaðilar þess hafa fengið margar fyrirspurnir erlendis frá um upplýsingar og kennslu varðandi hugmyndafræði Íslands og tækni þá er nota á til að framleiða grænt vetni. Hér gætu verið miklir möguleikar til að draga að erlenda stúdenta líkt og lengi hefur verið gert við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Hugmyndasamstarf um þetta er hafin milli Háskóla Íslands og fyrirtækisins.
7. Þróunarlönd. Formlegar fyrirspurnir hafa borist frá mörgum þróunarlöndum um samstarf. Hér er fyrst og fremst um eyríki að ræða sem ráða yfir jarðvarma og vilja nota hann til að framleiða vetni til að draga úr innflutningi jarðefnaeldsneytis. Möguleikar eru fyrir hendi að flytja út þekkingu til slíkra landa. Áhugi er innan fyrirtækisins að fara í slík verkefni.

Þess má og geta að nú þegar hafa hundruð erlendra aðila komið til landsins til að fá upplýsingar um hugmyndir fyrirtækisins og Íslendinga um notkun vetnis. Nú þegar hafa öll fyrrverandi „olíufyrirtæki“, nú orkufyrirtæki, lýst yfir að vetni verði eldsneyti framtíðar. Í sama streng hafa öll bifreiðafyrirtæki tekið og vinna þau nú öll að þróun vetnisfarartækja. Þetta eru ástæður þess að erlendir aðilar hafa streymt hingað til að fræðast um framtíðarsýn Íslendinga í þessum málum. Athyglin er slík að ríkisstjórn Íslands hefur fengið viðurkenningu fyrir framsýnina, „Green Globe Award“, sem forsætisráðherra veitti viðtöku. Einnig hafa fulltrúar margra helstu sjónvarpsstöðva heims komið til landsins. Má þar nefna Discovery, National Geography, japanskan umhverfisþátt, BBC, Arte, CNN, NDR3 (í Hamborg) og fréttastöðvar allra Norðurlanda, Þýskalands, Frakklands, Japans o.fl. Erlendar blaðagreinar eru nú komnar á sjöunda tug. Þar má nefna TIME Magazine, Economist, Red Herring, Politiken, Spiegel o.fl. Verkefnið hefur því verið umtalsverð landkynning og ljóst er að athyglin mun aukast í framtíðinni verði rétt staðið að málum.

Eins og fram hefur komið er Ísland ákjósanlegt land fyrir vetnisrannsóknir vegna einangrunar og smæðar. Sama gildir reyndar um öll vetnisverkefni. Verkefnin eru dýr og því mikilvægt að ef nýta á þessa möguleika til fullnustu verður rannsóknarfé að vera aðgengilegt. Nú þegar hefur Evrópusambandið styrkt vetnisverkefni á Íslandi fyrir nokkur hundruð milljóna og möguleikar að sækja um styrki til mun fleiri verkefna þar, enda hefur sambandið lýst yfir að Ísland sé eitt besta land fyrir vetnistilraunir í Evrópu.

Til að hægt sé að taka næstu skref og marka framtíðarstefnu innan fyrirtækisins er ljóst að stjórnvöld verða að marka mun skýrari stefnu um nýtingu innlendra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Taka þarf á skattamálum, hugsanlegri þátttöku í uppbyggingu innviða, almennum stuðningi, umhverfismálum, fræðslu o.fl. Mikilvægt er að slík skref verði tekin sem allra fyrst til að opna allar þær gáttir sem nýta má til enn frekari verkefnauppbyggingar. Á þessu sviði gæti Ísland náð forustu og leitt heiminn inn í vistvænni framtíð.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir því að iðnaðarráðherra skipi nefnd fimm manna til að móta framtíðarstefnu um vistvænt eldsneyti í íslensku samfélagi og kynna þær niðurstöður fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóvember 2002.

460. Frumvarp til laga [344. mál]

um geislavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Þess skal gætt að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lög þessi taka til sé eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, m.a. eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislatækja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

2. gr.

Lögin gilda um:

1. Öryggisráðstafanir gegn geislun við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun á fólk, svo sem við framleiðslu, innflutning, útflutning, flutning, afhendingu, eign, uppsetningu, notkun, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna og geislatækja.
2. Öryggisráðstafanir við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrulega geislun frá umhverfinu.
3. Öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.
4. Vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.
5. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Geislun:* Jónandi og ójónandi geislun.
2. *Jónandi geislun:* Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.
3. *Ójónandi geislun:* Útfjólublá geislun og allar aðrar rafsegulbylgjur með lengri bylgjulengd, svo sem örbylgjur eða aðrar rafsegulbylgjur sem hafa hliðstæð líffræðileg áhrif, svo og rafsegulsvið.
4. *Geislatæki:* Rafmagnstæki sem mynda geislun, t.d. röntgentæki og sólarlampar.
5. *Læknisfræðileg geislun:* Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.
6. *Starfsemi:* Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.
7. *Geislaálag:* Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.
8. *Ábyrgðarmaður:* Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfseminni hvað varðar geislavarnir.
9. *Gæðatrygging:* Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykkta staðla.

10. *Gæðaeftirlit:* Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaeftirlit felur í sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum einkennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

II. KAFLI
Geislavarnir ríkisins.

4. gr.

Geislavarnir ríkisins er stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Ráðherra skipar forstjóra Geislavarna ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.
2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.
3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir hvern einstakan starfsmann.
4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lög þessi taka til.
5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis.
6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmiðla.
8. Rannsóknir á sviði geislavarna.
9. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar vegna geisla- og kjarnorkuvár, m.a. rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
10. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.
11. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum sem lög þessi fjalla um.

Stofnunin skal undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

Stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.

Þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skulu láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að mat skv. 4. og 5. tölul. verði eins raunhæft og kostur er.

6. gr.

Ráðherra skipar geislavarnaráð til fjögurra ára í senn, en það er fagleg ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins um geislavarnir. Skal geislavarnaráð skipað fimm mönnum með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

III. KAFLI
Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar geislavirkra efna.

7. gr.

Framleiðsla, innflutningur, eign, geymsla, afhending og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum er stofnunin setur, m.a. um meðferð geislavirkra efna þegar notkun þeirra lýkur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ekki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né heldur vegna sjálflýsandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

Innflutningur geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er tilkynningarskyldur. Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu um hvert slíkt tæki sem flutt er inn. Tilkynningum skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja, sem nýta ójónandi geislun, skuli háður leyfi.

IV. KAFLI
Mat á gagnsemi og áhættu við notkun geislunar.

8. gr.

Allar nýjar tegundir eða flokkar starfsemi sem geta valdið jónandi geislun á fólk skulu metnar fyrir fram með tilliti til efnahagslegrar, þjóðfélagslegrar eða annarrar gagnsemi í samanburði við áhættu á skaðlegum heilsufarsáhrifum sem geislunin getur haft. Aðilar er hyggjast hefja slíka starfsemi skulu senda Geislavörnum ríkisins greinargerð um slíkt mat á fyrirhugaðri starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemina fyrr en samþykki Geislavarna ríkisins liggur fyrir og að fengnu mati landlæknis þegar um læknisfræðilega starfsemi er að ræða. Starfsemi sem þegar fer fram skal endurskoða með tilliti til mats skv. 1. málsl. þegar fyrir liggja nýjar mikilvægar upplýsingar um gagnsemi hennar eða afleiðingar.

V. KAFLI
Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

9. gr.

Öll notkun geislavirkra efna og geislatækja skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun án leyfis Geislavarna ríkisins. Breytingar á starfsemi sem hafa áhrif á geislavarnir eru einnig háðar leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum sem stofnunin setur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir. Sé um að ræða nýja tegund starfsemi skal sérstaklega gerð grein fyrir mati á notkuninni, sbr. 8. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja, sem nýta ójónandi geislun, skuli háð leyfi.

10. gr.

Eigandi ber ábyrgð á notkun geislavirkra efna og geislatækja, svo og að tæki, búnaður og starfsemi öll hvað geislavarnir varðar, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal eigandi tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu og skal nafn hans, menntun og reynsla tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Tilnefning ábyrgðarmanns er háð samþykki Geislavarna ríkisins. Ábyrgðarmaður ber í umboði eiganda ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal komið upp viðeigandi innra eftirliti vegna geislavarna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun, reynslu og skyldur ábyrgðarmanna og um fyrirkomulag og framkvæmd innra eftirlits.

11. gr.

Aðilar sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu skipuleggja viðeigandi viðbrögð við geislaslysum og veita upplýsingar um sérstaka áhættuþætti samkvæmt nánari reglum er Geislavarnir ríkisins setja. Þeir skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef geislaslys verður, leggja frummat á hugsanlegar afleiðingar og gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að takmarka afleiðingar þess.

12. gr.

Geymsla, flutningur og förgun geislavirkra efna skal ávallt vera í samræmi við reglur er Geislavarnir ríkisins setja. Sama gildir um annan úrgang, búnað eða umbúðir sem innihalda geislavirk efni eða eru menguð af þeim.

Þegar tæki eða búnaður sem getur gefið frá sér jónandi geislun er endanlega tekinn úr notkun skal það tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Á meðan búnaður inniheldur geislavirk efni eða getur gefið frá sér jónandi geislun skal hann vera í öruggri vörslu og sæta innra eftirliti. Geislavörnum ríkisins er heimilt að krefjast förgunar eða fjarlægingar geislavirkra efna og geislatækja sem ekki eru lengur í notkun. Sé ekki orðið við kröfu stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu innan tiltekins frests getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda.

VI. KAFLI
Geislavarnir á vinnustöðum.

13. gr.

Öll geislun starfsmanna og almennings vegna starfsemi sem lög þessi taka til skal vera eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Við starfsemi þar sem unnið er með geislun, jónandi sem ójónandi, skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk og aðra gegn geislun. Þessar aðgerðir skulu vera í samræmi við umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Við starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð skal hafa viðeigandi eftirlit með geislaálagi starfsmanna og annarra er starfseminni tengjast. Starfsmenn skulu hafa fullnægjandi menntun og fá starfsþjálfun og fræðslu, sem tryggir nægilega hæfni og þekkingu á geislavörnum svo og örugga notkun geislunar. Gestir og aðrir sem aðgang hafa að vinnustaðnum skulu fá upplýsingar um reglur sem fylgja þarf vegna geislavarna.

Við starfsemi sem hefur í för með sér aukna náttúrlega jónandi geislun skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk gegn slíkri geislun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir á vinnustöðum, þar með talið um fyrirkomulag geislavarna og öryggisráðstafana sem draga úr geislun, aldursmörk þeirra sem starfa við jónandi geislun, geislunarmörk starfsmanna, nemenda og almennings, svo og eftirlit með geislaálagi og læknisfeftirlit þeirra sem starfa við jónandi geislun, flokkun vinnusvæða og aðvörunarmerkingar, skermun og innréttingu húsnæðis, menntun, starfsþjálfun og fræðslu einstaklinga sem nota geislun eða starfa þar sem geislun er notuð.

14. gr.

Um skrá sem Geislavarnir ríkisins halda yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., fer samkvæmt lögum um persónuvernd. Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kringumstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Sérstaklega skal gera grein fyrir niðurstöðum sem byggjast ekki á einstaklingsbundnum mælingum. Geislaálag af geislaslysi skal skráð sérstaklega, svo og aðstæður við geislunina og aðgerðir sem gripið var til.

Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

VII. KAFLI
Læknisfræðileg geislun.

15. gr.

Ábyrgðarmaður skv. 10. gr. ber ábyrgð á framkvæmd sérhverrar læknisfræðilegrar geislunar. Hann skal sjá til þess að þeir einir framkvæmi læknisfræðilega geislun sem eru til þess hæfir á grundvelli viðurkenndrar sérmenntunar.

Við sérhverja læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður meta hvort notkun geislunar er réttlætanleg. Við matið skal taka tillit til þess hvort gagnsemin er meiri en skaðleg áhrif sem geislunin getur haft og m.a. taka tillit til gagnsemi fyrir einstaklinginn, fyrir samfélagið og hvort hægt er að nota aðrar aðferðir. Forðast skal að nota geislun sé hægt að ná markmiði hennar með öðrum hætti, svo sem með því að beita annarri tækni eða fá niðurstöður fyrri rannsókna án verulegra óþæginda.

Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaðar sem fyrir hendi eru svo og annarra þátta sem áhrif hafa.

Á hverjum þeim stað þar sem læknisfræðileg geislun fer fram skal komið upp viðeigandi áætlunum um gæðatryggingu og gæðaeftirlit vegna starfseminnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun, þ.m.t. viðmið, fyrirkomulag og framkvæmd áætlana um gæðatryggingu.

16. gr.

Þeir sem hyggjast framkvæma hópskoðun á fólki, t.d. vegna vísindalegra rannsókna, og nota við það jónandi geislun skulu fá til þess leyfi Geislavarna ríkisins. Óheimilt er að hefja slíka skoðun fyrr en leyfi stofnunarinnar liggur fyrir og að fengnu áliti landlæknis.

VIII. KAFLI
Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

17. gr.

Geislavarnir ríkisins annast skv. 5. gr. reglubundið eftirlit með notkun geislavirkra efna og geislatækja sem leyfi þarf fyrir samkvæmt lögum þessum.

Starfsmönnum Geislavarna ríkisins er heimill frjáls aðgangur að sérhverjum stað þar sem geislavirk efni og geislatæki sem gefa frá sér jónandi geislun eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits Geislavarna ríkisins.

18. gr.

Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu framkvæma þær úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekins frests, ella er heimilt að stöðva frekari notkun tækja og efna þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins stöðva frekari notkun geislavirkra efna og geislatækja þar til úrbætur hafa verið gerðar.

19. gr.

Skráður eigandi geislavirks efnis eða geislatækis sem gefur frá sér jónandi geislun skal greiða gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins, sbr. 17. gr., fyrir mat á umsóknum um leyfi, sbr. 7., 9. og 20. gr., svo og fyrir eftirlit með geislaálagi starfsfólks, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við eftirlitið.

IX. KAFLI
Uppsetning, breytingar og viðgerðir á geislatækjum.

20. gr.

Uppsetning á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Breyting á slíkum geislatækjum með tilliti til geislunar er einnig háð leyfi Geislavarna ríkisins. Þeir sem hyggjast setja upp slík geislatæki eða breyta slíkum tækjum með tilliti til geislunar skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á eyðublöðum stofnunarinnar eða með öðrum þeim hætti sem stofnunin samþykkir. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en leyfi stofnunarinnar er fengið.

Viðgerðir, uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki, gera við þau eða breyta þeim með tilliti til geislunar skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Geislavarna ríkisins, svo og gjaldskrá fyrir þjónustumælingar Geislavarna ríkisins, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

22. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 en 1. janúar 2003 að því er varðar ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað skv. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. og faggildingu skv. 3. mgr. 5. gr. Eftirlitsþáttur laganna skal endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. Með gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 117/1985, um geislavarnir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Haft var samráð við landlæknisembættið og félög röntgenlækna og röntgentækna hvað varðar ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun.

Nú eru í gildi lög um geislavarnir, nr. 117/1985, frá 1. janúar 1986. Síðan þau voru sett hefur margt gerst og viðhorf í geislavörnum breyst, m.a. eftir útgáfu nýrra leiðbeininga Alþjóðageislavarnaráðsins um grundvallaratriði geislavarna. Þar komu fram nýjar áherslur sem mörg lönd hafa tekið upp í löggjöf sinni. Markmið með endurskoðun laga um geislavarnir er fyrst og fremst aðlögun íslenskrar löggjafar og framkvæmd hennar að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir og framkvæmd þeirra auk þess að taka mið af breyttum áherslum við framkvæmd geislavarna.

Geislavarnir innan Evrópusambandsins byggjast á svonefndum EURATOM-samningi frá 1956 en hann er ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipanir Evrópusambandsins um geislavarnir hafa því ekki lagalegt gildi hér á landi.

Aðlögun og framkvæmd íslenskrar löggjafar á sviði geislavarna að löggjöf og framkvæmd geislavarna innan Evrópusambandsins er eitt áhersluatriða í samningi heilbrigðisráðuneytisins og Geislavarna ríkisins um árangursstjórnun sem undirritaður var 12. desember 1997. Þá hafði Evrópusambandið nýverið gefið út tvær tilskipanir um geislavarnir. Sú fyrri er nr. 96/29/Euratom, um ákvörðun grunnöryggisstaðla til verndar heilsu almennings og starfsmanna vegna hættu af völdum jónandi geislunar, hér eftir kölluð tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom, og sú seinni nr. 97/43/Euratom, geislavarnaleiðbeiningar vegna læknisfræðilegrar notkunar jónandi geislunar, hér eftir kölluð tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom. Báðar þessar tilskipanir tóku gildi 13. maí 2000. Rétt þótti því að bíða með endurskoðun laga nr. 117/1985, um geislavarnir, þar til útfærslur aðildarlanda Evrópusambandsins, einkum Danmerkur og Svíþjóðar, lægju fyrir.

Notkun jónandi geislunar á Íslandi er fyrst og fremst innan heilbrigðiskerfisins. Áherslur í rekstri og starfsemi Geislavarna ríkisins taka mið af því. Röntgentæki í heilbrigðiskerfinu eru um 485, þar af um 330 hjá tannlæknum. Geislalækningatæki eru fimm. Geislavirk efni eru notuð á rúmlega 30 stöðum, þar af rúmlega 20 í heilbrigðiskerfinu. Geislatæki annars staðar en í heilbrigðiskerfinu eru rúmlega 80 á um 40 stöðum. Haft er eftirlit með geislaálagi um 550 starfsmanna þar af eru rúmlega 500 í heilbrigðiskerfinu.

Annar þáttur starfseminnar er vöktun geislavirkra efna í matvælum og umhverfi, viðbúnaður og kjarnorkumál. Vegna vöktunarinnar eru tekin mörg hundruð sýni á ári hverju til mælinga. Vöktunin tekur til hafs (sjór, sjávarset, fiskur og þang), lands (jarðvegur og gróður) og andrúmslofts (loft og úrkoma) auk innlendra matvæla (mjólk og kjöt). Vöktunin er m.a. fjár-

mögnuð með greiðslu frá umhverfisráðuneyti. Rannsóknir í geislavistfræði beinast að tilfærslum á geislavirkum efnum í íslenskum vistkerfum. Þær eru m.a. fjármagnaðar með erlendum styrkjum.

Geislavarnir taka virkan þátt í viðbúnaðarstarfi Norðurlanda og starfrækja m.a. síritandi geislamælistöð á Rjúpnahæð.

Geislavarnir annast fyrir utanríkisráðuneytið samskipti við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina og taka þátt í starfi Eystrasaltsráðsins, m.a. varðandi framkvæmd samnings um miðlun upplýsinga um geislun.

Geislavarnir fara með framkvæmd samnings um bann við tilraunum með kjarnavopn og munu annast rekstur sjálfvirkrar mælistöðvar á Rjúpnahæð sem sendir upplýsingar um geislun daglega um gervihnött til Vínarborgar.

Stjórnskipulegt fyrirkomulag geislavarna á Norðurlöndum er með svipuðum hætti. Þar sem ekki eru kjarnorkuver (Danmörk, Noregur, Ísland) eru geislavarnastofnanirnar undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Geislavarnastofnun Finnlands er undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra hvað varðar geislavarnir og iðnaðarráðherra hvað varðar kjarnorku. Geislavarnastofnun Svíþjóðar sem og Kjarnorkueftirlitsstofnun Svíþjóðar eru báðar undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Helstu nýmæli í frumvarpinu eru sem hér segir:

1. Lögin taka einnig til ójónandi geislunar, starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrlega geislun, vöktunar og viðbúnaðar.
2. Geislavarnir ríkisins skulu halda skrá yfir niðurstöður eftirlits með geislaálagi starfsmanna.
3. Geislavarnir ríkisins skulu annast reglubundið mat á geislaálagi almennings af starfsemi sem lögin taka til, auk sérstaks mats á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun.
4. Geislavarnir ríkisins skulu afla og viðhalda faggildingu vegna ákveðinna þátta í starfsemi stofnunarinnar.
5. Geislavörnum ríkisins er heimilað að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.
6. Gert er ráð fyrir faglegri ráðgjafarnefnd í stað stjórnar Geislavarna ríkisins.
7. Gert er ráð fyrir tilkynningarskyldu í stað leyfis við innflutning geislatækja með jónandi geislun, t.d. röntgentækja.
8. Gert er ráð fyrir mati á gagnsemi og áhættu nýrra tegunda eða flokka starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð.
9. Gert er ráð fyrir að þeir sem starfa samkvæmt lögunum hafi viðbúnað og skipuleggi viðbrögð við geislaslysum.
10. Geislavörnum ríkisins er heimilað að krefjast fjarlægingar eða förgunar geislavirks efnis eða geislatækis sem ekki er lengur í notkun.
11. Gert er ráð fyrir sérstöku mati á gagnsemi og áhættu læknisfræðilegrar geislunar.
12. Gert er ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins taki þjónustugjald fyrir mat á umsóknum um leyfi til innflutnings og notkunar geislavirkra efna, svo og til uppsetningar og notkunar geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun.

Helstu breytingar í frumvarpinu frá núgildandi lögum eru sem hér segir:

1. Menntunarkröfum til forstjóra Geislavarna ríkisins er breytt. Nú verður í stað háskólaprófs í eðlisfræði og sérmenntunar og starfsreynslu á sviði geislavarna gerð krafa um háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar.
2. Gert er ráð fyrir aukinni áherslu Geislavarna ríkisins á vöktun og rannsóknir á geisla-

virkum efnum, viðbúnað við geisla- og kjarnorkuvá og samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála – er nú í reglugerð.
3. Gert er ráð fyrir aukinni áherslu á skyldur ábyrgðarmanna og innra eftirlit við starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð – er nú í reglugerð og reglum.
4. Gert er ráð fyrir aukinni áherslu á geislavarnir á vinnustöðum, m.a. hvað varðar menntun, starfsþjálfun og fræðslu – er nú í reglugerð og reglum.
5. Gert er ráð fyrir aukinni áherslu á gæðatryggingu og gæðaeftirlit við læknisfræðilega geislun – er nú í reglum.
6. Gert er ráð fyrir breyttum áherslum í eftirliti með geislavirkum efnum og geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun. Dregið verði úr tæknilegu eftirliti og skoðunum en aukin áhersla lögð á innra eftirlit notenda, gæðamál og mat á geislaálagi sjúklinga.
7. Gert er ráð fyrir gjaldi fyrir eftirlit í stað árlegs eftirlitsgjalds sem greitt er af öllum geislavirkum efnum og geislatækjum.
8. Gert er ráð fyrir auknum kröfum til þeirra sem annast viðgerðir og uppsetningu á geislatækjum – er nú að hluta í reglugerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um markmið með frumvarpinu, en það er að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Frumvarpið tekur til öryggisráðstafana vegna allrar geislunar, bæði jónandi og ójónandi, sem er breyting frá lögum nr. 117/1985, um geislavarnir. Þar er í 22. gr. heimild fyrir ráðherra til að ákveða að það sem segir í lögunum um jónandi geislun skuli einnig gilda um ójónandi geislun. Notkun ójónandi geislunar hefur aukist mjög undanfarin ár í heilbrigðiskerfi, iðnaði svo og fjarskiptum og afþreyingu ýmiss konar. Vitneskja hefur aukist um skaðsemi slíkrar geislunar svo og að þörf sé á sérstökum öryggisráðstöfunum vegna hennar. Geislavarnir vegna ójónandi geislunar eru mikilvægur þáttur í starfsemi geislavarnastofnana í öðrum löndum Evrópu.

Um 2. gr.

Þetta ákvæði fjallar um gildissvið frumvarpsins og svarar efnislega til 3. gr. núgildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom.

Frumvarpið gildir um öryggisráðstafanir við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun fólks, svo og við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrlega geislun frá umhverfinu. Dæmi um slíka starfsemi er flugrekstur.

Frumvarpið tekur þannig til öryggisráðstafana gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum nema þeirra sem öðrum er falið að annast samkvæmt alþjóðasamningum.

Frumvarpið gildir einnig um vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í umhverfi og matvælum. Einkum er átt við mælingar á geislavirkni og túlkun á niðurstöðum slíkra mælinga, t.d. varðandi tilfærslu geislavirkra efna í íslenskum vistkerfum. Sjá nánar athugasemd við 5. gr.

Frumvarpið tekur til geislunarlegra þátta í viðbúnaði við geisla- og kjarnorkuvá. Einkum er átt við þá þætti viðbúnaðar sem snúa að rekstri mælistöðva fyrir geislun, mati og mælingum á geislun og geislavirkni, áhrifum geislunar og hugsanlegum gagnaðgerðum auk þátttöku í alþjóðlegum viðbúnaði og viðbúnaðaræfingum. Sjá nánar athugasemd við 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreiningar á þeim sértæku hugtökum sem fram koma í lagatextanum. Skilgreiningarnar eru í samræmi við skilgreiningar í tilskipunum Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom og 97/43/Euratom.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 4. og 5. gr. núgildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins verði áfram sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Það er eðlilegt þar sem notkun geislunar á Íslandi er fyrst og fremst innan heilbrigðiskerfisins og notkun í læknisfræði vegur þyngst í geislaálagi Íslendinga. Það er einnig í samræmi við stjórnskipulegt fyrirkomulag geislavarna í Danmörku og Noregi svo dæmi sé tekið. Ýmis verkefni stofnunarinnar snúa einnig að þáttum sem lúta að öðrum ráðuneytum, einkum umhverfisráðuneyti (vöktun), utanríkisráðuneyti (alþjóðasamningar og -stofnanir) svo og dómsmálaráðuneyti (viðbúnaður).

Í 2. mgr. er fjallað um menntun, verksvið og ábyrgð forstjóra Geislavarna ríkisins. Menntunarkröfu til forstjóra er breytt og er nú gerð krafa um háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Áður var krafist viðurkennds háskólaprófs á sviði eðlisfræði og sérmenntunar og starfsreynslu á sviði geislavarna er heilbrigðisyfirvöld meta gilda. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að sérstök stjórn verði yfir Geislavörnum ríkisins eins og nú er heldur að forstjóri fari með stjórn stofnunarinnar og beri ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum rekstri hennar. Þetta er í samræmi við þá stefnu ráðuneytisins að gera ábyrgð forstjóra gagnvart ráðuneyti skýrari og fela þeim þá ábyrgð sem stjórnir höfðu áður. Það er einnig í samræmi við álit nefndar fjármálaráðuneytis um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana.

Um 5. gr.

Í greininni eru talin upp verkefni Geislavarna ríkisins. Auk verkefna skv. 7. gr. núgildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir, eru tiltekin verkefni sem varða vöktun og viðbúnað og nú eru efnislega í 2. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Loks er að finna nokkur ný verkefni í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins. Verkefni Geislavarna ríkisins samkvæmt frumvarpinu eru í samræmi við verkefni geislavarnastofnana annars staðar í Evrópu.

Fyrsti töluliður 1. mgr. um eftirlit og umsjón með lögunum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim er tekinn orðrétt úr 5. tölul. 7. gr. laga nr. 117/1985 og 2. tölul. 1. mgr. um hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögunum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim er tekinn orðrétt úr 3. tölul. 7. gr. laganna.

Fyrri hluti 3. tölul. 1. mgr. um eftirlit með geislaálagi starfsmanna svarar efnislega til 2. tölul. 7. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, en í síðari hluta er nýmæli þess efnis að stofnunin skuli með formlegum hætti halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislaálagi starfsmanna, sbr. 28. og 29. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/ Euratom. Nánar er kveðið á um skrá þessa í 14. gr. frumvarpsins og er vísað til athugasemda við þá grein. Einstaklingsbundið eftirlit með geislaálagi fer þannig fram að starfsmaður ber mælifilmu og/eða mæliflögu við daglegt starf sitt. Geislun á mælifilmu og/eða mæliflögu hvers starfsmanns er síðan metin hjá Geislavörnum ríkisins á tveggja mánaða fresti. Einnig er hægt að meta geislaálag starfsmanna með mælingum á geislun í vinnuumhverfi.

Í 4. tölul. 1. mgr. er fjallað um reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings vegna starfsemi sem frumvarpið tekur til. Hér er bæði átt við geislaálag vegna notkunar geislunar

í læknisfræði og annarrar notkunar, svo sem í iðnaði o.fl. Þetta er nýtt verkefni í samræmi við 14. og 15. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom.

Í 5. tölul. 1. mgr. er sérstaklega kveðið á um að Geislavarnir ríkisins skuli meta reglubundið geislaálag sjúklinga vegna læknisfræðilegrar geislunar. Það er nýtt verkefni í samræmi við 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom.

Í 6. tölul. 1. mgr. er fjallað um vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í matvælum og umhverfi. Hér er um að ræða kerfisbundnar rannsóknir á tilkomu, styrk og flutningi geislavirkra efni í matvælum og umhverfi, svo og vöktun vegna þessa. Mikilvægt er að til sé vöktunarkerfi þar sem fylgst er með magni og styrk geislavirkra efna, m.a. í sjávarafurðum, en viðskiptalönd Íslands hafa í æ ríkari mæli óskað eftir vottorðum um hreinleika íslensks sjávarfangs og landbúnaðarafurða hvað þetta varðar. Geislavarnir vinna að þessu verkefni í samvinnu við marga aðila, þar á meðal Hollustuvernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunina, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Veðurstofuna. Á ári hverju er geislavirkni mæld í hundruðum sýna af sjó, sjávarfangi, þangi, seti, jarðvegi, gróðri, kjöti, mjólk, lofti og úrkomu. Sjá einnig athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Sjöundi töluliður 1. mgr. um fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk sem vinnur við geislun, svo og upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla, svarar efnislega til 1. tölul. 7. gr. laga nr. 117/1985 með þeirri breytingu að fræðslan tekur einnig til starfsfólks sem vinnur við ójónandi geislun og er það í samræmi við markmið laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir er lögð rík áhersla á nauðsyn þess að tryggja að þeir sem vinna við geislun hafi viðeigandi menntun og þekkingu. Upplýsingagjöf til almennings og fjölmiðla er afar mikilvægt verkefni í ljósi aukinnar umfjöllunar fjölmiðla og áhuga almennings.

Áttundi töluliður 1. mgr. um rannsóknir á sviði geislavarna er tekinn orðrétt úr 4. tölul. 7. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Það eru einkum rannsóknir sem varða læknisfræðilega notkun geislunar eða tengjast viðbúnaði, sbr. 9. tölul., sem átt er við.

Í 9. tölul. 1. mgr. er fjallað um geislunarlegan þátt viðbúnaðar vegna geisla- og kjarnorkuvár, svo sem starfrækslu viðbúnaðar- og geislamælikerfa. Viðbúnaðurinn felst meðal annars í nánu samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Hluti af samskiptum við erlenda aðila er vegna formlegra skuldbindinga á þessu sviði. Sjá einnig athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Í 10. tölul. 1. mgr. er fjallað um samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála. Mjög mikilvægt er að gott samræmi sé landa á milli um túlkun og framkvæmd reglna og leiðbeininga er lúta að geislavörnum. Geislavarnir ríkisins hafa um árabil verið virkur þátttakandi í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Uppbygging geislavarna hérlendis hefur notið góðs af því.

Í 11. tölul. 1. mgr. er fjallað um önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og heimild ráðherra til að fela stofnuninni önnur verkefni á sviði geislavarna.

Í 2. mgr., sem svarar til 8. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, er heimild til ráðherra að fela Geislavörnum ríkisins að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum er lögin fjalla um. Dæmi um slíkt gæti verið notkun ómunar (úthljóðs) og segulómunar við læknisfræðilega greiningu.

Gert er ráð fyrir því í 3. mgr. að Geislavarnir undirbúi, sæki um og viðhaldi faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast. Faggilding er mikilvægt tæki til þess að staðfesta hæfni til sérhæfðra verkefna, svo sem mælinga á geislavirkni, t.d. í umhverfi og matvælum. Mæligögn sem lögð eru fram á alþjóðlegum vettvangi, t.d. yfirlýs-

ingar um geislavirk efni í matvælum, geta þótt ótrúverðug ef stofnunin sem þau gefur út hefur ekki faggildingu til þeirra mælinga sem liggja til grundvallar yfirlýsingunni. Það er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að fá faggildingu. Einnig nokkuð tímafrekt og kostnaðarsamt að viðhalda henni. Faggilding er forsenda þess að hægt sé að gefa út formleg vottorð, t.d. vegna geislavirkra efna í matvælum. Þess vegna verður faggilding vegna mælinga á gammageislun fyrsta verkefni stofnunarinnar á þessu sviði en útflytjendur sjávarafurða fá í hverjum mánuði tugi slíkra yfirlýsinga hjá stofnuninni. Faggilding vegna annarra þátta en sérhæfðra mælinga er ekki fyrirsjáanleg nema þá helst til eftirlits með geislaálagi starfsmanna. Um faggildingu fer samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu.

Loks er í 4. mgr. heimildarákvæði þannig að stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir. Einnig er gerð krafa í 5. mgr. um að þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skuli láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að matið skv. 4. og 5. tölul. 1. mgr. verði eins raunhæft og kostur er.

Um 6. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir skipun geislavarnaráðs sem í sitji fimm menn með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar og verði þeir ráðgjafar stofnunarinnar um fagleg málefni hennar. Gert er ráð fyrir að kostnaður við geislavarnaráðs verði sambærilegur kostnaði við núverandi stjórn Geislavarna ríkisins þrátt fyrir að ráðsmenn verði fimm í stað þriggja samkvæmt núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Ákvæðið svarar til 10. og 11. gr. núgildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir, svo og 3., 4. og 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Leyfisskylda til innflutnings, framleiðslu, eignar, geymslu, afhendingar og förgunar geislavirkra efna óháð því hvort þau eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki tryggir fullnægjandi vitneskju um öll geislavirk efni sem eru flutt til landsins. Ákvæðið nær þannig einnig til lækningatækja sem innihalda geislavirk efni. Samkvæmt 11. gr. gildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir, er það ráðherra sem veitir leyfi skv. 10. gr. en felur framkvæmd þess Geislavörnum ríkisins. Hér er ferlið einfaldað um leið og tekið er tillit til tækniframfara. Stofnuninni ber að gæta ákvæða stjórnsýslulaga við leyfisveitingar og samkvæmt þeim lögum eru slíkar ákvarðanir kæranlegar til ráðherra. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði í 3. og 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Undanþágur frá leyfisveitingum munu svara til undanþáguákvæða í tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29. Innflutningur geislatækja sem framleiða jónandi geislun, fyrst og fremst röntgentækja, er ekki lengur leyfisskyldur heldur tilkynningarskyldur. Það er í samræmi við framkvæmd geislavarna innan Evrópusambandsins. Mikilvægt er að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja sem nýta ójónandi geislun sé leyfisskyldur, t.d. ef bregðast þarf við nýjum upplýsingum um skaðleg áhrif geislunarinnar.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar um mat á gagnsemi og áhættu er eitt grunnatriða geislavarna. Ákvæðið er nýmæli og svarar til 6. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Skaðleg áhrif jónandi geislunar eru þekkt. Því þarf að meta nýja tegund eða flokk starfsemi þar sem geislun er notuð með hliðsjón af gagnsemi hennar umfram hugsanlega skaðsemi áður

en starfsemin hefst. Þegar um læknisfræðilega geislun er að ræða er lögð áhersla á mat landlæknis. Með nýrri tegund starfsemi er ekki átt við viðbót við starfsemi sem þegar fer fram. Notkun jónandi geislunar til sjúkdómsgreiningar og lækninga er dæmi um starfsemi sem oftast hefur ótvírætt gagn í för með sér bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og þjóðfélagið í heild umfram þá áhættu sem geisluninni fylgir. Dæmi um starfsemi sem ekki er réttlætanleg er framleiðsla matvæla, skrautmuna og snyrtivara þar sem geislavirkum efnum er vísvitandi blandað í framleiðsluna.

Mikilvægt er að starfsemi sem þegar fer fram sé endurskoðuð þegar fyrir liggja nýjar upplýsingar um gagnsemi eða afleiðingar hennar.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði svarar til 19. gr. núgildandi laga um geislavarnir, nr. 117/1985, og er í samræmi við 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Gerðar eru margvíslegar kröfur um geislavarnir vegna notkunar jónandi geislunar og er leyfisveiting háð því að þær séu uppfylltar. Stofnuninni ber að gæta ákvæða stjórnsýslulaga við leyfisveitingar og samkvæmt þeim lögum eru slíkar ákvarðanir kæranlegar til ráðherra. Mikilvægt er að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja sem nýta ójónandi geislun sé leyfisskyldur, t.d. ef bregðast þarf við nýjum upplýsingum um skaðleg áhrif geislunarinnar eða ef notkunin er á almannafæri eða skemmtistöðum.

Um 10. gr.

Ákvæðið um ábyrgð eiganda og skipan ábyrgðarmanns svarar til 20. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Það er í samræmi við 23. og 47. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Krafan um innra eftirlit er nýmæli og svarar til 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom og 38. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom.

Eigandi skipar ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á geislavörnum vegna starfseminnar en endanleg ábyrgð hvílir hjá eiganda. Ábyrgðarmaður ber þannig ábyrgð á að starfsemin hvað geislavarnir varðar sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Með innra eftirliti er átt við framkvæmd viðeigandi áætlana sem tryggja fullnægjandi geislavarnir og árangursríka notkun jónandi geislunar. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að í reglugerð verði heimilt að gera kröfur um menntun og reynslu þeirra sem skipaðir eru ábyrgðarmenn í samræmi við umfang þeirrar starfsemi sem um er að ræða á hverjum stað, svo og að kveða á um skyldur þeirra og framkvæmd innra eftirlits.

Um 11. gr.

Ákvæðið, sem er nýtt, svarar til 48.–53. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Geislaslys og óhöpp geta átt sér stað og því rétt að gera kröfu um skipulagningu á því hvernig brugðist skuli við í slíkum tilfellum. Jafnframt að tryggja að sérstakir áhættuþættir séu þekktir. Umfang og eðli starfseminnar ræður því hversu umfangsmikil viðbrögð þarf að skipuleggja og því rétt að Geislavarnir ríkisins setji nánari reglur þar um. Tafarlaus tilkynningarskylda um óhöpp og slys er einnig lögð á notendur samkvæmt þessu ákvæði auk þess sem gerð er krafa um að þeir leggi frummat á hugsanlegar afleiðingar og geri allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka afleiðingarnar.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði svarar til 4., 5. og 44. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Það svarar einnig til 14.–16. gr. í reglugerð nr. 356/1986 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Geislavarnir ríkisins hafa sett reglur um geymslu, flutninga og förgun á geislavirkum efnum á grundvelli reglugerðarinnar en rétt þykir að festa slíkar reglur í sessi með beinni tilvísun í lög. Ákvæðið gerir einnig ráð fyrir því nýmæli að Geislavarnir ríkisins geti krafist förgunar eða fjarlægingar á geislavirkum efnum og geislatækjum sem ekki eru í notkun og jafnvel framkvæmt hana á kostnað eigenda.

Um 13. gr.

Ákvæði í þessari grein svara til 6., 14., 18.–22., 40.–42. og 47. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom. Þau svara einnig til 24.–26. gr. í reglugerð nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Geislavarnir hafa sett ýmsar reglur með stoð í reglugerðinni en rétt þykir að styrkja þær í sessi með beinni tilvísun í lög.

Í 1. mgr. er vísað til markmiðs laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þess efnis að öll geislun sem starfsmenn og almenningur verður fyrir vegna notkunar geislunar í þjóðfélaginu skuli vera eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahagslegra og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Í 2. mgr. er ítrekað að allar aðgerðir til þess að verja starfsmenn og aðra gegn jónandi geislun skuli vera í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða. Einnig er kveðið á um eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og að menntun og þjálfun starfsmanna skuli vera í samræmi við þær kröfur sem starfsemin gerir til starfsmanna.

Í 3. mgr. er fjallað um starfsemi sem getur valdið því að starfsfólk verður fyrir aukinni náttúrlegri jónandi geislun frá umhverfinu. Þetta er nýmæli og á fyrst og fremst við um áhafnir flugvéla en flugliðar verða fyrir aukinni geimgeislun við störf sín, svo mjög að þörf getur verið á sérstökum öryggisráðstöfunum vegna þess, sbr. 40.–42. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ákvæðið verði nánar útfært með reglugerð um geislavarnir á vinnustöðum. Þar eru nefnd mörg atriði sem nánar verði útfærð í reglugerðinni.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, og svarar til 28. og 29. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom, er vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, um skráningu á niðurstöðum eftirlits Geislavarna ríkisins með geislun starfsmanna sem vinna við jónandi geislun. Um er að ræða nauðsynlegt ákvæði sem tryggir leynd persónuupplýsinga. Jafnframt er tilgreint hversu lengi skal geyma upplýsingar í skránni. Einstaklingsbundið eftirlit með geislaálagi fer þannig fram að starfsmaður ber mælifilmu og/eða mæliflögu við daglegt starf sitt. Geislun á mælifilmu og/eða mæliflögu hvers starfsmanns er síðan metin. Einnig er hægt að meta geislaálag starfsmanna með mælingum á geislun í vinnuumhverfi. Ef starfsmaður verður fyrir geislun vegna slyss eða óhapps, svo og ef starfsmaður verður fyrir geislun við björgunarstörf, þarf að meta og skrá sérstaklega slíkt geislaálag og aðstæður og aðgerðir sem gripið var til í þeim tilgangi að draga úr geisluninni.

Aðgang að niðurstöðum eftirlitsins þarf að takmarka og er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur þar um. Það er í samræmi við 29. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom.

Um 15. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, svarar að hluta til 20. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Á grundvelli 20., 21. og 25. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun, hafa Geislavarnir ríkisins sett reglur um geislavarnir við læknisfræðilega geislun en rétt þykir að festa þær í sessi í lögum. Ákvæðið byggist á 3.–5. og 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er það eigandi tækja og efna sem skipar ábyrgðarmann. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á framkvæmd sérhverrar læknisfræðilegrar geislunar og skal sjá til þess að þeir einir framkvæmi slíka geislun sem hafa til þess viðurkennda menntun. Ábyrgðarmaður við læknisfræðilega geislun þarf að meta réttlætingu við sérhverja læknisfræðilega notkun geislunar og meta þannig gagnsemi hennar miðað við hugsanleg skaðleg áhrif og hvort unnt er að nota aðrar aðferðir til þess að ná markmiðinu með geisluninni. Einnig þarf ábyrgðarmaður að tryggja að sú geislun sem notuð er sé ekki meiri en nauðsyn krefur að teknu skynsamlegu tilliti til markmiðs geislunarinnar og aðstöðu, tækja og búnaðar þar sem hún er framkvæmd.

Til þess að tryggja að öll framkvæmd læknisfræðilegrar geislunar sé með þeim hætti að gagnsemin sé sem mest samhliða sem minnstri geislun á sjúklinga og aðra er gerð krafa um viðeigandi gæðatryggingu og gæðaeftirlit við starfsemina.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari reglur um geislavarnir við læknisfræðilega geislun og framkvæmd áætlana um gæðatryggingu og gæðaeftirlit.

Um 16. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða 27. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Þykir rétt að festa það í sessi í lögum.

Um 17. gr.

Ákvæðið svarar til 15. gr. núgildandi laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og 44. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 96/29/Euratom og 8. og 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom. Með eftirliti Geislavarna ríkisins er átt við eftirlit með geislaálagi starfsmanna, skoðun á geislatækjum og geislavirkum efnum, sem og búnaði og aðstöðu þar sem slík tæki og efni eru notuð. Áherslan hefur færst frá tæknilegu eftirliti og skoðun á efnum og tækjum til víðtæks eftirlits með notkun tækja og efna. Nú er einkum lögð áhersla á úttektir á notkun geislavirkra efna og geislatækja svo og á framkvæmd innra eftirlits notenda, aðstoð við framkvæmd gæðaeftirlits, svo og mat og úttektir á geislaálagi sjúklinga og almennings, auk fræðslu, leiðbeininga og ráðgjafar um allt er lýtur að geislavörnum og framkvæmd laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim.

Markmið eftirlitsins er einkum tvíþætt. Annars vegar að tryggja sem árangursríkasta notkun geislunar þannig að gagnsemin sé sem mest samhliða eins lítilli geislun á fólk og unnt er að teknu tilliti til tilgangs geislunarinnar og með skynsamlegu tilliti til aðstæðna. Hins vegar að tryggja að öll starfsemi, búnaður og aðstaða sem lögin gilda um sé í samræmi við lögin, reglugerðir eða reglur settar samkvæmt þeim.

Nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlitsins verði sett með reglugerð.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði er nær samhljóða 16. og 17. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og í samræmi við 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/43/Euratom. Það veitir Geislavörnum

ríkisins mikilvæga heimild til þess að krefjast úrbóta og stöðva frekari notkun geislatækja eða geislavirkra efna ef kröfum stofnunarinnar um lagfæringar er ekki sinnt innan tiltekins frests. Einnig er stofnuninni heimilað ef öryggisbúnaði er stórlega ábótavant að stöðva frekari notkun þar til lagfæringar hafa verið gerðar.

Um 19. gr.

Ákvæðið svarar að hluta til 9. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir. Áfram er gert ráð fyrir innheimtu gjalds vegna eftirlits Geislavarna ríkisins, sbr. athugasemdir við 17. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að eðli eftirlitsins hafi breyst mjög á undanförnum árum. Þannig hefur dregið úr mikilvægi beins eftirlits og skoðunar á geislavirkum efnum og geislatækjum sem árleg eftirlitsgjöld taka mið af, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Áherslur í geislavörnum eru nú fremur mat á notkun geislunar og geislaálagi sjúklinga, gæðamál og innra eftirlit notenda, svo og fræðsla og ráðgjöf og annað því tengt. Rétt þykir að kostnaður vegna þessara þátta í starfsemi Geislavarna ríkisins sé greiddur úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir skoðun og beinu eftirliti með röntgentækjum á 2–5 ára fresti en á 2–3 ára fresti hvað varðar geislavirk efni. Því þykir ekki rétt að halda áfram innheimtu sérstaks árlegs eftirlitsgjalds vegna geislatækja og geislavirkra efna sem leyfi þarf fyrir heldur eingöngu innheimta gjald fyrir beint eftirlit og skoðun. Frumvarpið gerir ráð fyrir innheimtu gjalds vegna mats á umsókn um innflutning og notkun geislavirkra efna svo og uppsetningu og notkun geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun. Þá er áfram gert ráð fyrir innheimtu gjalds vegna eftirlits með geislaálagi starfsmanna. Breyting á fyrirkomulagi eftirlitsgjalda hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð er nemur um tveimur milljónum króna. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð gjaldskrá vegna eftirlitsins að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins og að gjaldið taki mið af kostnaði við eftirlitið.

Um 20. gr.

Þetta ákvæði svarar til 14. og 21. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir, og 17., 18. og 22. gr. reglugerðar nr. 356/1986, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun.

Í 1. mgr. kemur fram að uppsetning geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun og breyting á slíkum tækjum með tilliti til geislunar sé háð leyfi stofnunarinnar og að eigi megi hefja framkvæmdir fyrr en leyfi er fengið. Miklu skiptir að öryggiskröfur séu uppfylltar þegar geislatæki eru sett upp og því gerðar ákveðnar kröfur, m.a. til fyrirhugaðs húsnæðis, þegar leyfi til uppsetningar er veitt. Stofnuninni ber að gæta ákvæða stjórnsýslulaga við leyfisveitingar og samkvæmt þeim lögum eru slíkar ákvarðanir kæranlegar til ráðherra.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að Geislavarnir ríkisins geri kröfur um þekkingu og reynslu þeirra sem gera við, setja upp og breyta geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun. Það er gert til að tryggja öryggi þeirra sjálfra sem og starfsmanna sem tækin nota, sjúklinga og almennings.

Samkvæmt 3. mgr. er sú skylda lögð á þessa aðila að þeir gangi úr skugga um að öryggisbúnaðurinn uppfylli settar reglur og tilkynni Geislavörnum ríkisins ef svo er ekki.

Um 21. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og starfsemi Geislavarna ríkisins. Ákvæðið gerir einnig ráð fyrir að áfram verði innheimt gjald vegna þjónustumælinga, t.d. á geislavirkni, og yfirlýsinga/vottorða þar að lútandi, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji með reglu-

gerð gjaldskrá fyrir þjónustumælingar og yfirlýsingar/vottorð að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins.

Um 22. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2002 en að ákvæði er fjalla um ójónandi geislun, faggildingu og viðbúnað taki gildi 1. janúar 2003. Er þetta gert til að Geislavarnir ríkisins hafi ráðrúm til að undirbúa framkvæmd þessa nýja þáttar í starfsemi stofnunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um geislavarnir.

Tilgangur frumvarpsins er að endurskoða gildandi lög um geislavarnir, nr. 117/1985. Markmið endurskoðunarinnar er m.a. aðlögun íslenskrar löggjafar og framkvæmdar hennar að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir auk þess að taka mið af breyttum áherslum við framkvæmd geislavarna.

Eftirfarandi nýmæli í frumvarpinu gætu haft áhrif á kostnað ríkisins:

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að starfsemi Geislavarna ríkisins taki til ójónandi geislunar en samkvæmt gildandi lögum um geislavarnir er stofnuninni fyrst og fremst ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun. Notkun ójónandi geislunar frá örbylgjum og öðrum rafsegulbylgjum hefur aukist mikið undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að fjölga þurfi starfsmönnum um einn hjá stofnuninni vegna þessa verkefnis og er árlegur kostnaður áætlaður um 5 m.kr. Þá er talið að árleg kaup tækja, áhalda og viðhald þeirra komi til með að aukast um sem nemur 2 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að Geislavarnir ríkisins annist viðbúnað gegn geislun í kjölfar geisla- og kjarnorkuslysa sem felst m.a. í rekstri viðbúnaðar- og geislamælikerfa og nánu samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Miklar kröfur eru gerðar til rekstraröryggis þessara kerfa, svo og tölvukerfa sem tengjast þeim. Búast má við að stofnkostnaður verði um 2,5 m.kr. en árlegur rekstrarkostnaður 1,5 m.kr.

Í þriðja lagi kveður frumvarpið á um að Geislavarnir skuli undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna rannsóknaþátta og eftirlits sem stofnunin annast en faggilding er forsenda þess að hægt sé að gefa út formleg vottorð, t.d. vegna geislavirkra efna í matvælum. Auknar kröfur eru einnig gerðar um faggildingu opinberra stofnana sem allt í senn setja reglur, halda uppi eftirliti og gera kröfur um úrbætur. Stofnunin þarf því að breyta innra starfsskipulagi og aðskilja starfsþætti betur en gert hefur verið. Gert er ráð fyrir að vegna þessa þurfi að ráða einn starfsmann og að aukinn rekstrarkostnaður nemi 4 m.kr. á ári en á móti komi hagræðing af breytingunni.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að innheimt verði þjónustugjöld vegna veittrar þjónustu

Geislavarna ríkisins fremur en að innheimt verði sérstök eftirlitsgjöld eins og kveðið er á um í gildandi lögum og má búast við að tekjur stofnunarinnar lækki um 2 m.kr. vegna þessa.

Verði frumvarpið að lögum mun það leiða til um 14–15 m.kr. hækkunar rekstrargjalda ríkissjóðs á ári og stofnkostnaðar á fyrsta ári um 2,5 m.kr. eða alls um 17 m.kr. Í gildistökuákvæði frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi í ársbyrjun 2002. Hvað varðar þau ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað og faggildingu sem rakin eru í 1.–3. lið gerir frumvarpið ráð fyrir að þau öðlast gildi 1. janúar 2003.

Hins vegar er lagt til að í ársbyrjun 2002 komi til framkvæmda ákvæði um innheimtu þjónustugjalda í stað eftirlitsgjalda, sem rakið er í 4. lið. Árleg útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna þess ákvæðis er talin nema 2 m.kr. og mun heilbrigðisráðuneyti mæta þeim kostnaði innan útgjaldaramma ráðuneytisins með óskiptri fjárheimild sem er til ráðstöfunar á lið 08–379 Sjúkrahús, óskipt.

461. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Bolla Þór Bollason, Jón Guðmundsson, Erlu Pétursdóttur og Tómas N. Möller frá fjármálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Guðmund Guðbjarnason, Ingvar J. Rögnvaldson og Braga Gunnarsson frá ríkisskattstjóra, Rannveigu Sigurðardóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigríði Andersen og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Finn Sveinbjörnsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Guðmund Snorrason frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Stefán S. Guðjónsson og Guðrúnu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Ragnar Guðmundsson frá Norðuráli hf., Bernhard Bogason frá KPMG, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þórð Friðjónsson, Magnús Harðarson, Stefán Þór Jansen og Vilhjálm Bjarnason frá Þjóðhagsstofnun, Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Önnu Skúladóttur frá Reykjavíkurborg, Karl Steinar Guðnason, Ragnar M. Gunnarsson og Ágúst Þór Sigurðsson frá Tryggingastofnun ríkisins, Skúla E. Þórðarson, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Stefán Svavarsson frá reikningsskilaráði, Gest Steinþórsson, skattstjóra í Reykjavík, og Sigmund Stefánsson, skattstjóra á Reykjanesi. Umsagnir bárust um málið frá Akraneskaupstað, Norðuráli hf., skattstofu Reykjanesumdæmis, Mosfellsbæ, Samtökum fjárfesta og sparifjáreigenda, skattstofu Reykjavíkur (sameiginleg umsögn skattstjóra), Kópavogsbæ, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Verslunarráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, KPMG og fleiri endurskoðunarskrifstofum, Þjóðhagsstofnun, Samtökum ferða-

þjónustunnar, Samtökum atvinnulífsins, Öryrkjabandalagi Íslands, Pétri H. Blöndal, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sveitarfélaginu Árborg, reikningsskilaráði, Seðlabanka Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Neytendasamtökunum, Samtökum verslunarinnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, fjölskylduráði, Bændasamtökum Íslands og Landssambandi sumarhúsaeigenda. Viðbótargögn bárust einnig frá fjármálaráðuneyti, ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun.

Í frumvarpinu eru stigin stór skref til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt auk þess sem gerðar eru breytingar á nokkrum öðrum lögum í tengslum við þær og ljóst að breytingarnar munu hafa veruleg áhrif á fjárhag ríkis og sveitarfélaga. Fyrirhuguðum skattalagabreytingum má skipta í tvennt, annars vegar þær sem varða einstaklinga og hins vegar þær sem varða fyrirtæki. Tekju- og eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja munu lækka auk þess sem frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga verða hækkuð, en á móti kemur hækkun á almennu tryggingagjaldi. Skattskylda húsaleigubóta fellur einnig niður. Gert er ráð fyrir að verðbólguleiðréttingar í skattskilum og reikningsskilum verði afnumdar, en með því að falla frá verðleiðréttum skattskilum verður í raun farið að skattleggja nafnverðsafkomu í stað raunverðsafkomu sem getur á verðbólgutímum leitt til hugsanlegrar ofsköttunar. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa eigur einstaklings í atvinnurekstri yfir í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið sjálft þannig að einstaklingar í atvinnurekstri geta breytt um rekstrarform án þess að til skattlagningar söluhagnaðar komi við sjálfa yfirtökuna.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu en þær tengjast að mestu leyti ákvæðum þess varðandi reiknað endurgjald og lífeyrisréttindi:

1. Lagt er til að bætt verði við 2. og 3. gr. frumvarpsins ákvæðum þess efnis hvað skuli talið til tekna og skattskyldra gjafa, en skv. 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félags eða móðurfélags lán eða setja tryggingu fyrir þá. Í skattframkvæmd mun nokkuð hafa borið á slíkum lántökum og tilhneiging virðist hafa verið til að úthluta fjármunum til eigenda í formi láns án þess að burðir séu í reynd til endurgreiðslu fyrr en skattstjóri gerir athugasemd við hina ólögmætu lánveitingu. Meiri hlutinn leggur því til að slík lán verði meðhöndluð í skattalegu tilliti með sama hætti og tíðkast í skattalöggjöf nágrannalandanna. Þá leggur meiri hlutinn til að á sama hátt verði farið með úthlutun verðmæta úr félagi til starfsmanna þess ef úthlutunin fer í bága við lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög.
2. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skattalegri meðferð á iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda. Meiri hlutinn leggur til breytingu á 17. gr. þess efnis að viðmiðunaraldur við mat á áunnum réttindum verði áfram 65 ár, eins og verið hefur, í stað 67 ára eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að við mat á framtíðarréttindum skuli miðað við að greiðslur myndi lífeyrisréttindi sem nemi 1,2% af meðallaunum síðustu fimm ára, en sú hlutfallstala svarar til þeirrar ávinnslu réttinda sem mundi leiða af samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 1995 miðað við að greitt væri í lífeyrissjóð til 65 ára aldurs.
3. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 19. gr. frumvarpsins þess efnis að nánar verði kveðið á um hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt varðandi frádráttarbærni arðs sem innlent hlutafélag fær frá erlendu hlutafélagi. Í því sambandi er fyrst og fremst horft til þess skatthlutfalls sem almennt er lagt á hagnað hlutafélaga í einstökum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD). Með almennu skatthlutfalli er átt við

samanlagt skatthlutfall sem lagt er á hagnað félagsins hjá ríki og sveitarfélögum. Meiri hlutinn lítur svo á að með því að setja þessi skilyrði verði komið í veg fyrir að innlendir aðilar sem hafa valið að setjast að í erlendum skattavinjum búi við betri skattskilyrði en íslenskir aðilar.

4. Lagt er til að 23. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að kostnaðarverð eigna eða eignasamstæðna sem heimilt er að færa til gjalda að fullu á því ári þegar þeirra er aflað verði hækkað úr 150.000 kr., eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, í 250.000 kr.
5. Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á 27. gr. frumvarpsins, en þær eru gerðar til að auðveldara sé að beita ákvæðum hennar í uppgjöri og bókhaldi þegar eigur einstaklings í atvinnurekstri eru færðar yfir í einkahlutafélag. Þannig telur meiri hlutinn að sú framkvæmd sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að efnahagsreikningur einstaklingsrekstrar liggi fyrir sama dag og hann er miðaður við og jafnframt að einkahlutafélagið skuli stofnað sama dag, sé ógerleg. Því er lagt til að efnahagsreikningur einstaklingsrekstrar verði gerður í árslok og hann verði jafnframt stofnefnahagsreikningur hins nýja einkahlutafélags. Einkahlutafélagið verður hins vegar ekki stofnað fyrr en þessi efnahagsreikningur liggur fyrir og verður stofnunin að hafa farið fram fjórum mánuðum síðar, eða ekki seinna en 1. maí á næsta ári eftir dagsetningu hans miðað við áramót. Jafnframt leggur meiri hlutinn til að það afbrigði í skattskilum verði heimilað að einkahlutafélag geti talið til tekna og gjalda í skattframtali sínu tekjur og gjöld einstaklingsrekstrar frá áramótum til stofndags einkahlutafélagsins og tekið tillit til breytinga á efnahagsreikningi sem af því leiðir. Félag sem stofnað er samkvæmt þessari heimild getur ekki tekið til starfa fyrr en það hefur verið skráð hjá hlutafélagaskrá sem einkahlutafélag og viðskipti sem hafa farið fram fyrir stofndag þess eru alfarið á ábyrgð eigandans. Þá skal endurskoðandi staðfesta það við stofnun félagsins að efnahagur þess hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda umfram gjaldfærð laun á þessu tímabili. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til telur meiri hlutinn að reglur um yfirfærslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag séu gerðar skýrari og auðveldari í framkvæmd.
6. Þá eru lagðar til breytingar á 28. gr. frumvarpsins sem fjallar um reiknað endurgjald manna með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en við nánari skoðun nefndarinnar á frumvarpstextanum vöknuðu efasemdir um að hann væri nægilega vel til þess fallinn að ná þeim markmiðum sem stefnt var að. Þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til miða að því að tryggja að einstaklingar sem eru með eigin atvinnurekstur og starfsmenn lögaðila sem hafa ráðandi stöðu hjá félögum reikni sér eðlilegt endurgjald sem sambærilegt er því sem gildir um sambærileg störf hjá ótengdum aðilum, en fyrrgreindir aðilar hafa oft sjálfdæmi um hvort tekjum þeirra er úthlutað sem launum eða fjármagnstekjum. Til að tryggja eðlilega skattframkvæmd er mikilvægt að ákvæði skattalaga um reiknað endurgjald séu þannig sett fram að endurgjald þessara aðila sé sambærilegt við þau laun sem þeir hefðu fengið fyrir sambærilegt starf hjá ótengdum aðila.
7. Meiri hlutinn leggur til tæknilega breytingu á 34. gr. frumvarpsins þess efnis að inn í upptalningu á atriðum sem frádráttarbær eru frá eignum verði bætt húsbréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði.
8. Þá leggur meiri hlutinn til að fyrirhuguð breyting skv. 39. gr. frumvarpsins falli brott, en í henni er gert ráð fyrir að erlendir aðilar setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum hér á landi. Meiri hlutinn telur þetta óeðlilegt fyrirkomulag og dregur í efa að það samræmist ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
9. Meiri hlutinn leggur til breytingar á 42. gr. frumvarpsins sem snúa annars vegar að yfir-

færslu einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag og hins vegar vaxtabótum og eignarsköttum. Um efnisatriði fyrra atriðisins vísast til umfjöllunar um breytingar á 27. gr. frumvarpsins, en þær breytingar sem snerta vaxtabætur og eignarskatta eru gerðar til þess að fjárhæðir sem nefndar eru í B-lið 69. gr. og 78. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hækki í samræmi við barnabætur.

10. Meiri hlutinn leggur til breytingu á 46. gr. frumvarpsins, en um hana vísast til skýringa á breytingum á 27. gr.
11. Einnig leggur meiri hlutinn til að inn í frumvarpið verði bætt heimild til að hefja rafræna staðgreiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er í reglum gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri setji þær kröfur sem hann gerir varðandi rafræn skýrsluskil, svo sem varðandi rafræna undirritun skýrslna. Mun vera að því stefnt að fyrstu rafrænu skýrsluskilin verði í febrúar 2002, þ.e. á fyrsta eindaga þess staðgreiðsluárs. Jafnframt mun vera stefnt að því að launagreiðendur geti flutt upplýsingar úr launabókhaldi sínu beint yfir á skilagreinar og sent á netinu ásamt greiðslu. Gera má ráð fyrir að af þessu hljótist umtalsvert hagræði bæði fyrir launagreiðendur og skattyfirvöld.
12. Loks leggur meiri hlutinn til breytingar á þeim ákvæðum frumvarpsins sem fjalla um breytingar á lögum um ársreikninga, en um þær vísast til skýringa á breytingum á 27. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

462. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, KHG, SAÞ, GunnB, HjÁ).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. orðast svo: Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
   b. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Til tekna sem laun teljast og lán til starfsmanna sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

c. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til skattskyldra gjafa teljast lán til hluthafa og stjórnarmanna sem eru óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

2. Við 3. gr. Við bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög. Ef úthlutun til annarra en starfsmanna er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. Ef slík úthlutun á sér stað til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, skal úthlutunin teljast til tekna hjá honum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.

3. Við 17. gr. B-liður orðist svo: 5. tölul. orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.

Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í 17 ár frá 65 ára aldri.

Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 65 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára og að greiðslurnar myndi lífeyrisréttindi sem nema 1,2% af fyrrgreindum meðallaunum fyrir hvert ár. Við útreikning áunninna réttinda í séreign skal miða við 3,5% vexti.

Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins.

4. Við 19. gr. C-liður orðist svo: Í stað 2. málsl. 8. tölul. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur samkvæmt þessari málsgrein er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD). Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

41. gr. laganna orðast svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

6. Við 27. gr.
   a. Í stað orðsins „allar“ í c-lið 1. mgr. komi: yfirfærðar.
   b. D-liður 1. mgr. orðist svo: Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Efnahagsreikninginn skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Jafnframt skal endurskoðandi staðfesta að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun félagsins. Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.
   c. 4. málsl. 2. mgr. orðist svo: Stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við.
7. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

   Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

   Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Við ákvörðun lágmarks endurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

   Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali. Skattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launagreiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun. Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við.

   Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Skattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum.

   Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
8. Við 34. gr. Greinin orðist svo:

   Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:
   a. Á eftir orðunum „Byggingarsjóði ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og Íbúðalánasjóði.

b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambærileg verðbréf gefin út af öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

9. Við 39. gr. Greinin falli brott.

10. Við 42. gr., sem verði 41. gr.
   a. Orðin „í efnahagsreikningi“ í B-lið (II.) b-liðar falli brott.
   b. A-liður E-liðar (V.) b-liðar orðist svo: 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.
   c. B-liður E-liðar (V.) b-liðar orðist svo: 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,75% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.

11. Við 46. gr., sem verði 45. gr. Greinin orðist svo:

Við 2. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um mann, maka hans eða barn sem skal reikna sér endurgjald vegna atvinnurekstrar eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

12. Á eftir 48. gr., sem verði 47. gr., komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (48. gr.)

Við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn skýrslu- og greiðsluskil vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

   b. (49. gr.)

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: 5. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

13. Á undan 49. gr., sem verði 51. gr., komi ný grein svohljóðandi:

Í stað orðanna „framreiknuðu kostnaðarverði“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: hækkuðu bókfærðu verði.

14. Við 49. gr., sem verði 51. gr. Greinin orðist svo:

25. gr. laganna orðast svo:

Ef raunvirði fastafjármuna er talið verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

15. Við 51. gr., sem verði 53. gr. 2. efnismgr. falli brott.

463. Fjáraukalög [128. mál]

fyrir árið 2001.

(Afgreidd frá Alþingi 5. des.)

Samhljóða þskj. 417 (sbr. 128) með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2001, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Skatttekjur	**-4.704,5**	**1.334,3**
Skattar á tekjur og hagnað	5.578,5	4.998,2
Tryggingagjöld	1.573,0	1.819,8
Eignarskattar	19,0	126,6
Skattar á vörur og þjónustu	-12.366,0	-6.041,3
Aðrir skattar	491,0	431,0
Aðrar rekstrartekjur	-161,1	705,1
Sala eigna	6.000,0	-10.500,0
Fjárframlög	16,0	16,0
Tekjur samtals	**1.150,4**	**-8.444,6**
Æðsta stjórn ríkisins	55,4	55,4
Forsætisráðuneyti	362,5	362,5
Menntamálaráðuneyti	1.216,5	1.165,5
Utanríkisráðuneyti	222,5	177,0
Landbúnaðarráðuneyti	255,6	255,6
Sjávarútvegsráðuneyti	66,0	66,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	427,4	427,4
Félagsmálaráðuneyti	-192,4	-192,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.773,2	3.018,2
Fjármálaráðuneyti	9.012,5	6.012,5
Samgönguráðuneyti	506,2	256,2
Iðnaðarráðuneyti	91,0	91,0
Viðskiptaráðuneyti	8,0	-10,8
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	62,7	62,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	1.090,0	1.470,0
Gjöld samtals	**14.957,1**	**13.216,8**
Tekjujöfnuður	**-13.806,7**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-13.806,7
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	13.088,3
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	-9.905,7
Viðskiptaskuldir (breyting)	-441,0
Handbært fé frá rekstri	**-11.065,1**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	-22.185,0
Veitt löng lán	-70,0
Afborganir veittra lána	-7.850,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-12.124,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	9.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-33.229,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-44.294,1**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	33.300,0
Afborganir lána	14.650,0
Fjármögnun samtals	**47.950,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	2.500,0
Breyting á handbæru fé	**6.155,9**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

1. Í stað orðanna „allt að 27.600 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 60.900 m.kr.

2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 3.900 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 3.970 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 150 m.kr.“ í lið 2.3 kemur: allt að 220 m.kr.

3. Á 3. tölul. verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 27.300 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 31.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 7.500 m.kr.“ í lið 3.4 kemur: allt að 5.000 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 2.600 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 3.540 m.kr.
   d. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.6 kemur: allt að 2.100 m.kr.
   e. Í stað orðanna „allt að 1.300 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 1.600 m.kr.
   f. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
      3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 780 m.kr., sbr. 62. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með áorðnum breytingum.

4. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
   5. Annað.
      Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs með sjálfskuldarábyrgð lántöku Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. til endurfjármögnunar allt að 2.500 m.kr.

Ýmis ákvæði.

Heimildir.

4. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001:

Breyting á heimildum:

Liður 2.31 í lögunum orðast svo: Að selja fasteignina Skólabrú 2, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu til fasteigna Alþingis.

Liður 5.4 í lögunum orðast svo: Að selja hlut ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja hluta af andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins.

Nýir liðir:

1.3 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

1.4 Að fella niður ábyrgðargjöld, skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, sem lögð voru á Íbúðalánasjóð fram að gildistöku laga nr. 70/2000 sem undanþiggja sjóðinn greiðslu gjaldsins.

2.36 Að selja Háeyrarvelli 36, Eyrarbakka.

4.58 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.

6.5 Að selja rannsóknaskipið Feng RE og ráðstafa andvirðinu til þróunaraðstoðar.

6.6 Að ráðstafa eignum sjúkrahússapóteksins við Hringbraut til Sjúkrahússapóteksins ehf.

6.7 Að selja ferjuna Fagranes og nota söluandvirðið til uppgjörs vegna Djúpbátsins hf.

7.30 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Skipulagsstofnun ríkisins.
7.31 Að kaupa flugskýli á Egilsstaðaflugvelli
7.32 Að kaupa jörðina Víðimýri í Skagafirði.
7.33 Að kaupa fasteignirnar Breiðöldu 5 og 7 á Hellu, Rangárvallasýslu, og nýta þær sem bráðabirgðahúsnæði vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi.

8.23 Að heimila, með samþykki menntamálaráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi til reksturs landskerfis fyrir bókasöfn.
8.24 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2001.
8.25 Að ráðstafa söluandvirði Kísiliðjunnar hf. í þágu atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit.
8.26 Að ráðstafa helmingi af hlut ríkissjóðs í úthlutuðu eigin fé Hitaveitu Suðurnesja til Eignarhaldsfélags Suðurnesja.
8.27 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og taka til þess nauðsynleg lán.
8.28 Að kaupa nýtt hlutafé í Íslenska járnblendifélaginu hf.

Sundurliðun 1.
Tekjur A-hluta.

Sundurliðun 1, **Tekjur A-hluta**, hljóðar svo:

		Rekstrar-grunnur m.kr.	Greiðslu-grunnur m.kr.
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	4.146,0	4.025,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	7,0	170,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	2.002,5	1.998,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**6.155,5**	**6.193,2**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-1.107,0	-1.725,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	530,0	530,0
	Skattar á tekjur og hagnað	**5.578,5**	**4.998,2**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	1.335,0	1.519,2
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	238,0	300,0
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**1.573,0**	**1.819,8**
	Tryggingagjöld	**1.573,0**	**1.819,8**

3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	11,0	11,0
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	45,0	102,6
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	-29,0	121,0
	Skattar á hreina eign	**16,0**	**223,6**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	193,0	193,0
4.4.1	Stimpilgjöld	-190,0	-290,0
	Eignarskattar	**19,0**	**126,6**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-9.720,0	-3.690,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	60,0	85,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-120,0	-120,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-2.250,0	-2.090,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-20,0	-20,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-598,0	-598,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-345,0	-180,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu	285,0	285,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	230,0	230,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	30,0	30,0
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-12.448,0**	**-6.068,0**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	-40,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	438,0	438
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	-45,0	-45,0
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	-2,5,0	-2,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-270,5	-275,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	2,0	2,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**82,0**	**26,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-12.366,0**	**-6.041,3**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	450,0	450,0
6.2.1	Sektir á skatttekjur	30,0	-30,0
	Aðrir skattar	**480,0**	**420,0**
	Skatttekjur, samtals	**-4.704,5**	**1.334,3**

II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	-20,0	450,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	-1.035,0	-1.035,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**-1.055,0**	**-585,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	1.974,7	1.203,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	-2.600,0	-920,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	1.920,0	1.320,0
	Aðrar eignatekjur	**1.294,7**	**1.603,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**239,7**	**1.018,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.–3.gr.) o.fl.	-455,0	-455,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-80,0	-80
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	365,0	365,0
9.1.3.17	Leiðaflugsgjöld vegna innanlandsflugs	-29,0	-29,0
9.1.3.35	Ýmislegt	-39,9	-33,9
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-20,0	-20,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-258,9**	**-252,9**
	Ýmsar tekjur	**-258,9**	**-252,9**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	-102,4	-80,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	5,5	65,0
	Sektir	**-96,9**	**-15,0**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	-45,0	-45,0
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**-161,1**	**705,1**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	6.000,0	-10.500,0
	Sala eigna, samtals	**6.000,0**	**-10.500,0**

V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-59,0	-59,0
1.8.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	75,0	75,0
	Fjárframlög, samtals	**16,0**	**16,0**
	Heildartekjur samtals:	**1.150,4**	**-8.444,6**

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun, **Fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

m.kr.

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 16,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,0

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 21,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,5

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 13,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,5

02-306 Framhaldsskóli Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,4

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,5

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 20,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	9,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,9

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	29,9
1.09 Önnur verkefni	1,1
Almennur rekstur samtals	31,0
Gjöld samtals	**31,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,0

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,3

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	11,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11,4

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	13,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	5,2
1.09 Önnur verkefni	0,3
Almennur rekstur samtals	5,5
Gjöld samtals	**5,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,5

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	8,5
1.09 Önnur verkefni	2,0
Almennur rekstur samtals	10,5
Gjöld samtals	**10,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,5

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	16,1

1.09 Önnur verkefni	0,9
Almennur rekstur samtals	17,0
Gjöld samtals	**17,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	3,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,9

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	25,8
1.09 Önnur verkefni	0,6
Almennur rekstur samtals	26,4
Gjöld samtals	**26,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	12,0
1.09 Önnur verkefni	1,2
Almennur rekstur samtals	13,2
Gjöld samtals	**13,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,2

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 3,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,9

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,4

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 16,2
1.09 Önnur verkefni 2,2
Almennur rekstur samtals 18,4

Gjöld samtals 18,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,2

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 2,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,1

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 46,8
1.09 Önnur verkefni 1,7
Almennur rekstur samtals 48,5

Gjöld samtals **48,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,5

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 10,7
1.09 Önnur verkefni 16,7
Almennur rekstur samtals 27,4

Gjöld samtals **27,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 0,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,7

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,8

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 365,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 365,0

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 54,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 54,0

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 44,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,0

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	2,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,4

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	14,8
1.13 Kirkjugarðasjóður	1,3
Almennur rekstur samtals	16,1
Gjöld samtals	**16,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,1

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	21,6
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	7,5
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	10,2
Almennur rekstur samtals	39,3
Gjöld samtals	**39,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,3

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:	
1.70 Vistheimilið Skálatúni	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	61,6
111 Fæðingarorlofssjóður	188,4
Almennur rekstur samtals	250,0
Gjöld samtals	**250,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	250,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	48,8
Sértekjur:	
Sértekjur	-61,6
Gjöld umfram tekjur	**-12,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-12,8

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	18,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,0
6.50 Nýbygging	18,0
Stofnkostnaður samtals	33,0
Gjöld samtals	**51,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,0

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.13 Jarðhitaleit 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

Sundurliðun 2.
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta.

Eftirfarandi liðir í 18. tölul., **Hafnamannvirki (10-335 6.70)**, í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta fjárlaga fyrir árið 2001 breytast og verða svohljóðandi:

	Þús. kr.
1. Snæfellsbær	42.300
2. Bolungarvík	800
3. Þórshöfn	1.300
4. Vopnafjörður	99.300
5. Fáskrúðsfjörður	1.900
6. Sandgerði	86.000

464. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samfylkingin telur mikilvægt að treysta starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnulífsins, m.a. með því að skattalegt umhverfi verði með því besta sem þekkist í alþjóðlegum samanburði til að örva nýsköpun og hagvöxt. Samfylkingin telur jafnframt að skattkerfið eigi að endurspegla jafnræði í skattlagningu og sanngirni í dreifingu skattbyrði, en því miður er langur vegur frá því að tillögur stjórnarflokkanna nái þeim markmiðum. Tillögurnar fela í sér veigamikla og alvarlega galla, sem fjöldi umsagnaraðila hefur mótmælt harðlega.

Helstu gallarnir eru að skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar fela m.a. í sér eftirfarandi:

- tilfærslu á skattbyrði af fjármagni yfir á vinnuafl og launatekjur,
- að stærri hluti heildarskattheimtu er fluttur yfir á einstaklinga,

- mismunun innan atvinnulífsins sem birtist í að þær gagnast aðallega stórfyrirtækjum sem skila hagnaði á kostnað lítilla fyrirtækja,
- landsbyggðarskatt, þar sem heilu landshlutarnir tapa,
- að láglaunafólk og lífeyrisþegar fá minnst í sinn hlut,
- aukna möguleika á skattasniðgöngu og tilfærslu á launatekjum yfir í arð og hagnað,
- tekjutap sveitarfélaga sem nemur um 1,5–1,8 milljörðum kr.

Skattaumhverfi fyrirtækja.

Helstu rök fyrir tillögum ríkisstjórnarinnar eru þau að verið sé að fylgja þróun hjá öðrum ríkjum og að halda forskoti, sem Ísland hefur haft til þessa. Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að tekjuskattshlutfall fyrirtækja sé nú rétt undir meðallagi OECD-ríkjanna. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur (sjá fylgiskjal I) um skattgreiðslur einstaklinga og fyrirtækja kemur þó í ljós að forskot Íslands er þegar verulegt á þessu sviði. Þar er upplýst að af 22 ríkjum OECD eru 14 með hærra skatthlutfall en Ísland og sömuleiðis að einungis fimm ríki njóta lægra skatthlutfalls. Það eru Svíþjóð, Noregur, Finnland sem eru með 28% skatt á hagnað fyrirtækja, Sviss með 28% og Írland með 20%.

Í sama svari er einnig upplýst um skattlagningu arðgreiðslna. Þar kemur fram að Ísland er með langlægsta skatt á arð, eða aðeins 10% (fylgiskjal X). Flest ríki OECD eru hins vegar með 25–48% skatt á arðgreiðslur. Athygli vekur að um tryggingagjald og aðra launaskatta gildir einnig að Ísland er á bekk með þeim þjóðum sem minnst greiða (fylgiskjal VIII). Hins vegar er þar líka upplýst að tekjuskattur einstaklinga á Íslandi er með því hæsta sem þekkist, sem og skattur á vöru og þjónustu.

Mjög athyglisverðar upplýsingar um þróun á tekjuskatti einstaklinga og félaga innan ríkja OECD komu fram í efnahags- og viðskiptanefnd frá ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjal II). Þar kemur fram að sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa skattar á einstaklinga frá árinu 1990 til ársins 1999 þyngst verulega hér á landi, eða úr 8,2% í 12,7%, meðan skattar á félög hafa aðeins breyst lítillega, eða úr 0,9% sem hlutfall af landsframleiðslu 1990 í 1,5% árið 1999. Skattbyrðinni hefur því í auknum mæli á sl. áratug verið velt af fjármagni og fyrirtækjum og yfir á laun og vinnuafl.

Þróunin hefur verið þveröfug í Danmörku, Finnlandi, Írlandi og Svíþjóð. Þar hafa skattar á einstaklinga verið að minnka sem hlutfall af landsframleiðslu en aukast á fyrirtæki. Meðaltal skatta einstaklinga innan OECD (Evrópa) var 10,6% af landsframleiðslu á árinu 1990 en var komið niður í 10% á árinu 1999. Á sama tíma jukust hins vegar skattar á félög sem hlutfall af landsframleiðslu úr 2,5% á árinu 1990 í 3,2% á árinu 1999.

Þetta sýnir þvert á það sem haldið er fram í greinargerð frumvarpsins að skattlagning á lögaðila er mjög hagstæð hér á landi samanborið við önnur lönd. Aftur á móti er hlutur einstaklinga í skattbyrðinni verulega hærri hér en hjá öðrum þjóðum. Má í því sambandi líka minna á það sem fram kemur í fylgiskjali III að skipting á skattgreiðslum milli fyrirtækja og einstaklinga á árinu 2001 var þannig að einstaklingar greiddu samtals 83% en fyrirtæki aðeins 17%.

Athyglisvert er líka að fjöldi skattskyldra lögaðila á öllu landinu var á þessu ári 17.133 en af þeim greiddu einungis 7.536 tekjuskatt (sjá fylgiskjal IV).

Í umsögn ASÍ er einmitt bent á að með lækkun tekjuskatts fyrirtækja samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar verði tekjuskattshlutfall íslenskra fyrirtækja langt undir því sem gerist innan OECD. ASÍ vekur á því sérstaka athygli að á alþjóðavettvangi er slík samkeppni afar umdeild.

Fram kemur í umsögnum, t.d. bæði frá Þjóðhagsstofnun og ASÍ, að það séu fyrst og fremst fjármála- og tryggingafyrirtæki sem muni njóta góðs af lækkun tekjuskatts. En orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Skýrist það fyrst og fremst af því að þau eiga fæst hver uppsafnað skattalegt tap og hafa skilað hagnaði síðustu ár. Hins vegar er ljóst að fyrirtæki í sjávarútvegi eiga mörg hver verulegt uppsafnað tap og munu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskatts á næstu missirum."

Samtök ferðaþjónustunnar benda einnig á að tryggingagjöld muni hækka um rúmlega 100 millj. kr. í ferðaþjónustu án þess að ávinningur verði á móti á næstu 2–5 árum.

BSRB vekur athygli á því í umsögn sinni að lækkun á tekjuskatti fyrirtækja muni einvörðungu gagnast þeim sem sýna hagnað. Samtökin telja óeðlilegt að létt sé undir með þeim fyrirtækjum sem sýna hagnað, en um leið sé tryggingjaldið hækkað, sem sé lagt á fyrirtæki óháð því hvernig þeim vegnar og sé auk þess skattlagning á vinnuafl. BSRB bendir þó á að með tryggingagjaldi séu fjármagnaðir ýmsir þættir sem hreyfing launafólks leggur mikið upp úr.

Þjóðhagsstofnun bendir í umsögn sinni á að þekkingarfyrirtæki sem eru á frumkvöðlastigi í rannsóknum og þróun án þess að hafa tekjur á móti munu ekki njóta lækkunar tekjuskatts fyrr en eftir langan tíma. Benda má á að í umsögn ASÍ í sambandi við einstaklingshlutafélög kemur fram að endurskoða þurfi upphæð fjármagnstekjuskatts ef tekjuskattshlutfall fyrirtækja verður lækkað úr 30% í 18%. Með því að lækka tekjuskatt fyrirtækja en hækka ekki fjármagnstekjuskatt sé verið að auka mismun í skattlagningu eftir uppruna tekna.

Þessar röksemdir sýna ljóslega að Íslendingar skipa sér nú þegar í röð þeirra þjóða þar sem skattar á fyrirtæki eru hvað lægstir. Engin rök hafa því verið færð fyrir því af hálfu ríkisstjórnarinnar að nauðsynlegt sé að ganga jafnlangt í að lækka skatthlutfall fyrirtækja og gert er í tillögum hennar, ef markmiðið er að halda skattalegu forskoti Íslands. Samfylkingin telur það ranga stefnu hjá ríkisstjórninni að létta sköttum af fjármagni og flytja þá yfir á vinnuafl og þar með mannauð.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd geta því ekki mælt með að skatthlutfall fyrirtækja verði lækkað um 12%, úr 30% í 18%. Kostnaði við lækkunina á að verulegu leyti að mæta með hækkun tryggingagjalds sem bitnar á fyrirtækjum með mikla launaveltu en lítinn hagnað, eins og fyrirtækja á landsbyggðinni og sprotafyrirtækja sem ekkert eiga nema mannauð. Áhrif hækkunar tryggingagjalds eru rakin síðar í nefndarálitinu. Sú mikla lækkun á tekjusköttum fyrirtækja sem ríkisstjórnin leggur til stóreykur jafnframt líkur á skattasniðgöngu, eins og rökstutt er síðar. Samfylkingin telur nægilegt að lækka skatthlutfall fyrirtækja úr 30% í 25%, þar sem sú lækkun dugar til að halda alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja, þar sem eftir þá breytingu yrði Ísland með lægsta skatthlutfall innan OECD-ríkjanna. Gildir einu þó Írland sé tekið inn í þann samanburð.

Írland og skattarnir.

Í umsögn ASÍ kemur fram að í rökstuðningi ríkisstjórnarinnar hafi verið sett jafnaðarmerki á milli þess að skattar séu lágir á Írlandi og að hagvöxtur þar hefur verið mjög mikill á síðustu árum. Staðreyndin er hins vegar sú, segir í umsögninni, að Írland hefur á undanförnum árum fengið milljarða í beina styrki frá Evrópusambandinu til niðurgreiðslu á stofnkostnaði nýrra fyrirtækja vegna mikils atvinnuleysis. Slíkt hafi einfaldlega miklu meiri áhrif á staðsetningu nýrra iðn- og tæknifyrirtækja heldur en tekjuskatturinn.

Í svari ríkisskattstjóra við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni er einmitt vakin athygli á því að heildarskattar á tekjur í atvinnurekstri á Írlandi séu mun meiri en á Íslandi. Hér á eftir fer umsögn ríkisskattstjóra um málið: „Skattur á félög á Írlandi er nú

(2001) með þeim hætti að tekjur af rekstri (framleiðslu og sölu) eru skattlagðar með 20% skatti (12,5% ef tekjur eru undir 200.000 pundum). Frá 2003 verða þessar tekjur allar skattlagðar með 12,5%. Aðrar tekjur (fjármagnstekjur o.fl.) eru skattlagðar með 25% og verður engin breyting þar á 2003. Skattur á tekjur einstaklinga er í tveimur þrepum. Hið lægra er 20% og hið hærra er 42%. Söluhagnaður er skattlagður með 20% en aðrar fjármagnstekjur eru lagðar við almennar tekjur og því eftir atvikum skattlagðar með 20% eða 42% hjá einstaklingum.

Eftirfarandi tafla sýnir skattlagningu á tekjum frá atvinnurekstri á Írlandi og á Íslandi miðað við 2001 og 2003 samkvæmt frumvarpinu.

				Heildarskattar	
	Hlutafélag	Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*	Hluthafi lægri %*	Hluthafi hærri %*
2001					
Írland					
Rekstrartekjur	20,0%	20,0%	42,0%	36,0%	53,6%
Fjármagnstekjur	25,5%	20,0%	42,0%	40,0%	56,5%
Ísland	30%	10,0%	10,0%	37,0%	37,0%
2003					
Írland					
Rekstrartekjur	12,5%	20,0%	42,0%	30,0%	49,3%
Fjármagnstekjur	25,0%	20,0%	42,0%	40,0%	56,5%
Ísland	18%	10,0%	10,0%	26,2%	26,2%

*Skatthlutfall einstaklinga á Írlandi er 20% ef tekjur einhleypings eru lægri en tæp 15 þús. pund og hjóna undir tæplega 30 þúsund pund en 42% ef tekjur eru hærri.“

Af töflunni og skýringu ríkisskattstjóra er ljóst að það er ýkt og villandi framsetning þegar því er haldið fram að Írland skeri sig úr öðrum löndum fyrir lága skattheimtu á fyrirtæki. Hinn lági skattur þar er eingöngu á þær tekjur félaga sem stafa af sölu á vöru og þjónustu. Allar aðrar tekjur, svo sem tekjur af fjármagni, þóknanir o.s.frv., eru skattlagðar með 25% skatti. Þar að auki er skilyrði fyrir lága skattinum að hagnaðurinn sé borgaður út og skattleggst útborgunin þá með 20% til 40% skatti hjá hluthafanum. Benda má líka á að skattar á lögaðila á Norðurlöndum eru 25–28% í Noregi og Svíþjóð og Finnlandi, en hærri í Danmörku.

Það markmið sem Samfylkingin vill ná, að skattaumhverfi á Íslandi laði hingað erlenda fjárfesta og styrki starfs- og samkeppnisskilyrði íslenskra fyrirtækja, næst því fyllilega með 25% skatthlutfalli á fyrirtæki. Í því sambandi er líka rétt að vekja athygli á því sem fram kemur í umsögn ASÍ að með lækkun tekjuskatts fyrirtækja verður tekjuskattshlutfall íslenskra fyrirtækja langt undir því sem gerist innan OECD og vekur ASÍ athygli á því að slíkt sé afar umdeilt á alþjóðavettvangi. Sérstök athygli er vakin á að undir það er tekið í umsögn Þjóðhagsstofnunar.

Tekjutap ríkissjóðs.

Nái tillögur stjórnarflokkanna fram að ganga um lækkun á tekjuskatti úr 30% í 18% þýðir það verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Athyglisvert er að skoða þær upplýsingar sem embætti ríkisskattstjóra hefur birt efnahags- og viðskiptanefnd um hvernig álagning á lögaðila eftir skatttegundum hefði breyst hefðu skattatillögur ríkisstjórnarinnar verið komnar til framkvæmda við síðustu álagningu. Samkvæmt ríkisskattstjóra hefði tekjuskattur lögaðila orðið 3,7 milljörðum kr. lægri, en fjármálaráðuneytið hefur haldið því fram að tekjuskattur lögaðila lækki um 2,7 milljarða kr. við lækkun á tekjuskatti úr 30% í 18%.

Í útreikningum fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra er ekki reiknað með tekjutapi ef stóriðjufyrirtæki eins og Norðurál eða ÍSAL, sem eru með sérstaka skattasamninga, óska eftir að ganga inn í breytt skattaumhverfi með lægri tekjuskatti. Samkvæmt upplýsingum frá ÍSAL, sbr. Mbl. 1. júní 2001, var hagnaður félagsins fyrir skatta um 4,5 milljarðar kr. og skattgreiðslur þess um 1,4 milljarðar kr. Sé miðað við þetta og að lækkun tekjuskatta á félög samkvæmt frumvarpinu er 40% (30% skattur í 18% skatt) má ætla að sambærileg lækkun skatta hjá ÍSAL hefði orðið 560 millj. kr. Hér er því um að ræða tekjutap hjá ríkissjóði upp á 560 millj. kr. til viðbótar því tekjutapi sem fjármálaráðuneytið hefur áætlað vegna skattabreytinganna.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu niðurstöður varðandi lögaðila skipt eftir skattumdæmum miðað við að skattalækkun vegna ÍSALs verði tekin með í tekjuáhrifin:

	Skattbreytingar (millj.kr.)				
Rekstrarform	**Fjöldi félaga**	**Eignar-skattar**	**Teknu-skattur**	**Trygginga-gjald**	**Heildarbreyting skatta**
Reykjavík	11.502	-861	-2.504	1.728	-1.637
Reykjanes	4.540	-259	-1.266	493	-1.032
Vesturland	1.360	-59	-62	118	-4
Vestfirðir	816	-21	-54	64	-12
Norðurland vestra	725	-37	-44	78	-2
Norðurland eystra	1.733	-55	-139	201	6
Austurland	985	-17	-40	89	33
Suðurland	1.827	-74	-131	92	-114
Vestmannaeyjar	314	-12	-11	43	19
Lögaðilar samtals	**23.802**	**-1.396**	**-4.253**	**2.907**	**-2.742**

Breytingin kemur fyrst og fremst fram á Reykjanesi, en þar eykst skattatapið um 539 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í útreikningum fjármálaráðherra.

Aukin umsvif ofmetin – þensluhvetjandi skattkerfisbreyting.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að skattalækkanirnar á fyrirtækin muni leiða til aukinna efnahagsumsvifa sem metin eru á 3,5 milljarða kr. M.a. er vísað til þess að lækkun skatthlutfalls úr 45% í 30% á síðasta áratug hafi átt verulegan þátt í efnahagsuppsveiflu liðinna ára.

Í því ljósi er vakin athygli á að í umsögn sinni bendir ASÍ á að ólíku sé saman að jafna nú og þá. Íslenska hagkerfið hafi þá verið að sigla inn í skeið mikils hagvaxtar, þegar þær skattalækkanir áttu sér stað. Honum hafi fylgt mikil aukning á hagnaði fyrirtækja. Varhugavert sé að gefa sér að svo verði á næstu árum, þar sem líklegra er að næstu ár verði hér lítill hagvöxtur.

ASÍ gagnrýnir líka í sinni umsögn að þessar aðgerðir muni leiða til samdráttar í stað eflingar atvinnulífsins. Ástæðan sé einföld. Skattur á launaútgjöld fyrirtækja hafi nákvæmlega sömu áhrif og launahækkunin sjálf, þ.e. kostnaður fyrirtækja hækki. Rík tilhneiging sé hjá stjórnendum að velta slíkum skattahækkunum beint út í verðlagið og leiði það til þess að kaupmáttur almennings minnkar. Lækkun tekjuskatts fyrirtækja hjálpi hér lítið, því minnkandi tekjur fyrirtækjanna hafa miklu umfangsmeiri áhrif á fjárfestingarákvarðanir heldur en tekjuskattur af væntum afrakstri.

Ríkisskattstjóri benti einnig á að skattalækkunin á tíunda áratugnum átti ekki að leiða til skattalækkana því samhliða var skattstofninn breikkaður. Jafnframt benti ríkisskattstjóri á að hæpið sé að heimfæra tekjusveiflu og uppgang í efnahagslífi til skattalækkana. Engar óumdeildar kenningar séu til um að samasemmerki sé milli aukinna umsvifa og skattalækkana.

Þjóðhagsstofnun bendir á í sinni umsögn að tekjuauki af auknum efnahagsumsvifum sé óviss og fyrir vikið sé hyggilegt að áætla hann varlega. Stofnunin bendir á að þótt gert sé ráð fyrir auknum umsvifum í efnahagslífinu fylgi því á hinn bóginn hærri viðskiptahalli, aukinn þrýstingur á laun og meiri verðbólga. Þetta leiði aftur til meiri ríkisútgjalda og auki halla á rekstri ríkisins. Í ljósi efnahagsþróunar að undanförnu og með hliðsjón af reynslu annarra þjóða bendir Þjóðhagsstofnun á að óbeinu áhrifin gætu orðið minni þar sem heimili og fyrirtæki eru mörg hver skuldsett og því líkur á því að skattalækkanir skiluðu sér ekki í meiri umsvifum heldur yrðu notaðar til að greiða niður skuldir.

Þjóðhagsstofnun bendir á að það geti verið hagstætt að lækka skatta þegar niðursveifla er í efnahagslífinu, svo framarlega sem staða ríkissjóðs sé viðunandi og álagið á peningastefnuna ekki of mikið.

Seðlabankinn segir í umsögn sinni að það sé hugsanlegt að jákvæð tekjuáhrif verði minni hér á landi en í flestum öðrum þróuðum ríkjum vegna þess að skattar á fyrirtæki séu þegar tiltölulega lágir. Ljóst er líka að skattalækkanir setja meiri kvaðir á stjórn peningamála og gætu minnkað svigrúm til vaxtalækkana. Í því sambandi er rétt að benda á að í svari Þjóðhagsstofnunar við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram að meðalvextir á lán þyrfti að lækka um u.þ.b. 0,4 prósentustig til að skila fyrirtækjum og heimilum 8 milljarða kr. ávinningi á tveggja ára tímabili í formi lægri vaxtakostnaðar.

Áhrif á erlendar fjárfestingar.

Embætti ríkisskattstjóra var beðið að leggja mat á áhrif þessara breytinga á erlendar fjárfestingar. Fram kemur í umsögn embættisins að áhrif skatta á erlendar fjárfestingar ráðast ekki eingöngu af íslensku lögunum heldur einnig af þeim ákvæðum sem við eiga í heimaríki fjárfestisins og reglum í alþjóðaskattlagningu, svo sem tvísköttunarsamningum. Orðrétt segir síðan: „Flest ríki á Vesturlöndum hafa sömu grunnreglu varðandi skattskyldu, þ.e. að þegnarnir eru skattlagðir á grundvelli allra tekna þeirra hvar svo sem þeirra er aflað. Enn fremur áskilja þau sér rétt til að skattleggja allar tekjur sem uppruna eiga í landinu óháð því hver er eigandi þeirra. Þetta þýðir að tekjur sem erlendir aðilar afla hér á landi eru skattskyldar í heimalandi fjárfestisins. Flest ríki taka í löggjöf sinni eða á grundvelli samninga tillit til skatta sem viðkomandi skattaðili greiddi í því landi sem tekjurnar eru upprunnar í. Áhrifin á arðsemi fjárfestingarinnar ræðst m.a. af því hvernig það er gert. Í sumum tilvikum, t.d. USA og Írland, er það gert með því að veita skattfrádrátt sem svarar til þess skatts sem greiddur var í upprunalandinu. Í þeim tilvikum hefur skattlækkun í upprunalandinu engin áhrif á fjárfestinn. Í öðrum tilvikum eru arðgreiðslur til móðurfélags undanþegnar skatti og

áhrifin ráðast þá af þeim skatthlutföllum, sem í löndunum gilda. Lækkun skatta á lögaðila hefur því þegar um er að ræða erlendan eiganda tvíþætt áhrif. Hluti lækkunarinnar skilar sér í auknum skatttekjum hjá heimalandi fjárfestisins og hluti hjá fjárfestinum sjálfum.“

Athyglisvert er einnig í þessu sambandi að Bandaríkin undanþiggja ekki tekjur erlendra dótturfélaga skattlagningu heima fyrir en veita frádrátt frá greiddum skatti sem nemur þeim skatti sem dótturfélagið greiddi í upprunalandi teknanna. Orðrétt segir ríkisskattstjóri í umsögn sinni: „Lækkun skatta á félög í upprunalandinu hefur því engin áhrif á heildarskattgreiðslur félaganna (móður- og dótturfélags) en færa skatttekjurnar frá upprunaríkinu til þess ríkis þar sem eigandinn hefur heimilisfesti og hefur það því ekki tilefni til gagnráðstafana.“ Í öðru lagi kemur fram í umsögn ríkisskattstjóra að ríki, sem hafa svokallaða CFC-löggjöf, geta skattlagt hagnað dótturfélaga, sem starfa á lágskattasvæðum, með tekjum móðurfélagsins heima fyrir. Slíkum reglum er fyrst og fremst beint gagnvart fjármálafélögum, sem ekki eru með neina raunverulega starfsemi í því ríki sem þau eru skráð í. Þó skattabreytingarnar hér á landi kunni að örva erlendar fjárfestingar hér á landi í einhverjum mæli er vafasamt að þær leiði til þess að erlendir fjárfestar muni hópast hingað af þeim sökum.

Skattar á einstaklinga lækki.

Á síðasta áratug hefur tekjuskattur einstaklinga sem hlutfall af landsframleiðslu vaxið úr rúmlega 8% í tæplega 13%. Hjá öðrum ríkjum OECD-ríkjum í Evrópu er hann nú um 10%. Ríkisskattstjóri hefur að ósk fulltrúa Samfylkingarinnar skilað til nefndarinnar áliti sínu á hver sé líkleg þróun í tekjusköttum einstaklinga vegna þessa og næsta árs.

Þar kemur fram að við álagningu á þessu ári var almennur tekjuskattur og útsvar samtals um 95,5 milljarðar kr. og skattstofninn tæpir 394 milljarðar kr. Meðalskatthlutfallið var því um 24,2%. Samkvæmt staðgreiðsluskilum má ætla að launatekjur og skattstofn vegna tekjuársins 2001 verði um 430 milljarðar kr. eða 10% hærri en hann var á síðasta ári þegar hann var um 394 milljarðar kr.

Ef gert er ráð fyrir að persónuafsláttur hækki eins og nú er gert ráð fyrir í lögum má reikna með að tekjuskattur og útsvar hækki um 13% að óbreyttum skatthlutföllum og verði þá 108 milljarðar króna. Lækkun skatthlutfallsins nú um 0,33% er talin svara til um 1,3 milljarða kr. og skatttekjurnar yrðu þá um 106,5 milljarðar kr. Meðaltalskatthlutfallið á næsta ári yrði um 24,8% eða um 0,6% hærra en á þessu ári þrátt fyrir 0,33% lækkun á skatthlutfalli. Auknar tekjur af tekjusköttum einstaklinga yrðu því um 11 milljarðar kr. þrátt fyrir lækkun á almenna skatthlutfallinu í tekjuskatti um 0,33%.

Upplýsingar sem fulltrúar Samfylkingarinnar óskuðu eftir frá Þjóðhagsstofnun sýna að tekjuskattur og útsvar á láglaunafólk og lífeyrisþega með tekjur undir 90 þús. kr. á mánuði er um 1 milljarður kr. á þessu ári. Þetta fólk fær nánast engar skattalækkanir, en verðlagsáhrifin sem verða um 0,3–0,4% vegna hækkunar á tryggingagjaldi munu rýra kjör þeirra.

Athyglisvert er einnig í svari sem 1. minni hluti óskaði eftir frá fjármálaráðuneytinu að ef skattleysismörk hefðu fylgt launaþróun frá árinu 1995 væru þau nú 89.808 kr. á mánuði, sem sýnir að það er fyrst og fremst láglaunafólk og lífeyrisþegar sem hafa farið illa út úr skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Ljóst er líka að frysting á skattleysismörkum hefur staðið undir skattalækkunum til fyrirtækja og tekjuhærri einstaklinga.

Það er til marks um óréttláta skattstefnu þessarar ríkisstjórnar að lífeyrisþegar sem eingöngu hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga greiða nú um 70 þús. kr. í skatt á ári en það samsvarar um eins mánaðar lífeyrisgreiðslum þeirra. Á árinu 1995 þegar þessi ríkisstjórn komst til valda greiddu lífeyrisþegar með lágmarkslífeyri engan skatt. Það er skoðun

1. minni hluta að kanna verði nú þegar hvernig hægt er að draga úr skattlagningu á lágmarkslaun og lífeyri. Um það á að vera hægt að ná sátt í þjóðfélaginu að hafa sérstakan frádrátt á móti tekjum eða endurgreiðslu við álagningu eins og sums staðar þekkist.

Samfylkingin mun því með ákvæði til bráðabirgða leggja til að nefnd verði skipuð með aðild aðila vinnumarkaðarins til að skoða leiðir til að minnka skatt af lágmarkslaunum og lífeyri. Jafnframt þarf að skoða kosti fjölþrepa skattkerfis með verulega lægra skattþrepi á tekjur undir 100–150 þús. kr.

Samfylkingin hefur jafnframt efasemdir um að rétt sé, miðað við aðstæður í efnahagslífi og ríkisfjármálum, að hækka frítekjumörk í hátekjuskatti þegar á næsta ári vegna tekna þessa árs. Með því er verið að lækka skatta á einstaklinga með hærri tekjur um 600 millj. kr. Í svari ríkisskattstjóra við fyrirspurn 1. minni hluta kemur fram að þessi breyting leiði til þess að þeir sem eru með 2 millj. kr. í tekjur fá 6.600 kr. skattalækkun eða meðallækkun á skatthlutfalli um 0,3%. Á sama tíma fá þeir sem eru með 8 millj. kr. í tekjur skattalækkun sem nemur 104 þús. kr. eða meðallækkun á skatthlutfalli um 1,2% (fylgiskjal XIV). 1. minni hluti telur réttara að stíga skref til að lækka almennan tekjuskatt meira á árinu 2003.

ASÍ gerir í sinni umsögn athugasemdir við hækkun frítekjumarks í hátekjuskatti. Þar segir: „Því hefur verið haldið fram að hátekjuskatturinn sé í raun bara skattur á meðaltekjur. Það er tvennt sem villir mönnum sýn hvað þetta varðar. Annars vegar virðast margir ekki átta sig á því að þegar hátekjuskattur er reiknaður fyrir fólk í sambúð, þá eru tekjur beggja aðila lagðar saman og það sem er yfir tvöföldum hátekjumörkum 2 x 280 þúsund á mánuði (tekjur ársins 2000) er skattlagt með hátekjuskattsprósentunni 7% aukalega.“ ASÍ heldur því fram og vísar þar til kjararannsóknarnefndar að þeir hópar sem ná upp að og yfir hátekjuskattsmörkin í launum séu ekki fjölmennir. Í töflu sem fylgir umsögn þeirra (fylgiskjal V) kemur fram að á árinu 2000 voru meðalatvinnutekjur hjóna og sambýlisfólks samtals 379.417 kr. á mánuði og meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra 136.083 kr. á mánuði. Ef eingöngu er horft á meðaltekjur allra sem greiða tekjuskatt nettó eftir að bætur hafa verið dregnar frá tekjuskatti eru þær aðeins 193 þús. kr. á mánuði.

Samfylkingin hefur rutt brautina fyrir því að þeir sem nýta takmarkaðar auðlindir í sameign þjóðarinnar greiði fyrir það sérstakt gjald. Stefna flokksins er að svigrúminu sem það skapar verði varið til að lækka tekjuskatta einstaklinga. Í samræmi við það leggur 1. minni hluti til að á árinu 2003 verði stiginn frekari áfangi í lækkun á almennum tekjusköttum einstaklinga og hann verði fjármagnaður með gjaldi sem tekið verði fyrir nýtingu fiskstofna. Í þeirri niðursveiflu sem nú er hafin í efnahagslífinu og samdrætti í hagkerfinu ætti það að hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið og eftirspurn í hagkerfinu. Þetta er til dæmis í samræmi við þá leið sem hægri stjórnin í Danmörku hyggst fara. Hún ætlar að lækka nokkuð tekjuskatta á einstaklinga til að svara lægð í efnahagslífinu og hafa samtök atvinnulífs þar í landi lýst stuðningi við þá stefnu.

23% munur á skatthlutfalli launafólks og fyrirtækja.

Eitt af því sem erfitt er að sætta sig við í skattatillögum ríkisstjórnarinnar er að þar er verið að færa skattbyrði í auknum mæli af fjármagni og eignum yfir á vinnuafl og launatekjur. Mesti munur á skatthlutfalli einstaklinga og lögaðila, nái skattatillögur ríkisstjórnarinnar fram að ganga, verður tæplega 23%. Þjóðhagsstofnun segir í umsögn sinni að það sé umhugsunarefni hversu mikið misræmi verði á milli skattlagningar einstaklinga og fyrirtækja með þessum breytingum.

Sífellt stærri hluti heildarskattheimtu hefur verið fluttur yfir á tekjuskatt einstaklinga og

hann er orðinn langtum stærri hluti af þjóðarframleiðslu en hann var fyrir nokkrum árum. Vegna meiri skattheimtu af einstaklingum eru skattleysismörkin nú lægri og meðalskatthlutföllin hærri en áður. Innan tekjuskattskerfisins hefur skattbyrði launatekna og lífeyris verið þyngd en skattur á tekjur og hagnað fjármagnseigenda og fyrirtækja hefur verið lækkaður verulega. Fyrirliggjandi skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar staðfesta þessa þróun.

Fyrsti minni hluti óskaði eftir umsögn ríkisskattstjóra um hvort 22–23% munur á skattlagningu einstaklinga og félaga þekktist annars staðar og hver væri algengur munur. Fram kom í svarinu að yfirleitt er munur á skattlagningu launatekna og heildarskattlagningu tekna af atvinnurekstri öfugt við það sem stefnt er að í frumvarpinu, þ.e. skattur á hagnað af rekstri er hærri en skattur á launatekjur. Í flestum löndum eru sameignarfélög ekki sjálfstæðir skattaðilar en hagnaður þeirra skattlagður með öðrum tekjum viðkomandi einstaklinga. Arður og söluhagnaður er í flestum löndum skattlagður eins og launatekjur eða sérskattaður með 20–25% til viðbótar við 25–35% skatt á félagið, þannig að heildarskattlagningin er 40–50%, sem er svipað eða hærra en hæsta skattþrep einstaklinga í flestum löndum.

Embætti ríkisskattstjóra var beðið um álit á skattframkvæmd með tilliti til mismunandi skattlagningar á tekjum eftir uppruna þeirra. Hér fer á eftir svar ríkisskattstjóra:

„Vandamálið við skattframkvæmd er að mismunandi skattlagning eftir tegundum tekna kallar á tilfærslu tekna í þau form, sem hafa hagstæðari skattlagningu. Miðað við ákvæði frumvarpsins verða:

- launatekjur ofan skattleysismarka skattlagðar með 38% til 45% skatti og mynda stofn til tryggingagjalds og skerðingar á barnabótum og vaxtabótum,
- hagnaður af sjálfstæðri starfsemi einstaklinga verður skattlagður með sama hætti en er ekki stofn til tryggingagjalds en er stofn til skerðingar á barnabótum og vaxtabótum,
- hagnaður af rekstri sameignarfélaga verður skattlagður með 26% en myndar hvorki stofn til tryggingagjalds né skerðingar á bótum,
- hagnaður af rekstri hlutafélaga verður skattlagður með rúmlega 26% en myndar hvorki stofn til tryggingagjalds né skerðingar á bótum.

Ekki getur farið hjá því að tilhneiging til að færa tekjur sem hagnað félags mun stóraukast enda getur munur í skattlagningu orðið um 20% auk hærri bóta.“

Um áhrifin sagði ríkisskattstjóri:

„Bein tekjuáhrif af því að færa tekjur sem hagnað félaga eru þau helst:

- Tekjuskattar ríkisins lækka að því marki sem einstaklingsrekstur er færður í félagsform um 12–19% af rekstrarhagnaðinum og 15–22% af reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.
- Útsvar sveitarfélaga lækkar um u.þ.b. 12% (útsvarshlutfallið) af rekstrarhagnaðinum og reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.
- Vaxtabætur og barnabætur hækka sem svarar skerðingaráhrifum af rekstrarhagnaði og reiknuðu endurgjaldi að því leyti sem það kemur ekki fram sem laun hjá félaginu.

Auk þessara beinu áhrifa á tekjur ríkis og sveitarfélaga má gera ráð fyrir öðrum ráðstöfunum sem auka kunna á tekjutapið og valda örðugleikum í framkvæmd. Má þar m.a. nefna:

- Aukin gerviverktaka og þá einnig í formi sameignarfélaga og einkahlutafélaga.
- Aukin gjaldfærsla einkaneyslu hjá félögum og erfiðari viðbrögð skattyfirvalda.“

Um mögulegar úrbætur sagði ríkisskattstjóri:

„Eina raunhæfa úrbótin til lengri tíma litið er að afnema mismun á skattlagningu einstaklinga eftir því hvernig tekjur þeirra eru til komnar. Það má t.d. gera með því að hafa skattlagningu á einstaklinga og sameignarfélög hina sömu og stilla skattlagningu hlutafélaga og

fjármagnstekjuskatt þannig af að heildarskattlagning slíkra tekna sé hin sama og almennra tekna. Meðal ráðstafana, sem að auki gætu dregið úr mismuninum og tilhneigingu til að flytja til tekjur má nefna:

- Að allar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur séu gerðar að andlagi sérstaka tekjuskattsins.
- Að rekstrarhagnaður sameignarfélaga sé gerður að andlagi sérstaka tekjuskattsins og látinn skerða bætur eins og aðrar tekjur."

Þetta álit ríkisskattstjóra staðfestir ótvírætt að stjórnarflokkarnir eru á rangri braut með skattastefnu sinni, sem stuðlar að ósanngirni og ójafnræði í skattlagningu bæði milli atvinnugreina og milli einstaklinga og lögaðila.

Varað við yfirfærslu á einkarekstri yfir í einkahlutafélög.

Í 27. gr. frumvarpsins er verið að auðvelda yfirfærslu á einkarekstri yfir í einkahlutafélög með því að heimila breytinguna án þess að sú yfirfærsla hafi í för með sér skattskyldar tekjur fyrir einstaklinginn eða hlutafélagið.

Mikil lækkun á tekjuskatti lögaðila eins og nú er fyrirhuguð mun hvetja einstaklinga í rekstri til að breyta rekstrinum í hlutafélag og færa með því hluta launa yfir á hagnað og arð og greiða þannig lægri skatta. Skattalegt hagræði og möguleikar til skattasniðgöngu eru svo miklir með þessum breytingum að leiða má að því líkur að einstaklingsrekstur leggist af með flutningi hans yfir í einkahlutafélög.

Þetta er alvarleg þróun sem m.a. embætti ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóri, skattstjórar, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og ASÍ vara öll við í umsögnum sínum. Skattstjóri Vesturlandsumdæmis orðar það svo í umsögn sinni að þessi breyting muni kalla á stórfelldan flutning atvinnurekstrar frá einstaklingsformi til félagaforms. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi segir í umsögn sinni að oft sé megintilgangurinn með stofnun einkahlutafélags sá að takmarka ábyrgð og skapa betri skilyrði til að komast hjá réttum skattgreiðslum; koma einkaútgjöldum til frádráttar og skapa skattahagræði með ýmiss konar fjármálagerningum við hlutafélagið.

Þjóðhagsstofnun segir í sinni umsögn að þetta leiði óhjákvæmilega til tilhneigingar til að stofna fyrirtæki og notkunar fastafjármuna í stað vinnuafls umfram það sem hagkvæmt þætti við jafnari skattlagningu, auk þess að valda vandkvæðum við framkvæmd skattlagningar.

Ríkisskattstjóri telur að aukinn munur í skattlagningu tekna muni leiða til aukinna vandamála við skattframkvæmd, sem erfitt og tafsamt verði að bregðast við. Líkleg afleiðing af þessum aukna mismun sé enn frekari flutningur á einstaklingsrekstri í félagsform og meiri tilhneiging en áður til að dulbúa launatekjur sem tekjur af atvinnurekstri. Ljóst er einnig að þessi breyting mun ýta undir gerviverktöku og auka skattasniðgöngu. Það kom m.a. fram hjá skattstjóra Reykjanesumdæmis. Jafnframt taldi hann að þótt herða ætti á reglum um reiknað endurgjald mundi það ekki miklu breyta um afleiðingar þessara breytinga.

ASÍ lýsir sig algjörlega mótfallið þessum breytingum. Það telur nauðsynlegt að herða og skýra öll ákvæði sem snúa að einstaklingshlutafélögum og reiknuðu endurgjaldi almennt og sérstaklega ef lögfesta á þessa breytingu. Í umsögn ASÍ kemur fram að búast megi við mjög mikilli aukningu á fjölda einkahlutafélaga og sömuleiðis vandamála sem snerta launagreiðslur til eigenda. Erfitt sé að eiga við þessi vandamál þar sem skattyfirvöld verði þá að fara út í þá vinnu að véfengja vinnumagn eigenda í ljósi umfangs og eðlis starfseminnar, fjölda annarra starfsmanna o.s.frv. Megi ætla að við þetta mat halli verulega á skattyfirvöld varðandi sönnunarbyrði. Öll rannsókn og úrvinnsla mála verði mun flóknari í einstaklingshlutafélagi. Fleiri aðilar munu þurfa að koma að málum sem áður voru tiltölulega einföld.

Áhrifanna af þessari breytingu gætir víða. Tryggingastofnun ríkisins bendir þannig á í umsögn sinni að þegar um einkahlutafélag er að ræða skipti máli hvernig afraksturinn skiptist á milli reiknaðs endurgjalds og arðgreiðslna. Ástæðan sé sú, að einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengda bótaflokka. Skerðing bóta vegna tekna verður því minni hjá aðila sem fær endurgjald frá rekstri í formi arðgreiðslu frá einkahlutafélagi en hjá þeim sem fær endurgjald í formi hagnaðar frá einstaklingsrekstri.

Ljóst er að yfirfærsla úr einkarekstri yfir í einkahlutafélag leiðir ekki einungis til verulegra skattalækkana, heldur hefur það áhrif á bótagreiðslur í almannatryggingakerfinu og skattkerfinu, eins og greiðslur vaxta- og barnabóta. Með því að taka verulegan hluta tekna út í formi arðs og söluhagnaðar skapast því einnig möguleikar til ýmissa tekjutengdra bótagreiðslna.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi vekur einnig athygli á hvernig menn leika sér með tilfærslur milli reiknaðs endurgjalds (tekjur sem ríkisskattstjóri áætlar á sjálfstæða atvinnurekendur) og hagnaðar á skattframtölum, en skattaleg meðferð þessara tekna ræður verulegu um það hvernig framteljendur haga skiptingu þeirra.

Orðrétt segir skattstjórinn: „Við álagningu 1985–87 var hreinn hagnaður sem hlutfall af reiknuðu endurgjaldi um 16%. Þessi ár var almennt ávinningur af því að reiknaða endurgjaldið væri sem hæst á kostnað hagnaðarins vegna 10% frádráttarreglu launa. Við álagningu 1988 vegna „skattlausa“ ársins jókst ávinningurinn af því að hafa sem minnstan hagnað á kostnað reiknaða endurgjaldsins og datt hann þá niður í 10,68% af endurgjaldinu. Við álagningu 1989 er 10% frádráttarreglan ekki lengur í gildi og vegna tryggingagjaldsins, sem leggst á reiknað endurgjald en ekki hagnað, er gjaldendum nú hagstæðara að auka hagnaðinn á kostnað endurgjaldsins. Það sagði strax til sín við fyrstu framtalsgerð þar sem hlutfall hagnaðar af reiknuðu endurgjaldi fór í 28,77% og við álagningu 1990 í 33,16%. Við síðustu álagningu var þetta hlutfall svo komið í 58,47%.“

Athyglisverð tafla fylgir með umsögn skattstjórans sem sýnir þessa þróun (fylgiskjal VI), en þar kemur m.a. fram að reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur var tæplega 3,3 milljarðar kr. árið 1985 en rúmlega 17 milljarðar kr. á árinu 2001. Hreinn hagnaður af tekjum af eigin rekstri var aftur á móti rúmlega 518 millj. kr. 1985 en rúmlega 10 milljarðar kr. árið 2001. Hreinn hagnaður sem hlutfall af reiknuðu endurgjaldi var þannig 15,74% árið 1985 en 58,47% árið 2001.

Ríkisskattstjóri var beðinn um álit á breyttum reglum um reiknað endurgjald, en í breytingartillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir hertum reglum þar að lútandi.

Hér fer svar ríkisskattstjóra: „Reglur um reiknað endurgjald eru tilraun til að draga úr tilfærslum úr launum í rekstrarhagnað. Bættar reglur um þær eru mikils virði en munu aldrei leysa úr vandamálinu. Eðli máls samkvæmt verða slíkar matsreglur ætíð lágmark þannig að einhver hluti launa mun færast yfir í rekstrarhagnað. Auk þess eru slíkar reglur erfiðar í framkvæmd og munu kosta mikið. Fjöldi einstaklinga í rekstri er yfir 25.000 og einkahlutafélög og sameignarfélög eru yfir 10.000. Búast má við að álag á skattstofur og yfirskattanefnd aukist stórlega og verður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því í fjárveitingum þegar á næsta ári.

Hluti af þeim fyrirsjáanlega tekjutilflutningi sem bent hefur verið á er þess eðlis að reglur um reiknað endurgjald eða aðrar aðgerðir skattyfirvalda hafa ekkert að segja. Breyting á einkarekstri í sameignarfélag eða einkahlutafélag er eingöngu háð ákvörðun viðkomandi aðila og hafa skattyfirvöld ekkert um slíka formbreytingu að segja. Tilfærsla á tekjum úr hagnaði af einkarekstri í hagnað félags er því alveg óháð reglum um reiknað endurgjald og þær því engin vörn gagnvart tekjutapi sveitarfélaga og ríkis af þeim ástæðum.“

Ljóst er af framangreindu að vandamálið stendur að stærstum hluta eftir þótt reynt sé að

herða að reglum um reiknað endurgjald, auk þess sem það skapar mikil vandamál í allri framkvæmd í skattkerfinu, enda reglurnar mjög matskenndar. Bent hefur verið á að þetta mun kalla á aukinn mannafla í skattkerfinu, ef hægt á að vera að hafa eftirlit með framkvæmdinni.

Meira jafnræði í skattlagningu milli lögaðila og einstaklinga og milli tekna af fjármagni og launa mundi girða fyrir óeðlilega yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög með tilheyrandi skattasniðgöngu.

Fyrsti minni hluti leitaði eftir útreikningum hjá embætti ríkisskattstjóra á áhrifum þess að einkarekstri væri breytt í einkahlutafélög. Þar kemur fram að ef allir þeir sem við álagningu þessa árs hefðu haft skattalegt hagræði af því, og höfðu tekjur yfir skattleysismörkum, hefðu breytt einkarekstri í einkahlutafélag hefði það þýtt rúmlega 1 milljarðs kr. tekjutap fyrir sveitarfélög og 500 millj. kr. tap fyrir ríkissjóð.

Fyrsti minni hluti varar alvarlega við afleiðingum þessara breytinga. Hann telur þær tillögur sem meiri hlutinn leggur til varðandi hertar reglur um reiknað endurgjald litlu breyta um óæskileg áhrif þessarar skattaaðgerðar ríkisstjórnarinnar. Hún mun í senn auka ójafnræði í skattlagningu og stuðla að skattasniðgöngu með tilheyrandi tapi fyrir ríki og sveitarfélög.

Gróði kvótaeigenda vegna skattalækkana.

Ljóst er að sá hvati sem nú er fyrir hendi til að breyta einkarekstri í einkahlutafélög getur haft veruleg áhrif til skattalækkunar fyrir marga hópa, ekki síst kvótaeigendur. Samkvæmt útreikningum sem Þjóðhagsstofnun gerði fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram að Þjóðhagsstofnun metur að hreinn söluhagnaður, ef allar aflaheimildir yrðu nú seldar á markaðsverði, væri á bilinu 165–215 milljarðar kr. Lækkun skatta vegna kvóta í eigu hlutafélaga verður 11% samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar, vegna kvóta í eigu sameignarfélaga um 12% og í eigu einstaklinga sem breyta rekstrarformi sínu í einstaklingsrekstur um 12–19%, eftir því hvort viðkomandi greiddi áður hátekjuskatt.

Samkvæmt þessu er skattalækkun á söluhagnað vegna kvóta að lágmarki 11–12% eða jafnvel meira. Það færir kvótaeigendum 18–26 milljarða kr. í skattalækkun miðað við markaðsvirði aflaheimilda í dag, yrðu þær allar seldar. Allt söluverð aflaheimilda, keyptra sem úthlutaðra, að frádregnu bókfærðu verði keyptra aflaheimilda, myndar skattskyldan söluhagnað sem rekstrartekjur. Um leið og Alþingi samþykkir þessa skattalækkun hefur kvótaeigendum verið færð á silfurfati skattalækkun upp á 18–26 milljarða kr., hvort sem þeir svo kjósa að eiga kvótann lengur eða skemur eða hvort þeir leysa strax til sín skattalækkunina með því að selja kvótann.

Söluhagnaði af kvóta er eingöngu hægt að fresta með kaupum á öðrum kvóta og kemur hann því ekki til skattlagningar fyrr en viðkomandi einstaklingur eða lögaðili hættir rekstri. Söluhagnaður og skattgreiðslur af honum dreifist því oft á lengri tíma. Hins vegar má gera ráð fyrir að söluhagnaðurinn komi að einhverju leyti fram við sölu hlutabréfa í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þar sem skattkvöðin sem á kvótanum hvílir lækkar mun þessi breyting leiða til þess að verð mun hækka jafnt á kvóta sem hlutabréfum í fyrirtækjum sem eiga kvóta. Þar með mun söluhagnaður eigendanna hækka.

Ekki er ólíklegt að eigendur fyrirtækja nýti sér þessa miklu skattalækkun og selji úr þeim eignir sem hafa verið afskrifaðar og fela því í sér óskattlagðan hagnað frá fyrri árum. Sama á við um kvótann. Vel má því vera að kvótaeigendur nýti þá hagstæðu stöðu sem skapast með skattalækkuninni og innleysi fyrr en seinna til sín gróðann af þessari rausnarlegu gjöf sem ríkisstjórnin er að færa þeim.

Andstaða við hækkun tryggingagjalds.

Samfylkingin telur að varhugavert sé við núverandi aðstæður að hækka tryggingagjald. 1. minni hluti óskaði því eftir útreikningum frá embætti ríkisskattstjóra á áhrifum hækkunar tryggingagjalds. Spurt var um hver álagður tekjuskattur og tryggingagjald á lögaðila hefði orðið, skipt milli skattumdæma, ef skattabreytingar ríkisstjórnarinnar hefðu verið komnar til framkvæmda við síðustu álagningu. Þetta er niðurstaðan:

Breyting á sköttum og tryggingagjaldi eftir umdæmum.

Skattumdæmi	Lækkun skatta	Hækkun tryggingagjalds	Mismunur
Reykjavík	3.365	1.728	-1.637
Reykjanes	966	493	-473
Vesturland	121	118	-3
Vestfirðir	75	64	-11
Norðurland vestra	81	78	-3
Norðurland eystra	194	201	7
Austurland	57	89	32
Suðurland	205	92	-113
Vestmannaeyjar	23	43	20

Þetta sýnir ljóslega að það eru fyrst og fremst fyrirtæki sem skila verulegum hagnaði á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ávinning af breytingunni. Norðurland eystra, Austurland og Vestmannaeyjar tapa á henni. Hér er því greinilega á ferðinni sérstakur landsbyggðarskattur. Hann staðfestir betur en allt annað að það er engin innstæða á bak við tal stjórnarliða um að nauðsynlegt sé að rétta hlut landsbyggðarinnar.

Í því sambandi er vert að benda á að meginniðurstaða í könnun Þjóðhagsstofnunar á hvernig tekjur, laun og hagnaður skiptast eftir landshlutum var sú að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fái rúmlega 85% af ávinningi vegna skattalækkana en greiði 65% af hækkun tryggingagjaldsins. Fyrirtæki á landsbyggðinni fái aftur á móti tæplega 15% af ávinningi skattalækkana en greiði um 35% af hækkun tryggingagjaldsins.

Í fylgiskjali XV kemur fram athyglisverð tafla sem sýnir áhrifin af hækkun tryggingagjalds á einstök sveitarfélög.

Útreikningar embættis ríkisskattstjóra sýna líka að hækkun á tryggingagjaldi verður afar þungbær fyrir fyrirtæki, sennilega flest lítil og meðalstór, sem eru með mikla launaveltu og greiða þar af leiðandi hátt tryggingagjald. Sömuleiðis á einyrkja og þá sem taka laun samkvæmt verktakagreiðslum. Hækkun tryggingagjalds á þessa aðila stendur í verulegum mæli undir tekjuskattslækkun stórra fyrirtækja sem skila miklum hagnaði. Það eru því fyrst og fremst lítil og meðalstór fyrirtæki sem borga brúsann af tekjuskattslækkun stórfyrirtækja sem skila hagnaði, en þau hagnast fyrst og fremst á þessum skattabreytingum ríkisstjórnarinnar.

Fyrsti minni hluti varar mjög við því að fyrirtæki í nýsköpun og þekkingariðnaði fara sérstaklega illa út úr fyrirhugaðri hækkun á tryggingagjaldinu. Það er röng skattastefna og gengur gegn því sem Samfylkingin vill leggja áherslu á. Framtíðarmöguleikar þjóðarinnar og bætt lífskjör liggja fyrst og fremst í því að hlúa að mannauð og menntun þjóðarinnar.

ASÍ gagnrýnir hækkun tryggingagjaldsins í umsögn sinni og telur að með því sé verið að hækka launakostnað fyrirtækja án þess að það skili sér í bættum kjörum launafólks. Með þessu sé ríkissjóður líka að þrengja að því svigrúmi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa til að semja um bætt kjör launafólks. ASÍ bendir á að áhrif hækkunar tryggingagjalds á vísitölu

neysluverðs séu þau sömu og ef um launahækkun til launafólks væri að ræða. Með þessari breytingu yrði því kaupmáttur launafólks skertur. Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn því að þessi breyting verði að lögum. Orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Um slíka breytingu hlýtur að verða grundvallarágreiningur og er hún lítt til þess fallin að stuðla að sátt á vinnumarkaði."

Þjóðhagsstofnun bendir sérstaklega á það í sinni umsögn að skattbyrði fyrirtækja með mikinn launakostnað þyngist að jafnaði, svo sem þekkingarfyrirtækja og þjónustufyrirtækja. Fram kemur í umsögn stofnunarinnar að búast megi við að breytingin komi verst við þau fyrirtæki er byggja starfsemi sína upp á mannauði, þ.e. hafa hlutfallslega mikinn launakostnað. Bendir stofnunin á að þekkingarfyrirtæki sem eru á frumkvöðlastigi í rannsóknum og þróun án þess að hafa tekjur á móti njóta ekki lækkunar tekjuskatts fyrr en eftir langan tíma. Orðrétt segir svo í umsögn Þjóðhagsstofnunar:

„Einnig er vert að benda á að álagður tekjuskattur hjá lögaðilum mun skerðast verulega á næstu tveimur árum vegna rekstrartapa á þessu og síðasta ári vegna gengisbreytinga. Útlit er fyrir að það verði fyrst og fremst fjármálafyrirtæki, þ.e. lánastofnanir og tryggingafélög sem muni greiða tekjuskatt á næstu tveimur árum. Því mun lækkun tekjuskatts í byrjun nýtast tiltölulega litlum hluta atvinnurekstrar en hækkun tryggingagjalds kemur fram strax." Jafnframt bendir stofnunin á að verðlagsáhrif hækkunar tryggingagjalds verði svipuð og um samsvarandi hækkun launa væri að ræða. Þannig gefa útreikningar byggðir á verðbólgulíkani stofnunarinnar þá niðurstöðu að verðlagsáhrifin verði á bilinu 0,3–0,4% á árunum 2003–2004.

Samtök atvinnulífsins benda á í umsögn sinni að hækkun tryggingagjaldsins feli í sér verri rekstrarskilyrði hjá mörgum fyrirtækjum, einkum í vinnuaflsfrekri starfsemi þar sem erfitt eða ógerlegt sé að bæta kostnaðarhækkanir upp með verðhækkunum.

Í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar kemur fram að hækkun tryggingagjalds valdi a.m.k. 105 millj. kr. kostnaðarauka fyrir atvinnugreinina og samtökin vara við að lagðar séu auknar heildarálögur á fyrirtæki í ferðaþjónustu sem hafa átt við rekstrarerfiðleika að etja.

Verslunarráð Íslands bendir á að í greinargerð sé hækkun tryggingagjalds rökstudd með þeim hætti að með því sé verið að vega upp á móti minnkandi skatttekjum ríkissjóðs vegna lækkunar tekju- og eignarskatta. Orðrétt segir síðan: „Í því sambandi má hins vegar benda á, að samkvæmt lögum um tryggingagjald skal það renna til ákveðinna skilgreindra verkefna, en ekki til að standa straum af almennum útgjöldum ríkissjóðs. Skýring sú sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu stenst því ekki lög." Að mati Verslunarráðs er því ríkisstjórnin að ganga gegn lögum landsins með þessari tillögu. Verslunarráðið vekur líka athygli á því að þessi hækkun leiði til verulegs útgjaldaauka fyrir alla atvinnustarfsemi í landi, hvernig sem afkoman er. Lýsir ráðið áhyggjum sínum af þessari hækkun og getur ekki stutt hana.

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga mun hækkun tryggingagjalds hafa áhrif á afkomu sveitarfélaga sem nemur a.m.k. 500–550 millj. kr. Þar til viðbótar komi hækkun tryggingagjalds í tengslum við verktakavinnu fyrir sveitarfélögin, bæði er varðar rekstur og fjárfestingar.

Tekjuauki ríkissjóðs af hækkun tryggingagjalds úr 5,23% í 6% er 3,3–3,5 milljarðar kr. að mati Þjóðhagsstofnunar, en þar sem ríkið er launagreiðandi aukast útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar tryggingagjalds um 600–700 millj. kr., þannig að brúttóáhrif á tekjur ríkissjóðs af hækkun tryggingagjalds verða 2,5 milljarðar kr.

Samfylkingin beindi fyrirspurn til embættis ríkisskattstjóra um hvor leiðin væri vænlegri

almennt fyrir fyrirtækin, hækkun tryggingagjalds eins og ríkisstjórnin áformar eða hækkun á fjármagnstekjuskatti sem skilaði svipuðum tekjum.

Eftirfarandi er svar ríkisskattstjóra: „Ekki er auðvelt að bera saman áhrifin af þessum sköttum á fyrirtæki þar sem þeir eru svo ólíkir. Tryggingagjald er skattur sem leggst á launaútgjöld fyrirtækja og hefur áhrif á hagkvæmni rekstrarins og rekstrarafkomu fyrirtækjanna. Til lengri tíma litið ráðast áhrifin af því að hve miklu leyti hækkuninni er velt yfir á launþegana með því að laun lækki eða hækki minna en ella sem hækkun gjaldsins nemur. Að því leyti sem skattinum er ekki velt yfir á launþegana breytir skatturinn jafnvægi milli vinnuafls og fjármagns með því að vinnuafl verður dýrara. Fjármagnstekjuskattur er hins vegar ekki skattur á atvinnurekstur og breytir ekki skilyrðum hans."

Af framansögðu er morgunljóst að hækkun tryggingagjalds er algjörlega vanhugsuð og mun leiða til erfiðleika og jafnvel uppsagna starfsfólks hjá mörgum fyrirtækjum.

Samfylkingin er mótfallin hækkun tryggingagjalds við núverandi aðstæður. 1. minni hluti lýsir sig andvíga henni. Hækkun tryggingagjalds mismunar atvinnufyrirtækjum og getur leitt til verulegra rekstrarerfiðleika hjá fjölda fyrirtækja. Átelur 1. minni hluti ríkisstjórnina sömuleiðis fyrir að leggja sérstakan skatt á landsbyggðina með þessum hætti.

Verulegt tekjutap sveitarfélaga.

Samfylkingin hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að afnema skattlagningu á húsaleigubætur. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa mörgum sinnum lagt fram frumvarp þess efnis. 1. minni hluti fagnar því að nú er loks stigið það mikilvæga skref að afnema skattlagningu á húsaleigubætur. Þar er hins vegar ekki nógu langt gengið til að afnema skatta á þá sem verst hafa það í samfélaginu. Samfylkingin hefur margsinnis lýst yfir að af hennar hálfu komi ekki til greina að lækka skatta á fyrirtæki, nema einnig verði felld niður skattskylda á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Samfylkingin telur fráleitt að skattleggja fjárhagsaðstoð fátæks fólks sem ekki á fyrir allra brýnustu nauðþurftum. 1. minni hluti telur því að tillaga um að fella niður skatt á félagslegar bætur hefði að sjálfsögðu átt að fylgja tillögum ríkisstjórnarinnar um aðrar skattalækkanir, og leggur því fram sérstaka tillögu um það. Tekjutap fyrir ríkið er lítið eða um 120–135 millj. kr. samkvæmt lauslegu mati Þjóðhagsstofnunar.

Samband íslenskra sveitarfélaga metur að afnám skattlagningar á húsaleigubætur feli í sér 80–90 millj. kr. tekjutap fyrir sveitarfélögin. Sambandið metur tekjutap vegna hækkunar tryggingagjaldsins 500–550 millj. kr. Því til viðbótar komi hækkun tryggingagjalds í tengslum við verktakavinnu fyrir sveitarfélögin bæði er varðar rekstur og fjárfestingar. Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðhagsstofnun benda á að skattalagabreytingarnar muni rýra tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en sjóðurinn hefur m.a. tekjur af framlagi ríkissjóðs sem nemur 1,4% af tekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum.

Af útreikningum ríkisskattstjóra má síðan ráða að tekjutap sveitarfélaga af yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélög geti orðið mjög mikið. Útreikningar ríkisskattstjóra sýna að hefðu skattabreytingarnar verið komnar til framkvæmda vegna álagningar á þessu ári, og allir í einstaklingsrekstri sem voru með tekjur yfir skattleysismörkum breytt rekstri sínum í einkahlutafélög, þar sem þeir hefðu haft af því skattalegt hagræði, væri tekjutap sveitarfélaga um 1.053 millj. kr. (fylgiskjal VII). Jafnframt kemur fram, sundurliðað eftir skattumdæmum, tekjutap sveitarfélaga miðað við þrjár mismunandi forsendur um yfirfærslu yfir í einkahlutafélög.

Í umsögn frá Reykjavíkurborg kemur fram að líkleg afleiðing af því að einkarekstur verði færður í einkahlutafélög sé að einstaklingum með rekstur fækki verulega og jafnvel að það

rekstrarform leggist af. Áætlar Reykjavíkurborg að tekjutap sveitarfélaganna verði 1.318 millj. kr. ef allir einstaklingar með rekstur stofna um hann einkahlutafélag. Tekjutap Reykjavíkurborgar einnar er áætlað 520 millj. kr.

Ekki er óeðlilegt að ætla að þegar öllu er til haga haldið verði tekjutap sveitarfélaga af þessum skattabreytingum á bilinu 1,5–1,8 milljarðar kr. 1. minni hluti gagnrýnir að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um svo veigamiklar skattabreytingar sem rýra verulega tekjur sveitarfélaga. Verður ekki annað séð en að hér sé um skýlaust brot að ræða á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og reglum sem þessir aðilar hafa sett sér þar að lútandi.

Lækkun eignarskatta — hækkun fjármagnstekjuskatts.

Veigamiklar breytingar eru lagðar til á lækkun eignarskatta. Í fyrsta lagi er eðlileg og sjálfsögð breyting gerð á hækkun fríeignamarka í eignarskatti um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati. 1. minni hluti minnir á loforð fjármálaráðherra í því sambandi um að hækkun á fasteignamati mundi ekki leiða til skattahækkana.

Þar þurfa fleiri atriði að koma til skoðunar því hækkun á fasteignamati hefur áhrif á vaxtabætur, erfðafjárskatt og stimpilgjöld. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins gætu áhrifin orðið þau að vaxtabætur lækkuðu um 170 millj. kr. verði ekkert að gert. 1. minni hluti telur að forsenda fyrir lokaafgreiðslu frumvarpsins sé að fyrir liggi hvernig bregðast eigi við skattalegum áhrifum hækkunar fasteignamatsins í heild sinni.

Lækkun á almenna eignarskattinum á lögaðila og einstaklinga um helming eða úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002 hefur í för með sér 3,1 milljarðs kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Afnám sérstaka eignarskattsins á einstaklinga og lögaðila leiðir síðan til 800 millj. kr. tekjutaps ríkissjóðs. Tafla frá fjármálaráðuneytinu (fylgiskjal IX) sýnir greiðendur eignarskatta við álagningu 2001 ásamt tekjudreifingu.

Það er skoðun Samfylkingarinnar að skynsamlegra sé að fara hægar í lækkun eignarskatts á lögaðila en stíga fremur skref í að afnema stimpilgjöld sem nýtast mun bæði einstaklingum og atvinnurekstri, ekki síst minni fyrirtækjum eins og vikið er að síðar. 1. minni hluti mun því leggja til að eignarskattur fyrirtækja lækki úr 1,2% í 0,9% en ekki í 0,6% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í stað þess er lagt til að þriðjungur stimpilgjalds verði afnuminn 1. janúar 2003.

Í umsögn ASÍ er það gagnrýnt að dregið sé úr skattlagningu á eignum og fjármagni án þess að endurskoðun sé gerð á skattlagningu fjármagnstekna. Rök ASÍ eru þau að skoða þurfi skattlagningu eigna og fjármagnstekna út frá því markmiði að það sé afrakstur eignanna sem verði skattlagður, hvort sem það er leiga, vextir eða arður, en ekki eignin sem slík. Í umsögn ASÍ kemur fram að hefði áætluðu tekjutapi verið mætt að hluta til eða að öllu leyti með hækkun fjármagnstekjuskatts hefði yfirbragð þessara aðgerða verið allt annað og betra. Slík skattkerfisbreyting hefði stuðlað að því að jafna samkeppnisstöðu mismunandi eignarforma á fjármálamarkaði, og einkennst af innbyrðis jafnvægi á milli kosta og galla.

Það er skoðun 1. minni hluta líkt og ASÍ að skoða eigi mikla lækkun eignarskatta í samhengi við fjármagnstekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur er hvergi lægri en á Íslandi í ríkjum OECD. Þetta kemur glöggt fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga. Þar er sýnd tafla um skattlagningu hagnaðar í helstu aðildarríkjum OECD (fylgiskjal X). Í ríkjum OECD er algeng 25–40% skattlagning á arð og raunar allt upp í 48%, en á móti er í flestum þessara landa lágt skatthlutfall eignarskatta.

Fyrsti minni hluti telur að fremur en að hækka tryggingagjald eigi að fara þá leið til að afla tekna vegna þessara skattkerfisbreytinga að hækka fjármagnstekjuskatt lítillega á móti verulegri lækkun á eignarskatti. Það nær mun betur markmiði jafnræðis og sanngirni í skattkerfinu. Það dregur líka úr óeðlilegum hvata til yfirfærslu úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélög í þeim tilgangi að komast hjá eðlilegri skattlagningu launatekna. Slíkar skattabreytingar stuðla líka að því að bilið milli skattlagningar á laun og fjármagn verði ekki óeðlilega mikið eins og margir hafa varað við. En því meira sem bilið er því meiri er hvatinn til að nota slíka yfirfærslu fyrst og fremst til skattasniðgöngu. Loks felst í slíkri skattkerfisbreytingu meira jafnræði í skattlagningu milli atvinnugreina. Hækkun tryggingagjalds gengur þvert á slík markmið.

Fyrsti minni hluti leggur því til að í stað hækkunar á tryggingagjaldi verði fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 10% í 16% sem gefur brúttó um 2,4 milljarða kr. í tekjur. Er það miðað við endurskoðaða tekjuáætlun fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur gefi 1 milljarði kr. meiri í tekjur á ári en áætlað var. Á móti komi sérstakt frítekjumark í fjármagnstekjuskatti. Þannig greiði einstaklingar með fjármagnstekjur að 100 þús. kr. og hjón með fjármagnstekjur að 200 þús. kr. ekki fjármagnstekjuskatt. Með þessari leið væri verið að létta fjármagnstekjuskatti af hóflegum sparnaði, en fá samt í viðbótartekjur tæplega 1,7 milljarða kr.

Þessar tillögur mundu leiða til þess að fjármagnstekjuskattur mundi fyrst og fremst aukast hjá þeim sem hafa miklar fjármagnstekjur. Í töflu (sjá fylgiskjal XI) kemur fram að af 24,5 milljarða kr. fjármagnstekjuskattsstofni eiga 10% framteljenda 16 milljarða kr. af stofninum. 8 milljarðar kr. skiptast því á þau 90% framteljenda sem eftir eru. Einnig má benda á að verið væri að lækka verulega eignarskatt og afnema sérstakan eignarskatt og má ætla að að verulegu leyti sé um sama fólk að ræða sem á miklar eignir í fjármagni og föstum eignum.

Þannig er ljóst að í heildina tekið væri ekki verið að auka skattbyrðina, þrátt fyrir lítillega hækkun á fjármagnstekjuskatti sem skila mundi nettó um 1,7 milljörðum kr. eftir að tillit hefur verið tekið til frítekjugólfs. Á móti lækkuðu eignarskattar um 3,4–3,5 milljarða kr. samkvæmt þeim tillögum sem 1. minni hluti setur fram.

Samkvæmt útreikningum frá embætti ríkisskattstjóra eru greiðendur fjármagnstekjuskattsins 78.566 en þeir greiða samtals 3.290 millj. kr. Ef fjármagnstekjuskattur færi í 16% og frítekjumark yrði 100 þús. kr. hjá einstaklingum og 200 þús. kr. hjá hjónum, eins og fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til, fækkaði þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt um 55.841 og yrðu 22.725 (fylgiskjal XII). Hér er því um að ræða tillögu sem fækkar verulega í hópi þeirra sem greiða fjármagnstekjuskatt. Í fylgiskjali XII hefur ekki verið gert ráð fyrir þeim tekjuauka sem reikna má með vegna endurskoðaðar tekjuáætlunar fjárlaga næsta árs sem sýnir auknar tekjur um 1 milljarð kr. af fjármagnstekjuskattti. Að teknu tilliti til þeirra áhrifa verða nettóahrif af tillögum 1. minni hlutans í fjármagnstekjuskatti um 1,7 milljarðar kr.

Fjármagnstekjuskattur og fjárflótti.

Fyrsti minni hluti óskaði eftir að fá svör frá embætti ríkisskattstjóra um hvort hætta væri á að hækkun fjármagnstekjuskatts mundi leiða til fjárflótta úr landi og tekjutaps af þeim sökum.

Spurningar til ríkisskattstjóra voru þessar:

Því er haldið fram að hækkun fjármagnstekjuskatts muni leiða til fjárflótta úr landi og tekjutaps af þeim sökum. Hver eru rökin fyrir slíkum fullyrðingum? Sérstaklega var spurt um:

- Eru skattar á fjármagnstekjur annars staðar lægri?
- Losna menn eða félög undan skattlagningu hér ef þeir geyma fé sitt annars staðar?

Svör ríkisskattstjóra fara hér á eftir:

„Varðandi hættu á því að breyting á fjármagnstekjuskatti muni hafa í för með sér fjárflótta úr landi af skattalegum ástæðum skal bent á eftirfarandi:

Fjármagnstekjur íslenskra skattborgara eru skattskyldar hér á landi með sama hætti hvort sem þær eru upprunnar hér eða erlendis. Til að koma þeim undan skatti nægir því ekki að flytja féð úr landi heldur þarf einnig að leyna því og tekjum af því fyrir skattyfirvöldum hér og skattyfirvöldum viðkomandi lands sem oft eru skuldbundin til að veita íslenskum skattyfirvöldum upplýsingar. Tilfærsla á fé er því ekki nægileg heldur þarf skattsvik til viðbótar.

Skattar á fjármagnstekjur eru í flestum löndum verulega hærri en hér á landi. Það hefur í þeim löndum ekki leitt til fjárflótta úr þeim í þeim mæli að það hafi verið talið tilefni til að lækka þá skatta. Það þýðir enn fremur að flutningur á fé til þessara landa án áframhaldandi skattskyldu hér hefði ekki skattalegt hagræði í för með sér.

Til að meta líkurnar á fjárflutningum úr landi þarf að hafa í huga hvernig fjármagnstekjur hér eru samsettar og hversu líklegt er að þær verði fluttar. Um 40% fjármagnstekna eru vaxtatekjur af innistæðum í íslenskum bönkum, önnur 40% eru söluhagnaður af hlutabréfum í íslenskum félögum og um 20% eru arður af hlutabréfum í íslenskum félögum."

Afnám verðbreytingarfærslu.

Lagt er til í frumvarpinu að hverfa frá verðleiðréttum reikningsskilum. Rökin eru þau að verðbólguleiðrétting í lágri verðbólgu hafi ekki sömu þýðingu og þegar mikil verðbólga ríkir. Veigamikil rök eru líka að með þessari breytingu verða íslensk reikningsskil og erlend samanburðarhæf, en ekkert annað OECD-ríkjanna en Ísland leiðréttir reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu þrátt fyrir að nokkur verðbólga sé í þeim ríkjum.

Með því að falla frá verðleiðréttum skattskilum er farið að skattleggja nafnverðsafkomu í stað raunverðsafkomu, en verðbólgureikningsskil hafa líka þá kosti að sýna afkomu og efnahag fyrirtækja á raunverðlagi. Áhrif verðbólgu sem ekki eru leiðrétt í reikningsskilum geta skekkt þann grundvöll sem stjórnendur fyrirtækja nota til að taka ýmsar ákvarðanir sínar um reksturinn.

Án verðleiðréttinga í skattskilum verður afkoman smátt og smátt sýnd betri eða verri en hún er í raun og veru og skattálögur verða aðrar. Niðurstaða nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins var sú að við afnám verðbólguleiðréttinga þurfi ekki að búast við verulegum breytingum á skattbyrði atvinnurekstrar vegna afnáms verðbólguleiðréttinga við núverandi aðstæður þegar á heildina er litið. Þó sé nauðsynlegt að huga að stöðu einstakra atvinnugreina.

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar koma fram ákveðnar efasemdir um afnám verðbreytingarfærslu. Stofnunin bendir á að hækkun verðbólgunnar hér á landi að undanförnu hafi á ný aukið muninn á verðlagshækkunum hérlendis í samanburði við helstu viðskiptalönd okkar. Því ætti jafnvel að vera enn brýnna en undanfarin ár að leitast við að laga verstu agnúana sem verðbólgan veldur við mat á afkomu fyrirtækja.

Orðrétt segir síðan í umsögn Þjóðhagsstofnunar:

„Miðað við að verðbólgan komist niður á sama stig og í nágrannalöndunum á næstu missirum vaknar sú spurning hvort vegi þyngra verðbólguleiðrétt uppgjör sem flestir eru sammála um að gefi réttari mynd af afkomunni á hverjum tíma eða uppgjörsaðferðir sambærilegar þeim sem í gildi eru í nágrannalöndunum. Í ljósi aukinna erlendra samskipta og aukins fjármagnsflæðis milli landa virðist sem viðskiptaheimurinn leggi mun meiri áherslu

á uppgjörsaðferðir sem eru sambærilegar milli landa fremur en þær aðferðir sem gefi réttari mynd af rekstrinum. Að ýmsu leyti er þetta sjónarmið skiljanlegt og með hliðsjón af því að verðbólgureikningsskil hafa hvergi náð fótfestu í nálægum löndum þá treystir Þjóðhagsstofnun sér ekki til að leggjast gegn afnámi verðbólgureikningsskila.“

Í umsögn Seðlabanka kemur fram að bankinn hafi á árinu 1997 mælt gegn því að hverfa frá verðbólgureikningsskilum. Þar var bent á að þrátt fyrir litla verðbólgu muni reikningsskil sem ekki eru leiðrétt fyrir verðbólgu smám saman gefa villandi mynd af efnahag fyrirtækja. Þessi rök eigi enn við og því fremur sem verðbólga hefur aukist tímabundið að undanförnu.

Orðrétt segir síðan: „Verðbólguleiðrétt reikningsskil gefa betri mynd af raunverulegri verðmætasköpun og eiginfjárstöðu fyrirtækja en nafnvirðisreikningsskil. Þau rök að bókhald verði einfaldara með afnámi verðbólguleiðréttinga eru ekki einhlít. Fyrirtæki og eigendur fyrirtækja kunna að sjá sér hag í að halda verðbólguleiðrétt bókhald samhliða opinberu nafnvirðisbókhaldi til að fylgjast með raunverulegum efnahag og tengja hann rekstrarstærðum.“ Seðlabankinn telur þó ekki rétt að gera athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar, þar sem ótvíræðir kostir séu því samfara að íslenskar bókhaldsreglur séu sem líkastar alþjóðlegum reikningsskilavenjum.

ASÍ segir í umsögn sinni að afnám verðbólgureikningsskila muni eflaust stuðla að því að auðveldara verði að útskýra fyrir erlendum fjárfestum stöðu á rekstri fyrirtækja. Þetta á aðallega við um fjármálafyrirtækin sem almennt lækka afkomu sína með gjaldfærslu verðbreytinga. Gagnvart framleiðslufyrirtækjum á þetta síður við, en erlendir fjárfestar kunna vel að meta gildi þess að afskriftastofn fjárfestinga í framleiðslutækjum sé verðtryggður og dragi þannig úr skattbyrði iðnfyrirtækja.

Þetta hafi hins vegar verið þyngstu rökin fyrir þessari breytingu sem sett eru fram í þessu sambandi í skýrslu nefndar sem fjármálaráðherra skipaði 1998 og skilaði af sér í júní í ár. ASÍ segir að það sé spurning hvort þessi rök vegi nægilega þungt til að réttlæta þessa breytingu nú. ASÍ segir síðan í umsögninni að eins og staðan hefur verið undanfarin missiri, og eins og hún er nú, sé verðbólga veruleg og því megi ætla að afnám verðbólgureikningsskila hafi í för með sér verulegan tekjuauka fyrir ríkissjóð.

Breytingarnar hafi bein áhrif á tekjuskattsstofn fyrirtækja þar sem þær hafi bókhaldsleg áhrif á afkomu þeirra. Ljóst er að áhrif breytinganna á skattgreiðslur verða mismunandi eftir fyrirtækjum að mati ASÍ. Einnig segir það að breytingarnar gætu haft áhrif á hegðun fyrirtækja, t.d. varðandi fjárfestingar þeirra. Sambandið bendir á að enn verður hægt að gjaldfæra gengistap í einu lagi en ekki lengur hægt að beita verðbólguleiðréttingu á innlend lán. Með því sé verið að setja erlend lán í forgang fram yfir innlent lánsfé segir ASÍ í umsögn sinni.

BSRB segir í umsögn sinni að vegna afnáms verðbólgureikningsskila muni eignarskattsstofn fyrirtækja lækka, því varanlegir rekstrarfjármunir verða ekki færðir upp samkvæmt verðbólgu og síðan skattlagðir. Tekjur ríkissjóðs munu því rýrna vegna þessa. Af sömu ástæðum megi þó ætla að vegna minnkandi afskrifta muni tekjuskattsstofn vaxa umfram það sem ella hefði gerst. Skattbyrði fyrirtækja muni því ráðast af verðbólgu að þessu leyti, sem er staða sem launafólk þekkir, enda af svipuðum toga og þegar persónuafsláttur hefur ekki verið látinn hækka í samræmi við verðlagsþróun.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi bendir á að verðhækkun eigna launamanna skattleggst við sölu þó að sú hækkun endurspegli einungis hækkun vísitölu neysluverðs. Skattstjórinn nefnir sem dæmi að ef sumarbústaður væri keyptur á næsta ári á 5 millj. kr. og seldur 20 árum síðar á tæpar 7,5 millj. kr. kæmi allur mismunurinn til skattlagningar miðað við 2% verðbólgu að jafnaði á ári. Ef verðbólgan væri hins vegar 4% og sumarbústaðurinn seldur 20

árum síðar á tæpar 11 millj. kr. kæmu tæpar 6 millj. kr. til skattlagningar þó að enginn raunhagnaður hefði orðið. Landssamband sumarhúsaeigenda hefur mótmælt þessu með sömu rökum og sett eru fram í áliti skattstjórans.

Ljóst er að bæði kostir og gallar fylgja afnámi verðbólgureikningsskila og aðvaranir og ábendingar sem hér hafa verið settar fram af Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, skattstjórum og ASÍ eiga fyllilega rétt á sér. Samfylkingin getur því ekki mælt með því miðað við núverandi aðstæður að afnema verðbólgureikningsskil.

Stimpilgjald.

Samfylkingin er þeirrar skoðunar að stimpilgjöld séu í eðli sínu ranglát og leggist þyngra á fólk í fjárhagsþröng en aðra í samfélaginu, og þyngra á lítil fyrirtæki en stór. 1. minni hluti leggur því áherslu á að þegar á næsta ári verði stiginn áfangi í að afnema stimpilgjöld og telur rétt að fyrsti áfangi verði að afnema um þriðjung stimpilgjalda 1. janúar 2003. Margrét Frímannsdóttir hefur flutt frumvarp um afnám stimpilgjalda í áföngum sem nú liggur fyrir Alþingi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjunum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur í för með sér neikvæð áhrif, svo sem að mismuna aðilum innan lands og veikja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Stimpilgjöld eru líka mjög ósanngjarn skattur gagnvart einstaklingum, einkum þeim sem eru að koma sér upp húsnæði. Með innheimtu stimpilgjalds af lánum einstaklinga til húsnæðiskaupa eða annarra nauðsynja er í raun og veru verið að innheimta nokkurs konar „fátækraskatt“ en þessi lán eru oftast veitt þeim sem ekki hafa efni á að fjármagna húsnæðiskaup eða aðrar nauðsynjar af eigin fé. Óeðlilegt er að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt æ ofan í æ. Þar er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun. Afnám stimpilgjalda sem hér er lagt til, kæmi sér sérstaklega vel bæði fyrir fyrirtæki og heimili. Ljóst er að afnám stimpilgjalda mundi sérstaklega gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem geta síður en stærri fyrirtæki leitað eftir lánsfé erlendis.

Tekjur af stimpilgjaldi eru áætlaðar 3,3 milljarðar kr. á næsta ári. Samkvæmt lauslega áætluðu mati greiða einstaklingar 35–40% af stimpilgjaldinu eða 1,2–1,3 milljarða kr. en fyrirtæki 60–65% eða um 2–2,1 milljarð kr.

Niðurstaða.

Eins og hér hefur verið rakið ítarlega, og með vísan í fjölda álita og umsagna sem nefndinni bárust, eru skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar að verulegu leyti vanhugsaðar, þær byggjast á þröngri hugmyndafræði og á þeim eru stórir gallar. Þær virðast fyrst og fremst henta stórfyrirtækjum í þéttbýlinu en hvorki sprotafyrirtækjum, smáum fyrirtækjum né landsbyggðinni. Hætta er líka á að áhrifin af landsbyggðarskattinum í formi tryggingagjalds geti leitt til uppsagna og aukið atvinnuleysi auk þess sem verðlagsáhrifin eru verðbólguhvetjandi. Skattalagabreytingarnar fela einnig í sér stórfellt tekjutap fyrir sveitarfélögin.

Fyrsti minni hluti leggur því fram viðamiklar breytingartillögur á frumvarpinu, sem ná því markmiði að mismuna ekki atvinnugreinum, tryggja meira jafnræði, auka sanngirni í allri skattlagningu, en ná jafnframt því markmiði að viðhalda alþjóðlegu skattaforskoti íslenskra fyrirtækja.

Afstaða Samfylkingarinnar til skattalagabreytinganna er þessi:

1. Samfylkingin vill lækka tekjuskatt á fyrirtæki úr 30% í 25%. Það kostar 1,1 milljarð kr. í stað 2,7 milljarða kr. tekjuskattslækkunar á fyrirtækin í tillögum stjórnarflokkanna. Sparnaður yrði 1,6–1,9 milljarðar kr. á fjárlagaárinu 2003 að teknu tilliti til þess að stóriðjufyrirtækin gengju inn í þessa skattabreytingu.
2. Samfylkingin leggst gegn hækkun tryggingagjalds um 0,77% (2,5 milljarða kr. tekjuauki í tillögum ríkisstjórnarinnar).
3. Samfylkingin vill að hækkun frítekjumarka í hátekjuskatti verði frestað um tvö ár. 600 millj. kr. sparnaður yrði á næsta ári.
4. Samfylkingin styður hækkun fríeignamarka eignarskatts og sérstaks eignarskatts um 20% vegna eigna í árslok 2001 til að koma í veg fyrir hækkun eignarskatta vegna sérstakrar hækkunar á fasteignamati.
5. Samfylkingin styður afnám sérstaks eignarskatts á lögaðila og einstaklinga og lækkun á almennum eignarskatti á einstaklinga úr 1,2% í 0,6% í árslok 2002, en leggur til að almennur eignarskattur á lögaðila lækki eingungis úr 1,2% í 0,9%. Á móti er lögð til hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 16% með sérstöku frítekjumarki, þannig að fjármagnstekjur einstaklinga að 100 þús. kr. og hjóna eða sambýlisfólks að 200 þús. kr. verði ekki skattlagðar. Miðað við álagningu þessa árs fækkar þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt úr 78.566 í 22.725 eða um 55.841 með þessari breytingu. Hækkun fjármagnstekjuskatts með frítekjumarkinu gefur tæplega 1,7 milljarða kr. í auknar tekjur miðað við endurskoðaða tekjuáætlun fyrir næsta ár.
6. Samfylking styður lækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,33%, sem samið var um í tengslum við kjarasamninga og taka á gildi um nk. áramót. Jafnframt er lagt til í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar að stiginn verði frekari áfangi í lækkun á almennum tekjusköttum sem fjármögnuð verði með hækkun kostnaðargjalda í sjávarútvegi. Þannig verði á árinu 2003 lækkaður almennur tekjuskattur einstaklinga um 0,25% til viðbótar 0,33% um næstu áramót.
7. Samfylkingin styður afnám skattskyldu húsaleigubóta.
8. Samfylkingin vill afnema skattlagningu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en með því er tekjutap ríkissjóðs 120–135 millj. kr.
9. Samfylkingin vill að tekinn verði fyrsti áfangi í afnámi stimpilgjalds 1. janúar 2003 þannig að felldur verði niður þriðjungur af þeim.
10. Samfylkingin leggur til að skipuð verði nefnd með aðild fulltrúa allra stjórnarmálaflokka, aðila vinnumarkaðarins og samtaka öryrkja og aldraðra sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega skatta á launafólk og lífeyrisþega með tekjur undir lágmarkslaunum.

Sjá má kostnaðaráhrif af tillögum 1. minni hluta á fylgiskjali XIII.

Fyrsti minni hluti leggur áherslu á að framangreindar breytingar nái fram að ganga, en þessar skattabreytingar mundu tryggja mun betur jafnræði og sanngirni í skattlagningu og tryggja vel starfsskilyrði og samkeppnishæfni atvinnuveganna, án þess að hafa í för með sér verðbólguáhrif sem rýra kjör almennings og þrengja að atvinnuvegunum.

Alþingi, 5. des. 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal I.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja í nokkrum OECD-löndum.
(Úr svari fjármálaráðherra á þskj. 319, 129. mál.)

	1989, %	2001, %
Kanada	43	42
Japan	59	42
Ítalía	46	40
Belgía	43	40
Bandaríkin	34	40
Þýskaland	56	39
Lúxemborg	34	38
Frakkland	39	35
Portúgal	40	35
Holland	40	35
Spánn	35	35
Ástralía	39	34
Austurríki	30	34
Nýja Sjáland	33	33
Danmörk	50	30
Ísland	50	30
Bretland	35	30
Svíþjóð	52	28
Noregur	51	28
Finnland	50	28
Sviss	10	25
Írland	43	20

Fylgiskjal II.

Ríkisskattstjóri:

Tekjuskattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Tekjuskattar	Einstaklingar		Félög	
Ár	1990	1999	1990	1999
Land				
Danmörk	24,8	25,5	1,5	3,0
Finnland	17,2	14,8	2,1	4,2
Þýskaland	9,0	9,4	1,6	1,8
Ísland	8,2	12,7	0,9	1,5
Írland	10,7	9,7	1,7	3,9
Lúxemborg	9,5	7,8	6,4	7,3
Noregur	10,9	11,7	3,8	3,2
Svíþjóð	20,6	18,6	1,7	3,2
Bretland	10,0	10,5	4,2	3,2
OECD-ríki í Evrópu	10,6	10,0	2,5	3,2

Fylgiskjal III.

Skipting á skattgreiðslum milli fyrirtækja og einstaklinga 1999–2001.
(Úr svari fjármálaráðherra á þskj. 319, 129. mál.)

	1999	2000	2001
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af skatttekjum	83,0	82,6	83,0
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af skatttekjum	17,0	17,4	17,0
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af VLF	25,0	24,6	23,7
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af VLF	5,1	5,2	4,9

Fylgiskjal IV.

Tekjuskattur lögaðila 1999–2001.
(Úr svari fjármálaráðherra á þskj. 319, 129. mál.)

Miðað við framtalsár	Skattumdæmi									
	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Vest-manna-eyjar	Landið allt
1999										
Tekjuskattur, millj. kr.	6.778	1.828	151	109	74	400	105	203	61	**9.709**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.235	1.321	207	196	129	450	156	238	72	**6.004**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.167	2.950	626	513	395	1.082	578	671	204	**14.186**
2000										
Tekjuskattur, millj. kr.	7.417	1.757	148	101	102	387	115	256	35	**10.318**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.867	1.523	217	225	135	513	139	332	80	**7.031**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.961	3.347	673	549	428	1.146	748	623	214	**15.689**
2001										
Tekjuskattur, millj. kr.	6.225	1.730	153	133	108	343	99	322	28	**9.140**
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	4.015	1.691	266	216	156	581	169	363	79	**7.536**
Fjöldi skattskyldra lögaðila	8.582	3.830	732	594	471	1.227	647	816	234	**17.133**

Heimild: RSK.

Fylgiskjal V.

Meðalatvinnutekjur eftir kyni og hjúskaparstétt framteljenda 2000.
(Úr umsögn Alþýðusambands Íslands.)

Þeir sem hafa atvinnutekjur bæði árin.

	Á ári	Á mánuði
Konur	1.475	122.917
Karlar	2.647	220.583
Giftar konur	1.577	131.417
Kvæntir karlar	3.381	281.750
Hjón / sambýlisfólk saman	4.553	379.417
Einhleypir	1.566	130.500
Einstæðir foreldrar	1.633	136.083
Barnlausir	1.559	129.917
Allir	2.055	171.250
Fjöldi	**116.199**	**116.199**

Heimild: Þjóðhagsstofnun, frétt nr. 12/2001 bls. 4.

Úr umsögn skattstjórans í Reykjanesumdæmi.

	Álagn. 1985	Álagn. 1986	Álagn. 1987	Álagn. 1988	Álagn. 1989	Álagn. 1990	Álagn. 2001
Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur (reitur 24 á framtali)	3.295.590.841	4.959.801.987	7.093.803.806	10.708.567.646	11.165.286.916	12.811.638.946	17.298.000.000
Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri (reitur 62 á framtali)	518.762.689	785.166.268	1.139.572.433	1.143.707.128	3.211.792.347	4.248.916.926	10.115.000.000
	15,74%	15,83%	16,6%	10,68%	28,77%	33,16%	58,47%

Fylgiskjal VII.

Tekjuskattar og útsvar, áætlaðar breytingar við tilfærslu úr einstaklingsrekstri í hlutafélag.
(Úr svari ríkisskattstjóra við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar vegna máls 114, nóvember 2001.)

Skattareglur 2000, millj. kr.

a) reiknað endurgjald kemur fram sem launagreiðslur hlutafélaga
b) reiknað endurgjald kemur ekki fram sem launagreiðslur hlutafélaga

Tilfærsla	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-6	-14	-14	-35	-28	-71
Reykjanes	-4	-11	-11	-27	-22	-54
Vesturland	0	-2	-2	-5	-3	-10
Vestfirðir	0	-1	-1	-4	-3	-6
Norðurl. vestra	-1	-1	-1	-4	-3	-7
Norðurl. eystra	-1	-3	-3	-8	-5	-16
Austurland	0	-2	-1	-4	-2	-8
Suðurland	-1	-3	-2	-7	-4	-14
Vestmannaeyjar	0	0	0	-1	0	-2
Samtals	**-14**	**-38**	**-34**	**-94**	**-69**	**-188**

Skattareglur samkvæmt frumvarpi, millj. kr.

Tilfærsla	10%	10%	25%	25%	50%	50%
Skattumdæmi:	a)	b)	a)	b)	a)	b)
Reykjavík	-50	-126	-123	-315	-246	-631
Reykjanes	-39	-96	-98	-240	-197	-479
Vesturland	-6	-17	-17	-45	-32	-89
Vestfirðir	-4	-11	-11	-28	-23	-56
Norðurl. vestra	-4	-12	-9	-32	-20	-62
Norðurl. eystra	-9	-27	-24	-70	-48	-139
Austurland	-3	-14	-9	-35	-18	-70
Suðurland	-8	-24	-20	-62	-39	-123
Vestmannaeyjar	-1	-3	-2	-8	-4	-17
Samtals	**-125**	**-334**	**-312**	**-834**	**-626**	**-1.668**

Skattar einstaklinga með rekstur.

	Áætlaðir skattar 2001	Möguleg breyting nú	Möguleg breyting samkvæmt frumvarpi
Sveitarfélög, útsvar	8.879	- 1.054	- 1.053
Ríkið	10.217	765	- 483
þar af:			
- almennur tekjuskattur	9.299	- 2.330	- 2.538
- sérstakur tekjuskattur	381	- 170	- 255
- fjármagnstekjuskattur	537	618	723
- tekjuskattar félaga		2.647	1.587
Ríki og sveitarfélög	19.096	- 289	-1.563

Fylgiskjal VIII.

Hlutfallsleg skipting skatttekna hins opinbera í OECD-löndum 1998.
(Úr svari fjármálaráðherra á þskj. 319, 129. mál.)

	Tekjuskattur einstaklinga	Tekjuskattur lögaðila	Tryggingagjald og aðrir launaskattar	Eignar-skattar	Skattar á vöru og þjónustu
Austurríki	22,5	4,8	40,3	1,3	27,9
Ástralía	43,3	15,2	6,6	9,5	25,5
Bandaríkin	40,5	9,0	23,7	10,6	16,2
Belgía	30,7	8,5	31,5	3,2	24,9
Bretland	27,5	11,0	17,6	10,7	32,6
Danmörk	51,6	5,6	3,9	3,6	33,2
Finnland	32,3	9,0	25,2	2,4	30,7
Frakkland	17,4	59,0	39,5	7,3	26,6
Grikkland	13,2	6,4	32,3	3,8	41,0
Holland	15,2	10,6	39,9	4,9	27,7
Írland	30,9	10,7	13,8	5,2	38,7
Ísland	35,2	3,4	8,3	7,1	45,9
Ítalía	25,0	7,0	29,5	4,8	27,4
Japan	18,8	13,3	38,4	10,5	18,8
Kanada	38,5	10,0	15,8	10,4	24,7
Kórea	20,1	12,2	11,4	11,4	40,5
Lúxemborg	18,8	19,7	25,6	8,4	26,1
Mexíkó	29,5		18,0		51,3
Noregur	27,3	9,7	23,3	2,4	37,2

	Tekjuskattur einstaklinga	Tekjuskattur lögaðila	Tryggingagjald og aðrir launaskattar	Eignar-skattar	Skattar á vöru og þjónustu
Nýja Sjáland	41,8	10,9	0,9	5,7	36,0
Portúgal	17,1	11,6	25,5	2,9	41,3
Pólland	22,0	7,5	33,1	3,0	34,4
Spánn	20,8	7,3	35,2	6,0	29,4
Sviss	31,8	6,0	35,7	8,3	18,2
Svíþjóð	35,0	5,7	33,5	3,7	21,6
Tékkland	13,6	9,7	44,1	1,5	31,0
Tyrkland	27,0	5,8	14,3	2,8	35,7
Ungverjaland	16,8	5,6	36,2	1,6	39,0
Þýskaland	25,0	4,4	40,4	2,4	27,4
OECD í heild	27,1	8,9	25,6	5,4	31,3
ESB	25,6	8,7	28,9	4,7	30,2

Fylgiskjal IX.

Fjármálaráðuneyti:

Greiðendur eignarskatts við álagningu 2001.[1]
Tekjudreifing.

Ógiftir framteljendur.

Eignarsk.stofn	Fjöldi framteljenda	Fjöldi greiðenda eignarskatts	Hlutfall, %
- 1.000	72.954	0	0,0
- 2.000	6.028	0	0,0
- 3.000	4.083	0	0,0
- 4.000	3.408	206	6,0
- 5.000	3.032	2.733	90,1
- 6.000	2.610	2.354	90,2
- 7.000	2.224	2.012	90,5
- 8.000	1.872	1.662	88,8
- 9.000	1.543	1.476	95,7
- 10.000	1.181	1.150	97,4
10.000>	4.353	4.219	96,9
Samtals	**103.288**	**15.812**	**15,3**

[1] Eignarskattur og sérstakur eignarskattur.

Hjón og sambýlisfólk.

Eignarsk.stofn	Fjöldi framteljenda	Fjöldi greiðenda eignarskatts	Hlutfall, %
-2.000	17.465	0	0,0
-4.000	6.022	0	0,0
-6.000	5.746	0	0,0
-8.000	5.646	357	6,3
-10.000	5.340	5.131	96,1
-12.000	4.454	4.310	96,8
-14.000	3.402	3.325	97,7
-16.000	2.642	2.580	97,7
-18.000	2.017	1.989	98,6
-20.000	1.547	1.522	98,4
20.000 >	4.831	4.765	98,6
Samtals	**59.112**	**23.979**	**40,6**

Fylgiskjal X.

Skattlagning hagnaðar í helstu aðildarríkjum OECD.
(Úr svari fjármálaráðherra á þskj. 319, 129. mál.)

	Tekjuskattur lögaðila, %	Skattlagning arðgreiðslna, %
Austurríki	34	25
Ástralía	34	36
Bandaríkin	40	40
Belgía	40	15
Bretland	30	33
Danmörk	30	25
Finnland	28	29
Frakkland	35	33
Holland	35	25
Írland	20	24
Ísland	30	10
Ítalía	40	13
Japan	42	35
Kanada	42	22
Lúxemborg	38	25
Noregur	28	28
Nýja Sjáland	33	33
Portúgal	35	25
Spánn	35	29
Sviss	25	35
Svíþjóð	28	20
Þýskaland	39	48

Heimild: OECD og KPMG.

Álagning 2001 **Í milljónum króna**				**Tekjur**				**Tekjuskattar**					**Bætur**		**Skattar - bætur**	
Hlutfall framteljenda á tekjubili %	Fjöldi fjölskyldna á tekjubili	Tekjubil	Meðal-tekjur fjölskyldu	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns-tekjuskatts-stofn	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur**	Almennur tekjuskattur	Útsvar	Sérstakur teknu-skattur	Fjár-magns-teknu-skattur	Tekju-skattar samtals	Barna-bætur	Vaxta-bætur	Skattar að frá-dregnum bótum	Skatt-hlutfall
0–5	2.887	0–1,7	1.348	3.891	3.570	159	81	-393	427	0	6	40	218	110	-287	-7,4%
5–10	2.886	1,7–2,1	1.892	5.462	4.985	269	123	-308	596	0	24	312	159	100	53	1,0%
10–20	5.773	2,1–2,7	2.378	13.728	12.387	726	314	-27	1.482	0	70	1.525	354	265	905	6,6%
20–30	5.773	2,7–3,3	3.003	17.335	15.713	706	380	810	1.879	0	70	2.759	384	329	2.045	11,8%
30–40	5.773	3,3–3,8	3.566	20.586	18.732	648	470	1.577	2241	0	64	3.882	300	354	3.228	15,7%
40–50	5.772	3,8–4,3	4.083	23.568	21.519	737	442	2.288	2.575	0	73	4.936	205	345	4.387	18,6%
50–60	5.773	4,3–4,9	4.615	26.642	24.376	769	461	3.000	2.916	0	77	5.993	140	321	5.533	20,8%
60–70	5.773	4,9–5,6	5.215	30.105	27.489	954	474	3.805	3.289	0	95	7.189	102	293	6.794	22,6%
70–80	5.773	5,6–6,4	5.954	34.375	31.113	1.281	601	4.739	3.718	0	128	8.585	90	254	8.241	24,0%
80–90	5.773	6.4–8	7.107	41.026	36.443	2.114	784	6.155	4.352	168	211	10.887	78	199	10.609	25,9%
90–95	2.886	8–9,9	8.799	25.395	21.535	2.211	638	3.988	2.568	348	220	7.124	37	60	7.027	27,7%
95–98	1.732	9,9–1,3	11.138	19.291	15.247	2.800	517	3.026	1.815	461	280	5.581	21	13	5.547	28,8%
98–100	1.154	13+	21.027	24.265	12.011	11.074	697	2.538	1.427	968	1.107	6.039	11	1	6.027	24,8%
Samskattaðir samtals	**57.728**		**4.949**	**285.668**	**245.120**	**24.450**	**5.983**	**31.199**	**29.284**	**1.945**	**2.425**	**64.853**	**2.100**	**2.644**	**60.109**	**21,0%**

* Hér er reiknað með að stofn sérstaks tekjuskatts séu tekjur alls en ekki stofn almenns tekjuskatts eins og nú.

** Ýmsar skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fylgiskjal XII.

Ríkisskattstjóri:

Breyting fjármagnstekjuskatts.

(í milljónum króna)	Einhleypir	Samskattaðir*	Samtals
Álagningarforsendur 2001, 10% skattur og ekkert frítekjumark			
Fjöldi gjaldenda 2001	38.903	39.663	78.566
Fjármagnstekjuskattsstofn	8.343	24.497	32.840
Fjármagnstekjuskattur	828	2.462	3.290
Fjármagnstekjuskattur 16%, frítekjumark 50.000 hjá einhleypum og 100.000 hjá samsköttuðum			
Fjöldi gjaldenda	13.714	16.985	30.699
Fjármagnstekjur yfir frítekjumörkum	7.405	22.234	29.639
Fjármagnstekjuskattur	1.146	3.536	4.682
Breytingar:			
Fjöldi gjaldenda	-25.189	-22.678	-47.867
Skattskyldar fjármagnstekjur	-938	-2.262	-3.200
Fjármagnstekjuskattur	318	1.074	1.392
Fjármagnstekjuskattur 16%, frítekjumark 100.000 hjá einhleypum og 200.000 hjá samsköttuðum			
Fjöldi gjaldenda	10.290	12.435	22.725
Fjármagnstekjur yfir frítekjumörkum	6.815	20.792	27.607
Fjármagnstekjuskattur	1.052	3.305	4.357
Breytingar:			
Fjöldi gjaldenda	-28.613	-27.228	-55.841
Skattskyldar fjármagnstekjur	-1.528	-3.705	-5.233
Fjármagnstekjuskattur	224	843	1.067
Fjöldi einstaklinga á skattgrunnskrá	**103.315**	**118.212**	**221.527**

*Fjármagnstekjur samskattaðra eru taldar fram sameiginlega en skattlagðar hjá því hjóna sem hefur hærri tekjur. Fjöldatölur vísa því til fjölda gjaldenda, en ekki fjölda einstaklinga með skattskyldar fjármagnstekjur.

Fylgiskjal XIII.

Tillögur Samfylkingarinnar.

Áætluð áhrif skattbreytinganna á tekjur ríkissjóðs.

	2002	2003	2004	Samtals
Tekjuskattur fyrirtækja lækki úr 30% í 25% 1. janúar 2002 *		- 1.100		- 1.100
Sérstakur eignarskattur fyrirtækja falli niður m.v. árslok 2002		- 400		- 400
Eignarskattur fyrirtækja lækki úr 1,2% í 0,9% m.v. árslok 2002		- 550		- 550
Frítekjumörk í sérstökum tekjuskatti einstaklinga hækki ekki um 15% vegna tekna á árinu 2001			- 600	- 600
Fríeignamörk í eignarskatti einstaklinga 20% í árslok 2001 vegna hækkunar fasteignamats, tekjuáhrif milli áranna 2001–2002 eru engin	0			0
Sérstakur eignarskattur einstaklinga falli niður m.v. árslok 2002		- 400		- 400
Eignarskattur einstaklinga lækki úr 1,2% í 0,6% m.v. árslok 2002		- 2.000		- 2.000
Tekjuskattur einstaklinga lækki um 0,33% 1. janúar 2002 – 0,25% 1. janúar 2003	- 1.250	-900		-2.150
Skattlagning húsaleigubóta afnumin frá og með árinu 2002	- 150			- 150
Skattlagning á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga afnumin	- 125			- 125
Hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 16% með frítekjugólfi		+ 1.700		+ 1.700
Hækkun kostnaðargjalda í sjávarútvegi		+ 900		+ 900
Fyrsti áfangi í afnámi stimpilgjalda 1. janúar 2003 (þriðjungur)		- 1.100		- 1.100
Bruttóáhrif	**- 1.525**	**- 3.850**	**- 600**	**- 5.975**

Fylgiskjal XIV.

Ríkisskattstjóri:

Áhrif af lækkun skatthlutfalls um 0,33 prósentustig og hækkun viðmiðunarmarka fyrir sérstakan tekjuskatt um 15%.

Hjón

Skattstofn	Tekjuskattar nú	Meðalskatt-hlutfall nú	Tekjuskattar breyttir	Meðalskatt-hlutfall br.	Lækkun skatta kr.	Skatthlutfall lækkun %
1.000.000	0	0	0	0	0	0
2.000.000	169.320	8,5%	162.720	8,1%	6.600	0,3%
4.000.000	944.520	23,6%	931.320	23,3%	13.200	0,3%
6.000.000	1.719.720	28,7%	1.699.920	28,3%	19.800	0,3%
8.000.000	2.584.534	32,3%	2.468.520	31,1%	97.114	1,2%
10.000.000	3.499.734	35,0%	3.396.020	34,0%	103.714	1,0%

Einhleypingar

Skattstofn	Tekjuskattar nú	Meðalskatt-hlutfall nú	Tekjuskattar breyttir	Meðalskatt-hlutfall br.	Lækkun skatta kr.	Skatthlutfall lækkun %
750.000	0	0	0	0	0	0
1.500.000	278.460	18,6%	273.510	18,2%	4.950	0,3%
3.000.000	859.860	28,7%	849.960	28,3%	9.900	0,3%
4.500.000	1.521.067	33,8%	1.470.860	32,7%	50.207	1,1%
6.000.000	2.207.467	36,8%	2.152.310	35,9%	55.157	0,9%
7.500.000	2.893.867	38,6%	2.833.760	37,8%	60.107	0,8%

Fylgiskjal XV.

Ríkisskattstjóri:

Hækkun tryggingagjalds sveitarfélaga

(í þúsundum króna)

Heiti sveitarfelags	Fjöldi félaga í eigu sveitarfélaga	Tryggingagjaldsstofn	Tryggingagjald	Hækkun 0,77%
Reykjavík				
Reykjavík	44	23.367.369	1.222.113	179.929
Samtals:	**44**	**23.367.369**	**1.222.113**	**179.929**
Reykjanes				
Garðabær	5	992.896	51.928	7.645
Hafnarfjörður	11	2.649.311	138.559	20.400
Kópavogur	8	2.175.460	113.777	16.751
Reykjanesbær	13	1.299.865	67.983	10.009
Önnur sveitarfélög	19	2.263.847	118.399	17.432
Samtals:	**56**	**9.381.380**	**490.646**	**72.237**
Vesturland				
Akranes	7	1.406.611	73.566	10.831
Borgarbyggð	15	356.116	18.625	2.742
Önnur sveitarfélög	61	951.720	49.775	7.328
Samtals:	**83**	**2.714.447**	**141.965**	**20.901**
Vestfirðir				
Ísafjarðarbær	5	633.956	33.156	4.881
Önnur sveitarfélög	31	599.192	31.338	4.614
Samtals:	**36**	**1.233.148**	**64.494**	**9.495**
Norðurland vestra				
Sveitarfélagið Skagafjörður	13	671.140	35.101	5.168
Önnur sveitarfélög	30	800.599	41.871	6.165
Samtals:	**43**	**1.471.739**	**76.972**	**11.332**
Norðurland eystra				
Akureyri	13	4.336.763	226.813	33.393
Dalvíkurbyggð	4	338.209	17.688	2.604
Húsavík	6	479.174	25.061	3.690
Önnur sveitarfélög	39	1.050.859	54.960	8.092
Samtals:	**62**	**6.205.006**	**324.522**	**47.779**
Austurland				
Fjarðabyggð	25	564.318	29.514	4.345
Sveitarfélagið Hornafjörður	12	469.880	24.575	3.618
Samtals:	**83**	**2.015.230**	**105.396**	**15.517**
Suðurland				
Árborg	28	810.237	42.375	6.239
Önnur sveitarfélög	100	1.466.166	76.680	11.289
Samtals:	**128**	**2.276.403**	**119.056**	**17.528**
Vestmannaeyjar				
Vestmannaeyjar	5	764.532	39.985	5.887
Samtals:	**5**	**764.532**	**39.985**	**5.887**
Landið allt	**540**	**49.429.254**	**2.585.149**	**380.605**

465. Fyrirspurn [345. mál]

til fjármálaráðherra um heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvaða heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001 hafa verið nýttar af fjármálaráðherra?
2. Hvert var söluverð einstakra eigna ríkissjóðs og hverjir keyptu?
3. Hvert var kaupverð einstakra eigna og hverjir seldu?

Skriflegt svar óskast.

466. Fyrirspurn [346. mál]

til dómsmálaráðherra um persónuskrár.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða skrár heldur lögreglan um brotafólk og þá sem tengst hafa brotum? Hver er tilgangurinn með því að halda slíkar skrár?
2. Á hvaða lögum eða reglugerðum byggjast slíkar skrár?
3. Að hvaða skrám um fólk hafa fyrirtæki, ríkisstofnanir og/eða almenningur aðgang? Hver veitir þann aðgang og á hverju eru slíkar aðgangsheimildir byggðar?

Skriflegt svar óskast.

467. Svar [309. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum.

1. *Hvernig hefur verið varið 18 millj. kr. framlagi til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum síðastliðin tvö ár, sundurliðað eftir verkefnum?*

Svar við þessum lið kemur fram í eftirfarandi lista.

	Kr.
RÁÐSTÖFUNARFÉ RÁÐHERRA ÁRIÐ 2000	
Á liðnum voru 18.000.000 kr. + 9.471.000 kr. frá fyrra ári	
Fært á 02-999-19010, Ýmsir styrkir	
Hönnunarkeppni í eðlisfræði	200.000
Nemendagalleríið Gallerí nema hvað	200.000
Heimsókn leikskáldsins Alexander Galin í febrúar	75.000
Endurbætur á Bolshoi-leikhússinu í Moskvu (UNESCO-VERKEFNI)	101.559
Ráðstefnan Nýjar leiðir á nýrri öld	75.000
Þýðing á íslenskum stærðfræðivef á netinu	200.000
Útgáfa á söng Smárakvartettsins	200.000
Fatahönnunar- og ljósmyndakeppni	200.000
Þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni í apríl	20.000
Frágangur á tónbókmenntasafni dr. Hallgríms Helgasonar	300.000
Þróun forrita sem auðvelda blindum aðgang að tölvum o.fl.	600.000
Fjórir þættir í Maður er nefndur, viðtöl við fyrrverandi menntamálaráðherra.	200.000
Ráðstefna um víkinga í Búlgaríu	100.000
Leikhúsferð til Japan	160.000
Tónleikar í tilefni af 40 ára afmæli Söngsveitarinnar Fílharmóníu	100.000
Koma Robert Zubrin til landsins	35.000
Skákþing NSU í Reykjavík í maí	75.000
Ferðastyrkur vegna flutnings á Konserthætti í New York	50.000
Bach-hátíð á Ísafirði um páska	150.000
Alþjóðleg listdanskeppni í New York	100.000
Blues & soul hátíð á Ólafsfirði	100.000
Heimsþing sagnfræðinga í Ósló í ágúst	150.000
Útgáfa á kennsluefni í íslensku fyrir pólsk-íslenska vináttufélagið Póllandi	54.961
Náms- og kynnisferð starfsfólks Ölduselsskóla til Ísraels og Jórdaníu	150.000
Myndlistarsýningin Strandlengjan 2000	30.000
Þátttaka tveggja ungmenna í Global Young Leaders Conference	100.000
Tónleikaferð Skólakórs Kársnesskóla til Nýfundnalands í júlí	500.000
Endurútgáfa bókarinnar Nonni á frönsku	123.091
Ráðstefna um heimskautasvæðin á Mars	100.000
Kynning á íslenskum tónlistararfi á ráðstefnu í Skálholti	250.000
Leikritið „Arfur – sögur af sjálfstæðu fólki“	150.000
Koma Sinfóníuhljómsveitar Færeyja til landsins	202.767
Sýningar á vegum Gunnars yngra Gunnarssonar í Gunnarsstofnun	200.000
Efling menningartengsla Íslands og Ítalíu	150.000
Alþjóðleg ráðstefna Delta, Kappa, Gamma í Kanada	75.000
Ráðstefnan Íslensk mannvistarlandfræði við árþúsundamót	50.000
Ritgerðarsamkeppni 11 ára barna	200.000
Hafnarborg, sýningar í maí og júní	200.000
Útgáfa bókarinnar „Svona er Ísland í dag“	250.000
50 ára afmælistónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands	500.000
Frumvinna vegna endurgerðar Herjólfsbæjar	250.000
Chaplin-myndir sýndar við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands	150.000
Heimsmeistarakeppni ungra kökugerðarmanna	50.000
Átak til eflingar vatnsdrykkju	50.000
Fundur norrænna tónvísindamanna í september	250.000
Erró-sýning í Hong Kong	167.070
Barnaóperan Sæmi sirkusslanga	350.000
Nemendur og kennarar FB til Belgíu vegna samstarfsverkefnis ESB og EES	250.000
Menningaratburðir í Dalabyggð í tilefni af 1000 ára afmæli landafunda	150.000
Ráðstefnan Barnið í brennidepli	100.000
Móttaka í Sydney, ólympíufarar og Íslendingar	425.250

	Kr.
EPTA-píanókeppni haustið 2000	300.000
Stofnstyrkur til Menntasmiðju kvenna á Akranesi	300.000
Þátttaka í Ólympíuskákmóti kvenna í Istanbul í október–nóvember	200.000
Útgáfa tveggja hljómdiska vegna hjúkrunar- og lækningatækja fyrir nýjan Barnaspítala	150.000
Þýðing á íslenskum fornbókmenntunum á rússnesku	215.483
Þátttaka í fundi samtakanna VSA arts í Brussel	50.000
Þátttaka í Heimskór æskunnar	30.000
Kynslóðir mætast 2000, samvinna eldra fólks og grunnskóla	200.000
Tónleikar Arnar Magnússonar í Þýskalandi	75.000
Hátíðarsýning á Stúlkunni í vitanum í tilefni Dags íslenskrar tungu	250.000
Vísindi í verki, sjónvarpsþættir um vísindi	300.000
Menntaskólinn á Akureyri, „íslensk tunga í aldarlok“	300.000
Fært á 02-996-65199, Upplýsingasamfélagið	
Britannica Online, hluti árgjalds 2000	250.000
Fært á 02-989-19090, Ýmis íþróttamál	
Heimsmeistaramót kraftlyftingarmanna í Japan	150.000
Fært á 02-984-19010, Norrænt samstarf	
Brúðuheimilið til Grænlands	200.000
Fært á 02-983-111, Styrkir til útgáfumála	
Alþjóðleg útgáfa Kistunnar, vefrits um hugvísindi	100.000
Fært á 02-983-110, Fræðistörf	
Kötlusýning í Brydebúð	400.000
Rannsóknir í þágu íslenskrar myndlistar	250.000
Fært á 02-982-125, Starfsemi hljómsveita	
Íslenskar hljómsveitir á „techno“-tónleikum í París	150.000
Fært á 02- 982-19027, Leiklist, erlend samskipti	
Brúðuheimilið til Grænlands	200.000
Fært á 02-982-190325, Óperustúdíó Austurlands	
Óperustúdíó Austurlands, starfsemi 2000	200.000
Fært á 02-982-19050, Kvikmyndir	
I.L.M. (Hrafn Gunnlaugsson), Sunday in the Country, á vegum European Film Academy	200.000
Fært á 02-982-19080, Listir og menning	
Víkingahátíð í Hafnarfirði	100.000
Fært á 02-919-19045, Steinaríki Íslands	
Steinaríki Íslands, flutningur og uppsetning	500.000
Fært á 02-919-19090, Söfn	
Húni II, varðveisla og endurbætur	200.000
Fært á 02-720-131, Sérstök fræðsluverkefni	
Samkoma EPA hér á landi í nóvember	500.000
Fært á 101-101, Aðalskrifstofa ráðuneytisins	6.000.000
Vegna sérfræðikostnaðar og menningarhátíða	
Samtals greitt af ráðstöfunarfé ráðherra 2000	**20.640.181**
RÁÐSTÖFUNARFÉ RÁÐHERRA 2001	
Fjárlög 18.000.000 kr. + 6.800.000 kr. frá fyrra ári	
Fært á 999-19010, Ýmsir styrkir	
Verðlaun fyrir ungan vísindamann	200.000
Maður er nefndur – viðtöl við fyrrverandi menntamálaráðherra	200.000
Átak til að bæta skemmtanahald í framhaldsskólum	250.000
Myrkir músíkdagar, alþjóðlegur blaðamannafundur	100.000
Rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum	300.000
Sýning íslenskra myndskreyta og skopteiknara í Tyrklandi	100.000
Rannsóknarferð á slóðir Williams Faulkners	80.000
Útgáfa rits í tilefni dags stærðfræðinnar	100.000

	Kr.
Ferð nema og kennara MK til Berlínar, evrópsk fagkeppni	50.000
Karlakórssöngur við opnunarhátíð Íslandsdags á EXPO	300.000
Söngsveitin Fílharmónía, starfsemi 2001	200.000
Tónlistarmenn San Fransisco	75.000
Gallerí Nema hvað, rekstur 2001	125.000
Ráðstefna um Konur og íþróttir í mars 2001	50.000
Landsleikur í körfubolta við Makedóníu í janúar	50.000
Söngmót í Stokkhólmi í júní	150.000
Brjóstmynd til minningar um Björgu C. Þorláksson	100.000
Söngferð kvennakórs til Póllands	75.000
Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 2001	200.000
Útgáfa á Iceland Complete 2001 margmiðlunardiski	100.000
Ráðstefna í Árneshreppi um verndun búsetu og menningar- og búsetuminja	50.000
Heimsókn Zarönu Papic til rannsóknastofu í kvennafræðum	120.000
Dagur bókarinnar 23. apríl 2001	200.000
Málverkasýning í Berlín	75.000
Listasetrið Kirkjuhvoli (Minningarsjóður sr. Jóns)	250.000
Friðarboðinn, styrkur vegna útgáfumála	50.000
Blásarakvintett Reykjavíkur, flutningur The Naming of Birds	250.000
Fjölskylduhátíð Iðnnemasambandsins	200.000
Stuttmyndagar í Reykjavík	200.000
Mynd um þroskaheft börn til sýningar í sjónvarpi	250.000
Námskeið fyrir norræna skólabúðakennara	150.000
Tónlistarhátíð á Tröllaskaga	150.000
„Master class“ tónlistarnámskeið í Colorado	150.000
Söngferð til Ungverjalands og Slóveníu í júní	150.000
Minningarsjóður Jean Pierre Jacquillat, 10 ára afmæli sjóðsins	150.000
Myndlistarsýning í Venezúela	65.000
Þátttaka í píanókeppni Norðurlanda í Danmörku	60.000
50 ára afmælisfagnaður vegna sigurs Íslands í frjálsum íþróttum	200.000
Strengjasveit Tónlistarskólans til Berlínar	250.000
Ritun leikrits í Moskvu	80.000
Fyrirlestur um íslenska söguritun, sagnfræðiiðkun o.fl. í St. Pétursborg	75.000
Vinna við fresku í ítalska einkakapellu	75.000
Endurnýjun og viðgerðir á hárkollusafni Bandalagi íslenskra leikfélaga	250.000
Sýning um strönduð skip í Brydebúð	150.000
Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu	75.000
Uppgröftur á hvalbeinum í Keflavík í Fjörðum	200.000
Útgáfa afmælisrits SÍM	300.000
Ráðstefna norrænna jarðvísindamanna í Reykjavík	300.000
Stjórnarfundur listasamtakanna IETM í Slóveníu í águst	45.000
Landsleikir í körfubolta við Finna, Svisslendinga og Íra	150.000
University of Wisconsin Press vegna útgáfu Jónasar Hallgrímssonar	137.814
Þátttaka í ritþingi í Frakklandi	200.000
Taflfélag Reykjavíkur, Evrópukeppni taflfélaga á Krít í september	150.000
Sýning á óhefðbundnu leikverki fyrir unglinga um áhrif vímuefna o.fl.	100.000
Tónlistarhátíð í Árósum í september	200.000
Safn Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað	500.000
Smásagna- og ljóðakeppni Æskunnar til allra grunnskólanema	150.000
Alþjóðleg ráðstefna um burstaorma í Reykjavík í júlí	100.000
Myndband um danskennslu	300.000
Myndlistarhópurinn Dymo vegna SIE	240.000
Ferð tveggja kennara til Rússlands á norræna ráðstefnu um neytendafræðslu	75.000
Þjóðahátíð Austfirðinga í október	200.000

	Kr.
Listaverk eftir Sæmund Valdimarsson á Safnasafnið	300.000
Evrópsk fagkeppni nema og kennara hótel- og ferðamálaskóla	50.000
Leiksýning í London	200.000
Norræn keppni plötusnúða í Stokkhólmi í ágúst	35.000
Útgáfa bókar um Ísland á japönsku	100.000
Ráðstefna og aðalfundur Evrópusamtaka félagsmiðstöðva	200.000
Forrit fyrir sjónskerta vegna tungutækni	300.000
Fært á 982-19027, myndlist erlend samskipti	
„Ferðir Guðríðar“ til Bandaríkjanna	200.000
Fært á 982-19035, tónlistarhátíðir	
Myrkir músíkdagar í febrúar 2001	300.000
Fært á 982-19031, tónlist	
Samband íslenskra lúðrasveita, starfsemi 2001	200.000
Fært á 982-19080, menningarstarfsemi	
Tónlistarhátíð í Esparron í Frakklandi	325.000
Fært á 984-19010, norræn samvinna	
Þátttaka í Nordischer Klang í Greifswald í Þýskalandi í maí	100.000
Fært á 319-11600, nýjungar í skólastarfi	
„Líf í tölum“ sjónvarpsþættir	250.000
Fært á 982-12700, Tónlist fyrir alla	
Tónlist fyrir alla	400.000
Fært á 720-13100, sérstök fræðsluverkefni	
Evrópusamstarf um aukna meðvitund foreldra og kennara	200.000
Ógreidd loforð	3.277.000
Samtals greitt og lofað 26. nóvember 2001	**16.264.814**

2. *Hvernig hefur ráðherra varið óskiptu fé síðastliðin tvö ár á safnliðunum 02-919-1.90 Söfn, 02-982-1.90 Listir, 02-983-1.10 Fræðistörf, 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, 02-984-1.90 Norræn samvinna, 02-988-1.90 Æskulýðsmál, 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál og 02-999-1.90 Ýmis framlög?*

Skiptingin kemur fram í eftirfarandi lista.

	Kr.
SÖFN 2000	
Fjárlagaliður 02-919-190	
Fjárveiting 8.200.000 + frá 1999 2.589.000 + 700.000 af ráðstöfunarfé ráðherra	
Styrkir til almenningsbókasafna vegna upplýsingatækniverkefna	3.367.102
Hönnunarsafn	3.000.000
Steinasafnið á Akranesi	500.000
Forathugun á möguleikum á varðveislu Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri	500.000
Varðveisla á m/b Húna II	400.000
Íslandsdeild ICOM	350.000
Mat á ástandi gamalla árabáta og vélbáta	400.000
Samtals greitt 31. desember 2000	**8.517.102**
SÖFN 2001	
Fjárlagaliður 02-919-190	
Fjárveiting 7.500.000	
Auðunarstofa á Hólum, opnun	500.000
Sýning um strönduð skip í Brydebúð	250.000
Farskóli safnamanna	350.000
Fyrirhugað harmonikkusafn á Ísafirði	100.000
Íslandsdeild ICOM	350.000
Listmuna- og sögusýning í þinghúsinu í Svarfaðardal	150.000

	Kr.
Málþing um menningartengda ferðaþjónustu	100.000
Samgönguminjasafn að Ystafelli í Köldukinn	400.000
Skráning á eigum skákminjasafns	300.000
Ógreidd loforð	2.700.000
Samtals greitt og lofað 26. nóvember 2001	**5.200.000**

LISTIR, FRAMLÖG 2000
Fjárlagaliður 02-982-190
Fjárlög 2000 42.400.000 kr. - frá fyrra ári 2.162.000 kr. + fjáraukalög 15.000.000 kr. + 700.000 kr. af ráðstöfunarfé ráðherra + 1.930 kr. af öðrum liðum + 1.500.000 kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar

BÓKMENNTIR – 2.200.000 kr.	
19010 Bókmenntir almennt	518.461
19011 Rithöfundasambandið, höfundamiðstöð	300.000
19012 Rithöfundasamband Íslands	500.000
19015 Bókmenntakynningar erlendis	41.400
19016 Literatur expres	500.000
LEIKLIST – 6.600.000 kr.	
19020 Leiklist almennt	1.502.000
19021 Á senunni	400.000
19022 Leikbrúðuland	500.000
19023 Íslenska brúðuleikhúsið	400.000
19024 Ferðaleikhúsið	800.000
19025 Leiklistarráð	460.272
19027 Leiklist, erlend samskipti	2.090.000
TÓNLIST – 15.150.000 kr.	
19030 Tónlist verkefnastyrkir	2.530.000
19031 Tónlist rekstrarstyrkir	330.893
190311 Reykholtshátíð	400.000
190312 Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000.000
190313 Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400.000
190314 Kammersveit Reykjavíkur	1.500.000
190315 Þjóðhátíð í Gnúpverjahreppi	400.000
190316 Djasshátíð á Egilsstöðum	400.000
190318 Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.500.000
190320 Efling Stykkishólms	400.000
190321 Collegium Musicum	500.000
190322 Bláa kirkjan	400.000
190323 Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400.000
190324 Sumartónleikar við Mývatn	400.000
190325 Óperustúdíó Austurlands	800.000
19035 Tónlistarhátíðir	200.000
19036 Tónlist erlend samskipti	2.781.199
MYNDLIST – 10.000.000 kr.	
19040 Myndlist almennt	1.842.110
19043 Upplýsingamiðstöð myndlistar	3.200.000
19044 Samband íslenskra myndlistarmanna	1.500.000
19045 Myndlist, ferðastyrkir	1.915.420
19046 Myndlistarhátíðir erlendis	128.070
KVIKMYNDIR – 600.000 kr.	
19050 Kvikmyndir almennt	600.000
LISTIR OG MENNING – 23.318.000 kr.	
19080 Listir og menning	2.312.001
19081 Bandalag íslenskra listamanna	1.200.000

	Kr.
19082 Jöklasýning á Hornafirði	500.000
19083 MENOR	400.000
19084 Víkingasýning	758.937
19085 Menning um landið	400.000
19086 EXPO 2000, menningardagskrá	15.550.294
19087 Listvinafélag Vestmannaeyja	400.000
19089 Galdarsýning á Ströndum	2.000.000
ÝMISLEGT – 1.500.000 kr.	
19091 Dagur íslenskrar tungu	1.578.621

LISTIR, FRAMLÖG 2001
Fjárlagaliður 02-982-190
Fjárlög 2001 42.800.000 kr. + frá fyrra ári 3.230.000 kr.+ 1.025.000 kr. af ráðstöfunarfé ráðherra + 2.100 kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar.

BÓKMENNTIR – 2.330.000 kr.	
19010 Bókmenntir almennt	405.290
19011 Rithöfundasambandið, höfundamiðstöð	300.000
19012 Rithöfundasamband Íslands	500.000
19015 Bókmenntakynningar erlendis	500.000
LEIKLIST – 5.450.000 kr.	
19020 Leiklist almennt	600.000
19022 Leikbrúðuland	800.000
19024 Ferðaleikhúsið	500.000
19025 Leiklistarráð	1.949.458
19027 Leiklist, erlend samskipti	1.300.000
TÓNLIST – 14.550.000 kr.	
19030 Tónlist verkefnastyrkir	2.211.629
19031 Tónlist rekstrarstyrkir	750.000
190311 Reykholtshátíð	400.000
190312 Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000.000
190313 Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400.000
190315 Þjóðhátíð í Gnúpverjahreppi	400.000
190316 Djasshátíð á Egilsstöðum	400.000
190317 Tónleikar á Kirkjubæjarklaustri	0
190318 Sumartónleikar í Skálholtskirkju	1.800.000
190320 Efling Stykkishólms	400.000
190322 Bláa kirkjan	400.000
190323 Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400.000
190324 Sumartónleikar við Mývatn	400.000
190326 Tónlistarfélag Ísafjarðar	400.000
190327 BRJÁN, rokk- og djassklúbbur Neskaupstaðar	400.000
19035 Tónlistarhátíðir	1.200.000
19036 Tónlist erlend samskipti	2.140.000
MYNDLIST – 12.650.000 kr.	
19040 Myndlist almennt	1.408.678
19043 Upplýsingamiðstöð myndlistar	4.000.000
19044 Samband íslenskra myndlistarmanna	1.500.000
19045 Myndlist, ferðastyrkir	1.609.805
19046 Myndlistarhátíðir erlendis	4.524.511
KVIKMYNDIR – 700.000 kr.	
19050 Kvikmyndir almennt	200.000
LISTIR OG MENNING – 11.975.000 kr.	
19080 Listir og menning	4.294.985
19081 Bandalag íslenskra listamanna	1.200.000

	Kr.
19082 Jöklasýning á Hornafirði	0
19083 MENOR	400.000
19084 Á seyði, Skaftfell	1.000.000
19085 Menning um landið	400.000
19086 Menningarhátíðir erlendis	533.752
19087 Listvinafélag Vestmannaeyja	0
19088 Listahátíð ungs fólks á Austurlandi	400.000
19089 Eiríksstaðanefnd, Leifsstaðir	400.000
ÝMISLEGT – 1.500.000 kr.	
19091 Dagur íslenskrar tungu	345.442

ÝMIS FRÆÐISTÖRF 2000
Fjárlagaliður 02-983-110
Fjárlög 4.300.000 kr. + 2.943.000 kr. frá fyrra ári + 650.000 af ráðstöfunarfé ráðherra

Kötlusýning	800.000
Tónlistarráðstefna í Skálholti	550.000
Skráning mannanafna með skýringum á tölvutæku formi	400.000
Útgáfa bókar á pólsku um Ísland	100.000
Úrvinnsla bréfa sem send voru Sigurði Guðmundssyni	100.000
Rannsóknarleiðangur til Nýfundnalands	275.000
Rit um ævi og skólamálastörf Jóns Þórarinssonar	500.000
Rannsóknir í þágu íslenskrar myndlistar	1.000.000
Útgáfa bókar um Þingvelli og Þingvallavatn	1.000.000
Ráðstefnan Íslendingar á faraldsfæti	100.000
Sagnfræðingafélagið	70.000
Þýðing á fornaldarsögum á dönsku	200.000
Samtals greitt 31. desember 2000	**5.095.000**

ÝMIS FRÆÐISTÖRF 2001
Fjárlagaliður 02-983-110
Fjárlög 4.300.000 kr. + 2.798.000 kr. frá fyrra ári.

Útgáfa á yfirliti yfir leiksýningar Shakespeares á Íslandi	150.000
Ráðstefna norrænna fornleifafræðinga á Akureyri	400.000
Undirbúningur útgáfu á doktorsritgerð um fjölkynngi í íslenskum fornsögum	250.000
Útgáfa dróttkvæða í tengslum við málþing í Reykholti	300.000
Málþing um skáldsögur	100.000
Skáldsagnaþing á landsbyggðinni	75.000
Útgáfa kennslubókar í frönsku	200.000
Rannsóknarferð til Nýfundnalands	200.000
Íslenski hluti verkefnisins A Europe of Tales	450.000
Kynning á fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins	70.000
Ráðstefnan Bókmenntir og daglegt líf við Breiðafjörð	200.000
Menningarvefsetrið Kistan	200.000
Listsýning tileinkuð Megasi í Nýlistasafninu	400.000
Ógreidd loforð	1.110.000
Samtals greitt og lofað 26. nóvember 2001	**4.105.000**

STYRKIR TIL ÚTGÁFUMÁLA 2000
Fjárlagaliður 02-983-111
Fjárlög kr. 1.300.000 kr. + 3.293.000 kr. frá fyrra ári

Kennslubók í organleik	100.000
Vefrit um hugvísindi	200.000
Íslendingasögur á kínversku	545.613
Ævisaga séra Jóns Steingrímssonar á ensku	180.316

	Kr.
Saga Þjóðleikhússins	3.000.000
Samtals greitt 31. desember 2000	**4.025.929**
STYRKIR TIL ÚTGÁFUMÁLA 2001	
Fjárlagaliður 02-983-111	
Fjárlög kr. 1.000.000 kr. + 1.183.000 kr. frá fyrra ári	
V. bindi Manntalsins 1910	100.000
Útgáfa á bók um Jónas Hallgrímsson á ensku	506.212
Útgáfa á fornískenskri málfræði á ítölsku	155.806
Árbók Hins íslenska fornleifafélags	250.000
Útgáfa á niðurstöðum norræna verkefnisins Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi	500.000
Þýðing á ensku á Sjúkdómar og dánarmein íslenskra fornmanna	200.000
Útgáfa stefnuyfirlýsingar um skólasöfn, frá UNESCO	50.000
Ógreidd loforð	425.000
Samtals greitt og lofað 26. nóvember 2001	**2.187.018**
NORRÆN SAMVINNA 2000	
Fjárlagaliður 02-984-190	
Fjárlög 31.500.000 kr. - 2.863.000 kr. frá fyrra ári + 200.000 kr. ráðstöfunarfé ráðherra + 750.000 kr. af öðrum liðum	
Barnabókamessa í Kaupmannahöfn	200.000
Bókasýning í Gautaborg	150.000
Bókmenntahátíð á Álandi	41.646
Endurgreiðsla vegna bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs	-2.055.168
Ferðastyrkur til rithöfundar til dvalar á Norðurlöndum	139.686
Fundir í sænsk-íslenska sjóðnum	169.836
Fundir vegna Nordens folkliga akademi	199.754
Fundur norrænna forvarða í Helsinki	50.000
Fundur norrænna hússtjórnarkennara á Íslandi	90.000
International amateur theatre, árgjald	49.443
Íslandsdeild IBBY, barnabókaráðið	50.000
Leiksýningin Brúðuheimilið til Grænlands	600.000
Leirlistasýning í Berlín	100.000
Menningarsamskipti við Færeyinga	992.060
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	279.410
Námskeið fyrir Norðurkollubúa	130.000
Námstefna fyrir leiðbeinendur fyrir unglinga í skapandi skrifum	50.000
Nordisk media nytt	35.000
Norræn nemendaskipti	700.000
Norræn ráðstefna um áhrif kristni á norrænar nafngiftir í Skálholti	140.000
Norræn ráðstefna	60.000
Norræna félagið	3.000.000
Norræna húsið, listsýningar	350.000
Norrænt menningarmót ungmenna	15.495.403
Norrænt samvinnuverkefni barna á bókasöfnum	250.000
NVBF-ráðstefna 2000	150.000
Poesidagar í Malmö	42.368
Ráðstefna um barnamenningu í Kaupmannahöfn	200.000
Ráðstefna um lettneskar bækur og bókasöfn í Riga	65.000
Scandinavia today	9.467
Stjórnarfundur NVBF	50.000
Undirbúningsfundur vegna málþings um barnabókasöfn og -menningu	30.000
Ungdom och kultur I Norden	150.000
Ungmennamót í Riga	300.000

	Kr.
Þátttaka í fundum norrænnar nefndar um sendikennara	412.930
Þátttaka í norrænum embættismannafundum	787.740
Þróunarverkefni varðandi fjarkennslu í raforkuverkfræði	400.000
Samtal greitt 31. desember 2000	**23.864.575**

NORRÆN SAMVINNA 2001
Fjárlagaliður 02-984-190
Fjárlög 14.500.000 kr. + 5.722.000 kr. frá fyrra ári

Bókasýning í Gautaborg	200.000
Dvöl rithöfundar í Jónshúsi	65.000
Endurgreiðsla frá Norrænu ráðherranefndinni vegna ferðakostnaðar	-477.000
Ferðastyrkur til rithöfundar til dvalar á Norðurlöndum	119.264
FIA-fundur í Stokkhómi	55.000
Fundir í sænsk-íslenska sjóðnum	39.003
Færeyskir dagar í Ólafsvík	100.000
Handverkssýning á Grænlandi	200.000
Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju	200.000
Leiklistarsamband Íslands	400.000
Listaráðstefna í Visby	100.000
Menningarsamskipti við Færeyinga	1.520.200
Myndlistarsýning á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi	150.000
Námskeið fyrir Norðurkollubúa	130.000
Námskeið fyrir sögumenn í leikhúsum	70.000
Nordischer Klang í Þýskalandi	250.000
Nordisk media nytt	35.000
Norræn nemendaskipti	700.000
Norræna félagið	3.000.000
Norrænu leikskáldaverðlaunin, þýðing	175.000
Norrænn fundur	83.487
Norrænt höfundaréttarþing á Akureyri	350.000
Norrænt menningarmót ungmenna	1.504.597
Norrænt samstarfsverkefni um notkun netsins í grunnskólum í Vest-Norden	142.091
Norsk lista- og menningarhátíð í Akershus	276.625
Ráðstefna samtaka fræðimanna á Norðurlöndum	50.000
Ráðstefna um málefni Íslands og Færeyja	160.000
Samtök um barna- og unglingaleikhús	100.000
Stjórnarfundur IBBY-samtakanna	80.000
Sýning og kynnig á íslenskri grafík á Grænlandi	200.000
Undirbúningsfundur ráðstefnu IoD á Íslandi	100.000
Ungdom och kultur I Norden	500.000
Þátttaka í fundi Eblida í Bremen	50.000
Þátttaka í fundi norrænu glæpasamtakanna	30.000
Þátttaka í fundum norrænnar nefndar um sendikennara	172.185
Þátttaka í Listahátíð í Færeyjum	335.720
Þátttaka í listdansmóti í Noregi	100.000
Þátttaka í námskeiði norrænna leikkvenna	100.000
Þátttaka í norræni miðsafnaráðstefnu í Danmörku	70.000
Þátttaka í norrænum embættismannafundum	1.398.293
Þátttaka í norrænum fundi leikminjasafna	45.000
Þátttaka í norrænum fundi um bókasafnamál	50.000
Þátttaka í norrænum fundi um menningaráætlun ESB	200.000
Þátttaka í ráðstefnu Globalizations and small states í Danmörku	50.000
Þátttaka í ráðstefnu um bókmenntasöfn í Finnlandi	100.000
Þátttaka í ráðstefnu um æskulýðsmál í dreifbýli í Vasa í Finnlandi	50.000

	Kr.
Þátttaka í ráðstefnunni Nordiske kvinner mod vold	22.000
Þátttaka í stjórnarfundi norrænna danssamtaka	60.000
Þátttaka í Víkingaráðstefnu í Færeyjum	300.379
Ógreidd loforð	445.000
Samtal greitt og lofað 26. nóvember 2001	**14.156.844**

ÆSKULÝÐSMÁL ALMENNT 2000
Fjárlagaliður 02-988-190
Fjárlög 4.500.000 kr.

AFS á Íslandi	200.000
AFS á Íslandi, námskeið fyrir sjálfboðaliða	200.000
Alþjóðleg ungmennaskipti	150.000
Alþjóðlegar sumarbúðir barna	70.000
Bandalag íslenskra sérskólanema	100.000
Bindindisfélag ökumanna, unglingadeild	100.000
Bindindisfélag ökumanna, verkefni gegn ölvunarakstri	150.000
Félag framhaldsskólanema	250.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi, æskulýðsstarf	200.000
Íslenskir ungtemplarar	200.000
Hitt húsið, æskulýðsstarf	150.000
Kristilega skólahreyfingin	200.000
Landssamband KFUM og K, krakkaklúbbur	200.000
Sjálfsbjörg, ferðastyrkur til Buslara	100.000
Slysavarnafélag Íslands, unglingadeildir	200.000
Ungmennahreyfing Rauða krossins	200.000
Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins	150.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar Ný – ung	150.000
Æskulýðssamband kirkjunnar	200.000
Samtals greitt 31.12.2000	**3.170.000**

ÆSKULÝÐSMÁL ALMENNT 2001
Fjárlagaliður 02-988-190
Fjárlög 2 .300.000 kr.

AFS á Íslandi, námskeið fyrir sjálfboðaliða	50.000
Alþjóðlegar sumarbúðir barna	100.000
Bandalag íslenskra sérskólanema	100.000
Bindindisfélag ökumanna, unglingadeild	150.000
Ráðstefna um æskulýðsmál í dreifbýli í Finnlandi	251.058
Hjálpræðisherinn á Íslandi, æskulýðsstarf	200.000
Kristilega skólahreyfingin	200.000
Slysavarnafélag Íslands, unglingadeildir	200.000
Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins	150.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar, Ný – ung	150.000
Æskulýðssamband kirkjunnar	200.000
Samtals greitt 26. nóvember 2001	**1.751.058**

ÝMIS ÍÞRÓTTAMÁL 2000
Fjárlagaliður 02-989-190
Fjárlög 29.000.000 kr. + 717.000 kr. frá fyrra ári

Afreksmannasjóður ÍSÍ	10.000.000
Norrænt bridgemót fatlaðra	75.000
Þátttaka í heimsmóti heyrnarlausra	100.000
Íþróttaaðstaða á Egilsstöðum	13.500.000
Landsleikur Íslands og Portúgals í körfubolta	75.000

	Kr.
Þátttaka í heimsmeistaramóti í kraftlyftingum	300.000
Alþjóðaþing íþróttafréttamanna	150.000
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	3.000.000
Ferðakostnaður	540.763
Samtals greitt 31. desember 2000	**27.740.763**

ÝMIS ÍÞRÓTTAMÁL 2001
Fjárlagaliður 02-989-190
Fjárlög 12.000.000 kr. + 3.138.000 kr. frá fyrra ári

Alþjóðlegt skákmót til minnigar um Jóhann Þóri Jónsson	200.000
Íþróttaaðstaða á Egilsstöðum	5.000.000
Norðurlandamót í snóker	200.000
Norðurlandamót í fimleikum	150.000
Lyfjaeftirlit ÍSÍ, vegna 2000	1.000.000
Lyfjaeftirlit ÍSÍ, vegna 2001	1.000.000
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	2.400.000
Aðþjóðlegt samstarf íþróttafréttamanna	150.000
Ferðakostnaður	68.685
Samtals greitt 26. nóvember 2001	**10.168.685**

ÝMIS FRAMLÖG 2000
Fjárlagaliður 02-999-19010
Fjárlög 2.400.000 kr. + 960.000 kr. frá fyrra ári

Íslenski safnadagurinn 1999	200.000
Landssamband Gídeonfélaga	500.000
Þjóðahátíð Vestfirðinga í mars 2000	100.000
Námskeið í íkonagerð í Skálholti	150.000
Þátttaka í stjórnarfundi Physica Scripta	75.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, landsfundur	100.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn, kaup á bókaskrá	102.000
Kynning á hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum	200.000
Menningarnet Íslands	2.048.000
Samtals greitt 31. desember 2000	**3.475.000**

ÝMIS FRAMLÖG 2001
Fjárlagaliður 02-999-19010
Fjárlög 2.700.000 kr.

Landssamband Gídeonfélaga	500.000
Útgáfa Iceland Complete 2001 margmiðlunardisks	100.000
Myndlistarsýningar nemenda Listaháskóla Íslands um landið	100.000
Menningarmiðstöðin Edinborg	500.000
Ráðstefna gegn kynþáttahyggju	150.000
Draumasmiðjan, ráðstefna í Vín	200.000
Menningarnet Íslands	1.000.000
Samtals greitt 26. nóvember 2001	**2.550.000**

468. Frumvarp til laga [347. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

1. gr.

7. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. A, svohljóðandi:

Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga. Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

Hjá félögum sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu bókhaldsbækur jafnframt vera færðar í íslenskum krónum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, heimilt að varðveita gögn skv. 1. mgr. á starfsstöð erlendis í allt að sex mánuði. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, sbr. 1. mgr. 1. gr., fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikning í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendri mynt skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (11. gr. A.)

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendrar félagasamstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginstarfsemi þeirra er erlendis.
3. Félög, sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi, en eru með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.
4. Félög, sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdum skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. laganna.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða félagasamstæðu fara fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

b. (11. gr. B.)

Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.

Félag sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skv. 2. mgr. 11. gr. skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár nema það uppfylli ekki lengur skilyrði 11. gr. A.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði 11. gr. A ber því að tilkynna ársreikningaskrá um það. Að fenginni heimild ársreikningaskrár skal það færa bókhald sitt og semja ársreikning í íslenskum krónum miðað við næsta reikningsár.

Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með því að félög sem fengið hafi heimild skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði 11. gr. A, sbr. 78. gr. þessara laga.

Uppfylli félag ekki skilyrði 11. gr. A skal ársreikningaskrá afturkalla heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli við upphaf næsta reikningsárs. Ársreikningaskrá getur veitt félagi frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið.

6. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr., skulu umreikna fjárhæðir efnahagsreiknings fyrra árs á lokagengi ársins og mynda þær fjárhæðir upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félög, sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning vegna reikningsársins 2002 í erlendum gjaldmiðli, hafa frest til 28. febrúar 2002 til að sækja um slíka heimild.

III. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo:

Fjárhæðir í skýrslu félags sem heimild hefur til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga, skulu byggðar á bókhaldi í íslenskum krónum, sbr. 3. mgr. 10. gr. A laga um bókhald.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa tekið gildi ný lög um bókhald og ársreikninga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð þar sem veitt er heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Heimildir þessar eru misvíðtækar, en í Danmörku er lagt að jöfnu að færa bókhald í dönskum krónum og evrum. Afla þarf heimildar hjá Erhverv- og Selskabstyrelsen í Danmörku ef semja skal ársreikning í öðrum gjaldmiðli en dönskum krónum eða evrum. Í Svíþjóð hafa tiltekin félög heimild til að færa bókhald í evrum og semja ársreikninga í þeim gjaldmiðli. Þá hafa útibú sænskra félaga á erlendri grund heimild til að semja ársreikninga sína í gjaldmiðli viðkomandi lands. Í Noregi er heimilt að færa bókhald í erlendum gjaldmiðlum en ársreikningur skal saminn í norskum krónum. Samstæðureikning má þó semja í þeim gjaldmiðli sem meginviðskipti félagasamstæðunnar fara fram í.

Í ljósi vaxandi alþjóðavæðingar hafa þær raddir orðið æ háværari hér á landi sem óskað hafa eftir því að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, enda íslensk fyrirtæki í sívaxandi samkeppni á alþjóðamarkaði.

Í ljósi framangreindrar þróunar skipaði fjármálaráðherra nefnd haustið 2000 til að endurskoða lög um ársreikninga og lög um bókhald. Eitt af meginverkefnum nefndarinnar var að kanna möguleika á því að heimila færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Nefndin vann áfangaskýrslu um málið þar sem lagt er til að ákveðnum félögum verði veitt slík heimild. Sú tillaga er megininntak þessa frumvarps.

Ýmis rök hafa verið færð fram fyrir því að veita slíka heimild, en þau helstu eru eftirfarandi:

- Fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari.
- Sveiflur í afkomu félagsins vegna gengisbreytinga verða minni.
- Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna.
- Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi.
- Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis.

Við undirbúning frumvarpsins var einnig tekið til sérstakrar skoðunar hvort heimila ætti félögum, sem fengið hefðu heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, skattskil í þeim gjaldmiðli. Ekki var unnt að leita í smiðju nágrannaríkjanna í þessu efni, þar sem ekkert þeirra hefur heimilað skattskil í erlendum gjaldmiðli.

Í þessari athugun varð fljótlega ljóst að verulegur munur getur orðið á tekjuskattsstofni eftir því hvort hann byggist á reikningsskilum sem gerð eru í íslenskum krónum eða í erlend-

um gjaldmiðli. Gengishreyfingar erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni valda því að ýmsar fjárhæðir í rekstrarreikningi, svo sem afskriftir, söluhagnaður eða sölutap eigna geta orðið allt aðrar fjárhæðir í skattframtali sem byggt er á bókhaldi og reikningsskilum í erlendum gjaldmiðli en ef það væri í íslenskum krónum. Skattstofnar verða mismunandi, hvort heldur um er að ræða stofna til tekjuskatts, eignarskatts, virðisaukaskatts, tryggingagjalds eða fleiri skatta og gjalda.

Þannig gætu tvö íslensk félög í sams konar rekstri með sömu afkomu í íslenskum krónum því skilað gjörólíkum skattstofnum ef annað félagið skilaði skattframtali í erlendum gjaldmiðli en hitt ekki. Mismunurinn getur verið bæði til lækkunar eða hækkunar, allt eftir hvernig gengi krónunnar hefur þróast gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Skattaleg staða félaganna tveggja yrði því innbyrðis ólík og við það skapast ákveðin mismunun milli fyrirtækja sem að öðru leyti búa við sömu skilyrði.

Af ástæðum þeim sem hér hafa verið raktar er í þessu frumvarpi lagt til að félögum sem eru með skattskylda starfsemi hér á landi verði, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, en skattstofnar verði áfram tilteknir í íslenskum krónum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 7. mgr. 10. gr. falli brott, en að öðru leyti er vísað til athugasemdar við 2. gr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að komi ný grein, 10. gr. A, og er 1. mgr. samhljóða 7. mgr. 10. gr. núgildandi laga. Í ákvæðinu kemur fram sú meginregla að texti bókhaldsbóka sé á íslensku, fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum og að bækurnar séu varðveittar hér á landi.

Í 2. mgr. er að finna undantekningu frá meginreglunni í 1. mgr. um að félög geti fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. Heimildin er takmörkuð við þau félög sem skylt er að semja ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga og nær þannig ekki til atvinnureksturs einstaklinga eða félaga með ótakmarkaða ábyrgð eigenda. Þá er lagt til að texti í bókhaldsbókum megi vera á dönsku eða ensku ef hann er ekki á íslensku.

Í 3. mgr. er kveðið á um að félög sem fá heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli færi jafnhliða bókhald í íslenskum krónum, enda krónan grunneining í viðskiptum þeirra með gjaldeyri, við greiðslu launa og kostnaðar hér á landi og í virðisaukaskattsskyldum viðskiptum. Ekki verður séð að á því séu vandkvæði, þar sem flest stærri bókhaldskerfi í notkun hér á landi hafa þann möguleika að færa bókhald í tveimur gjaldmiðlum. Upplýsingaskylda til skattyfirvalda vegna tekjuskatts, eignarskatts, tryggingagjalds, virðisaukaskatts, tryggingagjalds og tekjuskatts o.fl. byggist á fjárhæðum í íslenskum krónum sem nauðsynlegt er að fá út úr bókhaldi félaganna.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að félög sem fengið hafa heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli megi varðveita bókhaldsbækur og bókhaldsgögn á starfsstöð erlendis í allt að sex mánuði frá þeim mánuði sem þau eru gefin út. Talið er að félög sem hafa meginstarfsemi sína erlendis eða eru dótturfélög erlendra móðurfélaga séu þau félög sem helst muni afla sér þessarar heimildar. Bókhald og bókhaldsgögn á rafrænu formi skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum innan hæfilegs tíma.

Í b-lið er lögð til breyting á 2. mgr. 20. gr. laganna um að bókhald sem einu sinni hefur verið fært á tölvutæku formi verði geymt áfram á slíku formi út lögmæltan geymslutíma. Ekki er lengur gert ráð fyrir þeim möguleika að félög geti prentað út gögnin til varðveislu á pappírsformi, enda hafa geymsluskilyrði gagna á tölvutæku formi breyst mikið síðustu ár. Telja má víst að fyrirtæki sem eru með bókhaldsforrit á annað borð uppfæri hjá sér kerfið reglulega eða taki í notkun nýtt og betra kerfi en hverfi ekki frá færslu bókhalds á tölvutæku formi.

Um 4. gr.

Hér er lögð til undantekning frá meginreglu 1. mgr. og felur hún í sér að félög, sem kveðið er á um í 1. mgr. 1. gr. laganna, geti fengið heimild ársreikningaskrár til að semja ársreikning og færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. Heimildin er takmörkuð við þau félög sem skylt er að semja ársreikninga í samræmi við ákvæði laganna. Þannig er gert ráð fyrir að félög sem fá heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli skuli einnig semja og birta ársreikninga sína í þeim gjaldmiðli. Texti ársreiknings má vera á dönsku eða ensku ef hann er ekki saminn á íslensku. Félög sem vilja jafnframt birta íslenskum hluthöfum og öðrum aðilum ársreikning saminn í íslenskum krónum skulu geta þess í skýringum hvaða aðferðum er beitt við samningu slíks reiknings.

Um 5. gr.

Um a-lið (11. gr. A)

Í greininni er kveðið á um að ársreikningaskrá, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, hafi með höndum það verkefni að veita heimild til færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Talin eru upp skilyrði fyrir veitingu heimildar. Við mat á meginstarfsemi skal litið til þess hvort meginhluti tekna og gjalda félags og skulda og fjárfestingarkostnaðar sé í erlendum gjaldmiðli. Mikilvægt er að félög sem hafa meginstarfsemi sína hérlendis geti sýnt fram á veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil til að þessi heimild verði veitt. Ef viðskipti félags eru í fleiri en einum erlendum gjaldmiðli en samanlögð viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umtalsverð þannig að ljóst sé að íslenska krónan teljist ekki vera starfrækslugjaldmiðill getur ársreikningaskrá veitt heimild til færslu bókhalds og samningu ársreiknings í þeim erlenda gjaldmiðli sem vegur þyngst í rekstri félagsins.

Í 2. mgr. er það skilyrði sett að gjaldmiðillinn sem óskað er eftir til færslu bókhalds verði að vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi. Jafnframt er skilgreint hvað teljist vera starfrækslugjaldmiðill. Við mat á viðskiptum skal litið til viðskiptaumhverfis, tekna, gjalda, eigna og skulda félagsins.

Í 3. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu heimildarinnar.

Um b-lið (11. gr. B)

Í 1. mgr. er kveðið er á um að umsókn um heimild til að færa bókhald í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum skuli berast eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir upphaf næsta reikningsárs.

Í 2. mgr. er lagt til að félagi sé skylt að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli í að minnsta kosti fimm ár eftir að heimild er veitt að því gefnu að aðstæður breytist ekki. Tilgangurinn með ákvæðinu er að félög geti ekki nýtt sér heimildina til að færa bókhald milli gjaldmiðla eftir gengisþróun á hverjum tíma.

Í 3. mgr. er félögum gert skylt að tilkynna ársreikningaskrá um ef þau telja sig ekki lengur uppfylla skilyrði 11. gr. A.

Í 4. mgr. er kveðið á um eftirlitsskyldu ársreikningaskrár. Mikilvægt er talið að haft sé eftirlit með því að félög uppfylli áfram skilyrði fyrir veitingu heimildar.

Í 5. mgr. er kveðið á um heimild ársreikningaskrár til að afturkalla leyfið telji hún að skilyrði séu ekki lengur fyrir hendi. Gert er ráð fyrir því að ársreikningaskrá geti veitt frest í tvö reikningsár ef talið er að ástandið sé tímabundið.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um umreikning fjárhæða efnahagsreiknings þegar breytt er um færslugjaldmiðil. Lagt er til að fjárhæðir efnahagsreiknings fyrra árs séu umreiknaðar á lokagengi ársins og mynda þær fjárhæðir upphafsstærðir bókhalds í hinum erlenda gjaldmiðli. Ef horfið er frá samningu ársreiknings í erlendum gjaldmiðli eiga upphafsstærðir að liggja fyrir í íslenskum krónum þar sem bókhald hefur verið fært jafnhliða í íslenskum krónum og er því ekki þörf á umreikningsreglum.

Um 7. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2002 er nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði vegna rekstrarársins 2002. Gert er ráð fyrir að félög hafi frest til 28. febrúar 2002 til að sækja um heimild skv. 11. gr. A.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að þrátt fyrir að ársreikningur sé saminn í erlendum gjaldmiðli skuli greinargerð sú er fylgja skal ársreikningnum til skattyfirvalda vera byggð á bókhaldi í íslenskum krónum, sbr. 10. gr. A laga um bókhald, enda er áfram gert ráð fyrir að skattstofnar verði ákvarðaðir eftir almennum reglum íslenskra skattalaga.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, lögum nr. 145/1994, um bókhald, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum sem miða að því að heimila fyrirtækjum færslu bókhalds og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Eftir sem áður yrði fyrirtækjunum skylt að færa reikningshald í íslenskum krónum og standa skil á sköttum á þeim grundvelli. Samkvæmt frumvarpinu þyrftu fyrirtæki að sækja um heimild fyrir færslu reikninga í erlendum gjaldmiðli til ársreikningaskrár. Gera má ráð fyrir einhverri vinnu við mat á umsóknum hjá ársreikningaskrá og við eftirlit með því að settum skilyrðum sé fullnægt. Sá kostnaður er þó ekki talinn verða umtalsverður þar sem líkur eru á að fyrirtæki sem taka upp slíkt bókhald verði ekki mörg og áformar fjármálaráðuneytið að verkefninu verði sinnt innan óbreytts útgjaldaramma fjárlaga.

469. Frumvarp til laga [348. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 3.–6. gr. þeirra, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingu.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 140/1996:

a. Í stað fjárhæðarinnar „6.000“ í 3. málsl. kemur: 8.500.
b. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 7. málsl. kemur: 50.000.
c. Í stað fjárhæðarinnar „12.500“ í 7. málsl. kemur: 25.000.

Um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

4. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

5. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000 “ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingu.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „462“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 125/2001, kemur: 593.

Um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingu.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 566 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til

kirkjugarða landsins vera 232 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

9. gr.

8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingu.

10. gr.

2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 151/1998, orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,60 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,90 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.200 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.300 kr. og ekki hærra en 39.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

Um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingu.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 71. gr. b laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000:

a. Í stað fjárhæðarinnar „125“ kemur: 300.
b. Í stað fjárhæðarinnar „65“ kemur: 150.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 á ákveðnum forsendum um tekjur og gjöld sem taka mið af stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum. Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins var stefnt að ákveðnum afgangi á ríkissjóði og er það stefna stjórnvalda að þau markmið beri að verja til að viðhalda stöðugleika og treysta stöðu efnahagslífsins. Ríkissjóður mun þannig mæta minnkandi tekjum og auknum hagrænum útgjöldum með lækkun og frestun verkefna sem áður hafði verið áformað að ráðast í. Eru það eðlileg viðbrögð við þeirri stöðu sem er í efnahagslífinu og einkafyrirtæki og heimili takast á við.

Með frumvarpi þessu er lagt til að nokkrum lagagreinum sem lögbinda ákveðin útgjöld og ákvarða tekjur verði breytt. Samhliða eru við þriðju umræðu um frumvarp til fjárlaga lagðar til fjöldi breytinga um lækkun ríkisútgjalda á ýmsum sviðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur víða og fólst í því að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum, hafa að geyma ákvæði af því tagi. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingavald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum, sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög verða því að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja.

Af þeim sökum eru í fjárlagafrumvarpinu lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun hins sérstaka eignarskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 83/1989, eins og 23. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, gerir reyndar ráð fyrir. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þessara skerðinga í almennum lögum jafnframt.

Samkvæmt lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum, renna tekjur af sérstökum eignarskatti í sérstakan sjóð, sem varið er til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 713,4 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 378,4 m.kr. í ríkissjóð.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er heimilað að gera nemendum að greiða innritunargjald við upphaf námsannar eða skólaárs. Skal upphæð gjaldsins taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem framhaldsskólarnir láta nemendum í té, en er þó að hámarki bundin við 6.000 kr.

Grunnurinn að skipulegri innheimtu gjalda af þessu tagi var lagður árið 1991 og hefur fjárhæð þeirra tekið litlum breytingum síðan. Á sama tímabili hefur sú þjónusta, sem tekjum af því er ætlað að mæta, á hinn bóginn farið stigvaxandi og er nú mun meiri, en nemendum stóð til boða við upphaf síðasta áratugar. Hér er þó aðeins lagt til að hámarki gjaldsins verði breytt í samræmi við þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa á tímabilinu, og hækkað samkvæmt því í 8.500 kr. eða um 41,7%. Ársmeðaltal vísitölu neysluverðs án byggingarkostnaðar var árið 1991 154,9 stig, en var í ágúst á þessu ári 214,1 stig. Verðlagsþróun tímabilsins 1991 til ágúst 2001 er því 38,2%. Gera má ráð fyrir að á miðju ári 2002 hafi vísitala neysluverðs hækkað um a.m.k. 40% frá árinu 1991. Gert er ráð fyrir að breytingin geti skilað framhaldsskólunum 38,4 m.kr. í auknar tekjur.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996 er enn fremur heimilað að innheimta efnisgjald af nemendum, sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur þeim í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Gjaldið skal taka mið af raunverulegum efniskostnaði, en má þó ekki vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Hér er lagt til að hámark þetta verði hækkað um 100% í 25.000 kr. á önn eða 50.000 kr. á skólaári. Með þeirri breytingu er komið á móts við þarfir þeirra skóla, sem bjóða upp á tiltölulega dýrt verknám, t.d. í matvæla- og málmiðngreinum, enda hefur reynslan sýnt að gildandi hámark er ekki í samræmi við raunverulegan efniskostnað í þeim greinum. Breytingin snertir þó ekki nema hluta nemenda þar sem efniskostnaður í flestum námsgreinum er undir núverandi hámarki. Gert er ráð fyrir að þessi breyting geti skilað framhaldsskólum 10 m.kr. í auknar tekjur.

Um 3. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, er nemendum gert að greiða skrásetningargjald við upphaf skólaárs, sem taka skal mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara, sem skólinn lætur nemendum í té. Fjárhæð gjaldsins er þó bundin við 25.000 kr. hámark. Með skírskotun til sömu sjónarmiða og gerð var grein fyrir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, um hækkun þeirra kostnaðarliða, sem tekjum af skrásetningargjaldi er ætlað að mæta, og aukna þjónustu við nemendur, er hér lagt til að hámark þetta verði í samræmi við verðlagsþróun undanfarinna ára hækkað í 32.500 kr. eða um 30%. Gert er ráð fyrir breyting þessi geti skilað skólanum 8,9 m.kr. í auknar tekjur.

Um 4. og 5. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, greiða stúdentar skrásetningargjald við skrásetningu í hvorn skóla um sig, sem má að hámarki nema 25.000 kr. Samkvæmt lögskýringargögnum er gjaldinu ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu, sem stúdentum er veitt á námstímanum, svo sem skráningu í námskeið og próf, varðveislu og miðlun upplýsinga um námsferil þeirra, auglýsingar og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu stúdentaskrár, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum skólanna.

Með skírskotun til sömu sjónarmiða og gerð var grein fyrir í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, um hækkun þeirra kostnaðarliða, sem tekjum af skrásetningargjaldi er ætlað að mæta, og aukna þjónustu við nemendur, er hér lagt til að hámark þetta verði í samræmi við verðlagsþróun undanfarinna ára hækkað í 32.500 kr. eða um 30%. Gert er ráð fyrir breyting þessi geti skilað Háskóla Íslands 34,6 m.kr. og Háskólanum á Akureyri 4,9 m.kr. í auknar tekjur.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að tekjur Fiskistofu af veiðieftirlitsgjaldi hækki um 50 m.kr. og standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit. Lagt er til að gjaldið hækki í þessu skyni úr 462 kr. fyrir hvert þorskígildistonn úthlutaðs eða landaðs afla í 593 kr.

Um 7. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hækka sóknargjöld ár hvert miðað við breytingu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Þar sem gjaldið hefur mörg undanfarin ár hækkað að fullu sem nemur breytingum á tekjuskattsstofni hefur það hækkað umfram almennar verðlagshækkanir til annarra rekstrarverkefna sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði. Hér er lagt til að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001 og verði 566 kr. á mánuði. Rétt er að benda á að framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Breytingin felur í sér að hækkun framlagsins verður 64 m.kr. í stað 165 m.kr. að óbreyttum lögum.

Um 8. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hækkar kirkjugarðsgjald ár hvert miðað við breytingu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Þar sem gjaldið hefur mörg undanfarin ár hækkað að fullu sem nemur breytingum á tekjuskattsstofni hefur það hækkað umfram almennar verðlagshækkanir til annarra rekstrarverkefna sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði. Hér er lagt til að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001 og verði 232 kr. á mánuði. Rétt er að benda á að framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Breytingin felur í sér að hækkun framlagsins árið 2002 verður 22 m.kr. í stað 55 m.kr. að óbreyttum lögum.

Um 9. gr.

Lagt er til að 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúkraheimili, eða sjúkrahótel, eru felld undir skilgreiningu á sjúkrahúsi, verði felldur brott. Heföbundin sjúkrahúsmeðferð fer ekki fram á sjúkrahótelum, en þeir sem þar dvelja eru til meðferðar eða rannsóknar á sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun. Því verður að telja óeðlilegt að skilgreina sjúkrahótel sem sjúkrahús. Rekstur sjúkrahótela er að mestu kostaður af hinu

opinbera og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Eðlilegt þykir þó að unnt sé að innheimta hóflegt gjald fyrir dvöl sjúklings á sjúkrahóteli, svo sem vegna fæðiskostnaðar, og er gert ráð fyrir að það verði ákveðið í þjónustusamningi. Með því að breyta skilgreiningu sjúkrahúsa á þann veg að sjúkraheimili, eða sjúkrahótel, falli ekki undir sjúkrahús eru tekin af tvímæli um að slík innheimta sé heimil.

Um 10. gr.

Samkvæmt lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, skal greiða til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi. Í desember 1998 var bifreiðagjaldið hækkað í 6,00 kr. pr. kg. og 8,10 kr. umfram 1.000 kg. og 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni umfram 3.000 kg. Hækkun neysluverðsvísitölunnar frá því í desember 1998 fram til nóvember 2001 er 18,8%. Hér er lagt til að bifreiðagjald hækki um 10%. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði 260 m.kr. í auknar tekjur.

Um 11. gr.

Samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, er innheimt sérstakt vopnaleitargjald til að standa straum af kostnaði við vopnaleit á flugvöllum. Hér er lagt til að gjaldið verði hækkað úr 125 kr. í 300 kr. á hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Áætlað er að hækkunin skili Flugmálastjórn 70 m.kr. í auknar tekjur sem varið verður til að standa straum af hækkun á kostnaði við vopnaleit í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að áform í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 nái fram að ganga. Verður fjallað um greinar frumvarpsins og lagt mat á áhrif þeirra á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

1. gr. Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur í sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 713,4 m.kr. Í frumvarpinu er lagt til að tekjur umfram 335 m.kr. af skattinum, eða um 378,4 m.kr., renni í ríkissjóð.

2. gr. Lagt er til að lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, verði breytt þannig að hámarksgjald sem skólanefndum framhaldsskóla er heimilt að láta hvern nemanda greiða fyrir innritun hækki úr 6.000 kr. í 8.500 kr. á ári Einnig er lagt til að heimilt verði að láta hvern nemanda endurgreiða allt að 50.000 kr. á ári í stað 25.000 kr. vegna efnis sem skólinn lætur honum í té. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að tekjur skólanna aukist um 38,4 m.kr. vegna innritunargjalds og um 10 m.kr. vegna efnisgjalds.

3.–5. gr. Lagt er til að lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands, nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri og nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, verði breytt þannig að skólunum verði heimilt að innheimta allt að 32.500 kr. skráningargjald af hverjum nemanda í stað 25.000 kr. eins og nú er. Miðað er við að breytingin hafi einnig áhrif á framlög ríkisins til Tækniskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Viðskiptaháskólans á Bifröst. Áætlað er að innheimta gjaldsins skili háskólunum allt að 57,7 m.kr. auknum tekjum.

6. gr. Lagt er til að lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum verði breytt þannig að það hækki um 131 kr. á þorskígildistonn, úr 462 kr. í 593 kr. Áætlað er að hækkunin skili 50 m.kr. auknum tekjum í ríkissjóð á árinu 2002 og er gjaldtakan miðuð við að tekjur af því standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit.

7. gr. Lagt er til að lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., verði breytt þannig að gjald sem ríkissjóður greiðir á einstakling nemi 566 kr. á mánuði árið 2002, eins og á árinu 2001. Verði frumvarpið að lögum hækkar framlag um 64 m.kr. milli áranna 2001 og 2002 í stað 165 m.kr. að óbreyttum lögum, þ.e. útgjöld ríkisins verða 101 m.kr. lægri fyrir vikið.

8. gr. Lagt er til að lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, verði breytt þannig að gjald sem ríkissjóður greiðir á einstakling nemi 232 kr. sem er sama fjárhæð og greidd er á árinu 2001. Verði frumvarpið óbreytt að lögum hækkar framlag um 22 m.kr. milli áranna 2001 og 2002 í stað 55 m.kr. að óbreyttum lögum, þ.e. útgjöld ríkisins verða 33 m.kr. lægri fyrir vikið.

9. gr. Lagt er til að lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, verði breytt þannig að sjúkraheimili, öðru nafni sjúkrahótel, falli ekki undir skilgreiningu á sjúkrahúsi. Breytingin leiðir til þess að heimilt verður m.a. að innheimta gjald fyrir dvöl fólks á sjúkraheimilum. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan skili 10 m.kr. tekjum á árinu 2002.

10. gr. Lagt er til að bifreiðagjald skv. lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, hækki um 10% frá 1. janúar 2002 og er áætlað að það skili 260 m.kr. auknum tekjum í ríkissjóð.

11. gr. Lagt er til að vopnaleitargjald sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 60/1998, um loftferðir, verði hækkað úr 125 kr. í 300 kr. á hvern fullorðinn farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa og úr 65 kr. í 150 kr. á hvert barn. Áætlað er að hækkunin skili 70 m.kr. auknum tekjum á ári.

Að öllu samanlögðu er áætlað að frumvarpið, verði það að lögum, leiði til 1.008,5 m.kr. betri afkomu ríkissjóðs.

470. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, ÖS).

1. Við 17. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Styrkur sem greiddur er í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélagi.

2. Við 30. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:
   a. Í stað hlutfallstölunnar „26,08“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 25,5.
   b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 16% af fjármagnstekjum umfram 100.000 kr. hjá einstaklingi og 200.000 kr. hjá hjónum.
3. Við 32. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „18“ í a-lið komi: 25.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „26“ í c-lið komi: 37.
   c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað hlutfallstölunnar „10“ í 3. mgr. kemur: 16.
4. Við 36. gr. Í stað hlutfallstölunnar „0,6“ í a-lið komi: 0,9.
5. Við 42. gr.
   a. Í stað fjárhæðanna „3.865.000“ og 7.730.000“ í 2. efnismgr. a-liðar ákvæðisins komi: 3.460.695, og: 6.921.390.
   b. Í stað fjárhæðanna „3.980.000“ og „7.960.000“ í 2., 3. og 4. efnismgr. b-liðar A. (I.) komi: 4.070.000, og: 8.140.000.
   c. Við b-lið bætist tvö ný ákvæði sem orðist svo:
      F. (VI.)
      Fjárhæðir sérstaks tekjuskatts breytast sem hér segir:
      Þann 1. janúar 2003 skulu þær hækka um 2,5% og 1. janúar 2004 um 15%.
      G. (VII.)
      Fjármálaráðherra skal þegar í stað skipa nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvaða leiðir eru færar til að afnema eða lækka verulega skatta á launafólk og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum. Nefndin verði skipuð fulltrúum tilnefndum af hverjum stjórnmálaflokki sem á sæti á Alþingi, fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og fulltrúum samtaka aldraðra og öryrkja.
      Fjármálaráðherra skipar nefndinni formann án tilnefningar.
      Niðurstaða og skýrsla um starf nefndarinnar skal lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings.
      Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
6. Við 45. gr. Greinin falli brott.
7. Við bætist nýr kafli, sem verði VII. kafli, **Breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 54. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist ný grein sem verður 32. gr. og orðast svo:
   Stimpilgjald óþinglýstra jafnt sem þinglýstra skjala skal lækka um þriðjung 1. janúar 2003.
8. Við 54. gr., sem verði 55. gr. Lokamálsliður orðist svo: Ákvæði a-liðar 30. gr. og 45. gr. öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári og álagningu á árinu 2004.

471. Breytingartillaga [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „30“ í a-lið kemur: 11.
b. Á eftir orðinu „sameignarfélaga“ í 2. mgr. kemur: og samlagsfélaga.
c. Í stað hlutfallstölunnar „13“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 20.

472. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattkerfisbreytingar hafa verið harðlega gagnrýndar af ýmsum aðilum.

Samtök launafólks hafa fundið að því að fjársterkum aðilum skuli enn ívilnað í stað þess að gera stórátak til að létta byrðar láglauna- og millitekjuhópa.

Þá hafa samtök launafólks bent á að tillögurnar séu ekki til þess fallnar að treysta atvinnustigið. Þvert á móti sé líklegt að skattkerfisbreytingarnar mundu veikja þau fyrirtæki sem standa illa og kæmu þar af leiðandi til með að leiða til vaxandi atvinnuleysis.

Bent hefur verið á ýmis tæknileg vandkvæði sem eru því samfara þegar misræmi er á milli skattlagningar á fjármagn, fyrirtæki og launafólk. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er enn aukið á þetta misræmi launafólki í óhag.

Sveitarfélög hafa lýst áhyggjum yfir því að tekjustofnar þeirra skuli skertir.

Af hálfu Þjóðhagsstofnunar hefur verið bent á að ríkissjóður stæði tæpt ef ekki væri vegna tímabundinna ráðstafana, einkum sölu ríkiseigna. Einnig hefur verið bent á að tekjur ríkissjóðs muni dragast saman samhliða minnkandi þenslu. Í framhaldinu hefur verið varað við því að veikja ríkissjóð eins og skattkerfisbreytingarnar munu gera. Í áliti Seðlabanka er tekið undir þessa gagnrýni.

Í ljósi þessarar gagnrýni og þeirrar óvissu sem nú er í efnahagsmálum hefur 2. minni hluti gert tillögu um að áformuðum skattkerfisbreytingum ríkisstjórnarinnar verði frestað og þess freistað að ná fram víðtækri sátt í þjóðfélaginu um breytingar sem leiði til aukins jöfnuðar og kröftugra atvinnulífs. Þar væri eðlilegt að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi: Stefnt verði að því að samræma skatta á lögaðila, fjármagn og laun. Til að ná því markmiði væri

nauðsynlegt að hækka fjármagnstekjuskatt frá því sem nú er en jafnframt hækka persónuafslátt og tryggja með því móti hækkun skattleysismarka fyrir einstaklinga.

Ríkisstjórnin ívilnar fjársterkum aðilum.

Tillögur ríkisstjórnarinnar ívilna sérstaklega fjársterkum fyrirtækjum og einstaklingum, hinum fyrrnefndu fyrst og fremst með því að lækka skatthlutfall lögaðila úr 30% í 18% og hinum síðari með því að hækka viðmiðunarmörk hátekjuskatts um 15%, eða úr tæpum 280 þús. kr. í rúmar 322 þús. kr. Þetta er gert án þess að samsvarandi breyting sé gerð á skattleysismörkum þeirra sem hafa minni tekjur en þessu nemur. Á sama tíma eru eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja einnig lækkaðir. Fyrir því væru ákveðin rök ef jafnframt væru gerðar breytingar á fjármagnstekjuskatti. Þegar hann var settur á var hin lága skattprósenta réttlætt með hliðsjón af því að eignir manna væru skattlagðar umtalsvert hér á landi. Hugmyndin var sú að færa skattlagningu af eignum yfir í skattlagningu á arð eða á þær tekjur sem eignirnar gæfu af sér. Ef áform ríkisstjórnarinnar nú verða að veruleika og eignaskattar lækkaðir væri eðlilegt að skatthlutfall fjármagnstekjuskatts verði jafnframt hækkað og væri það í samræmi við þá umræðu sem fram fór þegar fjármagnstekjuskattur var settur á og skattur af arðgreiðslum lækkaður til samræmis við hinn nýja skatt sem mætti hörðum viðbrögðum innan þings og utan.

Í ályktunum sem samtök launafólks og önnur almannasamtök hafa sent frá sér er víða vakin athygli á því ranglæti sem tillögurnar fela í sér. Í umsögn ASÍ, sem birt er sem fylgiskjal I með áliti þessu, eru tíundaðir valkostir við skattatillögur ríkisstjórnarinnar. Þar er einnig fjallað um það misrétti sem felst í tillögunum og er í því sambandi sérstaklega vísað til breytinga á hátekjuskatti: „Þegar tölur um greiðendur hátekjuskatts vegna tekna árið 2000 eru skoðaðar, kemur í ljós að tæplega 7% tekjuskattsgreiðenda greiða hátekjuskatt eða um 14 þúsund af þeim 214 þúsund sem gefa upp tekjur til skatts. Ef einungis eru skoðaðir þeir sem greiða tekjuskatt nettó, þ.e. greiða tekjuskatt umfram bætur, þá eru þeir 156.600. Hlutfall þeirra sem greiða hátekjuskatt, reiknað af þeim hópi, er 9,3%. Einungis um 3% kvenna greiða hátekjuskatt og aðeins 2,9% giftra kvenna. Um 10,7% karla greiða hátekjuskatt og af giftum körlum greiða um 11% hátekjuskatt. Fjölmennasti hópurinn sem greiðir hátekjuskatt eru í hópnum hjón eða 11,8%.

Af þessum tölum má ljóst vera að mikill minni hluti greiðir hátekjuskatt. Með þessari breytingu er því verið að setja 600 millj. kr. til að lækka sérstaklega skatt hjá minna en 10% þjóðarinnar. Með hækkun viðmiðunarmarka lækkar skattur þeirra sem hafa tekjur yfir 320 þúsund kr. á mánuði í ár um 3.000 kr. á mánuði eða um 35 þús. kr. á ári og á næsta ári um 3.600 kr. á mánuði eða um 43 þús. kr. á ári.

Fyrir 600 millj. kr. hefði mátt hækka skattleysismörkin um 800 kr. á mánuði, úr 65.132 kr. í 65.932 kr. Hækkun skattleysismarka lækkar vissulega skattbyrði allra sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum en lækkar þó hlutfallslega mest skattbyrði þeirra tekjulægstu. Hækkun skattleysismarka um 800 kr. hefur í för með sér að allir sem hafa tekjur yfir skattleysismörkum greiða 310 kr. lægri skatt á mánuði.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að skattleysismörk í hátekjuskatti séu hækkuð eins og lagt er til í frumvarpinu og telur að almenn aðgerð eins og t.d hækkun skattleysismarka eða lækkun almennu tekjuskattsprósentunnar sé betur fallin til tekjujöfnunar.“

Ein skattkerfisbreytingin er þó jákvæð og til jöfnunar en það er afnám skattlagningar á húsaleigubætur. Þessari breytingu fagna samtök launafólks og segir í umsögn BSRB, sem birt er sem fylgiskjal II með áliti þessu, að hún sé til þess fallin „að auka jafnræði á milli heimila í landinu óháð eignarformi á húsnæði. Aðrar skattkerfisbreytingar sem hér eru lagðar

til eru flestar til þess fallnar að bæta stöðu fjársterkra aðila hvort heldur um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki. Þannig eru viðmiðunarmörk svokallaðs hátekjuskatts hækkuð langt umfram verðlagsþróun í stað þess að hækka persónuafslátt og þar með skattleysismörk sem gagnast hefði öllum almenningi í landinu. Þetta gengur þvert gegn áherslum BSRB um að nýta skattkerfið til tekjujöfnunar".

Tillögur ríkisstjórnarinnar veikja stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Að mati fjármálaráðuneytisins munu skattbreytingarnar hafa í för með sér tekjurýrnun sem nemur 7,1 milljarði kr. en ráðuneytið telur þó að breytingarnar muni hafa í för með sér aukin efnahagsumsvif sem metin er á 3,5 milljarða kr. Þetta má stórlega draga í efa að standist. Þvert á móti má ætla að skattkerfisbreytingarnar muni þrengja að fyrirtækjum sem eiga í rekstrarerfiðleikum því skattaívilnanirnar munu fyrst og fremst falla í skaut þeirra fyrirtækja sem hafa hagnað af rekstri sínum. Öllum fyrirtækjum verður hins vegar gert að greiða hærra tryggingagjald óháð rekstrarstöðu.

Varðandi afkomu sveitarfélaganna í tengslum við skattkerfisbreytingarnar ríkir meiri óvissa og stangast álitsgerðir á. Þannig metur Reykjavíkurborg tekjutap sveitarfélaganna mun meira en Þjóðhagsstofnun gerir. Sveitarfélög eru launagreiðendur og mun hækkun tryggingagjaldsins koma fram í auknum útgjöldum þeirra. Þjóðhagsstofnun metur þessa hækkun á 400–450 millj. kr. á ári. Reykjavíkurborg nefnir svipaða tölu. Báðir þessir aðilar telja að tekjur sveitarfélaganna geti minnkað um 90 millj. kr. vegna skattfrelsis húsaleigubóta. Það er mat beggja aðila að með því að sjálfstæður atvinnurekstur færist í auknum mæli í einkahlutafélagsform og að tilfærsla verði á milli launa og hagnaðar, muni tekjur af útsvari skerðast. Þjóðhagsstofnun telur tekjuáhrif sveitarfélaga vegna lækkunar útsvarstekna óviss og nefnir enga tölu. Reykjavíkurborg telur hins vegar að vegna þessara breytinga á rekstrarformi einstaklingsreksturs muni tekjur sveitarfélaganna rýrna um 1.320 millj. kr. Þá má nefna að Þjóðhagsstofnun telur að þessar breytingar muni rýra tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Alls metur Þjóðhagsstofnun bein áhrif á afkomu sveitarfélaganna nema a.m.k. 500–550 millj. kr. á ári. Samkvæmt útreikningum Reykjavíkurborgar nemur þessi upphæð rúmum 1,7 milljarði kr.

Óskynsamleg skattheimta – efnahagslegt glapræði.

Skattatillögur ríkisstjórnarinnar hafa verið gagnrýndar á þeirri forsendu að þær séu ekki skynsamlegar og hefur tvennt verið nefnt sérstaklega í því samhengi.

Í fyrsta lagi hafa verið bornar brigður á að lækkun tekjuskatta fyrirtækja jafnhliða hækkun tryggingagjalds sé skynsamleg með hliðsjón af því efnahagsástandi sem nú blasir við. Ljóst er að vaxandi fjöldi fyrirtækja eiga við rekstrarörðugleika að etja. Í þessu sambandi er vísað í rökstuðning sem fram kemur í meðfylgjandi umsögnum. Gagnrýnin byggir á því að með tillögum ríkisstjórnarinnar sé sérstaklega komið til móts við þau fyrirtæki sem sýna hagnað en auknar klyfjar settar á hin sem engan hagnað hafa. Hér er vísað í hækkun tryggingargjalds. Vissulega er á það að líta að tryggingagjaldið fjármagnar mikilvæg réttindi almennings þar á meðal fæðingarorlof og atvinnuleysisbætur. Ef hins vegar má sýna fram á að hækkun tryggingagjalds skapi hættu á auknu atvinnuleysi við þær aðstæður sem nú eru í atvinnulífinu þá þarf augljóslega að fara aðrar leiðir í skattlagningu.

Athyglisvert er að í greinargerðum bæði Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar er að marki tekið undir það sjónarmið að varasamt sé við þessar aðstæður að veikja ríkissjóð. Um líklegar afleiðingar þessa segir m.a. í áliti frá Seðlabanka Íslands sem birt er sem fylgiskjal III með áliti þessu: „Skattalækkanir sem boðaðar eru í frumvarpinu munu minnka tekjur ríkissjóðs á árinu 2002 og hugsanlega lengur. Þessi áhrif verður að skoða í ljósi stöðu ríkissjóðs og hag-

sveiflunnar. Afkoma ríkissjóðs hefur veikst á þessu ári vegna nýrra útgjalda ríkisins og samdráttar í neyslu almennings. Að frátöldum tekjum af eignasölu er nú því sem næst jöfnuður á ríkisbúskapnum, þrátt fyrir að þjóðarútgjöld séu enn meiri en þjóðartekjur og ríkið njóti þess í skatttekjum. Af þeim sökum er óæskilegt að rýra frekar afkomu ríkissjóðs á þessu stigi og æskilegra væri að skattbreytingarnar hefðu ekki áhrif á heildartekjur.

Þótt boðaðar skattbreytingar miði að því að örva framboðshlið þjóðarbúskaparins mun áhrifanna gæta fyrst á eftirspurnarhlið. Því er almennt æskilegra að gera slíkar breytingar þegar lægð er í þjóðarbúskapnum fremur en uppsveifla. Sem stendur gætir enn umtalsverðrar framleiðsluspennu í þjóðarbúskapnum. Á meðan hún er fyrir hendi eru aðgerðir sem tafið gætu óhjákvæmilega aðlögun þjóðarútgjalda að þjóðartekjum óæskilegar."

Um sama efni segir í greinargerð Þjóðhagsstofnunar sem birt er sem fylgiskjal IV með áliti þessu: „Rétt er að vekja athygli á nokkrum álitamálum. Þar skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar veikja þessar breytingar afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga, þótt mat á áhrifum á afkomu sé nokkurri óvissu háð, einkum að því er varðar nettóáhrifin, og fyrir vikið kunna þær að leiða til hærri vaxta en ella. Þetta stafar af því að stjórnvöld hafa í meginatriðum tvö tæki til að halda aftur af þenslu og verðbólgu, þ.e. vexti og afkomu ríkissjóðs. Það leiðir því af sjálfu sér að eftirgjöf á öðru sviðinu felur að öðru óbreyttu í sér þörf fyrir aukið aðhald á hinu sviðinu."

Í öðru lagi hefur skattapakkinn verið gagnrýndur fyrir að auka á misræmi í skattkerfinu. Sú staðreynd að launafólk býr við mun hærri skatta en fyrirtæki ýtir undir gerviverktöku og að einstaklingar með rekstur flytji sig yfir í hlutafélagsform til þess að geta greitt lægri skatta. Æskilegt væri að stefnt væri að jafnari skattlagningu. Eins og fram kemur í upphafi þessa minnihlutaálits væri æsklilegt að hækka fjármagnstekjuskatt en fráleitt er að samanlagður fjármagnstekjuskattur og tekjuskattur fyrirtækja sé lægri en skattur á einstaklinga. Lágmarkskrafa er að þarna búi einstaklingar ekki við þyngri skattlagningu.

Skattar mikilvægir til að tryggja félagslegt réttlæti og kröftugt efnahagslíf.

Þegar lækkun skatta ber á góma er nauðsynlegt að ræða tillögur um slíkt í samhengi við hugsanlegar afleiðingar. Í því sambandi þarf að spyrja hvorn kostinn menn velji: Að greiða fyrir þjónustu í sköttum eða notendagjöldum. Í viðamikilli könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir BSRB haustið 1998 um viðhorf fólks til velferðarríkisins á Íslandi kom fram afdráttarlaus vilji til þess að greiða fyrir velferðarþjónustu með sköttum en ekki notendagjöldum og voru 67% reiðubúin að borga hærri skatta til þess að bæta þjónustuna. Í könnun árið 1989 lýstu 60 % landsmanna andstöðu við notendagjöld en í þessari könnun varð það hlutfall komið í 71%.

Góð velferðar- og almannaþjónusta gagnast öllu samfélaginu og er forsenda kröftugs atvinnulífs. Í könnun sem danska atvinnumálaráðuneytið lét gera meðal atvinnnurekenda árið 1996 á því hvaða þættir skiptu mestu máli þegar þeir ákváðu staðsetningu fyrirtækja sinna kom fram að góð almannaþjónusta skipti höfuðmáli við valið. Yfir 90% sögðu að skólamál, heilbrigðismál og löggæsla skiptu meginmáli. Fast á hæla þessara þriggja þátta með yfir 80% komu leikskólarnir og stoðkerfi samfélagsins, þ.e. samgöngur, veitur, sími og póstur. Tæplega 80% lögðu áherslu á öldrunarþjónustu. Þessi könnun ber þess glögglega vott að forsvarsmenn í atvinnurekstri gera sér í vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi þess að treysta innviði samfélagsins. Þarna fara því saman efnahagslegar forsendur uppbyggingar í atvinnulífi og kröfur um félagslegt réttlæti og samábyrgð þegnanna. Þetta kom fram í bæklingnum „Bætum samfélgasþjónustuna" sem gefinn var út af BSRB árið 1999.

Horft til annarra landa.

Í umræðu um skattamál hér á landi hefur því iðulega verið haldið fram að skattlagning væri mikil hér samanborið við önnur lönd. Það stenst hins vegar ekki eins og fram kemur á eftirfarandi töflum. Tafla 1 sýnir skatta sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á Íslandi, á Norðurlöndum og í Evrópuríkjum OECD. Tafla 2 sýnir skattlagningu á tekjur annars vegar og arðgreiðslur hins vegar. Þá er í töflu 3 samanburður sem embætti Ríkisskattstjóra gerði á sköttum á Íslandi og Írlandi sem nú er iðulega skírskotað til af hálfu þeirra sem vilja lækka skatta. Þar eru skoðaðir skattar á rekstrartekjur og fjármagnstekjur fyrir og eftir breytingar á skattlöggjöfinni samkvæmt hugmyndum ríkisstjórnarinnar. Þess skal getið varðandi samanburðinn við Írland að skatthlutfall einstaklinga þar er 20% ef tekjur eru lægri en tæp 15.000 pund og 42% ef tekjur eru hærri.

Tafla 1.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	Ísland	Norðurlönd	Evrópuríki OECD
Tekjuskattur einstaklinga	9,5 %	15,7 %	12,2 %
Tekjuskattur fyrirtækja	1,0 %	2,5 %	3,4 %
Launa- og tryggingagjöld	2,5 %	8,6 %	14,0 %
Skattar á vöru og þjónustu	15,1 %	13,0 %	15,7 %
Skatttekjur hins opinbera samtals 1994	30,9 %	40,8 %	47,8 %

Tafla 2.

	Tekjuskattur lögaðila (%)	Skattlagning arðgreiðslna (%)
Austurríki	34	25
Ástralía	34	36
Bandaríkin	40	40
Belgía	40	15
Bretland	30	33
Danmörk	30	25
Finnland	28	29
Frakkland	35	33
Holland	35	25
Írland	20	24
Ísland	30	10
Ítalía	40	13
Japan	42	35
Kanada	42	22
Lúxemborg	38	25
Noregur	28	28
NýjaSjáland	33	33
Portúgal	35	25
Spánn	35	29
Sviss	25	35
Svíþjóð	28	20
Þýskaland	39	48

Heimild: OECD og KPMG

Tafla 3.

2001				Heildarskattar	
Írland	Hlutafélag	Hluthafi lægri %	Hluthafi hærri %	Hluthafi lægri %	Hluthafi hærri %
Rekstrartekjur	20,0 %	20,0 %	42,0 %	36,0 %	53,6 %
Fjármagnstekjur	25,0 %	20,0 %	42,0 %	40,0 %	56,5 %
Ísland	30,0 %	10,0 %	10,0 %	37,0 %	37,0 %

2003				Heildarskattar	
Írland	Hlutafélag	Hluthafi lægri %	Hluthafi hærri %	Hluthafi lægri %	Hluthafi hærri %
Rekstrartekjur	12,5 %	20,0 %	42,0 %	30,0 %	49,3 %
Fjármagnstekjur	25,0 %	20,0 %	42,0 %	40,0 %	56,5 %
Ísland	18,0 %	10,0 %	10,0 %	26,2 %	26,2 %

Afdráttarlaus gagnrýni.

Afdráttarlaus gagnrýni á framvarpið hefur komið frá þeim samtökum sem helst hafa haft sig í frammi fyrir hönd launafólks, öryrkja og eldri borgara á undanförnum árum.

Landssamband eldri borgara segir meðal annars í sinni álitsgerð: „LEB fagnar því að gert er ráð fyrir að afnema skattlagningu á húsaleigubætur. Einnig fagnar LEB því að gerð er tillaga um ráðstafanir til að koma í veg fyrir skattahækkanir vegna hækkunar á fasteignamati. Landssambandið saknar þess hins vegar að þess skuli ekki gætt, að nýta þá fjármuni sem ríkið telur sig geta lagt í að bæta skattalegt umhverfi til þess að laga kjör þess lágtekjufólks sem býr við hvað lökust kjör, t.d. með því að hækka skattleysismörk og/eða að búa til nýtt, mikið lægra skattþrep vegna tekna sem væru kannski undir 100 þús. kr. á mánuði, en það hvoru tveggja hefur verið krafa Landssambands eldri borgara gagnvart stjórnvöldum um langan tíma. Landssambandinu finnst því vera rangar megináherslur í þessu frumvarpi og leggur því til að það fái ekki við svo búið brautargengi gegnum hið háa Alþingi."

Í áliti Öryrkjabandalags Íslands er vísað í meginályktun nýafstaðins aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands: „Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn laugardaginn 6. október 2001, vekur athygli á að með margvíslegum aðgerðum og aðgerðaleysi hefur ríkisstjórn Íslands orðið þess valdandi að kaupmáttur öryrkja er almennt lakari í dag en hann var fyrir rúmum áratug.

Með raunlækkun skattleysismarka er ríkisstjórnin sú fyrsta í sögu lýðveldisins sem innheimtir tekjuskatt af þeim sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga, bætur sem þó hafa dregist verulega aftur úr launaþróun. Er nú svo komið að umræddum einstaklingum er gert að endurgreiða rúmar 70 þús. kr. á ári, sem jafngildir öllum tekjum þeirra á heilum mánuði."Af framansögðu má ljóst vera að Öryrkjabandalag Íslands leggst eindregið gegn þeirri forgangsröðun í skattamálum sem lögð er til í framangreindu frumvarpi."

Alþýðusamband Íslands segir m.a. í samantekt: „**Vegið að kjörum almenns launafólks og skattlagning færð af eignum og fjármagni yfir á laun og vinnu.** Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett fram er í raun þríþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni."

Í áliti BSRB segir í samantekt: „Þær skattkerfisbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ívilna fjársterkum aðilum, án þess að tilraun sé gerð til þess að létta undir með láglaunafólki og millitekjuhópum að undantekinni tillögu um að afnema skatta á húsaleigubætur. BSRB vekur athygli á að á sama tíma og sköttum hefur jafnt og þétt verið létt af fjársterkum fyrirtækjum og arðgreiðslum í atvinnurekstri hefur fjölgað í þeim hópi láglaunafólks og öryrkja sem nú greiða skatta en voru áður undir skattleysismörkum. BSRB væri því fylgjandi að við skattkerfisbreytingar væri byrjað á þessum enda."

Alþingi, 6. des. 2001.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands, 7. nóvember 2001.
II. Umsögn BSRB, 3. desember 2001.
III. Umsögn Seðlabanka Íslands, 9. nóvember 2001.
IV. Umsögn Þjóðhagsstofnunar, 7. nóvember 2001.

473. Breytingartillaga [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÖJ).

Við 54. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004. Þó skulu ákvæði e-liðar 17. gr. og 30. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002.

474. Frumvarp til laga [349. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Jón Bjarnason, Kristján L. Möller.

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

18. Skagaströnd.
19. Vopnafjörður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að Skagaströnd og Vopnafjörður bætist í flokk aðaltollhafna. Með því mundi mikilvægi hafnanna sem inn- og útflutningshafna aukast sem helgast af því að skipum er að jafnaði skylt að hafa fyrstu og síðustu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn. Jafnframt mundi tollmeðferð skipa og inn- og útflutningur um hafnirnar á Skagaströnd og Vopnafirði leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni og sparnaðar fyrir atvinnulífið á þessum stöðum.

Þetta hefur sérstaklega mikla þýðingu fyrir Skagaströnd vegna innflutnings á rækju til vinnslu á staðnum og á Vopnafirði vegna innflutnings á frosnum fiski. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til fá staðirnir ótvíræð réttindi til þess að skip séu tollafgreidd þar.

475. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 27. nóvember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarps og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Framsögumaður meiri hlutans mun gera grein fyrir helstu breytingum sem lagt er til að gerðar verði á 7. gr. í ræðu sinni við upphaf 3. umræðu.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 257,9 milljarðar kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til um 2.070 m.kr. lækkunar útgjalda. Fjölmargar tillögur eru gerðar til lækkunar útgjalda. Er það liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum í ljósi þess að horfur eru á að tekjur ríkissjóðs verði minni á næsta ári en gert var ráð fyrir í frumvarpinu og að mæta þarf útgjöldum sem fram koma í öðrum breytingartillögum.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hlutans.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði lækkuð um 45,1 m.kr.

201 Alþingi.

1.04 Alþjóðasamstarf. Lagt er til að fjárveiting til alþjóðasamstarfs Alþingis hækki um 26,4 m.kr. Tillagan er þríþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða 15 m.kr. tímabundna hækkun til að kosta útgjöld við fjórar ráðstefnur og fundi á Íslandi, en það eru þemaráðstefna Norðurlandaráðs, fundur þingmannanefndar EES og tveir norrænir samráðsfundir IPU. Í öðru lagi er um að ræða 4,6 m.kr. tímabundna hækkun til að greiða hlut Íslands við að setja upp sýningu helgaða veiðimenningu Vestur-Norðurlanda og í þriðja lagi er um að ræða 6,8 m.kr. hækkun til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga vegna þátttökugjalda í alþjóðasamstarfi og ferðakostnaðar erlendis.

1.06 Almennur rekstur. Lögð er til 2,4 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta útgjöldum við framkvæmd kjarasamnings við starfsmenn Alþingis. Jafnframt er lagt til að fjárveiting hækki um 1,5 m.kr. til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga við alþjóðasamstarf á vegum forseta og forsætisnefndar.

1.07 Sérverkefni. Lögð er til 7 m.kr. tímabundin hækkun framlags til verkefnis við skönnun eldri árganga Alþingistíðinda. Áætlun gerir ráð fyrir að myndað verði heillegt stafrænt og birtingarhæft yfirlit um öll skjöl Alþingis frá því að það var endurreist árið 1845. Þá er lagt til að fjárveiting hækki um 0,6 m.kr. til að mæta gengishækkunum umfram verðlagsforsendur fjárlaga við rekstur Jónshúss og fræðimannsíbúðar í Kaupmannahöfn.

1.10 Rekstur fasteigna. Lagt er til að framlag til reksturs fasteigna lækki um 10 m.kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

5.20 Fasteignir. Lögð er til 23 m.kr. tímabundin lækkun framlags til viðgerða á Alþingishúsinu. Er þá miðað við að tengingu Skála við Alþingishús verði frestað og ekki ráðist í breytingar innan dyra í Alþingishúsinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

6.21 Fasteignir. Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundna lækkun framlags til breytinga í Alþingishúsinu. Er þá miðað við að tengingu Skála við Alþingishús verði frestað og ekki ráðist í breytingar innan dyra í Alþingishúsinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði lækkuð um 254 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins er lagt til að 3 m.kr. millifærist af þessum lið þannig að 1,5 m.kr. færist á lið 01-251 Þjóðmenningarhúsið og 1,5 m.kr. á lið 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit. Lagt er til að framlag til nýbygginga fyrir Stjórnarráðið lækki um 200 m.kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

251 Þjóðmenningarhúsið.

1.01 Þjóðmenningarhúsið. Á þennan lið millifærast 1,5 m.kr. af lið 01-190 Ýmis verkefni til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins eins og að framan greinir.

253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.

6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn. Gerð er tillaga um að framlag til framkvæmda við vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn lækki tímabundið um 54 m.kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

6.01 Nýframkvæmdir. Til að leiðrétta stöðu fjárlagaliða vegna mótframlaga ráðuneytisins til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins er lagt til að 1,5 m.kr. millifærist á þennan lið af lið 01-190 Ýmis verkefni.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði lækkuð um 159,3 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.02 Rannsóknir og önnur verkefni. Lagt er til að framlag til rannsókna lækki um 25 m.kr. og er því áætlað fyrir 55 m.kr. tímabundinni hækkun til rannsókna í skólanum frá fjárlögum yfirstandandi árs í stað 80 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fjáraukalögum fyrir árið 2001 er farið fram á 80 m.kr. framlag til rannsókna í skólanum. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.13 Háskólasjóður. Lagt er til að framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði lækkað um 4 m.kr. frá frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 14,9 m.kr. hækkun á þessu viðfangsefni. Skv. 2. gr. laga nr. 91/1987 er framlagið reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sóknargjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessarar starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram almennar verðlagshækkanir sem gert hefur verið ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum um árabil. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana sem ríkið greiðir framlög til. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Lagt er til að fyrirhuguðum 400 m.kr. framkvæmdum við Náttúrufræðihús sem miðað var við að hæfust á miðju ári 2002 verði seinkað þannig að framkvæmt verði fyrir 200 m.kr. á árinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt. Lagt er til að frestað verði fyrirhuguðum framkvæmdum við framhaldsskóla að fjárhæð 100 m.kr. og nema byggingarframkvæmdir við framhaldsskóla þá 372 m.kr. á árinu 2002. Skipting framlagsins er sýnd í breytingartillögum meiri hlutans.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Lagt er til að framlag til leigugreiðslu framhaldsskóla til Fasteigna ríkisins og Fasteigna framhaldsskóla, sem ganga til viðhalds skólahúsnæðis, lækki tímabundið um 75 m.kr. Lækkunin hefur áhrif á framlög til allra framhaldsskólanna og er skipting fjárhæðarinnar á einstaka liði fjárlaga sýnd í sérstökum yfirlitum I í breytingartillögum meiri hlutans. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 150 m.kr. hækkun á

milli ára og er því lagt til að helmingi þeirrar hækkunar verði frestað til ársins 2003. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

804 Kvikmyndaskoðun.

1.01 Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðuneytið hefur breytt reglugerð um Kvikmyndaskoðun, nr. 388/1995, sem áætlað er að leiði til þess að áætluð rekstrargjöld lækki um 1 m.kr. og áætlaðar innheimtar ríkistekjur vegna kvikmyndaskoðunar lækki um sömu fjárhæð. Breytingin hefur því ekki áhrif á útgjöld ríkisins.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Lagt er til að millifærðar verði 30 m.kr. á þennan nýja lið í samræmi við ákvæði safnalaga. Þar af eru 20,6 m.kr. millifærðar af Þjóðminjasafni Íslands, viðfangsefni 1.01, og 9,4 m.kr. vegna launa minjavarða sem eru starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins af viðfangsefni 1.10 Byggða- og minjasöfn.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um fjárveitingu til þriggja verkefna sem alls nema 19 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 9 m.kr. tímabundin fjárveiting til átaks í fjarvinnsluskrám safnsins í gagnagrunninn Sarp. Í öðru lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. tímabundna hækkun fjárveitingar til áframhaldandi rannsókna í Reykholti í Borgarfirði. Loks er gerð tillaga um 4 m.kr. fjárveitingu til Þjóðminjasafnsins til að taka til varðveislu og skráningar málverkasafn Bjarna Jónssonar um íslenska sjávarhætti. Um lokagreiðslu er að ræða.

Þá er lagt er til að millifærðar verði 20,6 m.kr. af þessum lið á nýjan fjárlagalið, 02-901 Fornleifavernd ríkisins, í samræmi við ný safnalög.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Lagt er til að millifærðar verði 48,4 m.kr. af liðnum. Annars vegar fara 9,4 m.kr. á nýjan fjárlagalið Fornleifaverndar Íslands í samræmi við ákvæði nýrra safnalaga og hins vegar 39 m.kr. á lið 02-918 Safnasjóður sem er nýr liður samkvæmt safnalögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi.

918 Safnasjóður.

1.10 Safnasjóður. Lögð er til 58 m.kr. fjárveiting sem er millifærð á þennan nýja lið samkvæmt safnalögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi. Millifærðar eru 39 m.kr. af lið 02-902 1.10 Þjóðminjasafn, byggða- og minjasöfn, 16 m.kr. af liðnum 02-919 1.90 Söfn, ýmis framlög, og 3 m.kr. af fjárlagalið umhverfisráðuneytsins, 14-190 1.59 Náttúrugripasöfn.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Liðurinn hækkar um 3 m.kr. Af fjárveitingunni eru 2 m.kr. ætlaðar Sjávarsafninu á Norðurtanga, Ólafsvík, en gert var ráð fyrir 0,5 m.kr. til þess við 2. umræðu um frumvarpið. Þá er gert ráð fyrir 1 m.kr. til varðveislu og viðhalds eikarbátsins Húna II.

Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 16 m.kr. af þessum lið á nýjan fjárlagalið 02-918 Safnasjóður sem stofnað er til með nýjum safnalögum.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana. Lagt er til að fallið verði frá fyrirhuguðum 50 m.kr. framkvæmdum á vegum Endurbótasjóðs. Nemur framlag úr ríkissjóði því 335 m.kr. samanborið við 385 m.kr. í frumvarpinu. Gerð er breytingartillaga við 6. gr. frumvarpsins um skerðingarákvæði. Skipting framlagsins kemur fram í breytingartillögum meiri hlutans. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Lagt er til að framlag hækki um 250 m.kr. vegna ákvörðunar um 7% hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins. Afnotagjöldin færast um tekjuhlið fjárlaga og er ráðstafað til Ríkisútvarpsins. Hækka tekjur og gjöld um sömu fjárhæð og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

977 Höfundarréttargjöld.

1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir. Lagt er til að áætlað verði fyrir 1,7 m.kr. meiri ríkistekjum af höfundarréttargjaldi sem innheimt er vegna flutnings tónverka við jarðarfarir. Innheimtan fer fram á vegum STEF í samræmi við 3. gr. reglna nr. 232/1974. Tekjur af gjaldinu námu rúmlega 2,7 m.kr. á árinu 2000 og er því lagt til að áætlað verði fyrir sömu fjárhæðum á árinu 2002. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

982 Listir, framlög.

1.83 Samningur við Menningarborgarsjóð og *1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð.* Lagt er til að 5 m.kr. framlag til samnings við Menningarborgarsjóð á viðfangsefni 1.83 verði millifært yfir á nýtt viðfangsefni, 1.84, með sama heiti. Vegna mistaka var framlagið fært á þetta viðfangsefni 1.83 sem hefur í fjárlögum og bókhaldi staðið fyrir önnur verkefni.

1.90 Listir. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Rannsóknastofnunar í helgisiðum í Skálholti. Óskipt fé liðarins lækkar um sömu fjárhæð.

6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Farið er fram á 17 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar menningarmiðstöðva á Austurlandi í samræmi við viljayfirlýsingu menntamálaráðherra og formanns Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í tengslum við undirritun samnings milli ríkis og sveitarfélaga í landsfjórðungnum um að efla þar menningarstarf og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga þar í einn farveg.

983 Ýmis fræðistörf.

1.10 Fræðistörf. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. framlag af liðnum til Margrétar Hermanns Auðardóttur vegna rannsókna í Herjólfsdal.

999 Ýmislegt.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 2 m.kr. framlag til framkvæmda á Laugarbrekku undir Jökli til að minnast Guðríðar Þorbjarnardóttur.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði lækkuð um 43,4 m.kr.

201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að fjármögnunarliðurinn Greitt úr ríkissjóði hækki um 67,6 m.kr. og á móti lækkar fjármögnunarliðurinn Innheimt af ríkistekjum um sömu fjárhæð. Um er að ræða breytingu á fjárreiðum þar sem tekjur af vopnaleitargjaldi hafa verið færðar á embættið, en nú er lagt til að þær verði færðar á Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli í samræmi við lög nr. 60/1998, um loftferðir.

1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Gerð er tillaga um 22 m.kr. tímabundið framlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Um er að ræða kostnað vegna aukins eftirlits á varnarsvæðum.

Þá er gerð tillaga um að sértekjur embættisins hækki um 137,6 m.kr. vegna útseldrar þjónustu við vopnaleit hjá embættinu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi og hækka því sértekjur

embættisins. Útgjöldunum er mætt með jafnháum tekjum af vopnaleitargjaldi á tekjuhlið fjárlaga. Í fjárlögum 2001 var áætlað að vopnaleitargjaldið skilaði 67,6 m.kr., miðað við 125 kr. á farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll, en nú er gert ráð fyrir að gjaldið verði hækkað og skili á árinu 2002 137,6 m.kr. og verði 300 kr. á farþega. Hækkunin er til að mæta kostnaði við aukna vopnaleit í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. Um er að ræða greiðslur frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli fyrir vopnaleit sem framkvæmd er hjá embættinu.

Loks er lagt til breytt heiti á viðfangsefninu.

211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli.

1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli. Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 137,6 m.kr. vegna aðkeyptrar þjónustu við vopnaleit hjá embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Stofnunin hefur falið embættinu að framkvæma vopnaleitina samkvæmt samningi og koma því fram auknar sértekjur hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Útgjöldunum er mætt með jafnháum tekjum af vopnaleitargjaldi á tekjuhlið fjárlaga. Í fjárlögum 2001 var áætlað að vopnaleitargjaldið skilaði 67,6 m.kr., miðað við 125 kr. á farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll, en nú er gert ráð fyrir að gjaldið verði hækkað og skili á árinu 2002 137,6 m.kr. og verði 300 kr. á farþega. Hækkunin er til að mæta kostnaði við aukna vopnaleit í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Gjöld stofnunarinnar lækka um 20,4 m.kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um tekjur af lendingargjaldi er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 531,2 m.kr. árið 2002. Gert er ráð fyrir að lendingartonnum fækki um 20% vegna minni umferðar á árinu 2002. 25% hluti áætlaðra lendingargjalda sem runnu til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í B-hluta fer nú í að greiða niður skuldir Flugmálastjórnar og færist sem viðskiptahreyfing í fjárlögum fyrir árið 2002. Miðað við 531,2 m.kr. tekjur er sá hluti 132,8 m.kr. Hins vegar eru tekjur stofnunarinnar skertar vegna hagræðingar og samtals verður því viðskiptahreyfingin 113,9 m.kr.

401 Alþjóðastofnanir.

1.87 Íslensk friðargæsla. Lögð er til tímabundin lækkun framlags um 45 m.kr. á viðfangsefnið. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði lækkuð um 9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.11 Framkvæmd búvörusamnings. Lögð er til 5 m.kr. lækkun framlags til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða. Lögð er til 3 m.kr. lækkun framlags til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.90 Ýmis verkefni. Lögð er til 1 m.kr. lækkun safnliðarins. Sundurliðun var sýnd í sérstökum yfirlitum III í breytingartillögum meiri hlutans við 2. umræðu um frumvarpið. Fjárveiting til einstakra verkefna helst óbreytt en óskipt fé lækkar.

236 Aðfangaeftirlit ríkisins.

1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins. Lögð er til 1,5 m.kr. lækkun á framlagi. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

321 Skógrækt ríkisins.

1.01 Skógrækt ríkisins. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. tímabundið framlag til Skógræktar ríkisins. Fjárþörf þessi er til komin vegna þess að Skógræktin þarf að aðlaga rekstur sinn úrskurði samkeppnisráðs nr. 33/1999. Í úrskurðinum kemur fram að stofnunin skuli hætta framleiðslu skógarplantna. Fjárveitingin kemur í stað tekna af sölu plantna og er áformað að hún lækki um 2 m.kr. á ári til ársins 2005.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.

6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Lögð er til 6,5 m.kr. lækkun á framlagi. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði hækkuð um 71 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til könnunar á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og Húnaflóa hins vegar, 5 m.kr. á hvorn stað.

202 Hafrannsóknastofnunin.

1.30 Rannsóknaskip. Lagt er til að fjárveiting til stofnunarinnar verði hækkuð um 10 m.kr. vegna verðhækkana á eldsneyti. Undanfarin missiri hefur eldsneyti sem notað er til að knýja rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunarinnar hækkað mikið í verði. Þessar verðhækkanir stafa að stórum hluta af þróun olíuverðs á alþjóðamörkuðum en í þeim gætir einnig áhrifa af lækkandi gengi íslensku krónunnar. Lagt er til að fjárveiting stofnunarinnar verði verðbætt á næsta ári í ljósi framangreinds en einnig í ljósi spár efnahagsdeildar OECD um 3,8% lækkun á innflutningsverði hráolíu á árinu 2002.

Settur hefur verið upp sérstakur kostnaðarútreikningur vegna eldsneytis fyrir bæði Hafrannsóknastofnunina og Landhelgisgæsluna. Reikningurinn er útfærður þannig að fari olíuverð lækkandi miðað við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002 verður ávinningurinn reiknaður mánaðarlega hjá þessum stofnunum með hliðsjón af olíunotkun. Það verður síðan á ábyrgð stofnananna að verðlagsávinningurinn verði ekki notaður í aðra starfsemi heldur skili hann sér í samsvarandi afgangi á fjárheimildum í árslok. Fari eldsneytisverð hins vegar hækkandi miðað við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002 færist tapið á sama hátt á reikninginn og skýrir þá útgjöld umfram fjárheimildir í árslok sem því nemur. Slík umframgjöld kunna þá að koma til skoðunar við árlegan undirbúning fjárlaga en þó er gert ráð fyrir að stofnanirnar hafi nokkurt svigrúm til sveiflujöfnunar á eldsneytiskostnaði milli ára eða nýti afgang frá fyrri árum.

5.31 Viðhald rannsóknaskipa. Lagt er til að 25 m.kr. framlag í frumvarpinu til viðgerða á rannsóknarskipinu Bjarna Sæmundssyni falli niður þar sem hluta af viðgerð skipsins verður frestað. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

204 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Lagt er til að tekjur Fiskistofu verði auknar um 50 m.kr. og bein framlög úr ríkissjóði til stofnunarinnar lækki að sama skapi. Áformað er að hækka veiðieftirlitsgjald þannig að það standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit Fiskistofu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir 76 m.kr. hærri innheimtu ríkis-

tekna af þróunarsjóðsgjöldum sem renna til sjóðsins. Samsvarandi hækkun verður gerð á tekjuhlið fjárlaga og hefur breytingin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði lækkuð um 139,6 m.kr.

397 Schengen-samstarf.

6.01 Tæki og búnaður. Lagt er til að 12 m.kr. framlag til hugbúnaðargerðar og til kaupa á tækjum vegna Schengen-samstarfsins falli niður. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að lækka framlag til Kirkjumálasjóðs um 8 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 11,8 m.kr. hækkun. Framlagið er reiknað sem 11,3% af sóknargjöldum og er lækkunin í samræmi við tillögur á öðrum liðum fjárlaga um að dregið verði úr aukningu þessara framlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

733 Kirkjugarðsgjöld.

1.11 Kirkjugarðar. Lagt er til að Kirkjugarðasambandi Íslands verði veitt 3 m.kr. tímabundið framlag til að hægt verði að halda áfram skráningu í fámennari sóknum landsins sem ekki hafa möguleika á að greiða fyrir þá vinnu. Um er að ræða söfnun og skráningu legstaða- og söguupplýsinga í sóknum sem hafa færri en 500 gjaldendur, svo og kostnað við mælingu og gerð korta viðkomandi kirkjugarða. Verkefnið er unnið til að koma legstaðaskrám og uppdráttum af kirkjugörðum inn á vefinn gardur.is.

Lagt er til að framlag til kirkjugarða vegna kirkjugarðsgjalds verði lækkað um 30,4 m.kr. eða um sömu fjárhæð og gert er ráð fyrir að framlagið hækkaði í frumvarpinu. Skv. 39. gr. laga nr. 36/1993 er framlag til kirkjugarða reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að kirkjugarðsgjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessara starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram þær almennu verðlagshækkanir sem gert hefur verið ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum frá því lögin voru sett árið 1993. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.13 Kirkjugarðasjóður. Lagt er til að framlag til Kirkjugarðasjóðs lækki um 2,6 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Framlagið er reiknað sem 8% hlutdeild í kirkjugarðsgjaldi og er lækkunin í samræmi við tillögu um að dregið verði úr útgjaldaaukningu kirkjugarða á viðfangsefni 1.11 undir þessum lið fjárlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar og *1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lagt er til að framlag til þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði lækkað um 70,5 m.kr. frá því

sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 104,7 m.kr. hækkun á viðfangsefni. Þá er lagt til að framlag til annarra trúfélaga vegna sóknargjalda verði lækkað um 6,1 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 14,8 m.kr. hækkun á viðfangsefninu. Skv. 2. gr. laga nr. 91/1987 er framlagið reiknað sem tiltekin fjárhæð fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sóknargjaldið hækki í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára. Þar sem framlag til þessarar starfsemi hefur verið hækkað að fullu miðað við launabreytingar milli ára hefur það hækkað umfram þær almennu verðlagshækkanir sem gert hefur verið ráð fyrir í framlögum til rekstrarverkefna í fjárlögum um árabil. Þá hefur ekki heldur verið dregið úr hækkunum á framlaginu þau ár sem fjárlög hafa gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi er lögð til breyting á tilvitnaðri grein laganna fyrir árið 2002 á þann veg að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001. Framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Gerð er tillaga um að lækka framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 13 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 19,4 m.kr. hækkun. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum og er lækkunin í samræmi við tillögur á öðrum liðum fjárlaga um að dregið verði úr aukningu þessara framlaga. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 234 m.kr.

400 Barnaverndarstofa.

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga. Veitt er 10 m.kr. framlag til meðferðarheimilis Götusmiðjunnar að Árvöllum til að styrkja starfsemi heimilisins.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að framlag til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík hækki um 25 m.kr. vegna reksturs nýs sambýlis í samræmi við áform félagsmálaráðuneytis um styttingu biðlista.

Jafnframt er lagt til að framlag til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík hækki um 25 m.kr. til eflingar skammtímaþjónustu fyrir fatlaða í Reykjavík.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Lagt er til að framlag til sjóðsins lækki um 25 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu en að fjárheimildin verði færð á lið 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík og verði varið til eflingar skammtímaþjónustu fyrir fatlaða.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Lagt er til að 250 m.kr. vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign markaðra tekna verði færðar á sjóðinn í samræmi við framsetningu í ríkisreikningi. Endurskoðuð áætlun um vexti af inneign sjóðsins af mörkuðum tekjum leiðir í ljós að þær verða mun hærri en áætlað var í frumvarpinu.

987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga. Lagt er til að 10 m.kr. vaxtatekjur Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga af inneign markaðra tekna verði færðar á sjóðinn í samræmi við framsetningu ríkisreiknings.

989 Fæðingarorlof.

1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins og *1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Lagt er til að 48 m.kr. fjárveiting til rekstrarkostnaðar Fæðingarorlofssjóðs verði millifærð af tilfærsluframlagi sjóðsins, viðfangsefni 1.11, á rekstrarviðfangsefni, 1.01. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2002 nemi 48 m.kr. vegna launakostnaðar, viðhalds hugbúnaðar og hlutdeildar í föstum kostnaði.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.49 Mótttaka flóttamannahópa. Lögð er til 10 m.kr. lækkun á framlagi til móttöku flóttamannahópa sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eða úr 49,7 m.kr. í 39,7 m.kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 1 m.kr. fjárveitingu til foreldra hreyfihamlaðs drengs til lyftukaupa á heimili fjölskyldunnar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 106,9 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Óskað er eftir að 48 m.kr. verði færðar af 07-989 1.01 Umsýslukostnaður til greiðslu umsýslukostnaðar Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfsemi fæðingarorlofssjóðs árið 2002. Samkvæmt lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, sér Tryggingastofnun ríkisins um vörslu sjóðsins, reikningshald hans og afgreiðslu í umboði félagsmálaráðherra. Áætlunin er byggð á mati Ríkisendurskoðunar sem telur að kostnaður Tryggingastofnunar árið 2002 nemi 48 m.kr. vegna launakostnaðar, viðhalds hugbúnaðar og hlutdeildar í föstum kostnaði. Tekjur og gjöld Tryggingastofnunar hækka um sömu fjárhæð þar sem kostnaðurinn er greiddur af tekjum Fæðingarorlofssjóðs.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.51 Uppbætur. Lagt er til veitt verði heimild til að fjölga dvalarrýmum á Hornafirði um tvö og að kostnaður við það verði 3,2 m.kr. Viðræður standa yfir við Hornafjörð um fyrirkomulag heilsugæslu- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Lög um reynslusveitarfélög falla úr gildi um næstu áramót og samningur við Hornafjörð sem gerður er á grundvelli þeirra laga. Meginmarkmið nýs samningsins er að efla stjórn sveitarfélagsins á málaflokknum, laga stjórnsýsluna betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Í samningsdrögum er gert ráð fyrir að framlag hækki um 3,2 m.kr. vegna fjölgunar um tvö dvalarrými. Enn fremur er áformuð framtíðaruppbygging öldrunarþjónustu á svæðinu, en áætlanir eru um að byggja við hjúkrunarheimilið.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Lögð er til 160 m.kr. lækkun sjúkratrygginga vegna áforma um afnám 5.000 kr. þaks á hverja komu til sérfræðilæknis. Eftir sem áður verða heildarþök vegna lækniskostnaðar óbreytt. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

1.15 Lyf. Lögð er til 310 m.kr. lækkun lyfjaútgjalda vegna breytinga á greiðsluþátttöku lyfja. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Lagt er til að rekstrargrunnur stofnunarinnar verði hækkaður um 6 m.kr. vegna aukinna verkefna. Hér er um að ræða kostnað við læknisþjónustu og ráðningu heyrnarfræðings til að hægt verði að fjölga afgreiðslu heyrnartækja og auka þjónustu við landsbyggðina.

Hins vegar er lagt til að 57,9 m.kr. framlag sem hefur verið til ráðstöfunar til að greiða niður hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina verði fært á lið 08-399 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að heimilt verði að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast tiltekna þjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa. Neytendur njóta sömu greiðsluþátttöku ríkis við kaup á hjálpartækjum án tillits til þess hvert þeir kjósa að beina viðskiptum sínum.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga um 8,8 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við bakvaktir lækna við sjúkraflugsvakt á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri. Fyrr á þessu ári var gerður samningur við Flugfélag Íslands um rekstur sjúkraflugs á Norður- og Austurlandi. Með honum tryggir Flugfélag Íslands þjónustu á svæðinu allan sólarhringinn út frá Akureyri. Með samningnum er sett á fót miðstöð sjúkraflugs á Akureyri og starfsemi Fjórðungssjúkrahússins efld. Til að bæta þjónustuna enn frekar er áformað að hefja bakvaktir lækna við Fjórðungssjúkrahúsið. Með þessari nýbreytni þarf starfandi læknir á svæðinu ekki lengur að fylgja sjúklingi í sjúkraflug og skilja héraðið eftir læknislaust.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag til að koma á þjónustusamningi við SÁÁ og er framlagið háð því skilyrði að samkomulag náist og þjónustusamningur verði undirritaður.

Þá er farið fram á 20 m.kr. framlag vegna fyrirhugaðs átaks á sviði geðheilbrigðismála. Geðsjúkdómar og geðraskanir eru á meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi. Brýnt er að efla forvarnir á þessu sviði sem og þjónustu við þá sem haldnir eru þessum sjúkdómum. Einnig er farið fram á 20 m.kr. framlag til sama málefnis á liðnum 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 200 m.kr. hækkun framlags til styrktar reksturs sjúkrahússins. Er framlagið ætlað til að auðvelda frekari sérhæfingu og tryggja að reksturinn verði innan fjárheimilda árið 2002.

385 Framkvæmdasjóður aldraða.

6.01 Stofnkostnaður og endurbætur. Lögð er til 41,9 m.kr. lækkun á framlagi til stofnframkvæmda sjóðsins. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi. Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag til fjölþættra sýklavarna og er það til viðbótar 20 m.kr. framlagi sem samþykkt var við 2. umræðu um frumvarpið. Gert er ráð fyrir að birgðir af bóluefni verði auknar, viðbrögð við bráðameðferð efld og fræðsla meðal heilbrigðisstarfsmanna aukin. Einnig er gert ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús ráðist í endurbætur á aðstöðu og breyti forgangsröðun stofnkostnaðarverkefna í þessum tilgangi.

1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Lagt er til að 57,9 m.kr. framlag sem hefur verið til ráðstöfunar til að greiða niður hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina verði fært á þetta nýja viðfangsefni 08-399 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina. Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að heimilt verði að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast tiltekna þjónustu við heyrnarskerta og heyrnarlausa. Gert er ráð fyrir að neytendur njóti sömu greiðsluþátttöku ríkis við kaup á hjálpartækjum án tillits til þess hvert þeir kjósa að beina viðskiptum sínum.

Jafnframt er lagt til að 12 m.kr. framlagi verði varið til að draga úr biðlistum eftir hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta.

496 Reynslusveitarfélagið Akureyri.

1.11 Hjúkrunarrými. Lögð er til 41 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði við breytingu 18 dvalarrýma í hjúkrunarrými. RAI-mat sýnir að það eru a.m.k. 18 einstaklingar sem vistast í þjónusturýmum á Hlíð og í Kjarnalundi sem ættu að vera í hjúkrunarrýmum. Lagt er til að greitt verði fyrir 18 hjúkrunarrými til viðbótar stofnunum Akureyrarbæjar og að frá því dragist jafnframt fjárframlög vegna 18 þjónusturýma.

497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður.

1.11 Hjúkrunarrými. Viðræður standa yfir við sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustusamning um heilsugæslu- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu. Lög um reynslusveitarfélög falla úr gildi um næstu áramót og samningur við Hornafjörð sem gerður er á grundvelli þeirra laga. Meginmarkmið nýs samningsins er að efla stjórn sveitarfélagsins á málaflokknum, laga stjórnsýsluna betur að staðbundnum aðstæðum, bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Áformað er að gera þjónustusamning um heilsugæslu- og öldrunarþjónustu á svæðinu. Í samningsdrögum er áætluð hækkun daggjalds í öldrunarþjónustu samtals 5,2 m.kr. miðað við 26 hjúkrunarrými. Er tekið mið af daggjaldataxta til annarra hjúkrunarheimila samkvæmt RAI-hjúkrunarþyngdarstuðli. Í samningsdrögum er enn fremur áformuð framtíðaruppbygging öldrunarþjónustu á svæðinu, en áætlanir eru um að byggja við hjúkrunarheimilið.

499 Hjúkrunarheimili.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til 20 m.kr. framlag til að lagfæra daggjaldataxta þjónusturýma og/eða breyta þjónusturýmum í hjúkrunarrými.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag vegna fyrirhugaðs átaks á sviði geðheilbrigðismála. Geðsjúkdómar og geðraskanir eru á meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi. Brýnt er að efla forvarnir á þessu sviði sem og þjónustu við þá sem haldnir eru þessum sjúkdómum. Einnig er farið fram á 20 m.kr. framlag til sama verkefnis á liðnum 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

Þá er lögð er til 40 m.kr. hækkun á komugjöldum til heilsugæslustöðva en þau hafa ekki hækkað frá árinu 1996. Er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um sömu fjárhæð og tekjurnar renni óskiptar til að styrkja rekstur heilsugæslustöðva, en nokkur rekstrarhalli er á heilsugæslunni í Reykjavík. Skipting þessarar fjárhæðar á heilsugæslustöðvar verður sýnd í sérstökum yfirlitum II í breytingartillögum meiri hlutans og verður færð á viðkomandi stofnanir í fjárlögum.

501 Sjúkraflutningar.

1.11 Sjúkraflutningar. Veitt er 8,8 m.kr. framlag til að ljúka samningum við sýslumannsembættið á Selfossi um sjúkraflutninga í Árnessýslu. Svæðið er víðfemt og eitt

það umfangsmesta sem er í umsjón eins aðila. Fyrir liggja drög að nýjum samningi en hann er sambærilegur við aðra samninga um sjúkraflutninga.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði lækkuð um 800 m.kr.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 680 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 15 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.03 Lífeyrissjóður ráðherra. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 4 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 64 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 11 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 2 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 4 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 19 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun. Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins lækki um 1 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sú lækkun er í samræmi við endurskoðun á áætlun um breytingar á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs árið 2002.

402 Fasteignamat ríkisins.

6.02 Landskrá fasteigna. Lagt er til að fjárveiting til smíði Landskrár fasteigna lækki um 20 m.kr. en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlagið hækki um sömu fjárhæð. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði lækkuð um 100 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan skýrist af áformum um lækkun útgjalda vegna verkefna á sviði íslenska upplýsingasamfélagsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veitt verði sérstakt framlag að fjárhæð 231,5 m.kr. til þessara verkefna og að ýmsir fjárlagaliðir ráðuneyta leggi til mótframlög að fjárhæð 198,5 m.kr. þannig að samtals verði 430 m.kr. til ráðstöfunar. Fjárheimildirnar eru færðar á lið 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá hverju ráðuneyti og eru verkefnin sem fá hlutdeild í sérstaka framlaginu valin af verkefnisstjórn átaksins um íslenska upplýsingasamfélagið. Ráðuneytin leggja fjárlagaliðnum til mótframlög af fjárheimildum viðkomandi stofnana sem nema a.m.k. helmingi kostnaðar fyrir utan verkefni sem teljast vera sameiginleg. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að sérstakt framlag til verkefnanna verði lækkað um 100 m.kr. Í heimildargrein er jafnframt gert ráð fyrir að lækkun fjárheimildanna verði færð yfir á liði 996 Íslenska upplýsingasamfélagið innan ársins þegar forgangsröð verkefna hefur verið endurskoðuð í ljósi þess að sérstaka framlagið verður minna. Er þá einnig gert ráð fyrir að mótframlög sem færð hafa verið milli liðanna og viðkomandi stofnana geti lækkað eða fallið niður. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

1.11 Rekstur fasteigna og *5.21 Viðhald fasteigna.* Lagt er til að sértekjur lækki um 75 m.kr. á viðfangsefni 1.11 Rekstur fasteigna. Á móti lækkar fjárheimild á viðfangsefni 5.21 Viðhald fasteigna um sömu fjárhæð. Tillagan felur í sér að veltuaukning stofnunarinnar verður minni en gert var ráð fyrir í frumvarpinu þar sem nú er fyrirhugað að farið verði hægar í sakirnar við að færa umsjón með fasteignum framhaldsskóla til stofnunarinnar. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gerð er tillaga um 300 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar. Skýrist það af launahækkunum sjúkraliða umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir í forsendum frumvarpsins en nýr kjarasamningu við stéttarfélag þeirra tók gildi 1. nóvember sl. Skipting á fjárheimildum til stofnana vegna kjarasamningsins er sýnd í sérstökum yfirlitum IV í breytingartillögum meiri hlutans en þar er gert ráð fyrir að nýtt verði 261,1 m.kr. fjárheimild sem var fyrir hendi á þessum lið í frumvarpinu, auk hækkunarinnar sem fram kemur í tillögunni.

Lagt er til að gerð verði almenn 1% hagræðingarkrafa til stjórnsýslustofnana ríkisins. Slík krafa skilar 180 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda umfram það sem þegar hefur verið lagt til í frumvarpinu. Skipting á lækkun fjárveitinga er sýnd í sérstökum yfirlitum V í breytingartillögum meiri hlutans.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði lækkuð um 89 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Farið er fram á 150 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til markaðssóknar í ferðaþjónustu, bæði innan lands og erlendis. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. hefur orðið vart samdráttar í íslenskri ferðaþjónustu. Mikilvægt er að sporna við þessari þróun en ferðaþjónustan hefur skilað þjóðarbúinu vaxandi gjaldeyristekjum undanfarin ár.

1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu. Veitt er 5 m.kr. framlag til Norður-Siglingar á Húsavík til að styrkja rekstur, en eitt höfuðmarkmið félagsins er að kynna íslenska strandmenningu og varðveita ákveðna þætti hennar.

211 Vegagerðin.

1.01 Yfirstjórn. Lögð er til 6 m.kr. hækkun á liðnum. Vegna breytinga á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, sem samþykktar voru á Alþingi með gildistöku 1. september sl. er gert ráð fyrir að útgjöld Vegagerðarinnar vegna eftirlits og útgáfu rekstrarleyfa til sérleyfishafa hækki um 6 m.kr. og verði samtals 9 m.kr. á ári. Kostnaður af leyfisveitingunum er borinn uppi af leyfisgjöldum og hefur verið gert ráð fyrir tekjum vegna þeirra á tekjuhlið fjárlaga.

6.10 Nýframkvæmdir. Lögð er til 150 m.kr. tímabundin lækkun á framlagi til nýframkvæmda umfram það sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

335 Siglingastofnun Íslands.

6.70 Hafnamannvirki. Lögð er til 100 m.kr. tímabundin lækkun á framlagi til hafnamannvirkja umfram það sem þegar er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði lækkuð um 110 m.kr.

399 Ýmis orkumál.

1.13 Hafsbotnsrannsóknir. Lögð er til 10 m.kr. lækkun á framlagi vegna frestunar hafbotnsrannsókna en í frumvarpinu er 70 m.kr. varið til verkefnisins. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

411 Byggðastofnun.

6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Gerð er tillaga um niðurfellingu á 100 m.kr. framlagi vegna þátttöku ríkissjóðs í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 300 m.kr. til verkefnisins en það framlag hefur ekki verið nýtt nema að hluta undanfarin ár. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði óbreytt.

302 Löggildingarstofa.

1.01 Löggildingarstofa. Lögð er til 10 m.kr. lækkun á framlögum ríkissjóðs til stofnunarinnar sem mætt verði með hærra hlutfalli ríkistekna sem innheimtar eru af notendum þjónustunnar. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði lækkuð um 152,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.58 Náttúrugripasöfn. Í samræmi við safnalög er lagt til að 3 m.kr. fjárveiting til náttúrugripasafna verði færð frá umhverfisráðuneyti til menntamálaráðuneytis á lið 02-918 Safnasjóður.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Lagt er til að framlag til Ofanflóðasjóðs lækki tímabundið um 160 m.kr. Tillagan er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið aðhald í útgjöldum.

403 Náttúrustofur.

1.10 Náttúrustofa Neskaupstað. Lögð er til 3,5 m.kr. fjárveiting til rannsókna á hreindýrastofninum.

1.12 Náttúrustofa Bolungarvík. Lögð er til 3,5 m.kr. fjárveiting til áframhaldandi rannsókna á Hornstrandafriðlandi.

1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi. Veitt er 3,5 m.kr. fjárveiting til rannsókna á minkastofninum.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 3 (B-HLUTA)

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands

Miðað er við að fyrirhuguðum 400 m.kr. framkvæmdum Háskóla Íslands við Náttúrufræðihús sem gert var ráð fyrir að hefðust á miðju ári 2002 verði seinkað þannig að framkvæmt verði fyrir 200 m.kr. á árinu. Samkvæmt því er talið að Happdrætti Háskóla Íslands þurfi ekki að nýta 650 m.kr. lántökuheimild á árinu 2002, sem farið var fram á í frumvarpinu, heldur verði heimildin nýtt á árinu 2003.

971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun Ríkisútvarpsins hefur verið endurskoðuð. Í endurskoðaðri áætlun er tekið tillit til þess að menntamálaráðherra hefur samþykkt 7% hækkun afnotagjalda frá 1. janúar 2002 og er áætlað að tekjur af gjöldunum ásamt 1% fjölgun greiðenda milli ára skili Ríkisútvarpinu 2.155 m.kr. tekjum sem eru 250 m.kr. meiri tekjur en áætlað var fyrir í frumvarpinu. Reiknað er með 834 m.kr. tekjum af auglýsingum, kostun og annarri þjónustu sem er 121 m.kr. minni tekjur en reiknað var með í frumvarpinu, en álíka miklar tekjur og gert er ráð fyrir í nýjustu afkomuspá Ríkisútvarpsins fyrir yfirstandandi ár. Rekstrargjöld eru áætluð 2.987 m.kr. sem er 227 m.kr. meiri gjöld en áætlað var í frumvarpinu en 145 m.kr. hækkun frá nýjustu afkomuspá stofnunarinnar fyrir yfirstandandi ár. Meðal gjalda er áætlað fyrir 78,4 m.kr. afskrift á afnotagjöldum sem innheimtast ekki og 104,6 m.kr. framlagi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Gert er ráð fyrir að unnið verði að hagræðingu og breytingum í rekstri stofnunarinnar með það að markmiði að tekjur standi undir gjöldum, en ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að aðgerðir skili sér að fullu á árinu 2002 þannig að jöfnuður náist á því ári. Ákveðið hefur verið að vinnuhópur á vegum stjórnarflokkanna vinni að tillögum um skipulagsbreytingar á Ríkisútvarpinu og breytingu á opinberri tekjuöflun til að standa undir rekstri þess. Fjármunatekjur eru áætlaðar tæpar 116 m.kr. en á móti koma fjármagnsgjöld að fjárhæð 264,9 m.kr. Samkvæmt framangreindri áætlun mun rekstrarhalli Ríkisútvarpsins nema 147 m.kr. samanborið við um það bil 300 m.kr. halla samkvæmt endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár.

Meðal rekstrargjalda er áætlað fyrir 273 m.kr. afskrift fastafjármuna og til fjármagnsgjalda teljast 99 m.kr. vegna skuldabréfalána, en þessi gjöld hafa ekki áhrif á sjóðstreymi á árinu 2002. Gert er ráð fyrir að rekstrartengdar eignir aukist um 25 m.kr. um-

fram rekstrartengdar skuldir og að handbært fé frá rekstri nemi 200 m.kr. Miðað er við að 80 m.kr. af handbæru fé verði varið til fjárfestinga í dreifikerfi o.fl. en 120 m.kr. til þess að greiða af lánum sem stofnunin hefur tekið vegna lífeyrisskuldbindinga og fjárfestinga. Gert er ráð fyrir að stofnunin muni skulda 200 m.kr. í lok yfirstandandi árs og að staðan verði svipuð í lok ársins 2002.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Framlag annarra rekstraraðila en ríkissjóðs hefur verið leiðrétt til hækkunar um 6,2 m.kr. þar sem það er vanáætlað í frumvarpinu. Miðað er við að 237,3 m.kr. framlag í A-hluta ríkissjóðs nemi 56% af útgjöldum sem sértekjur standa ekki undir þegar hækkun lífeyrisskuldbindinga sem ekki koma til greiðslu er frátalin. Framlag annarra rekstraraðila nemur 44% samkvæmt lögum um hljómsveitina eða 187,2 m.kr. Fram undan er uppgjör á lífeyrisskuldum vegna starfsmanna hljómsveitarinnar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með útgáfu skuldabréfs. Miðað er við að afkomubati sem leiðir af hærra framlagi verði nýttur til þess að lækka skuldir við lífeyrissjóðinn.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Samkvæmt lagafrumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi er fyrirhugað að taka upp lögbundið tóbaksgjald á heildsölustigi sem komi í stað samsvarandi álagningar í formi magngjalds á tóbaksvörur hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ríkissjóður hefur haft hlutdeild í hagnaði fyrirtækisins, sem að stærstum hluta hefur verið álagning á tóbak, en með tilliti til fyrrnefnds lagafrumvarps er framsetningu í fjárlagafrumvarpinu breytt þannig að skil á tóbaksgjaldinu, 3.200 m.kr., eru sýnd á sérstökum lið og aðgreind frá arðgreiðslu eða hlutdeild í hagnaði að öðru leyti. Þá hefur einnig verið lagt fram lagafrumvarp sem gerir ráð fyrir að tollur á tóbak falli niður til samræmis við skuldbindingar í EES-samningnum. Útsöluverðið lækkar þó ekki. Áætlað er að innkaupsverð til ÁTVR lækki um 400 m.kr. við þetta og hafa rekstrargjöld fyrirtækisins verið lækkuð sem því nemur. Þá hefur áætlun um tekjur fyrirtækisins verið endurskoðuð frá frumvarpinu og lækkuð um 300 m.kr. Loks er gert ráð fyrir að eftir að sett hafa verið lög um tóbaksgjald og skil á gjaldinu aðgreind frá öðrum hagnaði ríkissjóðs af fyrirtækinu muni það greiða arð til ríkissjóðs sem nemi um 7% af eigin fé í lok ársins á undan fjárlagaárinu og verður sú greiðsla 130 m.kr. samkvæmt frumvarpinu.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ SUNDURLIÐUN 4 (C-HLUTA)

42 Menntamálaráðuneyti

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Áætlun um rekstur sjóðsins hefur verið endurskoðuð enda hafa nokkrar forsendur breyst frá því að frumvarpið var lagt fram. Útlán sjóðsins eru nú áætluð 4.645 m.kr. sem er 5,7% aukning frá frumvarpi og 11% aukning frá áætluðum útlánum ársins 2001. Hækkun útlána sjóðsins skýrist af breytingum á gengi íslensku krónunnar, en ríflega helmingur útlána sjóðsins er bundinn í erlendum myntum. Jafnframt er gert ráð fyrir um 11% fjölgun lánþega á Íslandi og um 5% fjölgun námsmanna erlendis í samræmi við fjölgun umsókna hjá sjóðnum. Í frumvarpinu var miðað við 2% fjölgun milli ára. Breytingar á

úthlutunarreglum sl. vor vegna tekjumeðhöndlunar og hærri tekjur lánþega en reiknað var með hafa meiri áhrif en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Árið 2002 eru lán vegna skólagjalda á Íslandi áætluð 230 m.kr. sem er um 90 m.kr. hækkun frá 2001. Fjárhæð markaðskjaralána er áætluð óbreytt frá fyrra ári, 85 m.kr.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 3.550 m.kr. í stað 3.400 m.kr. í frumvarpinu en þær eru taldar nema 4.100 m.kr. á árinu 2001. Fjármagnsgjöld eru áætluð 3.200 m.kr. í stað 2.950 m.kr. í frumvarpinu en þau eru talin verða 3.300 m.kr. á árinu 2001. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga eru talin nema 1.550 m.kr. í stað 1.400 m.kr. í frumvarpinu og 1.800 m.kr. á árinu 2001. Fjármunaliðir lækka milli ára vegna áætlaðrar lækkunar verðbreytinga á árinu 2002 miðað við árið 2001. Gert er ráð fyrir um 5% verðbreytingu á árinu 2002. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt framantöldu áætlaðar neikvæðar um 1.711 m.kr. á árinu 2002 í stað stað 1.448 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og 1.460 m.kr. samkvæmt nýjustu spá fyrir 2001. Framlag í afskriftasjóð útlána er áætlað 511 m.kr. á næsta ári í stað 498 m.kr. í frumvarpinu og 460 m.kr. samkvæmt spá fyrir yfirstandandi ár sem er sama hlutfall af nýjum útlánum og raunafskrift ársins 2000 og áætlun ársins 2001 gerir ráð fyrir.

Áætlaður hagnaður sjóðsins er 582 m.kr. í stað 722 m.kr. samkvæmt spá fyrir árið 2001, en í frumvarpinu var reiknað með 858 m.kr. hagnaði. Ástæða reiknaðs hagnaðar af sjóðnum er sú að heildarútlán og heildarskuldir sjóðsins fara enn vaxandi. Framlag ríkissjóðs fer meðal annars til að mæta framtíðarútgjöldum sjóðsins vegna vaxtamunar á námslánum og teknum lánum og leiðir þannig til hagnaðar í rekstri þar til sjóðurinn kemst í jafnvægi.

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað framlagsþörf LÍN að beiðni sjóðsins. Framlagsþörf er nú 49% af útlánum auk framlags vegna rekstrarkostnaðar. Framlag ríkissjóðs er því áætlað liðlega 49% af útlánum eða 2.284 m.kr., rekstrarkostnaður sjóðsins nemur 243 m.kr. án afskrifta og fjárfesting er áætluð 37 m.kr. Til frádráttar koma rekstrartekjur sjóðsins, 14 m.kr. Alls er því áætlað ríkisframlag 2.550 m.kr. sem er sama fjárhæð og áætlað er fyrir í frumvarpinu.

Rekstrarkostnaður sjóðsins er áætlaður 263 m.kr. sem er 5 m.kr. hækkun frá frumvarpinu en tæplega 5% hækkun frá árinu 2001. Vegur þar þyngst hækkun vaxtastyrks til námsmanna sem er nú áætlaður 60 m.kr. í stað 50 m.kr. á árinu 2001, en styrkurinn var áætlaður 55 m.kr. í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir 103 m.kr. launaútgjöldum, 88 m.kr. rekstrarútgjöldum, þar af 20 m.kr. vegna afskrifta, 5 m.kr. vegna málskotsnefndar og að umsjón jöfnunarstyrks kosti 7 m.kr. Fjárfesting sjóðsins er áætluð 37 m.kr. en endurnýjun hugbúnaðar sjóðsins er nú að hluta færð á fjárfestingu í stað rekstrar áður.

Talið er að afborganir af veittum lánum sjóðsins nemi um 2.800 m.kr. sem er hækkun um 230 m.kr. frá fyrra ári, en 50 m.kr. hækkun frá áætlun í frumvarpinu. Er það til samræmis við áætlaða fjölgun greiðenda og launahækkanir milli ára. Gert er ráð fyrir að lántökuþörf sjóðsins muni nema 3.550 m.kr. sem ganga til greiðslu á eldri lánum. Lántökur eru hækkaðar um 150 m.kr. frá frumvarpinu vegna aukinna útlána sjóðsins og lækkunar hlutfalls ríkisframlags af útlánum. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 2.850 m.kr. Alls er gert ráð fyrir að greiða í afborganir og vexti 4.400 m.kr. á árinu 2002. Gangi framangreind áætlun fyrir árið 2002 eftir mun sjóðsstaða á árinu lækka úr 418 m.kr. í ársbyrjun í 162 m.kr. í árslok 2002.

44 Landbúnaðarráðuneyti

823 Lánasjóður landbúnaðarins

Í frumvarpinu var framlag úr A-hluta ríkisins að fjárhæð 195 m.kr. vegna tekna af búnaðargjaldi fært með öðrum rekstrartekjum. Þetta er leiðrétt.

45 Sjávarútvegsráðuneyti

811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Áætlað er fyrir 76 m.kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins í samræmi við lagafrumvarp þar um. Annars vegar er um að ræða 64 m.kr. hækkun á þróunarsjóðsgjald á aflaheimildir og hins vegar hækkar þróunarsjóðsgjald á skip um 12 m.kr. Í frumvarpinu voru tekjur sjóðsins færðar undir aðrar rekstrartekjur en ekki undir framlagi úr ríkissjóði og er það leiðrétt.

47 Félagsmálaráðuneyti

201–215 Íbúðalánasjóður

Nokkrar breytingar verða á fjármagnstekjum og fjármagnsgjöldum Íbúðalánasjóðs frá því sem áætlað er í frumvarpinu. Þar vega þyngst breyttar verðalagsforsendur fyrir árið 2002 og breytingar á rekstrarliðum, m.a. vegna útlánaaukningar sem koma til með að hafa áhrif á starfsemi sjóðsins á árinu 2002. Sú breyting er gerð frá fyrri framsetningu að áætluð afföll húsnæðisbréfa er sýnd sem breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum á samnefndum lið. Við útreikning á áætluðum afföllum bréfa á næsta ári var miðað við 5,2% ávöxtunarkröfu að meðtaltali.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán verði 29.480 m.kr. en þau voru áætluð 26.186 m.kr. í frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að afborganir af veittum löngum lánum aukist úr 5.655 m.kr. í 5.814 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að tekin löng lán verði 29.180 m.kr. en þau voru 25.924 m.kr. í frumvarpinu. Afborganir af teknum löngum lánum eru áætlaðar 13.793 m.kr. sem er 790 m.kr. hækkun. Þótt sjá megi merki þess að umsóknum vegna notaðra íbúða og vegna nýbygginga einstaklinga taki að fækka þá fjölgar enn umsóknum frá byggingarverktökum og umsóknum vegna endurbóta. Því er ekki gert ráð fyrir að það dragi að marki úr aukningu umsókna fyrr en nokkuð er liðið á árið 2002.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Heildarlánveitingar eru áætlaðar 7.900 m.kr. Þar af eru 7.500 m.kr. til leiguíbúða eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu en 400 m.kr. til lánveitinga vegna greiðsluerfiðleikalána. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir 250 m.kr. til greiðsluerfiðleikalána en lagt er til að heimild verði veitt fyrir 150 m.kr. aukinni lánsfjárheimild í þessu skyni. Þá hækka tekin löng lán í 10.680 m.kr. en þau voru 10.162 m.kr. í frumvarpinu. Áætluð afföll húsnæðisbréfa eru sýnd sem breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum á samnefndum lið og nema þau 2.739 m.kr.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Veruleg aukning hefur verið í umsóknum viðbótarlána og er gert ráð fyrir að umsóknir verði nokkru fleiri en gert var ráð fyrir í upphaflegum áætlunum. Þótt sjá megi merki þess að tekið sé að draga úr aukningu í húsbréfakerfinu er enn umtalsverð eftirspurn eftir

viðbótarlánum enda er samsetning umsækjenda eftir þeim lánum nokkuð önnur en eftir húsbréfalánum. Þá er vert að vekja athygli á að viðbótarlán eru veitt að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga og á ábyrgð sveitarfélaga. Áætlað er að veitt löng lán verði 3.710 m.kr. á árinu 2002 sem er 630 m.kr. hækkun frá frumvarpi. Gert er ráð fyrir að tekin löng lán hækki um 655 m.kr. og verði 4.970 m.kr. Áætluð afföll húsnæðisbréfa eru sýnd sem breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum á samnefndum lið og nema þau 1.227 m.kr.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir að selja þyrfti húsbréf til að fjármagna byggingarsjóði ríkisins og verkamanna. Í ljósi endurmats er hins vegar talið nauðsynlegt að endurfjármagna þurfi sjóðina með sölu húsbréfa að fjárhæð 7.570 m.kr. og afborganir af teknum löngum lánum aukist úr 10.849 m.kr. í 11.718 m.kr. Áætluð afföll húsnæðisbréfa eru sýnd sem breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum á samnefndum lið og nema þau 1.870 m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti

411 Byggðastofnun

Framlag ríkisins í A-hluta fjárlaga lækkar um 101,7 m.kr. vegna aðhalds í ríkisrekstri til að fylgja eftir afkomumarkmiði ríkisstjórnarinnar. Þar af lækkar framlag til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni um 100 m.kr. og nemur það eftir þá breytingu 200 m.kr. auk þess sem miðað er við að hagræðing í rekstri skili 1,7 m.kr. lækkun útgjalda.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 5. GR.

Gerð er tillaga um að ríkissjóði verði heimilað að auka endurlán sín til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 150 m.kr. og að heildarlánveitingar til sjóðsins verði 3.550 m.kr. og breytist samtala yfir lánveitingar á liðnum samsvarandi og verður 4.630 m.kr. Skýringin á því að farið er fram á aukna lánsfjárheimild er fjölgun nemenda og gengisbreytingar.

Þá er gerð tillaga um nokkrar breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs í ljósi endurskoðunar á útlánum á þessu ári og því næsta og endurskoðunar á sjóðstreymi einstakra lánaflokka. Í fyrsta lagi er lagt til að lántökuheimild húsbréfadeildar verði aukin um tæplega 3,3 milljarða kr. Þá er lagt til að lántökur til að fjármagna lán til leiguíbúða hækki um rúmlega 500 m.kr. og að lántökur til að fjármagna útlán sem veitt eru á ábyrgð sveitarfélaganna til viðbótarlána verði auknar um rúmar 650 m.kr. Loks er lagt til að við bætist ný heimild til Íbúðalánasjóðs sem er samhljóða heimild sem sjóðurinn hefur haft síðustu ár til endurfjármögnunar á Byggingarsjóði ríkisins og verkamanna. Lagt er til að sú heimild verði 7,5 milljarðar kr. og fari alfarið til endurfjármögnunar, þ.e. til að jafna mun á innheimtum afborgunum og vaxtatekjum sjóðanna og greiddum afborgunum af teknum lánum auk vaxtagjalda.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR VIÐ 6. GR.

Lögð er til ein breyting á 6. gr. frumvarpsins sem varðar tekjur af sérstökum eignarskatti. Samkvæmt lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga skulu tekjur af sérstökum eignarskatti renna í sjóð sem varið er til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrátt fyrir þau lög skuli tekjur umfram 385 m.kr. renna í ríkissjóð en hér er lagt til að tekjur umfram 335 renni í ríkis-

sjóð. Er þetta samhljóða breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 5. des. 2001.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Kristján Pálsson.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.

Drífa Hjartardóttir.

Fylgiskjal.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2002, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Nefndin fékk á sinn fund Bolla Þór Bollason frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis og Þórð Friðjónsson og Katrínu Ólafsdóttur frá Þjóðhagsstofnun.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 voru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 257,9 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð. Enn fremur hafa þjóðhagsforsendur fyrir árin 2001 og 2002 breyst nokkuð frá því sem gengið var út frá í fjárlagafrumvarpi síðastliðið haust.

Að öllu samanlögðu er nú talið að tekjur ríkissjóðs á árinu 2002 muni nema 257,9 milljörðum kr. sem er sama fjárhæð og upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Hins vegar er gert ráð fyrir töluverðum frávikum milli einstakra tekjuliða. Þau koma einkum fram í því að gert er ráð fyrir að veltuskattar skili u.þ.b. 2,5 milljörðum kr. minni tekjum en upphaflega var gengið út frá í fjárlagafrumvarpi. Þar vegur virðisaukaskattur þyngst. Á móti kemur hins vegar að gert er ráð fyrir auknum tekjum á öðrum sviðum og vegur tekjuskattur einstaklinga þar þyngst, en gert er ráð fyrir að hann skili tæpum 1,3 milljörðum kr. til ríkissjóðs á árinu 2002. Jafnframt er gert ráð fyrir að tryggingagjald muni skila ríkissjóði 800 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir á næsta ári og fjármagnstekjuskattur 1 milljarði kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjald verði hækkað á árinu 2002 um sem nemur 260 millj. kr., eða um 10%. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að hækka áfengisgjald og er gert ráð fyrir að sú hækkun muni skila ríkissjóði 450 millj. kr.

Þær skattalagabreytingar sem fyrirhugaðar eru og koma til framkvæmda á árinu 2002 lúta einkum að lækkun á skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga og hækkun á frieignamörkum í

eignarskatti einstaklinga. Samtals munu þessar breytingar hafa í för með sér 2,250 millj. kr. áhrif til lækkunar á tekjum ríkissjóðs, en á árinu 2002 er alls gert fyrir 3 milljarða kr. tekjulækkun ríkissjóðs vegna skattalagabreytinga.

Helstu breytingar efnahagsforsendna sem varða tekjuáætlun fyrir árið 2002 eru að gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1% í stað þess að haldast óbreytt milli ára. Meginskýringin á þessu er að áætlanir fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir 1% hærri verðbólgu en áður, eða 6%, sem fyrst og fremst stafar af 5–6% lægra gengi. Þá er reiknað með að kaupmáttur haldist nær óbreyttur á árinu 2002.

Spáð er að landsframleiðsla dragist saman um 1% á árinu 2002 en hagvöxtur glæðist síðan á ný og verði 3% á árinu 2003 að því tilskildu að ráðist verði í framkvæmdir vegna álvera og virkjana. Líkur eru á að viðskiptahalli muni nema 38 milljörðum kr. á árinu 2002, en á árinu 2001 er talið að hann verði um 49 milljarðar kr. Miðað við þessa spá mun viðskiptahallinn því fara í tæplega 5% af landsframleiðslu.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Magnús Stefánsson.

476. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
a. 1.04 Alþjóðasamstarf	90,7	26,4	117,1
b. 1.06 Almennur rekstur	468,0	3,9	471,9
c. 1.07 Sérverkefni	21,1	7,6	28,7
d. 1.10 Rekstur fasteigna	123,9	-10,0	113,9
e. 5.20 Fasteignir	47,0	-23,0	24,0
f. 6.21 Fasteignir	48,0	-50,0	-2,0
2. Við **01-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmis verkefni	24,2	-3,0	21,2
3. Við **01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins**			
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	250,0	-200,0	50,0
4. Við **01-251 Þjóðmenningarhúsið**			
1.01 Þjóðmenningarhúsið	55,6	1,5	57,1

5. Við **01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**			
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	144,0	-54,0	90,0
6. Við **01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**			
6.01 Nýframkvæmdir	43,5	1,5	45,0
7. Við **02-201 Háskóli Íslands**			
a. 1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.178,3	-25,0	2.153,3
b. 1.13 Háskólasjóður	76,0	-4,0	72,0
c. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	518,0	-200,0	318,0
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.636,7*	*-229,0*	*3.407,7*
8. Við **02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	372,0	-100,0	272,0
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 2, orðast svo:			
2. Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).			
1. Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt			10,0
2. Flensborgarskóli, kennsluálma			5,0
3. Sjómannaskólahús			40,0
4. Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma			45,0
5. Fjölbrautaskóli Suðurnesja, kennsluálma			5,0
6. Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma			70,0
7. Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur			40,0
8. Menntaskólinn að Laugarvatni, endurbygging			28,0
9. Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús			5,0
10. Fjölbrautaskóli Vesturlands, bókasafn			20,0
11. Til framkvæmda, óskipt			12,0
12. Tæki og búnaður, óskipt			16,0
Samtals			**296,0**
9. Við **02-319 Framhaldsskólar, almennt**			
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	95,1	-75,0	20,1
10. Við **02-804 Kvikmyndaskoðun**			
1.01 Kvikmyndaskoðun	9,8	-1,0	8,8
Innheimt af ríkistekjum	*7,5*	*-1,0*	*6,5*
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-901 Fornleifavernd ríkisins			
1.01 Fornleifavernd ríkisins	0,0	30,0	30,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,0*	*30,0*
12. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
a. 1.01 Þjóðminjasafn Íslands	193,1	-1,6	191,5
b. 1.10 Byggða- og minjasöfn	77,4	-48,4	29,0
13. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-918 Safnasjóður			
1.10 Safnasjóður	0,0	58,0	58,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*58,0*	*58,0*
14. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
Við 1.90 Söfn. Liðurinn orðast svo:			
1.90 Söfn, ýmis framlög	17,5	-13,0	4,5
Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 3, breytist 4. tölul. og við bætist nýr töluliður:			

4. Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík			2,0
10. Húni II			1,0
15. Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	385,0	-50,0	335,0
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 4, orðast svo:			
4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).			
1. Þjóðminjasafn, endurbygging			225,0
2. Verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins			50,0
3. Bókageymslur í Reykholti			5,0
4. Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir			20,0
5. Þjóðleikhús, endurbætur			10,0
6. Þjóðskjalasafn Íslands			10,0
7. Listasafn Íslands, endurbætur			10,0
Óskipt			5,0
Samtals			**335,0**
16. Við **02-971 Ríkisútvarpið**			
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	1.905,0	250,0	2.155,0
Innheimt af ríkistekjum	*1.905,0*	*250,0*	*2.155,0*
17. Við **02-977 Höfundarréttargjöld**			
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir	1,0	1,7	2,7
18. Við **02-982 Listir, framlög**			
a. 1.83 Samningur við Menningarborgarsjóð	5,0	-5,0	0,0
b. 1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð	0,0	5,0	5,0
c. 1.90 Listir. Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 5. Við bætist nýr liður og óskipt lækkar:			
14.Rannsóknastofnun í helgisiðum í Skálholti			5,0
Óskipt			21,9
d. 6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	0,0	17,0	17,0
19. Við **02-983 Ýmis fræðistörf**			
1.10 Fræðistörf	4,3	1,5	5,8
20. Við **02-999 Ýmislegt**			
1.90 Ýmis framlög	22,4	2,0	24,4
Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 10, bætist nýr liður, svohljóðandi:			
13. Minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur			2,0
21. Við **03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**			
a. Við 1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli. Liðurinn orðast svo:			
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	248,7	22,0	270,7
b. Sértekjur	-32,7	-137,6	-170,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*495,5*	*-48,0*	*447,5*
d. *Viðskiptahreyfingar*	*0,0*	*-67,6*	*-67,6*
22. Við **03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**			
a. 1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	401,3	117,2	518,5
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*543,4*	*42,8*	*586,2*
c. *Viðskiptahreyfingar*	*-120,7*	*74,4*	*-46,3*

23. Við **03-401 Alþjóðastofnanir**			
1.87 Íslensk friðargæsla	180,5	-45,0	135,5
24. Við **04-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.11 Framkvæmd búvörusamnings	15,2	-5,0	10,2
b. 1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	9,1	-3,0	6,1
c. 1.90 Ýmis verkefni	28,4	-1,0	27,4
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*85,2*	*-9,0*	*76,2*
25. Við **04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins**			
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	21,5	-1,5	20,0
26. Við **04-321 Skógrækt ríkisins**			
1.01 Skógrækt ríkisins	157,9	8,0	165,9
27. Við **04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**			
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	60,8	-6,5	54,3
Greitt úr ríkissjóði	*6,5*	*-6,5*	*0,0*
28. Við **05-190 Ýmis verkefni**			
1.90 Ýmislegt	30,4	10,0	40,4
29. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.30 Rannsóknaskip	366,8	10,0	376,8
b. 5.31 Viðhald rannsóknaskipa	78,0	-25,0	53,0
30. Við **05-204 Fiskistofa**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*506,3*	*-50,0*	*456,3*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*-266,7*	*50,0*	*-216,7*
31. Við **05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins**			
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	545,0	76,0	621,0
32. Við **06-397 Schengen-samstarf**			
6.01 Tæki og búnaður	12,0	-12,0	0,0
33. Við **06-705 Kirkjumálasjóður**			
1.10 Kirkjumálasjóður	152,7	-8,0	144,7
34. Við **06-733 Kirkjugarðsgjöld**			
a. 1.11 Kirkjugarðar	583,0	-27,4	555,6
b. 1.13 Kirkjugarðasjóður	50,0	-2,6	47,4
35. Við **06-735 Sóknargjöld**			
a. 1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.353,0	-70,5	1.282,5
b. 1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	118,0	-6,1	111,9
36. Við **06-736 Jöfnunarsjóður sókna**			
1.10 Jöfnunarsjóður sókna	250,0	-13,0	237,0
37. Við **07-400 Barnaverndarstofa**			
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	414,9	10,0	424,9
38. Við **07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík**			
1.01 Almennur rekstur	1.116,8	50,0	1.166,8
39. Við **07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra**			
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra	305,0	-25,0	280,0
40. Við **07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður**			
Sértekjur	-400,0	-250,0	-650,0

41. Við **07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**			
Sértekjur	0,0	-10,0	-10,0
42. Við **07-989 Fæðingarorlof**			
a. 1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	0,0	48,0	48,0
b. 1.11 Fæðingarorlofssjóður	4.005,0	-48,0	3.957,0
43. Við **07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi**			
a. 1.49 Mótttaka flóttamannahópa	49,7	-10,0	39,7
b. 1.90 Ýmis framlög	13,5	1,0	14,5
Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 13, bætist nýr liður, svohljóðandi:			
24. Styrkur til lyftukaupa			1,0
44. Við **08-201 Tryggingastofnun ríkisins**			
a. 1.01 Tryggingastofnun ríkisins	774,1	48,0	822,1
b. Sértekjur	-90,0	-48,0	-138,0
45. Við **08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð**			
1.51 Uppbætur	2.530,4	3,2	2.533,6
46. Við **08-206 Sjúkratryggingar**			
a. 1.11 Lækniskostnaður	2.741,5	-160,0	2.581,5
b. 1.15 Lyf	5.283,0	-310,0	4.973,0
47. Við **08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**			
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	138,8	-51,9	86,9
48. Við **08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**			
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.444,8	8,8	2.453,6
49. Við **08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**			
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	151,1	50,0	201,1
50. Við **08-373 Landspítali – háskólasjúkrahús**			
1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús	21.544,0	200,0	21.744,0
Greitt úr ríkissjóði	*20.477,2*	*200,0*	*20.677,2*
51. Við **08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra**			
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur	354,4	-41,9	312,5
52. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
a. 1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	67,3	30,0	97,3
b. 1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	0,0	69,9	69,9
53. Við **08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri**			
1.11 Hjúkrunarrými	348,4	41,0	389,4
54. Við **08-497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður**			
1.11 Hjúkrunarrými	134,3	5,2	139,5
55. Við **08-499 Hjúkrunarheimili**			
1.01 Almennur rekstur	0,3	20,0	20,3
56. Við **08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt**			
a. 1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt	89,3	60,0	149,3

b. Sértekjur	0,0	-40,0	-40,0
57. Við **08-501 Sjúkraflutningar**			
1.11 Sjúkraflutningar	274,4	8,8	283,2
58. Við **09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun**			
a. 1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.731,0	-680,0	4.051,0
b. 1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	118,0	-15,0	103,0
c. 1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	26,0	-4,0	22,0
d. 1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	408,0	-64,0	344,0
e. 1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	89,0	-11,0	78,0
f. 1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	12,0	-2,0	10,0
g. 1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	32,0	-4,0	28,0
h. 1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	158,0	-19,0	139,0
i. 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	7,0	-1,0	6,0
j. *Greitt úr ríkissjóði*	*3.293,0*	*-60,0*	*3.233,0*
k. *Viðskiptahreyfingar*	*2.288,0*	*-740,0*	*1.548,0*
59. Við **09-402 Fasteignamat ríkisins**			
6.02 Landskrá fasteigna	80,8	-20,0	60,8
Greitt úr ríkissjóði	*316,2*	*-20,0*	*296,2*
60. Við **09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum**			
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	340,0	-100,0	240,0
61. Við **09-984 Fasteignir ríkissjóðs**			
a. 5.21 Viðhald fasteigna	770,4	-75,0	695,4
b. Sértekjur	-1.176,7	75,0	-1.101,7
62. Við **09-989 Launa- og verðlagsmál**			
1.90 Launa- og verðlagsmál	625,0	120,0	745,0
63. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
a. 1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	50,0	150,0	200,0
b. 1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	0,0	5,0	5,0
64. Við **10-211 Vegagerðin**			
a. 1.01 Yfirstjórn	453,0	6,0	459,0
b. 6.10 Nýframkvæmdir	5.805,0	-150,0	5.655,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*11.863,3*	*-144,0*	*11.719,3*
65. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
6.70 Hafnamannvirki	1.298,4	-100,0	1.198,4
Greitt úr ríkissjóði	*1.964,2*	*-100,0*	*1.864,2*

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 17, orðast svo:

17. Hafnarmannvirki (10-335 6.70)

a. Vesturland:	
1. Akranes	52,8
2. Snæfellsbær	56,8
3. Grundarfjörður	21,0
4. Stykkishólmur	13,2
Samtals	**143,8**

Vestfirðir:			
1. Reykhólahöfn			2,6
2. Vesturbyggð			16,3
3. Bolungarvík			22,2
4. Ísafjarðarbær			21,9
5. Súðavík			9,7
6. Drangsnes			1,0
Samtals			**73,7**
Norðurland vestra:			
1. Skagaströnd			7,7
2. Skagafjörður			43,4
3. Siglufjörður			9,4
Samtals			**60,5**
Norðurland eystra:			
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar			32,6
2. Hafnasamlag Norðurlands			25,1
3. Grímsey			5,6
4. Húsavík			155,6
5. Kópasker			4,6
6. Raufarhöfn			8,7
7. Þórshöfn			117,8
Samtals			**350,0**
Austurland:			
1. Bakkafjörður			10,9
2. Vopnafjörður			20,5
3. Seyðisfjörður			199,9
4. Fjarðabyggð			148,6
5. Fáskrúðsfjörður			18,0
6. Djúpivogur			28,3
7. Hornafjörður			7,8
Samtals			**434,0**
Suðurland:			
1. Vestmannaeyjar			117,8
2. Þorlákshöfn			37,8
Samtals			**154,6**
Reykjanes:			
1. Grindavík			110,6
2. Sandgerði			28,3
3. Hafnasamlag Suðurnesja			17,3
Samtals			**156,2**
b. Óskipt til slysavarna o.fl.			8,2
c. Rannsóknir			15,0
Samtals			**1.397,0**
66. Við **11-399 Ýmis orkumál**			
1.13 Hafsbotnsrannsóknir	85,3	-10,0	75,3
67. Við **11-411 Byggðastofnun**			
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	300,0	-100,0	200,0

68. Við **12-302 Löggildingarstofa**			
a. *Greitt úr ríkissjóði*	*174,2*	*-10,0*	*164,2*
b. *Viðskiptahreyfingar*	*-138,6*	*10,0*	*-128,6*
69. Við **14-190 Ýmis verkefni**			
1.58 Náttúrugripasöfn	3,0	-3,0	0,0
70. Við **14-381 Ofanflóðasjóður**			
6.60 Ofanflóðasjóður	351,0	-160,0	191,0
71. Við **14-403 Náttúrustofur**			
a. 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	5,6	3,5	9,1
b. 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	5,6	3,5	9,1
c. 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	5,6	3,5	9,1

SÉRSTÖK YFIRLIT I

Leigugreiðslur framhaldsskóla til Fasteigna ríkissjóðs.

Fjárveitingar til framhaldsskóla lækka alls um 75 m.kr. vegna minni leigugreiðslna til Fasteigna ríkissjóðs en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lækkun fjárheimilda framhaldsskóla skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-301-1.01	Almennur rekstur	-2,9
02-302-1.01	Almennur rekstur	-3,4
02-303-1.01	Almennur rekstur	-1,1
02-304-1.01	Almennur rekstur	-3,7
02-305-1.01	Almennur rekstur	-3,2
02-306-1.01	Almennur rekstur	-1,8
02-307-1.01	Almennur rekstur	-1,3
02-308-1.01	Almennur rekstur	-4,6
02-309-1.01	Almennur rekstur	-1,5
02-350-1.01	Almennur rekstur	-5,4
02-351-1.01	Almennur rekstur	-2,3
02-352-1.01	Almennur rekstur	-3,0
02-353-1.01	Almennur rekstur	-3,0
02-354-1.01	Almennur rekstur	-3,2
02-355-1.01	Almennur rekstur	-1,4
02-356-1.01	Almennur rekstur	-2,0
02-357-1.01	Almennur rekstur	-3,6
02-358-1.01	Almennur rekstur	-1,5
02-359-1.01	Almennur rekstur	-5,5
02-360-1.01	Almennur rekstur	-2,6
02-361-1.01	Almennur rekstur	-0,4
02-362-1.01	Almennur rekstur	-0,8
02-363-1.01	Almennur rekstur	-1,5
02-365-1.01	Almennur rekstur	-4,9
02-514-1.01	Almennur rekstur	-7,6
02-571-1.01	Sjómannaskólahúsið	-2,9
	Samtals	**-75,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT II

Hækkun sértekna heilsugæslustöðva og heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana.

Hækkun sértekna að fjárhæð 40 m.kr., sem gert er ráð fyrir í tillögu undir 08-500-1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt, skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	-7,1
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	-1,4
08-517-1.01	Læknavaktin	-3,0
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-0,8
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-0,4
08-525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-0,2
08-526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-0,3
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-0,1
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	-0,6
08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	-2,0
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	-0,5
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-0,1
08-572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-0,2
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	-0,8
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	-0,6
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-0,1
08-579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-0,2
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-2,9
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-0,9
08-584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	-2,2
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-1,7
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-0,9
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	-0,7
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	-0,3
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	-0,6
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	-1,1
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	-0,2
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	-0,1
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	-0,6
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	-0,4
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	-0,6
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	-0,4
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	-1,1
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	-2,8
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	-0,9
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	-1,1
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	-2,1
	Samtals	**-40,0**

SÉRSTÖK YFIRLIT III

Framlög samkvæmt kjarasamningum til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir.

Fjárheimild að fjárhæð 217,6 m.kr. á lið 09-989 Launa- og verðlagsmál, sem í samræmi við bókanir með kjarasamningum er ætluð til að bæta kjör þeirra sem lakast eru settir, skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

	Starfsmannafélag ríkisstofnana	M.kr.
02-201-1.01	Kennsla	3,1
02-215-1.01	Kennsla	1,3
02-907-1.01	Listasafn Íslands	0,4
02-973-1.01	Þjóðleikhús	5,4
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	4,1
06-311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	2,1
06-411-1.01	Yfirstjórn	2,9
06-412-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-413-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-414-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-415-1.01	Yfirstjórn	0,1
06-416-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-417-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-418-1.01	Yfirstjórn	1,2
06-419-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-420-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-421-1.01	Yfirstjórn	0,4
06-422-1.01	Yfirstjórn	0,3
06-423-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-424-1.01	Yfirstjórn	3,0
06-425-1.01	Yfirstjórn	0,5
06-426-1.01	Yfirstjórn	0,7
06-428-1.01	Yfirstjórn	0,6
06-429-1.01	Yfirstjórn	0,4
06-430-1.01	Yfirstjórn	0,2
06-431-1.01	Yfirstjórn	0,3
06-432-1.01	Yfirstjórn	0,9
06-433-1.01	Yfirstjórn	1,5
06-434-1.01	Yfirstjórn	2,5
06-436-1.01	Yfirstjórn	3,5
06-437-1.01	Yfirstjórn	2,4
06-501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	2,5
07-400-1.01	Yfirstjórn	1,3
07-700-1.90	Ýmis verkefni	2,5
07-701-1.01	Almennur rekstur	14,1
07-702-1.01	Almennur rekstur	13,0
07-703-1.01	Almennur rekstur	2,0
07-704-1.01	Almennur rekstur	1,5
07-707-1.01	Almennur rekstur	1,8

07-708-1.01	Almennur rekstur	2,3
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	3,6
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	10,6
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús	43,4
08-490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	3,3
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	2,8
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	1,8
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	0,5
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	0,2
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	0,3
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	0,7
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	0,4
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	0,7
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	0,1
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	2,6
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	4,9
	Samtals	**158,7**
	Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	
08-373-1.01	Landspítali – háskólasjúkrahús	15,0
	Kjarni tólf bæjarstarfsmannafélaga	
02-356-1.01	Almennur rekstur	0,4
02-358-1.01	Almennur rekstur	0,2
02-359-1.01	Almennur rekstur	0,7
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	16,4
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,5
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	0,8
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	3,1
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,6
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	3,3
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	1,5
	Samtals	**29,1**
	Samflot sex bæjarstarfsmannafélaga	
08-368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	1,2
08-571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,2
08-574-1.01	Heilsugæslustöðin Rangárþingi	0,1
08-576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,2
08-578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,3
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	0,4
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	4,2
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	4,0
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
	Samtals	**11,6**

	Starfsmannafélag Suðurnesja	
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	3,2
	Alls	**217,6**

SÉRSTÖK YFIRLIT IV

Endurmat á launafjárveitingum vegna kjarasamnings sjúkraliða.

Fjárveiting að fjárhæð 561,1 m.kr. vegna endurmats á launafjárveitingum í kjölfar kjarasamnings sjúkraliða skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
02-350-1.01	Almennur rekstur	0,3
02-350-1.09	Önnur verkefni	0,1
02-351-1.01	Almennur rekstur	0,1
07-400-1.01	Yfirstjórn	0,2
07-400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	0,5
07-400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	0,1
07-701-1.01	Almennur rekstur	5,6
07-701-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,1
07-702-1.01	Almennur rekstur	1,5
07-702-1.10	Svæðisráð	0,2
07-704-1.01	Almennur rekstur	0,6
07-706-1.85	Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	0,1
07-706-1.86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	1,0
07-707-1.01	Almennur rekstur	0,1
07-707-1.30	Verndaðir vinnustaðir	0,1
07-707-1.86	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	0,1
07-711-1.01	Styrktarfélag vangefinna	0,3
07-720-1.70	Vistheimilið Skálatúni	0,5
07-722-1.70	Sólheimar í Grímsnesi	0,6
08-358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	6,7
08-368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	4,9
08-373-1.01	Landspítali, háskólasjúkrahús	210,3
08-400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	10,0
08-408-1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	9,7
08-409-1.01	Hjúkrunarheimilið Skjól	10,0
08-410-1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	10,4
08-411-1.01	Garðvangur, Garði	5,4
08-412-1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	12,2
08-413-1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	7,2
08-414-1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	1,2
08-415-1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	2,4
08-416-1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	2,1
08-420-1.01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	4,4
08-421-1.01	Víðines	5,0

08-422-1.01	Hlaðgerðarkot	0,2
08-430-1.01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	3,7
08-431-1.01	Endurhæfingardeild	1,3
08-431-1.10	Almenn deild	2,7
08-432-1.01	Vistheimilið Bjarg	1,3
08-435-1.01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	4,6
08-495-1.11	Seljahlíð, Reykjavík	1,6
08-495-1.12	Sóltún, Reykjavík	6,1
08-495-1.15	Dalbær, Dalvík	1,6
08-495-1.19	Hjallatún, Vík	0,1
08-495-1.21	Höfði, Akranesi	4,6
08-495-1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,0
08-495-1.25	Barmahlíð, Reykhólum	0,4
08-495-1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	1,1
08-495-1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,7
08-495-1.35	Jaðar, Ólafsvík	0,1
08-495-1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,7
08-495-1.41	Hrafnista, Reykjavík	4,9
08-495-1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	10,3
08-495-1.45	Grund, Reykjavík	6,5
08-495-1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	3,2
08-495-1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	1,9
08-495-1.51	Fellsendi, Búðardal	0,7
08-495-1.53	Reykjalundur, Mosfellsbæ	10,0
08-495-1.55	D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	0,1
08-495-1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,8
08-495-1.63	Hlíðabær, Reykjavík	0,5
08-495-1.65	Lindargata, Reykjavík	0,5
08-495-1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	0,9
08-495-1.69	Múlabær, Reykjavík	0,7
08-495-1.71	Dagvistun aldraðra, aðrar	1,4
08-495-1.81	Holtsbúð, Garðabæ	3,6
08-495-1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,7
08-495-1.85	Fríðuhús, Reykjavík	0,3
08-496-1.11	Hjúkrunarrými	2,1
08-496-1.21	Dagvistun aldraðra	0,1
08-497-1.11	Hjúkrunarrými	3,6
08-497-1.21	Dagvistun aldraðra	0,1
08-497-1.31	Fæðingar	0,1
08-505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	15,8
08-510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1,0
08-515-1.01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	1,7
08-517-1.01	Læknavaktin	3,4
08-522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	0,4
08-524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,6
08-551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,1
08-552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	0,4

08-553-1.01	Reynslusveitarfélagið Akureyri	4,9
08-568-1.01	Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	1,8
08-582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	1,7
08-583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,3
08-584-1.01	Heilsugæsla í Kópavogi	1,3
08-585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,7
08-586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	0,3
08-711-1.01	Heilsugæslusvið	2,4
08-711-1.11	Sjúkrasvið	22,7
08-715-1.01	Heilsugæslusvið	1,0
08-715-1.11	Sjúkrasvið	5,3
08-721-1.01	Heilsugæslusvið	0,1
08-721-1.11	Sjúkrasvið	0,6
08-725-1.01	Heilsugæslusvið	2,5
08-725-1.11	Sjúkrasvið	7,6
08-731-1.01	Heilsugæslusvið	0,3
08-731-1.11	Sjúkrasvið	0,3
08-735-1.01	Heilsugæslusvið	0,9
08-735-1.11	Sjúkrasvið	1,3
08-741-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-741-1.11	Sjúkrasvið	3,1
08-745-1.01	Heilsugæslusvið	0,7
08-745-1.11	Sjúkrasvið	3,3
08-751-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-751-1.11	Sjúkrasvið	10,0
08-755-1.01	Heilsugæslusvið	0,4
08-755-1.11	Sjúkrasvið	2,3
08-761-1.01	Heilsugæslusvið	2,6
08-761-1.11	Sjúkrasvið	7,4
08-777-1.01	Heilsugæslusvið	3,8
08-777-1.11	Sjúkrasvið	8,6
08-781-1.01	Heilsugæslusvið	1,8
08-781-1.11	Sjúkrasvið	9,9
08-785-1.01	Heilsugæslusvið	1,1
08-785-1.11	Sjúkrasvið	4,4
08-791-1.01	Heilsugæslusvið	5,5
08-791-1.11	Sjúkrasvið	14,8
	Samtals	**561,1**

SÉRSTÖK YFIRLIT V

Hagræðing í rekstri stjórnsýslustofnana.

Fjárveitingar lækka alls um 180 m.kr. í samræmi við tillögu á lið 09-989 Launa- og verðlagsmál um hagræðingu í rekstri stjórnsýslustofnana. Lækkun fjárheimilda skiptist á viðfangsefni samkvæmt eftirfarandi sundurliðun:

		M.kr.
00-101-1.01	Yfirstjórn	-1,0
00-101-1.81	Opinberar heimsóknir	-0,2
00-201-1.01	Alþingiskostnaður	-5,8
00-201-1.02	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	-0,5
00-201-1.03	Fastanefndir	-0,8
00-201-1.04	Alþjóðasamstarf	-1,0
00-201-1.06	Almennur rekstur	-5,0
00-201-1.07	Sérverkefni	-0,2
00-201-1.10	Rekstur fasteigna	-1,3
00-301-1.01	Ríkisstjórn	-1,5
00-401-1.01	Hæstiréttur	-0,9
00-610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	-0,8
00-620-1.01	Ríkisendurskoðun	-2,7
01-101-1.01	Yfirstjórn	-1,8
01-101-1.20	Stjórnarráðshús	-0,2
01-211-1.01	Þjóðhagsstofnun	-1,4
01-231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	-0,3
01-271-1.01	Ríkislögmaður	-0,5
02-101-1.01	Yfirstjórn	-4,1
02-223-1.01	Námsmatsstofnun	-0,2
02-231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	-0,7
02-985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-0,9
03-101-1.01	Yfirstjórn	-6,5
03-101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-0,7
03-101-1.53	Þýðingamiðstöð	-0,6
03-201-1.01	Yfirstjórn	-0,5
03-301-1.01	Sendiráð Íslands í Berlín	-0,8
03-302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	-0,5
03-303-1.01	Sendiráð Íslands í London	-1,0
03-304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-0,9
03-305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	-0,5
03-306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	-1,1
03-307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	-0,4
03-308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-0,9
03-309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	-1,6
03-310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	-1,2
03-311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	-0,8
03-312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-0,9
03-313-1.01	Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	-0,5
03-314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	-0,9
03-315-1.01	Sendiráð Íslands í Ottawa	-0,7
03-316-1.01	Sendiráð Íslands í Tókíó	-1,1
03-317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	-0,5

03-318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	-0,3
03-319-1.01	Sendiráð Íslands í Mapútó	-0,2
03-320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-1,3
03-390-1.01	Almennur rekstur	-0,4
04-101-1.01	Yfirstjórn	-1,6
04-190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	-0,2
04-190-1.12	Mat á búvörum	-0,1
04-190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	-0,1
04-190-1.90	Ýmis verkefni	-0,3
04-233-1.01	Yfirdýralæknir	-2,3
04-236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	-0,2
04-293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,2
05-101-1.01	Yfirstjórn	-1,4
05-204-1.01	Fiskistofa	-4,7
06-101-1.01	Yfirstjórn	-2,3
06-190-1.10	Fastanefndir	-0,3
06-190-1.40	Alþjóðasamstarf	-0,1
06-201-1.01	Yfirstjórn	-0,7
06-210-1.01	Héraðsdómstólar	-5,9
06-210-1.11	Meðdómsmenn	-0,2
06-251-1.01	Persónuvernd	-0,5
06-301-1.05	Ríkissaksóknari	-0,8
06-321-1.01	Almannavarnir ríkisins	-0,4
06-331-1.01	Yfirstjórn	-0,5
06-395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-11,0
06-397-1.01	Schengen-samstarf	-0,6
07-101-1.01	Yfirstjórn	-1,6
07-190-1.17	Kærunefnd jafnréttismála	-0,1
07-190-1.23	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-0,1
07-190-1.26	Jafnréttisráð	-0,1
07-331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	-3,0
07-400-1.01	Yfirstjórn	-0,6
07-401-1.01	Barnaverndarráð	-0,2
07-980-1.01	Yfirstjórn	-1,6
08-101-1.01	Yfirstjórn	-3,1
08-201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-7,4
08-201-1.90	Rekstrarhagræðing	-0,2
08-301-1.01	Yfirstjórn	-1,6
08-301-1.30	Slysavarnaráð	-0,1
08-330-1.01	Manneldisráð	-0,2
08-397-1.01	Lyfjastofnun	-1,2
09-101-1.01	Yfirstjórn	-4,5
09-103-1.01	Ríkisbókhald	-2,6
09-103-1.41	Launagreiðslukerfi	-0,7
09-103-1.43	Tekjubókhaldskerfi	-2,2
09-103-1.45	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-0,6
09-103-1.47	Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	-0,6

09-104-1.01	Ríkisfjárhirsla	-0,4
09-201-1.01	Yfirstjórn	-3,9
09-202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	-3,3
09-203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,5
09-204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,3
09-205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	-0,3
09-206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	-0,8
09-207-1.01	Skattstofa Austurlands	-0,4
09-208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,5
09-209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-0,2
09-211-1.01	Skattstofa Reykjaness	-1,9
09-212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-0,2
09-212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	-0,1
09-212-1.06	Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	-0,3
09-212-1.10	Skatteftirlit	-0,1
09-212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	-0,3
09-212-1.30	Þungaskattur	-0,2
09-214-1.01	Yfirskattanefnd	-0,9
09-215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,1
09-262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	-8,9
09-402-1.01	Fasteignamat ríkisins	-3,8
09-972-1.01	Lánasýsla ríkisins	-0,7
10-101-1.01	Yfirstjórn	-2,0
10-211-1.01	Yfirstjórn	-4,9
10-335-1.01	Yfirstjórn	-3,6
11-101-1.01	Yfirstjórn	-0,9
11-301-1.01	Yfirstjórn	-0,1
11-301-1.01	Yfirstjórn	-0,1
11-411-1.10	Byggðastofnun	-1,9
12-101-1.01	Yfirstjórn	-1,2
12-902-1.01	Samkeppnisstofnun	-1,5
12-999-1.10	Fjárfestingarstofan, almennt svið	-0,2
13-101-1.01	Yfirstjórn	-2,7
14-101-1.01	Yfirstjórn	-2,1
14-205-1.01	Yfirstjórn	-0,7
14-210-1.01	Veiðistjóri	-0,2
14-213-1.10	Hreindýraráð	-0,2
14-301-1.01	Skipulagsstofnun	-1,2
14-301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	-0,1
14-401-1.01	Yfirstjórn	-0,1
14-410-1.01	Almenn starfsemi	-3,9
	Samtals	**-180,0**

477. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

Sundurliðun 1 (**Tekjur A-hluta**) orðist svo:

I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	55.005,0	52.865,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.120,0	1.120,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	5.000,0	4.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**61.125,0**	**58.945,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	6.500,0	5.540,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.500,0	1.080,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	777,0	763,9
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.277,0**	**1.843,9**
	Skattar á tekjur og hagnað	**69.902,0**	**66.328,9**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	19.594,6	19.216,3
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.610,1	3.610,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**23.364,7**	**22.986,4**
	Tryggingagjöld	**23.364,7**	**22.986,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
3	**Skattar á launagreiðslur**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	174,4	170,9
4	**Eignarskattar**		
4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.910,7	3.884,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.399,3	2.399,4
	Skattar á hreina eign	**6.310,0**	**6.283,4**
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	850,0	850,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.200,0	3.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	621,0	621,0
	Sértækir eignarskattar	**960,0**	**960,0**
	Eignarskattar	**11.320,0**	**11.193,4**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	76.700,0	73.530,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.130,0	2.100,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	650,0	650,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.150,0	3.150,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.190,0	2.190,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	43,5	43,5

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	673,0	673,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.856,2	6.906,2
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.200,0	3.200,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.872,1	1.872,1
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.323,0	2.273,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	18,6	18,6
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.351,7	1.351,7
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**106.593,4**	**103.393,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.940,0	2.880,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.964,0	4.964,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	148,9	148,9
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	72,5	72,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	293,2	293,2
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	551,7	554,2
5.2.2.35	Ýmislegt	17,5	17,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.987,8**	**8.930,3**
	Skattar á vörur og þjónustu	**115.581,2**	**112.323,7**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	202,4	202,4
6.1.15	Markaðsgjald	218,0	218,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	500,0	500,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**920,4**	**920,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6.2.1	Sektir á skatttekjur	85,0	50,0
	Aðrir skattar	**1.005,4**	**970,4**
	Skatttekjur, samtals	**221.347,7**	**213.973,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	308,0	280,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.320,5	1.320,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.628,5**	**1.600,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.070,0	2.130,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.570,0	4.440,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	3.720,0	3.020,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	42,0	42,0
	Aðrar eignatekjur	**13.402,0**	**9.632,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**15.030,5**	**11.232,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	75,0	75,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	35,0	35,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.155,0	2.155,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,1	336,1
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	608,8	608,8
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	111,9	111,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	699,2	699,2
9.1.3.35	Ýmislegt	256,2	219,4
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	234,7	234,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	57,0	57,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.681,8**	**4.645,0**
	Ýmsar tekjur	**4.681,8**	**4.645,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	330,0	300,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	180,0	118,8
10.3	Ýmsar sektir	40,0	40,0
	Sektir	**550,0**	**458,8**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	125,0	125,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**149,0**	**149,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**20.411,3**	**16.485,3**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	15.500,0	15.500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	20,0	20,0
	Sala eigna, samtals	**15.520,0**	**15.520,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	76,0	76,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	220,0	220,0
	Rekstrarframlög	**296,0**	**296,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**621,0**	**621,0**
	Fjárframlög, samtals	**621,0**	**621,0**
	Heildartekjur samtals:	**257.900,0**	**246.600,0**

478. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.
Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

Sundurliðun 3 (**Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta**) orðist svo:

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta.

	m.kr.
22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti	
22-201 Happdrætti Háskóla Íslands	
Rekstraráætlun:	
Rekstrartekjur	2.150,0
Rekstrargjöld	1.830,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**335,0**
Hagnaður (-tap)	**335,0**
Sjóðstreymi:	
Hagnaður (-tap)	335,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	18,0
Handbært fé frá rekstri	**353,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	13,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	25,0
Greitt til Háskóla Íslands	325,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-350,0**

	m.kr.
Breyting á handbæru fé	**-10,0**
Handbært fé í ársbyrjun	176,0
Handbært fé í árslok	166,0

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	834,0
Rekstrargjöld	2.987,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-149,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.302,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.155,0
Hagnaður (-tap)	**-147,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-147,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	372,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0
Handbært fé frá rekstri	**200,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	80,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-80,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-120,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-200,0
Handbært fé í árslok	-200,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	52,0
Rekstrargjöld	513,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-463,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	237,3
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	187,2
Hagnaður (-tap)	**-38,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-38,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**6,2**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6,2
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6,2**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.175,7
Rekstrargjöld	1.175,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	31,2
Handbært fé frá rekstri	**31,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	23,6
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-23,6**
Breyting á handbæru fé	**-0,4**
Handbært fé í ársbyrjun	97,0
Handbært fé í árslok	96,6

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	92,0
Rekstrargjöld	90,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3,0**
Hagnaður (-tap)	**3,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri	**3,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**1,8**
Handbært fé í ársbyrjun	6,1
Handbært fé í árslok	7,9

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	13.450,0
Rekstrargjöld	10.200,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-28,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3.222,0**
Hagnaður (-tap)	**3.222,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3.222,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	101,0
Handbært fé frá rekstri	**3.323,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	82,0
Sala áhættufjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-80,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	130,0
Tóbaksgjald í ríkissjóð	3.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.330,0**
Breyting á handbæru fé	**-87,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	552,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.907,6
Rekstrargjöld	2.008,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-100,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	100,4

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	150,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-119,0
Handbært fé frá rekstri	**31,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	230,0
Afborganir af teknum löngum lánum	143,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**87,0**
Breyting á handbæru fé	**-2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	2,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.370,0
Rekstrargjöld	5.595,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-70,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-295,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Hagnaður (-tap)	**-145,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-145,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	1.035,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-20,0
Handbært fé frá rekstri	**870,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	885,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-877,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	186,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	214,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-400,0**
Breyting á handbæru fé	**-407,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-135,0
Handbært fé í árslok	-542,0

479. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

Sundurliðun 4 (**Fjármál lánastofnana í C-hluta**) orðist svo:

Fjármál lánastofnana í C-hluta.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3.550,0
Fjármagnsgjöld	3.200,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	1.550,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	511,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.711,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.550,0
Aðrar rekstrartekjur	14,0
Önnur rekstrargjöld	258,0
Hagnaður (-tap)	**595,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	595,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	416,0
Handbært fé frá rekstri	**1.011,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	85,0
Veitt löng lán	4.645,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.800,0

	m.kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir	37,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.967,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.550,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.850,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**700,0**
Breyting á handbæru fé	**-256,0**
Handbært fé í ársbyrjun	418,0
Handbært fé í árslok	162,0

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	3,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	165,0
Aðrar rekstrartekjur	40,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-36,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Handbært fé frá rekstri	**-32,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-27,0**
Handbært fé í ársbyrjun	262,6
Handbært fé í árslok	235,6

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.837,2
Fjármagnsgjöld	1.560,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	190,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	90,0
Hreinar fjármunatekjur	**-3,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	195,0
Aðrar rekstrartekjur	7,0
Önnur rekstrargjöld	130,2
Hagnaður (-tap)	**68,3**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	68,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	77,7
Handbært fé frá rekstri	**146,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.950,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-750,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.102,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**698,0**
Breyting á handbæru fé	**94,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,4
Handbært fé í árslok	95,4

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	170,0
Fjármagnsgjöld	265,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-31,0
Hreinar fjármunatekjur	**-64,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	621,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**495,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	495,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-21,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	33,0
Handbært fé frá rekstri	**507,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	536,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**541,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	998,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-798,0**
Breyting á handbæru fé	**250,0**
Handbært fé í ársbyrjun	373,0
Handbært fé í árslok	623,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	24.323,0
Fjármagnsgjöld	22.069,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.944,0**
Aðrar rekstrartekjur	464,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**2.074,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.074,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	12.733,0
Handbært fé frá rekstri	**14.807,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	29.480,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.814,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23.671,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	29.180,0
Afborganir af teknum löngum lánum	13.793,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**15.387,0**
Breyting á handbæru fé	**6.523,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10.389,0
Handbært fé í árslok	16.912,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	939,0
Fjármagnsgjöld	1.303,0
Hreinar fjármunatekjur	**-364,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	60,0
Hagnaður (-tap)	**-304,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-304,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	225,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2.739,0
Handbært fé frá rekstri	**-2.818,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.900,0
Afborganir af veittum löngum lánum	118,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.782,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.680,0
Afborganir af teknum löngum lánum	155,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**10.525,0**
Breyting á handbæru fé	**-75,0**
Handbært fé í árslok	-75,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	899,0
Fjármagnsgjöld	972,0
Hreinar fjármunatekjur	**-73,0**
Hagnaður (-tap)	**-73,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-73,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	150,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.227,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.150,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.710,0
Afborganir af veittum löngum lánum	44,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.666,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.970,0
Afborganir af teknum löngum lánum	151,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**4.819,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í árslok	3,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9.956,0
Fjármagnsgjöld	8.664,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**982,0**
Aðrar rekstrartekjur	206,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**854,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	854,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-240,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.870,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.256,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	3.852,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**3.847,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	7.570,0
Afborganir af teknum löngum lánum	11.718,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.148,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.557,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.009,0
Handbært fé í árslok	1.452,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	40,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	24,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	16,6
Önnur rekstrargjöld	133,0
Hagnaður (-tap)	**-100,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-100,4
Handbært fé frá rekstri	**-100,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	10,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	35,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,4**
Handbært fé í ársbyrjun	214,0
Handbært fé í árslok	118,6

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	80,0
Fjármagnsgjöld	61,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**5,0**
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	16,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	104,0
Afborganir af veittum löngum lánum	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-20,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	12,0
Fjármagnsgjöld	1,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	12,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	83,3
Önnur rekstrargjöld	98,8
Hagnaður (-tap)	**-21,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-21,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	12,0
Handbært fé frá rekstri	**-4,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	23,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4,5**
Breyting á handbæru fé	**-25,5**
Handbært fé í ársbyrjun	84,8
Handbært fé í árslok	59,3

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.000,0
Fjármagnsgjöld	600,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	50,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	230,0
Hreinar fjármunatekjur	**120,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	471,8
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	188,3
Hagnaður (-tap)	**413,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	413,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	450,0
Handbært fé frá rekstri	**863,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.300,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	800,0
Annað	15,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**485,0**
Breyting á handbæru fé	**48,5**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	348,5

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	810,0
Fjármagnsgjöld	36,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**464,0**
Önnur rekstrargjöld	256,0
Hagnaður (-tap)	**208,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	208,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-220,0
Handbært fé frá rekstri	**-12,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	170,0
Afborganir af veittum löngum lánum	160,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	700,0
Sala áhættufjármuna	170,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-550,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**-564,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.562,0
Handbært fé í árslok	2.998,0

480. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

Við 5. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 4.480 m.kr.“ í 2. tölul. komi: allt að 4.630 m.kr.
b. Í stað orðanna „allt að 3.400 m.kr.“ í lið 2.1 komi: allt að 3.550 m.kr.
c. Í stað orðanna „allt að 25.924 m.kr.“ í lið 3.2 komi: allt að 29.180 m.kr.
d. Í stað orðanna „allt að 10.162 m.kr.“ í lið 3.3 komi: allt að 10.680 m.kr.
e. Í stað orðanna „allt að 4.315 m.kr.“ í lið 3.4 komi: allt að 4.970 m.kr.
f. Við bætist nýr liður, svohljóðandi: 3.8 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 7.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

481. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

Við 6. gr.

Í stað orðanna „umfram 385 m.kr.“ í 1. tölul. komi: umfram 335 m.kr.

482. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, TIO, DrH).

1. Við 7. gr. Nýr liður:
   2.25 Að selja mannvirki á jörðinni Kópareykjum, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
2. Við 7. gr. Liður 3.16 falli brott.
3. Við 7. gr. Liður 3.9 orðist svo:
   3.9 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
4. Við 7. gr. Nýir liðir:
   3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði, sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands og verja andvirðinu til nýbyggingar skólans.

3.20 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Eskihlíð 5, Sauðárkróki.
3.21 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.22 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

5. Við 7. gr. Liður 4.15 orðist svo:
Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
6. Við 7. gr. Liður 4.21 orðist svo:
Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
7. Við 7. gr. Nýir liðir:
4.38 Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu.
4.39 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.40 Að selja hluta af jörðinni Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.41 Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.42 Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.43 Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.44 Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.
4.45 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.46 Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.
4.47 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.48 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.49 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.50 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.51 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
8. Við 7. gr. Liður 6.30 falli brott.
9. Við 7. gr. Liður 6.1 orðist svo:
Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á sk. Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
10. Við 7. gr. Liður 6.3 orðist svo:
Að kaupa fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna skipulags Menntaskólans í Reykjavík og eru innan svæðis sem markast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhlöðustíg.
11. Við 7. gr. Liður 6.17 orðist svo:
Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
12. Við 7. gr. Nýir liðir:
6.31 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hafnarfirði.
6.32 Að kaupa jörðina Galtastaðir fram í Hróarstungu, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.33 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.34 Að kaupa eignarhlut Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.35 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.

13. Við 7. gr. Nýr liður:
    7.13 Að lækka fjárheimildir á fjárlagaliðunum 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá ráðuneytum alls um 100 m.kr. og færa þær á liðinn 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum til að framfylgja tillögu um lækkun útgjalda í þeim verkefnum. Jafnframt að færa fjárheimildir á milli fjárlagaliðanna 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá ráðuneytum og annarra fjárlagaliða eftir því sem við á vegna mótframlaga stofnana til verkefna á þessu sviði sem dregið verður úr eða fallið frá.

483. Svar [207. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um styrki til atvinnumála kvenna.

1. *Hver eru markmið styrkja til atvinnumála kvenna sem félagsmálaráðuneytið úthlutar fé til árlega?*

Tilgangur styrkveitinga er einkum að auka fjölbreytni í atvinnulífi, viðhalda byggð um landið, efla atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auðvelda aðgang kvenna að fjármagni og draga úr atvinnuleysi meðal kvenna.

2. *Hve margir styrkir hafa verið veittir árlega frá árinu 1995 og hver er fjárhæð þeirra, sundurgreint?*
3. *Hvernig er landfræðileg dreifing styrkjanna eftir árum?*

Styrkveitingar frá árinu 1995.

	1995	Fj.	1996	Fj.	1997	Fj.	1998	Fj.	1999	Fj.	2000	Fj.	2001	Fj.
Höfuðborgarsv.	1.500.000	11	13.992.000	15	6.025.000	22	6.215.000	26	2.075.000	11	4.477.000	13	7.260.000	11
Vesturland	1.945.000	9	2.212.000	8	975.000	8	1.870.000	13	2.200.000	14	3.189.000	12	2.425.000	8
Vestfirðir	835.000	6	500.000	2	1.270.000	6	1.315.000	6	2.318.000	12	2.190.000	10	2.270.000	10
Norðurland v.	700.000	6	4.585.000	6	450.000	3	4.585.000	9	4.160.000	13	4.437.000	11	2.765.000	6
Norðurland e.	3.300.000	10	4.830.000	10	1.900.000	8	4.250.000	10	1.900.000	8	1.583.000	5	4.720.000	10
Austurland	1.150.000	6	1400000	2	1.285.000	8	2.801.125	9	1.150.000	6	1.113.000	5		
Suðurland	400.000	3	3.600.000	3	300.000	2	980.000	5	3.020.000	13	1.073.000	5	660.000	3
Suðurnes	410.000	3	1.000.000	1	650.000	2	190.000	1	300.000	1	895.000	2		
Útlönd/ landið allt	300.000	2	600.000	1										
	10.540.000	56	32.719.000	48	12.855.000	59	22.206.125	79	17.123.000	78	18.957.000	63	20.100.000	48

4. *Hvernig er styrkjunum úthlutað?*

Styrkirnir eru auglýstir í fjölmiðlum a.m.k. einu sinni á ári og sótt er um þá á þar til gerðum eyðublöðum. Lögð hefur verið áhersla á að greinargóð lýsing á verkefni fylgi umsóknum ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun. Þarf að koma fram hvort leitað hafi verið til annarra um fjárstyrk.

Hámarksstyrkur er 2,5 millj. kr. en þó er einungis heimilt að veita stofnstyrki að hámarki 25% af stofnkostnaði verkefnis vegna véla- og tækjakaupa og einnig vegna húsnæðis. Að öðru jöfnu nemur framlag af hálfu ríkisins ekki meira en 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Óheimilt er að veita rekstrarstyrki né heldur eru veittir styrkir til verkefna sem eru í

samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri. Við ráðstöfun fjárins hefur einkum verið tekið mið af nýsköpunarverkefnum sem þykja líkleg til að fjölga atvinnutækifærum kvenna. Er það skilyrði að verkefni séu atvinnuskapandi þar sem ekki er veittur styrkur til annarra verkefna. Þá eru ekki veittir styrkir til verkefna sem njóta greiðslna úr almannatryggingakerfinu né heldur til listiðnaðar en þó er tekið tillit til nytjalistar.

Umsóknir eru metnar út frá verkefnum þar sem leitast er við að styrkja góðar og framsæknar hugmyndir en ekki er lögð sérstök áhersla á jöfnuð milli landshluta. Engu að síður er svæðum þar sem hlutfall atvinnulausra kvenna er hátt og fábreytni er í atvinnulífi veitt sérstök athygli.

5. *Hvernig eru umsóknir metnar og gerðar um þær tillögur?*

Félagsmálaráðherra tekur á hverjum tíma ákvarðanir um úthlutun styrkjanna. Upphaflega voru styrkjatillögur til ráðherra undirbúnar í ráðuneytinu í samvinnu við starfsmenn Byggðastofnunar. Fljótlega var skipaður sérstakur ráðgjafarhópur sem í sitja níu fulltrúar tilnefndir af atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni og er honum ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar. Fulltrúi höfuðborgarsvæðisins er tilnefndur af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fulltrúi hvers svæðis fer sérstaklega yfir umsóknir sem hafa borist frá svæði hans. Síðan hittast allir fulltrúarnir til að meta endanlega framkomnar umsóknir og sameinast um tillögur til ráðherra. Þessi ráðgjafarhópur hefur sett sér sérstakar úthlutunarreglur sem voru fyrst notaðar við úthlutun árið 2001. Þar kemur fram að þeim umsóknum sem teljast uppfylla skilyrði um styrkveitingu eru gefnar einkunnir þar sem annars vegar nýnæmi verkefnis er metið og hins vegar raunhæfi. Gert er ráð fyrir að einkunnagjöfin ráði því hvaða verkefni fá styrki.

6. *Hvaða eftirlit er haft með því að verkefnum sé hrint í framkvæmd?*

Félagsmálaráðherra sendir bréf til þeirra umsækjenda sem fengið hafa samþykktan styrk þar sem fram kemur til hvaða verkefnaþátta styrkurinn er ætlaður. Vinnumálastofnun sér um útborgun styrkja og hefur eftirlit með ráðstöfun styrkveitingar. Styrkurinn er greiddur út við afhendingu afrita reikninga sem falla að skilyrðum styrkveitingarinnar og er með því komið í veg fyrir að greiddir séu út styrkir til verkefna sem ekki eru framkvæmd.

Árið 1998 var gerð úttekt á vegum Vinnumálastofnunar á nýtingu styrkja til atvinnumála kvenna. Sú skýrsla gefur góða sýn á viðhorf styrkþega til sjóðsins og greinir megináherslur þeirra. Hins vegar er hún ekki örugg heimild til að byggja á um framkvæmd verkefna vegna dræmrar svörunar í spurningalistakönnun þeirri sem skýrslan er byggð á.

7. *Hafa orðið breytingar á umsóknunum og ef svo er, hverjar eru þær og er þá ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi við mat og tillögugerð?*

Á fyrstu tveimur árum sjóðsins einkenndust styrkveitingar af átaksverkefnum á vegum hinna ýmsu sveitarfélaga og styrkveitinga til þriggja kvennaráðgjafa sem skyldu vinna að málefnum kvenna á þremur stöðum á landinu. Næstu ár jókst hlutur einstakra kvenna til styrkveitinga og jafnframt kvennahópa. Einstök verkefni hafa verið af margvíslegum toga en framan af einkenndust þau einkum af tengingu við handverksiðnina, svo sem prjón, saum, útskurð og annað.

Almennt hafa verkefni og umsóknir farið stækkandi og þó að enn sé nokkuð af verkefnum sem þótt hafa einkenna verkefnaval kvenna, þá hafa þau vaxið mikið að umfangi. Einnig hefur fjölgað umsóknum til verkefna sem eru af allt öðrum toga og verkefnin eru stærri og viðameiri og krefjast meira fjármagns.

484. Svar [226. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um heildarskuldir sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar eru heildarskuldir sjávarútvegsins, erlendis annars vegar og innan lands hins vegar?*
2. *Hver hefur verið þróun eigna- og skuldastöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sl. fjögur ár?*

Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um heildarskuldir sjávarútvegsfyrirtækja bæði innan lands og erlendis auk upplýsinga um eignastöðu þessara fyrirtækja. Vísað er til neðanmálsgreina varðandi frekari skýringar á hverjum lið fyrir sig. Í aftasta dálki töflunnar koma svo fram upplýsingar um eiginfjárhlutfall greinarinnar.

Eignir, skuldir og eiginfjárhlutfall sjávarútvegsfyrirtækja í árslok 1997–2000.
(Allar upphæðir í millj. kr.)

Ár	Eignir[1]	Skuldir innan lands	Skuldir erlendis	Heildar-skuldir	Eiginfjár-hlutfall
1997[2]	170.299	46.349	78.561	124.910	26,7%
1998[3]	188.995	45.960	96.446	142.406	24,7%
1999[4]	219.990	65.015	105.714	170.728	22,4%
2000	255.295[5]	70.420[6]	127.631[7]	198.051	22,4%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

[1] Við áætlun eigna er hvorki tekið tillit til útgáfu nýs hlutafjár né greidds arðs.
[2] Upplýsingar um eignir og skuldir ársins 1997 eru úr Atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1997.
[3] Upplýsingar um eignir og skuldir ársins 1998 eru úr handriti Atvinnuvegaskýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1998.
[4] Eignir og skuldir ársins 1999 eru reiknaðar út frá pöruðum samanburði skulda og eigna úrtaks sjávarútvegsfyrirtækja árin 1998 og 1999.
[5] Byggt á framreikningi þar sem gert er ráð fyrir að eignir aukist á milli ára um það sem nemur aukningu skulda og hreinum hagnaði auk endurmats fastafjármuna.
[6] Reiknað út frá vexti skulda sjávarútvegsins við lánakerfið.
[7] Samkvæmt lánakerfisuppgjöri Seðlabanka Íslands.

485. Frumvarp til laga [350. mál]

um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra skipar sjö menn og jafnmarga til vara í erfðanefnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Skógrækt ríkisins, Veiðimálastofnun og umhverfisráðuneyti. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a. að annast samráð innan lands um varðveislu erfðalinda í landbúnaði,
b. að hvetja til rannsókna á sviði erfðalinda í landbúnaði,
c. að stuðla að miðlun þekkingar um erfðalindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,
d. að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðalinda í landbúnaði,
e. að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil vakning um gildi varðveislu þeirra verðmæta sem felast í fjölbreytileika náttúrunnar, svonefndra erfðalinda.

Á plöntusviðinu hefur frá árinu 1974 verið starfræktur alþjóðlegur upplýsingabanki, „International Plant Genetic Resources Institute“ (IPGRI), í Róm. Skógrækt fellur einnig undir IPGRI. Á húsdýrasviðinu er starfræktur gagnagrunnurinn DAD–IS (Domestic Animal Diversity Information System) í samvinnu við FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Á sviði skógræktar hefur frá árinu 1967 verið starfandi á vegum FAO ráð um erfðalindir í skógrækt, „FAO Panel of Experts on Forest Gene Resources“. Undir þessari nefnd hefur starfað önnur sem hefur annast heildarúttekt á skógum heimsins, „Forest Resource Assessment 2000“ (FRA–2000).

Samstarf um varðveislu erfðalinda í ferskvatnsfiskum er einkum á vegum Alþjóðlega hafrannsóknaráðsins (International Committee for the Exploration of the Sea, ICES) og Alþjóðlegu laxaverndunarstofnunarinnar (North Atlantic Salmon Conservation Organization, NASCO). Veiðimálastofnun tekur þátt í starfi þessara stofnana.

Árið 1992 var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna ráðstefna í Rio de Janeiro um umhverfismál. Ályktun sú sem þar var samþykkt gengur undir heitinu Ríó-sáttmálinn, og í framhaldi af honum var unnin framkvæmdaáætlun er nefnist „Dagskrá 21“. Íslendingar eru aðilar að þessum sáttmála. Meginmarkmið sáttmálans eru eftirfarandi:

- Verndun líffræðilegs fjölbreytileika og trygging fyrir erfðabreytileika.
- Sjálfbær nýting lífrænna auðlinda.
- Sanngjörn skipting hagnaðar af erfðalindum.
- Trygging fyrir þjóðarétti til eigin erfðalinda.
- Verndun og nýting erfðalinda verði á ábyrgð þjóðríkja.

Árið 1996 hratt FAO af stað áætlun er nefnist „Global Strategy for the Management of Farm Animal Genetic Resources“. Sama ár var haldin ráðstefna í Leipzig á vegum FAO, „International Technical Conference on Plant Genetic Resources“. Fyrir Leipzig-ráðstefnuna þurftu þátttökulöndin að skila skýrslu um plöntuerfðalindir sínar. Íslensku skýrslunni ritstýrði Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í Leipzig var ákveðið að setja af stað „Global Plan of Action for the Conservation and Sustainable Utilization of Plant Genetic Resources“. Ráðstefna var svo haldin í Róm í desember 1996 til þess að fylgja eftir ákvörðunum Leipzig-ráðstefnunnar.

Árið 1979 stofnaði norræna ráðherranefndin Norræna genbankann (NGB). Tilgangurinn með stofnun hans var að koma á fót svæðismiðstöð vegna varðveislu erfðaefnis plantna á Norðurlöndum í náinni alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði. Íslendingar hafa frá upphafi tekið virkan þátt í samstarfinu um Norræna genbankann og núverandi stjórnarformaður bankans er dr. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH) var stofnaður 1984. Hlutverk hans er að stuðla að skráningu og varðveislu fjölbreytileika í erfðaefni húsdýra, en ekki hefur verið starfrækt sams konar „bankastarfsemi" og á plöntusviðinu. Núverandi stjórnarformaður Norræna genbankans fyrir húsdýr er dr. Emma Eyþórsdóttir, forstöðumaður búfjársviðs Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Árið 1998 gáfu forsætisráðherrar Norðurlanda út yfirlýsingu um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Á landbúnaðarsviðinu hefur í framhaldi af því verið samþykkt áætlun, „Strategi för hållbart bevarende af genetiska ressurser i Norden". Til þess að hafa umsjón með nánara samstarfi á þessu sviði hefur verið stofnað „Nordisk genressursråd". Fulltrúi Íslands í ráðinu er Þorsteinn Tómasson, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Jafnframt hafa Norðurlönd samþykkt að gera hvert fyrir sig áætlanir til þess að skipuleggja varðveislustarfið í sínum löndum.

Hér á landi hófst skipulegt starf á þessu sviði með stofnun erfðanefndar búfjár samkvæmt lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989. Núverandi erfðanefnd er skipuð samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, og eiga sæti í henni fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Veiðimálastofnun. Nefndinni er ætlað að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og gera tillögur til landbúnaðarráðherra um verndun tegunda og stofna í útrýmingarhættu. Reglugerð hefur ekki verið sett um starf nefndarinnar. Fjárveiting til starfsemi erfðanefndar búfjár er ákveðin í þjónustusamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins undir framlögum til búfjárræktar og nemur 2.500 þús. kr. á ári.

Þessi ákvæði eru ekki í samræmi við skuldbindingar sem Íslendingar hafa tekist á hendur með þátttöku í alþjóðlegu og norrænu samstarfi á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutverk erfðanefndar aukist og hún fjalli um varðveislu erfðalinda í landbúnaði á breiðum grundvelli, þ.e. fjalli um húsdýr, nytjajurtir og tré. Lagt er til að skipan nefndarinnar breytist í samræmi við það. Sérstaða Íslands er veruleg í þessu efni þar sem stór hluti þess plöntuerfðaefnis sem hér er notað í ræktun er af útlendum uppruna. Búfjárræktin byggist hins vegar að miklu leyti á gömlum búfjárkynjum sem eru sérstæð í hópi framleiðslukynja. Umhverfis- og menningarsjónarmið eru því ríkur þáttur í umræðunni og eðlilegt að þau fái sinn sess í stefnumótunarstarfinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir að verksvið erfðanefndar verði aukið og nái til verndunar allra erfðalinda í landbúnaði. Samkvæmt 16. gr. búnaðarlaga eins og hún hljóðar nú tekur verkefni erfðanefndar búfjár einungis til skráningar og varðveislu erfðabreytileika í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum. Lagt er til að erfðanefnd fjalli framvegis einnig um nytjajurtir og tré. Er það í samræmi við alþjóðlegar og norrænar skuldbindingar Íslendinga á þessu sviði. Í samræmi við aukið hlutverk nefndarinnar er lagt til að skipan hennar breytist og nefndarmönnum fjölgi úr fimm í sjö. Lagt er til að Skógrækt ríkisins tilnefni mann í

nefndina og að landbúnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Þá er lagt til að í stað Náttúrufræðistofnunar Íslands skipi umhverfisráðuneyti mann í nefndina.

Með skilgreiningunni nytjajurtir og tré er átt við jurtir og tré sem notuð eru í ræktun hér á landi en ekki villtar jurtir og tré. Hafa ber í huga í þessu sambandi að breytingar geta orðið á því hvaða jurtir og tré eru skilgreind sem villt. Til dæmis eru tilraunir nú hafnar með ræktun ýmissa villtra jurta, svo sem hvannar og vallhumals, til nota í fæðubótarefni og lyf. Ef slíkar tilraunir skila góðum árangri mundu þessar jurtir flokkast undir nytjajurtir í skilningi laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998.

Með frumvarpinu er lagt til að erfðanefnd fjalli framvegis um nytjajurtir og tré. Gert er ráð fyrir að nefndarmönnum fjölgi um tvo vegna þessa og að greiðslur til þeirra rúmist innan fjárheimilda Bændasamtaka Íslands.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

486. Svar [279. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður gerð framkvæmdaáætlunar fyrir samninginn um líffræðilega fjölbreytni sem tók gildi hér á landi 11. desember 1994?

Í samræmi við ákvæði 6. greinar samnings um líffræðilega fjölbreytni, þar sem fjallað er um aðgerðir vegna verndar og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni, og ákvarðanir aðildarríkjafunda samningsins um framkvæmd þessarar greinar og 8. greinar um vernd upprunalegs umhverfis hefur verið unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunar um líffræðilega fjölbreytni hér á landi. Fyrsta skrefið í gerð hennar er að fá sem best yfirlit og mat á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi. Því hefur verið unnið að söfnun upplýsinga um stöðuna til þess að unnt verði að setja upp raunhæfa áætlun um varðveislu og sjálfbæra nýtingu efnisþátta náttúrunnar. Ísland hefur skilað fyrstu skýrslu um líffræðilega fjölbreytni til skrifstofu samningsins og nú liggur fyrir tillaga að uppbyggingu og helstu efnisþáttum framkvæmda-

áætlunar sem byggist að nokkru leyti á þeirri skýrslu. Ætlunin er að vinna framkvæmdaáætlunina áfram í vetur og fram á haustið þannig að hún verði tilbúin á svipuðum tíma og fyrsta náttúruverndaráætlunin sem ráðgert er að kynna fyrir Alþingi næsta haust í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd, enda er nauðsynlegt að framkvæmdaáætlunin endurspegli þær áherslur sem lagðar verða í náttúruverndaráætluninni. Nú er jafnframt unnið að gerð áætlunar um sjálfbæra þróun þar sem ætlunin er að fjalla um líffræðilega fjölbreytni, eins og fram kom á síðasta umhverfisþingi, og í öðrum köflum þeirrar áætlunar verður m.a. fjallað um sjálfbæra nýtingu lífrænna auðlinda sem er einn af þremur meginþáttum samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Það er því augljóst að mikilvægt er að samræmi sé í áherslum þessara þriggja áætlana og því gott að vinnsla þeirra fylgist nokkurn veginn að.

Framkvæmdaáætlunin mun taka til þeirra þátta sem tengjast eða hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu líffræðilegra auðlinda og varðar því málefni annarra ráðuneyta. Því verður nauðsynlegt að hafa samvinnu við þau og stofnanir þeirra, sem og frjáls félagasamtök, um endanlega gerð hennar.

487. Fyrirspurn [351. mál]

til viðskiptaráðherra um áhrif lækkunar tekjuskatts.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvaða áhrif hefur lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%, 11% eða 0% ein sér á gengi hlutabréfa, þ.e. óháð öðrum breytingum?
2. Hvert er verðmæti óselds hluta ríkissjóðs í Landsbankanum hf. og Búnaðarbankanum hf. miðað við verð á markaði daginn fyrir tilkynningu um lækkun tekjuskatts á fyrirtæki úr 30% í 18%? Hvert er verðmat á óseldum hluta Landssímans hf. miðað við 30% tekjuskatt?
3. Hvað hækkar samanlagður óseldur eignarhluti ríkisins í Landsbankanum hf., Búnaðarbankanum hf. og Landssímanum hf. við lækkun tekjuskatts úr 30% í 18%, 11% eða 0%? Hvað kostar lækkun tekjuskatts ríkissjóð árlega miðað við óbreyttan skattstofn?

488. Fyrirspurn [352. mál]

til heilbrigðisráðherra um Forvarnasjóð.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvað hefur Forvarnasjóður mikið fé til ráðstöfunar árlega og hversu miklu fé er ráðstafað til verkefna? Hversu stór hluti fjárins fer til verkefna utan höfuðborgarsvæðisins?
2. Hversu mörg verkefni styrkir Forvarnasjóður og hvernig er háttað kynjaskiptingu í stjórnum þeirra samtaka og félaga sem fengu styrki árið 2000?
3. Hvernig er háttað úthlutun úr Forvarnasjóði og:

a. hver metur þörf fyrir verkefni og hvaða verklag er haft við val verkefna,
b. hvernig er fylgst með framvindu verkefna og hver annast það,
c. hvernig er háttað eftirfylgni og mati á árangri og hver annast það verk?

489. Fyrirspurn [353. mál]

til félagsmálaráðherra um hækkun vaxta af lánum Íbúðalánasjóðs á íbúðum í eigu eldri borgara.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Hvaða rök lágu til þess að hækkaðir voru vextir 1. september sl. af lánum Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélagsins Búmanna sem aðallega er félagsskapur eldri borgara?
2. Er fyrirhugað að hækka þessa vexti enn frekar?

Skriflegt svar óskast.

490. Fyrirspurn [354. mál]

til menntamálaráðherra um könnun á vegum OECD á námsgetu skólabarna.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra nýta sér niðurstöður könnunar á námsgetu skólabarna, svokallaðrar PISA-könnunar, sem gerð var á vegum OECD?

491. Tillaga til þingsályktunar [355. mál]

um að fundargerðir stjórna og ráða á vegum ríkisvaldsins verði vistaðar á heimasíðum þeirra stofnana er undir þær heyra.

Flm.: Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að fundargerðir stjórna, nefnda og ráða á vegum ríkisins verði vistaðar á heimasíðum þeirra stofnana er þær heyra undir þannig að almenningur hafi frjálsan aðgang að þeim.

Greinargerð.

Á vegum ríkisvaldsins starfar fjöldi stofnana og ráða. Yfir þeim flestum eru stjórnir er halda reglulega fundi um málefni viðkomandi stofnunar eða ráðs. Upplýsingar, er þar koma fram, kunna í mörgum tilvikum að skipta máli fyrir almenning enda um opinberar þjónustustofnanir að ræða. Í einhverjum tilvikum kann almenningi að reynast snúið að nálgast upplýsingar af slíkum stjórnarfundum. Samkvæmt upplýsingalögum er hinu opinbera skylt að veita almennar upplýsingar um einstakar stofnanir. Til þess að opna stjórnsýsluna hvað þetta varðar leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að fundargerðir stjórna, nefnda og ráða einstakra stofnana hvers ráðuneytis verði birtar svo skjótt sem auðið er á heimasíðu viðkomandi ráðuneytis og þeirra stofnana er í hlut eiga hverju sinni. Samhliða má skoða þann möguleika að ríkisvaldið hafi sérstaka heimasíðu á netinu í því skyni að hýsa dagskrár og fundargerðir allra nefnda og ráða á vegum ríkisins. Með því móti má segja að hið opinbera sýni gott fordæmi um að opna stjórnsýsluna en veiti um leið almenningi aðgang að þeim upplýsingum er hann kanna að vanhaga um á einfaldan hátt.

492. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Greinargerð.

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Móttökuskilyrði sjónvarps hafa verið mjög misjöfn á hafinu umhverfis landið. Þau hafa verið allgóð frá Faxaflóa austur að Ingólfshöfða, afleit út af Austurlandi og gloppótt fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og suður fyrir Snæfellsjökul. Skilyrðin eru skárri þegar háþrýstisvæði er yfir landinu. Sjómenn segja að móttökuskilyrðin hafi versnað á undanförnum árum.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig misjöfn en bötnuðu mjög á hafinu með tilkomu langbylgjusendinga frá Gufuskálum og Eiðum, en um sendana þar er útvarpað blandaðri dagskrá Rásar 1 og Rásar 2. Þessar sendingar nást allt til Færeyja, eða u.þ.b. 500 sjómílur. Í sparnaðarskyni hafa langbylgjusendingar nýlega verið skertar og stuttbylgjusendingar aflagðar, en þær náðust um allan heim.

Það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða, t.d. til að fylgjast með aðvörunum um hættu, svo sem fárviðrisspám og tilkynningum

um ís. Bent hefur verið á að engin veðurspá er gerð nema á Íslandi fyrir siglingaleiðina Bandaríkin-Nýfundnaland-Ísland.

Meðan ríkið stendur fyrir rekstri sjónvarps og útvarps og skyldar landsmenn til að greiða afnotagjöld verður að leita allra leiða til að koma sendingum þessara fjölmiðla til sem flestra Íslendinga.

493. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Samkeppnisstofnun, Bandalagi háskólamanna, Neytendasamtökunum, Lyfjastofnun, Seðlabanka Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Með ákvæðum frumvarpsins eru innleidd í íslenska löggjöf ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/27/EB frá 19. maí 1998 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda. Í tilskipuninni er lagt til grundvallar að í öllum aðildarríkjum á EES-svæðinu séu til réttarúrræði til að stöðva ólögmæta markaðsfærslu eða viðskiptahætti sem eru í andstöðu við tilskipanir á sviði neytendaverndar samkvæmt lista þar að lútandi. Heimild samkvæmt frumvarpinu nær eingöngu til þeirra athafna sem kunna að brjóta gegn þeim lögum sem hlutaðeigandi ríki hafa sett vegna lögleiðingar á þessum tilskipunum.

Nefndin gerir nokkrar tillögur til breytinga á frumvarpinu. Þær snúa fyrst og fremst að því að gera ákvæði þess skýrari og gagnsærri. Jafnframt er lagt til að auk þess að ráðherra geti falið íslenskum félagasamtökum sem gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði að grípa til aðgerða samkvæmt frumvarpinu verði honum einnig heimilt að tilnefna önnur stjórnvöld til þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Jón Bjarnason.

Hjálmar Árnason.

494. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „leitað eftir aðgerðum skv. 4. gr.“ í 1. málsl. komi: leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „krafist hér á landi þeirra aðgerða sem nánar greinir í 4. gr.“ í 1. málsl. komi: leitað lögbanns eða höfðað dómsmál hér á landi skv. 4. gr.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „krafist þeirra aðgerða, sem nánar greinir í 4. gr.“ í 1. mgr. komi: leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr.
   b. Á eftir orðunum „Ráðherra getur jafnframt útnefnt“ komi: önnur stjórnvöld og.
   c. Í stað orðsins „neytingu“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: notkun.

495. Svar [308. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. *Hvaða reglur gilda hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna um lán fyrir skólagjöldum, annars vegar til náms hér á landi og hins vegar náms í erlendum skólum?*

Lánað er fyrir skólagjöldum með almennum kjörum sjóðsins til sérnáms og háskólanáms hér á landi og til framhaldsháskólanáms í erlendum skólum. Vegna skólagjalda erlendis til grunnháskólanáms og sérnáms er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Skólagjaldalán með almennum kjörum er heimilt að greiða út við upphaf námstímabils til annarra en fyrsta árs nemenda. Samanlögð lán nemanda vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 2,8 millj. kr. og einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 25 þús. kr. Skólagjöld sem nemandi greiðir með sjálfsaflatekjum hækka svokallað frítekjumark hans. Hann getur þannig fengið viðbót við framfærslulán sitt sem samsvarar allt að 40% skólagjaldanna sem hann greiðir með tekjum sínum. Tekjur nemanda skerða ekki skólagjaldalán hans. Að öðru leyti eru almenn skólagjaldalán Lánasjóðs íslenskra námsmanna á sömu kjörum og framfærslulán sjóðsins. Þau eru verðtryggð, bera 1% vexti frá námslokum, endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok og miðað er við að afborganir séu 4,75% af árstekjum greiðanda þar til lán hans er uppgreitt.

Þau lán sjóðsins sem eru með venjulegum meðalvöxtum banka endurgreiðast með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda er endurgreiðsla þeirra sérstaklega tryggð. Hámarkslán með þessum kjörum er samtals 500 þús. kr. á námsári. Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir námslok.

2. *Á hvaða grundvelli byggist sú ákvörðun að hafa ólíkar reglur um lán fyrir skólagjöldum hérlendis og erlendis?*

Framangreinda skilmála má rekja til breytinga á úthlutunarreglum sjóðsins vorið 1992. Fram að þeim tíma voru lán vegna skólagjalda aðeins veitt til háskólanáms og sérnáms erlendis sem ekki var hægt að stunda á Íslandi. Þá eins og nú var lánað vegna skólagjalda til sérnáms og háskólanáms við viðurkennda skóla á Íslandi. Breytingin árið 1992 var með öðrum orðum sú að í stað þess að takmarka almenn skólagjaldalán sjóðsins vegna náms erlendis við nám sem ekki var hægt að stunda hér á landi voru þau takmörkuð við framhaldsháskólanám (nám eftir þriggja ára háskólanám). Samtímis var farið að veita lán með venjulegum meðalvöxtum banka. Ætla má að ástæða breytingarinnar hafi verið tvíþætt, þ.e. fjárhagsleg og framkvæmdaleg. Í kjölfar hennar dró úr lánveitingum sjóðsins vegna skólagjalda og öll framkvæmd varð einfaldari, en í aðdraganda hennar voru töluverðar deilur um það hvaða nám væri hægt að stunda á Íslandi og hvaða nám ekki. Þannig var tekist á um lánshæfi háskólanáms vegna skólagjalda í lögfræði, ýmsum viðskiptagreinum og í kvennafræðum, svo dæmi séu nefnd.

Þegar framangreind breyting var gerð fóru 96% skólagjaldalána til námsmanna erlendis og 4% til námsmanna hér á landi. Samkvæmt fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir árið 2002 fara 60% skólagjaldalána (340 millj. kr.) til námsmanna erlendis og 40% (230 millj. kr.) til námsmanna á Íslandi.

3. *Samræmast mismunandi reglur um lán fyrir skólagjöldum samningnum um Evrópska efnahagssvæðið?*

Litið er á skólagjaldalán sem aðstoð við nemendur en ekki þá skóla sem innheimta skólagjöldin. Í samræmi við EES-samninginn er í 13. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna kveðið á um rétt ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu til námsaðstoðar hjá sjóðnum. Þeir sem uppfylla skilyrðin, meðal annars um atvinnuþátttöku á EES-svæðinu og búsetu hér á landi, fá þannig sama rétt og aðrir til námsaðstoðar, þ.e. hvort heldur um er að ræða framfærslu- eða skólagjaldalán, lán til náms á Íslandi eða erlendis. Reglur sjóðsins um lánshæft nám og/eða lánshæf skólagjöld gilda þannig jafnt fyrir alla og samræmast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

496. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 456 [Fjárlög 2002].

Frá Sverri Hermannssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við 1. tölul. Liðurinn orðist svo: 1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	31,5	5,3	36,8
2. Við 2. tölul. bætist:			
a. Jón Þórarinsson			1,6
b. Svava Jakobsdóttir			1,6

497. Frumvarp til laga [357. mál]

um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema embættisdýralæknir hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu yfirdýralæknis.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki, fóður og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best sé að hrossunum búið. Embættisdýralæknir skal ávallt líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja upprunavottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna og ætterni hrossins og hver eigandi þess sé. Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Innlendir hrossaræktendur og samtök þeirra eiga forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Landbúnaðarráðuneytið getur að beiðni Bændasamtaka Íslands frestað útflutningi þeirra í allt að tvær vikur á meðan forkaupsréttur er boðinn. Við boð á forkaupsrétti skal miða við umsamið útflutningsverð.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur.

5. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Skipa skal fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og Félag hrossaútflytjenda tilnefna menn

í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og upplýsingar sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum. Ákvæði 2. gr. um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur þó fyrst gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1994, þegar núgildandi lög um útflutning hrossa voru samþykkt, hefur sú skipan gilt að innheimt er tiltekin fjárhæð – útflutningsgjald – af hverju útfluttu hrossi í sérstakan útflutningssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Er því ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorðs, en 5% gjaldsins skal greiða í stofnverndarsjóð sem starfar skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Eftirstöðvum hvers árs skal varið til útflutnings- og markaðsmála að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar. Útflutningsgjaldið er ákveðið af Alþingi og er nú 6.800 kr. fyrir hvert útflutt hross, sbr. lög nr. 16/1994, um útflutning hrossa, eins og þeim var breytt með lögum nr. 15/1999.

Frá því að útflutningsgjaldið var síðast ákveðið hefur kostnaður við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða hækkað stórlega og er nú svo komið að lítið sem ekkert fé er eftir til ráðstöfunar vegna útflutnings- og markaðsmála. Rætt hefur verið um hækkun útflutningsgjaldsins í því skyni að fá aukið fé til sameiginlegra markaðsaðgerða, en eindregin andstaða hefur komið fram við þá hugmynd, bæði meðal hrossaútflytjenda og hrossabænda. Þegar svo er komið að útflutningsgjaldið hrekkur vart fyrir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða og ekki er samstaða um að afla með þessum hætti fjár til sameiginlegra markaðsstarfa, er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að innheimta fé í sjóð til þess að greiða kostnað við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu upprunavottorða. Eðlilegt er að hrossaútflytjendur greiði þennan kostnað milliliðalaust.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 1. gr. núgildandi laga.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að öll útflutningshross skuli skoðuð af embættisdýralækni í útflutningshöfn og metin hæf til útflutnings, vera rétt merkt og uppfylla kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Jafnframt skoði embættisdýralæknir að-

stæður í útflutningsfari og meti þá þætti sem varða dýravernd. Ákvæði þessi fela í sér nokkra einföldun á skoðun útflutningshrossa frá því sem nú er. Færst hefur í vöxt að kaupendur hrossa óski eftir ítarlegri heilbrigðisskoðun en hin opinbera eftirlitsskoðun gerir ráð fyrir. Rétt þykir að hér sé skilið á milli og hið opinbera eftirlit taki einungis til ákveðinna grunnþátta sem varða útlit og heilbrigði hrossanna, og atriða sem heilbrigðisyfirvöld í innflutningslandi krefjast. Heilbrigðisskoðun útflutningshrossa umfram það sé samkomulagsatriði milli kaupanda og seljanda. Kostnað við skoðun hrossa í útflutningshöfn greiði útflytjendur samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu yfirdýralæknis. Þá er í greininni kveðið á um að öll útflutningshross skuli örmerkt eða frostmerkt, en það er grundvallaratriði fyrir trúverðugleika upprunavottorðs.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um aðbúnað hrossa við útflutning og eru efnislega samhljóða ákvæðum 3. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að hrossum sem flutt eru úr landi fylgi vottorð frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna hrossins og ætterni. Hliðstætt ákvæði er að finna í gildandi lögum en ákveðið hefur verið að upprunavottorð verði mun ítarlegri en verið hefur og um verði að ræða einskonar vegabréf sem fylgi hrossinu ævilangt. Þetta er í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig sem upprunaland íslenska hestsins og kröfur sem gerðar eru til hrossa í helstu viðskiptalöndum þar sem krafist er upprunavottorðs/ vegabréfs þegar hross eru flutt milli landa. Í þessu felst því mikilvæg þjónusta við kaupendur hrossanna sem líkleg er til að greiða fyrir útflutningi.

Þá er í greininni kveðið á um að innlendir ræktendur og samtök þeirra eigi forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum sem áformað er að flytja úr landi. Ákvæði þessi eru samhljóða ákvæðum 4. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að af hverju útfluttu hrossi skuli greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Hlutverk stofnverndarsjóðs er að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Þannig hefur sjóðurinn á undanförnum árum veitt styrki til ýmissa mikilvægra rannsókna í þágu hrossaræktarinnar. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer fagráð með stjórn hlutaðeigandi deildar. Samkvæmt ákvæðum gildandi laga skulu 5% af útflutningsgjaldi renna í stofnverndarsjóð, eða 340 kr. af hverju útfluttu hrossi miðað við núverandi gjaldtöku. Lagt er til að þrátt fyrir að innheimtu útflutningsgjalds verði hætt verði áfram innheimt gjald í stofnverndarsjóð. Gjaldið verði 500 kr. af hverju útfluttu hrossi og annist Bændasamtök Íslands innheimtu gjaldsins.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að landbúnaðarráðherra skipi fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum starfa. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði við þau sem eru í gildandi lögum að öðru leyti en því sem leiðir af niðurfellingu ákvæðanna um útflutningssjóð

og innheimtu gjalds til sjóðsins af hverju útfluttu hrossi. Í reglugerð um útflutning hrossa, nr. 220/1995, er hlutverk útflutningsnefndar m.a. skilgreint á eftirfarandi hátt:

a) að vera ráðgefandi um málefni er varða útflutning á hrossum;
b) að hafa tiltækar upplýsingar um málefni er varða útflutning á hrossum:
c) að auðvelda útflutning og markaðssetningu á íslenskum hrossum, m.a. með því að ná fram breytingum á innflutningshindrunum í öðrum löndum:
d) að stuðla að samstarfi þeirra sem kynna íslensk hross og annarra er kynna íslenskar vörur og þjónustu.

Enda þótt ákvæði frumvarpsins geri ráð fyrir að fésýsla á vegum nefndarinnar falli niður gegnir nefndin mikilvægu hlutverki að því er varðar þau viðfangsefni sem rakin eru hér að framan og því lagt til að hún starfi áfram samkvæmt tilnefningu sömu aðila og áður.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um að landbúnaðarráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna. Samkvæmt ákvæðum 2. gr. skulu öll útflutningshross vera örmerkt eða frostmerkt. Rétt þykir að gefa nokkurn tíma til aðlögunar að framkvæmd þessa ákvæðis og er því lagt til að það taki gildi 1. janúar 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útflutning hrossa.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma eftirlit með hrossaútflutningi og gera það skilvirkara. Útflytjendur hrossa greiða kostnað vegna skoðunar útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá landbúnaðarráðuneytis. Í 6. gr. frumvarpsins er getið um ráðgjafarnefnd og er áætlað að hún komi saman 3–5 sinnum á ári. Laun nefndarmanna verða ákvörðuð af þóknananefnd og rúmast innan núverandi útgjaldaramma verkefnisins. Í 5. gr. er kveðið á um 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð fyrir hvert útflutt hross og er það 160 kr. hækkun frá fyrra ákvæði um að 5% af gjaldinu renni í sjóðinn og er það um 0,3 m.kr. hækkun á ári. Einnig er kveðið á um gjald samkvæmt gjaldskrá sem útflytjendur hrossa greiða vegna sannanlegs kostnaðar við útgáfu upprunavottorða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

498. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar.

Forsendur frumvarps.

Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 voru að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, treysta undirstöður atvinnulífsins og tryggja varanlegan stöðugleika. Þessum markmiðum ætlaði ríkisstjórnin að ná með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem lýsir sér m.a. í því að hún stefndi að því að tekjuafgangur næsta árs yrði 18,6 milljarðar kr. og lánsfjárafgangur 41 milljarður kr. Megináherslan samkvæmt fjárlagafrumvarpi var lögð á að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Lækkun skatta og einkavæðingaráform eru sögð hluti af þeirri stefnu. Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að sala ríkisfyrirtækja gefi um 15,5 milljarða kr. tekjur eða langstærstan hluta af áætluðum tekjuafgangi. Án sölu eigna er tekjuafgangur aðeins rúmir 3 milljarðar kr.

Helstu efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins voru m.a. að hagvöxtur yrði um 1% og hækkun verðbólgu yrði nálægt 3% innan ársins og um 5% á milli áranna 2001 og 2002. Þessar forsendur höfðu þegar breyst áður en 1. umræða fór fram eins og Samfylkingin benti á. Ríkisstjórnin brást illa við þeim málflutningi eins og kom fram í yfirlýsingum og fréttatilkynningum frá ráðherra. Nú við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 er komin endurskoðuð þjóðhagsspá sem staðfestir veikleika frumvarpsins og hefur fjármálaráðuneytið einnig breytt sinni spá verulega og þar með viðurkennt þær athugasemdir sem Samfylkingin gerði við þær forsendur sem frumvarpið byggðist á. Þó er í mörgum atriðum verulegur munur á spám þessara tveggja stofnana eins og vikið verður að hér á eftir.

Við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækkuðu um 2,2 milljarða kr. Að mati 1. minni hluta var umræða um þær tillögur sem þar komu fram að hluta til marklaus þar sem fyrir lá að stór mál biðu 3. umræðu. Var einnig bent á að líklegt væri að einhverjar þessara tillagna mundu taka verulegum breytingum við 3. umræðu. Þetta hefur gengið eftir, t.d. hvað varðar lífeyrisskuldbindingar og framlag til byggingar Náttúrufræðihúss.

Efnahagsforsendur.

Eins og venja er til liggur nú fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá frá Þjóðhagsstofnun. Eins og von var á eru efnahagshorfur á næsta ári töluvert lakari en gert var ráð fyrir þegar frumvarp til fjárlaga var lagt fram. Nú er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,5% og að fjárfestingar dragist saman um 14%. Þá er gert ráð fyrir að innflutningur dragist saman um 7,1% og útflutningur um 1,8%. Þjóðhagsstofnun gerir nú ráð fyrir að landsframleiðsla dragist saman um 1% en í fyrri spá stofnunarinnar var gert ráð fyrir 0,3% samdrætti. Ef þessi spá gengur eftir þá er það í fyrsta sinn síðan 1992 að landsframleiðsla dregst saman á milli ára. Þá er gert ráð fyrir að verðbólga verði um 6,1% á milli ára. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir þeirri verðlagsspá er gert ráð fyrir að gengisvísitala krónunnar verði 147,2 sem var skráð gengi hennar 3. desember sl. Þá bendir stofnunin á að spenna á vinnumarkaði sé að minnka og reiknað með að atvinnuleysi verði um 2% á næsta ári. Verulega dregur úr launaskriði og er þess reyndar þegar farið að gæta. Þjóðhagsstofnun tekur fram að nokkur óvissa ríki um spána, ekki síst launa- og gengisforsendur. Launaforsendur byggjast m.a. á því að

kjarasamningar verði ekki endurskoðaðir. Miðað við þá þróun sem verið hefur undanfarið má telja næsta víst að þeim verði sagt upp á næsta ári. Það kemur einnig fram að í þeim forsendum sem Þjóðhagsstofnun gefur sér er gert ráð fyrir að efnahagsstefnan verði aðhaldssöm en þess sjást ekki merki í frumvarpi til fjárlaga né þeim efnahagsráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur nú kynnt við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Nýrri tekjuspá fjármálaráðuneytisins fylgdi endurskoðuð efnahagsspá. Þessi spá er í veigamiklum atriðum frábrugðin spá Þjóðhagsstofnunar. Miðað við að sérfræðingar hafa talið spá hennar í bjartsýnna lagi verður ekki annað sagt en þessi nýja spá ráðuneytisins lýsi upp skammdegið. Ráðuneytið spáir reyndar að landsframleiðsla dragist saman um 0,5% sem er umtalsverð breyting frá því að frumvarpið var lagt fram en þá gerði ráðuneytið ráð fyrir að landsframleiðslan ykist um 1%. Mestur munur á spá þessara tveggja stofnana liggur í mati þeirra á þróun á inn- og útflutningi vöru og þjónustu. Þannig spáir ráðuneytið að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1% á næsta ári en Þjóðhagsstofnun spáir 1,8% samdrætti. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir í sinni spá að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman um 4,3% en í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir mun meiri samdrætti eða 7,1%. Verður að telja þennan mun ótrúlegan í ekki stærra efnahagsumhverfi en raun ber vitni.

Gert er ráð fyrir að halli á vöruskiptum minnki nokkuð á milli ára og er nú gert ráð fyrir að hallinn nemi 3,9 milljörðum kr. Þá má búast við að jöfnuður á þjónustuviðskiptum verði jákvæður á næsta ári sem nemur 2 milljörðum kr. Þrátt fyrir þetta er samt gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 38,5 milljarðar kr. eða 4,9% af landsframleiðslu. Ástæða þessa er sú að vegna skuldasöfnunar erlendis og óhagstæðrar þróunar aukast vaxtagreiðslur af erlendum skuldum jafnt og þétt og spáð er að jöfnuður þáttatekna verði af þeim sökum neikvæður um 35,8 milljarða kr. á komandi ári.

Breytingar á gjöldum við 3. umræðu.

Eftir 2. umræðu gerði frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 ráð fyrir að útgjöld næmu 241,5 milljörðum kr. Nú við 3. umræðu frumvarpsins er lagt til að útgjöld ríkisins á næsta ári verði skorin niður um rúma 2 milljarða kr. Það sem einkennir þennan niðurskurð er þrennt. Í fyrsta lagi er frestað ýmsum framkvæmdum, í öðru lagi er aukinn hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði og komugjöldum og í þriðja lagi er markmiðinu náð með að reikna niður lífeyrisskuldbindingar.

Í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir þetta ár hækkuðu komugjöld, þök og hámarksgreiðslur fyrir hverja komu til sérfræðilæknis frá og með 1. júlí sl. Þessar breytingar juku hlut sjúklings við komu til sérfræðilækna. Endanleg áhrif þessara hækkana liggja ekki fyrir en áætlanir heilbrigðisráðuneytis gerðu ráð fyrir að hlutur sjúklings í heildarkostnaði við komu til sérfræðings yrði um 32%. Ríkisstjórnin telur ekki nóg að gert og ætlar nú að höggva í sama knérunn með viðbótarhækkunum.

Samkvæmt svörum heilbrigðisráðuneytis á að ná áformuðum sparnaði í lyfjakostnaði með fjölþættum aðgerðum. Þar vega þó þyngst áform um hækkun á lágmarks- og hámarksgreiðslum lyfja. Sá kostnaður mun einnig lenda á sjúklingum.

Þá er nauðsynlegt að gera athugasemd við þær breytingartillögur sem lagðar hafa verið fram vegna gjaldfærðra lífeyrisskuldbindinga. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að þær næmu 6,2 milljörðum kr. Við aðra umræðu um fjárlög voru þær lækkaðar um 624 millj. kr. vegna skekkju sem talin var vera í reikningsgrunni. Nú við 3. umræðu eru þær enn lækkaðar og nú um 800 millj. kr. á sömu forsendum, þ.e. að grunnurinn hafi ekki verið réttur. Þetta eru ekki trúverðugar breytingartillögur. Líklegra er að hér sé um að ræða „afgangstölu“

sem sniðin er að þörfum ríkisstjórnarinnar til að henni takist að ná þeim tekjuafgangi sem hún lagði upp með í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002. Það eru hins vegar engin rök fyrir þessari lækkun. Allar stærðir varðandi kjarasamninga, að undanskildum kjarasamningum sjúkraliða, voru þekktar og komnar fram þegar frumvarpið var lagt fram. Þá er ekkert í spá um launaþróun sem réttlætir þessa lækkun. Það er því ekki hægt að færa skynsamleg rök fyrir þessum breytingum og bendir allt til að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar verði ekki undir upphaflegri áætlun, þ.e. um 6 milljarðar kr. á árinu 2002 og gætu jafnvel orðið hærri.

Lánsfjáráætlun.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki að láni 15 milljarða kr. á næsta ári og að hreinn lánsfjárjöfnuður verði 41,2 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði niður lán að fjárhæð 40,2 milljarðar kr. og að sala hlutabréfa og eignarhluta nemi 20 milljörðum kr. Ljóst er að miðað við þá fjármálastjórn sem ríkisstjórnin hefur tamið sér og þá miklu veikleika sem eru á tekjuhlið er hætt við að markmið um enn frekari skuldalækkun gangi ekki eftir.

Tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að tekjur næmu 258,9 milljörðum kr. Strax við 1. umræðu komu fram efasemdir um tekjuhlið frumvarpsins. Var helst horft til þess að ýmsar efnahagsforsendur voru byggðar á mikilli bjartsýni. Nú hefur verið lögð fram endurskoðuð tekjuspá sem gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs breytist ekkert frá frumvarpi. Þetta gerist þrátt fyrir að efnahagsforsendur fjármálaráðuneytisins séu heldur svartari en það hafði áður gert ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir að skattahækkanir og hækkun rekstrartekna einstakra stofnana, sem koma fram í hækkuðum þjónustugjöldum, skili um 1 milljarði kr. í tekjuauka. Auk þess er gert ráð fyrir að hækkun áfengis- og tóbaksgjalds skili um 450 millj. kr. Ljóst er að hluti þessara hækkana fer beint inn í vísitöluna og hækkar þar með skuldir heimilanna.

Að mati 1. minni hluta eru þau vinnubrögð sem höfð eru við gerð tekjuáætlunar með eindæmum. Enn einu sinni er tekjuhliðin „aðlöguð“ að gjaldahlið þannig að viðunandi tekjuafgangur náist. Ekki verður séð að þær efnahagsforsendur sem fjármálaráðuneytið gefur sér varðandi launaþróun, atvinnuleysi og fjárfestingar standi undir þeim auknu tekjum af tekjuskatti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá virðast áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti ekki standast þegar litið er til samdráttar í einkaneyslu og verulegs samdráttar í innflutningi á vöru og þjónustu. Að öllu samanlögðu telur 1. minni hluti ekki óvarlegt að áætla að tekjur séu ofmetnar um 3,5–4 milljarða kr.

Verðlag og gengismál.

Þjóðhagsstofnun spáir því að verðbólga verði um 6% á milli áranna 2001 og 2002. Þetta er heldur lægri verðbólga en stefnir í að verði á þessu ári. Þetta byggist þó að sjálfsögðu mikið á þróun gengis á árinu 2002. Það er mikilvægt fyrir íslenska fjármálamarkaðinn og krónuna að ríkissjóður sé rekinn með afgangi en ekki er sama hvernig sá afgangur er samansettur. Eftir að tillögur ríkisstjórnarinnar birtust í fjölmiðlum hefur ekki orðið sú breyting til batnaðar á gengi krónunnar sem vænta mátti. Það sýnir að fjármálamarkaðurinn metur að frumvarpið eins og það lítur núna út, og þar með tillögur ríkisstjórnarinnar, sé ekki trúverðugt og byggist á allt of veikum forsendum. Áhrif þess á efnahagsumhverfið verða því lítil sem engin. Þegar helmingur niðurskurðartillagna byggist á bókhaldslegum millifærslum

og tekjuhliðin er notuð sem afgangsstærð er ekki furða þótt svo fari. Það eina sem er varanlegt í tillögum ríkisstjórnarinnar eru hækkandi álögur á almenning, þó sérstaklega á nemendur og sjúklinga.

Breytingartillögur 1. minni hluta.

Við 3. umræðu leggur 1. minni hluti fram breytingartillögur sem gera ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði rúmlega 3 milljarðar kr. að frádregnum söluhagnaði ríkiseigna. Lagt er til að skatteftirlit verði hert með 100 millj. kr. aukinni fjárheimild. Gert er ráð fyrir að það skili auknum skatttekjum sem samsvara 810 millj. kr. Þá er einnig lagt til að Þróunarsjóðsgjald verði hækkað um 900 millj. kr. og þeirri hækkun ráðstafað til stofnana sjávarútvegsins á móti lækkun sömu upphæðar úr ríkissjóði. Þá gerir 1. minni hluti tillögur um að framkvæmdum á Stjórnarráðsreit og við Vestnorræna menningarhúsið í Kaupmannahöfn verði slegið á frest og þannig sparaðar tæpar 400 millj. kr. Aðrar sparnaðartillögur gera ráð fyrir aðhaldsaðgerðum af hálfu ráðuneyta og stofnana ríkisins með lækkun ferða- og risnukostnaðar, sérfræðikostnaðar, annars rekstrarkostnaðar og frestunar á flutningi fjárheimilda milli ára. Samtals skila þessar tillögur um 2 milljörðum kr. Við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir 1. minni hluti aðeins tillögur um aukin útgjöld til þriggja málaflokka, þ.e. til heilbrigðisstofnana, málefna fatlaðra og löggæslu. Tillögurnar nema samtals 625 millj. kr.

Aðhald og eftirlit.

Það má segja að það sé eins og að berja höfðinu við steininn að hvetja ríkisstjórnina til að sýna aðhald og sparsemi á næsta ári. Forsvarsmönnum hennar væri hollt að lesa nefndarálit fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2001 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002. Ekki er úr vegi að rifja upp aðvörunarorð Seðlabankans sem birst hafa reglulega í ritum hans frá árinu 1998. Í nóvember sl. vakti bankinn athygli á því að mikill vöxtur útlána væri verulegt áhyggjuefni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi ýtti hann undir vöxt innlendrar eftirspurnar og stuðlaði þannig að auknum viðskiptahalla og/eða meiri verðbólgu og í öðru lagi gæti mikilli útlánaþenslu fylgt veruleg áhætta fyrir lánastofnanir sem gætu leiðst út í áhættusamari lánveitingar sem ekki skiluðu tilætlaðri ávöxtun þegar slægi í bakseglin í þjóðarbúskapnum.

Ári síðar benti bankinn á að full ástæða væri til að taka alvarlega þann vanda sem viðskiptahallinn skapaði þar sem hann gæti til lengdar grafið undan stöðugleika gengisins, auk þess sem vaxandi skuldir þjóðarbúsins sem honum fylgja gera það viðkvæmara fyrir áföllum. Í febrúar árið 2000 lagði Seðlabankinn til að beitt yrði aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu og taldi það ásamt minnkandi viðskiptahalla leið til þess að draga m.a. úr hækkun raungengis. Taldi bankinn sérstaklega mikilvægt að ekki yrði farið fram úr útgjöldum fjárlaga og að tekjur umfram fjárlög skiluðu sér að fullu í bættri afkomu ríkissjóðs.

Síðar á árinu 2000 vakti Seðlabankinn athygli á að ólíklegt væri að svo mikið ójafnvægi í utanríkisviðskiptum gæti viðgengist til lengdar án snöggra umskipta og væri alvarleg ógnun við stöðugleika til frambúðar.

Allar þessar aðvaranir kaus ríkisstjórnin að hunsa og vildi ekki horfast í augu við vandann og taka á honum nægjanlega tímanlega til að forðast þá hröðu niðursveiflu sem nú blasir við.

Í þessu frumvarpi er ekki leystur vandi margra ríkisstofnana sem standa höllum fæti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til september 2001 kemur fram að hjá 30 stofnunum eða á safnliðum fjárlaga nemur hallinn 20% eða meira af

heildarfjárheimildum ársins. Ríkisendurskoðun telur með öllu óraunhæft að flytja svo mikinn halla á milli ára nema að ljóst sé að stofnanir geti hagrætt svo í rekstri að þær ráði við slíka skerðingu. Að sama skapi telur Ríkisendurskoðun þörf á að endurskoða rekstrargrunn þeirra stofnana sem safnað hafa upp fjárheimildum. Þannig er ljóst að endurskoða þarf reglur sem settar hafa verið um flutning fjárheimilda milli ára.

Í fyrri nefndarálitum hefur 1. minni hluti fjárlaganefndar gert grein fyrir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um fjárveitingar úr ríkissjóði og eftirlit með þeim. Hefur hann í því sambandi vitnað til skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárlagaferlið en þar koma fram ýmsar áhugaverðar staðreyndir um fjárlagagerð og eftirlit með þeim sem vert er að gefa gaum. Þar er m.a. bent á að eftir á veitt fjárheimild feli í raun í sér raunverulegt framsal fjárveitingavaldsins til ríkisstjórnarinnar, enda þótt hið formlega vald sé hjá Alþingi. Á þessu ári kom einnig í ljós að reglugerð fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga hélt hvorki vatni né vindi þegar kom að útgjaldaákvörðunum einstakra ráðherra. Má í því sambandi benda á samninga fjármálaráðherra við Skýrr hf. og umframkeyrslu einkavæðingarnefndar forsætisráðherra.

Mikil fjölgun hefur orðið á samningum ráðuneyta um fjárfestingar og ýmis rekstrarverkefni. Þetta hefur m.a. leitt til þess að stór hluti þeirra fjármuna sem ætlaðir eru til ýmissa verkefna í fjárlögum eru þegar samningsbundnir. Þetta er varasöm þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og dregur því í raun úr fjárveitingavaldi Alþingis. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 kemur fram að alls nemur skuldbinding vegna þessara samninga rúmum 18 milljörðum kr. á því ári.

Lokaorð.

Alþingi samþykkir ár hvert fjölda lagabreytinga er varða stofnanir ríkisins. Eftirlitið með framkvæmd laganna er mikilvægur þáttur í allri stjórn á útgjöldum ríkisins til einstakra stofnana og verkefna. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins að sjá til þess að vilji Alþingis nái fram að ganga. Nauðsynlegt er að Alþingi sé á hverjum tíma vel upplýst um framkvæmd laga. Það verður síst gert með því að torvelda Alþingi aðgang að upplýsingum og jafnvel koma algjörlega í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar berist. Slík vinnubrögð eiga ekki að tíðkast í lýðræðisþjóðfélagi.

Alþingi, 7. des. 2001.

Margrét Frímannsdóttir, frsm.	Gísli S. Einarsson.	Einar Már Sigurðarson.

499. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2002 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umræðu. Vísað er til nefndarálits 2. minni hluta við 2. umræðu fjárlaga. Fullkomin óvissa ríkir um tekjuhlið fjárlaganna, og breytast forsendur nánast dag frá degi. Ástæða þessa er að meginhluta heimatilbúinn vandi ríkisstjórnarinnar. Hættumerkin í þróun efnahagsmála hafa blasað við sl. 2–3

ár, svo sem mikill viðskiptahalli, gífurlegar erlendar lántökur og mikil aukning útlána bankakerfisins, en hægt hefði verið að bregðast við þeim áður en komið var í óefni. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru nú orðnar hærri en nemur árlegri landsframleiðslu (sjá fylgiskjal I, grein Ögmundar Jónassonar). Ríkisstjórnin með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í broddi fylkingar hefur þar til nú þverneitað allri gagnrýni og fullyrt að allt væri í stakasta lagi. Það væri hreint oflof að segja að ríkisstjórnin hafi flotið sofandi að feigðarósi því flestar árar hafa verið úti til þess að róa þjóðarskútunni í öfuga átt.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattamálum er til umfjöllunar samtímis hér í þinginu og er vísað til nefndarálits fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd við það frumvarp.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 257,9 milljarðar kr. sem er sama fjárhæð og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 239,4 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður 18,5 milljarðar kr.

Vinnan við fjárlagagerðina.

Ríkisstjórnin leggur fram frumvarp til fjárlaga í upphafi þings. Að því búnu fer það til fjárlaganefndar til frekari umfjöllunar. Sú hefð hefur skapast að við 2. umræðu eru lagðar fram meginbreytingar þingsins á gjaldahlið frumvarpsins. 2. umræða hefur þó í auknum mæli snúist um efnahagshorfur og stefnu í ríkisfjármálum þrátt fyrir að endurskoðuð þjóðhagsspá og tekjuáætlun fyrir næsta ár liggi ekki fyrir. Við 3. umræðu er lögð fram endurskoðuð tekjuáætlun fyrir næsta ár og jafnframt þær efnahagsforsendur sem ríkisfjármálin byggjast á næsta ár.

Ítarleg umræða fer fram innan fjárlaganefndarinnar um sundurliðaða gjaldahlið frumvarpsins. Fjölmargir aðilar koma fyrir nefndina og skýra einstaka útgjaldaliði.

Tekjuhlið frumvarpsins fær aftur á móti afar litla umfjöllun fjárlaganefndar sem er þó ekki síður mikilvæg hlið fjárlagafrumvarpsins. Má nefna í því sambandi að endurskoðuð tekjuáætlun var kynnt í nefndinni rétt um það leyti sem hún afgreiddi frumvarpið frá sér. Þá komu boðaðar tillögur ríkisstjórnarinnar um niðurskurð útgjalda ekki fyrir fjárlaganefnd fyrr en sl. miðvikudag eða sama dag og nefndin varð að afgreiða frumvarpið úr nefndinni ef takast átti að láta 3. umræðu fara fram föstudaginn 7. desember eins og starfsáætlun þingsins gerir ráð fyrir. Verkáætlun fjárlaganefndar gerði ráð fyrir að tillögur ríkisstjórnarinnar fyrir 3. umræðu lægju fyrir 30. nóvember. Vegna tímaskorts fengu efnahagsforsendur og tekjuhlið frumvarpsins afar litla umfjöllun í nefndinni. Niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar hlutu sömu örlög. Spurningar og beiðni um útskýringar á einstökum liðum frá nefndinni bárust ekki fyrr en eftir að hún hafði afgreitt fjárlagafrumvarpið frá sér til 3. umræðu og sum svör bárust alls ekki. Fjárlaganefnd hefur ekki á sínum snærum eigin ráðgjafa eða sérfræðinga í efnahagsmálum og verður því að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins. Það er því mikilvægt að vönduð svör og skýringar berist nefndinni fljótt og undanbragðalaust. Á því vill verða misbrestur og er nærtækasta dæmið þegar forsætisráðuneytið neitaði að svara spurningum nefndarinnar um sundurliðun á kostnaði á 300 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við sérfræðivinnu og ráðgjafarkostnað einkavæðingarnefndar. Að mati 2. minni hluta er afar brýnt að yfirstjórn Alþingis, forsætisnefnd og þingflokksformenn fari gaumgæfilega í gegnum stöðu Alþingis og þingnefnda gagnvart framkvæmdarvaldinu. Því hér er virkileg hætta á ferðum gagnvart lýðræðinu, gagnvart þingræðinu. Hættan er sú að hér þróist ríkisstjórnarbundið þingræði í stað þingbundins ríkisvalds. Þingið þarf að eignast eigin þjóðhagsstofnun sem starfar með Alþingi í efnahagsmálum og fjármálastjórn ríkisins.

Mun eðlilegra er að við 2. umræðu sé fjallað um tekjuáætlun, efnahagsforsendur og stefnu í ríkisfjármálum. Við þá umræðu væri tekjuhlið frumvarpsins ákveðin. Við 3. umræðu væru útgjöldin endanlega ákveðin. Það er góður siður á vönduðum heimilum að telja fyrst í buddunni og ákveða síðan útgjöldin. Þannig ætti það einnig að vera hjá Alþingi gagnvart ríkisfjármálunum.

Forsendur fjárlagafrumvarpsins.

Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir næsta ár. Þar er gert ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 1,5% og að fjárfestingar dragist saman um 14%. Þá er gert ráð fyrir að innflutningur dragist saman um 7,1% og útflutningur um 1,8% og landsframleiðsla dragist saman um 1% en í fyrri spá stofnunarinnar var gert ráð fyrir 0,3% samdrætti. Ef þessi spá gengur eftir þá er það í fyrsta sinn síðan 1992 að landsframleiðsla dregst saman á milli ára. Þá er gert ráð fyrir að verðbólga verði um 6,1% á milli ára. Í forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir þeirri verðlagsspá er gert ráð fyrir að gengisvísitala krónunnar verði 147,2 sem var skráð gengi hennar 3. desember sl. Þá bendir stofnunin á að spenna á vinnumarkaði sé að minnka og reiknað með að atvinnuleysi verði um 2% á næsta ári. Verulega dregur úr launaskriði og þess er reyndar þegar farið að gæta. Þjóðhagsstofnun tekur fram að nokkur óvissa ríkir um spána, ekki síst launa- og gengisforsendur. Launaforsendur byggjast m.a. á því að kjarasamningar verði ekki endurskoðaðir.

Fjárlagafrumvarpið sem hér er lagt fram byggist á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins. Þær eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar spá Þjóðhagsstofnunar. Ráðuneytið spáir reyndar að landsframleiðsla dragist saman um 0,5% sem er umtalsverð breyting frá því að frumvarpið var lagt fram en þá gerði ráðuneytið ráð fyrir að landsframleiðslan ykist um 1%. Mestur munur á spá þessara tveggja stofnana liggur í mati þeirra á þróun á inn- og útflutningi vöru og þjónustu. Þannig spáir ráðuneytið að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 1% á næsta ár en Þjóðhagsstofnun spáir 1,8% samdrætti. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir í sinni spá að innflutningur vöru og þjónustu dragist saman um 4,3% en í endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir mun meiri samdrætti eða 7,1%.

Undirstrikar þessi mismunur þá miklu óvissu sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar á næstu missirum.

Gert er ráð fyrir að halli á vöruskiptum minnki nokkuð á milli ára og er nú gert ráð fyrir að hallinn nemi 3,9 milljörðum kr. Þá má búast við að jöfnuður á þjónustuviðskiptum verði jákvæður á næsta ári sem nemur 2 milljörðum kr. Þrátt fyrir þetta er samt gert ráð fyrir að viðskiptahallinn verði 38,5 milljarðar kr. eða 4,9% af landsframleiðslu. Ástæða þessa eru sú að vegna skuldasöfnunar erlendis og óhagstæðrar þróunar aukast vaxtagreiðslur af erlendum skuldum jafnt og þétt og spáð er að jöfnuður þáttatekna verði af þeim sökum neikvæður um 35,8 milljarða kr. á komandi ári.

Staðan í ríkisfjármálum.

Fjárlög ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2002 eru nú afgreidd við mikla óvissu í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Eftir langvarandi og nær fullkomið andvaraleysi skiptir nú yfir í mikinn ótta um gengi krónunnar og verðbólgu. Í mars á þessu ári voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi stjórnar peningamála hér á landi. Meginatriði þessara breytinga fólust í því að 2,5% verðbólgumarkmið varð meginviðmið peningastefnunnar. Samtímis voru vikmörk gengisstefnunnar afnumin. Á árinu féll ríkisstjórn frá fastgengisstefnunni og setti efnahagslífinu verðbólgumarkmið

og fól Seðlabankanum að framfylgja þeim með peningamálastefnu sinni. Ljóst er að þessi markmið hafa ekki náðst enda er verðbólguhraðinn nú um 8,8% og spáð er um 6% verðbólgu milli áranna 2001 og 2002.

Bæði verðbólgan og gengi krónunnar skiptir efnahagslífið og kjör fólks að sjálfsögðu miklu máli. Atvinnulífið er mjög skuldsett í erlendum gjaldmiðlum og þolir illa gengislækkun. Sama gildir um fjárhag heimilanna, en lægra gengi hækkar vöruverð og höfuðstól verðtryggðra lána. Sú staða sem þjóðarbúið stendur nú frammi fyrir kom ekki til af sjálfu sér. Hún er afleiðing þeirra mistaka í hagstjórnarákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið á síðustu árum.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýsir miklum áhyggjum af gangi mála. Ef þetta ástand varir miklu lengur er hætta á því að útflutningsgeta þjóðarbúsins skaðist þegar til lengri tíma er litið. Jafnvægi í efnahagslífinu innan lands og aukinn útflutningur er eina varanlega lausnin á viðskiptahallanum.

Salan á Landssímanum.

Það skal viðurkennt að einkavæðing getur skapað gjaldeyristekjur, en aðeins einu sinni. Þegar eignirnar hafa verið seldar án þess að taka á undirliggjandi vanda er allt sem áður var.

Vandi framhaldsskólanna.

Fjárlaganefnd er kunnugt um fjárhagsvanda og uppsafnaðan halla margra stofnana og heilla málaflokka sem ekki fá úrlausn í þessu fjárlagafrumvarpi. Þar má telja fjárskuldbindingar vegna félagslega húsnæðiskerfisins sem velt var einhliða yfir á sveitarfélögin. Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er óleystur þótt leyfð hafi verið lítils háttar hækkun á afnotagjöldum á næsta ári. Margir framhaldsskólar sitja uppi með skuldir frá fyrri árum og eiga í miklum fjárhagserfiðleikum og geta lent í því að verða að skera niður námsframboð. Það er ljóst að framkvæmdarvaldið hefur verið uppteknara við að einkavæða skólakerfið og fella rekstur framhaldsskólanna inn í miðstýrð reiknilíkön en að efla og þróa skólastarfið sjálft, stöðu þess og markmið og þá menntun sem skólarnir veita, treysta bönd skóla og skólastarfs við fjölskyldulíf, atvinnuvegi og sitt nánasta umhverfi.

Bæði Skólameistarafélag Íslands og Félag framhaldsskóla hafa þráfaldlega bent á grundvallarskekkjur í þeirri reiknireglu sem nú er beitt við skiptingu fjár á skólana og birtist í því að fjármagn er skert til skóla með verknáms- og starfsnámsbrautir og skóla sem reka heimavistir og þeir sitja nú uppi með skuldir svo skiptir tugum eða jafnvel hundruðum milljóna króna. Fjárhagsvanda einstakra framhaldsskóla verður að leysa þegar í stað. Brýnt er að hugmyndafræðin að baki reiknilíkansins við skiptingu fjárins verði endurskoðuð þannig að stutt verði við metnaðarfullt og fjölbreytt nám hvarvetna á landinu, nám sem taki mið af þörfum allra nemenda og tryggi góðan starfsanda.

Þetta mál var til umfjöllunar á síðasta ári og þá var þess vænst að nauðsynlegar leiðréttingar yrðu gerðar á reiknilíkani menntamálaráðuneytisins. Í haust kom hins vegar í ljós að ekki hafði verið bætt úr fjárhagsvanda margra skóla. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til september 2001 er þetta harðlega gagnrýnt og bent á að ekki þýði að flytja halla á milli ára nema ljóst sé að viðkomandi stofnun geti með raunhæfum hætti hagrætt hjá sér til að vinna á hallanum. Yfirlit í fylgiskjali II sýnir vel þá stöðu sem sumir skólar eru í og brýnt er að úr þeirra vanda verði leyst. Í því sambandi þarf að taka fullt tillit til séraðstæðna hvers skóla.

Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd hefur ítrekað lagt áherslu á að endurskoðun á reiknilíkaninu og uppgjöri á fjárhagsvanda skólanna yrði lokið áður en gengið væri frá fjárlögum næsta árs. Engin svör hafa borist um það og með skírskotun til mjög alvarlegra athugasemda Ríkisendurskoðunar um fjármál framhaldsskólanna er ljóst að Alþingi verður að beita sér með beinum hætti í þessu máli áður en í meira óefni er komið.

Í ályktun Félags framhaldsskólakennara í nóvember sl. kom fram að veruleg hætta væri á að markmið og fyrirheit um að styrkja stöðu framhaldsskóla í breyttu umhverfi og nýjum kjarasamningi yrðu aðeins orðin tóm ef ekki yrði tryggt fé á fjárlögum ársins 2002 til þess að framkvæma þær endurbætur á reiknilíkani fyrir framhaldsskóla sem nauðsynlegar væru og undirbúnar hafa verið í menntamálaráðuneytinu.

Starfshópur ráðuneytismanna og skólameistara hefur skilað skýrslu um endurskoðun líkansins. Félag íslenskra framhaldsskóla telur að á þeim grunni þurfi að taka pólitískar ákvarðanir um hærri fjárveitingar til skólanna, hækka afskriftafé, ætla af raunsæi fyrir launum þjónustudeilda skólanna og viðhaldi og endurnýjun húsa. Alþingi hlýtur og verður að byggja fjárveitingar sínar á raunhæfum forsendum hverju sinni. Skólar eru lifandi stofnanir sem taka sífelldum breytingum og því verður reiknilíkanið að mæta hverju sinni.

Það þarf gjörbreytta stefnu í efnahagsmálum og atvinnumálum.

Í stað þess að styrkja innviði atvinnulífsins og byggð og búsetu í landinu öllu hefur ríkisstjórnin blásið upp tímabundið „góðæri“ með einkavæðingu almannaþjónustu, gífurlegri byggðaröskun og skuldasöfnun. Sjávarútvegurinn er einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og sýnir sig best að þegar „nýja hagkerfið“ gengur ekki upp þá er traustið sett á hann. Það skiptir miklu fyrir þjóðarbúið að sjávarútvegurinn sé rekinn með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga.

Þótt markmið laganna um stjórn fiskveiða sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskstofna og „tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu“ er fjarri því að sú sé raunin. Í mörgum tilvikum er ástand stofnanna nú svipað eða jafnvel verra en fyrir daga kvótakerfisins. Ljóst er að ríkisstjórnin ætlar í sjávarútvegsmálum að fylgja eftir tillögum svokallaðs meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar um stjórn fiskveiða sem er nánast óbreytt kvótakerfi með gjaldtöku sem mun áfram leiða til þess að fiskveiðiheimildir færast á æ færri hendur og sjávarútvegsfyrirtækjum fækkar í sjávarbyggðum meðfram ströndum landsins með tilheyrandi byggðaröskun. Þessari stefnu er Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg og telur hana hættulega atvinnulífi landsmanna.

Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum hefur sem meginmarkmið:

- að tryggja í verki sameign þjóðarinnar á fiskstofnum og réttláta skiptingu afrakstursins,
- að gera grundvallarbreytingu á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu 20 árum,
- að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og efla vistvænar veiðar,
- að skapa forsendur til að treysta búsetu við sjávarsíðuna,
- að tryggja atvinnuöryggi og kjör fiskverkafólks og sjómanna,
- að stuðla að betra jafnvægi og réttlátari leikreglum í samskiptum helstu aðila innan sjávarútvegsins, þ.e. útgerðar og fiskvinnslu, verkafólks og sjómanna, sjávarbyggða og samfélagsins alls,

- að standa þannig að nauðsynlegum kerfisbreytingum og aðgerðum að stöðugleiki verði tryggður og hæfilegur aðlögunartími gefist.

Sjávarútvegurinn, fiskveiðarnar og fiskvinnslan gegnir lykilhlutverki í atvinnulífi og efnahagsbúskap okkar Íslendinga. Sá vandi og sú óvissa sem nú blasir við í fjármálum ríkisins og þjóðarbúskapnum í heild á ekki hvað síst rætur að rekja til rangrar stefnu ríkisstjórnarinnar í fiskveiði- og fiskverndarmálum. Til þess að hér megi auka hagvöxt á ný, greiða niður erlendar skuldir, tryggja atvinnulíf og búsetu um allt land er brýnt að stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fiskveiðistjórnun komi sem fyrst til framkvæmda. Það að stjórnvöld virðast ætla að halda áfram í nánast óbreyttu kerfi í stjórn fiskveiða er ein alvarlegasta ógnun við efnahag og atvinnulíf landsins hvort heldur er litið til lengri eða skemmri tíma.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundinnar mismununar á lífskjörum fólks. Allir þegnar þjóðfélagsins skulu eiga tryggð mannsæmandi samfélagslaun. Öll mismunun á lífskjörum leiðir til hættulegrar spennu og þenslu í þjóðfélaginu, sem og röskunar fjölskyldubanda, byggðar og atvinnulífs.

Gegn þessu ójafnvægi verður að berjast með öllum tiltækum ráðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp „grænt bókhald“ þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Mikil byggðaröskun, stöðugir fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið og sá mikli viðskiptahalli sem við höfum búið við síðustu ár sýnir það ótvírætt að viðskipta- og þjónustugeirinn á suðvesturhorninu hefur vaxið langt umfram það sem aukning í þjóðarframleiðslu gefur tilefni til. Þessu verður að snúa við ef við eigum að ná eðlilegum hagvexti og jafnvægi í viðskiptum og greiða niður skuldir þjóðarbúsins við útlönd.

Á síðustu árum hefur þróast hér hagkerfi, efnahags- og atvinnulíf sem nærist á viðskiptahallanum og er orðið háð honum. Það verður þrautin þyngri að snúa af þeirri braut. Krafa um hagræðingu sem tekur einungis tillit til tímabundinna arðsemiskrafna fjármagnseigenda og ofurtrú á hagkvæmni stærðarinnar hefur villt stjórnvöldum sýn og leitt atvinnulífið inn á villigötur sem þjóðin öll sýpur nú seyðið af.

Hér verður að breyta um kúrs. Stöðva þarf einkavæðingu almannaþjónustunnar. Búa þarf atvinnulífinu þá umgjörð að fólk og fjármagn leiti aftur til þeirra atvinnugreina sem stuðla að varanlegri verðmætaaukningu í þjóðfélaginu og þar með raunhagvexti. Beina þarf athyglinni að litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem hugvit og framtak sérhvers einstaklings fær notið sín og atvinnurekstri sem er í takt við íslenskar aðstæður og íslenskan veruleika og byggist á sjálfbærri nýtingu náttúrauðlindanna. Takist þetta mun byggjast upp blómlegt atvinnulíf á raunsönnum grunni, ekki aðeins á suðvesturhorninu heldur um allt land.

Í þessum stóru málaflokkum greinir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð á við stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um forgangsröðun, áherslur og pólitíska sýn.

Alþingi, 7. des. 2001.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal I með framhaldsnefndarálitinu var grein eftir Ögmund Jónasson, Skuldasprenging, úr Morgunblaðinu 6. október 2001.

Fylgiskjal II.

Menntastofnanir með skuld		Eigið fé ársb. 2000	Rekstrar-halli	Eigið fé ársl. 2000	Skuld við ríkissjóð
02-211	Tækniskóli Íslands	-57,2	-45,2	-102,4	94,8
02-302	Menntaskólinn á Akureyri	-11,0	10,0	-1,0	37,3
02-303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-7,0	3,0	-4,0	5,1
02-305	Menntaskólinn við Sund	-11,7	-10,1	-21,8	20,3
02-306	Framhaldsskóli Vestfjarða	-13,3	5,0	-8,3	6,4
02-308	Menntaskólinn í Kópavogi	-78,9	-43,0	-122,0	167,7
02-316	Fasteignir framhaldsskóla	40,3	-77,6	-37,3	39,1
02-350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-91,5	-7,0	-98,5	108,0
02-351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-30,1	-5,0	-35,1	27,9
02-352	Flensborgarskóli	-18,6	-4,0	-22,6	20,8
02-354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	-16,6	-21,0	-37,6	24,9
02-356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-21,4	-16,5	-37,9	35,5
02-359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-33,0	4,6	-28,4	56,7
02-360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-8,0	5,0	-3,0	4,1
02-361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	0,5	-2,3	-1,8	1,6
02-363	Framhaldsskólinn á Laugum	-5,2	1,0	-4,2	6,3
02-365	Borgarholtsskóli	-21,4	-14,5	-35,9	60,8
		-384,1	**-217,6**	**-601,8**	**717,3**

Fylgiskjal III.

Þjóðhagsforsendur fjárlaga 2002.

	Fjármála-ráðun. frumvarp 2002	Fjármála-ráðun. fjárlög 2002	ÞHS spá desember	Frávik á spá ÞHS/FMR	Áætluð útkoma 2001
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %					
Einkaneysla	0,0	-1,0	-1,5	-0,5	-2,0
Samneysla	2,5	2,5	2,7	0,2	3,4
Fjárfesting	-10,0	-12,0	-14,0	-2,0	-6,3
Þjóðarútgjöld alls	-16,0	-26,0	-31,0	-5,0	-28,0
Útflutningur vöru og þjónustu	2,9	1,0	-1,8	-2,8	5,7
Vöruútflutningur	2,2	1,5	-0,9	-2,4	2,8
Þjónustuútflutningur	4,2	0,0	-3,3	-3,3	10,9

	Fjármála-ráðun. frumvarp 2002	Fjármála-ráðun. fjárlög 2002	ÞHS spá desember	Frávik á spá ÞHS/FMR	Áætluð útkoma 2001
Innflutningur vöru og þjónustu	-3,6	-4,3	-7,1	-2,8	-6,8
Vöruinnflutningur	-5,0	-6,0	-7,1	-1,1	-8,6
Þjónustuinnflutningur	0,0	-1,0	-3,0	-2,0	-6,9
Verg landsframleiðsla	1,0	-0,5	-1,0	-0,5	2,2
Viðskiptajöfnuður % af landsframleiðslu	-5,4	-4,9	-4,9	0,0	-6,6
Vöruskiptajöfnuður % af landsframleiðslu	-1,1	0,0			
Vöru- og þjónustuviðskipti, % af landsframleiðslu	-1,5	-0,5			
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %					
Ráðstöfunartekjur á mann	5,0	5,5			
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	0,0	-0,5	0,5	1,0	0,0
Einkaneysla á mann	-1,0	-2,0			
Vísitala neysluverðs, meðalbreyting	5,0	6,0	6,1	0,1	6,6
Gengisvísitala	135,0	140,0	147,2	7,2	
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,0	2,0	2,0	0,0	1,4

500. Svar [179. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru heildargreiðslur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 fyrir keyptar veiðiheimildir, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir?*
2. *Hverjar voru heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 af sölu veiðiheimilda, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda?*
3. *Hverjar voru heildargreiðslur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem greiddu mest fyrir veiðiheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?*
4. *Hverjar voru heildartekjur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mestar tekjur höfðu af sölu veiðiheimilda á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?*

Svo sem sjá má er fyrirspurnin í tveimur meginhlutum. Annars vegar er spurt í tveimur fyrri töluliðunum um heildargreiðslur og heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga vegna viðskipta með aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir, á fiskveiðiárunum 1996/1997 til og

með 2000/2001. Hins vegar er í síðari tveimur töluliðum spurt um sambærilegar upplýsingar um viðskipti 50 stærstu aðilanna á sama tímabili.

Umtalsverð vinna var lögð í að rannsaka hvort hægt væri að svara fyrirspurninni á viðhlítandi hátt. Niðurstaðan er sú að svo sé ekki, sem nú skal skýrt:

1. Engar upplýsingar hafa verið skráðar um verð á aflahlutdeildum enda er ekki, né hefur verið, mælt fyrir um slíka skráningu í lögum.
2. Samræmdar upplýsingar um verð á aflamarki eru heldur ekki til nema á hluta þess tímabils sem hér um ræðir, eða þann tíma sem Kvótaþing starfaði (frá l. september 1998 til 31. mars 2001), sjá töflu. Í töflunni koma fram viðskipti á Kvótaþingi á milli óskildra aðila, þ.e. frá einni kennitölu til annarrar, tilgreint er magn, meðalverð og verðmæti á hverju fiskveiðiári fyrir sig. Alls skiptust aðilar á 239.639 tonna aflamarki á þeim 33 mánuðum sem hér um ræðir. Verðmæti þessa aflamarks var 11,7 milljarðar króna og meðalverð var 48,98 kr./kg. Aflamark í þorski vó langmest í viðskiptum á þinginu eða 75% af öllum viðskiptum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að nokkrar fisktegundir voru undanskildar viðkiptaskyldu á Kvótaþingi og í ýmsum tilvikum var raunverulega verslað ítrekað með sama aflamarkið.

Í ljósi þessa er ekki unnt á leysa frekar úr spurningum alþingismannsins.

Selt aflamark á Kvótaþingi 1.09 1998 - 31.05 2001. Magn, verðmæti og meðalverð tegunda per fiskveiðiár.
Magn í kg., verð og verðmæti í kr.

	Fiskveiðiárið 1998/1999			Fiskveiðiárið 1999/2000			1.09 2000 - 31.05 2001			Samtals		
HEITI	Magn	Meðalverð	Verðmæti	Magn	Meðalverð	Verðmæti	Magn	Meðalverð	Verðmæti	Magn	Meðalverð	Verðmæti
Þorskur	24.864.995	99,27	2.468.453.627	29.231.663	112,40	3.285.692.955	29.301.250	103,16	3.022.594.833	83.397.908	105,24	8.776.741.415
Ýsa	4.885.798	46,34	226.423.195	4.871.478	73,61	358.610.949	3.487.522	86,23	300.738.646	13.244.798	66,88	885.772.790
Ufsi	3.419.882	29,81	101.949.623	2.487.107	34,09	84.790.433	1.998.472	30,07	60.099.388	7.905.461	31,22	246.839.444
Karfi	4.350.602	40,66	176.916.687	5.484.141	39,66	217.519.148	3.861.637	40,06	154.696.442	13.696.380	40,09	549.132.277
Steinbítur	2.240.000	22,16	49.641.955	1.970.853	33,98	66.978.383	1.856.544	29,78	55.283.539	6.067.397	28,33	171.903.877
Úthafskarfi utan	322.626	31,74	10.240.336	57.353	5,63	322.765				379.979	27,80	10.563.101
Grálúða	778.016	93,12	72.448.735	544.457	105,50	57.439.064	517.729	99,62	51.578.472	1.840.202	98,61	181.466.271
Skarkoli	2.148.757	44,73	96.105.482	804.137	105,96	85.210.160	966.995	105,75	102.262.184	3.919.889	72,34	283.577.826
Þykkvalúra				191.227	78,79	15.067.037	127.993	69,55	8.901.891	319.220	75,09	23.968.928
Langlúra	183.734	39,42	7.242.882	135.316	43,07	5.828.483	70.549	40,89	2.884.424	389.599	40,95	15.955.789
Sandkoli	997.549	18,15	18.109.162	1.495.185	22,23	33.240.234	466.033	20,70	9.647.993	2.958.767	20,62	60.997.389
Skrápflúra	1.028.871	15,18	15.620.938	659.865	22,03	14.534.433	489.732	21,53	10.542.086	2.178.468	18,68	40.697.457
Síld	4.802.000	5,31	25.512.000	10.039.000	4,95	49.735.000	18.530.000	4,93	91.358.000	33.371.000	4,99	166.605.000
Loðna	42.089.000	0,29	12.100.000	10.266.000	1,55	15.932.000				52.355.000	0,54	28.032.000
Humar	38.991	398,70	15.545.572	19.998	447,66	8.952.263	5.030	484,92	2.439.150	64.019	420,77	26.936.985
Úthafsrækja	5.271.280	3,62	19.106.582	5.467.662	11,87	64.883.719	2.550.085	27,67	70.552.081	13.289.027	11,63	154.542.382
Flæmingjarækja	1.877.326	30,92	58.040.989	1.299.225	30,37	39.455.426	986.135	21,28	20.983.879	4.162.686	28,46	118.480.294
Þorskur - NL	55.000	37,73	2.075.000	1.893	38,00	71.934				56.893	37,74	2.146.934
Úthafskarfi innan				271.000	26,00	7.046.000	96.021	28,00	2.688.588	367.021	26,52	9.734.588
Alls	**99.354.427**	**33,97**	**3.375.532.765**	**75.297.560**	**58,59**	**4.411.310.386**	**65.311.727**	**60,74**	**3.967.251.596**	**239.963.714**	**48,98**	**11.754.094.747**

501. Svar [223. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um akstur utan vega.

1. *Hvernig er háttað eftirliti með akstri utan vega:*
   a. *innan friðlýstra svæða,*
   b. *í óbyggðum,*
   c. *almennt?*

Akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Það er fyrst og fremst hlutverk lögreglu að sjá til þess að þessu sé fylgt. Náttúruvernd ríkisins hefur reynt á eigin vegum að halda úti reglulegu eftirliti með akstri utan vega og merktra vegarslóða, sérstaklega á friðlýstum svæðum, og er eftirlitið í höndum landvarða. Einnig hafa landverðir haft afskipti af slíku utan friðlýstra svæða þegar þeir standa ökumenn að verki og jafnframt hafa þeir afmáð för eftir ökutæki næst vegi.

Innan friðlýstra svæða. Afskipti landvarða á náttúruverndarsvæðum eru tvenns konar, þ.e. annars vegar afskipti af ökumönnum þegar þeir eru staðnir að verki og hins vegar að afmá för utan vega þar sem ökumaður er horfinn af svæðinu. Ljóst er að landverðir ná ekki til nema lítils hóps ökumanna sem annaðhvort af ásetningi eða gáleysi virða ekki reglur um bann við akstri utan vega og merktra slóða.

Í óbyggðum. Eftirlit á vegum Náttúruverndar ríkisins er fólgið í eftirliti landvarða sem starfa á náttúruverndarsvæðum á hálendinu og starfsmanna Náttúruverndar ríkisins þegar þeir eiga þar leið um.

Almennt. Náttúruvernd ríkisins berast oft ábendingar um akstur utan vega eða um ljót för eftir akstur utan vega. Einnig berast ábendingar um för eftir akstur utan vega og lélegar merkingar á leyfðum vegarslóðum hafi ökumenn villst eða farið af réttri leið.

Í þessu tilfelli er rétt að benda á undanþáguákvæði 17. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þar sem segir að einstaklingar sem starfa við landbúnað, landmælingar, línu- og vegarlagnir og rannsóknir geti fengið undanþágu frá reglum um bann við akstri utan vega. Nokkuð er um að sótt sé um slíka undanþágu vegna rannsóknarstarfa.

2. *Hversu mörg tilvik um slíkan ólögmætan akstur hafa verið skráð og kærð árlega sl. fimm ár?*

Aðeins fá tilvik um akstur utan vega, sem landverðir eða starfsmenn Náttúruverndar ríkisins hafa orðið vitni að, hafa verið skráð og enn færri kærð.

Samkvæmt upplýsingum Náttúruverndar ríkisins hafa átta mál verið skráð hjá stofnuninni og kærð til sýslumanna síðustu fimm ár. Afgreiðsla mála hefur verið með mismunandi hætti hjá lögreglustjórum og nýlega féll dómur í Héraðsdómi Suðurlands vegna kæru um akstur utan vega við Hrafntinnusker þar sem kærði var sýknaður að því er virðist vegna sannanaskorts og skorts á merkingum á svæðinu.

3. *Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að koma í veg fyrir slíkan ólögmætan akstur?*

Landvörðum sem starfa á náttúruverndarsvæðum er ætlað að fylgjast með og reyna að koma í veg fyrir akstur utan vega. Í því skyni má t.d. nefna að stórum steinum hefur verið raðað fyrir vegslóða sem ekki er ætlast til að ekið sé á eða spotti strengdur milli tveggja stika. Einnig ber að nefna ýmiss konar fræðslu og upplýsingar til ferðamanna. Reglugerð um akstur í óbyggðum var þýdd á ensku, þýsku, dönsku, frönsku og ítölsku.

Náttúruvernd ríkisins hefur hafið samstarf við Landmælingar Íslands og Vegagerðina um kortlagningu allra vega og slóða sem Vegagerðin sér um og verða þessar leiðir merktar með GPS.

4. *Hvaða ráðum er beitt til að lagfæra tjón á landi og náttúru eftir akstur utan vega?*

Innan friðlýstra svæða og á náttúruverndarsvæðum þar sem landverðir starfa reyna þeir að lagfæra tjón eins og hægt er. Hér er um að ræða tímafrekt verk en markmiðið er að afmá för næst vegi til þess að koma í veg fyrir að fólk villist inn á leiðina og valdi þannig enn meiri spjöllum. Þegar landverðir hafa staðið ökumenn að verki hafa þeir látið þá taka þátt í því að afmá för. Einnig ber að nefna að landverðir hafa komið upp hindrunum, t.d. með því að raða steinum fyrir áberandi slóð eða strengja kaðal yfir slóðina eins og fyrr segir.

5. *Hvaða refsingum hefur verið beitt fyrir ólögmætan akstur utan vega? Er stefnt að breytingum á refsiákvæðum fyrir lögbrot á þessu sviði?*

Ráðuneytinu er kunnugt um tvö mál, annars vegar í Árnessýslu og hins vegar í Rangárvallasýslu, þar sem lögreglustjórar gerðu sátt, með gerólíkum hætti þó, vegna aksturs utan vega þar sem ökumenn voru staðnir að verki. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að ökumenn hafi verið sakfelldir í framhaldi af kæru þar sem höfðað hefur verið mál, sbr. það sem segir hér að framan um dóm Héraðsdóms Suðurlands sem nýlega féll í einu slíku máli. Refsiákvæði náttúruverndarlaga eru í samræmi við refsiákvæði annarra laga um umhverfismál, þ.e. sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Einnig er að finna í almennum hegningarlögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 122/1999, sérstakt refsiákvæði en samkvæmt því skal sá sem veldur verulegu jarðraski þannig að landið breyti verulega um svip eða spillir merkum náttúruminjum sæta fangelsi allt að fjórum árum sé um meiri háttar brot gegn lagaákvæðum um verndun umhverfis að ræða. Refsiákvæði vegna brota á náttúruverndarlögum eru fullnægjandi og ekki stendur til að breyta þeim.

6. *Stendur til að endurskoða reglugerð nr. 619/1998, um akstur í óbyggðum, og þá á hvern hátt?*

Reglugerð um akstur í óbyggðum nr. 619/1998 byggist á eldri lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996. Núgildandi ákvæði er að finna í 17. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, og er það miklu víðtækara en það sem gildandi reglugerð byggist á. Stefnt er að því að setja nýja reglugerð fyrir næsta sumar og er unnið að gerð hennar á vegum Náttúruverndar ríkisins og ráðuneytisins sem stendur.

Rétt er að hafa í huga að hvað sem líður setningu reglugerðar um akstur í óbyggðum fara eftirlitsmenn á vegum Náttúruverndar ríkisins ekki með lögregluvald. Því er ljóst að ekki dugar að efla landvörsluna eina og sér heldur þarf ekki síður að efla löggæsluna.

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að ýmislegt sé hægt að gera, svo sem með meiri upplýsingastarfsemi. Það virðist gefa góða raun að upplýsa ferðamenn um af hverju verið sé að setja reglur um akstur utan vega sem er fyrst og fremst vegna þess að landið er viðkvæmt en vaxtartíminn á hálendinu er aðeins tveir mánuðir og gróðurþekjan á hálendi á erfitt uppdráttar eftir að öfl á borð við vinda og vatn fara að vinna á henni, enn fremur að útgefendur ýmiss konar korta, ferðabóka og leiðbeiningarbæklinga gefi málinu meiri gaum, en í mörgum nýlegum útgáfum er að finna merktar slóðir, jafnvel vegi, þar sem aldrei hefur verið ekið eða slóðir sem myndast hafa vegna tímabundinnar starfsemi, svo sem smölunar. Eins og áður

kemur fram er ætlunin að GPS-merkja alla vegi og slóða sem Vegagerðin sér um og mun það auðvelda ökumönnum að halda sig á réttum leiðum.

Nauðsynlegt er að efla samstarf við lögregluna og má í því tilviki nefna að í eina tíð starfaði svokölluð „fjallalögregla“ yfir sumarmánuðina. Þar var um að ræða lögreglumenn sem fóru um hálendið yfir háannatímann. Það er mat starfsmanna Náttúruverndar ríkisins að vitneskjan um að von sé á lögreglu inn á vinsæl útivistarsvæði á hálendinu hafi dregið verulega úr akstri utan vega, svo ekki sé talað um ölvunarakstur en slíkum akstri fylgir oft akstur utan vega. Einnig þarf að efla samstarf við áhugamannafélög um umhverfismál og útivist, fyrirtæki og stofnanir. Það verkefni nær fyrst og fremst til innlendra ökumanna. Á sama hátt þarf að efla samstarf við skipafélögin og bílaleigurnar. Að þessu vinnur Náttúruvernd ríkisins sem stendur.

502. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til girðingarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti og Ólaf R. Dýrmundsson landnýtingarráðunaut, Bændasamtökum Íslands. Var málið áður flutt á 126. löggjafarþingi, sbr. þskj. 1013, 636. mál, og studdist nefndin við umsagnir sem þá bárust vegna málsins frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Landgræðslu ríkisins, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Vegagerðinni, fjallskilanefnd Eyjafjarðarsveitar, Bændasamtökum Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landssambandi sumarhúsaeigenda, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings og Þjóðkirkjunni.

Með frumvarpinu eru gildandi girðingarlög, nr. 10/1965, endurskoðuð og er meginmarkmið þess að fjalla um girðingar og hverjir fara með forræði yfir þeim svo og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum. Helsta breyting frá gildandi lögum felst í því að fallið er frá þeirri reglu að hálfur girðingarkostnaður skiptist eftir helmingaskiptareglu en hinn helmingur eftir því hvert gagn hver um sig hafi af girðingunni. Að mati nefndarinnar er lengi hægt að deila um hvor aðili hafi meira gagn af girðingu þar sem mismunandi sjónarmið rekast á. Í þess stað er kveðið á um í frumvarpinu að meginreglan sé sú að skipting girðingarkostnaðar á landamerkjum verði til helminga en þó verði hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar. Sú regla að hægt verði að semja um aðra skiptingu kostnaðar nái aðilar um það samkomulagi er breyting frá frumvarpi því sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi. Telur nefndin það til mikilla bóta og skapa nauðsynlegan sveigjanleika þannig að hægt sé að taka tillit til mismunandi aðstæðna. Náist hins vegar ekki samkomulag kemur til kasta úrskurðaraðila skv. 7. gr. frumvarpsins.

Vekur nefndin athygli á að frumvarpinu er ætlað að vera rammalöggjöf þar sem fjallað verði með ítarlegri hætti um ýmis atriði í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Leggur nefndin áherslu á að fjallað verði á ítarlegan hátt um t.d. hlið og gerð, uppsetningu, viðhald og niðurtöku rafgirðinga. Þá vekur nefndin athygli á því að þrátt fyrir ákvæði þessa frumvarps halda gildi sínu sérákvæði um girðingar í öðrum lögum, t.d. vegalögum, nr. 45/1994, sem fjalla

m.a. um girðingar meðfram vegum, og lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, þar sem m.a. er kveðið á um girðingar sem liggja yfir fornar þjóðleiðir eða skipulagða göngu-, hjólreiða- eða reiðstíga og skyldu til að hafa hlið á slíkum girðingum eða göngustiga.

Í umfjöllun sinni um málið hefur nefndin tekið mið af athugasemdum sem fram koma í umsögnum um málið og leggur m.a. til nokkrar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim. Helstu breytingar sem nefndin leggur til eru í fyrsta lagi að í markmiðslýsingu 1. gr. falli brott setning þar sem segir að lögin fjalli um hvaða skilyrði girðing þurfi að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir búfé. Ljóst er að lögunum er í reynd ekki ætlað að fjalla um það atriði heldur er gert ráð fyrir að um það verði fjallað í reglugerð, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Með hliðsjón af því að frumvarpinu er ætlað að vera rammalöggjöf um girðingar leggur nefndin til að ákvæði 2. gr. verði einfaldað til muna og í stað þess að fjalla á ítarlegan hátt um hvernig einstakar tegundir girðinga skuli settar upp verði látið nægja að tilgreina þær tegundir girðinga sem falla undir lögin. Með því verði meira svigrúm til að kveða á um það í reglugerð hvernig einstakar tegundir girðinga skuli úr garði gerðar með hliðsjón af aðstæðum þar sem lýst yrði t.d. þeim lágmarks- og hámarkskröfum sem gera þarf til girðinga. Hér vill nefndin vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að í reglugerð verði fjallað um skurði og girðingar á skurðbakka en samkvæmt breytingartillögunni fellur brott útlistun á skurði með gaddavírsstrengjum sem tegund girðingar. Þar sem krafa um girðingu getur falið í sér nokkurn kostnað fyrir þann sem krafa beinist að leggur nefndin til að skýrt sé kveðið á um það í lögunum að rétturinn til að krefja gagnaðila um endurgreiðslu á hluta kostnaðar, þegar girt er samkvæmt úrskurði, sbr. lokamálslið 7. gr., sé bundinn því að ekki hafi verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlega. Þá leggur nefndin til að 2. málsl 1. mgr. 6. gr. verði orðaður á skýrari hátt heldur en gert er í frumvarpinu. Þar er ætlunin að hægt sé að semja um aðra skiptingu en 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. gerir ráð fyrir en einnig geti forráðamenn sveitarfélaga ákveðið einhliða að reisa girðingu milli afrétta og heimalanda og greiði þá sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Í 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðkomandi búnaðarsamband og sveitarfélag tilnefni hvort sinn úrskurðaraðilann ef aðilar verði ekki sáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu og aðra framkvæmd. Til að sjónarmið sem flestra komist að leggur nefndin til að auk framangreindra aðila skuli sýslumaður tilnefna einn úrskurðaraðila.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem tillaga er gerð um í sérstöku þingskjali.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Kristinn H. Gunnarsson, Jónína Bjartmarz og Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi, 5. des. 2001.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Karl V. Matthíasson.	Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.

503. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til girðingarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Markmið með þessum lögum er að fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Girðingar í lögum þessum, þegar ekki er annars getið, eru netgirðing, gaddavírsgirðing og rafgirðing. Einnig teljast til girðinga girðingar úr ýmsu efni, svo sem úr tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi og að auki aðrar girðingar sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „Neiti sá“ í 5. málsl. komi: Neiti sá eða þeir.
   b. Við lokamálsliðinn bætist: enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt.
4. Við 6. gr. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Þó er hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar nái aðilar um það samkomulagi. Ef forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar.
5. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna einn fagaðila til að skera úr um ágreining, sveitarfélag einn og sýslumaður einn.

504. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (EMS, MF, GE).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.1 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	53.740,0	250,0	53.990,0
b. 1.5.1.1 Tekjuskattur, lögaðilar	6.000,0	60,0	6.060,0
c. 5.1.1.1 Virðisaukaskattur	79.220,0	500,0	79.720,0
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við **01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins**			
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit	250,0	-250,0	0,0

3. Við **01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn**			
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn .	144,0	-144,0	0,0
4. Við **05-202 Hafrannsóknastofnunin**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	736,8	-700,0	36,8
b. Sértekjur	-178,2	-700,0	-878,2
5. Við **05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**			
a. 1.01 Almenn starfsemi	284,9	-30,0	254,9
b. Sértekjur	-174,3	-30,0	-204,3
6. Við **05-204 Fiskistofa**			
a. 1.01 Fiskistofa	438,8	-170,0	268,8
b. Sértekjur	-4,3	-170,0	-174,3
7. Við **05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins**			
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	545,0	900,0	1.445,0
8. Við **06-190 Ýmis verkefni**			
1.74 Efling löggæslu	0,0	100,0	100,0
9. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
1.90 Ýmis verkefni	24,8	200,0	224,8
10. Við **07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**			
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	156,7	25,0	181,7
11. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-190 Ýmis verkefni			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	300,0	300,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*300,0*	*300,0*
12. Við **09-250 Innheimtukostnaður**			
1.21 Hert skatteftirlit	0,0	100,0	100,0

13. Við 7. gr. Nýir liðir:
    7.13 Að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 500 m.kr.
    7.14 Að fresta yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta frá fyrra ári um 500 m.kr.
    7.15 Að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 420 m.kr.
    7.16 Að lækka sérfræðikostnað hjá A-hluta stofnunum um 500 m.kr.

505. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002 og brtt. á þskj. 476.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar (JB).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við **I Skatttekjur**			
a. 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur	1.240,0	600,0	1.840,0
b. 4.2.1.1 Eignarskattar, einstaklingar	4.410,7	500,0	4.910,7

Breytingar á sundurliðun 2:

2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-400 Sérstakt átak til að efla menntun á landsbyggðinni			
1.01 Sérstakt átak til að efla menntun á landsbyggðinni	0,0	100,0	100,0
3. Við **02-902 Þjóðminjasafn Íslands**			
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	193,1	40,0	233,1
4. Við bætist nýr fjárlagaliður			
02-917 Fornleifasjóður			
1.10 Fornleifasjóður	0,0	10,0	10,0
5. Við 15. tölul. á þskj. 476. Liðurinn orðist svo:			
Við **02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	385,0	-35,0	350,0
2. tölul. í sundurliðun orðist svo:			
2. Verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins			65,0
6. Við **03-190 Ýmis verkefni**			
1.19 Ráðstefnur	243,6	-230,0	13,6
7. Við **06-390 Ýmis löggæslukostnaður**			
1.10 Ýmis löggæslukostnaður	127,3	-50,0	77,3
8. Við **07-700 Málefni fatlaðra**			
6.01 Sérstakt átak í húsnæðismálum fatlaðra	0,0	150,0	150,0
9. Við 51. tölul. á þskj. 476. Liðurinn falli brott.			
10. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.85 Efling félagslegs forvarnastarfs, langtímaverkefni	0,0	100,0	100,0
11. Við 56. tölul. á þskj. 476. B-liður falli brott.			
12. Við **10-335 Siglingastofnun Íslands**			
6.70 Hafnamannvirki [Fjarðabyggð]	1.298,4	-64,6	1233,8
Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 17. tölul., breytist þannig:			
Fjarðabyggð			94,1

506. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við 7. gr. Nýr liður:

7.13 Að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr bráðum fjárhagsvanda sveitarfélaganna, m.a. vegna félagslega íbúðakerfisins. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina.

Greinargerð.

Mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búa nú við háar skuldir og mikla greiðsluerfiðleika, m.a. vegna skulda við félagslega íbúðarkerfið og aukins kostnaðar við einsetningu grunnskólans og yfirfærslu hans til sveitarfélaganna. Þar telja mörg þeirra mjög á sig hallað í samskiptum við ríkisvaldið. Hvor tveggja þessara málaflokka bíður úrlausnar á landsvísu.

Þessi mál og önnur er varða verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga eru óútkljáð en þau verður að leysa með nýju fjármagni til sveitarfélaganna. Óviðunandi er að einstök sveitarfélög séu knúin til að selja bestu eignir sínar og þjónustustofnanir til að leysa bráðan greiðsluvanda heldur ber að einhenda sér í að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna á landsvísu. Hér er lagt til að heimilt verði að ráðstafa allt að 1 milljarði kr. á fjárlögum sem fyrsta skref í að leysa þennan vanda án þess að taka af sveitarfélögum eignir í staðinn.

507. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands**			
a. 1.01 Yfirstjórn	6,9	8,0	14,9
b. 1.02 Setur í Reykjavík	188,2	23,3	211,5
c. 1.03 Setur á Akureyri	37,5	10,0	47,5
d. Sértekjur	-78,7	-41,3	-120,0

Greinargerð.

Lögð er til breyting á framsetningu fjárlagaramma Náttúrufræðistofnunar Íslands sem ekki hefur í för með sér breytingar á framlögum úr ríkissjóði. Breytingin felur í sér tilfærslur milli liða þannig að sértekjur seturs stofnunarinnar í Reykjavík hækka um 31,3 m.kr. og verða 102,8 m.kr. Á móti hækkar launaliður um 21,3 m.kr. og önnur gjöld um 10,0 m.kr.

Þá er lagt til að sértekjur seturs á Akureyri hækki um 10,0 m.kr. og verði 17,2 m.kr. Á móti hækkar launaliður Akureyrarseturs um 6,0 m.kr. og önnur gjöld um 4,0 m.kr.

Loks eru millifærðar 4,5 m.kr. af launalið Reykjavíkurseturs á launalið yfirstjórnar og 3,5 m.kr. af liðnum önnur gjöld Reykjavíkurseturs á liðinn önnur gjöld hjá yfirstjórn.

508. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breytin g m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-999 Ýmislegt**			
1.90 Ýmis framlög	22,4	1,0	23,4
Við sundurliðun óskiptra liða í A-hluta, 10, bætist nýr liður, svohljóðandi:			
13. Vestnorræna menningarhúsið, Hafnarfirði			1,0

509. Frumvarp til laga [358. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, og með samþykki félagsmálaráðherra, að semja við sveitarfélag um afskrift á hluta af skuldum þess við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda, enda séu fjármál viðkomandi sveitarfélags til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig sé um að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélagsins og ljóst að hagsmunum Íbúðalánasjóðs verði betur borgið með slíkum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa hluta af skuldum sveitarfélags við Íbúðalánasjóð. Í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, er ekki skýr heimild fyrir Íbúðalánasjóð til að taka þátt í samningum um niðurfellingu hluta af skuldum sveitarfélaga gegn ákveðinni greiðslu. Gagnstæð regla gildir almennt um lánastofnanir. Slíkir samningar mundu að jafnaði vera gerðir í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum viðkomandi sveitarfélags. Tenging afskrifta við greiðslu frá skuldara getur verið greiðsluhvetjandi. Með lögfestingu á slíkri heimild er því í raun verið að tryggja hagsmuni Íbúðalánasjóðs eins og kostur er við slíkar aðstæður.

Lagt er til að skilyrði afskriftar sé að beiðni hafi borist frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um niðurfellingu skulda. Samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og reglugerðar nr. 374/2001, hefur eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga það hlutverk að fylgjast með fjármálum sveitarfélaga. Nefndin skal árlega athuga reikningsskil sveitarfélaga. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að fjárhagsstaða sveitarfélags sé það slæm að það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi hjálpar er nefndinni heimilt að gera samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni er leitt gætu til lausnar á fjárhagsvanda þess. Því er gert ráð fyrir að fjármál viðkomandi sveitarfélags séu til meðferðar hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, hvort heldur er vegna þess að sveitarfélagið hafi tilkynnt um fjárþröng eða eftirlitsnefndin tekið mál sveitarfélagsins til meðferðar að eigin frumkvæði, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Enn fremur þarf afskriftin að vera liður í almennum aðgerðum kröfuhafa og eftirlitsnefndar til endurskipulagningar á fjármálum sveitarfélagsins og félagsmálaráðherra þarf að samþykkja slíkan samning.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur nú þegar beitt sér fyrir viðræðum tveggja sveitarfélaga við helstu lánardrottna þeirra um að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu sveitarfélaganna. Hafa þær viðræður skilað árangri og hefur eftirlitsnefndin m.a. gert það að tillögu sinni að hluti af skuldbindingum sveitarfélaganna við Íbúðalánasjóð verði felldur niður gegn því að vanskil og hluti af höfuðstól verði greiddur.

Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur fjallað um þessa tillögu eftirlitsnefndarinnar og fallist á að fella niður hluta af skuld þessara sveitarfélaga, enda sé heimild til þess fyrir hendi. Stjórnin telur sig þó ekki geta framkvæmd framkvæmt þessa lækkun þar sem ekki er að finna heimild í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, til að afskrifa skuldbindingar sveitarfélaga. Nauðsynlegt er því að aflað verði heimildar í lögunum til að unnt verði að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi sveitarfélaga á grundvelli þeirra tillagna sem fyrir liggja. Með slíkri niðurfellingu og skuldaskilum má líta svo á að hagsmunir Íbúðalánasjóðs séu betur tryggðir.

Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að fyrir hendi sé ótvíræð heimild í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, til að taka á þessu og sambærilegum tilvikum. Heimild þessi yrði þó einungis notuð í undantekningartilvikum.

Samkvæmt núgildandi 4. mgr. 47. gr. laganna (verðandi 5. mgr.) hefur félagsmálaráðherra heimild til að setja reglugerð um nánari skilyrði fyrir afskriftum skv. 47. gr. Gert er ráð fyrir að slík reglugerð verði sett um afskriftir á skuldum sveitarfélaga að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn Íbúðalánasjóðs verði heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og með samþykki félagsmálaráðherra, að semja við sveitarfélag um afskrift á hluta af skuldum þess við sjóðinn gegn greiðslu á eftirstöðvum vanskila og hluta skulda, enda séu fjármál viðkomandi sveitarfélags til meðferðar hjá eftir-

litsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir að heimild þessari verði ekki beitt nema um sé að ræða lið í samræmdum aðgerðum kröfuhafa í tengslum við heildarendurskipulagningu á fjármálum sveitarfélags og ljóst að hagsmunum Íbúðalánasjóðs verði betur borgið með slíkum samningi.

Erfitt er að meta nákvæmlega kostnaðaráhrif þessara breytinga en samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eru stjórn Íbúðalánasjóðs sett ströng skilyrði um það hvenær henni er heimilt að semja um afskrift á hluta skulda sveitarfélags. Ætla má hins vegar að áhrif þessara breytinga á afkomu Íbúðalánasjóðs séu óveruleg þegar til lengri tíma er litið enda er það eitt af skilyrðum sem frumvarpið setur að hagsmunum Íbúðalánasjóðs verði betur borgið með slíkum samningi.

510. Frumvarp til laga [359. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraða, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. c laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., er orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögunum sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki tryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var tryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 10. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, og frádráttarliða skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skulu við ákvörðun tekjugrundvallar tekjur skv. C-lið 7. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Einnig skulu tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning tekjutryggingar skv. 17. gr.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna skv. þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að bætur hafa verið vangreiddar skal bótaþega greitt það sem upp á vantar. Hafi tekjutengdar bætur verið ofgreiddar skal um innheimtu fara skv. 50. gr. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. og tekjur síðastliðins árs og þess sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott; á eftir orðinu „ellilífeyrir“ kemur: skal vera; og á eftir skammstöfuninni „kr.“ í sama málslið kemur: á ári og.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3 mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott; á eftir skammstöfuninni „kr.“ kemur: á ári; og í stað orðanna „4. mgr.“ í sama málslið kemur: 5. mgr.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
d. 6. mgr. fellur brott.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi á aldrinum 18–62 ára örorkustyrk að upphæð 13.818 kr. á mánuði ef örorka hans er metin a.m.k. 50% og hann uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. Slíkan styrk skal enn fremur veita þeim sem uppfyllir skilyrði 1. málsl. þessarar málsgreinar og stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan

aukakostnað. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal einstaklingi sem náð hefur 62 ára aldri, uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. og er metinn a.m.k. 50% öryrki örorkustyrk sem skal svara til fulls örorkulífeyris skv. 12. gr., þ.e. grunnlífeyris án bóta tengdra honum. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal viðbót við örorkustyrk til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri, sbr. 14. gr., fyrir hvert barn á framfæri.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
b. Á eftir orðinu „ellilífeyrisþega“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
c. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. og „sameiginlega tekjur“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
d. Á eftir orðunum „Ef tekjur“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
e. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. og 1. málsl. 6. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
f. Á eftir orðunum „miðast tekjur“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
g. Orðin „sbr. 11. mgr.“ í 8. og 9. mgr. falla brott.
h. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 10. mgr.
i. 11. mgr. fellur brott.
j. Í stað orðanna „lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum“ í 12. mgr. kemur: lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
k. Við 13. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framkvæmd bótaútreiknings samkvæmt þessari grein fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
l. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.
m. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Tekjutrygging og tekjutryggingarauki.*

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.
b. Á eftir e-lið 1. mgr. bætast við tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   f. Atvinnurekendur í landbúnaði sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn á aldrinum 13 til og með 17 ára.
   g. Atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en um getur í f-lið.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. 5. mgr. orðast svo:

   Maki atvinnurekanda og börn hans á aldrinum 13 til og með 17 ára, sbr. g-lið 1. mgr., teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein nema þau starfi við atvinnureksturinn og þiggi laun fyrir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.

12. gr.

4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af tekjum bótaþega, sbr. 10. gr., við þá atvinnu sem hann stundaði er slysið varð.

13. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjöldum skv. 3. mgr. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag sem standa skal undir kostnaði af bótum vegna þeirra sem um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár.

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skulu vera 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni. Iðgjöld þessi skulu ásamt dagpeningum skv. 6. mgr. 63. gr. standa undir greiðslu launa og/eða aflahlutar skv. 2. mgr. 63. gr. og rekstrarkostnaði slysatrygginga vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar við tryggingu þessa. Iðgjöld þeirra sem heimilisstörf stunda skv. 25. gr. skulu ákveðin þannig að þau standi undir kostnaði við trygginguna og rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna framkvæmdarinnar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Að veita styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á i-lið 1. mgr. 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. orðast svo: Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður hámarksgjald samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.
b. Við bætist nýr málsliður, 6. málsl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

16. gr.

Í stað 5. mgr. 43. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum í 1. málsl. þessarar málsgreinar ef sérstaklega stendur á og skal við mat á framlengingu á greiðslu lífeyris og bótum honum tengdum höfð hliðsjón af tekjum skv. 10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða, sem ekki er á föstum fjárlögum, vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði vistmanns á dvalarheimili aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr.

Sjúkrahús og stofnanir, skv. 5. og 6. mgr., skulu senda Tryggingastofnun mánaðarlega upplýsingar um vistun.

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 18.424 kr. á mánuði. Tekjur umfram 3.952 kr. á mánuði skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur sem nema 387.563 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 10. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. málsl. þessarar málsgreinar, umfram tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. málsl.

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en 1.468 kr. á dag þann tíma.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

17. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Sækja skal um allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og greiðslur skv. 59. gr. Þó þarf ekki að sækja um bætur skv. 34. gr. og fyrir almenna læknishjálp, sérfræðilæknishjálp og lyf skv. 36. gr. Umsóknir um bætur skulu vera á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins

eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum á grundvelli laganna og starfsreglum stofnunarinnar. Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboða hennar er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

18. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar og eru sjúkratryggðir hér á landi.

19. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum.

Ef tekjutengdar bætur samkvæmt lögum þessum eru ofgreiddar af Tryggingastofnun eða umboðum hennar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærri en lagt var til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna, sbr. 47. gr.

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað.

Þegar bætur eru vangreiddar skal greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og skulu þeir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt, sbr. þó 48. gr. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 7. gr., leiðir til þess að einstaklingur á rétt á bótum en hafði fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 48. gr.

Þegar greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega skal hann greiða dráttarvexti á þá bótafjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

20. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skulu eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Halda skal skrá yfir gjaldskylda aðila og skal eftir atvikum leita staðfestingar á iðgjaldi útgerðaraðila þegar greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

21. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatryggingar sjómanna skv. 31. gr. skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

22. gr.

58. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja áhættu vegna bótaskyldra slysa, sbr. III. kafla laga þessara og 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fullra launa og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald skv. 31. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu, sbr. 1. mgr., fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi Tryggingastofnunar.

Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunar þann tíma sem greiðslur launa og aflahlutar eiga sér stað.

II. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt efnisheiti og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

a. (13. gr.)

Kostnaður við dagvist aldraðra.

Þeir sem njóta þjónustu dagvistar samkvæmt lögum um málefni aldraðra skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings sam-

kvæmt lögum um almannatryggingar. Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, umfram greiðslur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

b. (14. gr.)

Ef greiðsla samkvæmt lögum þessum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skulu þær ákveðnar skv. 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Einnig skal beita 47. og 50. gr. laga um almannatryggingar vegna upplýsinga um tekjur, þagmælsku starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins og endurheimtu á ofgreiddum bótum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

25. gr.

Á eftir 1. tölul. 2. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: *Vistmaður:* Sá sem dvelur á stofnun skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. og sá sem dvelur lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði á stofnun skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. eða í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum.

26. gr.

Á undan 19. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Dagvist.*

27. gr.

Á undan 20. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Önnur þjónusta en heimaþjónusta.*

28. gr.

Í stað 21.–23. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt efnisheitum, svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Daggjaldastofnanir.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum sem ekki eru á föstum fjárlögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Hafi vistmaður engar tekjur, sbr. 26. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins greiða dvalarheimilinu vistunarframlag skv. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, til greiðslu dvalarkostnaðar hans á stofnuninni. Vistunarframlagið skal nema fjárhæð lífeyris vistmanns og bótum tengdum honum og því sem á vantar dvalarkostnað eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar, sbr. þó 22. gr.

Lífeyrir frá lífeyristryggingum almannatrygginga og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur á stofnun, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr., sem ekki er á föstum fjárlögum, fellur niður, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Um þátttöku í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða skv. 1. mgr. er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

b. (22. gr.)

Þátttaka vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar og framkvæmd tekjuútreiknings.

Vistmaður, sem hefur tekjur, sbr. 26. gr., umfram 34.659 kr. á mánuði, að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu, skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnun fyrir aldraða. Þó skal greiðsluþátttaka hans aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur daggjöldum á stofnun eins og þau eru ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar og 3. mgr. 23. gr. laga þessara.

Eftirfarandi gildir um greiðslu vistmanns á dvalarkostnaði á dvalarheimili og hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými öldrunarstofnunar sem ekki er á föstum fjárlögum og hjúkrunarrými sem er á föstum fjárlögum þegar vistmaður greiðir dvalarkostnað með tekjum sínum að hluta eða öllu leyti:

1. Nú hefur vistmaður tekjur, sbr. 26. gr., sem að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu, eru hærri en 34.659 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður.
2. Ef tekjur vistmanns á dvalarheimili skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. ná ekki 34.659 kr. á mánuði greiðir Tryggingastofnun ríkisins dvalarkostnað hans með vistunarframlagi, sbr. 1. mgr. 21. gr.
3. Nú á vistmaður maka og skulu þá tekjur vistmanns, sbr. 26. gr., skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 34.659 kr. á mánuði skal hann standa straum af dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., með þeim tekjum sem umfram eru.

c. (23. gr.)

Innheimta dvalarkostnaðar.

Daggjaldastofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 22. gr. Stofnun skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

Stofnun sem er á föstum fjárlögum skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði, sbr. 3. mgr., nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal ákveða hámark greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði á stofnun sem er á föstum fjárlögum. Við ákvörðun skal höfð hliðsjón af ákvörðun daggjalda eins og þau eru ákveðin skv. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

d. (24. gr.)

Vasapeningar.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á stofnun fyrir aldraða vasapeninga skv. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

29. gr.

24. gr. laganna verður 25. gr.

30. gr.

Á eftir 24. gr. laganna (er verður 25. gr.) kemur ný grein, 26. gr., og orðast svo ásamt efnisheiti:

Skilgreining á tekjum o.fl.

Til tekna teljast samkvæmt þessum kafla tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu þó tekjur skv. C-lið 7. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum greiðsluársins. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda og vistmanni. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæðir á grundvelli tekna skv. 1. og 2. mgr. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem áætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið vangreitt skal stofnun greitt það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal um endurheimtu á ofgreiðslum fara skv. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skal Tryggingastofnun áætla tekjur vistmanns á grundvelli upplýsinga frá skattyfirvöldum og vistmanni og skulu tekjur síðastliðið ár og það sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

31. gr.

Við VI. kafla laganna bætist ný grein sem verður 27. gr. og breytist töluröð annarra greina kaflans samkvæmt því:

Starfsmenn stofnana skv. 1. tölul. 14. gr. skulu gæta þagmælsku um heilsufar, ástand og aðrar persónulegar upplýsingar vistmanna. Þagnarskyldan helst þótt vistmaður andist og þótt starfsmaður láti af störfum. Um þagmælsku starfsmanna á stofnunum skv. 2. tölul. 14. gr. fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað 2. mgr. 20. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til heilsugæslustöðvar fyrir þjónustu á heilsugæslustöð í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Einnig skal sjúkratryggður greiða gjald vegna krabbameinsleitar samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ekki er heimilt að taka gjald vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum. Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu á heilsugæslustöð samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur við það ríki sem þeir koma frá vegna þjónustu á heilsugæslustöð.

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða heilsugæslulækni gjald fyrir vitjun samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjald þetta skal vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi skal óhjákvæmilegur ferðakostnaður læknis innifalinn.

Heimilt er að setja reglugerð um hámark greiðslna sjúkratryggðs einstaklings.

33. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til göngudeilda, slysadeilda og bráðamóttöku sjúkrahúsa fyrir nauðsynlegar rannsóknir, meðferð og aðgerðir hjá sérfræðingum án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Gjald vegna sérfræðiþjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

V. KAFLI
Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 2. málsl. 17. gr. laganna bætist: og lögum um heilbrigðisþjónustu.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr., 1.–3. málsl. og 7. og 8. málsl. 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 12. gr., 1.–3. mgr. 19. gr., 24. gr., b–d-liður (22.–24. gr.) 28. gr. og 30. gr. er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2003 á tekjur ársins 2002.

4.–6. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4.–6. málsl. 5. mgr. og 6. mgr. 30. gr. koma til framkvæmda 1. september 2003.

A-liður 10. gr., 16. gr., 4. og 5. mgr. 19. gr. og a-liður (21. gr.) 28. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2003.

Bótafjárhæðir og tekjumörk í krónutölum, sem tilgreind eru í þeim greinum sem 2.–4. mgr. taka til, breytast í samræmi við breytingar á fjárhæðum bóta eða tekjumarka sem verða fram að gildistöku greinanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér breytingar á ákvæðum fimm lagabálka, þ.e. lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum. Megintilgangur frumvarpsins er að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis varðandi skilgreiningu á tekjuhugtaki laga um almannatryggingar og laga um málefni aldraðra vegna greiðsluhlutdeildar vistmanna í vistunarkostnaði en hann beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að fram færi endurskoðun á þessum lögum og reglugerðum með stoð í þeim. Einnig er með frumvarpinu verið að taka tillit til athugasemda í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta. Loks eru ákvæði frumvarpsins færð til samræmis við kröfur sem gerðar eru í 15. gr. laga nr. 97/1995 um breytingu á stjórnskipunarlögum, nr. 33/1944.

Helstu breytingar með frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Tekjuhugtakið er skilgreint nánar til samræmis við skattalög.
- Gert er ráð fyrir að tekjugrundvöllur bótaútreiknings sé endurskoðaður með vélrænni samkeyrslu og lokauppgjör fari fram einu sinni á ári.
- Lögð er skylda á Tryggingastofnun ríkisins að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.
- Heimild fyrir Tryggingastofnun til að afla upplýsinga um tekjur er sett í lög.
- Gert er ráð fyrir að lögð sé inn umsókn um bætur með fáeinum undantekningum.
- Ákvæði um þagmælsku starfsfólks Tryggingastofnunar og umboða hennar er sett í lög.
- Sérregla er sett í lög um að ofgreiddar tekjutengdar bætur dragist eingöngu frá tekjutengdum bótum sem einstaklingur öðlast síðar rétt til.
- Ekki er heimilt að draga meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum frá almannatryggingabótum Tryggingastofnunar til bótaþega.
- Tryggingastofnun skal greiða vexti vegna vangreiddra bóta.
- Bótaþegi skal ekki greiða dráttarvexti á ofgreidda bótafjárhæð nema hún stafi af sviksamlegu atferli hans.
- Ákvæði reglugerðar um örorkustyrk eru tekin inn í lögin.
- Kveðið er skýrt á um hverjir eigi rétt á tekjutryggingu.
- Fellt er út ákvæði um varasjóð í lífeyris- og slysatryggingum.
- Iðgjaldaákvæði í slysatryggingum eru færð til núverandi framkvæmdar og samræmd öðrum lögum.
- Lífeyrir og bætur honum tengdar falla ekki niður fyrr en eftir sex mánaða dvöl undanfarandi tólf mánuði í stað fjögurra mánaða undanfarandi 24 mánuði.
- Vistunarframlag sem rennur til stofnunar (elliheimilisuppbót/dvalarheimilisuppbót) er greitt stofnun í stað vistmanns og felst í því skattalegt hagræði fyrir vistmann og einföldun á framkvæmd hjá Tryggingastofnun.
- Ýmis ákvæði reglugerða og gjaldskráa um tekjur og gjöld eru tekin inn í lögin.
- Ákvæði slysatrygginga um vinnu barna eru færð til samræmis við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð um vinnu barna og unglinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Löng hefð er fyrir því að tryggja íslenska námsmenn í almannatryggingakerfinu hér á landi á meðan þeir eru í viðurkenndu námi erlendis. Þetta hefur þó ekki gilt ef námsmaður hefur flutt lögheimili sitt til þess lands sem hann stundar nám í, t.d. á Norðurlöndunum. Nú hafa lagabreytingar annars staðar á Norðurlöndum leitt til þess að í sumum tilvikum eru íslenskir námsmenn ekki tryggðir í því landi þar sem nám er stundað þrátt fyrir að þeir hafi flutt lögheimilið þangað. Mikilvægt er að bregðast við þessari þróun á öðrum Norðurlöndum og tryggja íslenska námsmenn í almannatryggingakerfinu hér á landi ef þörf er á.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er tekjuhugtak lífeyristrygginga skilgreint sérstaklega.

10. gr. núgildandi laga um almannatryggingar og reglugerðir byggðar á II. kafla laganna eru óskýrar að því er varðar tekjuhugtakið og hefur það valdið erfiðleikum við framkvæmd. Hér er því lagt til að tekjuhugtakið verði samræmt í öllum bótaflokkum lífeyristrygginga. Sama hugtak og er í núgildandi 10. gr. laganna er notað í frumvarpinu en orðalag gert nákvæmara og kveðið á um sérreglur einstakra bótaflokka. Frumvarpið var unnið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins og var álit þessara aðila að rétt væri að nota áfram tekjuhugtak skattalaga. Notkun tekjuhugtaks skattalaga er talið auðveldast í framkvæmd og þekkja viðskiptavinir Tryggingastofnunar það hugtak af áratugalangri reynslu í almannatryggingalögum og skattalögum. Skýr ákvæði í lögum auðvelda viðskiptavinum Tryggingastofnunar að gera sér grein fyrir hvaða tekjur geta skert bætur frá stofnuninni. Einnig er einfaldast að afla upplýsinga um tekjur viðskiptavina Tryggingastofnunar hjá skattyfirvöldum.

Með tekjum í skilningi skattalaga er átt við allar skattskyldar tekjur með þeim undantekningum og takmörkunum sem í skattalögum greinir. Tekjur sem hér falla undir eru m.a. tekjur sem manni hlotnast fyrir hvers konar vinnu, réttindagreiðslur, styrkir, hugverkagreiðslur og hvers konar verðlaun, enn fremur tekjur af atvinnustarfsemi eða sjálfstæðu starfi og tekjur sem eiga uppruna sinn í eignum, þ.e. fjármagnstekjur, og sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna. Með fjármagnstekjum er m.a. átt við leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þ.m.t. skip og loftför. Einnig teljast til fjármagnstekna leiga af fasteignum og fasteignaréttindum, vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, arður af hlutabréfum og hagnaður af sölu eigna.

Fram að þessu hafa laun frá alþjóðastofnunum og staðaruppbót vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis ekki verið tekin með við útreikning bóta, en í frumvarpinu er lagt til að það verði gert. Er talið eðlilegt að þessar tekjur hafi áhrif á bætur eins og aðrar tekjur og er það til samræmis við ákvæði skattalaga við útreikning vaxtabóta og barnabóta. Því er lögð til sú breyting á frádrætti skv. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. er ekki talinn upp í greininni, þ.e. frádráttur á móti þessum launum verður því ekki heimill.

Tekið er sérstaklega fram í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins að frádráttur skv. 31. gr. skattalaga, þ.e. frádráttur frá tekjum í atvinnurekstri, sé heimill. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða þar sem núgildandi ákvæði hefur verið framkvæmt á þennan hátt. Talið er skýrara að hafa tilvísun í 31. gr. í texta ákvæðisins.

Ákvæði 3. málsl. 2. mgr. 11. gr., 3. málsl. 5. mgr. 12. gr. og 11. mgr. 17. gr. núgildandi laga um almannatryggingar eru í frumvarpinu flutt í 10. gr. laganna, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, til þess að öll ákvæði í II. kafla laganna um hvaða tekjur eru lagðar til

grundvallar við útreikning tekjutengdra bóta séu á einum stað. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegum breytingum á því hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar að undanskildu því sem greinir í næstu málsgrein hér á undan um laun frá alþjóðastofnunum og staðaruppbót. Samkvæmt núgildandi framkvæmd er tekið tillit til allra fjármagnstekna og eru þær metnar 50% við útreikning bóta. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegri breytingu varðandi fjármagnstekjur en ákvæði reglugerðar um tekjutryggingu er tekið inn í 10. gr. laganna.

Þegar sótt er um tekjutengdar bætur hjá Tryggingastofnun er lögð inn umsókn og yfirlýsing um tekjur. Þegar úrskurður um bætur liggur fyrir fær umsækjandi tilkynningu frá lífeyristryggingasviði Tryggingastofnunar og afrit af tekjuyfirlýsingu sinni. Þar kemur fram að bætur hafi verið ákvarðaðar á grundvelli tekjuyfirlýsingar og er fjárhæð bótanna tilgreind. Ekki kemur fram hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sem að hve miklu leyti tekjur síðasta skattframtals hafi verið lagðar til grundvallar við útreikning bóta. Umsækjanda er gerð grein fyrir þessum tekjum við gerð tekjuyfirlýsingar og með hvaða hætti þær skerða væntanlegar bætur. Umsækjandi þarf oft á aðstoð annarra að halda til að meta framtíðartekjur, ekki síst eignatekjur, og kann að eiga erfitt um vik að koma athugasemdum að ef sundurliðaðar upplýsingar liggja ekki fyrir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar kemur fram að tekjuyfirlýsingar leiði oft til of- eða vangreiðslna tekjutengdra bóta. Ef bótagreiðslur eru endurákvarðaðar vegna mismunar, sem upp kemur á milli tekna samkvæmt tekjuyfirlýsingar og skattframtals, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, geta afleidd áhrif verið umtalsverð. Tekjur hafa t.d. áhrif á rétt bótaþega til barnabóta og vaxtabóta. Enn fremur geta bótagreiðslur haft veruleg áhrif á skattgreiðslur með tilliti til nýtingar á persónuafslætti. Endurákvörðun getur einnig haft áhrif á ýmiss konar endurgreiðslur úr sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar. Hafi bótaþegi fengið greidda einhverja tekjutryggingu á hann í vissum tilvikum rétt á þátttöku Tryggingastofnunar í ýmiss konar sjúkrakostnaði. Því er hugsanlegt að ekki bæri einungis að endurkrefja bótaþega vegna ofgreiddra bóta heldur einnig vegna kostnaðarþátttöku sem hann átti ekki rétt til. Þannig liggur fyrir að endurákvörðun bóta samkvæmt núgildandi lögum veldur ekki aðeins vandkvæðum hjá bótaþega og ýmsum deildum Tryggingastofnunar heldur einnig í skattkerfinu því endurákvörðun bóta leiðir oftast til endurákvörðunar opinberra gjalda hjá skattyfirvöldum. Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er verið að koma til móts við athugasemdir Ríkisendurskoðunar í skýrslu um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar og koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar tekjuyfirlýsinga. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skuli leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Gert er ráð fyrir að fram fari lokauppgjör í kjölfar álagningar skattyfirvalda á opinberum gjöldum, en þá ættu að liggja fyrir endanlegar upplýsingar um tekjur bótaþega. Þetta lokauppgjör yrði framkvæmt með vélrænni samkeyrslu fyrirliggjandi upplýsinga um tekjur. Í frumvarpinu er lögð skylda á Tryggingastofnun að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um endurheimtu á ofgreiddum bótum fer skv. 50. gr. laganna, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar er talið að stofnunin þurfi aðgang að upplýsingum frá skattyfirvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum til að geta greitt bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fái aðgang að upplýsingum frá þessum aðilum. Þörfin á tekjuyfirlýsingum af því tagi sem nú eru notaðar hjá Tryggingastofnun verður minni ef frumvarpið verður að lögum og neikvæð áhrif þeirra því hverfandi.

Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir sérákvæði um þá sem sækja um tekjutengdar bætur í fyrsta skipti hjá Tryggingastofnun. Þar er gert ráð fyrir skýrum reglum um hvernig skuli áætla tekjur umsækjanda og bótaþega.

Í 6. mgr. er vísað til ákvæða 47. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins, að því er varðar upplýsingaskyldu og þagmælsku starfsfólks Tryggingastofnunar.

Um 3. og 4. gr.

Orðalag í 11. og 12. gr. laganna er lagfært til samræmis við breytingar á 10. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í d-lið 4. gr. frumvarpsins er 6. mgr. 12. gr. laganna felld brott og er hún flutt í 49. gr. laganna, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um útgáfu Tryggingastofnunar ríkisins á skírteinum í grein sem fjallar um almenna framkvæmd Tryggingastofnunar og var þessu breytt samkvæmt ábendingum stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu eru reglur nr. 341/1992, sbr. 363/1994, um úthlutun örorkustyrkja felld inn í lögin og tekið tillit til framkvæmdar Tryggingastofnunar ríkisins á þessum reglum. Er þetta gert til að gera lagaákvæði um örorkustyrk skýrari en óveruleg efnisleg breyting er fólgin í umorðun ákvæðisins vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

Um 6. gr.

Orðalag 17. gr. laganna er lagfært til samræmis við breytingar á 10. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Þá er nýrri málsgrein bætt við 17. gr. laganna sem verður 1. mgr. þar sem segir að tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku-, endurhæfingar- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Núgildandi 17. gr. hefur verið framkvæmd á þennan hátt þrátt fyrir að ekki sé greint frá því hverjir eigi rétt á tekjutryggingu.

Í 13. mgr. 17. gr. laganna er bætt við nýjum málslið um að framkvæmd á útreikningi tekjutryggingar fari skv. 5.–7. mgr. 10. gr., sbr. 4.–6. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þykir rétt að samræmis sé gætt við framkvæmd útreiknings á tekjutengdum bótum.

Um 7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 18. gr. laganna falli brott. Í núgildandi lögum er sérregla um hvernig skuli rökstyðja umsókn um hækkun tekjutryggingar. Ekki er talin þörf á slíkri sérreglu þar sem gert er ráð fyrir að í 47. gr. laganna verði almenn regla um allar tekjutengdar bætur, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir sérstakri reglugerðarheimild um nánari framkvæmd 17. gr. í 6. gr. frumvarpsins en reglugerðarheimild í 18. gr. laganna er felld brott. Er gert ráð fyrir að reglugerðarheimild í 10. og 17. gr. og almenna reglugerðarheimildin í 66. gr. laganna nái yfir þau tilvik sem 2. mgr. 18. gr. núgildandi laga tekur til.

Um 8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna er felldur brott þar sem hann fjallar um tillag til varasjóðs í lífeyristryggingum en slíkur varasjóður er ekki lengur til staðar.

Um 9. gr.

Í núgildandi lögum um almannatryggingar er engin skilgreining á hugtakinu slys. Tryggingastofnun ríkisins hefur um áratuga skeið stuðst við þá skilgreiningu sem hér er lagt til að verði sett í lögin. Er hún í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er í vátryggingarrétti og í dönskum lögum um slysatryggingar.

Um 10. gr.

Í a-lið er ákvæði b-liðar 1. mgr. 24. gr. laganna breytt til samræmis við núgildandi lög um iðnnám. Enn fremur er hér bætt við háskólanemum og nemum í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi. Hér er einkum átt við háskólanemendur í læknadeild, tannlæknadeild, lyfjafræðideild, hjúkrunarfræðideild, heilbrigðisdeild, raunvísindadeild og meinatæknanámi. Með nemendum í starfsnámi er einkum átt við sjúkraliða. Brýnt er að þessi hópur nemenda sé slysatryggður, en í tengslum við sitt nám vinna þeir með sjúklinga og ýmis hættuleg efni.

Í b-lið er gert ráð fyrir að atvinnurekendur í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn 13 til og með 17 ára séu slysatryggð. Þá er gert ráð fyrir að atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði séu ávallt slysatryggðir. Skv. 25. gr. í núgildandi lögum eru þessum aðilum tryggðar slysabætur nema þeir taki fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað. Þessir aðilar eru ætíð taldir slysatryggðir samkvæmt núverandi framkvæmd og ekki er gert ráð fyrir því lengur í skattframtali að þeir geti verið undanskildir slysatryggingu. Er verið að færa lögin til samræmis við þá framkvæmd sem í gildi er, enda er hún ótvírætt þessum aðilum í hag. Enn fremur hefur Tryggingastofnun beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að ákvæðinu verði breytt á þennan hátt.

Í c-lið er 4. mgr. 24. gr. laganna felld brott þar sem fólk í lausavinnu er ekki undanþegið slysatryggingu samkvæmt núverandi framkvæmd. Tryggingastofnun hefur greint frá því að fólk í lausavinnu sé slysatryggt eins og aðrir starfsmenn og hefur beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að beita sér fyrir því að ákvæðið verði fellt brott.

Í d-lið er 5. mgr. breytt á þann veg að börn á aldrinum 13 til og með 17 ára teljast einungis launþegar ef þau starfa við atvinnurekstur foreldra annan en landbúnað ef þau þiggja laun fyrir. Teljast þau slysatryggð í þeim tilvikum og er verið að færa lögin til samræmis við þá framkvæmd sem í gildi hefur verið. Hér þótti einnig rétt að færa lög um almannatryggingar til samræmis við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga.

Um 11. gr.

Til samræmis við breytingu á 24. gr. laganna eru breytingar lagðar til á 25. gr. og er vísað til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins til skýringar.

Um 12. gr.

Til samræmis við breytingu á 10. og 24. gr. laganna eru breytingar lagðar til á 28. gr. og er vísað til athugasemda við 2. og 10. gr. frumvarpsins til skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. er til samræmis við breytingu á 24. og 25. gr. laganna og er vísað til athugasemda við 10. og 11. gr. frumvarpsins. Iðgjöld af lausavinnu eru ekki innheimt sam-

kvæmt núverandi framkvæmd, enda eru slysatryggingar bornar uppi af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

Fellt er brott ákvæði um tillag til varasjóðs þar sem slysatryggingar eru bornar uppi af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjaldi vegna þeirra sem heimilisstörf stunda, sbr. 25. gr. Slíkur varasjóður hefur ekki þýðingu lengur.

Enn fremur er felld brott heimild til setningar reglugerðar um iðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum. Samkvæmt núverandi framkvæmd er slíkt iðgjald ekki innheimt. Greitt er tryggingagjald vegna sjómennsku á trillubátum en ekki hefur verið ljóst hvað átt væri við með meiri háttar heimilisaflvélum. Þó er ljóst að iðgjald hefur ekki verið innheimt og að ákvæðið hefur enga þýðingu í dag.

Ákvæði um iðgjald vegna útgerðar fiskiskipa vegna slysatryggingar sjómanna og vegna þeirra sem heimilisstörf stunda er gert skýrara en er efnislega óbreytt.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að ákvæði í reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, verði felld inn í lögin. Er þetta gert til að gera ákvæði um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar við slíka meðferð skýrari en ekki er um efnislega breytingu að ræða. Einnig er reglugerðarheimild bætt í ákvæðið.

Um 15. gr.

Í frumvarpinu er verið að gera ákvæði um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna óhjákvæmilegs flutningskostnaðar sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands skýrari og aðgengilegri en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Er breyting þessi gerð vegna ábendinga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að bætur elli- eða örorkulífeyrisþega falli niður ef hann dvelst á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði. Ef ljóst er að aldraður einstaklingur vistast til frambúðar á stofnun er gert ráð fyrir að bæturnar falli niður frá fyrsta degi næsta mánaðar frá því að dvöl hófst. Samkvæmt núgildandi 43. gr. laganna er gert ráð fyrir að bæturnar falli niður ef vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði undanfarandi 24 mánuði. Regla þessi hefur verið lengi í lögum um almannatryggingar en hefur sætt gagnrýni, m.a. hefur verið bent á að hvíldarinnlagnir geta varað í allt að nokkrar vikur í einu og þykir ósanngjarnt að lífeyrisþegi missi bætur vegna þess. Þá má nefna að samkvæmt lögum um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að aldraðir geti verið sem lengst í heimahúsi og þar sem ýmis fastur kostnaður fylgir því að halda úti heimili er talið eðlilegt að lengja tímabilið í sex mánuði undanfarna 12 mánuði. Er um talsverða rýmkun að ræða til hagsbóta fyrir lífeyrisþega.

Með frumvarpinu er verið að gera ákvæði 43. gr. laganna skýrari að því er varðar uppbót á lífeyri (elliheimilisuppbót/dvalarheimilisuppbót) sem í frumvarpinu nefnist vistunarframlag er greiðist beint til stofnunar. Einnig er vísað til laga um málefni aldraðra þar sem nánar er kveðið á um greiðslu dvalarkostnaðar á dvalarheimilum og í hjúkrunarrýmum stofnunar. Þar sem í núgildandi 43. gr. er engin tilvísun til laga um málefni aldraðra hefur skapast óvissa í framkvæmd. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá núgildandi lögum að öðru leyti.

Ákvæði reglugerðar nr. 213/1991, sbr. breytingareglugerðir nr. 321/1991, 204/1999 og 110/2000, um greiðslu vasapeninga til sjúkratryggðra eru felld inn í ákvæði 43. gr. laganna.

Einnig er vísað til tekjuskilgreiningar í 10. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, til að gæta samræmis og hafa framkvæmdina skýrari.

Í 5. mgr. er engin efnisleg breyting en sett er fjárhæð í stað þess að miða dagpeninga utan stofnana við tvöfalda sjúkradagpeninga.

Í 6. mgr. er heimild til að setja reglugerð á grundvelli ákvæðisins en slíka heimild er ekki að finna í núgildandi 43. gr. laganna.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um að sækja þurfi um allar bætur og greiðslu meðlags skv. 59. gr. laganna til Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig er ákvæði um að ekki sé krafist umsókna um sjúkrabætur að undanskildum sjúkradagpeningum fært framar í greinina. Þá er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun geti tekið við umsóknum með rafrænum hætti.

Í 2. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu umorðað en einnig er gerð sú krafa að maki skuli veita sömu upplýsingar ef þær geta haft áhrif á fjárhæð bóta og er það nýmæli. Kveðið er skýrt á um að Tryggingastofnun sé heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í Vinnumálastofnun með rafrænum hætti eða á annan hátt. Sama gildir um upplýsingar um tekjur maka ef þær hafa áhrif á fjárhæð bóta. Hér er einnig um nýmæli að ræða og er með frumvarpinu verið að koma til móts við athugasemdir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins. Í skýrslunni er gagnrýnt að upplýsingaflæði milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóðanna sé ekki nægilega gott. Bætur séu iðulega of- eða vangreiddar þar sem mikið ósamræmi sé í lífeyrissjóðsgreiðslum samkvæmt skattframtölum og þeim lífeyrissjóðsgreiðslum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á viðmiðunartekjum einstaklinga við gerð tekjuyfirlýsinga. Enn fremur telur Ríkisendurskoðun æskilegt að stofnunin hafi aðgang að atvinnuleysisbótakerfinu en í nokkrum tilvikum megi rekja ofgreiðslu bóta til vantalinna atvinnuleysisbóta. Með þessu ætti einnig að vera auðveldara að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að upplýsingum um tekjur en þeir starfsmenn Tryggingastofnunar sem starfs síns vegna þurfa á þeim að halda.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að umsækjendur og bótaþegar tilkynni Tryggingastofnun um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr., sbr. 19. gr. frumvarpsins. Hér er einnig um nýmæli að ræða sem rekja má til athugasemda Ríkisendurskoðunar í skýrslu um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins. Í skýrslunni er bent á að mikill misbrestur sé á að lífeyrisþegar tilkynni stofnuninni hvenær lífeyrissjóðsgreiðslur muni hefjast og leiði þetta oft til of- eða vangreiðslna bóta.

Einnig er nýmæli að kveða á um að ef umsækjandi, bótaþegi eða maki telur upplýsingar frá skattyfirvöldum, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði í Vinnumálastofnun, og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við ekki réttar geti hann lagt fram gögn því til staðfestingar. Með því er leitast við að tryggja að útreikningur bóta byggist á réttum tekjuupplýsingum enda væri ósanngjarnt að gefa umsækjanda, bótaþega eða maka ekki kost á að koma að leiðréttingum.

Í 3. mgr. er enn fremur lagt til það nýmæli að ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um þagmælsku séu sérstaklega tilgreind í 47. gr. laga um almannatryggingar vegna starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Sambærilegt ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildir að sjálfsögðu um starfsmenn Tryggingastofnunar, en rétt

þykir þó að hnykkja á reglum um þagmælsku með því að setja sérstakt ákvæði í lögin um almannatryggingar. Að öðru leyti er 3. mgr. efnislega óbreytt frá núgildandi 47. gr. laganna.

Um 18. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna er felld brott, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og flutt í 49. gr. laganna. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um útgáfu Tryggingastofnunar á skírteinum í ákvæði sem fjallar um almenna framkvæmd Tryggingastofnunar.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði 1. mgr. 50. gr. laganna einungis umorðað.

Í 2. mgr. er sérregla um endurkröfu Tryggingastofnunar á hendur bótaþega á ofgreiddum tekjutengdum bótum. Þegar um tekjutengdar bætur er að ræða er eingöngu heimilt að draga ofgreiddar tekjutengdar bætur frá öðrum tekjutengdum bótum.

Í 3. mgr. er lögð til mikil réttarbót en þar er takmarkað hversu mikið megi draga frá bótum vegna endurkröfu ofgreiddra bóta. Er einungis heimilað að draga frá bótum allt að 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþegans uns skuldin er að fullu greidd. Þó er aldrei dregin lægri fjárhæð frá bótum en 3.000 kr. Með ákvæðinu er verið að koma í veg fyrir að bótaþegi geti lent í því að verða bótalaus í einhvern tíma vegna endurkröfu á ofgreiddum bótum. Mun það tryggja betur fjárhagslegt öryggi bótaþegans. Má þó vænta þess að ef frumvarpið verður að lögum muni tilfellum þar sem um ofgreiðslur tekjutengdra bóta er að ræða fækka til muna en Tryggingastofnun mun samkvæmt frumvarpinu byggja útreikninga sína á mun fullkomnari og nýrri tekjuupplýsingum.

Í 4. mgr. er það nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins greiði vexti þegar bætur eru vangreiddar. Skulu vextir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt. Séu bætur úrskurðaðar aftur í tímann í samræmi við 48. gr. er gert ráð fyrir að vextir verði greiddir á bæturnar fyrir það tímabil. Með vangreiðslu bóta er því jafnframt átt við bætur sem bótaþegi átti rétt á, jafnvel þótt umsókn og fullnægjandi gögn liggi ekki fyrir. Þykir sanngjarnt að greiða vexti í þessum tilvikum. Á það einnig við þegar synjun um bætur frá Tryggingastofnunar ríkisins er hnekkt eða bótafjárhæð er hækkuð af úrskurðarnefnd almannatrygginga. Er miðað við vaxtaprósentuna 5,5 sem er í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 3/2001 og 9/2001.

Samkvæmt 5. mgr. skal bótaþegi greiða dráttarvexti ef greiðslur Tryggingastofnunar stafa af sviksamlegu atferli bótaþegans. Í núgildandi 50. gr. laganna er ákvæði sem heimilar að endurkrefja allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var stafi greiðsla af sviksamlegu atferli bótaþega. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt í framkvæmd og þykir rétt að fella það brott.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði laga um tryggingagjald taki til gjaldstofns, gjaldskyldu, greiðslutímabils, álagningar og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna. Ákvæðið er nú í reglugerð nr. 776/1999 um iðgjöld vegna slysatrygginga sjómanna en talið er skýrara að hafa slíka reglu í lögum. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Reglugerðarheimild í núgildandi 2. mgr. 55. gr. laganna sem kveður á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja sem um getur í 4. mgr. 31. gr. er felld brott. Tilvísunin til 4. mgr. 31. gr. á væntanlega að vera 3. mgr. 31. gr. en þar er fjallað um iðgjöld vegna trillubáta og meiri háttar heimilisaflvéla. Vísað er til athugasemda við 13. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Ákvæði 57. gr. laganna er breytt í samræmi við breytingar á 31. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins, en iðgjöld eru ekki innheimt af meiri háttar heimilisaflvélum. Vísað er til athugasemda við 13. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 58. gr. laganna falli brott þar sem ekki er um varasjóð að ræða í lífeyristryggingum lengur og óraunhæft að ræða um varasjóð í slysatryggingum sem nú eru fjármagnaðar með tryggingagjaldi og iðgjöldum útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatryggingar sjómanna og iðgjöldum þeirra sem heimilisstörf stunda. Fyrrnefnda iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi og síðarnefnda iðgjaldið er innheimt með álagningu opinberra gjalda einu sinni á ári.

Um 23. gr.

Ákvæði 63. gr. laganna er umorðað en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Jafnframt eru ákvæði reglugerðar nr. 776/1999 um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna tekin inn í lögin.

Um 24. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri grein, 13. gr., í lögum um félagslega aðstoð. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, kveður á um að þeir sem njóta þjónustu dagvistar aldraðra skuli taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings og að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða annan kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða. Rétt þykir að ákvæði um heimild til slíkrar greiðslu sé einnig í lögum um félagslega aðstoð.

Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri grein, 14. gr., í lögum um félagslega aðstoð til að gæta samræmis við útreikning á heimildabótum sem grundvallast á tekjum og útreikning á tekjutengdum bótum samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 25. gr.

Vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er nauðsynlegt að skilgreina orðið vistmaður.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Um a-lið (21. gr.).

Samkvæmt núgildandi 43. gr. laga um almannatryggingar falla bætur niður hjá þeim sem eru á sjúkrahúsi, þ.m.t. hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana án tillits til rekstrarforms. Ef lífeyrisþegi er á dvalarheimili fyrir aldraða sem rekið er með daggjöldum eru bætur greiddar á nafn hans en þær látnar renna til stofnunar á grundvelli umboðs frá honum. Ekki er greidd elliheimilisuppbót (vistunarframlag) og engin millifærsla fer fram þegar um er að ræða hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými á öldrunarstofnun sem eru á föstum fjárlögum. Hér er mikið ósamræmi þar sem skattalega kemur sá sem er á sjúkrahúsi, þ.m.t. hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana, betur út en sá sem er á dvalarheimili fyrir aldraða. Persónuafsláttur er nýttur á móti útreiknuðum skatti af bótum þeirra

sem eru á dvalarheimili en í þeim tilvikum þar sem bætur falla niður, þ.e. á sjúkrahúsum, nýtist persónuafsláttur að fullu á móti öðrum tekjum lífeyrisþegans. Í frumvarpinu er lagt til að sama regla gildi um báða hópana og hefur hagstæðari reglan fyrir lífeyrisþegann verið valin. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 21. gr. laga um málefni aldraða verði gerð skýrari og auðveldari í túlkun og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að bætur til elli- og örorkulífeyrisþega falli niður við vistun á stofnun, þ.e. á hjúkrunarheimili, hjúkrunarrými á öldrunarstofnun og dvalarheimili fyrir aldraða, svo og við vistun í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum. Mun það einnig einfalda mjög framkvæmd hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um b-lið (22. gr.).

Ákvæði 22. gr. laganna fjallar um það hvernig vistmaður skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, hvernig framkvæma skuli tekjuútreikning og hámark þess gjalds sem vistmaður á að greiða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 22. gr. laganna verði gerð ítarlegri og skýrari þannig að túlkun og framkvæmd verði auðveldari. Ákvæði reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, eru m.a. felld inn í 22. gr. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá núgildandi lögum og framkvæmd. Með breytingunni er verið að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997, en þar kemur fram að tekjuhugtakið sé ekki nægilega skýrt.

Um c-lið (23. gr.).

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýrri grein, 23. gr., sem fjallar um innheimtu dvalarkostnaðar hjá vistmanni. Með þessu er m.a. verið að flytja ákvæði reglugerðar nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, inn í lagatextann. Er þetta gert til að gera lögin skýrari og koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997. Greinin felur ekki í sér efnislegar breytingar.

Um d-lið (24. gr.).

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegri breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraða varðandi vasapeninga. Eingöngu er bætt inn tilvísun til ákvæða 43. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikning á greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði verði skilgreindar á sama hátt og í 10. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997 var gerð sú athugasemd að meinbugir væru á ákvæðum laga að því er varðar afmörkun á þeim tekjum aldraða vistmanna, sem taka þátt í greiðslu vistunarkostnaðar, sem til skoðunar koma við ákvörðun greiðsluhlutdeildar. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði skattalaga verði höfð til hliðsjónar við skilgreiningu á tekjuhugtakinu og er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um hvaða tekjur skuli ekki teljast til tekna þegar verið er að ákvarða greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins annist framkvæmd útreiknings á tekjum og greiði stofnun vistunarframlag en engin breyting er fólgin í ákvæðinu þar sem Tryggingastofnun annast útreikning og greiðslur samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að tekjumörk vegna þátttöku vistmanns, sem hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, í greiðslu dvalarkostnaðar breytist í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993. Ákvæði þetta er í reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, en rétt þykir að hafa slíkt ákvæði í lögunum.

Í 5. mgr. er fjallað um grundvöll útreiknings á vistunarframlagi og endurskoðun útreiknings. Er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins til skýringa en rétt þykir að hafa samræmi í framkvæmd þessari.

Í 6. mgr. er fjallað um hvernig skuli fara með nýjar umsóknir og hvaða tekjur skuli þá leggja til grundvallar útreikningi vistunarframlags. Vísað er til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins til frekari skýringa.

Í 7. mgr. er fjallað um skyldu vistmanns til að veita upplýsingar um tekjur og er vísað til 47. gr. laga um almannatryggingar. Er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins til skýringa.

Í 8. mgr. er fjallað um þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna. Ákvæði þessi eru í reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði reglugerðarinnar séu í lögunum til að gera þau skýrari.

Um 31. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum um málefni aldraðra og er talið rétt að setja slíkt ákvæði í lögin þar sem ekki er um ríkisstarfsmenn að ræða í öllum tilvikum. Ef um er að ræða hjúkrunarrými stofnana gilda lögin um réttindi sjúklinga og er talið rétt að hnykkja á því í lögum þessum. Er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins til frekari skýringar.

Um 32. gr.

Hér eru felld inn í lögin nokkur ákvæði reglugerðar nr. 68/1996, sbr. breytingareglugerðir nr. 246/1997, 529/1997 og 236/1999, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert til að gera lagaákvæði um greiðsluþátttöku skýrari og aðgengilegri en ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Um 33. gr.

Sjá athugasemdir við 32. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Gert er ráð fyrir breytingu á sóttvarnalögum til samræmis við breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Um 35. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi þegar í stað. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2003 á tekjur ársins 2002. Ákvæði er varða niðurfellingu á bótum þegar vistmaður dvelur á stofnun, ákvæði um slysatryggingu háskólanema í verklegu námi og ákvæði um vexti koma til framkvæmda 1. janúar 2003. Ákvæði er varða árlegan endurútreikning Tryggingastofnunar koma til framkvæmda 1. september 2003. Er þetta gert til að Tryggingastofnun ríkisins geti undirbúið framkvæmdina en um töluverðar breytingar er að ræða vegna framkvæmdar á tekjutengdum bótum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar, laga um félagslega aðstoð, laga um málefni aldraðra, laga um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalaga. Megintilgangur frumvarpsins er að koma á móts við álit umboðsmanns Alþingis sem beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að tekjuhugtak laga um almannatryggingar yrði tekið til endurskoðunar, svo og ákvæði um greiðsluhlutdeild vistmanna í vistunarkostnaði í lögum um málefni aldraðra. Þá er í frumvarpinu tekið mið af athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta.

Frumvarpið hefur nokkur áhrif á greiðslu bóta almannatrygginga. Þau ákvæði sem helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru þessi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjuhugtak sem notað er til að reikna út bætur almannatrygginga verði skilgreint nánar til samræmis við ákvæði skattalaga. Í þessu felst að sama tekjuhugtakið verður notað í öllum bótaflokkum almannatrygginga. Notkun tekjuhugtaks skattalaga er talin verða auðveldari í framkvæmd þar sem ávallt er hægt að sækja nýjar upplýsingar um tekjur við ákvörðun bótafjárhæðar einstaklings en jafnframt verður auðveldara fyrir bótaþega að gera sér grein fyrir við hvaða tekjur bótafjárhæð er miðuð. Þegar sótt er um tekjutengdar bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins skal yfirlýsing um tekjur fylgja umsókn. Í framkvæmd leiðir tekjuyfirlýsing einstaklings oft til of- eða vangreiðslna tekjutengdra bóta samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 en endurákvörðun bóta veldur miklum vandkvæðum og óþægindum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skuli leggja $^1/_{12}$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins og lokauppgjör fari fram í kjölfar álagningar skattyfirvalda á opinberum gjöldum með vélrænni samkeyrslu. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins fái aðgang að upplýsingum frá skattyfirvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum til að geta ákvarðað og greitt út bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Tryggingastofnun ríkisins hefur reynt að meta áhrif þessara breytinga á greidda tekjutryggingu á úrtak og reyndust greiðslur hækka nokkuð hjá fimmtungi einstaklinga en lækka hjá sama hlutfalli. Verði frumvarpið að lögum á þessu ári kæmi ákvörðun bóta samkvæmt nýju tekjuhugtaki til framkvæmda á árinu 2003. Að teknu tilliti til heildarfjárhæða er gert ráð fyrir óverulegum mismun bótagreiðslna samkvæmt nýju tekjuhugtaki.

Rétt er að vekja athygli á að breytingar sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á tekjuhugtaki almannatrygginga krefjast mikilla endurbóta á tölvukerfum Tryggingastofnunar. Kostnaður við endurbætur á tölvukerfi stofnunarinnar í heild er í sjálfstæðri athugun og er ekki tekið mið af þeim kostnaði í umsögn þessari.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að hafi Tryggingastofnun ofgreitt bætur hafi hún heimild til að draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi kann síðar að öðlast rétt til eftir sérstökum reglum. Stofnunin getur einnig krafist endurgreiðslu samkvæmt almennum reglum. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að þegar bætur eru vangreiddar skuli greiða bóta-

þega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og reiknast frá þeim degi sem skilyrði bótanna var uppfyllt. Þá skal einnig greiða vexti á bótafjárhæð leiði úrskurður úrskurðarnefnda til þess að einstaklingur eigi rétt á bótum en hann hafði áður fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun. Hafi móttakandi bóta fengið hærri bætur með sviksamlegum hætti skal hann greiða dráttarvexti. Erfitt er að meta aukin útgjöld stofnunarinnar samkvæmt þessu ákvæði, ekki síst vegna þess að ekki er skýrt kveðið á um hvað teljist vangreiddar bætur og frá hvaða tíma greiða skuli vexti. Ljóst er þó að hér getur verið um umtalsverðan kostnaðarauka að ræða fyrir Tryggingastofnun. Á hinn bóginn má benda á að breytingar á tekjuhugtaki sem frumvarpið leggur til muni leiða til meiri nákvæmni við ákvörðun bótaréttar og draga úr tilvikum þar sem um vangreiddar bætur er að ræða. Samkvæmt gildistökuákvæðum frumvarpsins er lagt til að þessar breytingar komi til framkvæmda 1. janúar 2003.

Í þriðja lagi er lagt til að bætur elli- og örorkulífeyrisþega falli niður ef hann dvelst á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum lengur en sex mánuði á tólf mánaða tímabili í stað þess að miða við fjögurra mánaða dvöl á 24 mánaða tímabili eins og verið hefur. Vegna breytinga sem orðið hafa á heilbrigðisþjónustu þykja fjórir mánuðir vera of stuttur tími og til óhagræðis fyrir lífeyrisþega. Á móti kemur að bætur falla niður á fyrsta degi næsta mánaðar frá innlögn ef ljóst er að um varanlega innlögn er að ræða. Með frumvarpinu eru einnig gerð skýrari ákvæði um uppbót á lífeyri, þ.e. elliheimilisuppbót og dvalarheimilisuppbót. Í frumvarpinu er lagt til að þessi uppbót, sem þar er nefnd vistunarframlag, greiðist beint til stofnunar. Ef miðað er við úrtaksathugun Tryggingastofnunar sem tók til greiðslna til um 70 einstaklinga í maí á þessu ári má gera ráð fyrir að auknum útgjöldum Tryggingastofnunar vegna rýmri viðmiðunartíma til bótagreiðslna verði að mestu mætt með lækkun útgjalda til þeirra sem fara á hjúkrunarheimili til varanlegrar dvalar. Ekki hefur verið gerð athugun vegna fleiri mánaða og því er nokkur óvissa um áhrif þessara breytinga. Engu síður má búast við að útgjöld Tryggingastofnunar geti aukist nokkuð vegna þeirra sem þó ætti ekki að vera meira en 5–10 m.kr. á ári. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins er lagt til að þessar breytingar taki gildi í ársbyrjun 2003.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um að háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum verði, þegar þeir sinna verklegu námi, slysatryggðir á sama hátt í iðnnemar í löggiltum iðngreinum. Með hliðsjón af slysatíðni meðal heilbrigðisstétta og nema í ljósi reynslu liðinna ára má gera ráð fyrir að kostnaður við þessar tryggingar sé hverfandi.

Nokkur óvissa er um heildaráhrif þessa frumvarps á útgjöld ríkissjóðs. Með hliðsjón af gildistökuákvæðum frumvarpsins verður ekki séð að útgjöld ríkissjóðs aukist á árinu 2002 verði það óbreytt að lögum. Á árinu 2003 kemur hins vegar til framkvæmda ákvæði um vaxtagreiðslur vegna vangreiddra bóta og breyttra ákvæða um greiðslu bóta við innlögn á stofnanir. Mikil óvissa er um þessa tvo þætti og talið að útgjaldaauki hvors þeirra um sig geti orðið allt að 5–10 m.kr. á ári. Ljóst er þó að alltaf kemur til einhverra vaxtagreiðslna vegna vangreiddra bóta sem má áætla að verði að lágmarki 1–2 m.kr. Á sama ári fer einnig að gæta áhrifa nýs tekjuhugtaks en talið er að þau áhrif verði óveruleg.

511. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Vilborgu Hauksdóttur, Dagnýju Brynjólfsdóttur og Magnús Skúlason frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Karl Steinar Guðnason og Ingibjörgu Þorsteinsdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Ólaf Þór Ævarsson frá Læknafélagi Reykjavíkur, Sigurð Björnsson frá Sérfræðingafélagi íslenskra lækna, Þóri B. Kolbeinsson frá Félagi íslenskra heimilislækna, Ásdísi Rafnar, framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands, Kristján Sigurðsson, framkvæmdastjóra Hrafnistu í Reykjavík, Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóra Grundar, Ásgeir Ingvason, framkvæmdastjóra sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði, og Jóhann Árnason frá Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Grund, elli- og hjúkrunarheimili, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnuninni á Akranesi, Iðjuþjálfafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Landssamtökum hjartasjúklinga, Lífsvog, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Persónuvernd, Samkeppnisstofnun, Sérfræðingafélagi íslenskra lækna, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Tannlæknafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og hins vegar lögum um almannatryggingar. Meginmarkmið frumvarpsins er að færa á eina hendi samningsumboð ríkisins gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tilgangurinn er að gera heilbrigðisráðherra betur kleift að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og framfylgja henni. Þá er lagt til í frumvarpinu að heilbrigðisstarfsmönnum verði skylt að veita Tryggingastofnun ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar úr sjúkraskrám, vegna ákvörðunar um greiðslu bóta, endurgreiðslur reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Upplýsingar úr sjúkraskrám er þó aðeins heimilt að veita læknum Tryggingastofnunar eða tannlæknum þegar það á við. Læknar stofnunarinnar og eftir atvikum tannlæknar hafa einnig heimild til að skoða sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á.

Nefndin er sammála um að frumvarpið sé til þess fallið að þjóna þeim megintilgangi sem því er ætlað, þ.e. að gera heilbrigðisráðherra kleift að marka stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu og framfylgja henni.

Nefndin hefur orðið vör við ákveðna tortryggni og misskilning á tilgangi og markmiðum frumvarpsins hvað þetta varðar sem hún telur vert að reyna að leiðrétta og vill hún í því sambandi leggja áherslu á nokkur atriði.

Ekkert í ákvæðum frumvarpsins gefur tilefni til þess að ætla að með því sé ætlunin að gera á einn eða annan hátt upp á milli rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu. Slík ályktun er tilefnislaus enda stæðist slík stefnumörkun ekki ákvæði laga. Engu síður er brýnt að samninganefndin gæti þess í samningum annars vegar við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og hins vegar við stofnanir ríkisins að jafnræðis og óhlutdrægni sé gætt þannig að rekstrar- og samkeppnisstaða aðila sé tryggð. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að ákvæði frum-

varpsins sem heimila ráðherra að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, aukna hagkvæmni og aukin gæði í heilbrigðisþjónustu koma ekki í veg fyrir beitingu samkeppnislaga í atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu. Það leiðir af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins að allar ákvarðanir ráðherra byggðar á þessu ákvæði verða að vera í samræmi við lög, þ.m.t. samkeppnislög. Ráðstafanir ráðherra geta þannig komið til skoðunar samkeppnisyfirvalda á grundvelli samkeppnislaga. Til að mynda gæti Samkeppnisstofnun kallað eftir rökstuðningi Landspítala – háskólasjúkrahúss á endurgjaldi fyrir aðstöðu innan spítalans sem leigð er sérfræðingum til að sinna ferliverkum. Þannig verður hægt að gera kröfu um kostnaðargreiningu á þessari starfsemi inni á spítölunum. Þessar staðreyndir ættu að draga úr tortryggni hvað þetta varðar. Á hitt er þó að líta að hlutlægar og málefnalegar ákvarðanir um það hvaða tegund þjónustu er keypt og í hvaða mæli fara almennt séð ekki gegn ákvæðum samkeppnislaga. Sama gildir um hlutlægar og málefnalegar ráðstafanir sem miða að því að takmarka eða draga úr kostnaði hins opinbera af heilbrigðisþjónustu. Þannig veitir frumvarpið ráðherra fyllri heimildir til að stjórna því magni sem keypt er af tiltekinni heilbrigðisþjónustu með hagkvæmni og gæði hennar að leiðarljósi.

Nefndin vill árétta að heimild heilbrigðisráðherra samkvæmt frumvarpinu til forgangsröðunar er engan veginn ótakmörkuð. Allar ákvarðanir ráðherra í þessa veru þurfa að vera í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttarins, þ.m.t. jafnræðisreglur og meðalhófsreglur. Þá verður ráðherra að taka mið af ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og öðrum ákvæðum laga um almannatryggingar. Í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu segir t.d. að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði, og í b-lið 1. mgr. 36. gr. almannatryggingalaga segir að sjúkratryggðir einstaklingar eigi rétt á aðstoð vegna nauðsynlegra rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum eða stofnunum. Þá hefur Alþingi ályktað um heilbrigðisáætlun til ársins 2010 þar sem sett er fram tiltekin stefna í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Þetta ásamt þeim meginreglum sem felast í samkeppnislögum setja ákvörðunum ráðherra í þessum málaflokki sem og öðrum þann ramma sem nauðsynlegur er og til er ætlast í réttarríki.

Nefndin gerir ekki athugasemd við þá tilhögun sem frumvarpið gerir ráð fyrir hvað varðar skipun samninganefndarinnar, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Telur nefndin nauðsynlegt að ráðherra hafi svigrúm til að skipa í nefndina eftir þörfum hverju sinni eftir því við hverja er verið að semja og um hvað.

Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er talað um sérfræðinga sem samningar skv. 39. gr. taka til. Þetta ákvæði laganna hefur hingað til verið skýrt þannig að það eigi einungis við sérfræðilækna. Nefndin telur að svo þröng lögskýring eigi ekki rétt á sér og leyfir nefndin sér að skýra ákvæðið þannig að samninganefnd skv. 39. gr. almannatryggingalaga sé á þessum grundvelli heimilt að semja við fleiri stéttir heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga eftir því sem henta þykir til að framfylgja stefnu í heilbrigðismálum hverju sinni. Heimild ráðherra í 2. efnismgr. h-liðar 4. gr. frumvarpsins er einnig til þess fallin að gera ráðherra kleift að kaupa þá þjónustu sem ríkið vill veita og þörf er á á hverjum tíma.

Nefndin fjallaði ítarlega um ákvæði 8. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita Tryggingastofnun ríkisins nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar úr sjúkraskrám. Nefndin telur rétt að geta eftirtalinna atriða hvað þetta varðar.

Nefndinni þykir bæði nauðsynlegt og gagnlegt að skoða forsögu þess að ákvæði þessa efnis er lagt til. Í áratugi hefur verið litið á það sem eina af meginforsendum Tryggingastofnunar fyrir samningum við heilbrigðisstéttir um greiðsluþátttöku ríkisins að henni væri unnt að

sinna eftirliti með því að sú þjónusta sem samið væri um væri innt af hendi. Hornsteinn þess eftirlits er og hefur verið að tryggingayfirlæknir geti staðreynt með skoðun á sjúkraskrá að reikningsfærð verk og þjónusta hafi farið fram. Um þennan aðgang tryggingayfirlæknis og læknislærðra fulltrúa hans að sjúkraskrám hefur verið kveðið á í samningum við sérfræðilækna og tannlækna og aðrar heilbrigðisstéttir og hefur framkvæmd þessara samningsákvæða gengið vel og hnökralaust allt þar til í lok árs 1999. Hinn 4. febrúar 2000 gaf tölvunefnd (nú Persónuvernd), samkvæmt ósk Tannlæknafélags Íslands, álit sitt á því hvort tannlæknum væri heimilt eða skylt að veita tryggingayfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins afrit af sjúkraskrám sjúklinga sinna eins og samningur tannlækna við Tryggingastofnun gerði ráð fyrir. Niðurstaða tölvunefndar var sú að tannlæknum væri hvorki skylt né heimilt að veita tryggingayfirlækni slíkan aðgang. Í áliti tölvunefndar segir m.a. að ekki megi „veita aðgang að heilsufarsupplýsingum nema (1) með samþykki hins skráða eða einhvers sem hefur heimild til að skuldbinda hann, (2) á grundvelli sérstakrar lagaheimildar eða (3) á grundvelli sérstaks leyfis tölvunefndar“ (nú Persónuverndar). Með hliðsjón af þessari niðurstöðu tölvunefndar ákvað Tryggingastofnun að fresta öllum fyrirhuguðum eftirlitsaðgerðum og hefur virkt eftirlit af hálfu Tryggingastofnunar legið niðri frá þeim tíma.

Það leiðir af eðli máls að Tryggingastofnun ríkisins ber ríka eftirlitsskyldu með því að verk sem hún greiðir fyrir séu unnin. Til að sinna þessu eftirliti er stofnuninni nauðsynlegt að hafa aðgang að þeim upplýsingum sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Til að tryggja löglegan og fullnægjandi aðgang stofnunarinnar að nauðsynlegum upplýsingum telur nefndin, með hliðsjón af áliti tölvunefndar, nauðsynlegt að skjóta lagastoð undir umrædda heimild.

Í umsögn Persónuverndar sem barst nefndinni vegna þessa ákvæðis frumvarpsins kemur fram það grundvallarsjónarmið að ekki skuli hér fremur en endranær ganga lengra en nauðsynlegt er til að fullnægja þeirri þörf sem er fyrir hendi. Í þessu sambandi benti Persónuvernd á þrjár leiðir sem Tryggingastofnun ríkisins væru færar til að staðreyna reikninga. Í fyrsta lagi bendir Persónuvernd á skyldu læknis, sbr. 12. gr. læknalaga, til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er hann annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta við hið opinbera. Í öðru lagi bendir Persónuvernd á að unnt er að leita til sjúklings sjálfs og bera málið undir hann og í þriðja lagi bendir hún á þann möguleika að leita til Ríkisendurskoðunar ef vafi þykir leika á um réttmæti reikninga. Þessi úrræði telur Persónuvernd nægjanleg til að Tryggingastofnun ríkisins geti sinnt eftirlitsskyldu sinni. Nefndin getur ekki fallist á að þær leiðir sem Persónuvernd bendir á séu fullnægjandi. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að Tryggingastofnun hafi aðgang að frumgögnum. Vottorð um læknisverk sem fengið er frá sama lækni og reikningsgerð stafar frá er augljóslega ekki fullnægjandi til að staðfesta reikning. Í öðru lagi telur nefndin það ófullnægjandi að byggja almennt eftirlit með reikningsgerð lækna á hendur Tryggingastofnun á upplýsingum frá sjúklingum sjálfum. Það fyrirkomulag getur grafið undan trúnaði milli læknis og sjúklings og má jafnframt spyrja hver staða Tryggingastofnunar yrði ef sjúklingur neitar henni um aðgang að sjúkraskrá sinni. Að óbreyttum lögum hefði Tryggingastofnun þá aðeins eitt úrræði, þ.e. að leita til Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur hún krafist reikningsskila af aðilum sem fá fé frá ríkinu og er henni jafnframt heimilt að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningi við ríkið, sbr. 7. og 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun. Hér er um að ræða úrræði sem kemur til álita ef rökstuddur grunur vaknar við reglulegt eftirlit um að ekki sé allt með felldu. Þessu úrræði verður ekki, eðli málsins samkvæmt, beitt nema sérstök ástæða sé til og í ein-

stökum tilfellum. Þannig koma þessi úrræði Ríkisendurskoðunar, að mati nefndarinnar, ekki í staðinn fyrir hið almenna og reglulega eftirlit sem fram fer hjá ýmsum stofnunum ríkisins, þ.m.t. Tryggingastofnun. Í dæmaskyni og til glöggvunar má nefna stofnun eins og Framkvæmdasýslu ríkisins en hún sér um greiðslu reikninga fyrir hönd ríkisins vegna samninga sem gerðir hafa verið við verktaka vegna opinbera framkvæmda. Gerðar eru ríkar kröfur um almennt og virkt eftirlit af hálfu þeirrar stofnunar svo sem dæmin hafa sannað. Þótt Framkvæmdasýslan þurfi ekki að meðhöndla eins viðkvæmar persónuupplýsingar og Tryggingastofnun ætti þetta dæmi að auðvelda mönnum að átta sig á þeim eðlismun sem er á hinu almenna eftirliti sem einstakar stofnanir hafa með sínum málum og hinu sérstaka eftirlitshlutverki Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun er þannig mikilvægur hlekkur í eftirlitskerfi ríkisins en hún annast ekki allt eftirlit með þeim samningsbundnu greiðslum sem ríkið í sínum ýmsu myndum tekst á hendur.

Nefndin tekur engu síður undir það grundvallarsjónarmið að ekki skuli ganga lengra en nauðsynlegt er. Nefndin minnir hins vegar á að hér er um matskennt skilyrði að ræða og mat á því er í höndum löggjafans, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Í hæstaréttardómi frá árinu 1989, bls. 28, taldi Hæstiréttur að 7. gr. laga um Ríkisendurskoðun, sem heimilar henni aðgang að frumgögnum, næði einnig til sjúkraskráa og að slíkur aðgangur, í því tilviki sem um var fjallað, færi ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 12. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, enda væri ákvæðið skýrt og í þágu mikilvægra þjóðfélagslegra hagsmuna.

Nefndin telur nauðsynlegt, vegna þeirra gífurlegu fjármuna sem Tryggingastofnun ríkisins er falið að ráðstafa úr sameiginlegum sjóðum landsmanna, að stofnuninni sé gert kleift halda uppi virku reglulegu eftirliti með því að greiðslur bóta séu í samræmi við reglur almannatrygginga og að reikningsgerð á hendur stofnuninni sé rétt. Það er mat nefndarinnar að umrætt eftirlit verði ekki framkvæmt nema Tryggingastofnun hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum, þ.m.t. að þeim hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð byggist á. Á þessum grundvelli telur nefndin rétt og nauðsynlegt að veita læknum Tryggingastofnunar aðgang að sjúkraskrám að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Nefndin minnir á að aðgangur Tryggingastofnunar að heilsufarsupplýsingum byggist á greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Tryggingastofnun á auðvitað engan rétt til aðgangs í þeim tilvikum þegar um er að ræða læknisverk og þjónustu sem ríkið tekur ekki þátt í að greiða.

Í fyrsta lagi setur nefndin það skilyrði að upplýsingar og aðgangur að sjúkraskrám verði aðeins veittur læknum og eftir atvikum tannlæknum stofnunarinnar. Frumvarpsgreinin uppfyllir þegar þetta skilyrði en samkvæmt henni skal einungis veita læknum stofnunarinnar eða tannlæknum, þegar það á við, upplýsingar úr sjúkraskrám. Sama gildir um skoðun á sjúkraskrám. Með þessu er tryggt að einungis læknar sem bera ríka þagnarskyldu samkvæmt lögum, sbr. 12. gr. laga um réttindi sjúklinga og 15. gr. læknalaga, meðhöndli þessar upplýsingar.

Í öðru lagi setur nefndin það sem skilyrði að aðgangur verði aðeins veittur að þeim hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni byggist á. Ákvæðið eins og það er orðað í frumvarpinu gerir í raun ekki ráð fyrir víðtækari aðgangi, en nefndin telur engu síður ástæðu til að taka þetta skýrt fram og ber breytingartillaga nefndarinnar þess merki.

Í þriðja lagi setur nefndin það skilyrði að læknum Tryggingastofnunar verði aðeins heimilt að skoða sjúkraskrá á þeim stað þar sem hún er varðveitt, sbr. 14. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þetta er tekið skýrt fram í breytingartillögu nefndarinnar.

Í fjórða lagi setur nefndin það sem skilyrði að við meðferð persónuupplýsinga sem Tryggingastofnun aflar með þessum hætti skuli þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt að gætt skuli ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á. Með framangreindri tilvísun til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er heimild Tryggingastofnunar settar skýrar skorður. Í þessu sambandi má benda á 7. gr. laganna sem fjallar um meginreglur sem gæta skal við meðferð persónuupplýsinga. Þar segir:

„Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.“

Nefndin lítur svo á að 3. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eigi við um aðgang Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., enda hafi löggjafinn metið það svo að slíkur aðgangur sé nauðsynlegur vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Komi upp ágreiningur um nánari framkvæmd og útfærslu á rétti Tryggingastofnunar úrskurðar Persónuvernd þar um, sbr. 37. gr. laga um persónuvernd. Þá þykir nefndinni ástæða til að benda á 26. gr. laganna þar sem kveðið er á um eyðingu gagna þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til varðveislu þeirra, til að mynda þegar upphaflegur tilgangur með öflun þeirra er ekki lengur fyrir hendi. Í þessu sambandi er jafnframt vert að benda sérstaklega á 15. gr. laga um réttindi sjúklinga. Þar segir að þess skuli gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar úr þeim eru trúnaðarmál.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins, með þeim breytingum sem nefndin leggur til í samræmi við framangreind skilyrði, setur skýran og traustan ramma utan um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám og telur nefndin að með þeim hætti sé komið til móts við þá ólíku hagsmuni sem uppi eru. Er þetta enn fremur í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins nr. (97) 5 um vernd heilsufarsupplýsinga, en í grein 7.3 kemur fram að heimilt sé að miðla heilsufarsupplýsingum ef gert er ráð fyrir því í lögum og það er nauðsynleg ráðstöfun í lýðræðisríki í nánar tilteknum tilgangi, m.a. vegna almannahagsmuna. Í skýringum við tilmælin kemur fram að þar geti m.a. verið um að ræða heimild til að miðla heilsufarsupplýsingum til annarra en þeirra sem koma að meðferð sjúklings, t.d. til stofnana almannatrygginga. Þá má benda á að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga er gert ráð fyrir því í 34. lið inngangs tilskipunarinnar að heimilt sé að víkja frá banni við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þeim tilgangi að tryggja gæði og hagkvæmni

málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi enda liggi fyrir brýnir almannahagsmunir. Það er mat nefndarinnar að það ákvæði sem hún gerir tillögu um sé í samræmi við framangreind sjónarmið og reglur Evrópuréttarins.

Ef litið er til þess aðgangs sem Tryggingastofnun hefur haft að upplýsingum úr sjúkraskrám á umliðnum árum og gerð var grein fyrir hér að framan felur ákvæðið, með þeim breytingum sem nefndin leggur til, í raun í sér skerðingu á heimildum stofnunarinnar til aðgangs að upplýsingum um heilsuhagi manna, en tryggir að sama skapi betur hagsmuni og réttindi þeirra sem upplýsingarnar varða.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurfellingu gerðardómsákvæðis í 1. mgr. 39. gr. almannatryggingalaga. Í umsögn frá daggjaldastofnunum kom fram nokkur óánægja með þetta. Nefndin hefur skoðað þetta ákvæði og er það mat hennar að verulegur vafi sé á því að ákvæðið taki til ákvarðana um daggjöld. Þá liggur jafnframt fyrir að gerðardómur samkvæmt ákvæðinu hefur aldrei komið saman. Nefndin telur óeðlilegt að daggjaldastofnanir geti skotið ákvörðunum ráðherra, sem teknar eru með hliðsjón af ákvörðunum löggjafans um fjárveitingar til málaflokksins, til gerðardóms sem hefði þá í raun vald til að hnekkja ákvörðunum fjárveitingarvaldsins í þessu efni. Með hliðsjón af þessu gerir nefndin ekki athugasemd við niðurfellingu þessa ákvæðis.

Í 2. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins er fjallað um það með hvaða hætti daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum skuli ákveðin. Frumvarpið felur ekki í sér miklar breytingar frá núgildandi lögum að öðru leyti en því að tekið er fram að daggjöld skuli ákveðin með hliðsjón af hjúkrunarþyngd. Í athugasemdum kemur fram að mat á hjúkrunarþyngd skuli byggt á svonefndu RAI-mati. Nefndin telur að hér sé um mikilvæga breytingu að ræða og leggur áherslu á að RAI-mat, þar sem það á við, verði samræmt milli stofnana þannig að fyllsta jafnræðis verði gætt. Við umfjöllun nefndarinnar um þessa grein frumvarpsins kom fram að allt frá því að daggjaldanefnd var lögð af, fyrir tæpum tíu árum, hafi öldrunarstofnanir haft lítið um daggjöld að segja. Samráð hafi verið afar takmarkað þótt um það hafi verið mælt í lögunum.

Nefndin telur nauðsynlegt að tryggja að daggjaldastofnanir hafi ávallt möguleika á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra áður en daggjöld eru ákveðin. Í þessu skyni leggur nefndin til að ráðherra verði gert skylt að óska eftir tillögum viðkomandi stofnana áður en ákvörðun er tekin. Nefndin er hér í raun að leggja til að ráðherra óski eftir tillögum frá þessum stofnunum með sama hætti og hann óskar eftir fjárlagatillögum frá undirstofnunum sínum sem eru á föstum fjárlögum við gerð fjárlagafrumvarpsins, sbr. lög um fjárreiður ríkisins. Upphæð daggjalda ræðst að sjálfsögðu af fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Með þessu fyrirkomulagi verður ráðherra betur kleift en áður að meta raunverulega fjárþörf þessara stofnana og getur mótað fjárlagatillögur sínar til fjármálaráðuneytisins á þeim grundvelli. Þetta fyrirkomulag ætti því að stuðla að faglegri vinnubrögðum hjá báðum aðilum, en afar mikilvægt er að daggjaldastofnanir vinni sínar tillögur faglega og byggi þær á rekstrarkostnaði og mati á hjúkrunarþyngd svo sem gert er ráð fyrir í ákvæði frumvarpsins. Með þessum hætti hafa daggjaldastofnanir sömu möguleika og aðrar stofnanir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á h-lið 4. gr. Samkvæmt frumvarpinu falla tannlækningar undir 2. mgr. 36. gr. laganna. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðu-

neytinu var ekki ætlunin að breyta þessu enda gildir sérákvæði um tannlækningar, sbr. 37. gr. laganna. Nefndin leggur til að þetta ákvæði verði lagfært hvað þetta varðar. Samkvæmt frumvarpinu er heimilað að ákveða gjald sem sjúklingur skal greiða vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum skv. f-lið 1. mgr. 36. gr. laganna og vegna hjúkrunar í heimahúsum skv. k-lið 1. mgr. 36. gr. laganna. Sjúkratryggðir einstaklingar hafa hingað til ekki þurft að greiða fyrir þessa þjónustu. Í starfi nefndarinnar kom fram að ekki hafi verið ætlunin að breyta því. Nefndin leggur því til að heimild til að ákveða gjaldtöku í þessum tilvikum verði felld út úr frumvarpinu. Þá telur nefndin eðlilegt að heimild ráðherra til að ákveða hvort gjald skuli vera hlutfallsgjald og til að tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingum ber að greiða taki til sömu þjónustu og gjaldtökuheimild er fyrir.

2. Nefndin leggur til að ráðherra verði skylt að óska eftir tillögum frá viðkomandi stofnunum áður en daggjöld eru ákveðin, skv. 2. efnismgr. 6. gr. frumvarpsins. Um þessa breytingartillögu nefndarinnar er fjallað hér að framan og er vísað til þeirrar umfjöllunar.
3. Þá leggur nefndin til breytingar á 8. gr. frumvarpsins. Ítarlega er fjallað um það ákvæði frumvarpsins hér að framan og breytingartillaga nefndarinnar rökstudd.

Alþingi, 6. des. 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Tómas Ingi Olrich.	Stefanía Óskarsdóttir.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	

512. Breytingartillögur [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 1. gr. Tilvísunin „42. gr.“ í 2. efnismgr. falli brott.
2. Við 4. gr. 1. og 2. mgr. h-liðar orðist svo:

Heimilt er að breyta greiðslum sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt þessari grein með reglugerð og ákveða hámark eininga í lyfjaávísunum. Sjúkratryggðir einstaklingar skulu greiða gjald fyrir þjónustu skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur. Um greiðslur fyrir tannlæknaþjónustu fer samkvæmt ákvæðum 37. gr. Heimilt er að ákveða að gjald skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. og 3. mgr. skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingi ber að greiða.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein og 37. gr.

3. Við 6. gr. Í stað orðanna „að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir“ í 2. efnismgr. komi nýr málsliður svohljóðandi: Ráðherra skal áður en daggjöld eru ákveðin óska eftir tillögum viðkomandi stofnana.
4. Við 8. gr. Efnismálsgrein orðist svo:

   Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum tannlæknum, Tryggingastofnunar ríkisins þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta eða endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Þá er læknum Tryggingastofnunar, eða tannlæknum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er með þessum hætti skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

513. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2002.

Frá Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Jóni Bjarnasyni og Margréti Frímannsdóttur.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.35 Óháð rannsókn á flugslysi í Skerjafirði	0,0	1,0	1,0

514. Fyrirspurn [360. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 1996/1997 til 2000/2001.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, sundurliðað eftir árum?
2. Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?

Skriflegt svar óskast.

515. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. des.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Hlutafélögum“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: samlagshlutafélögum.
b. Í stað orðsins „Sameignarfélögum“ í 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: Samlagsfélögum og sameignarfélögum.
c. Í stað orðsins „sameignarfélag“ í 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. kemur: samlagsfélag eða sameignarfélag.
d. Í stað orðsins „sameignarfélags“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: samlagsfélags eða sameignarfélags.
e. 4. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. 1. tölul. orðast svo: Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.
b. Við 1. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Til tekna sem laun teljast og lán til starfsmanna sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.
c. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Til skattskyldra gjafa teljast lán til hluthafa og stjórnarmanna sem eru óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „hlutareiganda“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð.
b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög. Ef úthlutun til annarra en starfsmanna er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr. Ef slík úthlutun á sér stað til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnar-

maður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, skal úthlutunin teljast til tekna hjá honum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.

c. Á eftir orðinu „hlutafélagi“ í 2. mgr. kemur: eða samlagshlutafélagi.
d. Á eftir orðinu „félagi“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.
e. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996, eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 17. gr., sé það hærra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga og áður fengins söluhagnaðar eftir því sem nánar er ákveðið í 11.–27. gr.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna og fengnar fyrningar við framtalsgerð á árinu 2002. Sama gildir um stofnverð ófyrnanlegra eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun í lok reikningsársins 2001, sbr. 33. gr.

Við ákvörðun söluhagnaðar af ófyrnanlegum eignum sem einstaklingur hefur eignast fyrir árslok 2001 og ekki eru tengdar atvinnurekstri hans skal stofnverð þeirra hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

5. gr.

Orðin „þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.“ í 2. mgr. 11. gr. laganna falla brott.

6. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum niðurfærslum skv. 31. gr. A og söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr., hins vegar. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979 í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 74. gr.
b. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
c. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.

d. 2. málsl. 5. mgr. orðast svo: Hagnaður af sölu telst mismunur á söluverði og kaupverði eftir að frá því hafa verið dregnar fengnar fyrningar og niðurfærsla skv. 6. mgr.
e. Orðin „framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til þess árs þegar hann er tekjufærður“ í 3. málsl. 6. mgr. falla brott.

9. gr.

2. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, sbr. 4. mgr. 10. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:
a. Orðin „framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðið „framreiknaður“ í 4. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. orðast svo:
Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði og stofnverði að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr.
c. 2. málsl. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:
a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 2001 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
b. 4. mgr. orðast svo:
Við sölu á hlutabréfum, sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996, skal skattskyldur söluhagnaður vera söluverð þeirra að frádregnu jöfnunarverðmæti, sbr. 3. mgr., eða upphaflegu kaupverði hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996 ef það er hærra. Þó skal kaupverð hlutabréfa í eigu rekstraraðila, þar með talið einstaklinga, í árslok 1996 ákvarðast sem upphaflegt kaupverð þeirra eða jöfnunarverðmæti þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001, enda séu hlutabréfin eignfærð í atvinnurekstrinum.
c. Orðin „annarra en eigin bréfa“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
d. 6. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. 3. málsl. 7. mgr. orðast svo: Kaupverð hlutabréfa sem rekstraraðili hefur fengið afhent sem stofnfjáreigandi skal þó ákvarðað sem kaupverð samkvæmt framangreindu þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli frá árslokum 1996 til ársloka 2001, enda hafi hlutabréfin verið eignfærð í atvinnurekstrinum.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
a. Orðin „þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „en að undanskildum 65% af fjárfestingarsjóði, sbr. 11. tölul. 31. gr.“ í 3. málsl. 2. mgr. falla brott.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þó skal hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 2001 ákvarðast sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun árs 2001 eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001.

13. gr.

Orðin „án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr.“ í 20. gr. laganna falla brott.

14. gr.

2. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

26. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðið „framreiknaðs“ í 4. tölul. fellur brott.

b. 5. tölul. orðast svo: Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðarlífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.
Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris hefjist við 65 ára aldur. Einnig skal leggja saman áunnin réttindi í séreign og þau umreiknuð miðað við útgreiðslu lífeyris með jöfnum greiðslum í 17 ár frá 65 ára aldri.
Við mat á framtíðarréttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í tryggingadeild lífeyrissjóðs til 65 ára aldurs 10% iðgjald af meðallaunum síðustu fimm ára og að greiðslurnar myndi lífeyrisréttindi sem nema 1,2% af fyrrgreindum meðallaunum fyrir hvert ár. Við útreikning áunninna réttinda í séreign skal miða við 3,5% vexti.
Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa töluliðar, þ.m.t. um hvaða upplýsingar unnt er að krefja launagreiðendur, sjálfstætt starfandi einstaklinga og launþega vegna framkvæmdar ákvæðisins.

c. Í stað orðanna „barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur“ í 7. tölul. kemur: og vaxtabætur.

d. 8. tölul. orðast svo: Matshækkun búfjár skv. 2. tölul. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

e. Við greinina bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Húsaleigubætur, sbr. lög nr. 138/1997.

18. gr.

4. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna fellur brott.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Niðurfærslu vörubirgða í lok reikningsárs um allt að 5% af matsverði, sbr. 4. tölul. 74. gr.
b. Orðin „framreiknaðar samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 7. tölul. falla brott.
c. Í stað 2. málsl. 8. tölul. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs frá hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. Frádráttur samkvæmt þessari málsgrein er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD). Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Orðin „að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákvarðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.

21. gr.

36. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

37. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

24. gr.

44. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

26. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 31. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 57. gr. A laganna kemur: 8. tölul. 31. gr.

27. gr.

Á eftir 57. gr. B laganna kemur ný grein, 57. gr. C, svohljóðandi:

Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag.

Stofni einstaklingur í atvinnurekstri einkahlutafélag sem tekur við öllum eignum og skuldum atvinnurekstrarins og hefur með höndum sams konar rekstur eða starfsemi skal sú yfirfærsla ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigandann eða félagið, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Eigandi rekstrarins skal bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi, sbr. 1. gr.
b. Félagið er tekur við rekstrinum skal skráð hér á landi og bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 2. gr.
c. Við yfirfærsluna fær eigandi rekstrarins eingöngu hluti í félaginu sem gagngjald fyrir yfirfærðar eignir og skuldir rekstrarins.
d. Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja efnahagsreikningur einstaklingsrekstrarins sem jafnframt skal vera stofnefnahagsreikningur einkahlutafélagsins. Efnahagsreikninginn skal miða við 31. desember og má hann ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun einkahlutafélagsins og skal hann endurskoðaður af endurskoðanda og áritaður án fyrirvara. Jafnframt skal endurskoðandi staðfesta að hagur fyrirtækisins hafi ekki rýrnað vegna úttektar eiganda frá þeim tíma sem yfirfærslan skal miðuð við og fram að stofnun félagsins. Í skattalegu tilliti telst einkahlutafélagið yfirtaka rekstur og efnahag frá dagsetningu efnahagsreiknings. Stofnefnahagsreikningur ásamt yfirlýsingu um yfirfærslu einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag skal enn fremur fylgja fyrsta skattframtali félagsins.

Við yfirfærsluna skal félagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum rekstrarins, þ.m.t. eftirstöðvum rekstrartapa frá fyrri árum, enda séu skilyrði 8. tölul. 31. gr. uppfyllt. Þó ber sá sem stundaði reksturinn ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reksturinn fyrir yfirfærslu hans. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Stofnverð gagngjalds hluta í einkahlutafélaginu, sbr. c-lið 1. mgr., ákvarðast jafnt bókfærðu eigin fé í efnahagsreikningi sem stofnefnahagsreikningur miðast við.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Við ákvörðun lágmarks endurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali. Skattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launagreiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun. Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við.

Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Skattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

29. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tölul. 62. gr. laganna kemur: 8. tölul. 1. mgr. 31. gr.

30. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „26,08“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 25,75.

31. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „20“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: 15.
b. Í stað hlutfallstölunnar „13“ í 2. mgr. 2. tölul. kemur: 10.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „30“ í 1. mgr. kemur: 18.
b. Á eftir orðinu „sameignarfélaga“ í 2. mgr. kemur: og samlagsfélaga.
c. Í stað hlutfallstölunnar „38“ í 2. mgr. kemur: 26.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 74. gr. laganna:

a. Orðin „og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr.“ í 2. málsl. 1. tölul. falla brott.
b. Orðin „og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.“ í 1. mgr. 3. tölul. falla brott.
c. Orðin „án endurmats“ í 2. mgr. 3. tölul. falla brott.
d. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal heimilt að draga allt að 5% frá þannig reiknuðu matsverði.
e. Orðin „eftir að stofnverð, fyrningar og niðurfærslur hafa verið hækkaðar eða lækkaðar í samræmi við ákvæði 26. gr.“ í 8. tölul. falla brott.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „Byggingarsjóði ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og Íbúðalánasjóði.
b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um sambærileg verðbréf gefin út af öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

35. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ á tveimur stöðum í greininni kemur: 4.720.000.
b. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ kemur: 0,6.

36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „1,2“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 0,6.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.651.749“ í 2. og 3. mgr. kemur: 4.720.000.

37. gr.

Í stað orðanna „skriflega rökstudda kæru“ í 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur: rökstudda kæru, skriflega eða rafræna, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

38. gr.

Á eftir 105. gr. laganna kemur ný grein, 105. gr. A, svohljóðandi:

Áætlanagerð og hagrannsóknir.

Fjármálaráðherra getur óskað eftir skýrslum frá skattstjórum, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, í því formi er hann ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða áætlanagerð og hagrannsóknir fjármálaráðuneytisins.

39. gr.

Við 4. mgr. 117. gr. laganna bætast sex nýir málsliðir, svohljóðandi: Til að mæta þeim kostnaði sem fjármálaráðherra hefur af gerð bindandi álita skal greiða gjald er miðast við þá vinnu sem hann hefur af gerð álits í hverju tilviki. Þegar beiðni um álit er lögð fram skal greiða grunngjald að fjárhæð 50.000 kr. Viðbótargjald sem miðast við umfang máls skal greiða áður en fjármálaráðherra lætur álitið uppi. Um fjárhæð viðbótargjaldsins fer eftir gjaldskrá sem fjármálaráðherra setur. Ráðherra getur ákveðið, í þeim tilvikum þegar máli hefur verið vísað frá eða beiðni er dregin til baka, að endurgreiða gjald samkvæmt þessari málsgrein. Ákvörðun um fjárhæð gjalds samkvæmt þessari málsgrein er hvorki hægt að bera undir yfirskattanefnd né dómstóla.

40. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum svo breytt.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. Ákvæði til bráðabirgða XLI, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 149/2000, orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2001 skal árið 2002 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.865.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.730.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.865.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.865.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

b. Við bætast fimm ný ákvæði, svohljóðandi:

A. (I.)

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna árið 2002 skal árið 2003 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.980.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 7.960.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.980.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.980.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2002 til desember 2002. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001 umfram 3.980.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 7.960.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 5. mgr. skulu vera fyrstu dagar mánaðanna ágúst 2002 til og með desember 2002. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 5. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli ára. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal bæta 2,5% álagi við mismuninn.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

B. (II.)

Við framtalsgerð á árinu 2003 skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga og færa með öðru eigin fé.

C. (III.)

Heimilt er að færa til frádráttar rekstrartekjum eftirstöðvar rekstrartapa áranna 1994 til og með 2001 í samræmi við ákvæði 8. tölul. 31. gr., eftir að eftirstöðvarnar hafa verið framreiknaðar samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

D. (IV.)

Aðilar sem fengið hafa frestun skattlagningar söluhagnaðar skv. 2. mgr. 13. gr., 4. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 5. mgr. 17. gr. eða 2. mgr. 27. gr. fyrir gildistöku laga þessara skulu hækka söluhagnaðinn eða eftirstöðvar hans samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár til ársloka 2001.

E. (V.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í B-lið 69. gr. og 78. gr. sem hér segir:

a. 1. janúar 2002 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 3% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2002 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.
b. 1. janúar 2003 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,75% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 og fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

42. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.277.058“ í a-lið 3. gr. laganna kemur: 6.332.500.

43. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
Lögin falla úr gildi 31. desember 2002.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „4,34“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: 5,11.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

45. gr.

Við 2. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um mann, maka hans eða barn sem skal reikna sér endurgjald vegna atvinnurekstrar eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

46. gr.

2. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Endurgjald manns, maka hans og barns vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, sjálfstæða starfsemi eða hjá lögaðila skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

47. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Manni sem ber að reikna sér endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur ríkisskattstjóra um reiknað

endurgjald, sbr. 59. gr. laga nr. 75/1981, fyrir 20. janúar ár hvert á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðandi sem hefur í þjónustu sinni starfsmann sem ákveða skal endurgjald fyrir skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 skal við staðgreiðslu reikna honum endurgjald í samræmi við reglur ríkisskattstjóra, sbr. 59. gr. sömu laga.

Telji skattstjóri að endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr., á staðgreiðsluári sé lægra en samræmist reglum ríkisskattstjóra skv. 59. gr. laga nr. 75/1981 skal hann ákvarða endurgjaldið í samræmi við þær reglur. Þó má skattstjóri víkja frá lágmarki endurgjalds samkvæmt reglum ríkisskattstjóra við ákvörðun sína á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna.

48. gr.

Við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 3. málsl., svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn skýrslu- og greiðsluskil vegna staðgreiðslu opinberra gjalda.

49. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: 5. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

50. gr.

Í stað orðanna „framreiknuðu kostnaðarverði“ í 2. málsl. 23. gr. laganna kemur: hækkuðu bókfærðu verði.

51. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ef raunvirði fastafjármuna er talið verulega hærra en kostnaðarverð eða framreiknað kostnaðarverð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi.

Matsbreytingar skv. 1. mgr. skal færa á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Endurmatsreikning, sem myndaður er skv. 2. mgr., má aðeins leysa upp ef hin endurmetna eign er seld, tekin úr notkun eða fullafskrifuð, svo og ef forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi.

Hreyfingar á endurmatsreikningi á reikningsárinu skal sundurliða í skýringum.

Ef beitt er ákvæðum 1. mgr. skal í skýringum gera nákvæma grein fyrir þeim aðferðum sem viðhafðar eru.

52. gr.

3. málsl. 1. mgr. 80. gr. laganna orðast svo: Birta skal reglur reikningsskilaráðs í B-deild Stjórnartíðinda.

53. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

54. gr.

30. gr. laganna fellur brott.

55. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. 30. gr. og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé efnahagsreiknings.

VII. KAFLI

Gildistaka laganna.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2003. Þó skulu ákvæði 1. gr., a-, b- og c-liðir 3. gr., b- og c-liðir 17. gr., c-liður 19. gr., 34. gr., a-liður 35. gr., b-liður 36. gr., 37. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., a-liður 41. gr., 42. gr. og 52. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2002. Ákvæði 44. gr. öðlast gildi 1. janúar 2003 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu á því ári og álagningu á árinu 2004.

516. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 8. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2002 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**221.347,7**	**213.973,7**
Skattar á tekjur einstaklinga	61.125,0	58.945,0
Skattar á tekjur lögaðila	6.500,0	5.540,0
Tryggingagjöld	23.364,7	22.986,4
Eignarskattar	11.320,0	11.193,4
Virðisaukaskattur	76.700,0	73.530,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	38.881,2	38.793,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.456,8	2.985,2
Aðrar rekstrartekjur	**20.411,3**	**16.485,3**
Arðgreiðslur	1.628,5	1.600,5
Vaxtatekjur og eignatekjur	13.402,0	9.632,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	5.380,8	5.252,8
Sala eigna	15.520,0	15.520,0
Fjárframlög	621,0	621,0
Tekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**
Æðsta stjórn ríkisins	2.545,9	2.545,9
Forsætisráðuneyti	1.124,0	1.124,0
Menntamálaráðuneyti	28.323,8	28.323,8
Utanríkisráðuneyti	5.195,7	5.309,6
Landbúnaðarráðuneyti	10.821,0	10.821,1
Sjávarútvegsráðuneyti	2.704,1	2.654,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.619,8	13.619,8
Félagsmálaráðuneyti	17.932,3	17.932,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	90.409,2	90.384,2
Fjármálaráðuneyti	26.580,0	20.842,0
Samgönguráðuneyti	15.938,4	16.688,4
Iðnaðarráðuneyti	2.812,7	2.812,7
Viðskiptaráðuneyti	1.454,9	1.399,9
Hagstofa Íslands	380,1	380,1
Umhverfisráðuneyti	3.128,5	3.126,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.400,0	14.970,0
Gjöld samtals	**239.370,4**	**232.933,9**
Tekjujöfnuður	**18.529,6**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2002 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	18.529,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-16.312,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-3.340,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-731,4
Handbært fé frá rekstri	**-1.853,8**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	21.100,0
Veitt löng lán	-4.630,0
Afborganir veittra lána	8.500,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-4.800,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	20.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**40.170,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**38.316,2**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	15.000,0
Afborganir lána	-40.200,0
Fjármögnun samtals	**-25.200,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-9.000,0
Breyting á handbæru fé	**4.116,2**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	335,0	0,0	13,0	0,0
Ríkisútvarpið	-147,0	0,0	80,0	0,0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-38,8	0,0	0,0	0,0
Ratsjárstofnun	0,0	0,0	8,0	0,0
Umsýslustofnun varnarmála	3,0	2,0	0,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	3.222,0	130,0	82,0	0,0
Alþjóðaflugþjónustan	0,0	0,0	120,0	230,0
Rafmagnsveitur ríkisins	-145,0	214,0	885,0	0,0
Samtals	**3.229,2**	**346,0**	**1.188,0**	**230,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2002 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	595,0	4.645,0	37,0	3.550,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-36,0	0,0	0,0	0,0
Lánasjóður landbúnaðarins	68,3	1.950,0	0,0	1.800,0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	495,0	0,0	0,0	200,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.074,0	29.480,0	5,0	29.180,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-304,0	7.900,0	0,0	10.680,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	-73,0	3.710,0	0,0	4.970,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. -ríkis og -verkam.	854,0	0,0	5,0	7.570,0
Hafnabótasjóður	-100,4	20,0	0,0	0,0
Ferðamálasjóður	-10,0	104,0	0,0	100,0
Orkusjóður	-21,5	40,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	413,5	2.300,0	0,0	1.300,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	208,0	170,0	10,0	0,0
Samtals	**4.162,9**	**50.319,0**	**57,0**	**59.350,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 15.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 4.630 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   - 2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 3.550 m.kr.
   - 2.2 Þróunarsjóðs sjávarútvegsins allt að 200 m.kr.
   - 2.3 Alþjóðaflugþjónustunnar allt að 230 m.kr.
   - 2.4 Happdrætti Háskóla Íslands allt að 650 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2002 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.8, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   - 3.1 Landsvirkjun, allt að 13.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
   - 3.2 Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 29.180 m.kr., sbr. 10. og 17. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 10.680 m.kr., sbr. 10. og 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.4 Íbúðalánasjóði til viðbótarlána sem sjóðnum er ætlað að fjármagna, allt að 4.970 m.kr., sbr. 10. og 30. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
   - 3.5 Lánasjóði landbúnaðarins, allt að 1.800 m.kr., sbr. 2. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins.
   - 3.6 Byggðastofnun, allt að 1.300 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
   - 3.7 Ferðamálasjóði, allt að 100 m.kr., sbr. 28. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.
   - 3.8 Íbúðalánasjóði til endurfjármögnunar á skuldum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, allt að 7.500 m.kr., sbr. 10. og 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

4. Ýmis ákvæði.

4.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.

4.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

4.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;

b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;

c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

4.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 4.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ýmis ákvæði

Skerðingarákvæði

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.-6. gr., laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

2. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 2002 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
2.2 Að selja skrifstofuhúsnæði embættis sýslumanns við Auðbrekku 10, Kópavogi.
2.3 Að selja húsnæði lögreglunnar í Keflavík, Hringbraut 130, Keflavík, og kaupa annað hentugra.
2.4 Að selja flugafgreiðslu á Holtsflugvelli, Önundarfirði.
2.5 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði.
2.6 Að selja fasteignina að Urðarvegi 78, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar á vegáætlun.
2.7 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
2.8 Að selja fasteign Rafmagnsveitna ríkisins að Gunnarsbraut 4-6, Dalvík.
2.9 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins í Reykjahlíð við Mývatn.
2.10 Að selja íbúðarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Koltröð 21, Egilsstöðum.
2.11 Að selja húsnæði heilsugæslulæknisins að Hrísbraut 11, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.12 Að selja tvær íbúðir hjúkrunarfræðinga að Garðsbrún 2, Höfn í Hornafirði, og kaupa annað hentugra húsnæði.
2.13 Að selja húsnæði heilsugæslunnar í Hveragerði að Breiðamörk 15 og nota andvirðið til kaupa á nýju húsnæði fyrir heilsugæsluna.
2.14 Að selja prestssetrið Bólstað, Bólstaðarhlíðarhreppi, Húnavatnsprófastsdæmi.
2.15 Að selja íbúðarhús að Hálsi 2, Suður-Þingeyjarsýslu, Þingeyjarprófastsdæmi.
2.16 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
2.17 Að selja fasteignirnar Tjarnarbraut 39a, 39b og 39c, Egilsstöðum, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.18 Að selja flugafgreiðslu á Kópaskersflugvelli.
2.19 Að selja flugafgreiðslu á Breiðdalsvíkurflugvelli.
2.20 Að selja flugafgreiðslu á Raufarhöfn.
2.21 Að selja skrifstofuhúsnæði á Ólafsfjarðarflugvelli.
2.22 Að selja eignir Flugmálastjórnar við Nauthólsvík, Reykjavík.
2.23 Að selja þjónustuhús Ferðamálaráðs við Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
2.24 Að selja húsnæði lögreglunnar að Ólafsbraut 34, Ólafsvík, og kaupa annað hentugra.
2.25 Að selja mannvirki á jörðinni Kópareykjum, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðarinnar í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.2 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 41, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.3 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Garðarsbraut 71, Húsavík, og verja andvirðinu til endurbóta á Heilbrigðisstofnuninni á Húsavík.
3.4 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.5 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarður 4, Egilsstöðum.
3.6 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.7 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í starfsaðstöðu sýslumannsins á Akureyri í ráðhúsinu við Goðabraut, Dalvík, og kaupa annað hentugra húsnæði.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.
3.9 Að selja íbúðarblokk við Kópavogsbraut, sem nú er nýtt fyrir fatlaða, ásamt landspildum í nágrenni hennar, og ráðstafa hluta af andvirðinu til að koma upp þremur sambýlum fyrir fatlaða og til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.11 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur notuð sem slík og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til viðhalds skólamannvirkja.
3.13 Að selja hluta af eign ríkissjóðs í Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.
3.14 Að selja hús varamanns sendiherra í Stokkhólmi.
3.15 Að selja hlut ríkissjóðs í sjúkraskýli að Túngötu 2, Suðureyri við Súgandafjörð, og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á húsnæði fyrir heilsugæslusel á sama stað.
3.16 Að selja húsnæði ÁTVR að Selási 19, Egilsstöðum.
3.17 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í læknisbústað að Sandholti 28, Ólafsvík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.18 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum á Varmalandi í Borgarfirði, sem nýttar hafa verið fyrir starfsemi Kennaraháskóla Íslands og verja andvirðinu til nýbyggingar skólans.
3.19 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Eskihlíð 5, Sauðárkróki.
3.20 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.21 Að selja eignarhlut ríkisins í Rauðarárstíg 31 og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land Keldna og Keldnaholts og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja spildur úr landi Útskála, Kjalarnesprófastsdæmi.
4.3 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4.4 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
4.5 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.6 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.7 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.
4.8 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.
4.9 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.10 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Björnskoti, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
4.12 Að selja jörðina Gufudal, Ölfusi, Árnessýslu.
4.13 Að selja jörðina Gufudal II, Ölfusi, Árnessýslu.
4.14 Að selja hluta af jörðinni Reykjum, Ölfusi, Árnessýslu.
4.15 Að selja jörðina Kvígsstaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.16 Að selja jörðina Leiti, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
4.17 Að selja jörðina Svínhaga, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu.
4.18 Að selja hluta af jörðinni Hrólfsstaðahelli, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.19 Að selja hluta af jörðinni Húsagarði, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu.
4.20 Að selja jörðina Ása, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.
4.21 Að selja jörðina Bárustaði, Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.
4.22 Að selja prestssetursjörðina Ása í Skaftártungu, Skaftafellsprófastsdæmi.
4.23 Að selja prestssetursjörðina Vatnsfjörð, Ísafjarðarprófastsdæmi.
4.24 Að selja prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum, Rangárvallaprófastsdæmi.
4.25 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
4.26 Að selja land ríkissjóðs innan þéttbýlismarka í Grundarfirði.
4.27 Að selja jörðina Skriðu, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.28 Að selja jörðina Fell, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
4.29 Að selja jörðina Fyrirbarð í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.30 Að selja jörðina Urðarbak, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.31 Að selja jörðina Svarðbæli, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
4.32 Að selja jörðina Kollafjörð, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.33 Að selja jörðina Mógilsá, Kjalarnesi, Reykjavík.
4.34 Að selja hluta af jörðinni Ásvöllum, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4.35 Að selja hluta af jörðinni Ytra Lóni, Þórshafnarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
4.36 Að selja hluta af jörðinni Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.37 Að selja eða leigja neðra Nikkelsvæðið, Reykjanesi.
4.38 Að selja jörðina Tjaldbúðir, Staðarsveit, Snæfellssnessýslu.
4.39 Að selja jörðina Kolfreyju, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
4.40 Að selja hluta af jörðinni Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
4.41 Að selja hluta af jörðinni Stað í Staðardal, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu.
4.42 Að selja hluta af jörðinni Knappstöðum í Fljótum, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
4.43 Að selja hluta af jörðinni Brúum í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
4.44 Að selja hluta af jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu.
4.45 Að selja eða leigja um 277 ha landspildu í eigu ríkisins í Gerðahreppi norðan Sandgerðisvegar og sunnan Garðskagavegar sem ekki er nýtt í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
4.46 Að selja jörðina Hvítsstaði í Borgarbyggð, Mýrasýslu.

4.47 Að selja jörðina Flateyri, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.48 Að selja jörðina Framnes, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.49 Að selja jörðina Hraun, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.50 Að selja jörðina Sómastaðagerði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.
4.51 Að selja jörðina Sómastaði, Fjarðabyggð, Suður-Múlasýslu.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf.
5.2 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.
5.3 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
5.4 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
5.5 Að selja hlutafé Hafrannsóknastofnunarinnar í Fiskeldi Eyjafjarðar og láta andvirðið renna í sjóð í vörslu sjávarútvegsráðuneytis sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og skal því varið til eldis sjávardýra og hafrannsókna.
5.6 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Flugskóla Íslands hf.
5.7 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Hólalaxi hf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa fasteignir fyrir Stjórnarráð Íslands á sk. Stjórnarráðsreit við Arnarhvol í Reykjavík.
6.2 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa fasteignir sem nauðsynlegar eru vegna skipulags Menntaskólans í Reykjavík og eru innan svæðis sem markast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhlöðustíg.
6.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu í Sandgerði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.5 Að kaupa húsnæði eða viðbót við núverandi húsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
6.6 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.7 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.8 Að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans og taka til þess nauðsynleg lán.
6.9 Að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofur sendiráðs Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.11 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.12 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra Íslands í Moskvu og taka til þess nauðsynleg lán.
6.13 Að kaupa húsnæði fyrir sendiherra Íslands í Vín og taka til þess nauðsynleg lán.
6.14 Að kaupa eða leigja land fyrir Selfossflugvöll.
6.15 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir náttúrustofu á Sauðárkróki.

6.16 Að kaupa læknisbústað á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.17 Að kaupa húsnæði við Eiríksgötu fyrir starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss.
6.18 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir landlæknisembættið.
6.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir heilsugæslusel á Reyðarfirði.
6.20 Að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd ríkisins.
6.21 Að kaupa viðbótarhúsnæði til nota fyrir embætti sýslumannsins í Búðardal og taka til þess nauðsynleg lán.
6.22 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir sýslumanninn í Reykjavík.
6.23 Að kaupa til niðurrifs flugskýli á Reykjavíkurflugvelli vegna framkvæmda við flugvöllinn.
6.24 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir þjóðgarðsvörð í Snæfellsnesþjóðgarði.
6.25 Að kaupa eða leigja geymsluhúsnæði í Reykholti í Borgarfirði.
6.26 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti yfirdýralæknis.
6.27 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir embætti veiðimálastjóra.
6.28 Að kaupa eða leigja læknisbústað í Borgarnesi.
6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði undir heilsugæslustöðvar í Reykjavík.
6.30 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna í Hafnarfirði.
6.31 Að kaupa jörðina Galtastaðir fram í Hróarstungu, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu.
6.32 Að kaupa eignarhlut St. Fransiskusreglunnar í St. Fransiskusspítalanum, Stykkishólmi.
6.33 Að kaupa eignarhlut Reykhólahrepps í Flatey á Breiðafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.34 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2002 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2002, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
7.5 Að kaupa eignarhlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
7.6 Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.
7.7 Að styrkja stjórnmálaflokka samkvæmt umsóknum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum, sbr. fjárlagalið 09-999-1.18.
7.8 Að heimila sjúkrahúsum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að

vísindarannsóknum og þróun nýjunga á sviði heilbrigðismála og læknisfræði. Samningar, sem fela í sér fjárskuldbindingar, skulu lagðir fyrir ráðherra heilbrigðismála og fjármála til staðfestingar.

7.9 Að semja, með samþykki samgönguráðherra, við meðeigendur ríkissjóðs í ferjufélögum um ráðstöfun eigna og skulda félaganna.

7.10 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg og aðra aðila um byggingu og rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík og greiða nauðsynlegan kostnað við samningsgerðina.

7.11 Að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. IX. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, um framlög vegna bygginga eða kaupa á leiguíbúðum.

7.12 Að leggja Seðlabanka Íslands til stofnfé á árinu 2002.

7.13 Að lækka fjárheimildir á fjárlagaliðunum 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá ráðuneytum alls um 100 m.kr. og færa þær á liðinn 09-481 Útgjöld samkvæmt heimildaákvæðum til að framfylgja tillögu um lækkun útgjalda í þeim verkefnum. Jafnframt að færa fjárheimildir á milli fjárlagaliðanna 996 Íslenska upplýsingasamfélagið hjá ráðuneytum og annarra fjárlagaliða eftir því sem við á vegna mótframlaga stofnana til verkefna á þessu sviði sem dregið verður úr eða fallið frá.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur

Sundurliðun 1

Tekjur A-hluta

I Skatttekjur

1 Skattar á tekjur og hagnað

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	55.005,0	52.865,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur	1.120,0	1.120,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur	5.000,0	4.960,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**61.125,0**	**58.945,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	6.500,0	5.540,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	1.500,0	1.080,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	777,0	763,9
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**2.277,0**	**1.843,9**
	Skattar á tekjur og hagnað	**69.902,0**	**66.328,9**

2 Tryggingagjöld

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	160,0	160,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	19.594,6	19.216,3
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	3.610,1	3.610,1
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**23.364,7**	**22.986,4**
	Tryggingagjöld	**23.364,7**	**22.986,4**

3 Skattar á launagreiðslur

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	174,4	170,9

4 Eignarskattar

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar	3.910,7	3.884,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar	2.399,3	2.399,4
	Skattar á hreina eign	**6.310,0**	**6.283,4**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	850,0	850,0
4.4.1	Stimpilgjöld	3.200,0	3.100,0
4.5.2.1	Sértækir eignarskattar á fasteignir	339,0	339,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir	621,0	621,0
	Sértækir eignarskattar	**960,0**	**960,0**
	Eignarskattar	**11.320,0**	**11.193,4**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	76.700,0	73.530,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	2.130,0	2.100,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	650,0	650,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	3.150,0	3.150,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	2.190,0	2.190,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	5.434,0	5.434,0
5.1.2.1.35	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	43,5	43,5
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	673,0	673,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	6.856,2	6.906,2
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	3.200,0	3.200,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	1.872,1	1.872,1
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	2.323,0	2.273,0
5.1.2.15	Útflutningsgjöld	18,6	18,6
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	1.351,7	1.351,7
5.1.2.30	Aðrir sértækir skattar á vörur og þjónustu	1,3	1,3
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**106.593,4**	**103.393,4**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	2.940,0	2.880,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	4.964,0	4.964,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	148,9	148,9
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	72,5	72,5
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	293,2	293,2
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	551,7	554,2
5.2.2.35	Ýmislegt	17,5	17,5
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.987,8**	**8.930,3**
	Skattar á vörur og þjónustu	**115.581,2**	**112.323,7**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	202,4	202,4
6.1.15	Markaðsgjald	218,0	218,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli	500,0	500,0
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**920,4**	**920,4**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	85,0	50,0
	Aðrir skattar	**1.005,4**	**970,4**
	Skatttekjur, samtals	**221.347,7**	**213.973,7**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	308,0	280,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.320,5	1.320,5
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**1.628,5**	**1.600,5**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	5.070,0	2.130,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.570,0	4.440,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	3.720,0	3.020,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	42,0	42,0
	Aðrar eignatekjur	**13.402,0**	**9.632,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**15.030,5**	**11.232,5**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld (1.-3.gr.) ofl.	75,0	75,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	35,0	35,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.155,0	2.155,0
9.1.3.5	Skólagjöld	336,1	336,1
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	100,0	100,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	608,8	608,8
9.1.3.20	Prófgjöld	12,9	12,9
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	111,9	111,9
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	699,2	699,2

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
9.1.3.35	Ýmislegt	256,2	219,4
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	234,7	234,7
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	57,0	57,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**4.681,8**	**4.645,0**
	Ýmsar tekjur	**4.681,8**	**4.645,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	330,0	300,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	180,0	118,8
10.3	Ýmsar sektir	40,0	40,0
	Sektir	**550,0**	**458,8**
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	125,0	125,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	24,0	24,0
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**149,0**	**149,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**20.411,3**	**16.485,3**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	15.500,0	15.500,0
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	20,0	20,0
	Sala eigna, samtals	**15.520,0**	**15.520,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	76,0	76,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	220,0	220,0
	Rekstrarframlög	**296,0**	**296,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	325,0	325,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**621,0**	**621,0**
	Fjárframlög, samtals	**621,0**	**621,0**
	Heildartekjur samtals	**257.900,0**	**246.600,0**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	95,4
1.50 Fálkaorðan	1,7
1.81 Opinberar heimsóknir	21,7
Almennur rekstur samtals	118,8
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Laufásvegur 72, viðhald	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.11 Bifreiðar	2,5
Stofnkostnaður samtals	4,5
Gjöld samtals	**124,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	124,3

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:	
1.01 Alþingiskostnaður	535,2
1.02 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	46,2
1.03 Fastanefndir	75,1
1.04 Alþjóðasamstarf	116,1
1.06 Almennur rekstur	466,9
1.07 Sérverkefni	28,5
1.10 Rekstur fasteigna	112,6
Almennur rekstur samtals	1.380,6
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	24,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	39,0

	m.kr.
6.21 Fasteignir	-2,0
Stofnkostnaður samtals	37,0
Gjöld samtals	**1.441,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,5
Gjöld umfram tekjur	**1.433,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.433,1

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:	
6.50 Nýbygging	440,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	440,0

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	137,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,8

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	78,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,1

00-610 Umboðsmaður Alþingis

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður Alþingis	73,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,1

m.kr.

00-620 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisendurskoðun 256,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **245,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 245,5

00-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 14,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur **2.545,9**
Greitt úr ríkissjóði **2.545,9**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	170,1
1.20 Stjórnarráðshús	17,7
Almennur rekstur samtals	187,8
Gjöld samtals	**187,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,8

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag	4,0
1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6,8
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	6,1
1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins	14,1
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni	16,6
1.17 Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	3,7
1.23 Hrafnseyri	4,0
1.25 Vesturfarasetrið á Hofsósi	15,0
1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	3,0
1.42 Grænlandssjóður	1,0
1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada	11,6
1.90 Ýmis verkefni	21,2
1.91 Til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum	25,0
Almennur rekstur samtals	132,1
Viðhaldsverkefni:	
5.25 Viðhald á stafkirkju í Vestmannaeyjum	2,5
Gjöld samtals	**134,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**133,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,6

m.kr.

01-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis 26,9

Viðhaldsverkefni:
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis 9,8

Gjöld samtals **36,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,7

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins

Stofnkostnaður:
6.25 Nýbygging á Stjórnarráðsreit 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðhagsstofnun 135,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,0

Gjöld umfram tekjur **131,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,6

m.kr.

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	25,4
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	94,4
Almennur rekstur samtals	119,8
Gjöld samtals	**119,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**118,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,7

01-241 Umboðsmaður barna

Almennur rekstur:	
1.01 Umboðsmaður barna	18,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,1

01-251 Þjóðmenningarhúsið

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðmenningarhúsið	57,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**60,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,3
Gjöld umfram tekjur	**56,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	56,8

m.kr.

01-253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn

Stofnkostnaður:
6.21 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn 90,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 48,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,1

01-271 Ríkislögmaður

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögmaður 46,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **43,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,8

01-303 Kristnihátíðarsjóður

Almennur rekstur:
1.11 Kristnihátíðarsjóður 100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,0

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 46,1

Viðhaldsverkefni:
5.01 Fasteignir 2,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Nýframkvæmdir 45,0

Gjöld samtals **93,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,3

Gjöld umfram tekjur **80,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,8

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 23,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,0

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **1.124,0**
Greitt úr ríkissjóði **1.124,0**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	377,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**375,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	375,3

02-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	2.152,8
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	2.153,3
1.13 Háskólasjóður	72,0
Almennur rekstur samtals	4.378,1
Viðhaldsverkefni:	
5.50 Fasteignir	76,0
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	318,0
Gjöld samtals	**4.772,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-905,7
Gjöld umfram tekjur	**3.866,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.410,8
Innheimt af ríkistekjum	455,6

m.kr.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	176,3
1.10 Rannsóknadeild fisksjúkdóma	22,3
Almennur rekstur samtals	198,6
Gjöld samtals	**198,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-78,8
Gjöld umfram tekjur	**119,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,8
Innheimt af ríkistekjum	1,0

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	31,3
1.02 Rekstur fasteigna	16,5
1.03 Rannsóknastofur	262,3
Almennur rekstur samtals	310,1
Gjöld samtals	**310,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-108,8
Gjöld umfram tekjur	**201,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,3

02-204 Stofnun Sigurðar Nordals

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Sigurðar Nordals	11,5
1.11 Íslenskukennsla erlendis	8,2
Almennur rekstur samtals	19,7
Gjöld samtals	**19,7**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **18,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,7

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.01 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 81,8
1.20 Bókaútgáfa 11,6
Almennur rekstur samtals 93,4

Gjöld samtals **93,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **88,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,0

02-206 Orðabók Háskólans

Almennur rekstur:
1.01 Orðabók Háskólans 30,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **24,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,5

02-207 Íslensk málstöð

Almennur rekstur:
1.01 Íslensk málstöð 20,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,2

Gjöld umfram tekjur **16,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,6

02-208 Örnefnastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Örnefnastofnun Íslands 14,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **13,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 358,2
1.02 Rannsóknastarfsemi 107,3
Almennur rekstur samtals 465,5

Gjöld samtals **465,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,7

Gjöld umfram tekjur **459,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 441,3
Innheimt af ríkistekjum 18,5

02-211 Tækniskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Tækniskóli Íslands 353,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 337,2
Innheimt af ríkistekjum 16,1

m.kr.

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	642,6
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	276,6
Almennur rekstur samtals	919,2
Gjöld samtals	**919,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	885,7
Innheimt af ríkistekjum	33,5

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsmatsstofnun	82,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-64,1
Gjöld umfram tekjur	**18,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,8

02-225 Viðskiptaháskólinn á Bifröst

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	86,1
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni	22,2
Almennur rekstur samtals	108,3
Gjöld samtals	**108,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	108,3

02-227 Háskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	385,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 385,5

02-228 Listaháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Listaháskóli Íslands 315,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 315,0

02-231 Rannsóknarráð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknarráð Íslands 87,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,0

Gjöld umfram tekjur **63,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,2

02-234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Almennur rekstur:
1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 99,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 99,2

02-235 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum

Stofnkostnaður:
6.60 Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum 95,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,0

m.kr.

02-236 Vísindasjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	8,5
Stofnkostnaður:	
6.60 Vísindasjóður	201,5
Gjöld samtals	**210,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	210,0

02-237 Tæknisjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	14,2
Stofnkostnaður:	
6.60 Tæknisjóður	187,5
Gjöld samtals	**201,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	201,7

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Bygginga- og tækjasjóður	77,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	77,0

02-239 Rannsóknarnámssjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknarnámssjóður	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,0

m.kr.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald 65,0

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður 410,0

Gjöld samtals **475,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 475,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.15 Nýsköpunarsjóður 20,0
1.61 Norræna eldfjallastöðin 17,4
1.71 Rannsóknasetrið Vestmannaeyjum, humarrannsóknir 2,0
1.73 Reykjavíkurakademían 7,0
1.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi 45,7
1.91 Háskólar, óskipt 41,4
Almennur rekstur samtals 133,5

Gjöld samtals **133,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,5

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 313,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 307,3
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 274,1

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	14,5
Almennur rekstur samtals	288,6
Gjöld samtals	**288,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,3
Innheimt af ríkistekjum	5,3

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	85,7
1.09 Önnur verkefni	13,0
Almennur rekstur samtals	98,7
Gjöld samtals	**98,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**98,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,0
Innheimt af ríkistekjum	1,1

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	372,7
1.09 Önnur verkefni	34,8
Almennur rekstur samtals	407,5
Gjöld samtals	**407,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,8
Gjöld umfram tekjur	**398,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	390,7
Innheimt af ríkistekjum	8,0

m.kr.

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	288,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,7
Innheimt af ríkistekjum	6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	133,4
1.09 Önnur verkefni	10,9
Almennur rekstur samtals	144,3
Gjöld samtals	**144,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**142,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,7
Innheimt af ríkistekjum	2,3

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	128,2
1.09 Önnur verkefni	16,9
Almennur rekstur samtals	145,1
Gjöld samtals	**145,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**142,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	140,2
Innheimt af ríkistekjum	2,5

m.kr.

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	417,0
1.09 Önnur verkefni	29,8
Almennur rekstur samtals	446,8
Gjöld samtals	**446,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,3
Gjöld umfram tekjur	**435,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	427,4
Innheimt af ríkistekjum	8,1

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	216,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	212,6
Innheimt af ríkistekjum	4,3

02-316 Fasteignir framhaldsskóla

Almennur rekstur:	
1.05 Fasteignir Héraðsskóla	19,0
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Viðhald	10,0
Gjöld samtals	**29,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt	272,0

	m.kr.
6.95 Tæki og búnaður, óskipt	24,0
Stofnkostnaður samtals	296,0
Gjöld samtals	**296,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,0

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.11 Sameiginleg þjónusta	63,8
1.12 Orlof kennara	88,8
1.13 Forfallakennsla	36,6
1.14 Sérkennsla	270,3
1.15 Prófkostnaður	52,6
1.16 Nýjungar í skólastarfi	27,9
1.17 Námsskrárgerð	33,0
1.18 Námsefnisgerð	17,7
1.19 Kennslueftirlit	5,7
1.21 Nám tannsmiða	9,1
1.22 Námskeið skipstjórnarmanna	6,3
1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,7
1.26 Þróunarsjóður	14,5
1.27 Íslenskukennsla	15,9
1.28 Mat á skólastarfi	32,1
1.30 Endurmenntun	24,7
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri	9,5
1.34 Myndlistarskólinn í Reykjavík	17,5
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi	1,0
1.36 Viðskipta- og tölvuskólinn	43,1
1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu	37,7
1.90 Framhaldsskólar, óskipt	95,1
Almennur rekstur samtals	903,6
Gjöld samtals	**903,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	903,6

m.kr.

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	519,5
1.09 Önnur verkefni	62,6
Almennur rekstur samtals	582,1
Gjöld samtals	**582,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,5
Gjöld umfram tekjur	**555,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	545,4
Innheimt af ríkistekjum	10,2

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	294,4
1.09 Önnur verkefni	10,5
Almennur rekstur samtals	304,9
Gjöld samtals	**304,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,6
Gjöld umfram tekjur	**303,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	296,6
Innheimt af ríkistekjum	6,7

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	243,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**243,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 238,3
Innheimt af ríkistekjum 4,7

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 287,6
1.09 Önnur verkefni 11,4
Almennur rekstur samtals 299,0

Gjöld samtals **299,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,2

Gjöld umfram tekjur **292,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 287,0
Innheimt af ríkistekjum 5,8

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 273,5
1.09 Önnur verkefni 9,9
Almennur rekstur samtals 283,4

Gjöld samtals **283,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,5

Gjöld umfram tekjur **280,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 275,8
Innheimt af ríkistekjum 5,1

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 116,9

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	0,9
Almennur rekstur samtals	117,8
Gjöld samtals	**117,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**117,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	115,1
Innheimt af ríkistekjum	2,0

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	177,2
1.09 Önnur verkefni	20,6
Almennur rekstur samtals	197,8
Gjöld samtals	**197,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,6
Gjöld umfram tekjur	**195,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	191,6
Innheimt af ríkistekjum	3,6

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	342,6
1.09 Önnur verkefni	17,9
Almennur rekstur samtals	360,5
Gjöld samtals	**360,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,1
Gjöld umfram tekjur	**356,4**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 350,0
Innheimt af ríkistekjum 6,4

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 98,6
1.09 Önnur verkefni 12,1
Almennur rekstur samtals 110,7

Gjöld samtals **110,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,8

Gjöld umfram tekjur **108,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 107,5
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 512,4
1.09 Önnur verkefni 10,2
Almennur rekstur samtals 522,6

Gjöld samtals **522,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **517,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 507,4
Innheimt af ríkistekjum 9,8

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 222,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **222,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 217,6
Innheimt af ríkistekjum 4,4

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 47,5
1.09 Önnur verkefni 0,6
Almennur rekstur samtals 48,1

Gjöld samtals **48,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **47,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,1
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 74,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **74,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 73,3
Innheimt af ríkistekjum 1,1

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 68,6

	m.kr.
1.09 Önnur verkefni	10,0
Almennur rekstur samtals	78,6
Gjöld samtals	**78,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	77,7
Innheimt af ríkistekjum	0,9

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	391,9
1.09 Önnur verkefni	9,2
Almennur rekstur samtals	401,1
Gjöld samtals	**401,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,1
Gjöld umfram tekjur	**393,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	386,2
Innheimt af ríkistekjum	6,8

02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Almennur rekstur:	
1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	21,5
1.02 Nám táknmálstúlka	3,3
Almennur rekstur samtals	24,8
Gjöld samtals	**24,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,0
Gjöld umfram tekjur	**22,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,8

m.kr.

02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla	123,1
1.02 Annað en kennsla	14,4
Almennur rekstur samtals	137,5
Gjöld samtals	**137,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**137,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	137,2

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarkennsla	21,5
1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi	8,5
1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða	8,5
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	8,5
1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar	8,5
1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga	8,5
1.26 Fræðslunet Austurlands	8,5
1.27 Fræðslunet Suðurlands	8,5
1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8,5
Almennur rekstur samtals	89,5
Gjöld samtals	**89,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	89,5

02-506 Vélskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	90,0
1.09 Önnur verkefni	6,1
Almennur rekstur samtals	96,1
Gjöld samtals	**96,1**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,5

Gjöld umfram tekjur **94,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,2
Innheimt af ríkistekjum 1,4

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 40,7
1.09 Önnur verkefni 6,1
Almennur rekstur samtals 46,8

Gjöld samtals **46,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **46,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,7
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 816,1
1.09 Önnur verkefni 78,7
Almennur rekstur samtals 894,8

Gjöld samtals **894,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -37,8

Gjöld umfram tekjur **857,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 844,5
Innheimt af ríkistekjum 12,5

m.kr.

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 280,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,8

Gjöld umfram tekjur **258,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 254,5
Innheimt af ríkistekjum 3,8

02-541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 12,4
1.02 Annað en kennsla 6,0
Almennur rekstur samtals 18,4

Gjöld samtals **18,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,4

02-551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 15,0
1.02 Annað en kennsla 1,1
Almennur rekstur samtals 16,1

Gjöld samtals **16,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,1

02-563 Tónlistarskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.10 Tónlistarskólinn í Reykjavík 19,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,3

02-564 Listdansskólinn

Almennur rekstur:
1.01 Kennsla 42,0
1.02 Annað en kennsla 13,8
Almennur rekstur samtals 55,8

Gjöld samtals **55,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **54,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,5
Innheimt af ríkistekjum 5,3

02-571 Sjómannaskólahúsið

Almennur rekstur:
1.01 Sjómannaskólahúsið 47,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **46,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 46,9

02-581 Verslunarskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 463,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 463,5

m.kr.

02-720 Grunnskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.31 Sérstök fræðsluverkefni	16,0
1.33 Þróunarsjóður leikskóla	3,0
1.35 Samræmd próf	56,7
1.37 Endurmenntun	19,8
1.70 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	38,9
1.82 Þróunarstarf í grunnskólum	11,7
Almennur rekstur samtals	146,1
Gjöld samtals	**146,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,7
Gjöld umfram tekjur	**142,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,4

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Námsgagnastofnun	355,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-35,6
Gjöld umfram tekjur	**320,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,3

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	8,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,3
Innheimt af ríkistekjum	6,5

m.kr.

02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Almennur rekstur:	
1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.550,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.550,0

02-884 Jöfnun á námskostnaði

Almennur rekstur:	
1.01 Jöfnun á námskostnaði	436,2
1.10 Skólaakstur	42,1
Almennur rekstur samtals	478,3
Gjöld samtals	**478,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	478,3

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fornleifavernd ríkisins	30,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðminjasafn Íslands	191,5
1.10 Byggða- og minjasöfn	29,0
1.11 Hönnunarsafn Íslands	4,4
Almennur rekstur samtals	224,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
6.41 Samgöngusafn Íslands í Skógum undir Eyjafjöllum	7,0
6.42 Endurbygging Kútters Sigurfara	4,0
Stofnkostnaður samtals	13,0
Gjöld samtals	**237,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **226,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 226,6

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 110,9
1.11 Héraðsskjalasöfn 10,8
Almennur rekstur samtals 121,7

Gjöld samtals **121,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,1

Gjöld umfram tekjur **115,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 115,6

02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Almennur rekstur:
1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn 379,9

Stofnkostnaður:
6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 23,5
6.06 Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands 46,5
Stofnkostnaður samtals 70,0

Gjöld samtals **449,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -70,3

Gjöld umfram tekjur **379,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 379,6

m.kr.

02-906 Listasafn Einars Jónssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Einars Jónssonar	10,5
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**10,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,1

02-907 Listasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Listasafn Íslands	84,2
1.02 Listasafn Ásgríms Jónssonar	4,4
Almennur rekstur samtals	88,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Listaverkakaup	12,0
Gjöld samtals	**100,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,7
Gjöld umfram tekjur	**85,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	85,9

02-909 Blindrabókasafn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Blindrabókasafn Íslands	51,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**50,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	50,8

m.kr.

02-918 Safnasjóður

Almennur rekstur:

1.10 Safnasjóður	58,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	58,0

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:

1.10 Listasafn ASÍ	3,0
1.11 Nýlistasafn	5,0
1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	6,0
1.41 Galdrasýning á Ströndum	7,0
1.90 Söfn, ýmis framlög	4,5
Almennur rekstur samtals	25,5

Stofnkostnaður:

6.22 Sögusetrið á Hvolsvelli	7,0
6.23 Hvalamiðstöð á Húsavík	7,0
6.25 Geysisstofa í Haukadal	7,0
6.26 Endurbygging vélbátsins Blátinds, Vestmannaeyjum	4,0
6.28 Sögusafnið í Reykjavík	7,0
6.29 Endurbygging á Brydebúð	3,0
6.32 Sjóminjasafn Íslands	1,0
6.35 Endurbygging Tryggvaskála á Selfossi	4,0
6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði	7,0
6.38 Safnahús í Neðstakaupstað á Ísafirði	6,0
6.39 Viðgerð á eikarbátnum Sædísi, Ísafirði	3,5
6.40 Viðgerð á vélbátnum Gesti, Ísafirði	3,5
6.41 Safnahús í Búðardal	7,0
6.43 Kjarvalsstofa á Borgarfirði eystri	4,0
6.44 Saltfisksetur Íslands í Grindavík	3,0
Stofnkostnaður samtals	74,0
Gjöld samtals	**99,5**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	99,5

m.kr.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	335,0
6.92 Kaupvangur á Vopnafirði	7,0
6.93 Duushúsin í Reykjanesbæ	7,0
Stofnkostnaður samtals	349,0
Gjöld samtals	**349,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	349,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	2.155,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2.155,0

02-972 Íslenski dansflokkurinn

Almennur rekstur:	
1.01 Íslenski dansflokkurinn	68,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,5
Gjöld umfram tekjur	**63,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	63,6

02-973 Þjóðleikhús

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðleikhús	627,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-173,1
Gjöld umfram tekjur	**454,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	454,3

m.kr.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 238,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 238,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 13,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,0

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttarsjóður 62,0
1.13 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald 1,3
1.14 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur 1,0
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 2,7
Almennur rekstur samtals 67,0

Gjöld samtals **67,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,0

02-978 Listasjóðir

Almennur rekstur:
1.01 Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991 246,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 246,9

m.kr.

02-979 Húsafriðunarnefnd

Stofnkostnaður:
6.10 Húsafriðunarnefnd 57,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,5

02-980 Listskreytingasjóður

Stofnkostnaður:
6.01 Listskreytingasjóður 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

02-981 Kvikmyndasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndasjóður 305,7
1.02 Kvikmyndasafn Íslands 18,2
Almennur rekstur samtals 323,9

Gjöld samtals **323,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 323,9

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.14 Bókasafnssjóður höfunda 19,3
1.15 Þýðingarsjóður 7,6
1.16 Bókmenntakynningarsjóður 6,5
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga 17,2
1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga 5,5
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa 35,0
1.25 Starfsemi hljómsveita 5,5
1.27 Tónlist fyrir alla 4,5
1.28 Barnamenningarsjóður 2,5
1.29 Íslensk tónverkamiðsstöð 8,6

	m.kr.
1.30 Íslenska óperan	107,1
1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	63,7
1.43 Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	25,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	33,6
1.76 Menningarsjóður félagsheimila	8,7
1.80 Listahátíð í Reykjavík	25,0
1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1,5
1.84 Samningur við Menningarborgarsjóð	5,0
1.90 Listir	36,8
1.91 Menningarstofnanir, óskipt	7,5
Almennur rekstur samtals	426,1
Stofnkostnaður:	
6.43 Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	17,0
Gjöld samtals	**443,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	443,1

02-983 Ýmis fræðistörf

Almennur rekstur:	
1.10 Fræðistörf	5,8
1.11 Styrkir til útgáfumála	7,5
1.15 Sögufélagið	0,5
1.16 Hið íslenska fornritafélag	0,5
1.17 Launasjóður höfunda fræðirita	9,5
1.20 Iðnsaga Íslands	7,2
1.21 Tónlistarsaga Íslands	3,5
1.23 Hið íslenska bókmenntafélag	4,0
Almennur rekstur samtals	38,5
Gjöld samtals	**38,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	38,5

02-984 Norræn samvinna

Almennur rekstur:	
1.90 Norræn samvinna	14,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:
1.90 Alþjóðleg samskipti 86,1
1.91 Aðildargjöld ESB 524,4
1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 14,5
Almennur rekstur samtals 625,0

Gjöld samtals **625,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 625,0

02-988 Æskulýðsmál

Almennur rekstur:
1.10 Æskulýðsráð ríkisins 2,0
1.12 Ungmennafélag Íslands 42,0
1.13 Bandalag íslenskra skáta 15,5
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni 1,5
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi 1,5
1.17 Landssamband KFUM og KFUK 15,0
1.18 Æskulýðsrannsóknir 1,5
1.90 Æskulýðsmál 9,4
Almennur rekstur samtals 88,4

Gjöld samtals **88,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,4

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 74,7
1.12 Ólympíunefnd fatlaðra 1,5
1.14 Íþróttasamband fatlaðra 16,5
1.15 Skólaíþróttir 3,0

	m.kr.
1.16 Íþróttasjóður	18,3
1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	2,8
1.18 Íþróttamiðstöð Íslands	1,0
1.20 Glímusamband Íslands	3,5
1.21 Skáksamband Íslands	9,0
1.22 Launasjóður stórmeistara í skák	7,2
1.23 Landsmót ungmennafélaga í Stykkishólmi	10,0
1.24 Frjálsíþróttavöllur á Ísafirði, landsmót ungmennafélaga 2004	10,0
1.25 Skákskóli Íslands	5,8
1.29 Afreksmannasjóður	10,0
1.30 Bridgesamband Íslands	10,0
1.90 Ýmis íþróttamál	5,9
Almennur rekstur samtals	189,2
Stofnkostnaður:	
6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	10,0
6.54 Gaddstaðir, reiðskemma	7,0
6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði	7,0
Stofnkostnaður samtals	24,0
Gjöld samtals	**213,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	213,2

02-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	147,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	147,0

02-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Forvarnastarf í skólum	5,0
1.13 Útvarpsréttarnefnd	2,5
1.43 Skriðuklaustur	10,6
1.44 Snorrastofa	5,9

	m.kr.
1.46 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.90 Ýmis framlög	25,4
Almennur rekstur samtals	54,4
Stofnkostnaður:	
6.93 Snorrastofa	6,0
Gjöld samtals	**60,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	60,4

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28.323,8**
Greitt úr ríkissjóði	**25.423,2**
Innheimt af ríkistekjum	**2.900,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	598,5
1.02 Varnarmálaskrifstofa	66,0
1.53 Þýðingamiðstöð	54,1
Almennur rekstur samtals	718,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	9,2
Gjöld samtals	**727,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,3
Gjöld umfram tekjur	**722,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	712,5
Innheimt af ríkistekjum	10,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Samskipti við Vestur-Íslendinga	3,0
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,5
1.19 Ráðstefnur	243,6
1.21 Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	0,9
1.23 Mannréttindaskrifstofa Íslands	4,0
1.24 Samningur um eftirlit með tæknilegum viðskiptahindrunum	5,3
1.25 Hafréttarstofnun Íslands	5,3
1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands	11,0
Almennur rekstur samtals	275,6
Gjöld samtals	**275,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	275,6

m.kr.

03-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	48,2
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	331,8
1.20 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	270,7
1.30 Fíkniefnaeftirlit	12,3
Almennur rekstur samtals	663,0
Viðhaldsverkefni:	
5.20 Fasteignir	1,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**667,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-173,5
Gjöld umfram tekjur	**493,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	447,0
Innheimt af ríkistekjum	46,5

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	518,5
Viðhaldsverkefni:	
5.21 Fasteignir	15,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	46,5
Gjöld samtals	**580,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -40,4

Gjöld umfram tekjur **539,9**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 653,8
Viðskiptahreyfingar ..... -113,9

03-301 Sendiráð Íslands í Berlín

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Berlín 75,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,1

03-302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn 47,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,2

03-303 Sendiráð Íslands í London

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í London 88,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,9

03-304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Moskvu 79,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,8

m.kr.

03-305 Sendiráð Íslands í Ósló

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ósló 50,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,4

03-306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO 105,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,1

03-307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi 38,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,4

03-308 Sendiráð Íslands í Washington

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Washington 85,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 85,2

03-309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York 147,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 147,6

m.kr.

03-310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu 106,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 106,1

03-311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu 78,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,1

03-312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf 78,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 78,2

03-313 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Vínarborg og fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu 47,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,5

03-314 Sendiráð Íslands í Peking

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Peking 81,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 81,1

m.kr.

03-315 Sendiráð Íslands í Ottawa

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Ottawa 61,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,3

03-316 Sendiráð Íslands í Tókíó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Tókíó 100,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,8

03-317 Sendiráð Íslands í Helsinki

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Helsinki 50,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,3

03-318 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu

Almennur rekstur:
1.01 Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu 27,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,7

03-319 Sendiráð Íslands í Mapútó

Almennur rekstur:
1.01 Sendiráð Íslands í Mapútó 20,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,5

m.kr.

03-320 Sendiráð, almennt

Almennur rekstur:
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda 118,1

Viðhaldsverkefni:
5.90 Viðhald 15,9

Stofnkostnaður:
6.90 Tæki og búnaður 23,9

Gjöld samtals **157,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 157,9

03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 34,0
1.11 Þróunaraðstoð 434,5
Almennur rekstur samtals 468,5

Gjöld samtals **468,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 468,5

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna 63,0
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 10,4
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 22,4
1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF 11,6
1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna 48,9
1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 3,1
1.30 Mannúðarmál og neyðaraðstoð 20,7
Almennur rekstur samtals 180,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

	m.kr.
Gjöld samtals	**182,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	182,1

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	38,3
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	11,7
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	7,5
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3,5
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF)	27,2
1.19 Alþjóðabankinn, Íslenski ráðgjafasjóðurinn (IMF)	18,3
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6,4
1.39 Evrópuráðið	20,3
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	16,0
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	43,8
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	48,8
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	77,8
1.72 EFTA-dómstóllinn	25,4
1.73 Þróunarsjóður EFTA	113,9
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	26,7
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	2,1
1.85 Alþjóðleg friðargæsla	73,2
1.87 Íslensk friðargæsla	135,5
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja	67,0
Almennur rekstur samtals	763,4
Gjöld samtals	**763,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	763,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	218,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,0

	m.kr.
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5.195,7**
Greitt úr ríkissjóði	**4.599,3**
Innheimt af ríkistekjum	**710,3**
Viðskiptahreyfingar	**-113,9**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	151,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,4
Gjöld umfram tekjur	**146,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	146,8

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Framkvæmd búvörusamnings	10,0
1.12 Mat á búvörum	11,9
1.15 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	6,0
1.21 Landþurrkun	0,6
1.31 Skógræktarfélag Íslands	19,7
1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	4,2
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	5,9
1.55 Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	2,1
1.90 Ýmis verkefni	27,1
Almennur rekstur samtals	87,5
Gjöld samtals	**87,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,6
Innheimt af ríkistekjum	12,0
Viðskiptahreyfingar	-0,1

04-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

m.kr.

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 314,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 6,7

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 3,7
6.20 Fasteignir 1,3
Stofnkostnaður samtals 5,0

Gjöld samtals **325,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -131,4

Gjöld umfram tekjur **194,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 194,5

04-221 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 87,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -45,5

Gjöld umfram tekjur **42,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,1

04-222 Veiðimálastjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastjóri 21,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **20,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,3
Innheimt af ríkistekjum 5,0

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 217,0
1.25 Sauðfjárveikivarnir 40,9
1.52 Eftirlit og eftirlitsferðir 10,8
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 64,0
Almennur rekstur samtals 332,7

Viðhaldsverkefni:
5.90 Dýralæknisbústaðir 4,0

Gjöld samtals **336,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **331,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 252,5
Innheimt af ríkistekjum 79,0

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 19,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,8

04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði 212,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 7,0
6.20 Fasteignir og lóðir 7,0
Stofnkostnaður samtals 14,0

Gjöld samtals **230,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -81,1

Gjöld umfram tekjur **149,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 149,1

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 183,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 4,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0
6.20 Fasteignir og lóðir 18,0
Stofnkostnaður samtals 20,0

Gjöld samtals **207,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -64,3

Gjöld umfram tekjur **143,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 143,1

04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Garðyrkjuskóli ríkisins 99,0

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald 5,2

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,2

Gjöld samtals **106,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,3

Gjöld umfram tekjur **95,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 95,1

04-293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Hagþjónusta landbúnaðarins 17,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **16,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 16,5

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 333,0
1.90 Fyrirhleðslur 37,7
Almennur rekstur samtals 370,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 5,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 39,5

Gjöld samtals **415,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -34,2

Gjöld umfram tekjur **381,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 381,0

m.kr.

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 165,9
1.10 Rannsóknastöðin Mógilsá 79,5
1.90 Sérstök verkefni 66,8
Almennur rekstur samtals 312,2

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhaldsfé 6,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 6,2
6.20 Fasteignir, óskipt 9,1
Stofnkostnaður samtals 15,3

Gjöld samtals **333,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -111,4

Gjöld umfram tekjur **222,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 222,3

04-324 Landgræðslusjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Landgræðslusjóður 23,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -23,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-331 Héraðsskógar

Almennur rekstur:
1.10 Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði 89,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **87,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,6

m.kr.

04-343 Landshlutabundin skógrækt

Almennur rekstur:	
1.10 Suðurlandsskógar	69,2
1.13 Vesturlandsskógar	34,0
1.15 Skjólskógar, Vestfjörðum	30,0
1.16 Norðurlandsskógar	50,0
1.17 Austurlandsskógar	10,0
Almennur rekstur samtals	193,2
Gjöld samtals	**193,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	193,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	3.769,6
1.02 Lífeyrissjóður bænda	142,1
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	275,0
Almennur rekstur samtals	4.186,7
Gjöld samtals	**4.186,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4.186,7

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	1.734,6
1.02 Lífeyrissjóður bænda	68,8
1.03 Jöfnunargreiðslur	66,8
1.05 Niðurgreiðslur á ull	246,9
1.06 Álag vegna uppkaupa á greiðslumarki	123,5
1.10 Þjónustu- og þróunarkostnaður	263,1
1.30 Uppkaup á greiðslumarki	239,5
1.35 Fagmennska í sauðfjárrækt	38,5
Almennur rekstur samtals	2.781,7
Gjöld samtals	**2.781,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2.781,7

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Leiðbeiningastarfsemi, landsþjónusta 131,5
1.92 Leiðbeiningastarfsemi, héraðsþjónusta 86,3
1.96 Búfjárrækt 62,5
Almennur rekstur samtals 280,3

Stofnkostnaður:
6.97 Jarðabætur á lögbýlum og ýmis þróunarverkefni 55,0

Gjöld samtals **335,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 335,3

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 281,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 281,0

04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins 165,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 195,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 195,0

m.kr.

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 117,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 117,3

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár 0,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,6

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 340,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 340,0

04-828 Garðávaxtasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Garðávaxtasjóður 5,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross 18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

m.kr.

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 54,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,3

Gjöld umfram tekjur **52,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 52,0

04-841 Fiskeldisrannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Fiskeldisrannsóknir 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 20,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **17,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,5

04-851 Greiðslur vegna riðuveiki

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna riðuveiki 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

m.kr.

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Almennur rekstur:
1.11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 25,0
1.14 Átak í hrossarækt 25,0
1.91 Loðdýrafóður 30,0
Almennur rekstur samtals 80,0

Gjöld samtals **80,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

04-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 38,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 38,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **10.821,0**
Greitt úr ríkissjóði **10.673,1**
Innheimt af ríkistekjum **148,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-0,1**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	137,8
1.11 Fiskveiðisamningar	7,5
Almennur rekstur samtals	145,3
Gjöld samtals	**145,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**139,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	139,0

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.20 Eldi sjávardýra	19,1
1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	21,0
1.23 Matvælasetur	5,7
1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	21,0
1.33 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafsins	28,3
1.49 Úrskurðarnefndir	14,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	9,7
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	21,0
1.90 Ýmislegt	40,4
Almennur rekstur samtals	180,6
Gjöld samtals	**180,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	180,6

05-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

05-202 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 736,8
1.30 Rannsóknaskip 376,8
Almennur rekstur samtals 1.113,6

Viðhaldsverkefni:
5.31 Viðhald rannsóknaskipa 53,0

Stofnkostnaður:
6.31 Tæki og búnaður í skip 16,6
6.90 Tæki og búnaður deilda og útibúa 13,9
Stofnkostnaður samtals 30,5

Gjöld samtals **1.197,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -194,1

Gjöld umfram tekjur **1.003,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.003,0

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Almenn starfsemi 284,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 15,1

Gjöld samtals **300,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -174,3

Gjöld umfram tekjur **125,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,7

m.kr.

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	434,1
1.10 Landamærastöðvar	39,4
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	37,2
Almennur rekstur samtals	510,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,0
Gjöld samtals	**514,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-13,1
Gjöld umfram tekjur	**501,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	451,6
Viðskiptahreyfingar	50,0

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	41,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,0
Gjöld umfram tekjur	**40,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	40,0

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	7,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

m.kr.

05-213 Verðlagsstofa skiptaverðs

Almennur rekstur:
1.01 Verðlagsstofa skiptaverðs 23,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,1

05-272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.01 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 18,5

Stofnkostnaður:
6.10 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 25,8

Gjöld samtals **44,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,7

Gjöld umfram tekjur **11,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,6

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins 621,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 621,0

05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 47,2
1.30 Keldnaholt 11,2
Almennur rekstur samtals 58,4

Gjöld samtals **58,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,9

Gjöld umfram tekjur **55,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,5

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur 2.704,1
Greitt úr ríkissjóði 2.614,1
Innheimt af ríkistekjum 40,0
Viðskiptahreyfingar 50,0

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	216,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**214,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	214,0

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:	
1.01 Stjórnartíðindi	30,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-26,2
Gjöld umfram tekjur	**4,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,1

06-103 Lagasafn

Almennur rekstur:	
1.10 Útgáfa lagasafns	12,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-12,4
Gjöld umfram tekjur	**0,0**

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	26,5

m.kr.

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,5

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 43,0
1.11 Námsleyfi lögfræðinga 2,8
1.40 Alþjóðasamstarf 6,6
1.45 Mannréttindaskrifstofa Íslands 4,0
1.51 Innheimta meðlaga 3,5
1.53 Kostnaður vegna lögræðislaga 4,3
1.61 Orator, almenn lögfræðiaðstoð 0,3
1.82 Biblíuþýðingar 4,1
1.83 Kristskirkja, Landakoti 2,0
1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður 1,8
Almennur rekstur samtals 72,4

Gjöld samtals **72,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,1

Gjöld umfram tekjur **54,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,1
Innheimt af ríkistekjum 3,2

06-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06-201 Hæstiréttur

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 63,6
1.02 Útgáfa hæstaréttardóma 6,0
Almennur rekstur samtals 69,6

Gjöld samtals **69,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **68,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,6

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:
1.01 Héraðsdómstólar 549,8
1.11 Meðdómsmenn 23,0
Almennur rekstur samtals 572,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 16,5

Gjöld samtals **589,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 589,3

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:
1.10 Málskostnaður í opinberum málum 350,1
1.20 Réttargæslumenn 6,9
Almennur rekstur samtals 357,0

Gjöld samtals **357,0**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -104,0

Gjöld umfram tekjur **253,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,0

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð 63,1
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 5,0
1.16 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana 4,3
Almennur rekstur samtals 72,4

Gjöld samtals **72,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **71,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,5

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

06-251 Persónuvernd

Almennur rekstur:
1.01 Persónuvernd 50,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **48,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 48,6

m.kr.

06-301 Ríkissaksóknari

Almennur rekstur:	
1.05 Ríkissaksóknari	76,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	76,9

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	585,1
1.05 Innheimta sekta	22,0
1.11 Rekstur lögreglubifreiða	162,0
Almennur rekstur samtals	769,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	15,0
6.11 Bifreiðar	98,0
Stofnkostnaður samtals	113,0
Gjöld samtals	**882,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-272,9
Gjöld umfram tekjur	**609,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	609,2

06-305 Lögregluskóli ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Lögregluskóli ríkisins	131,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	131,9

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.873,1

	m.kr.
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**1.876,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-7,0
Gjöld umfram tekjur	**1.869,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.869,1

06-321 Almannavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Almannavarnir ríkisins	41,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	41,4

06-325 Neyðarsímsvörun

Almennur rekstur:	
1.10 Neyðarsímsvörun	68,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	68,7

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	73,6
1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	3,3
Almennur rekstur samtals	76,9
Gjöld samtals	**76,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,5
Gjöld umfram tekjur	**46,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,4

m.kr.

06-335 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja

Almennur rekstur:

1.11 Skráningarstofan hf., skráningargjöld ökutækja	230,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	230,0

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:

1.20 Fíkniefnamál	1,5
1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	61,6
Almennur rekstur samtals	63,1
Gjöld samtals	**63,1**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	63,1

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:

1.10 Ýmis löggæslukostnaður	127,3
1.13 Undirbúningur að smíði varðskips	0,9
1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði	15,0
1.22 Löggæsla vegna skemmtanahalds	7,5
Almennur rekstur samtals	150,7
Gjöld samtals	**150,7**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	150,7

06-391 Húsnæði löggæslustofnana

Stofnkostnaður:

6.21 Fasteignir	10,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	10,0

m.kr.

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 1.044,2

Viðhaldsverkefni:
5.41 Viðhald skipa og flugfarkosta 65,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **1.114,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -30,0

Gjöld umfram tekjur **1.084,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.084,3

06-396 Landhelgissjóður Íslands

Stofnkostnaður:
6.41 Landhelgissjóður Íslands 8,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

06-397 Schengen-samstarf

Almennur rekstur:
1.01 Schengen-samstarf 52,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,6

06-398 Útlendingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingaeftirlitið 132,5

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 132,5

06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 209,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **209,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 209,4

06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 56,3
1.20 Löggæsla 75,3
Almennur rekstur samtals 131,6

Gjöld samtals **131,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 131,6

06-413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 40,2
1.20 Löggæsla 63,5
Almennur rekstur samtals 103,7

Gjöld samtals **103,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,9

Gjöld umfram tekjur **101,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 101,8

m.kr.

06-414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	50,9
1.20 Löggæsla	71,5
Almennur rekstur samtals	122,4
Gjöld samtals	**122,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,4

06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	18,4
1.20 Löggæsla	10,0
Almennur rekstur samtals	28,4
Gjöld samtals	**28,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,4

06-416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	34,0
1.20 Löggæsla	33,4
Almennur rekstur samtals	67,4
Gjöld samtals	**67,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,3
Gjöld umfram tekjur	**65,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	65,1

06-417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	19,3

	m.kr.
1.20 Löggæsla	16,3
Almennur rekstur samtals	35,6
Gjöld samtals	**35,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	35,6

06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	58,6
1.20 Löggæsla	79,8
1.40 Tollgæsla	4,6
Almennur rekstur samtals	143,0
Gjöld samtals	**143,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,3
Gjöld umfram tekjur	**142,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	142,7

06-419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	22,6
1.20 Löggæsla	16,5
Almennur rekstur samtals	39,1
Gjöld samtals	**39,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**39,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,0

m.kr.

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	39,9
1.20 Löggæsla	54,5
Almennur rekstur samtals	94,4
Gjöld samtals	**94,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**94,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	94,0

06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	42,7
1.20 Löggæsla	55,7
1.40 Tollgæsla	1,6
Almennur rekstur samtals	100,0
Gjöld samtals	**100,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,6
Gjöld umfram tekjur	**99,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	99,4

06-422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	25,9
1.20 Löggæsla	32,6
Almennur rekstur samtals	58,5
Gjöld samtals	**58,5**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,7

Gjöld umfram tekjur **53,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,8

06-423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 20,8
1.20 Löggæsla 15,9
Almennur rekstur samtals 36,7

Gjöld samtals **36,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,7

06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 126,5
1.20 Löggæsla 178,5
1.40 Tollgæsla 11,9
Almennur rekstur samtals 316,9

Gjöld samtals **316,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,1

Gjöld umfram tekjur **313,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 313,8

06-425 Sýslumaðurinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 57,0
1.20 Löggæsla 74,3
Almennur rekstur samtals 131,3

Gjöld samtals **131,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur **130,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,6

06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 53,4
1.20 Löggæsla 68,3
1.40 Tollgæsla 9,7
Almennur rekstur samtals 131,4

Gjöld samtals **131,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,2

Gjöld umfram tekjur **129,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,2

06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 59,1
1.20 Löggæsla 75,0
Almennur rekstur samtals 134,1

Gjöld samtals **134,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,0

Gjöld umfram tekjur **133,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,1

m.kr.

06-429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	26,4
1.20 Löggæsla	34,9
Almennur rekstur samtals	61,3
Gjöld samtals	**61,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	61,3

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	21,9
1.20 Löggæsla	22,7
Almennur rekstur samtals	44,6
Gjöld samtals	**44,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**44,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,4

06-431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	34,6
1.20 Löggæsla	33,1
Almennur rekstur samtals	67,7
Gjöld samtals	**67,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**67,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,3

m.kr.

06-432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	49,9
1.20 Löggæsla	72,8
1.40 Tollgæsla	12,0
Almennur rekstur samtals	134,7
Gjöld samtals	**134,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,3
Gjöld umfram tekjur	**128,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	128,4

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	82,9
1.20 Löggæsla	167,1
1.40 Tollgæsla	11,0
Almennur rekstur samtals	261,0
Gjöld samtals	**261,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-20,8
Gjöld umfram tekjur	**240,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	240,2

06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	111,7
1.20 Löggæsla	229,5
1.40 Tollgæsla	14,1
Almennur rekstur samtals	355,3
Gjöld samtals	**355,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,6

Gjöld umfram tekjur **352,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 352,7

06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 151,8
1.20 Löggæsla 197,7
1.40 Tollgæsla 32,9
Almennur rekstur samtals 382,4

Gjöld samtals **382,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,2

Gjöld umfram tekjur **382,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 382,2

06-437 Sýslumaðurinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 142,8
1.20 Löggæsla 156,4
Almennur rekstur samtals 299,2

Gjöld samtals **299,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,5

Gjöld umfram tekjur **298,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 298,7

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	29,2
1.11 Útgáfa ökuskírteina	10,1
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	102,9
1.60 Gagnalínukostnaður	25,5
1.63 Tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins	70,6
1.65 Þjónusta við upplýsingakerfi sýslumanna	28,9
Almennur rekstur samtals	267,2
Gjöld samtals	**267,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	267,2

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald húseigna	5,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.11 Húsnæði sýslumanns í Reykjavík	2,5
6.14 Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi	10,0
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna	25,0
Stofnkostnaður samtals	42,5
Gjöld samtals	**47,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	47,5

06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins	607,6
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fangelsisbygginga	10,0
Gjöld samtals	**617,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -61,8

Gjöld umfram tekjur **555,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 555,8

06-591 Fangelsisbyggingar

Stofnkostnaður:
6.10 Stofnframkvæmdir 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

06-701 Þjóðkirkjan

Almennur rekstur:
1.01 Biskup Íslands 877,4
1.15 Kirkjumiðstöð Austurlands 1,2
1.16 Langamýri í Skagafirði 1,2
1.91 Skálholtsskóli 7,5
Almennur rekstur samtals 887,3

Stofnkostnaður:
6.21 Skálholtsstaður 6,0
6.22 Hallgrímskirkja 16,0
6.23 Hóladómkirkja 3,0
6.25 Dómkirkjan í Reykjavík 6,0
6.26 Auðunarstofa 12,0
Stofnkostnaður samtals 43,0

Gjöld samtals **930,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -29,3

Gjöld umfram tekjur **901,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 901,0

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 144,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 144,7

06-707 Kristnisjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kristnisjóður 47,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar 555,6
1.13 Kirkjugarðasjóður 47,4
Almennur rekstur samtals 603,0

Gjöld samtals **603,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 603,0

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 1.282,5
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 111,9
Almennur rekstur samtals 1.394,4

Gjöld samtals **1.394,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.394,4

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 237,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 237,0

06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 12,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **13.619,8**
Greitt úr ríkissjóði **13.590,1**
Innheimt af ríkistekjum **29,7**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	145,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**145,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	145,6

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fjölskylduráð	3,6
1.13 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2,6
1.14 Kærunefndir fjöleignarhúsamála og húsaleigumála	3,5
1.15 Kærunefnd húsnæðismála	3,2
1.17 Kærunefnd jafnréttismála	4,8
1.18 Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	4,4
1.19 Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga	1,5
1.21 Reynslusveitarfélög	3,3
1.23 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	5,2
1.25 Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	4,6
1.26 Jafnréttisráð	6,2
1.90 Ýmislegt	2,3
Almennur rekstur samtals	45,2
Gjöld samtals	**45,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,2

07-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

07-205 Leiguíbúðir

Stofnkostnaður:
6.21 Leiguíbúðir 60,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,0

07-302 Ríkissáttasemjari

Almennur rekstur:
1.01 Ríkissáttasemjari 39,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,8

07-313 Jafnréttisstofa

Almennur rekstur:
1.01 Jafnréttisstofa 31,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 31,2

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 313,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **318,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -36,3

Gjöld umfram tekjur **282,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 196,0
Innheimt af ríkistekjum 86,5

m.kr.

07-400 Barnaverndarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	60,3
1.20 Heimili fyrir börn og unglinga	425,4
1.50 Meðferðarstöð ríkisins	93,6
Almennur rekstur samtals	579,3
Gjöld samtals	**579,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	579,3

07-401 Barnaverndarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Barnaverndarráð	15,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,7

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	
1.50 Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	9,8
1.80 Starfsþjálfun	24,7
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	6,1
1.90 Ýmis verkefni	27,3
Almennur rekstur samtals	67,9
Gjöld samtals	**67,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,9

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.186,5
1.10 Svæðisráð	2,5
1.30 Verndaðir vinnustaðir	31,0
Almennur rekstur samtals	1.220,0
Gjöld samtals	**1.220,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.220,0

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 769,7
1.10 Svæðisráð 1,9
1.30 Verndaðir vinnustaðir 29,7
1.61 Dagvistun Keflavík 16,2
1.89 Þjónusta á vegum félagasamtaka 8,3
Almennur rekstur samtals 825,8

Gjöld samtals **825,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,0

Gjöld umfram tekjur **817,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 817,8

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 136,5
1.10 Svæðisráð 1,1
1.30 Dagvist og verndaðir vinnustaðir 38,5
Almennur rekstur samtals 176,1

Gjöld samtals **176,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **164,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,2

m.kr.

07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	112,1
1.10 Svæðisráð	1,1
Almennur rekstur samtals	113,2
Gjöld samtals	**113,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	113,2

07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.86 Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra	186,5
Almennur rekstur samtals	187,6
Gjöld samtals	**187,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	187,6

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.10 Svæðisráð	1,1
1.85 Samningur við héraðsnefnd Þingeyinga um þjónustu við fatlaða	45,8
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	415,0
Almennur rekstur samtals	461,9
Gjöld samtals	**461,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	461,9

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	156,1

	m.kr.
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir	12,6
1.86 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um þjónustu við fatlaða	13,6
Almennur rekstur samtals	183,4
Gjöld samtals	**183,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,1
Gjöld umfram tekjur	**181,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	181,3

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	189,7
1.10 Svæðisráð	1,1
1.30 Verndaðir vinnustaðir	17,3
1.72 Skaftholt	25,1
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	54,7
Almennur rekstur samtals	287,9
Gjöld samtals	**287,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,5
Gjöld umfram tekjur	**286,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	286,4

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.01 Styrktarfélag vangefinna	433,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,7
Gjöld umfram tekjur	**418,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 418,0

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni 180,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,1

Gjöld umfram tekjur **179,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,5

07-722 Sólheimar í Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Sólheimar í Grímsnesi 150,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 150,9

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 156,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **152,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,9

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdasjóður fatlaðra 280,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 280,0

m.kr.

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	4.815,0
1.12 Jöfnun húsaleigubóta	330,9
Almennur rekstur samtals	5.145,9
Gjöld samtals	**5.145,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5.145,9

07-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	6,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,5

07-972 Bjargráðasjóður Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður Íslands	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	331,8
1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	10,3
Almennur rekstur samtals	342,1
Gjöld samtals	**342,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-189,1
Gjöld umfram tekjur	**153,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	153,0

m.kr.

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.10 Félagsdómur	7,5
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	9,3
1.90 Ýmislegt	18,0
Almennur rekstur samtals	34,8
Gjöld samtals	**34,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	34,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	303,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-80,0
Gjöld umfram tekjur	**223,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	223,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	1.624,3
1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	56,2
1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar	112,4
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva	144,7
1.31 Kjararannsóknarnefnd	27,1
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	112,0
1.41 Framlög og styrkir	81,0
1.45 Starfsmenntasjóður	60,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda	55,2
Almennur rekstur samtals	2.272,9
Gjöld samtals	**2.272,9**

m.kr.

Sértekjur:	
Sértekjur	-696,0
Gjöld umfram tekjur	**1.576,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.576,9

07-985 Félagsmálaskóli alþýðu

Almennur rekstur:	
1.10 Almennur rekstur	14,6
1.20 ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4,3
1.30 Norræni verkalýðsskólinn í Genf	0,2
1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	4,0
Almennur rekstur samtals	23,1
Gjöld samtals	**23,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:	
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	29,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,0
Gjöld umfram tekjur	**19,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,9

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.01 Umsýslukostnaður Tryggingastofnunar ríkisins	48,0
1.11 Fæðingarorlofssjóður	3.957,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	461,5
Almennur rekstur samtals	4.466,5
Gjöld samtals	**4.466,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.466,5

07-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 11,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 11,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.10 Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 26,2
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 128,1
1.30 Sjómannastofur 0,5
1.31 Félagasamtök, styrkir 46,5
1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða 10,5
1.35 Félag heyrnarlausra 5,2
1.36 Félagið Geðhjálp 5,0
1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík 26,7
1.41 Stígamót 16,6
1.43 Krossgötur, endurhæfingarheimili 19,2
1.44 Byrgið, líknarfélag 12,4
1.47 Félagsþjónusta við nýbúa 2,6
1.48 Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum 8,0
1.49 Mótttaka flóttamannahópa 39,7
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna 14,1
1.90 Ýmis framlög 14,5
Almennur rekstur samtals 375,8

Gjöld samtals **375,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 375,8

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **17.932,3**
Greitt úr ríkissjóði **17.845,8**
Innheimt af ríkistekjum **86,5**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	283,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	3,0
Gjöld samtals	**286,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,4
Gjöld umfram tekjur	**283,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	283,6

08-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

08-201 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Tryggingastofnun ríkisins	825,3
1.90 Rekstrarhagræðing	14,8
Almennur rekstur samtals	840,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	30,5
Gjöld samtals	**870,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-138,0
Gjöld umfram tekjur	**732,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	732,6

m.kr.

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	271,2
1.15 Umönnunarbætur	895,8
1.21 Makabætur	32,4
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	75,9
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	359,4
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	70,9
1.41 Heimilisuppbót	2.052,7
1.51 Uppbætur	2.533,6
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	191,8
Almennur rekstur samtals	6.483,7
Gjöld samtals	**6.483,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6.483,7

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	6.335,1
1.15 Örorkulífeyrir	2.462,2
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	7.976,5
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	3.690,7
1.26 Tekjutryggingarauki	652,1
1.31 Örorkustyrkur	174,1
1.35 Barnalífeyrir	1.344,9
1.91 Annað	75,9
Almennur rekstur samtals	22.711,5
Gjöld samtals	**22.711,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22.711,5

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	2.581,5

	m.kr.
1.15 Lyf	4.973,0
1.21 Hjálpartæki	998,0
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	107,6
1.31 Þjálfun	921,5
1.35 Tannlækningar	1.117,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	146,9
1.45 Brýn meðferð erlendis	524,1
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	146,1
1.55 Sjúkradagpeningar	245,0
1.91 Annað	118,1
Almennur rekstur samtals	11.878,8
Gjöld samtals	**11.878,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.878,8

08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva

Almennur rekstur:	
1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva	761,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	761,7

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	88,0
1.15 Bætur til framfærslu	280,0
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	160,0
1.21 Stjórnunarkostnaður	40,0
Almennur rekstur samtals	568,0
Gjöld samtals	**568,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	568,0

08-209 Sjúklingatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Sjúklingatryggingar	68,1

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 68,1

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra 195,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,3
Viðskiptahreyfingar 25,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 145,2
1.10 Læknaráð 2,6
1.20 Sjúkraflutningaráð 0,7
1.30 Slysavarnaráð 12,1
1.40 Siðaráð 0,9
Almennur rekstur samtals 161,5

Gjöld samtals **161,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,5
Innheimt af ríkistekjum 2,0

08-311 Héraðslæknir í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir í Reykjavík 13,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,7

08-315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:
1.01 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 8,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 86,9

Stofnkostnaður:
6.10 Fasteign 1,0

Gjöld samtals **87,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -32,4

Gjöld umfram tekjur **55,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,5

08-326 Sjónstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sjónstöð Íslands 58,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,9

Gjöld umfram tekjur **57,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 57,1

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 48,4

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,5

Gjöld samtals **49,9**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **44,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 37,1
Innheimt af ríkistekjum 7,2

08-330 Manneldisráð

Almennur rekstur:
1.01 Manneldisráð 18,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,1

Gjöld umfram tekjur **17,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,9

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 105,1
1.20 Sjálfsbjörg Akureyri 5,5
1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal 13,0
1.40 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík 17,1
1.50 Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands 2,8
1.60 Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands 6,0
1.70 Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri 3,8
1.80 Gigtarráð 3,9
1.90 Ýmis starfsemi 1,9
Almennur rekstur samtals 159,1

Stofnkostnaður:
6.90 Styrkir til ýmissa framkvæmda 9,0

Gjöld samtals **168,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 168,1

m.kr.

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Almennur rekstur:	
1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	2.476,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Fasteign	21,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	55,0
6.50 Nýbygging	10,0
Stofnkostnaður samtals	65,0
Gjöld samtals	**2.562,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-140,5
Gjöld umfram tekjur	**2.422,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.422,2

08-368 Sólvangur, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Sólvangur, Hafnarfirði	439,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-11,8
Gjöld umfram tekjur	**427,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	427,2

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Almennur rekstur:	
1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	201,1
Stofnkostnaður:	
6.50 Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	60,0
Gjöld samtals	**261,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 261,1

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús 22.012,7

Viðhaldsverkefni:
5.60 Viðhald 248,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 218,0
6.21 Barnaspítali 420,0
Stofnkostnaður samtals 638,0

Gjöld samtals **22.898,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.852,8

Gjöld umfram tekjur **21.045,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20.945,9
Innheimt af ríkistekjum 100,0

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Læknishéraðasjóður 2,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,5

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Almennur rekstur:
1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa 74,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,8

m.kr.

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðhaldsverkefni:
5.50 Viðhald sjúkrahúsa, óskipt 20,0

Stofnkostnaður:
6.60 Tækjakaup, óskipt 17,4
6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 204,0
Stofnkostnaður samtals 221,4

Gjöld samtals **241,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 241,4

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur stofnanaþjónustu fyrir aldraða 409,5

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 312,5

Gjöld samtals **722,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 722,0

08-397 Lyfjastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjastofnun 114,7

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,5

Gjöld umfram tekjur **109,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 94,3
Innheimt af ríkistekjum 14,9

m.kr.

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.13 Úrskurðarnefnd almannatrygginga	20,6
1.14 Lyfjaverðsnefnd	6,0
1.15 Nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði	45,4
1.17 Vísindasiðanefnd	10,0
1.30 Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	15,5
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	191,8
1.32 Krabbameinsfélag Íslands, styrkir	13,0
1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð	38,5
1.36 Stórstúka Íslands	1,5
1.38 Félagið Heyrnarhjálp	5,8
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	2,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	97,3
1.45 Útgáfa lyfjaskráa	3,2
1.50 Tannverndarsjóður	10,0
1.53 Tóbaksvarnir	46,1
1.55 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heyrnar- og talmeina	69,9
1.58 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	25,6
1.67 Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	7,2
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn	19,0
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	11,1
1.83 Stuðningur við sóttvarnir í Eystrarsaltslöndunum	10,7
1.90 Ýmis framlög	30,1
1.95 Kynsjúkdómar, alnæmi	5,7
Almennur rekstur samtals	686,3
Gjöld samtals	**686,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-46,4
Gjöld umfram tekjur	**639,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	639,9

m.kr.

08-400 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	553,1
Sértekjur:	
Sértekjur	-43,9
Gjöld umfram tekjur	**509,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	509,2

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi	284,3
Sértekjur:	
Sértekjur	-6,7
Gjöld umfram tekjur	**277,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	277,6

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól	478,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-16,8
Gjöld umfram tekjur	**462,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	462,1

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir	554,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,2

Gjöld umfram tekjur **537,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 537,9

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði 175,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **173,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 173,9

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær 362,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 362,3

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 294,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -10,2

Gjöld umfram tekjur **283,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 283,8

m.kr.

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu 84,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 84,6

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði 67,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 67,2

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði 80,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,7

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn 27,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,5

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ 402,7

Stofnkostnaður:
6.21 Sjúkrastofnanir SÁÁ, byggingastyrkur 15,0

Gjöld samtals **417,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **408,9**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 408,9

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Víðines 185,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,6

Gjöld umfram tekjur **180,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 180,2

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.01 Hlaðgerðarkot 61,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 61,9

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 286,6

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteignar 5,0

Gjöld samtals **291,6**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,1

Gjöld umfram tekjur **284,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 284,5

m.kr.

08-431 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Endurhæfingardeild	112,8
1.10 Almenn deild	207,7
Almennur rekstur samtals	320,5
Gjöld samtals	**320,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	320,5

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:	
1.01 Vistheimilið Bjarg	36,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,2

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:	
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	69,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	69,0

08-490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna

Almennur rekstur:	
1.01 Vistun ósakhæfra afbrotamanna	136,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,4
Gjöld umfram tekjur	**136,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,5

m.kr.

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:	
1.11 Seljahlíð, Reykjavík	117,9
1.12 Sóltún, Reykjavík	597,1
1.15 Dalbær, Dalvík	96,3
1.19 Hjallatún, Vík	37,0
1.21 Höfði, Akranesi	169,1
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	100,0
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	48,5
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	74,9
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	36,4
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	37,3
1.35 Jaðar, Ólafsvík	18,2
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	62,0
1.41 Hrafnista, Reykjavík	747,5
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	615,9
1.45 Grund, Reykjavík	657,3
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	243,3
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	158,6
1.51 Fellsendi, Búðardal	43,2
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	831,2
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	9,5
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	47,7
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	31,2
1.65 Lindargata, Reykjavík	28,9
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	56,4
1.69 Múlabær, Reykjavík	43,9
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	87,6
1.81 Holtsbúð, Garðabæ	114,0
1.83 Uppsalir, Fáskrúðsfirði	51,8
1.85 Fríðuhús, Reykjavík	23,4
1.97 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	5,6
1.98 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	18,3
Almennur rekstur samtals	5.210,0
Gjöld samtals	**5.210,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-444,9
Gjöld umfram tekjur	**4.765,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.765,1

08-496 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.11 Hjúkrunarrými 391,5
1.21 Dagvistun aldraðra 15,3
Almennur rekstur samtals 406,8

Gjöld samtals **406,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 406,8

08-497 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:
1.11 Hjúkrunarrými 143,1
1.21 Dagvistun aldraðra 4,3
1.31 Fæðingar 4,8
Almennur rekstur samtals 152,2

Gjöld samtals **152,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 152,2

08-499 Hjúkrunarheimili

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 20,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,3

08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

Almennur rekstur:
1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt 149,3

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald, óskipt 27,0

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 25,0
6.90 Tölvuvæðing 52,2
Stofnkostnaður samtals 77,2

Gjöld samtals **253,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,5

08-501 Sjúkraflutningar

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkraflutningar 283,2
1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða 54,1
1.15 Sjúkraflug 91,6
Almennur rekstur samtals 428,9

Gjöld samtals **428,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 428,9

08-505 Heilsugæsla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Reykjavík 906,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -68,4

Gjöld umfram tekjur **837,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 837,8

08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 428,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -17,0

Gjöld umfram tekjur **411,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 411,1

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla 106,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,3

Gjöld umfram tekjur **93,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 93,1

08-517 Læknavaktin

Almennur rekstur:
1.01 Læknavaktin 190,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,8

Gjöld umfram tekjur **162,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 162,1

08-522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Borgarnesi 74,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,4

Gjöld umfram tekjur **66,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 66,9

m.kr.

08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsvík 53,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,8

Gjöld umfram tekjur **49,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,5

08-525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Grundarfirði 30,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,0

Gjöld umfram tekjur **28,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,1

08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Búðardal 48,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -3,3

Gjöld umfram tekjur **45,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,6

08-551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 29,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,2

Gjöld umfram tekjur **28,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0

08-552 Heilsugæslustöðin Dalvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Dalvík 50,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,4

Gjöld umfram tekjur **44,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,6

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 264,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -19,6

Gjöld umfram tekjur **244,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 244,4

08-568 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Hornafjörður 69,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -5,2

Gjöld umfram tekjur **63,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 63,8

m.kr.

08-571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 29,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,3

Gjöld umfram tekjur **27,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,8

08-572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 28,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **27,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,2

08-574 Heilsugæslustöðin Rangárþingi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Rangárþingi 68,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -7,5

Gjöld umfram tekjur **60,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,9

08-576 Heilsugæslustöðin Laugarási

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Laugarási 49,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,0

Gjöld umfram tekjur **43,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,5

08-578 Heilsugæslustöðin Hveragerði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hveragerði 31,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,4

Gjöld umfram tekjur **29,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,7

08-579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 26,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -2,1

Gjöld umfram tekjur **24,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,8

08-582 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 222,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -28,0

Gjöld umfram tekjur **194,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 194,2

m.kr.

08-583 Heilsugæslustöðin Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Garðabæ 95,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,8

Gjöld umfram tekjur **86,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 86,2

08-584 Heilsugæsla í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla í Kópavogi 255,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -21,6

Gjöld umfram tekjur **233,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,5

08-585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 150,0

Sértekjur:
Sértekjur ..... -16,8

Gjöld umfram tekjur **133,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 133,2

08-586 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ 87,9

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,5

Gjöld umfram tekjur **79,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,4

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Áfengis- og vímuvarnaráð 7,9
1.90 Forvarnasjóður 71,4
Almennur rekstur samtals 79,3

Gjöld samtals **79,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,3

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 95,5
1.11 Sjúkrasvið 930,6
Almennur rekstur samtals 1.026,1

Gjöld samtals **1.026,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -54,4

Gjöld umfram tekjur **971,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 971,7

08-715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 42,3
1.11 Sjúkrasvið 218,1
Almennur rekstur samtals 260,4

Gjöld samtals **260,4**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,6

Gjöld umfram tekjur **247,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 247,8

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 42,3
1.11 Sjúkrasvið 123,1
Almennur rekstur samtals 165,4

Gjöld samtals **165,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -6,4

Gjöld umfram tekjur **159,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,0

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 140,2
1.11 Sjúkrasvið 440,9
Almennur rekstur samtals 581,1

Gjöld samtals **581,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -45,5

Gjöld umfram tekjur **535,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 535,6

m.kr.

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	34,9
1.11 Sjúkrasvið	65,8
Almennur rekstur samtals	100,7
Gjöld samtals	**100,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,3
Gjöld umfram tekjur	**97,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	97,4

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	37,1
1.11 Sjúkrasvið	51,9
Almennur rekstur samtals	89,0
Gjöld samtals	**89,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,2
Gjöld umfram tekjur	**86,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	86,8

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	48,1
1.11 Sjúkrasvið	141,9
Almennur rekstur samtals	190,0
Gjöld samtals	**190,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,0
Gjöld umfram tekjur	**181,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 181,0

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 51,9
1.11 Sjúkrasvið 219,4
Almennur rekstur samtals 271,3

Gjöld samtals **271,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,9

Gjöld umfram tekjur **261,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 261,4

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 65,8
1.11 Sjúkrasvið 493,6
Almennur rekstur samtals 559,4

Gjöld samtals **559,4**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -24,7

Gjöld umfram tekjur **534,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 534,7

08-755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 36,5
1.11 Sjúkrasvið 237,1
Almennur rekstur samtals 273,6

Gjöld samtals **273,6**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -12,0

Gjöld umfram tekjur **261,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 261,6

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 163,2
1.11 Sjúkrasvið 408,0
Almennur rekstur samtals 571,2

Gjöld samtals **571,2**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -42,1

Gjöld umfram tekjur **529,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 529,1

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 351,5
1.11 Sjúkrasvið 725,5
Almennur rekstur samtals 1.077,0

Gjöld samtals **1.077,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -66,2

Gjöld umfram tekjur **1.010,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.010,8

m.kr.

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	77,9
1.11 Sjúkrasvið	361,1
Almennur rekstur samtals	439,0
Gjöld samtals	**439,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-27,1
Gjöld umfram tekjur	**411,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	411,9

08-785 Heilbrigðisstofnunin Selfossi

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	146,5
1.11 Sjúkrasvið	514,5
Almennur rekstur samtals	661,0
Gjöld samtals	**661,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-38,9
Gjöld umfram tekjur	**622,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	622,1

08-791 Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	241,9
1.11 Sjúkrasvið	625,8
Almennur rekstur samtals	867,7
Gjöld samtals	**867,7**
Sértekjur:	
Sértekjur	-68,0
Gjöld umfram tekjur	**799,7**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 799,7

08-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 49,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 49,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **90.409,2**
Greitt úr ríkissjóði **90.260,1**
Innheimt af ríkistekjum **124,1**
Viðskiptahreyfingar **25,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	423,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	7,0
Gjöld samtals	**430,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,0
Gjöld umfram tekjur	**426,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	426,5

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisbókhald	239,6
1.41 Launagreiðslukerfi	67,5
1.43 Tekjubókhaldskerfi	204,8
1.45 Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	55,7
1.47 Fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins	53,4
1.48 Innheimtuskilakerfi	16,2
1.49 Forsendukerfi innheimtugagna	16,0
Almennur rekstur samtals	653,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	22,0
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	25,0
6.45 Hugbúnaðargerð fyrir bókhalds- og áætlankerfi ríkisins	10,0
6.47 Hugbúnaðargerð fyrir nýtt fjárhags- og starfsmannakerfi	480,0
Stofnkostnaður samtals	542,0
Gjöld samtals	**1.195,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,1
Gjöld umfram tekjur	**1.194,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.194,1

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:
1.01 Ríkisfjárhirsla 41,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **42,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 42,0

09-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 362,0
1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa 91,5
1.20 Skatteftirlit 32,8
1.41 Skattvinnslukerfi 168,0
Almennur rekstur samtals 654,3

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 8,0
6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 69,4
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 12,6
Stofnkostnaður samtals 90,0

Gjöld samtals **744,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 744,3

m.kr.

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofan í Reykjavík 306,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,0

Gjöld samtals **310,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 310,8

09-203 Skattstofa Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vesturlands 47,3

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **47,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

09-204 Skattstofa Vestfjarða

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Vestfjarða 28,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **28,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,2

09-205 Skattstofa Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands vestra 30,1

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **29,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,8

09-206 Skattstofa Norðurlands eystra

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Norðurlands eystra 73,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,6

Gjöld umfram tekjur **72,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,5

09-207 Skattstofa Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Austurlands 34,8

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,3

Gjöld umfram tekjur **34,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,5

09-208 Skattstofa Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Skattstofa Suðurlands 48,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,4

Gjöld umfram tekjur **47,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,7

m.kr.

09-209 Skattstofa Vestmannaeyja

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Vestmannaeyja	20,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,2
Gjöld umfram tekjur	**20,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	20,0

09-211 Skattstofa Reykjaness

Almennur rekstur:	
1.01 Skattstofa Reykjaness	181,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,0
Gjöld umfram tekjur	**178,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	178,6

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld	15,8
1.02 Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	1,0
1.04 Útgáfa úrskurða í skattamálum	5,5
1.05 Gæða- og þjónustumál skattstofa	3,8
1.06 Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	26,2
1.10 Skatteftirlit	7,3
1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	24,7
1.30 Þungaskattur	18,7
Almennur rekstur samtals	103,0
Stofnkostnaður:	
6.43 Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	26,0
Gjöld samtals	**129,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 129,0

09-214 Yfirskattanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Yfirskattanefnd 86,9

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,0

Gjöld samtals **87,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 87,9

09-215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skattrannsóknarstjóri ríkisins 98,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 2,0

Gjöld samtals **100,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 100,1

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 266,8
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir 6,2
Almennur rekstur samtals 273,0

Gjöld samtals **273,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -113,7

Gjöld umfram tekjur **159,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,3

m.kr.

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	825,1
1.41 Innheimtuskilakerfi	0,2
1.43 Forsendukerfi innheimtugagna	0,2
Almennur rekstur samtals	825,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	14,0
Gjöld samtals	**839,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,9
Gjöld umfram tekjur	**834,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	824,6
Innheimt af ríkistekjum	10,0

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	4.051,0
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	103,0
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	22,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	344,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	78,0
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	10,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	28,0
1.09 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga vegna samrekstrarstofnana	139,0
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	6,0
Almennur rekstur samtals	4.781,0
Gjöld samtals	**4.781,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3.233,0
Viðskiptahreyfingar	1.548,0

m.kr.

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna 303,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 303,0

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 348,8

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 13,5
6.02 Landskrá fasteigna 60,8
Stofnkostnaður samtals 74,3

Gjöld samtals **423,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1,7

Gjöld umfram tekjur **421,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 292,4
Innheimt af ríkistekjum 129,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum 240,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 240,0

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:
1.11 Afskriftir skattkrafna 4.000,0

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar 4.000,0

m.kr.

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:
1.11 Fjármagnstekjuskattur 1.770,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.770,0

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 4.930,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.930,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 4.385,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.385,0

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasýsla ríkisins 118,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -115,4

Gjöld umfram tekjur **2,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

09-905 Ríkiskaup

Almennur rekstur:
1.01 Ríkiskaup 1.485,5

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.485,5

Gjöld umfram tekjur **0,0**

m.kr.

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins 131,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -71,6

Gjöld umfram tekjur **60,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 60,3

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 190,0
6.15 Tjónabætur 20,0
Stofnkostnaður samtals 210,0

Gjöld samtals **210,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,0
Viðskiptahreyfingar 190,0

09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur húsnæðis 149,3
1.05 Rekstur tölvukerfis 30,5
Almennur rekstur samtals 179,8

Stofnkostnaður:
6.21 Húsnæði 38,0
6.41 Tölvubúnaður 13,0
Stofnkostnaður samtals 51,0

Gjöld samtals **230,8**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -208,5

Gjöld umfram tekjur **22,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,3

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald stjórnarráðsbygginga 14,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,5

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 46,5
1.11 Rekstur fasteigna 359,8
Almennur rekstur samtals 406,3

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteigna 695,4

Gjöld samtals **1.101,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.101,7

Gjöld umfram tekjur **0,0**

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 146,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,3

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

m.kr.

09-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	39,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	39,0

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:

1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	40,3
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	27,3
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,1
1.13 Kjarasamningar	14,9
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	35,8
1.15 Kjararannsóknir	6,5
1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður	17,7
1.18 Styrkur til stjórnmálaflokka í samræmi við heimild í 7. gr.	164,0
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	20,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	90,0
1.45 Ýmsar nefndir	3,8
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	8,4
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,7
1.60 Dómkröfur	85,4
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	14,4
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	2,8
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Óviss útgjöld	11,0
Almennur rekstur samtals	556,1

Stofnkostnaður:

6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	2,0
6.91 Hagræðingarmál	3,5
Stofnkostnaður samtals	5,5
Gjöld samtals	**561,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	561,6

	m.kr.
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**26.580,0**
Greitt úr ríkissjóði	**20.703,0**
Innheimt af ríkistekjum	**139,0**
Viðskiptahreyfingar	**5.738,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	185,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,1
Viðskiptahreyfingar	1,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Vetrarsamgöngur og völuflutningar	9,3
1.21 Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5
1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3,0
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	47,3
1.24 Tilkynningaskylda íslenskra skipa	23,5
1.25 Staðsetningarkerfi	6,0
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,1
1.29 Almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	13,6
1.32 Slysavarnafélagið Landsbjörg	47,7
1.34 Flugskóli Íslands	9,7
1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0
1.42 Gestastofur, söfn og markaðsstarf	17,0
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	200,0
1.45 Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu	5,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	74,4
1.48 Hestamiðstöð Íslands	5,0
1.49 Aldamótabærinn Seyðisfjörður, húsahótel	5,0
1.51 Úrskurðarnefnd í póst- og fjarskiptamálum	5,5
1.90 Ýmislegt	18,5
Almennur rekstur samtals	494,1
Stofnkostnaður:	
6.41 Hlutur ríkisins í flughermi fyrir flugskóla	10,0
Gjöld samtals	**504,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	504,1

m.kr.

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	454,1
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir	3.100,0
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa	364,0
1.13 Styrkir til innanlandsflugs	123,3
Almennur rekstur samtals	4.041,4
Viðhaldsverkefni:	
5.05 Þjónusta	2.194,0
5.10 Viðhald	2.040,0
Viðhaldsverkefni samtals	4.234,0
Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	5.655,0
6.21 Landsvegir	115,0
6.40 Tilraunir	101,0
6.43 Safnvegir	272,0
6.45 Styrkvegir	54,0
6.47 Reiðvegir	39,0
Stofnkostnaður samtals	6.236,0
Gjöld samtals	**14.511,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.100,0
Gjöld umfram tekjur	**11.411,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	11.714,4
Viðskiptahreyfingar	-303,0

m.kr.

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	455,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	20,7
6.60 Vitabyggingar	11,5
6.70 Hafnamannvirki	1.198,4
6.74 Lendingabætur	3,8
6.76 Ferjubryggjur	6,5
6.80 Sjóvarnargarðar	73,8
6.90 Hafnabótasjóður, framlag	16,6
Stofnkostnaður samtals	1.331,3
Gjöld samtals	**1.786,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-122,9
Gjöld umfram tekjur	**1.663,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.860,6
Innheimt af ríkistekjum	1,3
Viðskiptahreyfingar	-198,0

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	23,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,8

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	1.156,8
1.70 Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	100,4
Almennur rekstur samtals	2.697,8

m.kr.

Stofnkostnaður:
6.41 Flugvellir, framkvæmdir 557,1

Gjöld samtals **3.254,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -1.668,3

Gjöld umfram tekjur **1.586,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.724,8
Innheimt af ríkistekjum 111,8
Viðskiptahreyfingar ..... -250,0

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa 20,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,1

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 146,0
1.11 Rekstur strandarstöðva 158,1
Almennur rekstur samtals 304,1

Gjöld samtals **304,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 237,0
Innheimt af ríkistekjum 67,1

10-651 Ferðamálaráð

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálaráð 49,6
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 87,9
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 25,0

	m.kr.
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	12,7
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir	50,3
1.81 Rannsóknir og kynningarmál í ferðaþjónustu	8,0
Almennur rekstur samtals	233,5
Gjöld samtals	**233,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3,2
Gjöld umfram tekjur	**230,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	230,3

10-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	4,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,0

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**15.938,4**
Greitt úr ríkissjóði	**16.508,2**
Innheimt af ríkistekjum	**180,2**
Viðskiptahreyfingar	**-750,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	83,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,1
Gjöld samtals	**84,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	84,1

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	107,1
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	4,8
Gjöld samtals	**111,9**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	111,9

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,0

11-201 Iðntæknistofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	423,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	8,7
Gjöld samtals	**432,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -286,0

Gjöld umfram tekjur **146,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 146,3

11-203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 213,2

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 4,5

Gjöld samtals **217,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -137,9

Gjöld umfram tekjur **79,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 79,8

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 14,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,6

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 202,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 202,4

m.kr.

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 75,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 75,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 29,9
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL 6,6
1.30 Alþjóðlegt samstarf 19,8
1.45 Kísilgúrsjóður, sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit 5,0
1.46 Hestamiðstöð Íslands 5,0
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 32,9
Almennur rekstur samtals 179,2

Gjöld samtals **179,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 179,2

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 5,7
1.02 Orkumálasvið 93,5
1.03 Orkurannsóknir 119,8
1.04 Sala rannsókna 207,5
Almennur rekstur samtals 426,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 11,2

Gjöld samtals **437,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -207,5

Gjöld umfram tekjur **230,2**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 230,2

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Rekstur Orkusjóðs 2,5
1.11 Nýting innlendra orkulinda 16,8
1.13 Jarðhitaleit 12,0
1.23 Notendur utan samveitna 2,0
Almennur rekstur samtals 33,3

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir 50,0

Gjöld samtals **83,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 83,3

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir 75,3
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun 853,1
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum 139,0
1.17 Fjárfestingarstofan, orkusvið 10,0
1.18 Hitaveitur á köldum svæðum 5,0
1.21 Nýskipan orkumála 4,0
1.23 Þróunarverkefni o.fl. 11,0
Almennur rekstur samtals 1.097,4

Gjöld samtals **1.097,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.097,4

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 170,6

	m.kr.
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	100,9
Almennur rekstur samtals	271,5
Stofnkostnaður:	
6.41 Þátttaka í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni	200,0
Gjöld samtals	**471,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	471,5

11-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	29,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	29,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2.812,7**
Greitt úr ríkissjóði	**2.700,8**
Innheimt af ríkistekjum	**111,9**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	107,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**106,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	106,9

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	2,1
1.20 Icepro-nefnd	4,3
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	30,8
Almennur rekstur samtals	45,7
Gjöld samtals	**45,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	45,7

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,0

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Löggildingarstofa	194,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,3

m.kr.

Gjöld samtals **197,0**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -8,9

Gjöld umfram tekjur **188,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 164,2
Innheimt af ríkistekjum 13,9
Viðskiptahreyfingar 10,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið 287,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 242,4
Viðskiptahreyfingar 45,0

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 503,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 503,0

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 170,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 170,0

12-902 Samkeppnisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Samkeppnisstofnun 134,1

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 1,9

m.kr.

Gjöld samtals	**136,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	136,0

12-999 Ýmis viðskiptamál

Almennur rekstur:	
1.10 Fjárfestingarstofan, almennt svið	14,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,8

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.454,9**
Greitt úr ríkissjóði	**1.143,6**
Innheimt af ríkistekjum	**256,3**
Viðskiptahreyfingar	**55,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	255,2
1.50 Þjóðskráin	101,7
Almennur rekstur samtals	356,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	13,6
Gjöld samtals	**370,5**
Sértekjur:	
Sértekjur	-8,4
Gjöld umfram tekjur	**362,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	248,5
Innheimt af ríkistekjum	113,6

13-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:	
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið	18,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	18,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**380,1**
Greitt úr ríkissjóði	**266,5**
Innheimt af ríkistekjum	**113,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	196,3
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	1,5
Gjöld samtals	**197,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	197,8

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	6,0
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	6,5
1.23 Ýmis umhverfisverkefni	25,3
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	12,9
1.35 Umhverfisvöktun	28,0
1.40 Alþjóðastofnanir	25,0
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	12,3
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	6,4
1.51 Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur	3,0
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,1
1.56 Vernd Breiðafjarðar	3,6
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	13,0
1.90 Ýmis verkefni	9,5
Almennur rekstur samtals	152,6
Gjöld samtals	**152,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	152,6

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 12,6

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **8,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,2

14-205 Náttúruvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 69,4
1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 66,3
Almennur rekstur samtals 135,7

Viðhaldsverkefni:
5.01 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 25,0

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **165,7**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -25,9

Gjöld umfram tekjur **139,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 139,8

m.kr.

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Veiðistjóri	21,2
1.11 Endurgreiddur kostnaður sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink	36,6
Almennur rekstur samtals	57,8
Gjöld samtals	**57,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	57,8

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:	
1.10 Hreindýraráð	14,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,8

14-215 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi

Stofnkostnaður:	
6.21 Vistmenningarmiðstöð á Sólheimum í Grímsnesi	25,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	25,0

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Hollustuvernd ríkisins	260,9
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	11,5
Gjöld samtals	**272,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-25,2
Gjöld umfram tekjur	**247,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	242,2
Innheimt af ríkistekjum	5,0

m.kr.

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 220,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 220,0

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 11,1
1.10 Eyðing spilliefna 148,9
Almennur rekstur samtals 160,0

Gjöld samtals **160,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 160,0

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 564,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 564,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 111,2
1.11 Mat á umhverfisáhrifum 27,3
Almennur rekstur samtals 138,5

Gjöld samtals **138,5**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -18,8

Gjöld umfram tekjur **119,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 119,7

m.kr.

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	45,3
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	35,6
Almennur rekstur samtals	80,9
Gjöld samtals	**80,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,9

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	226,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	5,0
Gjöld samtals	**231,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	-51,9
Gjöld umfram tekjur	**179,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	179,7

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Brunamálastofnun ríkisins	83,8
1.10 Námssjóður	3,5
1.20 Brunamálaskóli	18,2
Almennur rekstur samtals	105,5
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,5
Gjöld samtals	**108,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 105,5
Viðskiptahreyfingar 2,5

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,1

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 191,0

Gjöld samtals **198,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 198,1

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn 14,8
1.02 Setur í Reykjavík 211,5
1.03 Setur á Akureyri 47,5
Almennur rekstur samtals 273,8

Viðhaldsverkefni:
5.21 Fasteignir 0,5

Stofnkostnaður:
6.01 Tæki og búnaður 5,0

Gjöld samtals **279,3**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -120,0

Gjöld umfram tekjur **159,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 159,3

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað 9,1

	m.kr.
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	5,6
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	9,1
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	9,1
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	5,6
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	5,6
Almennur rekstur samtals	44,1
Gjöld samtals	**44,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	44,1

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	15,8
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	2,0
Gjöld samtals	**17,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,8

14-410 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almenn starfsemi	410,2
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	112,2
Almennur rekstur samtals	522,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	28,5
Gjöld samtals	**550,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-161,2
Gjöld umfram tekjur	**389,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	389,7

m.kr.

14-996 Íslenska upplýsingasamfélagið

Stofnkostnaður:
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið 39,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 39,0

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3.128,5**
Greitt úr ríkissjóði **3.121,0**
Innheimt af ríkistekjum **5,0**
Viðskiptahreyfingar **2,5**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	16.400,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14.970,0
Viðskiptahreyfingar	1.430,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**16.400,0**
Greitt úr ríkissjóði	**14.970,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.430,0**

Sundurliðun 2

Sundurliðun óskiptra liða í A-hluta

Þús. kr.

1.	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 5.21 og 6.21).**		
	1.	Kennaraháskóli Íslands, nýbygging	320.000
	2.	Háskólinn á Akureyri, nýbygging	40.000
	3.	Háskóli Íslands, viðhald	60.000
	4.	Háskólinn á Akureyri, endurbætur	40.000
	5.	Tilraunastöð HÍ að Keldum, viðhald	5.000
	6.	Framkvæmdir, óskipt	10.000
		Samtals	**475.000**
2.	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 6.90 og 6.95).**		
	1.	Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	10.000
	2.	Flensborgarskóli, kennsluálma	5.000
	3.	Sjómannaskólahús	40.000
	4.	Menntaskólinn í Kópavogi, kennsluálma	45.000
	5.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja, kennsluálma	5.000
	6.	Verkmenntaskólinn á Akureyri, kennsluálma	70.000
	7.	Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu, samningur	40.000
	8.	Menntaskólinn að Laugarvatni, endurbygging	28.000
	9.	Fjölbrautaskóli Suðurlands, íþróttahús	5.000
	10.	Fjölbrautaskóli Vesturlands, bókasafn	20.000
	11.	Til framkvæmda, óskipt	12.000
	12.	Tæki og búnaður, óskipt	16.000
		Samtals	**296.000**
3.	**Söfn, ýmis framlög (02-919 1.90).**		
	1.	Sjávarsafn á Norðurtanga, Ólafsvík	2.000
	2.	Húni II	1.000
		Óskipt	1.500
		Samtals	**4.500**

4. Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-969 6.21).

1.	Þjóðminjasafn, endurbygging	225.000
2.	Verndun gamalla húsa í umsjón Þjóðminjasafnsins	50.000
3.	Bókageymslur í Reykholti	5.000
4.	Byggðasöfn, framkvæmdastyrkir	20.000
5.	Þjóðleikhús, endurbætur	10.000
6.	Þjóðskjalasafn Íslands	10.000
7.	Listasafn Íslands, endurbætur	10.000
	Óskipt	5.000
	Samtals	**335.000**

5. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 1.70).

1.	Atli Heimir Sveinsson	1.600
2.	Árni Kristjánsson	1.600
3.	Ásgerður Búadóttir	1.600
4.	Erró	1.600
5.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.600
6.	Guðbergur Bergsson	1.600
7.	Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.600
8.	Gunnar Eyjólfsson	1.600
9.	Hannes Pétursson	1.600
10.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.600
11.	Jón Nordal	1.600
12.	Jórunn Viðar	1.600
13.	Kristján Davíðsson	1.600
14.	Matthías Johannessen	1.600
15.	Róbert Arnfinnsson	1.600
16.	Rúrik Haraldsson	1.600
17.	Stefán Hörður Grímsson	1.600
18.	Thor Vilhjálmsson	1.600
19.	Þorsteinn frá Hamri	1.600
20.	Þráinn Bertelsson	1.600
21.	Þuríður Pálsdóttir	1.600
	Samtals	**33.600**

6. Listir, framlög (02-982 1.90).

1.	Samband íslenskra myndlistarmanna	2.000
2.	Tónleikahald í Skaftárhreppi	400
3.	Sumartónleikar í Skálholtskirkju	2.300

4.	Reykholtshátíð	400
5.	Efling Stykkishólms	400
6.	Leikbrúðuland	900
7.	Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400
8.	Eiríksstaðanefnd	400
9.	Listvinafélag Vestmannaeyja	400
10.	Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss	400
11.	Félag íslenskra tónlistarmanna	1.200
12.	Sumartónleikar við Mývatn	400
13.	Harmónikkufélag Vestfjarða	300
14.	Rannsóknastofnun í helgisiðum í Skálholti	5.000
	Óskipt	21.900
	Samtals	**36.800**

7. Styrkir til útgáfumála (02-983 1.11).

1.	Færeysk orðabók	2.000
2.	Örlygur Hálfdánarson	1.000
3.	Oddur Helgason	1.000
	Óskipt	3.500
	Samtals	**7.500**

8. Norræn samvinna (02-984 1.90).

	Norræna félagið	3.000
	Óskipt	11.500
	Samtals	**14.500**

9. Æskulýðsmál (02-988 1.90).

1.	Norræn samtök um ungmennastarf (NSU)	1.100
2.	AFS á Íslandi	500
3.	Snorraverkefnið	4.900
	Óskipt	2.900
	Samtals	**9.400**

10. Ýmis íþróttamál (02-989 1.90).

1.	Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	300
2.	Körfuknattleikssamband Íslands	2.500
	Óskipt	3.100
	Samtals	**5.900**

11. Ýmis framlög (02-999 1.90).

1.	Heimilisiðnaðarskólinn	700
2.	Kvenfélagasamband Íslands	1.800
3.	Kvenréttindafélag Íslands	1.000
4.	Surtseyjarfélagið	400
5.	Íslenskudeild Moskvuháskóla, tölvur	400
6.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.500
7.	SMS, samskipti með síma	4.000
8.	Fræðslusetur, Sandgerðisbæ	2.000
9.	Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnasafn	1.000
10.	Lagnakerfamiðstöð Íslands	5.000
11.	Sögufélag Ísfirðinga	2.000
12.	Sænautasel	1.000
13.	Minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur	2.000
14.	Vestnorræna menningarhúsið, Hafnarfirði	1.000
	Óskipt	600
	Samtals	**25.400**

12. Ýmis verkefni (04-190 1.90).

1.	Æðarræktarfélag Íslands	300
2.	Tún, vottunarstofa ehf.	2.000
3.	Landvernd	4.000
4.	Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs	4.000
5.	Landsmót hestamanna á Vindheimamelum	300
6.	Rannsókn á landslagi	3.000
7.	Líf í fersku vatni	1.500
8.	Gæðamat á ferðaþjónustu í dreifbýli	4.000
9.	Nytjaland	5.000
10.	Rannsóknir á glerál	800
	Óskipt	2.500
	Samtals	**27.400**

13. Fyrirhleðslur (04-311 1.90).

a. Fyrirhleðslur:

1.	Héraðsvötn	4.000
2.	Hornafjarðarfljót	1.000
3.	Kotá	1.000
4.	Skaftá	500
5.	Klifandi/Hafursá	4.000

6.	Markarfljót	15.000
7.	Þjórsá	1.000
	Samtals	**26.500**

b. Fyrirhleðslur og viðhald:

1.	Vesturlandskjördæmi	1.000
2.	Vestfjarðakjördæmi	500
3.	Norðurlandskjördæmi vestra	1.000
4.	Norðurlandskjördæmi eystra	3.000
5.	Austurlandskjördæmi	1.000
6.	Suðurlandskjördæmi	4.600
	Samtals	**11.100**
	Samtals	**37.600**

14. Félagasamtök, styrkir (07-999 1.31).

1.	Barnaheill	700
2.	Blindrafélagið	5.000
3.	Daufblindrafélag Íslands	700
4.	Félag ábyrgra feðra	100
5.	Félag einstæðra foreldra	1.200
6.	Félag heyrnarlausra	3.000
7.	Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
8.	Foreldrafélag misþroska barna	500
9.	Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	500
10.	Geðhjálp	4.000
11.	Íslensk ættleiðing	3.000
12.	Kvennaráðgjöfin	700
13.	Landssamband eldri borgara	1.200
14.	Leigjendasamtökin	500
15.	Ný dögun	600
16.	Samtök um vinnu og verkþjálfun	500
17.	Samtökin '78	800
18.	Sjálfsbjörg	3.500
19.	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.600
20.	Systkinasmiðjan	300
21.	Umsjónarfélag einhverfra	600

22.	Vernd	800
23.	Vímulaus æska, Foreldrahús	2.000
24.	Þroskahjálp	4.000
	Óskipt	6.700
	Samtals	**46.500**

15. Félagasamtök, ýmis framlög (07-999 1.90).

	Styrkur til lyftukaupa	1.000
	Óskipt	13.500
	Samtals	**14.500**

16. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

1.	Sjúkrahúsið Akranesi	26.000
2.	Hjúkrunarheimilið Hólmavík	12.000
3.	Sjúkrahúsið Blönduósi	7.000
4.	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	15.000
5.	Heilsugæslustöðin Akureyri	15.000
6.	Heilbrigðisstofnunin Húsavík	2.500
7.	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	12.000
8.	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	35.000
9.	Sjúkrahús Suðurlands	10.000
10.	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	57.000
11.	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	8.500
12.	Heilsugæslustöðin Reyðarfirði	4.000
	Samtals	**204.000**

17. Ýmis framlög (08-399 1.90).

1.	Gigtarfélagið	2.500
2.	Landssamtök hjartasjúklinga	600
3.	Vímulaus æska	1.500
4.	Samtök sykursjúkra	600
5.	Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.200
6.	Geðrækt	5.000
7.	Tourette-samtökin á Íslandi	300
8.	Alnæmissamtökin	500
9.	Félag heilablóðfallsskaðaðra	400
10.	Húsnæðisfélag SEM	1.500
11.	MS-félag Íslands	700
12.	Umhyggja	1.000

13.	Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimers-sjúklinga	900
14.	Lífsvog	400
15.	Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	1.200
16.	LAUF, landssamtök áhugafólks um flogaveiki	900
17.	Heimili og skóli	1.700
18.	Von, sjálfshjálparhópur vegna brjóstaaðgerða	200
19.	Foreldrafélag sykursjúkra barna	200
20.	Mænuskaðaverkefni, Auður Guðjónsdóttir	500
21.	Blóðgjafafélag Íslands	200
22.	Astma- og ofnæmisfélagið	300
23.	Samtök lungnasjúklinga	200
24.	Bergmál, líknar- og vinafélag	200
25.	Guðjón Sigmundsson, Heilsuheimur ehf.	200
26.	Heilsubærinn Bolungarvík	1.300
	Óskipt	5.900
	Samtals	**30.100**

18. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 1.12).

Almennir styrkir:

1.	Knarrarnes, Mýrabátur	150
2.	Árneshreppur	1.150
3.	Djúpavík og Gjögur	140
4.	Fjallahreppur	370
5.	Möðrudalur	200
6.	Svínafell í Nesjum	200
	Óskipt	7.090
	Samtals	**9.300**

19. Hafnarmannvirki (10-335 6.70).

a. Vesturland:

1.	Akranes	52.800
2.	Snæfellsbær	56.800
3.	Grundarfjörður	21.000
4.	Stykkishólmur	13.200
	Samtals	**143.800**

Vestfirðir:

1.	Reykhólahöfn	2.600
2.	Vesturbyggð	16.300

3.	Bolungarvík	22.200
4.	Ísafjarðarbær	21.900
5.	Súðavík	9.700
6.	Drangsnes	1.000
	Samtals	**73.700**

Norðurland vestra:

1.	Skagaströnd	7.700
2.	Skagafjörður	43.400
3.	Siglufjörður	9.400
	Samtals	**60.500**

Norðurland eystra:

1.	Hafnasamlag Eyjafjarðar	32.600
2.	Hafnasamlag Norðurlands	25.100
3.	Grímsey	5.600
4.	Húsavík	155.600
5.	Kópasker	4.600
6.	Raufarhöfn	8.700
7.	Þórshöfn	117.800
	Samtals	**350.000**

Austurland:

1.	Bakkafjörður	10.900
2.	Vopnafjörður	20.500
3.	Seyðisfjörður	199.900
4.	Fjarðabyggð	148.600
5.	Fáskrúðsfjörður	18.000
6.	Djúpivogur	28.300
7.	Hornafjörður	7.800
	Samtals	**434.000**

Suðurland:

1.	Vestmannaeyjar	117.800
2.	Þorlákshöfn	37.800
	Samtals	**155.600**

	Reykjanes:	
	1. Grindavík	110.600
	2. Sandgerði	28.300
	3. Hafnasamlag Suðurnesja	17.300
	Samtals	**156.200**
b.	Óskipt til slysavarna o.fl.	8.200
c.	Rannsóknir	15.000
	Samtals	**1.397.000**

20. Lendingarbætur (10-335 6.74).

1.	Þernuvík Ísafjarðardjúpi	500
2.	Grunnavík Ísafjarðardjúpi	200
3.	Drangar Árneshreppi	1.000
4.	Gjögur (krani á bryggju)	500
5.	Reykjar, Reykjaströnd	1.000
6.	Fyrir ofan Lagarfljótsbrú	600
	Samtals	**3.800**

21. Sjóvarnargarðar (10-335 6.80).

1.	Akraneskaupstaður	6.500
2.	Snæfellsbær	1.600
3.	Reykhólahreppur	2.500
4.	Ísafjarðarbær	6.700
5.	Súðavíkurhreppur	3.200
6.	Kaldrananeshreppur	1.600
7.	Höfðahreppur	4.100
8.	Öxafjarðarhreppur	1.900
9.	Vopnafjarðarhreppur	4.800
10.	Árborg, sveitarfélag	17.700
11.	Ölfus, sveitarfélag	7.900
12.	Bessastaðahreppur	8.100
13.	Seltjarnarneskaupstaður	5.000
	Óskipt	2.200
	Samtals	**73.800**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	2.150,0
Rekstrargjöld	1.830,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	15,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**335,0**
Hagnaður (-tap)	**335,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	335,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	18,0
Handbært fé frá rekstri	**353,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	13,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-13,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	25,0
Greitt til Háskóla Íslands	325,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-350,0**
Breyting á handbæru fé	**-10,0**
Handbært fé í ársbyrjun	176,0
Handbært fé í árslok	166,0

m.kr.

22-971 Ríkisútvarpið

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	834,0
Rekstrargjöld	2.987,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-149,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-2.302,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.155,0
Hagnaður (-tap)	**-147,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-147,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	372,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-25,0
Handbært fé frá rekstri	**200,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	80,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-80,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-120,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-200,0
Handbært fé í árslok	-200,0

m.kr.

22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	52,0
Rekstrargjöld	513,3
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-463,3**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	237,3
Fengin framlög og óreglulegar tekjur	187,2
Hagnaður (-tap)	**-38,8**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-38,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	45,0
Handbært fé frá rekstri	**6,2**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	6,2
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-6,2**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	0,5
Handbært fé í árslok	0,5

m.kr.

23 Utanríkisráðuneyti, B-hluti

23-118 Ratsjárstofnun

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.175,7
Rekstrargjöld	1.175,7
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**0,0**

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	31,2
Handbært fé frá rekstri	**31,2**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	23,6
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-23,6**
Breyting á handbæru fé	**-0,4**
Handbært fé í ársbyrjun	97,0
Handbært fé í árslok	96,6

m.kr.

23-121 Umsýslustofnun varnarmála

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	92,0
Rekstrargjöld	90,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3,0**
Hagnaður (-tap)	**3,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	3,8
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-3,0
Handbært fé frá rekstri	**3,8**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**1,8**
Handbært fé í ársbyrjun	6,1
Handbært fé í árslok	7,9

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	13.450,0
Rekstrargjöld	10.200,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-28,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**3.222,0**
Hagnaður (-tap)	**3.222,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	3.222,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	101,0
Handbært fé frá rekstri	**3.323,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	82,0
Sala áhættufjármuna	2,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-80,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	130,0
Tóbaksgjald í ríkissjóð	3.200,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-3.330,0**
Breyting á handbæru fé	**-87,0**
Handbært fé í ársbyrjun	639,0
Handbært fé í árslok	552,0

m.kr.

30 Samgönguráðuneyti, B-hluti

30-471 Alþjóðaflugþjónustan

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.907,6
Rekstrargjöld	2.008,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-100,4**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	100,4

Sjóðstreymi:

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	150,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-119,0
Handbært fé frá rekstri	**31,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-120,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	230,0
Afborganir af teknum löngum lánum	143,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**87,0**
Breyting á handbæru fé	**-2,0**
Handbært fé í ársbyrjun	4,0
Handbært fé í árslok	2,0

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-321 Rafmagnsveitur ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	5.370,0
Rekstrargjöld	5.595,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-70,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-295,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	150,0
Hagnaður (-tap)	**-145,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-145,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	1.035,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-20,0
Handbært fé frá rekstri	**870,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	885,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	8,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-877,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	186,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	214,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-400,0**
Breyting á handbæru fé	**-407,0**
Handbært fé í ársbyrjun	-135,0
Handbært fé í árslok	-542,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	3.550,0
Fjármagnsgjöld	3.200,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	1.550,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	511,0
Hreinar fjármunatekjur	**-1.711,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.550,0
Aðrar rekstrartekjur	14,0
Önnur rekstrargjöld	258,0
Hagnaður (-tap)	**595,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	595,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	416,0
Handbært fé frá rekstri	**1.011,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	85,0
Veitt löng lán	4.645,0
Afborganir af veittum löngum lánum	2.800,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	37,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.967,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.550,0
Afborganir af teknum löngum lánum	2.850,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**700,0**
Breyting á handbæru fé	**-256,0**
Handbært fé í ársbyrjun	418,0
Handbært fé í árslok	162,0

m.kr.

44 Landbúnaðarráðuneyti, C-hluti

44-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15,0
Fjármagnsgjöld	3,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	3,0
Hreinar fjármunatekjur	**9,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	165,0
Aðrar rekstrartekjur	40,0
Önnur rekstrargjöld	250,0
Hagnaður (-tap)	**-36,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-36,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	4,0
Handbært fé frá rekstri	**-32,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-27,0**
Handbært fé í ársbyrjun	262,6
Handbært fé í árslok	235,6

m.kr.

44-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.837,2
Fjármagnsgjöld	1.560,7
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	190,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	90,0
Hreinar fjármunatekjur	**-3,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	195,0
Aðrar rekstrartekjur	7,0
Önnur rekstrargjöld	130,2
Hagnaður (-tap)	**68,3**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	68,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	77,7
Handbært fé frá rekstri	**146,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	1.950,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-750,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.800,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.102,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**698,0**
Breyting á handbæru fé	**94,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1,4
Handbært fé í árslok	95,4

m.kr.

45 Sjávarútvegsráðuneyti, C-hluti

45-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	170,0
Fjármagnsgjöld	265,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-31,0
Hreinar fjármunatekjur	**-64,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	621,0
Önnur rekstrargjöld	62,0
Hagnaður (-tap)	**495,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	495,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-21,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	33,0
Handbært fé frá rekstri	**507,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	536,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**541,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	200,0
Afborganir af teknum löngum lánum	998,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-798,0**
Breyting á handbæru fé	**250,0**
Handbært fé í ársbyrjun	373,0
Handbært fé í árslok	623,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	24.323,0
Fjármagnsgjöld	22.069,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.944,0**
Aðrar rekstrartekjur	464,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**2.074,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	2.074,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	12.733,0
Handbært fé frá rekstri	**14.807,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	29.480,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.814,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-23.671,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	29.180,0
Afborganir af teknum löngum lánum	13.793,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**15.387,0**
Breyting á handbæru fé	**6.523,0**
Handbært fé í ársbyrjun	10.389,0
Handbært fé í árslok	16.912,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	939,0
Fjármagnsgjöld	1.303,0
Hreinar fjármunatekjur	**-364,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	60,0
Hagnaður (-tap)	**-304,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-304,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	225,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-2.739,0
Handbært fé frá rekstri	**-2.818,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	7.900,0
Afborganir af veittum löngum lánum	118,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-7.782,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.680,0
Afborganir af teknum löngum lánum	155,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**10.525,0**
Breyting á handbæru fé	**-75,0**
Handbært fé í árslok	-75,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	899,0
Fjármagnsgjöld	972,0
Hreinar fjármunatekjur	**-73,0**
Hagnaður (-tap)	**-73,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-73,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	150,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.227,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.150,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.710,0
Afborganir af veittum löngum lánum	44,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-3.666,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	4.970,0
Afborganir af teknum löngum lánum	151,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**4.819,0**
Breyting á handbæru fé	**3,0**
Handbært fé í árslok	3,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	9.956,0
Fjármagnsgjöld	8.664,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**982,0**
Aðrar rekstrartekjur	206,0
Önnur rekstrargjöld	334,0
Hagnaður (-tap)	**854,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	854,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-240,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-1.870,0
Handbært fé frá rekstri	**-1.256,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	3.852,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**3.847,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	7.570,0
Afborganir af teknum löngum lánum	11.718,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.148,0**
Breyting á handbæru fé	**-1.557,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.009,0
Handbært fé í árslok	1.452,0

m.kr.

50 Samgönguráðuneyti, C-hluti

50-335 Hafnabótasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	40,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	24,0
Hreinar fjármunatekjur	**16,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	16,6
Önnur rekstrargjöld	133,0
Hagnaður (-tap)	**-100,4**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-100,4
Handbært fé frá rekstri	**-100,4**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt stutt lán, nettó	10,0
Veitt löng lán	20,0
Afborganir af veittum löngum lánum	35,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**5,0**
Breyting á handbæru fé	**-95,4**
Handbært fé í ársbyrjun	214,0
Handbært fé í árslok	118,6

m.kr.

50-651 Ferðamálasjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	80,0
Fjármagnsgjöld	61,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	4,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	10,0
Hreinar fjármunatekjur	**5,0**
Aðrar rekstrartekjur	1,0
Önnur rekstrargjöld	16,0
Hagnaður (-tap)	**-10,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-10,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	14,0
Handbært fé frá rekstri	**4,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	104,0
Afborganir af veittum löngum lánum	120,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**16,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	100,0
Afborganir af teknum löngum lánum	120,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-20,0**
Breyting á handbæru fé	**0,0**
Handbært fé í ársbyrjun	6,0
Handbært fé í árslok	6,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	12,0
Fjármagnsgjöld	1,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	5,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	12,0
Hreinar fjármunatekjur	**-6,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	83,3
Önnur rekstrargjöld	98,8
Hagnaður (-tap)	**-21,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-21,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	5,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	12,0
Handbært fé frá rekstri	**-4,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	40,0
Afborganir af veittum löngum lánum	23,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-16,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4,5
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4,5**
Breyting á handbæru fé	**-25,5**
Handbært fé í ársbyrjun	84,8
Handbært fé í árslok	59,3

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.000,0
Fjármagnsgjöld	600,0
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	50,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	230,0
Hreinar fjármunatekjur	**120,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	471,8
Aðrar rekstrartekjur	10,0
Önnur rekstrargjöld	188,3
Hagnaður (-tap)	**413,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	413,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	450,0
Handbært fé frá rekstri	**863,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	2.300,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Áhættufjármunir	200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.300,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	1.300,0
Afborganir af teknum löngum lánum	800,0
Annað	15,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**485,0**
Breyting á handbæru fé	**48,5**
Handbært fé í ársbyrjun	300,0
Handbært fé í árslok	348,5

m.kr.

52 Viðskiptaráðuneyti, C-hluti

52-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	810,0
Fjármagnsgjöld	36,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	310,0
Hreinar fjármunatekjur	**464,0**
Önnur rekstrargjöld	256,0
Hagnaður (-tap)	**208,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	208,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi	-220,0
Handbært fé frá rekstri	**-12,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	170,0
Afborganir af veittum löngum lánum	160,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	10,0
Áhættufjármunir	700,0
Sala áhættufjármuna	170,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-550,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	2,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-2,0**
Breyting á handbæru fé	**-564,0**
Handbært fé í ársbyrjun	3.562,0
Handbært fé í árslok	2.998,0

517. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að tvenns konar gjöld sem lögð eru á eigendur fiskiskipa verði hækkuð. Annars vegar hækki gjald sem lagt er á við hver áramót og miðast við stærð skips í brúttótonnum úr 922 kr. í 1.018 kr. og að hámarksgjald sem lagt er á brúttótonn hvers skips hækki úr 350.000 kr. í 387.000 kr. Hins vegar hækki gjald sem lagt er á hvert úthlutað þorskígildistonn úr 1.230 kr. í 1.358 kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Árni R. Árnason.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.
Vilhjálmur Egilsson.		Hjálmar Árnason.

518. Frumvarp til laga [361. mál]

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson,
Einar K. Guðfinnsson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þó er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 5% af hreinni eign sjóðsins í stofnfjárbréfum sparisjóða eða verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða, eða í verðbréfum sem falla undir 6. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu a.m.k. 30% af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga þegar fjárfesting fer fram.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var komið á almennri löggjöf um lífeyristryggingar. Í VII. kafla laganna, 36.–39. gr. eru ákvæði um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða sem m.a. setja mörk um fjárfestingar þeirra í einstökum tegundum verðbréfa við hlutfall af hreinni eign. Þau ákvæði takmarka heimildir sjóðanna til fjárfestingar í verðbréfum sem ekki hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði við 10% af hreinni eign sjóðs.

Í þessu tilliti er ekki gerður greinarmunur á óskráðum verðbréfum eftir því hve trygg endurgreiðsla þeirra er metin. Á því takmörkun samkvæmt þessum ákvæðum jafnt við um fjárfestingu í ríkisbréfum, ríkistryggðum verðbréfum eða skuldabréfum sveitarfélaga sem í hlutabréfum fyrirtækja. Takmarkanirnar draga úr áhættudreifingu lífeyrissjóða í fjárfestingum og bein afleiðing þess er aukin áhætta. Höfuðhlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta lífeyrissparnað fólks, en áhrif aukinnar áhættu vegna takmarkaðrar áhættudreifingar birtist í lakari ávöxtum lífeyrissparnaðar en ella væri.

Ákvæðin hafa leitt til þess að lífeyrissjóðir fjárfesta umtalsvert í erlendum verðbréfum sem falla undir skilyrði um skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Gengislækkun skráðra verðbréfa, innlendra sem erlendra, hefur í mörgum tilvikum leitt til þess að eign lífeyrissjóða í óskráðum bréfum hefur hækkað sem hlutfall af hreinni eign þeirra og orðið hærri en sem nemur 10% án viðbótarfjárfestingar í þeim. Möguleikar sjóðanna til þátttöku í fyrirtækjum á starfssvæðum sjóðfélaga eru því verulega takmarkaðir þar sem flest þeirra eru ekki skráð á skipulegum markaði fyrr en alllöngu eftir stofnun.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur, að draga úr takmörkunum áhættudreifingar í fjárfestingum lífeyrissjóða og veita þeim þannig möguleika á betri ávöxtun lífeyrissparnaðar og jafnframt að skapa lífeyrissjóðunum rýmri heimildir til fjárfestinga í innlendum óskráðum verðbréfum fyrirtækja, um allt að 5% af hreinni eign þeirra, sem hér segir:

1. Annars vegar að heimila þeim að fjárfesta í stofnfjárbréfum sparisjóða eða verðbréfum hlutafélaga sem stofnuð eru til að taka yfir starfsemi sparisjóða þótt þau séu ekki skráð á skipulegum markaði. Sparisjóðir og hlutafélög sem stofnuð verða til að yfirtaka starfsemi þeirra eru háð eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ársreikningar þeirra öllum aðgengilegir. Lífeyrissjóðir eru víða meðal stærstu stofnfjáraðila sparisjóðanna. Stofnfé hefur verið aukið til að standast kröfur laga um eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða sem leiðir til þess að auka þarf eigið fé til móts við aukin umsvif í útlánum. Þótt sparisjóðir hafi nú fengið heimild til að færa starfsemi sína í hlutafélög kunna þeir að þurfa nokkurn tíma til undirbúnings því, ellegar að þau hlutafélög verða ekki strax skráð á Verðbréfaþingi. Meðan svo stendur er nauðsyn að auðvelda lífeyrissjóðum að gegna áfram sama hlutverki í starfi sparisjóðanna og að nýta sér þann fjárfestingarkost sem stofnfjárbréf þeirra eru eða hlutabréf í þeim þar til skráning fer fram.
2. Hins vegar að heimila þeim að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélög stofna til að taka við starfsemi fyrirtækja sinna eða stofnana sem breytt er í hlutafélög í þeim tilgangi að fá aðra aðila að rekstri þeirra, eða hlutafélaga sem stofnuð eru til fjármögnunar efnilegra viðskiptahugmynda í atvinnuþróunarstarfi. Hið fyrra kann að koma upp þegar raforkufyrirtæki starfa í samkeppni, en þau hafa hingað til starfað hvert um sig á sínu tilgreinda svæði, án allrar samkeppni og þess aðhalds sem hún veitir. Það kann einnig að eiga við um áhaldahús eða vélamiðstöðvar sveitarfélaga sem eru í samkeppni

við verktakafyrirtæki. Þá þykir eðlilegt að ríki og sveitarfélög takmarki áhættu sína, selji jafnvel eignarhluta sína til að stunda ekki samkeppni við fyrirtæki annarra aðila sem eiga að öðru leyti mál sín undir afstöðu ríkis og sveitarfélaga sem stjórnvalda. Hið síðara varðar uppbyggingu eignarhaldsfélaga sem eru hlutafélög sveitarfélaga, Byggðastofnunar fyrir hönd ríkissjóðs og annarra fjárfesta, stofnuð víða um land til að greiða fyrir fjármögnun nýrra viðskiptahugmynda eða endurfjármögnun sprotafyrirtækja. Sú uppbygging mun ganga mjög hægt við núgildandi takmarkanir í heimildum lífeyrissjóða til að fjárfesta í þeim og eignast hluta þess sem ráðgert er að verði í eigu annarra en ríkis og sveitarfélaga. Í þessum tilvikum eru lífeyrissjóðir álitlegir til að gegna hlutverki leiðandi fjárfesta hver á sínu svæði og hafa forustu um hlutafjárkaup annarra aðila af ríki og sveitarfélögum eða til móts við þau.

519. Frumvarp til laga [362. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Dobringer, Wioletta Agnieszka, nunna í Karmelklaustri í Hafnarfirði, f. 23. janúar 1972 í Póllandi.
2. Gandhi, Sunita, f. 17. maí 1961 á Indlandi.
3. Gísli Valtýsson, f. 11. febrúar 1997 í Svíþjóð.
4. Grant, Janet Ege, f. 20. júlí 1967 í Bandaríkjunum.
5. Hanes, Connie Jean, f. 16. nóvember 1945 í Bandaríkjunum.
6. Hoang, Binh Thanh, verkamaður í Reykjavík, f. 24. janúar 1950 í Víetnam.
7. Krickic, Andjelka, f. 1. desember 1935 í Júgóslavíu.
8. Nannyanzi, Ruth, f. 26. september 1956 í Úganda.
9. Rodriguez, Diego Lozano, f. 25. ágúst 1999 á Íslandi.
10. Sosseh, Ida, verkakona í Reykjavík, f. 9. desember 1972 í Gambíu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 19 umsóknir um ríkisborgararétt á 127. löggjafarþingi, sbr. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Nefndin leggur til að 10 einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

520. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Arthúr Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Friðrik Arngrímsson og Kristján Þórarinsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Skúla Magnússon lektor, Óskar Þór Karlsson og Björgvin Kjartansson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Grétar Mar Jónsson og Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Áskel Heiðar Ásgeirsson frá Byggðastofnun, Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Árna Múla Jónasson og Auðun Ágústsson frá Fiskistofu og Ragnar Kristjánsson, Tryggva Óttarsson, Örn Smárason og Bjarna Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Landssambandi smábátaeigenda, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Þjóðhagsstofnun, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Byggðastofnun og Starfsgreinasambandi Íslands.

Megintilgangur þess frumvarps sem hér um ræðir er að bregðast við þeim tekjusamdrætti vegna minni aflahlutdeildar í ýsu, steinbít og ufsa sem hefur orðið hjá útgerðum smábáta sem gert hafa út á grundvelli þorskaflahámarks og einnig að styrkja forsendur útgerðar í byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta. Með þessu frumvarpi er því verið að auka núgildandi veiðirétt krókaaflamarksbáta sem kvótabundinn hefur verið frá 1. september sl. samkvæmt lögum nr. 1/1999, sbr. lög nr. 93/2000, og stuðla að því að hann verði fyrst og fremst í höndum þeirra útgerða sem nú eru starfandi.

Hvað þátt smábáta varðar tekur þetta frumvarp eingöngu til krókaaflamarksins og þeirra breytinga sem gildistaka laga nr. 1/1999, sbr. lög nr. 93/2000, sem fólu í sér kvótasetningu aukategunda, hafði í för með sér. Því er ekki fjallað um önnur hagsmunamál smábátanna að þessu sinni. Gert er ráð fyrir að á þeim verði tekið í þeirri heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnuninni sem nú stendur yfir og ætlunin er að lögfesta á þessu þingi. Má í því sambandi sérstaklega nefna málefni svokallaðra dagabáta. Þótt ekki hafi unnist tími til að undirbúa það mál nú telur meiri hlutinn óhjákvæmilegt að lagfæra rekstrarumhverfi þess bátaflokks á þessum vetri og mun beita sér fyrir því að frumvarp þess efnis verði lagt fram á Alþingi fyrir 1. febrúar nk. Einkanlega bendir meiri hlutinn á þrjú atriði í því sambandi: lágmarkssóknardagafjölda, hvort eðlilegt sé að sóknareiningar bátanna séu mældar í klukkustundum í stað daga eins og nú er gert og loks þarf að skoða betur forsendur framsalsins, t.d. er varðar nýtingu daganna.

Þeim breytingartillögum sem eru fluttar af meiri hlutanum er ætlað að styrkja forsendur sem liggja til grundvallar þessu frumvarpi og hér hefur verið gerð grein fyrir og enn fremur að treysta í sessi sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi er nái til minni báta.

Leggur meiri hlutinn til að nýrri grein, 6. gr. b, verði bætt við lögin sem verði 2. gr. frumvarpsins. Í 7. mgr. bráðabirgðaákvæðis XXIV við lög nr. 38/1990, sbr. bráðabirgðaákvæði II við lög nr. 1/1999 og lög nr. 93/2000, kemur m.a. fram að bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er aðeins heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráð-

herra skuli þó setja reglur um leyfðan meðafla. Einnig kemur fram í 6. mgr. framangreinds bráðabirgðaákvæðis að krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Þar sem um bráðabirgðaákvæði er að ræða er hér lagt til að efnisákvæði þessi verði tekin upp í lögin varanlega og um leið falli úr gildi framangreindar málsgreinar í ákvæði til bráðabirgða XXIV við lögin, sbr. breytingartillögu við 8. gr. Sjávarútvegsráðherra mun á grundvelli 6. gr. b ákvarða krókaaflamarksbátum tiltekinn leyfilegan meðafla svo að annar afli en kveðið er á um í krókaaflamarksleyfi skerði ekki krókaaflamark viðkomandi báts.

Við 3. gr. frumvarpsins er gerð sú breytingartillaga að sjávarútvegsráðherra er veitt heimild til þess að setja skilyrði um framsal aflamarks og varðandi ráðstöfun afla sem svarar til þess aflamagns sem bátar fá úthlutað á grundvelli 3. gr. (nýrrar málsgreinar 9. gr. laganna). Er markmið þessarar breytingar að tryggja að þessar aflaheimildir nýtist sem best þeim byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ljóst er að ekki verður unnt að úthluta þessum aflaheimildum fyrr en fyrir liggur úthlutun viðbótarkrókaaflamarks á grundvelli frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur á hinn bóginn áherslu á að úthlutun aflaheimilda á grundvelli þessarar greinar er ætlað að fara til byggðarlaga sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu útgerðartekna vegna gildistöku laga nr. 1/1999, 1. september sl., sbr. lög nr. 93/2000. Hér er verið að vísa til lækkunar útgerðartekna sem hlýst af kvótasetningu á ýsu, ufsa og steinbít. Er eðlilegast að borinn sé saman afli á þessum tegundum síðasta fiskveiðiárs og úthlutað krókaaflamark á ýsu, ufsa og steinbít á yfirstandandi fiskveiðiári. Ekki er gert ráð fyrir að þau byggðarlög sem verða fyrir tiltölulega lítilli tekjuskerðingu njóti þessarar úthlutunar. Miðað er við að úthlutun þessara heimilda til einstakra báta sé til þriggja til fimm ára í senn á grundvelli samnings þar sem kveðið sé á um nýtingu á þessum heimildum.

Af lagatæknilegum ástæðum er lagt til að 4. gr. frumvarpsins falli brott en í hennar stað komi nýtt efnislega samhljóða ákvæði til bráðabirgða. Skýrist sú breyting af því að efni ákvæðisins hefur afmarkaðan gildistíma og er því bráðabirgðaákvæði í eðli sínu. Enn fremur eru lagðar til nokkrar efnislegar breytingar og eru þær eftirfarandi: Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. febrúar nk. enda þarf ákvæðið nokkurn undirbúning, m.a. af hálfu Fiskistofu, svo vel megi takast til. Í annan stað er lagt til að skipstjóra sé heimilað að ákveða að allt að 5% á yfirstandandi fiskveiðiári frá 1. febrúar nk. að telja og 5% á næsta fiskveiðiári teljist ekki til aflamarks skipsins, í stað þess að miðað sé við einstakar veiðiferðir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur meiri hlutinn að þessi breyting dragi úr brottkasti á afla, enda getur oft háttað svo til að hlutfall smáfisks sé hátt í einstökum veiðiferðum en miklu lægra í öðrum. Komi hins vegar í ljós í lok tímabils að afli sem hefur verið ráðstafað með þessum hætti sé umfram 5% reiknast umframaflinn til aflamarks skipsins. Þá er horfið frá því að verðmæti aflans sem rennur til útgerðar og áhafnar verði fastákveðin krónutala. Þess í stað er lagt til að 20% verðmætisins komi til skipta. Er þetta talið líklegra til þess að stuðla að því að markmið ákvæðisins nái fram að ganga og muni einnig hvetja til betri meðferðar aflans.

Með breytingartillögu við 6. gr. leggur meiri hlutinn til að horfið verði frá því að opna á jöfn skipti á krókaaflamarki og aflamarki í tilteknum tegundum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Tilgangurinn með þeirri breytingu er að tryggja betur sérstöðu fiskveiðistjórnarkerfis smábáta. Þá er lagt til að framsalsreglur smábáta verði sambærilegar þeim sem gilt hafa um þroskaflahámarksbáta. Þannig verði krókaaflamarksbátum heimilt innan fiskveiðiársins að flytja allt að 30% af úthlutuðu krókaaflamarki krókabáts til annars krókabáts.

Lagt er til að 7. gr. verði breytt þannig að útgerðir krókaaflamarksbáta fái val um hvaða tímabil verði lagt til grundvallar við úthlutun aukinnar aflahlutdeildar krókaaflamarksbáta. Skuli útgerðirnar annaðhvort velja fiskveiðiárið 1999/2000 eða 2000/2001. Hér er verið að freista þess að tryggja að aflaheimildirnar lendi í sem ríkustum mæli hjá starfandi útgerðum og einnig að koma til móts við þær margbreytilegu aðstæður sem hafa verið til staðar hjá útgerðum þorskaflahámarksbáta.

Þá er gert ráð fyrir því að svokallaðir þakbátar sem fá munu val á að fara inn í dagakerfið hafi ekki selt krókaaflamark eða krókaaflahlutdeild sína. Skulu þeir bátar kunngera val sitt fyrir 1. febrúar nk. Telur meiri hlutinn eðlilegt að þeir fái svo mikið svigrúm, m.a. í ljósi þeirrar niðurstöðu meiri hlutans að frumvarp sem taki á málefnum svokallaðra dagabáta líti dagsins ljós fyrir þann tíma.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2001.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.
Vilhjálmur Egilsson.		Hjálmar Árnason, með fyrirvara.

521. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (EKG, ÁRÁ, GHall, VE, HjÁ).

1. Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist ný grein, 6. gr. b, svohljóðandi:
   Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „300 lestum af ufsa“ í fyrri málslið efnismálsgreinar komi: miðað við óslægðan fisk.
   b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.
3. Við 4. gr. Greinin falli brott.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
   a. Við 1. málsl. 7. mgr. bætist: þó skal einungis heimilt að flytja 30% krókaaflamarks.
   b. 8. mgr. orðast svo:
      Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.
5. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „á tímabilinu 1. júní 2000 til 31. maí 2001“ í 1. og 3. efnismgr. komi: á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar.
   b. Í stað orðanna „Bátum með krókaaflamarksleyfi“ í 2. efnismgr. komi: Bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001.
   c. Í stað orðsins „aflareynslu“ í fyrri málslið 3. efnismgr. komi: veiðireynslu.
   d. Við 1. málsl. 5. efnismgr. bætist: enda hafi ekki verið flutt af bátnum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark.
   e. Í stað orðanna „1. nóvember 2001“ í 2. málsl. 5. efnismgr. komi: 1. febrúar 2002.
   f. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, II, svohljóðandi (og breytist inngangsmálsgrein samkvæmt því):
      Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
      1. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
      2. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

      Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
6. Við 8. gr. Síðari málsliður orðist svo: Jafnframt falla úr gildi 6. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lög nr. 38 15. maí 1990, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og a-lið 3. gr. laga nr. 93 22. maí 2000.

522. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Jónas Þór Steinarsson frá Bílgreinasambandinu, Þórð Friðjónsson og Katrínu Ólafsdóttur frá Þjóðhagsstofnun, Þorvarð Tjörva Ólafsson og Dagnýju Jónsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Þórunni Daðadóttur og Jónínu Brynjólfsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands, Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara, Jón Helga Þórarins-

son frá Prestafélagi Íslands, Guðmund Þór Guðmundsson frá kirkjuráði, Bjarna Kr. Grímsson frá sóknarnefnd Grafarvogs og Þorvald Karl Helgason og Sigríði Dögg Geirsdóttur frá Biskupsstofu. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá meiri og minni hluta allsherjarnefndar, meiri og minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar, meiri og minni hluta menntamálanefndar, samgöngunefnd og sjávarútvegsnefnd. Umsagnir fagnefndanna eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum lagagreinum sem hafa að geyma ákvæði um gjaldtöku á vegum ríkisins, en þær eru nauðsynlegar til að áform fjárlaga fyrir árið 2002 nái fram að ganga. Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins bæti afkomu ríkissjóðs um rúman milljarð króna. Þar af er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna hækkunar á bifreiðagjaldi muni skila um 260 millj. kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember sl., fjallað um 7. og 8. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál.

Nefndin fékk á sinn fund Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Guðmund Rafn Sigurðsson, Ragnhildi Benediktsdóttur, Guðmund Þór Guðmundsson og Sigríði Dögg Geirsdóttur frá Biskupsstofu, Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugarðasambandi Íslands, Bjarna Grímsson frá Samtökum sóknarnefnda, Jóhann Björnsson frá kirkjuþingi, Gunnlaug Jónsson frá Háskóla Íslands, sr. Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík og sr. A. George frá kaþólsku kirkjunni.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að áliti meiri hlutans standa Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Jónína Bjartmarz.

Með 7. gr., um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingu, er lagt til að framlag ríkissjóðs vegna sóknargjalda verði óbreytt frá árinu 2001.

Með 8. gr., um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu, er lagt til að framlag ríkissjóðs fyrir hvern einstakling vegna kirkjugarðsgjalda verði óbreytt frá árinu 2001.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að breytingarnar muni hafa meiri áhrif á trúfélög utan þjóðkirkjunnar en telur þó að þær séu nauðsynlegar til að áform og markmið fjárlagafrumvarps fyrir árið 2002 nái fram að ganga. Meiri hlutinn mælir því með **samþykkt** frumvarpsins.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn minni hluta nefndarinnar, Lúðvíks Bergvinssonar.

Samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og samningi milli ríkis og kirkju sér ríkissjóður um innheimtu kirkjugarðs- og sóknargjalda. Þessi gjöld eru innheimt með staðgreiðslu opinberra gjalda. Hér er því um að ræða gjöld sem eru hlutfall af tekjuskatti og eðli málsins samkvæmt hækka þau og lækka í samræmi við þróun launa og skattstofns. Sóknargjöld nema nú samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. 566 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári og kirkjugarðsgjöld samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nema 232 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Þessar fjárhæðir hefðu að óbreyttu átt að hækka um 9% vegna launabreytinga. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að fjárhæðirnar verði óbreyttar milli ára. Þetta hefur það í för með sér að hækkun kirkjugarðsgjalds verður rúmlega 5 millj. kr., sem skýrist af fólksfjölgun, en hefði orðið 54 millj. kr. milli ára samkvæmt meðfylgjandi gögnum frá Kirkjugarðasambandi Íslands. Sóknargjöld sem eru nú samkvæmt fjárlögum 2001 1.412,0 millj. kr., hækka ekki um þessi 9%. Frumvarpið mun án efa valda trúfélögum utan þjóðkirkjunnar fjárhagsvandræðum þar sem þau hafa hvorki starfsmann launaðan af ríkinu né aðgang að sjóðum tengdum ríki og þjóðkirkju. Þá mun frumvarpið hafa áhrif á ýmis verkefni Háskóla Íslands þar sem hann hefur nýtt það gjald sem til hans hefur runnið til ýmissa verkefna sem skólinn hefur ekki getað fjármagnað með öðrum hætti. Þessar fjárhæðir verða samt sem áður innheimtar í gegnum staðgreiðslu skatta en mismunurinn mun renna í ríkissjóð. Hér er ríkissjóður því að hækka tekjur sínar af staðgreiðslu einstaklinga sem þessum mismun nemur.

Siðferðilega spurningin sem vaknar við þetta er sú að hér á árum áður, allt til ársins 1988, voru kirkjugarðs- og sóknargjöld innheimt sérstaklega. Með upptöku staðgreiðslu skatta tók ríkissjóður að sér að innheimta þessi gjöld sérstaklega í gegnum skattkerfið. Það má því halda því fram að hlutfall þessara gjalda í staðgreiðslunni hafi aldrei verið ætlað ríkissjóði til ráðstöfunar. Það er í samræmi við samning ríkis og kirkju sem fylgir þessari umsögn, auk laga þar um. Hér er ríkissjóður kominn á mjög hálan ís að mati minni hlutans. Minni hlutinn mælir því gegn samþykkt frumvarpsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur umsögn minni hlutans.

Fskj. I.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
minnisblað:

Almennar upplýsingar um skiptingu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda hjá einstökum sóknarnefndum/kirkjugarðsstjórnum.
(5. desember 2001.)

Borist hafa upplýsingar um ársreikninga tveggja sókna í Reykjavík og tveggja sókna úti á landsbyggðinni.

Skráning og uppsetning ársreíkninganna eru eftir samræmdum lykli, þannig að samanburður er frekar auðveldur.

Byrjum á því að skoða

1) Nessókn: Íbúafjöldi um 11.000.

Tekjur - sóknargjöld	43	millj. kr.	Aðrar tekjur 360 þús. kr.
Laun	15	millj. kr.	
þar af orgelleikur	1,6	millj. kr.	
kirkjukór	1,9	millj. kr.	
söngur + hljóð.l.	1	millj. kr.	
djákni	188	þús. kr.	
önnur laun	2,8	millj. kr.	
kirkjuvarsla	2,3	millj. kr.	
barna og ungl.starf	4	millj. kr.	
Annar kostnaður	17	millj. kr	
v/starfs aldraðra	300	þús. kr.	
aðkeypt barnastarf	1,8	millj. kr.	
v/ barnastarfs	265	þús. kr.	
námskeið/ nefndir	560	þús. kr.	
styrkir	1	millj. kr.	
framlag í héraðssjóð	2,1	millj. kr.	
Fjármagnstekjur	7	millj. kr.	

2) Langholtssókn: Íbúafjöldi um 5.300.

Tekjur - sóknargjöld	22	millj. kr.	Aðrar tekjur 6.8 millj. kr.
Laun og önnur rekstrargjöld	24	millj. kr.	
barna/æsku/ferm	700	þús. kr.	
öldrunarstarf	2,8	millj. kr.	
fræðslustarf	68	þús. kr.	
helgihald/tónlist	5,2	millj. kr.	
Vextir	8	millj. kr.	

3) Kálfholtssókn: Íbúafjöldi 134.

Tekjur - sóknargjöld	543	þús. kr.
Gjöld	5,6	millj. kr.
Frkv. á kirkjuhlaði	5	millj. kr.
Vaxtatekjur	416	þús. kr.
Kálfholtskirkjugarður:		
Kirkjugarðsgjöld	230	þús. kr.
Útfararkostn.	32	þús. kr.
framlag í kirkjug.sj.	18	þús. kr.
sláttur & hirðing	110	þús. kr.
Frkv. á kirkjuhlaði	298	þús. kr.
Vaxtatekjur	149	þús. kr.

4) Fellsmúlaprestakall: Íbúafjöldi 522

Tekjur - sóknargjöld	3,1	millj. kr.
Gjöld	2	millj. kr.
þar af laun	942	þús. kr.
fermingar	45	þús. kr.
framlög/ styrkir	97	þús. kr.
annað safnaðarstarf	305	þús. kr.
Vaxtatekjur	360	þús. kr.

Fskj. II.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
minnisblað:

Kirkjugarðs- og sóknargjöld.
(5. desember 2001.)

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er fyrirhugað að skerða kirkjugarðs- og sóknargjöld með þeim hætti að gjöldin hækka ekki samkvæmt hækkun á meðaltekjuskattsstofni eins og kveðið er á um í lögum en þar segir að ákveðið gjald fyrir hvern einstakling eldri en 16 ára skuli renna til kirkjugarða og sókna. Þessi ráðstöfun þýðir að gjaldið verður það sama í krónum talið á næsta ári eins og á þessu ári. Þó er gert ráð fyrir að framlagið hækki sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin vera um 1 % .

Breyting þessi er sett fram í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og tekur einungis til ársins 2002. Breytingin hefur einnig áhrif á jöfnunarsjóð sókna og kirkjumálasjóð þar sem framlag til þessara sjóða tekur mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Alls er gert ráð fyrir að þetta skili 134 millj. kr. sparnaði, 101 m.kr. vegna sóknargjalda og 33 m.kr. vegna kirkjugarðsgjalda. Hvað varðar sóknargjöld þá snertir þessi lækkun einnig önnur trúfélög en þjóðkirkjuna og Háskóla Íslands. Fjárhæðin skiptist í grófum dráttum með eftirfarandi hætti:

- Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar, 70 m.kr.
- Sóknargjöld til annarra trúfélaga, 6 m.kr.
- Sóknargjöld til Háskóla Íslands, 4 m.kr.

- Jöfnunarsjóður sókna, 13 m.kr.
- Kirkjumálasjóður, 8 m.kr.
- Kirkjugarðar, 30 m.kr.
- Kirkjugarðasjóður, 3 m.kr.

Fskj. III.

Umsögn Kirkjugarðasambands Íslands.
(5. desember 2001.)

Um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til kirkjugarða landsins vera 232 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Greinargerð:

Samkvæmt gildandi lögum hækkar kirkjugarðsgjald ár hvert miðað við breytingu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Þar sem gjaldið hefur mörg undanfarin ár hækkað að fullu sem nemur breytingum á tekjuskattsstofni hefur það hækkað umfram almennar verðlagshækkanir til annarra rekstrarverkefna sem fjármögnuð eru úr ríkissjóði. Hér er lagt til að fjárhæð fyrir hvern einstakling verði óbreytt frá árinu 2001 og verði 232 kr. á mánuði. Rétt er að benda á að framlagið hækkar þó sem nemur áætlaðri fjölgun einstaklinga milli ára en hún er talin verða 1%. Breytingin felur í sér að hækkun framlagsins árið 2002 verður 22 m.kr. í stað 55 m.kr. að óbreyttum lögum.

Hugleiðingar stjórnar Kirkjugarðasambandsins:

Forsendur fjárlagafrumvarpsins eru þær, að fólksfjölgun hafi orðið 1% á milli ára á öllu landinu. Þeir sem voru 16 ára og eldri 1. des. 2000 voru: 213.480 og hækkar sú tala í 215.615. Ríkisbókhald hefur greitt samkvæmt þessum fólksfjölda á yfirstandandi ári, enda liggja þær fyrir í desemberhefti Hagtíðinda frá 2000. Ríkisbókhald hefur á yfirstandandi ári greitt samkvæmt fólksfjöldanum 1. des. 2000, þ.e. 213.480. Kirkjugarðsgjaldið á yfirstandandi ári á öllu landinu er því: **213.480x232,12x12 = 594.635.731.**

Forsendur fjárlagafrumvarpsins gera aftur á móti ráð fyrir eldri tölum, þ.e. gömlu fjárlagafrumvarpstölunum 2001 sem eru 13 milljónum lægri en rauntölur yfirstandandi árs (hvers vegna fjármálaráðuneyti kýs að nota fjálagafrumvarpstölurnar fyrir árið 2001 í uppstillingu í desember 2001, þó að Ríkisbókhald hafi notað uppfærða íbúatölu allt árið, hefur KGSÍ ekki hugmynd um).

Varðandi kirkjugarðsgjaldið eru forsendur fjárlagafrumvarpsins þær, að meðaltekjuskattsstofn hafi hækkað um 9% á milli áranna 2000 og 2001. Gjaldið var á yfirstandandi ári 232 kr. á mánuði á mann. Ef farið er að lögum um hækkun gjaldsins verður það 232x9%=252,88 kr. á mann á mánuði árið 2002.

Samkvæmt óbreyttum lögum er kirkjugarðsgjaldið reiknað þannig fyrir árið 2002: **215.615x252,88x12 = 654.296.654 milljónir á öllu landinu.**

Mismunur: 54.024.494 milljónir.

Skýringin með frumvarpinu (hér að ofan) er ekki rétt, vegna þess að 16 ára og eldri 1. desember 2000 voru 213.480 og 1% fjölgun á þá tölu setur 16 ára og eldri í 215.614. Mismunurinn þar á milli er 2.134 sem er fjölgun 16 ára og eldri á milli 1. des. 2000 og 1. des. 2001. Sá fjöldi gefur með óbreyttu gjaldi: 2135x232x12= 5.943.840 milljónir (ekki 22 milljónir!!). Frumvarpsflytjendur gefa í skyn að hækkun vegna fjölgunar sé 22 millj. en sú hækkun er ekki nema 5,9 millj. Þeir segja að skerðingin sé 33 milljónir, en hún er samkvæmt þeirra reikningsaðferð 48 milljónir, ef tekið er tillit til fjölgunar á milli ára. En vitanlega er skerðingin rúmlega 54 milljónir ef ekki er farið að lögum um kirkjugarða.

Samkvæmt óbreyttu gjaldi, en fjölgun íbúa um 1% á milli áranna 2001 og 2002, reiknast það þannig: **215.615x232x12 = 600.272.160 milljónir og er mismunur á milli þessarar tölu og tekna yfirstandandi árs 5.024.840 kr. ekki 22 millj. kr.**

Kirkjumál:

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Biskup Íslands; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðsgjöld; 735 Sóknargjöld og 736 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2000 m.kr.	Fjárlög 2001 m.kr.	Frumvarp 2002 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	773,4	817,6	888,6	8,7	14,9
Kirkjumálasjóður	131,0	140,9	152,7	8,4	16,6
Kristnisjóður	41,2	44,6	47,7	7,0	15,8
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	494,6	535,0	583,0	9,0	17,9
Kirkjugarðasjóður	53,7	46,0	50,0	8,7	-6,9
Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.159,0	1.248,0	1.353,0	8,4	16,7
Sóknargjöld til annarra trúfélaga	95,8	103,0	118,0	14,6	23,2
Sóknargjöld til Háskóla Íslands	56,2	61,0	0,0	-100,0	-100,0
Jöfnunarsjóður sókna	214,4	231,0	250,0	8,2	16,6
Samtals	**3.019,3**	**3.227,1**	**3.443,0**	**6,7**	**14,0**

701 Þjóðkirkjan. Heildarfjárveiting þessa fjárlagaliðar er 888,6 m.kr. á næsta ári. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 835,7 m.kr. og eru í samræmi við samning ríkis og kirkju sem gerður var á árinu 1998. Útgjöldin eru óbreytt að raungildi að því frátöldu að fellt er niður tímabundið framlag vegna prests í Grafarvogi að fjárhæð 4 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins *6.26 Auðunarstofa* lækkar um 21 m.kr. og verður 12 m.kr. en fyrirhugað er að ljúka verkinu á næsta ári. Viðfangsefnið *6.27 Rannsóknarstofnun í helgisiðum í Skálholti* er fellt niður en veitt var tímabundið framlag til verkefnisins að fjárhæð 8,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2001.

733-736 Kirkjugarðsgjöld og sóknargjöld. Fjárveitingar á þessum fjárlagaliðum hækka alls um 145 m.kr. frá fjárlögum 2001 og verða 2.354 m.kr. á næsta ári. Þessi lögboðnu framlög aukast í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 1999 og 2000. Framlög til Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna taka einnig mið af heildarfjárhæð sóknargjalda. Tvær efnislegar breytingar eru gerðar á framlögum á þessum liðum. Annars vegar er fellt niður tímabundið framlag á fjárlagalið *733 Kirkjugarðs-*

gjöld sem ætlað var til skráningar legstaða og söguupplýsinga í eldri kirkjugörðum á Íslandi. Hins vegar er fellt niður viðfangsefnið *1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands* á fjárlagalið *735 Sóknargjöld.* Framlagið er nú fært á fjárlagalið Háskóla Íslands hjá menntamálaráðuneytinu.

Fskj. IV.

Umsögn Fríkirkjunnar í Reykjavík.
(10. desember 2001.)

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, gr. 7. um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld.

Víst er að ef ofangreind 7. gr. frumvarpsins nær fram að ganga þá verður það mikið áfall fyrir Fríkirkjuna í Reykjavík og mun valda henni miklum fjárhagsvanda.

Innheimta ríkissjóðs og skil á sóknargjöldum/trúfélagsgjöldum til trúfélaga er ekki framkvæmd skattlagningar eða einhverskonar „útgjöld ríkisins", heldur meðferð á fjármunum sem sóknir og trúfélög eiga með réttu.

Varðandi sérstöðu trúfélagsins Fríkirkjan í Reykjavík.

Fríkirkjan í Reykjavík er sjálfstætt evangelískt lúterskt trúfélag og hefur verið í örum vexti undanfarin 3–4 árin. Um það bil 5.600 manns tilheyra nú trúfélaginu og er það stærst þeirra trúfélaga sem standa utan þjóðkirkjustofnunarinnar. Fjölmargir telja það trúverðugt framtíðar fyrirkomulag trúmála í nútíma samfélagi.

Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað vegna endurnýjunar kirkjubyggingarinnar og nýir starfsmenn hafa verið ráðnir.

Trúfélagið Fríkirkjan í Reykjavík hefur ekki starfsmann sem er launaður af ríkinu eins og þjóðkirkjusöfnuðir hafa. Né heldur hefur trúfélagið aðgang að þeim ýmsu digru sjóðum sem liggja á milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar þó svo að nákvæmlega sama trúin sé játuð.

Frikirkjan í Reykjavík hefur heldur ekki komið sér upp eigin tekjustofnum, né enn hafið neina markvissa tekjuöflunarstarfsemi eins og ýmis smærri trúfélögin hafa gert og eru þar af leiðandi ekki eins háð sóknargjöldum.

Fríkirkjusöfnuðurinn hefur treyst á það innheimtufyrirkomulag þar sem að lögum samkvæmt ríkið innheimtir félagsgjöld fyrir trúfélagið sem annars er frjálst og óháð ríki.

Af þessu leiðir að Fríkirkjan í Reykjavík mun fara afar illa út úr fyrirhuguðum lagabreytingum, jafnvel verr en þjóðkirkjustofnunin og önnur trúfélög.

Virðingarfyllst,

Hjörtur Magni Jóhannsson,
prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík.

Fskj. V.

Samningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi

samning

um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, hér eftir nefnt kirkjujarðasamkomulagið, og nær jafnframt til rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar sem fellur utan þess samkomulags, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með samningi þessum eru þrjú fylgiskjöl nr. 1, 2 og 3. Um er að ræða skýringar við samning þennan (fskj. nr. 1), yfirlit yfir fjárhæðir samningsins (fskj. 2) og framangreint samkomulag frá 10. janúar 1997 (fskj. nr. 3).

2. gr.

Úr ríkissjóði skal greitt fjárframlag vegna launa og launatengdra gjalda biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 presta og prófasta samkvæmt úrskurðum kjaranefndar, kjaradóms og gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Að auki skal árlega gera ráð fyrir fjárframlagi er svarar til launa og launatengdra gjalda í 70 mánuði vegna námsleyfa, veikinda og annarra launaútgjalda umfram greiðslur samkvæmt 1. mgr., þar með talið fæðingarorlof. Þau mánaðarlaun skal miða við meðalheildarlaun sóknarprests samkvæmt líkani sem tilgreint er í 4. mgr. þessarar greinar.

Fjölgi eða fækki prestum samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag, sbr. 1. mgr., breytast sem því nemur. Fyrir hvert prestsembætti, sem þannig fjölgar eða fækkar um, skal fjölga eða fækka mánuðum vegna námsleyfa o.fl., sbr. 2. mgr., um hálfan mánuð.

Fjárframlag samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skal áætlað í reiknilíkani sem biskupsstofa hefur umsjón með í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Líkanið skal sundurliða launin niður á embætti og launategundir. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga hvers árs skal biskupsstofa endurskoða líkanið til samræmis við síðustu úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Niðurstaða líkansins skal lögð til grundvallar fjárframlagi í frumvarp til fjárlaga hvers árs enda staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti líkanið.

Ef nýir úrskurðir kjaranefndar og kjaradóms leiða til breytinga á kostnaði samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. sem ekki eru í samræmi við forsendur fjárlaga skal leiðrétta framlögin til samræmis.

3. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt fjárframlag að fjárhæð 89,5 m.kr. til rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og annars kostnaðar en launa sem tilgreindur er í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþing setur reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófasta og skulu þær taka gildi 1. janúar 1999.

Fjölgi eða fækki prestum, samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, breytist fjárframlag um 0,6 m.kr.

Samningsfjárhæðir, samkvæmt grein þessari, skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

4. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt framlag að fjárhæð 52,7 m.kr. til greiðslu launa starfsmanna biskupsstofu. Biskupsembættið ákveður fjölda starfsmanna hverju sinni og ráðningarkjör þeirra.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag samkvæmt 1. mgr. breytast um 2,9 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Verði breyting, á þeim sem ekki er í samræmi við forsendur fjárlaga skal framlagið leiðrétt.

5. gr.

Árlega skal greitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 30 m.kr. til annars kostnaðar biskupsstofu, vígslubiskupa og biskups Íslands, en að framan greinir. Fjárhæðin tekur til alls rekstrarkostnaðar annars en launa og launatengdra gjalda samkvæmt 2. og 4. gr., m.a. endurnýjunar á tækjum og búnaði, húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar, risnu og kostnaðar vegna biskupskosninga.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag vegna reksturs breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

6. gr.

Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Auk þess skal árlega greiða úr ríkissjóði til ársloka 2005 sem nemur einum árslaunum samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt fjárlögum ár hvert sérframlög til þjóðkirkjunnar, sem samið er um sérstaklega, lög kveða á um eða Alþingi ákveður. Með sérframlögum er átt við styrki sem ekki falla innan 2.–6. gr. samnings þessa.

8. gr.

Þjóðkirkjan ber fulla ábyrgð á fjármálum sínum og hagar rekstri eins og þykir best hverju sinni. Í því felst m.a. að þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Framlag úr ríkissjóði er óháð öðrum tekjum sem þjóðkirkjan kann að afla, hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins vegna presta er þjóna erlendis, þjónustugjöldum sjóða til biskupsstofu o.fl.

Ef kirkjan fjölgar eða fækkar prestum umfram það sem tilgreint er í 1. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins hefur það ekki áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Eins getur kirkjan fjölgað eða fækkað öðru starfsliði, breytt launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði án þess að það hafi áhrif á framlag úr ríkissjóði.

9. gr.

Hækka skal framlag í fjáraukalögum 1998 til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands alls um 70,3

m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m.kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Hækka skal framlag til kristnisjóðs í fjáraukalögum 1998 um 5,2 m.kr.

Heildarframlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands árið 1999 skal vera 655,2 m.kr. Á árinu 2000 lækkar framlag um 8,1 m.kr. Framlag til fjárlagaliðar kristnisjóðs árið 1999 skal vera 36,4 m.kr. Í fjárlögum ársins 2006 lækkar framlag um sem nemur einum árslaunum prests, sbr. 6. gr.

Framlag samkvæmt 1. mgr. er á verðlagi fjárlaga 1998. Aðrar fjárhæðir samnings þessa eru á verðlagi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

10. gr.

Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan þess fjárhagsramma sem fjárlög ársins setja á fjárlagalið þjóðkirkju Íslands. Laun til biskups Íslands, vígslubiskupa, presta, prófasta og starfsmanna biskupsstofu skulu greidd úr ríkissjóði til viðkomandi einstaklinga án atbeina biskupsstofu. Mánaðarlegt framlag til annars kostnaðar samkvæmt 3. og 5. gr. skal vera mismunur á heildarframlagi viðkomandi mánaðar og þeirra launa sem greidd hafa verið í þeim mánuði. Framlagið skal greiðast til biskupsstofu.

11. gr.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins.

Verði verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors samningsaðila getur hinn sagt samningi þessum upp. Tekur uppsögnin gildi frá og með næstu áramótum eftir að hún er tilkynnt.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af biskupi Íslands, einn sameiginlega af dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af þjóðkirkjunni.

12. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á haustþingi 1998 leggja fram frumvarp til laga á Alþingi er felur í sér brottfall 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun 31. desember 1998 fella úr gildi reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófasta settar 15. júní 1989, með síðari breytingum.

13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1999. Hann er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og samþykki Alþingis á fjárframlögum.

Reykjavík, 4. september 1998.

Karl Sigurbjörnsson,	*Þorsteinn Pálsson,*	*Geir H. Haarde,*
biskup Íslands.	dóms- og kirkjumálaráðherra.	fjármálaráðherra.

Fylgiskjal nr. 1.

Skýringar við einstakar greinar samningsins:

Um 1. gr.

Samningur þessi tengist samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, fskj. 3 um eignaafhendingu á móti skuldbindingu með fyrirvara um fækkun eða fjölgun á skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1996, sem var 244.060.

Um 2. gr.

Til viðbótar við framlag til launa og annars kostnaðar til samræmis við kirkjujarðasamkomulagið skal greitt framlag sem nemur 70 mánaðarlaunum til námsleyfa, veikinda o.fl. en það samsvarar um hálfum mánuði fyrir hvert prestsembætti.

Með staðfestingu ráðuneyta á launalíkani er átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Núverandi skipting á 138 embættum er 16 prófastar, 112 sóknarprestar, 4 héraðsprestar og 6 sérþjónustuprestar.

Um 3. gr.

Til rekstrarkostnaðar embætta telst allur embættiskostnaður þar með talinn aksturskostnaður, svo og allur kostnaður vegna sérþjónustupresta að frátöldum almennum prestslaunum, sbr. 2. gr.

Kveðið er á um annan kostnað en laun og launatengd gjöld presta í úrskurði kjaranefndar. Samkvæmt úrskurði hennar frá 13. febrúar 1998 gilda reglur kjaranefndar dagsettar 16. desember 1997, en í 4. lið III. kafla þess úrskurðar segir: Um greiðslur til búferlaflutninga og vegna starfa í þremur fastanefndum kirkjunnar skulu gilda óbreytt ákvæði síðasta kjarasamnings. Kostnaður þessi telst hluti af framlagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa en er ekki áætlaður í reiknilíkani samkvæmt 2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. samningsins er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 138.

Um 4. gr.

Fjárhæðin nemur launum og launatengdum gjöldum 18 starfsmanna biskupsstofu samkvæmt 2. gr. kirkjujarðasamkomulagsins.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 18.

Um 5. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 21 (18 starfsmenn biskupsstofu, biskup Íslands og tveir vígslubiskupar).

Um 6. gr.

Viðmiðun um 15 föst árslaun presta tekur mið af b. lið 20. gr. laga nr. 35/1970, um kristnisjóð o.fl. sem felldur var niður með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en kirkjujarðasamkomulagið gerði ekki ráð fyrir að framangreindur b. liður félli niður. Ákvæðið var svohljóðandi: „Tekjur kristnisjóðs skulu vera Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum“. Tekið er mið af árslaunum prests í fámennustu prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun með 5% álagi ásamt einingum, sbr. úrskurð kjaranefndar frá 13. febrúar 1998. Nema þau árslaun nú um 2,2 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, skal næstu 8 ár frá samþykkt laganna greiða sem nemur einum árslaunum sóknarprests. Því er heildarviðmiðun 16 árslaun. Framlag þetta fellur niður í árslok 2005.

Um 7. gr.

Átt er við styrki samkvæmt ákvörðun Alþingis, samningsbundnar og lögboðnar greiðslur, s.s. greiðslur til Skálholtsstaðar, Hallgrímskirkju, Hóladómkirkju, Kirkjumiðstöðvar Austurlands, Löngumýrar í Skagafirði og Skálholtsskóla. Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar- og kirkjugarðsgjöld fyrir þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð.

Ekki er gert ráð fyrir verðlagshækkun fjárframlaga samkvæmt þessari grein. Tekið er mið af almennum venjum við gerð og meðferð fjárlaga en við undirbúning frumvarps til fjárlaga hefur það ekki tíðkast að verðlagsbæta styrkjaliði heldur er tekin ákvörðun hverju sinni um styrkfjárhæð. Taki liður hækkun samkvæmt lögum eða samningi þar um, sbr. 7. gr., hækkar fjárframlag til samræmis við það.

Um 8. gr.

Niðurstaða þessa samnings er ákveðin fjárhæð fyrir hvert ár. Ef tekjur eða gjöld breytast á fjárlagalið þjóðkirkjunnar þarf að breyta samsvarandi þannig að greiðsla úr ríkissjóði standi óbreytt.

Um 9. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands,* eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Í fjárlögum 1998 var veitt tímabundið framlag til prestsembættis í Grafarvogsprestakalli. Dóms - og kirkjumálaráðherra skipaði prestinn til tveggja ára frá 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir framlagi á árinu 1999 sem svarar til 8 mánaða launa. Framlagið fellur niður í fjárlögum ársins 2000.

Í fjárlögum árið 2000 fellur niður tímabundið framlag til embættis sérþjónustuprests er þjónar meðal Íslendinga búsettra á meginlandi Evrópu.

Um 10. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið *1.01 Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið *06-701 Biskup Íslands,* eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Um 11. gr.

Hér er einungis átt við meiri háttar breytingar, s.s. meiri háttar breytingar á efnisatriðum úrskurða kjaranefndar, dagsett 3. febrúar 1998, og úrskurða kjaradóms, dagsett 17. desember 1997.

Um 12. gr.

Lagaákvæði er svohljóðandi: Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal nr. 2.

Grein	*Kostnaðarliður*	*Frumvarp til fjárlaga 1999 Verðlag 1998*	*Frumvarp til fjárlaga 1999 [1] Verðlag 1999*	*Frumvarp til fjárlaga 2000 Verðlag 1999*
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	461,5	477,7	477,7
	Grafarvogsprestur	2,4	2,5	0,0
	Evrópuprestur	5,4	5,6	0,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	87,7	89,5	89,5
4.gr.	Launakostnaður biskupsstofu	50,9	52,7	52,7
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	29,4	30,0	30,0
7. gr.	Styrkjaliðir	23,7	23,7	23,7
8. gr.	Sértekjur	-26,3	-26,3	-26,3
	Alls	*634,7*	*655,2*	*647,2*
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	35,2	36,4	36,4
	Samtals, framlag úr ríkissjóði	**669,9**	**691,7**	**683,6**

	Frumvarp til fjáraukalaga 1998	
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi [2]	33,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	6,0
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	4,0
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	5,2
	Hækkun frá fjárlögum 1998	*48,2*
	Halli frá fyrri árum	27,3
	SAMTALS	**75,5**

[1] Hækkun frá verðlagi 1998 til verðlags 1999 er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga og er þá miðað við að kjaranefnd og kjaradómur muni úrskurða sömu hækkun launa í upphafi árs 1999 og almennt er kveðið á um í kjarasamningum.

[2] Alls hækkar framlag skv. 2. gr. um 33 m.kr. frá fjárlögum 1998. Af þeirri fjárhæð verður aflað 10,8 m.kr. viðbótarheimildar í frumvarpi til fjáraukalaga 1998 en 22,2 m.kr. verða fluttar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis á árinu 1998.

Fylgiskjal nr. 3.

Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997.

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:
   a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.
   b. 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.
   c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.
2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.
5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.
6. Greiðslur til kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja“ er m.a. átt við kirknaítök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.
b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.
c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.
d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárkvöðum eða fátækrakvöðum falla undir samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækrakvaðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis, á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar n.k. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar n.k. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson, Stefán Eiríksson, Þorbjörn Hlynur Árnason, Halldór Gunnarsson og Þórir Stephensen.

Fylgiskjal III.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaNefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaNefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptaNefndar frá 8. desember, fjallað um 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Dagnýju Brynjólfsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigurð Guðmundsson, Hauk Valdimarsson og Vilborgu Ingólfsdóttur frá landlæknisembættinu.

Í greininni er lagt til að 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúkraheimili eða sjúkrahótel eru felld undir skilgreiningu á sjúkrahúsi, verði felldur brott.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að áliti meiri hlutans standa Jónína Bjartmarz, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Stefanía Óskarsdóttir.

Meiri hluti nefndarinnar vill af þessu tilefni leggja áherslu á eftirfarandi atriði. Meiri hlutinn telur mikilvægt að ráðist verði í gagngera endurskoðun á því hvað teljist sjúkrahúsþjónusta og mótuð heildarstefna til framtíðar um það hvaða þjónustu skuli veita inni á sjúkrahúsum og hvað sé betur komið utan þeirra. Meiri hlutinn lítur svo á að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu sé skref í rétta átt hvað þetta varðar enda fer engin eiginleg sjúkrahússtarfsemi fram á sjúkraheimilum eða sjúkrahótelum þótt þau séu mikilvægt þjónustuform fyrir sjúklinga sem sækja þurfa þjónustu á sjúkrahús eða eru að jafna sig eftir sjúkrahúsvist. Meiri hlutinn vill því leggja áherslu á að sú þjónusta sem veitt er á sjúkraheimilum er afar mikilvæg og jafnframt að þessi breyting mun á engan hátt draga úr eða skerða þá þjónustu. Með breyttri skilgreiningu fæst jafnframt lagaheimild til að innheimta hóflegt gjald vegna fæðiskostnaðar og tekin af öll tvímæli um að slík innheimta sé heimil. Samkvæmt umsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að sú gjaldtaka skili 10 millj. kr. tekjum á árinu 2002 og er það í samræmi við framsetningu í fjárlagafrumvarpi.

Meiri hlutinn leggur til að 9. gr. frumvarpsins verði **samþykkt óbreytt.**

Fylgiskjal IV.

Umsögn minni hluta heilbrigðis- og tryggingaNefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaNefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptaNefndar frá 8. desember, fjallað um 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Dagnýju Brynjólfsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Sigurð Guðmundsson, Hauk Valdimarsson og Vilborgu Ingólfsdóttur frá landlæknisembættinu.

Í greininni er lagt til að 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúkraheimili eða sjúkrahótel eru felld undir skilgreiningu á sjúkrahúsi, verði felldur brott.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn minni hluta nefndarinnar. Að áliti minni hlutans standa Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman.

Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er lögð til sú breyting að sjúkrahótel/heimili verði ekki lengur skilgreind sem sjúkrahús. Þar með sé heimilt að innheimta gjald fyrir dvöl þar. Hið opinbera greiðir fyrir 28 pláss á sjúkrahóteli RKÍ, daggjald sem nemur 4.407 kr. fyrir hvern sjúkling. Stjórnvöld hófu gjaldtöku á sjúkrahóteli RKÍ um síðustu ára-

mót, þ.e. í janúar 2001, sem nam 700 kr. á dag fyrir sjúkling og sömu upphæð ef viðurkenndur fylgdarmaður dvaldi með sjúklingi á herbergi. Þessari gjaldtöku var hætt í október sl. þar sem ekki var fyrir henni stoð í lögum.

Í 24. gr. laganna er skilgreind flokkun sjúkrahúsa eftir tegund og þjónustu og í 8. tölul. eru sjúkraheimili skilgreind sem dvalarstaður sjúklinga sem eru til rannsóknar eða meðferðar á heilbrigðisstofnunum og geta eigi dvalist í heimahúsum.

Þær stofnanir sem flokkast undir sjúkrahús mega ekki innheimta sérstakt gjald af sjúklingum.

Um sjúkrahús segir í 23. gr. laganna: „Sjúkrahús eru í lögum þessum hver sú stofnun sem ætluð er sjúku fólki til vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.“ Þessi skilgreining er víð og nær í dag yfir fjölbreytta starfsemi. Sú starfsemi sem ekki flokkast undir svæðissjúkrahús, deildarsjúkrahús eða almenn sjúkrahús á það sameiginlegt að draga mjög úr álagi á sérhæfðustu og dýrustu heilbrigðisþjónustu landsins.

Mikilvægi sjúkraheimila/hótela eykst samfara aukinni meðferð og eftirfylgni margra erfiðra sjúkdóma á göngudeildum í stað innlagnar á sjúkrahús. Þessi þróun er jákvæð fyrir starfsemi sjúkrahúsanna og ríkissjóð, en hefur að sama skapi þýtt stóraukin útgjöld fyrir sjúklinganna auk oft á tíðum aukins líkamlegs og andlegs álags.

Heilbrigðisástand þeirra sjúklinga sem dvelja á sjúkrahóteli/heimilum er af þessum sökum verra nú en fyrir fáum árum. Þessari þróun hefur verið svarað með því að koma á fastri þjónustu hjúkrunarfræðinga við sjúkrahótel RKÍ og bakvakt er frá Landspítala um kvöld og nætur. Á sjúkrahóteli RKÍ fer því fram heilbrigðisþjónusta. Þessi þjónusta veitir mjög mikilvæga samfellu og öryggi í meðferð sjúklinganna.

Hér eru því greinilega nýjar og auknar álögur á sjúklinga og á það ekki síst við um þá sem búa fjarri þjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem gjaldið bætist við umtalsvert hærri kostnað sjúklinga á landsbyggðinni og eykur enn á ójöfnuð. Þetta bitnar einnig á öldruðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru útskrifaðir snemma af sjúkrahúsi og geta ekki dvalið einir heima hjá sér.

Í meðferð heilbrigðis- og tryggingarnefndar kom fram að á sjúkrahótelinu fer fram heilbrigðisþjónusta, þar starfar hjúkrunarfræðingur og bakvakt er frá Landspítala um kvöld og nætur. Landlæknir sagðist aðspurður vera andvígur breytingunni á skilgreiningunni og taldi hana varhugaverða. Hjá fulltrúum landlæknisembættisins kom einnig fram að mun meiri þörf væri fyrir fleiri pláss. Allt að 50 pláss væru í notkun sem sjúkrahótel átta mánuði á ári og RKÍ greiddi fyrir þau sem eru umfram 28.

Minni hlutinn telur óeðlilegt að taka sjúkrahótel undan sjúkrahússkilgreiningunni og mótmælir harðlega auknum gjaldtökum á sjúklinga. Margir sjúklingar dvelja á sjúkrahóteli í 3–4 mánuði, svo sem krabbameinssjúklingar, en ríkisstjórnin hefur aukið álögur á þá verulega. Göngudeildarþjónusta hefur hækkað mjög í verði og getur gjaldið verið yfir 18 þús. kr. fyrir komu og þúsundir fyrir næstu heimsóknir eins og dæmin sanna.

Hámarksgreiðsla áður en kemur að afsláttarkorti hækkaði um 50% í sumar og ýmis gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu hækkuðu einnig þá og nú enn meira með nýsamþykktum fjárlögum.

Með sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar á einnig að taka 6.000 kr. hámarkið af sérfræðilæknishjálpinni og ferliverkunum sem mun hafa það í för með sér að greiðsla sjúklinga fyrir þau verk mun hækka um mörg hundruð prósent. Samkvæmt dæmi frá Tryggingastofnun ríkisins mun sjúklingur sem greiðir nú 6.000 kr. fyrir algenga bæklunaraðgerð á hné mun greiða 21.552–28.164 kr. eftir breytingu og æðahnútaaðgerð sem nú kostar 6.000 kr. mun kosta yfir 20.000 kr. svo algengar aðgerðir séu teknar sem dæmi.

Einnig er áformað að hækka hlut sjúklinga í lyfjum um 200 millj. kr. Þjónustu sjúkrahótela ætti að auka til muna, hafa þennan ódýra valkost sem hluta heilbrigðisþjónustunnar en koma starfsemi þeirra í fastara form en er í dag.

Fjárhagsvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss þarf að leysa með öðrum hætti.

Minni hlutinn mótmælir því að sjúklingar séu látnir greiða upp í tekjuafgang fjárlaga fyrir árið 2002 á þennan hátt og leggjast **gegn** þessari lagabreytingu.

Fylgiskjal V.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember, fjallað um 1.–5. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2002, 348. mál.

Nefndin fékk á sinn fund Örlyg Geirsson frá menntamálaráðuneyti, Leif Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti, Sölva Sveinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Þorvarð Tjörva Ólafsson og Dagnýju Jónsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Rósu Árnadóttur frá nemendaráði Kennaraháskóla Íslands og Harald Helgason frá Þjóðminjasafni Íslands.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að áliti meiri hlutans standa Ólafur Örn Haraldsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefanía Óskarsdóttir.

Í 1. gr., um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 millj. kr. renni í ríkissjóð á árinu 2002 í stað 385 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Breytingar þessar eru eðlileg afleiðing af aðhaldi í ríkisfjármálum.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, sem varða hækkun á innritunar- og efnisgjöldum. Breytingar þessar eru í samræmi við framsetningu í fjárlagafrumvarpi og til þess gerðar að ná markmiðum þess.

Í 3.–5. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, og um Háskóla Íslands, nr. 41/1999. Allar breytingarnar varða hækkun á innritunargjöldum úr 25.000 kr. í 32.500 kr. Í upphaflegri framsetningu fjárlagafrumvarpsins var lögð til 40% hækkun á þessum gjöldum til samræmis við vísitölu neysluverðs síðastliðinn áratug og þannig gert ráð fyrir að gjöldin yrðu 35.000 kr. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að fallið verði frá þeim áformum og verður hækkunin einungis 30%.

Fylgiskjal VI.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember, fjallað um 1.–5. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2002, 348. mál.

Nefndin fékk á sinn fund Örlyg Geirsson frá menntamálaráðuneyti, Leif Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti, Sölva Sveinsson frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Elnu Katrínu Jóns-

dóttur frá Kennarasambandi Íslands, Þorvarð Tjörva Ólafsson og Dagnýju Jónsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Rósu Árnadóttur frá nemendaráði Kennaraháskóla Íslands og Harald Helgason frá Þjóðminjasafni Íslands.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og fer hér á eftir umsögn minni hluta nefndarinnar sem leggst gegn 1.–5. gr. frumvarpsins. Að áliti minni hlutans standa Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir.

Í 1. gr., um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, er gert ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 millj. kr. renni í ríkissjóð á árinu 2002 í stað 385 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Hér er gerð tillaga um aukna skerðingu sem m.a. mun valda niðurskurði á framlagi til Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands um 15 millj. kr. Í því sambandi vill minni hlutinn taka fram eftirfarandi: Í Húsasafninu eru varðveittar margar mikilvægustu byggingar þjóðarinnar og er þar í mörgum tilfellum um að ræða torfbæi sem þurfa stöðugt viðhald og tafarlausar úrbætur ef torf- eða steinhleðslur skaddast. Þjóðminjasafnið hefur gert munnlegt samkomulag við torf- og steinhleðslumenn víða um landið til að sinna brýnum viðhalds- og endurbótaverkefnum á húsakosti safnsins. Komi ekki til þessara verkefna er hætt við að þessir menn, sem oft eru einir um að kunna viðkomandi handverk í byggðarlaginu, flosni upp og hætti störfum. Nógu erfitt hefur þeim reynst að sjá sér fyrir verkefnum í heimabyggð yfir vetrartímann meðan ekki er hægt að vinna við endurbætur gamalla torfbæja. Hér er því um atlögu við handverksmenn að ræða og gjörning sem enn rýrir möguleika fólks á að búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar fyrirætlanir af þessu tagi eru skoðaðar ofan í kjölinn verður allt tal um nauðsyn þess að viðhalda fjölbreyttu atvinnulífi á landsbyggðinni æði hjáróma. Sem dæmi um það hversu illa þessi niðurskurður bitnar á einstökum húsum má nefna torfbæina að Glaumbæ, Laufási og Grenjaðarstað. Gert hefur verið ráð fyrir endurbótum á þessum bæjum öllum á næsta ári sem kosta mundu 8 millj. kr. fyrir hvern bæ. Lækkun á framlagi til safnsins úr 65 millj. kr. í 50 getur því kostað það að einungis verði hægt að sinna einu af þessum þremur verkefnum. Í Húsasafni Þjóðminjasafnsins eru nú 40 hús sem öll þurfa umtalsvert viðhald auk þess sem menn eru í miðjum klíðum við endurbyggingu sumra þeirra. Allar áætlanir safnsins munu riðlast við niðurskurð af því tagi sem hér er lagður til. Það að koma áformum safnsins í slíkt uppnám hlýtur að teljast ámælisvert, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið um nauðsyn þess að efla menningartengda ferðamennsku um land allt. Þá verður að leggja áherslu á nauðsyn þess að eyða óvissu sem ríkir um framtíðarfjármögnun endurbóta menningarbygginga þar sem ákveðið hefur verið að fella niður tekjustofn Endurbótasjóðsins að ári.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, sem varða hækkun á innritunar- og efnisgjöldum. Í meðförum nefndarinnar kom m.a. fram að þau gjöld sem hér er gerð tillaga um að hækki eru aðeins hluti þeirra gjalda sem nemendur í framhaldsskólum þurfa að greiða. Vegna þröngrar fjárhagsstöðu framhaldsskólanna hafa skólarnir leitað margra leiða til að auka tekjur sínar og hafa nemendur skólanna fengið að kynnast ýmsum tegundum gjalda af þeim sökum. Lítið samræmi virðist vera milli skólanna í þessum gjaldtökum og er erfitt að fá heildaryfirlit yfir gjaldtökuna. Sú spurning hlýtur að vakna hvort gætt sé jafnræðis milli nemenda í framhaldsskólum hvað þessar gjaldtökur varðar. Sú gjaldtaka sem hér er gerð tillaga um kemur því til viðbótar ýmsum öðrum gjöldum og þeim almennu hækkunum sem m.a. hafa átt sér stað að undanförnu á námsbókum. Þá ert ljóst að 100% hækkun efnisgjalda fer ekki saman við fögur orð um eflingu verknáms heldur mun miklu frekar gera nemendum erfiðar að stunda það nám sem hugur þeirra stendur til. Með tillögunum er því gengið gegn markmiðinu um jafnrétti til náms.

Í 3.–5. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, og um Háskóla Íslands, nr. 41/1999. Allar breytingarnar varða hækkun á innritunargjöldum úr 25.000 kr. í 32.500 kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 var boðuð hækkun á þessum gjöldum í 35 þús. kr. eða um 40 %. Var þessi hækkun rökstudd með tilliti til verðlagshækkana frá 1991 sem ekki stenst nein rök. Árið 1995 komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að upphæð gjaldsins, eins og það var ákvarðað með lögum, hafi ekki verið byggð á lögmætum sjónarmiðum þar sem upphæðin var byggð á sjónarmiðum um öflun tekna til greiðslu almenns rekstrarkostnaðar skólanna en ekki á útreikningum á þeim kostnaði sem gjaldið átti að standa undir. Til að mæta áliti umboðsmanns var lögum breytt 1996 og gjaldið þá hækkað í 24 þús. kr. Sú upphæð var þó ekki grundvölluð á nákvæmri úttekt á kostnaði heldur með því að framreikna upphæðina frá 1992–3. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er sagt að gjaldið eigi að standa undir 5,5% af kennsluútgjöldum samkvæmt kennslulíkani. Mjög margir hafa orðið til að mótmæla þessari túlkun, einkum þar sem ný lög um háskóla á Íslandi hafa verið sett á árunum 1997–1999 og þar er að finna heimild fyrir innritunargjöldum sem aðeins eiga að standa undir kostnaði við innritun og á ljósrituðu efni. Engin rök eru fyrir því að raunhækkun á þeim kostnaði hafi numið 40% á þessu tímabili og má raunar færa rök fyrir því að slíkur kostnaður hafi jafnvel lækkað með aukinni notkun fjarskiptatækni þar sem nemendum er vísað á slíkt efni inni á heimasíðum sem þeir síðan prenta eða ljósrita á eigin kostnað.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 sem nú hafa verið afgreidd og í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hér er fjallað um er gert ráð fyrir að innritunargjöld í háskóla hækki í 32.500 kr. Minni hlutinn mótmælir að til þessara ráðstafana sé gripið „til að mæta sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar“ eins og það er orðað í frumvarpi til fjárlaga.

Minni hlutinn ítrekar að með því að auka álögur á stúdenta á sama tíma og námsmöguleikum þeirra er ógnað með verulegum verðhækkunum, t.d. á námsbókum, húsaleigu og matvælum, er ógnað þeirri þjóðarsátt sem hingað til hefur verið um að standa vörð um jafnrétti til náms. Það eru ákveðnir hópar stúdenta sem standa verr að vígi en aðrir í slíkum hamförum, svo sem barnafólk og fólk af landsbyggðinni, en talið er að 30–40% þess hóps hafi hraktist frá námi í kjölfar breytinga á lögum um LÍN 1992. Slíkt má ekki endurtaka sig.

Fylgiskjal VII.

Umsögn samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember, fjallað um 11. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál, og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 71. gr. b. laga um loftferðir. Lögð er til hækkun á sérstöku gjaldi til að standa straum af kostnaði við vopnaleit á flugvöllum. Lagt er til að gjald fyrir 12 ára og yngri hækki úr 65 kr. í 150 kr. og gjald fyrir hvern farþega 12 ára og eldri hækki úr 125 kr. í 300 kr. Orsaka þessara breytinga má rekja til hækkunar á kostnaði vegna vopnaleitar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

Meiri hluti nefndarinnar, en hann skipa Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir, leggur til að 11. gr. frumvarpsins verði **samþykkt óbreytt.**

Minni hluti nefndarinnar, Lúðvík Bergvinsson, Kristján Möller og Jón Bjarnason, gerir nokkrar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir sundurliðun á þeim kostnaði sem þessari hækkun gjalda er ætlað að mæta og telur minni hlutinn ófært að taka afstöðu til hennar undir þeim kringumstæðum. Í öðru lagi er ljóst að þessi breyting mun hafa í för með sér hækkun á flugfargjöldum í millilandaflugi sem er ekki til þess fallið að bæta stöðu aðila í ferðaþjónustu og flugfélaganna sem er bág um þessar mundir. Í þriðja lagi telur minni hlutinn að þetta sé enn eitt dæmið um auknar álögur á flugsamgöngur innan lands sem utan. Með hliðsjón af framangreindu getur minni hlutinn ekki mælt með þessari breytingu.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 8. desember sl., fjallað um 6. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 348. mál.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Á. Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Gylfa Ástbjartsson frá Fiskistofu, Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Í samræmi við endurskoðuð afkomumarkmið ríkisstjórnarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 er með frumvarpi þessu lagt til að gjald á úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla metið til þorskígilda í tonnum hækki úr 462 kr. í 593 kr. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur Fiskistofu af gjaldinu á heilu fiskveiðiári hækki um 50 millj. kr. vegna þessarar breytingar og standi að fullu undir kostnaði við veiðieftirlit. Gjaldið mun falla á útgerðina fyrir veiðiheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári sem enn hefur ekki verið úthlutað en kemur að fullu til framkvæmda frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. september 2002 og verður innheimt 1. desember sama ár.

Nefndin mælir með að 6. gr. frumvarpsins verði samþykkt. Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson gera þó fyrirvara af sinni hálfu. Guðjón A. Kristjánsson vill láta þess getið að hann stendur ekki að umsögn þessari.

523. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Ragnheiði Harðardóttur frá ríkissaksóknara, Egil Stephensen frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Elínu Hallvarðsdóttur frá Barnaverndarstofu, Jakob R. Möller frá Lögmannafélagi Íslands, Helga I. Jóhannsson frá Dómarafélagi Íslands og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna.

Umsagnir um málið bárust frá ríkislögreglustjóra, Lögmannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Barnaverndarstofu, ríkissaksóknara, dómstólaráði og umboðsmanni barna.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum sem miða að því að veita börnum ríkari refsivernd vegna kynferðisbrota gegn þeim. Er í fyrsta lagi lagt til að mælt verði fyrir um refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af börnum og ungmennum þar sem lögin taka ekki beinlínis á slíkri háttsemi. Samkvæmt frumvarpinu er refsinæmi brotsins bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald, sem getur verið fé eða önnur verðmæti, gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þá á ekki að skipta máli hvort endurgjaldið er greitt af geranda eða þriðja manni. Orðalag 1. gr. frumvarpsins virðist hins vegar ekki taka til slíkrar háttsemi af hálfu þriðja manns og leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu í þá átt. Í öðru lagi er lagt til að þyngri refsingar verði lagðar við innflutningi eða vörslu á efni sem hefur að geyma barnaklám. Slík háttsemi geti því varðað fangelsisrefsingu allt að tveimur árum ef brotið er stórfellt en mat á slíku ræðst einkum af grófleika og magni efnis í hverju tilviki fyrir sig.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „gegn því að hafa við það“ í efnismálsgrein komi: gegn því að greiðandi eða einhver annar hafi við það.

Guðjón A. Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson áheyrnarfulltrúi er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2001.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ásta Möller.
Katrín Fjeldsted.	Kjartan Ólafsson.	Lúðvík Bergvinsson.

524. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, KHG, SAÞ, GunnB, HjÁ).

1. Við 28. gr. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sem honum ber að gera ótilkvaddur.
2. Við 53. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félögum skv. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar fyrir gildistöku laga þessara.

525. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Neytendasamtökunum.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verði reglugerðarheimild svo að unnt verði að taka upp viðauka við tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, en tilskipunin er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin telur þá reglugerðarheimild sem lögð er til í frumvarpinu of víðtæka og leggur til breytingu á því þess efnis að tekið verði skýrt fram í ákvæðinu hvað reglugerðin eigi í raun að varða, þ.e. ósanngjarna samningsskilmála. Nefndin leggur einnig til að við frumvarpið bætist ný grein sem auki við 36. gr. b laganna ákvæði um takmörkun á beitingu reglu 2. mgr. ákvæðisins sem fjallar um túlkun á skriflegum samningum milli atvinnurekanda og neytanda. Takmörkun í þeim tilvikum sem tilgreind eru í breytingartillögunni byggist á 2. mgr. 7. gr. framangreindrar tilskipunar, en samkvæmt ábendingu frá Eftirlitsstofnun EFTA er ekki hægt að fella þessa takmörkun niður, sbr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

526. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Við 36. gr. b laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Regla 2. málsl. 1. mgr. gildir ekki þegar aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur geta gripið til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósanngjarnir.
2. Við 1. gr. (er verði 2. gr.). Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein, 40. gr. a, sem orðast svo:
   Viðskiptaráðherra er heimilt á grundvelli EES-tilskipunar 93/13/EBE um ósanngjarna samningsskilmála að kveða nánar á með reglugerð um framkvæmd ákvæða laga þessara um ósanngjarna samningsskilmála.

527. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti að því er varðar innherjaviðskipti, til þess að taka af tvímæli um að þeim sem búa yfir trúnaðarupplýsingum sé óheimilt að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim verðbréfum sem trúnaðarupplýsingarnar tengjast, óháð því hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða.

Ákvæði um innherjaviðskipti voru fyrst sett í íslensk lög með lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989. Í 2. mgr. 2. gr. þeirra laga sagði m.a.: „Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber, en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón.“

Í greinargerð með frumvarpi til nefndra laga kom fram að orðalag ofangreinds ákvæðis væri í samræmi við ákvæði í norskum og dönskum lögum um verðbréfaviðskipti. Þó næði

ákvæðið aðeins til verðbréfa sem skráð væru í kauphöll. Til glöggvunar var texti norsku og dönsku laganna um verðbréfaviðskipti birtur í frumvarpinu. Í norsku lögunum var textinn eftirfarandi: „Kjöb eller salg av börsnoterte verdipapirer må ikke foretas af noen som har fortrolige opplysninger som gjælder forhold vedrörende det foretak som har utstedt verdipapirene, og som kan antas å få vesentlig betydning for kursen på verdipapirene.“

Í dönsku lögunum var textinn eftirfarandi: „Köb eller salg af et börsnoteret værdipapir må ikke foretages af nogen, der har kendskab til endnu ikke offentliggjorte oplysninger vedrörende den pågældende udsteder, såfremt sådanne oplysninger må antages at få betydning for kursdannelsen på værdipapiret.“

Árið 1992 var lagt fram frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti sem samið var vegna aðlögunar íslensks réttar á sviði verðbréfaviðskipta vegna EES-samningsins. Frumvarpið varð að lögum nr. 9/1993. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kom fram að við samningu þess hafi í fjölmörgum atriðum verið stuðst við ákvæði þágildandi laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði. Þá hafi verið höfð hliðsjón af löggjöf nágrannalanda, einkum danskri og norskri. Í 1. mgr. 23. gr. þeirra laga sagði m.a.: „Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 22. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta.“ Í athugasemdum við umrætt ákvæði frumvarpsins var tekið fram að ákvæðið tæki til þess að um hagsbætur væri að ræða og væri með því átt við beinan hagnað eða það að forðast fjárhagslegt tjón. Ekki var tekið fram að ásetningur væri skilyrði refsinæmis.

Í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti, sem varð að lögum nr. 13/1996, var í 27. gr. laganna sambærilegt ákvæði um innherjaviðskipti og í lögum nr. 9/1993. Ákvæðið var ekki skýrt sérstaklega í frumvarpinu.

Á 126. löggjafarþingi 2000–2001 lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum. Frumvarpið varð að lögum nr. 163/2000. Ekki var þar gerð tillaga um breytingu á umræddu ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um misnotkun trúnaðarupplýsinga. Hins vegar lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar til breytingu á umræddu ákvæði sem miðaði að því að gera það skýrara og markvissara í framkvæmd. Tekið var út það skilyrði að innherjaviðskipti yrðu að vera innherjanum sjálfum eða öðrum til hagsbóta. Tekið var fram í áliti meiri hlutans að þar sem innherjaviðskipti kynnu að vera ólögmæt þótt enginn hagnaðist á þeim hefði orðalag ákvæðisins þótt villandi og var því lagt til að skilyrðið yrði fellt brott.

Eftir samþykkt laga nr. 163/2000 varð umrætt ákvæði í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna og hljóðaði svo: „Innherjum er óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa.“

Í ofangreindum þingskjölum kemur hvergi fram að ásetningur sé forsenda refsinæmis vegna brota á umræddum ákvæðum. Hins vegar er ljóst af ofangreindu að höfð var hliðsjón af norrænum rétti, einkum dönskum og norskum, við samningu ákvæðanna.

Hinn 29. október síðastliðinn var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í sakamálinu nr. 601/2001. Málið fjallaði um meint brot gegn umræddri grein um misnotkun trúnaðarupplýsinga, þ.e. 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að breyting hefði verið gerð á lögum um verðbréfaviðskipti með lögum nr. 163/2000 væri enn fyrir hendi það refsiskilyrði í ákvæðinu að trúnaðarupplýsingar verði að vera ákvörðunarástæða fyrir viðskiptunum, sbr. orðasambandið „nýta ... til öflunar“. Enn fremur var tekið fram í dóminum að það

refsiskilyrði sem fellt var út úr ákvæðinu, en áður var orðað berum orðum í því, hljóti að nokkru leyti að felast í, eða vera forsenda þess skilyrðis sem eftir stóð. Loks væri til þess að líta að þar sem hér væri um það að ræða að skýra refsiheimild í lögum væri fyrst og fremst við sjálfan lagatextann að styðjast. Yrði ákvæðið ekki skilið öðru vísi en svo að í því væri áskilinn beinn og eindreginn ásetningur, sbr. hins vegar aðalregluna í 69. gr. laganna að gáleysi nægi sem huglægt refsiskilyrði og enn fremur 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, e contrario. Þegar borin væru saman 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti og hliðstæð ákvæði í danskri, norskri, sænskri og bandarískri löggjöf vekti það athygli að ótvíræður munur væri að þessu leyti á hinu íslenska ákvæði og erlendu lagaákvæðunum, þar sem huglæg afstaða þess sem í hlut á virtist ekki skipta máli að þessu leyti, eða a.m.k. væri þar ekki krafist meira en gáleysis. Ríkissaksóknari hefur tekið ákvörðun um að máli þessu verði ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Viðskiptaráðherra telur að af ofangreindum þingskjölum sé ljóst að aldrei hafi verið ætlun löggjafans að mæla fyrir um undantekningu frá þeirri meginreglu að gáleysi nægi til refsinæmis vegna brota á sérlögum, sbr. gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þvert á móti hafi verið ætlun löggjafans að fylgja norrænum rétti í þessu efni. Þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu í héraðsdómi að beinn og eindreginn ásetningur sé skilyrði refsinæmis fyrir brot gegn 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti og þar sem ákveðið hafi verið að áfrýja ekki þeim dómi verði löggjafinn að taka af tvímæli um að gáleysi sé nægileg forsenda refsinæmis í þessu sambandi. Því er frumvarp þetta lagt fram.

Við samningu frumvarpsins hefur mjög verið höfð hliðsjón af dönskum og norskum ákvæðum laga um innherjaviðskipti. Telja verður að vafa um hliðstæðu þeirra við íslensk ákvæði sama efnis hafi verið eytt með frumvarpi þessu. Í 1. mgr. 35. gr. dönsku verðbréfaviðskiptalaganna, nr. 168/2001, segir: „Köb, salg og tilskyndelse til köb eller salg af et værdipapir må ikke foretages af nogen, der har intern viden, som kan være af betydning for handelen. Í grein 2-1 í norskum lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 79/1997, með síðari breytingum, segir: „Tegning, kjøp, salg eller bytte av finansielle instrumenter som er eller søkes notert på norsk børs eller norsk autorisert markedsplass eller tilskyndelse til slike disposisjoner, må ikke foretas av noen som har opplysninger om de finansielle instrumentene, utstederen av disse eller andre forhold som er egnet til å påvirke kursen og som ikke er offentlig tilgjengelig eller allment kjent i markedet. Tilsvarende gjelder inngåelse, kjøp, salg eller bytte av opsjon- eller terminkontrakt eller tilsvarende rettigheter knyttet til slike finansielle instrumenter eller tilskyndelse til slike disposisjoner."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpsgreininni er mælt fyrir um breytingar á 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, með síðari breytingum. Felld eru á brott orðin „nýta ... til öflunar" sem voru forsenda niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamálinu nr. 601/2001 að ásetningur væri forsenda refsinæmis vegna brota gegn ákvæðinu. Eru með því tekin af tvímæli um að meginregla laga um að gáleysi sé nægileg forsenda refsinæmis vegna brota á sérlögum gildi í þessu efni, sbr. og gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Því er litið svo á að með frumvarpinu séu tekin af tvímæli um hliðstæðu íslensks ákvæðis um innherjaviðskipti við dönsk og norsk ákvæði um sama efni.

Ákvæðið er ekki einskorðað við að innherji afli sér verðbréfa eða ráðstafi þeim í sína þágu. Þvert á móti getur hann aflað öðrum verðbréfa eða ráðstafað þeim í annarra þágu. Því er orðalagið „fyrir eigin reikning eða annarra" í ákvæðinu. Áréttað skal að það orðasamband

á við bæði öflun og ráðstöfun verðbréfa. Einnig skal tekið fram að um brot á ákvæðinu getur verið að ræða þó svo að enginn hagnist á þeim. Ekki er því gerð breyting á ákvæðinu að því er það varðar.

Áréttað skal að með orðunum „afla eða ráðstafa“ er átt við hvers konar gerning sem miðar að yfirfærslu eignaréttinda, t.d. skipti eða framvirka samninga, en ekki einungis bein kaup eða sölu, sbr. athugasemdir við 23. gr. frumvarps til laga um verðbréfaviðskipti sem varð að lögum nr. 9/1993. Því er litið svo á að með frumvarpinu séu tekin af tvímæli um hliðstæðu íslensks ákvæðis um innherjaviðskipti við dönsk og norsk ákvæði um sama efni.

Í ákvæðinu er tekið fram að innherjum sé óheimilt að afla verðbréfa eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum. Með því er átt við að þeir megi ekki afla verðbréfa eða ráðstafa þeim, ef þeir búa yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda verðbréfanna, bréfin sjálf eða önnur þau atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð bréfanna ef opinber væru, sbr. 3. tölul. 2. gr. laganna. Innherjar mega hins vegar vitanlega eftir sem áður afla verðbréfa eða ráðstafa verðbréfum sem þeir hafa ekki trúnaðarupplýsingar um.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér gildistökuákvæði og þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er auka trúnað og traust á verðbréfamarkaði með því að taka af öll tvímæli um að þeim sem búa yfir trúnaðarupplýsingum um verðbréf sé óheimilt að afla sér verðbréfanna eða ráðstafa þeim.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

528. Breytingartillaga [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, ÖS).

Við bætist ný grein, 31. gr., sem orðist svo:

Í stað fjárhæðanna „3.330.755“ og „5.521.301“ í 6. málsl. 4. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: 3.996.906; og: 6.625.561.

529. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Val Valsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Hrafn Magnússon og Þóri Hermannsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Árna Reynisson frá vátryggingamiðluninni Hagli, Halldór Sigurðsson og Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands og Skarphéðin B. Steinarsson og Árna Pál Árnason frá ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur. Umsagnir bárust um málið frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Fjármálaeftirlitinu, Íbúðalánasjóði, Seðlabanka Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, vátryggingamiðluninni Hagli, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Verðbréfaþingi Íslands.

Í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi kemur fram að þeir aðilar sem eru eftirlitsskyldir samkvæmt lögunum skuli standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins. Árlega skal viðskiptaráðherra gefin skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Með hliðsjón af skýrslunni tekur ráðherra síðan ákvörðun um hvort ástæða sé til að breyta eftirlitsgjaldinu með lögum. Frumvarp þessa efnis er nú lagt fyrir Alþingi í annað sinn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á álagningarhlutföllum og lágmarksgjaldi eftirlitsskyldra aðila. Búist er við að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi í för með sér að álagt eftirlitsgjald hækki úr 198,8 millj. kr. árið 2001 í 215,0 millj. kr. árið 2002.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksgjald vátryggingamiðlara lækki úr 200.000 kr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu í 150.000 kr. Í öðru lagi er lagt til að kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir greiði 0,5% af rekstrartekjum í eftirlitsgjald í stað 0,76297% eins og ráðgert er í frumvarpinu. Í þriðja lagi er lagt til að eftirlitsgjald aðila (dótturfélags) sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila (móðurfélags) lækki niður í 1/5 hluta eftirlitsgjalds í stað 2/3 hluta eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þær breytingar sem nefndin leggur til leiða til 3,5 millj. kr. lækkunar á áætluðu eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 og það verður því 211,5 millj. kr. í stað 215,0 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Nefndin tekur fram að strax á næsta ári hyggst hún taka til umfjöllunar skýrslur Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi þess og áætlaðan rekstrarkostnað árið 2002, þ.m.t. meginatriði athugasemda eftirlitsskyldra aðila við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002. Nefndin bendir einnig á að skv. 3. mgr. 2. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er það verkefni viðskiptaráðherra að leggja frumvarp um að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds, svo framarlega sem niðurstaða skýrslu Fjármálaeftirlitsins og álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila gefur tilefni til þess. Fjármálaeftirlitið hefur því ekki sjálfdæmi um mat á því hver fjárþörf þess til næsta árs á eftir verður. Nefndin bendir á að sú lækkun á eftirlitsgjaldi sem leiðir af breytingartillögum nefndarinnar kallar á að nýráðningar verði endurmetnar í samhengi við mat á mannaflaþörf til þriggja ára. Nefndin leggur jafnframt til að þegar frumvarp sama efnis verður lagt fyrir Alþingi á næsta

haustþingi verði horft lengra en verið hefur hingað til og t.d. lagt mat á starfsmannaþörf Fjármálaeftirlitsins til næstu þriggja ára þaðan í frá. Jafnframt telur nefndin æskilegt að sameiginlegur skilningur fáist um það milli Fjármálaeftirlitsins og samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila hvernig rekstri stofnunarinnar verði háttað til næsta þriggja ára hverju sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

530. Breytingartillaga [230. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr.

a. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
b. 5. tölul. 1. mgr. orðist svo: Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
c. Fyrri málsliður 3. mgr. orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiða 1/5 hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið.

531. Svar [275. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um Jafnréttisstofu.

1. *Hver er áætlaður heildarkostnaður við stofnun Jafnréttisstofu á Akureyri?*

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, hóf Jafnréttisstofa starfsemi sína á Akureyri 1. september 2000. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar það ár reyndist samtals 14.291 þús. kr. á því tímabili sem hún starfaði. Sá kostnaður er í samræmi við þær fjárheimildir sem stofnuninni voru markaðar á árinu 2000.

Hluta af framangreindum rekstrarkostnaði má rekja til stofnbúnaðarkaupa og aðkeyptrar vinnu við standsetningu á því húsnæði sem stofnunin er nú í að Hvannavöllum 14 á Akureyri. Þessi kostnaður nam samtals um 3,7 millj. kr.

2. *Hversu margir starfa á Jafnréttisstofu samanborið við skrifstofu jafnréttismála sem áður var í Reykjavík?*

Á Jafnréttisstofu starfa nú fimm starfsmenn. Fulltrúi, framkvæmdastýra, tveir sérfræðingar í föstu starfi og einn með tímabundna ráðningu sem rennur út í júní 2002. Tímabundna staðan er verkefnatengd og stefnt er að því að ráða í hana tímabundið áfram. Frá næstu áramótum verður ráðinn lögfræðingur í 50% starf. Samtals er hér um að ræða 5,0 stöðugildi á yfirstandandi ári.

Á Skrifstofu jafnréttismála störfuðu samtals sex starfsmenn í 5,5 stöðugildum. Þar af var hálft stöðugildi lögfræðings á vegum kærunefndar jafnréttismála en sú starfsemi er nú vistuð í félagsmálaráðuneytinu.

3. *Hve margir þeirra starfa á Akureyri?*

Samtals fjórir starfsmenn í jafnmörgum stöðugildum starfa á skrifstofu Jafnréttisstofu á Akureyri. Sá sérfræðingur sem ráðinn hefur verið í hina tímabundnu verkefnatengdu stöðu hefur vinnuaðstöðu heima hjá sér í Reykjavík. Eins og áður hefur verið vikið að mun sú ráðning renna út í júní 2002 og því óvíst á þessari stundu hvar sá starfsmaður sem tekur við mun hafa aðsetur sitt.

4. *Hefur Jafnréttisstofa aðstöðu til fundahalda í Reykjavík?*

Jafnréttisstofa hefur ekki sérstaka fundaraðstöðu í Reykjavík en með nútímatækni, farsímum og ferðatölvum er ekki vandi að sinna erindum án fastrar aðstöðu. Jafnréttisstofa getur eins og aðrar stofnanir ráðuneytisins nýtt fundarsal félagsmálaráðuneytis og undirstofnana þess, svo sem Vinnumálastofnunar og Barnaverndarstofu.

Fyrir stærri fundi og ráðstefnur nýtir Jafnréttisstofa sali og þjónustu á hótelum og hefur t.d. gert sérsamning við Grand hótel Reykjavík um slíka þjónustu, einnig nýtir stofnunin svokallað Flugkort sem gefur afslátt af sölum og þjónustu Flugleiðahótelanna.

Hvað varðar vinnuaðstöðu til daglegra starfa og fámennra funda (2–4) hefur starfsfólk Jafnréttisstofu nýtt sér skrifstofur í félagsmálaráðuneytinu þegar þess gerist þörf.

5. *Hver er kostnaður við ferðalög innan lands á vegum Jafnréttisstofu frá því að hún hóf starfsemi sína?*

Frá því að Jafnréttisstofa hóf starfsemi sína 1. september 2000 og fram til þessa dags er bókfærður ferðakostnaður vegna innanlandsferða samtals um 2,3 millj. kr.

Framangreindur ferðakostnaður er annars vegar vegna starfsfólks Jafnréttisstofu og hins vegar vegna fyrirlesara og leiðbeinanda sem flutt hafa erindi á ráðstefnum, námskeiðum og fundum á vegum stofunnar um allt land. Á móti hluta af þessum kostnaði hafa verið innheimt ráðstefnu- og fundagjöld sem ekki koma fram hér. Hreinn kostnaður vegna ferða innan lands er því nokkru lægri en hér kemur fram. Lögð hefur verið áhersla á að stofnunin sinnti sínu hlutverki um allt land og hafa á árinu 2001 t.d. verið haldin málþing í öllum landsfjórðungum.

6. *Hver var kostnaður við ferðalög innan lands á vegum skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisstofu árin 1999, 2000 og 2001?*

		2000[1]	**2001**[2]
Jafnréttisstofa			
07-313-0101 Jafnréttisstofa			
5420 Fargjöld innan lands		560	1130
5422 Dagpeningar innan lands		105	192
5424 Dvalarkostnaður innan lands		55	278
		720	1600

	1999	**2000**[1]	**2001**[1]
Skrifstofa jafnréttismála			
07-311-0101 Jafnréttisráð			
5420 Fargjöld innan lands	137	20	0
5422 Dagpeningar innan lands	10	17	0
5424 Dvalarkostnaður innan lands	0	0	0
	147	37	0

1) Skrifstofa jafnréttismála hætti starfsemi í ágústlok árið 2000 en í kjölfarið tók Jafnréttisstofa til starfa.
2) Kostnaður það sem af er árinu.

532. Nefndarálit [326. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar og Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að samþykkja að Ísland gerist aðili að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gerðardómsúrskurðum þannig að þeir öðlist réttaráhrif og verði fullnægt í samræmi við réttarfarsreglur í því aðildarríki sem fullnustu er leitað.

Aðild að samningnum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dóms- og kirkjumálaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma, til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningnum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Einar K. Guðfinnsson og Lára M. Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jónína Bjartmarz.

Jóhann Ársælsson.

533. Nefndarálit [327. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Hjálmar Vilhjálmsson frá Hafrannsóknastofnuninni.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á nokkrum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Á fundi aðila í London 5.–9. nóvember sl. náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Heildaraflamarkið var ákveðið 850.000 lestir og er því óbreytt frá árinu 2001.Við ákvörðun heildaraflamarks er nú í fyrsta skipti byggt á þeirri nýtingarstefnu sem aðilar samþykktu haustið 1999 og er það jafnframt í samræmi við tillögu ráðgjafanefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson rita undir álitið með fyrirvara.

Einar K. Guðfinnsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2001.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Jónína Bjartmarz.
	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	

534. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Björn Ólafsson frá Vegagerðinni og Benedikt G. Guðmundsson og Bjarna Björnsson frá Félagi hópferðaleyfishafa. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Félagi hópferðaleyfishafa og Vegagerðinni.

Með frumvarpinu er lögð til hækkun á gjaldi fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga. Gjaldtökuákvæðum laganna er ætlað að standa straum af kostnaði sem hlýst af útgáfu leyfa, eftirliti og námskeiðahaldi samkvæmt lögunum. Til að svo megi vera verður upphæð gjalda að taka mið af kostnaði sem hlýst af veittri þjónustu Vegagerðarinnar. Samkvæmt kostnaðarútreikningum sem nefndinni bárust frá samgönguráðuneytinu er sú hækkun sem lögð er til í frumvarpinu í samræmi við raunkostnað af útgáfu rekstrarleyfa til að stunda fólksflutninga.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að árlegt gjald fyrir rekstrarleyfi verði óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum en þess í stað hækki árlegt gjald sem greitt er þegar bifreið er færð til skoðunar úr 1.000 kr. í 1.400 kr. Með þessu er gætt jafnræðis milli þeirra sem hafa margar bifreiðar í rekstri og einyrkja og þeirra sem hafa fáar bifreiðar. Þá leggur meiri hlutinn til að Vegagerðinni verði heimilt að veita leyfi til aksturs skólabifreiða þótt bifreiðin taki færri en níu farþega en þessar bifreiðar mundu að óbreyttum lögum falla undir lög um leigubifreiðar sem er óheppilegt miðað við það hlutverk sem þær hafa.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. des. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Sigríður Ingvarsdóttir.

535. Fyrirspurn [364. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkrahótel.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra látið kanna hagkvæmni sjúkrahótela
   a. fyrir sjúklinga,
   b. fyrir heilbrigðisþjónustuna,
   c. fyrir ríkissjóð,
   d. fyrir Tryggingastofnun ríkisins?
2. Hve mörgum sjúklingum hefur verið vísað frá gistingu á sjúkrahóteli Rauða krossins undanfarin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
3. Hver er meðalgistitími sjúklinga á sjúkrahóteli Rauða krossins?
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir rekstri sjúkrahótela/sjúkraheimila innan heilbrigðisþjónustunnar og, ef svo er, hvenær má búast við að framkvæmdaáætlun verði lögð fram?

536. Fyrirspurn [365. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi öldungadeilda framhaldsskóla.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Gilda reglur um greiðslur á hvern nemanda framhaldsskóla um rekstur öldungadeilda, þ.e. að aðeins er greitt fyrir þá nemendur sem þreyta próf?
2. Hversu hátt hlutfall innritaðra nemenda í öldungadeild fer í próf og hversu hátt hlutfall allra nemenda í framhaldsskólum?
3. Hverjum er ætlað að bera kostnaðinn af þeim nemendum sem þreyta ekki próf? Og hver er kostnaður vegna þeirra á síðasta ári og áætlaður kostnaður á þessu ári, sundurgreint eftir skólum?
4. Er það ætlun ráðherra að beita sér fyrir því að herða reglur um innritun nemenda í öldungadeild í samræmi við áætlaðar fjárveitingar til þessarar kennslu á árinu 2002?

537. Nefndarálit [319. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónu Björk Guðnadóttur og Pál Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti og Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að úthluta tollfrjálsum kvótum vegna innflutnings á vörum sem falla ekki undir viðauka tollalaga um

landbúnaðarvörur og hins vegar að tollar af tóbaki verði felldir niður. Fyrrnefnda breytingin er til komin vegna samnings Íslands og Noregs um gagnkvæma tollfrjálsa kvóta á íslenskum hestum og norskum kartöfluflögum og ostum, en sú síðarnefnda tengist öðru stjórnarfrumvarpi þar sem lagt er til að greitt verði sérstakt tóbaksgjald í ríkissjóð. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til að fella niður tolla af tóbaki sem flutt er til landsins innan svæðisins. Þar sem ekki er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af innflutningi og sölu tóbaks lækki er lagt til að sérstakt tóbaksgjald verði lögfest.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

538. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónu Björk Guðnadóttur og Pál Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti, Höskuld Jónsson frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Andrés Magnússon og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar – Félagi íslenskra stórkaupmanna og Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands. Jafnframt barst umsögn um málið frá Tóbaksvarnanefnd.

Frumvarpinu er ætlað að koma á því fyrirkomulagi að greitt verði sérstakt tóbaksgjald í ríkissjóð. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er Ísland skuldbundið til að fella niður tolla af tóbaki sem flutt er til landsins innan svæðisins. Þar sem ekki er hins vegar gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af innflutningi og sölu tóbaks lækki er lagt til að sérstakt tóbaksgjald verði lögfest.

Nefndin telur að sú reglugerðarheimild sem lögð er til í e-lið 2. gr. frumvarpsins sé of víðtæk og leggur til að hún verði þrengd þannig að skýrt sé hvers efnis reglugerðin eigi að vera, þ.e. að setja nánari reglur um áfengisgjald og tóbaksgjald.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. E-liður (12. gr.) orðist svo:
Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða laga þessara um áfengisgjald og tóbaksgjald.

Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

539. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Axelsson og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Verðbréfaþingi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verðbréfaskráningu Íslands hf. og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að auðvelda rafræna eignarskráningu verðbréfa erlendis þannig að unnt verði að skrá rafbréf í sama verðbréfaflokki í fleiri en einni verðbréfamiðstöð að því tilskildu að aðeins verði hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru þríþættar og lúta í fyrsta lagi að því að gera frumvarpið skýrara þannig að ekki leiki vafi á að ákvæði þess taki jafnt til bréfa sem skráð eru í innlendum og erlendum verðbréfamiðstöðvum. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði inn í 11. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa ákvæði til að treysta réttargrundvöll þegar starfsleyfi aðila sem hefur með höndum eignarskráningu rafrænna verðbréfa er afturkallað eða óskað er eftir gjaldþrotaskiptum eða heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamnings á búi reikningsstofnunar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöð. Í þriðja lagi leggur nefndin til að í stað þess að gert sé ráð fyrir að Verðbréfaþing Íslands eigi aðild að samráðsnefnd skv. 2. mgr. 15. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa verði ákvæðið þess efnis að kauphallir eigi fulltrúa í nefndinni, en ljóst er samkvæmt ákvæðum laganna að hér á landi geta fleiri kauphallir starfað en Verðbréfaþing Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 2001.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

540. Breytingartillögur [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi:
   Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Nú er starfsleyfi aðila sem gert hefur aðildarsamning um eignarskráningu skv. 1. mgr. afturkallað, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og fellur aðildarsamningurinn við það þá þegar úr gildi, svo og réttur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Verðbréfamiðstöð skal annast eignarskráningar frá þeim tíma sem samningur fellur úr gildi nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að verðbréfamiðstöð tekur við eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar skal hún hafa tryggt að rafbréf og eignarréttindi yfir því hafi verið færð í umsjón annarrar reikningsstofnunar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um aðferð og framkvæmd við slit aðildarsamnings og færslu gagna skv. 1. og 3. málsl. þessarar málsgreinar.
2. Við 1. gr. sem verði 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað lokamálsliðar 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rafbréf í sama verðbréfaflokki sem tekinn hefur verið til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð er heimilt að skrá í fleiri en einni verðbréfamiðstöð, enda sé tryggt að aðeins sé hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð. Sama gildir um verðbréfaflokk sem hefur verið tekinn til eignarskráningar í erlendri verðbréfamiðstöð.
3. Við bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:
   2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:
   Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og kauphallir sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar

er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

541. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, og brtt. á þskj. 521 [stjórn fiskveiða].

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni, Karli V. Matthíassyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

1. Við 1. gr. frv. Í stað orðsins „krókaaflamarki“ komi: þorskaflahámarki.
2. Við 1. tölul. brtt. á þskj. 521. Liðurinn orðist svo: Við bætist ný grein, 2. gr., svohljóðandi:

6. gr. laganna orðast svo:

Veiðileyfi sem úthlutað er samkvæmt þessari grein skulu nefnd veiðileyfi með þorskaflahámarki og bátar sem þau hafa krókabátar með þorskaflahámarki.

Krókabátar sem veiðar stunduðu eftir ákvæðum laga um þorskaflahámark krókaveiðibáta, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999, á fiskveiðiárinu 2000–2001 skulu eftir gildistöku laga þessara hafa sömu hlutdeild í þorskafla og þeir fengu í úthlutun 1. september 2001. Hafi útgerðir þeirra flutt til sín eða frá sér varanlegar heimildir í þorski eftir 1. september 2001 og þar til þessi lög taka gildi breytist hlutdeild þeirra í samræmi við það. Aðrar fisktegundir eru ekki háðar magntakmörkunum í veiðum krókabáta á þorskaflahámarki. Hámarksfjöldi bala í róðri á þorskaflahámarksbátum á hverjum sólarhring er 24 balar með 500 króka hver.

Krókabátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum eða einungis með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Heildarþorskaflaviðmiðun krókabáta er 13,75% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs. Þar af er samanlagt þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost hafa valið 12,64%. Heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og nota handfæri eingöngu er 0,93%, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

Heimilt er að framselja varanlega þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Innan fiskveiðiárs er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutuðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir til þess næsta á eftir. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki aflamark af þorski skv. 7. gr. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þá áfram hluti sameiginlegs hámarksþorskafla báta sem stunda veiðar samkvæmt dagatakmörkunum.

Ráðherra getur þó heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt síðari málslið 3. mgr. þessarar greinar, sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háffiskum, séu utan sóknardaga.

Verði bátur með krókaleyfi dæmdur ónýtur vegna tjóns er heimilt að veita sambærilegum báti sams konar krókaleyfi.

Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga. Slíkum báti má þó aldrei breyta svo að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Áður en leyfðum heildarafla til aflamarks er skipt á grundvelli aflahlutdeildar skal draga eftirtalinn afla frá: Þorskur, hlutdeild krókabáta í heildarþorskafla 13,75%, ýsa 3.000 tonn, ufsi 1.000 tonn og steinbítur 3.000 tonn.

3. Við frv. bætist tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (3. gr.)

Við lögin bætist ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Veiðileyfi til krókabáta sem úthlutað er samkvæmt þessari grein skulu nefnd veiðileyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum.

Bátar sem fengið hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skv. 14. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 1/1999 skulu á fiskveiðiárinu 2001–2002 og framvegis stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur hámarksþorskafli þeirra báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. og mælist í klukkustundum með sjálfvirkri tilkynningu frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi eða hluta úr sóknardegi telst lokið þegar bátur landar afla. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 3. mgr. þessarar greinar séu utan sóknardaga. Heimilt er krókabátum á sóknardögum að stunda veiðar í 23 sóknardaga að lágmarki á hverju fiskveiðiári án takmörkunar á heildarafla.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá

skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1999/2000 og 2000/2001. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

Ákvæði 7.–9. mgr. 6. gr. eiga jafnframt við um ákvæði þessarar greinar.

b. (4. gr.)

Í stað orðsins „krókaaflamarks“ í 2. mgr. 6. gr. a laganna, sem verður 6. gr. b, kemur: þorskaflahámarks.

4. 2.–4. gr. frv. falli brott.
5. Við 5. gr. frv. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.
6. Við 6. gr. frv. Greinin orðist svo:
   8. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.
7. Við 7. gr. frv.
   a. 1.–4. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað 5. efnismgr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með þorskaflahámarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátnum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2001. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með þorskaflahámarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

Heildarþorskaflaviðmiðun þeirra báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og 30 lesta hámarki í þorskafla á hvern bát og nota línu og handfæri er 0,18% auk aflaheimilda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999.

Við val færist úthlutuð krókaaflahlutdeild frá 1. september sl. sem viðbót í heildarþorskaflaviðmiðun handfæraveiðabáta með dagatakmörkunum eða sem þorskaflahámark bátsins ef útgerðin svo velur.

8. Við f-lið 5. tölul. brtt. á þskj. 521. Efnismálsgreinar orðist svo:

Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
b. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni að jöfnu til hafrannsókna og Lífeyrissjóðs sjómanna. Ráðherra setur nánari reglur þar um í samráði við hagsmunasamtök sjómanna og útvegsmanna.

Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla í samræmi við reglur skv. b-lið 1. mgr. að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

9. Við 8. gr. frv. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum nr. 38/1990, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999 og lög nr. 93/2000.

542. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þessu frumvarpi er ætlað að draga úr áhrifum þeirra laga sem Alþingi setti í kjölfar dóms Hæstaréttar 3. desember 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar. Ákvæðin um veiðar krókabáta komu til framkvæmda 1. september 2001 en gildistökunni hafði verið frestað um eitt ár að tillögu sjávarútvegsráðherra. Með umræddri lagasetningu hefur síðustu veiðiréttindum á Íslandsmiðum verið skipt milli útvaldra og þeim færður réttur til að selja öðrum aðgang að þjóðarauðlindinni. Um þessa stefnu er gríðarlegt ósætti og foringjar stjórnarflokkanna sáu sitt óvænna í aðdraganda síðustu kosninga og lofuðu alvörusáttaumleitunum um málið. Eftir að það loforð lá fyrir töldu margir að farið yrði í heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða og ekki væru fyrir því rök að festa þá nýskipan í sessi sem fólgin er í þeim lagaákvæðum sem sett voru í kjölfar fyrrnefnds dóms og lúta að krókabátum séstaklega. Einnig voru komin fram ný rök sem studdu það álit að sú túlkun stjórnvalda, að sóknarkerfi væri brot á stjórnarskránni, væri ekki endilega einhlít eða rétt. Sú nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og gekk undir nafninu sáttanefnd hefur lokið störfum og þær „sáttatilraunir“ eru farnar út um þúfur. Þær reyndust eingöngu vera fólgnar í því að finna sátt milli LÍÚ-forustunnar og ríkisstjórnarinnar. Aðrir áttu svo að sætta sig við niðurstöðuna.

Í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar er nánast eingöngu fjallað um krókaaflamarksbáta. Aðrir flokkar smábáta bíða til síðari tíma samkvæmt upplýsingum í nefndaráliti meiri hlutans. Þar er annars vegar boðað að tekið verði á hagsmunamálum annarra smábáta við margboðaða heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða en hins vegar að meiri hlutinn muni beita sér fyrir sérstöku frumvarpi um málefni dagabáta fyrir 1. febrúar nk. enda telur meiri hlutinn „óhjákvæmilegt að lagfæra rekstrarumhverfi þess bátaflokks á þessum vetri“ eins og þar segir.

Það lagafrumvarp sem ríkisstjórnin hefur boðað til endurskoðunar á lögunum um stjórn

fiskveiða hefur ekki enn séð dagsins ljós þótt drjúgur tími sé liðinn síðan nefndin skilaði af sér. Síðbúin framlagning þess máls sem hér er til umfjöllunar kallar á svör um hvers vegna ekki mátti fjalla heildstætt um endurskoðun laganna því að ljóst er að verði þau frumvörp að lögum sem boðuð eru á þessu þingi verður ekki langt á milli afgreiðsludaga þeirra.

Þær breytingar sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir varðandi krókaaflamarkið eru fyrst og fremst aukning á aflaheimildum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum. Bæði er um að ræða almennar breytingar sem allir njóta og sértækar breytingar sem koma einstökum útgerðum í einstökum byggðarlögum sérstaklega til góða.

Sérstakur krókaaflamarksbyggðakvóti.

Í 3 gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytingu á 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem er um 12.000 þorskígildistonna pott sem sjávarútvegsráðherra getur ráðstafað „til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.“ Gert er ráð fyrir því að við gildandi ákvæði greinarinnar bætist ný málsgrein sem eftir breytingartillögu meiri hlutans, ef samþykkt verður, orðast svo: „Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa miðað við óslægðan fisk til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.“

Það kom fram hjá sjávarútvegsráðherra við 1. umræðu að þessi kvóti yrði framseljanlegur. Breytingartillaga meiri hlutans heimilar sjávarútvegsráðherra hins vegar að setja skilyrði fyrir framsali og varðandi ráðstöfun afla sem svarar til þess aflamagns sem bátar hafa fengið úthlutað á grundvelli 3. gr. Yfirlýst markmið er að reyna að tryggja að þessar aflaheimildir nýtist sem best þeim byggðarlögum sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og ætlunin að úthlutun aflaheimilda á grundvelli þessarar greinar fari til byggðarlaga sem eru að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta og verða fyrir hlutfallslega mestri skerðingu útgerðartekna. Ekki er gert ráð fyrir því að þau byggðarlög sem verða fyrir tiltölulega lítilli tekjuskerðingu njóti þessarar úthlutunar. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að krókaaflamarksbátar sem koma frá þeim byggðarlögum fái úthlutað af þessum kvóta jafnvel þótt þeir hafi verið gerðir út frá stað sem er að verulegu leyti háður veiðum krókaaflamarksbáta.

Þá er miðað við að úthlutun þessara heimilda til einstakra báta sé til þriggja til fimm ára í senn á grundvelli samnings þar sem kveðið sé á um nýtingu á þessum heimildum.

Þetta er þriðja tilraun sem gerð er með meinta byggðatengingu kvóta. Fyrsta tilraun voru 500 þorskígildislestir sem Byggðastofnun fékk til úthlutunar árið 1995. Eftir tvö ár var stærstum hluta þess kvóta úthlutað varanlega til báta frá þeim byggðarlögum sem skilgreining laganna var látin ná til, án tillits til þess hvar þeir höfðu landað aflanum. Næsta tilraun stendur yfir enn, en Byggðastofnun fékk með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 1/1999, úthlutað 1.500 þorskígildislestum „til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi“ eins og segir í bráðabirgðaákvæði IV, sbr. bráðabirgðaákvæði XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Það segir e.t.v. allt sem segja þarf um samspil kvótastöðu byggðarlags og atvinnustigs að sá kvóti er ekki endilega vistaður á báta úr viðkomandi byggðarlagi þótt ein af forsendum úthlutunar hafi verið sú að kvótastaða byggðarlagsins hefði minnkað. Og ekki eru allir á eitt sáttir um réttlætið í úthlutun Byggðastofnunar og þá ekki síst það að kvótanum skyldi öllum úthlutað til margra ára þannig að sá sveigjanleiki sem einhverjir töldu sig vera að samþykkja er ekki til staðar.

Samfylkingin telur afar mikilvægt að þegar verið er að færa kvóta með handafli til tiltekinna aðila sé skilgreint mjög nákvæmlega hverjir eiga að fá og með hvaða skilyrðum. Það er verið að færa aðilum fjármuni í formi veiðiréttar.

3. gr. frumvarpsins er að mörgu leyti óljós. Það virðist eiga að koma til móts við byggðarlög. Samt má bara úthluta þessum afla til krókaaflamarksbáta. Það vekur líka athygli að ekki er talað um sveitarfélög í þessu sambandi heldur sjávarbyggðir og byggðarlög en skilgreiningin mun vera að fyrirmynd frá Byggðastofnun. Ekki er ljóst hvaða byggðarlög eru „að verulegu leyti háð veiðum krókaaflamarksbáta“ í skilningi þessarar greinar, en eins og áður segir fá eingöngu bátar skráðir á slíkum stöðum úthlutun. Hvorki aðrir bátar né krókaaflamarksbátar fá úthlutun jafnvel þótt þeir hafi verið og séu gerðir út frá viðkomandi stað.

Hér skortir það gegnsæi sem þarf að vera fyrir hendi þegar opinberir aðilar úthluta verðmætum.

Allur afli að landi.

4. gr. frumvarpsins, nýtt bráðabirgðaákvæði samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans, gerir ráð fyrir að landa megi 5% heildarafla á tímabilinu frá 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 án þess að sá afli reiknist til aflamarks skipsins. Þessum afla skal halda aðgreindum frá öðrum afla og verður hann seldur sérstaklega á fiskmarkaði. Útgerðin fær 20% andvirðis aflans sem skiptist milli áhafnar og útgerðar samkvæmt samningum þar um.

Þessu ákvæði fagnar 1. minni hluti sérstaklega og telur að hér sé loksins tekin ákvörðun sem geti haft afgerandi áhrif til að koma í veg fyrir brottkast. Það fyrirkomulag sem hér er upp tekið á einnig að geta upplýst með nokkuð öruggum hætti hversu mikið brottkastið hefur verið. Breytingartillögur meiri hlutans eru til verulegra bóta frá frumvarpinu hvað varðar upphæð endurgjaldsins fyrir landaðan afla með þessum hætti. En þó skiptir breytingartillagan um að landa megi 5% heildaraflans yfir tímabilið í stað 5% úr hverri veiðiferð mestu máli vegna þess að gera verður ráð fyrir því að afli sem mjög óhagstætt er að koma með í land geti veiðst mjög sveiflukennt í ýmsar tegundir veiðarfæra. Þessi tillaga eða aðrar samkynja henni hafa verið fluttar á Alþingi ítrekað af fjölmörgum þingmönnum allt frá árinu 1989.

Þessi tillaga gerir tvennt í senn. Hún afléttir þeirri refsingu sem er fólgin í því að reikna til kvóta afla með lágt verðgildi og afla sem útgerðin hefur af einhverjum ástæðum ekki kvóta fyrir. Sú upphæð sem ákveðin er sem endurgjald til útgerðar og áhafnar gæti þurft endurskoðunar við. Gjaldið þarf að þróa þannig að það hafi ekki áhrif á veiðarnar eða umgengni um miðin. Þó þarf það að vera hvatning til þess að allur afli komi að landi og að lögð sé áhersla á að hann sé vel frá genginn um borð. Gjaldið er þó ekki aðalatriði málsins heldur það að með þessu eru stjórnvöld að gefa útgerðunum kost á úrræði til að koma með aflann að landi í stað þeirrar „refsingar“ sem er fólgin í núgildandi fyrirkomulagi. Hafi útgerðarmenn það svigrúm sem hér er lagt til að verði gefið er engin afsökun fyrir því að afla sé kastað fyrir borð. Það er full ástæða til að ætla að gott samstarf geti myndast við alla sjómenn um betri umgengni um auðlindina á grundvelli þessarar tillögu.

Gert er ráð fyrir því að annað andvirði hins selda afla en það sem fer til útgerðar og áhafnar eða í kostnað við söluna renni til Hafrannsóknastofnunarinnar. Fulltrúum Samfylkingarinnar finnst eðlilegra að um væri að ræða sjálfstæðan rannsóknarsjóð sem bæði Hafrannsóknastofnunin og aðrir vísindamenn gætu sótt í til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna.

Jafnaðarmenn studdu ekki þá lagasetningu sem hér er verið að reyna að lagfæra, hvorki upphaflega né það að gildistakan yrði í haust. Það var eðlilegra að breytingar á stöðu smábáta yrðu hluti af þeirri heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða sem gefin voru fyrir-

heit um. Þessi sérstaka lagasetning um krókaaflamark er því alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Samfylkingin mun hins vegar styðja setningu þess ákvæðis sem lýtur að því að tiltekinn hluti afla reiknist ekki til aflamarks og eykur líkur á að allur afli geti komið að landi, enda er það í samræmi við tillögu sem liggur fyrir frá Samfylkingunni í öðru þingskjali.

Alþingi, 12. des. 2001.

Jóhann Ársælsson, form., frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

543. Svar [124. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um landshlutabundin skógræktarverkefni og Suðurlandsskóga.

Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni voru samþykkt frá Alþingi vorið 1999 (lög nr. 56/1999). Lögin voru sniðin með hliðsjón af sérstökum lögum um Suðurlandsskóga, nr. 93/1997.

Á grundvelli laga nr. 56/1999, um landshlutabundin skógræktarverkefni, stofnaði landbúnaðarráðherra 25. janúar 2000 til þriggja slíkra skógræktarverkefna, Norðurlandsskóga, Skjólskóga á Vestfjörðum og Vesturlandsskóga og sömuleiðis samþykkti landbúnaðarráðherra stofnun Austurlandsskóga með bréfi 17. október 2000.

Fjárveitingar til fyrrgreindra landshlutabundinna skógræktarverkefna og Suðurlandsskóga hafa verið samþykktar frá Alþingi á fjárlögum 1998 og 2001.

Á vegum verkefnanna er nýlokið við að gróðursetja plöntur og því liggja skýrslur um uppgjör fyrir árið 2001 enn ekki fyrir og því ekki unnt að svara spurningu þar að lútandi.

1. *Hverjir hafa fengið framlög samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og Suðurlandsskóga á þessu ári og hversu há framlög hafa þeir fengið frá upphafi verkefnisins?*

Samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni og lögum um Suðurlandsskóga hafa eftirtalin verkefni fengið framlög frá Alþingi. Upphæðir eru í millj. kr.

	1998	1999	2000	2001
Suðurlandsskógar	20,8	30,0	45,7	69,2
Austurlandsskógar				10,0
Norðurlandsskógar			25,0	50,0
Skjólskógar á Vestfjörðum .			17,0	30,0
Vesturlandsskógar			17,0	34,0

Aðrir hafa ekki fengið framlög samkvæmt lögum nr. 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni og lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga.

2. *Á hvaða bújörðum fór gróðursetningin fram, hverjir eru ábúendur viðkomandi jarða og hverjir eigendur?*
3. *Hvaða tegundir plantna voru gróðursettar á þessum jörðum og hversu margar plöntur af hverri tegund?*

Hér á eftir fara upplýsingar um þær jarðir þar sem gróðursetning skógarplantna fór fram. Í ráðuneytinu er ekki til samantekt um hverjir séu eigendur og ábúendur viðkomandi jarða en það er umfangsmikið verk að gera slíka samantekt. Skrifa þyrfti embættum viðkomandi sýslumanna og óska eftir upplýsingum um eigendur jarða í þinglýsingabókum. Engin samfelld skrá er til á landinu um ábúendur einstakra jarða þar sem oftast er um að ræða samninga milli tveggja einstaklinga sem ekki hefur verið þinglýst. Getur það haft í för með sér töluverðan kostnað að afla slíkra upplýsinga.

Í gögnum verkefnanna liggur hins vegar fyrir í skýrslutæku formi á hvaða jörðum var gróðursett og hvaða tegundir hafa verið gróðursettar á hverjum stað og í hvaða magni og fylgir yfirlit um það með svarinu. Þess er vænst að þær upplýsingar veiti fullnægjandi svör.

Suðurlandsskógar:

Gróðursetning hófst á árinu 1998. Annars vegar gróðursetning til skógræktar og hins vegar til skjólbeltaræktunar. Ekki liggja fyrir tölvuskráðar upplýsingar frá því ári en samtals var gróðursett í 47 jarðir og skjólbelti í 27 jarðir. Á flestum jarðanna var einnig gróðursett á árunum 1999 og 2000 og koma nöfn þeirra þar fram. Þær jarðir sem gróðursett var í á árinu 1998 en ekki 1999 og 2000 eru: Hruni, Núpar 3, Steig, Syðra-Langholt, Tröð og Þjóðólfshagi. Sömuleiðis voru á árinu 1998 lögð út skjólbelti í jarðirnar Búland, Drangshlíð, Efri-Vík, Prestbakkakot, Skálakot og Voðmúlastaði og koma þær jarðir til viðbótar þeim sem koma fram í upplýsingum varðandi árin 1999 og 2000.

Á árinu 1998 voru samtals gróðursettar 411.972 plöntur sem skiptast þannig milli tegunda:

Alaskaösp	61.647 stk.
Sitkagreni	114.768 stk.
Blágreni	2.040 stk.
Rússalerki	88.570 stk.
Stafafura	70.706 stk.
Ilmbjörk	50.681 stk.
Vörtubirki	3.960 stk.
Ilmreynir	1.645 stk.
Gráelri	2.000 stk.
Alaskavíðir	15.360 stk.
Annað	595 stk.

Suðurlandsskógar.

Heildarfjöldi plantna og áburðar á hverja jörð 1999.

	Jörð	Alaskaösp	Sitkagreni	Rússalerki	Stafafura	Ilmbjörk	Vörtubirki	Ilmreynir	Gráelri	Alaskavíðisstiklingar	Alaskavíðir	Annað	Samtals	Áb.
1	Austurey 1–3	525								1.600			2.125	80
2	Ásólfsstaðir			40		2.510							2.550	
3	Ásgarður		1.720										1.720	40
4	Ásgerði	210	2.000	1.000	480	1.480	70	35					5.275	40
5	Breiðanes	3.500	17.120		3.400								24.020	320
6	Blómsturvellir					1.979							1.979	40
7	Efri-Grímslækur	35		670	280	400	70	35					1.490	
8	Efra-Sel	2.170	2.480	480		360	210				1.715	315	7.730	80
9	Efri-Vík		7.280	603	1.160		35		80		1.330	440	10.928	
10	Eyvindartunga	980	1.200		800			35					3.015	40
11	Flagbjarnarholt	840	1.520	469	400	1.200							4.429	80
12	Foss					720			200				920	40
13	Fossnes		1.000					35					1.035	
14	Galtalækur, Bisk.	6.825	8.440	2.720	4.000	1.000	1.190	35	440		1.960	200	26.810	360
15	Gerðakot	1.505	7.480	480		6.018	70				980		16.533	240
16	Giljaland		3.000	5.025		2.000	210					520	10.755	120
17	Gljúfur	4.620	10.000	2.480		2.049	70	35					19.254	280
18	Gýgarhóll	490	720	880	720	1.000	105	70	120				4.105	80
19	Hamarsheiði			1.400		1.600							3.000	40
20	Helgastaðir		200					35	80				315	
21	Hemla	560				1.000					2.310	105	3.975	40
22	Hemrumörk		2.480	9.983	5.520	6.164	120		120				24.387	280
23	Heiði 2			469		2.000							2.469	40
24	Hrosshagi		2.680			2.480	160	35					5.355	80
25	Hraunskógar ehf.					2.000					490		2.490	40
26	Kaldbakur		3.000	3.015	1.200	8.000						375	15.590	240

	Jörð	Alaska-ösp	Sitka-greni	Rússa-lerki	Stafafura	Ilmbjörk	Vörtu-birki	Ilmreynir	Gráelri	Alaskavíðis-stiklingar	Alaska-víðir	Annað	Samtals	Áb.
27	Laxárdalur		160	1.270	1.200		140	35					2.805	
28	Keldur					1.000						175	1.175	40
29	Kirkjubær 2		480		360	200						190	1.230	
30	Kirkjulækur				40	2.235						140	2.415	40
31	Kirkjulækjarkot				120	840						105	1.065	40
32	Lækur	2.450	16.320	14.302	13.720	14.960	2.295	35	80		1.890	300	66.352	360
33	Mykjunes	5.905	8.000	1.474	1.800	7.320							24.499	360
34	Neðridalur			3.015	1.800	5.000							9.815	120
36	Ósavatn	4.445	32.040		7.000	1.520	225	35					45.265	280
37	Orustustaðir/Hörg.	1.505	1.080	1.608	800	2.660			200		1.855		9.708	120
38	Prestsbakkakot	2.695	7.240	1.474	400	560	115						12.484	200
39	Reykjadalur	1.295	2.400	1.000				70					4.765	80
40	Sandlækur	875		2.009			70	35					2.989	
41	Skaftárdalur	2.485	12.320	6.968	1.200	7.003	120					880	30.976	440
42	Skarð 2		400	400	200								1.000	40
43	Skáldabúðir	70				200						80	350	40
44	Skálholt	2.380	1.520		360	480	105	35					4.880	80
45	Sóleyjabakki	4.305	17.600	2.000	2.000	2.765		70			2.660	53	31.453	320
46	Sólheimar		15.000										15.000	
47	Spóastaðir		7.000								980		7.980	
50	Torfastaðir 4–5	560	3.920	536	800	1.880	70	140			665	1.280	9.851	280
52	Úthlíð												0	40
53	Ytri-Ásar	1.610	16.120	5.494	16.560	17.407		805				480	58.476	840
54	Varmadalur	5.285	10.000	804	2.000	2.520							20.609	120
55	Vatnsleysa		1.480	2.000	800	480	105	35	80				4.980	120
56	Voðmúlastaðir					800							800	
58	Þrándarholt		2.000	670		1.000							3.670	80
59	Þverlækur	280	1.360		360	920					495		3.415	
	Samtals	**58.405**	**228.760**	**74.738**	**69.480**	**115.710**	**5.555**	**1.645**	**1.400**	**1.600**	**17.330**	**5.638**	**580.261**	**6.640**

Heildarfjöldi plantna og áburðar á hverja jörð 2000.

Jörð	Alaska-ösp	Aspar–stik-lingar	Hvít-greni	Blá-greni	Sitka-greni	Rússa-lerki	Lindi-fura	Skógar-fura	Berg-fura	Stafa-fura	Vörtu-birki	Ilm-björk	Sitka-elri	Grá-elri	Alaska-víðir	Víðis-stik-lingar	Þinur	Samtals	Áb.
Austurey 1–3																		0	
Ásgarður																		0	40
Ásgerði																		0	40
Ásólfsstaðir					35	3.484			400	80		80	140					4.219	35
Blómsturvellir	1.200					871						800						2.871	
Breiðanes	490				1.505													1.995	35
Búland												5.200	105		1.050			6.355	
Efra-Sel				40	1.680							480						2.200	80
Efri-Grímslækur	402					400						480						1.282	35
Efri-Vík	1.488			520	10.120			120		2.320		469		480	525			16.042	
Eyvindartunga			1.600	400	8.960	11.510			2.400		70		420					25.360	0
Flagbjarnarholt	1.697	400		40	2.640					840				80				5.697	
Foss					4.000													4.000	70
Fossnes					280	240							35					555	35
Galtalækur, Bisk.	350		4.000	6.000	4.000		70	480	200		350			520			210	16.180	280
Gerðakot	1.995		1.960	2.040	5.088	3.015	35		80	1.000		1.000	140					16.353	175
Giljaland				1.040		4.020				1.120				200				6.380	
Gljúfur				80	2.200	2.800	70			760		4.000	140	480			175	10.705	70
Gýgjarhóll	210			480	605	800		40	40	720		1.000		440			70	4.405	70
Hamarsheiði				640	3.424	2.000		80				3.680			2.660		70	12.554	140
Helgastaðir				40	175	120						40	35	40				450	
Hemrumörk				520	3.240	11.859				2.000		8.014			1.295			26.928	
Hraunskógar ehf.					1.440	5.000				5.280		2.280			980			14.980	70
Hrosshagi																		0	80
Kaldbakur	2.625			520	4.240	3.015				360		9.480						20.240	
Keldur										12.160		38.565						50.725	
Kanastaðir												5.420						5.420	
Laxárdalur				760	840	880												2.480	35
Lækjarbrekka	350				4.520	10.573				3.120		320						18.883	245
Lækur	4.340		1.200	320	9.225	400	105	320	1.160		455	360	280				490	18.655	280
Mykjunes	3.582	5.400	320	320	14.120	4.000						3.874	140	320	1.610	1.500		35.186	
Neðridalur	4.550				14.440					360		10.839	70					30.259	
Orustustaðir					5.000					1.920								6.920	
Ósavatn	3.940		560		2.265	1.480						160						8.405	175
Prestbakkakot	1.008				10.920	938		320		2.000		7.685	35	1.840				24.746	
Reykjadalur																		0	0
Sandlækur	288				1.995									200				2.483	35
Skaftárdalur					10.840	871				2.080		400						14.191	
Skarð 2					1.000					1.000		240						2.240	0
Skáldabúðir												160				1.470		1.630	0

Jörð	Alaska-ösp	Aspar–stiklingar	Hvít-greni	Blá-greni	Sitka-greni	Rússa-lerki	Lindi-fura	Skógar-fura	Berg-fura	Stafa-fura	Vörtu-birki	Ilm-björk	Sitka-elri	Grá-elri	Alaska-víðir	Víðis-stiklingar	Þinur	Samtals	Áb.
Skálholt																		0	80
Sóleyjabakki	7.969			320	18.525	4.472			1.240		525	1.840	35		840			35.766	525
Sólheimar	5.810				2.870	5.000				3.820								17.500	
Spóastaðir	5.836				2.000									80				7.916	
Stíflisdalur			200	200	1.050	2.010						160						3.620	
Tjörfastaðir			40	40		200				80		680						1.040	
Torfastaðir	3.980		1.960	1.840	12.240	2.880		200	200	1.200		6.000		600	420			31.520	
Úthlíð					720					800								1.520	
Varmidalur	6.825		5.440	6.960	52.157	6.840				3.000		6.000						87.222	
Vatnsleysa					2.520	2.546												5.066	0
Voðmúlastaðir												9.273						9.273	
Vorsabær												9.005						9.005	
Ytri-Ásar	2.520				15.895			480		10.485		938	700			500		31.518	
Þrándarholt					1.320	440												1.760	35
Þverlækur	848			360	1.315					360		760	35	80				3.758	
Samantekt																			
Árnessýsla	32.419		9.520	11.320	82.617	58.410	280	920	5.520	16.100	1.400	16.280	1.225	1.760	5.950		1.015	244.736	
Rangárvallas.	19.557	5.800	7.760	10.080	86.712	16.935		200	200	18.000		94.257	280	1.080	3.080	1.500		265.441	
V.-Skaftafellss.	10.766			2.080	71.175	18.559		920		23.085		29.145	805	2.520	1.820	500		161.375	
Samtals	62.742	5.800	17.280	23.480	240.504	93.904	280	2.040	5.720	57.185	1.400	13.9682	2.310	5.360	10.850	2.000	1.015	**671.552**	

Skjólbelti 1999.

Jörð	Samtals km	Samtals plöntur	Hregg-staða-víðir	Stranda-víðir	Alaska-víðir	Jörfa-víðir	Rifs	Rós	Sólber	Blá-toppur	Reynir fp35	Sitka-greni	Ösp fp	Birki fp40	Víðistik-lingar	Víðir
Árnessýsla																
Arakot	0,56	455											70			385
Birnustaðir II	0,25	245					35	35	35	35						105
Bildsfell (Guðm.)	0,81	805			805											
Fjall II	0,35	350					35	35	35	35						210
Hlemmiskeið V	0,11	105														105
Húsatóftir	4,71	2.870							35		35		1.190			1.610
Kálfhóll II	2,68	1.995											455			1.540
Kvíarhóll	1,73	690										480	210			
Kökkur	3,47	3.465			1.820											1.645
Ólafsvellir	0,28	175											70			105
Reykhóll	0,11	105						70		35						
Skeiðháholt II	0,53	525														525
Sléttaból	0,63	420					35		35		35		105			210
Útverk	0,2	80										80				
Vorsabær (Eiríkur)	0,35	245									35		35			175
Vorsabær (Jón)	0,23	122					35		17		35		35			
Votamýri	0,14	140					35	35	35	35						
Rangárvallasýsla																
Bollakot	2,54	2.385											105		1.650	630
Háfur I	0,76	640			245	315								80		
Hemla	0,33	175					35		35				105			
Hlíðarendakot	0,42	355										40				315
Kanastaðir	7,49	7.070											280		5.425	1.365
Moldnúpur	7,5	7.395	105	1.750	840	1.785	70		70		35		35		1.900	805
Stóra-Hildisey	1,78	1.780	280												1.500	
Unhóll 1	2,84	2.835			35	595										2.205
Vestur-Skaftafells-sýsla																
Kerlingardalur	1,5	1.500													1.500	
Kirkjubær II	1,16	1.155	315	350	420					70						
Suður-Hvoll	1,08	620		105	105	105							105	200		
Ytri Sólheimar I	0	0														
Samtals	**44,48**	**38.702**	**700**	**2.205**	**4.270**	**2.800**	**280**	**175**	**297**	**210**	**175**	**600**	**2.800**	**280**	**11.975**	**11.935**

Skjólbelti 2000.

	Samtals plöntur	Víðir	Víði-stiklingar	Birki	Ösp	Sitkagreni /Fura	Lerki
Vestur-Skaftafells-sýsla							
Kerlingadalur	540	420			120		
Kirkjubær II	630	630					
Prestbakkakot	1.460	1.260	200				
Suður-Hvoll	830	630	200			210	
Samtals	**3.460**	**2.940**	**400**		**120**	**210**	
Árnessýsla							
Birnustaðir	35	35					
Bíldsfell	1.520	280	1.135			105	
Blesastaðir	4.685	3.290		435	490	390	80
Brjánsstaðir	1.395	420		40	900	35	
Efra-Sel	2.380	1.890			490		
Hlemmiskeið II	1.500	105	725		350	320	
Klettar	1.365	1.015			350		
Ósabakki	1.120	735			385		
Reykhóll	5.205	4.060	400	40	490	215	
Reykjahlíð	3.650	2.695		40	840	75	
Skeiðháholt II	4.337	2.905			1.032	400	
Stærri Bær	3.115	2.800			315		
Vorsabær (Jón)	595			360		195	40
Samtals	**30.902**	**20.230**	**2.260**	**915**	**5.642**	**1.735**	**120**
Rangárvallasýsla							
Austvaðsholt	770	245	525		280		
Búland	1.660	630	990			40	
Gata	1.510	770	580			160	
Guðnastaðir	514	210			144	160	
Háfur	225		225				
Gunnarsholt	2.000		2.000				
Hlíðarendakot	120				120		
Kanastaðir	8.985	1.260	7.725				
Lágafell	715	280	435				
Moldnúpur	1.155	630	525				
Norður-Nýibær	910	910					
Rauðaskriður	2.255	700	1.450		105		
Skálakot	2.800		2.800				
Skíðbakki	2.035	1.190	845				
Sperðill	370	175	125		70		
Stóra-Hildisey	1.325	525	800				
Unuhóll	835	385	450				
Voðmúlastaðir	1.035	455	580				
Samtals	**29.219**	**8.365**	**20.055**		**719**	**360**	

Norðurlandsskógar.

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Áslákstaðir		1.320	2.120		1.365		4.805
Egilsá				280	280		560
Flaga				5.000			5.000
Glæsibær		9.680	18.790	2.000	9.275	280	40.025
Hamar	2.000		10.320	55.700	5.040		73.060
Hesjuvellir	700		6.000		350		7.050
Hróarsstaðir				12.000			12.000
Hvammur		3.500					3.500
Jódísarstaðir	2.400	2.000	14.220	2.000	100		20.720
Kárhóll	500		4.500		600		5.600
Laugafell			600		250		850
Merkigarður		1.000		2.000	350		3.350
Narfastaðir			1.500	1.500	1.000		4.000
Silfrastaðir	2.500	6.000	14.120	29.000	5.400		57.020
Skjaldarstaðir		960	240	6.400			7.600
Steðji		8.500	1.500				10.000
Syðri-Mælifellsá			1.500		500		2.000
Öngulstaðir 2		400		4.000	2.870		7.270
Samtals	**8.100**	**33.360**	**75.410**	**119.880**	**27.380**	**280**	**264.410**

Vesturlandsskógar.

Jörð	Sitka-greni	Sitka-bast-arður	Sitka-greni 3/0	Sitka-greni 2/0	Stafa-fura	Rússa-lerki	Sitka-elri	Ilm-björk	Reynir	Alaska-ösp	Samtals
Auðsstaðir	6.000	3.000			3.700		320				13.020
Breiðabólstaður						440	240	536			1.216
Brekkukot				1.000	1.480	3.000	70				5.550
Deildartunga				2.000	5.400	3.000					10.400
Eyri								536			536
Fitjar	1.600										1.600
Fljótstunga	520	1.520			1.120		280			875	4.315
Gróf				3.000	2.000	2.500	245				7.745
Hurðarbak	3.000		1.600	1.170	3.520	3.000	340	755	70	1.225	14.680
Hamar				480		160	70	160		105	975
Klafastaðir	10.000	5.000						9.049			24.049
Krókur	1.000	1.500									2.500
Oddstaðir		2.000			1.824	1.000	175	1.005			6.004
Oddsstaðir		2.000			2.000			670			4.670
Setberg	1.000	1.000						1.005			3.005
Steindórsstaðir				240	2.200	1.000	200				3.640
Stóri-Ás		2.500									2.500
Svarfhóll					2.948			536			3.484
Vilmundarstaðir	2.040	4.200		5.560	300	40	680	719	70	1.525	15.134
	25.160	**22.720**	**1.600**	**13.450**	**26.492**	**14.140**	**2.620**	**14.971**	**140**	**3.730**	**125.023**

Skjólbelti hafa verið lögð út á eftirtöldum jörðum:
Ásgarði, Bjarteyjarsandi, Ferstiklu, Hvanneyri, Kalastaðakoti, Leirá, Steindórsstöðum, Stóra-Vatnshorni, Vígholtsstöðum, Ási, Skálpastöðum, Skorholti, Teigi, Ytri-Hólmi, Auðsstöðum.

Skjólskógar.

Samtals voru í árslok 2000 9 jarðir samningsbundnar og 15 jarðir á lokastigum áætlunargerðar. Auk þessa eru umsóknir frá 72 öðrum jörðum í biðröð.

Skjólskógar á Vestfjörðum.

Gróðursetning á samningsjörðum árið 2000

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Ketilseyri	3.521	560	2.920	800	140	2.609	10.550
Höfði	10.589	400	1.320	1.880	350	1.880	16.419
Fremri Hjarðardalur	388	0	435	1.520	1.010	40	3.393
Fell	8.190	120	510	760	105	408	10.093
Alviðra	670	355	1.765	400	385	2.540	6.115
Kirkjuból Valþjófsdal	3.960	35	525	0	280	466	5.266
Hóll	2.009	235	1.149	280	0	750	4.423
Neðri Breiðadalur	4.100	709	1.923	1.680	875	5.354	14.641
Borg	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:	**33.427**	**2.414**	**10.547**	**7.320**	**3.145**	**14.047**	**70.900**

Gróðursett á jörðum þar sem ekki hafði verið gengið frá samningi um áramót.

Jörð	Birki	Fura	Greni	Lerki	Ösp	Annað	Samtals
Gemlufall	1.043	390	260	1.865	70		3.628
10 aðrar jarðir, kynning		436	5.600	1.572	3.120		10.728
Samtals	**34.470**	**3.240**	**16.407**	**10.757**	**6.335**	**14.047**	**85.256**

544. Svar [108. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um störf hjá hinu opinbera.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hefur störfum hjá hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum ellegar hlutafélögum sem þessir aðilar eiga 30% eða meira í, fjölgað eða fækkað frá árinu 1995?*
2. *Hversu mörg eru þessi störf til fjölgunar eða fækkunar frá árinu 1995, sundurliðað eftir árum?*
3. *Í hvaða atvinnugreinum og hjá hvaða aðilum hafa þessi störf helst verið?*
4. *Hversu mikið, á föstu verðlagi, hafa launaútgjöld aukist eða minnkað á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Verulegir annmarkar eru á að hægt sé að veita nákvæm svör við þeim spurningum sem fram eru bornar í fyrirspurninni. Tölfræðiupplýsingar um greiningu starfa á vinnumarkaði voru áður unnar af launamiðum sem fylgdu skattframtölum einstaklinga en nokkur ár eru síðan tölfræðivinnsla úr þeim var aflögð. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um greiningu starfa á vinnumarkaði eftir atvinnugreinum. Tiltækar upplýsingar um skiptingu starfa eftir atvinnugreinum eru einkum vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands og kannanir Þjóðhagsstofnunar á ástandi vinnumarkaðarins. Svör við fyrirspurninni eru byggð á upplýsingum frá fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands.

Forsætisráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnar verði upplýsingar um greiningu starfa á vinnumarkaði úr þeim gögnum sem tiltæk eru.

Breytingar á starfsmannafjölda.

Þjóðhagsstofnun telur að ársverkum hjá hinu opinbera hafi fjölgað um rúm 7% á tímabilinu 1995–2000. Sú niðurstaða byggist á hagrænni flokkun starfa, þar sem t.d. starfsemi á borð við póstþjónustu og orkuveitur teljast ekki til opinberrar starfsemi. Til samanburðar má nefna að fjölgun starfa á landinu í heild nemur 13% á sama tímabili, svo að ljóst er að almenn fjölgun starfa er hlutfallslega meiri en fjölgun starfa hjá hinu opinbera á tímabilinu 1995–2000.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands hafa orðið breytingar á fjölda starfandi einstaklinga í atvinnugreinum þar sem hið opinbera er fyrirferðarmest og nemur fjölgun þar 2,7% á því tímabili sem spurt er um, 1995–2000. Þar með er talin opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi og heilbrigðis- og félagsþjónusta, en sumir þeirra sem starfa í tveimur síðasttöldu flokkunum starfa ekki hjá hinu opinbera. Á hinn bóginn er að finna opinbera starfsmenn í öðrum flokkum en þessum. Því er ljóst að það er verulegum annmörkum háð að veita umbeðnar upplýsingar á grundvelli vinnumarkaðskannana Hagstofu Íslands.

Störf hjá ríkinu.

Í tilefni af fyrirspurninni var tekin saman eftirfarandi tafla sem sýnir greiningu ársverka hjá ríkinu 1995–2000. Svarað er fyrir starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun samkvæmt launavinnslukerfi ríkisins, sem vistað er hjá Ríkisbókhaldi. Í launavinnslukerfið vantar starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur (fyrst meðtaldir árið 2001, en ríkið yfirtók reksturinn 1999), starfsmenn sjúkrahúsa utan Reykjavíkur, starfsmenn sem starfa við heilsugæslu og málefni fatlaðra hjá tilraunasveitarfélögum, auk starfsmanna Byggðastofnunar, Lánasýslu ríkisins, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnunar og nokkurra annarra stofnana. Störf samkvæmt töflunni eru skilgreind sem ársverk.

Tafla 1. Greining ársverka.

		1995	1996	1997	1998	1999	2000
Starfsmenn ríkisins, alls		19.012	18.163	13.850	13.983	14.223	14.194
Breyting frá 1995 til 2000	-25,3%						
Breyting frá fyrrra ári			- 4,5%	-23,7%	1,0%	1,7%	-0,2%
Helstu breytingar:							
- Flutningur grunnskóla til sveitarfélaga	-3.528*						
- Pósti og síma breytt í hlutafélag	-2.220**						
Samtals	**- 5.784**						

* Meðalársverkafjöldi á mánuði á tímabilinu frá janúar til júlí 1996. Flutningur fór fram 1. ágúst 1996.

** Meðalársverkafjöldi á mánuði árið 1996. Breyting tók gildi 1. janúar 1997.

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Störf hjá sveitarfélögum.

Leitað var eftir upplýsingum um fjölda starfsmanna sveitarfélaganna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í svari sambandsins, sem byggist á upplýsingum frá sveitarfélögunum, kemur fram að stöðugildum hefur fjölgað um 6,4% frá ársbyrjun 1996 til ársbyrjunar 2000. Er þá reiknað með því að 3.216 kennarar hafi verið að störfum hjá sveitarfélögunum í ársbyrjun 1996 þótt þeir hafi ekki verið fluttir til sveitarfélaganna fyrr en að hausti þess árs. Sjúkrahús Reykjavíkur fluttist frá Reykjavíkurborg og sameinaðist Ríkisspítulum árið 1999. Hefðu þeir 1.468 starfsmenn sem þá fluttust til ríkisins áfram verið taldir til starfsmanna

sveitarfélaga hefði það þýtt 17% fjölgun starfsmanna sveitarfélaganna á tímabilinu, að öðru óbreyttu.

Í töflunni hér að neðan eru meðtaldir starfsmenn sem ekki teljast opinberir starfsmenn samkvæmt hagrænum skilgreiningum, svo sem starfsmenn veitufyrirtækja.

Tafla 2. Fjöldi stöðugilda hjá sveitarfélögum.

	1. janúar 1996	1. janúar 2000
Starfsmenn sveitarfélaga alls	13.915*	14.812**

* Hér eru taldir með 3.216 grunnskólakennarar

** Hér eru ekki taldir með 1.468 starfsmenn hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem fluttust til ríkisins 1999.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Störf hjá hlutafélögum í eigu ríkisins.

Eftirfarandi er tafla sem sýnir fjölda starfsmanna hjá þeim hlutafélögum þar sem ríkið á 30% eða stærri eignarhluta á því tímabili sem spurt er um. Hér er eingöngu um að ræða hlutafélög með beinni eignaraðild ríkisins, en ekki hlutafélög sem önnur hlutafélög, sjóðir eða stofnanir í eigu ríkisins kunna að eiga. Eingöngu eru tilgreind hlutafélög sem höfðu 40 starfsmenn eða fleiri á launaskrá.

Tafla 3. Fjöldi stöðugilda hjá hlutafélögum með 30% eða stærri eignaraðild ríkisins.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Íslandspóstur				1.045	1.356	1.301	1.150
Landssíminn				1.179	1.217	1.238	1.279
Landsbanki Íslands				956	956	909	896
Búnaðarbanki Íslands				545	574	617	676
Landsvirkjun	329	336	347	369	371	362	370
Íslenskir aðalverktakar	250	280	368	414	622	822	558
Steinullarverksmiðjan	44	44	44	44	44	44	44
Kísiliðjan	52	52	52	51	52	50	50
Skráningarstofan			23	26	32	37	41
Fríhöfn Keflavík						123	114
FBA							69
Sementsverksmiðjan	88	87	87	94	88	85	81
Íslenska járnblendifélagið	144	146	146	145	163	162	146
Áburðarverksmiðjan	105	98	93	87			
Orkubú Vestfjarða	58	58	54	52	53	54	54
Samtals	**1.070**	**1.101**	**1.214**	**5.076**	**5.528**	**5.803,2**	**5.458,2**

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Störf hjá hlutafélögum í eigu sveitarfélaga.

Engar upplýsingar eru tiltækar um fjölda starfsmanna hlutafélaga í eigu sveitarfélaganna.

Fjöldi starfa.

Tafla 1 sýnir þróun fjölda starfsmanna ríkisins og tafla 3 sýnir þróun fjölda starfsmanna hlutafélaga í eigu ríkisins, sbr. skýringar með hvorri töflu. Ekki eru tiltækar upplýsingar um þróun fjölda starfsmanna sveitarfélaga eða hlutafélaga í eigu þeirra frá ári til árs.

Ekki eru heldur tiltækar upplýsingar um þróun starfsmannafjölda í einstökum greinum

opinberrar þjónustu en starfsmönnum hefur fjölgað hjá sveitarfélögunum og fækkað hjá ríkinu, sbr. töflurnar hér að framan.

Breytingar á launaútgjöldum.

Tafla 4 sýnir laun og launatengd gjöld í samneyslu fyrir árin 1995–2000 fyrir hið opinbera, ríki og sveitarfélög. Upplýsingar um launaútgjöld hlutafélaga eru ekki tiltækar.

Samtals hefur launakostnaður hins opinbera í samneyslu aukist úr 58 milljörðum kr. árið 1995 í 100 milljarða kr. árið 2000. Það er aukning um 14,2% á föstu verðlagi.

Launagjöld sveitarfélaga vegna samneyslu hafa hækkað úr 13,7 millj. kr. árið 1995 í 36,0 millj. kr. árið 2000 á verðlagi hvors árs, en samsvarandi hækkun fyrir ríkið er frá 41,8 millj. kr. í 60,1 millj. kr. Hlutdeild sveitarfélaga í launagjöldum í samneyslu var 36,0% árið 2000 en var 23,7% árið 1995. Sem áður segir vegur flutningur grunnskóla og sjúkrahússtarfsmanna þyngst í þessum breytingum. Bæði hjá ríki og sveitarfélögum vinna starfsmenn sem ekki eru taldir til opinberra starfsmanna.

Tafla 4. Laun og tengd gjöld í samneyslu, á verðlagi hvers árs.

	Laun og tengd gjöld, millj. kr.	Breyting frá fyrra ári, %	Breyting á launum opinberra starfsmanna í launavísitölu, %	Breyting á launum opinberra starfsmanna umfram breytingu á launavísitölu, %
Alls*				
1995	58.045	.	.	.
1996	63.522	9,4	8,2	1,1
1997	69.610	9,6	4,8	4,6
1998	82.863	19,0	14,3	4,1
1999 áætlað	89.813	8,4	8,8	-0,4
2000 áætlað	99.912	11,2	8,1	2,9
1995–2000				12,9
Ríki				
1995	41.838	.	.	.
1996	43.108	3,0	8,2	-4,8
1997	42.062	-2,4	4,8	-6,9
1998	51.478	22,4	15,0	6,4
1999 áætlað	54.500	5,9	8,8	-2,7
2000 áætlað	60.093	10,3	8,1	2,0
1995–2000				-6,3
Sveitarfélög				
1995	13.765	.	.	.
1996	17.860	29,7	8,2	19,9
1997	24.861	39,2	4,8	32,8
1998	28.260	13,7	13,0	0,6
1999 áætlað	31.977	13,2	8,8	4,0
2000 áætlað	35.950	12,4	8,1	4,0
1995–2000				73,3

* Almannatryggingar meðtaldar.

Byggt á gögnum Þjóðhagsstofnunar um laun í samneyslu og launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir opinbera starfsmenn.

545. Svar [118. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um nauðgunarmál.

Fyrirspurn þessi er víðtæk og var víða leitað fanga til að afla svara við henni, m.a. hjá ríkissaksóknara, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, ríkislögreglustjóra, landlæknis o.s.frv. Hægt er að fullyrða að möguleikar til söfnunar og úrvinnslu á tölfræði um afbrot hafa aukist verulega á undanförnum árum þannig að unnt er að svara slíkum fyrirspurnum með litlum fyrirvara. Sú var hins vegar ekki raunin þegar óskað var upplýsinga um nauðgunarmál 24 ár aftur í tímann þótt reynt væri að afla þeirra eftir föngum. Svo sem kunnugt er hófst tölvuskráning mála hjá lögreglu fyrst 1988, hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, en síðar og í áföngum hjá öðrum lögregluembættum allt til ársins 1997 að öll embættin tengdust sömu skrá, nema á embættið á Keflavíkurflugvelli sem tengdist árið 1998. Svör ráðherra við þeim atriðum í fyrirspurninni sem lúta að lögreglunni byggjast á færslum í málaskrá eins og hún var færð hjá rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR). Má enda segja að flest nauðgunarmál hafi komið til kasta RLR með því að annaðhvort heyrðu málin undir embættið eða önnur embætti leituðu aðstoðar við úrlausn þeirra á rannsóknarstigi.

Til að svara út í hörgul framkomnum spurningum þyrfti að fara í gegnum handfærðar skrár frá árunum 1977–1988, sem nú eru í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands að því er varðar RLR, og fletta hverri blaðsíðu í leit að viðeigandi málsnúmerum. Í kjölfarið þyrfti að skoða hvert mál fyrir sig til þess að fá úr því skorið hvort um var að ræða nauðgun eða hvort rannsókn leiddi í ljós brot á öðrum ákvæðum kynferðisbrotakafla hegningarlaganna. Á þetta er bent vegna reynslu af því að þótt mál hafi verið kært sem nauðgun gat rannsókn leitt í ljós að um annars konar kynferðisbrot var að ræða. Var þá allur gangur á því að upphaflegri skráningu væri breytt við rannsóknarlok. Upplýsingar byggðar á skráningarbókum frá þessum tíma gæfu ranga mynd af fjölda kærumála vegna nauðgana. Við athugun á skráningu mála í málaskrá lögreglunnar nú kemur í ljós að í flestöllum tilvikum eru málin skráð til rannsóknar. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra virðist rannsókn þannig fara fram í málunum, með örfáum undantekningum sem helst skýrast af því að skýrsla er gerð um nauðgun en kæra ekki lögð fram.

Að því er varðar heilbrigðisyfirvöld, þá liggur ekki fyrir nein heildstæð skráning til ársins 1977. Nauðganir eru ekki skráðar sem sjúkdómsgreining og því örðugt um vik að kanna sjúklingabókhald sjúkrastofnana eftir á. Eins og áður kom fram hefur engin heildstæð skráning á nauðgunum átt sér stað í heilbrigðiskerfinu fyrr en með tilkomu Neyðarmóttöku vegna nauðgana 1993. Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis er hugsanlegt að upplýsingar séu til hjá einstökum læknum fyrir og eftir 1993 en að mjög erfitt sé að vinna þær. Til þess þarf beina leit í mjög viðkvæmum sjúkragögnum, með öðrum orðum formlega faraldsfræðilega rannsókn. Komur skjólstæðinga til Neyðarmóttöku eru ekki tilkynntar en farið með mál allra sem þangað leita sem trúnaðarmál. Gögn um einstaklinga eru auðkennd með hlaupandi númeri en blandast ekki öðrum gögnum slysadeildar eða sjúkrahússins. Þau gögn yfirgefa ekki Neyðarmóttöku nema ef brotaþoli kærir, þá eru þau afhent lögreglu að beiðni brotaþola. Þær upplýsingar sem gefnar voru frá Neyðarmóttöku sýna heildarfjölda þeirra sem leitað hafa til hennar en um er að ræða kynferðislegt ofbeldi af ýmsu tagi. Samkvæmt áðurnefndum upplýsingum eru nauðganir þó langalgengasta tilefnið.

Frá embætti ríkissaksóknara liggur fyrir samantekt vegna fyrirspurnarinnar á þeim málum sem komu til kasta embættisins frá 1977 til 2000.

1. *Hversu margar nauðganir hafa verið tilkynntar til löggæslu- eða heilbrigðisyfirvalda á ári frá 1977 til 2000?*

Eins og fram kemur í formálanum er nær útilokað að svara þessum lið fyrirspurnarinnar aftur til ársins 1977. Í eftirfarandi töflu getur að líta tölur frá embætti ríkislögreglustjóra varðandi tilkynnt nauðgunarmál til lögreglu, frá árunum 1988–2000.

Ár	Fjöldi tilvika	
1988	30	(Ekki öll lögregluembættin)
1989	18	(Ekki öll lögregluembættin)
1990	14	(Ekki öll lögregluembættin)
1991	15	(Ekki öll lögregluembættin)
1992	16	(Ekki öll lögregluembættin)
1993	24	(Ekki öll lögregluembættin)
1994	26	(Ekki öll lögregluembættin)
1995	20	(Ekki öll lögregluembættin)
1996	24	(Ekki öll lögregluembættin)
1997	45	
1998	44	
1999	48	
2000	36	

Sá fyrirvari er gerður varðandi þessar upplýsingar að á árunum 1988–96 var ekki komin miðlæg skráning afbrota. Fjöldi tilgreinda brota sýnir þannig ekki öll tilkynnt brot fyrir það tímabil. Eru tölurnar frá árunum 1988–96 byggðar á málaskrá RLR þar sem ekki er að finna heildstæða skráningu yfir landið allt. Ná tölurnar á því tímabili einkum til tilkynntra nauðgana á höfuðborgarsvæðinu þó að einstök embætti á landsbyggðinni hafi leitað til RLR við úrlausn þessara mála á rannsóknarstigi. Að öðru leyti er vísað til formálans hér að framan.

Varðandi heilbrigðisyfirvöld er einnig vísað til formála þar sem fram koma skýringar á því hvers vegna þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda koma til Neyðarmóttöku á ári frá því hún tók til starfa 8. mars 1993.

Ár	Fjöldi koma
1993	46
1994	66
1995	76
1996	79
1997	107
1998	102
1999	103
2000	96

Sá fyrirvari er gerður varðandi framangreindar tölur að þær sýna kynferðislegt ofbeldi af ýmsu tagi en nauðgun er þar langalgengasta tilefnið. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttöku voru af 386 málum frá 8. mars 1993 til 7. mars 1993 262 vegna fullframdra nauðgana. Önnur mál tengdust tilraunum til nauðgunar eða kynferðislegri áreitni af ýmsu tagi, líkamsárásum eða að óvíst var um atburð vegna ölvunar.

2. *Hafa þessar nauðganir verið tilkynntar:*
   a. *til lögregluyfirvalda,*
   b. *til neyðarmóttöku (eftir 1993),*
   c. *til heilbrigðisyfirvalda annarra en neyðarmóttöku,*
   d. *annað (hvert)?*

Ekki er hægt að svara þessum lið fyrirspurnarinnar nema að undangengnum víðtækum rannsóknum sem yrðu gífurlega umfangsmiklar og seinunnar og liggja ekki fyrir núna. Vísast að öðru leyti til þess sem fram kemur í formála þessa svars.

3. *Hversu margar nauðganir hafa sætt lögreglurannsókn á ári frá 1977 til 2000?*

Enn er vísað til þess sem greinir hér að framan varðandi málaskrá lögreglunnar og þess þá sérstaklega að hún varð ekki miðlæg fyrr en 1997. Það er meginregla að rannsókn fari fram í þeim tilvikum þar sem tilkynning berst um nauðgun. Rannsókn virðist þannig fara fram í málunum, með örfáum undantekningum sem helst skýrast af því að skýrsla er gerð um nauðgun en kæra ekki lögð fram. Í þessu tilliti vísast til samantektartöflu í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar varðandi tilkynnt nauðgunarmál til lögreglu á árunum 1988–2000. Af þeim málum sem þar eru tilgreind voru einungis fimm mál sem ekki hlutu rannsókn.

4. *Hversu mörg nauðgunarmál hafa lögregluyfirvöld sent ríkissaksóknara á ári frá 1977 til 2000?*

Í töflunni getur að líta samantekt ríkissaksóknara vegna nauðgunarmála. Í dálkinum „fjöldi mála“ kemur fram heildarfjöldi þeirra mála sem lögregluyfirvöld hafa sent ríkissaksóknara. Samtala nauðgunarmálanna yfir þetta tímabil er 376 mál.

Ár	Fjöldi mála	Útg.ákærur	Sakfellt	Sýkn.	Áfrýjað	Niðurst. Hæstaréttar
1977	12	4	4		1	sakfellt
1978	14	8	8			
1979	13	5	4	1		
1980	9	4	4			
1981	10	4	4			
1982	15	5	5		1	sakfellt
1983	8	7	7		2	sakfellt
1984	8	4	4		2	1 sakfellt, 1 sýkn.
1985	16	5	5		1	sakfellt
1986	12	8	6	2	4	1 fallið frá áfr., 3 sakf.
1987	13	5	5		1	sakfellt
1988	18	7	7		3	sakfellt
1989	24	8	5	3	3	sakfellt
1990	19	4	3	1	2	1 sakfellt, 1 sýkn.
1991	22	8	7	1	4	sakfellt
1992	8	5	5		3	1 sakfellt, 2 sýkn.
1993	21	8	4	4	2	sakfellt
1994	20	8	6	2	3	sakfellt
1995	31	12	8	4	6	4 sakfellt, 2 sýkn.
1996	16	7	6	1	2	sakfellt
1997	10	6	3	3	1	Sýkn.
1998	22	5 (1 afturk.)	2	2	1	sakfellt
1999	17	3	2	1	2	sakfellt
2000	18	4	4		2	1 sakfellt, 1 ódæmd

5. *Hversu margar ákærur hefur ríkissaksóknari gefið út í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?*

Fjöldi ákæra sem ríkissaksóknari hefur gefið út vegna nauðgunarmála á þessu tímabili kemur fram í töflunni í svari við 4. lið fyrirspurnarinnar. Heildarfjöldi útgefinna ákæra á þessu tímabili er 144 ákærur. Þar af var ein afturkölluð. Kærandi afturkallaði kæru sína eftir útgáfu ákæru og lýsti sig ófáanlegan til að mæta fyrir dómi.

6. *Hversu mörg nauðgunarmál hafa komið fyrir dóm á ári frá 1977 til 2000?*

Öll nauðgunarmál koma fyrir dóm eftir að gefin hefur verið út ákæra, með þeirri undantekningu þar sem ákæran var afturkölluð. Heildarfjöldi þeirra nauðgunarmála sem komið hafa fyrir dóm á umræddu tímabili eru því 143 mál. Að öðru leyti er vísað til samantektartöflunnar sem er að finna í svari við 4. lið.

7. *Hversu mörgum nauðgunarmálum hefur lokið með dómi á ári frá 1977 til 2000?*

Öllum þeim nauðgunarmálum sem komið hafa fyrir dóm á umræddu tímabili hefur lokið með dómi. Að öðru leyti er vísað til samantektartöflunar sem er að finna í svari við 4. lið.

8. *Hversu margir sýknudómar hafa verið kveðnir upp í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?*

9. *Hversu margir dómar hafa fallið í nauðgunarmálum þar sem sakfellt hefur verið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á ári frá 1977 til 2000?*

Svör við þessum liðum fyrirspurnarinnar er að finna í samantektartöflu í svari við 4. lið og vísast til hennar.

10. *Hversu mörgum dómum í nauðgunarmálum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og hvernig hafa dómar í þeim málum fallið?*

Hér er einnig hægt að vísa til samantektartöflu í svari við 4. lið en alls hefur 46 nauðgunarmálum verið áfrýjað til Hæstaréttar á þessu tímabili. Af þeim hefur Hæstiréttur sakfellt í 37 málum, sýknað í sjö, eitt mál er ódæmt og einu sinni hefur verið fallið frá áfrýjun.

11. *Er um þessar mundir unnið að sértækum aðgerðum á vegum dómsmálaráðuneytisins til að bregðast við ástandinu í þessum málaflokki eða stemma stigu við brotum af þessu tagi?*

Mikil vinna hefur verið lögð í úrbætur á lagaumgjörð og málsmeðferð. Dómsmálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á úrbætur á stöðu brotaþola í kynferðismálum og þá sérstaklega barna sem hafa orðið þolendur kynferðisbrota. Nefna má viðamiklar breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um meðferð opinberra mála sem tryggja brotaþola í slíkum málum aðstoð réttargæslumanns í tengslum við rannsókn og rekstur sakamáls gegn meintum brotamanni. Enn fremur er þess að geta að á síðastliðnu ári var bætt inn í almenn hegningarlög ákvæði með það markmið að veita vitnum í sakamálum sérstaka refsivernd gegn hótunum og þvingunum. Ætla má að þessi réttarvernd eigi sérstaklega við í nauðgunarmálum. Þá má einnig geta nýlegra breytinga varðandi nálgunarbann sem meðal annars hefur það að markmiði að vernda fórnarlömb ofbeldisbrota og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Kappkostað er að gera þessi mál sem best úr garði svo vel megi við una. Þótt verulega margt hafi áunnist á þessu sviði undanfarinn áratug er brýn þörf á að halda áfram þeirri vinnu að bæta stuðnings- og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota. Jafnframt er þarft að kanna hvernig betur er hægt að tryggja aðbúnað og aðstöðu þeirra sem leita réttar síns vegna kynferðisbrota, enda ljóst að hér er um mjög vandmeðfarin tilfinningamál að ræða. Þá má einnig geta þess að dómsmálaráðherra hefur átt mjög gott samstarf við Neyðarmóttökuna, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót og verður því haldið áfram.

Sönnunarstaða í þessum málum er oft erfið og því sérstaklega mikilvægt að vanda mjög til allrar málsmeðferðar. Lögreglan hefur lagt mikla áherslu að vanda sem best til rannsóknar slíkra mála og má sem dæmi nefna að í Lögregluskóla ríkisins er frumrannsókn kynferðisbrotamála sérstaklega skoðuð ofan í kjölinn. Er óhætt að fullyrða að mikill metnaður sé hjá lögreglumönnum að tryggja að rannsókn kynferðisbrotamála sé bæði skilvirk og nákvæm. Þá má einnig nefna að þessi mál hljóta sérstakan forgang hjá lögreglu. Hér má einnig geta þess að ríkissaksóknari hefur myndað starfshóp til að gera könnun á meðferð nauðgunarmála, rannsókn og saksókn, meðal annars vegna þeirrar umræðu í þjóðfélaginu að mikill hluti nauðgunarmála falli niður í meðferð lögreglu og ákæruvalds. Að þessu sögðu er óhætt að fullyrða að mál þessi séu í sífelldri skoðun í dómsmálaráðuneytinu, sem og í refsivörslukerfinu.

546. Breytingartillögur [282. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, ArnbS, SI, MS, ÞKG).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Vegagerðinni er heimilt að veita almennt leyfi skv. 4. gr. til aksturs skólabifreiða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri en níu farþega.
2. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
   a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.400.
   b. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

547. Nefndarálit [348. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Veikleikar fjárlaga á tekju- og gjaldahlið sýna glöggt að ríkisstjórnin hefur misst öll tök á efnahagsmálunum. Í vanburða tilraun til að sýna tekjuafgang, þó í raun sé þegar ljóst að stefnir í verulegan halla á fjárlögum næsta árs, er reynt að klóra í bakkann með því að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Forgangur ríkisstjórnarinnar birtist með mjög sérkennilegum hætti í fjárlögum næsta árs þar sem þeir sem verst standa þurfa helst með skertri þjónustu og verri kjörum að gjalda fyrir óstjórn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Það kristallast nú í þessu frumvarpi þar sem ráðist er á garðinn þar sem hann er lægstur með því að seilast sérstaklega í vasa sjúklinga og námsmanna. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar sem fela í sér rúmlega eins milljarðs króna niðurskurð koma einnig illa við skattpínda bifreiðaeigendur, auk þess sem kirkjan fær sinn skammt nú í aðdraganda jólanna. Með þessum ráðstöfunum er gengið þvert á yfirlýst markmið um lækkun verðbólgu því að þessar aðgerðir skrúfa upp verðlagið og magna verðbólguna. Það er í samræmi við annað hjá þessari ríkisstjórn að hvað rekur sig á annars horn í handahófskenndum vinnubrögðum hennar við stjórn efnahagsmála.

Að ósk minni hlutans var Þjóðhagsstofnun beðin að meta áhrif þessarar gjaldtöku á verðlag og vísitölu og taka með í þá útreikninga fyrirhugaða hækkun á áfengisgjaldi, sem skila á 400 millj. kr. í ríkissjóð, og verðlagsáhrif af hækkun á komugjöldum á heilsugæslustöð og til sérfræðinga, auk áformaðrar hækkunar á lyfjakostnaði á næsta ári. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar, að höfðu samráði við Hagstofu, er að verðlagsáhrifin af þessum hækkunum mælist 0,35% í vísitölunni (sjá fylgiskjal I). Það er sérkennilegt innlegg hjá ríkisstjórninni í þá umræðu sem nú fer fram milli aðila vinnumarkaðarins um leiðir til að ná tökum á verðbólgunni og komast hjá uppsögn á launalið kjarasamninganna nú í febrúarmánuði nk. Verðlagsáhrifin

af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem hækka verðbólguna um 0,35%, eru olía á verðbólgubálið og þá sátt sem nú er verið að reyna að ná á vinnumarkaðnum.

Hækkun bifreiðagjalda.

Minni hlutinn telur allt of harkalega gengið fram gagnvart bifreiðaeigendum. Fjölskyldubíllinn og rekstur hans er verulegur hluti af útgjöldum velflestra venjulegra fjölskyldna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að bifreiðagjöld eigi að hækka um 10% og gefa í ríkissjóð 260 millj. kr. í auknar tekjur. Þessar álögur á bifreiðaeigendur koma til viðbótar 70–80% hækkun á lögboðnum bifreiðatryggingum sl. 2–3 ár og mikilli bensínhækkun á umliðnum missirum. Fulltrúar FÍB sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar töldu að bifreiðaskattur væri ekkert annað en eignarskattur á bifreiðar sem skattlagðar væru sem eign með öðrum eignum og því væri um tvísköttun að ræða. Einnig væri um að ræða flatan skatt sem legðist á bíla miðað við þyngd en ekki verðmæti.

Athyglisvert var einnig að fram kom í máli fulltrúa FÍB að hækkun á bifreiðagjöldum frá 1988 hefði verið miklu meiri en sem nemur raunhækkun. Þannig var þessi skattur 2 kr. á kíló á árinu 1988 sem framreiknað gefur 4,35 kr. á kíló í stað 6,60 kr. á kíló nú eftir þá hækkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hækkun bifreiðagjalds samkvæmt útreikningum FÍB er því um 50% hækkun umfram þróun verðlags. Tekjur ríkissjóðs af bifreiðaeigendum eru með því mesta sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og hafa verið yfir 4,5% af landsframleiðslu hér á landi miðað við 2,5–3,5% í Evrópu. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, hefur tekið saman athyglisverðar upplýsingar um þróun í tekjum ríkissjóðs af bifreiðaeigendum sem birtar voru í fjölmiðlum nýlega (sjá fylgiskjal II). Þar kemur fram að tekjur ríkisins af bifreiðum hafa hækkað geysilega á einum áratug. Árið 1990 voru þær 13,2 milljarðar kr., árið 1995 18,6 milljarðar kr. og hæstar voru þær árið 2000 eða samtals 30 milljarðar kr.

Útgjöld fjölskyldu vegna reksturs bifreiðar eru áætluð 16% af útgjöldum heimilanna samkvæmt vísitöluútreikningum Hagstofu. Samkvæmt útreikningum FÍB er kostnaður við eign og rekstur ódýrustu fólksbílanna á þessu ári um 566 þús. kr. en var 464 þús. kr. á sl. ári. Nú þegar kjarasamningar eru í uppnámi er ástæða til að geta þess að bílatryggingar hafa hækkað um 46% frá því að flest verkalýðsfélaganna innan ASÍ skrifuðu undir kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins á sl. ári. Fram hefur komið hjá ASÍ að verðbólgan, sem mælst hefur yfir 8% sl. tólf mánuði, sé löngu búin að éta upp umsamdar launahækkanir.

Minni hlutinn mótmælir þeim byrðum sem enn á ný er verið að leggja á bifreiðaeigendur með hækkun á bifreiðagjaldi sem vegur þungt í útgjöldum fjölskyldna.

Aukin gjaldtaka af námsmönnum.

Minni hluti menntamálanefndar skilaði séráliti um þá þætti frumvarpsins sem snúa að mennta- og menningarmálum (sjá fylgiskjal X). Gagnrýnt er að tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 millj. kr. renni í ríkissjóð á næsta ári í stað 385 millj. kr. Raktar eru margvísleg áhrif þessa niðurskurðar á viðhald og ýmsar endurbætur menningarbygginga og hvaða afleiðingar hann hefur fyrir áætlanir, m.a. á framlag til Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands, en allar áætlanir safnsins munu riðlast við slíkan niðurskurð. Minni hlutinn leggur áherslu á að eyða þurfi óvissu sem ríkir um framtíðarfjármögnun endurbóta menningarbygginga þar sem ákveðið hefur verið að fella niður tekjustofn endurbótasjóðsins að ári.

Minni hluti menntamálanefndar skilar einnig ítarlegu áliti um nálægt 100 millj. kr. niðurskurð til skóla á framhalds- og háskólastigi. Orðrétt segir í áliti minni hlutans: „Minni hlutinn ítrekar að með því að auka álögur á stúdenta á sama tíma og námsmöguleikum þeirra er ógn-

að með verulegum verðhækkunum, t.d. á námsbókum, húsaleigu og matvælum, er ógnað þeirri þjóðarsátt sem hingað til hefur verið um að standa vörð um jafnrétti til náms.“ Bendir minni hlutinn á ákveðna hópa sem standa verr að vígi en aðrir, eins og barnafólk og fólk af landsbyggðinni.

Réttilega er bent á það í áliti minni hlutans að vegna þröngrar fjárhagsstöðu framhaldsskólanna hafa skólarnir leitað margra leiða til að auka tekjur sínar og hafa nemendur skólanna fengið að kynnast ýmsum tegundum gjalda af þeim sökum. Lítið samræmi virðist vera milli skólanna í þessum gjaldtökum og er erfitt að fá heildaryfirlit yfir gjaldtökuna. Vakin er athygli á því að sú spurning hlýtur að vakna hvort gætt sé jafnræðis milli nemenda í framhaldsskólum hvað þessar gjaldtökur varðar. Minni hlutinn bendir á að sú gjaldtaka sem hér er gerð tillaga um kemur til viðbótar ýmsum öðrum gjöldum og þeim almennu hækkunum sem m.a. hafa átt sér stað að undanförnu á námsbókum.

Í meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd kom fram bæði frá fulltrúum stúdentaráðs og fulltrúum frá Iðnnemasambandi Íslands að kostnaður nemenda við nám hafi vaxið mikið á undanförnum árum. Má þar nefna kaup bóka sem kosta tugi þúsunda, auk þess sem vaxandi kröfur eru gerðar til tölvunotkunar.

Stúdentaráð gagnrýndi harðlega að upphæð gjaldsins skyldi vera ákvörðuð út frá sparnaðarmarkmiðum ríkisstjórnarinnar og tengd við kennsluútgjöld, enda mótmæltu 3.200 stúdentar þessari auknu gjaldtöku og kröfðust þess að hún yrði dregin til baka. Fram kom að ef skrásetningargjöld ættu að vera í efnislegum tengslum við innritun nemenda og rekstur nemendaskrár ætti gjaldið að vera 16 þús. kr. en ekki 32.500 kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Helmingur þess er því almenn tekjuöflun til að standa undir kostnaði við kennsluna og almennan rekstur skólans. Stúdentaráð telur að með þessu sé verið að gera tilraun til að breyta skrásetningargjöldunum í almenn skólagjöld.

Í umsögn ráðsins kemur fram að skrásetningargjald hafi alltaf tíðkast í Háskóla Íslands (sjá fylgiskjal III). Breytingin sem gerð var á skrásetningargjaldinu fyrir tæpum tíu árum hafi verið staðfest árið 1996 með breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Með þeirri breytingu hafi verið opnað fyrir mun almennari gjaldtöku af stúdentum en áður hafði tíðkast, enda kom fram að verulega mikið er um að nemendur flosni frá námi vegna mikilla fjárhagserfiðleika.

Athyglisverðar upplýsingar komu fram hjá fulltrúum Iðnnemasambands Íslands sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar. Þeir bentu á að með lögum um framhaldsskóla frá 1996 hafi verið samþykkt að innritunargjöld skyldu aldrei verða hærri en 6 þús. kr. Þeir benda á að ætla mætti að þessi fjárhæð hafi þá verið miðuð við þann kostnað sem innritunargjöldin fela í sér, því sé óeðlilegt að miða við verðlagshækkanir frá 1991. Jafnframt er bent á í umsögn þeirra að skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996 sé heimilað að innheimta efnisgjald af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur þeim í té og þeir þurfa að nota í námi sínu (sjá fylgiskjal IV). Gjaldið á að taka mið af raunverulegum efniskostnaði, en má þó aldrei vera hærra en 25 þús. kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Nú er verið að leggja til 100% hækkun á þessu gjaldi sem kemur sér mjög illa fyrir þá sem eru í iðn- og verknámi. Bent er á að nemar í löggiltum iðngreinum þurfi að kaupa verkfæri sem þeir noti meðan á námi stendur. Í öllum iðngreinum þurfa nemendur að kaupa verkfæri eða annað námstengt efni. Bent er á kostnað hárgreiðslunema í því sambandi sem er 65 þús. kr. og matreiðslunema sem er 40.000–50.000 kr. Auk þess sé bókakostnaður við hverja önn 30.000–50.000 kr. Iðnnemasambandið bendir á að aðsókn í iðnnám hafi með árunum snarminnkað og að nú hafi skólar á landsbyggðinni þurft að leggja niður mikið af verknámskennslu og jafnframt að stór hluti iðnnema á Íslandi komi af landsbyggðinni. Nemendur af

landsbyggðinni verða því sérstaklega fyrir barðinu á þessari hækkun sem þeir fá til viðbótar verulegum útgjöldum í ferðakostnað og dýru leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Minni hlutinn tekur undir það að auknar álögur á stúdenta séu afar varasamar og stríði gegn öllum hugmyndum um jafnrétti til náms. Ekki síst ber að skoða þetta í ljósi vaxandi útgjalda við skólanám sem tengist bókakaupum og fartölvunotkun. Sama gildi um auknar gjaldtökur í framhaldsskólum í formi innritunar- og efnisgjalda sem í frumvarpinu er lagt til að hækki um 100%. Bókakaup vegna framhaldsnáms eru í upphafi ekki undir 30 þús. kr., tölvunotkun er vaxandi þáttur í starfi nemenda, en flestir nemendur standa ekki undir kaupum á tölvum nema með lánum. Kostnaður við kaup á fartölvu er á bilinu 150–250 þús. kr. Innritunargjöldin sem nú hækka í 8.500 kr. eru líka erfið fyrir marga nemendur. Ljóst er að hækkun efnisgjalda um 100%, sem fara í 50 þús. kr., getur haft úrslitaáhrif á framhaldsnám nemenda. Það er með ólíkindum hve hart er keyrt gegn nemendum þegar allir vita að lífskjör þjóðarinnar í nútíð og framtíð munu mikið ráðast af því hvernig hlúð er að menntun og jöfnum möguleikum allra til náms. Þær auknu fjárhagslegu byrðar sem nú á að leggja á nemendur munu örugglega leiða til þess að fjöldi nemenda hættir við nám. Þannig er brotið gegn grundvallaratriði um jafnrétti til náms óháð fjárhag og búsetu.

Minni hlutinn varar því við þessum auknu gjaldtökum af nemendum og skorar á ríkisstjórnina að falla frá þeim, enda hafa hækkanir líka nokkur verðlagsáhrif sem kynda undir verðbólgunni.

Gjaldtaka af sjúklingum.

Minni hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar fjallaði um 9. gr. frumvarpsins (sjá fylgiskjal IX). Í greininni er lagt til að 8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúkraheimili, eða sjúkrahótel, eru felld undir skilgreiningu á sjúkrahúsi, verði felldur brott. Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er lögð til sú breyting að sjúkrahótel/heimili verði ekki lengur skilgreind sem sjúkrahús. Þar með sé heimilt að innheimta gjald fyrir dvöl þar.

Fram kemur í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar að stjórnvöld hófu gjaldtöku á sjúkrahóteli RKÍ um síðustu áramót, þ.e. í janúar 2001, sem nam 700 kr. á dag fyrir sjúkling og sömu upphæð ef viðurkenndur fylgdarmaður dvaldi með sjúklingi á herbergi. Þessari gjaldtöku var hætt í október sl. þar sem ekki var fyrir henni stoð í lögum. Í áliti minni hlutans kemur fram að þetta séu greinilega nýjar og auknar álögur á sjúklinga og á það ekki síst við um þá sem búa fjarri þjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem gjaldið bætist við umtalsvert hærri kostnað sjúklinga á landsbyggðinni og eykur enn á ójöfnuð. Þetta bitni einnig á öldruðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru útskrifaðir snemma af sjúkrahúsi og geta ekki dvalið einir heima hjá sér.

Í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar kemur fram að í meðferð nefndarinnar hafi komið fram að á sjúkrahótelinu fari fram heilbrigðisþjónusta, þar starfi hjúkrunarfræðingur og bakvakt sé frá Landspítala um kvöld og nætur. Jafnframt segir í álitinu að landlæknir hafi aðspurður sagst vera andvígur breytingunni á skilgreiningunni og telja hana varhugaverða. Hjá fulltrúum landlæknisembættisins kom einnig fram að mun meiri þörf væri fyrir fleiri pláss. Allt að 50 pláss væru í notkun sem sjúkrahótelapláss átta mánuði á ári og RKÍ greiddi fyrir þau sem eru umfram 28.

Minni hlutinn telur að með þessari breytingu sé verið að fara út á mjög varasamar brautir sem bitnað geti á þessari þörfu starfsemi sem þegar hefur sannað gildi sitt. Vafasamur sparnaður er hér líka á ferðinni sem getur leitt til þess að fólk í litlum efnum verði síður útskrifað af sjúkrahúsum inn á sjúkraheimili.

Minni hlutinn tekur undir það álit að óeðlilegt sé að taka sjúkrahótel undan sjúkrahússkilgreiningunni og mótmælir harðlega auknum gjaldtökum af sjúklingum, en í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar kemur jafnframt fram að margir sjúklingar, svo sem krabbameinssjúklingar, dvelja á sjúkrahóteli í 3–4 mánuði en ríkisstjórnin hefur aukið álögur á þá verulega. Orðrétt segir í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar: „Hér eru greinilega á ferðinni nýjar og auknar álögur á sjúklinga og á það ekki síst við um þá sem búa fjarri þjónustu Landspítala þar sem gjaldið bætist við umtalsvert hærri kostnað sjúklinga á landsbyggðinni og eykur enn á ójöfnuð. Þetta bitnar líka á öldruðum á höfuðborgarsvæðinu sem eru útskrifaðir snemma af sjúkrahúsi og geta ekki dvalið einir heima hjá sér.“

Þessi gjaldtaka af sjúklingum samkvæmt frumvarpinu bætist því ofan á verulega auknar gjaldtökur í heilbrigðiskerfinu á þessu ári, auk áforma í fjárlögum um 500 millj. kr. viðbótarálögur á sjúklinga. Minnt er á í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar að göngudeildarþjónusta hefur hækkað mjög í verði og getur gjaldið verið yfir 18 þús. kr. fyrir komu og þúsundir króna fyrir næstu heimsóknir eins og dæmin sanna. Jafnframt kemur þar fram að hámarksgreiðsla áður en kemur að afsláttarkorti hafi hækkað um 50% í sumar og ýmis gjöld fyrir heilbrigðisþjónustu hækkuðu einnig þá og nú enn meira með fjárlögunum. Með sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar eigi einnig að taka 6.000 kr. hámarkið af sérfræðilæknishjálpinni og ferliverkunum sem mun hafa það í för með sér að greiðsla sjúklinga fyrir þau verk hækkar um mörg hundruð prósent. Einnig er áformað að hækka hlut sjúklinga í lyfjum um 200 millj. kr.

Formaður Landssambands eldri borgara, Benedikt Davíðsson, kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar. Varaði hann sterklega við auknum gjaldtökum í heilbrigðiskerfinu sem hann sagði bitna með fullum þunga á öldruðum. Lagði hann fram mjög athyglisverða samantekt á breytingum á komugjöldum til sérfræðinga og í röntgenrannsókn þar sem kemur fram að hækkun 1. júlí sl. var á bilinu 20%–66,7% (sjá fylgiskjal V). Í úttekt sem BSRB hefur gert nýlega kemur einnig fram að kostnaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hefur margfaldast á undanförnum árum (sjá fylgiskjal VI). Allt þetta sýnir að ríkisstjórnin hefur farið offari í gjaldtöku af sjúklingum.

Minni hlutinn mótmælir því harðlega auknum álögum á sjúklinga sem birtast í þessu frumvarpi, auk álagna vegna lyfja og læknisþjónustu sem heilbrigðisráðherra á að útfæra á nýju ári í reglugerð með stoð í nýsamþykktum fjárlögum. Aldraðir, öryrkjar og barnmargar fjölskyldur sem lítið hafa milli handanna lenda verst í þessum auknu gjaldtökum af sjúklingum, enda ljóst að lítil hækkun á framfærslueyri lífeyrisþega á þessu ári er löngu horfin í auknar gjaldtökur í heilbrigðiskerfinu.

Skerðing sóknargjalda.

Mjög erfitt er að sjá nokkra réttlætingu fyrir þeirri skerðingu á sóknargjöldum sem ríkisstjórnin leggur nú til. Innan stjórnarliðsins virðist uppi grundvallarmisskilningur á eðli sóknargjaldsins. Sóknargjöld eru ekki skattur, eins og stjórnvöld virðast álíta þegar þeim hentar að seilast í vasa trúfélaga til að stoppa í fjárlagagötin, heldur félagsgjald sóknarbarna til kirkjunnar eða þeirra trúfélaga sem þau kjósa að vera í. Ríkisstjórnin er því í reynd að taka ófrjálsri hendi félagsgjöld sem henni var trúað til að innheimta fyrir kirkjuna með sérstökum lögum. Ekki verður heldur annað séð en tillaga ríkisstjórnarinnar sé brot á samningi sem kirkjan gerði við íslenska ríkið og bæði fjármálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra staðfestu með undirskrift sinni 4. september 1998.

Sóknargjöldin voru upphaflega félagsgjald sem fólk greiddi til trúfélags síns, hvort sem það var í þjóðkirkjunni eða í trúfélögum utan hennar. Gjald þeirra sem kusu að standa utan

trúfélaga rennur í sérstakan sjóð sem er í vörslu Háskóla Íslands. Með sérstökum lögum 1987 var horfið frá því fyrirkomulagi að sóknargjöld væru nefskattur, en þess í stað ákveðið að trúfélög skyldu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti, og ríkissjóði bæri að standa skil á henni með tilteknum hætti. Í reynd tók því ríkið að sér að innheimta félagsgjöld kirkjunnar, og trúfélaga utan hennar, og því ekki hægt að líta á sóknargjöldin sem skatt.

Sóknargjöldin hafa farið til að standa straum af margvíslegum, óhjákvæmilegum kostnaði innan kirkjunnar. Lán vegna viðhalds og byggingar kirkna, sem ella hefðu lent á ríkissjóði, eru að stórum hluta greidd af sóknargjöldum. Söfnuðir hafa gert áætlanir í trausti þess að orð framkvæmdarvaldsins standi. Þeir, jafnt og trúfélög innan og utan þjóðkirkjunnar, munu því lenda í miklum erfiðleikum vegna niðurskurðarins.

Sóknargjöldin hafa ekki síst staðið undir öflugu tónlistarlífi margra safnaða. Í fámennum söfnuðum landsbyggðarinnar hefur það oftar en ekki verið burðarás í menningarlífi viðkomandi svæða. Rómað kórastarf innan kirkjunnar á landsbyggðinni er því í hættu vegna niðurskurðarins. Það má því líta á hann sem enn eitt höggið sem slæmt er á landsbyggðina. Fámennu söfnuðirnir munu kenna verst til undan því.

Í samfélagi sem einkennist af vaxandi upplausn hefur kirkjan í auknum mæli mætt þörf samfélagsins fyrir félagslega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoð af ýmsum toga. Sérstakir starfsmenn, ýmist prestar, aðstoðarprestar, djáknar eða aðrir starfsmenn, hafa verið ráðnir til þessara verka. Það er í vaxandi mæli orðinn mikilvægur og óhjákvæmilegur hluti af þeirri félagslegu þjónustu sem samfélagið veitir þegnum sínum. Kirkjan hefur með þessum hætti risið af myndarskap undir nýrri ábyrgð á þegnum sínum sem lent hafa í ágjöf í veraldarvolki, ábyrgð sem hið opinbera hefði ella þurft að axla með ærnum – og miklu meiri – kostnaði. Hvers konar forvarnir, í formi árangursríks barnastarfs kirknanna, er jafnframt orðinn mikilvægur hluti af uppeldi nýrra kynslóða. Þessi hluti af starfi kirkjunnar er ekki munaður velsældarsamfélags heldur brýn nauðsyn samfélags sem er að trosna á saumunum og þarf aukna umhyggju fyrir þegnum sínum. Þessi mikilvægi hluti kirkjustarfs er að langstærstu leyti kostaður af sóknargjöldum. Hann mun sæta miklum áföllum ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

Athygli vekur að skerðing sóknargjalda kemur sýnu verst niður á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Þau njóta þess ekki, eins og söfnuðir þjóðkirkjunnar, að laun presta séu greidd af ríkinu. Sóknargjöldin standa að öllu leyti undir kostnaði við rekstur þeirra, þ.m.t. laun presta og forstöðumanna. Þarna virðist því vegið að rótum trúfrelsis í landinu þar sem trúfélög sæta í reynd mismunun eftir því hvort þau eru innan eða utan þjóðkirkjunnar. Í þessu sambandi vekur það furðu að meiri hluti allsherjarnefndar virðist gera sér grein fyrir þessu misrétti því hann vekur sérstaka athygli á því í áliti sínu að breytingarnar muni hafa *meiri áhrif* á trúfélög utan þjóðkirkjunnar en „telur þó að þær séu nauðsynlegar til að áform og markmið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002 nái fram að ganga“. Hér er um grundvallaratriði að ræða og ótrúlegt að í landi trúfrelsis skuli þingmenn stjórnarinnar telja verjanlegt að ráðast sérstaklega gegn trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Stjórnarandstaðan mótmælir þessum viðhorfum harðlega.

Skattur á ferðamenn.

Ríkisstjórnin leggur til að hækkað verði sérstakt gjald sem á að standa straum af vopnaleit á flugvöllum. Orsakir þess má rekja til herts eftirlits á alþjóðavísu í kjölfar hinna hryggilegu voðaverka sem hermdarverkamenn unnu í Bandaríkjunum 11. september sl. Að sönnu er mjög þarft að efla öryggi ferðafólks og þar með eftirlit á flugvöllum. Undir það tekur minni

hlutinn heils hugar. Vinnubrögðin við undirbúning málsins eru hins vegar þess eðlis að minni hlutinn getur ekki mælt með þessari breytingu að óbreyttu.

Í fyrsta lagi liggur alls ekki fyrir sundurliðun á þeim kostnaði sem hækkuninni er ætlað að mæta og því virðist sem stjórnvöld geri sér ekki fulla grein fyrir því til hvaða viðbragða skuli gripið til að efla eftirlitið. Í öðru lagi dylst engum að þessi breyting mun leiða til hækkunar á flugfargjöldum í millilandaflugi sem við núverandi aðstæður er fráleitt fallið til þess að bæta stöðu ferðaþjónustunnar og flugfélaganna sem allir vita að er ákaflega ótrygg um þessar mundir. Minni hlutinn telur að við þessar aðstæður væri réttast að bíða með ákvörðun gjaldsins, uns þróun í ferðaþjónustu og starfsemi flugfélaganna skýrist betur. Þessi niðurstaða er samhljóða áliti minni hluta samgöngunefndar í umsögn nefndarinnar til efnahags- og viðskiptanefndar (sjá fylgiskjal XI).

Niðurstaða.

Minni hlutinn átelur harðlega þær álögur sem í frumvarpinu birtast og koma einkum fram í auknum sjúklingasköttum og sköttum á námsmenn og bitna þar með á jafnrétti til náms. Þetta eru vanhugsaðar aðgerðir og sérkennilegt innlegg í viðkvæmar viðræður sem nú standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins vegna kjarasamninganna sem nú eru í uppnámi vegna óstjórnar ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Verðlagsáhrif þessara aðgerða vega þungt og ganga gegn þeirri baráttu sem aðilar vinnumarkaðarins standa nú fyrir til að ná tökum á verðbólgunni og bjarga því sem bjargað verður þrátt fyrir sofandahátt stjórnarflokkanna. Handahófskenndar aðgerðir ríkisstjórnarinnar birtast því glöggt í þessu frumvarpi. Þeim mótmælir minni hlutinn og leggst gegn frumvarpinu.

Alþingi, 11. des. 2001.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Minnisblöð frá Þjóðhagsstofnun.
II. Grein úr Dagblaðinu, 8. desember 2001: *Innflutningur bifreiða dregst saman um 45% á milli ára. Tekjutapi ríkisins mætt með hækkun gjalda.*
III. Umsögn stúdentaráðs Háskóla Íslands.
IV. Umsögn Iðnnemasambands Íslands.
V. Upplýsingar frá Landssambandi eldri borgara.
VI. Fréttatilkynning frá BSRB, 7. desember 2001.
VII. Ályktun frá Félagi framhaldsskólakennara, 12. nóvember 2001.
VIII. Umsögn minni hluta allsherjarnefndar, sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 522.
IX. Umsögn minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar, sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 522.
X. Umsögn minni hluta menntamálanefndar, sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 522.
XI. Umsögn samgöngunefndar, sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 522.
XII. Umsögn sjávarútvegsnefndar, sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 522.

548. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Kristínu Helgu Markúsdóttur frá samgönguráðuneytinu, Þorgeir Pálsson og Ástríði Scheving Thorsteinsson frá Flugmálastjórn, Hilmar B. Baldursson frá flugráði, Kjartan Nordal frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Loft Jóhannsson og Karl Ævarsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Flugskóla Íslands, Erni Johnson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, flugráði, Persónuvernd, dómsmálaráðuneytinu, Flugmálastjórn Íslands, rannsóknarnefnd flugslysa, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Byggðastofnun, ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, Flugfélagi Íslands, Flugfélaginu Garðaflugi, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Megintilgangur þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar er að styrkja eftirlitsvald Flugmálastjórnar Íslands þannig að hún fái betur sinnt því eftirlitshlutverki sem henni er ætlað með það að markmiði að auka öryggi í flugi. Í þessu skyni er m.a. lagt til að þvingunarúrræðum stofnunarinnar verði fjölgað. Þá eru ákvæði laganna um flugvernd styrkt en mikil áhersla hefur verið lögð á þann þátt flugöryggismála á alþjóðavettvangi eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september sl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað „framkvæmdastjóra“ í 3. og 15. gr. frumvarpsins komi: ábyrgðarmaður. Hér er um að ræða þýðingu á orðinu „accountable manager“ og er þessi orðnotkun betri í þessu tilfelli. Óeðlilegt er að gera þá kröfu að framkvæmdastjóri sem ekki er jafnframt ábyrgðarmaður standist prófraun, samkvæmt ákvæðinu.
2. Óeðlilegt er að Flugmálastjórn geti fellt viðurkenningu sína skv. 2. efnismgr. 3. gr. og 15. gr. niður hvenær sem er og án fyrirvara eða sérstakra ástæðna. Meiri hlutinn leggur því til að orðin „sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi“ í þessum ákvæðum verði felld brott og í stað þeirra komi nýr málsliður er orðist svo: Komi í ljós að kunnátta eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.
3. Í 3. og 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Flugmálastjórn skuli svipta leyfishafa leyfi til bráðabirgða gerist hann brotlegur gagnvart lagaboði eða öðrum fyrirmælum sem um starfsemina gilda. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að Flugmálastjórn sé skyldug til að svipta alla leyfi til bráðabirgða sem brjóta einhverja þá reglu eða fyrirmæli sem hér um ræðir óháð því hversu alvarlegt brotið er. Hér hlýtur að koma til mat af hálfu Flugmálastjórnar um það hvort brot sé þess eðlis að bráðabirgðasvipting sé nauðsynleg. Meiri hlutinn leggur því til að í stað þess að kveða á um að Flugmálastjórn skuli svipta sé kveðið á um að Flugmálastjórn „geti svipt“ aðila leyfi telji hún brot þess eðlis. Sams konar breyting er gerð í 4. efnismgr. 8. gr.
4. Meiri hlutinn leggur til að nánar sé kveðið á um efni flugverndaráætlana í 10. gr., en rétt þykir að viðbrögð við ólögmætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna og gerð

neyðaráætlana séu tiltekin meðal annarra þátta í ákvæðinu sem flugverndaráætlun eftirlitsskyldra aðila skal innihalda.

5. Lagt er til að ráðherra skuli áður en hann setur reglugerð skv. 2. efnismgr. 14. gr. frumvarpsins hafa samráð við Persónuvernd. Þessi áskilnaður er gerður til að það sé tryggt eins og kostur er að ýtrustu varfærni sé gætt þegar persónuupplýsingar eru annars vegar. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í reglugerðinni hvaða aðilar teljist vera viðkomandi í skilningi 3. efnismgr. 14. gr. frumvarpsins og leggur hann áherslu á að það verði gert.
6. Lögð er til breyting á 141. gr. laganna. Lagt er til að refsiákvæði laganna verði víkkað út þannig að brot á settum eða gefnum fyrirmælum samkvæmt lögunum verði gerð refsiverð. Með þessu verður tilvísun 5. og 6. gr. frumvarpsins til 141. gr. óþörf. Til samræmis við þetta er ákvæði 5. gr. frumvarpsins stytt og einfaldað og síðari efnismálsgrein 6. gr. frumvarpsins felld brott.
7. Þá telur meiri hlutinn að 3. málsl. 2. efnismgr. 8. gr. eigi betur heima í bráðabirgðaákvæði. Ákvæðið verður merkingarlaust eftir að frestur samkvæmt ákvæðinu er liðinn. Sams konar ákvæði er í 3. málsl. 2. efnismgr. 9. gr. um flugstöðvar og er lagt til að því verði einnig breytt í bráðabirgðaákvæði. Meiri hlutinn leggur jafnframt til að frestur til handa flugvöllum og flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laganna verði tvö ár frá gildistöku laganna í stað eins árs eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Alþingi, 11. des. 2001.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Arnbjörg Sveinsdóttir.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Sigríður Ingvarsdóttir.

549. Breytingartillögur [252. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, ArnbS, SI, MS, ÞKG).

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ í 2. efnismgr. komi: ábyrgðarmaður.
   b. Í stað orðanna „sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi“ í 2. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.
   c. Í stað orðanna „skal Flugmálastjórn Íslands svipta“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: getur Flugmálastjórn Íslands svipt.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:
   Farþegum er skylt að fara eftir fyrirmælum flugstjóra eða annarra flugverja um góða hegðun og reglu í loftfari.

3. Við 6. gr. Síðari efnismálsgrein falli brott.
4. Við 8. gr.
   a. 1. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og/eða eigandi hans sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans.
   b. Lokamálsliður 2. efnismgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „skal svipta“ í 4. efnismgr. komi: getur svipt.
   d. Í stað orðanna „leita eftir viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands“ í 5. efnismgr. komi: á ný sækja um starfsleyfi.
5. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „viðurkenningu á aðstöðu og búnaði“ í 2. efnismgr. komi: starfsleyfi.
   b. Lokamálsliður 2. efnismgr. falli brott.
6. Við 10. gr. 2. efnismálsl. orðist svo: Flugverndaráætlanir eftirlitsskyldra aðila skulu lagðar fyrir stofnunina til samþykktar, en þær skulu greina viðbrögð við ólögmætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, tilgreina fyrirkomulag við öryggisleit á mönnum, leit í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans, tækjabúnað til slíks starfs, lýsingu á gæðakerfum og þjálfunar- og neyðaráætlanir.
7. Við 14. gr. Við 2. efnismgr. bætist: sem ráðherra setur að höfðu samráði við Persónuvernd.
8. Við 15. gr.
   a. Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ í efnismálsgrein komi: ábyrgðarmaður.
   b. Í stað orðanna „sem getur hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi“ í efnismálsgrein komi nýr málsliður, svohljóðandi: Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína niður.
9. Við 16. gr. Í stað orðanna „skal Flugmálastjórn Íslands svipta“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: getur Flugmálastjórn Íslands svipt.
10. Við bætist ný grein er verði 20. gr. og orðist svo:

    141. gr. laganna orðast svo:

    Brot gegn lögum þessum, reglugerðum, reglum eða fyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.
11. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

    Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 8. gr., til handa þeim flugvöllum sem starfræktir eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

    Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 9. gr., til handa þeim flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

550. Lög [114. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 515 með þessum breytingum:

28. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. mgr. 59. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Endurgjald fyrir vinnu manns, sem reikna skal sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., skal eigi vera lægra en launatekjur hans hefðu orðið ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Sama gildir um endurgjald fyrir starf maka manns, barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, venslamanns hans eða nákomins ættingja. Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald. Við ákvörðun lágmarks endurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Færi maður sér til tekna á framtali lægra endurgjald en áskilið er í reglum ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr., skal skattstjóri hækka endurgjaldið, óháð ákvörðun á staðgreiðsluári, enda hafi framteljandi ekki lagt fram fullnægjandi gögn og rökstuðning með skattframtali sem honum ber að gera ótilkvaddur. Skattstjóra er heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra kveða á um, enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur framteljanda og eftir atvikum launagreiðanda sem réttlætt getur slíka ákvörðun. Framteljandi skal m.a. láta í té upplýsingar um umfang og eðli starfs og starfsemi, afkomu rekstrarins, fjármagn bundið í rekstri og upplýsingar um útselda vinnu eftir því sem það á við.

Ákvörðun skattstjóra um hækkun á reiknuðu endurgjaldi manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi má ekki mynda tap umfram það sem nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. Skattstjóri skal við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega við eigin atvinnurekstur gæta þess að tap myndist ekki við það í rekstrinum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar eða venslamenn hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

53. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Við fyrstu reikningsskil eftir gildistöku laga þessara skal leysa upp endurmatsreikning sem myndaður hefur verið skv. a-lið 1. mgr. 25. gr. og færa með öðru óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

b. (II.)

Félögum skv. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar fyrir gildistöku laga þessara.

551. Frumvarp til laga [150. mál]

um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum geta stjórnvöld eða samtök, sem um ræðir í 2. og 3. gr., leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. til að vernda hagsmuni neytenda þótt hvorki þau sjálf né félagsmenn í samtökum hafi orðið fyrir röskun réttinda, enda snúi beiðni um aðgerðirnar að því að stöðva eða koma á annan hátt í veg fyrir háttsemi sem hefur afleiðingar hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og þykir stríða gegn eftirtöldum tilskipunum sem þar gilda, eins og þær hafa verið leiddar inn í íslensk lög:

1. Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar.
2. Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva.
3. Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB L 42, 12. febrúar 1987, bls. 48) eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/7/EB.
4. Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur: 10.–21. gr. eins og henni var breytt með tilskipun 97/36/EB.
5. Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.
6. Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum.
7. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.
8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.
9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.
10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 99/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi.
11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“).

2. gr.

Erlend stjórnvöld, sem getið er á skrá Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ákvæða í tilskipun 98/27/EB, geta að fullnægðum ákvæðum 1. gr. leitað lögbanns eða höfðað dómsmál hér á landi skv. 4. gr. Sama á við um samtök sem þannig eru skráð og gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði ef brot beinist gegn slíkum hagsmunum.

3. gr.

Viðskiptaráðuneytið getur fyrir yfirvöldum eða dómstólum hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu leitað lögbanns eða höfðað dómsmál skv. 4. gr. til að vernda heildarhagsmuni íslenskra neytenda, enda hafi afleiðinga athafnarinnar gætt hér á landi.

Ráðherra getur jafnframt útnefnt önnur stjórnvöld og íslensk félagasamtök, sem gæta hagsmuna neytenda á ákveðnu sviði, til að njóta heimildar til að grípa til aðgerða eins og um ræðir í 1. mgr. Setja má í reglugerð nánari skilyrði fyrir þessari heimild og notkun hennar. Ráðherra skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um nafn og tilgang samtaka sem hann útnefnir samkvæmt þessu og nánari skilyrði, sem kunna að verða sett um heimild þeirra í reglugerð, til að fá þau tekin þar á skrá, sbr. 2. gr.

4. gr.

Í þeim tilgangi, sem um ræðir í 1. gr., geta stjórnvöld eða samtök, sem njóta réttar skv. 2. og 3. gr., leitað lögbanns hér á landi við athöfn sem ákvæði 1. gr. geta tekið til. Um lögbannsbeiðni, meðferð hennar, lögbannið sjálft, áhrif þess og höfðun máls til að fá það staðfest gilda almennar reglur að öðru leyti en því að gerðarbeiðandi getur að fengnu lögbanni krafist þess að sýslumaður láti birta auglýsingu um það svo að komið verði í veg fyrir að áfram gæti afleiðinga af háttseminni sem lögbann var lagt við. Fallist sýslumaður á að nauðsyn beri til slíkrar auglýsingar skal hann verða við kröfu um að fá hana birta en kostnaður af því greiðist þá úr ríkissjóði.

Í sama skyni og um ræðir í 1. mgr. geta stjórnvöld eða samtök, sem þar greinir, höfðað einkamál hér á landi til að fá bann lagt við athöfn.

5. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/99 24. september 1999, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

552. Frumvarp til laga [132. mál]

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Nú er starfsleyfi aðila sem gert hefur aðildarsamning um eignarskráningu skv. 1. mgr. afturkallað, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann óskar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og fellur aðildarsamningurinn við það þá þegar úr gildi, svo og réttur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Verðbréfamiðstöð skal annast eignarskráningar frá þeim tíma sem samningur fellur úr gildi nema

um annað hafi sérstaklega verið samið. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá því að verðbréfamiðstöð tekur við eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessarar málsgreinar skal hún hafa tryggt að rafbréf og eignarréttindi yfir því hafi verið færð í umsjón annarrar reikningsstofnunar sem gert hefur aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um aðferð og framkvæmd við slit aðildarsamnings og færslu gagna skv. 1. og 3. málsl. þessarar málsgreinar.

2. gr.

Í stað lokamálsliðar 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Rafbréf í sama verðbréfaflokki sem tekinn hefur verið til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð er heimilt að skrá í fleiri en einni verðbréfamiðstöð, enda sé tryggt að aðeins sé hægt að skrá réttindi yfir hverju einstöku rafbréfi í einni verðbréfamiðstöð. Sama gildir um verðbréfaflokk sem hefur verið tekinn til eignarskráningar í erlendri verðbréfamiðstöð.

3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar einn fulltrúa í nefndina, verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum einn fulltrúa og kauphallir sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða einn fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva, kauphalla og Seðlabankans í tengslum við frágang viðskipta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

553. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Við 36. gr. b laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Regla 2. málsl. 1. mgr. gildir ekki þegar aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur geta gripið til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósanngjarnir.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 40. gr. a, sem orðast svo:

Viðskiptaráðherra er heimilt á grundvelli EES-tilskipunar 93/13/EBE um ósanngjarna samningsskilmála að kveða nánar á með reglugerð um framkvæmd ákvæða laga þessara um ósanngjarna samningsskilmála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

554. Frumvarp til laga [230. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

5. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,24420% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,04873% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00615% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
4. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu greiða 0,0792% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Verðbréfasjóðir skulu greiða 0,01039% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða 0,08031% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 150.000 kr.
5. Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
6. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00596% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,76297% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 250.000 kr.
8. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 250.000 kr. Póstgíróstofa Íslandspósts hf. skal greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs skal greiða 0,0004% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.

10. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 150.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

555. Frumvarp til laga [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: I. KAFLI, **Áfengisgjald**.

2. gr.

Í stað 8.–10. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, II. KAFLI, **Tóbaksgjald**, með þremur nýjum greinum, 8.–10. gr., og III. KAFLI, **Almenn ákvæði**, með tveimur nýjum greinum, 11. og 12. gr., svohljóðandi:

a. (8. gr.)

Greiða skal til ríkissjóðs sérstakt gjald, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er hingað til lands eða er framleitt hér á landi.

Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

b. (9. gr.)

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur á og innheimtir tóbaksgjald af tóbaksvörum sem verslunin hefur flutt hingað til lands eða framleiddar hafa verið hér á landi og verslunin selur til smásala tóbaks.

Fjárhæð tóbaksgjalds skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Vindlingar: 167,20 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Neftóbak: 1,97 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
3. Annað tóbak: 5,98 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Uppgjörstímabil tóbaksgjalds samkvæmt þessari grein er einn mánuður. Gjalddagi hvers uppgjörstímabils er fimmti dagur næsta mánaðar eftir lok þess. Áfengis- og tóbaksverslun

ríkisins skal greiða tollstjóranum í Reykjavík innheimt gjald eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils.

c. (10. gr.)

Af tóbaki sem ferðamenn, farmenn og aðrir hafa með sér til landsins til einkanota eða er sent hingað til lands án þess að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða skal við tollafgreiðslu greiða tóbaksgjald sem hér segir:

1. Vindlingar: 210 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Annað tóbak: 10,50 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

Tóbak sem ferðamenn, farmenn og aðrir flytja með sér til landsins til einkanota og er undanþegið tolli samkvæmt ákvæðum tollalaga skal jafnframt undanþegið gjaldi skv. 1. mgr.

d. (11. gr.)

Úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða endurgreiðslu áfengis- og tóbaksgjalds skv. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. sætir kæru til fjármálaráðherra í samræmi við 102. gr. tollalaga, nr. 55/1987. Þá skulu ákvæði tollalaga gilda að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald af innfluttu áfengi og tóbaki.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi gjald samkvæmt lögum þessum af áfengi og tóbaki, sem er framleitt eða unnið að einhverju leyti hér á landi, skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um virðisaukaskatt og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum, svo og ákvæði laga um vörugjald.

e. (12. gr.)

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ákvæða laga þessara um áfengisgjald og tóbaksgjald.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um gjald af áfengi og tóbaki**.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

556. Þingsályktun [326. mál]

um aðild að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 413.

557. Þingsályktun [327. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 414.

558. Nefndarálit [358. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Inga Val Jóhannsson og Óskar Pál Óskarsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði.

Með frumvarpinu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild í ákveðnum tilvikum til að afskrifa hluta af skuldum sveitarfélags við sjóðinn. Telur nefndin eðlilegt að Íbúðalánasjóði verði fengin slík heimild enda sé hún í samræmi við hagsmuni sjóðsins.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Jónína Bjartmarz og Drífa Hjartardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2001.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Pétur H. Blöndal.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

559. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til kvikmyndalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason, Þóru Óskarsdóttur og Karítas Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands,

Björn Br. Björnsson, Önnu Dís Ólafsdóttur og Hjálmtý Heiðdal frá Félagi kvikmyndagerðarmanna og Þorfinn Ómarsson frá Kvikmyndasjóði Íslands. Þá fór fram símafundur við Sigurjón B. Hafsteinsson hjá Kvikmyndasafni Íslands.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá bárust nefndinni umsagnir frá framleiðendafélagi SÍK, Námsgagnastofnun, Þjóðminjasafni Íslands, Verslunarráði Íslands, Bandalagi íslenskra listamanna og Kvikmyndasjóði Íslands. Frumvarpið er nú lagt fram á ný óbreytt og barst nefndinni umsögn frá Félagi kvikmyndagerðarmanna og ályktun frá Bandalagi íslenskra listamanna auk sameiginlegrar ályktunar frá framleiðendafélaginu SÍK, Félagi kvikmyndagerðarmanna, Samtökum kvikmyndaleikstjóra og Bandalagi íslenskra listamanna.

Nýjum kvikmyndalögum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi núgildandi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnsýslulegri framkvæmd ríkisins á kvikmyndamálum. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að tvær stofnanir sinni þeim verkefnum sem nú heyra undir Kvikmyndasjóð Íslands. Lagt er til að stofnuð verði Kvikmyndamiðstöð Íslands er hafi með höndum verkefni sambærileg þeim sem Kvikmyndasjóður Íslands hefur sinnt fyrir utan rekstur Kvikmyndasafns Íslands. Nafnið Kvikmyndasjóður verður notað áfram um úthlutunarsjóð er starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar til framleiðslu eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Kvikmyndasafn Íslands sem nú heyrir undir Kvikmyndasjóð verður sjálfstæð stofnun. Lagt er til að stofnað verði kvikmyndaráð opinberum aðilum til ráðgjafar um aðgerðir í kvikmyndamálum og breytt er ákvæðum um fyrirkomulag úthlutunar framlaga til kvikmyndagerðar. Ástæða þess er sú að nauðsynlegt þykir að skapa stjórnvöldum meira svigrúm en nú er til að setja úthlutunarreglur um framlög úr Kvikmyndasjóði og bregðast þannig við breytilegum þörfum kvikmyndagerðar án þess að komi til lagabreytinga í hvert sinn. Þá er veitt heimild fyrir markaðsnefnd sem gegni því hlutverki að auka atvinnu við kvikmyndagerð hér á landi.

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Það er því ljóst að þótt ábyrgð á úthlutunarmálum hvíli á forstöðumanninum er hann alls ekki einráður í þessum efnum, sbr. einnig nákvæma útlistun í greininni á þeim atriðum sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Nauðsynlegt er að benda á hnökra í greinargerð með frumvarpinu á fjórum stöðum. Í athugasemdum við 2. gr. er því haldið fram að fulltrúar Námsgagnastofnunar og Þjóðminjasafns sitji stjórnarfundi Kvikmyndasjóðs þegar fjallað er um málefni sem varða verksvið þessara stofnana. Hið rétta er að fulltrúarnir sitja stjórnarfundi þegar málefni Kvikmyndasafns Íslands eru á dagskrá. Í öðru lagi er um það að ræða að í athugasemdum við 7. gr. segir m.a. í 1. málsl. 2. mgr. að stjórninni sé heimilað að veita framlög til eflingar íslenskri kvikmyndagerð. Hið rétta er að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvarinnar mun hafa þessa heimild. Í þriðja lagi er í athugasemdum við 14. gr. rætt um skipun framkvæmdastjóra Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hér er hins vegar um að ræða skipun forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvarinnar. Að lokum er í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða m.a. fjallað um hvernig staðið skuli að undirbúningi skipunar fyrstu stjórnar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Í frumvarpinu er hins vegar ekki gert ráð fyrir að skipuð verði stjórn í Kvikmyndamiðstöðinni heldur verði þar skipaður forstöðumaður.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Breyting sú sem lögð er til á 4. gr. lýtur einungis að orðalagi.
2. Lögð er til breyting á 7. gr. hvað varðar uppsetningu ákvæðisins og orðalag. Orðalagsbreyting sú sem lögð er til varðandi ákvörðun um úthlutun úr Kvikmyndasjóði er gerð til að taka af allan vafa um að þótt ljóst sé að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar beri ábyrgð á úthlutunarmálum sé hann alls ekki einráður í þeim efnum. Eins og fram kemur í 7. gr. tekur forstöðumaðurinn endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda, svo sem kveðið er á um í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs.
3. Í 1. og 2. tölul. 8. gr. er vísað í lög um skilaskyldu til safna. Núgildandi lög bera hins vegar heitið lög um skylduskil til safna og sama nafn er notað á frumvarpi til nýrra heildarlaga í þessum efnum sem nú liggur fyrir í þinginu. Er því lagt til að í 1. og 2. tölul. verði vísað til laga um skylduskil til safna.
4. Lögð er til breyting á 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða til samræmis við 3. mgr. ákvæðisins.
5. Til þess að gefa nægilegan aðlögunartíma er lagt til að lokið verði við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. fyrir 1. febrúar 2003.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2001.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Einar Már Sigurðarson.
Sigríður Ingvarsdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.

Magnús Stefánsson.

560. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til kvikmyndalaga.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Orðið „almennt“ í niðurlagi 1. mgr. falli brott.
2. Við 5. gr. Á eftir orðinu „Kvikmyndasjóðs“ komi: sbr. 6. gr.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda.

   Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs skal kveðið á um skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum með styrkjum, lánum eða veitingu tímabundinna vilyrða fyrir stuðningi. Jafnframt skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning

úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum. Þar skal enn fremur kveðið á um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störf úthlutunarnefnda og um kvikmyndaráðgjafa.

4. Við 8. gr. Í stað orðanna „lögum um skilaskyldu til safna“ í 1. og 2. tölul. komi: lögum um skylduskil til safna.
5. Í stað orðanna „að undangenginni auglýsingu“ í 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: samkvæmt ákvæðum 9. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003.
6. Í stað dagsetningarinnar „1. febrúar 2002“ í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. febrúar 2003.

561. Svar [331. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um rafrænt upplýsingakerfi bókasafna.

1. *Verður tekið tillit til þegar útlagðrar vinnu og kostnaðar við rafræna skráningu þeirra bókasafna sem skráð hafa söfn sín í gagnasafnið Feng við yfirfærslu skráninganna í nýstofnað Landskerfi bókasafna hf.?*

Eitt meginmarkmið með sameiginlegu bókasafnskerfi fyrir landið er samnýting rafrænnar skráningar. Þannig sparast mikil vinna þar sem í hinu nýja Landskerfi verður hver bók og annað efni bókasafna einungis skráð einu sinni. Skilyrði fyrir þátttöku í Landskerfi bókasafna er að söfnin leggi til sínar bókfræðifærslur til að byggja upp sameiginlegan gagnagrunn bókfræðifærslna. Afar erfitt er að meta þá vinnu og kostnað sem ýmis bókasöfn landsins hafa þegar lagt í rafræna skráningu bókakosts síns og því er ekki unnt að taka tillit til þess við yfirfærslu.

2. *Verður kostnaður við undirbúning að samruna Fengs og Gegnis, bókasafns- og upplýsingakerfanna, styrktur úr ríkissjóði?*

Ríkissjóður hefur borið mestallan kostnað við val á hinu nýja kerfi sem staðið hefur yfir í þrjú ár. Hið nýja hlutafélag Landskerfi bókasafna hf., sem er í eigu ríkis og sveitarfélaga, hefur nú tekið við umsjón með kerfinu og mun standa straum af stofnkostnaði og rekstri þess. Félagið mun hafa umsjón með og greiða fyrir uppsetningu gagnagrunns, yfirfærslu gagna og þjálfun starfsfólks bókasafna. Bókasöfn bera ýmsan kostnað af því að fara yfir í nýtt kerfi en ekki er gert ráð fyrir styrkjum úr ríkissjóði vegna þess kostnaðar.

3. *Hvaða tillit verður tekið til aukins rekstrarkostnaðar þeirra bókasafna sem hafa skráð í Feng og munu því reka tvöfalt skráningarkerfi eftir að Gegnir hefur verið yfirfærður í landskerfið og þar til Fengur er kominn yfir í það?*

Bókasöfn landsins nota í dag sex mismunandi skráningarkerfi. Gögnin úr þessum kerfum verða yfirfærð í mikilvægisröð þeirra. Gert er ráð fyrir að yfirfærsla úr öllum eldri kerfum muni taka allt að þremur árum. Áætlað er að Fengssöfn verði færð inn í kerfið hálfu ári síðar en Gegnissöfnin. Ætla má að töluverð hagræðing verði í rekstri bókasafna með hinu nýja kerfi og því óvíst hvort árlegur rekstrarkostnaður aukist þótt tvöfalt skráningarkerfi verði rekið í hálft ár í Fengssöfnum.

4. *Hvernig verður gagnagrunnur Fengs metinn inn í Aleph 500 bókasafns- og upplýsingakerfið?*

Gagnagrunnur Fengs verður ekki metinn sérstaklega inn í kerfið frekar en grunnar annarra skráningarkerfa. Eftir að Fengur sameinast Gegni og hinum kerfunum hverfa einstakir gagnagrunnar til hagræðis fyrir landsmenn sem munu alltaf leita í sameiginlegum bókfræðigrunni allra safna landsins. Með sameiginlegum gagnagrunni næst þjóðhagsleg hagræðing þar sem margskráning bókfræðifærslna leggst af, hagkvæmni í innkaupum eykst því að dregið verður úr tvíkaupum og þar með er hægt að auka fjölbreytni safnkosts á landsvísu. Síðast en ekki síst verður aðgengi landsmanna að upplýsingum um bókakost jafnað og það verður óháð búsetu.

5. *Verður farið að tillögu samstarfshóps um menningarmál um að komið verði á þróunarsjóði bókasafna með 8 millj. kr. fjárframlagi úr ríkissjóði árið 2002?*

Ekki er gert ráð fyrir þessari fjárveitingu í fjárlögum 2002.

562. Frumvarp til laga [366. mál]

um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Heimilt er Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Andakílsárvirkjunar er nefnist Orkuveita Reykjavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á Reykjavíkurborg 92,22% eignarhluta í fyrirtækinu, Akraneskaupstaður 5,45%, Hafnarfjarðarkaupstaður 0,94%, Borgarbyggð 0,75%, Garðabær 0,47% og Borgarfjarðarsveit 0,17%. Heimilt er að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrir fram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

2. gr.

Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt

annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.

3. gr.

Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á aðalfundi eiga borgar- og bæjarstjórar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Borgar- og bæjarstjórar hlutaðeigandi sveitarfélaga fara með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi og skal atkvæðisréttur vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund félagsins.

4. gr.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fer með málefni fyrirtækisins og annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfsliðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri sér um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Orkuveitu Reykjavíkur getur veitt prókúruumboð.

5. gr.

Orkuveita Reykjavíkur tekur við einkarétti Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaðar, Akranesveitu, Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar og Hitaveitu Borgarness til starfrækslu hita-, vatns- og/eða rafveitu.

Iðnaðarráðherra veitir Orkuveitu Reykjavíkur einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu á þeim svæðum sem Orkuveita Reykjavíkur og Akranesveita þjóna við stofnun fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur yfirtekur skyldu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar til starfrækslu vatnsveitna í sveitarfélögunum og yfirtekur þá samninga sem sveitarfélögin hafa gert um vatnssölu til annarra sveitarfélaga.

Heimilt er öðrum sveitarfélögum að framselja Orkuveitu Reykjavíkur leyfi og réttindi til reksturs veitna og dreifikerfa sinna ef samningar takast um það.

Aðrir sem reka orkumannvirki á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur við gildistöku laga þessara skulu halda þeim rétti sínum.

6. gr.

Stjórn sameignarfyrirtækisins setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda.

Gjaldskrár fyrir sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum. Skal tekjunum varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum áhvílandi skulda, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði. Þá skal tekjunum varið til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar mannvirkja og tækja.

Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af aðalfundi.

Rekstur deilda Orkuveitu Reykjavíkur skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal þannig háttað að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á deildir fyrirtækisins samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttarstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

7. gr.

Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skulu þeim boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu. Umræddir starfsmenn skulu ekki njóta lakari réttinda og starfskjara en þeir nutu í störfum sínum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness.

8. gr.

Stofna skal sameignarfyrirtækið Orkuveitu Reykjavíkur á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2001.

Allur kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur af stofnun sameignarfyrirtækisins og yfirtöku þess á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness greiðist af fyrirtækinu.

9. gr.

Orkuveita Reykjavíkur skal taka til starfa 1. janúar 2002 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness. Borgarstofnunin Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Borgarness skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórna þeirra.

10. gr.

Um skyldu Orkuveitu Reykjavíkur til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á og slíkan rekstur hafa með höndum. Orkuveita Reykjavíkur skal undanþegin stimpilgjöldum.

11. gr.

Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur skulu gera með sér sameignarsamning þar sem fram komi frekari ákvæði um fyrirtækið. Til breytinga á sameignarsamningnum þarf samþykki eigenda ¾ eignarhluta fyrirtækisins. Setja skal nánari ákvæði um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur með reglugerðum sem ráðherrar staðfesta. Í reglugerðum skal meðal annars kveða á um orkuöflun, orkuveitu, orkusölu og viðbrögð við misnotkun.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 38/1940, um hitaveitu Reykjavíkur, með áorðnum breytingum, falla úr gildi þegar Orkuveita Reykjavíkur tekur til starfa, sbr. ákvæði 9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit bera áfram, hvert um sig gagnvart kröfuhöfum, ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sem stofnast hafa fyrir samruna fyrirtækjanna og áður en sameignarfyrirtæki er stofnað um reksturinn.

II.

Á stofnfundi skal tilkynnt hverjir hafa verið kjörnir í stjórn og varastjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Hlutverk stjórnar til 1. janúar 2002 er að undirbúa yfirtöku á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness, en eftir það að stjórna fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta sumri undirrituðu Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður viljayfirlýsingu um sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu. Viljayfirlýsingin gerir það að verkum að óhjákvæmilegt er að rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu verði breytt. Þá hafa verið gerðir samningar milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar hins vegar um m.a. aðild þeirra að Orkuveitu Reykjavíkur. Þá undirrituðu Reykjavíkurborg, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit viljayfirlýsingu um sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Borgarness. Aðilar hafa orðið ásáttir um að stefna að stofnun sameignarfyrirtækis um reksturinn undir nafni Orkuveitu Reykjavíkur enda næðist skattalegt jafnræði við önnur orkusölufyrirtæki. Í kjölfar breyttrar eignaraðildar var þess óskað við iðnaðarráðuneytið að lagt yrði fram frumvarp til laga sem heimilaði þessar breyt-

ingar. Ástæður þess að nauðsyn ber til að setja sérlög um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur eru eftirfarandi:

1. Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita og Hitaveita Borgarness eru stofnanir sveitarfélaga og eru sveitarfélögin í ótakmarkaðri ábyrgð fyrir skuldbindingum þeirra. Samkvæmt 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, má eigi binda sveitarsjóð í ábyrgðir vegna skuldbindinga annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins. Sveitarfélögunum sem verða eigendur sameignarfyrirtækisins væri að óbreyttu óheimilt að ábyrgjast skuldbindingar fyrirtækisins. Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hver eigandi um sig sé í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.
2. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, skulu bæjarstjórnir í kaupstöðum og bæjum starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er. Rekstur vatnsveitu er því skylduverkefni sveitarfélaga. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins yfirtekur sameignarfyrirtækið skyldu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar til starfrækslu vatnsveitna í sveitarfélögunum og yfirtekur þá samninga sem sveitarfélögin hafa gert um vatnssölu til annarra sveitarfélaga. Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðabær reka eigin vatnsveitur. Nauðsynlegt er að kveðið sé á í sérlögum um heimild til handa sameignarfyrirtækinu að undirgangast þær skyldur sem lög um vatnsveitur sveitarfélaga leggja á sveitarfélögin.
3. Samkvæmt V. kafla orkulaga, nr. 58/1967, sbr. 30. og 31. gr., er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur og sveitarfélag getur með samþykki ráðherra framselt einstaklingum eða félögum að einhverju eða öllu leyti einkaleyfið um ákveðið tímabil í senn. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sameignarfyrirtækið taki við einkarétti Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Akraneskaupstaðar, Akranesveitu, Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar og Hitaveitu Borgarness til starfrækslu raf- og/eða hitaveitu á þeim svæðum sem Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita og Hitaveita Borgarness þjóna við stofnun sameignarfyrirtækisins. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að sameignarfyrirtækið haldi þeim réttindum sem Orkuveita Reykjavíkur og Akranesveita höfðu áður sem stofnanir sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að kveða á um þennan rétt í sérlögum þar sem hann samræmist ekki að fullu áðurnefndum ákvæðum orkulaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Orkuveita Reykjavíkur, Akranesveita, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Borgarness verði sameinaðar og að stofnað verði sameignarfyrirtæki um reksturinn.

Á 122. löggjafarþingi lagði iðnaðarráðherra fram tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipulag raforkumála. Í þingsályktunartillögunni var m.a. lagt til að rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið ætti eignarhlut í yrði yfirfarið. Í athugasemdum við tillöguna sagði að stefnt yrði að því að breyta stjórnskipulagi fyrirtækjanna þannig að það samræmdist betur viðteknum venjum í efnahagslífinu, m.a. hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra. Jafnframt var lagt til að eigendur orkufyrirtækja mótuðu stefnu um arðsemi og meðferð arðs þannig að eigendur nytu viðunandi arðsemi af eign sinni. Þá sagði í tillögunni að samhliða breytingum á rekstrarformi raforkufyrirtækjanna og innleiðingu markaðssjónarmiða þyrfti að samræma skattaskilyrði fyrirtækjanna. Eðlilegt væri að skattlagning fyrirtækjanna færi að mestu leyti eftir almennum reglum, en þó væri ljóst að a.m.k. fyrningarreglur yrðu með nokkuð öðrum hætti.

Skipan raforkumála hefur víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Breytingarnar hafa undantekningalítið verið sama eðlis þótt þær miðist jafnframt að hluta við aðstæður á hverjum stað. Meginefni þeirra felst í því að skilja að náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið. Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa.

Hinn 26. nóvember 1999 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun um að taka upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipun 96/92/EB, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Ákvörðunin öðlaðist gildi 1. júlí 2000 eftir að öll EES-ríkin höfðu aflétt stjórnskipulegum fyrirvara. Samkvæmt ákvörðuninni hefur Ísland tvö ár til að leiða ákvæði tilskipunarinnar í íslensk lög.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit veitt heimild til að sameina Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness og stofna sameignarfyrirtæki um reksturinn er nefnist Orkuveita Reykjavíkur. Jafnframt að Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðabær verði eigendur að fyrirtækinu á grundvelli samninga sem þessi sveitarfélög hafa gert við Reykjavíkurborg. Í greininni er kveðið á um skiptingu eignarhluta í Orkuveitu Reykjavíkur eftir sameiningu Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness.

Við ákvörðun á eignarhluta Akraneskaupstaðar var m.a. höfð hliðsjón af mati á hlutfallslegu verðmæti Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Akranesveitu hins vegar sem unnið var af Deloitte & Touche og endurskoðunarskrifstofu Jóns Þórs Hallssonar.

Við ákvörðun á eignarhluta Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðabæjar var tekið mið af uppsöfnuðum arði bæjarfélaganna annars vegar og áætluðum framtíðararði hins vegar samkvæmt samningum um rekstur og lögn hitaveitu í þessum bæjarfélögum frá árunum 1973 og 1974.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eigendur sameignarfyrirtækisins beri einfalda hlutfallslega ábyrgð á öllum skuldbindingum fyrirtækisins og tekur hlutfallsleg ábyrgð hvers eiganda um sig mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu. Með einfaldri ábyrgð er átt við að ekki verður gengið að einstökum sameigendum fyrr en sýnt hefur verið fram á að fyrirtækinu sé ófært að standa við skuldbindingar sínar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sé heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Kveðið er á um að að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þurfi Orkuveita Reykjavíkur að leita fyrir fram samþykkis allra eignaraðila. Ákvæði þetta er með svipuðum hætti og heimild stjórnar Landsvirkjunar skv. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

Í greininni er kveðið svo á um að eiganda sé óheimilt án samþykkis sameigenda að ganga úr fyrirtækinu. Af þessu leiðir að eignaraðilar geta hvorki selt eignarhlut sinn né krafist slita á fyrirtækinu nema með samþykki annarra eigenda.

Rétt þykir að heimili og varnarþing fyrirtækisins sé á meginathafnasvæði þess. Ástæða þykir þó til að taka fram að heimilt sé að stofna útibú annars staðar, t.d. vegna skrifstofu- eða þjónustustarfa. Í þessu sambandi skal tekið fram að í viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar er kveðið á um að höfuðstöðvar hins sameinaða fyrirtækis á Vesturlandi verði á Akranesi.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar fyrirtækisins en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og önnur lög og reglur taki til þess nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur sameignarfyrirtækisins skilgreindur. Samkvæmt greininni er tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur m.a. vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang fyrirtækisins í sameignarsamningi og reglugerðum þess. Tilgangi fyrirtækisins má breyta á eigendafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk fyrirtækisins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild fyrirtækisins til að reka dótturfélög og gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum.

Um 3. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórn fyrirtækisins sé skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórinn í Reykjavík tilnefnir formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar.

Á stjórnarfundum skal atkvæði formanns vega tvöfalt. Sá háttur er hafður á til að koma í veg fyrir að eigandi 5,5% í fyrirtækinu öðlist oddaaðstöðu við stjórn þess.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Rétt til setu á aðalfundi eiga borgar- og bæjarstjórar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Í frumvarpinu er ráðgert að borgar- og bæjarstjórar hlutaðeigandi sveitarfélaga fari með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi. Er sú regla eðlileg í ljósi þess að viðkomandi aðilar teljast framkvæmdastjórar viðkomandi sveitarfélaga. Þá er jafnframt kveðið á um heimild til handa stjórn fyrirtækisins til að bjóða öðrum en þeim sem tilgreindir eru í ákvæðinu að sitja aðalfund fyrirtækisins. Þetta er gert til að stjórnin geti boðið kjörnum fulltrúum sveitarfélaga sem eignaraðild eiga að sitja aðalfundinn. Einnig er líklegt að stjórnin muni vilja nýta ákvæðið til að bjóða starfsmönnum og fulltrúum fjölmiðla að sitja aðalfundinn.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um ráðningu forstjóra. Þá er jafnframt kveðið á um stöðu forstjóra og hlutverk hans innan fyrirtækisins. Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfsliðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Honum ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

Þá er einnig kveðið á um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skuli annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri skal sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Orkuveitu Reykjavíkur getur veitt prókúruumboð. Um veitingu prókúruumboðs fer að öðru leyti í samræmi við ákvæði sameignarsamnings.

Um 5. gr.

Í 21. gr. orkulaga, nr. 58/1967, er iðnaðarráðherra falið að ákveða orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu og jafnframt heimilað að veita einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orkuveitusvæðinu, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Iðnaðarráðherra er með sambærilegum hætti veitt heimild í 30. gr. orkulaga til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Í 2. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur frá 30. desember 1998, nr. 793/1998, er kveðið á um að veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur sé lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar svo og nágrannabyggðir eftir því sem borgarstjórn semur um og ráðherra samþykkir. Jafnframt að Orkuveita Reykjavíkur hafi einkarétt til sölu heits vatns, jarðgufu og raforku á orkuveitusvæði sínu, í samræmi við samninga og gildandi lög og reglugerðir hverju sinni. Í reglugerð fyrir Akranesveitu frá 28. desember 2000, nr. 976/2000, er veitusvæðið skilgreint sem lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. Jafnframt að veitan selji einnig heitt vatn í Innri-Akraneshrepp og til annarra sveitarfélaga eftir því sem um semst og ekki brýtur í bága við einkarétt annarra. Akranesveita hefur einkarétt til dreifingar og sölu raforku, varmaorku og neysluvatns á veitusvæði sínu á Akranesi. Í frumvarpinu er lagt til að Orkuveita Reykjavíkur yfirtaki rétt Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Hitaveitu Borgarness til þessarar starfsemi. Orkuveita Reykjavíkur selur nú rafmagn til notenda í Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi, Kópavogi og hluta Garðabæjar. Enn fremur selur Orkuveita Reykjavíkur heitt vatn í smásölu til notenda í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Bessastaðahreppi. Þá selur Orkuveita Reykjavíkur Mosfellsbæ heitt vatn í heildsölu. Orkuveita Reykjavíkur selur vatn til notenda í Reykjavík en vatn í heildsölu til Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar. Orkuveita Reykjavíkur er eigandi Hitaveitu Þorlákshafnar sem selur heitt vatn í Þorlákshöfn og er að hefja sölu á heitu vatni í Grímsnes- og Grafningshreppi. Akranesveita selur heitt vatn, rafmagn og vatn til notenda á Akranesi og heitt vatn í Innri-Akraneshreppi. Einhverjar breytingar kunna að verða á þessum réttindum fyrirtækisins þegar nýtt skipulag raforkumála kemur til framkvæmda.

Í 2. mgr. er kveðið á um að iðnaðarráðherra geti veitt Orkuveitu Reykjavíkur einkaleyfi til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga eftir því sem um semst.

Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra sem við gildistöku laganna reka orkumannvirki á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn sameignarfyrirtækisins skuli setja gjaldskrár fyrir fyrirtækið og lagt til að við gerð gjaldskráa skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða. Þetta ákvæði er í samræmi við 28. og 32. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Gildistaka gjaldskráa fyrir smásölu á rafmagni og hita er háð samþykki iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá fyrir vatnssölu mun byggjast á þeim heimildum sem kveðið er á í 7.–9. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um að rekstur hinna ýmsu deilda Orkuveitu Reykjavíkur skuli aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal háttað þannig að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á hinar ýmsu deildir samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Þá er kveðið á um að við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skuli þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi. Reikningslegur og fjárhagslegur aðskilnaður og krafan um að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi er í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/96.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness eigi rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skuli boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu, enda njóti þeir hjá fyrirtækinu réttinda og starfskjara sem séu ekki lakari en þeir nutu í störfum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Þeir starfsmenn sem eru félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar geta verið áfram í því félagi en það félag gerir m.a. kjarasamninga á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Um 8. gr.

Formleg sameining Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness miðast við 1. janúar 2002. Í samræmi við viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar munu ytri ummerki sameiningar miðast við 1. desember 2001. Stofnfund skal halda í desembermánuði árið 2001.

Um 9. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að sameignarfyrirtækið yfirtaki allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness. Orkuveita Reykjavíkur og Akranesveita skulu lagðar niður frá og með 1. janúar 2002 og fellur þá jafnframt niður umboð stjórna þeirra.

Um 10. gr.

Flest fyrirtæki landsins sem annast dreifingu og sölu á heitu vatni, rafmagni og vatni eru í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og bera eigendurnir ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þeirra. Í 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga sem ríkissjóður eða sveitarfélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á undanþegin skattskyldu. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða Orkuveitu Reykjavíkur haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform. Með þessu er tryggt að fyrirtækið njóti sömu skattalegu stöðu og önnur raforkufyrirtæki. Þetta ákvæði frumvarpsins byggist á 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til þessi skoðun hefur farið fram.

Um 11.–12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, bera Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit hvert um sig ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Hitaveitu Borgarness. Í frumvarpinu er kveðið svo á um að sameigendur beri einfalda hlutfallslega ábyrgð á skuldbindingum sameignarfyrirtækisins. Ákvæði þessu er ætlað að tryggja ótakmarkaða ábyrgð Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar hvers um sig að því er varðar skuldbindingar sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara. Gilda ákvæði laga þessara um einfalda hlutfallslega ábyrgð sameigenda því ekki um slíkar skuldbindingar.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli sameignarfyrirtækið Orkuveitu Reykjavíkur á stofnfundi sem haldinn skal í desembermánuði 2001. Í 9. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að sameignarfyrirtækið taki til starfa 1. janúar 2002 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness. Gera má því ráð fyrir að stofnfundur verði haldinn nokkru áður en sameignarfyrirtækið tekur til starfa. Þetta er gert svo að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu forstjóra og starfsmanna sameignarfyrirtækisins áður en það tekur við rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að tilkynnt verði um kjör stjórnar á stofnfundi fyrirtækisins og að hún starfi að því að undirbúa yfirtöku á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness.

Fylgiskjal I.

Um Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu.

I. Um Orkuveitu Reykjavíkur.

Lýsing á fyrirtæki.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar. Orkuveitan dreifir rafmagni, heitu vatni til húshitunar, köldu vatni til brunavarna og neysluvatni til notenda í Reykjavík og nágrenni. Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar. Fyrirtækið kappkostar að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulega þjónustu.

Orkuveitan annast dreifingu á raforku til notenda í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Meginhluti raforkunnar er keyptur frá Landsvirkjun en nokkur hluti hennar er unninn í eigin orkuverum. Orkuveitan vinnur jarðvarma beint úr jörðu í Mos-

fellsbæ og Reykjavík, en einnig jarðgufu í Nesjavallavirkjun. Orkuveitan annast dreifingu á heitu vatni til notenda í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi, en auk þess er Mosfellsbæ selt heitt vatn í heildsölu. Orkuveitan aflar kalds vatns úr borholum í Heiðmörk og dreifir því til notenda í Reykjavík. Auk þess selur Orkuveitan Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ kalt vatn í heildsölu.

Lýsing á vöru/framleiðslu.

Orkuveita Reykjavíkur kappkostar að veita framleiðslu sinni til viðskiptavina, með háu þjónustustigi og öryggi bæði hvað varðar afhendingu og gæði vörunnar.

Orkuveita Reykjavíkur aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt í sátt við umhverfið. Starfsemi fyrirtækisins tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda í samræmi við lög og reglur um mat á umhverfisáhrifum. Orkuveita Reykjavíkur er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs. Stefna Orkuveitunnar er að sjá viðskiptavinum sínum fyrir ódýrri vistvænni orku sem framleidd er á hagkvæman hátt úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig mun fyrirtækið stuðla að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og um leið leggja sitt af mörkum til framfara í landinu.

Rafmagn.

Orkuveitan tryggir viðskiptavinum sínum næga orku með fullnægjandi gæðum og nauðsynlegu afhendingaröryggi. Orku er aflað með vinnslu í eigin orkuverum og viðskiptum við aðra orkuframleiðendur. Við uppbyggingu og rekstur raforkuvirkis er tekið mið af fjárhagslegum markmiðum fyrirtækisins og þjóðfélagslegum afleiðingum af ófullnægjandi orkuafhendingu. Raforkukerfið er þannig úr garði gert og rekið að flutningsgeta þess og gæði raforkunnar sé fullnægjandi miðað við þarfir viðskiptavina og fullnægi gildandi kröfum eins og þær eru á hverjum tíma. Fyrirtækið tryggir viðskiptavinum sínum fullnægjandi afhendingaröryggi raforkunnar að teknu tilliti til kostnaðar sem hlýst af skerðingu á afhendingu raforkunnar.

Verulegur hluti unninnar raforku er seldur Landsvirkjun, en hluti hennar er nýttur til eigin þarfa. Orkuveitan dreifir raforku til notenda í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ.

Neysluvatn.

Orkuveitan selur Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ kalt vatn í heildsölu. Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er að fullnægja vatnsþörf viðskiptavina og tryggja nægjanlegt vatn til slökkvistarfa.

Allt vatn til neytenda er tekið úr lokuðum borholum sem eru frá 10 til 100 metra djúpar. Vatnstökusvæðin (brunnsvæðin) eru eftirfarandi: Gvendarbrunnasvæði, Jaðarsvæði, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki. Vatnið er ekki hreinsað á nokkurn hátt en mjög strangar kröfur eru gerðar til gæða þess. Sýnishorn af vatninu eru rannsökuð reglulega og stenst það gæðakröfur íslenskra staðla sem og erlendar kröfur (skv. reglugerðum WHO og evrópskum og bandarískum stöðlum). Samþykktarmörk um gæði neysluvatns eru gefin í reglugerð nr. 319/1995, um neysluvatn.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sem markmið að geta á hverjum tíma fullnægt vatnsþörf viðskiptavina sinna og annarra sem reiða sig á þjónustu hennar, til brunavarna svo og til iðnaðar og neyslu. Áhersla er lögð á gæði, magn og afhendingaröryggi vatnsins. Markmið Orkuveitunnar er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í sem bestu lagi.

Heitt vatn.

Orkuveitan leitast við að tryggja viðskiptavinum sínum nægt heitt vatn með nauðsynlegu afhendingaröryggi og fullnægjandi gæðum, innan skilgreindra vikmarka. Við uppbyggingu veitukerfisins, endurnýjun þess og rekstur er notuð nýjasta og besta tækni og hagkvæmustu vinnuaðferðir. Rekstur veitukerfisins og uppbygging þess miðast við að truflanir á orkuafhendingu verði sem minnstar þrátt fyrir bilanir í því.

Gæðastefna Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitan leggur höfuðáherslu á gæði þeirrar vöru og þjónustu sem fyrirtækið lætur af hendi. Starfsmenn Orkuveitunnar vita að gæði, áreiðanleiki og arðsemi í rekstri tryggir árangursríkt starf.

Orkuveitan gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda auðlindir þjóðarinnar og tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.

Starfrækt er gæðaráð sem samhæfir og stjórnar aðgerðum á sviði gæðamála. Áhersla er lögð á að starfsmenn þekki og tileinki sér gæðastefnu fyrirtækisins.

Stefna Orkuveitu Reykjavíkur er:

- Að vera traust og ábyrgt fyrirtæki, sem veitir viðskiptavinum sínum aðgang að nægri orku og vatni með fullnægjandi gæðum og afhendingaröryggi.
- Að veita viðskiptavinum sínum hraða, sveigjanlega og hagkvæma þjónustu.
- Að uppfylla kröfur um hollustu, öryggi og umhverfi.
- Að vinna eftir ströngum reglum við kaup á vörum og þjónustu.
- Að á virkjunarsvæðum og öðrum viðkvæmum svæðum séu að öllu jöfnu ekki notuð efni eða verklag sem rýrt geti gæði vatnsins og gilda strangar reglur um frávik.
- Að öll meginstarfsemi fyrirtækisins taki mið af kröfum alþjóðlega staðalsins ISO–9001.

Ágrip af sögu vatnsveitu, rafvæðingar og húshitunar í Reykjavík.

1909 Vatnsveitan tekur til starfa 16. júní og var þá mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í frá landnámi. Vatnið var í fyrstu sótt í Elliðaárnar, en sú ráðstöfun var til bráðabirgða, og þann 2. október 1909 var opnuð leiðsla frá Gvendarbrunnum. Afköst virkjunarinnar voru reiknuð 38,5 l/sek.

1916 Tekinn í notkun 1000 m^3 vatnsgeymir á Rauðarárholti, sem bætti nokkuð úr vatnsskortinum sem farið var að bera á.

1920 Rafmagnsstjórn Reykjavíkur tekur til starfa.

1921 Framkvæmdum lokið við Elliðaárvirkjun á vormánuðum. Stöðin vígð 27. júní.

1923 Afköst veitunnar liðlega tvöfölduð, með lögn víðrar trépípu frá Gvendarbrunnum að Rauðhólum og annarri grennri pípu að 150 m^3 geymi á Hraunbrún (norðan núverandi Skeiðvallar).

1925 Rafmagnsveitunni falin umsjá Elliðaánna.

1928 Borað eftir heitu vatni við Þvottalaugarnar í Laugardal.

1930 3 km löng leiðsla lögð úr Þvottalaugunum að Austurbæjarskóla.
Geymarýmið tvöfaldað á Rauðarárholti.

1933 Elliðaárvirkjun stækkuð úr 1032 í 1720 kW. Lög um Sogsvirkjun samþykkt.
Boranir hefjast að Reykjum í Mosfellssveit.

1934 Ný aðalæð er tekin í notkun frá Rauðhólum að geymunum á Rauðarárholti.

1937 Ljósafossvirkjun vígð 25. október, ákveðið að rafvæða heimilin, rafeldun „kjörorðið".

1939 Hafist handa við að leggja 15 km langa leiðslu frá Reykjum til Reykjavíkur og samtímis var byrjað á lögnum í bæjarkerfinu. Fyrsti hitaveitugeymirinn á Öskjuhlíð var reistur árið 1940.

1941 Mikil og skyndileg fjölgun sem varð á veitusvæðinu með komu breskra hermanna veldur vatnsskorti.

1944 Virkjanir tefjast vegna heimsstyrjaldarinnar, en á sama tíma eykst eftirspurn eftir raforku. Stækkun Ljósafossvirkjunar lauk, og urðu afköst hennar 16.500 kW, en dugðu rétt fyrir þeirri eftirspurn sem þegar var orðin.

1946 Hitaveita Reykjavíkur verður að sér fyrirtæki þegar fjárhagur vatns- og hitaveitu var aðskilinn.

Samkvæmt nýjum lögum á ríkið eignaraðild að Sogsvirkjun. Framkvæmdir við olíu- og kolakynta gufuaflstöð við Elliðaárstöð hafnar.

1948 Gufuaflstöðin tekin í notkun. Framleiðslugeta 7.500 kW í fyrstu.

Nýtt vatnsból var virkjað við Gvendarbrunna og ný aðalæð lögð þaðan til borgarinnar. Virkjun þessi tvöfaldaði næstum því flutningsgetu aðveituæðanna.

1949 Boranir hefjast í kringum Laugaveg ofanverðan og Laugarnes.

Ríkið gerist meðeigandi að Sogsvirkjun. Í júlí var undirritaður samningur um eignaraðild að virkjunum við Sog, eftir því sem virkjunarframkvæmdum miðaði áfram. Við lok framkvæmda á hvor aðili 50%. Fyrstu umferðarljós í Reykjavík við Skólavörðustíg og Bankastræti.

1957 Framkvæmdir við virkjun Efra-Sogs hefjast.

Ríkið og Reykjavíkurbær kaupa saman öflugan jarðbor, gufuborinn Dofra. Við það náðist betri árangur og fleiri heimili fengu hitaveitu. Einnig hjálpaði til að farið var að nota dælur í borholum.

1958 Ný dælustöð byggð við vatnsbólið sem virkjað var 1948 og við það hækkaði þrýstingurinn í veitukerfinu til muna og afkastagetan jókst um þriðjung í góðu vatnsári.

1959 Varastöð við Elliðaár stækkuð, kemur að gagni fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

1960 Steingrímsstöð fullbyggð. Félagsheimili starfsmannafélagsins við Elliðaár byggt og vígt.

Minnsta úrkomuárið sem mælst hefur í Reykjavík á árunum 1931–1988 og kom þá í ljós í fyrsta sinn að Gvendarbrunnar voru fullnýttir í úrkomulitlum árum.

1963–64 Þriðju vélasamstæðu bætt við í Írafossstöð.

1964–65 Varaaflstöðin við Elliðaár stækkuð. Nýrri vélasamstæðu 12.000 kW bætt við.

1965 Landsvirkjun stofnuð. Sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar, eignarhlutur hvors um sig 50%. Eignarhlutur í Sogsvirkjun, ásamt varaaflstöð við Elliðaár lagðar til Landsvirkjunar. Rafmagnsveitan sá um rekstur Sogsvirkjunar til ársloka 1965. Rafmagnsveitan á og rekur Elliðaárstöð eins og fyrr, en meginverkefnið er rekstur og stækkun dreifikerfisins og tengsl við notendur.

Tekinn í notkun 10.000 m^3 geymir á Litlu-Hlíð og gerði hann mögulegt að nýta flutningsgetu aðalæðanna utan mestu álagstíma að nóttu til og um helgar og miðla til dreifikerfisins á virkum dögum þegar álagið var mest.

1966 Vatnsból við Bullaugu tekin í notkun og kom það að miklum notum á sjöunda áratugnum á meðan verið var að undirbúa nýju vatnsbólin í Heiðmörk.

1967 Borun hefst á jarðhitasvæði við Elliðaár.

1969 Rafmagnsveitan undirbýr byggingu nýs húsnæðis á mótum Suðurlandsbrautar, Grensásvegar og Ármúla. Fyrsti áfangi bækistöðvar við Ármúla tekinn í notkun 1972.

1970–71 Álagsstýrikerfi tekið í notkun, sem stjórnar rofinni orkunotkun á rafhitun og götulýsingu.

1972 Uppbygging hefst á nýju aðveitukerfi með 132 kV rekstrarspennu.
Fullnaðarvirkjun Bullaugna var lokið. Boran á vinnsluholum í Heiðmörk hefst og stóð með hléum til ársins 1984. Samningur gerður um hitaveitu í Kópavogi.

1973 Stjórnkerfi aðveitustöðva tekið í notkun, einn fyrsti tölvustýrði kerfisráður hjá dreifiveitu í Evrópu. Samningur gerður við Hafnarfjarðarkaupstað um rekstur hitaveitu.

1974 Samningur gerður við Garðahrepp um rekstur hitaveitu.

1978 Miðlunarstíflan við Elliðavatn endurbyggð. Ný aðveitustöð byggð við Barónsstíg.
Stjórn veitustofnana sett á laggirnar.
Framkvæmdir við dælustöðvar á Jaðarssvæðinu hefjast.

1980 Nýjar dælustöðvar í Heiðmörk teknar í notkun. Ný 1000 mm æð frá Heiðmörkinni var tekin í notkun.

1983 Laxárvirkjun sameinuð Landsvirkjun, eignarhlutur Reykjavíkurborgar verður 44,525%.

1984 Skrifstofa Rafmagnsveitu flytur í nýtt húsnæði að Suðurlandsbraut 34.

1986 Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað að ráðast í virkjun Nesjavalla, að undangengnum miklum rannsóknum á svæðinu.

1990 Nesjavallavirkjun tekin í notkun.

1993 Eignar- og arðsréttur Kópavogs í Hitaveitu Reykjavíkur keyptur.

1997 Nýtt stjórnkerfi fyrir aðveitu og dreifikerfi. Hlutverk stjórnkerfisins er að vakta og fjarstýra raforkukerfinu.

1998 Raforkuvinnsla hefst á Nesjavöllum.
Lögð háspennulína frá Nesjavöllum að Korpu.

1999 Orkuveita Reykjavíkur tekur til starfa.

2000 Vatnsveita Reykjavíkur sameinast Orkuveitunni. Hitaveita Þorlákshafnar keypt.

2001 Ákveðið að sameina Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu. Samið um að Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðabær eignist hlut í Orkuveitu Reykjavíkur.

II. Um Akranesveitu.

Lýsing á fyrirtæki.

Akranesveita tók til starfa 1. janúar 1996. Þá voru sameinuð í eitt fyrirtæki Rafveita Akraness, Vatnsveita Akraness, dreifikerfi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar á Akranesi og í Innri-Akraneshreppi.

Jafnframt var ákveðið að tæknideild og áhaldahús Akraneskaupstaðar sameinuðust Akranesveitu og að ákveðnir rekstrarþættir sem tæknideildin og áhaldahúsið höfðu annast yrðu framvegis á hendi veitunnar.

Akranesveita tók að sér í umboði Akraneskaupstaðar framkvæmd á samningi dags. 8. 12. 1995 milli Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (HAB) og Akraneskaupstaðar sem m.a. gerði ráð fyrir að Akraneskaupstaður tæki að sér að annast framkvæmdastjórn, fjármálastjórn, tæknilega ráðgjöf og þjónustu fyrir HAB.

Á árinu 2000 voru í starfi hjá Akranesveitu 44 starfsmenn sem skiluðu 29,5 ársverkum.

Á haustmánuðum árið 2000 var unnið að skipulagsbreytingum hjá Akraneskaupstað og fyrirtækjum hans. Niðurstaða þeirra skipulagsbreytinga var að framkvæmdastjórn og fjármálalegi hluti veitunnar var fluttur yfir til Akraneskaupstaðar, jafnframt var tæknideild Akranesveitu sameinuð embætti byggingarfulltrúa hjá Akraneskaupstað.

Rafveita Akraness.

„Rafveitan á Akranesi“ var sameignarfélag sem stofnað var 1926 af áhugamönnum um byggingu og rekstur rafstöðvar til almenningsþarfa á Akranesi.

Það var síðan á aðalfundi rafveitunnar í júní 1945 að Akraneskaupstað var boðið að taka við rekstri veitunnar að uppfylltum nokkrum skilyrðum er vörðuðu skuldaskil o.fl. Bæjarstjórn gekk að tilboðinu þann 7. ágúst 1945.

Það er síðan í lok árs 1995 að bæjarstjórn Akraness samþykkir að Rafveita Akraness verði hluti af Akranesveitu.

Rafveita Akraness og síðar Akranesveita keypti/kaupir rafmagn af Rarik.

Vatnsveita Akraness.

Vatnsveita var lögð á Akranesi snemma á fimmta áratugnum. Veitan var rekin með sjálfstæðum fjárhag, en í tengslum við bæjarsjóð allt til 1995 þegar veitan var færð undir rekstur Akranesveitu.

Andakílsárvirkjun.

Árið 1942 var sameignarfélagið Andakílsárvirkjun stofnað af sýslunefndum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og Akraneskaupstað. Árið 1947 hófst síðan rekstur Andakílsárvirkjunar.

Akraneskaupstaður átti 33,33% í Andakílsárvirkjun, sveitarfélög í Mýrasýslu 33,33% og sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu 33,33% þar til árið 1996 að Akraneskaupstaður verður einn eigandi virkjunarinnar eftir að hafa keypt út aðra eignaraðila.

Andakílsárvirkjun selur Rafmagnsveitum ríkisins nær alla orkuframleiðslu sína.

Á árinu 2000 störfuðu að meðaltali um 2,5 starfsmenn hjá virkjuninni í jafnmörgum stöðugildum.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar var stofnuð 23. mars 1979 af Akraneskaupstað og Hitaveitu Borgarfjarðar (Borgarneshreppur, Andakílshreppur og Bændaskólinn að Hvanneyri).

Virkjun Deildartunguhvers í Reykholtsdal sér Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fyrir heitu vatni. Vatnið er flutt í aðveitulögn allt til Akraness eða um 60 km leið. Á leiðinni eru 4 dælustöðvar og 2 miðlunartankar. Jafnframt er samningur við eigendur jarðhitaréttinda í Bæjarsveit um nýtingu á borholum þar.

Á fundi eigenda HAB þann 8. desember 1995 var samþykktur nýr stofnsamningur og nýjar samþykktir fyrir veituna.

Eigendur veitunnar og eignarhlutar eru sem hér segir:

Akraneskaupstaður	53,7%
Andakílshreppur	4,3%
Borgarbyggð	21,3%
Ríkissjóður	20,7%

Í framhaldi af breytingum á samþykktum HAB breyttist rekstrarform veitunnar, hún er í dag að mestu leyti heildsöluaðili sem selur stærstan hluta af vatni sínu til Akranesveitu og Hitaveitu Borgarness. Orkuveita Reykjavíkur yfirtekur 53,7% eignarhluta Akraneskaupstaðar.

Í dag starfar enginn fastráðinn starfsmaður við veituna, lausráðinn starfsmaður er í hlutastarfi í Deildartungu.

HAB gerði þjónustusamninga við Akraneskaupstað og Borgarbyggð um stjórnun og rekstur veitunnar.

Fylgiskjal II.

VILJAYFIRLÝSING.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Akraness lýsa hér með yfir að Orkuveita Reykjavíkur og Akranesveita, Andakílsárvirkjun og 53,7% eignarhlutur Akraneskaupstaðar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar verði sameinuð frá og með 1. desember 2001. Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

- Eignarhlutur Reykjavíkurborgar í sameinuðu fyrirtæki verði um 95,0% og eignarhlutur Akraneskaupstaðar verði um 5,0% og er þar byggt á sameiginlegri matsskýrslu Deloitte & Touche hf. og Endurskoðunarskrifstofu Jóns Þórs Hallssonar.
- Bæjarstjórn Akraness skipi einn fulltrúa í stjórn og einn til vara í hinu sameinaða fyrirtæki.
- Sama þjónusta og gjaldskrá verði á Akranesi og í Reykjavík.
- Starfsmönnum fyrirtækjanna verð tryggð áframhaldandi störf hjá sameinuðu fyrirtæki. Í þeirri vinnu sem framundan er við úrvinnslu málsins verður rætt við þá starfsmenn sem breytingar þessar snerta og haft samráð við þá um þau atriði sem að þeim snúa.
- Höfuðstöðvar orkuveitunnar á Vesturlandi verði á Akranesi og að vinnuflokkar verði gerðir út þaðan.
- Á grundvelli framangreinds verði gert nánara samkomulag um útfærslu einstakra atriða.

Ástæða þess að ákveðið hefur verið að sameina rekstur þessara fyrirtækja er að framundan eru breytingar í orkumálum sem nauðsynlegt er að bregðast við auk þess sem Hvalfjarðargöng hafa sameinað Reykjavík og byggð norðan Hvalfjarðar í eitt atvinnusvæði. Aðilar eru sammála um að ef um semst geti önnur sveitarfélög orðið aðilar að fyrirtækinu. Markmið breytinganna eru eftirfarandi:

- Að sameinað fyrirtæki verði stærra og öflugra í breyttu samkeppnisumhverfi.
- Að hagræðing verði í rekstri.
- Að skapa ný sóknarfæri í sölu orku á veitusvæði fyrirtækisins.
- Að efla rekstraröryggi veitukerfa og auka þjónustu.

Akranesi, 26. júní 2001.

F.h. Akraneskaupstaðar,
með fyrirvara um samþykki
bæjarstjórnar Akraness:

Gísli Gíslason, bæjarstjóri.

Sveinn Kristinsson, forseti
bæjarstjórnar Akraness.

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki
borgarstjórnar Reykjavíkur:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
borgarstjóri.

Alfreð Þorsteinsson, formaður
stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Fylgiskjal III.

Borgarstjórinn í Reykjavík, f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur vegna Orkuveitu Reykjavíkur, og bæjarstjórinn í Hafnarfirði, f.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, gera með sér eftirfarandi

SAMNING
um lögn og rekstur hitaveitu í Hafnarfirði

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra, veitir hér með Orkuveitu Reykjavíkur einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitu sem annist dreifingu og sölu heits vatns í Hafnarfirði með þeim skilmálum sem nánar segir í samningi þessum. Framsalið er gert á grundvelli 31. greinar orkulaga nr. 58/1967.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar í Krísuvík.

Einkaleyfi Orkuveitu Reykjavíkur veitir ekki einkarétt til dreifingar á gufu.

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tryggir, að Orkuveita Reykjavíkur fái án endurgjalds, óhindraðan aðgang til lagnar og viðhalds dreifikerfis um götur, leigulóðir og eignalönd ef með þarf, þ.m.t. aðstaða fyrir vinnuflokka og efnisgeymslu meðan á framkvæmdum stendur. Kostnaðarauki, er stafar af því, að slíkt leyfi fáist ekki, eða ef breyta þarf lögnum vegna húsa eða mannvirkja, sem standa í götustæði, greiðist af bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tryggir einnig, að Orkuveita Reykjavíkur fái án endurgjalds nauðsynlegar lóðir fyrir dælustöðvar og miðlunargeyma.

Bætur til annarra en bæjarstjórnar Hafnarfjarðar fyrir jarðrask á löndum greiðist af Orkuveitu Reykjavíkur. Reynist nauðsynlegt að kaupa landspildur vegna lagna Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, greiðir bæjarsjóður Hafnarfjarðar kaupverð.

3. gr.

Orkuveita Reykjavíkur mun tryggja, að rekstraröryggi veitunnar og þjónusta í Hafnarfirði verði með svipuðum hætti og í Reykjavík.

4. gr.

Sama gjaldskrá um sölu á heitu vatni og greiðslu á stofngjöldum mun gilda á hverjum tíma í Hafnarfirði og í Reykjavík.

5. gr.

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og eignir skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar með sama hætti og til borgarsjóðs Reykjavíkur hverju sinni.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skal heimilt að tilnefna fulltrúa, er sé tengiliður hennar við Orkuveitu Reykjavíkur. Skal hann hafa aðgang að upplýsingum um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og reikningum hennar.

Hann skal hafa tillögurétt um þau málefni, er snerta Hafnarfjörð sérstaklega og koma á framfæri við Orkuveituna óskum og viðhorfum bæjarstjórnarinnar.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir viðræðum milli fulltrúa stjórnar Orkuveitunnar annars vegar og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hins vegar um málefni Orkuveitu Reykjavíkur í Hafnarfirði.

7. gr.

Með samningi þessum er felldur úr gildi samningur borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 1. nóvember 1973 um lögn og rekstur hitaveitu í Hafnarfirði. Samkvæmt 8. gr. þess samnings átti Hafnarfjörður rétt til arðs frá Hitaveitu Reykjavíkur að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í stað þess réttar og uppsafnaðs arðs fyrri tíma eignast Hafnarfjörður 1% í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum.

8. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn en heimilt er hvorum aðila að segja honum upp með 15 ára fyrirvara eftir gildistöku samningsins og miðast uppsagnarfresturinn við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögnin hefur borist gagnaðila.

Komi til uppsagnar samningsins skulu eignir Orkuveitu Reykjavíkur innan bæjarmarka Hafnarfjarðar svo sem dreifikerfi, hús, dælustöðvar og hlutdeild í aðfærsluæðum utan bæjarmarka metnar af til þess bærum aðilum. Skal einn matsmanna tilnefndur af hvorum aðila og nái þeir ekki samkomulagi skal oddamaður tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða meiri hluta matsmanna telst bindandi kaupsamningur fyrir báða. Skal matið miðast við endurstofnverð og hlutfall aldurs af áætluðum líftíma eignanna. Komi til uppsagnar skal semja sérstaklega um lagningu dreifikerfis í ný hverfi.

9. gr.

Samningur þessi hefur í för með sér að Orkuveita Reykjavíkur verður framvegis ekki borgarstofnun og því er nauðsynlegt að breyta henni í félag. Borgarstjórn Reykjavíkur tekur ákvörðun um hvaða rekstrarform verður valið og mun félagið yfirtaka réttindi og skyldur borgarstjórnar Reykjavíkur skv. samningi þessum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er ljóst að fleiri sveitarfélög kunna að eignast hlut í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. fylgiskjal II (viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Akraness, dags. 26. júní 2001) og III (samningur við Garðabæ, dags. í dag).

10. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. desember 2001 enda hafi þá eftirtöldum skilyrðum verið fullnægt.

1. Að samningurinn hafi verið samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Hafnarfjarðar.
2. Að samningurinn hafi verið samþykktur af iðnaðarráðherra, sbr. 1 gr.
3. Að rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið breytt og nauðsynlegar breytingar gerðar á lögum og reglugerðum sem af því kunna að leiða.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. fellur samningurinn úr gildi ef óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) hindra starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur að dómi borgarstjórnar Reykjavíkur. Ef slíkar aðstæður skapast á hvorugur aðili bótarétt á hendur hinum.

Mati borgarstjórnar skv. 1. mgr. má skjóta til dómstóla til breytingar eða staðfestingar.

12. gr.

Rísi mál út af samningi þessum eða öðru samkomulagi aðila er á samningi þessum byggist skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 21. september 2001

F.h. borgarstjórnar Reykjavíkur,	F.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.	Magnús Gunnarsson.

Vottar:

Fylgiskjal IV.

Borgarstjórinn í Reykjavík, f.h. borgarstjórnar Reykjavíkur vegna Orkuveitu Reykjavíkur, og bæjarstjórinn í Garðabæ, f.h. bæjarstjórnar Garðabæjar, gera með sér eftirfarandi

SAMNING
um lögn og rekstur hitaveitu í Garðabæ

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar, með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra, veitir hér með Orkuveitu Reykjavíkur einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitu sem annist dreifingu og sölu heits vatns í Garðabæ með þeim skilmálum sem nánar segir í samningi þessum. Framsalið er gert á grundvelli 31. greinar orkulaga nr. 58/1967.

Einkaleyfi Orkuveitu Reykjavíkur veitir ekki einkarétt til dreifingar á gufu.

2. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar tryggir, að Orkuveita Reykjavíkur fái án endurgjalds, óhindraðan aðgang til lagnar og viðhalds dreifikerfis um götur, leigulóðir og eignalönd ef með þarf, þ.m.t. aðstaða fyrir vinnuflokka og efnisgeymslu meðan á framkvæmdum stendur. Kostnaðarauki, er stafar af því, að slíkt leyfi fáist ekki, eða ef breyta þarf lögnum vegna húsa eða mannvirkja, sem standa í götustæði, greiðist af bæjarstjórn Garðabæjar.

Bæjarstjórn Garðabæjar tryggir einnig, að Orkuveita Reykjavíkur fái án endurgjalds nauðsynlegar lóðir fyrir dælustöðvar og miðlunargeyma.

Bætur til annarra en bæjarstjórnar Garðabæjar fyrir jarðrask á löndum greiðist af Orkuveitu Reykjavíkur. Reynist nauðsynlegt að kaupa landspildur vegna lagna Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar, greiðir bæjarsjóður Garðabæjar kaupverð.

3. gr.

Orkuveita Reykjavíkur mun tryggja, að rekstraröryggi veitunnar og þjónusta í Garðabæ verði með svipuðum hætti og í Reykjavík.

4. gr.

Sama gjaldskrá um sölu á heitu vatni og greiðslu á stofngjöldum mun gilda á hverjum tíma í Garðabæ og í Reykjavík.

5. gr.

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og eignir skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum til bæjarsjóðs Garðabæjar með sama hætti og til borgarsjóðs Reykjavíkur hverju sinni.

6. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar skal heimilt að tilnefna fulltrúa, er sé tengiliður hennar við Orkuveitu Reykjavíkur. Skal hann hafa aðgang að upplýsingum um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur og reikningum hennar.

Hann skal hafa tillögurétt um þau málefni, er snerta Garðabæ sérstaklega og koma á framfæri við Orkuveituna óskum og viðhorfum bæjarstjórnarinnar.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir viðræðum milli fulltrúa stjórnar Orkuveitunnar annars vegar og bæjarstjórnar Garðabæjar hins vegar um málefni Orkuveitu Reykjavíkur í Garðabæ.

7. gr.

Með samningi þessum er felldur úr gildi samningur borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Garðabæjar frá 22. mars 1974 um lögn og rekstur hitaveitu í Garðabæ. Samkvæmt 8. gr. þess samnings átti Garðabær rétt til arðs frá Hitaveitu Reykjavíkur að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í stað þess réttar og uppsafnaðs arðs fyrri tíma eignast Garðabær 0,5% í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum.

8. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn en heimilt er hvorum aðila að segja honum upp með 15 ára fyrirvara eftir gildistöku samningsins og miðast uppsagnarfresturinn við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögnin hefur borist gagnaðila.

Komi til uppsagnar samningsins skulu eignir Orkuveitu Reykjavíkur innan bæjarmarka Garðabæjar svo sem dreifikerfi, hús, dælustöðvar og hlutdeild í aðfærsluæðum utan bæjarmarka metnar af til þess bærum aðilum. Skal einn matsmanna tilnefndur af hvorum aðila og nái þeir ekki samkomulagi skal oddamaður tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstaða meiri hluta matsmanna telst bindandi kaupsamningur fyrir báða. Skal matið miðast við endurstofnverð og hlutfall aldurs af áætluðum líftíma eignanna. Komi til uppsagnar skal semja sérstaklega um lagningu dreifikerfis í ný hverfi.

9. gr.

Samningur þessi hefur í för með sér að Orkuveita Reykjavíkur verður framvegis ekki borgarstofnun og því er nauðsynlegt að breyta henni í félag. Borgarstjórn Reykjavíkur tekur ákvörðun um hvaða rekstrarform verður valið og mun félagið yfirtaka réttindi og skyldur borgarstjórnar Reykjavíkur skv. samningi þessum. Bæjarstjórn Garðabæjar er ljóst að fleiri sveitarfélög kunna að eignast hlut í Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. fylgiskjal II (viljayfirlýsing

Reykjavíkurborgar og Akraness, dags. 26. júní 2001) og III (samningur við Hafnarfjörð, dags. í dag).

10. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. desember 2001 enda hafi þá eftirtöldum skilyrðum verið fullnægt.

1. Að samningurinn hafi verið samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Garðabæjar.
2. Að samningurinn hafi verið samþykktur af iðnaðarráðherra, sbr. 1 gr.
3. Að rekstrarformi Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið breytt og nauðsynlegar breytingar gerðar á lögum og reglugerðum sem af því kunna að leiða.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. fellur samningurinn úr gildi ef óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) hindra starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur að dómi borgarstjórnar Reykjavíkur. Ef slíkar aðstæður skapast á hvorugur aðili bótarétt á hendur hinum.

Mati borgarstjórnar skv. 1. mgr. má skjóta til dómstóla til breytingar eða staðfestingar.

12. gr.

Rísi mál út af samningi þessum eða öðru samkomulagi aðila er á samningi þessum byggist skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

13. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 21. september 2001

F.h. borgarstjórnar Reykjavíkur,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

F.h. bæjarstjórnar Garðabæjar,

Ásdís Halla Bragadóttir.

Vottar:

Fylgiskjal V.

Fylgiskjal I
með samningum Reykjavíkurborgar,
Hafnarfjarðar og Garðabæjar, dags. 21. september 2001.

Samkomulag er um að Hafnarfjörður eigi framvegis 1% af Orkuveitu Reykjavíkur en Garðabær ½%. Byggjast þessir eignarhlutar á endurreikningi á arðshluta fyrri ára, sbr. töflur 1, 2, 3 og 4 með fylgiskjali þessu. Jafnframt er samkomulag um að virði arðshlutdeildar sveitarfélaganna til framtíðar sé metin tvöfalt á við uppsafnaðan arð. Uppsafnaður arður Hafnarfjarðar með verðbótum og vöxtum nemur samtals 110,969 m.kr. en Garðabæjar 57,539 m.kr. Samkvæmt ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur árið 2000 er eigið fé Orkuveitunnar 33923 m.kr.

Hlutdeild Hafnarfjarðar verður 110,969 x 3 /33923 = 0,98%, sem verður 1%.

Hlutdeild Garðabæjar verður 57,539 x 3 /33923 = 0,51%, sem verður 0,5%.

Reykjavík, 21. september 2001

F.h. Reykjavíkurborgar,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Magnús Gunnarsson.

F.h. Garðabæjar,

Ásdís Halla Bragadóttir.

Fylgiskjal VI.

VILJAYFIRLÝSING.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Borgarbyggðar lýsa hér með yfir að Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Borgarness og 21,3% eignarhlutur Borgarbyggðar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar verði sameinuð frá og með 1. janúar 2002 í Orkuveitu Reykjavíkur sf. Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

- Eignarhlutur Borgarbyggðar í Orkuveitu Reykjavíkur sf. verður 0,75% og er þar byggt á matsskýrslu Deloitte & Touche hf., dags. 10. 12. 2001.
- Sama gjaldskrá og þjónusta verði í Borgarnesi og í Reykjavík. Á öðrum svæðum í Borgarbyggð verður leitast við að veita góða þjónustu á hagstæðu verði.
- Starfsmönnum fyrirtækjanna verði tryggð áframhaldandi störf hjá sameinuðu fyrirtæki. Í þeirri vinnu sem framundan er við úrvinnslu málsins verður rætt við þá starfsmenn sem breytingar þessar snerta og haft samráð við þá um þau atriði sem að þeim snúa.
- Á grundvelli framangreinds verði gert nánara samkomulag um útfærslu einstakra atriða.

Ástæða þess að ákveðið hefur verið að sameina rekstur þessara fyrirtækja er að framundan eru breytingar í orkumálum sem nauðsynlegt er að bregðast við auk þess sem Hvalfjarðargöng hafa aukið mjög samskipti byggðar á höfuðborgarsvæðinu og byggðar norðan Hvalfjarðar og í Borgarfirði. Markmið breytinganna eru eftirfarandi:

- Að sameinað fyrirtæki verði stærra og öflugra í breyttu samkeppnisumhverfi.
- Að hagræðing verði í rekstri.
- Að skapa ný sóknarfæri í sölu orku á veitusvæði fyrirtækisins.
- Að efla rekstraröryggi veitukerfa og auka þjónustu.
- Orkuveitan mun í framhaldi sameiningar leggja áherslu á að kannaðir verði möguleikar þess að veita þjónustu í hinum dreifðari byggðum Borgarbyggðar.
- Kannað verði í framhaldi sameiningar með aðkomu Orkuveitunnar að rekstri vatnsveitu í Borgarbyggð. Stefnt er að því að ákvarðanir um slíkt liggi fyrir á árinu 2002.

Borgarnesi, 10. desember 2001

F.h. Borgarbyggðar, með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar:	F.h. Reykjavíkurborgar, með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur:
Stefán Kalmansson, bæjarstjóri.	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri.
Guðrún Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar.	Alfreð Þorsteinsson, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Fylgiskjal VII.

VILJAYFIRLÝSING.

Borgarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar lýsa hér með yfir að Orkuveita Reykjavíkur og 4,3% eignarhlutur Borgarfjarðarsveitar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar verði sameinuð frá og með 1. janúar 2002 í Orkuveitu Reykjavíkur sf. Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

- Eignarhlutur Borgarfjarðarsveitar í Orkuveitu Reykjavíkur sf. verður 0,17% og er þar byggt á matsskýrslu Deloitte & Touche hf., dags. 10. 12. 2001.

Ástæða þessarar aðgerðar er að framundan eru breytingar í orkumálum, sem nauðsynlegt er að bregðast við auk þess sem Hvalfjarðargöng hafa aukið mjög samskipti byggðar á höfuðborgarsvæðinu og byggðar norðan Hvalfjarðar og í Borgarfirði. Markmið breytinganna eru eftirfarandi:

- Að sameinað fyrirtæki verði stærra og öflugra í breyttu samkeppnisumhverfi.
- Að hagræðing verði í rekstri.
- Að skapa ný sóknarfæri í sölu orku á veitusvæði fyrirtækisins.
- Að efla rekstraröryggi veitukerfa og auka þjónustu.

– Orkuveitan mun í framhaldi sameiningar leggja áherslu á að kannaðir verði möguleikar þess að veita þjónustu í hinum dreifðari byggðum Borgarfjarðarsveitar.

Borgarnesi 10. desember 2001

F.h. Borgarfjarðarsveitar,
með fyrirvara um samþykki
hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar:

Ríkharð Brynjólfsson, oddviti.

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki
borgarstjórnar Reykjavíkur:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
borgarstjóri.

Alfreð Þorsteinsson, formaður
stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina hvaða reglur eiga að gilda um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

563. Fyrirspurn [367. mál]

til fjármálaráðherra um kyn- og tekjudreifingu framteljenda.

Frá Stefaníu Óskarsdóttur.

Hvernig skiptast þeir sem töldu fram til skatts fyrir árið 2000 á tekjubil (með 50 þús. kr. bili), frá 0 upp í 1 millj. kr. og yfir 1 millj. kr. þegar með eru taldar atvinnutekjur, fjármagnstekjur og bætur almannatrygginga og hvernig er skiptingin milli kynja í hverju tekjubili?

Skriflegt svar óskast.

564. Fyrirspurn [368. mál]

til heilbrigðisráðherra um kærur vegna læknamistaka.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver er fjöldi þeirra kærumála vegna læknamistaka sem komið hafa til kasta landlæknisembættisins árin 1990, 1995, 2000 og 2001? Ef um fjölgun er að ræða, hver er meginástæða hennar?

Hver er þróun heildarkostnaðar landlæknisembættisins vegna meðferðar þeirra kvartana og kærumála sem embættinu hafa borist, skipt niður á árin 1990, 1995, 2000 og 2001?

565. Fyrirspurn [369. mál]

til dómsmálaráðherra um útkallstíma björgunarþyrlu og stjórn björgunaraðgerða.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hver er skýringin á því að viðbragðstími við útkalli á TF Líf vegna sjóslyss við Svörtuloft var svo langur sem raun bar vitni?
2. Hvers vegna var varnarliðsþyrla ekki kölluð út samtímis þar sem erfiðar aðstæður til björgunar við þessa strönd eru þekktar, m.a. úr sjóslysum þar sem aðeins var unnt að bjarga mönnum með þyrlu?
3. Hverjum í stjórnkerfi slysavarna ber að kalla eftir aðstoð varnarliðsins og hvers vegna dróst það í þessu tilviki?

566. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurskoðendafyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

2. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af tilskipun 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú sem hér er lögð til er gerð vegna samningsskuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum. Skv. b-lið 2. mgr. 28. gr. 8. tilskipunar ráðsins, um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna, er endurskoðendafyrirtækjum skylt að hafa nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa aðgengileg almenningi. Er gert ráð fyrir að fyrirtæki geti ýmist haft aðgengilegan lista eða jafnvel upplýsingar á netsíðum félagsins til að fullnægja framangreindum skuldbindingum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um endurskoðendur sem felur í sér að slíkum fyrirtækjum verði skylt að tryggja að nöfn félagsmanna eða hluthafa verði aðgengileg fyrir almenning. Sú breyting er í samræmi við ákvæði í tilskipun Evrópuráðsins nr. 84/253/EBE og skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Ekki er talið að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

567. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Hjörleif Kvaran borgarlögmann og Alfreð Þorsteinsson og Guðmund Þóroddsson frá Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt bárust erindi um málið frá Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ og sameiginlegt erindi frá Akraneskaupstað, Borgarfjarðarsveit og Borgarbyggð.

Frumvarpinu er ætlað að veita Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit heimild til að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu og Andakílsárvirkjunar undir nafni Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrir liggja viljayfirlýsingar framangreindra aðila um sameiningu við Orkuveitu Reykjavíkur og sameignarsamningur milli aðilanna hefur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 13. des. 2001.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni R. Árnason.
Árni Steinar Jóhannsson.	Drífa Hjartardóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal.

SAMEIGNARSAMNINGUR

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Reykjavík, Akranesbær, kt. 410169-4449, Stillholti 16–18, Akranesi, Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, Borgarbyggð, kt. 510694-2289, Borgarbraut 11, Borgarnesi, Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit, kt. 480698-2669, Litla Hvammi, Borgarfjarðarsveit, hafa ákveðið að stofna sameignarfyrirtæki og gera af því tilefni svofelldan

SAMNING

1. gr.

Heiti fyrirtækisins er Orkuveita Reykjavíkur.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Fyrirtækið mun starfrækja útibú á Akranesi, Borgarnesi og í Þorlákshöfn. Fyrirtækinu er heimilt að starfrækja útibú á öðrum stöðum.

2. gr.

Sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur tekur til starfa 1. janúar 2002 og yfirtekur frá þeim degi allar eignir og skuldir, réttindi og skyldur borgarstofnunarinnar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar, Hitaveitu Borgarness og eignarhluta Akranesbæjar, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Fyrirtækið er sjálfstæður skattaðili og skal skráð hjá sýslumanninum í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur fyrirtækisins er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum.

4. gr.

Við gerð sameignarsamnings þessa liggja til grundvallar eftirtalin fylgiskjöl: viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Akranesbæjar, dags. 26. júní 2001, sbr. fylgiskjal I, samningar Reykjavíkurborgar annars vegar við Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ hins vegar, dags. 21. september 2001 ásamt fylgiskjali, sbr. fylgiskjöl II, III og IV, viljayfirlýsingar Reykjavíkurborgar annars vegar Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar hins vegar, dags. 10. desember 2001, sbr. fylgiskjöl V og VI. Drög að stofnefnahagsreikningi, fylgiskjal VII.

5. gr.

Á grundvelli framlaga sameigenda til sameignarfyrirtækisins, sbr. 4. gr., hafa eignarhlutföll verið ákveðin. Eignarhlutir í sameignarfyrirtækinu grundvallast á samkomulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga og skiptast svofellt milli sameigenda:

Reykjavíkurborg	92,22%
Akranesbær	5,45%
Hafnarfjarðarbær	0,94%
Borgarbyggð	0,75%
Garðabær	0,47%
Borgarfjarðarsveit	0,17%
Samtals	100,00%

6. gr.

Stjórn fyrirtækisins skal skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum skal atkvæði formanns vega tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Stjórn fyrirtækisins stýrir öllum málefnum þess milli aðalfunda/aukafunda og gætir hagsmuna þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

7. gr.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrirfram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Heimild til að skuldbinda sameignarfyrirtækið, með þeim takmörkunum sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar, er í höndum stjórnar þess og nægir atkvæði meirihluta stjórnarmanna til þessa. Með skuldbindingum er í ákvæði þessu átt við lántökur, kaup, sölu eða veðsetningu á fasteignum fyrirtækisins eða öðrum veigameiri eignum þess, hlutabréfum, lánveitingar, o.þ.h.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu, sbr. 4. gr.

8. gr.

Stjórn sameignarfyrirtækisins ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfsliðs. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri skal sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir forstjóra og öðrum starfsmönnum prókúruumboð samkvæmt nánari ákvörðun þar að lútandi.

9. gr.

Starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur. Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja fyrirtæki og skulu þeim boðin störf hjá því, sambærileg þeim er þeir áður gegndu. Umræddir starfsmenn skulu ekki njóta lakari réttinda og starfskjara en þeir nutu í störfum sínum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness.

10. gr.

Stjórn sameignarfyrirtækisins setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatnsveitu til notenda.

Gjaldskrár vegna sölu á rafmagni og heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Orkuveita Reykjavíkur hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum. Skal tekjunum varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun mannvirkja og tækja.

Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af aðalfundi.

Rekstur hinna ýmsu deilda Orkuveitu Reykjavíkur skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir Orkuveitu Reykjavíkur og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal háttað þannig að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á hinar ýmsu deildir samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Við rekstur Orkuveitu Reykjavíkur skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi.

11. gr.

Æðsta vald í málefnum fyrirtækisins er í höndum lögmætra aðalfunda. Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Stjórn skal boða til aðalfundar með tilkynningu til hvers sameiganda í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið reikningsár, ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins, lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á aðalfundum/aukafundum.

Rétt til setu á aðalfundi eiga borgar-, bæjar- og sveitarstjórar eignaraðila, stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Borgar-, bæjar- og sveitarstjórar hlutaðeigandi sveitarfélaga, eða aðrir þeir sem fengið hafa umboð til þess, fara með atkvæðisrétt eignaraðila á aðalfundi og skal vægi atkvæða vera í samræmi við eignarhluta hvers sameiganda. Heimilt er stjórn fyrirtækisins að bjóða öðrum að sitja aðalfund fyrirtækisins.

12. gr.

Aukafundi eigenda (eigendafundi) skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða kröfu sameigenda sem ráða yfir a.m.k. 5% eignarhluta í Orkuveitu Reykjavíkur. Slíkar kröfur skulu gerðar skriflega til stjórnar og fundarefni tilgreint og skal fundur þá boðaður með sjö daga fyrirvara. Stjórn skal boða til aukafundar með tilkynningu til hvers sameiganda í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt og skal fundarefnis getið í fundarboði. Um atkvæðagreiðslur, vægi atkvæða o.þ.h. gilda sömu reglur og á aðalfundum.

13. gr.

Orkuveita Reykjavíkur greiðir eigendum sínum arð í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags í sameignarfyrirtækinu, sbr. 5. gr. sameignarsamnings þessa. Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu sameignarfyrirtækisins.

14. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

15. gr.

Sameignarsamningi þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með samþykki eigenda sem ráða yfir a.m.k. ¾ eignarhluta fyrirtækisins. Engin sérréttindi fylgja eignarhlutum í fyrirtækinu að öðru leyti en greinir í sameignarsamningi þessum. Sameigendur þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars. Sameigendum er óheimilt að selja eignarhlut sinn eða ganga úr sameignarfyrirtækinu án samþykkis sameig-

enda. Þá er sameigendum óheimilt að veðsetja eignarhlut sinn í fyrirtækinu eða ráðstafa honum á annan hátt.

16. gr.

Við undirritun sameignarsamnings þessa liggja fyrir drög að stofnefnahagsreikningi Orkuveitu Reykjavíkur, árituð af löggiltum endurskoðanda, sbr. fylgiskjal VII.

Með sameignarsamningi þessum eru 7 fylgiskjöl og eru þau öll hluti sameignarsamnings þessa.

17. gr.

Sameignarsamningur þessi eru gerður á grundvelli 11. gr. frumvarps til laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Sameignarsamningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. sameignarsamnings um kjörtímabil stjórnar skal stjórn sú sem kjörin verður til starfa við stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur einungis starfa til aðalfundar ársins 2002.

Fyrirvari:

Sameignarsamningur þessi er gerður með fyrirvara um að fyrirliggjandi lagafrumvarp um stofnun sameignarfyrirtækisins Orkuveita Reykjavíkur verði samþykkt á Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 2001. Jafnframt að ekki verði gerðar breytingar á fyrirliggjandi lagafrumvarpi sem raski forsendum og fyrirætlunum sem sameignarsamningur þessi byggir á.

Reykjavík, 12. desember 2001.

F.h. Reykjavíkurborgar,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

F.h. Akranesbæjar,

Gísli Gíslason.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Magnús Gunnarsson.

F.h. Borgarbyggðar,

Stefán Kalmansson.

F.h. Garðabæjar,

Guðjón E. Friðriksson.

F.h. Borgarfjarðarsveitar,

Þórunn Gestsdóttir.

568. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn leggst harðlega gegn afgreiðslu þessa frumvarps að svo komnu máli þar sem málið hefur lítið verið rætt og er lítt undirbúið. Meginhugmynd frumvarpsins er að auka til muna valdheimildir Flugmálastjórnar án þess að mikið liggi fyrir um hvernig þær verða framkvæmdar eða hvort stofnunin sé á nokkurn hátt í stakk búin til að taka við og fara með slíkar valdheimildir. Þá hefur komið fram í umsögnum um málið og hjá gestum sem hafa komið á fund samgöngunefndar að eins og staðan sé í samskiptum Flugmálastjórnar og ýmissa aðila sem starfa við flug hér á landi sé traust þeirra á stofnuninni lítið sem ekkert.

Í frumvarpinu er lagt til að valdheimildir og þvingunarúrræði Flugmálastjórnar Íslands verði auknar verulega í ýmsum veigamiklum þáttum:

1. Flugmálastjórn er veitt heimild til að áskilja að fyrirsvarsmenn framleiðenda, viðhaldsaðila og flugrekstraraðila standist sérstaka prófraun. Flugmálastjórn veitir þeim viðurkenningu sem standast prófraunina og getur hún síðan hvenær sem er fellt viðurkenningu sína úr gildi.
2. Flugmálastjórn er veitt vald til að svipta leyfishafa samkvæmt lögunum leyfi til bráðabirgða hvenær sem þeir gerast brotlegir við lög, reglur eða fyrirmæli Flugmálastjórnar sem um starfsemina gilda.
3. Flugmálastjórn getur svipt eigendur eða umráðamenn flugvalla starfsleyfi ef þeir fullnægja ekki þeim skilyrðum sem sett eru.
4. Flugmálastjórn er falið að gera flugverndaráætlun fyrir landið allt og skal hún jafnframt samþykkja flugverndaráætlanir sem eftirlitsskyldir aðilar gera. Ekki er annað að sjá en að með þessu geti Flugmálastjórn lagt nokkrar kvaðir á eftirlitsskylda aðila.
5. Flugmálastjórn er veitt heimild til að leggja dagsektir á eftirlitsskylda aðila ef þeir verða ekki við kröfum stofnunarinnar eða veita ekki umbeðnar upplýsingar. Geta dagsektir numið frá 10.000 kr. upp í allt að 1 millj. kr.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ein meginrót þess að það er lagt fram sé að í kjölfar flugslyssins í Skerjafirði 7. ágúst 2000 hafi komið í ljós verulegir brestir í skipulagi flugrekstraraðila vélarinnar sem fórst og jafnframt að Flugmálastjórn teldi sig ekki hafa yfir nægum úrræðum að ráða til að eftirlit stofnunarinnar bæri tilætlaðan árangur. Komið hefur fram í umfjöllun nefndarinnar, sem ekki var mikil, að frumvarpið og hugmyndir sem þar er að finna séu krampakennd viðbrögð stjórnvalda við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á flugmálayfirvöld og frammistöðu þeirra í kjölfar umræddsslyss.

Enn fremur hefur komið skýrt fram að ef takast á að skapa traust milli Flugmálastjórnar og margra hópa sem starfa að flugmálum sé nauðsynlegt að skipta stofnuninni upp í flugöryggissvið annars vegar og flugþjónustusvið hins vegar. Það getur ekki gengið að stofnun sem m.a. hefur það hlutverk að greiða götu þeirra sem starfa að flugmálum skuli einnig hafa eftirlit með öryggismálum sömu aðila. Þá er á það bent að sami aðili fari með rekstur og viðhald flugvalla, fjalli um öryggismál þeirra og veiti þeim leyfi fyrir starfseminni. Þetta á einnig við um rekstur aðila og útgáfu leyfisskírteina. Hagsmunaárekstrarnir eru of margir. Afleiðingin þessa fyrirkomulags er sú að stofnunin er rúin trausti margra sem starfa í fluginu.

Samgöngunefnd hafa borist fjölmargar umsagnir um málið. Í þeim er að finna mjög alvarlegar athugasemdir við störf og starfshætti Flugmálastjórnar Íslands. Minni hlutinn telur

nauðsynlegt að fá ítarlegri upplýsingar um þessar athugasemdir og kanna réttmæti þeirra til hlítar áður en Flugmálastjórn verða veittar þær stórauknu valdheimildir og þvingunarúrræði sem í frumvarpinu felast. Slíkt gæti leitt til aukinna hagsmunaárekstra, en af þeim er nóg ef marka má umræddar athugasemdir og er slíkt ekki til þess fallið að auka öryggi í flugsamgöngum hér á landi. Minni hlutinn er tilbúinn til þess að taka þátt í þeirri vinnu sem nauðsynleg er til þess að koma málum til betri vegar. Til þess að af því geti orðið er nauðsynlegt að skipta Flugmálastjórn upp. Á meðan stofnunin fer með allt vald, rannsakar, framkvæmir, dæmir og gefur út leyfi er hættan á hagsmunaárekstrum of mikil til þess að friður geti skapast í einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu leggst minni hlutinn gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 13. des. 2001.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Kristján L. Möller. Jón Bjarnason.

569. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til girðingarlaga.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 5. gr. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ábúendur, sem búið hafa við ógirt land sl. 20 ár, eiga rétt á því að krefjast annarrar kostnaðarskiptingar.

Greinargerð.

Telja verður ósanngjarnt að ábúendur, sem búið hafa lengi við ógirt land án þess að neinum skaða hafi valdið, eigi við það að búa að ef nýr eignaraðili verður að næstu jörð geti sá krafist girðingar. Jafnvel þótt áratugahefð sé fyrir ógirtu landi getur hinn nýi eignaraðili krafið bændur, sem lengi hafa búið, um að bera kostnað að hálfu við girðingu á landi sem aldrei hefur verið girt.

Með breytingartillögunni er þeim sem búið hafa á jörðum tryggð betri réttarstaða.

570. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði A. Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins og Kolfinnu Jóhannesdóttur frá Náttúruverndarráði. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi,

Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun og Skógrækt ríkisins.

Með frumvarpinu er lagt til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og að gerðar verði breytingar á ákvæðum laganna til samræmis við það. Jafnframt er lagt til að í stað náttúruverndarþings boði umhverfisráðherra reglulega til umhverfisþings sem hafi mun víðtækara hlutverk en það fyrrnefnda. Náttúruverndarþing var síðast haldið í lok janúar 2000. Samkvæmt því ætti að boða til næsta náttúruverndarþings í lok janúar 2002. Nefndin telur æskilegt að umhverfisþing verði haldið á yfirstandandi kjörtímabili.

Frá því að núverandi Náttúruverndarráð hóf störf árið 1997 hafa orðið miklar breytingar á umfjöllun og þátttöku almennings í ákvarðanatöku um umhverfismál. Starfsemi Náttúruverndar ríkisins hefur eflst á þessum tíma og hefur hún að mörgu leyti sinnt því ráðgjafarhlutverki sem Náttúruverndarráði var ætlað með lögunum. Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur einnig aukist verulega undanfarið og skarast hlutverk hennar einnig nokkuð við ráðgjafarhlutverk Náttúruverndarráðs. Þá ber þess að geta að frjáls félagasamtök hafa tekið í vaxandi mæli þátt í umfjöllun um umhverfismál og það er almenn skoðun og samrýmist hugmyndum nefndarinnar að frjáls félagasamtök um umhverfismál hafi það hlutverk að halda uppi gagnrýnni umræðu sem nýtist stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál.

Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir að ekki verði lengur starfrækt sérstakt ráðgefandi ráð um náttúruverndarmál en í stað þess verði samskipti stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka styrkt og þeim fundinn skýr farvegur. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er þetta í raun mjög í samræmi við þróun annars staðar og nægir í því sambandi að nefna samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum sem skrifað var undir í Árósum 1998.

Umhverfisnefnd óskaði nýverið eftir upplýsingum frá umhverfisráðuneyti um stöðu mála varðandi fullgildingu Árósasamningsins sem lagður var fyrir Alþingi til fullgildingar á 126. löggjafarþingi í formi þingsályktunartillögu. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er málið nú í athugun hjá umhverfis-, utanríkis- og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Umhverfisráðuneytið leggur áherslu á að þessari vinnu verði lokið sem fyrst og stefnt er að því að leggja samninginn og þær lagabreytingar sem nauðsynlegar reynast fyrir Alþingi á vorþingi 2002.

Undanfarin ár hefur Náttúruverndarráði verið tryggð fjárveiting á fjárlögum til rekstrar ráðsins. Umhverfisnefnd leggur áherslu á að sá hluti þeirra fjármuna, ásamt öðrum fjármunum sem ætlaðir eru til úthlutunar til félagasamtaka fari í safnliði í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Nefndin mun á yfirstandandi þingi gera tillögur um hvernig ákvörðun um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka verði háttað í framtíðinni. Í þeim tillögum yrði m.a. höfð hliðsjón af eðli starfsemi viðkomandi félaga og umfangi þeirra og jafnræðis gætt við úthlutun.

Það er mat nefndarinnar að breyting sú sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins á 2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna lúti eingöngu að orðalagi þótt ummæli í athugasemdum og greinargerð með frumvarpinu bendi til annars.

Umhverfisnefnd komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti ýmsar breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi sem og á lögunum sjálfum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til nauðsynleg breyting á 1. gr. til samræmis við aðrar breytingar í þeirri grein. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að hugtakið búsvæði komi fyrir í þremur greinum laganna, 60., 66. og 68. gr. Hið rétta er að það kemur fyrir í sex grein-

um laganna, þ.e. einnig í 3., 50., og 53. gr. Því eru einnig lagðar til breytingar á þremur síðasttöldu greinunum þannig að notkun hugtakanna verði færð til samræmis við orðanotkun stofnana hér á landi á sviði náttúrufræða og til samræmis við orðanotkun í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.

2. Á 4. gr. frumvarpsins er lögð til orðalagsbreyting sem ætlað er að taka af allan vafa um að til umhverfisþings verði boðað að loknum hverjum alþingiskosningum.
3. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á tilvísunum í 14. og 20. gr. laganna vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem númer á girðingarlögum í 2. mgr. 23. gr. laganna er fellt niður. Ástæða þessa er sú að frumvarp til nýrra heildarlaga um girðingar bíður nú 2. umræðu í þinginu. Með því að fella út númer laganna yrði með tilvísuninni í 23. gr. laganna átt við þau girðingarlög sem í gildi eru á hverjum tíma.
5. Í 5. gr. frumvarpsins (er verður 7. gr.) hefur orðinu „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna verið breytt í „jarðmyndanir og vistkerfi“ Hér er lagt til að sambærilegar breytingar verði einnig gerðar í 2. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 47. gr. laganna. Þessar breytingar eru gerðar til samræmis við þróun sem orðið hefur í vinnu við hugtakanotkun bæði hér á landi og erlendis. Orðnotkun er þannig færð til samræmis við það sem notað er í vinnu stofnana á sviði náttúrufræða og í alþjóðasamningum og alþjóðavinnu.
6. Breyting sú sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins (er verður 8. gr.) lýtur einungis að orðalagi og er henni ætlað að einfalda það og skýra.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2001.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Drífa Hjartardóttir.	Hjálmar Árnason.

571. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Við bætist nýr liður, er verði b-liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í b-lið 5. tölul. kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.
2. Við 4. gr. 1. efnismgr orðist svo:
   Umhverfisráðherra skal boða til umhverfisþings að loknum hverjum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

3. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (5. gr.)
      Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 3. gr.“ í 2. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 20. gr. laganna kemur: 8. tölul. 3. gr.
   b. (6. gr.)
      Tilvísunin „nr. 10/1965“ í 2. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.
4. Við 5. gr. er verði 7. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi falli: jarðmyndanir og vistkerfi.
5. Við 6. gr. er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33.gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila.
6. Á eftir 6. gr. er verði 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   D-liður 50. gr. laganna orðast svo: friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.
7. Á eftir 7. gr. er verði 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.
8. Við 9. gr. er verði 13. gr. Við bætist nýr liður, b-liður, svohljóðandi: 1. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna orðast svo: Áætlun skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana.

572. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði A. Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn frá Endurvinnslunni hf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 4. mgr. 3. gr. laganna falli brott. Samkvæmt því ákvæði ber Endurvinnslunni hf. að greiða 5% af árlegum tekjuafgangi sínum til Náttúruverndarráðs. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að Náttúruverndarráð verði starfrækt áfram er lagt til að ákvæðið falli brott.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. des. 2001.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Jóhann Ársælsson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.	Hjálmar Árnason.

573. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur einnig afmarkað almennan reit í kirkjugarði, þar sem ösku látinna verði komið fyrir, án þess að grafarnúmers sé getið, en nöfn hinna látnu skulu færð í legstaðaskrá, sbr. 1. mgr. 27. gr.
c. 4. mgr. orðast svo:

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu.

2. gr.

Í stað orðsins „Utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Skráðum trúfélögum.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Í því eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, þjóðminjavörður eða fulltrúi hans, einn fulltrúi tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi kosinn af kirkjuþingi. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Biskup Íslands eða fulltrúi hans skal vera formaður kirkjugarðaráðs. Ef atkvæði falla jöfn í ráðinu ræður atkvæði biskups.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf kirkjugarðaráðs, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs og fer með málefni hans, sbr. 40. gr.

4. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kirkjugarðaráð setur viðmiðunarreglur í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur hvað felst í skyldu sveitarfélaga til að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu.

5. gr.

Í stað orðanna „skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 2. mgr. 16. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. og 3. mgr. 27. gr., 2. mgr. 28. gr., 1. og 4. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 36. gr., 1. mgr. 43. gr. og 51. gr. laganna kemur, í viðeigandi falli: kirkjugarðaráð.

6. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur, en því aðeins að tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðherra setur reglur um fjárstuðning kirkjugarðsstjórna í þessum efnum.

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Grafstæði í kirkjugörðum skal vera 2,50 x 1,20 metrar og grafstæði duftkera 0,75 x 0,75 metrar.

9. gr.

1. málsl. 34. gr. laganna orðast svo: Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það vandlega kynnt almenningi með auglýsingu tvisvar sinnum í dagblöðum eða í staðbundnum blöðum er koma reglubundið út.

10. gr.

4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðaráð myndar stjórn Kirkjugarðasjóðs og fer með málefni hans, sbr. 11. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „stjórnar hans“ í 4. mgr. 41. gr. laganna kemur: kirkjugarðaráðs.

12. gr.

Í stað orðsins „utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: trúfélögum, og í stað orðsins „utanþjóðkirkjusafnaðar“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: skráðs trúfélags.

13. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Grafreitir skráðra trúfélaga.**

14. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra setur reglugerð um umgengni í kirkjugörðum sem skal vera fyrirmynd að umgengnisreglum kirkjugarðanna. Kemur þessi reglugerð í stað reglugerða fyrir kirkjugarða þar sem reglugerðir eru ekki sérstaklega settar, sbr. 51. gr.

15. gr.

Á eftir orðunum „Brot gegn lögum þessum“ í 52. gr. laganna kemur: og reglum settum samkvæmt þeim.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002.

Umboð fulltrúa í skipulagsnefnd kirkjugarða, svo og umboð stjórnarmanna í stjórn Kirkjugarðasjóðs, fellur niður 31. desember 2001 og skal kirkjugarðaráð taka við störfum þeirra frá sama tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eftir að sérstök nefnd er skipuð var til að endurskoða og setja fram breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, skilaði tillögum nú í haust. Þær tillögur voru lagðar fyrir kirkjuþing til umsagnar sem lagði til nokkrar breytingar og hefur verið tekið tillit til þeirra við samningu frumvarpsins.

Vegna breytinga sem orðið hafa í stjórnsýslu ríkisins undanfarin missiri var nauðsynlegt að endurskipuleggja skipan skipulagsnefndar kirkjugarða þar sem embætti húsameistara ríkisins hefur verið lagt niður og hlutverk skipulagsstjóra ríkisins hefur breyst þannig að óeðlilegt þykir að hann sitji þar áfram. Jafnframt því var talin ástæða til að endurskoða í heild hvernig skipulagsnefnd kirkjugarða skuli skipuð, svo og að skoða nánar störf stjórnar Kirkjugarðasjóðs, en verkefni þessara tveggja nefnda skarast mjög, og hvort gerlegt væri að sameina skipulagsnefndina og stjórn Kirkjugarðasjóðs í eina stjórn. Enn fremur var áhugi fyrir því að kannað yrði hvort unnt væri að rýmka löggjöfina að því er varðar dreifingu ösku látinna manna. Loks var talin ástæða til að yfirfara ýmis önnur álitaefni og gera minni háttar lagfæringar á lögunum eins og nánar verður vikið að síðar.

Til þess að vinna að þessari endurskoðun skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd 12. febrúar 2001. Í nefndinni áttu sæti sr. Hjálmar Jónsson, dómkirkjuprestur og þáverandi alþingismaður, formaður, Anna Guðrún Björnsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af biskupi Íslands, og sr. Valgeir Ástráðsson varamaður hennar, Helga Jónsdóttir borgarritari, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri, tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands. Ritari nefndarinnar var Hjalti Zóphóníasson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Auk framangreindra atriða sem rakin hafa verið sagði í skipunarbréfi nefndarinnar að hún skyldi skoða hvort og með hvaða hætti skyldi greitt fyrir útför manna sem búið hafa hér á landi um lengri eða skemmri tíma en látast erlendis og verða greftraðir hér. Þá skyldi nefndin athuga ákvæði um upplýsingaskyldu kirkjugarða um legstaði, uppdrætti o.fl. Einnig var talið rétt að nefndin skoðaði hvort ástæða væri til að setja nánari ákvæði eða gera nánari grein

fyrir skyldum sveitarfélaga. Loks var í skipunarbréfinu tekið fram að teldi formaður tilefni til, eftir því sem liði á störf nefndarinnar, gæti hún tekið fleiri álitamál til umfjöllunar.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er afrakstur þessarar endurskoðunar. Í fyrsta lagi er lagt til að dreifing ösku verði heimiluð samkvæmt nánari reglum. Einnig er lagt til að breyting verði gerð á skipan skipulagsnefndar kirkjugarðanna sem einnig taki við hlutverki stjórnar Kirkjugarðasjóðs. Þá er lagt til að skyldur sveitarfélaga í tengslum við nýja kirkjugarða verði skilgreindar nánar og ráðgert að sett verði almenn reglugerð um umgengni í kirkjugörðum sem allir kirkjugarðar geti notast við ef þeir sjá ekki ástæðu til að setja auknar eða sérstakar reglur. Ýmsar minni háttar breytingar eru lagðar til sem lýst verður nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Nefndin taldi ekki þörf á að setja skýrari reglur um upplýsingaskyldu kirkjugarða varðandi legstaði, uppdrætti o.fl. Gert hefur verið myndarlegt átak í að tölvuvæða slíkar upplýsingar, og hafa landsmenn aðgang að slíkum upplýsingabanka á vefslóðinni gardur.is. Áfram verður unnið að slíkri skráningu, og fer hraðinn eftir því hversu mikið fjármagn fæst til verksins. Nú þegar eru stórir kirkjugarðar, t.d. í Reykjavík og á Akureyri, kortlagðir. Á þessu stigi er heldur ekki talin ástæða til að endurskoða ákvæði um greiðslu kostnaðar fyrir útför einstaklinga sem búið hafa á Íslandi, síðan erlendis og kjósa loks að verða greftraðir á Íslandi.

Frumvarp nefndarinnar var sent kirkjuþingi til umsagnar í samræmi við 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997. Hafði dóms- og kirkjumálaráðuneytið framsögu í málinu. Að lokinni fyrstu umræðu var málinu vísað til löggjafarnefndar. Lagði nefndin til nokkrar breytingar í sérstöku þingskjali, og að lokinni síðari umræðu um málið var frumvarpið samþykkt með þeim breytingum. Fullt tillit hefur verið tekið til breytingartillagna kirkjuþings og frumvarpinu breytt til samræmis við þær.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Erlendis er algengt að ösku látinna manna sé dreift á tiltekið afmarkað svæði í kirkjugarði án þess að nokkur nafngreining eigi sér stað um það hverjir hvíla þar. Margir óska þess að askan sé látin hvíla innan um ösku annarra ónafngreindra látinna manna. Nokkur dæmi eru um að beiðni hafi komið fram um slíkt hér, en í 3. mgr. 27. gr. laganna er að finna heimild fyrir greftrun líka á slíku svæði. Eðlilegt þykir að sama eigi við, hvort heldur um ösku eða jarðneskar leifar látinna manna er að ræða. Nauðsynlegt þykir að í legstaðaskrá sé slíkrar skráningar getið þótt legastaðanúmer vanti. Með b-lið greinarinnar er því lagt til að við 3. mgr. 7. gr. laganna bætist ákvæði þessa efnis.

Núgildandi lög heimila ekki dreifingu ösku. Margir hafa bent á, og skírskota þá í því sambandi m.a. til trúfrelsis, að þeir sem vilja af trúarlegum ástæðum láta dreifa öskunni ættu að geta fengið þá ósk uppfyllta. Í flestum vestrænum ríkjum hefur almenna þróunin orðið sú að heimila öskudreifingu, en þó ávallt með skilmálum. Sums staðar er þess krafist að fyrir liggi skrifleg beiðni eða samþykki hins látna, en annars staðar er talið nægilegt að nánustu aðstandendur staðfesti að það hafi verið vilji hins látna að öskunni yrði dreift.

Með c-lið greinarinnar er lögð til breyting á 4. mgr. 7. gr. laganna þannig að ráðherra geti samkvæmt nánari reglum heimilað að ösku verði dreift. Gert er ráð fyrir að þá er beiðandi leggur fram umsókn verði honum gert ljóst að ekki sé heimilt að dreifa ösku yfir byggð eða væntanlega byggð, heldur aðeins yfir haf og óbyggðir. Þá verði einnig gerð grein fyrir því að dreifingin skuli fara fram með sómasamlegum hætti þar sem askan geymir jarðneskar leifar látins manns. Ef út af verði brugðið gæti slíkt leitt til saksóknar á grundvelli 124. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um ósæmilega meðferð á líki. Talið er að með lögjöfnun

sé unnt að láta orðið „lík“ ná einnig til jarðneskra leifa látins manns í formi ösku. Þeim sem fá afhenta ösku til dreifingar verði gert ljóst að þeim sé óheimilt að geyma öskuna eftir að hún hefur verið afhent úr líkhúsi og að henni verði að dreifa á þann stað sem samþykktur hefur verið. Almennt ætti ekki að vera fyrirstaða fyrir því að heimila að ösku verði dreift yfir opið haf, firði og flóa, t.d. Faxaflóann, svo og óbyggðir. Gert er ráð fyrir að settar verði leiðbeiningarreglur, einkum hvað varðar staðarval, og eyðublöð hönnuð. Eftir á þarf sá sem fær leyfi til að dreifa ösku að leggja fram skriflega staðfestingu á að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við settar reglur. Síðan þarf að senda upplýsingar til legstaðaskrár þar sem tilgreint er hvar öskunni hafi verið dreift. Ekki þykir fært að heimilað verði að dreifa ösku í byggð eða væntanlegri byggð, né heldur yfir stöðuvötn. Þá er alveg tekið fyrir að setja megi upp minnisvarða, minningarplötu eða annars konar minnismerki á þeim stað þar sem öskunni var dreift eða nálægt þeim stað. Enn fremur ber að brenna duftkerið sem askan hafði verið í að lokinni dreifingu hennar. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um meðferð beiðna hér að lútandi og framkvæmd þessara mála í reglugerð. Brot gegn fyrirmælum þessa efnis munu varða sektum, sbr. 52. gr. laganna, enda liggi eigi við þyngri refsing samkvæmt öðrum lögum. Atbeina prests við öskudreifinguna er ekki talin þörf. Þá er ekki talið að smithætta stafi af öskunni þar sem hitinn í brennsluofnum sem notaðir eru við líkbrennslu er mjög hár.

Með a-lið greinarinnar er lögð til breyting á 2. mgr. 7. gr. laganna sem heimilar að ösku sem heimilað verður að dreifa megi varðveita annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Að öðru leyti er áfam óheimilt að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit.

Um 2. gr.

Langt er síðan horfið var frá því að nefna aðra söfnuði en þjóðkirkjusöfnuði utanþjóðkirkjusöfnuði. Því er lagt til að einungis verði talað um trúfélög eða skráð trúfélög eftir því hvert tilefnið er hverju sinni. Hér er átt við skráð trúfélög, sbr. lög nr. 108 28. desember 1999.

Um 3. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða er nú skipuð sex fulltrúum til fjögurra ára í senn, en það eru biskup Íslands, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri, þjóðminjavörður, fulltrúi kosinn af kirkjuþingi og fulltrúi kosinn af kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma.

Eðlilegt þykir að biskup Íslands, eða fulltrúi hans, sé formaður. Embætti húsameistara ríkisins hefur verið lagt niður og ekkert hefur komið í stað þess. Skipulagsstjóri telur sig vera vanhæfan til setu í skipulagsnefnd kirkjugarða, í kjölfar breytinga sem gerðar hafa verið á skipulags- og byggingalögum, og hefur umhverfisráðuneytið tekið undir þau sjónarmið. Mikilvægt er að í nefndinni eigi sæti fulltrúi sem býr yfir þekkingu á fornminjum og húsagerð en liðveisla og atbeini frá Þjóðminjasafninu hefur verið mikill á undanförnum áratugum. Fulltrúi sá sem kirkjuþing hefur kosið kemur fram sem almennur fulltrúi borgaranna.

Fyrir nokkrum árum voru stofnuð samtök kirkjugarða, Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ). Í sambandinu eru um 60 kirkjugarðar af 280, en það hefur innan sinna vébanda um 90% allra gjaldenda kirkjugarðsgjalda. Telja verður að KGSÍ, í ljósi þeirra verkefna sem því er ætlað að takast á hendur, sé nú orðið eðlilegur málsvari kirkjugarðaheildarinnar í stað kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og að það hafi að leiðarljósi að sjónarmið jafnt stærri sem minni kirkjugarða komi fram. Búast má við að æ fleiri kirkjugarðar gangi í sambandið og er því talið rétt að KGSÍ eigi fulltrúa í nefndinni. Ljóst er að miklu skiptir að fyrir hendi sé fagleg þekking á skipulagsmálum, byggingamálum, umhverfismálum, svo og um varð-

veislu fornminja eða verndaðra bygginga eða minja og nefndin þarf að vera reiðubúin til að móta stefnu og taka ákvarðanir.

Náið samstarf hefur verið á milli skipulagsnefndar kirkjugarðanna og stjórnar Kirkjugarðasjóðs. Skipulagsnefndin gerir tillögur að úthlutun fjár úr Kirkjugarðasjóði og hefur stjórn sjóðsins undantekningalítið farið eftir þeim tillögum. Er nú talið rétt að steypa stjórn Kirkjugarðasjóðs og skipulagsnefnd kirkjugarðanna saman í eina stjórn. Er eðlilegt að nefnd sem mótar gerð, umhverfi og hvaðeina varðandi kirkjugarða landsins og hefur umsjón með þeim sé jafnframt falið að úthluta fé til brýnustu verkefna á því sviði. Leitað hefur verið álits Íslenskrar málstöðvar á nafni slíkrar nefndar/stjórnar og hefur hún stungið upp á heitinu kirkjugarðaráð sem þykir hæfa vel.

Um 4. gr.

Fram hafa komið ýmsar ábendingar um að orðalag gildandi laga um skyldur og rétt sveitarfélaga sé hvorki nægilega skýrt né nákvæmt. Það ráðist oft af vilja sveitarfélaga hversu skammt eða langt þau teygi sig þegar kirkjugarðsstæði er afhent og eins sé mjög mismunandi á milli sveitarfélaga hvernig þau túlka skyldu sína að leggja til efni í girðingu. Í því skyni að koma hér á samræmi er lagt til að kirkjugarðaráð setji nokkurs konar staðal, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem miða beri við í þessum efnum er sveitarfélag láta af hendi stæði undir kirkjugarð eða efni í girðingu. Þess eru dæmi að sveitarfélög leysi sig undan þessari skyldu með því að greiða kirkjugarðinum ákveðna fjárhæð sem er reiknuð út frá fjölda grafarstæða. Talið er að viðmiðunarreglur sem verði settar hér að lútandi muni geta leyst þennan vanda.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Óeðlilegt þykir að gerður sé áskilnaður um að tiltekinni stofnun skuli vera gert með lögum að leggja til ókeypis ráðgjöf og leiðbeiningar um plöntu- og trjáhirðu, ekki síst eftir að komin er virk samkeppni í garðplöntuframleiðslu. Því þykir eðlilegast að fella ákvæðið niður.

Um 7. gr.

Allnokkur brögð hafa verið að því á undanförnum árum að kirkjugarðsstjórn hafi veitt lán eða styrki til kirkjubygginga í svo ríkum mæli að það hefur skert getu kirkjugarðsins til að annast sín lögbundnu verkefni með sómasamlegum hætti. Hefur Ríkisendurskoðun látið í té umsögn af þessu tilefni. Hún telur ekkert því til fyrirstöðu, ef fjárhagur er traustur, að lagaheimildin sé nýtt, en tekur fram að það sé hverrar kirkjugarðsstjórnar að marka stefnu í þessum efnum, en einnig mætti hugsa sér að ráðuneytið kvæði á um þetta í reglugerð. Rétt þykir að ráðuneytið setji reglur hér að lútandi þar sem fram komi almennar reglur um fjárhagsstuðninginn.

Um 8. gr.

Nokkuð hefur borið á því að kirkjugarðsstjórnum sé ekki nægilega kunnugt um þær stærðir sem skulu vera á grafstæðum, bæði fyrir kistur og duftker. Til að taka af tvímæli þykir ástæða til að tilgreina stærðirnar í lögum.

Um 9. gr.

Almenningur les að jafnaði ekki Lögbirtingablaðið og því þykir óheppilegt að blaðið skuli vera vettvangur auglýsinga eða tilkynninga, t.d. um niðurlagningu eða sléttun kirkjugarðs. Til þess að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að þær komi fyrir almennings sjónir þykir nauðsynlegt að slíkar auglýsingar verði birtar með tryggilegum hætti, og því fer best á því að tilkynningarnar verði birtar í dagblöðum eða öðrum blöðum sem gefin eru út reglulega á viðkomandi stað.

Um 10. og 11. gr.

Hér er gerð breyting vegna þess að kirkjugarðaráð kemur í stað stjórnar Kirkjugarðasjóðs.

Um 12. og 13. gr.

Orðið utanþjóðkirkjusöfnuður er ekki lengur notað í kirkjulegri löggjöf og því þykir full ástæða til að fella slíkt orð brott hér. Samkvæmt lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, er rætt um trúfélög utan þjóðkirkjunnar, en samt er ekki vísað til þeirra nema sem trúfélaga eða skráðra trúfélaga.

Um 14. gr.

Það hefur gefist vel þegar um er að ræða að sveitarfélög eigi að setja sér byggingarreglugerð eða lögreglusamþykkt að lögð sé skylda á ríkisvaldið að útbúa nokkurs konar grunnreglur sem einstök sveitarfélög geti notast við ef þau kjósa að setja ekki sérstakar reglur. Oft væri um að ræða tímafrekt starf ef einstök sveitarfélög ættu að setja sér eigin reglugerð eða samþykkt. Þá er talið nægilegt að notast við grunnreglurnar.

Talið er að þetta geti hentað hér. Kirkjugarðsstjórnir losna þannig við að setja sjálfar nokkuð viðamiklar reglur, en geta þess í stað notast við grunnreglur um umgengni í kirkjugörðum. Ef einhver sérstök sjónarmið eða aðstæður eru til staðar, sem kalla á að þessum grunnreglum sé breytt, getur kirkjugarðsstjórnin samið slíka reglugerð og beðið um staðfestingu, sbr. 51. gr.

Í þessu sambandi skal hvað fyrirmynd snertir t.d. bent á 2. gr. laga um lögreglusamþykkir, nr. 36 18. maí 1988.

Um 15. gr.

Í því skyni að tryggja að næg refsiheimild verði fyrir þeim reglum sem fyrirhugað er að setja ef frumvarp þetta nær fram að ganga þykir nauðsynlegt að bæta inn í refsiákvæði 52. gr. laganna að ekki aðeins brot á lögunum varði refsingu heldur einnig brot á reglum sem settar verða samkvæmt þeim.

Um 16. gr.

Miðað er við að frumvarpið geti orðið að lögum 1. janúar 2002. Ef það gengur ekki eftir er nauðsynlegt að seinka gildistöku á skipun kirkjugarðaráðs og að það taki þá til starfa frá seinna tímamarki. Umboð skipulagsnefndar kirkjugarðanna og stjórnar Kirkjugarðasjóðs félli niður frá sama tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Helstu breytingar sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum í frumvarpinu eru í fyrsta lagi þær að dreifing ösku eftir líkbrennslu verði heimiluð samkvæmt tilteknum reglum. Í öðru lagi er lagt til að skyldur sveitarfélaga í tengslum við nýja kirkjugarða verði skilgreindar nánar auk ýmissa annarra minni háttar breytinga. Í þriðja lagi er lagt til að breyting verði gerð á skipan skipulagsnefndar kirkjugarða sem fái heitið kirkjugarðaráð og taki við hlutverki stjórnar Kirkjugarðasjóðs og hafi yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður eigi fulltrúa í ráðinu. Starfsemi kirkjugarða er nær eingöngu fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði sem samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002 nemur um 630 m.kr. í samræmi við gildandi lög um kirkjugarða og breytist ekki þótt frumvarp þetta verði lögfest.

574. Frumvarp til laga [372. mál]

um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

4. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög skulu greiða fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum um kirkju- og manntalsbækur skal andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðast úr ríkissjóði. Á síðastliðnu ári lauk endurskoðun á kirkjubókum þar sem gerðar voru mjög umtalsverðar breytingar á formi og gerð þeirra. Við hönnun þeirra var uppsetning og efnisinnihald jöfnum höndum sniðið að þörfum þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga, eftir því sem unnt var, en bækurnar eru að grunni til almennur og afar nauðsynlegur grundvöllur að almannaskráningu. Í kjölfar endurhönnunar kirkjubókanna tók þjóðkirkjan hina nýju gerð þeirra alfarið í notkun frá 1. júlí 2000.

Í 2. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931, segir að ráðuneytið (með því er væntanlega átt við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Hagstofu Íslands) leggi sóknarprestum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð. Þrátt fyrir að umræddar bækur skuli lagðar til, er ekki þar með sagt að ríkið skuli greiða kostnaðinn af þeim. Ákvæðið er fyrst og fremst sett

til þess að tryggja að embættisbækurnar verði hannaðar með þarfir almannaskráningar í huga og að formið sé í lagi.

Í tengslum við endurhönnun kirkjubókanna voru gerðar breytingar á eyðublöðum um prestverk sem prestum er ætlað að tilkynna til Hagstofu Íslands, svo og vottorðum sem prestar láta í té um þær athafnir, þ.e. skírnar-, hjónavígslu- og útfararvottorðum.

Með þeim breytingum sem orðið hafa á kirkjulöggjöfinni á síðustu árum hafa nær öll verkefni sem fyrrum voru hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu verið flutt til þjóðkirkjunnar eða stofnana á hennar vegum, svo sem prestssetrasjóðs. Með síðustu lagabreytingu skal rekstrarkostnaður þjónandi presta og prófasta vegna embætta þeirra nú greiddur frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur, sbr. lög nr. 141/1998, um breyting á lögum nr. 36/1931, og er ekki lengur ákvarðaður af kirkjumálaráðherra né greiddur ásamt launum frá launaafgreiðslu Ríkisbókhalds. Hefur kirkjuþing í kjölfar þessa sett starfsreglur um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa, nr. 819/1999.

Samkvæmt framansögðu þykir réttast að trúfélögin sem í hlut eiga standi sjálf straum af kostnaði af manntals- og kirkjubókum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1945, um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur).

Í frumvarpinu er lagt til að íslenska þjóðkirkjan og önnur trúfélög greiði fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa. Verði frumvarpið að lögum verður skýrar kveðið á um að ríkissjóður beri ekki útgjöld af hönnun og prentun slíkra bóka en í gildandi lögum.

575. Frumvarp til laga [193. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Á sama fiskveiðiári er aðeins heimilt að veita fiskiskipi eina gerð leyfis til veiða í atvinnuskyni, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með krókaaflamarki eða leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, 6. gr. b, svohljóðandi:

Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári er sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta til árs í senn samtals allt að 1.000 lestum af ýsu, 1.000 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa miðað við óslægðan fisk til krókaaflamarksbáta sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Getur ráðherra þar á meðal ákveðið skilyrði fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á grundvelli þessa ákvæðis og um ráðstöfun afla sem svarar til þess sem úthlutað er samkvæmt því.

5. gr.

2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 7. mgr. bætist: þó skal einungis heimilt að flytja 30% krókaaflamarks.
b. 8. mgr. orðast svo:

Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.

7. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaaflamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hlutur krókaaflamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

Bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu

1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátnum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaaflamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

b. (II.)

Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 6. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV við lög nr. 38 15. maí 1990, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við lög nr. 1 14. janúar 1999 og a-lið 3. gr. laga nr. 93 22. maí 2000.

576. Lög [150. mál]

um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 551.

577. Lög [132. mál]

um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 552.

578. Lög [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 553.

579. Lög [230. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 554.

580. Lög [319. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 404.

581. Lög [320. mál]

um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 555.

582. Lög [289. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 352.

583. Lög [281. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 339.

584. Lög [313. mál]

um breytingar á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

(Afgreidd frá Alþingi 13. des.)

Samhljóða þskj. 389.

585. Frumvarp til laga [373. mál]

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz, Árni R. Árnason, Gunnar Birgisson, Ásta Möller.

1. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Er rekstur stöðvanna heimill einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi.

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarna- og einangrunarstöðvar standi undir útgjöldum hennar, svo sem almennum rekstrarkostnaði, launakostnaði, leigugjöldum, fóðurkostnaði, lyfjakostnaði og dýralæknisþjónustu, kostnaði við sýnatökur og rannsóknir og opinberum gjöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum verði heimilt að starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar að uppfylltum þeim kröfum sem gerðar eru til útbúnaðar og reksturs slíkra stöðva. Ef umsækjandi um rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðvar uppfyllir allar kröfur og skilyrði sem gerð eru til útbúnaðar og reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal landbúnaðarráðherra gefa út rekstrarleyfi. Samkvæmt gildandi lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum, er hins vegar einungis kveðið á um að landbúnaðarráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

Landbúnaðarráðuneytið stofnsetti sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973 og sá embætti yfirdýralæknis um rekstur hennar í umboði ráðuneytisins. Sóttvarnastöðin var leigð Landssambandi kúabænda 1. janúar 1994 sem síðan hefur annast rekstur hennar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín í Hrísey og hefur félagið sjálft annast rekstur stöðvarinnar undir eftirliti yfirdýralæknis. Árið 1990 stofnsetti landbúnaðarráðuneytið einangrunarstöð fyrir hunda, ketti og önnur gæludýr í Hrísey. Fyrstu árin annaðist embætti yfirdýralæknis rekstur stöðvarinnar í umboði ráðuneytisins en síðari ár hefur reksturinn verið í höndum einkaaðila undir eftirliti yfirdýralæknis samkvæmt sérstökum samningi.

Á 126. löggjafarþingi var lögum um innflutning dýra breytt á þann hátt að ákvæði laganna voru aðlöguð þeirri framkvæmd á rekstri sóttvarna- og einangrunarstöðva sem komist hefur á, eins og rakið var hér að framan, og samkvæmt því getur landbúnaðarráðherra falið einstaklingum, fyrirtækjum eða félagasamtökum rekstur þeirra undir eftirliti yfirdýralæknis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 175/2000 kemur m.a. fram að áhersla er lögð á að með þeirri breytingu væri á engan hátt slakað á kröfum um sóttvarnir sem gildandi lög kveða á um.

Að mati flutningsmanna er framangreind heimild ráðherra hins vegar of matskennd og tryggir ekki að aðilum sem eru í stakk búnir til að reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar og uppfylla öll skilyrði laganna verði veitt rekstrarleyfi. Því er hér lagt til að kveðið sé skýrt á um það í lögunum að ef umsækjendur um starfrækslu slíkra stöðva uppfylla þær kröfur og skilyrði sem lögin og reglur settar samkvæmt þeim setja skuli ráðherra veita rekstrarleyfi. Rétt er að leggja áherslu á að með frumvarpinu er á engan hátt slakað á þeim kröfum sem gera skal til þeirra sem reka sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Hins vegar þykir eðlilegt út frá jafnræðissjónarmiðum að allir sitji við sama borð þegar kemur að rekstri framangreindra stöðva. Enn fremur má benda á sjónarmið um atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur sú grundvallarregla að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa nema lög setji atvinnufrelsinu skorður sökum almannahagsmuna. Ráðherra hefur þegar sýnt í framkvæmd að einkaaðilum er fyllilega treystandi til að sjá um rekstur sóttvarna- og

einangrunarstöðva og það sjónarmið hefur löggjafinn viðurkennt, sbr. lög nr. 175/2000. Því er með frumvarpinu lagt til að ráðherra skuli veita rekstrarleyfi að öllum skilyrðum uppfylltum í stað þess að honum sé það heimilt samkvæmt gildandi lögum.

586. Tillaga til þingsályktunar [374. mál]

um tóbaksverð og vísitölu.

Flm.: Þuríður Backman, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram hið allra fyrsta og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 2003.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi hefur fjórum sinnum áður verið flutt en ekki orðið útrædd. Hún er endurflutt hér óbreytt, en greinargerð hefur verið aukin og nýjum upplýsingum bætt þar inn auk þess sem nýjar upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

Fyrst ber að minna á Heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001. Hún hefur það að markmiði að bæta heilsufar þjóðarinnar og meðal forgangsverkefna er að hlutfall fólks á aldrinum 18–69 ára sem reykir verði undir 15% og að hlutfall barna og unglinga 12–17 ára sem reykja verði undir 5%. Í kaflanum um heilsufar ungs fólks er sett það markmið að dregið verði úr reykingum ungs fólks um 50%.

Á yfirstandandi þingi voru nýlega samþykktar breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, um niðurfellingu tolla af tóbaki og breytingar á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, þess efnis að greitt verði sérstakt tóbaksgjald í ríkissjóð. Á 122. löggjafarþingi voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta þótt ekki hafi þar verið gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði. Þótt tóbaksverð hafi vissulega hækkað á þeim árum sem liðin eru síðan lögunum var breytt hefur ekki verið gripið til þess ráðs að hækka verð á tóbaki verulega umfram aðrar verðbreytingar í forvarnarskyni.

Almennt er viðurkennt – og styðst við fjölda athugana – að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu og hækkun á tóbaksverði er talin ein einfaldasta og áhrifaríkasta leiðin til að draga úr reykingum. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hefði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur

komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve *margir* reykja en hitt hve *mikið* er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja. Á alþjóðlegri ráðstefnu um tóbaksvarnir sem haldin var í Chicago í Bandaríkjunum í byrjun ágúst sl. kom fram að kunn og árangursrík ráð til að draga úr tóbaksnotkun væru fyrst og fremst að hækka verð á tóbaki, leggja bann við tóbaksauglýsingum, birta áhrifaríkar auglýsingar gegn reykingum, auðvelda aðgang að aðferðum til að hætta að reykja og berjast ötullega gegn smygli á tóbaki. Á ráðstefnunni kom einnig fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin undirbýr nú fyrsta alþjóðlega tóbaksvarnasáttmálann. Tvær blaðagreinar sem birtust í kjölfar ráðstefnunnar eru birtar sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 er mælt með hækkunum á verði tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni“ en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs“ og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa tengsl tóbaks við vísitölu neysluverðs. Lagt er til að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Alþjóða heilbrigðisstofnunin undirbýr fyrsta alþjóða tóbaksvarnasáttmálann. Spjótum beint gegn auglýsingum og smygli. (Morgunblaðið, þriðjudaginn 22. ágúst 2000.)

II. Verðhækkanir árangursríkastar til að draga úr reykingum. Fulltrúar tóbaksvarnanefndar og Krabbameinsfélags Reykjavíkur telja verðhækkanir nauðsynlegar hérlendis. (Morgunblaðið, þriðjudaginn 15. ágúst 2000.)

587. Tillaga til þingsályktunar [375. mál]

um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys.

Flm.: Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi hefur verið lögð fram áður en ekki fengið framgang. Hún er því endurflutt óbreytt en upplýsingar sem fram koma í greinargerð hafa verið uppfærðar. Árlega berast fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Eftirfarandi tafla sýnir slysatíðni af þeim sökum árin 1994–2000 samkvæmt tölum frá Umferðarráði:

Ár	Slys	Dauði	Mikið slasaðir	Lítið slasaðir	Óhöpp án meiðsla
1994	4	0	0	5	59
1995	3	0	0	4	91
1996	4	0	2	8	89
1997	5	0	1	4	117
1998	4	0	0	5	123
1999	4	0	1	4	122
2000*	2	0	0	2	130

* Tölur fyrir árið 2000 eru bráðabirgðatölur og geta því hækkað frá því sem hér er gefið upp

Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár meira en tvöfaldast á því árabili sem upplýsingar liggja fyrir um. Alls hafa 36 manns slasast í þessum óhöppum.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna, sem lítið hefur verið til, er að setja upp girðingar meðfram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar meðfram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fé er rekið um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja þeim vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum undir alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra

samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að hafin verði vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung, reka þarf kýr yfir vegi til mjalta eða bithagar nytjaðir beggja vegna vega. Flutningsmaður gerir ekki tillögu að sérstakri viðmiðun umferðarþunga í þessu sambandi enda getur reynst erfitt að draga mörkin aðeins við ákveðinn bílafjölda. Hins vegar er rétt að benda á að Umferðaröryggisnefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraness sendi nýlega frá sér ályktun um girðingar með fram vegum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að girt verði meðfram vegum þar sem 300 bílar eða fleiri fara að meðaltali um á dag að sumarlagi.

Víða um land er góð reynsla af umræddum búfjárrásum, sérstaklega hjá þeim kúabændum sem verða daglega að reka kýrnar yfir þjóðvegi til mjalta eða beitar. Móta þarf samræmda stefnu í uppsetningu búfjárrása við alla vegagerð. Sömuleiðis þarf að setja upp framkvæmdaáætlun um uppsetningu rása þar sem umferð er þung og rásirnar því nauðsynlegar til að auka öryggi í umferðinni. Bændur hafa tekið þátt í kostnaði við gerð búfjárrása, en ósamræmi hefur verið í kostnaðarskiptingunni. Líta má á rásirnar sem öryggisbúnað á vegum landsins og eiga því að falla undir kostnað Vegagerðar ríkisins.

Rás eins og hér hefur verið lýst sést á eftirfarandi teikningu.



588. Nefndarálit [229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Vilborgu Hauksdóttur, Ragnheiði Haraldsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Jóhannes Pálmason og Sigríði Snæbjörnsdóttur frá Heyrnar- og talmeinastöð, Björn Víðisson frá Heyrnartækni ehf., Gylfa Baldursson frá Félagi heyrnarfræðinga, Guðjón I. Stefánsson og Málfríði Gunnarsdóttur frá Heyrnarhjálp, Valgerði Stefánsdóttur frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Hafdísi Gísladóttur frá Félagi heyrnarlausra og Berglindi Stefánsdóttur frá Vesturhlíðarskóla. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Heyrnarhjálp, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Félagi heyrnarlausra, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Sjálfsbjörg, landlæknisembættinu, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, ríkisendurskoðun, Félagi heyrnarfræðinga, Vesturhlíðarskóla, Félagi háls-, nef- og eyrnalækna, Læknafélagi Íslands og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Með frumvarpinu eru meginákvæði laga um Heyrnar- og talmeinastöð felld inn í lög um heilbrigðisþjónustu. Helstu efnisbreytingar sem frumvarpið hefur í för með sér eru að í stað stjórnar er gert ráð fyrir skipun fagráðs sem skal vera framkvæmdastjóra stofnunarinnar til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun. Þá er í frumvarpinu að finna það nýmæli að ráðherra er heimilt að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem Heyrnar- og talmeinastöð er ætlað að veita samkvæmt lögunum. Auk þessa eru felld út ákvæði sem eðlilegt er að kveðið sé á um í árangursstjórnunarsamningi milli Heyrnar- og talmeinastöðvar og ráðuneytisins, svo sem segir í athugasemdum með frumvarpinu.

Nefndin telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu séu til bóta. Nefndin álítur að sú breyting að skipa fagráð í stað stjórnar sé í samræmi við þau viðhorf sem nú eru uppi og sé til þess fallin að auka gæði og hagkvæmni þjónustunnar. Nefndin gerir ekki athugasemd við þá tilhögun sem gert er ráð fyrir á skipun fagráðsins.

Nefndin fjallaði nokkuð um heimild ráðherra til að veita einkaaðilum rekstrarleyfi til að annast þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem fellur undir starfssvið Heyrnar- og talmeinastöðvar. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar mun einkum vera áhugi fyrir þeim þætti starfseminnar sem lítur að prófun heyrnar og úthlutun og sölu heyrnartækja. Engu að síður er hugsanlegt að áhugi manna til að starfa á öðrum sviðum muni aukast í framtíðinni. Nefndin telur að þetta nýmæli geti verið til þess fallið að auka og bæta heilbrigðisþjónustu á þessu sviði. Nefndin leggur vegna þessa áherslu á að gera verður kröfu um nákvæma kostnaðargreiningu af hálfu Heyrnar- og talmeinastöðvar á þeim þáttum starfseminnar sem er á sama sviði heilbrigðisþjónustu og því sem einkaaðilar með rekstrarleyfi starfa á. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja óhlutdrægni og jafna rekstrarstöðu til hagsbóta fyrir neytendur þjónustunnar.

Með tilkomu einkaaðila í rekstur heilbrigðisþjónustu á þessu sviði er nauðsynlegt að greiðsluþátttaka ríkisins sé tiltekin sem ákveðin krónutala en ekki sem hlutfallsgjald. Erfitt er að hafa stjórn á útgjöldum ríkisins til málaflokksins ef greiðsluþátttaka er ákveðin sem

hlutfall af kostnaði. Nefndin telur því brýnt að þessa verði gætt á þeim sviðum þar sem rekstrarleyfi verða veitt.

Nefndin vekur athygli á því að í 26. gr. laganna, sbr. 27. gr., er almenn heimild fyrir ráðherra til að veita rekstrarleyfi vegna starfsemi í lækningaskyni. Það má halda því fram að sérákvæði um starfsleyfi vegna heyrnar- og talmeinaþjónustu sé af þessum sökum óþarft. Framkvæmd þessara ákvæða hefur hins vegar verið ósamræmd og hvetur nefndin til endurskoðunar ákvæðanna með það að markmiði að samræma rekstrarleyfisveitingar innan ramma þeirra. Nefndin gerir því að svo stöddu ekki athugasemd við þá útfærslu sem lögð er til í frumvarpinu enda er um nýtt þjónustusvið að ræða sem eðlilegt er að áskilja að uppfylli tilteknar kröfur.

Nefndin vill vekja athygli á að sérstaklega þarf að huga að þjónustu við daufblinda. Samkvæmt orðalagi frumvarpsins fellur þjónusta við daufblinda innan ramma Heyrnar- og talmeinastöðvar. Daufblinda er sérstök fötlun og þarf að sjá til þess að þessi hópur njóti samsettrar þjónustu sem mætir sérstökum þörfum hans. Jafnframt er mikilvægt að haldin sé skrá yfir daufblinda með sama hætti og haldin er skrá yfir þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða blindir og vill nefndin koma þeirri hugmynd á framfæri að Heyrnar- og talmeinastöð taki þetta að sér.

Heyrnar- og talmein hafa í för með sér margvísleg vandamál fyrir þá sem þau hrjá. Hjálpartæki fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa eru að sama skapi margvísleg. Nefndin telur afar mikilvægt að Heyrnar- og talmeinastöð fylgist náið með tækniframförum á þessu sviði og miðli þeim upplýsingum til þeirra sem á tækjunum þurfa að halda.

Nefndin gerir ekki athugasemd við ákvæði 5. tölul. 2. efnismgr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að Heyrnar- og talmeinastöð skuli safna upplýsingum um alla skjólstæðinga sína samkvæmt frumvarpinu ásamt öðrum tölfræðilegum upplýsingum enda er gerður áskilnaður um að söfnun þessara upplýsinga skuli fara fram samkvæmt lögum um persónuvernd. Heyrnar- og talmeinastöð hefur einnig þessa skyldu samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin vill taka fram að með tilkomu sjálfstæðra rekstrarleyfishafa verður að tryggja og gera um það áskilnað í rekstrarleyfi að þeir miðli tölfræðilegum upplýsingum til Heyrnar- og talmeinastöðvar svo að hún fái sinnt þessari skyldu sinni á fullnægjandi hátt til hagsbóta fyrir þá sem njóta þjónustu hennar.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að Heyrnar- og talmeinastöð skuli annast þjónustu við málhalta en svo er ekki í frumvarpinu heldur er einungis talað um talmein. Nefndin vill taka af allan vafa um það að með þessu er ekki verið að þrengja það hlutverk sem stöðin hefur, enda segir í athugasemdum með frumvarpinu að orðið talmein hafi öðlast sess í íslensku máli og er notað í stað málhelti nú. Með sama hætti vill nefndin taka það fram að þrátt fyrir að ekki sé kveðið sérstaklega á um það í frumvarpinu, eins og í núgildandi lögum, að Vesturhlíðarskóli og sérdeildir fyrir heyrnarskerta í almennum skólum og sérskólum skuli njóta þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar, ber alls ekki að skilja það svo að verið sé að draga úr þjónustu við nemendur þessara skóla. Enda ber Heyrnar- og talmeinastöð að sinna öllum sem eiga við heyrnar- og talmein að stríða. Sérstök útfærsla þessarar þjónustu í samvinnu við einstök sveitarfélög til að mæta þörfum heyrnarlausra nemenda fellur innan starfssviðs Heyrnar- og talmeinastöðvar.

Nefndin leggur til fáeinar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að tiltekið verði sérstaklega að það sé hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar að annast uppsetningu á hjálpartækjum. Þá er lagt til að þar sem talmein er nefnt í frumvarpinu verði samhliða einnig talað um heyrnarmein. Þetta er gert til að tryggja að heyrnarmein, t.d. eyrnasuð, falli ótvírætt innan starfssviðs Heyrnar- og talmeinastöðvar. Aðrar breytingar hafa ekki efnisbreytingu í för með sér.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. des. 2001.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

589. Breytingartillaga [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Við 1. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:

a. Í stað orðanna „Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar“ í 2. efnismgr. komi: Heyrnar- og talmeinastöðvar.
b. Á eftir orðunum „eru með“ í 1. tölul. 2. efnismgr. komi: heyrnar- og.
c. Á eftir orðunum „eru með“ í 4. tölul. 2. efnismgr. komi: heyrnar- og.
d. Á eftir orðunum „um viðhald“ í 4. tölul. 2. efnismgr. komi: og uppsetningu.
e. Í stað orðanna „búa við“ í 5. tölul. 2. efnismgr. komi: eru með heyrnar- og.
f. Í stað orðanna „Heyrnar- og talmeinastöðina“ í 3. efnismgr. komi: Heyrnar- og talmeinastöð.
g. Í stað orðanna „kostnaði hjálpartækja“ í 4. efnismgr. komi: kostnaði við hjálpartæki.
h. Í stað orðanna „Heyrnar- og talmeinastöðina“ í 4. efnismgr. komi: Heyrnar- og talmeinastöð.
i. Í stað orðanna „Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar“ í 9. efnismgr. komi: Heyrnar- og talmeinastöðvar.
j. Í stað orðanna „Heyrnar- og talmeinastöðin“ í 9. efnismgr. komi: Heyrnar- og talmeinastöð.

590. Svar [165. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var afkoma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1997–2000?*
2. *Hver var afkoma atvinnutryggingadeildar árin 1997–2000?*
3. *Hver var afkoma hlutafjárdeildar árin 1997–2000?*
4. *Hvaða fjárhæðir hafa verið færðar til baka af afskriftareikningum árin 1997–2000?*
5. *Hversu mikið hafði áður verið bakfært af afskriftareikningum sem tekjur árin 1994–1996?*
6. *Frá hvaða kaupstöðum eða sveitarfélögum koma bakfærðar tekjur? Sundurliðun óskast eftir upphæðum á hvert byggðasvæði.*

Svör við fyrstu þremur spurningunum óskast sundurliðuð eftir upphæð vaxta, formi verðbréfa, vaxtagjöldum og rekstri.

Svör við fyrirspurninni koma fram í eftirfarandi töflum.

1. Afkoma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins (almennrar deildar) árin 1997–2000 í kr.

	1997	1998	1999	2000
Vaxtatekjur:				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	43.012.934	65.328.467	48.345.198	59.978.787
Vaxtatekjur af verðbréfum	1.592.456	1.351.857	1.043.058	2.083.893
Aðrar vaxtatekjur	1.628.522	3.012.977	37.324.071	76.093.397
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	33.763.862	15.772.552	55.088.226	48.512.450
Vaxtatekjur samtals	**79.997.774**	**85.465.853**	**141.800.553**	**186.668.527**
Vaxtagjöld:				
Vaxtagjöld vegna skuldabréfalána	264.168.773	102.161.573	127.863.677	432.683.302
Vaxtagjöld samtals	**264.168.773**	**102.161.573**	**127.863.677**	**432.683.302**
Hreinn vaxtamunur samtals	**-184.170.999**	**-16.695.720**	**13.936.876**	**-246.014.775**
Aðrar tekjur:				
Þróunarsjóðsgjald, aflamark	690.903.428	585.775.955	579.262.680	538.138.542
Þróunarsjóðsgjald, fiskiskip	88.928.217	89.189.202	91.020.340	91.657.703
Þróunarsjóðsgjald, fasteignir	2.313.774	-534.164	551.131	-189.414
Aðrar tekjur samtals	**782.145.419**	**674.430.993**	**670.834.151**	**629.606.831**
Almennur rekstrarkostnaður:				
Laun og launatengd gjöld	2.155.057	11.498.097	11.495.893	12.998.647
Þóknun til Fiskveiðasjóðs Íslands	14.250.000	0	0	0
Þóknun til Fiskistofu	1.785.016	5.732.296	4.468.900	5.358.273
Annar rekstrarkostnaður	10.248.328	14.483.005	14.619.198	15.048.842
Almennur rekstrarkostnaður samtals	**28.438.401**	**31.713.398**	**30.583.991**	**33.405.762**

Rekstrarhagnaður (tap) án framlaga og styrkja:	**569.536.019**	**626.021.875**	**654.187.036**	**350.186.294**
FRAMLÖG OG STYRKIR:				
Styrkir til úreldingar fiskiskipa	-174.344.000	0	0	0
Úrelding fiskvinnslustöðva	147.996.405	53.111.448	11.833.624	16.918.821
Framlag til smíði hafrannsóknarskips		241.615.600	496.050.700	620.557.047
Afskriftir	13.835.726	10.185.755	70.866.827	27.366.385
Framlög og styrkir samtals	**-12.511.869**	**304.912.803**	**578.751.151**	**664.842.253**
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	**582.047.888**	**321.109.072**	**75.435.885**	**-314.655.959**

2. Afkoma atvinnutryggingadeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1997–2000 í kr.

	1997	**1998**	**1999**	**2000**
Vaxtatekjur:				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	25.214.927	47.447.879	11.060.388	10.182.932
Vaxtatekjur af verðbréfum	446.664.057	309.554.431	309.507.735	401.083.750
Vaxtatekjur af ríkisb.víx. o.fl.	740.554	12.142	62.746	0
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	3.413.042	-999.319	-13.379.954	-13.273.284
Vaxtatekjur samtals	**476.032.580**	**356.015.151**	**307.250.915**	**397.993.398**
Vaxtagjöld:				
Vaxtagjöld vegna skuldabréfalána	359.224.879	383.832.849	342.094.787	249.933.434
Vaxtagjöld samtals	359.224.879	383.832.849	342.094.787	249.933.434
Hreinar vaxtatekjur samtals	**116.807.701**	**-27.817.698**	**-34.843.872**	**148.059.964**
Almennur rekstrarkostnaður:				
Þóknun til Byggðastofnunar	18.525.000	18.525.000	18.525.000	18.525.000
Annar rekstrarkostnaður	307.015	964.104	0	0
Almennur rekstrarkostnaður samtals	**18.832.015**	**19.489.104**	**18.525.000**	**18.525.000**
Framlög af afskriftareikningi, tekjur(netto).	238.065.785	230.396.469	84.690.050	13.025.688
Hagnaður (tap) ársins:	**219.233.770**	**183.089.667**	**31.321.178**	**142.560.652**

3. Afkoma hlutafjárdeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins árin 1997–2000 í kr.

	1997	1998	1999	2000
Vaxtatekjur:				
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	13.139.023	10.896.207	8.342.535	4.302.833
Vaxtatekjur af verðbréfum	6.726.599	0	0	0
Vaxtatekjur af ríkisb.víx. o.fl.	297.762	0	0	0
Vaxtatekjur samtals	**20.163.384**	**10.896.207**	**8.342.535**	**4.302.833**
Vaxtagjöld:				
Vaxtagjöld vegna hlutdeildarskírteina	24.137.183	12.020.500	38.240.901	27.167.664
Vaxtagjöld samtals	**24.137.183**	**12.020.500**	**38.240.901**	**27.167.664**
Hreinar vaxtatekjur samtals	**-3.973.799**	**-1.124.293**	**-29.898.366**	**-22.864.831**
Aðrar tekjur:				
Endurmat og söluhagnaður hlutabréfa	6.269.741	0	0	0
Hreinar rekstrartekjur samtals	**2.295.942**	**-1.124.293**	**-29.898.366**	**-22.864.831**
Almennur rekstrarkostnaður:				
Þóknun til Byggðastofnunar	975.000	975.000	975.000	975.000
Þóknun til Fiskveiðasjóðs Íslands	750.000	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	2.491.660	614.179	0	0
Almennur rekstrarkostnaður samtals	**4.216.660**	**1.589.179**	**975.000**	**975.000**
Hagnaður (tap) ársins:	**-1.920.718**	**-2.713.472**	**-30.873.366**	**-23.839.831**

4. Fjárhæðir færðar til baka af afskriftarreikningum árin 1997–2000.

	1997	1998	1999	2000
Bakfært af afskriftarreikningi atvinnutryggingadeildar	238.310.745	230.396.469	107.169.000	13.025.688

5. Fjárhæðir bakfærðar af afskriftarreikningum sem tekjur árin 1994–1996.

	1994	1995	1996
Bakfært af afskriftarreikningi atvinnutryggingadeildar	0	0	288.131.111

Því miður er ekki unnt að sundurliða bakfærðar afskriftir eins og óskað er eftir í 6. lið fyrirspurnarinnar. Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá fyrrverandi starfsmönnum Byggðastofnunar má ætla að bakfærðar afskriftir dreifist nokkuð jafnt á útlánapakka deildarinnar eins og hann er um hver áramót. Þó er talið að þar sem sameining sjávarútvegsfyrirtækja hefur átt sér stað hafi veð vegna útlána til smærri fyrirtækja, sem sameinast hafa öflugri fyrirtækjum, styrkst og þess vegna hafi verið talið óhætt að bakfæra áður gerða varúðarafskrift. Til fróðleiks fylgir tafla sem sýnir útlánapakka deildarinnar 31. desember árin 1996–2000.

6. Útlán deildarinnar 31. desember ár hvert í millj. kr.

	1996	1997	1998	1999	2000
REYKJAVÍK	242,8	260,0	218,0	164,7	153,0
KÓPAVOGUR	14,3	10,9	9,7	8,8	8,8
SELTJARNARNES	0,0	0,0	7,6	0,0	0,0
GARÐABÆR	4,2	2,5	4,7	3,7	3,3
HAFNARFJÖRÐUR	131,7	100,4	88,8	33,9	34,7
REYKJANESBÆR	234,3	209,4	180,9	154,3	87,8
GRINDAVÍK	150,7	344,3	316,6	289,4	265,4
SANDGERÐI	215,0	44,9	28,4	27,1	27,2
GARÐUR	53,1	47,7	43,3	38,3	80,8
VOGAR	19,3	20,7	22,4	0,0	0,0
AKRANES	315,7	411,4	9,5	8,3	8,3
SNÆFELLSBÆR	102,8	93,4	58,2	89,5	21,8
STYKKISHÓLMUR	111,8	96,3	84,9	77,2	71,6
VESTURBYGGÐ	131,7	121,2	80,9	81,6	95,9
TÁLKNAFJÖRÐUR	45,9	0,0	0,0	0,0	66,7
BOLUNGARVÍK	311,8	30,5	27,8	36,8	32,7
ÍSAFJARÐARBÆR	419,5	311,7	258,4	223,8	171,9
HÓLMAVÍK	84,5	80,3	154,4	114,8	0,0
SIGLUFJÖRÐUR	204,5	268,3	241,8	218,3	324,5
SAUÐÁRKRÓKUR	378,3	347,5	328,0	295,6	282,1
SKAGASTRÖND	9,3	0,0	0,0	0,0	0,0
HVAMMSTANGI	50,3	43,8	39,8	37,9	33,5
BLÖNDUÓS	34,0	31,0	28,1	23,8	22,5
AKUREYRI	175,5	49,8	57,0	56,2	162,2
HÚSAVÍK	188,9	141,0	118,1	129,8	120,0
ÓLAFSFJÖRÐUR	212,8	103,2	13,8	9,1	9,3
DALVÍK	75,3	167,8	209,5	192,8	178,7
HRÍSEY	53,9	48,1	42,8	40,0	32,7
ÁRSKÓGSHREPPUR	37,5	62,7	56,9	35,9	33,2
GRENIVÍK	74,1	69,0	63,2	57,7	55,1
KÓPASKER	5,5	5,1	4,6	4,3	0,0
RAUFARHÖFN	58,0	51,5	34,8	30,8	28,8
ÞÓRSHAFNARHREPPUR	24,9	2,7	2,2	2,1	1,3
SEYÐISFJÖRÐUR	28,6	21,2	19,8	18,8	8,3
FJARÐABYGGÐ	326,8	303,4	271,6	250,3	240,3
VOPNAFJÖRÐUR	36,2	30,9	28,2	26,4	24,1
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	17,1	7,2	6,5	5,6	0,7
STÖÐVARFJÖRÐUR	5,2	4,8	4,3	4,1	4,6
BREIÐDALSHREPPUR	67,3	58,8	1,8	19,6	18,0
DJÚPIVOGUR	102,1	33,1	29,8	9,8	10,1
HÖFN, HORNAFJÖRÐUR	220,2	163,2	159,4	146,7	143,2
VESTMANNAEYJAR	751,1	713,0	648,5	600,2	573,0
ÁRBORG	25,4	26,6	17,7	17,4	19,7
HVOLSVÖLLUR	0,6	0,5	0,5	0,4	0,3
ÞORLÁKSHÖFN	277,9	227,7	208,4	153,1	22,3
SAMTALS:	**6.030,4**	**5.167,5**	**4.231,6**	**3.738,9**	**3.478,4**

591. Svar [335. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um rekstrarleyfi fyrir heilbrigðisþjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða tilvikum þarf rekstrarleyfi til að hefja starfsemi sem fellur undir lög um heilbrigðisþjónustu, sbr. 26. og 27. gr. laganna?*
2. *Í hvaða tilvikum þurfa heilbrigðisstarfsmenn sem hafa hlotið starfsréttindi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að sækja sérstaklega um leyfi til að starfrækja stofur fyrir starfsemi sína?*
3. *Hve margar umsóknir um rekstrarleyfi, sbr. 26. og 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, hafa borist ráðherra á síðustu fimm árum? Um hvaða starfsemi hefur verið sótt? Hverjum þessara umsókna hefur verið hafnað og á hvaða grundvelli?*

Fjallað er um rekstrarleyfi fyrir heilbrigðisþjónustu í 26. og 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Í 1. mgr. 26. gr. segir: „Óheimilt er að setja á stofn eða reka sjúkrahús skv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.“ Í 2. mgr. kemur fram að sama máli gegni um „meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana“. Í 1. mgr. 27. gr. er fjallað um hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn og er þar ávallt vísað til stofnunar.

Fyrrgreind ákvæði eru efnislega óbreytt frá lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973. Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga segir um grein sem nú er 26. gr.: „Greinin er að mestu í samræmi við 1. gr. núgildandi sjúkrahúslaga og þarfnast ekki skýringa.“

1. mgr. 1. gr. sjúkrahúslaga, nr. 54/1964, var svohljóðandi: „Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.“

Með 1. mgr. 26. gr. núgildandi laga varð sú breyting frá 1. mgr. 1. gr. sjúkrahúslaga, nr. 54/1964, að í stað þess að telja upp stofnanir sem sækja þarf um leyfi til að starfrækja er nú svohljóðandi ákvæði í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr.: „Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.“ Núgildandi ákvæði er því, samkvæmt orðanna hljóðan, mun víðtækara en hliðstætt ákvæði sjúkrahúslaganna. Sú virðist þó ekki hafa verið ætlunin, sbr. fyrrgreinda tilvísun í athugasemdir við þá grein sem nú er 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þar sem segir að greinin sé að mestu í samræmi við 1. gr. sjúkrahúslaga og þarfnist ekki skýringa. Læknastofur eru ekki nefndar í upptalningu í 1. gr. sjúkrahúslaga og ekki virðist hafa verið talið að sækja þyrfti um rekstrarleyfi fyrir læknastofu samkvæmt því ákvæði. Þrátt fyrir orðalag núgildandi ákvæðis hefur framkvæmd verið með sama hætti, þ.e. að ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir hefðbundnum rekstri læknastofa, þó vart verði deilt um að það sé rekstur í lækningaskyni. Í framkvæmd virðist hafa verið litið svo á að ákvæðið tæki einkum til stofnana, en ekki til venjulegs stofureksturs sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Sá skilningur hefur nokkurn stuðning í framkvæmd fyrir setningu laga um heilbrigðisþjónustu frá 1973, athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga og einnig má benda á að í 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. og í 27. gr. er ávallt talað um stofnanir og þær upplýsingar sem fylgja eiga umsókn eru miðaðar við stofnanir. Þegar um er að ræða nýja tegund þjónustu hefur þó verið talið að sækja þyrfti um rekstrarleyfi, þó ekki væri um að ræða stofnun eða fyrirtæki. Flestar umsóknir um rekstrarleyfi hafa verið fyrir rekstur stofnana fyrir aldraða, svo sem hjúkrunarheimili, dagvist aldraðra, dvalarheimili og vistheimili.

Þær umsóknir byggjast þó jafnframt á ákvæðum 17. gr. laga um málefni aldraða, nr. 125/1999, en þar kemur fram að sækja skuli um rekstrarleyfi áður en rekstur slíkra stofnana hefst og er jafnframt vísað til laga um heilbrigðisþjónustu. Aðrar umsóknir hafa einkum verið vegna nýrrar þjónustu, svo sem sjúkrahótels við Bláa lónið, einkarekinnar heyrnartækjasölu og einkarekinnar hjúkrunarþjónustu.

Eins og rakið hefur verið hér á undan hefur verið litið svo á að ávallt þurfi að sækja um rekstrarleyfi fyrir stofnanir aldraðra. Ekki hefur verið sótt um rekstrarleyfi fyrir hefðbundinn stofurekstur sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þrátt fyrir orðalag 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og hefur það verið látið óátalið. Hins vegar er litið svo á að þegar um er að ræða stofnanir eða fyrirtæki, eða nýja tegund þjónustu, þurfi að sækja um rekstrarleyfi.

Eins og fyrr sagði hafa heilbrigðisstarfsmenn ekki þurft að sækja um rekstrarleyfi til þess að starfrækja stofur fyrir starfsemi sína, nema umfang sé það mikið að líta megi svo á að um fyrirtæki eða stofnun sé að ræða, eða um sé að ræða nýja tegund þjónustu.

Að frátöldum umsóknum um rekstrarleyfi vegna stofnana fyrir aldraða skv. 17. gr. laga um málefni aldraða hafa borist fjórar formlegar umsóknir um rekstrarleyfi, þ.e. umsókn vegna sjúkrahótels Rauða krossins, sjúkrahótels við Bláa lónið, vegna einkarekinnar heyrnartækjasölu og einkarekinnar hjúkrunarþjónustu. Öllum þessum aðilum var veitt rekstrarleyfi. Þá barst fyrirspurn frá tveimur læknum þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið lýsti afstöðu sinni til fyrirhugaðrar umsóknar um rekstrarleyfi fyrir einkarekna glasafrjóvgun. Ráðuneytið lýsti í svari sínu dags. 26. febrúar 1999 þeirri afstöðu sinni að það teldi óæskilegt að rekin yrði tæknifrjóvgunardeild utan Landspítalans. Í bréfi dags. 18. september 2001 ítrekaði ráðuneytið fyrri afstöðu sína og gerði ítarlega grein fyrir forsendum. Í bréfinu sagði m.a.: „Eins og gerð hefur verið grein fyrir byggist afstaða ráðuneytisins á mati á nauðsyn og gagnsemi einkarekinnar tæknifrjóvgunarstofnunar og hefur það stoð í 2. mgr. 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Jafnframt byggist hún á því markmiði að kostnaður við heilbrigðisþjónustu sé innan ramma fjárlaga og að þeim fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála sé varið í samræmi við gildandi heilbrigðisáætlun á hverjum tíma. Ráðuneytið telur að ekki verði dregið í efa að hér sé um lögmæt markmið að ræða, sem heimilt væri að byggja á við ákvörðun um veitingu rekstrarleyfis. Erfitt er að sjá hvernig hægt væri að ná þessu lögmæta markmiði með öðrum hætti en þeim að synja um leyfi til einkarekinnar tæknifrjóvgunarstofnunar ... Með vísan til framangreinds ítrekar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þá afstöðu sína að einkarekin heilbrigðisstofnun, þar sem framkvæmdar yrðu tæknifrjóvganir, væri við núverandi aðstæður hvorki nauðsynleg, gagnleg, né hagkvæm fyrir þjóðina.“

592. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

Við 7. gr. Í stað orðanna „1. febrúar 2002“ í 5. efnismgr. a-liðar komi: 15. febrúar 2002.

593. Frumvarp til laga [348. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 3.–6. gr. þeirra, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 335 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2002.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingu.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 140/1996:

a. Í stað fjárhæðarinnar „6.000“ í 3. málsl. kemur: 8.500.
b. Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 7. málsl. kemur: 50.000.
c. Í stað fjárhæðarinnar „12.500“ í 7. málsl. kemur: 25.000.

Um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri.

4. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands.

5. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „25.000 “ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 32.500.

Um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingu.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „462“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 125/2001, kemur: 593.

Um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingu.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 566 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingu.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 124/1997, skal gjald sem rennur til kirkjugarða landsins vera 232 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

9. gr.

8. tölul. 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingu.

10. gr.

2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 151/1998, orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,60 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,90 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.200 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.300 kr. og ekki hærra en 39.800 kr. á hverju gjaldtímabili.

Um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingu.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 71. gr. b laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 74/2000:

a. Í stað fjárhæðarinnar „125“ kemur: 300.
b. Í stað fjárhæðarinnar „65“ kemur: 150.

12. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2002.

594. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Lög nr. 73/2001 voru samþykkt á síðasta þingi og var gjald fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda fólksflutninga þá ákveðið 3.000 kr. Í frumvarpinu er lagt til að hækka gjaldið úr 3.000 kr. í 10.000 kr. af því að um mistök hafi verið að ræða á síðasta þingi. Gjaldið hafi með öðrum orðum átt að verða 10.000 kr. þegar frumvarpið var samþykkt í fyrra.

Í breytingartillögum meiri hlutans er í fyrsta lagi lagt til að árlegt rekstrarleyfi verði áfram óbreytt en að skoðunargjaldið hækki úr 1.000 kr. í 1.400 kr. Með þessari breytingu verður heildarskatturinn samt sem áður sá sami, um 11 millj. kr. Skattheimtan minnkar ekki heldur er henni breytt. Í öðru lagi er í breytingartillögunum tekið á skólabifreiðamálum og eru þær breytingar til bóta að mati minni hlutans.

Minni hlutinn vekur athygli á því að innheimtukostnaður af 1.000 kr. árgjaldinu var 200 kr. í hvert skipti eða um 1,2 millj. kr. á ári og hækkar þetta heildarkostnað vegna umsýslu við málaflokkinn úr 11,3 millj. kr. í 12,5 millj. kr. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að innheimtukostnaður yrði hinn sami þótt gjaldið hækkaði.

Samkvæmt lauslegri áætlun minni hlutans hefur að frumkvæði samgönguráðuneytisins verið lagðir á nýir skattar upp á um 56–60 millj. kr. á ýmiss konar samgöngustarfsemi nú á síðustu missirum, svo sem:

Flugmiðaskattur	um 35–45 millj. kr.
Leigubifreiðaskattur	um 10 millj. kr.
Fólks-, vöru- og sendibifreiðaskattur	um 11 millj. kr.

Mikil gagnrýni kom fram á flugmiðaskattinn á sínum tíma og hefur ríkisstjórnin nú ákveðið að hætta við þá skattheimtu og er frumvarp þess efnis til meðferðar í samgöngunefnd. Í frumvarpi nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar á 126. löggjafarþingi var lagt til að fella niður þetta gjald og er það frumvarp endurflutt á yfirstandandi þingi og er þar enn fremur lagt til að flugmiðaskatturinn verði endurgreiddur til þeirra flugrekenda sem hafa greitt hann.

Minni hlutinn er á móti þessari skattlagningu á tæki til fólksflutninga og önnur samgöngutæki, og telur að atvinnugreinin greiði nú þegar nóg til ríkissjóðs af starfsemi sinni. Af þessum sökum getur minni hlutinn ekki stutt frumvarpið.

Alþingi, 12. des. 2001.

Kristján L. Möller, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Jón Bjarnason.

Fylgiskjal.

Áætlun um kostnað Vegagerðarinnar vegna verkefna við umsjón og eftirlit með fólks- og vöruflutningum.

Áætlaður fjöldi bifreiða 6.000

	Áætlaður fjöldi leyfa
Vöruflutningabifreiðar	50
Sendibifreiðar	500
Vörubifreiðar	350
Hópferðabifreiðar	300
Samtals	**1.200**

Leyfi gefin út frá einu til fimm ára → um 300 leyfi á ári.

Kostnaður	*M.kr.*
Hálft starf skrifstofumanns	2,3
Hálft starf eftirlitsmanns,	2,8
Hálft starf lögreglumanns	3,0
Akstur eftirlitsbifreiða	2,3
Námskeiðskostnaður	0,3
Stjórnun, umsjón, húsnæði 5%	0,6
Samtals	**11,3**

Áætlaðar gjaldtökur að teknu tilliti breytingartillögu meiri hlutans um hækkun á gjaldi fyrir hverja bifreið úr 1.000 kr. í 1.400 kr.

	Fjöldi leyfa	*Gjald fyrir leyfi á ári*	*M.kr.*
Leyfi fyrir fólksflutningabifreiðar	300	3.000	0,9
Leyfi fyrir sendibifreiðar	500	3.000	1,5
Leyfi fyrir aðrar vöru- og efnisflutningabifreiðar	400	3.000	1,2
Sérleyfi og einkaleyfi	20	20.000	0,4
Leyfi fyrir sérbúnar bifreiðar	50	4.000	0,2
Árlegt gjald, 1.400-200=1.200 á hverja bifreið	6.000	1.200	7,2
Samtals			**11,4**

595. Breytingartillaga [366. mál]

við frv. til l. um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Akranesveitu og Andakílsárvirkjunar“ í 1. málsl. komi: Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness.

596. Breytingartillaga [348. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Í stað 1.–5. gr. og 7. gr. komi ný grein, 1. gr., sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Um breytingu á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum, sbr. nýsamþykkt lög um breytingu á þeim lögum.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Fjárhæð tóbaksgjalds skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Vindlingar: 172,20 kr. á hvern pakka (20 stk.).
2. Neftóbak: 2,04 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.
3. Annað tóbak: 6,18 kr. á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru.

597. Fyrirspurn [376. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Frá Ástu Möller.

Hverjar eru hugmyndir ráðherra um framtíðarnýtingu húsnæðis Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur?

598. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um leigubifreiðar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar“ í 14. gr. komi: 15. mars.

599. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 14. desember 2001 til 22. janúar 2002.

600. Breytingartillaga [169. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Við 2. efnismgr. 1. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Um mat á hagkvæmni þjónustu stofnana, fyrirtækja og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skal taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirra verka sem samið er um.

601. Svar [325. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um fullvirðisrétt við sölu ríkisjarða.

1. *Hversu margar ríkisjarðir hafa verið seldar af hálfu landbúnaðarráðuneytisins á tímabilinu 1997–2001 þar sem fullvirðisréttur í eigu jarðeiganda (ríkis), þ.e. réttur til framleiðslu og greiðslumarks í sauðfé og mjólk, hefur verið skráður á viðkomandi ríkisjörð (lögbýli)?*

Spurt er um sölu ríkisjarða með skráðan fullvirðisrétt við sölu. Landbúnaðarráðuneytið seldi 49 jarðir á tímabilinu 1997–2001 sem á var skráð greiðslumark í sauðfé eða mjólk eða hvort tveggja.

Fullvirðisréttur sem kvað á um það magn mjólkur og sauðfjárafurða sem ríkissjóður tryggði framleiðendum fullt verð fyrir samkvæmt samningum milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda, sbr. 30. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var felldur niður árið 1992. Það gerðist þegar beingreiðslur til bænda voru teknar upp í stað niðurgreiðslna á verði búvöru á heildsölustigi. Breyting þessi var gerð annars vegar með lögum nr. 5 28. febrúar 1992, þar sem kveðið er á um rétt lögbýlis til beingreiðslna úr ríkissjóði út á tiltekið magn kindakjöts, þ.e. kvóta, og hins vegar með lögum nr. 112 29. desember 1992, þar sem kveðið er á um rétt hvers lögbýlis til greiðslu úr ríkissjóði fyrir tiltekið magn mjólkur, eftir nánari reglum um skiptingu heildarmagns sem beingreiðslur náðu til, þ.e. kvóta.

2. *Í hve mörgum tilvikum var fullvirðisrétturinn seldur með jörð? Var hann í þeim tilvikum metinn sérstaklega til verðs? Ef svo er, hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við mat á verðmæti hans? Ef hann var ekki metinn sérstaklega, hvaða rök lágu þar að baki?*

Í öllum þeim tilvikum sem greiðslumark var skráð á jörð fylgdi það jörðinni við sölu. Greiðslumark er ekki metið sjálfstætt í verði jarðanna en kemur fram í verðmæti þeirra sem grunnur að þeim framleiðslumöguleikum sem jörðin hefur.

Þegar greiðslumark var tekið upp í samræmi við tillögur sjömannanefndar um framleiðslu sauðfjárafurða frá febrúar 1991 og stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda frá í mars 1991 voru rekstrarmöguleikar jarða í framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða verulega skertir. Settur var kvóti á beingreiðslur til bænda sem miðaðist eingöngu við neyslu afurða sauðfjár og mjólkur á innanlandsmarkaði en útflutningsbætur til að styrkja framleiðslu umfram innanlandsmarkað voru felldar niður. Þessu fylgdi því veruleg takmörkun fyrir bændur á framleiðslumöguleikum á mjólk og kindakjöti.

Sala ríkisjarða fer fram á tvo vegu. Annars vegar þegar tekin er ákvörðun um sölu jarðar með almennri markaðssetningu og hún auglýst opinberlega og hins vegar þegar ábúandi beitir kauprétti sem hann öðlast eftir 10 ára búsetu skv. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, eða skv. 2. mgr. laga nr. 34/1982 um jarðasjóð. Í fyrra tilvikinu hefur ráðuneytið aldrei skilið rétt frá ríkisjörð til að selja og auglýsa sérstaklega. Væri það gert fæli það í sér að viðkomandi jörð yrði óhæf til hefðbundins búskapar og mannvirki jarðarinnar gerð ónýtanleg. Í seinna tilvikinu þegar um kaup ábúenda er að ræða eiga þeir oftast öll mannvirki á jörðinni eða meginhluta þeirra. Yrði jarðareiganda gert að greiða sérstaklega fyrir greiðslumark jarðarinnar, sem eins og áður er nefnt gefur rétt til að nýta mannvirki jarðarinnar til framleiðslu, væri verðmæti eigna hans á jörðinni skert.

3. *Hvernig hefur fullvirðisrétti sem skráður var eign ríkisins verið ráðstafað í kjölfar sölu ríkisjarða:*
   a. *Í hve mörgum tilvikum var hann seldur sérstaklega og hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar við mat á verðmæti hans?*
   b. *Hefur honum í einhverjum tilvikum verið ráðstafað á annan hátt en með sölu, t.d. leigu, gjöfum eða með öðrum hætti? Ef svo er, eftir hvaða reglum var farið?*

Þar sem greiðslumark hefur ekki verið skilið frá ríkisjörðum við sölu er ekki um það að ræða að ríkið hafi ráðstafað greiðslumarki (fullvirðisrétti) í kjölfar sölu. Upplýsingar um ráðstöfun kaupenda á greiðslumarki (fullvirðisrétti) til að svara fyrirspurn undir þessum lið eru ekki til staðar í ráðuneytinu. Um er að ræða persónubundin viðskipti sem ráðuneytið hefur hvorki aðgang að né yfirlit yfir.

4. *Hefur ráðherra veitt heimildir til þess á tímabilinu að ábúendur ríkisjarða gætu selt eða afhent fullvirðisrétt í eigu ríkisins af jörð meðan hún hefur verið í ábúð? Ef svo er, á hvaða lagaheimildum hefur það verið byggt?*

Ábúendum ríkisjarða hefur verið heimilað að afhenda fullvirðisrétt og síðar greiðslumark af ríkisjörð þegar almenn uppkaup hafa farið fram samkvæmt búvörusamningum til að hagræða við framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða í samræmi við markmið búvörusamninga. Í búvörusamningi frá í mars 1991, um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða, var samið um að ríkið keypti upp fullvirðisrétt í sauðfé er nam 3.700 tonnum. Til aðlögunar á fullvirðisrétti mjólkur að greiðslumarki árið 1992 greiddi Framleiðnisjóður landbúnaðarins fyrir fullvirðisrétt, sem bundinn var í leigu hjá sjóðnum, þegar hann losnaði. Í búvörusamningi um sauðfjárframleiðslu frá 1. október 1995 var samið um að ríkissjóður keypti upp greiðslumark í sauðfé á samningstímanum, sem var til ársloka 2000, eftir nánari ákvæðum. Í búvörusamningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 eru enn fremur ákvæði um uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki í sauðfé, en samkvæmt þeim kaupir ríkissjóður upp 45 þúsund ærgildi. Ábúendum ríkisjarða hefur verið heimilað að taka þátt í hagræðingu innan mjólkur- og sauðfjárframleiðslu samkvæmt áðurnefndum búvörusamningum. Það hefur verið gert á þann hátt að andvirði greiðslumarksins sem selt er af ríkisjörð er greitt ábúanda, en færist sem framlag til jarðarinnar. Framlag þetta afskrifast á 10 árum sem leiðir til þess að fari ábúandi af jörðinni áður en afskriftartíma lýkur endurgreiðir hann óafskrifaða upphæð á uppfærðu verðlagi til þess dags þegar ábúð lýkur. Þessi regla hefur hefur verið sú sama frá 1991 og sett til að gera ábúendum ríkisjarða mögulegt að taka þátt í þeirri hagræðingu í mjólkurframleiðslu og saufjárrækt sem áðurnefndir samingar hafa gefið kost á.

Í þremur undantekningartilvikum hefur ábúendum ríkisjarða verið heimilað að selja greiðslumark í mjólk utan ákvæða búvörusamninga. Í þessum tilvikum var um að ræða hagræðingu í búskap vegna veikinda sem leiddu til þess að ábúendur voru ófærir um að stunda mjólkurframleiðslu. Selt var greiðslumark frá jörðunum Breiðabólsstað í Þverárhreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, Langholti í Skaptárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu og Staðarfelli í Dalasýslu. Ákvörðun hefur verið tekin um að heimila ekki frekari sölu á greiðslumarki í mjólk af ríkisjörðum.

5. *Hvernig hefur verið farið með fullvirðisrétt í eigu ríkisins við ábúðarlok og uppgjör við fráfarandi ábúanda?*

Við ábúðarlok á ríkisjörðum fer fram uppgjör eigna skv. 16. gr. ábúðarlaga, 64/1976, á þann hátt að ráðuneytið greiðir fyrir endurbætur og framkvæmdir sem ábúendur hafa gert á jörðinni á ábúðartíma sínum. Þeim er greitt sem svarar til nýviðis eigna að frádregnum

afskriftum samkvæmt mati úttektarmanna eða eftir atvikum yfirmatsnefndar. Greiðslumark fylgir jörðinni sem óaðskiljanlegur hluti hennar og fá ábúendur hvorki greitt fyrir það né reiknað til kostnaðar.

602. Breytingartillaga [358. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: sbr. 74. gr. sveitarstjórnarlaga.

603. Frumvarp til laga [229. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. koma tvær nýjar greinar, 37. gr. a og 37. gr. b, svohljóðandi:

a. (37. gr. a.)

37.a.1. Starfrækja skal stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð.

37.a.2. Hlutverk Heyrnar- og talmeinastöðvar er eftirfarandi:

1. Að annast þjónustu við heyrnarlausa, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein og eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar.
2. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum ásamt ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu vegna þeirra.
3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir um forvarnir eftir því sem við á.
4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausa og þá sem eru með heyrnar- og talmein og sjá um viðeigandi fræðslu og þjálfun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.
5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir og/eða eru með heyrnar- og talmein og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og reglum settum með stoð í þeim lögum og 3. gr. laga þessara.

37.a.3. Við Heyrnar- og talmeinastöð skal vera fimm manna fagráð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Fagráðið skal skipað þremur mönnum með menntun og/eða sérþekkingu á verksviði stofnunarinnar og tveimur fulltrúum notenda þjónustunnar. Fagráðið er framkvæmdastjóra til ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnunarinnar. Heimilt er að ákveða nánar um menntunarskilyrði starfsmanna í reglugerð.

37.a.4. Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöð.

37.a.5. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald vegna viðgerða á hjálpartækjum.

37.a.6. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar, með síðari breytingum, og reglum settum með stoð í þeim lögum.

37.a.7. Sjúkratryggður einstaklingur, sbr. 1. tölul. 2. mgr., skal greiða gjald fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.

37.a.8. Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.

37.a.9. Ráðherra setur gjaldskrá vegna 5., 7. og 8. mgr. að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og fagráð Heyrnar- og talmeinastöðvar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og talmeinastöð innheimtir gjöld þessi.

37.a.10. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

b. (37. gr. b.)

37.b.1. Ráðherra er heimilt að veita rekstrarleyfi til að annast þá þjónustu eða hluta þeirrar þjónustu sem greinir í 2. mgr. 37. gr. a. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skulu fylgja upplýsingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. eftir því sem við á. Enn fremur gilda ákvæði 2. mgr. 27. gr. um veitingu rekstrarleyfis og 28. gr. um eftirlit heilbrigðisyfirvalda.

37.b.2. Leyfishafi skal ráða starfsmenn með viðeigandi menntun til að tryggja að hann geti veitt þjónustu skv. 1. mgr. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði í reglugerð.

37.b.3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur ákveðið þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina með þjónustusamningi við rekstrarleyfishafa.

37.b.4. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

604. Frumvarp til laga [145. mál]

um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 3. mgr. verður svohljóðandi:

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,12% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra. Verði útgjöld meiri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda meiri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

b. Á eftir orðinu „innheimtu“ í 5. mgr. kemur: þ.m.t. fyrirframgreiðslu.

2. gr.

20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild í almennum fastasímanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Rekstrarleyfishafar með umtalsverða markaðshlutdeild skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Um málsmeðferð fer skv. 27. og 28. gr.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð skv. 1. mgr. sem felur í sér að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000, um opinn aðgang að heimtaugum, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 frá 30. mars 2001, um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn, verði að fullu innleidd í íslensk lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

605. Frumvarp til laga [169. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

42.3. Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

42.4. Ráðherra skipar samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins og skal annar þeirra vera varaformaður, einn skal tilnefndur af fjármálaráðherra og aðrir, þar á meðal formaður, skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samningar nefndarinnar skulu gerðir í samræmi við skilgreind markmið, sbr. 3. mgr., og með tilliti til hagkvæmni og gæða þjónustunnar. Samningarnir skulu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu og hvar hún skuli veitt.

42.5. Ráðherra gerir verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. A-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Læknishjálp sem samið hefur verið um skv. 39. gr.

b. 2. mgr. orðast svo:

Að svo miklu leyti sem samningar skv. 39. gr. ná ekki til sjúkrahjálpar samkvæmt framansögðu getur ráðherra ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti með reglugerð.

3. gr.

Lokamálsgrein 33. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa sem samið hefur verið um skv. 39. gr. Um gjald sem sjúkratryggður einstaklingur greiðir fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun læknis fer samkvæmt gjaldskrá ráðherra, sbr. 2. mgr.

b. 1. málsl. b-liðar 1. mgr. orðast svo: Nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum sem samningar skv. 39. gr. taka til.
c. Í stað orðanna „sem ákveðið skal með reglugerð“ í 3. málsl. b-liðar 1. mgr. kemur: samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, sbr. 2. mgr.
d. Í stað orðsins „reglugerð“ í 2. málsl. c-liðar 1. mgr. kemur: gjaldskrá, sbr. 2. mgr.
e. D-liður 1. mgr. fellur brott og breytist stafrófsröð annarra liða samkvæmt því.
f. F-liður 1. mgr. orðast svo: Aðstoð ljósmóður við fæðingu í heimahúsum samkvæmt samningum skv. 39. gr. og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.
g. K-liður 1. mgr. orðast svo: Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum skv. 39. gr.
h. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Heimilt er að breyta greiðslum sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt þessari grein með reglugerð og ákveða hámark eininga í lyfjaávísunum. Sjúkratryggðir einstaklingar skulu greiða gjald fyrir þjónustu skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra setur. Um greiðslur fyrir tannlæknaþjónustu fer samkvæmt ákvæðum 37. gr. Heimilt er að ákveða að gjald skv. a-, b-, c-, d-, g-, h- og i-liðum 1. mgr. og 3. mgr. skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess sem sjúkratryggðum einstaklingi ber að greiða.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða frekari kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í þessari grein og 37. gr.

5. gr.

1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra.

6. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar samninganefnd, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem gerir samninga við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Um greiðslur Tryggingastofnunar til heilbrigðisstarfsmanna, stofnana eða fyrirtækja fer samkvæmt þeim samningum. Tryggingastofnun ríkisins skal þó semja um þjónustu sem tilgreind er í 41. gr.

Ráðherra skal ákveða daggjöld dvalarheimila fyrir aldraða, hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum með reglugerð. Ráðherra skal áður en daggjöld eru ákveðin óska eftir tillögum viðkomandi stofnana. Daggjöld hjúkrunarheimila og daggjöld vegna hjúkrunarrýma skulu ákveðin með hliðsjón af mati á hjúkrunarþyngd. Samanlagðar tekjur stofnunar skulu standa undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem kveðið er á um í lögum um málefni aldraðra og reglugerðum með stoð í þeim lögum. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd.

7. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þjónustu sem henni ber að veita og fellur ekki undir verksvið samninganefndar skv. 1. mgr. 39. gr. laganna. Tryggingastofnun ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum. Samninga má gera í framhaldi af útboði og ákveður stofnunin hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur stofnunin ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

Um samninga stofnunarinnar um afmörkuð rekstrarverkefni fer samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins.

8. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem ábyrgð bera á vörslu sjúkraskráa er skylt að veita læknum, eða eftir atvikum tannlæknum, Tryggingastofnunar ríkisins þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta eða endurgreiðslu reikninga og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar. Þá er læknum Tryggingastofnunar, eða tannlæknum þegar það á við, heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er með þessum hætti skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og jafnframt gætt ákvæða laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

9. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins greiðir kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálp við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um stundarsakir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

606. Frumvarp til kvikmyndalaga. [227. mál]

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI

Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn kvikmyndamála samkvæmt lögum þessum.

Kvikmyndaráð veitir stjórnvöldum ráðgjöf um kvikmyndamálefni og gerir tillögur til menntamálaráðherra um stefnu og markmið opinberra aðgerða á sviði kvikmyndalistar.

Menntamálaráðherra skipar sjö fulltrúa í kvikmyndaráð til þriggja ára í senn, formann og varaformann án tilnefningar, en hina fimm samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagsins – SÍK, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Félags kvikmyndahúsaeigenda og Bandalags íslenskra listamanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Sami maður verður ekki skipaður í sæti aðalmanns í kvikmyndaráð oftar en tvisvar samfleytt.

II. KAFLI
Kvikmyndamiðstöð Íslands.

3. gr.

Verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru að:

1. Styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda.
2. Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út.
3. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
4. Stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn, að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu.

Forstöðumaðurinn fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvarinnar.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs, sbr. 6. gr., skulu sérgreindar í fjárlögum hverju sinni. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

6. gr.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi.

Kvikmynd, sem styrkt er af Kvikmyndamiðstöð Íslands, skal hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars.

7. gr.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda.

Í reglugerð sem menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn kvikmyndaráðs skal kveðið á um skilyrði fyrir framlögum úr sjóðnum með styrkjum, lánum eða veitingu tímabundinna vilyrða fyrir stuðningi. Jafnframt skulu sett ákvæði m.a. um undirbúning úthlutunar og greiðslur úr sjóðnum. Þar skal enn fremur kveðið á um meginskiptingu fjárveitinga Kvikmyndasjóðs milli einstakra greina kvikmyndagerðar, svo og um tilhögun mats á umsóknum, störf úthlutunarnefnda og um kvikmyndaráðgjafa.

III. KAFLI
Kvikmyndasafn Íslands.

8. gr.

Hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er að:

1. Safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir, samvinnuverkefni íslenskra og erlendra aðila og erlendar kvikmyndir sem teknar hafa verið á Íslandi, þ.m.t. að varðveita skilaskylt efni samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
2. Hafa eftirlit með skylduskilum kvikmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna.
3. Standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvikmyndalist.
4. Sjá um viðhald og endurgerðir á kvikmyndum safnsins.
5. Skapa fræðimönnum og fagmönnum aðstöðu til að stunda kvikmyndafræðilegar rannsóknir.
6. Efla kvikmyndamenningu á Íslandi.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningarsögu.

10. gr.

Framleiðendum kvikmynda sem hlotið hafa styrk úr Kvikmyndasjóði er skylt innan sjö ára frá frumsýningardegi að afhenda Kvikmyndasafni tvö eintök kvikmyndar og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess, sem og annað efni er varðar kvikmyndina og varðveislugildi hefur. Nánar skal kveðið á um framkvæmd skila í reglugerð.

11. gr.

Tekjur Kvikmyndasafns Íslands eru árlegt framlag í fjárlögum, vaxtatekjur og aðrar tekjur. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar Kvikmyndasafnsins til þriggja ára.

Kvikmyndasafni Íslands er heimilt að taka gjald fyrir eftirtalda þætti þjónustunnar: Útlán á kvikmyndum, kvikmyndasýningar, sérvinnslu skráa og úttak tölvugagna, sérfræðilega heimildaþjónustu og hvers konar afritun og fjölföldun, til þess að standa straum af launum og efniskostnaði vegna þessara þátta. Gjaldskrá vegna þessarar þjónustu skal háð samþykki menntamálaráðherra.

Kvikmyndasafn Íslands skal afla fullnægjandi heimilda rétthafa samkvæmt höfundalögum svo að markmið starfsemi Kvikmyndasafns nái fram að ganga.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að skipa markaðsnefnd kvikmynda til þriggja ára í senn er í sitji fulltrúar samkvæmt tilnefningum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands, utanríkisráðuneyti og Útflutningsráði. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Hlutverk nefndarinnar er að veita innlendum og erlendum aðilum þjónustu er varðar gerð kvikmynda á Íslandi. Nefndinni er heimilt að kynna Ísland sem vettvang kvikmyndagerðar.

Menntamálaráðherra setur nefndinni erindisbréf. Menntamálaráðherra er heimilt að fela Kvikmyndamiðstöð Íslands rekstur markaðsnefndarinnar með sérstökum samningi.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. mars 2003. Um leið falla úr gildi lög um kvikmyndamál, nr. 94/1984, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands taka við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs Íslands. Kvikmyndamiðstöð tekur við réttindum og skyldum Kvikmyndasjóðs gagnvart viðskiptavinum hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Umboð núverandi stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands fellur niður frá gildistöku laga þessara.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands þar til nýr forstöðumaður hefur verið skipaður samkvæmt ákvæðum 4. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003. Staða framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands skal lögð niður frá og með þeim tíma er hann lætur af störfum.

Núverandi safnstjóri Kvikmyndasafns Íslands gegnir störfum forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands þar til skipað hefur verið í embætti forstöðumanns samkvæmt ákvæðum 9. gr., þó eigi lengur en til 1. mars 2003.

Lokið skal við að skipa í kvikmyndaráð skv. 2. gr. laga þessara fyrir 1. febrúar 2003.

607. Frumvarp til girðingarlaga. [180. mál]

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Markmið með þessum lögum er að fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum.

Lögin gilda um allar girðingar. Sérlög sem fjalla um girðingar halda gildi sínu en þó gilda ákvæði þessara laga og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim alltaf um gerð girðinga.

2. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar ekki er annars getið, eru netgirðing, gaddavírsgirðing og rafgirðing. Einnig teljast til girðinga girðingar úr ýmsu efni, svo sem úr tré, steinsteypu, stáli, áli, plasti, grjóti og torfi og að auki aðrar girðingar sem teljast gripheldar að mati búnaðarsambands.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra setur almenna reglugerð sem kveður á um ýmsa staðla og orðskýringar. Í reglugerðinni skal kveðið á um það hvaða skilyrði girðing þarf að uppfylla til að teljast fullnægjandi varsla fyrir hverja búfjártegund. Í henni skal einnig mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi, uppsetningu, gerð og tæknilegum frágangi girðinga, hliða o.fl. sem tengist þeim.

4. gr.

Nú er jörð ekki í ábúð og/eða umráðamaður lands hefur ekki hug á að nota girðingu og skal þá láta girðinguna standa ef nágrannajörð eða jarðir geta haft not af henni eða hluta úr henni. Viðhaldsskyldan á þeim hluta færist yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar er hann hefur gagn af, eftir mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr.

5. gr.

Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu nái aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá eða þeir er samgirðingar eru krafðir þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða, enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt.

6. gr.

Vilji meiri hluti landeigenda sem eiga lönd er liggja að afrétti girða milli afréttar og heimalanda sinna skulu eigendur eða notendur afréttar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar nái aðilar um það samkomulagi. Ef forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins fer um það eins og segir í 5. og 7. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, nema þeirra girðinga er Vegagerðin setur upp, sbr. vegalög, nr. 45/1994.

Nú er landamerkjagirðing til staðar sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr. eftir að lög þessi hafa öðlast gildi, enda brjóti það ekki í bága við gildandi samninga.

7. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli reisa, kostnaðarskiptingu eða um aðra framkvæmd verksins og skal þá viðkomandi búnaðarsamband tilnefna einn fagaðila til að skera úr um ágreining, sveitarfélag einn og sýslumaður einn. Liggi girðing á mörkum sveitarfélaga skal hvor aðili tilnefna aðila úr sínu sveitarfélagi til að jafna ágreininginn ásamt oddamanni frá hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Liggi girðingin á mörkum stjórnsýsluumdæma tilnefna hlutaðeigandi sýslumenn sinn manninn hver, en stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir oddamann/menn og skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn og ákveða úrskurðaraðilar hverju hann nemur.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar á vegum ríkisstofnana, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á því að eignast þær. Þá gilda sömu reglur um greiðslu á viðhaldi, eftir því sem við á, og um aðrar þær girðingar er lög þessi mæla fyrir um, en haldast skulu sérákvæði annarra laga um slíkar girðingar.

Nú er ekki þörf á slíkri girðingu og enginn gefur kost á að halda henni við og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi/félögum heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum og skal hún þá svo reist að á hvorugan sé gengið sem land á að henni. Efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint og vill sá eigi samþykkja er á land á móti. Þá skal það þó heimilt ef úrskurðaraðilar, sbr. 7. gr., meta að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna og skulu þeir þá ákveða girðingunni stað og skal það gert þannig að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo að meira sneiðist annað landið og skal þá meta skaðabætur þeim er landið missir. Girðingarstæðið skal merkt inn á jarðakort. Það sama á við þegar náttúrulegar hindranir gera ókleift eða óhóflega dýrt að mati úrskurðaraðila, sbr. 7. gr., að girða á landamerkjum.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta, helst þó óbreyttur, nema samkomulag verði um að girðingin skipti löndum til fullnustu.

10. gr.

Sé land í óskiptri sameign geta einn eða fleiri landeigendur því aðeins girt á því landi að allir sameigendur séu samþykkir girðingunni.

Náist ekki samkomulag er því aðeins hægt að girða að landskipti hafi farið fram.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5.–10. gr. er skylt að halda við, þannig að hún sé gripheld, svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir og þar til snjó leggur. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni og á hann þá rétt til bóta frá þeim sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða varðar það sektum og skaðabótum til tjónþola.

Nú er hætt að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við og er þá girðingareigendum skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976.

Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld girðingarlög, nr. 10/1965, ásamt síðari breytingum.

608. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: *Búsvæði:* Þeir staðir eða svæði þar sem tegund getur þrifist.
b. Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í b-lið 5. tölul. kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.
c. Við bætist nýr töluliður, 9. tölul., sem orðast svo: *Vistgerðir:* Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.

2. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

9. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

10. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Umhverfisþing.

Umhverfisráðherra skal boða til umhverfisþings að loknum hverjum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Á umhverfisþingi skal fjalla um umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Fjórða hvert ár skal á umhverfisþingi fjalla um aðgerðaáætlanir um sjálfbæra þróun. Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga og fulltrúa atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka sem hafa umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni.

Seta á þinginu er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

5. gr.

Í stað tilvísunarinnar „7. tölul. 3. gr.“ í 2. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 20. gr. laganna kemur: 8. tölul. 3. gr.

6. gr.

Tilvísunin „nr. 10/1965“ í 2. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „landslagsgerðir“ í 1. mgr. 37. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur í viðeigandi falli: jarðmyndanir og vistkerfi.

8. gr.

2. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Náttúruvernd ríkisins og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn framangreindra aðila.

9. gr.

D-liður 50. gr. laganna orðast svo: friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 54. gr.

10. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs“ í 1. mgr. 51. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

11. gr.

Í stað orðanna „Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi“ í 3. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: Lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi.

12. gr.

Í stað orðanna „Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Náttúruverndarráðs“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: Náttúruverndar ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í 1. mgr. kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Áætlun skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana.
c. Í stað orðsins „búsvæða“ í b-lið 2. mgr. kemur: vistgerða.

14. gr.

Í stað orðanna „búsvæði þeirra“ í c-lið 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: búsvæði þeirra, vistgerðir.

15. gr.

71. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

609. Frumvarp til laga [167. mál]

um leigubifreiðar.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til fólksbifreiða sem notaðar eru til leigubifreiðaaksturs. Fólksbifreiðar sem skráðar eru fyrir fleiri en átta farþega falla þó ekki undir lög þessi. Leigubifreiðaakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.

Heimilt er með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs leigubifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr.

Leigubifreiðar skulu auðkenndar samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Vegagerðarinnar.

2. gr.

Umsjón með leigubifreiðaakstri.

Vegagerðin fer með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Undir starfssvið hennar fellur útgáfa starfsleyfa leigubifreiðastöðva, útgáfa atvinnuleyfa, útgáfa leyfa fyrir forfallabílstjóra og námskeiðahald. Þá sér Vegagerðin um starfrækslu gagnagrunns sem m.a. geymir upplýsingar um atvinnuleyfi og heimildir til undanþágu frá akstri eigin bifreiðar. Í gagnagrunninn eru skráðar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja verða til grundvallar útgáfu atvinnu- og/eða starfsleyfis. Við skráningu gagna í gagnagrunninn og meðferð þeirra skal gætt ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Leigubifreiðastöðvar skulu gefa Vegagerðinni upplýsingar um einstaka atvinnuleyfishafa, svo sem hverjir aka á hvaða stöð og önnur atriði er varða umsýslu leigubifreiðamála. Vegagerðin getur heimilað sérstakar útstöðvar frá gagnagrunninum á leigubifreiðastöðvum eða hjá félögum leigubifreiðastjóra til þess að afgreiða undanþágur skv. 9. gr.

Atvinnuleyfishöfum er skylt að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varða atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess.

Samgönguráðherra er heimilt að fenginni umsögn Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitarstjórnum framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins enda liggi fyrir ósk þess efnis frá viðkomandi sveitarstjórn. Við flutning málaflokksins yfir til sveitarfélags tekur viðkomandi sveitarstjórn við stöðu Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt. Samgönguráðherra getur veitt sveitarfélagi undaþágu frá starfrækslu gagnagrunns skv. 1. og 2. mgr. enda sé tryggt að unnt sé að halda uppi fullnægjandi eftirliti.

3. gr.

Leigubifreiðastöðvar.

Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar.

Leigubifreiðastöðvar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver leigubifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar. Skal hún sérstaklega fylgjast með því að reglur um nýtingu atvinnuleyfis séu ekki brotnar.

Leigubifreiðastöð getur séð um afgreiðslu undanþágna frá akstri eigin bifreiða skv. 9. gr. Telji leigubifreiðastöð að þeir sem hafa afgreiðslu á stöðinni hafi brotið gegn ákvæðum þessum skal hún stöðva afgreiðslu þeirra og tilkynna það til Vegagerðarinnar.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um hlutverk og skyldur leigubifreiðastöðva og skilyrði starfsleyfis að fengnum tillögum Vegagerðarinnar. Þar geta m.a. komið fram kröfur um þjónustustig, lágmarksfjölda bifreiða og tæknibúnað. Vegagerðinni er heimilt að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða o.fl. Leigubifreiðastöðvar skulu sjá um að gæðastöðlum sé framfylgt.

4. gr.

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Vegagerðarinnar og leigubifreiðastöðva samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra.

Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

II. KAFLI
Leyfisveitingar.

5. gr.
Skilyrði fyrir atvinnuleyfi.

Sá sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum:

1. Hefur fullnægjandi starfshæfni, þ.m.t. fullnægjandi ökuréttindi og tilskilin námskeið sem nánar er fjallað um í reglugerð.
2. Er skráður eigandi fólksbifreiðar, þ.e. atvinnuleyfishafi skal vera skráður eigandi bifreiðar eða skráður fyrsti umráðamaður samkvæmt samningi við löggilt kaupleigu- eða rekstrarleigufyrirtæki.
3. Stundar leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu, sbr. þó 9. gr.
4. Hefur ekki verið dæmdur til refsivistar eða framið alvarlegt eða ítrekað brot á lögum og reglugerðum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.
5. Er fjár síns ráðandi.
6. Er 70 ára eða yngri, sbr. þó 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.

Forfallabílstjóri skal uppfylla skilyrði 1., 4. og 6. tölul. 1. mgr.

Samgönguráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði fyrir atvinnuleyfi og akstri forfallabílstjóra.

6. gr.
Veiting atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi skv. 5. gr. er skilyrði þess að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leigubifreiðaakstur, sbr. þó 9. gr. Atvinnuleyfi eru gefin út af Vegagerðinni hvort sem er á takmörkunarsvæðum eða utan þeirra.

Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita meira en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leigja það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Leigubifreiðastjórar samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar á því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leigubifreiðaakstur í forföllum leyfishafa. Vegagerðin gefur atvinnuskírteinin út gegn gjaldi skv. 12. gr. Endurnýja ber atvinnuskírteini á fimm ára fresti.

Vegagerðin skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og skal gera viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Vegagerðinni er heimilt að fela öðrum aðila framkvæmd námskeiða og fræðslu samkvæmt lögum þessum.

Vegagerðin skal gefa út leyfi til forfallabílstjóra til staðfestu því að þeir hafi leyfi til að aka leigubifreið eftir að hafa sýnt fram á að þeir hafi fullnægt skilyrðum 5. gr.

Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum, enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr.
Skilyrt atvinnuleyfi.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er Vegagerðinni heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnaþjónustu.

8. gr.

Takmörkun á fjölda leigubifreiða.

Samgönguráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari reglur um fjölda leigubifreiða á ákveðnum svæðum að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórna, héraðsnefnda og félaga leigubifreiðastjóra.

Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst.

Þar sem takmörkun á fjölda leigubifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 5. gr. og situr hann að jafnaði fyrir við úthlutun leyfa hafi hann stundað leigubifreiðaakstur í a.m.k. eitt ár. Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda leigubifreiða á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir skilyrðum 5. gr. Vegagerðinni er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. á svæðum þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða. Takmörkun þessi er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt þessum kafla.

9. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leyfishafi skal hafa leigubifreiðaakstur að aðalatvinnu. Þó má víkja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000.

Veita má leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

1. orlofs, þ.m.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda eða annarra forfalla,
2. vaktaskipta á álagstímum,
3. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 2. mgr. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og félaga leigubifreiðastjóra. Leigubifreiðastöðvar geta annast veitingu undanþágna á grundvelli upplýsinga í gagnagrunni sem Vegagerðin heldur og hefur að geyma upplýsingar um leyfishafa, undanþágur til þeirra, forfallabílstjóra og annað sem nauðsynlegt þykir í þessu skyni, sbr. 2. gr. Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða gjald fyrir afgreiðslu veittra undanþágna.

Vegagerðin getur heimilað að félög leigubifreiðastjóra annist afgreiðslu undanþágna, sbr. 3. mgr., standist þau kröfur hennar.

Leigubifreiðastjóra sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfellt í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfi úr gildi.

Vegagerðin setur reglur um heimildir til tímabundinna innlagna atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Þó er heimilt að framlengja atvinnuleyfi til eins árs í senn þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri ef hann telst hæfur til að stunda leigubifreiðaakstur. Nánar má kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjú ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði. Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að þrjá mánuði eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

10. gr.
Gjaldmælar.

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum leigubifreiðum samkvæmt lögum þessum. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla. Vegagerðin setur reglur um með hvaða hætti verðskrá leigubifreiða skal sýnileg viðskiptavinum þeirra.

11. gr.
Refsingar. Svipting leyfis.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum og leyfissviptingu, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi atvinnuleyfi. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þar til úrlausn hefur fengist í málinu skv. 1. mgr.

12. gr.
Leyfisgjöld.

Greiða skal 10.000 kr. árlegt gjald fyrir hvert atvinnuleyfi sem í gildi er. Að auki skulu eftirtalin gjöld innheimt:

1. Fyrir útgáfu atvinnuskírteina 2.500 kr.
2. Fyrir tímabundna innlögn leyfis 1.000 kr.
3. Fyrir úttekt leyfis 1.000 kr.
4. Fyrir vottorð um gilt atvinnuleyfi vegna bifreiðakaupa 1.000 kr.
5. Fyrir færslu á milli stöðva 1.000 kr.

Halda skal tekjum og gjöldum vegna framangreinds aðskildum í bókhaldi.

Framangreind gjöld skulu renna til Vegagerðarinnar eða eftir atvikum til einstakra sveitarstjórna enda hafi þeim verið falin framkvæmd mála er varða leigubifreiðar innan sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 2. gr. Gjöldin skulu standa undir umsýslu og starfsemi samkvæmt lögum þessum. Jafnframt er heimilt að innheimta námskeiðsgjöld fyrir kostnaði.

13. gr.
Reglugerð.

Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leigubifreiðastöðvar sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu 1. júlí 2002 hafa uppfyllt öll ákvæði reglna sem Vegagerðin setur um leigubifreiðastöðvar.

Hinn 1. júlí 2002 skulu forfallabílstjórar, sem hófu akstur eftir 1. maí 1999, hafa staðist fullnægjandi námskeið skv. 2. og 5. gr. laga þessara. Að öðrum kosti falla leyfi þeirra niður.

610. Frumvarp til laga [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Vegagerðinni er heimilt að veita almennt leyfi skv. 4. gr. til aksturs skólabifreiða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri en níu farþega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.000“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.400.
b. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

611. Lög [362. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 519.

612. Frumvarp til laga [378. mál]

um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eiganda vatnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitunnar. Ákvæði þetta nær eingöngu til vatnsveitu sem er ekki sjálfstæður skattaðili og að öllu leyti í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í félagsmálaráðuneyti og hefur það tvíþætt markmið. Annars vegar er lagt til að sveitarfélagi verði veitt fullt vald til að ákveða rekstrarform vatnsveitu sem það rekur. Hins vegar er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér arðgreiðslur sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins er ætlað að tryggja samræmi við frumvarp til raforkulaga sem iðnaðarráðherra hyggst leggja fram og kynnt var á 126. löggjafarþingi, þar sem mælt er fyrir um að öll raforkufyrirtæki skuli vera sjálfstæðir lög- og skattaðilar. Þess eru nokkur dæmi að sveitarfélög reki í einu fyrirtæki eða stofnun héraðsrafmagnsveitu, hitaveitu og vatnsveitu. Ætla má að á næstu árum muni þessi fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga taka þátt í samkeppnisrekstri á sviði raforkuframleiðslu og verður þeim þá skylt að halda þeim hluta starfsemi sinnar aðskildum frá rekstri sem þau eiga einkarétt á, þar á meðal rekstri hitaveitu og vatnsveitu. Engu að síður kann að vera hagkvæmt að reka allar þessar veitur í einu fyrirtæki eða stofnun.

Í núgildandi 1. mgr. 2. gr. laganna er mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli fara með stjórn vatnsveitu í sveitarfélagi. Hefur ákvæðið verið túlkað svo að vatnsveita skuli annaðhvort vera hluti af sveitarsjóði eða rekin sem b-hluta stofnun í eigu sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Er sveitarfélagi því ekki heimilt að reka vatnsveitu í formi sameignarfélags eða hlutafélags. Í 3. gr. laganna er hins vegar ákvæði sem heimilar sveitarstjórnum að leggja og reka sameiginlega vatnsveitu og er sveitarstjórnum þá jafnframt heimilt að gera með sér samkomulag um með hvaða hætti veitan skuli lögð og rekin. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalag 2. gr. laganna verði fært til samræmis við orðalag 3. gr. og þar með verði sveitarfélagi í sjálfsvald sett að ákveða rekstrarform vatnsveitu. Með því að gefa rekstrarform vatnsveitna í eigu sveitarfélaga frjálst er verið að koma í veg fyrir að skipta verði veitufyrirtækjum stofnana upp í fleiri en eitt fyrirtæki eða stofnanir.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði inn í lögin heimild fyrir sveitarfélögin að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatnsveitu. Greinin er að mestu efnislega samhljóða 1. og 2. gr. laga nr. 78/2001, um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Greinin er einnig í samræmi við 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þar sem segir að sveitarfélög skuli setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og þeim sé heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið sé í rekstri þeirra. Var því ákvæði ætlað að skjóta stoðum undir framkvæmd sem tíðkast hafði um árabil í rekstri sveitarfélaga þótt ótvíræða lagaheimild til þess hefði vantað í löggjöf. Í áliti meiri hluta félagsmálanefndar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 45/1998 segir enn fremur að einnig þurfi að gera breytingar á ákvæðum ýmissa sérlaga til að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð. Í samræmi við þessi sjónarmið er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að sett verði skýr almenn heimild um arðgreiðslur vatnsveitna, líkt og þegar hefur verið gert í orkulögum varðandi rafveitur og hitaveitur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélögum verði frjálst að ákveða rekstrarform vatnsveitu sem það rekur. Enn fremur er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér arðgreiðslur sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Komi til hækkunar vatnsgjalda af þessum sökum leggst það á allar fasteignir tengdar viðkomandi vatnsveitu.

613. Fyrirspurn [379. mál]

til fjármálaráðherra um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvernig hafa ógreiddar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins breyst frá og með 1995?
2. Hvað hafa ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greitt háar fjárhæðir umfram iðgjöld til lífeyrissjóðsins til að mæta auknum lífeyrisskuldbindingum?
3. Hvernig hefur stjórn lífeyrissjóðsins ráðstafað þessu fé? Svarið óskast sundurgreint á ríkisskuldabréf, önnur skuldabréf, skráð hlutabréf og óskráð hlutabréf, svo og á innlenda og erlenda fjárfestingu. Ef ekki liggur fyrir sundurliðun á ráðstöfun þessa fjár sérstaklega verði það metið sem hlutfall af sameiginlegri ráðstöfun.
4. Hvernig hefur ávöxtun á þetta fé verið frá 1995?
5. Hvaða áhrif hefur góð eða lök ávöxtun á iðgjöld launþega, iðgjöld og eingreiðslur launagreiðenda og fjárhæð lífeyris, sundurgreint á deildir? Hvernig er því farið hjá almennum lífeyrissjóðum?

Skriflegt svar óskast.

614. Fyrirspurn [380. mál]

til fjármálaráðherra um álagningu skatta.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hefur komið fyrir að skattgreiðendur, sem skattstjóri hefur lagt á skatta á grundvelli tekjuáætlunar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, hafi misst íbúðir eða eignir sínar á uppboði, orðið gjaldþrota eða farið í fangelsi vegna skattskulda jafnvel þó að mál þeirra séu enn í kærumeðferð?
2. Hefur komið fyrir að eftir að fyrrnefndir skattgreiðendur hafa misst eignir sínar, orðið gjaldþrota eða farið í fangelsi hafi kæra þeirra verið tekin til greina og álagning skattstjóra verið lækkuð eða felld niður? Ef svo er, hver er þá staða skattgreiðendanna?
3. Hefur komið fyrir að skattstjórinn í Reykjavík hafi lækkað eða fellt niður álagningu skatta en tollstjórinn í Reykjavík, sem innheimtuaðili skuldarinnar, haldi áfram óbreyttri innheimtu?

615. Fyrirspurn [381. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskattsskyldan reikning.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver ber innheimtukostnað ríkissjóðs, dráttarvexti og álag samkvæmt lögum um virðisaukaskatt sem leggst á virðisaukaskatt í vanskilum í þeim tilvikum er virðisaukaskattsskyldur reikningur fæst ekki greiddur á tilskildum tíma eða aldrei?
2. Hver ber sambærilegan kostnað vegna tekjuskatts af tekjum unninnar eða bókfærðrar þjónustu þegar innheimta þeirra dregst í mörg ár?

616. Fyrirspurn [382. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjóði starfsfólks heilsugæslustöðva.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Eru til sjóðir sem í rennur hlutur komugjalda til heilsugæslustöðva, svokölluð tíund, og eru m.a. nýttir fyrir heilsugæslustarfsfólk til ferðalaga og skemmtanahalds eins og kom fram í DV 7. des. sl.?
2. Ef svo er, hvert er hlutverk þessara sjóða?
3. Ef svo er, hverjar eru tekjur sjóðanna? Er um þóknun fyrir innheimtu skatta eða þjónustugjalds að ræða og á hvaða lagagrunni byggist hún?
4. Ef svo er, hversu mikið fé er til ráðstöfunar á ári?
5. Ef svo er, hverjir fá úthlutað og eftir hvaða reglum?

6. Ef svo er, hvaða styrkir hafa verið veittir á þessu ári úr sjóðunum?
7. Njóta starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins og stofnana þess svipaðra eða annarra fríðinda eða styrkja? Eru slík hlunnindi skattskyld?

617. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um mannréttindabrot gegn samkynhneigðum körlum í Egyptalandi.

Flm.: Guðrún Ögmundsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Sverrir Hermannsson, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að mannréttindabrot stjórnvalda í Egyptalandi gegn samkynhneigðum körlum verði stöðvuð og að þeir sem dæmdir hafa verið í fangelsi sökum kynhneigðar sinnar verði leystir úr haldi þegar í stað án eftirmála. Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hvetja þjóðir heims til nauðsynlegra aðgerða gegn stjórnvöldum í Egyptalandi til þess að þau sjái að sér og virði alþjóðasáttmála um almenn mannréttindi.

Greinargerð.

Hinn 14. nóvember kvað sérstakur dómstóll í Kaíró upp dóma yfir 52 karlmönnum sem setið hafa í haldi síðan í maí fyrir að vera samkynhneigðir. Af þeim voru 23 dæmdir til þrælkunarvinnu – frá einu ári og upp í fimm. Ekki er hægt að áfrýja þessum dómum. Hinir 29 voru sýknaðir. Mennirnir voru allir dæmdir af Öryggis- og neyðardómstóli ríkisins (á ensku Emergency State Security Court) sem telur sig ekki bundinn af þeim alþjóðasáttmálum sem Egyptaland á aðild að, sáttmálum sem þjóna þeim tilgangi að tryggja réttaröryggi og mannréttindi þegnanna. Slík túlkun mun þó reist á veikum grunni þar sem ekki ríkja herlög í landinu.

Forsaga málsins er sú að aðfaranótt 11. maí í vor réðst öryggislögregla Egyptalands ásamt hópi frá siðgæðislögreglu ríkisins til inngöngu á diskótekið Queen Boat í Kaíró, en sá staður nýtur vinsælda meðal samkynhneigðra þar í landi sem á síðustu árum hafa myndað hópa. Nokkrir voru handteknir á staðnum þá um nóttina en aðrir víðs vegar um borgina næstu daga. Þegar eltingarleik öryggislögreglunnar lauk í það sinn sátu 52 í fangelsi. Í yfirlýsingum lögreglunnar voru þeir allir sagðir samkynhneigðir. Hafa ber í huga að mök tveggja af sama kyni eru ekki refsiverð samkvæmt lögum Egypta. Til þess að réttlæta handtökur karlmannanna 52 varð að beita öðrum leiðum. Engu að síður leynir sér ekki að meint kynhneigð þeirra er hinn eiginlegi ásteytingarsteinn. Smám saman tóku að berast fregnir úr fangelsum Kaíró af grófum pyndingum og misþyrmingum mannanna. Aðbúnaður þeirra er skelfilegur, enga læknishjálp að fá og heimsóknir takmarkaðar. Í dagblöðum Egyptalands hafa verið birtar myndir af föngunum í því skyni að auðmýkja þá og fjölskyldur þeirra.

Málaferli hófust yfir mönnunum 18. júlí. Fimmtíu þeirra voru sakaðir um „siðlaust athæfi“ með vísun til greinar 9c í lögum nr. 10 frá 1961 um „baráttu gegn vændi“. Tveir voru auk þess sakaðir um „svívirðu við trúarbrögðin“ með vísun til greinar 98f í refsilögunum. Allir mennirnir 52 lýstu yfir sakleysi sínu og báru fram varnir. Dómar yfir mönnunum féllu 14. nóvember og voru á þessa leið:

- einn, talinn „forsprakki“ hópsins, var dæmdur í fimm ára þrælkunarvinnu fyrir „siðlaust athæfi“ og „svívirðu við trúarbrögðin“,
- einn var dæmdur í þriggja ára þrælkunarvinnu fyrir „svívirðu við trúarbrögðin“,
- 20 karlmenn voru dæmdir í tveggja ára þrælkunarvinnu fyrir „siðlaust athæfi“,
- einn var dæmdur í eins árs þrælkunarvinnu fyrir „siðlaust athæfi“,
- 29 voru sýknaðir. Ekki er ljóst hvenær þeim verður sleppt úr haldi. Samkvæmt heimildum getur saksóknari áfrýjað dómum að 30 dögum liðnum og fengið mál hinna sýknuðu tekin upp að nýju. Auk þessa var piltur nokkur dæmdur af unglingadómstóli 18. september í þriggja ára fangelsi fyrir „siðlaust athæfi“, en vegna ungs aldur fær hann að áfrýja máli sínu.

Þjóðþing og mannréttindastofnanir víða um heim hafa mótmælt atburðunum í Egyptalandi, þar á meðal fulltrúadeild Bandaríkjaþings og Sameinuðu þjóðirnar. Um leið berast mannréttindasamtökum reglulega fréttir af frekari fangelsunum karlmanna fyrir samkynhneigð. Erfitt er þó að átta sig á þróun mála í Egyptalandi og hvert stefnir í raun og veru, þar sem samkynhneigðir þar í landi fara leynt um þessar mundir og forðast flestir að tjá sig við erlenda fréttamenn og starfsmenn mannréttindastofnana.

Samtök samkynhneigðra um allan heim hvetja nú til skipulagðra mótmæla og ýmis mannréttindasamtök hafa tekið málið upp. Mikilvægt er að Ísland skipi sér í framvarðarsveit þeirra sem mótmæla mannréttindabrotunum sem eiga sér stað í Egyptalandi og taki málið upp á alþjóðavettvangi.

618. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til l. um að lögleiða ólympíska hnefaleika.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Hér er um að ræða mál sem Alþingi hafnaði í atkvæðagreiðslu fyrir einu og hálfu ári síðan, málið var fellt í atkvæðagreiðslu sem löglega hafði verið boðað til. Það var síðan lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Það er mat minni hlutans að ekkert nýtt hafi komið fram í málinu sem réttlætir að það skuli borið undir atkvæði Alþingis að nýju. Að vísu hefur minni hlutinn ný rök í málinu sem er samþykkt fastanefndar evrópskra lækna (sjá fylgiskjal II), en meiri hlutinn afgreiddi málið út úr nefndinni án þess að það fengi nokkra efnislega umfjöllun. Minni hlutinn fjallar nú um málið í þriðja sinn og kemst enn að sömu niðurstöðu, þ.e. að halda eigi fast við núgildandi bann við hnefaleikum. Þær ástæður sem minni hlutinn taldi, og telur enn, vega þyngst eru rökstuddar vísbendingar um að alvarlegt heilsutjón geti hlotist af iðkun hnefaleika, jafnt áhugamanna sem atvinnumanna, og vísbendingar um að skaðinn, sérstaklega tengdur höfuðáverkum, sem hlýst af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur eða jafnvel alveg sá sami. Að sögn sérfræðinga sem komu á fund heilbrigðisnefndar við fyrri umfjöllun um málið eru sterkar vísbendingar um að svo sé. Er þar um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum, jafnt fyrir innan heila sem utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða. Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og alzheimer- sjúkdómsins. Rannsóknir á augnskaða hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefa-

leikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótist í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum. Vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka og áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hlutinn: Hver á að njóta vafans?

Það vegur líka þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur hvert högg, rothögg gefur einnig stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Við umfjöllun nefndarinnar um málið á síðasta þingi kom fram að þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af tíu greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var í sex þeirra komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Af þessum fjórum voru tvær eftir sama höfund.

Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frumvarpið sem hér er til umræðu ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann.

Minni hlutinn telur að verði slakað á í þessu sambandi og áhugamannahnefaleikar lögleiddir megi gera ráð fyrir að brautin fyrir atvinnumannahnefaleika sé rudd og krafist verði lögleiðingar á þeim innan fárra ára. Að mati minni hlutans væri það stórslys.

Minni hlutanum hefur borist samþykkt fastanefndar evrópskra lækna sem gerð var samhljóða 22. september 2001 og er hún birt sem fylgiskjal II með nefndaráliti þessu. Þar kemur fram að ráðið styður ályktanir alþjóðasamtaka lækna um að hnefaleikar af öllu tagi verði bannaðir en þangað til slíkt bann kemst á verði reglum í hnefaleikum breytt þannig að höfuðhögg verði bönnuð og er skorað á alþjóðaólympíunefndina og alþjóðahnefaleikasamböndin að banna höfuðhögg bæði í hnefaleikum atvinnumanna og áhugamanna.

Í umfjöllun um málið í nefndinni á síðasta þingi kom fram að Norðmenn hafa nú til skoðunar möguleikann á að banna allar íþróttir sem leyfa högg í höfuðið, þ.m.t. áhugamannahnefaleika og þær bardagaíþróttir sem þróast hafa úr austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum eins og tae kwon do.

Minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis sem sent var menntamálanefnd á síðasta þingi og er birt sem fylgiskjal I með nefndaráliti þessu. Minni hlutinn vekur athygli á að einungis einn af níu þáverandi nefndarmönnum heilbrigðis- og trygginganefndar telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Alþingi, 5. des. 2001.

Sigríður Jóhannesdóttir, frsm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I með nefndarálitinu var álit heilbrigðis- og tryggingarnefndar frá 3. maí 2001. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 1328 (235. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 5322–5325.

Fylgiskjal II.

Samþykkt fastanefndar evrópskra lækna frá 22. september 2001.

Hnefaleikar og höfuðáverkar.

Bæði bráðir og langvarandi höfuðáverkar eru algengir fylgikvillar í ýmsum íþróttum, einkum hnefaleikum, bæði hjá áhugamönnum og atvinnumönnum. Hnefaleikar skilja sig þó frá öðrum íþróttum að því leyti að þar er leyfilegt að beina höggum að höfðinu. Af þeirri ástæðu er ekki hægt að bera höfuðáverka í hnefaleikum saman við tilfallandi höfuðáverka sem koma til án ásetnings, t.d. í knattspyrnu, ruðningi, hjólreiðum eða hestamennsku. Hnefaleikar atvinnumanna hafa verið bannaðir í mörgum löndum en hnefaleikar fyrir áhugamenn njóta vaxandi vinsælda í mörgum löndum og hafa verið keppnisgrein á Ólympíuleikum um langt skeið. Í ólympískum hnefaleikum er skylt að læknir sé viðstaddur þegar barist er. Fastanefndinni (CPME – fastanefnd evrópskra lækna) ber, sem læknisfræðilegum samtökum, að taka alvarlega rökstuddan vitnisburð um heilaskemmdir sem orsakast hafa af íþrótt þessari og hún ætti að skoða leiðir til að bægja frá, eftir því sem mögulegt er, hættunni á áverkum á taugakerfið.

Sýnt hefur verið fram á að notkun „höfuðhlífa“ ver yfirborð höfuðsins og eyrun, en verndar ekki heilann. Það er á stefnuskrá margra landssamtaka lækna að banna hnefaleik. Breska læknafélagið (British Medical Association) hefur lagt til að höfuðhögg verði bönnuð. Ein rannsókn (Barry D. Jordan MD o.fl., Physician and Sportsmedicine, janúar 2000) sýndi að í áhugamannahnefaleikum fengu keppendur að miðgildi átta höfuðhögg (bilið var milli 0 og 31). Af þeim sem athugaðir voru fengu 65% tíu eða færri höfuðslög en 35% fengu yfir tíu. Heilahristingur, með eða án meðvitundarleysis, kom oft fyrir. Í 13% tilvika endaði keppnin með rothöggi eða dæmt var tæknilegt rothögg. Fjöldi annarra rannsókna hefur leitt til svipaðra niðurstaðna um skammtímaáhrif. Þó þarf fleiri rannsóknir á tíðni fylgikvilla þegar til lengri tíma er litið.

Um þó nokkurn tíma hefur verið viðurkennt að högg fyrir neðan beltisstað skulu ekki leyfð, vegna hættunnar á áverkum á kynfæri. Við teljum að sömu virðingu beri að sýna heilanum. Því leggjum við til að fastanefndin samþykki eftirfarandi stefnu:

Fastanefnd evrópskra lækna tekur að fullu undir þá stefnu Alþjóðlegu læknasamtakanna (World Medical Association) um að banna ætti hnefaleika, en meðan því hefur ekki fengist framgengt, leggur hún til að reglum í hnefaleikum verði breytt þannig að höfuðhögg verði bönnuð.

Því hvetur fastanefndin Alþjóðaólympíunefndina og landssamtök og alþjóðasamtök um hnefaleika til að banna höfuðhögg, bæði í atvinnumanna- og áhugamannahnefaleikum.

Fylgiskjal III.

Frétt úr Berlingske Tidende.
(Birt á www.berlingske.dk 1. desember 2001.)

Nemi í lögregluskóla deyr eftir hnefaleikaþjálfun.

28 ára lögreglunemi frá Álaborg, sem slasaðist á hnefaleikaæfingu í Lögregluskólanum í Kaupmannahöfn, lést af áverkum sínum. Frá þessu skýrði Johnny Holst hjá Lögregluskólanum.

Þetta er hörmulegt óhapp, segir Johnny Holst við fréttastofuna Ritzau. Við þjálfun í hnefaleikum í skólanum við Artillerivej missti neminn meðvitund eftir að hann fékk högg á höfuðið. Hann var fluttur mjög þungt haldinn á Ríkisspítalann og dó þar snemma í morgun.

Lögreglan í Kaupmannahöfn rannsakar nú tildrög að dauða mannsins en farið er með málið sem vinnuslys.

Við vitum enn ekki nákvæmlega hvað það var sem olli dauða hans. Banameinið kemur í ljós við krufningu, segir Johnny Holst.

619. Svar [340. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um íslensku friðargæsluna.

1. *Hversu margir sóttu um að komast á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar, sbr. auglýsingu þar um í september sl.? Hversu margir umsækjendanna voru konur og hversu margir karlar?*

Alls sóttu 238 manns um að komast á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar, þar af 162 karlar og 76 konur.

2. *Hvenær mun viðbragðslisti íslensku friðargæslunnar liggja fyrir og hversu margir einstaklingar verða á honum?*

Allir umsækjendur hafa fengið skriflegt svar frá utanríkisráðuneytinu. Að undangengnum viðtölum hafa 95 einstaklingar verið valdir til að vera á viðbragðslistanum, þar 59 karlar og 36 konur. Auk þeirra er gert ráð fyrir að þeir lögreglumenn sem gefið hafa kost á sér til friðargæslustarfa verði á viðbragðslistanum en val á lögreglumönnum í friðargæslu fer fram hjá embætti ríkislögreglustjóra. Viðbragðslisti íslensku friðargæslunnar liggur því fyrir. Tekið skal fram að breytingar geta orðið á viðbragðslistanum frá degi til dags ef einstaklingar óska eftir því að vera teknir af listanum og ef nýir bætast við að undangengnum umsóknum. Auk þess er unnið að því að tengja með formlegum hætti íslensku alþjóðabjörgunarsveitina við viðbragðslista íslensku friðargæslunnar. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin var sett á stofn hinn 24. mars árið 2000 með samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins/AVRIK og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og starfar hún í umboði íslenska ríkisins að sérhæfðri neyðaraðstoð á erlendri grundu.

3. *Hvað felst í því að setja nafn sitt á viðbragðslistann og hvaða skilyrði þarf fólk að uppfylla til þess að komast á hann?*

Einstaklingar sem valdir hafa verið á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar hafa gefið kost á sér til friðargæslustarfa á vegum íslenskra stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að úr þessum hópi verði valdir einstaklingar til að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegum friðargæsluaðgerðum. Miðað er við að þeir einstaklingar sem fá tilboð um að fara til friðargæslustarfa fái 1–3 mánaða fyrirvara á brottför og starfi erlendis í 6–12 mánuði í senn, að jafnaði. Einstaklingar á viðbragðslistanum eru ekki skuldbundnir til að fara í friðargæslustörf bjóðist þeim það. Að sama skapi ábyrgist utanríkisráðuneytið ekki að öllum einstaklingum á viðbragðslistanum gefist kostur á að fara til starfa, enda er það háð aðstæðum á alþjóðavettvangi, samsetningu viðbragðslistans, fjárveitingum o.fl.. Gert er ráð fyrir að einstaklingar á viðbragðslista taki þátt í undirbúningsþjálfun á Íslandi.

Til að komast á viðbragðslistann þurftu umsækjendur í fyrsta lagi að uppfylla þau skilyrði sem fram komu í auglýsingu utanríkisráðuneytisins. Lágmarkskröfur voru að umsækjendur þurftu að hafa náð 25 ára aldri; hafa háskólapróf, aðra sérmenntun og/eða víðtæka þekkingu og reynslu; búa yfir mjög góðri enskukunnáttu og hæfni í mannlegum samskiptum og þolgæði undir álagi; og kunna öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Í öðru lagi var borin saman menntun og starfsreynsla, alþjóðleg reynsla, tungumálakunnátta og önnur atriði sem fram komu á umsóknareyðublaði, þegar valinn var sá hópur sem boðaður var í viðtal. Í viðtölum var m.a. rætt um ástæður umsóknar, litið til framkomu og félagslegra hæfileika umsækjenda og farið nánar yfir tungumálakunnáttu, sérfræðiþekkingu og getu til að standast áreiti og álag. Frekara val á milli umsækjenda mun fara fram í fyrirhugaðri undirbúningsþjálfun þar sem litið verður til frammistöðu umsækjenda.

4. *Hvernig fer þjálfun væntanlegra friðargæsluliða fram og hver mun hafa yfirumsjón með henni?*

Gert er ráð fyrir að þjálfun væntanlegra friðargæsluliða verði tvíþætt. Annars vegar fái allir einstaklingar á viðbragðslistanum ákveðna grunnþjálfun hérlendis og hins vegar fái einstaklingar á leið til starfa sérhæfða þjálfun hjá viðkomandi alþjóðastofnunum eða samstarfsþjóðum, eins og verið hefur.

Gert er ráð fyrir að grunnþjálfunin hérlendis verði þrískipt. Í fyrsta lagi verður fjallað á fræðilegan hátt um friðargæslu á vegum alþjóðastofnana, þróun friðargæslustarfsins, þátt frjálsra félagasamtaka, mannréttindamál, mannúðarmál og neyðaraðstoð og fleiri málefni tengd friðargæslu. Markmið undirbúningsnámskeiðsins er að allir umsækjendur fái heildarmynd af friðargæslu alþjóðasamfélagsins og þeim ólíku störfum sem þar eru unnin af ólíkum stofnunum. Gert er ráð fyrir að fyrirlesarar verði bæði innlendir og erlendir og að námskeiðið taki 1–2 daga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verðandi friðargæsluliðar fái ákveðna öryggisþjálfun um hegðun á átakasvæðum sem embætti ríkislögreglustjóra er ætlað að sinna. Í þriðja lagi er stefnt að því að veita viðeigandi sálrænan undirbúning og mun utanríkisráðuneytið leita til fagaðila í því skyni. Við undirbúning þessa hefur utanríkisráðuneytið kannað hvernig sambærilegum námskeiðum er háttað á Norðurlöndunum og í Þýskalandi, og haft samráð við þjálfunardeildir viðkomandi alþjóðastofnana. Stefnt er að því að undirbúningurinn hérlendis verði í samræmi við viðurkennda þjálfunarstaðla.

Þjálfun erlendis mun, eins og hingað til, fara fram á vegum viðkomandi alþjóðastofnana eða samstarfsþjóða. Þannig munu friðargæsluliðar sem sendir eru til starfa á vegum ÖSE fá sérhæfða þjálfun á vegum stofnunarinnar, friðargæsluliðar á vegum NATO fá viðeigandi þjálfun hjá þeim o.s.frv. Þá er í skoðun hvort þátttaka íslensku friðargæslunnar í almanna-

varnaæfingunni Samverði 2002, þar sem m.a. er æfð samvinna borgaralegra sérfræðinga og herliðs, komi til greina.

5. *Hversu margir starfsmenn í utanríkisráðuneytinu starfa að málefnum friðargæslunnar?*

Umsjón með íslensku friðargæslunni er í höndum sérstakrar einingar á alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Einn starfsmaður sinnir íslensku friðargæslunni sérstaklega, í nánu samráði við skrifstofustjóra, þá starfsmenn sem sinna málefnum Sameinuðu þjóðanna, NATO og ÖSE og fastanefndir Íslands hjá þessum alþjóðastofnunum. Auk þess sér almenn skrifstofa utanríkisráðuneytisins um bókhald, launagreiðslur, tryggingar og fleiri umsýsluþætti vegna starfsmanna í friðargæslu. Gert er ráð fyrir að á árinu 2003 fáist fjárveiting til ráðningar annars starfsmanns til að sinna íslensku friðargæslunni, sjá svar við 6. lið.

6. *Hver er ráðgerður kostnaður íslenska ríkisins við friðargæsluna næstu tvö ár og hvernig skiptist hann?*

Fjárveiting til friðargæslu á árinu 2002 nemur 208,7 millj. kr. samkvæmt fjárlögum 2002, þar af renna 135,5 til íslensku friðargæslunnar og 73,2 millj. kr. til marghliða friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir að um 125,5 millj. kr. af fjárveitingunni til íslensku friðargæslunnar verði kostnaður af útsendingu allt að 20 starfsmanna (laun, ferðakostnaður o.fl.) og að annar kostnaður nemi 10,0 millj. kr. (námskeiðahald, alþjóðasamstarf og önnur umsýsla). Taka ber fram að fyrirhugaðri aukningu fjárveitinga til íslensku friðargæslunnar á árinu 2002 að upphæð 45,0 millj. kr. var frestað í meðferð fjárlaga. Það mun valda því að efling þátttöku Íslands í friðargæslu á næsta ári verður hægari en áður var áætlað. Verði afgangur af rekstri íslensku friðargæslunnar á árinu 2001 mun hann koma til hækkunar á fjárheimild næsta árs og renna til þess að fjölga starfsmönnum örar en núverandi fjárveiting heimilar.

Fjárveiting til friðargæslu á árinu 2003 er áætluð 305,5 millj. kr. samkvæmt ríkisstjórnarákvörðun frá 7. nóvember árið 2000. Sú ákvörðun gerir ráð fyrir eflingu þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu þannig að á árinu 2003 geti allt að 25 íslenskir friðargæsluliðar verið að störfum erlendis í senn. Gert er ráð fyrir að 245,5 millj. kr. af fjárveitingunni renni til íslensku friðargæslunnar en 60,0 millj. kr. til marghliða friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Af fjárveitingunni til íslensku friðargæslunnar er gert ráð fyrir að áætlaður kostnaður af útsendingu starfsmanna nemi 225,0 millj. kr., kostnaður við ráðningu starfsmanns 6,0 millj. kr. og annar kostnaður nemi 14,5 millj. kr.

Tekið er fram að breyting hefur verið gerð á framsetningu fjárveitinga til friðargæslu í fjárlögum 2002. Búinn hefur verið til sérstakur liður, 03-401-187 Íslenska friðargæslan, vegna kostnaðar af útsendingu íslenskra sérfræðinga til þátttöku í fjölþjóðlegum friðargæsluaðgerðum. Framlög til marghliða friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna eru áfram á sama fjárlagalið, 03-401-185 Friðargæsla.

7. *Er ráðgert að efna til samstarfs með Norðurlandaþjóðunum um friðargæslu?*

Við undirbúning að stofnun íslensku friðargæslunnar var haft samráð við önnur Norðurlönd, einkum þá aðila í Noregi og Danmörku sem starfa að útsendingu borgaralegra sérfræðinga til friðargæslu. Í gildi er samningur á milli Íslands og Noregs um útsendingu hjúkrunarsveitar með norska hernum til aðgerða á vegum NATO. Almenn afstaða utanríkisráðuneytisins er að náið samstarf við Norðurlöndin um friðargæslu, hvað varðar útsendingu starfsfólks, stefnumótun og þjálfun, sé æskilegt. Möguleikar á því að efna til nánara samstarfs eru ávallt í skoðun.

8. *Hvernig er verksvið íslensku friðargæslunnar skilgreint innan þeirra alþjóðastofnana og samtaka sem í hlut eiga, svo sem Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins?*

Verksvið íslensku friðargæslunnar hefur verið skilgreint á þann hátt að borgaralegir sérfræðingar á hennar vegum geti starfað að hefðbundinni friðargæslu, uppbyggingarstarfi, mannúðarmálum og neyðaraðstoð, á vegum viðeigandi alþjóðastofnana. Verksviðið er því vítt og spannar allt frá löggæslu og hjúkrunarstörfum til verkfræðilegrar uppbyggingar, fjölmiðlastarfs og brýnna mannúðarverkefna, svo dæmi sé nefnd. Íslenska friðargæslan hefur verið kynnt á vettvangi alþjóðastofnana sem skrá yfir allt að 100 borgaralega sérfræðinga sem búa yfir reynslu og þekkingu til friðargæsluverkefna. Stefnt er að því að á árinu 2003 geti íslensk stjórnvöld sent allt að 25 einstaklinga til friðargæslustarfa erlendis, svo sem lækna og hjúkrunarfólk, lögreglumenn, björgunarstarfsmenn, verkfræðinga og tæknimenn, lögfræðinga, fjölmiðlamenn og fleiri borgaralega sérfræðinga, m.a. íslensku alþjóðabjörgunarsveitina, eftir því sem þarfir alþjóðastofnana krefjast.

620. Svar [341. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um rannsókn á dreifingu barnakláms á netinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er ástæða þess að Ísland er ekki í hópi þeirra nítján ríkja sem nú beita sér fyrir rannsókn á dreifingu klámmynda af börnum á netinu?

Ástæða þess að Ísland er ekki með í hópi þeirra nítján ríkja sem taka þátt í rannsókninni sem að ofan er getið er að um er að ræða sérstaka rannsókn á ákveðnu sakamáli, sem ekki hefur teygt anga sína til Íslands. Þau 19 ríki sem eru viðloðandi rannsóknina eru hins vegar ríki sem með einu eða öðru móti tengjast rannsókn málsins. Sökum þess að brotastarfsemin og þeir sem grunaðir eru í málinu hafa ekki tengst Íslandi á nokkurn hátt hefur íslenskum lögregluyfirvöldum ekki verið skýrt frá rannsókninni og ekki verið gefinn kostur á að koma að henni. Dómsmálaráðuneytið vill þó vekja athygli á að íslenska ríkið tekur þátt í öflugu samstarfi á þessu sviði í gegnum Interpol. Fulltrúi frá alþjóðadeild ríkislögreglustjóra sækir fundi hjá sérfræðingahópi Interpol um brot gegn börnum (Standing Working Party on Crimes Against Children) tvisvar á ári. Eitt af viðfangsefnum sérfræðinganefndarinnar hefur verið að leita aðferða til að sporna við barnaklámi á netinu. Samvinna milli Interpol-ríkja hefur verið mjög virk og er gott tæki í baráttunni gegn barnaklámi. Þá má einnig nefna að á þessu ári gerðu íslenska ríkið og Europol með sér samstarfssamning. Samningurinn styrkir enn frekar lögreglusamvinnu milli þeirra ríkja sem aðilar eru að samstarfinu.

621. Svar [280. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um launagreiðslur og tryggingagjald sveitarfélaga.

1. *Hverjar voru heildarlaunagreiðslur og greitt tryggingagjald 25 stærstu sveitarfélaganna og stofnana þeirra (þ.m.t. hlutafélaga þeirra, s.s. orkuveitna) sl. fimm ár, skipt eftir sveitarfélögum?*

Eftirfarandi tafla sýnir greitt tryggingagjald 25 stærstu sveitarfélaganna að meðtöldum fyrirtækjum þeirra og tryggingagjaldsstofn, sbr. II. kafla laga um tryggingagjald, nr. 113/1990.

Greitt tryggingagjald, á verðlagi hvers árs.

	Greitt tryggingagjald	Tryggingagjaldsstofn
1996	1.211.395.975	17.537.064.010
1997	1.466.660.742	23.388.070.112
1998	1.548.447.469	26.589.530.562
1999	1.657.275.652	29.983.501.433
2000	1.729.984.769	33.077.123.076
Samtals	7.613.764.607	130.575.289.193

Tekið skal fram að fyrirtæki í sameiginlegri eigu sveitarfélaga og annarra aðila eru ekki meðtalin í ofangreindum fjárhæðum.

Vísað er í fylgiskjal um sundurliðun á framangreindum upplýsingum eftir sveitarfélögunum.

2. *Hversu mikið hækkar álagt tryggingagjald sömu sveitarfélaga í krónum talið samanborið við árið 2000, ef tryggingagjaldið hækkar um 0,77 prósentustig eins og boðað er í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald o.fl. (þskj. 114, 114. mál)?*

Verði framangreint frumvarp að lögum er áætlað að greitt tryggingagjald umræddra 25 sveitarfélaga aukist um 254,7 millj. kr. miðað við tryggingagjaldsstofn ársins 2000. Vísað er í fylgiskjal um nánari sundurliðun eftir sveitarfélögum.

Tryggingagjald og heildarlaun 25 stærstu

Fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

Svfe	Nafn	Kennitala	1998 Greitt tryggingagjald	1998 Stofn tryggingagjalds	1997 Greitt tryggingagjald	1997 Stofn tryggingagjalds	1996 Greitt tryggingagjald	1996 Stofn tryggingagjalds
0000	Reykjavíkurborg 1)	5302697609	716.624.574	12.321.512.224	690.191.928	11.022.821.353	593.200.922	8.615.664.981
1000	Kópavogsbær	7001693759	92.742.124	1.590.774.132	88.368.170	1.407.136.471	69.608.869	1.004.457.001
1100	Seltjarnarneskaupstaður	5602692429	25.971.023	445.472.298	23.664.030	376.815.934	19.410.445	280.093.171
1300	Garðabær	5701696109	39.731.873	681.507.332	37.308.433	594.083.398	30.288.763	437.067.373
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	5901697579	107.451.557	1.843.080.126	99.110.528	1.578.193.426	77.421.843	1.117.198.586
1603	Bessastaðahreppur	4401696869	6.281.906	107.751.501	5.459.582	86.936.136	4.447.838	64.182.447
1604	Mosfellsbær	4702695969	30.456.247	522.405.695	27.389.326	436.135.853	21.828.182	314.981.082
2000	Reykjanesbær	4707942169	51.430.776	882.174.644	50.405.452	802.634.686	40.578.405	585.547.071
2300	Grindavíkurkaupstaður	5801691559	12.999.721	222.979.936	11.489.730	182.957.691	9.418.105	135.903.580
3000	Akraneskaupstaður	4101694449	36.248.299	621.754.923	33.083.857	526.813.170	26.965.186	389.108.193
3609	Borgarbyggð 2)	5106942289	12.336.416	211.642.062	11.641.626	185.534.621	9.813.468	141.666.333
3714	Snæfellsbær	5106942449	13.834.848	237.304.604	13.286.433	211.567.602	11.328.561	163.471.493
4200	Ísafjarðarbær	5405962639	31.243.231	535.904.593	30.630.375	487.744.922	16.020.377	231.174.316
5000	Siglufjarðarkaupstaður	5602691969	10.326.196	177.121.832	10.472.381	166.757.762	7.883.746	113.762.651
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður 2)	5506982349	24.078.167	413.005.043	21.002.309	334.432.520	16.924.570	244.222.535
6000	Akureyrarkaupstaður	4101696229	136.461.636	2.340.679.960	121.894.999	1.941.003.354	95.322.112	1.375.499.547
6100	Húsavíkurkaupstaður	6401695599	17.563.502	301.260.850	17.057.221	271.611.899	14.109.906	203.606.223
6400	Dalvíkurbyggð 2)	6205982089	12.184.153	208.990.762	11.706.049	186.402.346	9.331.664	134.656.310
7300	Fjarðabyggð 2)	4706982099	22.755.243	390.313.213	21.873.179	348.299.393	17.821.699	257.167.737
7618	Austur-Hérað 2)	5101696119	13.951.362	239.303.053	10.313.230	164.396.752	8.174.782	117.962.519
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður 2)	5901694639	16.244.069	278.629.139	15.777.108	251.228.152	11.973.615	172.779.699
8000	Vestmannaeyjabær	6902690159	36.623.399	628.188.788	36.325.814	578.436.610	30.540.753	440.703.615
8200	Sveitarfélagið Árborg 2)	6505982029	31.577.060	541.630.877	30.595.804	487.953.630	25.789.403	372.914.710
8716	Hveragerðisbær	6501694849	10.145.605	174.024.257	9.466.333	150.737.889	7.979.329	115.141.921
8717	Sveitarfélagið Ölfus	4203697009	9.334.450	160.110.749	8.895.722	141.651.733	7.203.935	103.952.954
	Samtals		1.518.597.437	26.077.522.593	1.437.409.619	22.922.287.303	1.183.386.478	17.132.886.048
	Ýmis byggðasamlög sveitarfélaga		29.850.032	512.007.969	29.251.123	465.782.809	28.009.497	404.177.962
	Samtals sveitarfélög ásamt byggðasamlögum		**1.548.447.469**	**26.589.530.562**	**1.466.660.742**	**23.388.070.112**	**1.211.395.975**	**17.537.064.010**

1) Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er talið með Reykjavík

2) Tekið hefur verið tillit til sameiningar sveitarfélaga.

Tryggingagjald og heildarlaun 25 stærstu sveitarfélaganna 1996 - 2000 - Svar við fyrirspurn Kristjáns Möller, sbr. þskj. 337.

Fjárhæðir á verðlagi hvers árs.

Svfe	Nafn	Kennitala	2000 Greitt tryggingagjald	2000 Stofn tryggingagjalds	2000 Hækkun m.v. 0,77%	1999 Greitt tryggingagjald	1999 Stofn tryggingagjalds
0000	Reykjavíkurborg 1)	5302697609	795.395.877	15.208.334.641	117.104.177	758.898.218	13.738.317.787
1000	Kópavogsbær	7001693759	112.416.040	2.149.446.347	16.550.737	103.648.474	1.874.294.379
1100	Seltjarnarneskaupstaður	5602692429	29.024.941	554.970.409	4.273.272	27.951.469	505.451.715
1300	Garðabær	5701696109	47.260.188	903.636.594	6.958.002	43.935.131	794.487.089
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	5901697579	118.848.004	2.272.428.653	17.497.701	116.475.392	2.106.246.098
1603	Bessastaðahreppur	4401696869	8.890.728	169.994.920	1.308.961	7.644.050	138.228.813
1604	Mosfellsbær	4702695969	36.944.546	706.396.815	5.439.255	34.501.169	623.891.043
2000	Reykjanesbær	4707942169	59.364.446	1.135.075.576	8.740.082	55.291.428	999.845.116
2300	Grindavíkurkaupstaður	5801691559	14.048.673	268.617.223	2.068.353	13.262.836	239.834.404
3000	Akraneskaupstaður	4101694449	36.093.648	690.127.311	5.313.980	35.907.678	649.325.330
3609	Borgarbyggð 2)	5106942289	13.510.724	258.331.344	1.989.151	13.042.426	235.848.677
3714	Snæfellsbær	5106942449	13.851.346	264.844.306	2.039.301	14.311.767	258.802.525
4200	Ísafjarðarbær	5405962639	32.243.315	616.107.218	4.744.026	31.639.915	572.150.484
5000	Siglufjarðarkaupstaður	5602691969	12.678.665	242.422.021	1.866.650	11.621.998	210.162.768
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður 2)	5506982349	35.100.622	671.140.235	5.167.780	33.696.914	609.347.679
6000	Akureyrarkaupstaður	4101696229	144.575.890	2.763.907.472	21.282.088	141.795.952	2.564.122.200
6100	Húsavíkurkaupstaður	6401695599	18.880.548	361.004.840	2.779.737	18.048.015	326.365.688
6400	Dalvíkurbyggð 2)	6205982089	12.985.333	248.285.632	1.911.799	12.651.009	228.770.612
7300	Fjarðabyggð 2)	4706982099	25.044.593	478.729.982	3.686.221	24.709.222	446.477.980
7618	Austur-Hérað 2)	5101696119	15.539.356	297.119.731	2.287.822	14.977.370	270.838.604
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður 2)	5901694639	17.100.287	326.965.485	2.517.634	16.913.242	305.845.379
8000	Vestmannaeyjabær	6902690159	39.945.794	763.782.012	5.881.121	38.919.369	703.786.151
8200	Sveitarfélagið Árborg 2)	6505982029	37.177.128	710.843.986	5.473.499	36.146.892	653.651.103
8716	Hveragerðisbær	6501694849	11.505.996	220.000.000	1.694.000	11.567.976	209.185.859
8717	Sveitarfélagið Ölfus	4203697009	11.013.649	210.586.123	1.621.513	10.175.612	184.007.567
	Samtals		1.699.440.337	32.493.098.876	250.196.861	1.627.733.524	29.449.285.050
	Ýmis byggðasamlög sveitarfélaga		30.544.432	584.024.200	4.496.986	29.542.128	534.216.383
	Samtals sveitarfélög ásamt byggðasamlögum		**1.729.984.769**	**33.077.123.076**	**254.693.848**	**1.657.275.652**	**29.983.501.433**

1) Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. er talið með Reykjavíkurborg í þessum tölum.

2) Tekið hefur verið tillit til sameiningar sveitarfélaga.

622. Breytingartillaga [358. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sbr. 74. og 75. gr. sveitarstjórnarlaga“ í 1. málsl. efnismálsgreinar komi: sbr. 74. eða 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

623. Lög [348. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 593.

624. Lög [193. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 575 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum sem ákveðin var í reglugerð nr. 631 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaaflamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hlutur krókaaflamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

Bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001 skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthlutað aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutun lokinni skal endurreikna aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa að teknu tilliti til þeirra breytinga sem stafa af þessari úthlutun.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal enn fremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001, að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. mgr. þessa ákvæðis.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt þessu ákvæði skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátnum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skal bátum þeirra úthlutað veiðileyfi með krókaaflamarki. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðrardagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

b. (II.)

Á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2002 og á fiskveiðiárinu 2002/2003 er skipstjóra fiskiskips heimilt að ákveða að allt að 5% heildarafla hvors tímabils í botnfiski reiknist ekki til aflamarks skipsins, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Sé framangreind heimild nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla til Hafrannsóknastofnunarinnar að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

625. Frumvarp til laga [384. mál]

um samgönguáætlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Markmið.

Tilgangur laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 4. gr. innan ramma samgönguáætlunar.

2. gr.

Samgönguáætlun.

Samgönguráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana. Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.

Við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt á einstök stór verkefni á hverju hinna þriggja tímabila.

Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti.

3. gr.

Samgönguráð.

Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Auk þess situr þar fulltrúi samgönguráðherra sem jafnframt er formaður. Skipunartími fulltrúa samgönguráðherra er fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgönguþings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgönguþingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila eins og ástæða þykir til hverju sinni.

4. gr.

Fjögurra ára áætlun.

Samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar sem tekur til nánari sundurliðunar hennar. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar. Í fjögurra ára áætlun skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar komi skýrt fram. Kaflar hennar skulu m.a. skiptast í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga.

Tillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur síðan endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra.

Fjögurra ára áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný þingsályktunartillaga um hana fyrir næstu fjögur árin, sbr. 1. mgr., þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

5. gr.

Skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar.

Ráðherra skal árlega fyrir lok vorþings leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

6. gr.

Gildistaka samgönguáætlunar.

Samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktunartillögur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á 127. löggjafarþingi leggur samgönguráðherra í fyrsta sinn fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2003-2014. Í framhaldi af því leggur ráðherra fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun hennar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu.

Í samræmi við samþykkt Alþingis ákvað samgönguráðherra að leggja áherslu á samræmingu áætlana og hefja vinnu við gerð samgönguáætlunar sem tæki til allra þátta samgöngumála.

Að undirbúningstíma loknum ákvað samgönguráðherra að skipa stýrihóp til að sjá um gerð samgönguáætlunar fyrir Ísland. Með bréfi dagsettu 8. maí 2000 var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, lögfræðingur og borgarfulltrúi, skipaður formaður þessa hóps. Með honum í stýrihópnum eru Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglingastofnunar Íslands, Magnús Oddsson ferðamálastjóri og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri. Sigurbergur Björnsson frá samgönguráðuneyti er verkefnastjóri stýrihópsins.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn ljúki vinnu sinni og skili drögum að samgönguáætlun til samgönguráðherra í nóvember 2001. Samgönguráðherra mun leggja fram þingsályktunartillögu að samgönguáætlun fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi.

Samgönguáætluninni er ætlað að verða mun víðtækari en fyrri áætlanir. Auk framkvæmdaáætlana tekur hún til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna og fjármögnunar samgöngukerfisins svo að eitthvað sé nefnt. Áætlunin mun auk þess taka til allra þátta samgöngukerfisins, þ.e. samgangna í lofti, á láði og legi, og innbyrðis samspils milli þeirra og við aðra mikilvæga þjóðfélagsþætti.

Í samgönguáætluninni er gert ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,

c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.

Tilgangur þessa frumvarps er að gera nauðsynlegar lagabreytingar til undirbúnings og væntanlegrar framlagningar tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun. Samkvæmt frumvarpinu skiptist samgönguáætlunin í þrjú fjögurra ára tímabil. Fjögurra ára áætlun hennar, sem er lögð fram sem þingsályktunartillaga í kjölfar þingsályktunartillögu um samgönguáætlun, er sundurliðun fyrsta fjögurra ára tímabilsins og skiptist m.a. í kaflana flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Hún nær til allra útgjalda og tekna viðkomandi stofnana, sem flugmálaáætlun, hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun samkvæmt núgildandi lögum gera ekki. Samgönguáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti en fjögurra ára áætlunin á tveggja ára fresti. Við aðra hverja endurskoðun nær fjögurra ára áætlunin því til fyrstu tveggja ára annars tímabils samgönguáætlunar.

Í framsetningu fjögurra ára áætlunar þarf að samræma gildistíma, efnistök og uppsetningu núverandi áætlana. Fylgiskjal I sýnir gildistíma þessara áætlana og áætlaða gildistöku samgönguáætlunar. Stefnt er að því að samgönguáætlun ásamt fjögurra ára áætluninni taki í fyrsta sinn gildi 1. janúar árið 2003. Það er sami tíminn og ný hafnaáætlun ætti að taka gildi. Hins vegar eiga ný flugmálaáætlun og vegáætlun að taka gildi 1. janúar árið 2002. Því þarf að brúa þetta millibil með endurskoðuðum framangreindum áætlunum fyrir árið 2002 áður en samgönguáætlunin tekur við 1. janúar árið 2003. Bent skal sérstaklega á að samgönguáætlun tekur yfir langtímaáætlun í vegagerð samkvæmt frumvarpi þessu.

Á fylgiskjali II er fjögurra ára áætlun einnig sýnd með brotalínum. Hún er sundurliðun á fyrsta tímabili samgönguáætlunar eins og áður var sagt bæði niður á einstök ár og á einstök verkefni. Gert er ráð fyrir að í áætluninni komi fram yfirlit sem sýnir bæði tekju- og gjaldatölur flokkaðar eftir sundurliðun fjárlaga og það geti fallið beint inn í fjárlagafrumvarpið. Gert er ráð fyrir að í sundurliðun stofnkostnaðar komi ætíð fram sérstaklega fjárveitingar til grunnkerfisins.

Miðað er við að við undirbúning samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hafi stofnanir á sviði samgangna með sér náið samstarf. Jafnframt er gert ráð fyrir, svo sem verið hefur, að samráð sé haft við hagsmunaaðila með það að markmiði að bæta þjónustu og auka hagkvæmni.

Ein helsta nýjungin í frumvarpinu er að nú verður í fyrsta skipti lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu heildstæð stefna og markmið í samgöngumálum þjóðarinnar til tólf ára í senn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein segir til um markmið og tilgang frumvarpsins sem er að samræma áætlanagerð fyrir uppbyggingu og rekstur samgangna í landinu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að gerð samgönguáætlunar til tólf ára verði lögfest. Samgönguáætlunin inniheldur stefnumótun og markmið, yfirlit um tekjur og gjöld þar sem framkvæmdir á grunnkerfinu eru sundurliðaðar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að með samþykkt samgönguáætlunar sé kominn rammi utan um tekjur og gjöld til samgöngumála næstu tólf árin.

Í greininni er ákvæði sem kveður á um að í áætluninni skuli skilgreina það grunnkerfi sem ætlað sé að bera meginþunga samgangna. Með því er átt við helstu áætlanaflugvelli, millilandaflugvelli, hafnir, stofnvegakerfið ásamt mikilvægum tengivegum og ferðamannavegum.

Gert er ráð fyrir að grunnkerfið verði skilgreint út frá annars vegar umferðartölum og hins vegar þjónustumarkmiðum í samgöngum við íbúa landsins. Miðað er við að þessi skilgreining verði sett fram í stefnumörkunarhluta samgönguáætlunar. Lagt er til að það skilyrði verði sett að fjármunum ríkissjóðs verði varið á sem hagkvæmastan hátt og skal framkvæmdum og aðgerðum forgangsraðað í samræmi við það.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að áætlunin sé endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að samgönguráðherra skipi sérstakt samgönguráð sem hafi faglega yfirumsjón með gerð bæði samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar. Í samgönguráði skulu eiga sæti forstjórar þeirra stofnana sem annast gerð samgönguáætlunar ásamt fulltrúa samgönguráðherra sem jafnframt er formaður.

Í greininni er ákvæði um að samgönguráð skuli skipuleggja samgönguþing í það minnsta í hvert sinn sem ný samgönguáætlun er undirbúin eða á fjögurra ára fresti. Til þingsins skal boða helstu hagsmunaaðila. Tilgangur þingsins er að kynna hugmyndir um efni samgönguáætlunar og gefa hagsmunaaðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um framtíðarstefnumótun í samgöngum.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram að fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar inniheldur nánari sundurliðun málaflokkanna flugmála, siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og vegamála fyrstu fjögur ár gildandi samgönguáætlunar. Í henni kemur einnig fram allur rekstur stofnananna. Áætlunin verður sett upp á samræmdan hátt fyrir alla málaflokka. Gerð er krafa um að sundurliðun eftir málaflokkum sé skýr svo að ekki fari á milli mála hverjar heimildir einstakra stofnana séu í framkvæmdalegu og fjárhagslegu tilliti. Einnig er gerð krafa um að uppsetning fjögurra ára áætlunar falli að fjárlögum þannig að hægt sé að flytja tölur beint á milli á aðgengilegan og rökréttan hátt. Fjögurra ára áætlun er lögð fram í kjölfar samgönguáætlunarinnar til tólf ára. Hún er einnig í formi þingsályktunartillögu og tekur mið af þeim fjármunum og ráðstöfun sem rammi samgönguáætlunar segir til um.

Gert er ráð fyrir að fjögurra ára áætlun verði endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að ráðherra leggi árlega fyrir Alþingi skýrslu um framvindu samgönguáætlunar. Þetta er hliðstæð skýrsla og núverandi framkvæmdaskýrslur stofnananna. Nú verður hins vegar lögð fram ein skýrsla sem fjalli m.a. um framkvæmdir liðins árs og árangur með tilliti til settra markmiða samgönguáætlunar.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samræming flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar og vegáætlunar eftir tímabilum í eina samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar.



* Aths.:
Gert er ráð fyrir að samgönguáætlun verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti en 4 ára áætlun á tveggja ára fresti.

Fylgiskjal II.

Vinnulag við samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar.



Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma áætlanagerð í samgöngumálum í landinu. Samkvæmt frumvarpinu verður samgönguáætlun unnin til tólf ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára tímabil. Fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar skiptist í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Fjögurra ára áætlun nær til allra útgjalda og tekna stofnana sem flugmálaáætlun, hafnaáætlun og sjóvarnaáætlun gera ekki samkvæmt núgildandi lögum. Sérstakt samgönguráð sem skipað er af samgönguráðherra skal hafa faglega umsjón með gerð samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

626. Þingsályktun [377. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 599.

627. Lög [145. mál]

um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 604.

628. Lög [146. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 146.

629. Lög [169. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 605 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Við 42. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

42.3. Ráðherra markar stefnu um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja stefnu um forgangsröðun, stuðla að aukinni hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

42.4. Ráðherra skipar samninganefnd sem semur við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu og við fyrirtæki og stofnanir vegna sambærilegrar þjónustu sem þar er veitt. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins og skal annar þeirra vera varaformaður, einn skal tilnefndur af fjármálaráðherra og aðrir, þar á meðal formaður, skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Samningar nefndarinnar skulu gerðir í samræmi við skilgreind markmið, sbr. 3. mgr., og með tilliti til hagkvæmni og gæða þjónustunnar. Samningarnir skulu m.a. kveða á um magn og tegund þjónustu og hvar hún skuli veitt. Um mat á hagkvæmni þjónustu stofnana, fyrirtækja og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skal taka tillit til alls þess kostnaðar sem til fellur vegna þeirra verka sem samið er um.

42.5. Ráðherra gerir verksamninga og samninga um rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Ríkisstofnunum í A-hluta er heimilt að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni samkvæmt ákvæðum sömu laga.

630. Kvikmyndalög. [227. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 606.

631. Lög [358. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 509.

632. Girðingarlög. [180. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 607.

633. Lög [366. mál]

um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 562 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Heimilt er Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Borgarbyggð, Garðabæ og Borgarfjarðarsveit að stofna sameignarfyrirtæki um rekstur Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjunar og Hitaveitu Borgarness er nefnist Orkuveita Reykjavíkur. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á Reykjavíkurborg 92,22% eignarhluta í fyrirtækinu, Akraneskaupstaður 5,45%, Hafnarfjarðarkaupstaður 0,94%, Borgarbyggð 0,75%, Garðabær 0,47% og Borgarfjarðarsveit 0,17%. Heimilt er að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu. Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól á ári hverju þarf Orkuveita Reykjavíkur að fá fyrir fram samþykki allra eignaraðila. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Eiganda er óheimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis sameigendanna.

634. Lög [159. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 608.

635. Lög [160. mál]

um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 161.

636. Lög [229. mál]

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 603.

637. Lög [167. mál]

um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 609 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2002. Jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

638. Lög [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

(Afgreidd frá Alþingi 14. des.)

Samhljóða þskj. 610.

639. Frumvarp til laga [385. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „flugmálaáætlun“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguáætlun.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Flugráð er skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Samgönguráðherra skipar sex menn í ráðið, tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og jafnmarga til vara. Skulu fulltrúar þessir hafa þekkingu á flugmálum og skal sú þekking a.m.k. ná til innanlandsflugs, millilandaflugs og almenns flugs. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Fulltrúar skipaðir af samgönguráðherra skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs er fjögur ár, en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð er samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs eru að:

a. fjalla um stefnumótun í flugmálum,
b. veita samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun,
c. fjalla um rekstraráætlanir Flugmálastjórnar,
d. fjalla um gjaldskrártillögur,
e. veita umsögn um lög og reglur er varða flugmál,
f. fjalla um málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar,
g. fjalla um mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Flugráð getur óskað eftir áliti flugmálastjóra ef þörf þykir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs í reglugerð.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Flugmálaáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með flugmálaáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við flugmálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

Í flugmálaáætlun skal gerð grein fyrir allri fjáröflun til flugmála og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum. Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

4. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Verkefnum skal skipað í flokka samkvæmt nánari skilgreiningu í samgönguáætlun.

6. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Fjáröflun til flugmála.**

III. KAFLI
Breytingar á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „Forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ og „Forstjóri Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 2. gr., 3. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingamálastjóri.

9. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að annast gerð áætlana samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

10. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Samgönguráðherra skipar hafnaráð. Í hafnaráði skulu eiga sæti sex fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Einn skal tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að loknum alþingiskosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

11. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Verkefni hafnaráðs eru eftirfarandi:

a. Hafnaráð veitir samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun.
b. Hafnaráð gefur ráðherra umsögn um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og sjóvarnir.

c. Hafnaráð er stjórn Hafnabótasjóðs samkvæmt hafnalögum. Hafnaráð hefur umsjón með greiðsluþátttöku ríkisins við hafna- og sjóvarnaframkvæmdir og afgreiðir umsóknir um tjónabætur sem sendar eru til sjóðsins.
d. Hafnaráð er Siglingastofnun til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í hafna- og sjóvarnaframkvæmdum.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um sjóvarnir, 28/1997.

12. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Hafnaráð er Siglingastofnun Íslands til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í sjóvörnum.

13. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Siglingastofnun Íslands skal sjá um að áætlun um sjóvarnir sé gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Áætlun um sjóvarnir samkvæmt lögum þessum skal tilgreind í siglingamálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.
Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma. Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun.
Í áætluninni skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

14. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Í stað orðanna „fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: áætlunar skv. 3. gr.

V. KAFLI
Breyting á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

16. gr.

18. gr. laganna orðast svo:
Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar. Við skiptingu fjárveitinga skal höfð hliðsjón af gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.
Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma samgönguáætlunar á sama hátt og að framan getur.
Vegáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með vegáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við vegáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

17. gr.

27. og 28. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Vegáætlun.**

19. gr.

Í stað orðanna „skipulagsstjórn ríkisins“ í 3. málsl. 31. gr. laganna kemur: Skipulagsstofnun.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.

20. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 4. gr., 8. gr., 9. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

IX. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 3. mgr. 19. gr., 3. tölul. 20. gr. og 4. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í samgönguráðuneytinu. Samgönguráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um samgönguáætlun sem ætlað er að fjalla með heildstæðum hætti um áætlanagerð í samgöngumálum og tekur til flugmála, siglingamála og vegamála. Er þar kveðið á um breytingar á málsmeðferð og vinnuaðferðum við gerð áætlana um flugmál, siglingamál og vegamál frá því sem nú er. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta ákvæðum þeirra laga sem fjalla um flugmálaáætlun, hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og vegáætlun. Það

er fyrst og fremst verið að breyta því hvernig staðið er að gerð og endurskoðun áætlana, og vísað er til laga um samgönguáætlun, en ekki er haggað við öðrum ákvæðum þessara laga fyrir utan orðalagsbreytingar vegna breyttrar yfirstjórnar skipulags- og byggingarmála og breytingu á starfsheiti forstöðumanns Siglingastofnunar Íslands á þann veg að í stað þess að vera nefndur forstjóri Siglingastofnunar Íslands eins og nú er í lögum er um hann fjalla verði hann nefndur siglingamálastjóri.

Ákvæði vegalaga um langtímaáætlun falla brott með frumvarpi þessu. Langtímaáætlun var lögfest í vegalögum við heildarendurskoðun laganna árið 1994 og var þá nýmæli. Með framangreindu frumvarpi til laga um samgönguáætlun er gert ráð fyrir heildstæðri samgönguáætlun sem tekur til jafnlangs tíma og langtímaáætlun í vegagerð. Vísað er í greinargerð með lögum um samgönguáætlun um frekari skýringar.

Þá er lagt til að gerð verði orðalagsbreyting á 31. gr. laganna sem leiðir af áorðnum breytingum á yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt ákvæðum núgildandi skipulags- og byggingarlaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er orðinu flugmálaáætlun skipt út fyrir samgönguáætlun í samræmi við ný lög um samgönguáætlun.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi við skipan flugráðs. Samkvæmt gildandi lögum er það skipað fimm fulltrúum en hér er lagt til að þeim verði fjölgað í sex. Í stað fulltrúa Alþingis skipar samgönguráðherra þrjá fulltrúa, tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og er honum ætlað að vera fulltrúi notenda flugþjónustu. Markmið þessara breytinga er að tryggja aðkomu sérþekkingar hagsmunaaðila að flugmálum. Litið er svo á að málefni flugráðs komi mörg til kasta Alþingis og það sé kostur að hagsmunaaðilar hafi vettvang fyrir sín sjónarmið áður en til þess kemur. Verkefni flugráðs breytast að nokkru leyti, m.a. þannig að nú gefur flugráð samgönguráðherra skriflega umsögn um tillögur samgönguráðs en kemur ekki að áætlanagerðinni sjálfri. Þá er það nýmæli að lögbinda heimild flugráðs til að óska eftir áliti flugmálastjóra þegar þörf krefur.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 1. gr. laga um flugmálaáætlun verði breytt til samræmis við lög um samgönguáætlun sem tekur yfir ákvæði um meðferð áætlunarinnar.

Um 4. gr.

2. mgr. 2. gr. núgildandi laga er felld brott með frumvarpi þessu til samræmis við lög um samgönguáætlun.

Um 5. gr.

Hér er 3. gr. gildandi laga felld brott. Ákvæðið ber merki frá gamalli tíð þegar alþjóðlegir staðlar og kröfur voru komnir styttra á veg, m.a. um gerð flugvalla. Þetta ákvæði þykir óþarflega bundið í dag með vísan til breytinga á alþjóðlegum reglum og stöðlum. Ekki þykir æskilegt að binda slíkar skilgreiningar í lög þar sem þær verða settar fram í samgönguáætlun.

Um 6. gr.

4. gr. laganna er felld brott þar sem gert er ráð fyrir einni sameiginlegri framkvæmdaskýrslu stofnana.

Um 7. gr.

Lögum um flugmálaáætlun var breytt með lögum nr. 56/1998, og er nú heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi til flugmála almennt. Því er kaflaheitinu breytt til samræmis við það.

Um 8. gr.

Í lögum er víða vísað til forstjóra Siglingastofnunar Íslands til samræmis við breytingu sem leiddi af lögum nr. 7/1996. Með frumvarpi þessu er öllum gildandi ákvæðum laga sem tiltaka forstjóra Siglingastofnunar Íslands breytt á þann veg að í staðinn verði hann nefndur siglingamálastjóri.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að bætt verði ákvæði við 3. gr. laga um um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, þannig að stofnunin annist gerð áætlana á sviði siglingamála samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

Um 10. gr.

Hér er lögð til breyting á skipan hafnaráðs. Samkvæmt gildandi lögum er það skipað fimm fulltrúum. Lagt er til að í hafnaráði verði sex fulltrúar og þar af skipi Samtök atvinnulífsins einn fulltrúa í ráðið sem ætlað er að vera fulltrúi notenda hafna. Með þessu geta þeir sem nýta hafnirnar og greiða gjöld fyrir afnot af þeim komið sjónarmiðum sínum að innan hafnaráðs. Þessi breyting er m.a. tilkomin vegna umræðu sem orðið hefur við undirbúning að framlagningu frumvarps til nýrra hafnalaga sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi. Þá er það nýmæli að kveðið er á um að atkvæði formanns hafnaráðs ráði úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um verkefni og hlutverk hafnaráðs. Hlutverki þess er breytt til þess að falla betur að frumvarpi að nýjum hafnalögum og lögum um gerð samgönguáætlunar. Verkefni hafnaráðs eru m.a. að gefa samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun og að veita umsögn um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og sjóvarnir. Þá myndar hafnaráð stjórn Hafnabótasjóðs sem gegnir breyttu hluverki samkvæmt frumvarpi til nýrra hafnalaga. Breytingar frá núverandi lögum eru að hafnaráð fjallar ekki lengur um gjaldskrá hafna. Þá kemur hafnaráð ekki lengur að áætlunargerð Siglingastofnunar, heldur gefur samgönguráðherra sjálfstæða umsögn um tillögur samgönguráðs í samræmi við lög um samgönguáætlun. Hlutverk hafnaráðs við framkvæmd áætlana verður viðameira.

Um 12. gr.

Hér er lögð til breyting á 2. gr. laga um sjóvarnir. Þessi breyting felur það í sér að kveðið er á um að hafnaráð skuli vera Siglingastofnun til ráðgjafar um framkvæmd áætlunar um sjóvarnaframkvæmdir. Er það í samræmi við breytt hlutverk hafnaráðs samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

Um 13. gr.

Með þessari grein frumvarpins er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands skuli sjá um gerð áætlana um sjóvarnir í samræmi við lög um samgönguáætlun. Tekið er fram að áætlun um sjóvarnir er hluti af siglingamálaáætlunarkafla samgönguáætlunar. Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma.

Um 14. gr.

4. gr. núgildandi laga er felld brott þar sem um þetta er fjallað í lögum um samgönguáætlun.Gert er ráð fyrir að hafnaráð gefi umsögn um tillögur samgönguráðs og komi það í staðinn fyrir þetta samráðsferli.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Hér er lögð til breyting á 18. gr. laganna. Breytingin felur í sér að felld eru niður ákvæði sem varða meðferð vegáætlunar þar sem lög um samgönguáætlun fjalla um þessi atriði. Hér er m.a. um að ræða ákvæði um gildistöku, gildistíma og endurskoðun vegáætlunar.

Um 17. gr.

Hér eru felld niður ákvæði 27. og 28. gr. laganna um langtímaáætlun. Eins og áður er komið fram verður langtímaáætlun í vegagerð hluti samgönguáætlunar.

Um 18. gr.

Með ákvæði þessu er verið að breyta fyrirsögn V. kafla þannig að nú er vísað til þess að kaflinn fjallar um vegáætlun en tilvísun í langtímaáætlun felld niður.

Um 19. gr.

Í ákvæði þessu er lögð til breyting til samræmis við skipulags- og byggingarlög. Með lögum nr. 73/1997 var breytt ákvæðum um stjórn skipulagsmála. Skipulagsstjórn ríkisins var lögð niður og Skipulagsstofnun falið það hlutverk að vera ráðherra til aðstoðar við yfirstjórn skipulagsmála og framkvæmd laganna.

Um 20.–23. gr.

Um skýringar vísast til athugasemdar við 8. gr.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta nokkrum lögum er fjalla um áætlanir í flugmálum, siglingamálum og vegamálum til að koma á heildstæðri samgönguáætlun. Frumvarpið nær til laga um loftferðir, nr. 60/1998, laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31/1987, laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, laga um sjóvarnir, nr. 28/1997, og vegalaga, nr. 45/1994. Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um samgönguáætlun þar sem lagt er til að áætlanagerð í samgöngumálum verði samræmd. Í frumvarpinu er lagt til að fjölgað verði um einn í flugráði og að samgönguráðherra skipi alla fulltrúa ráðsins. Einnig er lagt til að hafnaráð verði skipað sex fulltrúum og þar af skipi Samtök atvinnulífsins einn fulltrúa. Hlutverk hafnaráðs breytist einnig og myndar ráðið m.a. stjórn Hafnabótasjóðs sem fær nýtt hlutverk samkvæmt frumvarpi til laga um hafnalög. Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna fjölgunar í hafnaráði og flugráði.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á starfsheiti forstöðumanns Siglingastofnunar á þann veg að hann verði nefndur siglingamálastjóri. Í því augnamiði nær frumvarpið til laga um skipamælingar, nr. 50/1970, laga um skráningu skipa, nr. 115/1970, laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og hafnalaga, nr. 23/1994.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

640. Frumvarp til hafnalaga. [386. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru í atvinnuskyni, þ.m.t. til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum, farþegum og við löndun á fiski.

2. gr.
Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.

3. gr.
Orðskýringar.

1. *Höfn* táknar í lögum þessum afmarkað svæði á sjó og landi þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar, þjónustu og geymslu fljótandi fara hverju nafni sem nefnast.

2. *Hafnarmannvirki* táknar í lögum þessum varnargarðar, viðlegumannvirki og innsiglingar, leiðarmerki og skipalægi.
3. *Skjólgarðar* eru varnarmannvirki sem ætlaðir eru til að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir öldum, straumum og sandburði.
4. *Viðlegumannvirki* eru bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir skip og báta.
5. *Rekstur hafnar* í lögum þessum táknar að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki.
6. *Hafntengd atvinnuaðstaða* merkir í lögum þessum leiga á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm.
7. *Hafntengd þjónusta* merkir í lögum þessum hafnsöguþjónusta, festarþjónusta, vigtarþjónusta, sorphirða, sala vatns og rafmagns og sambærileg þjónusta er lýtur að skipum. Hafntengd þjónusta merkir einnig rekstur vöruhúsa, þjónustumiðstöðva hafnarþjónustu og fiskmarkaða og önnur þjónusta á hafnarsvæðinu við skip, farþega, veiðarfæri, afla eða vörur.
8. *Sjálfsstjórn* merkir í lögum þessum að sveitarfélög kjósi sérstaka hafnarstjórn og feli henni stjórnunarlega ábyrgð á höfninni.
9. *Málaflokkur* merkir í lögum þessum afmarkaða rekstrareiningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.
10. *Starfsheimildir* merkja í lögum þessum heimildir til þess að starfrækja tiltekinn rekstur skv. 2.–4. tölul. þessarar greinar.

4. gr.

Hafnarreglugerð.

Öllum höfnum sem falla undir lög þessi skv. 1. gr. skal sett reglugerð er tilgreinir mörk hafnarinnar auk annarra nauðsynlegra ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda hafna, reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
3. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
4. Viðurlög við brotum.
5. Kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Ráðherra er heimilt að fella úr gildi reglugerð hafnar uppfylli höfnin ekki skyldur sínar samkvæmt henni og lögum þessum. Við það falla allar starfsheimildir hafnarinnar úr gildi.

II. KAFLI

Skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki.

5. gr.

Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar.

Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnarinnar og er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðinu nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Ef leyfi til mannvirkjagerðar er eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

6. gr.

Lágmarkskröfur til hafnarmannvirkja, slysavarna og staðfesting á fjármögnun.

Öll mannvirkjagerð í höfnum skal vera í samræmi við gildandi skipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag og í samræmi við lög og reglugerðir. Siglingastofnun Íslands skal fylgjast með að við hönnun og byggingu hafnarmannvirkja sé fylgt að minnsta kosti lágmarkskröfum um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna. Hafnir skulu tilkynna Siglingastofnun Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjanna til samþykktar áður en framkvæmdirnar eru hafnar. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita einstökum höfnum undanþágu frá þessu byggingareftirliti, enda geti þær sýnt fram á að starfsmenn þeirra hafi yfir að ráða tækniþekkingu og fyrir hendi sé innra eftirlit sem komi í staðinn. Hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skulu að auki leggja fram staðfesta fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda til samþykktar Siglingastofnunar Íslands. Samgönguráðherra getur sett reglugerð er kveður á um lágmarkskröfur til hafnarmannvirkja að fenginni tillögu Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum.

7. gr.

Ábyrgð eiganda hafnarmannvirkja.

Eigandi hafnar er ábyrgur fyrir því að mannvirki, búnaður og rekstur hafnarinnar sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hafnarstjórn er heimilt, ef hún telur nauðsyn á, að nema brott á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af og eigandi sinnir ekki tilmælum um úrbætur innan eðlilegs tímafrests.

III. KAFLI.

Rekstrarform og flokkun hafna.

8. gr.

Rekstrarform hafna.

Höfn má reka sem:

1. Höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Önnur rekstrarform sem ekki falla undir opinberan rekstur og er þá átt við hlutafélög, hvort sem þau eru í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélög, sameignarfélög eða einkaaðilar með sjálfstæðan rekstur.

Hafnarstjórnum sem starfa samkvæmt lögum þessum er skylt að senda Siglingastofnun ársreikninga sína árlega. Höfnum sem njóta ríkisstyrks er einnig skylt að senda þær upplýsingar sem Siglingastofnun kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

9. gr.

Upplýsingar um hafnir.

Hafnir skulu á hverjum tíma miðla upplýsingum um lengd, breidd og djúpristu þeirra skipa sem þær geta tekið á móti. Siglingastofnun Íslands skal starfrækja gagnagrunn á heimasíðu sinni þar sem þessar upplýsingar koma fram.

IV. KAFLI
Höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags.

10. gr.
Stjórnun, rekstur og starfsheimildir.

Hafnir samkvæmt kafla þessum skulu reknar sem sérstakur málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

Sveitarfélagi er ekki heimilt að reka hafntengda atvinnuaðstöðu né hafntengda þjónustu á hafnarsvæðinu, sbr. þó 29. gr.

11. gr.
Gjöld.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna, sbr. 5. tölul. 3. gr., samkvæmt þessum kafla:

1. Skipagjöld á skip og báta er nota höfnina; bryggjugjöld og lestagjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.

Samanlagðar tekjur af álögðum gjöldum skv. 1. og 2. tölul. mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að reka höfnina.

12. gr.
Breyting á rekstrarformi.

Fari meira en 0,2 milljónir tonna af vörum árlega um höfn eða ef verðmæti landaðs sjávarafla fer yfir einn milljarð króna á ári getur sveitarstjórn ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnarinnar í höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags eða höfn í eigu hlutafélags, sbr. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá stærðarviðmiðunum þessum ef höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags býr við samkeppni.

V. KAFLI
Höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga.

13. gr.
Stjórnun og rekstur.

Hafnir samkvæmt kafla þessum skulu reknar sem opinbert fyrirtæki með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga. Sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórnum, skulu hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnarinnar. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnarinnar. Hafnarstjórn ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnarinnar.

14. gr.

Hafnasamlög.

Eigendur hafna með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga geta myndað hafnasamlög um rekstur þeirra. Leggja skal fyrir ráðherra tillögur að stofnsamningi, skipulagi og nýtingu landsvæða og mannvirkja og rökstuðning fyrir að hafnasamlagið hafi rekstrarhagræði í för með sér. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda þeirra hafna sem vilja mynda hafnasamlag, reglugerð fyrir það, sbr. ákvæði 4. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um hafnasamlög þar sem við á.

15. gr.

Starfsheimildir.

Auk reksturs hafnarinnar er henni heimilt að reka hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda þjónustu samkvæmt heimildum 17. gr.

16. gr.

Skattskylda, rekstur og endurskoðun.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

Endurskoðun reikninga hafnar skal framkvæmd af endurskoðanda sem eigendur hennar samþykkja.

17. gr.

Gjöld.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir rekstur hafna og hafntengda atvinnuaðstöðu hafna samkvæmt kafla þessum:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn; bryggjugjöld og lestagjöld sem eru miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.
2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju til þess að standa straum af kostnaði við aðstöðu og búnað fyrir farþega og bíla.
4. Gjald fyrir aðstöðu til lestunar og losunar á vöru á hafnarsvæði.
5. Gjald fyrir geymslu vöru á hafnarsvæði.
6. Leigugjöld fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönum.
7. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr.
8. Lóðargjöld og lóðarleiga.

Heimilt er að innheimta eftirtalin gjöld fyrir hafntengda þjónustu hafna samkvæmt kafla þessum:

1. Hafnsögugjöld.
2. Gjöld fyrir þjónustu dráttarbáta.
3. Festargjöld.
4. Gjöld fyrir sölu á vatni og rafmagni.
5. Sorpgjöld.
6. Vigtargjald.

Skipa- og vörugjöldum skal varið til reksturs hafnarinnar. Samanlagðar tekjur af álögðum gjöldum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að reka höfnina skv. 5. tölul. 3. gr.

Nú á annar aðili en hafnarsjóður viðlegumannvirki innan hafnarsvæðisins og skal þá semja um hversu hátt gjald skal greiða til hafnarinnar til þess að standa straum af sameiginlegum rekstri hennar.

Höfnum er heimilt að gera langtímasamning við notendur um gjöld skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. fyrir afnot af bryggjum.

18. gr.

Breyting á rekstrarformi.

Fari meira en 0,2 milljónir tonna af vörum árlega um höfn eða ef verðmæti landaðs sjávarafla fer yfir einn milljarð króna á ári getur sveitarstjórn ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnarinnar í félag skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Taka skal mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja við eignfærslu þeirra í efnahagsreikning félagsins. Hafi viðkomandi mannvirki notið ríkisframlags skal leita samþykkis ráðherra fyrir framsali þeirra.

Höfnin getur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar orðið að höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., þegar höfnin býr ekki lengur við samkeppni.

Rekstrarform hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sjálfsstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki samgönguráðherra að veita aukið fjármagn til hafnarinnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.

VI. KAFLI
Hafnir sem ekki teljast til opinbers reksturs.

19. gr.

Stjórn og rekstur.

Rekstrarform hafna samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Varðandi önnur rekstrarform skal skipa hafnarstjórnir eftir nánari ákvæðum reglugerðar skv. 4. gr. Þegar rekstrarform skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. er stofnað um rekstur hafnar og greiðsla framlags er í formi mannvirkja er fyrst hægt að greiða arð til eigenda eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar skv. 4. gr. Sveitarfélög geta rekið hafnir skv. IV. og V. kafla og sem hlutafélög.

20. gr.

Starfsheimildir.

Höfn, sem rekin er skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og er að meiri hluta til í eigu sveitarfélags, er heimilt að reka höfnina, hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda þjónustu án takmarkana.

VII. KAFLI
Móttökuskylda hafna.

21. gr.

Móttökuskylda og ábyrgð eigenda skipa.

Höfnum ber skylda til að taka á móti skipum eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess til hafnar.

Höfn er heimilt að krefjast trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda og fyrir förgunarkostnaði skips séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar. Höfn er heimilt að láta fjarlægja skip á kostnað eiganda þegar rými hafnarinnar er takmarkað. Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði eða hættu getur hafnarstjóri fyrirskipað úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt er heimilt að láta fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda.

VIII. KAFLI
Framlög ríkisins til hafnamála og framkvæmdir í höfnum.

22. gr.
Frumrannsóknir.

Ríkissjóður greiðir allt að 100% kostnaðar við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Siglingastofnun Íslands skal hafa umsjón með frumrannsóknum, sem kostaðar eru af ríkissjóði og hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn þar sem við á.

23. gr.
Samgönguáætlun.

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir framkvæmdina og þýðingu fyrir byggðarlagið.

24. gr.
Ríkisstyrktar framkvæmdir.

Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til eftirfarandi verkefna á sviði hafnargerðar á vegum hafnarsjóða, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 8. gr.

a. Ríkissjóði er heimilt að styrkja:
   1. endurbyggingu, endurbætur og lagfæringar á skjólgörðum í höfnum þar sem erfiðar náttúrulegar aðstæður valda því að lítið skjól er fyrir úthafsöldu,
   2. dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti.

   Greiðsluþátttaka ríkisins skv. 1. og 2. tölul. getur þó aldrei orðið hærri en 75% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun.
b. Ríkissjóði er heimilt að styrkja framkvæmdir á vegum lítils hafnarsjóðs þar sem verðmæti meðalafla sl. þriggja ára er undir 400 millj. kr. og skatttekjur sveitarfélagsins eru undir 150 millj. kr. Ríkisstyrktar framkvæmdir skulu takmarkast við merkingu innsiglingar, dýpi, varnarmannvirki og viðlegu. Staðfesting Siglingastofnunar skal liggja fyrir um að höfnin hafi nýtt þá tekjumöguleika sem fyrir hendi eru áður en umsókn um ríkisstyrk er tekin fyrir. Staðfesting þessi skal m.a. byggjast á samanburði við gjaldtöku annarra sambærilegra hafna. Greiðsluþátttaka ríkisins samkvæmt þessum lið skal vera allt að 90% og er ákvörðuð hverju sinni í samgönguáætlun sem samþykkt er af Alþingi.
c. Ríkissjóði er heimilt að styrkja stofndýpkanir á vegum hafnarsjóða innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem meðaltal vöruflutninga sl. þriggja ára sem um höfnina fara er undir 100.000 tonnum. Greiðsluþátttaka

ríkisins samkvæmt þessum lið getur aldrei orðið hærri en 17% og nær til dýpkana sem framkvæmdar eru 2007 eða síðar.

25. gr.

Umsóknir um ríkisframlög.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði skulu sendar Siglingastofnun Íslands. Stofnunin vinnur úr umsóknum og tekur þær fyrir við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 24. gr.

Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á samgönguáætlun og tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

26. gr.

Hafnabótasjóður.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer hafnaráð með stjórn sjóðsins í umboði samgönguráðherra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna tjónaviðgerðir, sbr. 2. tölul. 3. mgr. þessarar greinar.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Tekjur af starfsemi sjóðsins.
2. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Hafnaráð ráðstafar fé Hafnabótasjóðs með samþykki ráðherra á eftirgreindan hátt, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands:

1. Fjármagnar framkvæmdir ríkisins í samgönguáætlun sem samþykktar hafa verið á Alþingi.
2. Er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. 1. tölul. a-liðar og b-lið 24. gr., þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

Siglingastofnun Íslands annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

Heimilt er með samþykki ráðherra að fela lánastofnun umsýslu lána sjóðsins.

IX. KAFLI

Kæruheimild.

27. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðunum hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum verður skotið til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

X. KAFLI
Viðurlög, gildistaka, bráðabirgðaákvæði o.fl.

28. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

29. gr.
Ýmis ákvæði.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá 10. og 11. gr. og leyfa höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélaga að annast hafntengda þjónustu, sbr. 17. gr.

B-deild Hafnabótasjóðs skv. 26. gr. skal yfirtaka núverandi eignir sjóðsins við gildistöku laganna.

30. gr.
Sameining hafna og hlutafélög.

Hafnasamlögum eða einstökum höfnum í eigu sveitarfélaga er heimilt að sameinast til þess að uppfylla skilyrði um umsvif í því skyni að reka höfn sem hlutafélag eða annars konar félag, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr.

31. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002. Jafnframt falla úr gildi hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

Allar hafnir skulu taka ákvörðun um rekstrarform fyrir 1. janúar 2003, en þá taka ný rekstrarform hafna samkvæmt lögum þessum gildi.

Sé engin ákvörðun tekin um rekstrarform hafnar fyrir 1. janúar 2003 skulu hafnir taka rekstrarformið höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga. Við breytingu núverandi hafnarforms frá höfn með sjálfstæða hafnarstjórn í sveitarfélagshöfn skal sveitarstjórn taka við stjórn hafnarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

Þær reglugerðir sem samgönguráðherra hefur gefið út í samræmi við hafnalög, nr. 23/1994, halda gildi þar til settar eru reglugerðir samkvæmt lögum þessum.

32. gr.
Breytingar á verðlagi.

Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísitala neysluverðs frá gildistíma laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Gjaldskrá.

Við gildistöku laganna setur samgönguráðherra gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka þessi gjöld um 20%. Skal gjaldskráin við það miðuð að hún gefi höfnum landsins möguleika á nægum tekjum til þess að standa undir rekstri hafnar miðað við forsendur þessara laga. Þó er óheimilt að hækka gjöld einstakra hafna umfram það sem

þörf krefur til þess að standa undir rekstri hafnar, sbr. skilgreiningu 3. gr. Samgönguráðherra er heimilt að gefa út sérstaka gjaldskrá til 12 mánaða fyrir hverja höfn sem undir þetta getur fallið. Í lok þessa 12 mánaða tímabils flytjast gjaldtökuákvarðanir til hafna.

II.

Ríkisstyrkir.

Þrátt fyrir 24. gr. þessara laga er ríkissjóði heimilt að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. eldri hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

III.

Sérstakt vörugjald.

Innheimt skal sérstakt vörugjald fram til ársloka 2002 sem renna skal í ríkissjóð. Gjaldið skal vera sem svarar 25% álagi á vörugjöld, önnur en aflagjöld, eins og þau verða ákveðin í gjaldskrá samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Málefni hafna hafa undanfarið verið í brennidepli og hafa komið fram kröfur um breytingar á rekstrarformi og fjármögnun framkvæmda. Nokkur dæmi má nefna hér. Fjallað var um málið á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga árið 1997 og hefur það síðan verið tekið fyrir á hverjum ársfundi. Samtök iðnaðarins sendu beiðni haustið 1998 til Samkeppnisstofnunar um athugun á því hvort ákvæði hafnalaga stríddu gegn markmiðum samkeppnislaga. Einnig hafa komið fram ábendingar vegna endurskoðunar á gjaldaákvæðum laga í kjölfar hertra formkrafna til lagaheimilda fyrir sköttum og þjónustugjöldum. Töluverð umræða hefur verið innan ESB eftir útkomu grænbókar um hafnir og að lokum má nefna að verulegar breytingar hafa orðið í sumum nágrannalöndum okkar á málefnum hafna. Þessi atriði og fleiri hafa kallað á umræðu hér á landi. Til að bregðast við því ákvað þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, að skipa tvær nefndir 1. febrúar 1999 til þess að fjalla um málefni hafna. Önnur nefndin hafði það hlutverk að fjalla um framtíðarfyrirkomulag hafnamála. Hin hafði það hlutverk að gera tillögur um gjaldskrá hafna með hliðsjón af breyttum lögum og veita umsögn um undanþáguákvæði núgildandi hafnalaga. Fljótlega komu upp þau sjónarmið að tillögur gjaldskrárnefndarinnar og nefndar um framtíðarskipulag hafnamála yrðu að fara saman. Nefndunum var því falið af núverandi samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssyni að skila sameiginlegu áliti. Hér á eftir verður því vísað til þessara nefnda sem nefndar um framtíðarskipan hafnamála. Áliti var skilað sem áfangaskýrslu til samgönguráðherra í september 1999.

Í kjölfar framangreinds álits skipaði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra 9. desember 1999 nýja nefnd sem hér eftir er nefnd hafnalaganefnd. Í skipunarbréfi hennar segir að hún skuli *„undirbúa og semja frumvarp til nýrra hafnalaga. Verkefni þessarar nefndar verður að útfæra þær hugmyndir sem fram komu í skýrslunni frá því í september. Nefndinni er því ætlað að skila af sér frumvarpi til laga með greinargerð sem leggja megi fram til kynningar á Alþingi, helst á vorþingi 2000 ef mögulegt er. Nefndin skal leitast við í vinnu sinni að hafa náið samráð og samstarf við sem flesta hagsmunaaðila er hafnamál snerta þannig að sjónarmið þeirra komi skýrt fram.“*

Eftirfarandi aðilar voru skipaðir í hafnalaganefndina: Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, formaður, Árni Þór Sigurðsson, formaður Hafnasambands sveitarfélaga, Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðabyggðar,

Hörður Blöndal, hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands, og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Með nefndinni störfuðu Hermann Guðjónsson, forstjóri Siglingastofnunar Íslands, og Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu. Ritari hennar var Sigurbergur Björnsson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands.

Nefndin hóf starf sitt með því að fara yfir fyrirliggjandi áfangaskýrslu um framtíðarskipan hafnamála. Því næst kallaði hún á fulltrúa úr ýmsum áttum. Á fund nefndarinnar komu:

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Hjörleifur Pálsson endurskoðandi, Deloitte & Touche, Árni Harðarson lögfræðingur, Deloitte & Touche, Ragnheiður Snorradóttir lögfræðingur, fjármálaráðuneyti, Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur, forsætisráðuneyti, Guðmundur Sigurðsson forstöðumaður, Samkeppnisstofnun, Lárus Ögmundsson lögfræðingur, Ríkisendurskoðun, Höskuldur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Eimskipum, Kristinn Þór Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Samskipum, Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, Arthur Bogason formaður og Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, Haukur Þór Hauksson, formaður Samtaka verslunarinnar, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Grétar Mar Jónsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sævar Gunnarsson formaður og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands, Sigríður Andersen og Guðjón Rúnarsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, og Ólafur J. Briem, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða.

Nefndin náði samkomulagi um drög að frumvarpi og er þetta frumvarp í flestum atriðum í samræmi það. Þó skal tekið fram að Friðrik Arngrímsson, sameiginlegur fulltrúi Landssambands íslenskra útgerðamanna, Landssamtaka smábátaeigenda og Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara (sjá fylgiskjal IV).

Í frumvarpi þessu eru mörg nýmæli sé tekið mið af núgildandi hafnalögum. Þau helstu eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að samræmd gjaldskrá hafna verði aflögð og ákvæði samkeppnislaga gildi um gjaldtöku þeirra.
2. Leyft verður að reka hafnir undir fleiri rekstrarformum, þ.m.t. undir hlutafélagaforminu, þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
3. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra hafna sem reknar eru í atvinnuskyni.
4. Mótttökuskylda hafna er skilgreind.
5. Ríkisafskipti af höfnum eru minnkuð en áfram er gert ráð fyrir að lagfæringar og viðhald á skjólgörðum sé greitt að hluta til úr ríkissjóði.
6. Framtíð smærri hafna er betur tryggð en í núgildandi lögum.
7. Önnur stjórnvaldsafskipti af höfnum eru betur skilgreind.

Ein af forsendum frumvarpsins er að rekstur hafna skuli virðisaukaskattsskyldur. Þetta nái eingöngu til reksturs hafna eins og hann er skilgreindur í 3. gr. Því gilda núverandi sjónarmið um hafnarþjónustu, lóðaumsýslu og rekstur fasteigna. Fram að þessu hafa hafnir ekki innheimt virðisaukaskatt af hafnargjöldum og ekki fengið frádreginn eða endurgreiddan innskatt vegna framkvæmda og aðkeyptra rekstrarvara og þjónustu nema að mjög litlu leyti. Virðisaukaskattur af sérfræðiþjónustu fæst þó endurgreiddur. Ljóst er að við það að færa gjaldskrárákvarðanir til hafna og leyfa fleiri rekstrarform en tíðkast í dag færast hafnir nær umhverfi annars atvinnurekstrar. Flestir viðskiptaaðilar hafna eru virðisaukaskattsskyldir sem mælir með að hafnir verði það líka. Ef ein höfn uppfyllir skilyrði um virðisaukaskattsskyldu falla aðrar á sama atvinnusvæði óhjákvæmilega undir sama hatt óháð rekstrarformi. Því verður flókið fyrir viðskiptavini hafnarinnar að greiða hafnargjöld með virðisaukaskatt í

höfnum á einu atvinnusvæði en ekki í höfnum á öðru atvinnusvæði. Lagt er til að tekin verði af öll tvímæli í þessu efni og allar hafnir sem undir lögin falla verði virðisaukaskattsskyldar. Því munu hafnir m.a. innheimta virðisaukaskatt af viðskiptavinum sínum við gerð reikninga fyrir skipagjöld og vörugjöld. Þær geta dregið allan innskatt frá útskatti. Þá hverfa uppsöfnunaráhrif vegna virðisaukaskatts sem hefur miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir bæði hafnirnar og ríkissjóð.

Það er á verksviði fjármálaráðuneytis að breyta lögum eða reglugerðum á þessu sviði og vísast til þess ráðuneytis um það.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin segir til um gildissvið laganna. Lögin taka til allra hafna sem reknar eru í atvinnuskyni. Þau ná til hafnarsjóða sem hingað til hafa verið reknir af sveitarsjóðum samkvæmt núgildandi lögum. Lögin koma einnig til með að gilda um hafnir sem eru í eigu einkafyrirtækis og þjóna því eingöngu. Þetta þýðir að sérhæfðar hafnir sem starfræktar eru af fyrirtækjum, eins og t.d. innst í Hvalfirði, þurfa reglugerðir skv. 4. gr. sem skilgreina hafnarsvæði og skyldur er varða t.d. öryggismál og mengunarmál. Undir lögin falla einnig hafnir sem hingað til hafa verið reknar af sveitarfélagi án þess að um þær hafi verið stofnaðir hafnarsjóðir. Dæmi um þetta er t.d. skemmtibátahöfnin á Seltjarnarnesi. Frumvarpið gerir kröfur um að sett verði hafnarreglugerð fyrir slíkar hafnir.

Um 2. gr.

Í 1. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, segir að samgönguráðherra fari með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Í 2. gr. sömu laga segir að Siglingastofnun Íslands fari með framkvæmd siglinga-, hafna- og vitamála. Þetta þýðir að stofnunin fer með framkvæmd þessara laga í umboði samgönguráðherra nema í sérstökum tilfellum, t.d. er lýtur að olíuhöfninni í Helguvík sem fellur undir varnarsamninginn, en hann hefur lagagildi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein segir að samgönguráðherra skuli setja reglugerð um hverja höfn. Gert er ráð fyrir að stjórnvöld setji reglur um mengunarmál, öryggismál, skipulagsmál og hafi eftirlit með að farið sé eftir reglum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að stjórnvöld setji reglugerð um hverja höfn. Þetta er sama fyrirkomulag og í núgildandi lögum, nema hafnir í eigu einkaaðila falla nú einnig undir þetta ákvæði. Hafnarstjórn ber ábyrgð á að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Leigi hún öðrum athafnasvæði á hafnarsvæðinu tekur það ekki þessa ábyrgð af henni.

Lagt er til að hafnarreglugerðir skuli segja til um kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar. Gagnvart einkafyrirtækjum eða hlutafélögum gilda lög um hlutafélög eða viðkomandi annað félagaform. Ekkert mælir þó á móti því að ákvæði þessa efnis sé sett í reglugerð fyrir viðkomandi höfn.

Ef höfn telst ekki uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum þessum getur ráðherra numið hafnarreglugerðina úr gildi. Við það falla niður allar starfsheimildir hafnarinnar og ber að loka henni fyrir umferð á sjó og landi. Þetta er m.a. ætlað til þess að gefa möguleika á að

grípa inn í þegar hætta stafar af lélegum mannvirkjum og viðkomandi höfn hefur ekki sinnt aðvörunum.

Um 5. gr.

Þetta ákvæði má einnig finna í núgildandi hafnalögum. Það hefur þó meira vægi hér þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að einkaaðilar geti átt og rekið höfn.

Kveðið er á um að sveitarstjórn skuli veita framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum. Er það í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, en þar segir:

„Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.“

Í 36. gr. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga segir einnig:

„Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.“

Enn fremur segir í 3. mgr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga: *„Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara.“*

Um 6. gr.

Frumvarpið gerir eins og áður sagði ráð fyrir að skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, gildi um skipulag hafnarsvæða. Það tiltekur þó að leggja þurfi fyrir Siglingastofnun Íslands gögn um gerð mannvirkja til samþykktar áður en byrjað er á framkvæmdum. Þetta er gert til þess að Siglingastofnun Íslands geti sinnt hlutverki sínu við að fylgjast með hönnun hafnarmannvirkja og sjá til þess að þau uppfylli að minnsta kosti lágmarkskröfur um styrkleika. Einnig að tekið sé tillit til öryggissjónarmiða við hönnun og horft til þess að tryggja öryggi notenda hafnarinnar strax á hönnunarstigi. Þetta er nokkur breyting frá núgildandi hafnalögum sem gera ekki ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands hafi þetta hlutverk þegar um er að ræða framkvæmdir sem ekki eru ríkisstyrktar. Núgildandi hafnalög gera kröfu um að eigendur hafna séu opinberir aðilar og koma því stjórnvöld að hafnarframkvæmdum óhjákvæmilega á öllum stigum. Hér er lagt til að þetta sé ótvírætt hlutverk stjórnvalda óháð rekstrarformi.

Frumvarpið heimilar þó að undanþága sé gefin frá þessu ákvæði sé tækniþekking og innra eftirlit fyrir hendi hjá viðkomandi höfn sem að mati Siglingastofnunar Íslands tryggir að fullt tillit sé tekið til öryggissjónarmiða við hönnun hafnarmannvirkja. Þannig hefur til að mynda Reykjavíkurhöfn sinnt þessum þætti sjálf vegna sinna framkvæmda.

Loks er í frumvarpinu gerð krafa um að þær hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skuli leggja fram staðfestingar á fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda. Þetta er gert til þess að tryggja að nauðsynlegt fjármagn sé fyrir hendi áður en ráðist er í framkvæmdir sem ríkið stendur að.

Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir í höfnum og er þetta ákvæði hliðstætt ákvæðum gildandi hafnalaga.

Um 7. gr.

Þessi grein segir að eigandi hafnar sé ábyrgur fyrir mannvirkjum, búnaði og rekstri hafnarinnar. Til þess að geta rækt þetta hlutverk gefur frumvarpið hafnarstjórn vald til þess að fjarlægja mannvirki í sjó fram ef hætta stafar af þeim.

Um 8. gr.

Frumvarpið kveður á um að auk rekstrarforms gildandi hafnalaga, þ.e. hafnar með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags, verði hægt að reka hafnir sem höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags og sem félag skv. 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar. Hafnarstjórn ber mikla ábyrgð er varðar öryggi hafnarinnar og umhverfi hennar. Því er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um hafnarstjórn fyrir hvert rekstrarform. Það er gert í 10., 13. og 19. gr.

Frumvarpið heimilar að reka höfn án sjálfsstjórnar sem málaflokk í sveitarfélagi. Þetta rekstrarform er ætlað fyrir hafnir sem koma ekki til með að taka þátt í samkeppni og gilda reglur um gjaldtöku opinberra fyrirtækja um þær. Eigandi hafnar þ.e. viðkomandi sveitarstjórn setur höfninni gjaldskrá. Þetta rekstrarform er einkum ætlað fyrir litlar hafnir t.d. smábátahafnir eða jafnvel skemmtibátahafnir. Frumvarpið gerir ráð fyrir að engin starfsemi verði í slíkum höfnum á vegum sveitarsjóðs að rekstri hafnarinnar undanskildum og miðast starfsheimildir við það. Þó getur ráðherra í undantekningartilfellum heimilað að önnur hafntengd starfsemi sé rekin í höfninni á vegum sveitarsjóðs, sbr. 29. gr. Greinin heimilar að reka höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags. Þetta er það rekstrarform í raun sem núverandi hafnalög leyfa. Frumvarpið gerir ráð fyrir að séu slíkar hafnir ekki reknar í samkeppni gildi reglur um gjaldtöku opinberra fyrirtækja. Vísað er til fylgiskjals III frá Samkeppnisstofnun um samkeppni hafna. Séu hafnir með sjálfsstjórn í samkeppni gilda ákvæði samkeppnislaga um gjaldtöku þeirra. Frumvarpið heimilar að starfsheimildir slíkra hafna séu þær sömu og þær hafa í dag. Hér er átt við hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda þjónustu að hluta til, sbr. gjaldtökuheimildir 17. gr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stærri hafnarsjóðir landsins geti valið um núverandi form eða stofnað félag skv. 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar sem yfirtekur reksturinn að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Félög í eigu sveitarfélaga hafa rýmri starfsheimildir en hafnir með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags og geta rekið hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda þjónustu án takmarkana. Settar eru stærðartakmarkanir á núverandi hafnir með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga um hvort þær geti framselt rekstur sinn til annars rekstrarforms. Því er ekki heimilt að hafnir með sjálfsstjórn framselji rekstur sinn til annars rekstrarforms nema einhver samkeppni sé til staðar, annaðhvort séu þær á samkeppnissvæði eða taki þátt í samkeppni með einum eða öðrum hætti. Þar af leiðandi eru félög skv. 3. tölul. 1. mgr. ekki bundin af reglum um gjaldtöku opinberra fyrirtækja, heldur gilda samkeppnislög um gjaldtöku þeirra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að einkafyrirtæki geti rekið hafnir. Slíkar hafnir geta verið einkafyrirtækjum nauðsynlegar vegna annarrar starfsemi, svo sem olíudreifingar eða stóriðju. Einnig gæti einkafyrirtæki haft hafnarekstur sem aðalverkefni. Frumvarpið gerir engar kröfur um stærð slíkra fyrirtækja í veltu talið og takmarkar ekki starfsheimildir slíkra hafna. Samkeppnislög gilda um verðlagningu á þjónustu þeirra.

Loks segir í frumvarpinu að hafnarsjóðir, sem starfa eftir lögum þessum sendi ársskýrslur sínar árlega til Siglingastofnunar Íslands. Einnig er hafnarsjóðum sem njóta ríkisstyrks skylt að senda önnur þau gögn sem Siglingastofnun Íslands óskar eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Þetta er samhljóða ákvæðum núgildandi hafnalaga og ætlað að gera Siglingastofnun Íslands kleift að sinna lagaskyldum sínum varðandi ríkisstyrki.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að til sé á einum stað aðgengilegar upplýsingar um getu hafna til þess að taka á móti skipum. Siglingastofnun Íslands er ætlað að halda utan um slíkar upplýsingar.

Um 10. gr.

Fjallað er um almenn atriði er varða þetta rekstrarform hafna í athugasemdum með 8. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa. Sveitarstjórn getur kosið hafnarnefnd sem hefur sömu stöðu og málaflokkanefndir hafa almennt í sveitarfélögum.

Um 11. gr.

Veitt er heimild til að innheimta aflagjald, vörugjald, lestargjald og bryggjugjald til þess að standa straum af kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki. Þetta þýðir m.a. að höfnin má ekki greiða arð í sveitarsjóð.

Sveitarsjóðir bera ábyrgð á að gjöld séu í samræmi við reglur um gjöld opinberra fyrirtækja samkvæmt þessu frumvarpi. Líftíma og slit margra hafnarmannvirkja er í meginatriðum fremur hægt að rekja til veðurfarslegra eða náttúrulegra ástæðna en notkunar. Hafnargjöld eru endurgjald fyrir veitt afnot á sama hátt og leiga er endurgjald fyrir afnot af húsnæði. Stærsti einstaki kostnaðarþáttur leigugjalds er stofnkostnaður sem er mismunandi fyrir hvert mannvirki sem leigt er. Algengast er að miða leigugjald á húsnæði við fermetra, heilt hús eða hluta úr húsi eftir aðstæðum og að því sé deilt á leigjendur eftir tíma, svo sem klukkustundum, dagpörtum, vikum eða mánuðum. Stofnkostnaðurinn vegur þyngst í hafnargjöldunum. Stærri skip leigja meiri aðstöðu en lítil skip, þ.e. lengri viðlegu, meira dýpi og fleiri fermetra af hafnarbakka. Aðstæður eru mismunandi í hverri höfn sem hefur áhrif á viðmið og form gjaldtöku. Lestargjaldinu er einkum ætlað að mæta kostnaði við ytri mannvirki hafnarinnar. Bryggjugjaldi er einkum ætlað að mæta kostnaði við viðlegumannvirki. Vörugjöldum er einkum ætlað að mæta kostnaði við bryggju og þekju. Skilin á milli þessara gjaldaflokka geta í sumum tilfellum verið óljós. Til dæmis takmarkar skip sem liggur við bryggju óhjákvæmilega aðgang að þekju sem annars gefur vörugjald. Til þess að taka af öll tvímæli er við það miðað að samanlagðar tekjur af hafnargjöldum skv. 1. og 2. tölul. séu notaðar til að standa straum af rekstri hafnarinnar, sbr. skilgreiningu 3. gr., og er óheimilt að taka hærra gjald en sem nemur kostnaði við rekstur hafnarinnar.

Það er eiganda hafnar, þ.e. sveitarfélagsins, að sjá til þess að gjaldskrá fyrir þjónustu hafnar uppfylli þær kröfur sem réttarreglur um tekjuöflun hins opinbera setja gjaldtöku af þessu tagi og gæti þess að álögð gjöld séu í samræmi við þær heimildir.

Gert er ráð fyrir að á aðlögunartíma, sbr. ákvæði til bráðabirgða, muni hafnarsjóðir fá auknar tekjur til þess að standa á eigin fótum. Það er eigenda hafna að sjá til þess að hafnir uppfylli formkröfur og að gjöldin hrökkvi fyrir kostnaði að loknum aðlögunartíma.

Nýmæli í frumvarpinu er farþegagjald. Ljóst er að hafnarsjóðir hafa lagt í töluverðan kostnað til þess að taka á móti farþegum af skemmtiferðaskipum, ferjum og skemmtiferðaeða útsýnisbátum ýmiss konar sem þjónusta ferðamenn. Þessi kostnaður felst í umsýslu skipanna, sérbúnaði, svo sem flotbryggjum og landgöngum, svo og aðstöðu fyrir þau sem ekki nýtist í annað. Rökrétt er að heimila gjaldtöku fyrir þessa þjónustu hafna.

Gjaldtökuheimildir kaflans ná til sömu rekstrarþátta og starfsheimildir hafnarinnar. Heimili ráðherra höfninni að annast annan rekstur sem telst til hafntengdrar atvinnuaðstöðu eða hafntengdrar þjónustu, sbr. 29. gr., fylgir því jafnframt samsvarandi gjaldtökuheimild.

Um 12. gr.

Með vísan til umfjöllunar í 8. gr. eru hér tilgreind þau viðmið sem höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags verður að uppfylla til þess að breyta rekstrinum í höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags eða framselja hana til félags skv. 3 tölul. 1. mgr. 8. gr. Við þessar formbreytingar fær höfnin auknar starfsheimildir. Því er komið til móts við auknar þarfir sem fylgja vexti hafna um leið og gerðar eru kröfur um fjárhagslegt sjálfstæði. Ráðherra er einnig heimilt að gefa undanþágu frá viðmiðun sé minni höfn í samkeppni. Við það er viðkomandi höfn í eigu sveitarfélags betur í stakk búin til þess að taka þátt í samkeppni á svæðinu notendum til hagsbóta.

Um 13. gr.

Greinin kveður á um að stjórn hafnar með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags skuli kosin af sveitarstjórn og segi hafnarreglugerð nánar til um það fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir að kosnar séu sérstakar hafnarstjórnir sem hafa þá svipaða stöðu og stjórnir fyrirtækja. Ákvæði er um að hafnarstjórnin skuli fyrst og fremst gæta hagsmuna hafnarinnar og er tilgangur þess m.a. sá að taka af öll tvímæli um tengsl sveitarsjóðs og hafnarsjóðs. Það er hlutverk hafnarstjórnar samkvæmt frumvarpi þessu að ráða hafnarstjóra og ákveða verksvið hans. Fyrirkomulag stjórnar hafnarinnar skal nánar ákveðið í reglugerð sem samgönguráðherra setur skv. 4. gr.

Um 14. gr.

Núgildandi lög gera ráð fyrir að hægt sé að sameina hafnir í eigu tveggja eða fleiri sveitarfélaga og stofna um þær hafnasamlög með heimild ráðherra. Reynslan af núverandi hafnasamlögum er nokkuð mismunandi. Á meðan sum hafa náð að hagræða hafa önnur rekið einstakar hafnir með nánast óbreyttu sniði. Frumvarpið gerir áfram ráð fyrir þessum möguleika, en þó með áherslubreytingu. Það gerir kröfur um að við stofnun hafnasamlags séu hafnarsvæðin skipulögð á nýjan leik og lögð fram gögn sem sýna fram á að hagræðing náist með sameiningunni. Með þessu móti er reynt að stuðla að þeirri hagræðingu sem upphaflega var stefnt að með stofnun hafnasamlaga. Ákvæði samkeppnislaga gilda þó um sameiningu hafna sem teljast í samkeppni og gæti því komið til kasta samkeppnisyfirvalda ef sýnt þykir að sameiningin komi niður á þjónustu við neytendur. Stjórn hafnasamlags ber að horfa á hagsmuni heildarinnar og gæta þess að fjármunum sé varið á sem hagkvæmastan hátt hverju sinni. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á högum eldri hafnasamlaga, en gera má þó ráð fyrir að skipulag þeirra styrkist í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í grein þessari.

Um 15. gr.

Fjallað er um starfsheimildir hafna með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga í umfjöllun um 8. gr. Tekið skal fram að ekkert mælir gegn því í frumvarpi þessu að hafnir í þessum kafla geti átt í félagi sem rekur hafntengda atvinnuaðstöðu eða hafntengda þjónustu.

Um 16. gr.

Ákvæði núgildandi hafnalaga um að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnarinnar eru látin halda sér. Sama gildir um ákvæði núgildandi laga um að hafnarsjóðir skuli undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Það þýðir að þessum höfnum er óheimilt að greiða arð til eigenda sinna. Þetta gildir um hafnir með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélaga. Lögin gera ráð fyrir að lög um bókhald gildi um þessar hafnir og þær fylgi

almennri reikningsskilavenju. Eigandi hafnar skal velja endurskoðanda sem er í samræmi við lög og reglur og venjur þar um.

Um 17. gr.

Fjallað er um gjaldtöku skv. 1., 2., og 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar í umfjöllun um 11. gr. frumvarpsins.

Í starfsheimildum fyrir það rekstrarform sem hér um ræðir er kveðið á um að höfnin geti stundað rekstur á hafntengdri atvinnuaðstöðu. Hér eru settar í frumvarpið sömu gjaldtökuheimildir fyrir hafntengda atvinnuaðstöðu og fyrir þann hluta hafntengdrar þjónustu sem núverandi hafnalög heimila. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að hafnir í þessum kafla veiti aðra hafntengda þjónustu. Í frumvarpinu er heimild fyrir tveimur nýjum gjöldum, þ.e. lestunar- og losunargjaldi, sem er einkum hugsað vegna notkunar á aðstöðu fyrir afgreiðslu á vörum út af hafnarsvæði á vöruflutningabíl og ætla má að sé innifalið í vörugjaldi í þeim tilfellum þegar varan fer þess í stað um borð í skip. Geymslugjald er vegna geymslu gáma eða varnings á hafnarsvæði í lengri tíma. Það á einkum við í þeim tilfellum þegar hafnarsjóður leigir aðstöðu fyrir einstaka gáma eða vöru í stað þess að leigja heilt athafnasvæði til lengri tíma. Geymslugjaldið getur átt við geymslu vöru á sérstöku geymslusvæði eða á athafnasvæði sjálfra viðlegumannvirkjanna í lengri tíma en eðlilegan athafnatíma við uppskipun eða útskipun. Eina breytingin frá núgildandi lögum er að finna í 5. tölul. 2. mgr. Þar er fjallað um sorpgjöld í stað sorphirðugjalds í núverandi lögum. Ástæðan er sú að gert er ráð fyrir að hægt sé að taka gjald annars vegar fyrir sorphirðu og hins vegar fyrir sorpeyðingu.

Almennt séð gerir frumvarpið ráð fyrir að gjöld verði miðuð við að gjaldtakan fyrir viðkomandi þjónustu standi straum af kostnaði við hana. Þetta sjónarmið verði haft til hliðsjónar við ákvörðun gjalda.

Gert er ráð fyrir að einkaaðili geti átt bryggju innan hafnarsvæðisins, sbr. 5. gr. Nauðsynlegt er fyrir höfnina að hafa tekjur af umferð vegna eiganda slíkrar bryggju til þess að standa straum af kostnaði við innsiglingarmerki og sameiginleg hafnarmannvirki. Þessi kostnaður hlýtur að vera mismunandi eftir höfnum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að kostnaður sé metinn út frá umferð sem myndast við notkun á viðkomandi bryggju í hlutfalli við heildarumferð í höfninni.

Um 18. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarfélög geti framselt rekstur hafna til annars rekstrarforms skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Gert er almennt ráð fyrir að slíkt félag verði áfram í eigu viðkomandi sveitarfélags en þó eru í frumvarpinu engar takmarkanir settar á að sveitarfélög geti síðar selt hlut sinn öðrum aðilum. Einungis er hægt að yfirfæra stærri hafnarsjóði í eigu sveitarfélaga til rekstrarforms skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Engar stærðartakmarkanir eru settar varðandi önnur rekstrarform skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Frumvarpið gerir kröfu um að stuðst sé við hagrænt verðmæti hafnarmannvirkja við mat á verðmæti þeirra. Með hagrænu mati er átt við að núvirða fjárstreymi hafnarinnar út frá gefnum forsendum um arðsemi og áhættu. Frumvarpið gerir einungis kröfu um að verðmæti hafnarmannvirkja sé metið og þarf að reikna frá fjárstreymi vegna taps eða hagnaðar af hafntengdri þjónustu eða hafntengdri atvinnuaðstöðu við þetta verðmætamat og meta það sérstaklega. Sömuleiðis ef landsvæði sem hefur sértækt verðmæti er framselt til félags skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. skal það metið á markaðsverði. Frumvarpið tekur ekki fyrir að aðrar matsaðferðir séu einnig notaðar, en í öllum tilfellum skal útkoman sannreynd með aðferðum hagræns mats.

Ástæða er til þess að endurskoða afskriftaheimildir skattalaga fyrir hafnarmannvirki þar sem ætla má að afskriftatími þeirra sé lengri en gert er ráð fyrir í skattalögum.

Í þessari grein er að finna ákvæði sem er hliðstætt ákvæði gildandi hafnalaga um að samþykki ráðherra þurfi fyrir að veðsetja eða ráðstafa hafnarmannvirki sem hefur notið ríkisstyrks. Hér er krafist samþykkis ráðherra fyrir framsali hafnarmannvirkja til félags skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti fengið og lagt mat á verðmætamat hafnarmannvirkja út frá forsendum ríkissjóðs um arðsemiskröfu og áhættu. Sú staða gæti komið upp að mat á hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja sé hærra en reiknað framlag hafnarsjóðs til þeirra. Við þessar aðstæður má álykta að hlutur ríkissjóðs hafi borið arð. Það er matsatriði hvort rétt sé að ráðherra fari fram á að ríkissjóður eignist hlut í slíku félagi. Heimild þessi er því höfð hér inni af sömu ástæðu og samhljóða heimild núgildandi hafnalaga.

Kjósi höfn með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags að taka upp rekstrarformið höfn án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags getur hún það en verður við það að láta af allri samkeppni. Við þessa formbreytingu skerðast starfsheimildir hennar niður í að reka höfnina og getur hún þá eingöngu sinnt verkefnum, sbr. 10. og 11. gr. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagahafnir í samkeppni við einkafyrirtæki fylgi reglum fjármálaráðuneytisins um opinberan rekstur í samkeppni.

Ef höfn er rekin í samkeppni en hún hefur neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár eftir fjármagnskostnað en fyrir afskriftir verður hún að láta af samkeppnisrekstri og taka upp rekstrarform hafna án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags. Við það skerðast starfsheimildir hennar samsvarandi. Í þessu tilviki hrökkva tekjur hafnarinnar ekki fyrir útgjöldum. Sveitarsjóður þarf að leggja fé með höfninni en slíkt gengur ekki til lengdar í samkeppnisrekstri. Því er eðlilegra að kosnir fulltrúar beri ábyrgð á rekstrinum með beinni hætti, þ.e. að höfnin verði rekin sem höfn í eigu sveitarfélags án sjálfsstjórnar. Í því tilfelli að hér sé um að ræða hafnasamlag verður að leysa það upp og fella hafnir þess undir viðkomandi sveitarsjóði. Því er gert ráð fyrir að í stofnsamningi hafnasamlags verði ákvæði sem segi til um hvernig beri að fara með eignir þess og skuldir ef því er slitið.

Ef hallareksturinn er vegna skuldasöfnunar eða tímabundins aflabrests gefst eigendum hafnarinnar með samþykki ráðherra tækifæri til að leggja fram fé til þess að grynnka á skuldum þannig að rekstrargrundvöllur skapist. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessari heimild verði aðeins beitt í undantekningartilfellum.

Um 19. gr.

Frumvarpið tiltekur að hafnir skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. skuli leggja fé til hliðar til fullnægjandi viðhalds og endurnýjunar hafnarinnar. Þetta ákvæði á að tryggja að ekki sé gengið á fjárhagslega getu hafnarinnar til þess að sinna hlutverki sínu í samgöngukerfi þjóðarinnar með óhóflegum arðgreiðslum til eigenda. Frumvarpið miðar við að í reglugerð skv. 4. gr. verði ákvæði sem útfærir nánar þessa kvöð.

Um 20. gr.

Hafnir sem reknar eru sem félög skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. að meiri hluta til í eigu sveitarfélaga fá heimildir til þess að reka höfnina, hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda þjónustu án takmarkana. Samkeppnislög gilda um verðlagningu þessara hafna og þar með alla þá þjónustu sem þær veita, sbr. starfsheimildir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsemi félaga skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. í meirihlutaeign sveitarfélaga takmarkist við rekstur hafnarinnar, hafntengda atvinnuaðstöðu og hafntengda

þjónustu. Markmið sveitarfélaga með hafnarekstri er takmarkaðra en markmið einkaaðila. Það sjónarmið kemur fram í frumvarpinu að slíkar hafnir haldi sig við þetta hlutverk á meðan þær eru í eigu opinberra aðila. Engar takmarkanir eru á starfsheimildum hafna sem eru að minni hluta í eigu sveitarfélaga eða í eigu einkaaðila.

Samkeppnislög gilda um verðlagningu hafna samkvæmt þessum kafla. Almennt séð gerir frumvarpið ráð fyrir að gjöld verði miðuð við að gjaldtakan fyrir viðkomandi þjónustu standi straum af kostnaði við hana ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar. Þetta sjónarmið verði haft til hliðsjónar við ákvörðun gjalda.

Um 21. gr.

Í frumvarpinu er ákvæði um að allar hafnir sem falla undir 1. gr. gangist undir móttökuskyldu á meðan rými og aðstaða leyfir. Hægt er að neita skipi um aðgang að höfn ef ekki er laust rými. Móttökuskylda í sérhæfðum höfnum eins og t.d. stóriðjuhöfnum getur ekki orðið til þess að teppa nauðsynlegan aðgang skipa sem flytja hráefni eða fullunna vöru til eða frá viðkomandi stóriðjuhöfn. Sama gildir um einstakar sérhæfðar bryggjur, t.d. loðnubryggjur eða bryggjur fyrir framan farmstöð. Einnig er hægt að neita skipi um aðgang að höfn ef engin aðstaða er til þess að taka á móti því með vísan til reglugerðar hafnarinnar skv. 4. gr. Í henni eiga t.d. að vera ákvæði um mengunarvarnir og öryggi sem hér geta skipt máli.

Í greininni er einnig að finna ákvæði um að hafnarstjórn sé heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hætta af komu þess í höfn. Hér er einkum átt við tímabundna synjun svo að höfn hafi svigrúm til þess að undirbúa komu þess í höfn eða grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana. Við eðlilegar aðstæður á tilkynning um komu skips með hættulegan farm að hafa borist höfninni með góðum fyrirvara.

Margar hafnarstjórnir hafa átt í vandræðum með skip sem liggja langtímum saman í höfn. Þau eru oft gömul, jafnvel ónýt, en taka viðlegurými frá öðrum skipum sem koma með afla eða vörur að landi. Í slíkum tilfellum verða oft vanskil á hafnargjöldum. Frumvarpið heimilar höfnum að fjarlægja slík skip ef rými hafnarinnar er takmarkað og þau farin að hamla annarri starfsemi hennar. Frumvarpið heimilar einnig höfnum að krefjast trygginga fyrir greiðslu hafnargjalda þannig að þær eiga möguleika á að verjast vanskilum af hálfu eigenda skipa sem ekki eru í notkun. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að hafnir geti krafist tryggingar fyrir förgunarkostnaði séu sterkar líkur á að skipið lendi í reiðileysi. Skip í reiðileysi er skip sem enginn hirðir um, liggur undir skemmdum og af því stafar hætta, þ.m.t. mengunarhætta. Samkvæmt nýlegri könnun Hafnasambands sveitarfélaga hafa 158 skip legið verkefnalaus í höfnum um langan tíma. Þar af voru 14 togarar, 88 fiskibátar, 38 trillur og 20 önnur skip. Samtals var lengd þeirra 5,1 km og brúttótonnatala þeirra var um 37 þús. tonn. Ljóst er að veruleg fjárfesting í höfnum er teppt með þessu. Til viðmiðunar má nefna að stofnkostnaður við 1 km af stálþili er 1 milljarður kr. Mögulegt er að beita stighækkandi gjaldskrá miðað við tíma þar sem ekki fást eðlilegar tekjur, t.d. vörugjöld, af viðkomandi kanti.

Um 22. gr.

Ákvæði núgildandi hafnalaga um þátttöku ríkissjóðs í frumrannsóknum eru látin halda sér. Frumrannsóknir þurfa ekki að leiða til hafnargerðar, þær geta verið tímafrekar og dýrar og oft er nauðsynlegt að niðurstöður þeirra liggi fyrir þegar ráðast þarf í framkvæmdir með skömmum fyrirvara. Eðlilegt er því talið að ríkið kosti frumrannsóknir á sviði hafnamála en kostnaðarþátttaka viðkomandi hafnarsjóðs hefjist ekki fyrr en með rannsóknum sem telja má beinan undanfara hafnarframkvæmda. Með frumrannsóknum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, straumfræðirannsóknir, sjávarborðs-

mælingar, undirstöðurannsóknir á sjólagi, sjávarflóðum og strandbreytingum, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir.

Um 23. gr.

Samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun, nær m.a. til hafnarmannvirkja sem ríkið styrkir. Greiðsluþátttaka ríkisins er ákveðin í samgönguáætlun.

Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands vinni tillögu að hafnaáætlun sem hún leggur síðan fyrir samgönguráð, sbr. lög um samgönguáætlun. Við undirbúning tillögugerðarinnar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands leggi til grundvallar samgönguáætlun mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Við mat þetta skal m.a. taka mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir framkvæmdina og þýðingu fyrir byggðarlagið.

Nýmæli er að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fram komi upplýsingar um nýjar hafnir og stækkun eldri hafna óháð fjármögnun. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa yfirsýn í anda samgönguáætlunar sem ætlað er að ná yfir alla samgöngumáta. Við það er sjónum beint að forsendum og/eða afleiðingum af því að byggja nýja höfn eða stækka eldri fyrir allt samgöngukerfi landsins.

Um 24. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri breytingu á hlutverki ríkisins vegna framkvæmda í höfnum. Ríkissjóður mun ekki styrkja framkvæmdir í einkahöfnum eða höfnum sem reknar eru sem félög skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Ekki er heldur gert ráð fyrir að ríkið komi að framkvæmdum í stærri höfnum nema í undantekningartilvikum, sbr. a-lið þessarar greinar. Í því tilfelli takmarkast aðkoma ríkisins við skjól í höfnum þar sem ekki er náttúrulegt skjól fyrir úthafsöldu. Þátttaka ríkisins í slíkum framkvæmdum takmarkast við skjólgarða sem stækka ekki höfnina og er því einkum átt við endurbyggingar á þeim mannvirkjum sem fyrir eru eða nauðsynlegar lagfæringar á þeim. Jafnframt takmarkast heimild þessi við hafnir á byggðasvæðum samkvæmt skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Ríkissjóði er einnig heimilt samkvæmt frumvarpinu að taka þátt í dýpkunum í höfnum þar sem verulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf og dýpka þarf höfnina á minnst fimm ára fresti. Framkvæmdir við dýpkun í innsiglingu þar sem reglulegrar viðhaldsdýpkunar er þörf á minnst fimm ára fresti falla hér undir. Ríkissjóði er leyfilegt samkvæmt þessu frumvarpi að styrkja garða sem hafa þann tilgang að hefta sandburð í innsiglingar eða höfn og draga úr þörf fyrir viðhaldsdýpkanir. Ekki er gert ráð fyrir að höfnin stækki við þessar ríkisstyrktu framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir verði gerðar í hafnaáætlun 2001–2004 en seinni tvö árin yfirfærast í samgönguáætlun. Samkvæmt henni muni ríkissjóður taka þátt í öllum dýpkunarframkvæmdum í höfnum og innsiglingum sem miða að því að jafna aðstöðu hafna.

Það sjónarmið er gilt að erfiðar náttúrulegar aðstæður séu teygjanlegt hugtak við íslenskar aðstæður. Til eru hafnir sem búa við mjög góð náttúruleg skilyrði með tilliti til skjóls, efnisflutninga og dýpis. Nokkru lengri siglingatími er til þeirra en kannski annarrar sem er styttra frá siglingaleið en býr við mjög erfið náttúruleg skilyrði með tilliti til dýpis. Þessar hafnir gætu unnið saman þar sem landsamgöngur hafa farið mjög batnandi. Ákvæði b-liðar 24. gr. er ætlað að skilgreina aðstoð ríkisins við hafnir þar sem höfnin er lífæð byggðarlagsins. Hér er einkum átt við litlar hafnir á landsbyggðinni sem þjónusta smábáta. Aðstoðin takmarkast

við hafnir með aflaverðmæti undir 400 millj. kr. á ári og sveitarsjóði með tekjur undir 150 millj. kr. á ári. Ekki er ætlun frumvarpsins að slíkir styrkir komi til hafna á samkeppnissvæðum. Frumvarpið heimilar ríkinu að fjármagna þessar framkvæmdir allt að 90%. Ekki er gert ráð fyrir að ríkið taki þátt í kostnaði við uppfyllingar eða önnur mannvirki á hafnarsvæðinu.

Ákvæði c-liðar skýra sig sjálf, en ekki skapast svigrúm fyrir þessar greiðsluheimildir í samgönguáætlun fyrr en 2007.

Frumvarpið gerir kröfu um að hafnir sem uppfylla skilyrði fyrir aðstoð frá ríkinu fullnýti tekjustofna sína. Gert er ráð fyrir að Siglingastofnun Íslands kanni gögn með tilliti til hvort tekjustofnar séu fullnýttir miðað við hliðstæðar hafnir á landinu og meti styrkrétt í framhaldi af því. Með þessu móti er komið í veg fyrir að hafnir sem eru ríkisstyrktar séu með óeðlilega lág hafnargjöld samanborið við hafnir sem sjá alfarið um sig sjálfar og taki þannig til sín viðskipti sem annars færu annað. Áætlaður kostnaður ríkisins skv. a-lið þessar greinar er 100–120 millj. kr. á ári og er þá miðað við 50 ára líftíma skjólgarða. Kostnaður skv. b-lið er áætlaður um 25–30 millj. kr. á ári.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 22 gr. núgildandi hafnalaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hlutverki Hafnabótasjóðs verði breytt verulega. Hætt verði að veita lán úr sjóðnum. Það er mat nefndarinnar að það hlutverk sjóðsins sé óþarft í ljósi þróunar á íslenskum lánsfjármarkaði.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að hætt verði að veita styrki úr sjóðnum á móti framlagi á fjárlögum. Breytt fyrirkomulag framlags ríkisins til hafnamála samkvæmt frumvarpi þessu gerir þetta hlutverk óþarft.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tjón verði áfram bætt úr sjóðnum nema nú takmarkast tjónabætur við mannvirki sem eru styrkhæf skv. a- og b-lið 24. gr. Gert er ráð fyrir að núverandi eigur Hafnabótasjóðs renni í B-deild sjóðsins og verði varið til þess að bæta tjón. Búast má við að sjóðurinn komi til með að ganga á þessar eignir sínar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkissjóður leggi honum til fé á fjárlögum svo að hann hafi nægilegt fé til ráðstöfunar til þess að bregðast við tjónum þegar þau verða. Gert er ráð fyrir að hafnarsjóðir sjái um tryggingamál sín að öðru leyti.

Frumvarpið mælir fyrir um að Hafnabótasjóður taki upp nýtt hlutverk sem verði svipað hlutverki vegasjóðs, þ.e. að fjármagna framkvæmdir á samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir að á fjárlögum verði veitt fé til sjóðsins í samræmi við sundurliðun samgönguáætlunar. Í framhaldi af því fjármagni Hafnabótasjóður framkvæmdir á samgönguáætlun. Með þessu verður bókhald og uppgjör ríkisstyrktra hafnarframkvæmda aðskilið frá bókhaldi Siglingastofnunar Íslands. Enn fremur er nauðsynlegt að skapa svigrúm til þess að bregðast við ef einstakar framkvæmdir fara lítillega yfir kostnaðaráætlun á meðan aðrar eru undir kostnaðaráætlun. Svigrúmið er lítið sem ekkert í núgildandi framkvæmd hafnalaga þar sem fjárveiting er sundurliðuð á einstakar hafnir og óheimilt að færa hana á milli staða nema með samþykki Alþingis. Með þessu svigrúmi nýtast fjárveitingar ríkisins betur og tefja ekki nauðsynlegar framkvæmdir.

Um 27. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn þessa málaflokks samkvæmt frumvarpinu. Komi upp ágreiningur um ákvarðanir hafnarstjórna verður þeim skotið til ráðherra sem æðra setts stjórnvalds. Þetta er í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Hér er sett í frumvarpið undanþáguheimild til að veita starfsheimild fyrir þjónustu sem fellur fyrir utan skilgreindar starfsheimildir fyrir viðkomandi rekstrarform sé ekki annað fært. Með því eru opnaðir möguleikar fyrir hafnir án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélaga að reka hafntengda þjónustu og hafntengda atvinnuaðstöðu sem enginn annar í byggðarlaginu getur veitt.

Breyti höfn um rekstrarform tekur hún starfsheimildir viðkomandi rekstrarforms.

Um 30. gr.

Samkvæmt frumvarpinu geta einungis hafnir í eigu sveitarfélaga sem náð hafa tiltekinni veltu framselt reksturinn til félags skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. Þessi grein tekur af tvímæli um að sveitarfélög geta sameinað hafnarekstur sinn til þess að uppfylla þessi skilyrði.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Frumvarpið leggur þær skyldur á herðar ráðherra, verði frumvarp þetta að lögum, að setja strax nýja gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Skal gjaldskráin við það miðuð að hún gefi höfnum landsins möguleika á nægum tekjum til þess að standa undir rekstri hafnar miðað við forsendur þessara laga. Einstökum höfnum er heimilt að hækka eða lækka gjöldin allt að 20% frá viðmiðun hinnar samræmdu gjaldskrár. Markmiðið með þessu ákvæði er að tryggja höfnum grunn til þess að standa undir rekstri hafnar við breytta fjármögnun ríkissjóðs og frjálsa gjaldskrá þegar til lengri tíma er litið. Að loknu 12 mánaða aðlögunartímabili skal afnema samræmda gjaldskrá hafna. Þak er sett á gjaldtöku einstakra hafna sem miðast við að ekki verði innheimt hærri gjöld en sem nemur kostnaði við að reka höfnina. Hér er um að ræða undanþáguákvæði frá meginreglunni um samræmda gjaldskrá og skal viðkomandi höfn sækja um heimild til þessa til samgönguráðherra. Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi reglur um þjónustugjöld og þarf skattaheimild til þess að innheimta hærri gjöld en sem nemur kostnaði við þjónustuna.

Um afkomu hafna er fjallað í almennum athugasemdum. Ljóst er að hún er mjög misjöfn og líka breytileg á milli ára sérstaklega hjá fiskihöfnum. Rakið hefur verið að miklar breytinga hafa orðið í útgerð og fiskvinnslu. Sú þróun mun halda áfram og það mun óhjákvæmilega leiða til breytts hlutverks einhverra hafna. Það er eitt af grundvallaratriðum þessa frumvarps að notendur greiði allan kostnað vegna notkunar þeirra á viðkomandi höfn, nema um

sé að ræða sérstakar aðstæður skv. 24. gr. Við lækkun ríkisstyrkja til hafna munu fjárfestingar þeirra minnka og verða hagkvæmari. Augljóst er þó að þessi tvö atriði, þ.e. léleg afkoma sumra hafna og lækkun ríkisstyrkja, munu verða til þess að gjaldtaka margra hafna mun a.m.k. tímabundið hækka til þess að þær afli fjár fyrir kostnaði. Líta verður þó til þess að frumvarp þetta gerir ráð fyrir góðri fjárhagslegri aðlögun fyrir hafnir þar sem gert er ráð fyrir að á aðlögunartímanum hefjist endurgreiðsla virðisaukaskatts, gjaldskrá hækki, sérstakt vörugjald hverfi og framlög samkvæmt núgildandi hafnalögum haldist út árið 2004. Hins vegar er einn megintilgangur þessa frumvarps að aukið frjálsræði hafna og sveigjanleg rekstrarform auki hagkvæmni í rekstri.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að farið verði eftir ákvæðum eldri hafnalaga varðandi ríkisstyrktar framkvæmdir á gildistíma hafnaáætlunar 2001–2004. Ein af forsendum frumvarpsins er eins og áður sagði að í núverandi hafnaáætlun verði teknar fyrir framkvæmdir sem jafna stöðu hafna áður en þær þurfa að sjá um fjármögnun framkvæmda sinna sjálfar.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Lagt er til að sérstakt vörugjald, sbr. 4. mgr. 7. gr. núgildandi laga, verði innheimt tímabundið og falli niður 1. janúar 2003. Gert er ráð fyrir þessum tekjum ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 og taka fjárhagsáætlanir frumvarpsins mið af því.

Fylgiskjal I.

Hafnalaganefnd:

Breytt fjármögnun hafnarframkvæmda.
(17. nóvember 2000.)

Hér á eftir er stillt upp dæmi um fjárhagsleg áhrif laganna á fjárstreymi hafna og ríkissjóðs. Sú forsenda er gefin að um 1.000 millj. kr. af framkvæmdakostnaði innihaldi uppsafnaðan virðisaukaskatt, þ.e. framkvæmdakostnaður að sérfræðiþjónustu frátalinni sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af. Lauslegt mat gaf til kynna að um 20–30% af veltu hafna séu aðkeypt þjónusta sem virðisaukaskattur fæst ekki endurgreiddur af í dag. Eftirfarandi er mat á heildaruppsöfnuðum virðisaukaskatti hafnarsjóða sem njóta ríkisstyrkja, þ.e. allir hafnarsjóðir landsins utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar:

	Fjárhæð brúttó sem ber uppsafnaðan virðisaukaskatt	**Uppsafnaður virðisaukaskattur**
Ríkisstyrktar framkvæmdir	1.000 millj. kr.	197 millj. kr.
Aðkeyptar vörur og þjónusta 25% af 1,3 milljörðum	330 millj. kr.	65 millj. kr.
Samtals uppsafnaður virðisaukaskattur		262 millj. kr.

Þessi útreikningur sýnir, að öðru óbreyttu, að gjöld hafnarsjóða utan Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhafna lækka um 262 millj. kr. við að ríkissjóður verður af virðisaukaskatti af hafnarframkvæmdum og aðkeyptri þjónustu og vörum hafnarsjóða. Uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar miðað við þessar hafnir er ekki heldur talin með. Uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri þessara hafna er lauslega áætluð 80 millj. kr. miðað við 500 millj. kr. árlegar framkvæmdir og um 20–30 millj. kr. uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri hafnanna.

Breytingar á heildarfjárstreymi til hafna.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta hafi ekki veruleg áhrif á heildartekjustreymi til hafna. Að neðan getur að líta yfirlit um áætlaðar breytingar. Tekið skal fram að afnám sérstaks vörugjalds hefur hér óbein áhrif án þess að grein sé fyrir því gerð hér.

1. Núverandi fjárstreymi.

1.1 Árlegt framlag fjárlaga ..... 1.000 millj. kr.

2. Breytt fjármögnun hafnarframkvæmda.

2.1 Árlegt framlag fjárlaga ..... 100–150 millj. kr.
2.2 Innskattur ..... 300 millj. kr.
2.3 Hækkun tekna ..... 400 millj. kr.
Samtals ..... 800–850 millj. kr.

Fylgiskjal II.

Hafnalaganefnd:

Viðmiðun fyrir styrki frá ríkinu.
Raðað eftir meðaltali aflaverðmætis.
(17. nóvember 2000.)

	Vöruflutningar þús. tonn			Aflaverðmæti millj. kr.			Meðal-afla-verðm.	Tekjur 1998	Fl.	Íbúafj. sveitar-fél.	Tekjur sveitarfél. 1998
	1.997	1.998	1.999	1.997	1.998	1.999		þús. kr.	ha.		millj. kr.
Dalabyggð	0	0	0		0		0	133		746	86
Reykhólahreppur	0	0	0	0	0		0	1.558			41
Tjörnes	0	0	0		0		0	41		79	7
Árneshreppur / Norðurfjörður, Gjögur	0	0	0	30	23	17	23	356		74	8
Breiðdalsvík	2	0	0	33	60	47	47	796	B	300	36
Borgarfjörður eystri	0	0	0	49	59	91	66	1.181	SB	153	18
Drangsnes / Kaldrananeshreppur	0	0	0	70	91	90	84	1.409	SB	142	21
Bakkafjörður / Skeggjastaðahreppur	1	1	1	73	117	144	111	2.297	SB	151	22
Húnaþing vestra (Hvammstangi)	3	3	3	209	131	46	129	2.490	B	1.318	86

	Vöruflutningar þús. tonn			Aflaverðmæti millj. kr.			Meðal-afla-verðm.	Tekjur 1998 þús. kr.	Fl. ha.	Íbúafj. sveitar-fél.	Tekjur sveitarfél. 1998 millj. kr.
	1.997	1.998	1.999	1.997	1.998	1.999					
Blönduós	2	2	2	230	170	124	175	2.510	B	977	136
Grímsey	2	2	2	130	171	245	182	1.720	SB	99	14
Súðavík	1	1	0	216	134	206	185	1.496	B	277	41
Kópasker / Öxarfjarðarhreppur	0	0	0	220	189	172	194	3.573	SB	395	50
Hólmavík	2	3	3	362	303	245	303	4.057	B	498	67
Stöðvarhreppur	5	5	4	242	378	380	333	5.343	B	295	41
Tálknafjörður	1	2	2	297	346	414	352	6.913	S	327	43
Grundartangi	343	369	535	0	0		0	35.578		6.050	988
Kópavogur	0			0	0		0	7.072		19.826	2.799
Borgarbyggð	0	0	0	0	0		0	570		2.382	263
Garðabær	0	0	0	0	0		0	116		7.840	1.114
Stykkishólmsbær	3	3	3	489	532	551	524	15.899	S	1.268	187
Djúpivogur	15	8	13	379	446	814	546	9.531	B	538	67
Raufarhöfn	39	23	21	645	614	461	573	13.047	S	379	64
Þórshöfn	31	31	16	720	673	362	585	19.251	S	485	77
Vopnafjörður	34	29	28	741	783	571	698	17.719	S	846	118
Skagaströnd / Höfðahreppur	5	6	2	792	718	801	770	9.849	S	631	92
Húsavík	59	66	62	879	506	979	788	26.556	S	2.495	370
Grundarfjörður / Eyrarsveit	4	4	9	692	786	1.092	857	16.171	S	925	116
Fáskrúðsfjörður / Búðahreppur	44	26	30	1.019	998	728	915	20.170	S	632	100
Skagafjörður	25	35	44	806	1.072	1.179	1.019	24.562	S	4.317	403
Vesturbyggð	15	16	15	856	1.066	1.180	1.034	21.521	S	1.252	173
Bolungarvík	19	11	10	1.099	1.069	1.179	1.116	19.554	S	1.094	160
Seyðisfjörður	59	52	65	1.219	1.450	878	1.182	38.734	S	799	121
Hafnasamlag Suðurnesja	59	56	68	1.395	1.321	1.120	1.279	65.717	SS	12.240	1.666
Siglufjörður	62	40	51	1.782	1.346	1.040	1.389	34.846	SS	1.632	228
Hornafjörður	48	47	40	1.615	1.596	1.524	1.578	40.065	SS	2.188	293
Akranes	124	142	148	1.882	2.387	1.908	2.059	57.799	SS	5.127	717
Þorlákshöfn	161	132	98	2.216	1.941	2.211	2.123	54.927	SS	1.524	204
Snæfellsbær	16	23	9	1.872	2.149	2.664	2.228	39.386	S	1.730	246
Hafnasamlag Eyjafjarðar	51	49	52	2.482	2.580	2.763	2.608	45.813	S	3.180	450
Sandgerði	10	24	22	2.564	2.740	2.722	2.675	50.849	S	1.312	227
Hafnarfjörður	812	840	900	3.053	3.488	2.994	3.178	162.077	SS	18.209	2.504
Vestmannaeyjar	106	108	92	3.281	3.317	2.946	3.181	123.12	SS	4.645	682
Grindavík	28	31	30	2.650	3.429	3.934	3.338	54.965	SS	2.216	324
Fjarðabyggð	215	172	172	3.769	4.245	2.756	3.590	108.267	SS	3.331	506
Ísafjörður	67	85	66	3.250	4.163	4.133	3.849	70.830	SS	4.403	669
Hafnasamlag Norðurlands	173	173	200	3.579	4.196	4.098	3.958	120.233	SS	15.883	2.095
Reykjavík	2.094	2.112	2.226	5.601	5.688	6.181	5.823	842.277	SS	106.567	15.015
Meðaltal allra hafna nema Reykjavíkur	99										

Ath: Núverandi flokkar hafna eru smábátahafnir, bátahafnir, meðalstórar fiskihafnir og stórar fiskihafnir. Hér er vísað til meðalstórra fiskihafna sem skipahafna og stórra fiskihafna sem stórskipahafna. Flokkun hafna: SB = smábátahöfn, B = bátahöfn, S = skipahöfn, SS = stórskipahöfn.

Fylgiskjal III.

Samkeppnisstofnun:

Minnisblað til nefndar um ný hafnalög.
(29. september 2000.)

Eftirfarandi punktar eru settir fram með hliðsjón af atriðum sem fram koma í tölvubréfi til undirritaðs, dags. 2. ágúst sl., frá Sigurbergi Björnssyni, starfsmanni nefndarinnar. Ber því hvorki að skoða þá sem almenna né ítarlega umfjöllun um þau drög að frumvarpi til nýrra hafnalaga sem Samkeppnisstofnun voru send í ágústmánuði.

Þau atriði sem óskað hefur verið eftir að fjallað verði sérstaklega um eru í tölusettum liðum í áðurnefndu tölvubréfi. Er miðað við þá töluliði í eftirfarandi punktum:

1. Þau úrræði sem felast í samkeppnislögum til að bregðast við því ef hafnir misnota stöðu sína og hækka gjöld á þjónustu sinni koma einkum fram í 17. gr. gildandi laga og 11. og 17. gr. laganna eftir að breytingar á þeim taka gildi í byrjun desember nk. Þá verður hvers konar misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð, en misnotkun getur m.a. falið í sér að beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir. Hvað áhrærir a-lið 1. töluliðar skal bent á samrunaákvæði 18. gr. samkeppnislaga sem unnt er að beita til að koma í veg fyrir samruna eða ógilda samruna þegar markaðsráðandi staða verður til við samrunann eða hún eflist. Eftir að lagabreytingin frá sl. vori tekur gildi verða íslensk samkeppnisyfirvöld, að mati Samkeppnisstofnunar, eins vel í stakk búin að takast á við samkeppnishindranir, þ.m.t. misnotkun á markaðsyfirráðum, og samkeppnisyfirvöld þeirra ríkja sem hafa hvað skörpust samkeppnislög.
2. Ef viðskiptavinur er í markaðsráðandi stöðu sem kaupandi þjónustu og misbeitir þeirri stöðu að mati samkeppnisráðs til að ná óeðlilega hagstæðum kjörum hjá seljanda þjónustunnar, sbr. a-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, getur ráðið eða mun það geta beitt úrræðum sömu lagaákvæða og vísað er til í 1. tölulið hér að framan. Ef útgerðir bindast samtökum um tilteknar aðgerðir, sbr. b-lið í 2. tölulið tölvubréfsins, t.d. í því skyni að lækka verð, munu þær hugsanlega brjóta gegn ákvæðum 10. eða 11. gr. samkeppnislaga eins og þær verða eftir gildistöku lagabreytingarinnar sem áður er vitnað til. Í 10. gr. verður lagt bann við öllum samningum og samþykktum fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða hún takmörkuð ef samningar o.s.frv. hafa m.a. áhrif á verð, afslætti eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti. Bannákvæði 10. og 11. gr. eins og þau verða frá des. nk. taka til mun fleiri þátta en verðs og viðskiptakjara en vísað er í lagatextann í því sambandi (lög nr. 107/2000, um breytingar á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum).
3. Samkeppnislögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum, sbr. 2. gr. laganna. Þetta á við nema annað sé ákveðið í sérlögum eins og t.d. hafnalögum. Frá sjónarhóli Samkeppnisstofnunar er ekki ljóst hvers vegna tillaga er gerð um sérstaka skilgreiningu á því í hafnalögum hvaða hafnir teljist vera í samkeppni og hverjar ekki miðað við rekstrarform og umsvif, sbr. drög að frumvarpi sem send hafa verið Samkeppnisstofnun. Að mati Samkeppnisstofnunar gengur sú hugmynd

þvert gegn markmiði samkeppnislaga og nýsamþykktum breytingum á lögunum sem fela í sér eflingu þeirra og aukið yfirgrip. Að mati stofnunarinnar mætti ætla að eðli þeirrar þjónustu sem veitt er, eftirspurn eftir þjónustunni og landfræðilegar forsendur hefðu helst áhrif á það hvort hafnir væru í samkeppni eða ekki og hversu mikil samkeppnin á milli þeirra væri. Rekstrarform getur vissulega haft áhrif á samkeppnisaðstæður hafna, einkum hvað skattskyldu varðar. Á því mætti hins vegar taka með beitingu samkeppnislaga. Má í því sambandi vekja sérstaka athygli á 2. mgr. 14. gr. laganna þar sem er að finna heimild til handa samkeppnisráði að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri fyrirtækja eða stofnana sem annars vegar njóta opinberrar verndar eða einkaleyfis en hins vegar stunda rekstur í samkeppni við aðra. Að lítt athuguðu máli virðist sem til yrði nýtt samkeppnislegt vandamál ef sumar hafnir yrðu undanþegnar samkeppnislögum en aðrar ekki, algerlega óháð því hvort þær ættu í raunverulegri samkeppni eða ekki. Væri þá á vissan hátt verið að færa mál til verri vegar en þau nú eru í.

Að mati Samkeppnisstofnunar hefur ekkert komið fram sem gefur til kynna að samkeppnislög dugi ekki til að koma í veg fyrir eða stöðva misbeitingu fyrirtækja á markaðsaðstæðum eða uppræta aðra samkeppnishindrandi hegðun fyrirtækja á þeim vettvangi sem hafnir starfa á eða helstu viðskiptavinir þeirra. Á sama hátt telur Samkeppnisstofnun að samkeppnisyfirvöld séu vel í stakk búin að beita þeim úrræðum sem lögin gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,
Samkeppnisstofnun,

Guðmundur Sigurðsson.

Fylgiskjal IV.

Fyrirvarar Friðriks Arngrímssonar, fulltrúa Landssambands smábátaeigenda, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sambands íslenskra kaupskipaútgerðar, við skýrslu hafnalaganefndar.

Ég tel að í frumvarpinu sé ekki nægjanlega gætt að hagsmunum neytenda hafnanna og á það sérstaklega við um aðila sem hafa byggt upp umfangsmikla og dýra aðstöðu við hafnir og eiga ekki raunverulegan kost á öðru en kaupa þjónustu viðkomandi hafnar. Þar verður ekki um raunverulega samkeppni að ræða heldur einokun hafnanna. Ég legg til að í frumvarpið verði tekið upp ákvæði sem skyldi sveitarfélög til að bjóða hafnarmannvirki sem hafa verið nýtt af einum eða fáum aðilum þeim til kaups. Jafnframt verði kveðið á um hvernig þeim sem kaupa slík mannvikri verði, gegn gjaldi, skylt að veita öðrum aðilum aðgang að þeim eins og aðstæður leyfa. Þá verði ákvörðun um verðlagningu þessara mannvirkja mörkuð í lögum og í því sambandi verði m.a. litið fram hjá ríkisframlagi til þeirra. Að auki verði þátttaka kaupendanna í sameiginlegum kostnaði skilgreind.

Ég get ekki fallist á að ráðherra skuli ætlað að hækka gjöld hafnanna áður en gjaldtakan verður gefin frjáls. Ég tel að þar sem ákveðið hefur verið að falla frá samræmdri gjaldskrá beri að gera það strax við gildistöku laganna og að ekki verði um lögþvingaðar hækkanir að ræða. Verði það hins vegar gert er mikilvægt að þar sem ekki er þörf hækkunar verði skýrt ákveðið að gjöld verði ekki hækkuð og að þar sem gjöldin eru of há verði þau lækkuð strax við gildistöku laganna.

Fylgiskjal V.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til hafnalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórn hafna og ábyrgð á rekstri þeirra til sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarfyrirkomulag hafna geti verið með þrennum hætti. Þær megi reka sem hafnir án sjálfsstjórnar í eigu sveitarfélags og að þær megi reka sem hafnir með sjálfsstjórn í eigu sveitarfélags, en einnig er leyfilegt annað rekstrarform sem ekki fellur undir opinberan rekstur og er þá átt við hlutafélög hvort sem þau eru í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélög, sameignarfélög eða einkaaðila með sjálfstæðan rekstur. Frumvarpið gerir ráð fyrir minni greiðsluþátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, en heimiluð er innheimta hafnagjalda sem renni til viðkomandi hafna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fyrir minni hafnir geti greiðsluþátttaka ríkissjóðs numið 90% í framkvæmdum. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að kostnaður vegna þessarar greiðsluþátttöku geti orðið 130 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að hafnabótasjóði verði skipt upp í tvær deildir A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar verður að fjármagna hluta ríkisins, í ríkisstyrktum framkvæmdum og hlutverk B-deildar verður að fjármagna tjónaviðgerðir. Gert er ráð fyrir að framlag til Hafnabótasjóðs í frumvarpi til fjárlaga 2002 verði 16,6 m.kr. Samkvæmt upplýsingum úr samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að það framlag aukist í 30 m.kr. á ári til að fjármagna B-hluta sjóðsins.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að ríkissjóði verði heimilt að styrkja stofndýpkanir á vegum hafnarsjóða innan skilgreinds byggðasvæðis samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA. Greiðsluþátttaka ríkisins vegna þessa getur ekki orðið hærri en 17% og nær til dýpkana sem framkvæmdar eru 2007 eða síðar. Samkvæmt upplýsingum úr samgönguráðuneytinu geta greiðslur vegna þessara framkvæmda orðið u.þ.b. 80 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki áfram framkvæmdir í höfnum samkvæmt samþykktri hafnaáætlun 2001–2004, sbr. eldri hafnalög, nr. 23/1994. Í hafnaáætlun 2001–2004 er gert ráð fyrir að fjárveitingar til nýframkvæmda verði 1.454,5 m.kr. á árinu 2003 og 1.132 m.kr. á árinu 2004.

Verði frumvarpið að lögum falla úr gildi hafnalög, nr. 23/1994, með síðari breytingum. Einnig fellur niður sérstakt vörugjald sem hefur verið innheimt samkvæmt hafnalögum. Í frumvarpi til fjárlaga 2002 er gert ráð fyrir að gjaldið skili 210 m.kr. í tekjur til ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu er fyrirhugað að fella gjaldið niður 1. janúar 2003.

Heildaráhrifin af frumvarpinu eru að útgjöld ríkissjóðs miðað við núverandi hafnaáætlun lækka um 1.000 m.kr. miðað við frumvarp til fjárlaga 2002. Tekjur vegna niðurfellingar á sérstaka vörugjaldinu lækka um 210 m.kr. miðað við frumvarp til fjárlaga 2002.

Breytingar á hafnalögum	2002	2003	2004	2007
Breytt hlutverk Hafnabótasjóðs	16,6	30,0	30,0	30,0
Þátttaka ríkisins vegna stofndýpkana innan skilgreindra byggðasvæða	-	-	-	80,0
Þátttaka ríkisins vegna framkvæmda í minni höfnum	-	-	130,0	130,0
Framkvæmdir samkvæmt hafnaáætlun 2001-2004	1.283,0	1.454,5	1.132,0	-
Sérstakt vörugjald fellur niður 1. janúar 2003	-210,0	0,0	-	-
Samtals	**1.089,6**	**1.484,5**	**1.292,0**	**240,0**

641. Frumvarp til laga [387. mál]

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. laga nr. 120/2001:
Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. komi „15. febrúar 2002“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast að öðru leyti til fylgiskjals I.

Fylgiskjal I.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til þess að ríkissjóður geti enn um sinn tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunni að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Í kjölfar hryðjuverkanna í Banda-

ríkjunum hinn 11. september sl. hafi vátryggingafélög sagt upp ábyrgðartryggingum flugrekenda og það leitt til þess að ríkisstjórnir um heim allan hafi orðið að takast á hendur slíkar tryggingar til þess að flugrekendur næðu að uppfylla þær tryggingakröfur sem gerðar séu á hendur þeim og þannig mætti forða því að alþjóðlegar flugsamgöngur stöðvuðust. Bráðabirgðalög um slíka heimild ríkissjóðs Íslands hafi verið sett hinn 23. september sl. og lagaheimildin staðfest með lögum nr. 120/2001. Samkvæmt lögunum megi trygging sem ríkissjóður veitir ekki gilda lengur en til ársloka 2001. Á grundvelli þessarar lagaheimildar hafi ríkissjóður samið við norræna tryggingasamsteypu um að hún veiti íslenskum flugrekendum ábyrgðartryggingu, en ríkissjóður endurtryggi tryggingaráhættuna. Endurtrygging ríkissjóðs hafi, eins og sambærilegar tryggingar annarra ríkja, verið veitt til takmarkaðs tíma í einu þar sem vonir hafi verið bundnar við að vátryggjendur tækju að bjóða fullnægjandi vátryggingar á viðunandi kjörum. Til skamms tíma hefur verið talið að vátryggingamarkaðurinn mundi ekki síðar en nú um áramótin taka að bjóða nauðsynlegar ábyrgðartryggingar til viðbótar við þær takmörkuðu grunntryggingar sem þar bjóðist nú. Þetta hafi hins vegar ekki gengið eftir þar sem tryggingamarkaðurinn sé enn í nokkru uppnámi vegna atburðanna hinn 11. september sl. Önnur Evrópuríki hafi því ákveðið að framlengja enn þá vátryggingavernd sem þau hafi veitt flugrekendum. Þótt íslenskir flugrekendur geti nú keypt á markaði hærri grunntryggingar en unnt hafi verið fyrst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september sl. og þeim hafi einnig tekist að fá fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem gerðar séu á hendur þeim, liggi fyrir að enn bjóðist ekki fullnægjandi markaðslausnir. Þörf sé framlengingar á heimild samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess að ríkissjóður geti enn um sinn veitt flugrekendum nauðsynlega vátryggingavernd.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr. laga nr. 120/2001:
Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. komi „15. febrúar 2002“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að ríkissjóður takist tímabundið á hendur til 15. febrúar 2002, að veita tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns af notkun loftfars sem stafar af hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða áþekkum atvikum. Norrænni tryggingasamsteypu hefur verið falið að annast tryggingarnar en ríkissjóður tekur tímabundið ábyrgð á hugsanlegum tjónabótum sem endurtryggjandi. Gert er ráð fyrir að innheimta iðgjald fyrir hvern farþega og að 15% af því verði varið til að mæta kostnaði tryggingafélagsins en að 85% renni í ríkissjóð. Ekki er því gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð svo fremi að ekki komi til atvika sem valdið gætu bótaábyrgð á tímabilinu. Samsvarandi heimild fyrir ríkissjóð var staðfest með lögum nr. 120/2001, en þörf er á að framlengja hana þar sem viðunandi tryggingar hafa ekki enn boðist flugfélögum eftir þær sérstöku kringumstæður sem sköpuðust á tryggingamarkaðinum í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl.

642. Svar [353. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Sverris Hermannssonar um hækkun vaxta af lánum Íbúðalánasjóðs á íbúðum í eigu eldri borgara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða rök lágu til þess að hækkaðir voru vextir 1. september sl. af lánum Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélagsins Búmanna sem aðallega er félagsskapur eldri borgara?*
2. *Er fyrirhugað að hækka þessa vexti enn frekar?*

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Íbúðalánasjóði. Svar sjóðsins barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 13. desember sl., og eru eftirfarandi svör byggð á því.

Í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, segir m.a. svo í 4. mgr. 36. gr.: „Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti af slíkum lánum að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Birta skal ákvarðanir um vexti í Lögbirtingablaði.“

Í samræmi við lagaákvæði þetta hefur stjórn Íbúðalánasjóðs um hver áramót tekið ákvörðun um hvaða vextir skuli gilda á einstökum lánaflokkum sjóðsins á komandi ári. Áramótin 2000–2001 ákvað stjórnin því, að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands, að vextir af leiguíbúðum á árinu 2001 skyldu vera 4,9% ársvextir. Tekur sú vaxtaprósenta mið af þeim vaxta-

kjörum og ávöxtunarkröfu sem Íbúðalánasjóði hafði þá boðist við sölu húsnæðisbréfa sem fjármagna þessar umræddu lánveitingar. Rétt er að taka fram, þar sem sérstaklega er spurt um lánveitingar til húsnæðissamvinnufélagsins Búmanna, að lán til búseturéttaríbúða eru veitt úr þessum lánaflokki og bera því sömu vexti og lán til leiguíbúða.

Með bréfi til stjórnar Íbúðalánasjóðs, dags. 16. janúar 2001, fór félagsmálaráðherra fram á að vaxtabreytingum yrði frestað meðan unnið væri að gerð framkvæmdaáætlunar um tilhögun leiguíbúða og framlög ríkis og sveitarfélaga, í samræmi við IX. bráðabirgðaákvæði í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Á þetta féllst stjórnin og voru vextir af lánum til leiguíbúða því óbreyttir, þ.e. 3,9% eins og ákveðið hafði verið fyrir árið 2000, til 1. september 2001 en með bréfi, dags. 21. ágúst 2001, greindi ráðherra stjórn Íbúðalánasjóðs frá nýju fyrirkomulagi þessara mála sem gilda skyldi frá 1. sept. 2001. Þar er gert ráð fyrir nýjum lánaflokki með 3,5% vöxtum og skulu sveitarfélög og félög fatlaðra, öryrkja og aldraða, auk námsmanna, njóta forgangs innan þess lánaflokks. Jafnframt er skýrt tekið fram í reglugerð að réttur til íbúðarhúsnæðis sem byggt er á þessum kjörum skal bundinn skilyrðum um tekju- og eignarmörk og félagslegar aðstæður umsækjenda. Önnur lán sjóðsins til leiguíbúða þar með talin lán til búseturéttaríbúða, sem ekki eru bundin ákvæðum um tekju- og eignarmörk umsækjenda, skulu veitt á þeim kjörum sem Íbúðalánasjóður fær á markaði hverju sinni.

Að fenginni þessari niðurstöðu ráðherra ákvað stjórnin að fyrri ákvörðun um vexti af lánum til leiguíbúða skyldi koma til framkvæmda frá og með 1. sept. 2001 og hækkuðu þá vextir leiguíbúðalána úr 3,9% í 4,9%, þ.e. öðrum en þeim sem nú bera 3,5% vexti samkvæmt niðurstöðu ráðherra og ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Áramótin 2001–2002 mun taka gildi ný ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs um vexti af almennum leiguíbúðum sem ekki eru bundnar ákvæðum um tekju- og eignarmörk umsækjenda svo sem áður greinir. Í ljósi þess hve vaxtastig í landinu hefur verið hátt á þessu ári, sem og hefur komið fram í ávöxtunarkröfu húsnæðisbréfa sem Íbúðalánasjóður hefur selt á árinu, má gera ráð fyrir að vextir þeir sem nú eru 4,9% muni hækka á næsta ári enda kveðið á um að þeir skuli vera breytilegir, sbr. áður tilvitnaða 36. grein laga um húsnæðismál. Á þessu stigi hefur þó ekki enn verið tekin ákvörðun um hver sú vaxtaprósenta verður.

643. Beiðni um skýrslu [388. mál]

frá heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–75.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur, Einari Má Sigurðarsyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristjáni L. Möller, Lúðvík Bergvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, þ.e. á gildistíma þeirra laga 1938–75. Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar ófrjósemisaðgerðir voru gerðar skv. 2. gr. laganna frá gildistöku þeirra, 13. janúar 1938, þar til þau féllu úr gildi, nema að því er varðar afkynjanir, með gildistöku laga nr. 25/1975?

2. Hvenær var slík aðgerð síðast gerð samkvæmt lögunum?
3. Hve margar konur og hve margir karlar gengust undir þessar aðgerðir?
4. Hversu oft var um systkini að ræða?
5. Liggja fyrir upplýsingar um sveitarfesti þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir?
6. Hverjar voru ástæður aðgerða, sbr. ákvæði 3. og 5. gr. laganna?
7. Hverjir undirrituðu beiðnir um aðgerðir, þ.e. í hve mörgum tilvikum viðkomandi sjálfur og í hve mörgum tilvikum foreldrar eða lögráðamaður?
8. Hve oft undirrituðu barnaverndarnefndir sveitarfélaga eða aðrir opinberir aðilar slíka beiðni eða höfðu frumkvæði að aðgerð?
9. Hvernig var staðið að því að fá samþykki viðkomandi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, þegar frumkvæði kom frá lögráðanda og/eða opinberum aðilum?
10. Setti nefnd skv. 5. gr. laganna sér vinnureglur eða var sett reglugerð skv. 3. mgr. 5. gr.? Ef ekki, hvernig var metið hvort skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. væri fullnægt?
11. Hvernig var staðið að upplýsingagjöf til þess sem gekkst undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar aðgerðarinnar?
12. Eru þekkt dæmi þess að einstaklingur hafi gengist undir slíka aðgerð án þess að samþykki hans hafi legið fyrir og/eða án þess að fá upplýsingar um eðli og afleiðingar aðgerðar? Ef svo er, um hve mörg tilvik var að ræða og á hvaða aldri voru viðkomandi?
13. Eru þekkt dæmi þess að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lögin byggðust á án þess að leyfi landlæknis skv. 6. gr. hafi legið fyrir?
14. Hve oft var aðila skipaður tilsjónarmaður skv. 4. gr.?
15. Hvenær var nefnd skv. 5. gr. síðast skipuð og hvenær kom hún síðast saman?
16. Eru dæmi þess að landlæknir hafi synjað umsókn um aðgerð skv. 2. mgr. 6. gr.? Ef svo er, hversu oft?
17. Eru dæmi þess að dómsmálaráðherra hafi hnekkt slíkri synjun landlæknis?

Greinargerð.

Áhrif mannkynbótastefnunnar eru auðsæ í lögum nr. 16/1938. Tilgangur laganna var að koma í veg fyrir úrkynjun í samfélaginu en fyrirmyndin var sótt til bandarískra og skandinavískra laga. Lögin voru einkum sett til höfuðs úrkynjunarvandanum sem talinn var stafa af treggáfuðum, fávitum og geðveikum. Svo virðist sem lögin hafi endurspeglað tíðarandann vel því að þau voru samþykkt einróma á Alþingi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að víða erlendis voru gerðar fjölmargar ófrjósemisaðgerðir án vitundar og samþykkis þeirra sem í hlut áttu, t.d. í Svíþjóð á árunum 1934–76.

Íslenska ríkið var með dómi, sem féll í janúar 1996 og ekki var áfrýjað, dæmt til að greiða manni 4 millj. kr. bætur fyrir ólögmæta ófrjósemisaðgerð sem gerð var á honum 18 ára gömlum árið 1973. Í ljósi þessara upplýsinga vakna spurningar um hvort fleiri dæmi séu þess að fólk hér á landi hafi verið gert ófrjótt án vitundar þess.

Skýrslubeiðnin er lögð fram svo að komast megi til botns í því hvort mannréttindi hafi verið brotin á fleiri Íslendingum en þeim sem vann mál sitt fyrir dómi árið 1996.

Skýrslubeiðni sama efnis hefur verið samþykkt á tveimur löggjafarþingum, því 125. og 126. Skýrslubeiðendum er ljóst að gagnasöfnun um svo viðkvæmt mál er vandasamt og tímafrekt verk. Því er beiðnin nú lögð fram í þriðja sinn og þess vænst að skýrslan líti dagsins ljós á 127. löggjafarþingi. Þá er einnig farið fram á það að skýrslan verði tekin á dagskrá þingsins hið fyrsta eftir birtingu hennar.

644. Svar [263. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um truflanir á fjarskiptum vegna raflína.

1. *Hvar á landinu koma fram truflanir á fjarskiptum vegna virkra rafgirðinga (landsvæði eða býli)?*

Frá því að Póst- og fjarskiptastofnun var komið á fót í apríl 1997 hafa stofnuninni ekki borist kvartanir um truflanir á fjarskiptum vegna rafgirðinga, þrátt fyrir að rafgirðingar séu í notkun víðs vegar um landið.

Hugsanleg ástæða þess að stofnuninni hafa ekki borist neinar kvartanir af þessu tagi frá því að henni var komið á fót kann að vera sú að þegar truflanir komi fram á talsímaþjónustu beini símanotendur kvörtunum sínum til þess aðila sem veitir þjónustuna. Þó er algengt að almenningur leiti til stofnunarinnar vegna samskipta sinna og rekstrarleyfishafa í fjarskiptaþjónustu. Starfsmenn fjarskiptafyrirtækjanna verða fyrstir varir við truflanir sem verða í stofnkerfum þeirra og ekki er líklegt að þeir beini formlegum erindum til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna slíkra tilvika, þó að líklegt sé að stofnuninni bærust upplýsingar um þrálátar staðbundnar truflanir. Samkvæmt upplýsingum frá Landssíma Íslands hefur verulega dregið úr truflunum í fjarskiptakerfum af þessum sökum, sennilega fyrst og fremst vegna þess að betur er gengið frá girðingunum en áður var gert.

2. *Í hve mörgum tilfellum koma truflanirnar fram vegna veikra fjarskiptasendinga?*

Styrkur merkis á línum í jarðstrengjum er staðlaður í þeim enda línunnar þar sem merkið er matað inn í línuna. Eftir því sem merkið verður veikara með aukinni fjarlægð frá upphafsstað er meiri hætta á að truflun hafi áhrif á fjarskiptin. Á talsímalínum þarf hins vegar að vera fyrir hendi ákveðinn lágmarksstyrkur í fjarenda þar sem símtæki er tengt og dregur það nokkuð úr áhrifum hugsanlegra rafmagnstruflana. Nokkuð öðru gegnir um þráðlausar sendingar þar sem merki sem tekið er á móti eru oft mjög dauf og þess vegna viðkvæm fyrir truflun. Vaxandi hluti stofnneta fjarskiptaneta byggist á ljósleiðaratækni sem er ekki næm fyrir truflunum í rafsegulsviði sem kynnu að stafa af rafgirðingum. Ljósleiðaranet Landssímans, Línu.nets og Fjarska er nú líklega u.þ.b. 4.500 km á landinu öllu og því ljóst að verulegur hluti fjarskiptasendinga er ónæmur fyrir rafgirðingum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki svör við því í hversu mörgum tilfellum truflanir koma fram vegna veikra fjarskiptamerkja þar sem kvartanir vegna truflana af þessum völdum hafa ekki borist.

3. *Í hve mörgum tilfellum koma fram truflanir vegna legu strengjanna, staðsetningar á jarðskautum rafgirðinganna eða styrks viðnámsins? Sundurliðun óskast.*

Póst- og fjarskiptastofnun hafa ekki borist neinar kvartanir um framangreindar truflanir og hefur því ekki upplýsingar um tíðni slíkra tilfella sé um slíkt að ræða.

4. *Hvernig hagar Landssíminn upplýsingum til bænda um legu jarðstrengja?*

Ef Landssíminn leggur jarðstrengi yfir eignarland bænda er það alltaf gert í samráði við viðkomandi bónda og reynt að taka tillit til sjónarmiða hans um legu strengjanna. Almennt er lega þeirra merkt með staurum sem sýna hvar jarðstrengurinn er staðsettur nema bóndinn óski sérstaklega eftir að ekki séu settir merkistaurar þar sem þeir væru til óþæginda fyrir hann. Hann fær síðan uppgefið hvert hann eigi að snúa sér til að fá nánari upplýsingar. Nú

er hins vegar unnið að því að koma nánari upplýsingum um staðsetningu lagna í sveitarfélagi til viðkomandi sveitarstjórna.

5. *Hvernig koma truflanir vegna rafgirðinga fram í fjarskiptum gegnum símstrengi, hvaða óþægindum valda truflanirnar í daglegum samskiptum fólks og atvinnu?*

Áhrif truflana geta verið ýmiss konar. Á koparlínu í talsímaþjónustu eru áhrifin aðallega brak og brestir sem verða til þegar spennupúls fer út á girðingu. Á fjölsímakerfum í strengjum, t.d. PCM-kerfum, kunna áhrifin að vera fleiri bitavillur sem hafa í för með sér truflanir bæði á talsíma og gagnaflutningi. Ef truflanir koma inn á strengina síðasta kaflann heim til notenda heyrast venjulega stöðugir smellir með misjafnlega miklum styrk. Ef truflunin kemur hins vegar inn á strengi þar sem fjölrásabúnaðurinn er getur afleiðingin orðið að sambandslaust verður við alla notendur á svæðinu.

Telja verður að veruleg óþægindi séu ekki fyrir hendi nema í alverstu tilfellum.

6. *Verða íbúar þeirra svæða/býla sem búa við truflanir á fjarskiptasendingum fyrir auknum útgjöldum vegna þessa?*

Fjarskiptayfirvöld hafa engar upplýsingar um að rekja megi beinan kostnað notenda á einhverju svæði til truflana frá rafgirðingum. Það má hins vegar reikna með talsverðum kostnaði fjarskiptafyrirtækja sem kvartanir beinast til og stafar af vinnu við að staðsetja truflanavaldinn.

7. *Hvernig eru fjarskiptalagnir sem lagðar eru um lönd bænda varðar (skermaðar)?*

Fjarskiptalagnir í sveitum eru ekki neitt sérstaklega varðar eða skermaðar hvorki til að verjast utanaðkomandi truflunum né skemmdum af völdum utanaðkomandi áverka.

Fjarskiptastrengir eru hins vegar alltaf þannig byggðir upp að áhrif af völdum utanaðkomandi rafsviðs eru gerð eins lítil og kostur er. Strengir í dreifbýli eru flestir plægðir niður á 60–80 cm dýpi og ekki er beitt neinum sérstökum aðferðum til að hlífa strengjunum umfram það nema þar sem sérstakar ástæður kalla á það.

8. *Hvaða aðgerðir eru í undirbúningi til að koma í veg fyrir áframhaldandi truflanir á fjarskiptum gegnum símalínur?*

Ekki er vitað til að neinna sérstakra aðgerða sé þörf eins og er. Rafmagnseftirlit ríkisins gaf út leiðbeiningar um uppsetningu rafgirðinga og frágang meðan það var og hét. Þar sem truflanir koma frá rafgirðingum og raflínum eru það yfirvöld á sviði rafmagnsmála sem bera ábyrgð á því að komið sé í veg fyrir truflanir sem stafa af biluðum búnaði. Það er því tæplega ástæða til að setja nýjar reglur heldur leggja áherslu á að einstakir girðingareigendur, sem hafa ekki hirt um að hafa vírinn vel einangraðan og/eða verið með bilaðan spennugjafa, aftengi girðinguna þar til úrbætur hafi verið gerðar. Að öðru leyti skal tekið fram að það er hagur fjarskiptafyrirtækjanna að bæta þjónustuna við viðskiptavini sína og því hefur stórfelld uppbygging fjarskiptaneta átt sér stað á undanförnum árum.

645. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fram skuli fara þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls. Kjósendur geti valið milli tveggja kosta:

a. Núverandi áforma um Kárahnjúkavirkjun með virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal ásamt með tilheyrandi stíflum, vatnaflutningum, veitum og öðrum tengdum framkvæmdum.
b. Frestun ákvarðana um framtíðarnýtingu svæðisins uns tekin hefur verið afstaða til verndunar þess og stofnunar þjóðgarðs með einu stærsta ósnortna víðerni Evrópu. Einnig liggi þá fyrir endanleg rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvama með flokkun virkjanakosta, stefnumótun um framtíðarskipan orkumála og áætlun um orkunýtingu til lengri tíma.

Atkvæðagreiðslan fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um atkvæðagreiðsluna í samráði við allsherjarnefnd, umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd Alþingis.

Heimilt er að verja allt að 20 millj. kr. til að kynna þau meginsjónarmið sem um er kosið og verði upphæðinni skipt jafnt milli málsvara fyrrgreindra meginsjónarmiða enda sé um að ræða heildarsamtök eða samstarfsvettvang aðila sem deila sjónarmiðum í málinu. Dómsmálaráðherra setur sömuleiðis nánari reglur um þetta atriði að höfðu samráði við allsherjarnefnd Alþingis.

Greinargerð.

Tillaga sú sem hér er flutt af öllum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerir ráð fyrir að fram fari samhliða sveitarstjórnarkosningum 25. maí 2002 þjóðaratkvæðagreiðsla um mestu framkvæmdir sem ráðgerðar hafa verið hérlendis og hafa mundu óafturkræf áhrif á náttúru landsins á stóru svæði. Að baki liggja harðar deilur um Kárahnjúkavirkjun og hugmyndir um aðrar virkjanir á þessu svæði og úrskurður umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 sem flestir viðurkenna að byggður er á þröngum pólitískum viðhorfum. Fjölmargar ástæður renna stoðum undir þá hugmynd að frekari framvinda málsins verði ráðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sem allir atkvæðisbærir landsmenn geti tekið þátt í. Samhliða sveitarstjórnarkosningum innan fárra mánaða gefst kostur á að framkvæma slíka atkvæðagreiðslu án mikils umstangs og tilkostnaðar og áður en fyrirhugað er að teknar verði ákvarðanir um framkvæmdir. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir ýmsu er snertir baksvið þessa máls.

Virkjanaáformin norðan Vatnajökuls.

Hugmyndir um virkjun fallvatna norðan Vatnajökuls hafa verið til umræðu í rúma þrjá áratugi og hafa skoðanir manna á þeim löngum verið skiptar. Árið 1991 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun með vísan til raforkulaga nr. 60/1981 heimild til framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun með það í huga að orka frá virkjuninni yrði nýtt fyrir álver á Keilisnesi sem þá var í undirbúningi á vegum Atlantsáls-samsteypunnar. Áformin um álverið runnu út í sandinn og var þá hætt við frekari undirbúning framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Á þessum

árum kom fram andstaða við virkjanaáform og stórfellda vatnaflutninga norðan Vatnajökuls og settar voru fram mótaðar tillögur um friðlýsingu Snæfellssvæðisins, studdar af Náttúruverndarráði og síðar Náttúruvernd ríkisins. Þær náðu hins vegar ekki fram að ganga vegna andstöðu stjórnvalda og Landsvirkjunar.

NORAL-verkefnið.

Síðsumars 1997 kynntu stjórnvöld hugmyndir sínar um stóriðju á Austurlandi með þátttöku Hydro Aluminium A/S, dótturfélags Norsk Hydro. Gert var ráð fyrir byggingu risaálvers á Reyðarfirði og orkuöflun til álversins frá jökulánum norðan Vatnajökuls. Í samfélaginu kom fram hörð gagnrýni á þessi tröllauknu áform og öflug umræða hófst um hálendi Íslands og óbyggðir í kjölfar ýmissa þingmála og stjórnvaldsaðgerða. Náttúruverndarfólk hélt málþing og baráttufundi til verndar hálendinu og gegn náttúruspjöllum, ótal blaðagreinar voru skrifaðar og listamenn lögðu sitt af mörkum. Á Alþingi var lögð fram tillaga um að umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar yrðu metin. Hlaut sú krafa miklar og almennar undirtektir sem fylgt var eftir með undirskriftum yfir 45.000 Íslendinga. Í júní 1999 var undirrituð á Hallormsstað yfirlýsing ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium A/S um stóriðju á Austurlandi, kallað NORAL-verkefnið. Sú yfirlýsing gerði ráð fyrir álveri á Reyðarfirði með 480 þús. tonna afkastagetu og að orku til þess yrði aflað með Fljótsdalsvirkjun og síðar Kárahnjúkavirkjun.

Deilur um umhverfisáhrif stóriðjuframkvæmda.

Á haustþingi 1999 lagði Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra þingsályktunartillögu fyrir Alþingi um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Um svipað leyti lagði Landsvirkjun fram skýrslu um umhverfisáhrif væntanlegra framkvæmda og var umfjöllun um hana tengd tillögu ráðherra. Deilurnar í samfélaginu mögnuðust enn og á Alþingi var tekist harkalega á um málið. Hinn 21. desember 1999 var var tillaga iðnaðarráðherra þar sem lýst er yfir „stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun“ samþykkt á Alþingi með 39 atkvæðum gegn 22. Samhliða undirbúningi að Fljótsdalsvirkjun var 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði, sem reist skyldi í tveimur áföngum, sett í mat á umhverfisáhrifum af eignarhaldsfélaginu Hrauni ehf. Fjöldi athugasemda barst og úrskurðaði skipulagsstjóri framkvæmdina í frekara mat að þágildandi lögum. Sá úrskurður var kærður, m.a. af framkvæmdaraðila og náttúruverndarsamtökum. Hinn 25. febrúar 2000 felldi umhverfisráðherra úrskurð skipulagsstjóra úr gildi og ómerkti meðferð málsins í heild sinni. Nokkru eftir að umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn tilkynntu aðilar að NORAL-verkefninu þá kúvendingu í málinu að fallið yrði frá áformum um Fljótsdalsvirkjun í fyrirhuguðu formi í tengslum við 120 þús. tonna áfanga í álverksmiðju á Reyðarfirði. Barátta náttúru- og umhverfisverndarsamtaka gegn Fljótsdalsvirkjun hefur eflaust haft sín áhrif á þessa ákvörðun, sem og vantrú fjárfesta á að reisa svo lítinn upphafsáfanga álvers án trygginga fyrir orkuöflun til stækkunar.

Ný NORAL-yfirlýsing.

Í framhaldi af þessu beittu stjórnvöld sér fyrir endurskoðun NORAL-verkefnisins, í samvinnu við Norsk Hydro, og sérstakt félag, Reyðarál hf., var stofnað til undirbúnings álverksmiðju. Hinn 24. maí 2000 var ný NORAL-yfirlýsing undirrituð og gerir sú ráð fyrir allt að 420 þús. tonna álverksmiðju á Reyðarfirði í tveimur áföngum og hugsanlegri stækkun hennar síðar. Til orkuöflunar er þar gert ráð fyrir að Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal verði virkjaðar saman í svonefndri Kárahnjúkavirkjun og til hennar veitt fjölda smærri vatnsfalla á Fljótsdalsheiði og Hraunum. Jafnframt var horfið frá miðlun á Eyjabökkum en Hálslón í

staðinn stækkað frá því sem áður var áformað. Gert var ráð fyrir lokaákvörðun um framkvæmdir á þessum grunni eigi síðar en 1. febrúar 2002. Sumarið 2001 var tími til ákvarðana af hálfu NORAL-aðila lengdur um allt að sjö mánuði eða til 1. september 2002.

Úrskurður Skipulagsstofnunar um Kárahnjúkavirkjun.

Í maí 2001 lagði Landsvirkjun sem framkvæmdaraðili fram matsskýrslu um Kárahnjúkavirkjun. Í skýrslunni koma skýrt fram og eru viðurkennd mikil og óafturkræf áhrif virkjunarframkvæmdanna. Í lok skýrslunnar segir: „Niðurstaða Landsvirkjunar er að umhverfisáhrif virkjunarinnar séu innan viðunandi marka í ljósi þess efnahagslega ávinnings sem væntanleg virkjun mun skila þjóðinni og þeirrar atvinnuþróunar sem sölu orkunnar fylgir. Framkvæmdaraðili óskar því eftir því að fallist verði á framkvæmdina.“ Þessi meginniðurstaða framkvæmdaraðilans í matsskýrslu er ekki síst athyglisverð í ljósi úrskurðar umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Hinn 1. ágúst 2001 úrskurðaði Skipulagsstofnun að Kárahnjúkavirkjun, eins og henni var lýst í matsskýrslunni, mundi hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að ekki hafi verið sýnt fram á að annar ávinningur af framkvæmdunum, meintur efnahagslegur ávinningur þar meðtalinn, mundi vega upp þau verulegu, óafturkræfu, neikvæðu umhverfisáhrif, sem virkjuninni fylgdu. Einnig taldi Skipulagsstofnun skorta upplýsingar um einstaka þætti framkvæmdarinnar svo segja mætti fyrir um endanleg áhrif hennar. Með vísan til þessa lagðist Skipulagsstofnun í úrskurði sínum gegn framkvæmdinni. Niðurstöðuna studdi stofnunin ítarlegum rökum sem gerð er nákvæm grein fyrir á þeim tæplega 300 blaðsíðum sem úrskurðurinn telur. Þegar ljóst var að Skipulagsstofnun legðist gegn Kárahnjúkavirkjun varð talsvert uppnám í samfélaginu. Tekist var á um réttmæti úrskurðarins og blönduðu ráðherrar sér í þær deilur með afgerandi hætti.

Stjórnsýslukærur.

Þegar lögbundnum kærufresti um úrskurð Skipulagsstofnunar lauk hafði umhverfisráðherra fengið til meðferðar 122 kærur. Ein kæran var reyndar send í nafni 100 félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga, svo með réttu má segja að umhverfisráðherra hafi haft 23 sjálfstæðar kærur til að fjalla um, þar á meðal kærur til staðfestingar úrskurði Skipulagsstofnunar. Kærurnar snerust um ólíka þætti úrskurðarins. Landsvirkjun lagði fram með kæru sinni 4. september 2001 greinargerð um efnislega þætti, svonefndar viðbótarupplýsingar, og frekari gögn síðar, eða 12. október 2001. Ráðherra kallaði eftir áliti Eiríks Tómassonar lögfræðings, sem taldi ráðherranum heimilt að taka viðbótarupplýsingar framkvæmdaraðila til skoðunar á grunni rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Það mat var talið orka tvímælis af aðilum sem fylgdust með málinu og varð meðferðin sem málið fékk hjá umhverfisráðherra í heild sinni afar umdeild. Þar má m.a. nefna þá ákvörðun ráðherra að fjalla ekki um kærurnar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir Skipulagsstofnun lágu til úrskurðar, heldur að taka til skoðunar á vegum ráðuneytisins viðbótargögn framkvæmdaraðilans. Þarna var ráðuneytið í raun að efna til endurnýjaðs matsferlis á eigin vegum sem engin fordæmi eru fyrir og ekki er gert ráð fyrir í lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þótt almenningi væri að formi til gefinn kostur á athugasemdum um kærur og viðbótargögn var tíminn sem til þess var veittur aðeins örfáar vikur og lítil von til að menn gætu sett sig inn í málavöxtu. Einnig er rétt að nefna þá ákvörðun ráðherrans að fara með lögbundna tímafresti eftir eigin geðþótta. Í kæru var hæfi ráðherrans sem úrskurðaraðila einnig dregið í efa, m.a. vegna yfirlýstrar stefnu stjórnvalda í stóriðju- og virkjanamálum.

Umsögn Skipulagsstofnunar um kæru Landsvirkjunar.

Þegar stjórnsýslukærurnar lágu fyrir sendi umhverfisráðherra Skipulagsstofnun þær til umsagnar ásamt viðbótargögnum þeim sem Landsvirkjun lagði fram með kæru sinni. Í umsögn Skipulagsstofnunar til ráðuneytisins segir að í kærunni komi ekkert það fram sem breyta eigi niðurstöðu úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 1. ágúst 2001 um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Vert er að vekja sérstaka athygli á því sem Skipulagsstofnun segir í umsögn sinni þar sem fjallað er um skort á gögnum í matsvinnunni. Um það segir Skipulagsstofnun að „þrátt fyrir skort á gögnum um veigamikil atriði var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir væru framkvæmdirnar líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því ekki önnur niðurstaða tæk en að leggjast gegn framkvæmdinni, sbr. ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum."

Úrskurður umhverfisráðherra.

Með úrskurði sínum 20. desember 2001 felldi umhverfisráðherra úr gildi hinn kærða úrskurð Skipulagsstofnunar og fellst á Kárahnjúkavirkjun með tilteknum skilyrðum í 20 liðum. Ekkert þessara skilyrða hróflar við meginþáttum fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda né tryggir viðhlítandi mótvægisaðgerðir gegn neikvæðum umhverfisáhrifum, m.a. áfoks og uppblásturshættu á stóru svæði út frá Hálslóni. Þótt í litlu sé eru sum af þeim skilyrðum sem ráðherra setur til bóta, fyrst og fremst að falla frá ýmsum smáveitum í tenglum við annan áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Önnur eru í raun aðeins staðfesting á fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum Landsvirkjunar. Átta umræddra skilyrða varða eingöngu vöktun og rannsóknir. Þá virðist gæta ókunnugleika hjá ráðherra varðandi a.m.k. eitt nefndra skilyrða (Tröllkonustígur).

Með úrskurðinum sneri umhverfisráðherra ekki aðeins við úrskurði Skipulagsstofnunar heldur breytti jafnframt lagalegum grundvelli mats Kárahnjúkavirkjunar frá því sem Landsvirkjun og Skipulagsstofnun höfðu unnið mat sitt eftir og sama á við um mat á framkvæmdaáformum Reyðaráls hf. Er þar um að ræða þá lagatúlkun umhverfisráðuneytisins að efnahagslegir þættir eigi ekki heima í mati á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt. Einmitt á því atriði hafði Landsvirkjun byggt niðurstöðu matsskýrslu sinnar þar sem staðhæft var að „umhverfisáhrif virkjunarinnar séu innan viðunandi marka í ljósi þess efnahagslega ávinnings sem væntanleg virkjun mun skila þjóðinni og þeirrar atvinnuþróunar sem sölu orkunnar fylgir. Framkvæmdaraðili óskar því eftir því að fallist verði á framkvæmdina." Úrskurður umhverfisráðherra 20. desember 2001 felur í sér að „ekki skuli líta til þjóðhagslegra áhrifa framkvæmdar þegar tekin er afstaða til þess hvort fallist sé á hana eða lagst gegn henni" (bls. 121).

Um þetta atriði segir m.a. í úrskurði umhverfisráðherra: „er ráðuneytið sammála því sjónarmiði, sem fram kemur í kæru Náttúruverndarsamtaka Austurlands, að við mat á umhverfisáhrifum beri ekki að vega saman neikvæð áhrif á umhverfið annars vegar og efnahagslegan ávinning hins vegar. Samkvæmt því skuli taka afstöðu til framkvæmdar án tillits til þjóðhagslegs ávinnings eða taps." (bls. 115). Og enn fremur: „er það álit ráðuneytisins að ekki beri að fjalla um þjóðhagsleg áhrif framkvæmdarinnar og arðsemi hennar við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000." (bls 115).

Aðalmótvæginu gegn náttúruspjöllunum, meintum efnahagslegum ávinningi af Kárahnjúkavirkjun að mati Landsvirkjunar og sem Skipulagsstofnun hafði reiknað með í sínum úrskurði, er þannig kippt burt sem málsástæðu, bæði í þessu tilviki og eftirleiðis við mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Með þetta í huga verður enn ótrúverðugri en ella sú niðurstaða umhverfisráðherra að snúa við úrskurði Skipulagsstofnunar og heimila

framkvæmdina að því er mat á umhverfisáhrifum áhrærir. Hér ræður því pólitísk en ekki fagleg afstaða niðurstöðu ráðherrans.

Hvað varðar atvinnuþróun sem sölu orkunnar fylgir er nauðsynlegt að hafa í huga að mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar er af hálfu Landsvirkjunar formlega sett fram óháð því hver verða kunni kaupandi að orku frá virkjuninni og þá um leið hvar á landinu sá notandi verði staðsettur. Mat framkvæmdaraðila er að sjálf virkjunin skapi í rekstri innan við 20 ársverk. Þá má minna á að arðsemi virkjunarinnar, og reyndar verkefnisins í heild, hefur verið dregin mjög í efa. Hagfræðingar hafa birt útreikninga sem benda til mikils taps af virkjuninni og það þótt landið og náttúran sem spillist sé ekki metið á eina einustu krónu.

Viðbrögð við úrskurði umhverfisráðherra.

Þegar úrskurður ráðherra lá fyrir sendu formenn níu umhverfis- og náttúruverndarsamtaka frá sér harðorða ályktun þar sem segir m.a.: „Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun myndi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi til þessa er niðurstaða ráðherra óskiljanleg. Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, blasa við hverjum þeim sem kynnir sér framkomnar upplýsingar. Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.“ Jafnframt því sem formenn þessara félagasamtaka mótmæla úrskurði ráðherra lýsa þeir því yfir að þeir „munu beita sér fyrir því að málsmeðferð og forsendur fyrir úrskurðinum verði athugaðar vandlega og metið hvort ástæða sé til að fara með málið fyrir dómstóla.“ Ályktunin er birt sem fylgiskjal I með tillögunni.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sendi frá sér yfirlýsingu 21. desember 2001 þar sem úrskurði ráðherrans var mótmælt sem hreinni pólitískri valdbeitingu og það gagnrýnt að málinu væri fundinn nýr farvegur utan laga, einhvers konar málamynda- viðbótarmat á vegum umhverfisráðuneytisins. Yfirlýsing þingflokksins er birt sem fylgiskjal II með tillögunni.

Af þessum og síðari viðbrögðum við úrskurði umhverfisráðherra er ljóst að því fer fjarri að með málatilbúnaði og úrskurðinum hafi skapast einhver sátt meðal þjóðarinnar um Kárahnjúkavirkjun og tengdar framkvæmdir. Margir hafa orðið til að draga í efa hæfi Sivjar Friðleifsdóttur til að úrskurða í málinu þar sem hún væri skuldbundin ríkisstjórninni og stefnu hennar í stóriðju- og virkjanamálum og vegna fyrri yfirlýsinga. Einnig var ráðherrann gagnrýndur fyrir að úrskurða í málinu örfáum dögum fyrir jól, þegar flestir eru í jólaönnum.

Rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma.

Í framhaldi af heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó 1992, ræddu íslensk stjórnvöld hvernig þau gætu fylgt eftir Ríó-yfirlýsingunni og öðrum samþykktum ráðstefnunnar. Liður í þeirri umræðu var umhverfisþing sem haldið var 1996 en þar kom fram áskorun á ríkisstjórnina að skipa starfshóp til að vinna langtímaáætlun um nýtingu orkulindanna. Í framhaldi af því samþykkti ríkisstjórnin svohljóðandi ályktun: „Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.“

Á haustdögum 1999 skipaði iðnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, verkefnisstjórn undir forustu Sveinbjörns Björnssonar, fyrrverandi rektors Háskóla Íslands.

Í tengslum við verkefnisstjórnina starfa fjórir faghópar, sem hver um sig skoðar virkjanahugmyndir út frá ólíkum sjónarhóli, flokkar þær og gerir tillögur til verkefnisstjórnarinnar. Það tók hópana og verkefnisstjórnina ærinn tíma að hanna aðferðafræðina sem unnið skyldi eftir, en nú er hún orðin nokkuð mótuð og miðar vinnunni vel áfram þótt of naumur tími hafi verið ætlaður til verksins. Það hefur tafið vinnuna að mikið vantaði á að tiltæk væru nauðsynleg náttúrufarsgögn og fleiri upplýsingar. Náttúrufræðistofnun hefur verið fengin til að framkvæma rannsóknir á tilteknum svæðum, en slíkt tekur eðlilega nokkurn tíma. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra hefur nýverið ákveðið að krefja faghópana og verkefnisstjórnina um nokkurs konar „skemmri skírn" á einhverjum hluta rammaáætlunarinnar. Stangast það á við upphaflegt markmið vinnunnar sem átti að miða að því að losna úr sjálfheldu og deilum um virkjanakosti og skapa heildarsýn til náttúruverndar og orkuframleiðslu. Því leysir það engan vanda að óska eftir bráðabirgðaniðurstöðum um einstaka fáa virkjanakosti. Í því sambandi vísast til þess sem Finnur Ingólfsson, þáverandi iðnaðarráðherra, sagði þegar vinnu við rammaáætlunina var hrundið af stað: „Brýnt er að rammaáætlunin njóti trausts í samfélaginu."

Ný löggjöf.

Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp að raforkulögum, sem ætlað er að breyta í ýmsum grundvallaratriðum fyrirkomulagi raforkumála á Íslandi. Frumvarpið, sem byggist á tilskipun frá Evrópusambandinu, gerir ráð fyrir að skapaðar verði forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu á raforku. Frumvarpið hefur þegar verið talsvert rætt í samfélaginu og reynist vera umdeilt. Á orkuþingi sem haldið var 11.–13. október 2001 sagði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra að frumvarpið yrði lagt fram í endurnýjuðum búningi á yfirstandandi þingi og að tilskipun Evrópusambandsins kallaði jafnframt á breytingar á lögum um raforkuver, lögum um Landsvirkjun og lögum um rannsóknir á auðlindum í jörðu. Þá tilkynnti hún einnig að hafin væri endurskoðun vatnalaganna, auk þess sem stefnt væri að nýrri lagasetningu um Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins og setningu sérlaga um hitaveitur. Framundan er því að öllum líkindum mjög breytt landslag í raforkumálum á Íslandi. Jafnframt blasir við þörf fyrir heildstæða áætlun um orkunýtingu til lengri tíma með hliðsjón af umhverfisvernd og alþjóðlegum skuldbindingum, sem og því hvaða orka geti fyrirsjáanlega verið til ráðstöfunar, hvernig skynsamlegt sé að nýta þá orku og hversu hratt við ætlum að ganga á orkulindir landsins?

Verndun landsins norðan Vatnajökuls.

Í allri þeirri umræðu sem fram hefur farið um mögulegar virkjanir á svæðinu norðan Vatnajökuls hefur oft verið hreyft hugmyndum um annars konar nýtingu landsins en þá sem fæli í sér að virkja jökulvötnin. Margir hafa viljað skoða möguleikann á verndun landsins með það að markmiði að stofna þar öflugan þjóðgarð, sem eflt gæti íslenska ferðaþjónustu til muna. Í viðbrögðum sem bárust við matsskýrslu Landsvirkjunar var af ýmsum óskað eftir að þjóðgarðshugmyndinni yrði stillt upp sem raunverulegum valkosti við hlið hugmynda um virkjun fallvatnanna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð ályktaði um málið og fór þess formlega á leit við umhverfisráðherra að lagt yrði sjálfstætt mat á þann kost að stofna þjóðgarð á hálendinu norðan Vatnajökuls. Slíkt gerðu einnig níu náttúruverndar- og umhverfissamtök, sem í sameiningu sendu umhverfisráðherra áskorun í júní 2000. Viðbrögð umhverfisráðherra urðu þau að óska eftir því við iðnaðarráðherra að verkefnisstjórn Rammaáætunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma kæmi að málinu. Í framhaldinu var skipaður starfshópur með þátttöku Náttúruverndar ríkisins, sem falið var að hafa umsjón með mati á því hvert gildi landsvæðið

norðan Vatnajökuls hefði fyrir náttúruvernd, útivist og þjóðgarð. Þá skyldi jafnframt kannað hver áhrif virkjun við Kárahnjúka gæti haft á náttúruvernd á svæðinu. Stefán Benediktsson, fyrrverandi þjóðgarðsvörður, var ráðinn starfsmaður starfshópsins og hefur hann skilað skýrslu um málið. Þar kemur fram að gildi svæðisins sé mikið með tilliti til náttúruverndar og útivistar og að virkjun við Kárahnjúka mundi rýra það verulega. Í úrskurði umhverfisráðherra frá 20. desember 2001 er því hafnað að taka afstöðu til hugmyndarinnar um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls og einnig er alfarið hafnað kröfunni um það að landið sem færi undir fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun verði metið til fjár með þeim aðferðum sem hagfræðingar hafa þróað til slíkra nota og kallaðar eru skilyrt verðmætamat.

Vilji þjóðarinnar og skyldur stjórnvalda.

Kannanir sem gerðar hafa verið um afstöðu almennings til Kárahnjúkavirkjunar hafa sýnt að andstæðar skoðanir eru uppi um framkvæmdina og að þjóðin skiptist í fylkingar í afstöðu sinni. Einnig sést af blaðagreinum og skoðanaskiptum á netmiðlum að almenningur lætur sig málið miklu skipta. Hér er um óafturkræfar aðgerðir að ræða sem kæmu til með að hafa áhrif löngu eftir daga þeirra sem nú bera ábyrgð á náttúru Íslands og byggja íslenskt samfélag. Einnig ber að líta á málið útfrá alþjóðlegum skuldbindingum okkar í umhverfismálum, svo sem Ríó-yfirlýsingunni, rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samningnum um líffræðilega fjölbreytni, að ógleymdri áætlun um sjálfbær Norðurlönd sem Íslendingar eiga aðild að. Þá gera tilskipanir Evrópusambandsins kröfur til undirbúnings ákvarðana um framkvæmdir af þessu tagi, m.a. eru tilskipanir ESB grundvöllur laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Með alþjóðasamningum höfum við undirgengist mikilvægar skyldur er snerta varúð í umhverfismálum, trúverðugleika og gagnsæi í umfjöllun um þau og um að láta fara fram hlutlægt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda áður en ákvarðanir um þær eru teknar. En skyldur okkar lúta ekki síður að því að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð við mat á umhverfisáhrifum. Um lýðræðislegu hliðina í þessu tiltekna máli má segja að margir telji stjórnvöld hafa farið offari í beitingu valds síns.

Þjóðaratkvæði.

Þingsályktunartillaga sú sem hér er flutt gerir ráð fyrir að tryggja lýðræðislega niðurstöðu í þessu viðkvæma og afdrifaríka deilumáli með því að bera það undir dóm þjóðarinnar. Lagt er til að Alþingi álykti um að fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla samhliða sveitarstjórnarkosningum í vor og gert er ráð fyrir því að kjósendur geti þar valið um þá tvo kosti sem tillagan gerir ráð fyrir. Þá er í tillögunni kveðið á um að ríkissjóður styrki aðila ólíkra sjónarmiða til að standa fyrir kynningu á sjónarmiðum sínum og ýta með því undir almenna umræðu um málið með það að markmiði að fólk geti gert upp hug sinn á málefnalegum forsendum.

Flutningsmenn tillögunnar eru andvígir stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar og byggingu Kárahnjúkavirkjunar og hafa ítrekað gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Í ljósi eðlis þessa máls og hversu afdrifarík niðurstaða í því getur orðið fyrir nútíð og komandi kynslóðir telja flutningsmenn full rök standa til að gefa öllum kosningabærum mönnum tækifæri til að taka afstöðu til framhalds þess í almennri atkvæðagreiðslu. Með kosningunni yrði tryggt að ekki yrði af byggingu Kárahnjúkavirkjunar í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Fylgiskjal I.

Úrskurður umhverfisráðherra alvarlegt áfall fyrir náttúruvernd á Íslandi.
(Yfirlýsing formanna níu umhverfis- og náttúruverndarsamtaka.)

Formenn neðangreindra umhverfis- og náttúruverndarsamtaka hafa á fundi sínum í dag fjallað um úrskurð umhverfisráðherra vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Í ljósi þess að Kárahnjúkavirkjun myndi valda margfalt meiri náttúruspjöllum en nokkur einstök framkvæmd á Íslandi til þessa er niðurstaða ráðherra óskiljanleg. Veruleg og óafturkræf áhrif virkjunarinnar, sem Skipulagsstofnun byggði úrskurð sinn á, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, blasa við hverjum þeim sem kynnir sér framkomnar upplýsingar Tæpast er hægt að ímynda sér stórfelldari röskun af mannavöldum á náttúru landsins.

Í þessu sambandi er minnt á eftirfarandi:

- Kárahnjúkavirkjun mun eyðileggja eitt stærsta hálendisvíðerni í Evrópu með mannvirkjagerð á um 1000 km^2 svæði og spilla fjölbreyttu gróðurlendi á allt að 600 km^2 svæði, sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá sjó inn til jökla. Líta ber á hálendisgróður ofan við 500 m hæð sem fágæta og verðmæta auðlind.
- Ómetanlegar jarðfræðiminjar og landslagsheildir á heimsvísu yrðu eyðilagðar eða þeim raskað verulega með virkjunarframkvæmdunum.
- Meira en 100 fossar yrðu fyrir röskun af völdum virkjunarinnar og sumir þeirra hyrfu alveg.
- Stórfelldir vatnaflutningar einkenna virkjunina þar sem m. a. eitt stærsta vatnsfall landsins, Jökulsá á Dal, yrði flutt á milli vatnasviða og veitt í Lagarfljót.
- Nánast ekkert vatnakerfi á virkjunarsvæðinu stæði eftir óraskað. Lífríki í stöðuvötnum og fjölmörgum ám mun eyðast eða raskast verulega, einangruðum stofnum verður útrýmt eða þeim blandað saman við aðra stofna.
- Þýðingarmikil varpsvæði og fjaðrafellistaðir fugla eyðilegðust á sjálfu virkjanasvæðinu og samfara vatnaflutningum á Úthéraði. Mikilvæg búsvæði hreindýra og sela myndu raskast eða eyðileggjast.

Standi úrskurður umhverfisráðherra mun hann hafa fordæmisgildi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og stefnir í hættu þeim miklu verðmætum sem felast í íslenskri náttúru og landslagi.

Undirritaðir formenn mótmæla úrskurði umhverfisráðherra og munu beita sér fyrir því að málsmeðferð og forsendur fyrir úrskurðinum verði athugaðar vandlega og metið hvort ástæða sé til að fara með málið fyrir dómstóla.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir, SÓL í Hvalfirði,
Árni Finnsson, Náttúruverndarsamtök Íslands,
Björn Þorsteinsson, Náttúruverndarsamtök Vesturlands,
Halla Eiríksdóttir, NAUST,
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, SUNN,
Jóhann Óli Hilmarsson, Fuglaverndarfélag Íslands,
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Landvernd,
Steingrímur Hermannsson, Umhverfisverndarsamtök Íslands,
Þórhallur Þorsteinsson, Félag um verndun hálendis Austurlands.

Fylgiskjal II.

Yfirlýsing þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um Kárahnjúkavirkjun

(21. desember 2001.)

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælir harðlega úrskurði umhverfisráðherra vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Með úrskurði sínum gengur ráðherra þvert gegn faglegri niðurstöðu Skipulagsstofnunar sem gaf Kárahnjúkavirkjun algjöra falleinkunn, enda ljóst að virkjunin ein og sér hefði í för með sér meiri umhverfisspjöll, jarðrask og óafturkræfar breytingar á landslagi og náttúrufari en nokkru sinni hefur verið efnt til hér á landi og þó víðar væri leitað. Með framkvæmdunum er stærsta ósnortna víðerni Evrópu raskað og möguleikum til annars konar nýtingar spillt. Verði ráðist í framkvæmdirnar verður sú ákvörðun aldrei aftur tekin, svæðið norðan Vatnajökuls verður aldrei samt.

Skilyrðin sem ráðherra setur fyrir framkvæmdinni draga aðeins að mjög litlu leyti úr þeim óbætanlega skaða sem virkjunin hefði í för með sér. Þau eru yfirleitt því marki brennd að útlátalítið er fyrir Landsvirkjun að fallast á þau. Skilyrðin skerða fyrirhugað afl virkjunarinnar aðeins um 4% og í mörgum tilvikum er verið að fjalla um sjálfsagða hluti eins og að hanna mannvirki með tilliti til aðstæðna. Annað sem Landsvirkjun er gert að falla frá, eins og að eltast við smálæki upp að rótum Snæfells, var fyrst og fremst til marks um ótrúlega ósvífin áform sem e.t.v. var hvort sem er aldrei mikil alvara á bak við.

Úrskurður umhverfisráðherra er hrein pólitísk valdbeiting. Sá tími sem liðinn er síðan Skipulagsstofnun kvað upp sinn úrskurð 1. ágúst sl. virðist fyrst og fremst hafa farið í að leita leiða til að láta fyrirfram ákveðna niðurstöðu líta skár út. Nýr farvegur var búinn til fyrir málið utan laga, einhvers konar málamynda-viðbótarmat á vegum ráðuneytisins, og er það eitt út af fyrir sig dæmafár gjörningur. Þrátt fyrir þetta tekst ekki að sýna fram á neitt nýtt sem réttlæti úrskurð umhverfisráðherra. Með honum er ráðherrann augljóslega að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar um að Kárahnjúkavirkjun skuli byggð hvað sem umhverfisspjöllum líði. Ráðherrann er því vanhæfur til að úrskurða í málinu sem hlutlægur aðili og hefði borið að víkja sæti.

Með þessum úrskurði og framgöngu sinni hefur Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra brugðist þeim málaflokki sem hún ber ábyrgð á. Alger trúnaðarbrestur er þar með orðinn milli náttúruverndarsjónarmiða, -fólks og -samtaka og núverandi valdhafa.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun taka málið upp á Alþingi strax og þing kemur saman. Jafnframt skorar þingflokkurinn á almenning og alla náttúruunnendur að halda vöku sinni gagnvart þeirri grímulausu pólitísku valdbeitingu sem umhverfisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar beitir í þessu máli.

646. Skýrsla [390. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2001.

1. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) var stofnað árið 1889 og er hlutverk þess að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum, hlúa að samstarfi þeirra og auka skilning á milli þjóða. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga nú 142 þing en aukaaðilar að sambandinu eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. IPU fjallar um alþjóðamál og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á samstarf við þá stofnun, og hefur samstarfið aukist á undanförnum árum. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf en það hefur jafnframt skrifstofu í New York.

Starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins er fjármögnuð með framlögum frá aðildarþingum þess. Þing IPU, sem hafa verið haldin tvisvar á ári, taka pólitískar ákvarðanir og ályktun um alþjóðamál. Ráð IPU, sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri landsdeild, markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Tólf manna framkvæmdastjórn starfar á milli þinga og hefur m.a. umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess.

Fjórar fastanefndir eru starfandi innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

I. nefnd um stjórnmál, öryggis- og afvopnunarmál,
II. nefnd um lagaleg málefni og mannréttindamál,
III. nefnd um efnahags- og félagsmál,
IV. nefnd um mennta-, vísinda-, menningar- og umhverfismál.

Til viðbótar eru nú starfandi eftirfarandi nefndir og vinnuhópar: nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um sjálfbæra þróun, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhópur um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, samhæfingarnefnd um öryggismál og samstarf á Miðjarðarhafssvæðinu, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU, vinnuhópur um samstarf kynjanna og stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna IPU.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári hverju, oft um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis. Alþjóðaþingmannasambandið gefur reglulega út bækur, tímarit, handbækur og skýrslur sem nálgast má á skrifstofu Íslandsdeildarinnar og á vefsíðu IPU, www.ipu.org.

2. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins.

Íslandsdeildin var skipuð þeim Einari K. Guðfinnssyni, þingflokki sjálfstæðismanna, formanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformanni, og Ástu Möller, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn Íslandsdeildar voru Guðjón Guðmundsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Drífa Hjartardóttir (til 1. október)/Sigríður Ingvarsdóttir (frá 1. október), þingflokki sjálfstæðismanna. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

3. Þing á árinu 2001.

Að venju voru haldin tvö þing, hið fyrra í Havana í apríl (105. þing) og hið síðara í Ouagadougou í september (106. þing).

3.1. Störf og ályktanir 105. þings IPU.

Dagana 1.–6. apríl var 105. þing IPU haldið í Havana. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson formaður, Jóhanna Sigurðardóttir og Ásta Möller, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildarinnar.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: Ricardo Alarcón de Queseda, forseti kúbverska þingsins, Kirean Predesgast, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Najima Heptulla, forseti IPU-ráðsins, og Fidel Castro, forseti Kúbu.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um „stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum". Ásta Möller tók til máls í almennum umræðum og ræddi um félagslegar og efnahagslegar afleiðingar kynjamisréttis. Hún lagði áherslu á að kraftur kvenna væri víða vannýtt auðlind. Hún benti á að fjárfesting í menntun kvenna skilaði sér í auknu heilbrigði allrar fjölskyldunnar og að hækkun launa kvenna skilaði sér betur í bættri afkomu fjölskyldunnar en samsvarandi hækkun á launum karla.

Þingið afgreiddi ályktanir um fjögur mál. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu og voru þau fyrst rædd í nefndum. Í I. nefnd þingsins, stjórn- og öryggismálanefnd, var umræðuefnið „að tryggja framfylgd alþjóðaréttar í þágu heimsfriðar og öryggis". Einar K. Guðfinnsson flutti ræðu á fundi nefndarinnar þar sem hann benti m.a. á að milliríkjaátök væru orðin sjaldgæfari en átök innan landamæra einstakra ríkja og sú staðreynd gerði alla íhlutun mun flóknari. Alþjóðalög gætu í sjálfu sér ekki komið í veg fyrir stríð heldur yrði að ráðast að rótum undirliggjandi þjóðfélagsvanda. Útbreiðsla lýðræðis, alþjóðleg viðskipti og virðing fyrir mannréttindum væri besta leiðin til að forðast átök. Einar minnti á að Kúba væri enn kommúnistaríki og þar viðgengjust mannréttindabrot. Vonandi yrði breyting þar á á nýrri öld og einræðisstjórnir almennt látnar víkja fyrir lýðræði.

Í IV. nefnd þingsins, mennta-, vísinda-, menningar- og umhverfismálanefnd, var fjallað um „hlutverk menntunar og menningar til að stuðla að þátttöku kynjanna í stjórnmálum og sem forsenda framþróunar". Jóhanna Sigurðardóttir hélt ræðu á þeim nefndarfundi þar sem hún hvatti til baráttu gegn ólæsi, en slíkt átak þyrfti að beinast sérstaklega að stúlkubörnum. Þá þyrfti að efla áætlanir í þróunarlöndum sem stuðla að hagnýtri þjálfun kvenna. Slíkt gerði konum ekki einungis kleift að bæta eigin hag, heldur allrar fjölskyldunnar. Aukin áhrif kvenna í atvinnulífi og í stjórnmálum almennt drægju úr fátækt og mismunun. Í drögum að ályktun nefndarinnar var málsgrein þar sem ríkti nokkuð gamaldags hugsunarháttur um verkaskiptingu á heimilum. Ásta Möller lagði fram breytingartillögu við drögin þar sem nútímalegra viðhorfi var lýst og spunnust fjörugar umræður um hana. Breytingartillagan var samþykkt í nefndinni þrátt fyrir nokkra andstöðu, aðallega frá fulltrúum arabaríkja. Þeir létu hins vegar kyrrt liggja þegar ályktunin kom til afgreiðslu á þinginu sjálfu.

Tvö mál voru tekin fyrir utan dagskrár. Í fyrsta lagi var samþykkt neyðarályktun um „aðgerðir alþjóðasamfélagsins til að mæta neyðarástandinu í Afganistan, þ.m.t. eyðileggingu talibana á menningarverðmætum". Í öðru lagi var fjallað um „framlag þjóðþinga í baráttunni gegn hryðjuverkum, í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna 55/158".

3.2. Störf og ályktanir 106. þings IPU.

Dagana 9.–14. september var 106. þing IPU haldið í Ouagadougou, höfuðborg Búrkína Fasó. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Einar K. Guðfinnsson formaður, Gísli S. Einarsson og Drífa Hjartardóttir, auk Belindu Theriault, ritara Íslandsdeildarinnar.

Hryðjuverkin sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september höfðu óhjákvæmilega áhrif á þinghaldið. Sérstök umræða um breytingar á starfi IPU átti að fara fram allan eftirmiðdaginn 11. september en þinghald var stöðvað þegar fréttist af ódæðisverkunum og öllu starfi

frestað til næsta dags. Ákveðið var að stytta þinghaldið um einn dag. Einar K. Guðfinnsson lagði til innan Tólfplús-hópsins að hópurinn færi fram á að flaggað yrði í hálfa stöng föstudaginn 14. september. Formaður hópsins kom þessari tillögu á framfæri við þingið en hún þótti því miður ekki framkvæmanleg vegna mismunandi siða aðildarþjóða. Einnig vegna þess að ákvörðun af þessu tagi yrði að samþykkja í öllum sendinefndum, sem ekki voru allar fullskipaðar þegar hér var komið sögu.

Við setningu þingsins fluttu eftirtaldir ávörp: Mélégué Traoré, forseti búrkínska þingsins, Olara Otunnu, sérlegur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í málefnum barna og vopnaðra átaka, Najima Heptulla, forseti IPU-ráðsins, og Blaise Compaoré, forseti Búrkína Fasó.

Að venju voru á þingfundinum almennar umræður um „stjórnmálalegt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum". Einar K. Guðfinnsson tók til máls í almennum umræðum, en eftir atburði þriðjudagsins breyttust að sjálfsögðu áherslurnar í þeim. Einar notaði hluta af ræðutíma sínum til að fordæma hryðjuverkaárásina á Bandaríkin og hvetja til samstöðu með Bandaríkjamönnum á þessum erfiðu tímum, en ræddi að öðru leyti um alþjóðavæðinguna og næstu skref í viðræðum um aukið viðskiptafrelsi, í framhaldi af sameiginlegum fundi IPU og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem haldinn hafði verið í júní í Genf.

Þingið afgreiddi ályktanir um fjögur mál. Tvö sérstök málefni höfðu að venju verið undirbúin til umræðu á þinginu og voru þau fyrst rædd í nefndum. Í II. nefnd þingsins, laga- og mannréttindanefnd, var umræðuefnið verndun barna. Drífa Hjartardóttir flutti ræðu á fundi nefndarinnar þar sem hún kynnti áherslur Íslands í þessum málaflokki. Hún lagði jafnframt áherslu á stöðu stúlkubarna í heiminum og studdi ályktanadrög sem breska sendinefndin hafði sett fram fyrir fundinn.

Í III. nefnd þingsins, efnahags- og félagsmálanefnd, var fjallað um „brýnar aðgerðir í baráttunni gegn HIV/alnæmi og öðrum faröldrum sem ógna heilbrigði almennings, jafnt sem efnahagslegri, félagslegri og stjórnmálalegri þróun og jafnvel afkomu margra ríkja". Fundi nefndarinnar stýrði Einar K. Guðfinnsson, en hann er formaður hennar. Gísli S. Einarsson hélt ræðu á þeim nefndarfundi og lagði áherslu á mikilvægi menntunar sem forvarnar. Einnig lagði hann áherslu á virðingu fyrir mannréttindum, sérstaklega réttindum kvenna. Jafnframt minnti hann á nauðsyn þess að tryggja aðgang fátækra ríkja að nauðsynlegum lyfjum. Hann hvatti iðnríkin til að leggja fram nauðsynlegt fjármagn til að vinna gegn alnæmi og öðrum faröldrum í þriðja heiminum. Í lok fundarins var Einar K. Guðfinnsson endurkjörinn formaður nefndarinnar til næsta árs.

Samþykkt var á fyrsta degi þingsins að hafa utandagskrárumræðu um ástandið á hernumdu svæðunum. Ákveðið var í kjölfar árásarinnar á Bandaríkin að hafa enga almenna umræðu um þetta mál eins og til hafði staðið heldur skipa án umræðu nefnd til að vinna ályktunardrög. Á grundvelli þeirrar vinnu var ályktun samþykkt af þinginu þar sem þess er krafist að bæði Ísrael og heimastjórn Palestínumanna virði gildandi samkomulag, hætti öllum ofbeldisverkum og snúi aftur að samningaborðinu. Í ályktuninni eru morð á saklausum borgurum og aftökur á Palestínumönnum án dóms og laga fordæmdar, Ísraelar eru m.a. hvattir til að frysta landnám og stjórn Palestínumanna til að nota skilvirkar aðferðir til að koma í veg fyrir hryðjuverk, lagt er til að alþjóðlegt gæslulið verði sent til hernumdu svæðanna til að tryggja að mannúðarlög séu virt og binda enda á ofbeldi á svæðunum og farið fram á að samningaviðræður hefjist aftur með það að markmiði að stofna sjálfstætt ríki Palestínu með Jerúsalem sem höfuðborg.

Þá var samþykkt ályktun sem fordæmir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september 2001. Í ályktuninni er lýst samstöðu með fórnarlömbum hryðjuverkanna, aðstandendum

þeirra, bandarísku ríkisstjórninni, Bandaríkjaþingi og bandarísku þjóðinni allri. Farið er fram á aukna samvinnu ríkja í milli til að koma í veg fyrir og uppræta hryðjuverk og öllum aðildarríkjum IPU gert að vinna með Bandaríkjunum til að koma upp um ódæðismennina og refsa þeim í samræmi við alþjóðalög.

4. Svæðisbundið samstarf.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist svokallaður Tólfplús-hópur, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þingið stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum.

Í Havana kom fram að bæði Ísrael og Evrópuþingið hafa sótt um fulla aðild að Tólfplús-hópnum. Ísrael á núna fulla aðild að IPU, en á aukaaðild að Tólfplús-hópnum. Í tilfelli Ísraels er þetta því spurning um pólitískan vilja. Evrópuþingið er áheyrnaraðili að bæði IPU og Tólfplús-hópnum. Þar sem Evrópuþingið er ekki þjóðþing og getur því samkvæmt núgildandi reglum ekki átt fulla aðild að IPU er ólíklegt að það fái aðild að Tólfplús-hópnum. Vinnuhópur var settur á laggirnar til að skoða þessar beiðnir sérstaklega, en ákvörðunum var frestað. Þess má geta að framkvæmdastjórn IPU er jafnframt að skoða umsóknir frá Evrópuþinginu og þingi rómönsku Ameríku um fulla aðild að IPU, en yrðu slíkar beiðnir samþykktar yrði það töluverð breyting frá núverandi stefnu þar sem skýrt er í lögum IPU að einungis þjóðþing eða fulltrúar þeirra geta átt aðild að samtökunum. Engin ákvörðun var tekin um málið á árinu.

Í framhaldi af umræðunni í Havana tók Tólfplús-hópurinn fyrir tillögu um breytingar á starfsreglum hópsins í Ouagadougou. Samþykkt var að hægt yrði að bjóða landsdeildum aðild að hópnum sem ekki eru innan hefðbundins svæðis hans. Þetta gerir hópnum m.a. kleift að bjóða Ísrael fulla aðild ef aukinn meiri hluti samþykkir það. Þegar lagabreytingin hafði verið samþykkt var gengið til atkvæða um inngöngubeiðni frá Ísrael, en ⅔ hluta greiddra atkvæða þarf til að samþykkja inngöngu nýrra ríkja. Eitt atkvæði vantaði upp á til að beiðnin yrði samþykkt og fékk Ísrael því ekki inngöngu að sinni.

Á síðasta fundi Tólfplús-hópsins í Ouagadougou var Oddbjörg Starrfeldt frá Noregi kjörin formaður hópsins með dyggri aðstoð annarra norrænna þingmanna sem unnu ötullega að kosningu hennar. Mótframbjóðandi hennar var frá Belgíu og munaði aðeins þremur atkvæðum á þeim.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Finnland fór með forustu í Norðurlandahópnum á árinu og voru samráðsfundirnir því haldnir þar í landi, sá fyrri í febrúar en sá síðari í ágúst. Formaður og ritari Íslandsdeildar sóttu báða fundi ársins 2001. Var m.a. rætt um breytingar á starfi IPU, sérstaklega á seinni fundinum. Einar K. Guðfinnsson lagði greinargerð Íslandsdeildarinnar um málið (sjá aftar í skýrslunni) til grundvallar sínum málflutningi. Norðmenn studdu sjónarmið Íslandsdeildar í öllum meginatriðum, aðrir gátu fallist á sum atriði en ekki önnur, eða höfðu ekki fastmótaða afstöðu. Ákveðið var að sameinast um nokkur grundvallaratriði, en að leggja ekki fram sameiginlega norræna afstöðu.

5. Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipað er tveimur þingmönnum frá hverri sendinefnd og fer með æðsta vald í innri málefnum þess, kom tvívegis saman í tengslum við hvort þing.

Mikið var rætt um breytingar á starfi IPU í Havana, sem og fjármál samtakanna, bæði í Tólfplús-hópnum og í IPU-ráðinu. Tillögur frá framkvæmdastjóra gengu m.a. út á að breyta fyrirkomulagi þinga og nefndastarfs. T.d. var rætt um að fækka málum sem fjallað er um á hverju þingi, breyta fyrirkomulagi almennra umræðna til að gera þær markvissari og halda nefndafundi á milli þinga. Þá vinnur stjórn IPU að því að tengja starf IPU betur starfi Sameinuðu þjóðanna, en það kallar væntanlega á öflugra starf innan IPU. Fjárhagsstaða IPU er erfið um þessar mundir þar sem Bandaríkjaþing hætti fyrir nokkrum árum að greiða árgjald til IPU. Þegar þessi mál voru rædd í Tólfplús-hópnum í Havana til undirbúnings fyrir fund IPU-ráðsins kom skýrt fram að aðildarríki þess væru ekki tilbúin til að auka árgjöld til IPU og fannst sumum gildi samtakanna hafa rýrnað eftir að Bandaríkin hættu þátttöku. Breytingar á starfi IPU gætu leitt til aukins kostnaðar, og voru fundarmenn ekki á eitt sáttir um það hvort IPU gæti leyft sér að hugsa um slíkar breytingar á meðan fjármálin væru í óvissu. Einar K. Guðfinnsson benti í Tólfplús-hópnum á að í stað þess að áforma aukin útgjöld þyrfti IPU að draga úr útgjöldum. Lagði hann áherslu á að þetta væru pólitísk mál sem væri einvörðungu á færi kjörinna þingmanna að móta stefnu um. Þingmenn þyrftu að fá nákvæmar upplýsingar frá skrifstofu IPU um hve mikið ákveðin verkefni kostuðu og taka skýrar pólitískar ákvarðanir um hvar ætti að skera niður. Þegar fjármálin voru rædd á fundi IPU-ráðsins tók Jóhanna Sigurðardóttir í svipaðan streng og tók þar undir athugasemdir ýmissa þingmanna um nauðsyn aukins aðhalds og ábyrgðar. Hún studdi jafnframt óskir um nákvæmari upplýsingar um launakostnað IPU og um starfsmannamál samtakanna almennt. Var umræðum síðan frestað til næsta þings, þar sem taka átti upp almennar umræður um málið.

Ráðið samþykkti lagabreytingu í Havana svo að nú getur hvert þjóðþing ráðið því hvort það er þingið í heild eða landsdeild þess sem á aðild að IPU. Þannig var komið til móts við bæði sjónarmiðin sem uppi voru. Sumir töldu annars vegar að það skipti miklu máli að þjóðþingið sjálft væri aðili að IPU en aðrir töldu slíkt útilokað þar sem þjóðþing gæti aldrei verið bundið af samþykktum samtakanna.

Í kjölfar hryðjuverkanna 11. september tók ráðið einungis fyrir aðkallandi mál í Ouagadougou, en öðru var frestað til næsta þings. Eins og fram hefur komið féllu sérstakar umræður um breytingar á starfi IPU niður á 106. þinginu sjálfu, en málið fékk nokkra umræðu í IPU-ráðinu, sérstaklega í tengslum við samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árið 2002. IPU-þing hafa venjulega verið tvö á ári, en ákveðið var í sparnaðarskyni að fækka þingum á árinu 2002 í eitt, en halda jafnframt sérstakan fund IPU-ráðsins í Genf í stað haustþingsins. Samþykkt var eftir nokkra umræðu 5% hækkun á framlögum aðildarríkja, sem samsvarar verðbólgu síðustu sjö ára, en á þeim tíma hafa aðildargjöld verið óbreytt. Ekki var samþykkt 5% viðbótarhækkun sem framkvæmdastjórnin hafði lagt til. Einar K. Guðfinnsson tók til máls þegar fjárhagsáætlun var rædd og taldi mikilvægt að leggja áherslu á tvö markmið með fyrirhuguðum breytingum á starfi IPU, annars vegar að draga úr kostnaði og hins vegar að tryggja stöðu IPU sem heimssamtaka þingmanna.

Gert er ráð fyrir heilum degi til að ræða breytingar á starfi IPU á næsta þingi sambandsins og er gert ráð fyrir að ákvarðanir um þau mál verði teknar í framhaldi af þeirri umræðu.

6. Kvennafundur.

Sérstakur kvennafundur er haldinn á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins. Starf kvennafundarins miðar að því að fjölga konum á þingum IPU og styðja konur í ríkjum þar sem konur eiga erfitt uppdráttar í stjórnmálum. Rætt er m.a. um stöðu kvenna í þjóðþingum og framlag þeirra til lýðræðis. Þá reynir kvennafundurinn að koma sérstökum sjónarmiðum kvenna að í ályktunum sambandsins. Íslandsdeildin í heild hefur verið dugleg við að benda

á málefni kvenna í þeim ólíku málaflokkum sem ræddir eru á þingum IPU og hefur haldið jafnréttissjónarmiðum mjög á lofti.

7. Mannréttindi þingmanna.

Nefnd um mannréttindi þingmanna sem starfar innan IPU kynnti skýrslur um mál sem hún hefur skoðað þar sem mannréttindi þingmanna hafa verið vanvirt og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríki sem í hlut áttu eru Argentína, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kambódía, Kólumbía, Djíbúti, Ekvador, Gambía, Gínea, Hondúras, Indónesía, Madagaskar, Malasía, Mongólía, Burma, Pakistan, Moldavía, Srí Lanka og Tyrkland.

8. Áherslur Íslandsdeildar í tengslum við hugsanlegar breytingar á starfi Alþjóðaþingmannasambandsins.

Í ársskýrslu ársins 2000 fjallaði Íslandsdeildin nokkuð um þær breytingar sem til umræðu eru á starfi IPU og ástæðurnar sem þar liggja að baki, auk þess sem hún fór nokkrum almennum orðum um afstöðu sína til starfsemi IPU. Þetta mál, þ.e. breytingar á starfsemi IPU, var áfram í brennidepli á árinu 2001 og ákvað Íslandsdeildin að blanda sér með formlegum hætti í þær umræður. Hún lagði fram greinargerð um hugsanlegar breytingar á starfi samtakanna til framkvæmdastjórnar IPU. Hún sendi greinargerðina jafnframt til upplýsingar til Tólfplúshópsins og norræna hópsins. Skal hér gerð í stuttu máli grein fyrir helstu athugasemdum Íslandsdeildar.

Greinargerðin skiptist í fjóra kafla, þ.e. hlutverk IPU, greining á núverandi stöðu mála, markmið breytinga og sérstakar athugasemdir við tillögur um breytingar sem framkvæmdastjóri IPU lagði fram sem grundvöll umræðunnar. Íslandsdeildin benti m.a. á að IPU væri vettvangur til skoðana- og upplýsingaskipta, en hefði jafnframt mikilvægu hlutverki að gegna við uppbyggingu lýðræðis. Þá ætti IPU að upplýsa þjóðþingin um starfsemi alþjóðastofnana og benda á málefni sem þar væru til umfjöllunar og þingin vildu hugsanlega láta til sín taka. Íslandsdeildin lagði áherslu á að IPU væri ekki stefnumótandi samtök og hvorki þing né ríkisstjórnir væru bundin af samþykktum þess eða ummælum forustumanna samtakanna. Íslandsdeildin taldi nauðsynlegt að draga úr kostnaði við starfsemi IPU í ljósi þess að tekjur samtakanna hafa rýrnað um 15% í kjölfar þess að Bandaríkin hættu að greiða til þeirra fyrir nokkrum árum. Þá bæri að tryggja stöðu IPU og forðast stofnun fleiri alþjóðlegra þingmannasamtaka til að eiga samstarf við einstakar alþjóðastofnanir. Talið var mikilvægt að vinnubrögð IPU einkenndust af lýðræði og því mættu breytingar á starfseminni ekki leiða til samþjöppunar valds og ekki heldur til aukinna raunútgjalda, breytingarnar ættu að skerpa áherslur samtakanna og gera þeim betur kleift að eiga samstarf við viðeigandi alþjóðastofnanir og ekki ætti að ráðast í breytingar nema sýnt væri að þær væru til hagsbóta fyrir þjóðþingin.

Íslandsdeildin studdi þá hugmynd að fækka þingum IPU í eitt á ári og taldi jafnframt að vissar breytingar ætti að gera á skipulagi ráðstefnunnar, sérstaklega hvað varðar almennar umræður. Í stað haustþings vildi Íslandsdeildin að haldinn yrði sérstakur fundur ráðsins á haustin, en slíkur fundur yrði mun fámennari og styttri en þing og því mun ódýrari. Íslandsdeildin vildi fækka nefndum IPU úr fjórum í þrjár, en var á móti því að fjölga nefndarfundum, eins og sumir hafa lagt til. Þá taldi Íslandsdeildin að stytta mætti kvennafundinn án þess að innihald hans og áhrif rýrnuðu. Íslandsdeildin vildi auka áhrif svæðishópa og taldi því mikilvægt að þeir fengju tækifæri til að hittast í tengslum við haustfund ráðsins. Íslandsdeildin vildi auka samskipti IPU við Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðaviðskiptastofnunina, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en benti á að allar tilraunir til slíks yrðu fremur

máttlausar á meðan Bandaríkjaþing tæki ekki þátt í starfi IPU. Íslandsdeildin fór að lokum yfir fjármál og starfsmannamál IPU og setti fram ýmsar tillögur í þeim málum.

Íslandsdeildin telur brýnt að taka ákvarðanir um framtíðarskipulag starfsemi IPU á árinu 2002, en ákvarðanataka – sérstaklega hvað varðar grundvallarbreytingar – getur verið mjög erfið í stórum samtökum á borð við IPU, þar sem áherslur landsdeilda eru oft mjög mismunandi. Þær skammtímaráðstafanir sem gerðar voru til að spara á árinu 2002, þ.e. að halda vorþing, en síðan einungis ráðsfund um haustið í stað þess að halda þing, eru í samræmi við áherslur Íslandsdeildar. Einhverjar sendinefndir voru þó mjög ósáttar við þessa ráðstöfun. Það verður vafalítið tekist á um þessi mál á 107. þingi IPU, en Íslandsdeildin mun áfram beita sér fyrir því að finna skynsamlega lausn þar sem fara saman ráðdeild í rekstri og ráðstafanir til að tryggja að IPU geti sinnt hlutverki sínu.

9. Fundur IPU um alþjóðleg viðskipti.

Alþjóðaþingmannasambandið heldur fjölmarga fundi og ráðstefnur á ári hverju um margvísleg málefni sem tengjast starfi alþjóðastofnana. Fundirnir eru oft haldnir í samstarfi við viðkomandi alþjóðastofnun. Íslandsdeildin hefur fjárveitingu til að sækja einn slíkan fund á ári og verður að velja úr það sem henni þykir mikilvægast hverju sinni, en það getur oft verið vandasamt verk þar sem á hverjum tíma þarf að fylgjast með stefnumótunarstarfi stjórnvalda á mörgum sviðum og æskilegt er að íslenskir þingmenn geti komið áherslum sínum að. Á árinu 2001 voru haldnir nokkrir áhugaverðir þingmannafundir, t.d. í tengslum við 3. ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni fátækustu ríkja heims, heimsráðstefna gegn kynþáttahatri og um alþjóðleg viðskipti.

Íslandsdeildin sendi fulltrúa á síðastnefnda fundinn, en hann var haldinn 8.–9. júní í Genf. Þema fundarins var „Í átt að frjálsu, réttlátu og sanngjörnu alþjóðaviðskiptakerfi: Þáttur löggjafans". Einar K. Guðfinnsson sótti fundinn f.h. Íslandsdeildar. Hann notaði jafnframt tækifærið og fundaði með framkvæmdastjóra IPU til að ræða fjármál samtakanna og breytingar á starfseminni og kynna greinargerð Íslandsdeildar um málið, en hún hafði þá nýlega verið send til framkvæmdastjórnar IPU.

10. IPU-þing 2002.

Næsta þing sambandsins verður í Marrakesh í mars 2002. Þar eru á dagskrá annars vegar umhverfismál með áherslu á stuðning þingmanna við Kyoto-bókunina og hins vegar hlutverk þjóðþinga á tímum alþjóðavæðingar, fjölþjóðasamtaka og alþjóðlegra viðskiptasamninga.

11. Ályktanir Alþjóðaþingmannasambandsins árið 2001.

- Að tryggja framfylgd alþjóðaréttar í þágu heimsfriðar og öryggis.
- Hlutverk menntunar og menningar til að stuðla að þátttöku kynjanna í stjórnmálum og sem forsenda framþróunar.
- Framlag þjóðþinga í baráttunni gegn hryðjuverkum, í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna 55/158.
- Aðgerðir alþjóðasamfélagsins til að bregðast við neyðarástandinu í Afganistan, þ.m.t. eyðileggingu talibana á menningarverðmætum.
- Verndun barna.
- Brýnar aðgerðir í baráttunni gegn HIV/alnæmi og öðrum faröldrum sem ógna heilbrigði almennings, jafnt sem efnahagslegri, félagslegri og stjórnmálalegri þróun og jafnvel afkomu margra ríkja.

- Hlutverk þjóðþinga við að leysa hið hörmulega ástand á hernumdu svæðunum, leggja til alþjóðlega gæsluliða og vernda Palestínumenn, sérstaklega óvopnaða borgara.
- Fordæming á hryðjuverkaárásum 11. september 2001 á Bandaríkin.

Alþingi, 7. jan. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, varaform.	Ásta Möller.

647. Frumvarp til laga [391. mál]

um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögboðið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „þó aldrei hærra en sem nemur fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar“ í 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum, um menntunarmeðlag skv. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eða um sérstök framlög skv. 15. gr. sömu laga, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

3. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Innheimtustofnun sveitarfélaga skal einnig innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, svo og aðrar kröfur sem framfærslumaður

barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyri hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

IV. KAFLI
Breyting á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

4. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðilum er greinir í 27. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um aldur barns er greinir í almannatryggingalögum svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði á hverjum tíma.

V. KAFLI
Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 125. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt með lítils háttar breytingum. Þegar frumvarpið var fyrst flutt hafði það að geyma ákvæði til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, þess efnis að meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag yrðu skattfrjálsar með öllu. Efni frumvarpsins var tekið upp að hluta í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á 547. máli á 125. löggjafarþingi, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar var sú breytingartillaga gerð og samþykkt að meðlagsgreiðslur samkvæmt meðlagsúrskurði sýslumanns eða samkomulagi um framfærslu barns sem staðfest hafði verið af sýslumanni væru skattfrjálsar, en þó aldrei umfram það sem næmi fjárhæð tvöfalds barnalífeyris skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:

- að afnema skattlagningu á öllum meðlagsgreiðslum, hvort sem um er að ræða einfalt, tvöfalt eða jafnvel margfalt meðlag,
- að fela Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu á meðlagsgreiðslum umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lágmarksmeðlag, sem og innheimtu á menntunarframlögum og sérstökum framlögum sem foreldri fær úrskurð um.

Í þessu skyni eru lagðar til breytingar á fernum lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, þannig að allar meðlagsgreiðslur verði skattfrjálsar. Í öðru lagi er lögð til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felur í sér að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða einnig meðlag umfram lágmarksmeðlag, þ.e. aukameðlag, sem úrskurðað er af sýslumanni eða aðilar semja um. Í þriðja lagi er lagt til að sú breyting verði á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, að stofnuninni verði gert skylt, sé þess óskað, að innheimta aukameðlagsgreiðslur. Að lokum er lagt til að barnalögum verði breytt eins og lögum um almannatryggingar.

Innheimta meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 25. gr. barnalaga er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða foreldri barns sem á framfærslurétt hér á landi og öðrum sem eru nefndir í 27. gr. laganna framfærslueyri (meðlag) með barni samkvæmt lögmætum úrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um á hverjum tíma.

Í 2. mgr. 11. gr. og 17. gr. barnalaga er gengið út frá því að óheimilt sé að ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í almannatryggingalögum. Hvergi er að finna ákvæði sem kveður á um hámark meðlagsgreiðslna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er það hlutverk stofnunarinnar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlag sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra samkvæmt almannatryggingalögum. Heimild er fyrir því í 3. mgr. 3. gr. laganna að stofnunin taki að sér innheimtu á aukameðlögum. Þessa heimild hefur stofnunin aldrei nýtt, þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað. Sé samið um hærra meðlag en lágmarksmeðlag eða sýslumaður úrskurðar slíkt þarf foreldrið sjálft að innheimta það sem er umfram lágmarksmeðlag eftir öðrum leiðum. Í frumvarpinu er þessi innheimta gerð að skyldu Innheimtustofnunar ásamt því að felld er brott heimild stofnunarinnar til að taka greiðslu fyrir innheimtuna.

Algengast er að meðlagsgreiðendur, sem í flestum tilvikum eru feður, séu aðeins krafðir um lágmarksmeðlag, þótt heimild sé fyrir aukameðlagi miðað við að mánaðartekjur greiðenda fari yfir 200 þús. kr. Að vísu hefur færst í vöxt að í samningum um skilnaðarkjör og forsjá barna sé kveðið á um greiðslu hærra meðlags en sem nemur fjárhæð barnalífeyris. Þannig hefur þeim samningum fjölgað nokkuð sem kveða á um greiðslu tvöfalds meðlags. Dómsmálaráðuneytið gefur út viðmiðunarreglur til leiðbeiningar við ákvarðanatöku í málum vegna krafna um hærra meðlag með börnum. Ástæða þess að meðlög umfram lágmarksmeðlag eru þó ekki algengari en raun ber vitni er einkum sú að viðtakendur aukameðlaganna, oftast mæður, verða að sjá um innheimtu þeirra.

Nýverið kom fram að sérfræðingar telja þessa tilhögun eina helstu ástæðu þess að margir einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna treysti sér ekki til þess að krefjast aukameðlags þótt meðlagsgreiðandi hafi háar tekjur. Meðlag með einu barni er um 15 þús. kr. á mánuði. Það segir sig sjálft að það er ekki stór hluti af framfærslukostnaði hvers barns og því í litlu samræmi við raunveruleikann eða þarfir barnsins.

Í bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors við Háskóla Íslands, Barnarétti, sem kom út árið 1995, segir að í framkvæmd sé þeirri reglu fylgt að úrskurða aðeins aukið meðlag sé þess sérstaklega krafist. Þar af leiðandi er ekki aflað sérstakra gagna um fjárhagslegar og félagslegar aðstæður aðila nema beinlínis sé gerð krafa um hærri framfærslueyri en nemur lágmarksmeðlagi. Þá er bent á að skv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli stjórnvaldsúrskurðar háðar þeim takmörkunum um fjárhæð og aldur barns sem greinir í almannatryggingalögum. Þetta þýðir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir aldrei meira samkvæmt úrskurði en sem nemur fjárhæð barnalífeyris, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma, þ.e. lágmarksmeðlag, óháð því hvort úrskurður sýslumanns eða dómsmálaráðuneytis kveður á um hærri greiðslur. Orðrétt segir Davíð Þór Björgvinsson í bók sinni: „Er þess tæplega að vænta að tilgangur 2. mgr. 10. gr. barnalaga náist að öllu leyti nema kveðið sé nánar á um hlutverk sýslumanns eða ráðuneytis varðandi öflun upplýsinga um framangreind atriði eða sú skylda lögð á herðar úrskurðaraðila að leiðbeina krefjanda í þessu efni, og/eða að reglur verði settar um rýmri aðgang að Tryggingastofnun en nú gilda.“ Ljóst er að þetta styður mjög þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Skattfrelsi meðlagsgreiðslna.

Annað meginefnisatriði frumvarpsins er að leggja til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Fram til ársins 2000 var litið svo á að meðlag umfram barnalífeyri almannatryggingakerfisins væri skattskylt, en þá var ákvæði 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, breytt þannig að tvöfalt meðlag var gert skattfrjálst, en skattlagt eftir það. Í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Má í því sambandi benda á að í 19. gr. barnalaga kemur fram að þessi framfærslueyrir tilheyri barni. Illskiljanlegt er því að takmarka undanþágu frá tekjuskatti við tvöfalt meðlag, en gera meðlagsgreiðslur umfram það skattskyldar. Reyndar má segja að í slíkum tilvikum sé um tvísköttun að ræða, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Það verður því að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að meðlag umfram tvöfaldan barnalífeyri almannatryggingakerfisins myndi skattskyldar tekjur.

Við mat á því hvort líta eigi á meðlagsgreiðslur sem eðlilegt andlag skattlagningar verður að líta á eðli greiðslunnar og sifjaréttarleg tengsl foreldris og barns. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að meðlag er eign barns og er byggt á lögbundinni skyldu foreldris til framfærslu barns síns. Breytingin sem hér er lögð til á lögum um tekjuskatt og eignarskatt felur í sér að barnsmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar sýslumanns eða samkomulags um framfærslu barns sem staðfest hefur verið af sýslumanni teljist ekki til tekna.

Staða einstæðra foreldra.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmenni fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum.

Félag einstæðra foreldra gerði fyrir nokkrum árum könnun á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára og var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Þetta eru mjög mikil útgjöld, ekki síst í ljósi þess að ætla má að stór hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Í sömu könnun kom fram að hlutfall meðlags í þeim kostnaði er aðeins um ⅛. Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaðartilvika og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað og eru því lítill hluti heildarframfærslunnar. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konur vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Á ráðstefnu sem Félag einstæðra foreldra hélt nýlega komu fram upplýsingar um mjög slæma stöðu einstæðra foreldra og barna þeirra, bæði fjárhagslega og félagslega. Virðist svo vera að á margan hátt hafi einstæðir foreldrar dregist aftur úr öðrum á liðnum árum og má í því sambandi geta þess að á sl. þremur árum hefur einstæðum foreldrum sem leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum fjölgað verulega. Auk þess eru einstæðir foreldrar mjög margir í hópi láglaunafólks og þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði og félagslegu húsnæði að halda. Einnig má benda á að komið hefur fram hjá landlæknisembættinu að samhengi sé milli heilsufars barna og félagslegrar stöðu foreldra.

Skýrsla sem félagsmálaráðherra lagði fram á 125. löggjafarþingi um kjör einstæðra foreldra, að beiðni þingmanna Samfylkingarinnar, staðfestir framangreinda lýsingu á kjörum einstæðra foreldra. Ljóst má því vera að brýnt er að bregðast við og bæta kjör þeirra. Sú leið sem hér er lögð til er skref í þá átt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér lagt til að allar meðlagsgreiðslur á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings milli aðila umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting á almannatryggingalögum og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að meðlagsgreiðslur umfram lögboðið lágmarksmeðlag verði skattfrjálsar og að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta, sé þess óskað, þann hluta barnsmeðlags sem er hærri en lögmæltur barnalífeyrir, þ.e. greiðslur umfram lágmarksmeðlag. Þá verði stofnuninni ekki heimilt að taka greiðslu fyrir innheimtuna. Samkvæmt núgildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er stofnuninni heimilt, gegn gjaldi, að innheimta þessar kröfur, sé þess óskað.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sambærileg breyting og á lögum um almannatryggingar, sbr. 2. gr., sem miðar að því að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilt að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag á grundvelli meðlagsúrskurðar eða staðfests samnings aðila.

Um 5. gr.

Lagt er til að frumvarpið öðlist þegar gildi.

648. Svar [242. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um framkvæmdanefnd um einkavæðingu.

1. Hvenær var framkvæmdanefnd um einkavæðingu skipuð og hverjir hafa setið í henni?

Sú framkvæmdanefnd um einkavæðingu sem nú situr var skipuð 14. febrúar 1996. Í henni eiga sæti Hreinn Loftsson hrl., formaður, Steingrímur Ari Arason framkvæmdastjóri, tilnefndur af fjármálaráðherra, Jón Sveinsson hrl., tilnefndur af utanríkisráðherra og Sævar Þ. Sigurgeirsson endurskoðandi, tilnefndur af viðskiptaráðherra. Á kjörtímabilinu 1991 til 1995 var einnig starfrækt framkvæmdanefnd um einkavæðingu skipuð fulltrúum forsætisráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra.

Frá því að núverandi nefnd tók til starfa hafa verið seld hlutabréf í 14 fyrirtækjum fyrir rúmlega 24 milljarða króna. Á meðal þeirra fyrirtækja sem nefndin hefur unnið við að einka-

væða eru Landsbanki Íslands hf., Búnaðarbanki Íslands hf., Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., Íslenska járnblendifélagið hf., Bifreiðaskoðun Íslands hf., Íslenskir aðalverktakar hf., Stofnfiskur hf., Áburðarverksmiðjan hf. og Landssími Íslands hf.

2. *Hver er heildarþóknun til nefndarmanna, sundurliðað eftir nefndarmönnum og árum?*

Þrír nefndarmanna í framkvæmdanefnd um einkavæðingu eru sjálfstætt starfandi ráðgjafar og er þeim greitt í samræmi við það. Annars vegar er þeim greiddur ákveðinn tímafjöldi á viku vegna reglulegra funda nefndarinnar og hins vegar viðbót sem tekur mið af tímabundnu álagi í nefndarstörfum eða sérfræðistörfum fyrir nefndina hverju sinni. Fastar greiðslur til hvers nefndarmanna um sig nema sem svarar þremur stundum á viku en fimm til formanns nefndarinnar. Tímagjald er nú 5.500 kr. án virðisaukaskatts. Heildargreiðslur til einstakra nefndarmanna eru birtar hér á eftir. Ráðuneytið leitaði samþykkis nefndarmanna á því að birta upplýsingar um greiðslur til hvers þeirra. Fjárhæðir miðast við þá reikninga sem borist höfðu ráðuneytinu um sl. áramót.

Fjáræðir án vsk.

	Nafn	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Samtals
1	*Hreinn Loftsson*							
	Nefndarstörf	287.000	861.000	938.000	1.001.000	1.077.000	1.541.000	5.705.000
	Önnur sérfræðiþjónusta	767.000	409.500	1.012.847	3.459.400	1.940.200	3.364.000	10.952.947
	Samtals	**1.054.000**	**1.270.500**	**1.950.847**	**4.460.400**	**3.017.200**	**4.905.000**	**16.657.947**
2	*Jón Sveinsson*							
	Nefndarstörf	357.000	273.000	677.250	577.500	0	1.674.000	3.558.750
	Önnur sérfræðiþjónusta	0	0	0	252.000	1.820.000	1.187.000	3.259.000
	Samtals	**357.000**	**273.000**	**677.250**	**829.500**	**1.820.000**	**2.861.000**	**6.817.750**
3	*Sævar Þór Sigurgeirsson*							
	Nefndarstörf	357.000	546.000	693.000	300.300	0	1.888.500	3.784.800
	Önnur sérfræðiþjónusta	0	105.000	0	0	0	1.795.000	1.900.000
	Samtals	**357.000**	**651.000**	**693.000**	**300.300**	**0**	**3.683.500**	**5.684.800**
4	*Steingrímur Ari Arason*							
	Nefndarstörf, ósundurliðað	0	127.617	0	145.734	780.000	780.000	1.833.351
	Samtals	**0**	**127.617**	**0**	**145.734**	**780.000**	**780.000**	**1.833.351**
	Nefndarstörf, samtals	1.001.000	1.807.617	2.308.250	2.024.534	1.857.000	5.883.500	14.881.901
	Önnur sérfræðiþjónusta, samtals	767.000	514.500	1.012.847	3.711.400	3.760.200	6.346.000	**16.111.947**
	Samtals	**1.768.000**	**2.322.117**	**3.321.097**	**5.735.934**	**5.617.200**	**12.229.500**	**30.993.848**

3. *Hafa nefndarmenn fengið einhverjar aðrar greiðslur fyrir störf sín í nefndinni? Ef svo er, hverjar eru þær og fyrir hvaða verkefni, sundurliðað eftir árum?*

Sjá svar við 2. lið fyrirspurnarinnar vegna fjárhæða. Að stærstum hluta er hér um að ræða greiðslur vegna sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. annars vegar og hins vegar vegna undirbúnings við sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands hf.

4. *Hefur nefndin keypt eða fengið einhverja utanaðkomandi þjónustu og ef svo er, hver er hún, sundurliðað eftir árum?*

Á undanförnum árum hefur nefndin unnið að fjölmörgum verkefnum við sölu hlutabréfa í eigu ríkisins. Langstærstur hluti vinnunnar hefur verið unninn af sérfræðingum á fjármálamarkaði og öðrum sjálfstætt starfandi ráðgjöfum. Það hefur verið stefna framkvæmdanefndar um einkavæðingu að fela ráðgjöfum í einkageiranum að annast um eins stóran hlut vinnunnar og kostur er. Hlutverk framkvæmdanefndar um einkavæðingu hefur verið að útfæra stefnu

stjórnvalda og kaupa þá sérfræðiþjónustu sem á hefur þurft að halda vegna einkavæðingar ríkisfyrirtækja.

Heildarkostnaður við kaup á sérfræðiþjónustu frá 1996 er 326 millj. kr. Þar af eru kaup á þjónustu nefndarmanna tæp 31 millj. kr., eins og áður er fram komið. Heildarkostnaður við sérfræðiþjónustu nemur því á tímabilinu um 1,3% af andvirði seldra hlutabréfa. Þóknun til nefndarmanna nemur 0,13% af söluandvirði. Algengt er að miða við að kostnaður við sölu fyrirtækja nemi 2–3% af söluandvirði eða um tvöfalt hærra hlutfalli en sem nemur þeim kostnaði sem verið hefur af einkavæðingu hér á landi undanfarin ár.

649. Beiðni um skýrslu [392. mál]

frá dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Össuri Skarphéðinssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Kristjáni L. Möller, Gísla S. Einarssyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Karli V. Matthíassyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu og þróun löggæslu á undanförnum árum með hliðsjón af brotatíðni, almannaöryggi og réttaröryggi íbúa í samræmi við lögreglulög. Jafnframt er þess óskað að ráðherra geri grein fyrir úrbótum sem nauðsynlegar eru til að styrkja löggæslu og öryggi og þjónustu við landsmenn.

Í skýrslunni er óskað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hver var fjöldi almennra lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001, skipt eftir umdæmum, og hvernig var skiptingin milli yfirmanna og undirmanna? Óskað er eftir að fram komi meðalstarfsaldur almennra lögreglumanna í upphafi og lok síðasta áratugar og fjölgun lögreglumanna samanborið við fjölgun opinberra starfsmanna á tímabilinu.
2. Hver hefur raunhækkun framlaga (á föstu verðlagi) til almennrar löggæslu verið árlega sl. fimm ár, skipt eftir lögregluumdæmum, og hver hefur verið fjölgun íbúa, bifreiða og veitingastaða með áfengisleyfi á sama tíma?
3. Hver var fjöldi starfandi lögreglumanna í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árin 2000 og 2001 samanborið við aðrar höfuðborgir í Evrópu?
4. Hver var lágmarksfjöldi starfandi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árin 1992, 1995, 1998 og 2001 samanborið við lágmarksþörf samkvæmt fjárlagatillögum embættis lögreglustjórans í Reykjavík á þessum árum?
5. Hve margar lögreglubifreiðar og hversu margir almennir lögreglumenn voru við umferðaröryggisgæslu í Reykjavík árið 1991 annars vegar og árið 2001 hins vegar og hver var bifreiðaeign höfuðborgarbúa á þessum árum? Hve margir löggæslumenn störfuðu við vegaeftirlit á árunum 1990, 1995 og 2001 og hve margar lögreglubifreiðar voru til umráða á landinu öllu á þessum árum?
6. Hve margir lögreglumenn voru á vakt allan sólarhringinn við almenna löggæslu í miðborginni og úthverfum um kvöld og helgar hvert ár um sig árin 1997–2001? Hvernig hefur grenndarlöggæslu verið háttað á höfuðborgarsvæðinu árlega sl. þrjú ár?
7. Hve margir hafa starfað að fíkniefnamálum á landinu öllu annars vegar og við fíkniefna-

deild lögreglunnar í Reykjavík hins vegar árlega sl. fimm ár? Óskað er eftir að fram komi ef fjölgun við fíkniefnadeildina í Reykjavík er fengin með flutningi frá öðru verksviði eða deild lögreglunnar og hvort þær stöður hafi verið mannaðar aftur.

8. Hve margir rannsóknarlögreglumenn starfa nú við rannsókn brotamála, skipt eftir brotaflokkum, og hver hefur árlegur fjöldi mála á þessu sviði verið sl. fimm ár? Hve langur tími leið að meðaltali á árinu 1995 annars vegar og árinu 2000 hins vegar frá kæru mála þar til rannsókn hófst? Hversu mörg mál liggja fyrir nú sem kært hefur verið í, en rannsókn ekki hafin á?
9. Hver hefur fjöldi yfirvinnustunda og kostnaður vegna yfirvinnu verið við almenna löggæslu í Reykjavík árlega sl. fimm ár og hver voru meðalbrúttólaun almenns löggæslumanns á árinu 1995 annars vegar og á árinu 2001 hins vegar á sambærilegu verðlagi?
10. Hver hefur verið fjöldi eftirfarandi brota sl. fimm ár:
    a. alvarlegra líkamsárása,
    b. auðgunarbrota,
    c. kynferðisbrota,
    d. fíkniefnabrota (innflutningur og neysla),
    e. áfengislagabrota,
    f. umferðarlagabrota?
11. Hver var beinn kostnaður vegna eignatjóns í umferðinni árin 1990, 1995 og 2001?
12. Hve mikil raunaukning hefur orðið á fjármunum sem varið hefur verið árlega frá árinu 1995 til 2002 til beinna aðgerða og forvarna gegn fíkniefnum? Óskað er nákvæmrar sundurliðunar á raunaukningu framlaga til einstakra þátta og skilgreiningar á því ef um tilfærslu hefur verið að ræða frá öðrum verkefnum, t.d. á sviði rannsókna eða annarra löggæsluþátta.
13. Hver var áætlaður kostnaður við embætti ríkislögreglustjóra við stofnun embættisins 1997 og hvernig hefur hann þróast fram til þessa árs? Hver hefur orðið árleg þróun á fjölda starfsmanna frá stofnun embættisins, skipt eftir undirmönnum annars vegar og stjórnendum hins vegar?
14. Hvernig hefur kostnaður við embætti ríkislögreglustjóra skipst árlega frá stofnun embættisins milli eftirfarandi þátta:
    a. launakostnaðar, skipt eftir stjórnendum embættisins annars vegar og öðrum starfsmönnum hins vegar,
    b. annars rekstrarkostnaðar, sundurliðað milli helstu rekstrarþátta,
    c. kostnaðar vegna eignakaupa, sundurliðað eftir tegundum eigna?
15. Hve margar lögreglubifreiðir voru á hverri vakt í Reykjavík á árinu 1991 annars vegar og 2001 hins vegar, skipt eftir hverfum, dag-, kvöld- og helgarvöktum? Ef gæsla vegna erlendra sendiráða er inni í upplýsingum fyrir árið 2001 óskast það tilgreint sérstaklega. Sambærilegar upplýsingar óskast líka fyrir stærstu lögregluumdæmin.
16. Hver er fjöldi ofbeldisverka gagnvart lögreglumönnum annars vegar á árunum 1990–1995 og hins vegar 1996–2001, skipt eftir:
    a. tilkynntum tilvikum, sbr. dagbókarfærslur,
    b. kærum frá einstökum lögreglumönnum?
17. Hverra úrbóta er þörf í málefnum lögreglu og löggæslu að mati dómsmálaráðherra?
18. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir skilgreiningu á lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi og deild fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og réttaröryggi íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög?

Greinargerð.

Málefni löggæslunnar hafa verið mikið í sviðsljósinu á undanförnum mánuðum og missirum. Margir óttast að mikill niðurskurður sem orðið hefur á framlögum til löggæslu ógni öryggi og þjónustu við íbúana, enda hefur tíðni afbrota farið vaxandi. Í lögreglulögum er skýrt kveðið á um að ríkið eigi að halda uppi starfsemi lögreglu til að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi borgaranna.

Á umliðnum árum hefur lögreglumönnum fækkað mjög í Reykjavík. Voru 490 íbúar á lögreglumann á sl. ári, en 402 árið 1998. Samkvæmt ársskýrslu lögreglustjórans í Reykjavík fyrir árið 2000 kemur fram að auðgunarbrotum hefur fjölgað milli ára, auk þess sem aukning hefur orðið á innflutningi fíkniefna, um 52% á milli ára. Umferðarlagabrotum fjölgaði líka verulega, um 12% milli ára. Þá hefur alvarlegum líkamsárásum fjölgað og kynferðisbrotum hefur fjölgað jafnt og þétt, um 52% frá árinu 1996. Á meðan hert hefur verið að með miklum niðurskurði framlaga til almennrar löggæslu hefur rekstur og starfslið við embætti ríkislögreglustjóra vaxið verulega. Nauðsynlegt er að skoða samhengi í framlögum almennt til rekstrar löggæslu í landinu og hvort þær breytingar sem urðu á skipulagsmálum löggæslu með stofnun embættis ríkislögreglustjóra hafi náð tilætluðum árangri. Margt bendir til þess aukningin sem orðið hefur í rekstri þess embættis hafi bitnað harkalega á almennri löggæslu í landinu.

Í fjölda lögregluumdæma hafa skapast vandamál vegna niðurskurðar framlaga til löggæslu, ekki síst í miðborg Reykjavíkur, þar sem lögreglan er orðin lítt sýnileg. Alþingi ber skylda til að kanna þessi mál til hlítar og því er skýrslubeiðni þessi lögð fram. Svör við þeim spurningum sem bornar eru upp gætu auðveldað stjórnvöldum og löggjafarþingi að meta til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa til að tryggja viðunandi öryggi og þjónustu við íbúa landsins og að það fjármagn sem til þessa málaflokks er varið nýtist sem best í samræmi við markmið lögreglulaga.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt til þingmanna.

650. Fyrirspurn [393. mál]

til félagsmálaráðherra um útdrátt og endurgreiðslu húsbréfa.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu mörg húsbréf hefur Íbúðalánasjóður innleyst og endurgreitt frá upphafi og hvað nema endurgreiðslurnar háum fjárhæðum?
2. Hversu mörg útdregin húsbréf hafa ekki verið innleyst af eigendum frá stofnun húsbréfakerfisins, hve hátt hlutfall er það af útdregnum húsbréfum frá upphafi og hver er samanlögð fjárhæð þeirra, uppfærð til núgildandi verðlags?
3. Hvernig hefur það fé verið varðveitt, hve há er ávöxtun þess, ef um hana er að ræða, og hvert hefur hún runnið?
4. Hve mikið er vaxtatap þeirra sem ekki hafa innleyst útdregin húsbréf miðað við meðalávöxtun húsbréfa, sundurliðað eftir árum útdreginna húsbréfa og vaxtafært frá útdrætti til 1. janúar 2002?

5. Hversu hátt hlutfall útgefinna húsbréfa (utan rafrænna bréfa) er í vörslu fyrirtækja sem annast viðskipti með húsbréf?
6. Hvernig hafa Íbúðalánasjóður eða ráðuneytið vakið athygli á útdregnum, óinnleystum húsbréfum og stendur til að bæta eða breyta aðferðum sem beitt hefur verið?

Skriflegt svar óskast.

651. Fyrirspurn [394. mál]

til viðskiptaráðherra um innheimtulög.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra þörf á sérstakri löggjöf um innheimtuaðgerðir til hagsbóta fyrir neytendur og til að tryggja hag skuldara, líkt og er í gildi annars staðar á Norðurlöndunum?
2. Hvaða fyrirkomulag gildir um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja skuldara um, og hvaða reglur telur ráðherra að eigi að gilda í því efni?
3. Hver er skýringin á því að frumvarp til innheimtulaga sem lagt var fram á 122. og 123. löggjafarþingi hefur ekki verið lagt fram aftur og mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði lagt fram á yfirstandandi þingi?

652. Fyrirspurn [395. mál]

til samgönguráðherra um starfslokasamninga hjá Landssímanum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru þau starfskjör sem samið var um í ráðningarsamningi við fyrrverandi forstjóra Landssímans, sem lét af störfum í desember sl., til hve langs tíma var starfslokasamningurinn og hvernig sundurliðast greiðslur og kjör milli launa og annarra fríðinda? Hvert er mat ráðherra á þessum samningi?
2. Eru laun og önnur starfskjör sem samið var um í starfslokasamningnum greidd óháð því hvort forstjórinn fyrrverandi tekur við öðru starfi á gildistíma starfslokasamningsins sem færir honum sambærileg eða hærri laun en starfslokasamningurinn kveður á um?
3. Var hafinn undirbúningur að sölu Landssímans þegar framangreindur starfslokasamningur, sbr. 1. tölul., var gerður?
4. Var starfslokasamningurinn gerður með vitund og vilja annars vegar ráðherra og hins vegar stjórnar Landssímans og hver ber ábyrgð á gerð þessa samnings?
5. Hvað kostar þessi starfslokasamningur og aðrir þeir starfslokasamningar sem í gildi eru og gerðir hafa verið við fyrrverandi forstjóra Landssímans, hve langur var gildistími þeirra samninga og hverjar voru greiðslur og önnur kjör samkvæmt þeim samningum?
6. Hafa verið gerðir ráðningarsamningar við aðra yfirmenn eða stjórnendur Landssímans sem fela í sér sérkjör við starfslok umfram hefðbundinn rétt samkvæmt starfsmannalögum á sl. átta árum? Ef svo er, við hverja hafa slíkir samningar verið gerðir og hverjir þeirra hafa þegar komið til framkvæmda?

Skriflegt svar óskast.

653. Fyrirspurn [396. mál]

til forsætisráðherra um starfslokasamninga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum einstakra ráðuneyta, stofnana eða fyrirtækja sem ríkið á meiri hluta í á árunum 1995–2002:
   a. starfslokasamningar við þá sem hætta störfum fyrir 67 ára aldur en fela í sér greiðslur til lengri tíma en hefðbundins þriggja mánaða uppsagnarfrests,
   b. starfslokasamningar vegna niðurlagningar á störfum,
   c. starfslokasamningar við stjórnendur, en þar verði tilgreind lengd starfslokasamninga og greiðslur og kjör í heild og hverju tilviki fyrir sig?
2. Hve margir af framangreindum samningum eru í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og hefðbundinn biðlaunarétt samkvæmt þeim lögum?

3. Hve margir framangreindra samninga, sbr. 1. tölul., eru einstaklingsbundnir starfslokasamningar þar sem samið hefur verið um sérréttindi til yfirmanna eða stjórnenda umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum og hvaða heimildir hafa einstök ráðuneyti, stofnanir eða stjórnir fyrirtækja sem ríkið á meiri hluta í til að gera einstaklingsbundna samninga umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum?
4. Hve margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á fyrrgreindu tímabili sem enn hafa ekki komið til framkvæmda hjá einstökum ráðuneytum, stofnunum eða fyrirtækjum sem fela í sér sérkjör vegna starfsloka í ráðningarsamningum umfram hefðbundin starfslokakjör í starfsmannalögum?
5. Telur ráðherra rétt og mun hann beita sér fyrir því að settar verði lagareglur um starfslokasamninga eða leiðbeinandi samræmdar reglur þar að lútandi?
6. Telur ráðherra réttlætanlegt að einstakar stjórnir fyrirtækja eða stofnana geti samið um sérkjör vegna starfsloka í ráðningarsamningi stjórnenda eða yfirmanna eða við starfslok þeirra, þar sem lengd starfslokasamnings og starfskjör er langt umfram það sem almennt gerist hjá hinu opinbera?

Skriflegt svar óskast.

654. Fyrirspurn [397. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ákvæði laga um skottulækningar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ráðherra einhverjar áætlanir um endurskoðun á ákvæðum læknalaga um skottulækningar?
2. Telur ráðherra koma til greina að endurskoða umrædd lagaákvæði með það að markmiði að óhefðbundnar lækningaaðferðir, svo sem nálarstungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), hnykklækningar (chiropractic) og nudd, geti hlotið viðurkenningu að uppfylltum skilyrðum?

655. Fyrirspurn [398. mál]

til félagsmálaráðherra um ferðakostnað foreldra barna á meðferðarstofnunum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða rétt eiga foreldrar barna á meðferðarstofnunum til greiðslu ferðakostnaðar vegna dvalar þeirra fjarri heimili og þátttöku þeirra í meðferð barnanna?
2. Eru uppi áform um að auka stuðning við foreldra þessara barna?

656. Fyrirspurn [399. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um þátttöku almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna á meðferðarstofnunum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða rök eru fyrir því að ekki gilda sambærilegar reglur um þátttöku almannatrygginga í ferðakostnaði foreldra barna sem dveljast á meðferðarstofnunum fjarri heimili, en foreldrum ber að taka þátt í meðferð þeirra, og ferðakostnaði foreldra barna sem dveljast á sjúkrastofnunum innan lands?
2. Telur ráðherra ástæðu til að samræma ferðakostnaðarreglur almannatrygginga innan lands þannig að jafnræði ríki með þessum hópum?

657. Fyrirspurn [400. mál]

til iðnaðarráðherra um aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvernig er aðild Íslands að INTERREG-áætlun Evrópusambandsins, Northern Periphery, háttað?
2. Hvaða íslensk samtök, stofnanir eða sveitarfélög tengjast áætluninni eða hafa sýnt því áhuga að taka þátt í henni?
3. Hvernig tengist Byggðastofnun áætluninni og þeim verkefnum sem eru fyrirsjáanleg eða í gangi?

658. Fyrirspurn [401. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar með gildrum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða tilraunir hafa verið gerðar á Íslandsmiðum með veiðar botnfisks í gildrur?
2. Væri 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nægjanleg lagaumgjörð um slíkar tilraunir ef þær yrðu gerðar nú?
3. Hver eru viðhorf ráðherra til slíkra tilrauna?

659. Fyrirspurn [402. mál]

til sjávarútvegsráðherra um loðnuveiðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hversu mikið af úthlutuðum loðnukvóta náðist ekki að veiða fiskveiðiárið 2000/2001? Svarið óskast sundurliðað eftir skipaskrárnúmerum, nöfnum, stærð og eigendum skipanna.

Skriflegt svar óskast.

660. Fyrirspurn [403. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

661. Tillaga til þingsályktunar [404. mál]

um stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Margrét Frímannsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Magnús Stefánsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd til að undirbúa stofnun og rekstur tónminjasafns á Stokkseyri í samstarfi við sveitarfélagið Árborg, héraðsnefnd Árnessýslu og Byggðasafn Árnessýslu.

Greinargerð.

Með gildum rökum má segja að vagga tónlistarlífs á Íslandi í þeirri mynd sem nú er sé í þorpunum við suðurströndina, Stokkseyri og Eyrarbakka. Frá þessum þorpum koma þeir menn sem stóðu í fremstu víglínu á sviði tónsköpunar, kennslu og uppbyggingar tónlistarlífsins á fyrri

hluta 20. aldar. Nægir að nefna aðeins fáa menn, tónskáldin og tónlistarmennina Sigfús Einarsson, Pál Ísólfsson og Friðrik Bjarnason og athafnamanninn og menningarfrömuðinn óþreytandi, Ragnar Jónsson sem kenndur var við Smára. Þessir menn áttu sér einnig forfeður sem stóðu fyrir blómlegu tónlistarstarfi og öðru menningarlífi í þessum þorpum og lögðu þar grunninn með starfi sínu. Má þar nefna Selsbræður, Bjarna, Jón, Ísólf og Gísla Pálssyni, á Stokkseyri.

Tónmenningu Íslands hefur verið illa sinnt, lítið verið skráð og fjallað um starf íslenskra tónlistarmanna og sama og ekkert gefið út af texta um þá. Þá er hvergi til sértækt safn um menningu og sögu tónlistarinnar í takt við aðrar list- og menningargreinar. Hvergi er til einn staður þar sem finna má upplýsingar um menningu og sögu tónlistarinnar, hvorki í formi muna né ritaðra upplýsinga um þróunina.

Hlutverk tónminjasafns verður að safna og varðveita og sýna hvers kyns gömul verðmæti er tengjast tónlist á Íslandi frá upphafi, svo sem hljóðfæri, hljómtæki, hljóðupptökur, nótur, bækur og myndir, svo og heimildir um íslenska tónmenningu í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna og kvikmynda sem endurspegla íslenska tónlistarflóru, hverju nafni sem hún nefnist.

Reynslan sýnir að víða um land liggja hjá einkaaðilum munir og gögn sem tengjast tónlistarlífi þjóðarinnar allt frá lokum 19. aldar. Þá fer þeim einstaklingum fækkandi sem muna einstaka tónlistarviðburði í héruðum landsins sem aldrei var sagt frá á prenti eða í bréfum en hafa gildi í þessu sambandi. Tónminjasafn á að hafa frumkvæði að söfnun slíkra upplýsinga og kalla til samstarfs þá aðila sem fram að þessu hafa sýnt frumkvæði og áhuga á að safna slíkum gögnum. Þá skal leitast við að hafa samstarf við önnur söfn er nú þegar varðveita upplýsingar um íslenska tónlist, bæði í Reykjavík svo og héraðssöfn um land allt.

Enginn skal efast um mikinn áhuga á að slíku safni verði komið á fót því áhuginn á tónlist hefur engin landamæri. Má í því sambandi nefna fjölmarga aðila meðal stofnana, fyrirtækja, félaga, skóla, kóra, kirkna, hljómsveita, leikfélaga, einstaklinga, menningarsjóða og sveitarfélaga sem líklegir væru til að veita slíku safni liðveislu.

Á Stokkseyri er nú þegar fyrir hendi stór, lítið nýtt en vönduð bygging sem vel er haldið við, hraðfrystihúsið, sem með nauðsynlegum breytingum mætti gera að fyrirmyndartónminja- og menningarsetri við ströndina með glæsilegu útsýni yfir eina af fegurstu ströndum landsins og hafið sem mótað hefur tónmál Íslands meira en flest annað. Í þessu húsi mætti kortleggja tónlistarsögu landsins og miðla í formi fyrirlestra og námskeiðahalds auk upplýsinga til hins almenna safnagests, gera sögu íslenskrar tónlistar lifandi í glæsilegu menningarumhverfi. Safnið mundi ekki aðeins hýsa söguna heldur yrði það um leið upplýsingamiðstöð íslenskrar tónlistarsögu sem sinnt gæti fyrirspurnum um hana á netinu.

Stokkseyri er steinsnar frá þéttbýlustu svæðum landsins og með væntanlegum suðurstrandarvegi yrði safn þetta staðsett sem hornsteinn í nýjum menningarhring út frá suðvesturhorni landsins og mundi henta vel skólanemendum sem almenningi. Með stofnun og starfrækslu þessa safns yrði tónlistinni í fyrsta sinn gert jafnhátt undir höfði og öðrum menningargreinum þjóðarinnar og minningu þeirra sem ruddu brautina reistur veglegur minnisvarði. Á sama hátt má hugsa sér möguleika á Eyrarbakka í tengslum við Húsið og þær byggingar sem Byggðasafn Árnesinga hefur yfir að ráða.

Segja má að á tuttugustu öldinni sé fyrst hægt að tala um hljóðfæratónlist á Íslandi. Á þeirri öld og öldunum á undan var tónlistariðkun á Íslandi aðallega bundin söngnum og væri leikið á hljóðfæri var það gert til að styðja eða leika með söng. Á fyrstu áratugum tuttugustu aldar var einnig oft talað um söngsali þar sem tónleikahald fór fram og var það aðallega bundið einsöngs- og kórtónlist. Það var einnig fyrst upp úr aldamótunum að íslensk tónskáld fóru að gefa út

sönglög sín á nótum að einhverju ráði. Breiddust þau skjótt um landið og voru þessi nýju íslensku lög sungin af allri þjóðinni, mörg þeirra eru það enn.

Fyrir kom að hingað slæddist „einstaka söngfugl", þ.e. hingað komu erlendir söngvarar og hljóðfæraleikarar og héldu hér tónleika í upphafi aldarinnar, en vart var hægt að tala um að meðal Íslendinga væri að finna hljóðfæraleikara framan af, að undanskildum Sveinbirni Sveinbjörnssyni og Haraldi Sigurðssyni, en þeir bjuggu báðir erlendis. Þó höfðu nokkrar konur lært að leika á píanó og komu þær aðallega fram sem undirleikarar á söngtónleikum. Þegar leið á annan og þriðja áratuginn fór að bera á menntuðum íslenskum píanó- og fiðluleikurum.

Þegar Sigfús Einarsson og Páll Ísólfsson fluttust til Íslands fóru að heyrast raddir þess efnis, bæði á fundum og í blaðaskrifum, að gera yrði átak til uppbyggingar tónlistarlífinu; bæta yrði söngkennslu í skólum og stofna yrði tónlistarskóla og hljómsveit. Þórarinn Guðmundsson gerði tilraun til stofnunar Hljómsveitar Reykjavíkur árið 1921 en starfsgrundvöllur slíkrar hljómsveitar var þá ekki fyrir hendi. Árið 1925 er stofnuð hljómsveit að nýju, undir sama heiti, og nú undir stjórn Sigfúsar Einarssonar. Þessar hljómsveitir, en í þeim voru að mestu sömu menn irnir, voru upptaktur að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands um miðja öldina.

Alþingishátíðin árið 1930 var viðburðaríik og áhrifamikil hvað varðar tónlistarlífið. Sú áhersla sem lögð var á að hér léki hljómsveit, að mestu skipuð Íslendingum, varð til þess að hingað voru ráðnir hæfir erlendir stjórnendur. Fyrstur var ráðinn Johannes Velden (1929) til að kenna hljómsveitarmeðlimum, en stærsta skrefið var stigið þegar Franz Mixa var ráðinn til að stjórna hljómsveitinni á sjálfri hátíðinni. Hann samþykkti að koma hingað til lands að nýju um haustið ef stofnaður yrði tónlistarskóli og nýttu menn til þess hinn mikla félagsanda sem skapast hafði í kringum Alþingishátíðina. Það má til sanns vegar færa að meðlimir Hljómsveitar Reykjavíkur hafi stofnað Tónlistarskólann í Reykjavík haustið 1930. Er rekstur skólans var kominn í þrot 1932 var stofnað styrktarfélag um rekstur hans sem fékk heitið Tónlistarfélagið. Tónlistarskólinn átti síðar eftir að skila farsælu starfi á öldinni, ekki síst fyrir tilstilli frábærra kennara sem að honum völdust, bæði innlendra og erlendra.

Við stofnun Ríkisútvarpsins haustið 1930 jókst aðgangur almennings að klassískri tónlist og varð útvarpið eins konar óbein uppeldisstofnun landsmanna í tónlist, sem og á öðrum sviðum. Hefur „gufan" alla tíð frá stofnun átt sér stóran hóp velvildarmanna þó svo að samtímis hafi heyrst raddir er kvörtuðu sífellt undan „sinfóníugauli" og vildu heyra harmonikkutónlist í staðinn.

Tónlistarfélagið varð ekki aðeins styrktarfélag um rekstur Tónlistarskólans, heldur sá félagið, með tímanum, um umfangsmikið tónleikahald næstu 50 árin. Voru á vegum þess settar upp óperettur og óperur, hingað komu erlendir tónlistarflytjendur, einstaklingar og hópar, og má segja að tónleikahald Tónlistarfélagsins hafi opnað félögum þess tónlistarglugga inn í tónbókmenntir klassíska og rómantíska tímans með bestu fáanlegu flytjendum hverju sinni.

Annað félag hefur staðið reglulega að tónlistarflutningi eftir miðja öldina, en það er Kammermúsíkklúbbutinn. Fyrsti klúbburinn með því heiti var stofnaður 1945 og stóð að tónleikahaldi um hríð. Nýr klúbbur með sama heiti var svo stofnaður 1957 og hefur staðið myndarlega að flutningi á kammertónlist æ síðan.

Framan af voru réttindamál tónlistarmanna í ólestri. Þó fengu kennarar sem kenndu við Tónlistarskólann, og voru um leið Tónlistarfélagsmenn, laun fyrir sína vinnu, einnig fyrir leik sinn í Hljómsveit Reykjavíkur eftir að Tónlistarfélagið tók við henni við stofnun þess. Utanfélagsmenn börðust fyrir tilveru sinni, ekki aðeins í hljómsveitinni heldur einnig á dans- og kaffihúsum því að finna þótti að kynna erlend nöfn á slíkum stöðum. Þetta ástand varð til þess að hagsmunafélag hljóðfæraleikara, Félag íslenskra hljómlistarmanna – FÍH – var stofnað árið 1932. Hefur það æ síðan barist fyrir réttindum félagsmanna sinna. Síðar kom annað slíkt félag,

Félag íslenskra tónlistarmanna, en innan þess félags voru hljóðfæraleikarar sem flestir höfðu sótt framhaldsnám erlendis. Fæstir þeirra komust inn í FÍH því inntökuskilyrðin voru m.a. þau að geta leikið dægurtónlist eftir eyranu, en það gátu þeir fæstir eða vildu a.m.k. ekki segja frá því.

Þegar leið á fimmta áratuginn vænkaðist hagur tónskáldanna hvað varðar réttindamál þeirra því árið 1945 var stofnað Tónskáldafélag Íslands og þremur árum síðar Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar – STEF. Hafa þessi félög æ síðan unnið að réttindamálum tónskálda í landinu og barist fyrir auknum flutningi á tónlist félagsmanna auk þess að gæta hagsmuna þeirra.

Árið 1950 var sögulegt, einnig á sviði tónlistar. Það ár var Þjóðleikhúsið tekið í notkun sem um leið opnaði leið til umfangsmeira tónleikahalds en áður hafði verið. Strax frá upphafi var ráðist í óperettu- og óperusýningar og voru þær fluttar nokkuð reglulega fram yfir 1960, en eftir það voru þær mjög stopular.

Árið 1950 er einnig sögulegt því að þá var stofnuð sinfóníuhljómsveit. Hljómsveit Reykjavíkur lagði smám saman upp laupana og hélt hún sína síðustu tónleika undir því heiti árið 1949. Tónlistarfélagið hafði ekki lengur fjárhagslegt bolmagn til að standa eitt að rekstri slíkrar hljómsveitar og varð að hætta honum. Varð Ríkisútvarpið helsti rekstraraðili hinnar nýju hljómsveitar og hefur æ síðan varið sterkur bakhjarl hennar. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur vaxið jafnt og þétt með árunum og er í dag þekkt víða um heim fyrir vandaðan flutning sinn, bæði á tónleikum og í útgefnum hljóðritunum.

Segja má að hin svokallaða nútímatónlist, þ.e. tónlist sem samin er á tuttugustu öldinni, hafi fyrst af alvöru farið að heyrast hér á landi árið 1960 er félagsskapurinn Musica Nova hóf reglulegt tónleikahald sitt. Félag þetta var stofnað af skapandi og flytjandi listamönnum, þ.e. ungum tónskáldum og hljóðfæraleikurum sem verið höfðu við framhaldsnám erlendis í greinum sínum en fengu hvergi inni með tónlist sína – og alls ekki hjá Tónlistarfélaginu. Félag þetta var grasrótarhreyfing og starfaði til ársins 1973. Félag þetta hefur aldrei verið lagt niður, en síðar var stofnað annað félag með sama nafni sem vann að sömu markmiðum. Vegna breyttra aðstæðna í tónlistarheiminum hefur hvorugt þessara félaga verið virkt um hríð.

Íslensk tónskáld áttu lengi framan af í örðugleikum með að fá verks sín útgefin og kynnt fyrir hinum stóra heimi. Tónskáldin voru misdugleg við að fá verk sín prentuð og er það m.a. ástæðan fyrir því að enn eru mörg íslensk tónverk aðeins til í handritum.

Árið 1968 stofnuðu íslensk tónskáld útgáfufélag sem fékk heitið Íslensk tónverkamiðstöð og var hún stofnuð að fyrirmynd slíkra félaga erlendis. Má segja að miðstöðin hafi vaxið hægt, en þétt og örugglega, og vinnur hún nú að blómlegri útgáfu á íslenskri tónlist, bæði á nótum og í hljóðritunum eftir því sem rekstrarrammi hennar leyfir.

Tónleikahald hefur verið öflugt allt frá því að Tónlistarfélagið hóf reglulegt tónleikahald sitt árið 1937. Árið 1970 hófst svo nýr þáttur í íslensku tónleikahaldi þegar listahátíðunum var hrundið af stað. Þá voru skapaðar aðstæður til hátíðar á „heimsvísu“, með því að ekki aðeins komu helstu tónlistarflytjendur heimsins hingað og héldu tónleika heldur komu listamenn úr öðrum listgreinum og sýndu og fluttu okkur list sína. Þessi hátíð hefur verið haldin annað hvert ár æ síðan.

Svo ríkt hefur tónlistarlífið verið á seinasta fjórðungi aldarinnar að fátt eitt af því verður talið upp hér. Þó mætti draga saman hluti eins og tónlistarflutning Kammersveitar Reykjavíkur og margra annarra samspilshópa, stofnun og starfsemi íslenskrar óperu, tónlistarhátíðir, t.d. á Kirkjubæjarklaustri, í Reykholti, á Egilsstöðum og víðar um land, stofnun sinfóníuhljómsveitar á Akureyri, tónleikahald á vegum Tónskáldafélagsins, Myrka músíkdaga, ErkiTíð og tónleikahald í kirkjum eins og Hallgrímskirkju, Dómkirkjunni, Langholtskirkju og víðar. Einnig má

nefna öflugt kórstarf, bæði blandaðra kóra og karla- og barnakóra, öflugt starf tónlistarskóla og lúðrasveita og stóraukna útgáfu á hljóðritunum á verkum tónskáldanna, svo og með leik flytjenda.

Hér hefur aðeins verið minnst á nokkra þætti í hinni almennu þróun tónlistarmálanna hér á landi á þessari öld. Að lokum má benda á fyrirsögn sem birtist í tímaritinu Þjóðólfi 23. september árið 1881 en hún hljóðar svo: „Um hús til sönglegra skemmtana, gleðileika o.fl. handa bæjarbúum.“ Er það ekki þetta hús sem við erum enn þá að berjast fyrir?

662. Tillaga til þingsályktunar [405. mál]

um endurheimt Drekkingarhyls í Almannagjá.

Flm.: Mörður Árnason, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, að láta kanna hvernig Drekkingarhylur í Almannagjá getur heimt aftur sinn forna svip.

Greinargerð.

Þingvellir eru einstæður staður að náttúru og sögu. Innan þinghelginnar fer víða ágætavel saman hin náttúrlega sköpun og framlag mannshandarinnar og má nú heita að hvorugt geti án annars verið.

Nokkrar undantekningar eru þó á þessu fagurlega samræmi, og hafa áar okkar á stöku stað ekki gætt þess í framkvæmdagleði sinni að taka nægilegt tillit til umhverfisins og hinnar sögulegu arfleifðar.

Svo er háttað um Drekkingarhyl nyrst í Almannagjá þar sem nú er grunnur pollur sem stendur illa undir nafni. Áður var hér djúpur hylur eða svelgur framan við þröngt klettahaft og féll áin yfir það í talsverðum fossi sem í heimildum er helst kallaður Neðrifoss. Konur sem fundnar voru brotlegar við ákvæði Stóradóms um óhæfu og fordæðuskap voru settar í hærusekk og drekkt í hylnum, sennilega kastað í hann austanmegin af klettunum, og sá svelgurinn um það með iðuköstum sínum að dauðastríð þeirra tæki fljótt af.

Breytingar við Drekkingarhyl eiga sér þá sögu að árið 1911 var ákveðið að leggja steinbrú yfir Öxará framan hylsins í stað trébrúar sem þar hafði verið lögð 1897. Við brúarsmíðina var farið fram af allmiklum ákafa, enda komin sú öld að „þótt þjaki böl með þungum hramm / þrátt fyrir allt þú skalt, þú skalt samt fram“ og skipti þá minna máli hvað fyrir varð. Við brúargerðina var allmikið af gjárhaftinu sprengt í loft upp með dínamíti og var þá burtu í senn fossbrúnin og hylbarmurinn. Vatnsborð hylsins lækkaði og hinn fagri Neðrifoss breyttist í flúð. Við síðari endurbætur á brúnni hvarf enn meira af klettasnösinni, þar á meðal sú bríkin sem hinum gæfusnauðu konum var hrundið fram af.

Mannvirkið sem þarna var reist kallar Björn Th. Björnsson listfræðingur „[einhverja] ófegurstu brú sem getur“ í bók sinni um Þingvelli sem hér er stuðst við (*Þingvellir, staðir og leiðir*, Reykjavík 1984), en brúin er sögð bæði „smekklaus og klunnaleg“ í greinargerð með frumvarpi um friðun Þingvalla frá 1928. Þessi brú er í núverandi gerð orðin með öllu óþörf þar sem umferð bifreiða hefur fyrir alllöngu verið bægt frá Almannagjá.

Ekki er hægt að endurskapa Drekkingarhyl og nágrenni hans í upphaflegri mynd. Unnt er þó að bæta að nokkru fyrir þá eyðilegging sem orðin er. Björn Th. Björnsson leggur í bók sinni

fram þessa tillögu (bls. 73): „Brú þessa verður að fjarlægja, en leggja í stað yfir svipfallega göngubrú, og hækka þarf árhaftið, svo hvorttveggja, hylur og foss, heimti aftur sinn forna svip.“

Þannig yrði þessu náttúruvætti innan þinghelginnar sýndur sá sómi sem við á, og væri við hæfi að helga þetta verk minningu þeirra kvenna sem hér mættu örlögum sínum. Í þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að kannað verði hvort hægt er með góðu móti að gera veruleika úr þessari tillögu — eða kröfu — Björns Th. Björnssonar og lagt fjárhagsmat á þá kosti sem til greina koma.

663. Tillaga til þingsályktunar [406. mál]

um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. desember 1997 og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 9. desember 1999.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Hryðjuverkaárásin á Bandaríkin 11. september 2001 hefur kallað á hörð viðbrögð ríkja heims og hvatt þau til að leita allra tiltækra leiða til þess að efla varnir gegn hryðjuverkum og tryggja öryggi borgara. Hryðjuverk þessi hafa vakið ríki til vitundar um að hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi eru orðin ein mesta ógn sem steðjar að friði í heiminum og um það gífurlega manntjón og eignatjón sem hryðjuverk geta valdið. Þær aðferðir sem hryðjuverkamenn beita hafa einnig vakið sérstakan ugg þar sem þeir virðast ekki hika við að tortíma sjálfum sér til þess að ná fram markmiðum sínum. Hefðbundin sjónarmið um varnaðaráhrif þess að leggja þungar refsingar við hryðjuverkum eiga því ekki við með sama hætti og áður. Enn fremur veldur áhyggjum að skipulögð starfsemi hryðjuverkahópa nær til margra ríkja í senn og mikið fjármagn streymir til hennar. Af framansögðu leiðir að brýnt hefur verið talið að kveða í alþjóðasamningum og innlendri refsilöggjöf á um markvissari úrræði í baráttunni gegn hryðjuverkum, ekki aðeins gagnvart gerendum sjálfum heldur einnig þeim sem leggja hryðjuverkastarfsemi lið, t.d. með fjármögnun hennar. Hefur m.a. verið talin rík þörf á að kveða skýrt á um að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé sjálfstæður refsiverður verknaður og setja reglur um skyldur fjármálastofnana þegar grunur leikur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu á bak við þau og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Í II. kafla er gefið yfirlit yfir alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum, fjölda aðildarríkja þeirra miðað við 6. desember 2001 og stöðu Íslands gagnvart þessum samningum. Eins og þar kemur fram er Ísland þegar aðili að meiri hluta samninganna, en stefnt er að fullgildingu þeirra samninga sem Ísland er ekki aðili að fyrir vorið 2002. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar þeirra tveggja samninga sem telja verður mikilvægasta af þeim hryðjuverkasamningum sem Ísland er ekki þegar aðili að. Annars vegar er um að ræða alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og er fjallað um hann í III. kafla. Hins vegar er um að ræða alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999 og er fjallað um hann í IV. kafla.

Fullgilding þessara tveggja alþjóðasamninga kallar á breytingar á lögum hér á landi. Dómsmálaráðuneytið hefur í undirbúningi frumvarp þar að lútandi sem dómsmálaráðherra mun leggja fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi. Í frumvarpinu verða lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Þess ber að geta að 28. september 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka o.fl. Ályktunin er samþykkt á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem heimilar ráðinu að taka ákvarðanir vegna sérstakrar nauðsynjar til að tryggja frið þegar talið er að heimsfriði sé stefnt í hættu. Ályktunin er þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir Ísland á sama hátt og alþjóðasamningur sem hefur verið fullgiltur af þess hálfu. Markmið ályktunarinnar er sambærilegt markmiði alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi en ályktunin gengur þó að sumu leyti lengra. Á grundvelli 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, var ályktuninni komið til framkvæmda hér á landi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 867 hinn 14. nóvember 2001. Gert er ráð fyrir að áðurnefnt lagafrumvarp dómsmálaráðherra, auk lagafrumvarps sem er í undirbúningi í viðskiptaráðuneytinu til þess að koma í framkvæmd ákvæðum ályktunar nr. 1373 (2001) sem varða skyldur fjármálastofnana, muni leysa auglýsinguna af hólmi, enda verði frumvörpin að lögum.

II. Yfirlit um alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum.

1. Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum/Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft, 14.9.1963.
   Fjöldi aðildarríkja: 172.
   Ísland gerðist aðili að samningnum 16. mars 1970 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 14. júní 1970, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1970.
2. Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara (Haag-samningur)/Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft (Hague), 16.12.1970.
   Fjöldi aðildarríkja: 174.
   Ísland gerðist aðili að samningnum 29. júní 1973 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 30. júlí 1973, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1973.
3. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, 23.9.1971.
   Fjöldi aðildarríkja: 175.
   Ísland gerðist aðili að samningnum 29. júní 1973 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 30. júlí 1973, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1973.
4. Samningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum/Convention on the Prevention and

Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents, 14.12.1973.
Fjöldi aðildarríkja: 112.
Ísland fullgilti samninginn 2. ágúst 1977 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. september 1977, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1977.

5. Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum/European Convention on the Suppression of Terrorism, 27.1.1977.
Fjöldi aðildarríkja: 36.
Ísland fullgilti samninginn 11. júlí 1980 og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 12. október 1980, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1980.
6. Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla/International Convention against the Taking of Hostages, 17.12.1979.
Fjöldi aðildarríkja: 102.
Ísland fullgilti samninginn 6. júlí 1981 og öðlaðist hann gildi 3. júní 1983, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 17/1981 og 3/1983.
7. Samningur um gæslu kjarnorkuefna/Convention on the Physical Protection of Nuclear Material, 3.3.1980.
Fjöldi aðildarríkja: 69.
Ísland er ekki aðili að samningnum, en stefnt er að aðild að honum fyrir vorið 2002.
8. Bókun við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, um að koma í veg fyrir ofbeldisverk á flugvöllum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation, supplementary to the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, 24.2.1988.
Fjöldi aðildarríkja: 107.
Ísland fullgilti bókunina 9. maí 1990 og öðlaðist hún gildi að því er Ísland varðar 8. júní 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1990.
9. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation, 10.3.1988.
Fjöldi aðildarríkja: 57.
Ísland er ekki aðili að samningnum, en stefnt er að aðild að honum fyrir vorið 2002.
10. Bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Fixed Platforms Located on the Continental Shelf, 10.3.1988.
Fjöldi aðildarríkja: 52.
Ísland er ekki aðili að bókuninni, en stefnt er að aðild að henni fyrir vorið 2002.
11. Samningur um merkingar á plastsprengiefni til auðkenningar á því/Convention on the Marking of Plastic Explosives for the Purpose of Detection, 1.3.1991.
Fjöldi aðildarríkja: 71.
Ísland er ekki aðili að samningnum, en stefnt er að aðild að honum fyrir vorið 2002.
12. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar/International Convention for the Suppression of Terrorist Bombings, 15.12.1997.
Fjöldi aðildarríkja: 45.
Ísland undirritaði samninginn 28. september 1998. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar samningsins.

13. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi/International Convention for the Suppression of the Financing of Terrorism, 9.12.1999.
Fjöldi aðildarríkja: 15.
Ísland undirritaði samninginn 1. október 2001. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar samningsins.

III. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. desember 1997. Samningurinn lá frammi til undirritunar frá 12. janúar 1998 til 31. desember 1999 og undirrituðu 58 ríki hann. Hann var undirritaður af Íslands hálfu 28. september 1998. Samningurinn öðlaðist gildi 23. maí 2001, þrjátíu dögum eftir afhendingu tuttugasta og annars fullgildingarskjalsins, en aðildarríki hans voru 6. desember 2001 orðin 45 talsins. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari.

Markmið samnings þessa er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkasprengingum. Samningurinn stefnir að því að refsiviðurlögum verði komið yfir þá sem fremja hryðjuverk með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum, t.d. útbreiðslu eiturefna eða smitandi sjúkdóma, geislavirkni og öðrum áþekkum aðferðum. Með því að gerast aðilar að samningnum skuldbinda ríki sig þess að fallast á ákveðnar skilgreiningar sem kveða á um að hryðjuverk sem framin eru með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum séu refsiverður verknaður sem teljist til alvarlegustu brota samkvæmt refsilöggjöf þeirra. Að auki eru í samningnum reglur um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð til þess að greiða fyrir því að unnt sé að koma fram refsingu gagnvart brotamönnum án tillits til þess hvar brotið er framið eða þjóðernis eða dvalarstaðar brotamanns.

Í 1. gr. samningsins, sem er eitt kjarnaákvæða hans, er að finna skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í ákvæðum samningsins til afmörkunar á refsiábyrgð vegna hryðjuverka sem aðildarríkjum er skylt að mæla fyrir um í landslögum sínum. Hugtökin lúta einkum að þeim stöðum eða starfsemi sem hryðjuverk beinast að og þeim aðferðum sem hryðjuverkamenn nota til að valda tjóni. Í 1. mgr. greinarinnar er þannig skilgreind „aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“, en þar er átt við hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra. Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið „almenningsmannvirki“, en með því er átt við öll mannvirki í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem veita eða dreifa þjónustu í þágu almennings, svo sem vatnsveitur, skolplagnir, orkuleiðslur, eldsneytisleiðslur eða samgöngumannvirki. Í 3. mgr. eru skilgreindar aðferðir hryðjuverkamanna sem aðildarríkjum er skylt að leggja refsingu við. Eru hugtökin „sprengja eða önnur lífshættuleg aðferð“ skilgreind í þessu skyni sem vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda mönnum bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með sprengingu eða íkveikju, ellegar vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með því að leysa frá sér eða dreifa eiturefnum, lífrænum efnum eða eitri eða áþekkum efnum, eða geislavirkni eða geislavirkum efnum.

Í 4. mgr. 1. gr. samningsins er skilgreint hugtakið „her ríkis“, en með því er átt við her ríkis sem skipulagður er, þjálfaður og útbúinn samkvæmt landslögum þess fyrst og fremst í því skyni að halda uppi landvörnum og öryggi, og menn sem eru hernum til stuðnings og lúta formlegu skipunarvaldi hans og stjórn og starfa á ábyrgð hans. Loks kveða 5. og 6. mgr. á um skilgrein-

ingu hugtakanna „almenningsstaðir“ og „almenningssamgöngukerfi“. Með almenningsstöðum er átt við þá hluta byggingar, landsvæðis, vegar, vatnaleiðar eða annars staðar sem aðgengilegir eru eða opnir almenningi, hvort sem það er alltaf, reglulega eða af og til, og falla þar undir staðir þar sem stunduð er verslun, atvinnurekstur eða menningarstarfsemi, sögustaðir, staðir til menntunar- eða trúariðkunar, opinberir stjórnarstaðir, skemmti- og frítímastaðir og áþekkir staðir sem eru aðgengilegir eða opnir almenningi. Með almenningssamgöngukerfi er átt við alla aðstöðu, samgöngutæki og búnað, hvort sem er í opinberri eigu eða í einkaeign, sem notuð eru til flutninga á fólki eða vörum og eru almenningi til afnota.

Annað helsta kjarnaákvæði samningsins er 2. gr. hans þar sem fram kemur ítarleg skilgreining á þeirri háttsemi sem telst afbrot í skilningi samningsins. Samkvæmt 1. mgr. fremur sá afbrot í skilningi samningsins sem með ólögmætum hætti og af ásetningi fer með sprengju eða með annarri lífshættulegri aðferð inn á, inn í eða gegn almenningsstað, aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda, almenningssamgöngukerfi eða almenningsmannvirki, kemur henni þar fyrir, gerir hana virka eða sprengir hana í þeim ásetningi að valda bana eða alvarlegu líkamstjóni, eða að valda umfangsmikilli eyðileggingu á viðkomandi stað, aðstöðu eða kerfi, og eyðileggingin veldur eða er líkleg til að valda miklu efnahagslegu tjóni. Í 2. mgr. er kveðið á um að tilraun til brots skv. 1. mgr. skuli einnig vera refsiverð. Í 3. mgr. er síðan mælt fyrir um að hlutdeild í afbroti skv. 1. eða 2. mgr. skuli vera refsiverð, svo og skipulagning eða stjórn á framkvæmd þess. Loks segir í c-lið 3. mgr. að það skuli einnig talið afbrot í skilningi samningsins að stuðla með einhverjum öðrum hætti að því að hópur manna, sem starfar að sameiginlegu markmiði, fremji eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr., enda sé það gert af ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, eða gert með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja slík brot.

Skoða verður skilgreiningar á refsiverðri háttsemi samkvæmt samningnum með hliðsjón af 4. gr. samningsins þar sem lýst er skyldum aðildarríkja til að gera afbrot sem fjallað er um í 2. gr. hans refsiverð samkvæmt landslögum sínum og leggja viðeigandi refsingu við þeim, þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra. Einnig verður að skoða ákvæði 2. gr. samningsins í ljósi 5. gr. hans. Þar er kveðið svo á að hvert aðildarríki skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samninginn, einkum ef þeim er ætlað eða þau eru við það miðuð að leiða til ógnarástands meðal almennings, hópa eða einstaklinga, séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga, og að fyrir þau sé refsað í samræmi við alvarleika þeirra.

Í 3. gr. samningsins er tekið fram að hann gildi ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður og fórnarlömb afbrotsins eru ríkisborgarar þess ríkis, hinn meinti brotamaður er á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu.

Fjallað er um refsilögsögu í 6. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar brotið er framið á yfirráðasvæði þess, brotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið, eða þegar brotið er framið af ríkisborgara þess. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. getur aðildarríki einnig aflað sér lögsögu vegna slíks afbrots þegar brotið er framið gegn ríkisborgara þess, brotið beinist gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldu sendiráði þess eða ræðisskrifstofu, brotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis, brotið er framið í viðleitni til að neyða viðkomandi ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða brotið er framið um borð í loftfari sem rekið er

á vegum þess ríkis. Í framangreindum tilvikum er um að ræða heimild fyrir aðildarríki að samningnum til að afla sér lögsögu en ekki fortakslausa skyldu. Samkvæmt 3. mgr. ber hverju aðildarríki þegar það fullgildir samninginn að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér að eigin landslögum í samræmi við 2. mgr. Í 4. mgr. 6. gr. er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota skv. 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr.

Í 7.–10. gr. samningsins, svo og 14. gr., eru ákvæði um rannsókn sakamáls vegna afbrota sem talin eru í samningnum, um framsal vegna slíkra brota og um alþjóðlega réttaraðstoð. Er hér um að ræða sambærileg ákvæði og eru í 6., 8., 10. og 11. gr. alþjóðasamnings um varnir gegn töku gísla frá 17. desember 1979, svo og 6.–10. gr. samnings um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, frá 14. desember 1973, en Ísland er eins og að framan greinir aðili að báðum þessum samningum.

Í 13. gr. samningsins er kveðið á um heimild til að flytja mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars aðildarríkis, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, ef óskað er nærveru hans þar til vitnisburðar, persónugreiningar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna til rannsóknar eða saksóknar vegna afbrota sem samningurinn tekur til. Er hér um að ræða sambærilegt ákvæði og í Evrópusamningi um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959 sem Ísland er aðili að.

Framangreind ákvæði um framsal og réttaraðstoð í alþjóðasamningnum um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar ber að skoða í ljósi 11. gr. hans sem fjallar um stjórnmálaafbrot. Samkvæmt þessu ákvæði má aðildarríki ekki líta á neitt það afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á grundvelli slíks afbrots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Bann þetta er fortakslaust og veitir aðildarríki ekki svigrúm til þess að meta hvort brot af þessu tagi geti talist stjórnmálaafbrot, eins og hefð er fyrir að unnt sé að gera fyrirvara um í alþjóðlegri samvinnu um framsal brotamanna.

Þrátt fyrir fortakslausa framsalsskyldu skv. 11. gr. er aðildarríki kleift á grundvelli 12. gr. að synja um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð þótt um brot skv. 2. gr. sé að ræða ef það hefur ástæðu til að ætla að beiðni þar að lútandi sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi mann til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða að það mundi af einhverri þessara ástæðna stefna stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

Í 15. gr. samningsins eru ákvæði um skyldu ríkja til að eiga samvinnu við önnur ríki til að koma í veg fyrir afbrot sem skilgreind eru í 2. gr. Sambærileg ákvæði er að finna í alþjóðasamningnum um varnir gegn töku gísla og samningnum um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum.

Í 16.–18. gr. samningsins eru ýmis ákvæði varðandi innbyrðis samskipti aðildarríkja til að tryggja að framkvæmd þeirra samræmist grundvallarreglum um jafnrétti fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og rétt ríkja til að ráða sínum innri málefnum.

Í 19. gr. samningsins er ákvæði þess efnis að samningurinn skuli engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og einstaklinga að þjóðarétti, einkum samkvæmt markmiðum og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra mannúðarlaga. Loks eru

ákvæði almenns eðlis í 20.–24. gr. samningsins um úrlausn deilumála varðandi túlkun eða beitingu samningsins og um undirritun, fullgildingu, gildistöku, uppsögn og frumtexta samningsins.

IV. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 9. desember 1999. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 10. janúar 2000 og mun liggja frammi til og með 31. desember 2001. Hinn 6. desember 2001 höfðu 125 ríki undirritað hann. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 1. október 2001. Aðildarríki samningsins voru 15 talsins 6. desember 2001, en hann mun öðlast gildi þrjátíu dögum eftir afhendingu tuttugasta og annars fullgildingarskjalsins. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari.

Markmið samnings þessa er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkum og fjölga úrræðum til þess að unnt verði að koma fram refsiviðurlögum gagnvart þeim sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Með aðild að samningnum gangast ríki undir skuldbindingar um að fallast á ákveðnar skilgreiningar varðandi tilflutning og öflun fjármuna með vitneskju um að þá skuli nota til hryðjuverkastarfsemi, og að slík háttsemi teljist afbrot sem þungar refsingar verði lagðar við, bæði gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Að auki leggur samningurinn þær skyldur á aðildarríki að skilgreina rúmt hlutdeild í fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Loks eru í samningnum ákvæði um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð sem stefna m.a. að því að unnt verði að koma fram refsiábyrgð án tillits til þess hvar brot er framið eða til þess hvar brotamaður dvelst.

Í 1. gr. samningsins eru skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í samningnum til þess að afmarka refsiábyrgð samkvæmt honum. Í 1. mgr. er hugtakið „fjármunir“ skilgreint, en með því er átt við eignir, hverjar sem er, áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, fasteignir eða lausafé, hvernig sem þeirra hefur verið aflað, og lagaleg skjöl í hvaða formi sem er, þar með talið í rafrænu eða stafrænu formi, sem sýna fram á eignarrétt yfir þeim eða rétt til þeirra, svo sem yfirdráttarheimildir, ferðatékka, bankatékka, peningaávísanir, hlutabréf, verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar og bankaábyrgðir. Í 2. mgr. er skilgreind „aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“ en með henni er átt við hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra. Er hér um að ræða samhljóða skilgreiningu og í 1. mgr. 1. gr. alþjóðasamningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar. Loks er hugtakið „ávinningur“ skilgreint í 3. mgr. 1. gr. sem fjármunir sem renna frá eða er aflað, beint eða óbeint, með afbroti sem fjallað er um í 2. gr. samningsins.

Kjarnaákvæði samningsins er í 2. gr. hans þar sem skilgreind er sú háttsemi sem aðildarríkjum er skylt að gera refsiverða en það er hvers konar fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. fremur sá maður afbrot í skilningi samningsins sem með einhverjum hætti, beint eða óbeint, en með ólögmætum hætti og af ásetningi, útvegar eða safnar fjármunum í því skyni að þeir verði notaðir, eða í vitneskju um að þeir skuli notaðir, að einhverju leyti eða öllu til að vinna:

a. verk sem felur í sér afbrot samkvæmt efni einhvers þeirra þjóðréttarsamninga sem tilgreindir eru í viðauka við samninginn og eins og þar er skilgreint, eða
b. eitthvert annað verk sem ætlað er að valda almennum borgara, eða öðrum manni sem ekki tekur þátt í vopnaviðskiptum í ófriði, bana eða alvarlegu líkamstjóni, ef tilgangur verksins

samkvæmt eðli þess eða samhengi er að ógna almenningi eða þvinga ríkisstjórn eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Skilgreining refsiábyrgðar skv. 1. mgr. er tvíþætt. Annars vegar er í a-lið vísað til fjárhagslegs stuðnings við háttsemi sem skilgreind er í fyrri alþjóðasamningum á vegum Sameinuðu þjóðanna og taldir eru í viðauka við samninginn, en samninga þessara var allra getið í yfirlitinu um alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum í II. kafla hér að framan. Hins vegar er í b-lið sett fram almenn skilgreining á hryðjuverki. Samkvæmt a-lið 2. mgr. getur aðildarríki að samningnum, sem ekki er aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum, lýst því yfir að við beitingu samnings þessa að því er það varðar skuli litið svo á að sá þjóðréttarsamningur sé ekki tilgreindur í viðauka þeim sem fjallað er um í a-lið 1. mgr. Yfirlýsingin skal falla úr gildi um leið og þjóðréttarsamningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. er það ekki skilyrði refsiábyrgðar skv. 1. mgr. að fjármunir hafi í raun verið notaðir til að fremja afbrot sem fjallað er um í a- eða b-lið ákvæðisins. Er ásetningurinn eða vitneskjan um að nota eigi fjármunina í þessu skyni því nægileg. Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu aðildarríkja til þess að gera refsiverða tilraun til að fremja afbrot skv. 1. mgr. Í 5. mgr. er lýst reglum um hlutdeild í brotum skv. 1. eða 4. mgr. Samkvæmt ákvæðinu skal það einnig teljast afbrot að eiga hlutdeild í broti skv. 1. eða 4. mgr., svo og að skipuleggja slíkt brot eða stjórna framkvæmd þess. Samkvæmt c-lið 5. mgr. telst það einnig vera brot að stuðla að því að hópur manna, er starfar að sameiginlegu markmiði, fremji eitt eða fleiri brot skv. 1. eða 4. mgr. Það skilyrði er sett að það sé gert með ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, enda feli starfsemin eða markmiðið í sér að framið sé afbrot skv. 1. mgr. þessarar greinar, ellegar með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja afbrot skv. 1. mgr.

Ákvæði 2. gr. um skilgreiningu afbrots samkvæmt samningnum ber að skoða með hliðsjón af 4. gr. samningsins sem kveður á um að hvert aðildarríki skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. refsiverð samkvæmt landslögum sínum og leggja viðeigandi refsingu við þeim brotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra. Einnig verður að skoða ákvæði 2. gr. í ljósi 5. gr. samningsins um ábyrgð lögaðila. Er í 1. mgr. 5. gr. kveðið á um að hvert aðildarríki skuli í samræmi við meginreglur landslaga sinna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að gera lögaðila á yfirráðasvæði þess eða stofnsettan samkvæmt lögum þess ábyrgan ef maður sem stjórnar eða stýrir lögaðilanum hefur í þeim starfa sínum framið brot sem tilgreint er í 2. gr. Ábyrgðin getur verið á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar. Er tekið fram í 2. mgr. 5. gr. að slíkri ábyrgð skuli lögaðili sæta án þess að hún hafi áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem brotin fremja. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki sérstaklega sjá til þess að lögaðilar sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við 1. mgr. séu beittir virkum viðurlögum á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar sem séu í samræmi við tilefni þeirra og feli í sér varnað, þar með töldum fjárhagslegum viðurlögum. Loks verður að skoða 2. gr. í ljósi 6. gr. samningsins sem kveður á um skyldur aðildarríkis til að tryggja að afbrot sem falla undir samninginn séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga.

Samkvæmt 3. gr. samningsins gildir hann ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður er ríkisborgari þess, er staddur á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu.

Ákvæði um refsilögsögu eru í 7. gr. samningsins. Aðildarríki ber skv. 1. mgr. skylda til að gera ráðstafanir svo að unnt sé að afla lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar brotið er framið á yfirráðasvæði þess, um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem

skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið eða það er framið af ríkisborgara þess. Samkvæmt 2. mgr. getur aðildarríki einnig aflað lögsögu vegna slíks brots í eftirfarandi tilvikum: brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. á yfirráðasvæði aðildarríkis eða gegn ríkisborgara þess; brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. og beinist gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldum sendiráðum þess eða ræðisskrifstofum; brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. og er framið í því skyni að neyða viðkomandi ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert; brotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis; eða brotið er framið um borð í loftfari á vegum þess ríkis. Í framangreindum tilvikum er um að ræða heimild fyrir aðildarríki að samningnum til að afla sér lögsögu en ekki fortakslausa skyldu. Samkvæmt 3. mgr. ber hverju aðildarríki þegar það fullgildir samninginn að tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér í samræmi við 2. mgr. Ákvæði 4. mgr. leggur þá skyldu á aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. Ef fleiri en eitt aðildarríki telja til lögsögu vegna slíkra brota skulu þau leitast við að samræma gerðir sínar á viðeigandi hátt, einkum hvað snertir skilyrði saksóknar og hvernig gagnkvæm réttaraðstoð skuli veitt, sbr. ákvæði 5. mgr. 7. gr. Loks er kveðið á um það í 6. mgr. 7. gr. að með fyrirvara um gildi almennra reglna þjóðaréttar útiloki samningurinn ekki að aðildarríki beiti hverri þeirri refsilögsögu sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um ráðstafanir sem aðildarríkjum ber að grípa til svo unnt verði að finna, greina og kyrrsetja eða leggja hald á fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja brot þau sem fjallað er um í 2. gr., svo og ávinning af slíkum brotum, með tilliti til hugsanlegrar upptöku síðar. Í 2. mgr. er kveðið á um að ríki skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upptæka slíka fjármuni og ávinning. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar skal hvert aðildarríki einnig taka til athugunar að koma á þeirri skipan að fjármagn, sem aflast hefur með upptöku, renni til þeirra sem hafa orðið fyrir brotum sem tilgreind eru í a- eða b- lið 1. mgr. 2. gr.

Í 9.–12. gr. og 17. gr. samningsins eru ýmis ákvæði sem varða rannsókn mála, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð. Er hér um að ræða ákvæði sambærileg 7.–10. og 14. gr. alþjóðasamningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem lýst er í III. kafla hér að framan, en þar er einnig vísað til ákvæða alþjóðasamnings um varnir gegn töku gísla og samnings um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum. Sú sérregla kemur þó fram í 2. mgr. 12. gr. að aðildarríki mega ekki hafna beiðni um gagnkvæma réttararaðstoð á grundvelli bankaleyndar.

Einnig eru í 16. gr. samningsins heimildir til þess að flytja mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars aðildarríkis ef óskað er nærveru hans þar til persónugreiningar, vitnisburðar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna til rannsóknar eða saksóknar vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr., ef hann gefur til þess upplýst samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja og viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjum samþykkja það. Sambærilegt ákvæði er í 13. gr. alþjóðasamningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og 11. gr. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

Ákvæði alþjóðasamningsins um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi um framsal og réttarastoð ber að skoða með hliðsjón af 13. og 14. gr. samningsins. Samkvæmt 13. gr. skal ekki litið á neitt það brot sem fjallað er um í 2. gr. sem skattabrot. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á þeirri forsendu einni að hún varði skattabrot. Eins segir í 14. gr. að ekki skuli litið á neitt það brot sem fjallað er um í 2. gr. sem

stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á grundvelli slíks brots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er aðildarríki kleift á grundvelli 15. gr. samningsins að synja um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð þótt um brot skv. 2. gr. sé að ræða ef það hefur ástæðu til að ætla að beiðni þar að lútandi sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi mann til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða að það mundi af einhverri þessara ástæðna stefna stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

Í 18. gr. eru ákvæði um skyldu ríkja til að eiga samvinnu við önnur ríki um að koma í veg fyrir afbrot sem skilgreind eru í 2. gr. Sambærileg ákvæði er að finna í alþjóðasamningnum um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar, alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla og samningi um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum. Þó gengur þetta ákvæði lengra að því leyti að skv. b-lið 1. mgr. skal ríki gera ráðstafanir þar sem þess er krafist af fjármálastofnunum og starfsgreinum þar sem fengist er við fjármálaviðskipti að beitt sé árangursríkustu aðferðum sem völ er á til að greina deili á reglulegum og tilfallandi viðskiptamönnum þeirra, svo og viðskiptamönnum sem fá reikninga opnaða í sína þágu, að sérstök athygli sé veitt óvenjulegum eða grunsamlegum viðskiptum og að tilkynnt sé um viðskipti sem grunur leikur á að eigi rætur að rekja til glæpastarfsemi. Í þessu skyni skulu aðildarríki taka til athugunar að setja reglur sem banna að reikningar séu opnaðir ef umráðamenn þeirra eða eigendur eru óþekktir eða ekki er unnt að greina hverjir þeir eru, og gera ráðstafanir til að tryggja að slíkar stofnanir sannreyni deili á raunverulegum eigendum. Eins skulu ríki krefjast þess af fjármálastofnunum, til að finna megi deili á lögaðilum, að þær geri þegar nauðsyn krefur ráðstafanir til að sannreyna að viðskiptaaðili sé til að lögum og hvert rekstrarform hans er með því að afla, annaðhvort úr opinberum skrám eða frá viðskiptaaðilanum eða hvort tveggja, sönnunar fyrir stofnun aðilans þar sem fram koma upplýsingar um nafn hans, rekstrarform og heimilisfang, hverjir stjórnendur hans eru og með hvaða hætti hann geti stofnað til skuldbindinga. Auk þess ber ríkjum að setja reglur sem leggja þá skyldu á fjármálastofnanir að tilkynna þegar í stað til viðeigandi yfirvalda um öll flókin, óvenjuleg og viðamikil viðskipti og óvenjuleg viðskiptamynstur sem ekki virðast hafa neinn efnahagslegan eða augljóslega löglegan tilgang og loks ber að gera fjármálastofnunum skylt að halda til haga öllum nauðsynlegum gögnum um viðskipti, innlend jafnt sem erlend, í að minnsta kosti fimm ár.

Í 19., 20. og 22. gr. eru ýmis ákvæði varðandi innbyrðis samskipti aðildarríkja til að tryggja að framkvæmd þeirra samræmist grundvallarreglum um jafnrétti fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra, og rétt ríkja til að ráða sínum innri málefnum.

Í 21. gr. samningsins er ákvæði þess efnis að hann skuli engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og einstaklinga að þjóðarétti, einkum samkvæmt markmiðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra mannúðarlaga.

Loks eru ákvæði almenns eðlis í 23.–28. gr. samningsins um breytingu á viðauka, úrlausn deilumála varðandi túlkun og beitingu samningsins, og um undirritun, fullgildingu, gildistöku, uppsögn og frumtexta samningsins.

Fylgiskjal I.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar.

Aðildarríki samnings þessa,

hafa í huga tilgang og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um að varðveita heimsfrið og öryggi og stuðla að velvild, vináttu og samvinnu meðal ríkja,

hafa miklar áhyggjur af vaxandi hryðjuverkastarfsemi í heiminum í hverri mynd sem hún birtist,

minnast yfirlýsingar í tilefni hálfrar aldar afmælis Sameinuðu þjóðanna hinn 24. október 1995,

minnast einnig yfirlýsingar um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi er fylgdi ályktun allsherjarþingsins nr. 49/60 frá 9. desember 1994 þar sem því er meðal annars lýst yfir að „aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ítreka með alvöruþunga eindregna fordæmingu sína á öllum aðgerðum, aðferðum og atferli hryðjuverkamanna sem glæpsamlegu og óréttlætanlegu, hvar sem þau eru framin og af hverjum sem þau eru framin, þar á meðal aðgerðum, aðferðum og atferli sem stefna í hættu vinsamlegum samskiptum ríkja og þjóða og ógna friðhelgi og öryggi ríkja“,

veita því athygli að í yfirlýsingunni eru aðildarríki einnig hvött til að „endurskoða án tafar umfang gildandi þjóðréttarreglna um varnir gegn hryðjuverkum, baráttu gegn þeim og útrýmingu þeirra, í hverri mynd sem þau birtast, í því skyni að tryggja að fyrir hendi sé lagalegur heildarrammi sem tekur til allra þátta málsins“,

minnast einnig ályktunar allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996 og yfirlýsingar til viðbótar yfirlýsingunni frá 1994 um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem fylgir ályktuninni,

veita því einnig athygli að árásir hryðjuverkamanna með sprengiefnum eða öðrum lífshættulegum aðferðum hafa orðið algengari,

veita því enn fremur athygli að ekki er brugðist við þessum árásum á fullnægjandi hátt með núgildandi fjölhliða réttarreglum,

eru sannfærð um að brýna nauðsyn beri til að auka samvinnu ríkja á milli við að móta og taka upp árangursríkar og hentugar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík hryðjuverk, sækja hryðjuverkamenn til saka og koma fram refsingu gagnvart þeim,

International Convention for the Suppression of Terrorist Bombings

The States Parties to this Convention,

Having in mind the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of good-neighbourliness and friendly relations and cooperation among States,

Deeply concerned about the worldwide escalation of acts of terrorism in all its forms and manifestations,

Recalling the Declaration on the Occasion of the Fiftieth Anniversary of the United Nations of 24 October 1995,

Recalling also the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, annexed to General Assembly resolution 49/60 of 9 December 1994, in which, inter alia, "the States Members of the United Nations solemnly reaffirm their unequivocal condemnation of all acts, methods and practices of terrorism as criminal and unjustifiable, wherever and by whomever committed, including those which jeopardize the friendly relations among States and peoples and threaten the territorial integrity and security of States",

Noting that the Declaration also encouraged States "to review urgently the scope of the existing international legal provisions on the prevention, repression and elimination of terrorism in all its forms and manifestations, with the aim of ensuring that there is a comprehensive legal framework covering all aspects of the matter",

Recalling further General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996 and the Declaration to Supplement the 1994 Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, annexed thereto,

Noting also that terrorist attacks by means of explosives or other lethal devices have become increasingly widespread,

Noting further that existing multilateral legal provisions do not adequately address these attacks,

Being convinced of the urgent need to enhance international cooperation between States in devising and adopting effective and practical measures for the prevention of such acts of terrorism, and for the prosecution and punishment of their perpetrators,

telja að það sé öllu hinu alþjóðlega samfélagi mikið áhyggjuefni að slík verk skuli vera framin,

veita því athygli að starfsemi herja ríkja lýtur reglum þjóðaréttar utan ramma þessa samnings og að þótt tilteknar aðgerðir falli ekki undir samning þennan leiðir ekki af því að aðgerðir, sem annars eru ólögmætar, séu umliðnar eða gerðar lögmætar, eða að ekki geti komið til saksóknar samkvæmt öðrum lögum,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

1. „Aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“ hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum millirríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra.

2. „Almenningsmannvirki“ öll mannvirki í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem veita eða dreifa þjónustu í þágu almennings, svo sem vatnsveitur, skolplagnir, orkuleiðslur, eldsneytisleiðslur eða samgöngumannvirki.

3. „Sprengja eða önnur lífshættuleg aðferð“:

(a) vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með sprengingu eða íkveikju; eða

(b) vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með því að leysa frá sér eða dreifa eiturefnum, lífrænum efnum eða eitri eða áþekkum efnum, eða geislavirkni eða geislavirkum efnum, eða blanda þessum efnum saman.

4. „Her ríkis“ her ríkis sem skipulagður er, þjálfaður og útbúinn samkvæmt landslögum þess í því skyni fyrst og fremst að halda uppi landvörnum og öryggi, og menn sem eru hernum til stuðnings og lúta formlegu skipunarvaldi hans og stjórn og starfa á ábyrgð hans.

5. „Almenningsstaðir“ þá hluta byggingar, landsvæðis, vegar, vatnaleiðar eða annars staðar sem aðgengilegir eru eða opnir almenningi, hvort sem það er alltaf, reglulega eða af og til, og falla þar undir staðir þar sem stunduð er verslun, atvinnurekstur eða menningarstarfsemi, sögustaðir, staðir til menntunar- eða trúariðkunar, opinberir stjórnarstaðir, skemmti- og frítímastaðir og áþekkir staðir sem aðgengilegir eru eða opnir almenningi.

Considering that the occurrence of such acts is a matter of grave concern to the international community as a whole,

Noting that the activities of military forces of States are governed by rules of international law outside the framework of this Convention and that the exclusion of certain actions from the coverage of this Convention does not condone or make lawful otherwise unlawful acts, or preclude prosecution under other laws,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. "State or government facility" includes any permanent or temporary facility or conveyance that is used or occupied by representatives of a State, members of Government, the legislature or the judiciary or by officials or employees of a State or any other public authority or entity or by employees or officials of an intergovernmental organization in connection with their official duties.

2. "Infrastructure facility" means any publicly or privately owned facility providing or distributing services for the benefit of the public, such as water, sewage, energy, fuel or communications.

3. "Explosive or other lethal device" means:

(a) An explosive or incendiary weapon or device that is designed, or has the capability, to cause death, serious bodily injury or substantial material damage; or

(b) A weapon or device that is designed, or has the capability, to cause death, serious bodily injury or substantial material damage through the release, dissemination or impact of toxic chemicals, biological agents or toxins or similar substances or radiation or radioactive material.

4. "Military forces of a State" means the armed forces of a State which are organized, trained and equipped under its internal law for the primary purpose of national defence or security, and persons acting in support of those armed forces who are under their formal command, control and responsibility.

5. "Place of public use" means those parts of any building, land, street, waterway or other location that are accessible or open to members of the public, whether continuously, periodically or occasionally, and encompasses any commercial, business, cultural, historical, educational, religious, governmental, entertainment, recreational or similar place that is so accessible or open to the public.

6. „Almenningssamgöngukerfi“ alla aðstöðu, samgöngutæki og búnað, hvort sem er í opinberri eigu eða í einkaeign, sem notuð eru til flutninga á fólki eða vörum og eru almenningi til afnota.

2. gr.

1. Sá fremur afbrot í skilningi samnings þessa sem með ólögmætum hætti og af ásetningi fer með sprengju eða með annarri lífshættulegri aðferð inn á, inn í eða gegn almenningsstað, aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda, almenningssamgöngukerfi eða almenningsmannvirki, kemur henni þar fyrir, gerir hana virka eða sprengir hana:

(a) í þeim ásetningi að valda bana eða alvarlegu líkamstjóni; eða
(b) í þeim ásetningi að valda umfangsmikilli eyðileggingu á viðkomandi stað, aðstöðu eða kerfi, og eyðileggingin veldur eða er líkleg til að valda miklu efnahagslegu tjóni.

2. Sá fremur einnig afbrot sem gerir tilraun til að fremja afbrot sem fjallað er um í 1. mgr.

3. Sá fremur einnig afbrot sem:

(a) á hlutdeild í afbroti sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr.; eða
(b) skipuleggur afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr. eða stjórnar framkvæmd þess; eða
(c) stuðlar með einhverjum öðrum hætti að því að hópur manna, sem starfar að sameiginlegu markmiði, fremur eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr., enda sé það gert af ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, eða gert með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja slík afbrot.

3. gr.

Samningur þessi gildir ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður og þeir sem fyrir afbrotinu verða eru ríkisborgarar þess ríkis, hinn meinti brotamaður er á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. samnings þessa fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu, en þó skulu ákvæði 10.–15. gr. gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við á.

4. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að:

6. "Public transportation system" means all facilities, conveyances and instrumentalities, whether publicly or privately owned, that are used in or for publicly available services for the transportation of persons or cargo.

Article 2

1. Any person commits an offence within the meaning of this Convention if that person unlawfully and intentionally delivers, places, discharges or detonates an explosive or other lethal device in, into or against a place of public use, a State or government facility, a public transportation system or an infrastructure facility:

(a) With the intent to cause death or serious bodily injury; or
(b) With the intent to cause extensive destruction of such a place, facility or system, where such destruction results in or is likely to result in major economic loss.

2. Any person also commits an offence if that person attempts to commit an offence as set forth in paragraph 1.

3. Any person also commits an offence if that person:

(a) Participates as an accomplice in an offence as set forth in paragraph 1 or 2; or
(b) Organizes or directs others to commit an offence as set forth in paragraph 1 or 2; or
(c) In any other way contributes to the commission of one or more offences as set forth in paragraph 1 or 2 by a group of persons acting with a common purpose; such contribution shall be intentional and either be made with the aim of furthering the general criminal activity or purpose of the group or be made in the knowledge of the intention of the group to commit the offence or offences concerned.

Article 3

This Convention shall not apply where the offence is committed within a single State, the alleged offender and the victims are nationals of that State, the alleged offender is found in the territory of that State and no other State has a basis under article 6, paragraph 1, or article 6, paragraph 2, of this Convention to exercise jurisdiction, except that the provisions of articles 10 to 15 shall, as appropriate, apply in those cases.

Article 4

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary:

(a) gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. samnings þessa refsiverð samkvæmt landslögum sínum;
(b) leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samning þennan, sérstaklega ef þeim er ætlað eða þau eru við það miðuð að leiða til ógnarástands meðal almennings, hópa eða einstaklinga, séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga, og að fyrir þau sé refsað í samræmi við alvarleika þeirra.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar:
(a) afbrotið er framið á yfirráðasvæði þess; eða

(b) afbrotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið; eða

(c) afbrotið er framið af ríkisborgara þess.

2. Aðildarríki getur einnig aflað sér lögsögu vegna slíks afbrots þegar:
(a) afbrotið er framið gegn ríkisborgara þess; eða

(b) afbrotið beinist gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldu sendiráði þess eða ræðisskrifstofu; eða

(c) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis; eða
(d) afbrotið er framið í viðleitni til að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert; eða
(e) afbrotið er framið um borð í loftfari sem rekið er á vegum þess ríkis.

3. Hvert aðildarríki skal, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér að eigin landslögum í samræmi við 2. mgr. Verði ein-

(a) To establish as criminal offences under its domestic law the offences set forth in article 2 of this Convention;
(b) To make those offences punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of those offences.

Article 5

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, including, where appropriate, domestic legislation, to ensure that criminal acts within the scope of this Convention, in particular where they are intended or calculated to provoke a state of terror in the general public or in a group of persons or particular persons, are under no circumstances justifiable by considerations of a political, philosophical, ideological, racial, ethnic, religious or other similar nature and are punished by penalties consistent with their grave nature.

Article 6

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when:
(a) The offence is committed in the territory of that State; or
(b) The offence is committed on board a vessel flying the flag of that State or an aircraft which is registered under the laws of that State at the time the offence is committed; or
(c) The offence is committed by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
(a) The offence is committed against a national of that State; or
(b) The offence is committed against a State or government facility of that State abroad, including an embassy or other diplomatic or consular premises of that State; or
(c) The offence is committed by a stateless person who has his or her habitual residence in the territory of that State; or
(d) The offence is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act; or
(e) The offence is committed on board an aircraft which is operated by the Government of that State.

3. Upon ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, each State Party shall notify the Secretary-General of the United Nations of the jurisdiction it has established in accordance with paragraph 2 under its domestic law. Should any

hver breyting þar á skal aðildarríkið þegar tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum.

4. Hvert aðildarríki skal á sama hátt gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr.

5. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki beiti hverri þeirri refsilögsögu sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

7. gr.

1. Er aðildarríki hafa borist upplýsingar um að maður, sem framið hefur afbrot sem fjallað er um í 2. gr. eða talinn er hafa gert það, kunni að vera staddur á yfirráðasvæði þess skal það gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera samkvæmt landslögum þess til að rannsaka þau atvik sem þar greinir.

2. Ef brotamaður eða meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það, er það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til að tryggja nærveru hans með tilliti til saksóknar eða framsals.

3. Hver sá sem ráðstafanir skv. 2. mgr. eru gerðar gagnvart á rétt á:

(a) að hafa tafarlaust samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisborgararétt eða þess ríkis sem á annan hátt er bært til að gæta réttinda hans, eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis sem yfirráðasvæði hefur þar sem hann dvelst að jafnaði;
(b) að fá vitjun fulltrúa þess ríkis;
(c) að vera skýrt frá réttindum sínum skv. a- og b-liðum.

4. Með réttindi þau sem tilgreind eru í 3. mgr. skal farið í samræmi við lög og reglur í því ríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, þó með þeim fyrirvara að þau lög og reglur nái að fullu þeim tilgangi sem réttindum þeim, sem kveðið er á um í 3. mgr., er ætlað að ná.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu í engu skerða rétt aðildarríkis sem krafist getur lögsögu skv. c-lið 1. mgr. eða c-lið 2. mgr. 6. gr. til að bjóða alþjóðanefnd Rauða krossins að hafa samband við hinn meinta brotamann og vitja hans.

6. Þegar aðildarríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar, beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, tilkynna þeim aðildarríkjum sem aflað hafa sér

change take place, the State Party concerned shall immediately notify the Secretary-General.

4. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite that person to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraph 1 or 2.

5. This Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

Article 7

1. Upon receiving information that a person who has committed or who is alleged to have committed an offence as set forth in article 2 may be present in its territory, the State Party concerned shall take such measures as may be necessary under its domestic law to investigate the facts contained in the information.

2. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the offender or alleged offender is present shall take the appropriate measures under its domestic law so as to ensure that person's presence for the purpose of prosecution or extradition.

3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 2 are being taken shall be entitled to:

(a) Communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which that person is a national or which is otherwise entitled to protect that person's rights or, if that person is a stateless person, the State in the territory of which that person habitually resides;
(b) Be visited by a representative of that State;
(c) Be informed of that person's rights under subparagraphs (a) and (b).

4. The rights referred to in paragraph 3 shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the offender or alleged offender is present, subject to the provision that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 are intended.

5. The provisions of paragraphs 3 and 4 shall be without prejudice to the right of any State Party having a claim to jurisdiction in accordance with article 6, subparagraph 1 (c) or 2 (c), to invite the International Committee of the Red Cross to communicate with and visit the alleged offender.

6. When a State Party, pursuant to this article, has taken a person into custody, it shall immediately notify, directly or through the Secretary-General of the United Nations, the States Parties which have

lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr., og, ef það telur rétt að gera svo, öðrum aðildarríkjum sem láta sig það varða, um að maðurinn sé í gæslu og um þau atvik sem réttlæta gæslu hans. Ríkið sem annast þá rannsókn sem ráðgerð er í 1. mgr. skal þegar skýra þeim aðildarríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

8. gr.

1. Í málum sem 6. gr. gildir um er því aðildarríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem meintur brotamaður er staddur skylt, undantekningarlaust og hvort sem afbrotið var framið á yfirráðasvæði þess eða ekki, að leggja málið án ástæðulausrar tafar fyrir viðeigandi yfirvöld sín til saksóknar með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess, nema hann sé framseldur. Þau yfirvöld skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og í öðrum alvarlegum brotamálum samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Heimili landslög aðildarríkis því aðeins að framselja eða láta á annan hátt af hendi eigin ríkisborgara með því skilyrði að hann verði sendur til baka til þess ríkis til að afplána refsingu sem honum var ákvörðuð eftir þau réttarhöld eða þá málsmeðferð sem framsals eða afhendingar hans var óskað út af, og bæði það ríki og ríkið sem framsals óskar fallast á það skilyrði og aðra skilmála sem þau kunna telja við eiga, nægir slíkt skilyrt framsal eða afhending til að uppfylla skyldu þá sem kveðið er á um í 1. mgr.

9. gr.

1. Litið skal svo á að afbrot sem fjallað er um í 2. gr. séu meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem í gildi eru milli aðildarríkja áður en samningur þessi öðlast gildi. Aðildarríki skuldbinda sig til að telja þau afbrot meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem síðar kunna að verða gerðir milli þeirra.

2. Þegar aðildarríki, sem gerir framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, tekur við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki framsalssamning við getur það aðildarríki sem við beiðninni tekur að eigin ákvörðun litið svo á að samningur þessi sé lagalegur grunnur framsals varðandi afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. Framsal skal háð þeim skilyrðum öðrum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem beiðninni er beint til.

3. Aðildarríki sem gera ekki framsalssamning að skilyrði fyrir framsali skulu viðurkenna þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem framsalsbrot sín á milli,

established jurisdiction in accordance with article 6, paragraphs 1 and 2, and, if it considers it advisable, any other interested States Parties, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant that person's detention. The State which makes the investigation contemplated in paragraph 1 shall promptly inform the said States Parties of its findings and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

Article 8

1. The State Party in the territory of which the alleged offender is present shall, in cases to which article 6 applies, if it does not extradite that person, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case without undue delay to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the law of that State.

2. Whenever a State Party is permitted under its domestic law to extradite or otherwise surrender one of its nationals only upon the condition that the person will be returned to that State to serve the sentence imposed as a result of the trial or proceeding for which the extradition or surrender of the person was sought, and this State and the State seeking the extradition of the person agree with this option and other terms they may deem appropriate, such a conditional extradition or surrender shall be sufficient to discharge the obligation set forth in paragraph 1.

Article 9

1. The offences set forth in article 2 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between any of the States Parties before the entry into force of this Convention. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be subsequently concluded between them.

2. When a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, the requested State Party may, at its option, consider this Convention as a legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 2. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 2 as extraditable

með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til.

4. Ef nauðsynlegt er skal hvað framsal milli aðildarríkja snertir farið með afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. eins og þau hefðu ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað, heldur einnig á yfirráðasvæði ríkja sem aflað hafa sér lögsögu skv. 1. og 2. mgr. 6. gr.

5. Litið skal svo á að ákvæði allra framsalssamninga og tilhögunarreglna um framsal milli aðildarríkja hvað varðar afbrot sem fjallað er um í 2. gr. hafi sætt breytingum þeirra á milli að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

10. gr.

1. Hvað snertir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. skulu aðildarríki veita hvert öðru sem mesta aðstoð í tengslum við rannsókn, saksókn og framsal, þar á meðal aðstoð við að afla sönnunargagna í vörslu þeirra sem nauðsynleg eru til reksturs máls.

2. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. í samræmi við þjóðréttarsamninga eða aðra tilhögun varðandi gagnkvæma réttaraðstoð sem fyrir hendi kann að vera milli þeirra. Sé ekki slíkum samningum eða tilhögun fyrir að fara skulu aðildarríki veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög sín.

11. gr.

Hvað snertir framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð skal ekki litið á neitt það afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Ekki má því hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíks afbrots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum.

12. gr.

Ekkert í samningi þessum skal túlkað þannig að það leggi á framsalsskyldu eða skyldu til að veita gagnkvæma réttaraðstoð ef það aðildarríki, sem beiðni um framsal vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. eða um gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíkra afbrota er beint til, hefur ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða að það mundi af einhverri þessara ástæðna stefna stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

offences between themselves, subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. If necessary, the offences set forth in article 2 shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in the territory of the States that have established jurisdiction in accordance with article 6, paragraphs 1 and 2.

5. The provisions of all extradition treaties and arrangements between States Parties with regard to offences set forth in article 2 shall be deemed to be modified as between State Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

Article 10

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with investigations or criminal or extradition proceedings brought in respect of the offences set forth in article 2, including assistance in obtaining evidence at their disposal necessary for the proceedings.

2. States Parties shall carry out their obligations under paragraph 1 in conformity with any treaties or other arrangements on mutual legal assistance that may exist between them. In the absence of such treaties or arrangements, States Parties shall afford one another assistance in accordance with their domestic law.

Article 11

None of the offences set forth in article 2 shall be regarded, for the purposes of extradition or mutual legal assistance, as a political offence or as an offence connected with a political offence or as an offence inspired by political motives. Accordingly, a request for extradition or for mutual legal assistance based on such an offence may not be refused on the sole ground that it concerns a political offence or an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.

Article 12

Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite or to afford mutual legal assistance, if the requested State Party has substantial grounds for believing that the request for extradition for offences set forth in article 2 or for mutual legal assistance with respect to such offences has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of that person's race, religion, nationality, ethnic origin or political opinion or that compliance with the request would cause prejudice to that person's position for any of these reasons.

13. gr.

1. Mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis má flytja til annars aðildarríkis ef óskað er nærveru hans þar til vitnisburðar, persónugreiningar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna til rannsóknar eða saksóknar vegna afbrota sem samningur þessi tekur til, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

(a) viðkomandi gefur til þess upplýst samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja; og
(b) viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjum samþykkja það, með þeim skilyrðum sem þau telja rétt að setja.

2. Hvað þessa grein snertir:

(a) ber því ríki sem maðurinn er fluttur til réttur og skylda til að hafa hann í gæslu nema aðildarríkið sem hann var fluttur frá óski annars eða heimili það;

(b) skal það ríki sem maðurinn er fluttur til án tafar uppfylla þá skyldu sína að endursenda hann í gæslu þess ríkis sem hann var fluttur frá, eins og viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjunum hafa samið um fyrirfram eða komið sér saman um á annan hátt;
(c) skal það ríki sem viðkomandi er fluttur til ekki krefjast þess að það ríki sem hann var fluttur frá höfði framsalsmál til að fá hann endursendan;

(d) skal sá tími sem hinn flutti er í gæslu í því ríki sem hann er fluttur til koma til frádráttar afplánun refsingar í því ríki sem hann var fluttur frá.

3. Hvert sem ríkisfang þess er sem flytja skal má ekki sækja hann til saka, setja hann í gæslu eða takmarka frelsi hans á nokkurn hátt á yfirráðasvæði þess ríkis sem hann er fluttur til, vegna verknaðar eða refsidóms frá því áður en hann fór frá yfirráðasvæði þess ríkis sem hann var fluttur frá, nema það aðildarríki samþykki sem hann skal fluttur frá samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Hverjum þeim, sem tekinn er í gæslu, aðrar ráðstafanir gerðar gagnvart eða málsmeðferð beinist að samkvæmt samningi þessum, skal tryggð réttlát meðferð, þar með talið að njóta allra þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um í landslögum þess aðildarríkis er hefur yfirráðasvæði þar sem viðkomandi er staddur og í viðeigandi reglum þjóðaréttar, þar með talið alþjóðlegum mannréttindalögum.

Article 13

1. A person who is being detained or is serving a sentence in the territory of one State Party whose presence in another State Party is requested for purposes of testimony, identification or otherwise providing assistance in obtaining evidence for the investigation or prosecution of offences under this Convention may be transferred if the following conditions are met:

(a) The person freely gives his or her informed consent; and
(b) The competent authorities of both States agree, subject to such conditions as those States may deem appropriate.

2. For the purposes of this article:

(a) The State to which the person is transferred shall have the authority and obligation to keep the person transferred in custody, unless otherwise requested or authorized by the State from which the person was transferred;
(b) The State to which the person is transferred shall without delay implement its obligation to return the person to the custody of the State from which the person was transferred as agreed beforehand, or as otherwise agreed, by the competent authorities of both States;
(c) The State to which the person is transferred shall not require the State from which the person was transferred to initiate extradition proceedings for the return of the person;
(d) The person transferred shall receive credit for service of the sentence being served in the State from which he was transferred for time spent in the custody of the State to which he was transferred.

3. Unless the State Party from which a person is to be transferred in accordance with this article so agrees, that person, whatever his or her nationality, shall not be prosecuted or detained or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in the territory of the State to which that person is transferred in respect of acts or convictions anterior to his or her departure from the territory of the State from which such person was transferred.

Article 14

Any person who is taken into custody or regarding whom any other measures are taken or proceedings are carried out pursuant to this Convention shall be guaranteed fair treatment, including enjoyment of all rights and guarantees in conformity with the law of the State in the territory of which that person is present and applicable provisions of international law, including international law of human rights.

15. gr.

Aðildarríki skulu eiga með sér samvinnu við að koma í veg fyrir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., einkum:

(a) með því að gera allar raunhæfar ráðstafanir, þar með talin aðlögun á landslögum sínum ef nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir og bregðast við því að undirbúningur fari fram á yfirráðasvæði þeirra til að fremja slík afbrot innan þess eða utan, þar á meðal með því að banna á yfirráðasvæði þeirra ólöglegar athafnir manna, hópa og samtaka sem hvetja til afbrota sem fjallað er um í 2. gr., eiga frumkvæði að þeim eða skipuleggja þau, fjármagna þau vitandi vits eða taka þátt í að fremja þau;

(b) með því að skiptast á nákvæmum og sannreyndum upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og á öðrum sviðum eftir því sem við á til að koma í veg fyrir afbrot sem fjallað er um í 2. gr.;

(c) eftir því sem við á með rannsóknum og þróun aðferða til að greina sprengiefni og önnur skaðleg efni sem valdið geta bana eða líkamstjóni, samráði um þróun staðla til að sérkenna sprengiefni svo að unnt sé að greina uppruna þeirra við rannsókn þar sem sprengingar hafa orðið, skiptum á upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir, og með samvinnu og miðlun á tækni, búnaði og tilheyrandi efnum.

Article 15

States Parties shall cooperate in the prevention of the offences set forth in article 2, particularly:

(a) By taking all practicable measures, including, if necessary, adapting their domestic legislation, to prevent and counter preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories, including measures to prohibit in their territories illegal activities of persons, groups and organizations that encourage, instigate, organize, knowingly finance or engage in the perpetration of offences as set forth in article 2;

(b) By exchanging accurate and verified information in accordance with their national law, and coordinating administrative and other measures taken as appropriate to prevent the commission of offences as set forth in article 2;

(c) Where appropriate, through research and development regarding methods of detection of explosives and other harmful substances that can cause death or bodily injury, consultations on the development of standards for marking explosives in order to identify their origin in post-blast investigations, exchange of information on preventive measures, cooperation and transfer of technology, equipment and related materials.

16. gr.

Aðildarríki þar sem meintur brotamaður er saksóttur skal, í samræmi við landslög sín eða viðeigandi málsmeðferðarreglur, skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá endanlegri niðurstöðu málsins, en hann skal senda öðrum aðildarríkjum þær upplýsingar.

Article 16

The State Party where the alleged offender is prosecuted shall, in accordance with its domestic law or applicable procedures, communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to the other States Parties.

17. gr.

Aðildarríki skulu uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þannig að það samræmist grundvallarreglum um jafnrétti fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og grundvallarreglunni um bann við afskiptum af innanríkismálum annarra ríkja.

Article 17

The States Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

18. gr.

Ekkert í samningi þessum veitir aðildarríki rétt til að fara með lögsögu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða sinna þar verkefnum er landslög þess ríkis fela yfirvöldum þess einum.

Article 18

Nothing in this Convention entitles a State Party to undertake in the territory of another State Party the exercise of jurisdiction and performance of functions which are exclusively reserved for the authorities of that other State Party by its domestic law.

19. gr.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og einstaklinga að þjóðarétti, einkum samkvæmt markmiðum og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra mannúðarlaga.

2. Aðgerðir herja í hernaði, eins og þau hugtök eru skilin í alþjóðlegum mannúðarlögum, falla ekki undir samning þennan að því leyti sem alþjóðleg mannúðarlög gilda um þær, og samningur þessi gildir ekki um aðgerðir hers ríkis sem falla undir opinber skyldustörf, að því leyti sem aðrar reglur þjóðaréttar gilda um þær.

20. gr.

1. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Geti þau ekki innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað komið sér saman um hvernig henni skuli hagað getur hvert viðkomandi ríki vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af 1. mgr. gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Ríki sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

21. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja frá 12. janúar 1998 til 31. desember 1999 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

3. Samningur þessi er opinn öllum ríkjum til aðildar. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

22. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgild-

Article 19

1. Nothing in this Convention shall affect other rights, obligations and responsibilities of States and individuals under international law, in particular the purposes and principles of the Charter of the United Nations and international humanitarian law.

2. The activities of armed forces during an armed conflict, as those terms are understood under international humanitarian law, which are governed by that law, are not governed by this Convention, and the activities undertaken by military forces of a State in the exercise of their official duties, inasmuch as they are governed by other rules of international law, are not governed by this Convention.

Article 20

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If, within six months from the date of the request for arbitration, the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice, by application, in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Any State which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 21

1. This Convention shall be open for signature by all States from 12 January 1998 until 31 December 1999 at United Nations Headquarters in New York.

2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. This Convention shall be open to accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 22

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of the deposit of the

ingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

23. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Uppsögn skal öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna veitir tilkynningunni viðtöku.

24. gr.

Frumriti samnings þessa, í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku, skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öllum ríkjum staðfest afrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan sem lagður var fram til undirritunar í New York 12. janúar 1998.

twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 23

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.

2. Denunciation shall take effect one year following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

Article 24

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention, opened for signature at New York on 12 January 1998.

Fylgiskjal II.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Inngangur.

Aðildarríki samnings þessa,

hafa í huga tilgang og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um að varðveita heimsfrið og öryggi og stuðla að velvild, vináttu og samvinnu meðal ríkja,

hafa miklar áhyggjur af vaxandi hryðjuverkastarfsemi í heiminum í hverri mynd sem hún birtist,

minnast yfirlýsingar í tilefni hálfrar aldar afmælis Sameinuðu þjóðanna í ályktun allsherjarþingsins nr. 50/6 frá 24. október 1995,

International Convention for the Suppression of the Financing of Terrorism

Preamble

The States Parties to this Convention,

Bearing in mind the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of good-neighbourliness and friendly relations and cooperation among States,

Deeply concerned about the worldwide escalation of acts of terrorism in all its forms and manifestations,

Recalling the Declaration on the Occasion of the Fiftieth Anniversary of the United Nations, contained in General Assembly resolution 50/6 of 24 October 1995,

minnast einnig allra viðeigandi ályktana allsherjarþingsins um þetta málefni, þar á meðal ályktunar nr. 49/60 frá 9. desember 1994 og viðauka við hana með yfirlýsingu um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ítrekuðu með alvöruþunga eindregna fordæmingu sína á öllum aðgerðum, aðferðum og atferli hryðjuverkamanna sem glæpsamlegu og óréttlætanlegu, hvar sem þau væru framin og af hverjum sem þau væru framin, þar á meðal aðgerðum, aðferðum og atferli sem stefna í hættu vinsamlegum samskiptum ríkja og þjóða og ógna friðhelgi og öryggi ríkja,

vekja athygli á að í yfirlýsingunni um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi voru ríki einnig hvött til að endurskoða án tafar umfang gildandi þjóðréttarreglna um varnir gegn hryðjuverkum, baráttu gegn þeim og útrýmingu þeirra, í hverri mynd sem þau birtast, í því skyni að tryggja að fyrir hendi sé lagalegur heildarrammi sem tekur til allra þátta málsins,

minnast ályktunar allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996, f-liðar 3. mgr., þar sem þingið skoraði á öll ríki að gera ráðstafanir til að koma með viðeigandi innanlandsaðgerðum í veg fyrir og sporna við því að fjármagn renni til hryðjuverkamanna og hryðjuverkasamtaka, hvort sem slík fjármögnun er bein eða óbein um hendur stofnana sem einnig hafa eða kveðast hafa mannúðleg, félagsleg eða menningarleg markmið, eða stofnana sem einnig stunda ólöglega starfsemi, svo sem vopnasmygl, eiturlyfjaverslun eða fjárkúgun, þar á meðal misnotkun á fólki til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, og sérstaklega taka til athugunar, þar sem við á, að setja reglur til að koma í veg fyrir og sporna við tilflutningi á fjármagni sem grunur leikur á að sé ætlað til hryðjuverka án þess að skerða að neinu leyti frelsi til lögmætra fjármagnsflutninga, og að auka skipti á upplýsingum varðandi flutning slíks fjármagns milli landa,

minnast einnig ályktunar allsherjarþingsins nr. 52/165 frá 15. desember 1997 þar sem þingið skoraði á ríki að taka til sérstakrar athugunar framkvæmd þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í a- til f-liðum 3. mgr. ályktunar sinnar nr. 51/210 frá 17. desember 1996,

minnist enn fremur ályktunar allsherjarþingsins nr. 53/108 frá 8. desember 1998 þar sem þingið fól sérnefndinni sem stofnuð var með ályktun allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996 að semja drög að alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi til viðbótar tengdum alþjóðlegum gerningum sem þegar eru fyrir hendi,

Recalling also all the relevant General Assembly resolutions on the matter, including resolution 49/60 of 9 December 1994 and its annex on the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, in which the States Members of the United Nations solemnly reaffirmed their unequivocal condemnation of all acts, methods and practices of terrorism as criminal and unjustifiable, wherever and by whomever committed, including those which jeopardize the friendly relations among States and peoples and threaten the territorial integrity and security of States,

Noting that the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism also encouraged States to review urgently the scope of the existing international legal provisions on the prevention, repression and elimination of terrorism in all its forms and manifestations, with the aim of ensuring that there is a comprehensive legal framework covering all aspects of the matter,

Recalling General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996, paragraph 3, subparagraph (f), in which the Assembly called upon all States to take steps to prevent and counteract, through appropriate domestic measures, the financing of terrorists and terrorist organizations, whether such financing is direct or indirect through organizations which also have or claim to have charitable, social or cultural goals or which are also engaged in unlawful activities such as illicit arms trafficking, drug dealing and racketeering, including the exploitation of persons for purposes of funding terrorist activities, and in particular to consider, where appropriate, adopting regulatory measures to prevent and counteract movements of funds suspected to be intended for terrorist purposes without impeding in any way the freedom of legitimate capital movements and to intensify the exchange of information concerning international movements of such funds,

Recalling also General Assembly resolution 52/165 of 15 December 1997, in which the Assembly called upon States to consider, in particular, the implementation of the measures set out in paragraphs 3 (a) to (f) of its resolution 51/210 of 17 December 1996,

Recalling further General Assembly resolution 53/108 of 8 December 1998, in which the Assembly decided that the Ad Hoc Committee established by General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996 should elaborate a draft international convention for the suppression of terrorist financing to supplement related existing international instruments,

telja að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé hinu alþjóðlega samfélagi í heild sinni mikið áhyggjuefni,

vekja athygli á að það fjármagn, sem hryðjuverkamenn geta útvegað sér, ræður því hve oft hryðjuverk eru framin og hversu alvarleg þau eru,

vekja einnig athygli á að núgildandi fjölhliða lagalegir gerningar beinast ekki að slíkri fjármögnun með beinum hætti,

eru sannfærð um að brýna nauðsyn beri til að auka samvinnu milli ríkja við að móta og taka upp árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og til að bregðast við henni með því að sækja þá sem að henni vinna til saka og koma fram refsingu gagnvart þeim,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

1. „Fjármunir" eignir, hverjar sem er, áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, fasteignir eða lausafé, hvernig sem þeirra hefur verið aflað, og lagaleg skjöl í hvaða formi sem er, þar með talið í rafrænu eða stafrænu formi, sem sýna fram á eignarrétt yfir þeim eða rétt til þeirra, svo sem yfirdráttarheimildir, ferðatékka, bankatékka, peningaávísanir, hlutabréf, verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar og bankaábyrgðir.

2. „Aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda" hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum millíríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra.

3. „Ávinningur" fjármuni sem renna frá eða er aflað, beint eða óbeint, með afbroti sem fjallað er um í 2. gr.

2. gr.

1. Sá maður fremur afbrot í skilningi samnings þessa sem með einhverjum hætti, beint eða óbeint, en með ólögmætum hætti og af ásetningi, útvegar eða safnar fjármunum í því skyni að þeir verði notaðir, eða í vitneskju um að þeir skuli notaðir, að einhverju leyti eða öllu til að vinna:

(a) verk sem felur í sér afbrot samkvæmt efni einhvers þeirra þjóðréttarsamninga sem tilgreindir eru í viðaukanum og eins og þar er skilgreint; eða

(b) eitthvert annað verk sem ætlað er að valda almennum borgara, eða öðrum manni sem ekki tekur þátt í vopnaviðskiptum í ófriði, bana eða alvarlegu líkamstjóni, ef tilgangur verksins samkvæmt eðli þess eða samhengi er að ógna

Considering that the financing of terrorism is a matter of grave concern to the international community as a whole,

Noting that the number and seriousness of acts of international terrorism depend on the financing that terrorists may obtain,

Noting also that existing multilateral legal instruments do not expressly address such financing,

Being convinced the urgent need to enhance international cooperation among States in devising and adopting effective measures for the prevention of the financing of terrorism, as well as for its suppression through the prosecution and punishment of its perpetrators,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. "Funds" means assets of every kind, whether tangible or intangible, movable or immovable, however acquired, and legal documents or instruments in any form, including electronic or digital, evidencing title to, or interest in, such assets, including, but not limited to, bank credits, travellers cheques, bank cheques, money orders, shares, securities, bonds, drafts and letters of credit.

2. "State or government facility" means any permanent or temporary facility or conveyance that is used or occupied by representatives of a State, members of Government, the legislature or the judiciary or by officials or employees of a State or any other public authority or entity or by employees or officials of an intergovernmental organization in connection with their official duties.

3. "Proceeds" means any funds derived from or obtained, directly or indirectly, through the commission of an offence set forth in article 2.

Article 2

1. Any person commits an offence within the meaning of this Convention if that person by any means, directly or indirectly, unlawfully and wilfully, provides or collects funds with the intention that they should be used or in the knowledge that they are to be used, in full or in part, in order to carry out:

(a) An act which constitutes an offence within the scope of and as defined in one of the treaties listed in the annex; or

(b) Any other act intended to cause death or serious bodily injury to a civilian, or to any other person not taking an active part in the hostilities in a situation of armed conflict, when the purpose of such act, by its nature or context, is

almenningi eða þvinga ríkisstjórn eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

2. (a) Aðildarríki sem ekki er aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum getur, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, lýst því yfir að við beitingu samnings þessa að því er það varðar skuli litið svo á að sá þjóðréttarsamningur sé ekki tilgreindur í viðauka þeim sem fjallað er um í a-lið 1. mgr. Yfirlýsingin skal falla úr gildi um leið og þjóðréttarsamningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar, en það skal tilkynna vörsluaðila um gildistökuna.

(b) Þegar aðildarríki hættir að vera aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum getur það gefið yfirlýsingu eins og kveðið er á um í þessari grein hvað þann samning varðar.

3. Ekki er nauðsynlegt til að háttsemi skv. 1. mgr. teljist afbrot að fjármunirnir hafi í raun verið notaðir til að fremja afbrot sem fjallað er um í a- eða b-lið 1. mgr.

4. Sá fremur einnig afbrot sem gerir tilraun til að fremja afbrot sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar.

5. Sá fremur einnig afbrot sem:

(a) á hlutdeild í afbroti sem fjallað er um í 1. eða 4. mgr. þessarar greinar;

(b) skipuleggur afbrot sem fjallað er um í 1. eða 4. mgr. þessarar greinar eða stjórnar framkvæmd þess;

(c) stuðlar að því að hópur manna, sem starfar að sameiginlegu markmiði, fremur eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 4. mgr. þessarar greinar. Skilyrði er að það sé gert af ásetningi og annaðhvort:

(i) í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, enda feli starfsemin eða markmiðið í sér að framið sé afbrot sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar; eða

(ii) með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja afbrot sem fjallað er um 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Samningur þessi gildir ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður er ríkisborgari þess, er staddur á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu, en þó skulu ákvæði 12.–18. gr. gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við á.

to intimidate a population, or to compel a government or an international organization to do or to abstain from doing any act.

2. (a) On depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, a State Party which is not a party to a treaty listed in the annex may declare that, in the application of this Convention to the State Party, the treaty shall be deemed not to be included in the annex referred to in paragraph 1, subparagraph (a). The declaration shall cease to have effect as soon as the treaty enters into force for the State Party, which shall notify the depositary of this fact.

(b) When a State Party ceases to be a party to a treaty listed in the annex, it may make a declaration as provided for in this article, with respect to that treaty.

3. For an act to constitute an offence set forth in paragraph 1, it shall not be necessary that the funds were actually used to carry out an offence referred to in paragraph 1, subparagraphs (a) or (b).

4. Any person also commits an offence if that person attempts to commit an offence as set forth in paragraph 1 of this article.

5. Any person also commits an offence if that person:

(a) Participates as an accomplice in an offence as set forth in paragraph 1 or 4 of this article;

(b) Organizes or directs others to commit an offence as set forth in paragraph 1 or 4 of this article;

(c) Contributes to the commission of one or more offences as set forth in paragraphs 1 or 4 of this article by a group of persons acting with a common purpose. Such contribution shall be intentional and shall either:

(i) Be made with the aim of furthering the criminal activity or criminal purpose of the group, where such activity or purpose involves the commission of an offence as set forth in paragraph 1 of this article; or

(ii) Be made in the knowledge of the intention of the group to commit an offence as set forth in paragraph 1 of this article.

Article 3

This Convention shall not apply where the offence is committed within a single State, the alleged offender is a national of that State and is present in the territory of that State and no other State has a basis under article 7, paragraph 1, or article 7, paragraph 2, to exercise jurisdiction, except that the provisions of articles 12 to 18 shall, as appropriate, apply in those cases.

4. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að:

(a) gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. refsiverð samkvæmt landslögum sínum;

(b) leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

5. gr.

1. Hvert aðildarríki skal í samræmi við meginreglur landslaga sinna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að gera lögaðila á yfirráðasvæði þess eða stofnsettan samkvæmt lögum þess ábyrgan ef maður sem stjórnar eða stýrir lögaðilanum hefur í þeim starfa sínum framið afbrot sem fjallað er um í 2. gr. Ábyrgðin getur verið á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar.

2. Slíkri ábyrgð skal sæta án þess að hún hafi áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem afbrotin fremja.

3. Hvert aðildarríki skal sérstaklega sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við 1. mgr., séu beittir virkum viðurlögum á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar sem séu í samræmi við tilefni þeirra og feli í sér varnað. Slík viðurlög geta m.a. verið fjárhagsleg.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samning þennan séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar:

(a) afbrotið er framið á yfirráðasvæði þess;

(b) afbrotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið;

(c) afbrotið er framið af ríkisborgara þess.

2. Aðildarríki getur einnig aflað lögsögu vegna slíks afbrots þegar:

(a) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. á yfirráða-

Article 4

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary:

(a) To establish as criminal offences under its domestic law the offences set forth in article 2;

(b) To make those offences punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of the offences.

Article 5

1. Each State Party, in accordance with its domestic legal principles, shall take the necessary measures to enable a legal entity located in its territory or organized under its laws to be held liable when a person responsible for the management or control of that legal entity has, in that capacity, committed an offence set forth in article 2. Such liability may be criminal, civil or administrative.

2. Such liability is incurred without prejudice to the criminal liability of individuals having committed the offences.

3. Each State Party shall ensure, in particular, that legal entities liable in accordance with paragraph 1 above are subject to effective, proportionate and dissuasive criminal, civil or administrative sanctions. Such sanctions may include monetary sanctions.

Article 6

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, including, where appropriate, domestic legislation, to ensure that criminal acts within the scope of this Convention are under no circumstances justifiable by considerations of a political, philosophical, ideological, racial, ethnic, religious or other similar nature.

Article 7

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when:

(a) The offence is committed in the territory of that State;

(b) The offence is committed on board a vessel flying the flag of that State or an aircraft registered under the laws of that State at the time the offence is committed;

(c) The offence is committed by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:

(a) The offence was directed towards or resulted in the carrying out of an offence referred to in

svæði þess eða gegn ríkisborgara þess, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;

(b) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldum sendiráðum þess eða ræðisskrifstofum, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;

(c) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. í viðleitni til að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;

(d) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis;

(e) afbrotið er framið um borð í loftfari sem rekið er á vegum þess ríkis.

3. Hvert aðildarríki skal, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér í samræmi við 2. mgr. Verði einhver breyting þar á skal aðildarríkið þegar tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum.

4. Hvert aðildarríki skal á sama hátt gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr.

5. Ef fleiri en eitt aðildarríki telja til lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. skulu þau leitast við að samræma gerðir sínar á viðeigandi hátt, einkum hvað snertir skilyrði saksóknar og hvernig gagnkvæm réttaraðstoð skuli veitt.

6. Með fyrirvara um gildi almennra reglna þjóðaréttar útilokar samningur þessi ekki að aðildarríki beiti hverri þeirri refsilögsögu sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

8. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við meginreglur landslaga sinna til að finna, greina og kyrrsetja eða leggja hald á fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., svo og ávinning af slíkum afbrotum, með tilliti til hugsanlegrar upptöku síðar.

2. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við meginreglur landslaga sinna til að

article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), in the territory of or against a national of that State;

(b) The offence was directed towards or resulted in the carrying out of an offence referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), against a State or government facility of that State abroad, including diplomatic or consular premises of that State;

(c) The offence was directed towards or resulted in an offence referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act;

(d) The offence is committed by a stateless person who has his or her habitual residence in the territory of that State;

(e) The offence is committed on board an aircraft which is operated by the Government of that State.

3. Upon ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, each State Party shall notify the Secretary-General of the United Nations of the jurisdiction it has established in accordance with paragraph 2. Should any change take place, the State Party concerned shall immediately notify the Secretary-General.

4. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite that person to any of the States Parties that have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 or 2.

5. When more than one State Party claims jurisdiction over the offences set forth in article 2, the relevant States Parties shall strive to coordinate their actions appropriately, in particular concerning the conditions for prosecution and the modalities for mutual legal assistance.

6. Without prejudice to the norms of general international law, this Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

Article 8

1. Each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic legal principles, for the identification, detection and freezing or seizure of any funds used or allocated for the purpose of committing the offences set forth in article 2 as well as the proceeds derived from such offences, for purposes of possible forfeiture.

2. Each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic legal principles,

gera upptæka fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., svo og ávinning af slíkum afbrotum.

3. Hvert aðildarríki sem í hlut á getur tekið til athugunar gerð samninga um að skipta á milli sín og annarra aðildarríkja, með reglubundnum hætti eða í einstökum tilvikum, fjármunum sem aflast hafa með upptöku samkvæmt þessari grein.

4. Hvert aðildarríki skal taka til athugunar að koma á skipan til að nota fjármagn, sem aflast hefur með upptöku samkvæmt þessari grein, til að greiða bætur til þeirra sem orðið hafa fyrir afbrotum sem tilgreind eru í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr., eða til fjölskyldna þeirra.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu framkvæmd þannig að þau skerði ekki réttindi þriðja manns í góðri trú.

9. gr.

1. Er aðildarríki hafa borist upplýsingar um að maður, sem framið hefur afbrot sem fjallað er um í 2. gr. eða talinn er hafa gert það, kunni að vera staddur á yfirráðasvæði þess skal það gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera samkvæmt landslögum þess til að rannsaka þau atvik sem þar greinir.

2. Ef brotamaður eða meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það, er það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til að tryggja nærveru hans með tilliti til saksóknar eða framsals.

3. Hver sá sem ráðstafanir skv. 2. mgr. eru gerðar gagnvart á rétt á:

(a) að hafa tafarlaust samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisborgararétt eða þess ríkis sem á annan hátt er bært til að gæta réttinda hans, eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis sem hefur yfirráðasvæði þar sem hann dvelst að jafnaði;
(b) að fá vitjun fulltrúa þess ríkis;
(c) að vera skýrt frá réttindum sínum skv. a- og b-liðum.

4. Með réttindi þau sem tilgreind eru í 3. mgr. skal farið í samræmi við lög og reglur í því ríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, þó með þeim fyrirvara að þau lög og reglur geri kleift að ná að fullu þeim tilgangi sem réttindum þeim, sem kveðið er á um í 3. mgr., er ætlað að ná.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu í engu skerða rétt aðildarríkis sem krafist getur lögsögu skv. b-lið 1. mgr. eða b-lið 2. mgr. 7. gr. til að bjóða alþjóðanefnd

for the forfeiture of funds used or allocated for the purpose of committing the offences set forth in article 2 and the proceeds derived from such offences.

3. Each State Party concerned may give consideration to concluding agreements on the sharing with other States Parties, on a regular or case-by-case basis, of the funds derived from the forfeitures referred to in this article.

4. Each State Party shall consider establishing mechanisms whereby the funds derived from the forfeitures referred to in this article are utilized to compensate the victims of offences referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), or their families.

5. The provisions of this article shall be implemented without prejudice to the rights of third parties acting in good faith.

Article 9

1. Upon receiving information that a person who has committed or who is alleged to have committed an offence set forth in article 2 may be present in its territory, the State Party concerned shall take such measures as may be necessary under its domestic law to investigate the facts contained in the information.

2. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the offender or alleged offender is present shall take the appropriate measures under its domestic law so as to ensure that person's presence for the purpose of prosecution or extradition.

3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 2 are being taken shall be entitled to:

(a) Communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which that person is a national or which is otherwise entitled to protect that person's rights or, if that person is a stateless person, the State in the territory of which that person habitually resides;
(b) Be visited by a representative of that State;
(c) Be informed of that person's rights under subparagraphs (a) and (b).

4. The rights referred to in paragraph 3 shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the offender or alleged offender is present, subject to the provision that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 are intended.

5. The provisions of paragraphs 3 and 4 shall be without prejudice to the right of any State Party having a claim to jurisdiction in accordance with

Rauða krossins að hafa samband við hinn meinta brotamann og vitja hans.

6. Þegar aðildarríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar, beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, tilkynna þeim aðildarríkjum sem aflað hafa sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. og, ef það telur rétt að gera svo, öðrum aðildarríkjum sem láta sig það varða, um að maðurinn sé í gæslu og um þau atvik sem réttlæta gæslu hans. Ríkið sem annast þá rannsókn sem ráðgerð er í 1. mgr. skal þegar skýra þeim aðildarríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

10. gr.

1. Í málum sem 7. gr. gildir um er því aðildarríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem meintur brotamaður er staddur skylt, undantekningarlaust og hvort sem afbrotið var framið á yfirráðasvæði þess eða ekki, að leggja málið án ástæðulausrar tafar fyrir viðeigandi yfirvöld sín til saksóknar með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess, nema hann sé framseldur. Þau yfirvöld skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og í öðrum alvarlegum brotamálum samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Heimili landslög aðildarríkis því aðeins að framselja eða láta á annan hátt af hendi eigin ríkisborgara með því skilyrði að hann verði sendur til baka til þess ríkis til að afplána refsingu sem honum var ákvörðuð eftir þau réttarhöld eða þá málsmeðferð sem framsals eða afhendingar hans var óskað út af, og bæði það ríki og ríkið sem framsals óskar fallast á það skilyrði og aðra skilmála sem þau kunna telja við eiga, nægir slíkt skilyrt framsal eða afhending til að uppfylla skyldu þá sem kveðið er á um í 1. mgr.

11. gr.

1. Litið skal svo á að afbrot sem fjallað er um í 2. gr. séu meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem í gildi eru milli aðildarríkja áður en samningur þessi öðlast gildi. Aðildarríki skuldbinda sig til að telja þau afbrot meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem síðar kunna að verða gerðir milli þeirra.

2. Þegar aðildarríki, sem gerir framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, tekur við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki framsalssamning við getur það aðildarríki sem við beiðninni tekur að eigin ákvörðun litið svo á að samningur þessi sé

article 7, paragraph 1, subparagraph (b), or paragraph 2, subparagraph (b), to invite the International Committee of the Red Cross to communicate with and visit the alleged offender.

6. When a State Party, pursuant to the present article, has taken a person into custody, it shall immediately notify, directly or through the Secretary-General of the United Nations, the States Parties which have established jurisdiction in accordance with article 7, paragraph 1 or 2, and, if it considers it advisable, any other interested States Parties, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant that person's detention. The State which makes the investigation contemplated in paragraph 1 shall promptly inform the said States Parties of its findings and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

Article 10

1. The State Party in the territory of which the alleged offender is present shall, in cases to which article 7 applies, if it does not extradite that person, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case without undue delay to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the law of that State.

2. Whenever a State Party is permitted under its domestic law to extradite or otherwise surrender one of its nationals only upon the condition that the person will be returned to that State to serve the sentence imposed as a result of the trial or proceeding for which the extradition or surrender of the person was sought, and this State and the State seeking the extradition of the person agree with this option and other terms they may deem appropriate, such a conditional extradition or surrender shall be sufficient to discharge the obligation set forth in paragraph 1.

Article 11

1. The offences set forth in article 2 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between any of the States Parties before the entry into force of this Convention. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be subsequently concluded between them.

2. When a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, the requested State Party may, at its option, consider this Convention as

lagalegur grunnur framsals varðandi afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. Framsal skal háð þeim skilyrðum öðrum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem beiðninni er beint til.

3. Aðildarríki sem gera ekki framsalssamning að skilyrði fyrir framsali skulu viðurkenna þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem framsalsbrot sín á milli, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til.

4. Ef nauðsynlegt er skal hvað framsal milli aðildarríkja snertir farið með afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. eins og þau hefðu ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað, heldur einnig á yfirráðasvæði ríkja sem aflað hafa sér lögsögu skv. 1. og 2. mgr. 7. gr.

5. Litið skal svo á að ákvæði allra framsalssamninga og tilhögunarreglna um framsal milli aðildarríkja hvað varðar afbrot sem fjallað er um í 2. gr. hafi sætt breytingum þeirra á milli að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

12. gr.

1. Hvað snertir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. skulu aðildarríki veita hvert öðru sem mesta aðstoð í tengslum við rannsókn, saksókn og framsal, þar á meðal aðstoð við að afla sönnunargagna í vörslu þeirra sem nauðsynleg eru til reksturs máls.

2. Aðildarríki mega ekki hafna beiðni um gagnkvæma réttaraðstoð á grundvelli bankaleyndar.

3. Aðildarríki sem leggur fram beiðni má ekki framsenda eða nota upplýsingar eða sönnunargögn sem látin eru í té af því aðildarríki sem beiðni er beint til við aðra rannsókn eða saksókn eða við önnur málaferli en tilgreint er í beiðninni, nema það aðildarríki sem henni er beint til hafi samþykkt það fyrir fram.

4. Hvert aðildarríki getur tekið til athugunar að koma á tilhögun til að deila með öðrum ríkjum upplýsingum eða sönnunargögnum sem þörf er á til að koma fram ábyrgð að refsirétti, skaðabótarétti eða stjórnsýslurétti skv. 5. gr.

5. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við þjóðréttarsamninga eða aðra tilhögun varðandi gagnkvæma réttaraðstoð eða upplýsingaskipti sem fyrir hendi kann að vera milli þeirra. Sé ekki slíkum samningum eða tilhögun fyrir að fara skulu aðildarríki veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög sín.

13. gr.

Hvað snertir framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð skal ekki litið á neitt það afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem skattabrot. Aðildarríki mega því ekki hafna

a legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 2. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 2 as extraditable offences between themselves, subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. If necessary, the offences set forth in article 2 shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in the territory of the States that have established jurisdiction in accordance with article 7, paragraphs 1 and 2.

5. The provisions of all extradition treaties and arrangements between States Parties with regard to offences set forth in article 2 shall be deemed to be modified as between States Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

Article 12

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal investigations or criminal or extradition proceedings in respect of the offences set forth in article 2, including assistance in obtaining evidence in their possession necessary for the proceedings.

2. States Parties may not refuse a request for mutual legal assistance on the ground of bank secrecy.

3. The requesting Party shall not transmit or use information or evidence furnished by the requested Party for investigations, prosecutions or proceedings other than those stated in the request without the prior consent of the requested Party.

4. Each State Party may give consideration to establishing mechanisms to share with other States Parties information or evidence needed to establish criminal, civil or administrative liability pursuant to article 5.

5. States Parties shall carry out their obligations under paragraphs 1 and 2 in conformity with any treaties or other arrangements on mutual legal assistance or information exchange that may exist between them. In the absence of such treaties or arrangements, States Parties shall afford one another assistance in accordance with their domestic law.

Article 13

None of the offences set forth in article 2 shall be regarded, for the purposes of extradition or mutual legal assistance, as a fiscal offence. Accordingly, States Parties may not refuse a request for extradition

beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á þeirri forsendu einni að hún varði skattabrot.

14. gr.

Hvað snertir framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð skal ekki litið á neitt það afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Ekki má því hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíks afbrots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum.

15. gr.

Ekkert í samningi þessum skal túlkað þannig að það leggi á framsalsskyldu eða skyldu til að veita gagnkvæma réttaraðstoð ef það aðildarríki, sem beiðni um framsal vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. eða um gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíkra afbrota er beint til, hefur ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi mann til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða að það mundi af einhverri þessara ástæðna stefna stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

16. gr.

1. Mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis má flytja til annars aðildarríkis ef óskað er nærveru hans þar til persónugreiningar, vitnisburðar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna til rannsóknar eða saksóknar vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr., ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

(a) viðkomandi gefur til þess upplýst samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja;
(b) viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjum samþykkja það, með þeim skilyrðum sem þau telja rétt að setja.

2. Hvað þessa grein snertir:

(a) ber því ríki sem maðurinn er fluttur til réttur og skylda til að hafa hann í gæslu nema aðildarríkið sem hann var fluttur frá óski annars eða heimili það;

(b) skal það ríki sem maðurinn er fluttur til án tafar uppfylla þá skyldu sína að endursenda hann í gæslu þess ríkis sem hann var fluttur frá, eins og viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjunum hafa samið um fyrirfram eða komið sér saman um á annan hátt;

or for mutual legal assistance on the sole ground that it concerns a fiscal offence.

Article 14

None of the offences set forth in article 2 shall be regarded for the purposes of extradition or mutual legal assistance as a political offence or as an offence connected with a political offence or as an offence inspired by political motives. Accordingly, a request for extradition or for mutual legal assistance based on such an offence may not be refused on the sole ground that it concerns a political offence or an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.

Article 15

Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite or to afford mutual legal assistance, if the requested State Party has substantial grounds for believing that the request for extradition for offences set forth in article 2 or for mutual legal assistance with respect to such offences has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of that person's race, religion, nationality, ethnic origin or political opinion or that compliance with the request would cause prejudice to that person's position for any of these reasons.

Article 16

1. A person who is being detained or is serving a sentence in the territory of one State Party whose presence in another State Party is requested for purposes of identification, testimony or otherwise providing assistance in obtaining evidence for the investigation or prosecution of offences set forth in article 2 may be transferred if the following conditions are met:

(a) The person freely gives his or her informed consent;
(b) The competent authorities of both States agree, subject to such conditions as those States may deem appropriate.

2. For the purposes of the present article:

(a) The State to which the person is transferred shall have the authority and obligation to keep the person transferred in custody, unless otherwise requested or authorized by the State from which the person was transferred;
(b) The State to which the person is transferred shall without delay implement its obligation to return the person to the custody of the State from which the person was transferred as agreed beforehand, or as otherwise agreed, by the competent authorities of both States;

(c) skal það ríki sem viðkomandi er fluttur til ekki krefjast þess að það ríki sem hann var fluttur frá höfði framsalsmál til að fá hann endursendan;

(d) skal sá tími sem hinn flutti er í gæslu í því ríki sem hann er fluttur til koma til frádráttar afplánun refsingar í því ríki sem hann var fluttur frá.

3. Hvert sem ríkisfang þess er sem flytja skal má ekki sækja hann til saka, setja hann í gæslu eða takmarka frelsi hans á nokkurn hátt á yfirráðasvæði þess ríkis sem hann er fluttur til, vegna verknaðar eða refsidóms frá því áður en hann fór frá yfirráðasvæði þess ríkis sem hann var fluttur frá, nema það aðildarríki samþykki sem hann skal fluttur frá samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Hverjum þeim, sem tekinn er í gæslu, aðrar ráðstafanir gerðar gagnvart eða málsmeðferð beinist að samkvæmt samningi þessum, skal tryggð réttlát meðferð, þar með talið að njóta allra þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um í landslögum þess aðildarríkis er hefur yfirráðasvæði þar sem viðkomandi er staddur og í viðeigandi reglum þjóðaréttar, þar með talið alþjóðlegum mannréttindalögum.

18. gr.

1. Aðildarríki skulu eiga með sér samvinnu við að koma í veg fyrir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. með því að gera allar raunhæfar ráðstafanir, þar með talin aðlögun á landslögum sínum ef nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir og bregðast við því að undirbúningur fari fram á yfirráðasvæði þeirra til að fremja slík afbrot innan þess eða utan, þar á meðal:

(a) ráðstafanir til að banna á yfirráðasvæði sínu ólöglegar athafnir manna og samtaka sem vitað er að hvetja til afbrota sem fjallað er um í 2. gr., eiga frumkvæði að þeim, skipuleggja þau eða fremja;

(b) ráðstafanir þar sem þess er krafist af fjármálastofnunum og starfsgreinum þar sem fengist er við fjármálaviðskipti að beitt sé árangursríkustu aðferðum sem völ er á til að greina deili á reglulegum og tilfallandi viðskiptamönnum þeirra, svo og viðskiptamönnum sem fá reikninga opnaða í sína þágu, að sérstök athygli sé veitt óvenjulegum eða grunsamlegum viðskiptum, og að tilkynnt sé um viðskipti sem grunur leikur á að eigi rætur að rekja til glæpastarfsemi. Í þessu skyni skulu aðildarríki taka til athugunar:

(i) að setja reglur sem banna að reikningar séu opnaðir ef umráðamenn þeirra eða eigendur

(c) The State to which the person is transferred shall not require the State from which the person was transferred to initiate extradition proceedings for the return of the person;

(d) The person transferred shall receive credit for service of the sentence being served in the State from which he or she was transferred for time spent in the custody of the State to which he or she was transferred.

3. Unless the State Party from which a person is to be transferred in accordance with the present article so agrees, that person, whatever his or her nationality, shall not be prosecuted or detained or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in the territory of the State to which that person is transferred in respect of acts or convictions anterior to his or her departure from the territory of the State from which such person was transferred.

Article 17

Any person who is taken into custody or regarding whom any other measures are taken or proceedings are carried out pursuant to this Convention shall be guaranteed fair treatment, including enjoyment of all rights and guarantees in conformity with the law of the State in the territory of which that person is present and applicable provisions of international law, including international human rights law.

Article 18

1. States Parties shall cooperate in the prevention of the offences set forth in article 2 by taking all practicable measures, inter alia, by adapting their domestic legislation, if necessary, to prevent and counter preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories, including:

(a) Measures to prohibit in their territories illegal activities of persons and organizations that knowingly encourage, instigate, organize or engage in the commission of offences set forth in article 2;

(b) Measures requiring financial institutions and other professions involved in financial transactions to utilize the most efficient measures available for the identification of their usual or occasional customers, as well as customers in whose interest accounts are opened, and to pay special attention to unusual or suspicious transactions and report transactions suspected of stemming from a criminal activity. For this purpose, States Parties shall consider:

(i) Adopting regulations prohibiting the opening of accounts the holders or beneficiaries of

eru óþekktir eða ekki er unnt að greina hverjir þeir eru, og gera ráðstafanir til að tryggja að slíkar stofnanir sannreyni deili á raunverulegum eigendum;

(ii) að krefjast þess af fjármálastofnunum, til að finna megi deili á lögaðilum, að þær geri þegar nauðsyn krefur ráðstafanir til að sannreyna að viðskiptaaðili sé til að lögum og hvert rekstrarform hans er með því að afla, annaðhvort úr opinberum skrám eða frá viðskiptaaðilanum eða hvort tveggja, sönnunar fyrir stofnun aðilans þar sem fram koma upplýsingar um nafn hans, rekstrarform og heimilisfang, hverjir stjórnendur hans eru og með hvaða hætti hann geti stofnað til skuldbindinga;

(iii) að setja reglur sem leggja þá skyldu á fjármálastofnanir að tilkynna þegar í stað til viðeigandi yfirvalda um öll flókin, óvenjuleg og viðamikil viðskipti og óvenjuleg viðskiptamynstur sem ekki virðast hafa neinn efnahagslegan eða augljóslega löglegan tilgang, án þess að þær þurfi að óttast refsiréttarlega eða skaðabótaréttarlega ábyrgð vegna brots gegn þagnarskyldu ef tilkynnt er um grunsemdirnar í góðri trú;

(iv) að krefjast þess af fjármálastofnunum að þær haldi til haga öllum nauðsynlegum gögnum um viðskipti, innlend jafnt sem erlend, í að minnsta kosti fimm ár.

2. Aðildarríki skulu enn fremur eiga samvinnu sín á milli til að fyrirbyggja afbrot sem fjallað er um í 2. gr. með því að taka til athugunar:

(a) ráðstafanir til að hafa eftirlit með stofnunum sem annast fjármagnsflutninga, til dæmis með starfsleyfum;

(b) raunhæfar ráðstafanir til að uppgötva og fylgjast með efnislegum flutningi reiðufjár og handhafaviðskiptabréfa milli landa, þar sem strangar öryggisreglur eru viðhafðar til að tryggja réttmæta notkun upplýsinga og án þess að frelsi til fjármagnsflutninga sé á nokkurn hátt skert.

3. Aðildarríki skulu enn fremur eiga með sér samvinnu við að koma í veg fyrir afbrot sem fjallað er um í 2. gr. með því að skiptast á nákvæmum og sannreyndum upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og á öðrum sviðum eftir því sem við á, svo sem með því að:

(a) koma á og halda við samskiptaleiðum milli viðeigandi stofnana sinna og embætta til að greiða fyrir öruggum og skjótum upplýsingaskiptum um öll atriði varðandi þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr.;

which are unidentified or unidentifiable, and measures to ensure that such institutions verify the identity of the real owners of such transactions;

(ii) With respect to the identification of legal entities, requiring financial institutions, when necessary, to take measures to verify the legal existence and the structure of the customer by obtaining, either from a public register or from the customer or both, proof of incorporation, including information concerning the customer's name, legal form, address, directors and provisions regulating the power to bind the entity;

(iii) Adopting regulations imposing on financial institutions the obligation to report promptly to the competent authorities all complex, unusual large transactions and unusual patterns of transactions, which have no apparent economic or obviously lawful purpose, without fear of assuming criminal or civil liability for breach of any restriction on disclosure of information if they report their suspicions in good faith;

(iv) Requiring financial institutions to maintain, for at least five years, all necessary records on transactions, both domestic and international.

2. States Parties shall further cooperate in the prevention of offences set forth in article 2 by considering:

(a) Measures for the supervision, including, for example, the licensing, of all money-transmission agencies;

(b) Feasible measures to detect or monitor the physical cross-border transportation of cash and bearer negotiable instruments, subject to strict safeguards to ensure proper use of information and without impeding in any way the freedom of capital movements.

3. States Parties shall further cooperate in the prevention of the offences set forth in article 2 by exchanging accurate and verified information in accordance with their domestic law and coordinating administrative and other measures taken, as appropriate, to prevent the commission of offences set forth in article 2, in particular by:

(a) Establishing and maintaining channels of communication between their competent agencies and services to facilitate the secure and rapid exchange of information concerning all aspects of offences set forth in article 2;

(b) eiga samstarf sín á milli við athuganir á afbrotum sem fjallað er um í 2. gr. hvað snertir:

(i) deili á mönnum sem rökstuddur grunur leikur á að eigi aðild að slíkum afbrotum, hvar þeir eru og hvað þeir fást við;

(ii) tilflutning á fjármunum sem tengist framkvæmd slíkra afbrota.

4. Aðildarríki geta skipst á upplýsingum fyrir milligöngu Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu (Interpol).

19. gr.

Aðildarríki þar sem meintur brotamaður er saksóttur skal, í samræmi við landslög sín eða viðeigandi málsmeðferðarreglur, skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá endanlegri niðurstöðu málsins, en hann skal senda öðrum aðildarríkjum þær upplýsingar.

20. gr.

Aðildarríki skulu uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þannig að það samræmist grundvallarreglum um jafnrétti fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og grundvallarreglunni um bann við afskiptum af innanríkismálum annarra ríkja.

21. gr.

Samningur þessi skal engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og einstaklinga að þjóðarétti, einkum samkvæmt markmiðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna, alþjóðlegra mannúðarlaga og annarra alþjóðasamninga sem við eiga.

22. gr.

Ekkert í samningi þessum veitir aðildarríki rétt til að fara með lögsögu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða sinna þar verkefnum er landslög þess ríkis fela yfirvöldum þess einum.

23. gr.

1. Viðaukanum má breyta með því að bæta við viðeigandi þjóðréttarsamningum sem:

(a) eru opnir öllum ríkjum til aðildar;

(b) hafa öðlast gildi;

(c) að minnsta kosti tuttugu og tvö aðildarríki að samningi þessum hafa fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðilar að.

2. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur hvaða aðildarríki sem er lagt slíka breytingu til. Skrifleg tillaga um breytingu skal send vörsluaðila.

(b) Cooperating with one another in conducting inquiries, with respect to the offences set forth in article 2, concerning:

(i) The identity, whereabouts and activities of persons in respect of whom reasonable suspicion exists that they are involved in such offences;

(ii) The movement of funds relating to the commission of such offences.

4. States Parties may exchange information through the International Criminal Police Organization (Interpol).

Article 19

The State Party where the alleged offender is prosecuted shall, in accordance with its domestic law or applicable procedures, communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to the other States Parties.

Article 20

The States Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

Article 21

Nothing in this Convention shall affect other rights, obligations and responsibilities of States and individuals under international law, in particular the purposes of the Charter of the United Nations, international humanitarian law and other relevant conventions.

Article 22

Nothing in this Convention entitles a State Party to undertake in the territory of another State Party the exercise of jurisdiction or performance of functions which are exclusively reserved for the authorities of that other State Party by its domestic law.

Article 23

1. The annex may be amended by the addition of relevant treaties that:

(a) Are open to the participation of all States;

(b) Have entered into force;

(c) Have been ratified, accepted, approved or acceded to by at least twenty-two States Parties to the present Convention.

2. After the entry into force of this Convention, any State Party may propose such an amendment. Any proposal for an amendment shall be communi-

Vörsluaðili skal tilkynna öllum aðildarríkjum um tillögur sem fullnægja kröfum 1. mgr. og leita álits þeirra á því hvort samþykkja beri tillöguna.

3. Breytingartillaga skal skoðast samþykkt nema þriðjungur aðildarríkja mótmæli henni með skriflegri tilkynningu eigi síðar en 180 dögum eftir að henni hefur verið dreift.

4. Samþykkt breyting á viðaukanum skal öðlast gildi 30 dögum eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar er afhent til vörslu, að því er varðar öll ríki sem afhent hafa slíkt skjal til vörslu. Að því er varðar hvert aðildarríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir breytinguna eftir að tuttugasta og annað skjalið er afhent til vörslu skal hún öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

24. gr.

1. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Geti þau ekki innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað komið sér saman um hvernig henni skuli hagað getur hvert viðkomandi ríki vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af 1. mgr. gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Ríki sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

25. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja frá 10. janúar 2000 til 31. desember 2001 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

3. Samningur þessi er opinn öllum ríkjum til aðildar. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

cated to the depositary in written form. The depositary shall notify proposals that meet the requirements of paragraph 1 to all States Parties and seek their views on whether the proposed amendment should be adopted.

3. The proposed amendment shall be deemed adopted unless one third of the States Parties object to it by a written notification not later than 180 days after its circulation.

4. The adopted amendment to the annex shall enter into force 30 days after the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance or approval of such amendment for all those States Parties having deposited such an instrument. For each State Party ratifying, accepting or approving the amendment after the deposit of the twenty-second instrument, the amendment shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State Party of its instrument of ratification, acceptance or approval.

Article 24

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If, within six months from the date of the request for arbitration, the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice, by application, in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Any State which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

Article 25

1. This Convention shall be open for signature by all States from 10 January 2000 to 31 December 2001 at United Nations Headquarters in New York.

2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. This Convention shall be open to accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

26. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

27. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Uppsögn skal öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna veitir tilkynningunni viðtöku.

28. gr.

Frumriti samnings þessa, í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku, skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öllum ríkjum staðfest afrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan sem lagður var fram til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York 10. janúar 2000.

Viðauki.

1. Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, gerður í Haag 16. desember 1970.

2. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, gerður í Montreal 23. september 1971.

3. Samningur um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 14. desember 1973.

4. Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla, samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 17. desember 1979.

5. Samningur um gæslu kjarnorkuefna, samþykktur í Vínarborg 3. mars 1980.

6. Bókun við samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, um að koma í veg fyrir ofbeldisverk á flugvöllum fyrir al-

Article 26

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 27

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.

2. Denunciation shall take effect one year following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

Article 28

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention, opened for signature at United Nations Headquarters in New York on 10 January 2000.

Annex

1. Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, done at The Hague on 16 December 1970.

2. Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 23 September 1971.

3. Convention on the Prevention and Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents, adopted by the General Assembly of the United Nations on 14 December 1973.

4. International Convention against the Taking of Hostages, adopted by the General Assembly of the United Nations on 17 December 1979.

5. Convention on the Physical Protection of Nuclear Material, adopted at Vienna on 3 March 1980.

6. Protocol for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation, supplementary to the Convention for the

menna alþjóðlega flugumferð, gerð í Montreal 24. febrúar 1988.

7. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó, gerður í Róm 10. mars 1988.

8. Bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, gerð í Róm 10. mars 1988.

9. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar, samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. desember 1997.

Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, done at Montreal on 24 February 1988.

7. Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation, done at Rome on 10 March 1988.

8. Protocol for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Fixed Platforms located on the Continental Shelf, done at Rome on 10 March 1988.

9. International Convention for the Suppression of Terrorist Bombings, adopted by the General Assembly of the United Nations on 15 December 1997.

664. Svar [332. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um greiðslur fyrir sjúkra- og innanlandsflug.

1. *Hversu miklu fé úr ríkissjóði var varið árlega til að styrkja sjúkraflug og innanlandsflug sl. tíu ár og það sem af er þessu ári, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?*

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Tryggingastofnun hefur samtals verið varið 663,3 millj. kr. til að styrkja innanlandsflug og sjúkraflug frá og með árinu 1991 til og með árinu 2001. Fjárhæðin skiptist þannig, eftir árum og tegund flugs í millj. kr.:

	Almennt flug	**Sjúkraflug**	**Samtals**
1991		29,5	29,5
1992		29,5	29,5
1993	9,2	31,9	41,0
1994	14,3	31,6	45,9
1995	18,9	29,1	48,0
1996	4,8	38,4	43,2
1997	4,2	40,5	44,7
1998	3,8	42,4	46,2
1999	12,7	41,9	54,6
2000	22,1	50,2	72,4
2001	95,9	112,4	208,3
Samtals	*185,9*	*477,4*	*663,3*

Fyrirliggjandi gögn um styrki eru mismunandi milli ára hvað varðar sundurliðun og er ekki unnt að greina styrkina að öllu leyti eftir landsvæðum eða kjördæmum eins og óskað er eftir, en þegar slík sundurliðun liggur ekki fyrir er nafn styrkþega birt (millj. kr.):

	Styrkþegi/verkefni	Almennt flug	Sjúkraflug
1991	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		29,5
1992	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		29,5
1993	Flugfélag Austurlands hf.	6,0	
	Flugfélagið Ernir	2,2	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,0	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		31,9
1994	Flugfélag Austurlands hf.	5,5	
	Flugfélag Norðurlands, Grímseyjarflug	1,6	
	Flugfélag Vals Andersen	1,5	
	Flugfélagið Ernir	4,5	
	Íslandsflug	1,2	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		31,6
1995	Flugfélag Austurlands hf.	4,6	
	Flugfélag Norðurlands hf.		0,8
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.	5,3	
	Flugfélagið Ernir	4,6	
	Flugsamgöngur við Gjögur	2,8	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,6	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		28,3
1996	Flugfélag Austurlands hf.		4,5
	Flugfélag Norðurlands hf.		1,9
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.		2,2
	Flugsamgöngur við Gjögur	1,5	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,5	
	Flugsamgöngur við Kópasker–Raufarhöfn	0,7	
	Flugsamgöngur við Siglufjörð	1,1	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		25,3
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,5
1997	Flugfélag Austurlands hf.		4,2
	Flugfélag Norðurlands hf.		1,9
	Flugfélag Vestmannaeyja hf.		4,2
	Flugsamgöngur við Gjögur	1,5	
	Flugsamgöngur við Grímsey	1,5	
	Flugsamgöngur við Norður-Þingeyjarsýslu	0,7	
	Flugsamgöngur við Siglufjörð	0,5	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		25,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,5
1998	Flugsamgöngur við Gjögur	3,8	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		26,7
	Sjúkraflug á Austurlandi		4,9
	Sjúkraflug á Norðurlandi		1,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		4,8
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		4,3
1999	Flugsamgöngur við Gjögur	5,1	
	Flugsamgöngur við Grímsey	5,8	
	Flugsamgöngur við Ísafjörð–Vesturbyggð	1,8	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		24,2
	Sjúkraflug á Austurlandi		4,0
	Sjúkraflug á Norðurlandi		1,7
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		6,0
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		6,0
2000	Flugfélag Íslands	12,9	
	Flugsamgöngur við Gjögur	2,7	

	Styrkþegi/verkefni	Almennt flug	Sjúkraflug
	Flugsamgöngur við Grímsey	3,0	
	Flugsamgöngur við Ísafjörð–Vesturbyggð	1,4	
	LIO ehf.	2,1	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		32,0
	Sjúkraflug á Austurlandi		1,2
	Sjúkraflug á Norðurlandi		5,5
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		5,5
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		6,0
2001	Flugsamgöngur við Norðausturland/Grímsey	50,5	
	Flugsamgöngur við Vestfirði	6,4	
	Flugsamgöngur við Vestfirði/Gjögur	39,0	
	Samkvæmt reikningi til Tryggingastofnunar		22,8
	Sjúkraflug á Norður- og Austurlandi		46,9
	Sjúkraflug á Vestfjörðum		31,4
	Sjúkraflug í Vestmannaeyjum		11,3

2. *Hvaða samningar um greiðslur eru í gildi og hverjar eru áætlanir næsta árs, skipt eftir landsvæðum eða kjördæmum?*

Eftirtaldir samningar eru í gildi um innanlandsflug: Við Íslandsflug um flug á flugleiðunum Ísafjörður–Bíldudalur–Ísafjörður, Reykjavík–Gjögur–Reykjavík og Reykjavík–Bíldudalur–Reykjavík. Við Flugfélag Íslands um flug á flugleiðunum Akureyri–Þórshöfn–Vopnafjörður–Akureyri, Akureyri–Ísafjörður–Akureyri og Akureyri–Egilsstaðir–Akureyri.

Eftirtaldir samningar eru í gildi um sjúkraflug: Við Flugfélag Íslands á norðursvæði. Við Íslandsflug á Vestfjarða- og suðursvæði. Við Flugfélag Vestmannaeyja um Vestmannaeyjar.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002 er áætlað að verja 92,4 millj. kr. til styrkja til innanlandsflugs og 112,4 millj. kr. til styrkja til sjúkraflugs.

3. *Viðhald hvaða smærri flugvalla er á vegum ríkisins og um hvaða flugvelli hafa verið gerðir verksamningar við samtök eða sveitarfélög?*

Gerðir hafa verið verksamningar um viðhald á flugvöllunum í Neskaupstað, á Raufarhöfn og Siglufirði. Viðhald annarra flugvalla er á vegum ríkisins.

4. *Hvaða smærri flugvellir hafa verið lagðir af árlega sl. tíu ár?*

Áætlunarflug til eftirtalinna flugvalla hefur lagst af sl. tíu ár.:

	Flugvellir
1991	Ólafsfjörður
1992	Blönduós
1993	Bakkafjörður, Rif, Stykkishólmur
1994	Breiðdalsvík, Suðureyri
1996	Borgarfjörður
1997	Flateyri, Hólmavík, Norðfjörður
1998	Kópasker, Raufarhöfn
2001	Húsavík, Siglufjörður

665. Svar [305. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um kostnað við niðurflutning gagna af netinu.

1. *Hvers vegna lætur Landssíminn notendur netsins (veraldarvefsins) greiða eftir magni við niðurflutning gagna (download) af netinu?*

Hægt er að innheimta gjöld fyrir notkun netsins (veraldarvefsins) á ýmsan hátt en hefð er fyrir því að notendur greiði fyrir slíka þjónustu í hlutfalli við notkun. Þeirri hefð var reyndar komið á áður en Landssíminn náði góðri markaðshlutdeild í þessari þjónustu. Aðferðin hefur þann kost að notendur greiða eingöngu fyrir það gagnamagn sem þeir sjálfir sækja á netið. Önnur aðferð við innheimtu fyrir netnotkun er að notendur greiði fast verð fyrir aðgang að ákveðinni bandvídd í netinu, óháð notkun. Hún hefur þann ókost að þeir sem nota netið lítið greiða kostnað sem beinlínis fellur til vegna notkunar hinna sem nota netið mikið. Dýrara er að reka netþjónustu á Íslandi en á meginlandinu. Sem dæmi um kostnað má nefna rekstur á sæstreng, rekstur á varaleiðum um gervihnött, aðgang að neti erlendis og rekstur á neti innan lands en fleira mætti nefna.

2. *Á hverju byggir Landssíminn nú verðmyndun?*

Landssíminn er rekinn á sömu forsendum og flest önnur fyrirtæki í landinu þannig að verðmyndun fer eftir kostnaði við rekstur og aðstæðum á markaði hverju sinni.

3. *Hve mikið kostar hvert gígabæti Landssímans erlendis frá?*

Landssíminn telur það stríða gegn viðskiptahagsmunum sínum að upplýsa opinberlega um kostnaðarverð á aðföngum.

4. *Hverjum greiðir Landssíminn fyrir slíka notkun?*

Landssíminn greiðir þjónustuaðilum sínum erlendis fyrir netþjónustu, auk þess sem netþjónustan verður að bera kostnað af flutningslínu til útlanda sem verður því dýrari sem meira af gögnum er flutt eftir henni. Flutningur gagna og tals milli Íslands og annarra landa er og verður dýrari en milli annarra landa í okkar heimshluta einfaldlega vegna þess að lönd í Evrópu þurfa ekki að standa undir kostnaði við sæstrengi til að hafa samband sín á milli og kostnaður við sæstrengi þvert yfir Atlantshafið er mun minni en við strengi til Íslands vegna meiri umferðar um þá strengi.

5. *Eru notendur í Evrópu og Bandaríkjunum látnir greiða eftir magni við niðurflutning gagna af netinu?*

Samkvæmt upplýsingum frá samstarfsaðilum erlendis greiða einstaklingar yfirleitt ekki eftir magni en það er þó að breytast þar sem einstaklingar hafa í auknum mæli aðgang að bandbreiðum tengingum. Fyrirtæki greiða yfirleitt föst gjöld með innifalinni notkun eða eftir magni.

6. *Í hverju felst kostnaður við magn á niðurflutningi gagna eftir að tenging hefur átt sér stað?*

Til þess að fá aðgang að netinu þarf notandinn að kaupa samband frá sér inn til netþjónustu (internetþjónustu) Landssímans í Ármúla 25, Reykjavík. Netþjónusta Landssímans fær ekki tekjur af þessum samböndum. Þegar samband er komið á þarf notandinn að kaupa áskrift að netinu. Kostnaðurinn við netið er vegna sæstrengs, varasambanda um gervihnött, netþjónustu erlendis og fleiri þátta.

666. Fyrirspurn [407. mál]

til samgönguráðherra um NMT-farsímakerfið.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvernig verður staðið að uppbyggingu NMT-farsímakerfisins um landið á næstu árum?
2. Hafa verið sett fram markmið um útbreiðslu þess í framtíðinni?

667. Fyrirspurn [408. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingar til jarðgangagerðar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru heildarfjárveitingar til vegamála á núgildandi verðlagi frá árinu 1980?
2. Hve miklu fé var varið til jarðgangagerðar á sama tíma?
3. Hvað voru fjárveitingar til jarðgangagerðar hátt hlutfall af heildarfjárveitingum til vegamála á þessu tímabili?

Skriflegt svar óskast.

668. Fyrirspurn [409. mál]

til samgönguráðherra um ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Frá Kristjáni Pálssyni og Drífu Hjartardóttur.

1. Hver er kostnaður við ferjusiglingar Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar miðað við núverandi áætlun og hve margar ferðir eru á viku?
2. Verður ferðum fjölgað í tvær á sólarhring alla daga vikunnar?
3. Hvaða kostnaðarauki mun fylgja því að fjölga ferðum í tvær á dag allt árið?
4. Hvernig verða ferjusiglingar á meðan Herjólfur er í slipp?

669. Fyrirspurn [410. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fiskiskip sem leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve mörg fiskiskip leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001?
2. Hve mikinn afla leigðu skipin og hver er heimahöfn þeirra, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
3. Hve miklar varanlegar aflaheimildir eru á þessum skipum, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
4. Hvaðan er aflinn leigður, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Skriflegt svar óskast.

670. Fyrirspurn [411. mál]

til sjávarútvegsráðherra um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve mikill var afli þeirra skipa sem teljast svonefnd fullvinnsluskip samkvæmt sérstökum leyfum fiskveiðiárið 2000/2001?
2. Hve mikill var afli annarra skipa sem vinna aflann um borð án sérstakra leyfa?
3. Hve miklum afurðum landa þessi skip og hver er nýtingin á þeim afla sem þau veiða, sundurliðað eftir tegundum?
4. Hve mörg tonn af afla þessara skipa nýtast ekki til vinnslu um borð í skipunum og er hent fyrir borð, sundurliðað eftir tegundum?
5. Hve mikill hluti afla sem hent er fyrir borð gæti nýst sem afurð, t.d. með vinnslu í fiskimjölsverksmiðju?

Skriflegt svar óskast.

671. Fyrirspurn [412. mál]

til menntamálaráðherra um svæðisútvarp Ríkisútvarpsins.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hver eru áform menntamálaráðherra og stjórnenda Ríkisútvarpsins um svæðisútvarp í framhaldi af flutningi Rásar tvö til Akureyrar?
2. Verður byggt upp svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins í þeim landshlutum þar sem það er ekki, svo sem á Suðurlandi og Vesturlandi?
3. Verður tillit tekið til breytinga á kjördæmaskipan við fyrirhugaða styrkingu svæðisútvarps?

672. Fyrirspurn [413. mál]

til félagsmálaráðherra um fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverjar telur ráðherra vera helstu skýringar á versnandi fjárhagsstöðu fjölmargra sveitarfélaga, sbr. mat eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga?
2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til sérstakra aðgerða í ljósi nýjustu upplýsinga um afkomu sveitarfélaganna?

673. Fyrirspurn [414. mál]

til forsætisráðherra um ný störf hjá ríkinu.

Frá Sigríði Ingvarsdóttur.

1. Hvað hafa skapast mörg ný störf hjá ríkinu frá samþykkt gildandi byggðaáætlunar?
2. Hvaða störf eru þetta og hvar á landinu eru þau?

Skriflegt svar óskast.

674. Fyrirspurn [415. mál]

til samgönguráðherra um val á skipi til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs tímabundið.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hvað liggur til grundvallar þeirri ákvörðun að velja hvalaskoðunarbátinn Brimrúnu til að sinna áætlunarsiglingum Herjólfs á meðan skipið verður í slipp í maí nk.?
2. Hefur komið til greina að kanna möguleika á að nota stærra og öflugra skip með bíladekki til að hægt sé að ferja bíla um leið og farþega á meðan Herjólfur er í slipp?
3. Hefur verið athugað hvort möguleiki sé að leigja t.d. loftpúðaskip til þessara flutninga í tilraunaskyni?

675. Fyrirspurn [416. mál]

til heilbrigðisráðherra um vanda heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við vanda heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem mörg þúsund manns eru án heimilislækna?

676. Frumvarp til laga [417. mál]

um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

Flm.: Mörður Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Maður utan trúfélags, sbr. lög um skráð trúfélög, skal ekki greiða Háskóla Íslands, né neinum öðrum, gjöld sem honum hefði ella borið að greiða trúfélagi sínu, sbr. 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum:

1. Í stað orðanna „Þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, og Háskólasjóður“ í 1. gr. laganna kemur: Þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög samkvæmt lögum um skráð trúfélög.
2. Í stað orðanna „þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga.
3. 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

4. Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Ríkissjóður skal endurgreiða einstaklingi sem hvorki er í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi, samkvæmt lögum um skráð trúfélög, fjárhæð sem nemur gjaldinu.
5. Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Um hlutdeild þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga í tekjuskatti.**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu vegna tekna á árinu 2002.

Greinargerð.

Trúfrelsi ríkir á Íslandi og var komið á með stjórnarskránni 1874. Ákvæði núverandi stjórnarskrár um frelsi til að stofna trúfélag er að finna í 63. gr. og til að standa utan trúfélaga í 2. mgr. 64. gr. Félagafrelsi er tryggt í 74. gr., bæði rétturinn til að stofna félag og ákvæði um að engan megi skylda til aðildar að félagi.

Samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, sér ríkisvaldið um að innheimta fast gjald til þjóðkirkjusafnaða og annarra skráðra trúfélaga. Má líta svo á að þessum innheimtustörfum hafi verið komið svo fyrir vegna þeirra sérstöku tengsla ríkisins við evangelísk-lútersku kirkjuna sem kveðið er á um í 62. gr. stjórnarskrárinnar. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á þessari skipan.

Hér er hins vegar lagt til að sérstök gjaldheimta á fólk utan trúfélaga verði stöðvuð. Einstaklingur sem kýs að vera utan trúfélaga nýtir sér þar með rétt sinn samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrár til að standa utan félaga. Það er í ósamræmi við 74. gr. og 2. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar að trúfélögum sé gert svo hátt undir höfði að réttinum til að standa utan þeirra fylgi sú kvöð að greiða til alls óskyldra hluta sama gjald og sá greiðir sem kýs að vera í trúfélagi.

Að sinni hentar illa að fella einfaldlega brott 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar, þá sem kveður á um hina einkennilegu skattrefsingu þeirra sem kjósa að standa utan trúfélaga. Er því lagt til að nýtt sé heimild lokamálsliðar sömu greinar um breytingu með almennum lögum. Um hana segir svo í *Stjórnskipunarrétti* Gunnars G. Schrams (Reykjavík 1997), bls. 469: „Samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 64. gr. er heimilt að breyta með lögum þeirri skipan að menn utan trúfélaga greiði gjöld til Háskóla Íslands. Með almennum lögum má því ákveða að gjöld þeirra renni t.d. í ríkissjóð eða til einhverrar annarrar ókirkjulegrar stofnunar en Háskólans eða afnema þau alveg.“

Háskólasjóður hefur haft verulegar tekjur af svokölluðum „sóknargjöldum“ fólks utan trúfélaga. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að þær verði 76 millj. kr. á árinu (bls. 270), en í þingskjali nr. 711 frá 121. löggjafarþingi 1996–1997 er því lýst hvernig Háskólasjóður varði tekjum sínum árin 1988–1996. Er ljóst að sjóðnum þarf að finna nýjan tekjustofn. Verkefni hans geta á hinn bóginn ekki talist slík þjóðarnauðsyn að fjár sé aflað til þeirra með sérstöku gjaldi á umræddan hóp fólks í samfélaginu og vant að sjá rök fyrir þeirri skipan.

Þess skal getið að hvergi á Norðurlöndum nema hér tíðkast skattheimta af þessu tagi og ekki í þeim Evrópuríkjum öðrum sem spurnir hafa fengist af.

Frumvarp þetta var áður flutt á 125. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þær breytingar hafa verið gerðar frá því frumvarpi og frá fyrstu gerð frumvarpsins á þessu þingi að í 2. gr. er sérstaklega tiltekið að einstaklingum utan trúfélaga skuli endurgreidd sú upphæð sem nemur sóknargjaldinu. Flutningsmenn þakka Ástu Möller ábendingu sem leiddi til þessarar breytingar.

Árið 1999 bárust allsherjarnefnd umsagnir um frumvarpið frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Siðmennt, félagi um borgaralegar athafnir, Samtökum um aðskilnað ríkis og kirkju og guðfræðideild Háskóla Íslands. Í stuttu máli mæla allir umsegjendur með frumvarpinu nema guðfræðideild. Umsagnir þeirra fylgja þessari greinargerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 64. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að öllum er frjálst að standa utan trúfélaga og að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Hins vegar er boðið í 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar að maður sem stendur utan trúfélaga greiði til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Stjórnarskrárgjafinn heimilar að reglunni um gjaldskyldu manns utan trúfélaga megi breyta með lögum. Hér er lagt til að þessi gjaldskylda þeirra sem standa utan trúfélaga verði afnumin.

Um 2. gr.

Lög um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, gera ráð fyrir ákveðinni hlutdeild trúfélaga og Háskólasjóðs í álögðum tekjuskatti hverju sinni. Þar sem ekki er gert ráð fyrir gjaldskyldu manna sem standa utan trúfélaga er nauðsynlegt að fella niður ákvæði í 3. gr. laganna sem fjallar um skyldu þeirra til að greiða gjald til Háskóla Íslands og jafnframt er nauðsynlegt að fella brott úr lögunum allar vísanir til Háskóla Íslands og Háskólasjóðs. Í staðinn er sett inn ákvæði um að ríkissjóður skuli endurgreiða þeim sem standa utan þjóðkirkjunnar og skráðra trúfélaga fjárhæð sem nemur gjaldinu.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi en þar sem gjöld sem greidd eru í samræmi við 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar eru ákveðin hlutdeild af tekjuskatti er nauðsynlegt að miða framkvæmd við álagningu vegna tekna á árinu 2002.

Með frumvarpinu var fylgiskjal með eftirfarandi umsögnum um hliðstætt frumvarp á 125. löggjafarþingi (þskj. 155, 134. mál):

Umsögn Bjarneyjar Friðriksdóttur f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands (16. desember 1999).

Umsögn Jóns K. Kalmanssonar f.h. siðfræðistofnunar Háskóla Íslands (23. desember 1999).

Umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands, samþykkt á deildarfundi 20. desember 1999.

Umsögn Páls Halldórssonar f.h. Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju (14. janúar 2000).

Umsögn Hope Knútsson f.h. Siðmenntar, félags áhugafólks um borgaralegar athafnir (16. desember 1999).

677. Frumvarp til laga [418. mál]

um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.

Flm.: Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Guðjón A. Kristjánsson.

3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim sökum er greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til kaups skv. 25. gr. að lágmarki í þrjá mánuði frá því að hann kemur til heimilis síns.

Greinargerð.

Í 26. gr. núgildandi sjómannalaga er svohljóðandi ákvæði:

„Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanns um ófyrirsjáanlegan tíma, þó ekki skemmri en þrjá mánuði, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur er sjóferðaskýrsla er tekin og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi er slitið af þeim sökum sem segir í 1. mgr. á skipverji rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns og greiðir ríkissjóður þann kostnað.

Verði skiprúmssamningi slitið erlendis af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.“

Framangreint ákvæði á sér langa sögu og hefur tekið litlum breytingum við endurskoðun sjómannalaga á tuttugustu öld, sbr. lög nr. 41/1930, lög nr. 67/1963 og lög nr. 35/1985. Ákvæði þetta er til að mynda að finna í 103. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, sbr. 2. málsl. 1. mgr., en þar segir: „Ef skip týnist eða laskast og er dæmt óbætandi, eða sjóræningjar taka það, greiðir landssjóður kostnaðinn; svo er og, ef skip er hernumið og gert upptækt og skipstjóri vissi ekki um ófriðinn, þá er hann ljet í haf síðast, og það var ekki kunnugt á þeim stað, sem hann fór frá. Annars kostar greiði útgerðarmenn þann kostnað.“

Ákvæði þessu var lítillega breytt með setningu sjómannalaga nr. 41/1930, en í 1. og 2. mgr. 41. gr. laganna sagði um þetta atriði:

„Farist skip eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.“

Framangreint ákvæði er að finna óbreytt í 41. gr. sjómannalaga, nr. 67/1963, og ákvæði þetta í núverandi mynd er að finna í 26. gr. núgildandi sjómannalaga, eins og fyrr greinir.

Af framangreindu má sjá að réttur sjómanna við þær kringumstæður að skip ferst er nánast enginn. Um leið og skipverjinn er kominn til síns heima að björgun afstaðinni er hann atvinnulaus án nokkurs bótaréttar úr hendi útgerðar skipsins. Til samanburðar má geta þess að við sölu skips, nauðungarsölu eða frjálsa sölu, gjaldþrot útgerðarfélags eða við þau atvik að skipum er lagt fyrirvaralaust við bryggju vegna vöntunar á veiðiheimildum eða af öðrum ástæðum, njóta sjómenn fullra launa í þrjá mánuði miðað við aflareynslu skipsins síðustu mánuðina áður en nefnd atvik gerðust, ef um fiskiskip er að ræða, en miðað við meðalyfirvinnutíð ef um er að ræða kaupskip. Þau sjónarmið hafa nú nýverið verið staðfest af Hæstarétti en umræddur bótaréttur er ýmist leiddur af 25. eða 27. gr. núgildandi sjómannalaga.

Það verður að teljast óeðlilegt og óviðunandi að sjómaður sem missir skip sitt í hafið njóti rýrari bótaréttar en sjómenn sem lenda í þeim atvikum sem að framan eru reifuð. Oftast nær eru sjómenn lengi að jafna sig eftir skipsskaða og eru sálrænt ekki færir um að hefja störf á öðrum skipum þegar í stað. Á það sérstaklega við um þá skipsskaða þar sem einhver eða einhverjir skipverjar farast.

Ákvæði 26. gr. núgildandi sjómannalaga á í megindráttum rætur að rekja til dönsku sjómannalaganna en íslensku sjómannalögin eru byggð á þeim lögum. Sjómannalög allra Norðurlanda eru svipuð að flestu leyti enda afsprengi norrænnar samvinnu á tuttugustu öld. Tilvísanir í þeim efnum má finna í greinargerð með frumvarpi til íslensku sjómannalaganna frá 1930, 1963 og 1985. Ákvæðið um réttarstöðu skipverja eftir að skip þeirra ferst hefur setið eftir við endurskoðun íslensku sjómannalaganna en tilurð ákvæðisins á rætur að rekja til nítjándu aldar.

Upphaflega þótti það sanngjarnt að útgerðarmanni bæri ekki að greiða bætur til skipverja eftir að skip fórst enda var tjón útgerðarmannsins engu minna en tjón skipverjanna. Tryggingar á skipum voru lítt þekktar og eigandi skipsins var oft og tíðum skipstjóri þess. Um þessar mundir eru mál með gjörólíkum hætti enda eru öll skip tryggð hjá stórum tryggingafélögum. Þá er afkastageta útgerðarmannsins síður bundin við tiltekin skip með tilkomu „kvótakerfisins“. Þannig má segja að tjón útgerðarmannsins verði í flestum tilfellum lítið sem ekkert; hann fær tryggingabætur fyrir skipið og getur leigt frá sér veiðiheimildir sínar þar til hann fær nýtt skip í sínar hendur. Þá getur hann einfaldlega selt veiðiheimildirnar til annars útgerðarmanns. Önnur sjónarmið kunna vissulega að vera fyrir hendi hvað viðkemur útgerðum kaupskipa enda um annars konar rekstrarform að ræða en fiskiskipaútgerð. Þó má telja ljóst að kaupskipaútgerðir séu vel tryggðar fyrir áföllum sem þessum.

Tjón einstakra skipverja getur hins vegar orðið tilfinnanlegt. Óeðlilegt er að einstakir skipverjar þurfi að tryggja sig fyrir áföllum sem þessum enda verður að telja að um eðlilegan rekstrarkostnað útgerðarinnar sé að ræða. Þá er með öllu óljóst hvort sjómenn geti yfirhöfuð tryggt sig fyrir atvinnuleysi í kjölfar skipsskaða. Þá ber einnig til þess að líta að sjómenn skipta oft um skiprúm en framangreindar tryggingar hljóta alltaf að vera bundnar við tiltekin skip. Af þessu gæti því skapast töluvert óhagræði.

678. Fyrirspurn [419. mál]

til heilbrigðisráðherra um bann við umskurði stúlkna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telur ráðherra tímabært að setja í íslensk lög bann við umskurði stúlkna og viðurlög við slíkum verknaði? Eru uppi áform um að slík ákvæði verði lögfest?

679. Svar [379. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. *Hvernig hafa ógreiddar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins breyst frá og með 1995?*

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) skiptist í fimm deildir, A-deild LSR, B-deild LSR, S-deild LSR, Lífeyrissjóð alþingismanna og Lífeyrissjóð ráðherra. Ríkissjóður ber skuldbindingu vegna allra þessara sjóða nema A- og S-deildar LSR. Þrátt fyrir að ekki sé spurt sérstaklega um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga (LH) er hann hafður með í þessari umfjöllun. Eingöngu fjallað um skuldbindingar þeirra sjóða (LSR og LH) sem ríkissjóður er bakábyrgur fyrir.

Tölur fyrir árið 2001 eru áætlaðar og ber að taka með fyrirvara. Gert er ráð fyrir að skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 verði sama hlutfall af skuldbindingum sjóðanna í heild og árið 2000.

Lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs (fjárhæðir í millj. kr.)

	1995	Breyting	1996	Breyting	1997	Breyting	1998	Breyting
B-deild LSR	69.398	-	77.439	12%	80.925	5%	108.345	34%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	7.151	-	7.914	11%	8.336	5%	11.024	32%
Lífeyrissjóður alþingismanna	2.460	-	2.505	2%	2.662	6%	2.737	3%
Lífeyrissjóður ráðherra	306	-	330	8%	345	5%	366	6%
Samtals	**79.315**	**-**	**88.188**	**11%**	**92.268**	**5%**	**122.472**	**33%**

					Áætlun	
	1999	Breyting	2000	Breyting	2001	Breyting
B-deild LSR	122.698	13%	139.360	14%	158.694	14%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	11.716	6%	12.402	6%	14.164	14%
Lífeyrissjóður alþingismanna	3.316	21%	3.286	-1%	3.450	5%
Lífeyrissjóður ráðherra	690	89%	714	3%	749	5%
Samtals	138.420	13%	155.762	13%	177.057	14%
Aukaframlag ríkissjóðs umfram lögbundin iðgjöld (inneign í lok árs)	8.015		17.357	117%	33.954	96%
Samtals	**130.405**	**6%**	**138.405**	**6%**	**143.103**	**3%**

2. *Hvað hafa ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greitt háar fjárhæðir umfram iðgjöld til lífeyrissjóðsins til að mæta auknum lífeyrisskuldbindingum?*

Á árinu 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til sjóðanna umfram lagaskyldu og hefur þeim greiðslum verið haldið áfram. Innborganir ríkissjóðs geta ýmist verið í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara, sem sjóðurinn hefði annars skilað til ríkissjóðs. Áframhaldandi greiðslur eru háðar stöðu ríkissjóðs og ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni.

Greiðslur ríkissjóðs til sjóðanna vegna lífeyrishækkana eru ekki með í þessari umfjöllun, en þær koma einnig til lækkunar á skuldbindingu ríkissjóðs.

Aukagreiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar (fjárhæðir í mkr.)

	B-deild LSR		
			Áætlun
	1999	2000	2001
Aukaframlag ríkissjóðs	5.334	6.300	11.250
Ýmis viðbótariðgjöld	1.550	1.467	1.529
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta	203	669	2.218
Samtals	**7.087**	**8.436**	**14.997**
Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs	**7.087**	**15.523**	**30.520**

	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga		
			Áætlun
	1999	2000	2001
Aukaframlag ríkissjóðs	667	700	1.250
Ýmis viðbótariðgjöld	204	143	143
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta	58	63	207
Samtals	**929**	**906**	**1.600**
Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs	**929**	**1.834**	**3.435**

	B-deild LSR & LH samtals		
			Áætlun
	1999	2000	2001
Aukaframlag ríkissjóðs	6.000	7.000	12.500
Ýmis viðbótariðgjöld	1.754	1.610	1.672
Uppfærsla v/ vaxta og verðbóta	261	732	2.425
Samtals	**8.015**	**9.342**	**16.597**
Uppsöfnuð inneign ríkissjóðs í lok árs	**8.015**	**17.357**	**33.954**

3. *Hvernig hefur stjórn lífeyrissjóðsins ráðstafað þessu fé? Svarið óskast sundurgreint á ríkisskuldabréf, önnur skuldabréf, skráð hlutabréf og óskráð hlutabréf, svo og á innlenda og erlenda fjárfestingu. Ef ekki liggur fyrir sundurliðun á ráðstöfun þessa fjár sérstaklega verði það metið sem hlutfall af sameiginlegri ráðstöfun.*

Aukagreiðslum ríkissjóðs umfram lagaskyldur er ráðstafað með öðrum fjármunum sjóðanna. Hér að neðan má sjá hvernig þessum fjármunum hefur verið varið árin 1999 og 2000 ásamt áætlun fyrir árið 2001 samkvæmt umbeðinni flokkun.

Ráðstöfun aukagreiðslna ríkissjóðs

	B-deild LSR			LH		
			Áætlun			Áætlun
	1999	2000	2001	1999	2000	2001
Ríkisskuldabréf	1.846	1.583	1.736	200	186	184
Önnur skuldabréf	2.900	1.964	4.715	313	169	449
Innlend hlutabréf	186	1.023	2.322	32	160	384
Erlend hlutabréf	1.952	3.197	4.006	326	328	376
Samtals	6.884	7.767	12.779	871	843	1.393
Sundurliðun hlutabréfa:						
Óskráð hlutabréf	0	88	58	0	17	6
Skráð hlutabréf	2.138	4.132	6.270	358	471	754
Samtals	2.138	4.220	6.328	358	488	760

Á árinu 2001 voru gerðir gjaldmiðlaskiptasamningar til að draga úr gjaldmiðlaáhættu og koma í veg fyrir að erlendar fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hefðu áhrif á gengi íslensku krónunnar. Alls voru gerðir samningar fyrir 3,5 milljarða króna.

4. *Hvernig hefur ávöxtun á þetta fé verið frá 1995?*

Eins og áður hefur komið fram hóf ríkissjóður greiðslur til sjóðanna umfram lagaskyldu árið 1999. Því eru meðfylgjandi upplýsingar fyrir árin 1999 til 2001. Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til sjóðanna eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun þeirra.

Hrein raunávöxtun 1999–2001.

	1999	2000	janúar til júní 2001
B-deild LSR	7,56%	2,17%	2,60%
LH	9,08%	0,71%	1,90%

5. *Hvaða áhrif hefur góð eða lök ávöxtun á iðgjöld launþega, iðgjöld og eingreiðslur launagreiðenda og fjárhæð lífeyris, sundurgreint á deildir? Hvernig er því farið hjá almennum lífeyrissjóðum?*

Svör þessi taka til allra fimm deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Iðgjald launþega.

Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á iðgjald launþega. Launahækkanir hafa hins vegar áhrif á iðgjaldagreiðslur launþega og mótframlag launagreiðenda. Hjá S-deild LSR er iðgjaldaprósentan háð ákvörðun launþegans.

Mótframlag launagreiðenda.

Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á mótframlag launagreiðenda nema hjá A-deild LSR.

Hjá A-deild LSR er mótframlag launagreiðenda nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins og er miðað við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldaprósenta launagreiðenda er endurskoðuð árlega. Heildarstaða A-deildar LSR var í jafnvægi í árslok 2000 og er mótframlag launagreiðenda enn óbreytt frá stofnun sjóðsins.

Lífeyrishækkanir.

Samkvæmt lögum um sjóði LSR og LH endurgreiða launagreiðendur sjóðunum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Ávöxtun sjóðanna hefur engin áhrif á endurgreiðslur launagreiðenda til sjóðanna vegna lífeyrishækkana. Hækkanir á dagvinnulaunum hækka greiðslur til lífeyrisþega samkvæmt launaviðmiði þeirra, þessar hækkanir eru þannig endurgreiddar til sjóðanna frá launagreiðendum. Þetta gildir eingöngu um virka lífeyrisþega á hverjum tíma.

Kröfur á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana eru ekki til staðar hjá A- og S-deild LSR.

Lífeyrisgreiðslur.

Ávöxtun annarra deilda en S-deildar LSR hefur engin áhrif á lífeyrisgreiðslur, en þær breytast í samræmi við hækkanir á dagvinnulaunum. Lífeyrisgreiðslur A-deildar LSR hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs. Inneign sjóðfélaga hjá S-deild LSR breytist í takt við innborganir og ávöxtun en við tiltekinn aldur er inneignin laus til útborgunar samkvæmt fyrirkomulagi sem sjóðfélaginn ákveður.

Aukagreiðslur ríkissjóðs.

Í kjölfar þess að ríkissjóður hóf að greiða aukalega til B-deildar LSR og LH árið 1999 var undirritaður samningur milli sjóðanna og ríkissjóðs um hvernig farið skyldi með þessa fjármuni hjá sjóðunum. Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt samkvæmt samkomulaginu eru uppfærðar árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna.

Innborganir ríkissjóðs mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar á skuldbindingum ríkissjóðs. Inneignin hefur hins vegar engin áhrif á mat á skuldbindingum annarra launagreiðenda komi til uppgjörs á þeim.

Bakábyrgð ríkissjóðs.

Bakábyrgð ríkissjóðs er sá hluti af skuldbindingum sjóðanna sem ekki er mætt með eignum sjóðanna eða kröfu þeirra á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana. Eignir sjóðanna eru m.a. háðar ávöxtun þeirra en lífeyrishækkanir eru háðar hækkunum á dagvinnulaunum. Slök ávöxtun samfara miklum hækkunum á dagvinnulaunum eykur bakábyrgð ríkissjóðs.

Til skýringar má hér að neðan sjá hvernig skuldbinding vegna B-deildar LSR skiptist á ábyrgðaraðila í árslok 2000. Nánari umfjöllun má finna á bls. 29–33 í ársreikningi sjóðanna fyrir árið 2000.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áfallinni skuldbindingu B-deildar LSR í árslok 2000	Fjárhæð mkr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign skv. efnahagsreikningi til greiðslu lífeyris	63.079	26,7%	26,7%
Endurmat á verðbréfaeign	7.917	3,3%	30,0%
Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr.	108.232	45,8%	75,8%
Krafa á ríkissjóð skv. 32. gr.	57.139	24,2%	100,0%
Áfallin skuldbinding skv. mati tryggingafræðinga	**236.367**	**100,0%**	

Aðrir sjóðir.

Aðrir lífeyrissjóðir eru flestir stigasjóðir og svipar þannig til A-deildar LSR nema hvað mótframlag launagreiðenda er ekki breytilegt. Ef ávöxtun þeirra er slök í langan tíma gæti þurft að skerða réttindi sjóðfélaganna. Hjá A-deild LSR er mótframlagi launagreiðenda breytt þar til jafnvægi er náð milli eigna og skuldbindinga.

680. Fyrirspurn [420. mál]

til heilbrigðisráðherra um bólusetningu gegn barnasjúkdómum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur farið fram umræða eða rannsókn í heilbrigðiskerfinu hér á landi með hliðsjón af þeirri miklu umræðu sem verið hefur annars staðar, t.d. í Bretlandi, á undanförnum missirum um að bólusetning gegn barnasjúkdómum geti verið orsök einhverfu?
2. Er ástæða til að ætla að varasamt sé að hafa bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu og að slíkt fyrirkomulag bólusetningar geti verið orsök fleiri dæma um einhverfu á sl. árum?
3. Hvernig er bólusetningu gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum hagað hér á landi? Er hún með einni sprautu gegn þessum barnasjúkdómum eða hefur fólk val um að fá bólusetningu við hverjum þessara sjúkdóma sérstaklega? Hefur fyrirkomulag bólusetningar ávallt verið eins og nú er og ef svo er ekki, hvenær varð breyting á því? Er ráðherra með einhver áform um breytingar í þessum málum?

681. Fyrirspurn [421. mál]

til félagsmálaráðherra um einhverf börn.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve margir hafa greinst með einhverfu á ári sl. áratug?
2. Hvert er mat Greiningarstöðvar ríkisins á þróun einhverfu? Hver er skýring stöðvarinnar á fjölgun tilvika, ef sú er raunin, og er ástæða til sérstakra viðbragða eða aðgerða?
3. Hvernig er nú búið að einhverfum börnum og aðstandendum þeirra? Er sérstök þörf úrbóta á stöðu þeirra?

Skriflegt svar óskast.

682. Fyrirspurn [422. mál]

til utanríkisráðherra um framlög til þróunarmála.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hver voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF), á árunum 1997–2001?
2. Hver voru framlög íslenska ríkisins til tvíhliða þróunarverkefna á vegum Þróunarsamvinnustofnunar, sem hlutfall af VÞF, fyrir hvert þessara ára?
3. Hver voru framlög íslenska ríkisins til marghliða þróunarverkefna, sem hlutfall af VÞF, fyrir hvert þessara ára?

Skriflegt svar óskast.

683. Fyrirspurn [423. mál]

til iðnaðarráðherra um þriggja fasa rafmagn.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver er niðurstaða nefndar sem skipuð var samkvæmt þingsályktun um þriggja fasa rafmagn sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999?
2. Hversu margir notendur hafa fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni á svæði Rafmagnsveitna ríkisins sl. þrjú ár, flokkað eftir sýslum?

684. Fyrirspurn [424. mál]

til iðnaðarráðherra um smávirkjanir.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfi Rafmagnsveitna ríkisins?
2. Hversu margar smávirkjanir hafa tengst kerfinu síðastliðin þrjú ár?
3. Hafa þeir aðilar sem óska eftir að koma smávirkjun á fót aðgang að fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum? Ef svo er, hvers eðlis er hún?

685. Frumvarp til laga [425. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur viðmiðunarþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera 0,67% af leyfilegum heildarafla í þorski, að teknu tilliti til þeirrar aukningar sem leiðir af 5. mgr. a-liðar 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001. Leyfilegir sóknardagar í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 skulu vera 23. Fjöldi leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárunum þar á eftir skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár á grundvelli hlutfalls milli viðmiðunarþorskafla samkvæmt fyrsta málslið þessarar málsgreinar og raunafla sóknardagabáta í þorski á næstliðnu fiskveiðiári og skal sóknardögum fækka eða fjölga í sama hlutfalli. Sóknardögum hvers báts skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 10% milli fiskveiðiára.

Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá

daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, sem fjallar um fyrirkomulag veiða þeirra báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum:

1. Fallið verði frá því að sóknardögum fækki í 21 dag á fiskveiðiárinu 2001/2002 og verði sóknardagarnir 23 eins og þeir voru á fiskveiðiárinu 2000/2001. Í frumvarpinu er viðmiðunarþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein tilgreindur sem 0,67% af heildarafla í þorski, auk þeirrar aukningar sem leiðir af endurvali báta sem rétt eiga til slíks samkvæmt lögum sem samþykkt voru í desember 2001. Þegar núgildandi ákvæði var sett var ekki unnt að tilgreina viðmiðunarafla þessara báta nákvæmar en gert var. Gert er ráð fyrir að fjöldi sóknardaga á næstu árum ráðist síðan af afla þeirra með sama hætti og gildandi ákvæði kveður á um, en orðalaginu er breytt með hliðsjón af því að fjöldi sóknardaga hvers báts getur breyst bæði vegna flutnings sóknardaga milli báta og skerðingarákvæða laganna.
2. Reglum um nýtingu sóknardaga verði breytt þannig að sókn verði mæld í klukkustundum en ekki heilum dögum. Beiðni um slíka breytingu hefur ítrekað komið frá þeim sem stunda veiðar samkvæmt þessu kerfi og hafa þeir einkum rökstutt hana með því að slíkt fyrirkomulag leiddi til þess að sjómenn væru lengur að veiðum í vafasömu veðri þar sem hver róður teldist heill dagur. Þá hefur verið á það bent að þetta fyrirkomulag leiddi til mikils vinnuálags. Varðandi þetta atriði er lagt til í frumvarpinu að Fiskistofa hafi eftirlit með nýtingu sóknardaga um hið sjálfvirka tilkynningarkerfi en til þessa hefur eftirlit farið fram í gegnum svonefndan „símakrók“ sem Fiskistofa kom á í þessu skyni. Með því að veita Fiskistofu aðgang að hinu sjálfvirka tilkynningarkerfi er ljóst að eftirlit með veiðum þessara báta verður mun virkara en verið hefur til þessa.
3. Í gildandi ákvæði segir að séu sóknardagar fluttir milli báta skuli þeim fjölga eða fækka í hlutfalli við stærð bátanna. Í frumvarpi þessu er lagt til að sú breyting verði gerð að sóknardögum fjölgi ekki séu þeir fluttir á minni bát. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að fjölgun sóknardaga með flutningi til báts sem mældur er minni í brúttótonnum en sá bátur sem flutt er af hefur vísast þær afleiðingar að við endurnýjun báta verði mjög reynt að mæla hina nýju báta sem minnsta. Þykir af ýmsum orsökum nauðsynlegt að

sporna við slíkri þróun og þá sérstaklega þegar litið er til þess að skráð stærð í brúttótonnum segir ekki allt um veiðihæfni.

4. Að lokum skal þeirrar breytingar getið að í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglur um flutning sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild. Að öðrum kosti gæti aðili sem við endurnýjun flytur daga milli báta sinna lent í því að sóknardagar hans skertust vegna ákvæða laganna, sem tengja heimild til flutnings sóknardaga nýtingu sóknardaga á tilteknum fiskveiðiárum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að leggja til breytingar á 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem fjallar um fyrirkomulag veiða þeirra báta sem leyfi hafa til handfæraveiða með dagatakmörkunum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

686. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [426. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson,
Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fimmtungur kosningarbærra manna í landinu getur krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 120., 121., 122., 123., 125. og 126. löggjafarþingi og hlaut þá ekki afgreiðslu.

Með frumvarpinu er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæði.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¾ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er því lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. Til greina kemur í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Krafa um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt frestar ekki gildistöku laga.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan

skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

687. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/2001, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

2. gr.

Á eftir 100. gr. koma þrjár nýjar greinar, 100. gr. a – 100. gr. c, svohljóðandi:

a. (100. gr. a.)

Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum, þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega:

1. manndráp skv. 211. gr.,
2. líkamsárás skv. 218. gr.,
3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,
4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr., eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannslífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,
5. flugrán skv. 2. mgr. 183. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 183. gr.,
6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja skv. 1. mgr. 183. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar skv. 1. mgr. 171. gr.

Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.

b. (100. gr. b.)

Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi í allt að 10 ár.

c. (100. gr. c.)

Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

II. KAFLI

Breyting á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144 22. desember 1998.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.**

III. KAFLI

Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan og í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Markmið frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til þess að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Þetta eru alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999 og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. september 2001. Lagt er til að breytt verði ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt er borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda framangreinda tvo alþjóðasamninga.

Hryðjuverkin sem voru framin í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa kallað á hörð viðbrögð ríkja heims og hvatt þau til að leita allra tiltækra leiða til þess að vernda öryggi borgara og efla varnir gegn hryðjuverkum. Hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi eru orðin ein mesta vá sem steðjar að heimsfriði. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum vöktu ríki enn á ný til vitundar um þessa miklu ógn og það gífurlega manntjón og eignatjón sem hryðjuverk geta valdið. Einnig hafa þær aðferðir sem hryðjuverkamenn beita vakið sérstakan ugg þar sem þeir hika ekki við að tortíma sjálfum sér til þess að ná fram markmiðum sínum. Af því leiðir að hefðbundin sjónarmið um varnaðaráhrif þess að leggja þungar refsingar við hryðjuverkum gagnvart þeim sem fremja þau eiga ekki við með sama hætti og áður. Einnig veldur áhyggjum að skipulögð starfsemi hryðjuverkahópa teygir sig til margra ríkja í senn, heimshorna á milli og mikið fjármagn virðist streyma til hennar. Þrátt fyrir að ýmsar alþjóðlegar samþykktir hafi verið gerðar og löggjöf breytt til að sporna við hryðjuverkum endurskoða nú flest ríki, einkum á Vesturlöndum, löggjöf sína í því skyni að setja þar markvissari úrræði í baráttunni gegn hryðjuverkum, ekki aðeins gagnvart gerendum sjálfum heldur einnig þeim sem leggja hryðjuverkastarfsemi lið, t.d. með fjármögnun hennar. Er því talin rík þörf á að setja refsilöggjöf, sem kveður skýrt á um að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé sjálfstæður refsiverður verknaður, og reglur um skyldur fjármálastofnana þegar grunur leikur á fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Einnig hefur verið talin ástæða til þess að endurskoða löggjöf um rannsóknarheimildir lögreglu og alþjóðlega lögreglusamvinnu, reglur um framsal og alþjóðlega réttaraðstoð svo og útlendingalöggjöf til að fjölga úrræðum í baráttunni gegn hryðjuverkum, þó með þeim fyrirvara að ekki verði farið á svig við gildandi reglur um mannréttindi.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru sambærilegar við endurskoðun laga sem nú á sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Sú endurskoðun felur í sér nauðsynlegar lagabreytingar til þess að unnt verði að fullgilda fyrrgreinda tvo alþjóðasamninga Sameinuðu þjóðanna

gegn hryðjuverkum og koma í framkvæmd ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr.1373 (2001) sem fjallar aðallega um leiðir til þess að sporna við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Frumvarp þetta sækir fyrirmynd sína að mestu leyti til lagafrumvarps danska dómsmálaráðuneytisins um sama efni. Tillögur þessa frumvarps fela í sér að verknaðurinn hryðjuverk verði skilgreindur í refsilögum og þau talin til alvarlegustu afbrota auk þess sem fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi verði gerður sjálfstætt refsivert brot. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til að refsa lögaðila fyrir slík brot sem framin eru í starfsemi þeirra. Þess má geta að í danska lagafrumvarpinu um sama efni eru ráðgerðar, auk fyrrgreindra atriða, margvíslegar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Með þeim er stefnt að auknum heimildum lögreglunnar til ýmissa rannsóknaraðgerða, t.d. leynilegs eftirlits með mönnum, aðgangs að upplýsingum um tölvusamskipti, leitar á mönnum og í húsum o.fl. Slíkar breytingar eru ekki lagðar til í lagafrumvarpi þessu en þær verða skoðaðar nánar í tengslum við heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Hafa ber í huga að þær heimildir sem þegar eru til staðar á þessu sviði hér á landi eru að sumu leyti rýmri en í danskri löggjöf og því alls óvíst að nauðsynlegt sé að breyta þeim að þessu leyti til að veita lögreglu aukið svigrúm til rannsóknaraðgerða.

Verði frumvarpið að lögum leysir það einnig af hólmi að hluta til auglýsingu nr. 867 frá 14. nóvember 2001, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka o.fl. Var auglýsingin birt á grundvelli laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem gerir kleift að koma slíkum ályktunum í framkvæmd með skjótum hætti. Frumvarp til laga til þess að koma í framkvæmd ákvæðum ályktunarinnar sem varða skyldur fjármálastofnana er nú í undirbúningi hjá viðskiptaráðuneytinu, auk annarra breytinga sem ráðgerðar eru á löggjöf um peningaþvætti og skyldur fjármálastofnana.

Þess má geta að Norðmenn fóru þá leið að koma ákvæðum ályktunar nr. 1373 (2001) og alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi í framkvæmd með sérstakri tilskipun frá 2. október 2001. Unnið er að nánari undirbúningi laga í Noregi til að fullgilda samninginn um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka.

II. Alþjóðleg samvinna gegn hryðjuverkum og aðild Íslands að alþjóðasamningum á því sviði.

Margvísleg alþjóðleg samvinna til þess að sporna við hryðjuverkum hefur farið fram á undanförnum áratugum og hafa ýmsir alþjóðlegir samningar verið gerðir á því sviði. Hafa þeir bæði verið almenns eðlis, t.d. um skilgreiningu tiltekinna hryðjuverkaaðferða og sértækir, þ.e. til verndar ákveðnum sviðum eða starfsemi þar sem reynslan sýnir að sérstök hætta er á hryðjuverkum. Hér á eftir verður lýst stuttlega tveimur meginsviðum alþjóðasamstarfs þar sem gerðir hafa verið alþjóðlegir samningar og aðrar samþykktir varðandi hryðjuverkastarfsemi og jafnframt lýst þátttöku íslenska ríkisins í slíku samstarfi. Íslenska ríkið er þegar aðili að langflestum þessum samþykktum og hafa ýmsar lagabreytingar verið gerðar til þess að uppfylla skuldbindingar sem þar er kveðið á um.

1. Alþjóðleg samvinna á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið gerðir nokkrir grundvallarsamningar til þess að berjast gegn hryðjuverkum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að vernda öryggi flugsamgangna sem stafar sérstök hætta af hryðjuverkum eins og mörg dæmi sanna, nú síðast atburðirnir í Bandaríkjunum. Hér á eftir verða samningarnir taldir upp, en jafnframt verður lýst hvernig aðild Íslands að þeim er háttað og birtingu þeirra í C-deild Stjórnartíðinda.

1. Samningur varðandi lögbrot og aðra verknaði í loftförum frá 14. september 1963 (Tokyo samningurinn)/Convention on Offences and Certain Other Acts Committed on Board Aircraft. Aðild Íslands er frá 16. mars 1970, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 11/1970.
2. Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara frá 16. desember 1970 (Haagsamningurinn)/Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft. Aðild Íslands er frá 29. júní 1973, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 12/1973.
3. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna frá 23. september 1971 (Montreal-samningurinn)/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation. Aðild Íslands er frá 29. júní 1973, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 13/1973.
4. Samningur um verndarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, frá 14. desember 1973/Convention on the Prevention and Punishment of Crimes against Internationally Protected Persons, including Diplomatic Agents. Aðild Íslands er frá 2. ágúst 1977, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 15/1977.
5. Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla frá 17. desember 1979/International Convention against the Taking of Hostages. Aðild Íslands er frá 6. júlí 1981, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 17/1981 og nr. 3/1983.
6. Alþjóðasamningur um gæslu kjarnorkuefna frá 3. mars 1980/Convention on the Physical Protection of Nuclear Material. Íslenska ríkið er ekki aðili að þessum samningi.
7. Bókun til að koma í veg fyrir ofbeldisverk á flugvöllum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð frá 24. febrúar 1988/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts of Violence at Airports Serving International Civil Aviation. Bókunin er viðauki við Montreal-samninginn um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Aðild Íslands er frá 9. maí 1990, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 9/1990.
8. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi skipa í siglingum á sjó frá 10. mars 1988/Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation. Íslenska ríkið er ekki aðili að þessum samningi.
9. Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988/Protocol for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Fixed Platforms located on the Continental Shelf. Íslenska ríkið er ekki aðili að þessum samningi.
10. Samningur um merkingar á plastsprengiefni til auðkenningar á því frá 1. mars 1991/ Convention on the Marking of Plastic Explosives for the Purpose of Detection. Íslenska ríkið er ekki aðili að þessum samningi.
11. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997/International Convention for the Suppression of Terrorist Bombings. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 28. september 1998. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar þannig að fullgilda megi samninginn og er hann birtur í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal I með því.
12. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka frá 9. desember 1999/International Convention for the Suppression of the Financing of Terrorism. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 1. október 2001. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar þannig að fullgilda megi samninginn og er hann birtur í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal II með því.

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkastarfsemi,

sem utanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að framangreindir samningar sem Ísland er ekki aðili að verði fullgiltir af Íslands hálfu vorið 2002. Dómsmálaráðherra mun leggja fram frumvörp til lagabreytinga til að skapa skilyrði fyrir fullgildingu umræddra samninga, eftir því sem þörf er á.

Í kjölfar hryðjuverkanna sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september 2001 var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) voru hryðjuverkin í Bandaríkjunum fordæmd og aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum hvött til þess að vinna sameiginlega að því að leita uppi þá sem stóðu á bak við þau. Einnig voru ríki hvött til þess að fullgilda þegar alla fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum sem þau væru ekki þegar aðilar að.

28. september 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1373 (2001) um aðgerðir gegn hryðjuverkum sem áður er getið. Ályktunin er samþykkt á grundvelli VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna sem heimilar ráðinu að taka ákvarðanir vegna sérstakrar nauðsynjar til að tryggja frið þegar heimsfriði er talið stefnt í hættu. Ályktunin er þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið með sama hætti og alþjóðasamningur sem hefur verið fullgiltur af þess hálfu. Í henni eru margvíslegar skyldur lagðar á ríki að grípa til aðgerða til að uppræta hryðjuverkastarfsemi. Verður aðgerðum þessum og efni ályktunarinnar að öðru leyti nánar lýst í III. kafla.

Hryðjuverk hafa undanfarin ár oftsinnis komið til umræðu á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og hefur það samþykkt ályktanir sem beinast sérstaklega að hryðjuverkastarfsemi í skjóli talibanastjórnarinnar í Afganistan. 15. október 1999 samþykkti öryggisráðið ályktun nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og 19. desember 2000 var samþykkt ályktun nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan. Er í ályktununum m.a. kveðið á um skyldu ríkja til að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning til einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindar eru í ályktuninni. Íslenska ríkið kom ályktunum þessum í framkvæmd með auglýsingu nr. 776 frá 15. október 2001, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Skv. 1. gr. laganna heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur skv. 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum. Á sama grundvelli var sem áður segir birt sérstök auglýsing, nr. 867/2001, til þess að koma í framkvæmd með skjótum hætti ályktun öryggisráðsins nr. 1373 (2001) en verði frumvarp þetta að lögum leysa þau af hólmi þá þætti auglýsingarinnar sem varða refsiákvæði vegna fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi.

2. Evrópusamvinna gegn hryðjuverkum og um gagnkvæma réttaraðstoð.

Evrópuríki hafa komið á margvíslegri samvinnu til þess að berjast gegn hryðjuverkum, fyrst á vettvangi Evrópuráðsins en á síðari árum einnig á vettvangi Evrópusambandsins. Hér verður lýst helstu samþykktum sem gerðar hafa verið gegn hryðjuverkum svo og samningum um gagnkvæma réttaraðstoð og viðurkenningu og fullnustu refsidóma, en slíkir samningar hafa mikla þýðingu við rannsókn hryðjuverkabrota og fullnustu refsidóma vegna slíkra brota. Jafnframt verður lýst aðild íslenska ríkisins að þeim samningum sem hafa verið gerðir á þessu sviði:

1. Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970/European Convention on the International Validity of Criminal Judgments. Fullgiltur 6. ágúst 1993, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 22/1993.

2. Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum frá 27. janúar 1977/European Convention on the Suppression of Terrorism. Fullgiltur 11. júlí 1980, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 14/1980.
3. Evrópusamningur um framsal sakamanna frá 13. desember 1957/European Convention on Extradition. Fullgiltur 20. júní 1984, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 8/1984.
4. Evrópusamningur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá 20. apríl 1959/European Convention on Mutual Assistance in Criminal Matters. Fullgiltur 20. júní 1984, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 9/1984.
5. Evrópusamningur um flutning málsmeðferðar í refsimálum frá 1972/European Convention on the Transfer of Proceedings in Criminal Matters. Íslenska ríkið er ekki aðili að þessum samningi.
6. Samningur um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990/Convention on Laundering, Search, Seizure and Confiscation of the Proceeds from Crime. Fullgiltur 21. október 1997, sbr. auglýsingu í C-deild nr. 19/1997.

Í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 gaf ráðherranefnd Evrópuráðsins út yfirlýsingu 12. september 2001 þar sem hryðjuverkin voru fordæmd og aðildarríki Evrópuráðsins hvött til þess að grípa sameiginlega til aðgerða til að uppræta hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi. Á fundi ráðherranefndarinnar 8. nóvember 2001 var samþykkt yfirlýsing um alþjóðlegar aðgerðir gegn hryðjuverkum, með sérstakri áherslu á aðgerðir til að uppræta fjármögnun hryðjuverka.

Á fundi ráðherraráðs Evrópusambandsins 20. september 2001 var rætt um hryðjuverkin í Bandaríkjunum, hvernig ætti að bregðast við því ástandi sem skapast hefði vegna þeirra og hvernig mætti efla verulega þátttöku sambandsins í alþjóðlegri baráttu gegn hryðjuverkum með því að veita þessu málefni forgang. Var þar lögð fram tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að rammaákvörðun um baráttu gegn hryðjuverkum. Á fundi ráðs Evrópusambandsins 6. desember 2001 náðist samkomulag um rammaákvörðunina.

Einn mikilvægasti hluti þessarar ákvörðunar er að þar er hugtakið *hryðjuverk* skilgreint með ítarlegri hætti en í fyrri alþjóðasamþykktum og lögð áhersla á að þungar refsingar verði lagðar við hryðjuverkum og stuðningi við hryðjuverkastarfsemi auk þess sem kveðið er á um refsiábyrgð lögaðila í því sambandi. Í tengslum við aðgerðir Evrópusambandsins gegn hryðjuverkum lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins einnig fram tillögu að rammaákvörðun, 20. september 2001, um evrópska handtökutilskipun (European Arrest Order). Með ákvörðuninni er stefnt að verulegum breytingum á framsalsreglum aðildarríkja ESB sem ætlað er að leysa af hólmi gildandi samninga á þessu sviði. Með samþykkt ákvörðunar um evrópsku handtökutilskipunina er m.a. stefnt að því að afnema margvísleg formskilyrði um framsal og fella úr gildi takmarkanir ríkja á að framselja eigin ríkisborgara.

Á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins sem haldinn var 21. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd auk þess sem samþykkt var sérstök aðgerðaáætlun gegn hryðjuverkum og stuðningi lýst við fyrrgreindar tillögur framkvæmdastjórnarinnar að rammaákvörðun um baráttu gegn hryðjuverkum.

III. Efni samþykktanna þriggja sem tillögur til lagabreytinga varða.

Hér á eftir verður lýst í stórum dráttum efnisatriðum samþykktanna þriggja sem frumvarp þetta fjallar um með því að reifa ákvæði þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á að lýsa efni nokkurra kjarnaákvæða samninganna og þeirra ákvæða sem leiða til lagabreytinga sem nánar er fjallað um í IV. kafla. Einnig verður lýst eftir því sem við á samsvörun þessara ákvæða við aðra alþjóðasamninga sem íslenska ríkið er þegar aðili að. Loks verður lýst í stuttu máli tillögu að

rammaákvörðun ESB gegn hryðjuverkum en fyrirmynd að skilgreiningu hryðjuverka í frumvarpinu er sótt til hennar.

1. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 15. desember 1997 og lagður fram til undirritunar 12. janúar 1998. Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands 28. september 1998. Eftir að samningurinn var gerður var lokið við gerð annars samnings á vegum Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

Markmið samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkasprengingum. Samningurinn stefnir að því að refsiviðurlögum verði komið yfir þá sem fremja hryðjuverk með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum, t.d. útbreiðslu eiturefna eða smitandi sjúkdóma, geislavirkni og öðrum áþekkum aðferðum. Með því að gerast aðilar að samningnum skuldbinda ríki sig til þess að fallast á ákveðnar skilgreiningar sem kveða á um að hryðjuverk sem framin eru með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum séu refsiverður verknaður sem teljist til alvarlegustu brota samkvæmt refsilöggjöf þeirra. Að auki eru í samningnum reglur um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð til þess að greiða fyrir því að unnt sé að koma fram refsingu gagnvart brotamönnum án tillits til þess hvar brotið er framið eða þjóðernis eða dvalarstaðar brotamanns.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar er birtur sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu, í íslenskri þýðingu. Verður nú nánar lýst helstu efnisatriðum samningsins.

Í 1. gr. samningsins, sem er eitt kjarnaákvæða hans, eru skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í ákvæðum samningsins til afmörkunar á refsiábyrgð sem aðildarríkjum er skylt að setja í landslög varðandi hryðjuverk, einkum varðandi þá staði eða starfsemi sem hryðjuverk beinast að og þær aðferðir sem hryðjuverkamenn nota til að valda tjóni. Í 1. mgr. greinarinnar er þannig skilgreind *„aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“* en þar er átt við hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki, sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notuð af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra. Í 2. mgr. er skilgreint hugtakið *„almenningsmannvirki“* en með því er átt við öll mannvirki í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem veita eða dreifa þjónustu í þágu almennings, svo sem vatnsveitur, skolplagnir, orkuleiðslur, eldsneytisleiðslur eða samgöngumannvirki. Í 3. mgr. eru skilgreindar aðferðir hryðjuverkamanna sem aðildarríkjum er skylt að leggja refsingu við. Eru hugtökin *„sprengja eða önnur lífshættuleg aðferð“* skilgreind í þessu skyni sem vopn eða aðferð, sem ætluð er eða til þess er fallin að valda mönnum bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með sprengingu eða íkveikju, eða aðferð, sem ætlað er eða er til þess fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með því að leysa frá sér eða dreifa lífrænum efnum eða eitri eða áþekkum efnum, eða geislavirkni eða geislavirkum efnum.

Í 4. mgr. er skilgreind merking hugtaksins *„her ríkis“* en með því er átt við her ríkis sem skipulagður er, þjálfaður og útbúinn samkvæmt landslögum þess í því skyni fyrst og fremst að halda uppi landvörnum og öryggi og menn sem eru hernum til stuðnings og lúta formlegu skipunarvaldi hans og stjórn og starfa á ábyrgð hans. Loks kveða 5. og 6. mgr. á um skilgreiningu hugtakanna *„almenningsstaðir“* og *„almenningssamgöngukerfi“*. Með almenningsstöðum er átt við þá hluta byggingar, landsvæðis, vegar, vatnaleiðar eða annars staðar sem aðgengilegur er eða opinn almenningi, hvort sem það er alltaf, reglulega eða stundum, og falla þar undir

staðir þar sem stunduð er verslun, atvinnurekstur eða menningarstarfsemi, sögustaðir, staðir til menntunar- eða trúariðkunar, opinberir stjórnarstaðir, skemmti- og frítímastaðir og áþekkir staðir sem aðgengilegir eru eða opnir fyrir almenning. Með almenningssamgöngukerfi er átt við alla aðstöðu, samgöngutæki og búnað, hvort sem er í opinberri eigu eða í einkaeign, sem notuð er til flutninga á fólki eða vörum og er almenningi til afnota.

Annað helsta kjarnaákvæði samningsins er 2. gr. hans þar sem fram kemur ítarleg skilgreining á þeirri háttsemi sem telst afbrot í skilningi samningsins. Skv. 1. mgr. fremur sá afbrot í skilningi samningsins sem með ólögmætum hætti og af ásetningi fer með sprengju eða með annarri lífshættulegri aðferð inn á, inn í eða gegn almenningsstað, aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda, almenningssamgöngukerfi eða almenningsmannvirki, kemur sprengju þar fyrir, gerir hana virka eða sprengir hana í þeim ásetningi að valda bana eða alvarlegu líkamstjóni, eða að valda umfangsmikilli eyðileggingu á staðnum, aðstöðunni eða kerfinu, og eyðileggingin veldur eða er líkleg til að valda miklu efnahagslegu tjóni. Í 2. mgr. er kveðið á um að tilraun til brots skv. 1. mgr. skuli einnig vera refsiverð. Í 3. mgr. er síðan kveðið á um að hlutdeild í afbroti skv. 1. mgr. skuli vera refsiverð svo og skipulagning og stjórn á framkvæmd þess. Loks er tiltekið í c-lið 3. mgr. að það skuli einnig talið afbrot í skilningi samningsins að eiga með einhverjum öðrum hætti þátt í því að hópur manna sem starfar að sameiginlegu markmiði fremji eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr., enda sé það gert af ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, eða gert í vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja slík brot.

Skoða verður skilgreiningar á refsiverðri háttsemi samkvæmt samningnum í samhengi við 4. gr. samningsins þar sem lýst er skyldum aðildarríkja til að gera afbrot sem fjallað er um í 2. gr. hans refsiverð samkvæmt landslögum sínum og leggja viðeigandi refsingu við þeim, þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra. Einnig verður að skoða ákvæði 2. gr. samningsins í ljósi 5. gr. sem kveður á um að hvert aðildarríki skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samninginn sérstaklega ef þeim er ætlað eða þau eru við það miðuð að leiða til ógnarástands meðal almennings, hópa eða einstaklinga, séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða sem byggjast á stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum grunni og að fyrir þau sé refsað í samræmi við alvarleika þeirra.

Í 3. gr. samningsins er gengið út frá því að hann gildi ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður og þeir sem fyrir brotinu verða eru ríkisborgarar þess, hinn meinti brotamaður er á yfirráðasvæði þess, og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu.

Fjallað er um refsilögsögu í 6. gr. samningsins. Skv. 1. mgr. skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að hafa refsilögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar brotið er framið á yfirráðasvæði þess, brotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess, eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið svo og þegar brotið er framið af ríkisborgara þess. Skv. 2. mgr. 6. gr. getur aðildarríki einnig aflað sér refsilögsögu vegna slíks afbrots þegar brotið er framið gegn ríkisborgara þess, brotið beinist gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda ríkisins erlendis, þar með töldu sendiráði þess eða ræðisskrifstofu, eða brotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelur á yfirráðasvæði ríkisins, eða brotið er framið í viðleitni til að neyða viðkomandi ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða brotið er framið um borð í loftfari sem rekið er á vegum þess ríkis. Í framangreindum tilvikum er um að ræða heimild fyrir aðildarríki að samningnum til að hafa lögsögu en ekki fortakslausa skyldu. Í 4. mgr. 6. gr. er kveðið á um skyldu

aðildarríkis til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að hafa lögsögu um brot skv. 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem lögsögu hefur skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr.

Í 7.–10. gr. samningsins svo og 14. gr. eru ákvæði um rannsókn sakamáls vegna afbrota sem talin eru í samningnum, um framsal vegna slíkra brota og um alþjóðlega réttaraðstoð. Er hér um að ræða sambærileg ákvæði og eru í 6., 8., 10. og 11. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla frá 17. desember 1979 svo og 6.–10. gr. samnings um verndarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, frá 14. desember 1973, en íslenska ríkið er aðili að báðum þessum samningum.

Í 13. gr. samningsins er kveðið á um heimild til að flytja mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars aðildarríkis, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, ef þörf er á nærveru hans þar til vitnisburðar, persónugreiningar eða annarrar aðstoðar við að afla gagna til rannsóknar eða saksóknar vegna brota sem samningur þessi tekur til. Er hér um að ræða sambærilegt ákvæði og í Evrópusamningi frá 20. apríl 1959 um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

Framangreind ákvæði um framsal og réttaraðstoð í samningnum um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar ber að skoða í ljós 11. gr. hans sem fjallar m.a. um stjórnmálaafbrot. Samkvæmt þessu ákvæði samningsins má aðildarríki ekki telja neitt það brot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á grundvelli slíks brots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum. Bann þetta er fortakslaust og veitir aðildarríki ekki svigrúm til þess að meta hvort brot af þessu tagi geti talist stjórnmálaafbrot, eins og hefð er fyrir að unnt sé að gera fyrirvara um í alþjóðlegri samvinnu um framsal brotamanna.

Þrátt fyrir fortakslausa framsalsskyldu skv. 11. gr. er aðildarríki þó kleift á grundvelli 12. gr. að synja um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð þótt um ræði brot skv. 2. gr. ef það hefur ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi mann til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða ef það stefndi af einhverri þessari ástæðu stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

Í 15. gr. samningsins eru ákvæði um skyldu ríkja til að eiga samvinnu við önnur ríki til að koma í veg fyrir afbrot sem skilgreind eru í 2. gr. Sambærileg ákvæði má finna í samningum Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla og um verndarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum.

Í 16.–18. gr. samningsins eru ýmis ákvæði varðandi innbyrðis samskipti aðildarríkja þannig að það samrýmist grundvallarreglum um fullveldi ríkja og rétt til að ráða sínum innri málefnum.

Í 19. gr. samningsins er ákvæði þess efnis að samningurinn skuli engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og manna að þjóðarétti, svo sem markmið og meginreglur stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðleg mannúðarlög.

Loks eru ákvæði almenns eðlis í 20.–24. gr. samningsins um úrlausn ágreiningsmála varðandi túlkun samningsins, undirritun og staðfestingu hans og gildistöku.

2. Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 9. desember 1999 og lagður fram til undirritunar 10. janúar 2000. Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu 1. október 2001.

Markmið samningsins er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkum og fjölga úrræðum til þess að unnt verði að koma fram refsiviðurlögum gagnvart þeim sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Með aðild að samningnum gangast ríki undir skuldbindingar um að fallast á ákveðnar skilgreiningar varðandi tilflutning og öflun fjármuna í þeirri vitneskju að þá skuli nota til hryðjuverkastarfsemi, og að slík háttsemi skuli teljist afbrot sem þungar refsingar verði lagðar við bæði gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Að auki leggur samningurinn þær skyldur á aðildarríki að skilgreina rúmt hlutdeild í fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Loks eru í samningnum ákvæði um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð sem stefna m.a. að því að unnt verði að koma fram refsiábyrgð án tillits til þess hvar brot er framið eða til þess hvar brotamaður dvelst.

Alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi er birtur sem fylgiskjal II með frumvarpi þessu, í íslenskri þýðingu. Verður nú nánar lýst helstu efnisatriðum samningsins.

Í 1. gr. samningsins eru skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í samningnum til þess að afmarka refsiábyrgð samkvæmt honum. Í 1. mgr. er hugtakið *„fjármunir“* skilgreint, en með því er átt við eignir, hverjar sem er, áþreifanlegar eða óáþreifanlegar fasteignir eða lausafé, hvernig sem þeirra hefur verið aflað, og skjöl í hvaða formi sem er, þar með talið í rafrænu eða stafrænu formi, sem sýna fram á eignarrétt að þeim eða rétt til þeirra, svo sem yfirdráttarheimildir, ferðatékka, bankatékka, peningaávísanir, hlutabréf, verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar og bankaábyrgðir. Í 2. mgr. er skilgreind *„aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“* en með því er átt við hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notuð af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra. Er hér um að ræða samhljóða skilgreiningu við ákvæði 1. mgr. 1. gr. samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar. Loks er skilgreint hugtakið *„ávinningur“* í 3. mgr. 1. gr., en með því er átt við fjármuni sem renna frá eða er aflað beint eða óbeint með broti sem fjallað er um í 2. gr. samningsins.

Kjarnaákvæði samningsins er í 2. gr. hans þar sem skilgreind er sú háttsemi sem aðildarríkjum er skylt að gera refsiverða en það er hvers konar fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi. Skv. 1. mgr. 2. gr. fremur sá maður afbrot í skilningi samningsins sem með einhverjum hætti, beint eða óbeint, en með ólöglegum hætti og af ásetningi, útvegar eða safnar fjármunum í því skyni að þeir verði notaðir, eða í þeirri vitneskju að þeir verði notaðir, að einhverju leyti eða öllu til að vinna:

a. Verk sem felur í sér afbrot samkvæmt efni einhvers þeirra þjóðréttarsamninga sem tilgreindir eru í viðauka við samninginn og eins og þar er skilgreint, eða
b. eitthvert annað verk sem ætlað er að valda almennum borgara, eða öðrum manni sem ekki tekur þátt í vopnaviðskiptum í ófriði, bana eða alvarlegu líkamstjóni, ef tilgangur verksins samkvæmt eðli þess eða samhengi er að ógna almenningi eða þvinga ríkisstjórn eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Skilgreining refsiábyrgðar skv. 1. mgr. 2. gr. er tvíþætt. Annars vegar er vísað til fjárhagslegs stuðnings við háttsemi sem skilgreind er í fyrri samningum Sameinuðu þjóðanna og taldir eru í viðauka við samninginn, en þessum samningum var lýst er í kafla II.1, en hins vegar er

í b-lið sett fram almenn skilgreining á hryðjuverki. Skv. a-lið 2. mgr. greinarinnar getur ríki sem ekki er aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum lýst því yfir að við framkvæmd samnings þessa gagnvart sér skuli litið svo á að sá þjóðréttarsamningur sé ekki tilgreindur í viðauka þeim sem fjallað er um í a-lið 1. mgr. Yfirlýsingin skal falla úr gildi um leið og þjóðréttarsamningurinn öðlast gildi gagnvart því aðildarríki.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. er það ekki skilyrði refsiábyrgðar skv. 1. mgr. að fjármunir hafi í raun verið notaðir til að fremja afbrot sem fjallað er um í a- eða b-lið ákvæðisins. Er ásetningurinn eða vitneskjan um að nota eigi fjármunina í þessu skyni því nægileg.

Í 4. mgr. 2. gr. er kveðið á um skyldu aðildarríkja til þess að gera refsiverða tilraun til þess að fremja brot skv. 1. mgr.

Í 5. mgr. 2. gr. er lýst reglum um hlutdeild í brotum skv. 1. mgr. Samkvæmt ákvæðinu skal það einnig teljast afbrot að eiga hlutdeild í broti skv. 1. eða 4. mgr. svo og að skipuleggja slíkt brot eða stjórna framkvæmd þess, sbr. a- og b-lið 5. mgr. Skv. c-lið telst það einnig vera brot skv. 1. og 4. mgr. greinarinnar að stuðla að því að hópur manna er starfa í þágu sameiginlegs markmiðs fremji eitt eða fleiri slík brot. Það skilyrði er sett að það sé gert með ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, enda feli starfsemin eða markmiðið í sér að framið sé afbrot skv. 1. mgr. þessarar greinar, eða í vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja afbrot skv. 1. mgr.

Ákvæði 2. gr. um skilgreiningu afbrots samkvæmt samningnum ber að skoða með hliðsjón af 4. gr. samningsins sem kveður á um að hvert aðildarríki skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera afbrot sem fjallað er um í 2. gr. refsiverð samkvæmt landslögum sínum og leggja viðeigandi refsingu við þeim brotum þar sem tillit er tekið til alvarleika þeirra. Einnig verður að skoða 2. gr. í ljósi 5. gr. samningsins varðandi ábyrgð lögaðila. Er þar kveðið á um að hvert aðildarríki skuli í samræmi við meginreglur landslaga gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að gera lögaðila á yfirráðasvæði þess eða stofnsettan samkvæmt lögum þess ábyrgan ef maður, sem stjórnar eða stýrir lögaðilanum, hefur í þeim starfa sínum framið brot sem tilgreint er í 2. gr. Ábyrgðin getur verið á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar. Er tekið fram í 2. tölul. 5. gr. að slíkri ábyrgð skuli lögaðili sæta án þess að hún hafi áhrif á refsiábyrgð þeirra manna sem brotin fremja. Skv. 3. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki sérstaklega sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði þessarar greinar, séu beittir raunhæfum viðurlögum á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar í samræmi við tilefni þeirra sem fela í sér varnað, þar með töldum fjárhagslegum viðurlögum. Loks verður að skoða 2. gr. í ljósi 6. gr. samningsins sem kveður á um skyldur aðildarríkis til að tryggja að afbrot sem falla undir samninginn séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða byggðum á stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum grunni.

Samkvæmt 3. gr. samningsins gildir hann ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður er ríkisborgari þess, er staddur á yfirráðasvæði þess, og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu.

Ákvæði um refsilögsögu eru í 7. gr. samningsins. Aðildarríki ber skylda skv. 1. mgr. til að gera ráðstafanir svo unnt sé að hafa refsilögsögu vegna brota sem fjallað er um í 2. gr. þegar brotið er framið á yfirráðasvæði þess eða um borð í skipi sem siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið eða það er framið af ríkisborgara þess. Skv. 2. mgr. getur aðildarríki einnig haft lögsögu um slíkt brot í eftirfarandi tilvikum: Brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. á yfirráðasvæði aðildarríkis eða gegn ríkisborgara þess, eða leiddi til þess að slíkt brot var framið; brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. og beinist gegn aðstöðu á vegum ríkisvalds eða ríkisstjórnar þess ríkis erlendis, þar með töldum

sendiráðum þess eða ræðisskrifstofum; brotið er tilgreint í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. og framið í því skyni að leitast við að neyða viðkomandi aðildarríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert; brotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelur á yfirráðasvæði þess ríkis; brotið er framið um borð í loftfari á vegum þess ríkis. Skoða verður 1. og 2. mgr. 7. gr. með hliðsjón af 4. mgr. greinarinnar sem leggur skyldu á aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að hafa lögsögu vegna afbrots sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem hefur lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. Ef fleiri en eitt aðildarríki hafa lögsögu um slíkt brot skulu þau leitast við að samræma gerðir sínar með viðeigandi hætti, sérstaklega hvað snertir skilyrði saksóknar og hvernig gagnkvæm réttaraðstoð skuli veitt, sbr. ákvæði 5. mgr. 7. gr. Loks er kveðið á um það í 6. mgr. 7. gr. að með fyrirvara um gildi almennra reglna þjóðaréttar útiloki samningurinn ekki að aðildarríki beiti þeirri lögsögu í refsimálum sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um ráðstafanir sem aðildarríkjum ber að grípa til svo að unnt verði að finna, greina og kyrrsetja eða haldleggja fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja brot þau sem fjallað er um í 2. gr. svo og ávinning af slíkum brotum, með tilliti til þess að fjármunir kunni síðar að verða gerðir upptækir. Í 2. mgr. er kveðið á um að ríki skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að gera upptæka slíka fjármuni svo og ávinning af slíkum brotum. Skv. 4. mgr. greinarinnar skal aðildarríki einnig athuga að koma á þeirri skipan að fjármunir sem aflast hafa með upptöku renni til þeirra sem hafa orðið fyrir brotum tilgreindum í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr.

Í 9.–12. gr. og 17. gr. samningsins eru ýmis ákvæði sem varða rannsókn mála, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð. Er hér um að ræða sambærileg ákvæði og í 7.–10. gr. og 14. gr. samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem lýst var í umfjöllun um þann samning í kafla III.1 hér að framan þar sem einnig er vísað til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla svo og samnings um verndarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum. Sú sérregla kemur þó fram í 2. mgr. 12. gr. að aðildarríki mega ekki hafna beiðni um gagnkvæma réttarараðstoð á grundvelli bankaleyndar.

Einnig eru í 16. gr. samningsins heimildir til þess að flytja mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars aðildarríkis ef óskað er nærveru hans þar til persónugreiningar, vitnisburðar eða annarrar aðstoðar við að leiða í ljós málsatvik við rannsókn eða saksókn varðandi afbrot sem fjallað er um í 2. gr., ef hann gefur til þess upplýst samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja og viðeigandi yfirvöld í báðum aðildarríkjum samþykkja það. Sambærilegt ákvæði er í 13. gr. samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og 11. gr. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

Ákvæði samningsins um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka um framsal og réttaraðstoð ber að skoða með hliðsjón af 13. og 14. gr. Skv. 13. gr. samningsins skal ekki litið á neitt brot sem fjallað er um í 2. gr. sem skattabrot. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á þeirri forsendu einni að hún varði skattabrot. Eins segir í 14. gr. samningsins að ekki skuli litið á neitt það brot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum. Aðildarríki mega því ekki hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð á grundvelli slíks brots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er aðildarríki þó kleift á grundvelli 15. gr. samningsins að synja um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð þótt um ræði brot skv. 2. gr. ef það hefur ástæðu

til að ætla að beiðnin sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi mann til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða ef það af einhverri þessari ástæðu stefndi stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

Í 18. gr. eru ákvæði um skyldu ríkja til að eiga samvinnu við önnur ríki um að koma í veg fyrir afbrot sem skilgreind eru í 2. gr. Sambærileg ákvæði má finna í samningum Sameinuðu þjóðanna um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar, varnir gegn töku gísla og um verndarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum. Þó gengur þetta ákvæði lengra að því leyti að skv. b-lið 1. mgr. skal ríki beita ráðstöfunum þar sem þess er krafist af fjármálastofnunum og starfsgreinum þar sem fengist er við fjármálaviðskipti að beitt sé árangursríkustu aðferðum sem völ er á til að greina deili á reglulegum og tilfallandi viðskiptamönnum þeirra og viðskiptamönnum sem fá reikninga opnaða í sína þágu. Einnig að sérstök athygli sé veitt óvenjulegum eða grunsamlegum viðskiptum og að tilkynnt sé um viðskipti sem grunur leikur á að eigi rætur að rekja til brotastarfsemi. Í þessu skyni skulu aðildarríki taka til athugunar að taka upp reglur sem banna að reikningar séu opnaðir ef umráðamenn þeirra eða eigendur eru óþekktir eða ekki er unnt að greina hverjir þeir eru, og gera ráðstafanir til að tryggja að slíkar stofnanir sannreyni deili á raunverulegum eigendum. Eins skulu ríki krefjast þess af fjármálastofnunum, til að finna megi deili á lögaðilum, að þær geri þegar nauðsyn krefur ráðstafanir til að sannreyna að viðskiptaaðili sé til að lögum og hvert rekstrarform hans er, með því að afla, annaðhvort úr opinberum skrám eða frá viðskiptaaðilanum eða hvort tveggja, sönnunar fyrir stofnun þar sem fram kemur nafn aðilans, rekstrarform og heimilisfang, hverjir stjórnendur hans eru, og með hvaða hætti hann geti stofnað til skuldbindinga. Auk þess ber ríkjum að leggja þá skyldu á fjármálastofnanir að tilkynna þegar í stað til viðeigandi yfirvalda um öll flókin, óvenjuleg og stór viðskipti og óvenjuleg viðskiptamynstur, sem ekki er greinilegt að hafi efnahagslegan eða augljóslega löglegan tilgang og loks ber að gera fjármálastofnunum skylt að halda til haga öllum nauðsynlegum gögnum um viðskipti, innlend jafnt sem erlend, í að minnsta kosti fimm ár.

Í 19., 20. og 22. gr. samningsins eru ýmis ákvæði varðandi innbyrðis samskipti aðildarríkja þannig að það samrýmist grundvallarreglum um fullveldi ríkja og rétt til að ráða sínum innri málefnum.

Í 21. gr. samningsins er ákvæði þess efnis að hann skuli engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og manna að þjóðarétti, svo sem markmið og meginreglur stofnsamnings Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðleg mannúðarlög.

Loks eru ákvæði almenns eðlis í 24.–28. gr. samningsins um úrlausn ágreiningsmála varðandi túlkun samningsins, undirritun og staðfestingu hans svo og gildistöku.

3. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001).

Hinn 28. september 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1373 (2001) um baráttu gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, sautján dögum eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september. Svo sem áður er getið er ályktunin gerð á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna og er þjóðréttarlega skuldbindandi gagnvart íslenska ríkinu með sama hætti og þjóðréttarsamningur sem hefur verið fullgiltur. Með vísan til laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum 9. nóvember 2001 að koma ályktuninni í framkvæmd, sbr. auglýsingu nr. 867/2001.

Markmið ályktunar nr. 1373 (2001) er sambærilegt við markmið samningsins um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka en gengur þó að sumu leyti lengra. Verði frumvarp þetta að lögum leysir það af hólmi fyrrgreinda auglýsingu nr. 867/2001 nema að því leyti sem snýr að tilkynningarskyldu fjármálastofnana ef grunur er um viðskipti sem fela í sér fjármögnun til

hryðjuverkasamtaka. Verður frumvarp til þess að innleiða þann þátt í íslenska löggjöf lagt fram af viðskiptaráðherra þar sem m.a. er gert ráð fyrir að lagðar verði til ýmsar breytingar á gildandi löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og tilkynningarskyldu fjármálastofnana. Með þessum lagabreytingum verður jafnframt að því stefnt að leysa af hólmi ákvæði fyrrgreindrar auglýsingar.

Ályktun nr. 1373 (2001) er birt í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal III með frumvarpinu.

Í 1. og 2. gr. ályktunarinnar eru talin atriði sem ríkjum er skylt að koma í framkvæmd en í 3. gr. hennar eru ákvæði sem ekki eru jafnafdráttarlaust bindandi en lúta frekar að atriðum sem ríki eru hvött til að stefna að í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í 4. og 5. gr. eru almenn ákvæði um alþjóðlega samvinnu gegn hryðjuverkum og fordæmingu þeirra. Í 6.–9. gr. eru ákvæði sem varða m.a. skyldur ríkja til að koma ályktuninni í framkvæmd.

Í 1. gr. ályktunarinnar eru lagðar skyldur á ríki sem varða bæði refsinæmi þess að fjármagna hryðjuverkastarfsemi og aðgerðir til þess að stöðva flutning fjármuna til hryðjuverkahópa. Þannig segir í a-lið að ríki skuli grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir og banna fjármögnun hryðjuverka. Skv. b-lið er ríkjum skylt að lýsa það refsiverðan verknað að útvega eða safna fjármunum með einhverjum hætti, beint eða óbeint, en með ásetningi eða vitneskju um að þeir verði notaðir til að vinna hryðjuverk. Skv. c-lið skulu ríki stöðva tafarlaust flutning fjármuna eða annarra verðmæta til manna sem fremja eða reyna að fremja hryðjuverk eða eiga þátt í eða styðja slíka verknaði. Einnig skal stöðva slíkan fjármagnsflutning frá einstaklingum eða lögaðilum sem eru beint eða óbeint undir stjórn þeirra einstaklinga og lögaðila sem starfa í umboði eða undir stjórn manna sem fremja eða reyna að fremja hryðjuverk, þ.m.t. flutning fjármuna sem renna frá eignum sem eru að hluta til eða að öllu leyti í eigu þeirra manna eða lögaðila sem tengjast þeim. Loks ber ríkjum skv. d-lið 1. gr. að banna ríkisborgurum sínum svo og öllum einstaklingum og lögaðilum sem dvelja á yfirráðasvæði þeirra að stofna sjóði, sjá um eignaumsýslu eða veita annars konar beina eða óbeina þjónustu í tengslum við fjármuni og annars konar verðmæti í þágu þeirra sem hafa framið eða reynt að fremja hryðjuverk, hlutdeildarmanna í slíkum brotum eða manna sem með öðrum hætti hafa stuðlað að slíkum brotum.

Í 2. gr. ályktunarinnar er kveðið á um það í a-lið að ríki skuli forðast að styðja við einstaklinga sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, þar með talið að sporna við því að hryðjuverkamenn komi saman og koma í veg fyrir aðgang hryðjuverkamanna að vopnum. Skv. b-lið 2. gr. skulu ríki grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að hryðjuverkastarfsemi breiðist út, m.a. með því að vara önnur ríki við með því að skiptast á upplýsingum. Loks ber ríkjum skv. c-lið að neita þeim um hæli sem fjármagna, skipuleggja eða fremja hryðjuverk og skv. d-lið ber að hindra að þeir sem fjármagna, skipuleggja eða fremja hryðjuverk noti yfirráðasvæði þeirra í þessum tilgangi gegn öðrum ríkjum eða ríkisborgurum þeirra. Skv. e-lið 2. gr. skulu ríki koma refsiviðurlögum yfir þá sem fjármagna, skipuleggja eða undirbúa hryðjuverk, í f-lið er kveðið á um gagnkvæma aðstoð ríkja við rannsókn refsimála varðandi hryðjuverk. Loks skulu ríki skv. g-lið koma í veg fyrir ferðir hryðjuverkamanna milli ríkja með því að koma á virku landamæraeftirliti sem byggist á ítarlegri könnun persónuskilríkja og ferðaskilríkja til að koma í veg fyrir notkun falsaðra skjala.

Í 3. gr. ályktunarinnar eru tilmæli sem varða einkum upplýsingaskipti milli ríkja um grunaða hryðjuverkamenn og hryðjuverkastarfsemi. Eru ríki þar hvött til þess í a-lið að finna leiðir til að hraða og einfalda upplýsingaskipti einkum varðandi hryðjuverkamenn og hryðjuverkastarfsemi, fölsuð ferðaskilríki, ólöglega vopnaverslun, flutning sprengiefna og notkun hryðjuverkahópa á fjarskiptatækni svo og um ógn sem kann að stafa af gereyðingarvopnum í umráðum hryðjuverkamanna. Í b-lið 3. gr. eru ríki hvött til þess að skiptast á upplýsingum í samræmi við alþjóðlegar reglur og landslög og vinna saman á sviði stjórnsýslu og réttarvörslu að vörnum

gegn hryðjuverkum, í c-lið er fjallað um tvíhliða eða marghliða samninga sem ríki eru hvött til að gera til að fyrirbyggja eða stöðva hryðjuverkaárásir, í d-lið er fjallað um nauðsyn þess að ríki gerist aðilar að alþjóðasamningum gegn hryðjuverkum, þ.m.t. samningnum um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka. Í e-lið eru ríki hvött til að koma í framkvæmd ályktunum 1269 (1999) og 1368 (2001), í f-lið er kveðið á um að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana samkvæmt gildandi ákvæðum lands- og alþjóðalaga, þ.m.t. þjóðréttarreglna um mannréttindi, áður en mönnum er veitt hæli sem flóttamenn, til þess að ganga úr skugga um að þeir sem sækja um hæli hafi ekki skipulagt, greitt fyrir eða tekið þátt í hryðjuverki. Loks eru ríki hvött til þess í g-lið að tryggja, í samræmi við alþjóðalög, að þeir sem fremja, skipuleggja eða greiða fyrir hryðjuverkum misnoti ekki stöðu sína sem flóttamenn og að vísun til stjórnmálalegra ástæðna sé ekki viðurkennd sem forsenda fyrir því að hafna beiðnum um framsal meintra hryðjuverkamanna.

Í 4. gr. ályktunarinnar er lögð áhersla á að ríki samræmi aðgerðir sínar og efli alþjóðlega samvinnu til að uppræta þau nánu tengsl sem eru á milli alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi og fjölþjóðlegrar skipulagðrar glæpastarfsemi, ólöglegra fíkniefna, peningaþvættis, ólöglegrar vopnasölu og ólöglegs flutnings kjarnaefna, kemískra, lífrænna efna og annarra lífshættulegra efna.

Í 5. gr. ályktunarinnar er því lýst að öll hryðjuverk séu andstæð tilgangi og meginreglum Sameinuðu þjóðanna og það sama eigi við um fjármögnun, skipulagningu og hvatningu til hryðjuverka.

Í 6.–9. gr. ályktunarinnar er síðan nánar lýst aðgerðum sem aðildarríkjum ber að grípa til svo að koma megi henni í framkvæmd. Þar segir m.a. að innan 90 daga frá samþykkt hennar beri ríkjum að greina nefnd öryggisráðsins frá því til hvaða aðgerða þau hafi gripið í því skyni.

4. Ákvæði um skilgreiningar hryðjuverka í rammaákvörðun ESB.

Í lok þessarar umfjöllunar um alþjóðlega samninga varðandi hryðjuverk sem íslenska ríkið stefnir að fullgildingu á er rétt að greina í stórum dráttum frá því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi Evrópusambandsins til þess að samræma aðgerðir aðildarríkja um varnir gegn hryðjuverkum.

Á fundi ráðherraráðs Evrópusambandsins 20. september 2001 lagði framkvæmdastjórn sambandsins fram tillögu að rammaákvörðun um baráttu gegn hryðjuverkum eins áður hefur verið lýst og náðist samkomulag um hana á fundi ráðsins 6. desember 2001. Einn mikilvægasti hluti þessarar ákvörðunar er að þar er hugtakið *hryðjuverk* skilgreint með ítarlegri hætti en í fyrri alþjóðasamþykktum og lögð áhersla á að þungar refsingar verði lagðar við hryðjuverkum og stuðningi við hryðjuverkastarfsemi. Þótt íslenska ríkið verði ekki skuldbundið til þess að koma rammaákvörðun Evrópusambandsins á þessu sviði í framkvæmd þykir eðlilegt og til samræmingar að notast við sömu skilgreiningu og flest Evrópuríkja.

Af þeirri ástæðu eru tillögur frumvarpsins um skilgreiningu hryðjuverka reistar á sama grunni og stefnt er að með rammaákvörðun Evrópusambandsins. Auk skilgreininga um hvaða verknaði beri að telja til hryðjuverka birtast í rammaákvörðuninni skilgreiningar á brotum sem tengjast hryðjuverkastarfsemi og felast í stjórnun og skipulagningu hryðjuverka eða þátttöku í hryðjuverkahópum, stuðningi við hryðjuverkastarfsemi, þ.m.t. fjármögnun hennar og þvætti á ágóða af hryðjuverkabrotum eða tengdri brotastarfsemi. Með rammaákvörðuninni er stefnt að samræmdum reglum um viðurlög við hryðjuverkabrotum, og atriði sem verði til refsiþyngingar og refsilækkunar í því sambandi. Þar er einnig fjallað um refsiábyrgð lögaðila vegna stuðnings við eða þátttöku í hryðjuverkastarfsemi svo og um samræmingu viðurlaga sem lögaðilum verði gerð vegna slíkra brota.

IV. Ákvæði íslenskrar löggjafar um hryðjuverk og hryðjuverkastarfsemi.

Eins og áður hefur komið fram er íslenska ríkið aðili að fjölmörgum alþjóðlegum samningum um hryðjuverk og samningum um alþjóðlega réttaraðstoð. Á undanförnum áratugum hefur löggjöfin því tekið ýmsum breytingum til þess að laga hana að skuldbindingum þessara samninga. Hér á eftir verður lýst helstu lagaákvæðum sem gilda um þetta efni. Verður umfjölluninni skipt niður eftir helstu sviðum sem koma til álita við skoðun á efni fyrrgreindra alþjóðasamninga sem stefnt er að fullgildingu á og lýst var í III. kafla að framan. Hér er því einkum um að ræða gildandi refsiákvæði um hryðjuverk og skilgreiningar á hryðjuverkum, í öðru lagi refsiákvæði um stuðning við hryðjuverkastarfsemi, þar á meðal fjárhagslegan stuðning, í þriðja lagi refsiábyrgð lögaðila á þessu sviði, í fjórða lagi ákvæði laga um refsilögsögu íslenska ríkisins varðandi hryðjuverk, í fimmta lagi lagaákvæði um framsal sakamanna sem grunaðir eru um hryðjuverk eða stuðning við hryðjuverkastarfsemi og loks í sjötta lagi um aðra gagnkvæma réttaraðstoð varðandi rannsókn hryðjuverkabrota.

1. Gildandi refsiákvæði um hryðjuverkabrot og hryðjuverkastarfsemi.

Í íslenskum refsilögum er hugtaksins hryðjuverks hvergi getið sem sjálfstæðs refsiverðs verknaðar og ekki er þar að finna sérstaka skilgreiningu á hryðjuverkum eða hryðjuverkastarfsemi. Ekki hefur verið samþykkt í alþjóðasamningi ein tæmandi skilgreining á hryðjuverkum eða hryðjuverkastarfsemi að frátalinni fyrrgreindri rammaákvörðun ESB. Í 1. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum frá 1977 eru talin upp brot sem aðildarríkjum er óheimilt að telja til stjórnmálaafbrota þannig að það geti girt fyrir framsal manna sem þau fremja þar sem þau teljist til hryðjuverka. Í upptalningu 1. gr. samningsins er bæði vísað til brota samkvæmt sérstökum samningum sem fjalla um vernd flugsamgangna og flugöryggis en einnig ákveðinna alvarlegra brota, svo sem gegn lífi og limum manna er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindreka, brota sem fela í sér mannrán, töku gísla eða alvarlega frelsisskerðingu og brota þar sem notaðar eru sprengjur. Í b-lið 1. mgr. 2. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi kemur fram almenn lýsing á hryðjuverkum. Er þar átt við verk sem ætlað er að valda almennum borgara, eða öðrum manni sem ekki tekur þátt í vopnaviðskiptum í ófriði, bana eða alvarlegu líkamstjóni, ef tilgangur verksins samkvæmt eðli þess eða samhengi er að ógna almenningi eða þvinga ríkisstjórn eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert. Með vísan til þessa má skilgreina hryðjuverk sem safn tiltekinna brota, einkum sprengingar eða aðrar lífshættulegar aðgerðir sem ætlað er að valda manntjóni eða eignatjóni, flugrán eða aðrar árásir gegn öryggi samgangna og gíslataka þegar slík brot eru framin í ákveðnu markmiði eða undir merkjum ákveðinna hugmynda til að knýja fram aðgerðir eða aðgerðarleysi og beinast gegn stjórnvöldum tiltekins ríkis eða ríkja eða alþjóðastofnunum. Eru brot af þessu tagi venjulega talin til alvarlegustu brota samkvæmt almennum refsilögum ríkja án tillits til þess hvort þau eru skilgreind þar sem hryðjuverk.

Eina tilvikið þar sem orðið hryðjuverk birtist í almennum hegningarlögum er í 6. tölul. 6. gr. laganna sem kveður á um rýmkaða refsilögsögu íslenska ríkisins þegar um ræðir háttsemi sem greinir í 1. gr. Evrópusamningsins um varnir gegn hryðjuverkum. Verður reglum um slíka refsilögsögu nánar lýst í kafla IV.4 hér á eftir.

Vegna aðildar Íslands að ýmsum samningum um hryðjuverk sem gerðir hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna og beinast að ákveðnum sviðum, svo sem flugsamgöngum, hafa þó verið gerðar margvíslegar breytingar á ákvæðum almennu hegningarlaganna. Þótt hryðjuverk eða hryðjuverkastarfsemi séu ekki orðuð þar sérstaklega ná refsiákvæði laganna um almannahættu-

brot, almenn ákvæði um manndráp og líkamsmeiðingar svo og ákvæði um brot gegn frjálsræði manna tvímælalaust yfir hryðjuverkabrot.

Vegna aðildar íslenska ríkisins að fyrri alþjóðasamningum um hryðjuverk hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum XVIII. kafla almennu hegningarlaganna sem fjallar um brot sem hafa í för með sér almannahættu. Almenna brennuákvæðið í 164. gr. gildir eðli máls samkvæmt um hryðjuverk sem felast í því að valda eldsvoða. Eitt helsta ákvæðið sem gildir um verknaði sem teljast til hryðjuverka, svo sem hryðjuverkasprengingar, er 165. gr. laganna. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að sá skuli sæta fangelsi sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum, með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja. Ákvæðið sem staðið hefur óbreytt frá setningu almennu hegningarlaganna 1940 er eitt fárra ákvæða laganna þar sem ekki er getið um tímalengd fangelsisvistar. Af því leiðir að 34. gr. laganna gildir um hámark þess tíma sem unnt er að dæma mann til fangelsisvistar eða 16 ár. Tveimur síðari málsgreinum 165. gr. var bætt við greinina með lögum nr. 41/1973 sem voru sett í tilefni af aðild íslenska ríkisins að þremur alþjóðasamningum um hryðjuverk um borð í loftförum eða í tengslum við flugsamgöngur. Þetta eru Tókýósamningurinn frá 1963, Haag-samningurinn frá 1970 og Montreal-samningurinn frá 1971, en þessir samningar eru taldir eru í kafla II.1 að framan. Skv. 2. mgr. 165. gr. varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár ef maður sem er í loftfari beitir ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögmætri aðferð til að ná valdi á stjórn loftfars eða grípur á annan hátt ólöglega inn í stjórn þess og flug. Skv. 3. mgr. 165. gr. varðar það sömu refsingu að veitast með ofbeldi eða hótun um ofbeldi að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð, enda valdi verknaður eða sé til þess fallinn að valda almannahættu. Í 166. gr. er síðan lögð þyngri refsing við verknuðum skv. 165. og 166. gr. eða 4 ára lágmarksfangelsisrefsing ef verknaður er framinn í þeim tilgangi að koma af stað uppreisn, fjöldaránum eða annarri slíkri röskun á þjóðskipulagi eða allsherjarreglu.

Ýmis önnur ákvæði XVIII. kafla almennu hegningarlaganna eru til þess fallin að ná yfir hryðjuverkastarfsemi af öðrum meiði. Má þar helst nefna 168. gr. sem leggur allt að 6 ára fangelsisrefsingu við því að raska öryggi ýmissa samgöngutækja eða umferðaröryggi á alfaraleiðum. Skv. 170. gr. varðar það allt að 12 ára fangelsi að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur. Í 171. gr. er lögð allt að 10 ára fangelsisrefsing við því að láta eitruð eða önnur hættuleg efni í muni sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar þannig að heilbrigði manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra. Eins varðar það allt að 6 ára fangelsi að hafa á boðstólum eða útbreiða neysluvörur sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru hættulegar heilbrigði manna. Loks kveður 175. gr. laganna á um það að hver sem veldur hættu á því að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda sem þar að lúta, skuli sæta fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum ef um sjúkdóma er að ræða sem hið opinbera hefur gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra. Getur síðastnefnda ákvæðið ekki síst komið til skoðunar í ljósi nýlegra atburða í Bandaríkjunum sem eiga sér tæplega hliðstæðu, þ.e. skipuleg útbreiðsla á bakteríum sem valda lífshættulegum sjúkdómum á við miltisbrand, en þeim hefur verið dreift í sendibréfum með póstflutningum og hafa valdið dauðsföllum.

Að frátöldum fyrrgreindum brotum sem hafa í för með sér almannahættu verður að hafa í huga að þyngri refsing getur legið við hryðjuverkum ef þau leiða til dauða eða líkamstjóns samkvæmt almennum ákvæðum XXIII. kafla laganna um manndráp og líkamsmeiðingar. Varðar manndráp af ásetningi fangelsi ekki skemur en 5 ár eða ævilangt skv. 211. gr. laganna og þungar refsingar liggja við ásetningsbrotum sem valda stórfelldu líkams- eða heilsutjóni. Í ákvæðum

XXIV. kafla er fjallað um brot gegn frjálsræði manna og félli t.d. gíslataka undir 226. gr. laganna um frelsissviptingu manna, sem talin er til alvarlegustu brota. Loks má nefna ýmis ákvæði XXVI. kafla almennu hegningarlaganna um auðgunarbrot sem gætu komið til álita í tengslum við hryðjuverkastarfsemi, t.d. stórfellt þjófnaðarbrot skv. 2. mgr. 244. gr. eða rán skv. 252. gr. laganna.

2. Refsiákvæði um fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Ákvæði 22. gr. almennra hegningarlaga gilda að sjálfsögðu um hlutdeild í brotum sem teljast hryðjuverk og lýst var í kafla IV.1. hér á undan. Þannig skal hver sá maður sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því að brot samkvæmt lögunum er framið, sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð. En refsiábyrgð skv. 22. gr. fyrir hlutdeild í broti eru sett ákveðin mörk, þegar kemur að ýmsum stuðningsaðgerðum sem tengjast ekki beinlínis ákveðnu broti, t.d. ákveðinni sprengingu eða flugráni eða afmörkuðum verknaði eða verknuðum. Er þannig tæplega hægt að túlka 22. gr. svo rúmt að sá sem veitir fjárhagslega aðstoð til ákveðinnar starfsemi eða félagasamtaka sem standa fyrir einu eða fleiri aðgreindum hryðjuverkum, teljist hlutdeildarmaður í broti, t.d. tiltekinni hryðjuverkaárás, nema sýnt verði fram á bein tengsl á milli fjárframlagsins og þess að hryðjuverkið var framið og vitneskju hans þar um. Getur sönnun um slíkt reynst örðug.

Fjármögnun hryðjuverkastarfsemi er ekki sjálfstætt refsivert brot samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi fjármagns verið aflað með löglegum hætti og það látið renna til hryðjuverkastarfsemi er því aðeins hægt að koma fram refsiábyrgð eftir ákvæðum þeirra laga ef skilyrðum 22. gr. um hlutdeild er fullnægt. Samkvæmt gildandi löggjöf yrði ekki unnt að að koma fram refsiábyrgð gagnvart lögaðila sem veitir slíkan fjárhagsstuðning. Þó ber að hafa í huga að með auglýsingu nr. 867/2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka o.fl. er lagt bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi með þeim hætti sem kveðið er á um í ályktuninni og beinist slíkt bann bæði að einstaklingum og lögaðilum, sbr. 1. og 2. mgr. auglýsingarinnar. Einnig er lagt bann við því í 3. mgr. að einstaklingar og lögaðilar stofni sjóð, sjái um eignaumsýslu eða veiti annars konar beina eða óbeina þjónustu í tengslum við fjármuni í þágu þeirra sem brjóta gegn banni við fjármögnun hryðjuverka. Loks kveður auglýsingin á um skyldu einstaklings eða lögaðila sem hefur heimild til að veita almenningi fjármálaþjónustu, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti, ásamt síðari breytingum, til þess að tilkynna grun um viðskipti samkvæmt ákvæðum 1.–3. mgr. auglýsingarinnar. Í auglýsingunni er kveðið á um að hver sá sem brýtur gegn fyrirmælum hennar skuli sæta viðurlögum skv. 2. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum. Í refsiákvæði laganna eru sektir eða fangelsi allt að 2 árum lagt við brotum á lögunum. Þótt segja megi að fjármögnun hryðjuverks teljist refsivert brot eftir íslenskum lögum eftir birtingu auglýsingarinnar, er nauðsynlegt að lögfesta skýrari ákvæði um þetta í refsilöggjöfinni sem leysa þá af hólmi fyrrgreinda auglýsingu. Einnig ber að hafa í huga að refsingar samkvæmt lögum nr. 5/1969 taka ekki mið af alvarleika þessara brota.

Skýr refsiákvæði eru í lögum ef fjármunir sem aflað hefur verið ólöglega, t.d. ávinningur af fíkniefnasölu eða ólöglegri vopnaverslun, eru látnir renna til hryðjuverkastarfsemi. Í þeim tilvikum er um peningaþvætti er ræða sem er sjálfstætt refsivert brot skv. 264. gr. almennu hegningarlaganna en þar er lögð allt að 2 ára fangelsisrefsing við því að taka við eða afla sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögunum. Sömu refsingu varðar að geyma eða flytja slíkan ávinning eða aðstoða við afhendingu hans. Var ákvæði þessu bætt við hegningarlögin

með lögum nr. 10/1992 í tengslum við aðild íslenska ríkisins að samningi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 1990 og samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1988 gegn ólöglegri verslun með fíkniefni. Í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, eru margvíslegar skyldur lagðar á herðar fjármálastofnana svo og einstaklinga og lögaðila sem hafa heimild til að veita almenningi fjármálaþjónustu til þess að vera á verði gagnvart grunsemdum um peningaþvætti og hafa sérstakt eftirlit með því, auk þess sem þeim er skylt að tilkynna til ríkislögreglustjóra um grunsamleg viðskipti.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að á grundvelli gildandi lagaákvæða er unnt að grípa til aðgerða til að hindra fjármögnun hryðjuverkastarfsemi ef hún tengist grunsemdum um peningaþvætti.

3. Refsiábyrgð lögaðila í tengslum við hryðjuverkastarfsemi.

Refsiábyrgð lögaðila er undantekning frá hefðbundinni persónulegri refsiábyrgð og verður aðeins beitt þegar sérstök lagaheimild stendur til þess. Með lögum nr. 140/1998 var nýjum kafla bætt við almennu hegningarlögin, kafla II.A með greinum nr. 19 a – 19 c sem fjalla um tilhögun refsiábyrgðar lögaðila. Ákvæðin eru ekki sjálfstæð refsiheimild um tiltekin brot lögaðila heldur mæla þau fyrir um hvernig refsingu verði hagað. Þannig segir í 19. gr. a að lögaðila verði gerð fésekt þegar lög mæla svo fyrir og er nánar fjallað um skilyrði slíkrar refsiábyrgðar, hverjir geti sætt slíkri ábyrgð og hvaða viðurlög komi til greina í 19. gr. b og c.

Heimildir til þess að lögaðila verði gerð refsing vegna tiltekinna brota má finna á nokkrum stöðum í sérrefsilöggjöfinni. Má nefna sem dæmi ákvæði laga nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Eins má nefna 2. mgr. 14. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993.

Eins og rakið er að framan er það ekki sjálfstætt refsivert brot samkvæmt almennum hegningarlögum að fjármagna hryðjuverkastarfsemi, eins og áskilið er í 2. gr. samningsins um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Er því ljóst að ekki er fyrir hendi heimild í almennu hegningarlögunum sem mælir fyrir um refsiábyrgð lögaðila í tilvikum þar sem fjármögnun hryðjuverkastarfsemi á sér stað í starfsemi lögaðila, t.d. banka eða annarra fjármálastofnana.

Með auglýsingu nr. 867/2001 er sem áður sagði lagt bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, og gildir það bæði gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Brot á fyrirmælum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að 2 árum, sbr. 2. gr. laga nr. 5/1969. Þótt lögaðilum sé eftir birtingu auglýsingarinnar bannað að fjármagna hryðjuverk að viðlögðum fyrrgreindum viðurlögum er nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði um þetta í refsilöggjöfina sem leysa þá af hólmi fyrrgreinda auglýsingu.

4. Refsilögsaga íslenska ríkisins í tengslum við hryðjuverkabrot.

Reglur um refsilögsögu íslenska ríkisins eru í 4.–7. gr. almennra hegningarlaga. Byggt er á þeirri meginreglu að refsað skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem framin eru á íslensku yfirráðasvæði, en einnig að refsa megi íslenskum ríkisborgurum fyrir verknaði sem þeir fremja erlendis, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í 6. gr. laganna eru sérreglur um rýmkaða refsilögsögu íslenska ríkisins fyrir ákveðin brot, jafnvel þótt þau séu framin utan yfirráðasvæðis ríkisins án tillits til hver að því er valdur. Mál skv. 4. tölul., svo og 6., 7. og 9. tölul. 6. gr. skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

Í 4.–7. tölul. eru ákvæði um slíka rýmkaða refsilögsögu sem var bætt við greinina vegna aðildar Íslands að fjórum alþjóðasamningum gegn ákveðnum tegundum hryðjuverka. Í 4. tölul.

6. gr. er þannig fjallað um brot samkvæmt ákvæðum Haag-samningsins frá 1971 um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sbr. lög nr. 16/1990, í 5. tölul. er fjallað um háttsemi sem greinir í samningi frá 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þar á meðal sendierindrekum, sbr. lög nr. 24/1976, í 6. tölul. er fjallað um háttsemi sem greinir í Evrópusamningi frá 1977 um varnir gegn hryðjuverkum, sbr. lög nr. 52/1980, og loks er í 7. tölul. fjallað um háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi frá 1979 um varnir gegn töku gísla, sbr. lög nr. 69/1981.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að íslenska ríkið hefur víðtæka refsilögsögu í tilvikum þar sem háttsemi fellur undir einhvern ofangreindra samninga. Á það m.a. við um háttsemi sem fellur undir Evrópusamninginn um varnir gegn hryðjuverkum. Í þeim samningi er, auk tilvísana til annarra samninga til verndar flugöryggi, getið sérstaklega um brot þar sem notaðar eru sprengjur af ýmsum tegundum til þess að stofna mönnum í hættu eða valda tjóni. Í samningnum er þó ekki fjallað um aðrar lífshættulegar aðferðir, sem kveðið er á um í 1. og 2. gr. samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar, sem felast í því að losa eiturefni og önnur hættuleg efni til að valda tjóni. Loks eru engin ákvæði um víðtæka refsilögsögu þegar um ræðir brot sem felast í fjármögnun hryðjuverka, enda er slík háttsemi sem áður segir ekki sjálfstætt refsivert brot samkvæmt gildandi löggjöf.

5. Framsal í tengslum við hryðjuverkabrot.

Helstu lagareglur um framsal sakamanna eru í lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984, en sérreglur um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar eru í lögum nr. 7/1962. Lögin um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum veita heimildir til að framselja mann til erlends ríkis þar sem hann er grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Skv. 2. gr. laganna er óheimilt að framselja íslenska ríkisborgara og í 3. gr. laganna er sú meginregla að framsal á manni er aðeins heimilt ef verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum. Sérreglur varðandi íslenska ríkisborgara eru í lögum um framsal sakamanna til annarra Norðurlanda, en slíkt framsal er heimilt að uppfylltum skilyrðum um að íslenskur ríkisborgari hafi verið búsettur í viðkomandi ríki sem óskar framsals síðustu tvö ár áður en brot er framið og að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu.

Samkvæmt gildandi lögum eru brot sem almennt teljast til hryðjuverka álitin alvarleg afbrot samkvæmt almennum hegningarlögum og því leikur ekki vafi á að fullnægt sé því skilyrði til framsals sem kveður á um lágmarkstímalengd refsingar í tilvikum þar sem maður er grunaður um afbrot og óskað er framsals á honum. Hins vegar eru ýmsar heimildir í lögunum til þess að synjað verði um framsal vegna ástæðna sem lýst er í 4.–7. gr. laganna. Í 1. mgr. 5. gr. er þannig kveðið á um að framsal vegna stjórnmálaafbrota sé óheimilt en jafnframt segir í 2. mgr. að ef verknaðurinn er jafnframt brot á lagaákvæðum sem ekki eru stjórnmálalegs eðlis er framsal heimilt ef verknaðurinn telst að litlu leyti stjórnmálaafbrot.

Í 1. gr. Evrópusamnings um varnir gegn pyndingum frá 1977 er kveðið á um að ekki skuli telja brot sem þar eru talin stjórnmálaafbrot. Sama á við brot framin í tengslum við stjórnmálaafbrot og brot framin af stjórnmálalegum hvötum. Þegar Ísland gerðist aðili að samningnum þótti varhugavert að útiloka með öllu rétt íslenska ríkisins til þess að synja um framsal með vísan til þess að um stjórnmálaafbrot væri að ræða. Var því gerður fyrirvari við 1. gr. samningsins, en það var jafnframt í samræmi við afstöðu annarra Norðurlanda um þetta atriði. Þó var tekið fram í greinargerð með frumvarpi, sem varð að breytingarlögum nr. 52/1980 á almennu hegningarlögunum vegna aðildar Íslands að samningnum, að fyrirvari af þessu tagi takmarkaði

á engan hátt gildi samningsins til að varna hryðjuverkjum, enda væru ákvæði hans þannig að þau ríki sem synjuðu um framsal væru skuldbundin til að saksækja sjálf í slíkum tilvikum.

Með lögum nr. 15/2000, um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, var nýrri málsgrein bætt við 5. gr. laganna um framsal sakamanna og er þar kveðið á um að með samningi við önnur ríki megi ákveða að tiltekin brot skuli ekki talin stjórnmálaafbrot. Skv. 11. gr. samningsins um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar skuldbinda aðildarríki sig til þess að líta ekki á neitt það brot sem fjallað er um í 2. gr. samningsins sem stjórnmálaafbrot. Sambærilegt ákvæði er í 14. gr. samningsins um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi hvað varðar brot sem skilgreind eru í 2. gr. þess samnings. Með fullgildingu samningsins stendur 5. gr. laganna því ekki í vegi fyrir framsali vegna stjórnmálaafbrota.

Hafa ber í huga að skv. 6. gr. laganna um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er óheimilt að framselja mann ef veruleg hætta er á að hann eftir framsal vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar, stjórnmálaskoðana eða að öðru leyti vegna stjórnmálaástæðna verði að sæta ofríki eða ofsóknum sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða er að öðru leyti alvarlegs eðlis. Eru sambærilegar heimildir til að neita framsali í fyrrgreindum samningum, eins og rakið er í köflum III.1 og III.2.

6. Alþjóðleg samvinna um rannsókn hryðjuverkabrota og gagnkvæm réttaraðstoð.

Í umfjöllun um Evrópusamvinnu gegn hryðjuverkum í kafla II.2 voru taldir ýmsir samningar sem íslenska ríkið er aðili að og varða bæði framsalsmálefni svo og gagnkvæma aðstoð í sakamálum og fullnustu erlendra refsiákvarðana. Hafa ýmsar lagabreytingar verið gerðar til þess að koma á þeirri samvinnu sem þessir samningar kveða á um. Má þar einkum nefna IV. kafla laganna um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Skv. 1. mgr. 22. gr. laganna er þannig unnt að beita ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, til að afla sönnunargagna til notkunar í refsimáli í öðru ríki, með samsvarandi hætti og í sambærilegum málum sem rekin eru hér á landi. Þannig verður beitt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit, haldlagningu og aðrar rannsóknaraðgerðir lögreglu að beiðni lögregluyfirvalda annarra ríkja, ef grunur leikur á að maður staddur hér á landi hafi framið hryðjuverk erlendis. Ljóst er að slíkur verknaður er refsiverður samkvæmt íslenskum refsilögum og auk þess er heimilt í flestum tilvikum að höfða opinbert mál gegn honum hér á landi í ljósi víðtækrar refsilögsögu 6. gr. almennra hegningarlaga sem áður hefur verið lýst. Skv. 3. mgr. 22. gr. laganna er óheimilt að verða við beiðni um öflun sönnunargagna ef verknaðurinn sem hún er tilkomin vegna er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum.

Þar sem fjármögnun hryðjuverka er ekki sjálfstætt refsivert brot hér samkvæmt gildandi löggjöf yrði því ekki unnt að grípa til rannsóknaraðgerða samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála í þágu rannsóknar máls í öðru ríki sem beinist að fjármögnun hryðjuverka. Slíkt yrði þó kleift ef rannsókn beindist að hlutdeild í hryðjuverkabroti en slík háttsemi er refsiverð samkvæmt íslenskum lögum. Eftir birtingu auglýsingar nr. 867/2001 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er bannað að fjármagna hryðjuverkastarfsemi að viðlagðri refsingu skv. 2. gr. laga nr. 5/1969 og því er hugsanlegt að byggja megi rannsóknaraðgerðir lögreglu á slíkri refsiheimild. Nauðsynlegt er þó að setja skýrari lagaheimildir um þessi brot, eins og frumvarpið stefnir að, en með því er m.a. tryggður lagagrundvöllur til að unnt sé að veita öðru ríki réttaraðstoð á þessu sviði.

Samkvæmt 23. gr. laganna um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er heimilt að ákveða vegna meðferðar refsimáls í öðru ríki að maður sem hér á landi er fangelsaður eða sviptur frelsi samkvæmt dómi vegna refsiverðs verknaðar skuli sendur til annars ríkis til yfir-

heyrslu sem vitni eða til samprófunar. Samkvæmt þessu er íslenskum stjórnvöldum unnt að veita aðstoð að þessu leyti þegar um ræðir rannsókn erlends ríkis á hryðjuverkabrotum.

Samkvæmt almennum ákvæðum 2. gr. laga um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, yrði heimilt að framfylgja hér á landi ákvörðunum erlendra dómstóla varðandi eignaupptöku á fjármunum sem nota á til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi og að grípa til nauðsynlegra undirbúningsaðgerða í því skyni, svo sem haldlagningar eða kyrrsetningar á fjármunum sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

V. Helstu breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu.

Í frumvarpinu er stefnt að því að gera nauðsynlegar breytingar á refsilöggjöfinni til þess að unnt verði að fullgilda fyrrgreinda alþjóðasamninga um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fjármögnun hryðjuverka. Í því skyni eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 144/1998, og laga nr. 144/1998, um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Þær breytingar sem talin er þörf á að gera má draga saman í fimm eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi lúta tillögur frumvarpsins að því að skilgreina verknaðinn hryðjuverk í almennum hegningarlögum með skýrari hætti en í gildandi lögum og að þau verði talin til alvarlegustu afbrota.

Í öðru lagi er lagt til að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi verði skilgreind sem sjálfstæður refsiverður verknaður samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í þriðja lagi er lagt til að skýrar reglur verði settar um refsiábyrgð þess sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða markmið félags eða hóps sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk.

Í fjórða lagi er lagt til að unnt verði að leggja refsiábyrgð á lögaðila vegna fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi.

Í fimmta lagi er refsilögsaga íslenska ríkisins rýmkuð þannig að unnt verði að refsa fyrir háttsemi sem greinir í samningunum tveimur án tillits til þess hvar brot var framið og án tillits til þess hver að því er valdur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 6. gr. almennra hegningarlaga eru heimildir til að sækja mann til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir tiltekin brot enda þótt þau séu framin utan íslenska ríkisins og án tillits til þess hver er að þeim valdur. Hér er lögð til viðbót við það ákvæði þannig að það taki einnig til brota sem falla undir alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Með þessu er tryggt að íslensk lög fullnægi áskilnaði í 6. gr. fyrrnefnda samningsins og í 7. gr. þess síðarnefnda. Hliðstæðar breytingar á almennum hegningarlögum hafa áður verið gerðar í tilefni af fullgildingu alþjóðasamninga á sviði refsiréttar sem leggja skyldur á aðildarríki að rýmka refsilögsögu sína vegna brota sem þar eru talin.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að þremur nýjum greinum verði bætt við lögin þar sem hryðjuverk verði skilgreind og sérstaklega mælt fyrir um refsinæmi þeirra, bæði gagnvart þeim sem fremja slík brot og gagnvart þeim sem á einhvern hátt styðja slíka starfsemi. Ákvæðin eru í samræmi alþjóðlega stefnumörkun um aðgerðir á þessu sviði í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 og miða að því að tryggja að íslensk lög fullnægi skuldbindingum samkvæmt

alþjóðasamþykktum sem gerðar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum og nánar er fjallað um hér að framan í kafla III. 1-3 í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Þessum ákvæðum er einnig ætlað að tryggja að reglur um refsivernd hér á landi gegn hryðjuverkum verði í samræmi við reglur í nágrannalöndum um þetta efni. Með hliðsjón af því er jafnframt tekið mið af rammaákvörðun Evrópusambandsins um baráttu gegn hryðjuverkum sem samkomulag náðist um á fundi ráðherraráðsins 6. desember 2001. Lagt er til að umræddum ákvæðum verði bætt við lögin næst á eftir 100. gr. þeirra í XI. kafla um brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

Um a-lið.

Í greininni er lagt til að sett verði ákvæði sem mælir sérstaklega fyrir um refsinæmi hryðjuverka. Með hryðjuverkum er átt við tiltekin alvarleg brot sem framin eru í ákveðnum tilgangi. Með þessu er lögð sérstök áhersla á alvarleika hryðjuverka og er gert ráð fyrir að brot sem framin eru sem hryðjuverk varði þyngri refsingu en þegar þau brot sem talin eru í greininni eru framin í öðru skyni. Í greininni er lagt til að refsimörk verði allt að ævilöngu fangelsi. Í þeim greinum almennra hegningarlaga sem ákvæðið tekur til liggur tímabundið fangelsi við þeim brotum að frátalinni 211. gr. laganna um manndráp af ásetningi en slíkt brot getur einnig varðað allt að ævilöngu fangelsi. Þótt hámark refsinga sé það sama er allt að einu gert ráð fyrir að það hafi áhrif til þyngingar á refsingu að manndráp sé framið sem hryðjuverk.

Með hryðjuverki í skilningi ákvæðisins er átt við nánar tilgreind brot sem framin eru í þeim tilgangi að valda verulegum ótta hjá almenningi eða til að þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða til að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar. Einnig er áskilið að verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn geti valdið ríki eða alþjóðastofnun alvarlegum skaða. Þessi skilgreining á hryðjuverki tekur mið af 1. gr. rammaákvörðunar Evrópusambandsins um baráttu gegn hryðjuverkum og b-lið 1. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Í ákvæðinu er refsinæmi verknaðar ekki bundið við að brot beinist gegn íslenskum stjórnvöldum heldur nær refsiverndin einnig til erlendra stjórnvalda og alþjóðastofnana. Sama á við þegar tilgangur brots er að valda verulegum ótta hjá almenningi og því er verknaður refsiverður samkvæmt ákvæðinu ef brot beinist að almenningi í öðru ríki. Þetta tekur mið af alþjóðlegu eðli hryðjuverka og mikilvægi þess að þjóðir heims sýni ríka samstöðu í baráttunni gegn slíkri brotastarfsemi, enda miklir sameiginlegir hagsmunir í húfi.

Með stjórnvöldum í skilningi ákvæðisins er átt við stjórnvöld af hvaða tagi sem er og tekur það því bæði til æðstu stjórnvalda ríkisins sem og lægra settra stjórnvalda, auk staðbundinna stjórnvalda.

Samkvæmt ákvæðinu er verknaður refsiverður án tillits til þess hvort hann er framinn með það fyrir augum að ná fram einhverjum ákveðnum markmiðum af stjórnmálalegum toga. Þannig er brot refsivert þótt það miði að því einu að koma á upplausn og almennum óróa.

Í 2. mgr. er lagt til að það varði sömu refsingu að hóta að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr. ef það er gert í þeim hryðjuverkatilgangi sem þar er nánar lýst.

Um b-lið.

Hér er mælt fyrir um refsinæmi þess að fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Ákvæðið tekur mið af 1.–3. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og 1. gr. ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001).

Samkvæmt ákvæðinu varðar allt að 10 ára fangelsi að styðja beint eða óbeint mann, félag eða hóp sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk með því að leggja fram fé eða

veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt.

Verknaður er refsiverður eftir ákvæðinu ef fjármagn er látið renna til samtaka sem hafa þann tilgang að fremja hryðjuverk. Í því sambandi breytir engu þótt hryðjuverk sé ekki eini tilgangur viðkomandi samtaka og þau hafi að einhverju leyti með höndum starfsemi sem í sjálfu sér telst lögmæt. Í þessu sambandi má nefna að sum hryðjuverkasamtök starfa einnig á sviði menningar-, mannréttinda- og mannúðarmála. Væri verknaður allt að einu refsiverður þótt fjármagn væri látið af hendi í því skyni að það verði notað í þágu slíkrar starfsemi.

Samkvæmt ákvæðinu er verknaður refsinæmur án tillits til þess hvort hryðjuverk eru fjármögnuð beint eða óbeint. Þannig væri refsivert ef einhver léti fé af hendi rakna til einhvers vitandi vits að sá sem safnar fjármunum mun láta þá renna áfram til hryðjuverkastarfsemi. Verknaður er refsiverður án tillits til þess hvernig fjármögnun fer fram. Þannig gæti hún falist í því að brotamaður leggur sjálfur fram eigið fé, aflar þess frá öðrum eða gerir fé aðgengilegt með því að veita það að láni. Þá er refsinæmi verknaðar ekki bundið við fjármögnun með því að gera peninga aðgengilega og því væri fjárhagslegur stuðningur af öðru tagi einnig refsiverður, svo sem að láta í té eða afla einhverrar þjónustu endurgjaldslaust. Í sumum tilvikum getur þó reynt á markatilvik milli þess hvort slík háttsemi fellur undir þessa grein eða það ákvæði sem lagt er til að komi í 100. gr. c og rætt verður hér á eftir.

Gert er ráð fyrir að refsiábyrgð á grundvelli hlutdeildar, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, í broti gegn 100. gr. a laganna verði beitt ef fyrir liggur ásetningur til að taka þátt í tilteknu hryðjuverki með fjármögnun þess. Ef á hinn bóginn er ekki hægt að sýna fram á að ásetningur hafi staðið til fjármögnunar ákveðins hryðjuverks yrði refsað fyrir fjármögnun samkvæmt þessu ákvæði laganna.

Um c-lið.

Í ákvæðinu er að finna sérstaka reglu um refsinæmi þess að styðja á einhvern hátt við hryðjuverkastarfsemi. Það miðar að því að tryggja að ákvæði refsilaga fullnægi áskilnaði í c-lið 5. mgr. 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og áskilnaði c-liðar 3. mgr. 2. gr. samnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar. Samkvæmt þessum ákvæðum, sem eru efnislega samhljóða, telst það brot í skilningi samninganna ef aðstoð er veitt í því skyni að stuðla að framgangi afbrotastarfsemi hóps manna, sem starfar að því sameiginlega markmiði að fremja hryðjuverk, eða í vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja hryðjuverk. Samkvæmt þessum ákvæðum er ekki gerð sú krafa að hlutdeild beinist að ákveðnu broti og því er ekki vafalaust að fullt samræmi sé að þessu leyti milli íslenskra laga um refsiábyrgð vegna hlutdeildar og umræddra alþjóðasamninga.

Í tilefni af fullgildingu umræddra alþjóðasamninga þykir ekki tilefni til að gera breytingar á þeim almennu reglum sem gilda um hlutdeild, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, enda er í sjálfu sér varhugavert að rýmka þau ákvæði á þann veg að þau geti tekið til athafna þegar ekki er fyrir hendi ásetningur til hlutdeildar í ákveðnu broti. Hér ber þó að gæta þess að athafnir af slíku tagi geta falið í sér sjálfstætt brot, sbr. 121. gr. almennra hegningarlaga sem mælir fyrir um refsinæmi þess að hvetja menn opinberlega til refsiverðra verka eða fallast opinberlega og greinilega á landráð eða brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Í stað þess að breyta þessum almennu ákvæðum refsilaga er lagt til að lögfest verði sérregla sem taki til fjarlægari stuðningsaðgerða við hryðjuverk. Slík undantekning frá almennum reglum helgast af brýnni þörf til að skapa ríka refsivernd gegn þessum alvarlegu glæpum, auk þess sem búa verður svo um hnútana að hafið sé yfir vafa að Ísland fullnægi þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem fyrirhugað er að gangast undir á þessu sviði.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að bætt verði við lögin segir að fangelsi allt að 6 árum skuli sá sæta sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningu eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin. Í dæmaskyni um athafnir sem gætu fallið undir ákvæðið má nefna sérfræðiráðgjöf við hryðjuverkasamtök án þess þó að sú ráðgjöf varði tiltekin hryðjuverk.

Samkvæmt ákvæðinu er áskilið að verknaður feli í sér stuðning af einhverju tagi. Af því leiðir að utan efnis þess fellur það eitt að sýna sjónarmiðum eða stefnumálum samtaka sem tengjast hryðjuverkum skilning eða samúð.

Með sama hætti og á við um 100. gr. b er gert ráð fyrir að refsiábyrgð á grundvelli hlutdeildar, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, í broti gegn 100. gr. a laganna verði beitt ef fyrir liggur ásetningur að taka þátt í tilteknu hryðjuverki. Ef ekki er unnt að sýna fram á að ásetningur hafi staðið til ákveðins hryðjuverks yrði hins vegar refsað fyrir stuðning samkvæmt þessu ákvæði.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998, þannig að hryðjuverk og stuðningur við hryðjuverkastarfsemi verði meðal þeirra brota sem unnt er að draga lögaðila til refsiábyrgðar fyrir ef slík brot eru framin í starfsemi hans. Með þessu verður fullnægt skuldbindingum skv. 5. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem gerir ráð fyrir að unnt sé að draga lögaðila til ábyrgðar vegna þeirra brota sem falla undir samninginn.

Samkvæmt 19. gr. a almennra hegningarlaga, svo sem lögunum var breytt með lögum nr. 140/1998, er unnt að beita lögaðila sektum þegar lög hafa að geyma slíka heimild. Til að íslensk lög fullnægi áskilnaði umræddds alþjóðasamnings verður því að mæla sérstaklega fyrir um slíka refsiábyrgð í lögum en það er unnt að gera á tvo vegu. Annars vegar er hægt að lögfesta almenna heimild til að refsa lögaðilum sem ekki er þá bundin við hryðjuverk, en slík ábyrgð hefur á undanförnum árum verið lögfest í nágrannalöndum. Hér má nefna að refsiábyrgð af því tagi var lögfest í 3. kafla a norsku hegningarlaganna með lögum frá 1991. Einnig var með lögum frá árinu 2001 mælt fyrir um slíka ábyrgð í 306. gr. dönsku hegningarlaganna. Hins vegar er unnt að lögfesta heimild í sérlögum til að refsa lögaðilum vegna þeirra brota sem falla undir það ákvæði sem gert er ráð fyrir að komi í 100. gr. a – 100. gr. c í almennu hegningarlögunum. Slík leið hefur áður verið farin til að laga refsilög að alþjóðasamningum, sbr. lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144/1998.

Hefur sá kostur verið valinn hér að setja tillögur að reglum um refsiábyrgð lögaðila í tengslum við hryðjuverkastarfsemi inn í sérlög með sama hætti og gert var í tengslum við aðild að alþjóðasamningi um baráttu gegn mútugreiðslum. Stefnt er að því að kanna nánar lagabreytingar sambærilegar þeim sem gerðar hafa verið í Noregi og Danmörku varðandi almenna heimild í hegningarlögum til að refsa lögaðilum en slíkar breytingar þykja ekki tímabærar að svo stöddu.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að heiti laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns breytist í samræmi við það að fleiri brotum er bætt við lögin sem unnt er að draga lögaðila til refsiábyrgðar fyrir og gefi til kynna hvaða brota þau ná til með almennri tilvísun til mútugreiðslna og hryðjuverka.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi, enda er gert ráð fyrir að þeir alþjóðasamningar sem laga á lögin að verði fullgiltir í kjölfar þingsályktunar þar að lútandi.

Fylgiskjal I með frumvarpinu var alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og fylgiskjal II var alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Sjá fylgiskjöl í þskj. 663, 406. mál.

Fylgiskjal III.

Ályktun nr. 1373 (2001).
Samþykkt á 4385. fundi öryggisráðsins 28. september 2001.

Öryggisráðið

ítrekar ályktanir sínar nr. 1269 (1999) frá 19. október 1999 og 1368 (2001) frá 12. september 2001,

ítrekar jafnframt skýlausa fordæmingu sína á hryðjuverkaárásum sem áttu sér stað í New York, Washington, D.C., og Pennsylvaníu hinn 11. september 2001 og lýsir yfir þeim ásetningi sínum að koma í veg fyrir öll slík verk,

ítrekar enn fremur að slík verk ógna alþjóðlegum friði og öryggi eins og öll alþjóðleg hryðjuverk,

ítrekar órjúfanlegan rétt ríkis til sjálfsvarnar, eitt sér eða með öðrum ríkjum, sem viðurkenndur er í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ítrekaður var í ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001),

ítrekar nauðsyn þess að berjast með öllum ráðum, á grundvelli stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, gegn þeirri ógn sem alþjóðlegum friði og öryggi stafar af hryðjuverkum,

lýsir þungum áhyggjum sínum af þeirri aukningu sem orðið hefur í ýmsum heimshlutum á hryðjuverkum sem framin eru af hvötum sem rekja má til skorts á umburðarlyndi og ofstæki,

heitir á ríki að starfa saman og grípa til brýnna ráðstafana til þess að koma í veg fyrir og kveða niður hryðjuverkastarfsemi með aukinni samvinnu og fullri framkvæmd viðeigandi samninga um málefni er varða hryðjuverk,

viðurkennir þörf ríkja til þess að bæta upp alþjóðlegt samstarf með því að grípa til viðbótarráðstafana til þess að koma í veg fyrir og kveða niður á yfirráðasvæðum sínum, eftir löglegum leiðum, fjármögnun og undirbúning hvers kyns hryðjuverka,

ítrekar þá grundvallarreglu sem sett var af allsherjarþinginu í yfirlýsingu sinni frá október 1970 (ályktun 2625 (XXV)) og ítrekuð var af öryggisráðinu í ályktun öryggisráðsins nr. 1189 (1998) frá 13. ágúst 1998, þ.e. að ríki skuli ekki skipuleggja, hvetja til, styðja eða taka þátt í hryðjuverkum í öðrum ríkjum eða láta óátalda skipulega starfsemi innan yfirráðasvæða sinna sem miðar að því að fremja slík verk,

með vísan til umboðs síns samkvæmt VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

1. *kveður svo á* að öll ríki skuli:
(a) koma í veg fyrir og banna fjármögnun hryðjuverka;
(b) gera refsiverða með lögum alla vísvitandi útvegun eða söfnun fjár, með hvaða hætti sem er, beint eða óbeint, af hálfu ríkisborgara þeirra eða á yfirráðasvæðum þeirra sem fer fram í þeim tilgangi, eða með vitneskju um þann tilgang, að féð verði notað til þess að fremja hryðjuverk;
(c) stöðva tafarlaust flutning allra fjármuna og annarra eigna eða fjármögnunarleiðir manna sem fremja, eða leitast við að fremja, hryðjuverk eða taka þátt í eða stuðla að hryðjuverkum; lögaðila sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum slíkra manna; og manna og lögaðila sem starfa fyrir hönd eða að fyrirmælum slíkra manna og lögaðila, þ.m.t. fjármuni sem leiddir eru af eða aflað er með eignum sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum slíkra manna og manna eða lögaðila sem þeim tengjast;
(d) banna ríkisborgurum sínum eða mönnum og lögaðilum innan yfirráðasvæða sinna að láta í té fjármuni, eignir eða fjármögnunarleiðir, eða fjármálaþjónustu eða aðra tengda þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, í þágu manna sem fremja eða leitast við að fremja eða greiða fyrir eða taka þátt í hryðjuverkum, eða lögaðila sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum slíkra manna, og manna og lögaðila sem starfa fyrir hönd eða að fyrirmælum slíkra manna;
2. *kveður enn fremur svo á* að öll ríki skuli:
(a) forðast að veita nokkurs konar stuðning, virkan eða óvirkan, til lögaðila eða manna sem viðriðnir eru hryðjuverk, þ.m.t. með því að banna liðssöfnun hryðjuverkasamtaka og taka fyrir framboð vopna til hryðjuverkamanna;
(b) gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hryðjuverk séu framin, þ.m.t. með því að veita tímanlega viðvörun til annarra ríkja með upplýsingaskiptum;
(c) neita um hæli öllum þeim sem fjármagna, skipuleggja, styðja eða fremja hryðjuverk, eða sem veita slíkt hæli;
(d) koma í veg fyrir að þeir sem fjármagna, skipuleggja, styðja eða fremja hryðjuverk noti yfirráðasvæði þeirra til slíks gegn öðrum ríkjum eða ríkisborgurum þeirra;
(e) tryggja að hver sá sem tekur þátt í að fjármagna, skipuleggja, undirbúa eða fremja hryðjuverk, eða styður hryðjuverk, verði dreginn fyrir dóm og tryggja ennfremur að auk hvers kyns annarra úrræða verði slík hryðjuverk skilgreind sem alvarlegir glæpir samkvæmt landslögum og reglum og refsing ákvörðuð með hliðsjón af því hversu alvarlegir glæpir hryðjuverk eru;
(f) veita hvert öðru fyllstu aðstoð í tengslum við rannsóknir brota eða saksókn í tengslum við fjármögnun eða stuðning við hryðjuverk, þ.m.t. aðstoð við að afla sönnunargagna sem þau búa yfir og nauðsynleg eru til saksóknar;
(g) koma í veg fyrir flutninga hryðjuverkamanna eða samtaka með virku landamæraeftirliti og eftirliti með útgáfu persónuskilríkja og ferðaskilríkja, svo og með aðgerðum til þess að koma í veg fyrir peningafölsun, skjalafals eða sviksamlega notkun persónuskilríkja og ferðaskilríkja;
3. *beinir tilmælum til allra ríkja um að:*
(a) finna leiðir til þess að auka og hraða skiptum á hagnýtum upplýsingum, einkum varðandi aðgerðir og hreyfingar hryðjuverkamanna og hryðjuverkasamtaka, falsaðra ferðaskilríkja, ólöglegra viðskipta með vopn, sprengiefni eða viðkvæm efni; notkun fjarskiptatækni af hálfu hryðjuverkasamtaka; og þá ógn sem stafar af því að hryðjuverkahópar komist yfir gereyðingarvopn;

(b) skiptast á upplýsingum í samræmi við alþjóðlegar reglur og landslög og eiga með sér samstarf um stjórnsýslu- og dómsmál í því skyni að koma í veg fyrir að framin séu hryðjuverk;
(c) starfa saman, einkum á grundvelli tvíhliða og marghliða samninga og samkomulaga, í því skyni að fyrirbyggja og stöðva hryðjuverkaárásir og grípa til aðgerða gegn þeim sem fremja slík verk;
(d) gerast, svo fljótt sem auðið er, aðilar að viðeigandi alþjóðasamningum og bókunum sem varða hryðjuverk, þ.m.t. alþjóðasamningnum um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverka frá 9. desember 1999;
(e) auka samstarf og framkvæma að fullu viðeigandi alþjóðasamninga og bókanir sem varða hryðjuverk og ályktanir Öryggisráðsins nr. 1269 (1999) og 1368 (2001);
(f) grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt gildandi ákvæðum lands- og alþjóðalaga, þ.m.t. þjóðréttarreglna um mannréttindi, áður en mönnum er veitt hæli sem flóttamenn, til þess að ganga úr skugga um að þeir sem sækja um hæli hafi ekki skipulagt, stuðlað að eða tekið þátt í hryðjuverki;
(g) tryggja, í samræmi við alþjóðalög, að þeir sem fremja, skipuleggja eða stuðla að hryðjuverkum misnoti ekki stöðu sína sem flóttamenn og að vísun til stjórnmálalegra ástæðna sé ekki viðurkennd sem forsenda fyrir því að hafna beiðnum um framsal meintra hryðjuverkamanna;

4. *veitir því athygli* og hefur af því áhyggjur að náið samband er á milli alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi og fjölþjóðlegrar skipulegrar glæpastarfsemi, ólöglegra fíkniefna, peningaþvættis, ólöglegrar vopnasölu og ólöglegra flutninga kjarnaefna, kemiskra efna, líffrænna efna og annarra lífshættulegra efna og *leggur áherslu*, í þessu sambandi, á nauðsyn þess að samræma aðgerðir í einstökum löndum, svæðum og heimshlutum og á alþjóðavísu í því skyni að efla alþjóðleg viðbrögð við þessu alvarlega viðfangsefni og ógnun við öryggi heimsins;

5. *lýsir yfir* að verk, aðferðir og gerðir hryðjuverkamanna gangi gegn tilgangi og meginreglum Sameinuðu þjóðanna og að vísvitandi fjármögnun, skipulagning og hvatning til hryðjuverka stríði einnig gegn tilgangi og meginreglum Sameinuðu þjóðanna;

6. *ákveður*, í samræmi við 28. reglu bráðabirgðastarfsreglna sinna, að stofna nefnd öryggisráðsins þar sem sæti eiga allir meðlimir ráðsins, til þess að fylgjast með framkvæmd ályktunar þessarar, með aðstoð sérfræðinga á viðeigandi sviðum, og *beinir því* til allra ríkja að skila skýrslu til nefndarinnar, eigi síðar en 90 dögum frá þeim degi sem ályktun þessi er samþykkt og síðar samkvæmt áætlun sem nefndin mun gera tillögu um, varðandi aðgerðir sem þau hafa gripið til í því skyni að framkvæma ályktun þessa;

7. *felur* nefndinni að skilgreina verkefni sín, skila inn vinnuáætlun innan 30 daga frá samþykkt ályktunar þessarar og íhuga stuðninginn sem hún muni þarfnast, í samráði við aðalframkvæmdastjóra;

8. *lýsir yfir* þeim ásetningi sínum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja fulla framkvæmd þessarar ályktunar í samræmi við skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum;

9. *hefur ákveðið* að hafa málið áfram til meðferðar.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til lagabreytingar vegna aðildar íslenska ríkisins að tveimur alþjóðasamningum um hryðjuverk. Hér er einkum um að ræða breytingu til þess að unnt verði að koma refsiviðurlögum yfir þá sem fremja hryðjuverk án tillits til þess hvar þau eru framin, svo og þá sem taka þátt í eða fjármagna alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum, enda allar líkur á að slík mál verði afar fátíð hér á landi.

688. Frumvarp til laga [428. mál]

um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Kirkjubyggingasjóður, sem starfar á grundvelli laga nr. 21 18. maí 1981 og stofnaður var með lögum nr. 43 14. apríl 1954, skal lagður niður og renna í Jöfnunarsjóð sókna, sem starfar á grundvelli laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott lög um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að tilhlutan kirkjuráðs þjóðkirkjunnar. Í því felst að kirkjubyggingasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, skuli lagður niður en gildandi lög um kirkjubyggingasjóð eru nr. 21/1981.

Samkvæmt lögum um kirkjubyggingasjóð er hlutverk hans að veita lán til kirkjubygginga og endurbóta á eldri kirkjum. Lán hafa aðeins lítillega verið veitt úr sjóðnum undanfarin ár, enda hefur fé ekki verið veitt til sjóðsins í fjárlögum um árabil og snýst því rekstur hans fyrst og fremst um varðveislu eigna, sem eru sjóður og útistandandi kröfur hjá sóknum sem hafa fengið lán. Tekjur sjóðsins árið 2000 voru eingöngu fjármunatekjur. Námu þær 8,7 millj. kr. af löngum lánum og 4,3 millj. kr. af skammtímakröfum og bankainnstæðum. Árið 1999 var ekkert nýtt lán veitt. Árið 2000 var gengið frá láni að fjárhæð 2 millj. kr. Að auki var skammtímakröfu á prestssetrasjóð breytt í langtímalán að fjárhæð 9,7 millj. kr. Árið 2000 varð 6,2 millj. kr. tekjuafgangur af rekstri kirkjubyggingasjóðs. Eigið fé nam 128,7 millj. kr.

Verði frumvarp þetta að lögum er eignum kirkjubyggingasjóðs ætlað að renna til ábyrgðardeildar Jöfnunarsjóðs sókna, sem stofnuð var á grundvelli laga um sóknargjöld, nr. 91/ 1987,

með reglugerð um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna, nr. 865 6. nóvember 2001, sbr. og 5. gr. reglugerðar nr. 206/1991, um Jöfnunarsjóð sókna. Ábyrgðardeildin veitir ábyrgðir á lánum til sókna samkvæmt fyrrgreindri reglugerð nr. 865/2001 og tók hún gildi um áramótin.

Með sameiningunni, ef samþykkt verður, er verið að einfalda stjórnsýslu og bæta þjónustu. Eru röksemdir fyrir þessari tilhögun raktar í greinargerð með tillögu kirkjuráðs sem lögð var fram fyrir kirkjuþing árið 2000 um stofnun ábyrgðardeildar hjá Jöfnunarsjóði sókna þar sem sagði m.a.:

1. Jöfnunarsjóður hefur heimild til að veita ábyrgðir með samþykki biskups og dóms- og kirkjumálaráðherra, sbr. 5. gr. reglugerðar sjóðsins, nr. 206/1991. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur (1. júní 1999) heimilað sjóðnum að veita ábyrgðir fyrir allt að 30% af árlegum rekstrartekjum hans. Veittar hafa verið ábyrgðir fyrir 47,5 millj. kr.
2. Jöfnunarsjóður hefur bæði tekjur og inneignir til tryggingar því að hægt verði að standa undir skuldbindingum.
3. Með því að hafa styrkveitingar og ábyrgðir Jöfnunarsjóðs, kirkjubyggingasjóðs og hins almenna kirkjusjóðs undir einni stjórn fáist nauðsynlegt yfirlit þar sem lán væru oft tekin út á væntanlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sókna.
4. Umsýsla og kostnaður verður minni.

Þess ber að geta að kirkjuráð féll síðar frá því að svo stöddu að leggja til að hinn almenni kirkjusjóður yrði lagður til ábyrgðardeildar Jöfnunarsjóðs sókna með sama hætti og kirkjubyggingasjóður. Frumvarp þetta tekur því aðeins til kirkjubyggingasjóðs.

Verði frumvarp þetta að lögum lætur stjórn kirkjubyggingasjóðs af störfum og nefnd sú sem ætlað er að veita umsögn um umsóknir í sjóðinn um lán er aflögð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Kirkjubyggingasjóður, sem er í vörslu biskups Íslands, verði lagður niður og að eignir hans renni í Jöfnunarsjóð sókna. Eigið fé sjóðsins nam 128,7 m.kr. í lok ársins 2000. Ekki hefur verið veitt framlag til Kirkjubyggingasjóðs í fjárlögum um margra ára skeið og hefur því lögfesting frumvarpsins ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

689. Fyrirspurn [429. mál]

til landbúnaðarráðherra um breytingar á jarðalögum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Áformar ráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á jarðalögum í framhaldi af áliti Ríkisendurskoðunar frá 14. desember sl.?

690. Frumvarp til laga [252. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

(Eftir 2. umr., 28. jan.)

1. gr.

5. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Gjalddagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 1. júlí skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 1. janúar skal greitt fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að krefja umráðanda samkvæmt loftfaraskrá, flugstjóra og áhöfn loftfars og aðra starfsmenn aðila, sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af Flugmálastjórn Íslands, þ.m.t. starfsmenn viðhaldsstöðva eða viðhaldsaðila, þeirrar aðstoðar sem þörf er á.
b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

   Með samsvarandi hætti og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skal Flugmálastjórn Íslands heimill aðgangur að sérhverri starfsstöð þeirra aðila sem ber að starfa samkvæmt leyfum útgefnum af stofnuninni, þ.m.t. viðhaldsstöðvum loftfara, einnig að gögnum og skrám sem viðhaldið varða, flugskýlum og öðrum þeim mannvirkjum og gögnum sem komið er upp og við haldið í þágu loftferða.

3. gr.

Við 28. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands viðurkennir framleiðendur og viðhaldsaðila samkvæmt umsókn þeirra þar um, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem ráðherra setur með reglugerð um:

a. starfsemislýsingu, sem skal m.a. taka til skipulags og gæðastjórnunar,
b. kunnáttu og hæfni ábyrgra fyrirsvarsmanna,
c. húsnæði, tækjakost og annan búnað,
d. fjárhag, en tryggt fjárstreymi skal á hverjum tíma nægja til þriggja mánaða reksturs.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn, þ.e. ábyrgðarmaður, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína úr gildi.

Flugmálastjórn Íslands er hvenær sem er heimilt að gera úttekt á starfsstöðvum framleiðenda og viðhaldsaðila og er fyrirsvarsmönnum slíks reksturs skylt að veita í því skyni þann aðgang og atbeina sem stofnunin krefst.

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út lofthæfisfyrirmæli, einnig rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá framleiðendum og viðhaldsaðilum. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana, í þágu aukins flugöryggis, háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti viðurkenndur framleiðandi eða viðhaldsaðili lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsþætti. Sviptingin skal í fyrstu vera til bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „flugliðar“ í 1. málsl. kemur: flugverjar.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almennt aldurshámark flugliða í flutningaflugi skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 65 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

5. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Farþegum er skylt að fara eftir fyrirmælum flugstjóra eða annarra flugverja um góða hegðun og reglu í loftfari.

6. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný grein er verður 42. gr. a, svohljóðandi:

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um takmarkanir á veitingu áfengis til farþega og um meðferð öryggisbúnaðar og raftækja um borð í íslenskum loftförum, eftir því sem stofnunin telur nauðsynlegt í þágu flugöryggis.

7. gr.

1. málsl. 1. mgr. 47. gr. laganna orðast svo: Verði flugslys sem af hlýst mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum eða stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess ber flugstjóra, öðrum flugverjum eða öðrum starfsmönnum flugrekanda, starfsmönnum á flugvelli, flugumferðarstjórum, viðhaldsaðilum eða öðrum starfsmönnum í öryggistengdum störfum tafarlaust að sjá um að rannsóknarnefnd flugslysa sé tilkynnt um slysið og gefa síðan skýrslu um það svo fljótt er verða má.

8. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Flugvöllur telst afmarkað landsvæði, að meðtöldum byggingum og búnaði sem ætlað er til afnota við komur, brottfarir og hreyfingar loftfara á jörðu niðri. Flugvellir og búnaður þeirra skulu fullnægja þeim kröfum sem samgönguráðherra setur í reglugerð eða gilda samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að, eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa. Í reglugerð um flugvelli skulu þeir flokkaðir eftir þjónustustigi og lágmarksflugvallarþjónusta skilgreind. Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að flugvellir uppfylli gerðar kröfur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugvallar í þágu almenningsflugs og skal þá umráðamaður og/eða eigandi hans sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir fyrirhugaða opnun hans. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi.

Í leyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Flugmálastjórn Íslands getur svipt aðila starfsleyfi ef flugvöllur fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hans eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugvallarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugvallar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugvelli tímabundið eða takmarka umferð um hann sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

9. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til reksturs flugstöðva vegna flutnings á farþegum og farmi í atvinnuskyni. Nánar skal kveðið á um kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila, aðstöðu og búnaðar flugstöðva í reglugerð sem ráðherra setur.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugstöðvar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir opnun. Umsókn fylgi umsögn þeirrar sveitarstjórnar sem í hlut á.

Að fullnægðum þeim kröfum sem settar eru skal Flugmálastjórn Íslands gefa út starfsleyfi. Í starfsleyfi skal koma fram nafn leyfishafa, gildistími ásamt leyfilegu umfangi starfsemi og þeim takmörkunum og skilyrðum sem leyfishafi skal hlíta.

Starfsleyfi má taka aftur ef flugstöð fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfsemi hennar eru sett eða ef leyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglna. Ákvæðum 84. gr. skal beitt gagnvart leyfishöfum flugstöðvarreksturs.

Nú verða verulegar breytingar á aðstöðu flugstöðvar eða umfangi starfsemi eða notkun og skal eigandi eða umráðamaður þá á ný sækja um starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að loka flugstöð tímabundið eða takmarka umferð um hana sé ástand eða rekstur með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að verða stefnt í hættu.

Gjaldtaka Flugmálastjórnar Íslands fyrir starf stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal miðast við að eftirlitsskyldir aðilar standi undir kostnaði við starfið.

10. gr.

Við 2. mgr. 70. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva og flugrekendur ræki skyldur sínar á sviði flugverndar í samræmi við flugverndaráætlun sem stofnunin skal gera og viðhalda fyrir Ísland. Flugverndaráætlanir eftirlitsskyldra aðila skulu lagðar fyrir stofnunina til samþykktar, en þær skulu greina viðbrögð við ólögmætum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, tilgreina fyrirkomulag við öryggisleit á mönnum, leit í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans, tækjabúnað til slíks starfs, lýsingu á gæðakerfum og þjálfunar- og neyðaráætlanir. Þá setur stofnunin reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda, um fyrirkomulag öryggisleitar á farþegum og öðrum aðilum sem vegna starfs síns fara inn á öryggissvæði, svo og fyrirkomulag leitar í farmi og farangri og gegnumlýsingu hans.

11. gr.

Við 2. mgr. 71. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Flugmálastjórn Íslands fer með framkvæmd Alþjóðaflugþjónustunnar sem sérstakrar rekstrareiningar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. a laganna:

a. 4. mgr. fellur brott.
b. Orðin „og veittrar leiðarflugsþjónustu“ í 6. mgr. falla brott.

13. gr.

Á eftir 1. málsl. 73. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Almennt aldurshámark flugumferðarstjóra skal vera 60 ár, en ráðherra skal heimilt að kveða á um með reglugerð að framlengja megi þessi mörk til allt að 63 ára aldurs, að fullnægðum skilyrðum sem hann setur.

14. gr.

Á eftir 1. mgr. 75. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flugmálastjórn skal heimilt að taka upp hvers konar fjarskipti vegna flugumferðar og skrá tilkynningar sem berast vegna þeirrar umferðar.

Um framkvæmd upptöku, varðveislu, afspilun og skráningar á notkun skal nánar kveðið á í reglugerð sem ráðherra setur að höfðu samráði við Persónuvernd.

Óviðkomandi aðilum skal ekki veittur aðgangur að gögnum þessum nema samkvæmt sérstakri lagaheimild eða dómsúrskurði.

15. gr.

Við 83. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Flugmálastjórn er heimilt að áskilja að fyrirsvarsmenn flugrekanda, þ.e. ábyrgðarmaður, flugrekstrarstjóri, tæknistjóri og gæðastjóri, sanni kunnáttu sína og hæfni með sérstakri próftöku. Að fenginni viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands ber þeim að starfa sem sérstakir trúnaðarmenn stofnunarinnar. Komi í ljós að kunnáttu eða hæfni fyrirsvarsmanns sem hlotið hefur viðurkenningu sé ábótavant eða fyrirsvarsmaður brýtur trúnað við Flugmálastjórn getur hún fellt viðurkenningu sína niður.

16. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands getur gefið út rekstrarfyrirmæli varðandi einstaka rekstrarþætti hjá flugrekendum og öðrum þeim aðilum sem ber að starfa samkvæmt leyfi útgefnu af stofnuninni. Slík fyrirmæli geta þó einnig varðað reksturinn í heild. Rekstrarfyrirmæli geta lotið að því að banna tiltekna starfrækslu, binda hana takmörkunum eða gera hana háða því að tiltekin skilyrði sem stofnunin setur séu uppfyllt í þágu aukins flugöryggis. Rekstrarfyrirmæli skulu greina ástæðu fyrir útgáfu þeirra, gildissvið og gildistíma og þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi rekstraraðila ber að viðhafa.

Brjóti leyfishafi lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina eða skilyrði leyfis eða reynist hann ófær um að reka starfsemina samkvæmt þeim fyrirmælum sem um hana gilda getur Flugmálastjórn Íslands svipt hann leyfi að nokkru leyti eða öllu, eftir mati stofnunarinnar á aðstæðum. Leyfissvipting að hluta skal þá varða nánar afmarkaða þætti í starfi hlutaðeigandi leyfishafa, til að mynda tiltekið loftfar eða tiltekna viðhaldsstöð. Sviptingin skal í fyrstu vera til

bráðabirgða meðan mál er rannsakað með tilliti til þess hvort efni séu til endanlegrar leyfissviptingar. Bráðabirgðasviptingunni skal markaður tími.

17. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 131. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Óheimilt er að skerða bótarétt aðila utan loftfars, sem fyrir tjóni verður, með vátryggingarskilmálum sem lúta að sjálfsáhættu vátryggingartaka, eigin sök hans eða með ábyrgðarundanþágum, og skulu slík ákvæði teljast ógild.

18. gr.

136. gr. laganna orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að aftra för loftfars af flugvelli uns gjöld eru greidd eða trygging sett fyrir greiðslu vegna þess loftfars sem í hlut á eða annarrar starfsemi hlutaðeigandi eiganda eða umráðanda loftfarsins.

Ef eftirlitsskyldur aðili veitir Flugmálastjórn Íslands ekki þær upplýsingar sem hún krefur hann um, innan þess frests sem stofnunin setur, eða sinnir ekki kröfum stofnunarinnar um úrbætur sem hún telur nauðsynlegar, innan hæfilegs frests, getur Flugmálastjórn Íslands gert aðila skylt að greiða dagsektir. Þær skulu þá greiðast þar til farið hefur verið að kröfum Flugmálastjórnar Íslands. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Flugmálastjórn Íslands getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af stofnuninni, þ.m.t. þeim sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum 28., 84. og 140. gr. laga þessara. Févíti getur numið allt að 10 millj. kr. vegna hvers brots.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til samgönguráðherra innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina, sem skal gera skriflega gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að og með sannanlegum hætti. Sé févítis- eða dagsektaákvörðun kærð er innheimta ekki heimil fyrr en að gengnum úrskurði ráðherra. Óinnheimtar dagsektir og févíti falla ekki niður við það að eftirlitsskyldur aðili verður síðar við þeim kröfum sem knúið er á um.

Ákvarðanir um dagsektir og févíti eru aðfararhæfar. Málskot til ráðherra frestar aðför, en úrskurðir ráðherra eru aðfararhæfir. Við aðför skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara samkvæmt ákvæðum 13. kafla aðfararlaga. Innheimt févíti og dagsektir renna til ríkissjóðs.

19. gr.

Á eftir orðinu „loftferðamannvirkis“ í 1. mgr. 138. gr. laganna kemur: eigandi eða umráðandi viðhaldsstöðvar eða viðhaldsaðili.

20. gr.

141. gr. laganna orðast svo:

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum, reglum eða fyrirmælum settum eða gefnum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

21. gr.

143. gr. laganna orðast svo:

Nú telur Flugmálastjórn Íslands skilyrði til sviptingar skírteinisréttinda vera fyrir hendi og skal hún þá til bráðabirgða svipta hlutaðeigandi þeim rétti sem skírteini hans greinir, svo skjótt sem unnt er. Bráðabirgðasviptingin skal tímabundin. Bera má ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina hlutaðeigandi um þann rétt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til Hæstaréttar.

Sviptingartími skv. 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma eins og hann kann að verða ákveðinn með dómi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 8. gr., til handa þeim flugvöllum sem starfræktir eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

Frestur til að sækja um starfsleyfi, sbr. 9. gr., til handa þeim flugstöðvum sem starfræktar eru við gildistöku laga þessara skal vera tvö ár frá gildistökudegi þeirra.

691. Tillaga til þingsályktunar [430. mál]

um endurskoðun á reglum um innheimtu virðisaukaskatts.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem geri tillögur um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, sem miði að því styrkja framkvæmd innheimtu skattsins og draga úr möguleikum aðila til að skila ekki virðisaukaskatti.

Nefndin verði skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, einum af ríkisskattstjóra og einum frá Samtökum atvinnulífsins.

Greinargerð.

Ljóst er að verulegar fjárhæðir skila sér ekki í ríkissjóð vegna vangoldins virðisaukaskatts, og tapast miklir fjármunir á hverju ári við gjaldþrot rekstraraðila. Jafnframt þessu liggur fyrir að árlega er fjöldi einstaklinga kærður fyrir fjárdrátt þar sem þeir eða fyrirtæki þeirra standa ekki skil á virðisaukaskatti.

Lög um virðisaukaskatt gera ráð fyrir að rekstraraðili haldi innheimtum virðisaukaskatti ekki aðgreindum frá fjármunum sínum og virðist beinlínis ætlast til þess að fé þetta sé notað sem rekstrarfé á meðan það er í vörslu innheimtuaðilans. Þetta leiðir gjarnan til þess að þegar kemur að skuldadögum, sem nú eru á tveggja mánaða fresti að meginstefnu til, er ekki til fyrir virðisaukaskattinum. Verði innheimtuaðilinn gjaldþrota er algengt að forsvarsmenn hans séu ákærðir og dæmdir fyrir fjárdrátt, þ.e. fyrir að draga sér virðisaukaskattinn. Þessi tilhögun, að ríkisvaldið skuli hafa refsivernd fyrir kröfum sínum, hafa margir gagnrýnt og talið að um mismunun sé að ræða milli kröfuhafanna þannig að ríkissjóður standi í raun framar öðrum almennum kröfuhöfum þrátt fyrir að krafan eigi samkvæmt gjaldþrotalögum að falla í flokk almennra krafna og að það sé eitt af grundvallarmarkmiðum gjaldþrotaskiptalaga að tryggja jafnræði þeirra.

Eðilegra virðist vera að stíga skrefið til fulls og telja að innheimtur virðisaukaskattur sé frá upphafi eign ríkisins sem þegar í stað skuli halda aðgreindum frá fé innheimtuaðilans og að misbrestur á þessu varði hann refsingu. Við gjaldþrotaskipti standi þessi vörslureikningur óháður skiptunum. Krafan yrði þannig aldrei ein af almennum kröfum í búið heldur stæði utan skuldaraðar við gjaldþrotaskipti.

Erfitt kann að reynast að finna leið til þess að þetta geti gengið upp og skil skattsins verði einföld. Þó mætti hugsa sér að fénu yrði skilað til ríkisins strax, ef koma mætti því við, eða að vörslureikningur yrði gerður upp mánaðarlega og skal þá heimilt að draga innskatt frá.

Jafnframt má hugsa sér, ef það yrði til hvatningar og öruggari skattskila, að allir sem innheimta virðisaukaskatt fengju einhvers konar þóknun frá ríkinu fyrir skattskil.

Verkefni nefndarinnar yrði að kanna möguleika og leiðir í þessu efni. Frá því að núgildandi lög um virðisaukaskatt voru sett hafa greiðslumiðlar og rafrænar fjármagnstilfærslur þróast verulega og því tímabært að endurskoða lögin með fyrrgreind markmið í huga.

692. Svar [360. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 1996/1997 til 2000/2001.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til einstakra sveitarfélaga á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hverjir voru heildarflutningar annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda í botnfisktegundum frá og til þeirra 100 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mest viðskipti höfðu með aflaheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, sundurliðað eftir árum, fyrirtækjum og einstaklingum?*

Í meðfylgjandi gögnum koma fram svör við téðum atriðum. Þess skal getið að flókið er að svara fyrirspurninni þannig að öll kurl komist til grafar. Því verður sums staðar að beita einföldunum án þess þó að slá af kröfum um nákvæmni. Það mun nánar skýrt á hverjum stað. Í fyrirspurninni er sérstaklega spurt um botnfisktegundir og eru þeim gerð sérstök skil en jafnframt eru gefnar upplýsingar um tilflutning í öðrum fisktegundum, enda skiptir það máli fyrir heildarmyndina.

Svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar. Í töflu 1 eru teknar saman niðurstöður um heildarflutning aflahlutdeilda á milli sveitarfélaga umrædd fiskveiðiár og er aðferðin sem notuð er nánar skýrð í yfirskrift töflunnar. Þá eru í töflu 1.1 birtar upplýsingar um tilflutning í hverri fisktegund fyrir sig. Í töflu 2 koma fram upplýsingar um viðskipti með aflamark, uppgefið í þorskígildistonnum, enda er sá mælikvarði algengastur og handhægastur, vægi botnfisktegundanna af heild er þar um 80–90%.

Svar við síðari lið fyrirspurnarinnar. Í töflu 3 er listi yfir þá 100 lögaðila sem áttu mest viðskipti með aflahlutdeildir á umræddu tímabili, uppgefið í verðmætaígildum sem eru nánar skilgreind neðanmáls í töflunni sjálfri. Í töflu 3.1 er listi yfir 100 stærstu seljendur aflahlutdeilda í öllum helstu fisktegundum og í töflu 3.2 er sambærilegur listi yfir 100 stærstu kaupendur. Í töflu 4 er listi yfir 100 stærstu seljendur aflamarks í þorskígildum talið á þessu tímabili og í töflu 4.1 er sundurgreining í helstu fisktegundir. Í töflu 5 og 5.1 eru sambærilegar upplýsingar um 100 helstu kaupendur.

Tafla 1.

Nettóflutningur aflahlutdeilda milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 1996/1997 - 2000/2001
Mælieiningin (*Verðmætaígildi*) sýnir hlutfall af heildarverðmæti allra aflamarkstegunda miðað við verðmæti landaðs afla tegundanna árið 2000
Aflamarkstegundir vega meira en 95% alls aflaverðmætis
(Jákvæð (+) tala = nettókaupandi og öfugt)

	% af úthlutun
Sveitarfélag	**Verðmætaígildi**
Akranes	-0,12468
Akureyri	0,74957
Bakkafjörður	0,00826
Bessastaðahreppur	0,00470
Bíldudalur	0,01141
Blönduós	-0,17278
Bolungarvík	-0,89239
Borgarfjörður	0,00391
Borgarnes	-0,01714
Breiðdalsvík	-0,02133
Búðardalur	-0,00001
Dalvík	0,48853
Djúpivogur	-0,57683
Drangsnes	-0,06001
Eskifjörður	-0,29558
Eyrarbakki	-0,07088
Fáskrúðsfjörður	0,57132
Finnbogastaðir	-0,00005
Flateyri	-0,22591
Fljót	0,00115
Garðabær	0,05976
Garður	-0,11461
Grenivík	-0,17016
Grindavík	1,66651
Grímsey	-0,02600
Grundarfjörður	0,37305
Hafnarfjörður	-0,26096
Hafnir	-0,00537
Hellissandur	0,55455
Hnífsdalur	0,51142
Hofsós	-0,01067
Hólmavík	0,05981
Hrísey	-0,14151
Húsavík	-0,16595
Hvammstangi	0,04394
Höfn	0,65448
Ísafjörður	-1,14364
Keflavík	-0,25775
Keflavíkurflugvöllur	-0,10991
Kjalarnes	-0,02255
Kópasker	-0,00175
Kópavogur	0,05166
Króksfjarðarnes	0,00855
Mjóifjörður	0,00286
Mosfellsbær	0,04979
Neskaupstaður	0,28462
Njarðvík	-0,00995
Ólafsfjörður	0,59027
Ólafsvík	-0,75514
Patreksfjörður	-0,15901
Raufarhöfn	-0,11568
Reyðarfjörður	-0,53202
Reykjahlíð	0,00300
Reykjavík	0,87522
Sandgerði	-0,55177
Sauðárkrókur	-0,06134
Selfoss	-0,35912
Seltjarnarnes	0,00252
Seyðisfjörður	0,04910
Siglufjörður	-0,72773
Skagaströnd	0,14593
Snæfellsbær	0,01229
Stykkishólmur	0,29539
Stöðvarfjörður	0,31778
Suðureyri	0,02482
Súðavík	-0,00468
Tálknafjörður	0,03920
Vestmannaeyjar	0,07498
Vík	-0,00001
Vogar	-0,06762
Vopnafjörður	0,55293
Þingeyri	-0,00265
Þorlákshöfn	-0,02546
Þórshöfn	-0,88267
Samtals	0

Aflamarkstegund	**Hlutfallsstuðull**
Þorskur	**0,46**
Ýsa	**0,1**
Ufsi	**0,03**
Karfi	**0,09**
Úthafskarfi	**0,06**
Steinbítur	**0,02**
Grálúða	**0,05**
Skarkoli	**0,01**
Þykkvalúra	**0,005**
Langlúra	**0,005**
Sandkoli	**0,005**
Skrápflúra	**0,005**
Síld	**0,015**
Loðna	**0,075**
Humar	**0,01**
Rækja	**0,05**
Hörpudiskur	**0,01**

Tafla 1.1

	Þorskur - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	0,01	0,66	0,05	-0,45	0,03	0,30
Akureyri	0,00	1,00	0,39	-0,07	1,11	2,43
Bakkafjörður	0,00	-0,04	0,00	0,00	0,06	0,01
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	-0,02	0,02	0,02	-0,02	0,04	0,03
Blönduós	-0,10	0,02	-0,05	0,00	0,00	-0,14
Bolungarvík	0,07	-0,99	0,01	0,11	-0,03	-0,83
Borgarfjörður	-0,01	0,01	0,00	0,03	0,00	0,03
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	-0,04	0,00	-0,04
Breiðdalsvík	-0,02	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,03
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,11	0,47	-0,23	0,05	0,02	0,42
Djúpivogur	-0,01	-0,01	-0,68	0,04	0,00	-0,66
Drangsnes	0,00	-0,05	-0,01	0,00	-0,03	-0,09
Eskifjörður	-0,02	-0,33	0,00	-0,01	0,00	-0,36
Eyrarbakki	-0,09	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,09
Fáskrúðsfjörður	0,01	0,52	-0,01	-0,07	0,00	0,44
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	-0,01	-0,30	0,00	0,06	0,08	-0,16
Fljót	0,00	-0,01	0,00	0,00	0,01	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,03	-0,02	0,12	0,15	-0,19	0,08
Garður	-0,06	-0,07	0,00	-0,11	0,05	-0,19
Grenivík	0,00	-0,02	-0,29	-0,01	0,01	-0,32
Grindavík	-0,16	0,53	0,90	1,09	-0,03	2,32
Grímsey	0,00	0,01	-0,06	-0,14	0,16	-0,04
Grundarfjörður	0,21	1,13	-0,01	0,08	-0,78	0,62
Hafnarfjörður	-0,04	0,11	-0,09	0,50	-0,62	-0,15
Hafnir	0,00	0,00	0,00	-0,01	0,00	-0,01
Hellissandur	0,39	0,06	0,20	0,09	0,14	0,88
Hnífsdalur	0,00	0,11	-0,07	0,15	0,12	0,32
Hofsós	-0,01	0,00	0,00	-0,01	-0,01	-0,03
Hólmavík	0,00	0,00	0,07	-0,04	0,04	0,07
Hrísey	0,00	-0,11	0,00	-0,19	-0,01	-0,31
Húsavík	0,01	-0,59	0,02	-0,18	-0,01	-0,76
Hvammstangi	0,00	0,01	-0,01	0,00	0,03	0,04
Höfn	0,04	0,60	0,09	-0,22	0,11	0,61
Ísafjörður	-0,12	0,39	-0,09	-1,50	-0,05	-1,37
Keflavík	0,16	-0,22	0,07	-0,12	-0,11	-0,22
Keflavíkurflugvöllur	0,08	-0,31	0,00	0,00	0,00	-0,24
Kjalarnes	-0,12	0,46	-0,07	-0,03	-0,10	0,13
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,07	0,00	0,11	-0,03	0,01	0,15
Króksfjarðarnes	0,00	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01
Mosfellsbær	0,00	-0,01	-0,01	0,05	0,03	0,06
Neskaupstaður	-0,23	-0,01	0,11	0,02	0,41	0,30
Njarðvík	0,00	-0,01	0,00	-0,01	0,01	-0,03
Ólafsfjörður	-0,06	-0,01	0,11	0,10	0,75	0,90
Ólafsvík	-0,19	-0,43	-0,19	-0,08	0,01	-0,89
Patreksfjörður	-0,03	-0,31	0,05	-0,10	0,01	-0,38
Raufarhöfn	0,21	-0,08	-0,94	0,05	-0,06	-0,82
Reyðarfjörður	0,00	-0,48	0,00	0,00	0,00	-0,48
Reykjahlíð	0,00	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01
Reykjavík	0,13	-0,62	-0,74	1,12	0,19	0,08
Sandgerði	-0,12	-0,01	-0,03	-0,04	-0,38	-0,58
Sauðárkrókur	0,02	-0,05	0,00	0,08	0,05	0,11
Selfoss	-0,28	0,00	0,00	-0,02	-0,06	-0,35
Seltjarnarnes	-0,01	0,00	0,02	-0,18	0,06	-0,11
Seyðisfjörður	0,00	0,15	0,00	-0,04	-0,04	0,07
Siglufjörður	-0,13	0,03	0,10	0,05	-0,75	-0,71
Skagaströnd	0,17	-0,17	-0,02	0,00	0,02	0,00
Snæfellsbær	0,02	0,00	0,00	0,04	0,00	0,06
Stykkishólmur	0,42	0,05	0,17	-0,02	-0,15	0,47
Stöðvarfjörður	0,00	0,02	0,00	-0,02	-0,03	-0,03
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,02	0,01	0,03
Súðavík	-0,03	0,00	0,00	0,04	0,01	0,01
Tálknafjörður	0,04	-0,13	0,00	0,05	0,02	-0,02
Vestmannaeyjar	-0,31	-0,49	0,25	0,03	0,46	-0,06
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	-0,02	0,00	0,00	-0,07	0,00	-0,08
Vopnafjörður	0,00	0,01	0,87	-0,02	0,01	0,87
Þingeyri	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,01
Þorlákshöfn	-0,01	0,23	-0,11	-0,27	0,01	-0,16
Þórshöfn	0,04	-0,68	0,00	0,11	-0,62	-1,14

Ýsa - Aflahlutdeildarflutningur						
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	-0,21	0,37	-0,07	-0,66	-0,02	-0,60
Akureyri	-0,05	0,04	-0,02	-0,22	0,28	0,03
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,02	0,00	0,02
Bíldudalur	0,00	0,01	0,00	0,00	0,08	0,08
Blönduós	0,00	0,16	-0,49	0,00	0,00	-0,33
Bolungarvík	0,09	-1,19	0,55	-0,01	-0,03	-0,58
Borgarfjörður	0,00	0,01	0,00	-0,06	0,00	-0,05
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,01
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	1,00	-0,02	0,00	0,00	0,98
Djúpivogur	-0,01	0,00	-1,59	0,03	-0,01	-1,58
Drangsnes	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,02	-0,02
Eskifjörður	-0,02	-0,28	0,00	0,00	0,00	-0,29
Eyrarbakki	-0,10	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,10
Fáskrúðsfjörður	0,00	0,28	0,00	-0,02	0,00	0,26
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	-0,15	-0,14	0,00	-0,03	-0,04	-0,34
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	-0,05	0,10	0,00	-0,02	0,03
Garður	0,00	-0,08	0,00	-0,12	0,25	0,06
Grenivík	0,00	-0,02	-0,14	0,00	0,00	-0,16
Grindavík	0,62	0,46	1,20	1,65	0,34	4,27
Grímsey	-0,05	0,00	0,00	-0,01	0,01	-0,06
Grundarfjörður	0,20	1,03	0,00	0,00	-0,60	0,64
Hafnarfjörður	-0,39	0,41	-0,80	0,49	-0,32	-0,60
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,06	0,13	0,03	0,03	0,07	0,32
Hnífsdalur	0,00	0,03	0,00	0,00	0,01	0,04
Hofsós	0,00	0,00	0,00	-0,03	0,00	-0,03
Hólmavík	0,00	0,00	0,37	0,00	0,00	0,36
Hrísey	0,00	0,00	0,00	-0,14	0,00	-0,14
Húsavík	0,01	-0,11	0,00	-0,02	0,00	-0,12
Hvammstangi	0,01	0,00	0,00	0,00	0,09	0,10
Höfn	-0,06	0,33	0,09	-0,24	0,43	0,55
Ísafjörður	0,10	0,72	-0,03	-0,94	-0,01	-0,16
Keflavík	-0,40	0,01	0,02	-0,14	-0,19	-0,70
Keflavíkurflugvöllur	0,00	0,09	0,00	0,00	0,00	0,09
Kjalarnes	-0,17	0,11	0,00	0,10	-0,10	-0,05
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	0,00	0,48	0,00	0,04	0,52
Króksfjarðarnes	0,00	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,06	0,00	0,06
Neskaupstaður	-0,03	0,07	-0,01	0,00	0,36	0,39
Njarðvík	-0,01	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,15	-0,31	0,21	-0,31	0,44	0,19
Ólafsvík	-0,05	-0,45	-0,07	-0,05	0,07	-0,55
Patreksfjörður	0,01	-0,09	0,04	-0,02	0,00	-0,06
Raufarhöfn	0,12	-0,04	-0,41	0,02	-0,02	-0,32
Reyðarfjörður	0,00	-0,39	0,00	0,00	0,00	-0,39
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,90	-0,61	0,33	0,81	-0,33	1,09
Sandgerði	-0,09	0,02	0,00	0,01	-0,65	-0,72
Sauðárkrókur	0,05	-0,05	0,00	0,00	-0,04	-0,03
Selfoss	-0,76	0,00	0,00	0,00	-0,10	-0,86
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	-0,05	0,21	0,16
Seyðisfjörður	0,00	0,37	0,18	-0,05	-0,05	0,46
Siglufjörður	-0,06	0,02	0,00	0,03	-0,44	-0,45
Skagaströnd	0,15	-0,48	-0,18	0,00	0,00	-0,51
Snæfellsbær	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,01
Stykkishólmur	0,12	-0,02	0,00	-0,03	-0,05	0,02
Stöðvarfjörður	0,00	-0,58	0,00	0,07	0,00	-0,51
Suðureyri	0,05	0,00	0,00	0,00	0,02	0,07
Súðavík	-0,01	0,00	0,00	0,01	0,00	0,00
Tálknafjörður	0,08	0,00	0,00	0,02	0,02	0,12
Vestmannaeyjar	-0,12	-0,66	0,02	-0,25	0,70	-0,31
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	-0,05	0,00	-0,06
Vopnafjörður	0,00	0,00	0,19	-0,01	0,02	0,20
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	0,31	0,00	0,01	0,00	0,32
Þórshöfn	0,03	-0,42	0,00	0,08	-0,39	-0,71

	Ufsi - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	0,00	0,55	0,02	-0,74	-0,05	-0,23
Akureyri	0,41	-0,07	-0,08	0,00	0,11	0,38
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,01	0,00	0,01
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,00	0,16	-0,60	0,00	0,00	-0,44
Bolungarvík	0,11	-0,85	0,00	-0,02	0,00	-0,75
Borgarfjörður	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,01
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	-0,01	0,66	-0,10	-0,03	0,00	0,53
Djúpivogur	0,00	0,00	-1,19	0,02	0,00	-1,17
Drangsnes	0,00	-0,01	0,00	0,00	0,00	-0,01
Eskifjörður	0,00	-0,51	0,00	0,00	0,00	-0,51
Eyrarbakki	-0,28	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,28
Fáskrúðsfjörður	0,00	0,89	0,00	0,00	0,00	0,89
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	-0,33	-0,05	0,00	0,00	0,04	-0,34
Fljót	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,07	-0,01	0,01	-0,01	-0,02	0,04
Garður	0,00	0,02	0,00	-0,03	0,22	0,21
Grenivík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grindavík	0,32	0,12	0,42	0,79	-0,03	1,62
Grímsey	0,00	0,01	-0,04	0,06	0,01	0,03
Grundarfjörður	0,12	0,56	0,00	0,00	-0,52	0,16
Hafnarfjörður	-0,36	0,00	-0,15	0,79	-0,21	0,07
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,01	-0,04	0,00	0,00	0,01	-0,02
Hnífsdalur	0,04	0,01	0,00	0,00	0,03	0,08
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,43	-0,12	0,00	0,30
Hrísey	0,00	0,00	0,00	-0,14	0,00	-0,14
Húsavík	0,00	-0,67	0,00	-0,03	0,00	-0,70
Hvammstangi	0,00	-0,08	0,00	0,00	0,00	-0,08
Höfn	0,50	0,58	0,00	0,44	0,23	1,76
Ísafjörður	0,00	-0,25	0,00	-0,01	-0,03	-0,29
Keflavík	-0,15	0,29	0,00	0,15	-0,01	0,28
Keflavíkurflugvöllur	0,00	-0,07	0,00	0,00	0,00	-0,07
Kjalarnes	-0,05	0,39	0,00	0,00	-0,02	0,32
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	-0,07	-0,04	0,77	-0,05	0,00	0,60
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01
Neskaupstaður	-0,21	0,07	0,00	0,02	0,51	0,38
Njarðvík	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,02	0,01
Ólafsfjörður	-0,10	0,18	0,15	-0,01	0,37	0,60
Ólafsvík	-0,01	-0,74	-0,02	0,09	0,03	-0,65
Patreksfjörður	0,00	-0,01	0,01	-0,04	0,00	-0,05
Raufarhöfn	0,02	0,01	-0,34	-0,04	-0,01	-0,35
Reyðarfjörður	0,00	-0,54	0,00	0,00	0,00	-0,54
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,84	0,30	0,16	-0,06	-0,09	1,16
Sandgerði	-0,01	0,01	0,00	-0,01	-0,44	-0,44
Sauðárkrókur	0,00	0,00	0,00	0,12	-0,01	0,12
Selfoss	-0,18	0,00	0,00	0,00	-0,10	-0,29
Seltjarnarnes	-0,01	0,00	0,00	-0,07	0,01	-0,07
Seyðisfjörður	0,00	0,34	0,00	-0,08	-0,08	0,19
Siglufjörður	-0,02	0,01	0,00	0,01	-0,37	-0,38
Skagaströnd	0,21	-0,51	0,00	0,00	0,02	-0,28
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	0,49	0,00	0,00	-0,03	-0,01	0,45
Stöðvarfjörður	0,00	0,08	0,00	0,00	0,00	0,08
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	0,00	0,00	0,00	0,02	0,00	0,02
Tálknafjörður	0,03	0,00	0,00	-0,08	0,01	-0,03
Vestmannaeyjar	-0,78	-0,68	0,02	-0,34	0,42	-1,37
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	0,00	-0,02	0,55	0,00	0,00	0,53
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	-0,62	0,47	0,00	-0,05	0,00	-0,20
Þórshöfn	0,01	-0,55	0,00	-0,54	-0,06	-1,13

	Karfi - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	0,00	0,22	0,00	-2,10	0,00	-1,87
Akureyri	0,05	-3,45	-1,32	-0,58	-0,31	-5,61
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,00	0,11	-0,17	0,00	0,00	-0,06
Bolungarvík	0,00	-1,18	0,00	0,00	0,00	-1,18
Borgarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,03	-0,11	0,00	0,00	0,00	-0,09
Djúpivogur	0,00	0,00	-0,33	0,00	0,00	-0,33
Drangsnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Eskifjörður	0,00	-0,26	0,00	0,00	0,00	-0,26
Eyrarbakki	-0,02	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,02
Fáskrúðsfjörður	0,00	2,71	0,00	0,00	0,00	2,71
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	-0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,01
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	0,02	0,00	0,00	0,00	0,02
Garður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01	0,01
Grenivík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grindavík	0,12	1,65	0,15	0,53	0,18	2,63
Grímsey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grundarfjörður	0,01	0,01	0,00	0,22	-0,22	0,02
Hafnarfjörður	-0,07	0,00	-0,10	2,98	-0,10	2,71
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,00	0,01	0,00	0,00	0,00	0,01
Hnífsdalur	0,00	0,00	-0,16	-0,88	0,01	-1,03
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hrísey	0,00	0,00	0,00	-0,02	0,00	-0,02
Húsavík	0,00	0,70	0,00	-0,22	0,00	0,48
Hvammstangi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Höfn	0,00	0,27	0,00	-0,03	0,02	0,27
Ísafjörður	0,00	-0,28	0,00	-0,27	-0,01	-0,55
Keflavík	0,00	-0,05	0,00	-0,01	0,00	-0,06
Keflavíkurflugvöllur	0,00	-0,01	0,00	0,00	0,00	-0,01
Kjalarnes	-0,05	-0,04	0,00	0,00	0,00	-0,09
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	0,31	0,17	-0,01	0,00	0,47
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01
Neskaupstaður	-0,05	0,01	0,00	0,00	0,58	0,53
Njarðvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,00	-0,12	0,10	0,16	0,23	0,37
Ólafsvík	-0,03	-0,93	0,00	0,00	0,00	-0,96
Patreksfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Raufarhöfn	0,00	-0,05	1,33	0,00	0,00	1,29
Reyðarfjörður	0,00	-0,58	0,00	0,00	0,00	-0,58
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,09	0,55	0,57	-0,07	0,09	1,23
Sandgerði	0,00	0,00	0,00	0,00	-1,41	-1,41
Sauðárkrókur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Selfoss	-0,10	0,00	0,00	0,00	-0,01	-0,11
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seyðisfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Siglufjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,23	-0,23
Skagaströnd	0,04	0,00	0,00	0,00	0,00	0,04
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	0,02	0,00	0,00	0,00	-0,02	0,00
Stöðvarfjörður	0,00	0,73	0,00	0,00	0,00	0,73
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Tálknafjörður	0,02	0,00	0,00	0,00	0,00	0,02
Vestmannaeyjar	-0,04	-0,28	-0,40	0,51	1,41	1,20
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	0,25	0,16	-0,20	0,00	0,21
Þórshöfn	0,00	-0,22	0,00	0,00	-0,22	-0,44

	Grálúða - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	0,00	1,27	0,00	-0,24	0,00	1,03
Akureyri	0,00	-0,51	0,00	0,00	0,10	-0,41
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,00	0,07	-0,08	0,00	-0,16	-0,16
Bolungarvík	0,00	-3,34	0,00	0,00	0,00	-3,34
Borgarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	0,13	-0,03	0,00	0,00	0,10
Djúpivogur	0,00	0,00	-0,16	0,00	0,00	-0,16
Drangsnes	0,00	-0,02	0,00	0,00	0,00	-0,02
Eskifjörður	0,00	-0,21	0,00	0,00	0,00	-0,21
Eyrarbakki	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fáskrúðsfjörður	0,00	1,19	0,00	0,00	0,00	1,19
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grenivík	0,00	0,00	0,02	0,00	0,00	0,02
Grindavík	0,03	1,47	0,00	-0,51	0,54	1,53
Grímsey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grundarfjörður	0,06	0,00	0,00	0,00	0,00	0,06
Hafnarfjörður	-0,06	0,00	-0,01	0,24	-0,01	0,16
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hnífsdalur	0,00	0,00	1,28	0,00	0,01	1,29
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hrísey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Húsavík	0,00	1,58	-1,28	0,00	0,00	0,30
Hvammstangi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Höfn	-0,06	0,22	0,00	0,00	0,00	0,15
Ísafjörður	0,00	0,00	0,00	-0,68	-0,01	-0,68
Keflavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Keflavíkurflugvöllur	0,00	-0,06	0,00	0,00	0,00	-0,06
Kjalarnes	-0,01	0,13	0,00	0,00	0,00	0,12
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	-0,18	0,16	0,00	0,16	0,15
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Neskaupstaður	-0,11	0,02	0,00	0,00	0,64	0,55
Njarðvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,00	-0,12	0,01	-0,01	0,80	0,68
Ólafsvík	0,00	-1,05	0,00	0,00	0,00	-1,05
Patreksfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Raufarhöfn	0,00	-0,79	0,01	0,00	0,00	-0,78
Reyðarfjörður	0,00	-0,64	0,00	0,00	0,00	-0,64
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,07	1,18	0,08	1,21	0,01	2,55
Sandgerði	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,63	-0,63
Sauðárkrókur	0,00	-0,01	0,00	0,00	0,00	-0,01
Selfoss	-0,04	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,04
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seyðisfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Siglufjörður	0,00	0,00	0,00	0,01	-0,80	-0,79
Skagaströnd	0,08	0,00	0,00	0,00	0,00	0,08
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	0,01	0,00	0,00	0,00	0,00	0,01
Stöðvarfjörður	0,00	0,94	0,00	0,00	0,00	0,94
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Tálknafjörður	0,00	0,00	0,00	-0,01	0,00	-0,01
Vestmannaeyjar	0,03	0,00	0,00	0,00	0,63	0,65
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þórshöfn	0,00	-1,27	0,00	0,00	-1,28	-2,55

	Loðna - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Akureyri	0,00	2,33	-3,45	0,00	0,00	-1,11
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bolungarvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	0,00	0,50	1,00	0,00	1,50
Djúpivogur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Drangsnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Eskifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Eyrarbakki	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fáskrúðsfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grenivík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grindavík	0,50	-1,54	-2,13	0,00	0,00	-3,17
Grímsey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grundarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hafnarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hnífsdalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hrísey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Húsavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,70	0,70
Hvammstangi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Höfn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ísafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Keflavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Keflavíkurflugvöllur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kjalarnes	-0,25	0,00	-0,08	0,00	0,00	-0,33
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	-1,83	0,00	0,00	0,00	-1,83
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Neskaupstaður	0,00	-0,50	-0,50	0,00	0,00	-1,00
Njarðvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Patreksfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Raufarhöfn	0,00	1,06	2,39	0,00	0,00	3,45
Reyðarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,00	-1,07	0,08	0,00	0,00	-0,98
Sandgerði	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Sauðárkrókur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Selfoss	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seyðisfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Siglufjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Skagaströnd	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stöðvarfjörður	0,00	2,33	0,00	0,00	0,00	2,33
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Tálknafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vestmannaeyjar	0,00	-0,10	0,00	-1,00	0,00	-1,10
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	-0,25	-1,35	3,19	0,00	0,00	1,59
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	0,67	0,00	0,00	0,00	0,67
Þórshöfn	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,70	-0,70

	Síld - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	1,11	2,22	0,00	0,00	0,00	3,33
Akureyri	0,02	2,22	-1,11	0,00	2,22	3,35
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bolungarvík	-1,11	0,00	0,00	0,00	0,00	-1,11
Borgarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	-1,11	1,11	3,14	-2,22	0,92
Djúpivogur	0,00	-2,22	0,00	0,00	0,00	-2,22
Drangsnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Eskifjörður	0,00	-1,11	-1,11	0,00	0,00	-2,22
Eyrarbakki	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fáskrúðsfjörður	0,00	0,00	0,00	1,11	0,00	1,11
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garður	0,00	0,00	0,00	-2,22	0,00	-2,22
Grenivík	-0,02	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,02
Grindavík	-1,11	-2,22	2,22	-1,11	0,00	-2,22
Grímsey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grundarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hafnarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hnífsdalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,00	-1,11	0,00	-1,11
Hrísey	-1,11	0,00	0,00	0,00	0,00	-1,11
Húsavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hvammstangi	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Höfn	5,55	-4,44	0,00	0,00	1,11	2,22
Ísafjörður	0,00	0,00	0,00	-1,11	0,00	-1,11
Keflavík	-1,11	0,00	0,00	-1,11	0,00	-2,22
Keflavíkurflugvöllur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kjalarnes	0,00	1,11	0,00	0,00	0,00	1,11
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Neskaupstaður	1,11	1,11	0,00	2,22	0,00	4,44
Njarðvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsvík	0,00	-2,22	0,00	0,00	0,00	-2,22
Patreksfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Raufarhöfn	0,00	0,00	1,11	0,00	0,00	1,11
Reyðarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	1,11	2,22	0,00	3,33	-1,11	5,55
Sandgerði	0,00	2,22	-2,22	0,00	0,00	0,00
Sauðárkrókur	0,00	0,00	-1,11	0,00	0,00	-1,11
Selfoss	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seyðisfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Siglufjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Skagaströnd	0,00	0,00	1,11	0,00	0,00	1,11
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stöðvarfjörður	0,00	3,33	0,00	0,00	0,00	3,33
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Tálknafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vestmannaeyjar	-5,55	0,00	0,00	-3,14	0,00	-8,69
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	1,11	0,00	0,00	0,00	1,11
Þórshöfn	1,11	-2,22	0,00	0,00	0,00	-1,11

	Úthafsrækja - Aflahlutdeildarflutningur					
Hlutfall - %	Fiskveiðiár					
Sveitarfélag	1996/1997	1997/1998	1998/1999	1999/2000	2000/2001	Samtals
Akranes	-0,42	0,00	0,00	-2,20	-0,20	-2,82
Akureyri	-0,05	2,86	0,46	0,01	2,10	5,39
Bakkafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bessastaðahreppur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Bíldudalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Blönduós	0,28	0,00	0,00	0,00	0,00	0,28
Bolungarvík	-0,04	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,04
Borgarfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Borgarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Breiðdalsvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Búðardalur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Dalvík	0,00	-0,51	-1,58	0,30	0,00	-1,80
Djúpivogur	0,00	0,00	0,25	0,00	0,00	0,25
Drangsnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Eskifjörður	0,00	0,00	0,63	0,58	0,00	1,21
Eyrarbakki	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fáskrúðsfjörður	-0,02	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,02
Finnbogastaðir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Flateyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fljót	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Fosshóll	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garðabær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Garður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grenivík	0,00	0,00	-0,12	0,00	0,00	-0,12
Grindavík	-0,33	0,00	-0,26	0,39	0,00	-0,19
Grímsey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Grundarfjörður	0,00	0,00	0,00	2,10	-2,10	0,00
Hafnarfjörður	0,07	0,00	-1,52	-0,09	-1,32	-2,86
Hafnir	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hellissandur	0,00	0,00	0,00	0,00	2,32	2,32
Hnífsdalur	0,00	0,00	0,00	5,57	0,27	5,84
Hofsós	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hólmavík	0,00	0,00	0,59	0,00	0,00	0,59
Hrísey	0,00	0,00	0,00	-0,65	0,00	-0,65
Húsavík	0,00	0,00	0,05	-2,15	0,00	-2,10
Hvammstangi	0,22	0,00	0,00	0,00	0,00	0,22
Höfn	0,32	0,00	0,00	-0,58	0,00	-0,26
Ísafjörður	0,35	-1,44	0,00	-3,37	-2,60	-7,05
Keflavík	0,17	0,00	0,00	0,00	0,00	0,17
Keflavíkurflugvöllur	-0,22	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,22
Kjalarnes	-0,18	0,00	-0,25	0,00	-3,22	-3,65
Kópasker	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Kópavogur	0,00	0,51	-0,59	0,00	0,00	-0,08
Króksfjarðarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mjóifjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Mosfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Neskaupstaður	-0,20	0,00	-1,10	0,00	0,00	-1,30
Njarðvík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Ólafsfjörður	0,34	-2,68	5,41	-0,01	0,28	3,35
Ólafsvík	-0,07	-0,37	0,00	0,00	0,00	-0,43
Patreksfjörður	0,00	0,00	0,00	-0,01	0,00	-0,01
Raufarhöfn	0,00	0,00	0,36	0,00	0,00	0,36
Reyðarfjörður	0,00	-2,86	0,00	0,00	0,00	-2,86
Reykjahlíð	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Reykjavík	0,66	5,62	-2,96	0,26	0,20	3,78
Sandgerði	-0,13	0,00	-0,05	0,00	-0,05	-0,22
Sauðárkrókur	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Selfoss	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seltjarnarnes	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Seyðisfjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Siglufjörður	-0,17	-2,00	0,00	0,01	-0,28	-2,44
Skagaströnd	-0,12	0,00	0,17	0,09	0,00	0,15
Snæfellsbær	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Stykkishólmur	-0,43	0,00	0,00	0,00	1,32	0,89
Stöðvarfjörður	0,00	0,37	0,00	0,00	0,00	0,37
Suðureyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Súðavík	-0,22	0,00	0,00	0,00	0,00	-0,22
Tálknafjörður	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vestmannaeyjar	0,16	1,44	0,00	-0,30	3,27	4,56
Vík	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vogar	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Vopnafjörður	0,00	0,00	0,52	0,00	0,00	0,52
Þingeyri	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Þorlákshöfn	0,00	-0,95	0,00	0,06	0,00	-0,89
Þórshöfn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00

Tafla 2.

Tilfærsla aflamarks milli sveitarfélaga fiskveiðiárin 1996/1997 - 2000/2001						
(Nettó í þorskígildistonnum)						
Sveitarfélag	Fiskveiðiárið 1996/97	Fiskveiðiárið 1997/98	Fiskveiðiárið 1998/99	Fiskveiðiárið 1999/00	Fiskveiðiárið 2000/01	Samtals þorskígild
Akranes	-588	2.738	-1.400	-667	114	198
Akureyri	-8.750	-4.082	-2.650	-4.494	-8.894	-28.870
Bakkafjörður	-441	-345	-242	-236	-141	-1.405
Bessastaðahreppur	-4	7	14	0	14	32
Bíldudalur	199	426	514	-57	344	1.425
Blönduós	-1.240	-1.468	-227	-285	-71	-3.291
Bolungarvík	-1.607	-626	-81	-598	-385	-3.297
Borgarfjörður	-120	-78	-40	-48	-86	-371
Borgarnes	-3	0	0	0	0	-3
Breiðdalsvík	-14	113	0	0	0	99
Búðardalur	0	0	0	0	0	0
Dalvík	1.204	2.406	547	698	2.452	7.307
Djúpivogur	-1.370	-1.236	-65	-178	-107	-2.956
Drangsnes	-249	-638	-71	-35	-36	-1.029
Egilsstaðir	0	78	87	0	386	551
Eskifjörður	-257	-1.149	371	768	77	-191
Eyrarbakki	270	331	125	252	266	1.243
Fáskrúðsfjörður	614	338	108	-69	-86	905
Finnbogastaðir	0	0	0	0	-5	-5
Flatey	2	0	0	0	0	2
Flateyri	87	-1.551	0	0	0	-1.464
Fljót	-35	-13	-39	-33	-33	-153
Garðabær	151	1	-108	304	488	836
Garður	3.101	4.314	3.841	2.796	2.864	16.917
Grenivík	-438	-438	-209	92	389	-604
Grindavík	4.487	2.882	3.606	4.640	3.864	19.479
Grímsey	-375	-291	-246	-286	-147	-1.345
Grundarfjörður	338	-73	-771	-76	193	-388
Hafnarfjörður	3.158	1.949	1.246	1.776	477	8.606
Hella	0	0	0	0	378	378
Hellissandur	810	707	463	109	741	2.830
Hnífsdalur	-44	-284	-512	310	-960	-1.490
Hofsós	67	307	102	-45	-24	407
Hólmavík	-1.420	-2.112	-1.022	-1.336	289	-5.601
Hrísey	1.399	1.353	224	-513	249	2.712
Húsavík	-2.220	-1.760	-1.054	-197	1.029	-4.203
Hvammstangi	560	359	-37	163	22	1.067
Hveragerði	-5	-10	0	0	0	-15
Höfn	2.694	818	-1.334	-1.080	-1.039	59
Ísafjörður	-1.127	515	229	-370	-531	-1.284
Keflavík	2.504	1.999	836	2.019	1.450	8.808
Keflavíkur-flugvöllur	975	-987	0	0	0	-12
Kjalarnes	-416	129	-121	227	-665	-846
Kópasker	-3	12	6	3	5	24
Kópavogur	425	-154	256	889	667	2.083
Króksfjarðarnes	-2	0	0	0	0	-2
Mjóifjörður	-63	-55	-36	-24	-30	-208
Mosfellsbær	332	353	-193	-8	116	601
Neskaupstaður	155	-673	-1.346	-752	-618	-3.233
Njarðvík	957	949	445	627	495	3.474
Ólafsfjörður	-1.365	-266	275	211	-2.193	-3.337
Ólafsvík	-321	-1.197	1.298	2.302	4.137	6.221
Patreksfjörður	380	816	1.726	911	1.018	4.851
Raufarhöfn	-1.160	-1.436	-2.740	-372	-284	-5.991
Reyðarfjörður	282	526	5	-11	-8	796
Reykjahlíð	-21	-33	0	0	0	-53
Reykjavík	-2.046	-961	3.506	-1.649	-3.281	-4.430
Sandgerði	644	-161	-79	-113	-1.172	-880
Sauðárkrókur	-2.180	-506	-449	-598	-304	-4.037
Selfoss	-749	138	243	99	264	-6

Sveitarfélag	Fiskveiðiárið 1996/97	Fiskveiðiárið 1997/98	Fiskveiðiárið 1998/99	Fiskveiðiárið 1999/00	Fiskveiðiárið 2000/01	Samtals þorskígildi
Seltjarnarnes	10	100	-150	51	42	53
Seyðisfjörður	881	1.015	685	-54	296	2.823
Siglufjörður	-672	-2.217	-1.124	-1.838	-49	-5.900
Skagaströnd	-1.776	-1.971	-641	-1.146	-1.641	-7.175
Snæfellsbær	49	32	128	132	155	495
Stykkishólmur	653	-480	-469	54	-161	-403
Stöðvarfjörður	2.004	2.082	-143	-65	7	3.885
Suðureyri	15	-1	0	-36	-68	-91
Súðavík	-1.204	-36	-14	20	23	-1.211
Tálknafjörður	63	141	159	165	342	869
Vestmannaeyjar	2.111	3.162	-1.958	-979	-94	2.242
Vík	0	0	0	0	0	0
Vogar	1.825	991	1.020	1.203	137	5.176
Vopnafjörður	1.805	625	374	402	221	3.428
Þingeyri	10	57	10	36	84	198
Þorlákshöfn	-433	453	-130	-8	1.229	1.111
Þórshöfn	-1.180	-4.088	-1.260	-2.047	-1.647	-10.222
Óstaðsett	0	0	0	0	34	34
Fiskistofa v/rannsókna	-1.326	-1.843	-1.490	-957	-604	-6.220
Samtals	0	0	0	0	0	0

Tafla 3.

Nettómillifærslur aflahlutdeilda milli aðila fiskveiðiárin 1996/1997 - 2000/2001

100 stærstu kaupendurnir

Nr.	Eigandi	Verðmætaígildi
1	Þorbjörn Fiskanes hf	1,14835
2	Útgerðarfélagið Tjaldur ehf	0,94957
3	Hjalteyrin, útgerðarfélag	0,83424
4	Þormóður rammi - Sæberg hf	0,67643
5	Grandi hf	0,62584
6	Tangi hf	0,55600
7	Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	0,52572
8	Runólfur Hallfreðsson	0,52019
9	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	0,46836
10	Þingey ehf	0,46689
11	Gunnarstindur hf.	0,45167
12	Útgerðarfélag Akureyringa hf	0,44370
13	Vísir hf	0,43801
14	Fiskkaup hf	0,43203
15	Sjólaskip hf	0,41809
16	Immanuel ehf	0,34020
17	Ishúsfélag Ísfirðinga hf	0,31598
18	Guðmundur Runólfsson hf	0,29581
19	Víkurberg ehf	0,29399
20	Síldarvinnslan hf	0,29099
21	BGB - Snæfell hf	0,28943
22	Fiskanes hf	0,26892
23	Húnaröst ehf	0,24216
24	Ingólfur Þorleifsson	0,23465
25	Raufi ehf	0,23099
26	Kristján Guðmundsson h/f	0,22698
27	Snæfell hf	0,20922
28	Sigurður Ágústsson ehf	0,20712
29	Ögurvík hf	0,20690
30	Samherji hf	0,19843
31	Soffanías Cecilsson hf	0,19066
32	Þinganes ehf	0,16962
33	Skarðsvík hf	0,16828
34	Skagstrendingur hf	0,16499
35	Grímur Ársælsson	0,16428
36	Meitillinn hf	0,15942
37	Hraðfrystihús Hellissands hf	0,15056
38	K G fiskverkun ehf	0,15019
39	Sjóvá-Almennar tryggingar	0,14910
40	Emma ehf	0,14780
41	Sólbakki ehf	0,14549
42	Markhóll ehf	0,13822
43	Gullberg ehf	0,13412
44	Bergur-Huginn ehf	0,13380
45	Stígandi ehf	0,13237
46	Gjögur ehf,Grenivík	0,12708
47	Útgerðarfélagið Njörður hf	0,11331
48	Ós ehf	0,11221
49	Dynjandi ehf,útgerð	0,10524
50	Útgerðarfélagið Straumur ehf	0,10416
51	Geir ehf	0,09949
52	Uggi ehf	0,09726
53	Álasund ehf	0,08977
54	Útgerðarfélagið Kópavík ehf	0,08733
55	Gandí ehf	0,08557
56	Útgerðarfélagið Rún sf	0,08109
57	H.G. skipafjelagið ehf	0,07767
58	Ljósavík hf	0,07690
59	Útgerð Arnars ehf	0,07558
60	Ísfélag Vestmannaeyja hf	0,07369
61	Perú ehf	0,07237
62	Ós sf	0,07185
63	Nesfiskur hf	0,07136
64	Gámar ehf	0,07094

100 stærstu seljendur

Nr.	Eigandi	Verðmætaígildi
1	Básafell hf	-1,09655
2	Bakki Bolungarvík hf	-1,09210
3	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	-0,87665
4	Ingimundur hf	-0,84172
5	Siglfirðingur ehf	-0,66106
6	Haraldur Böðvarsson hf	-0,60276
7	Stokksnes hf	-0,60043
8	Búlandstindur hf	-0,58179
9	Valbjörn ehf	-0,52979
10	Skipaklettur hf	-0,52376
11	Snæfellingur hf	-0,52088
12	Útgerðarfélagið Glófaxi ehf	-0,46167
13	Jökull hf	-0,36674
14	Stakkavík ehf	-0,29379
15	Lómur hf	-0,28410
16	Fiskvinnslan Hafnarbakka hf	-0,26598
17	Hald hf	-0,24688
18	Gunnvör hf	-0,24230
19	Línuskip ehf,Súðavík	-0,23983
20	Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	-0,23798
21	Skinney-Þinganes hf	-0,23386
22	Hóp ehf	-0,22317
23	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	-0,19305
24	Faxamjöl hf	-0,18956
25	Spillir ehf	-0,15892
26	Fiskimjöl og lýsi hf	-0,15836
27	Hlaðir ehf	-0,15823
28	Jón Gunnar Helgason	-0,15636
29	Árnes hf. , Stokkseyri	-0,14538
30	Stakkur ehf	-0,14102
31	Bliki hf	-0,13857
32	Borg ehf,útgerð	-0,13459
33	Ú.D.Vestmannaeyjum	-0,12674
34	Hörgeyri ehf	-0,12578
35	Njáll ehf	-0,12362
36	Tálkni ehf	-0,11955
37	Ísnes ehf	-0,11818
38	Vinnslustöðin hf	-0,11374
39	Særún ehf	-0,11074
40	Dögun ehf	-0,11006
41	Íslenskir aðalverktakar sf	-0,10991
42	Hannes Sigurðsson	-0,10871
43	Fiskir ehf	-0,10588
44	Útgerðarfélagið Fengur ehf	-0,10564
45	Dýri ehf	-0,09953
46	Jens Valgeir Óskarsson	-0,09914
47	Páll Guðmundsson	-0,09157
48	Jói Bjarna ehf	-0,08902
49	KG hf	-0,08881
50	Flói ehf	-0,08630
51	Útgerðarfélagið Tríton ehf	-0,08442
52	Fiskiver sf	-0,08229
53	Hneif hf	-0,08068
54	Einar Jónsson	-0,08021
55	Guðmundur Kristjánsson	-0,07938
56	Guðmundur Eiríksson	-0,07804
57	Eskey ehf	-0,07689
58	Útgerðarfélagið Lónfell ehf	-0,07412
59	Rafn Guðlaugsson	-0,06928
60	Háanes hf	-0,06918
61	Hásteinar ehf	-0,06512
62	Sólrún ehf	-0,06459
63	Trausti ehf	-0,06438
64	GS-Útgerð ehf	-0,06389

65	Ragnar Guðjónsson	0,07062
66	Loðnuvinnslan hf	0,06857
67	Útgerðarfélagið Fjölnir ehf	0,06707
68	Dala-Rafn ehf	0,06610
69	Bárustígur ehf	0,06592
70	Birnir ehf	0,06214
71	Skinney hf	0,06193
72	G. Ben sf	0,05757
73	Melavík ehf	0,05397
74	Langanes hf	0,05250
75	Knarrareyri ehf	0,05233
76	Hásteinn ehf	0,05210
77	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	0,05162
78	Útgerðarfélagið Fimman ehf	0,05105
79	Miðós sf	0,04984
80	Guðbjartur ehf	0,04894
81	Útgerðarfélagið Hvammur hf	0,04658
82	Fiskvon hf	0,04595
83	Hríshóll ehf	0,04556
84	Útgerðarfélagið Eldey ehf	0,04510
85	Sandbrún ehf	0,04467
86	Miðfell hf	0,04448
87	Saltver ehf	0,04348
88	Útgerðin og fiskv.Steinar	0,04303
89	Dóri ehf	0,04044
90	Sjóvík ehf,Garðabæ	0,03968
91	Útnes ehf	0,03874
92	Hafdís ehf	0,03869
93	Sigluberg hf	0,03750
94	Stormsker ehf	0,03735
95	Garðar Guðmundsson hf	0,03702
96	Nökkvi hf	0,03681
97	Gunnbjörg hf	0,03647
98	Miðnes ehf	0,03530
99	Ólduós ehf	0,03294
100	Útgerðarfélagið Mímir ehf.	0,03235
	Alls af heildarverðmætaíg. árs	18,53298

65	Stakkar ehf	-0,06350
66	Guðrún sf útgerð	-0,06303
67	Daði Guðmundsson	-0,06214
68	Friðþjófur hf,Eskifirði	-0,06072
69	Útgerðarfélagið Þórdís ehf	-0,06021
70	Valdimar ehf	-0,05986
71	Karl Sigurður Njálsson	-0,05874
72	Ólgusjór ehf	-0,05834
73	Sæunnur ehf	-0,05717
74	Kista ehf	-0,05600
75	Jóhannes ehf,Sandgerði	-0,05446
76	Sæmundur Hinriksson	-0,05309
77	Árni Jónsson ehf	-0,04913
78	Bryndís ehf	-0,04831
79	Víkurhraun ehf	-0,04773
80	Eyvindur ehf	-0,04511
81	G.R.útgerð ehf.	-0,04494
82	Friðgeir Höskuldsson	-0,04428
83	Haraldur Gíslason	-0,04387
84	Sigurnes hf	-0,04374
85	Erlingur ehf	-0,04359
86	Ásgeir Ásgeirsson	-0,04334
87	Guðmundur E Magnússn	-0,04294
88	Styrmir KE 11 ehf	-0,04192
89	Flesjar ehf	-0,04169
90	Sólsteinn ehf	-0,04113
91	Magnús & Rafn hf	-0,04112
92	Reynir Gunnarsson	-0,04079
93	Garðar Garðarsson	-0,04076
94	Sæfaxi sf	-0,04074
95	Sigurbára ehf	-0,04053
96	Narfi ehf	-0,04052
97	Melur hf	-0,04017
98	Álftfirðingur ehf	-0,04009
99	Útvík ehf	-0,04003
100	Jóhannes Sigurður Ólafsson	-0,03880
	Alls af heildarverðmætaíg. árs	-17,29572

Botnfiskafli	Verðmætaíg.
Þorskur	0,46
Ýsa	0,1
Ufsi	0,03
Karfi	0,09
Úthafskarfi	0,06
Steinbítur	0,02
Grálúða	0,05
Skarkoli	0,01
Þykkvalúra	0,005
Langlúra	0,005
Sandkoli	0,005
Skrápflúra	0,005
Síld	0,015
Loðna	0,075
Humar	0,01
Rækja	0,05
Hörpudiskur	0,01
Samtals	1

Skýring: Verðmætaigildi skv. töflu til hliðar er hlutfall verðmætis landaðs afla helstu aflamarkstegundaá árinu 2000 af heildaraflaverðmæti allra aflamarkstegunda. Þetta verðmætaígildi er notað til að færa aflahlutdeild allra aflamarkstegunda í töflum að ofan í eina igildistölu til hægðarauka við mat á verðmæti flutnings aflahlutdeilda. Niðurstöðutölur samtagningar milifærðra aflahlutdeilda allra aflamarkstegunda gefa því til kynna heildarflutning aflahlutdeilda þessi 5 fiskveiðiár sem hundraðshluta af heildaraflahlutdeild allra aflamarkstegunda eitt fiskveiðiár eða veiðitímabil.

100 stærstu seljendur	**Fiskveiðiárið 1996/1997**														**Tafla 3.1**
Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafskarfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Básafell hf	0,19800	0,17579											0,62734	-2,42634	5,24142
Bakki Bolungarvík hf			-0,71663		0,19476									-1,55644	
Hraðfrystistoð Þórshafnar hf	0,14199	0,16353	0,26311	0,18134	0,54910		0,67423	0,27865		1,19946				-1,78831	
Ingimundur hf													0,42630	-1,47588	
Siglfirðingur ehf						-2,11944							-0,16667	7,92124	
Haraldur Böðvarsson hf															
Stokksnes hf															
Búlandstindur hf		0,29310			0,18861										
Valbjörn ehf	-0,53977	-0,63477	-0,13632		-0,62466			-0,78450	-0,18873						
Skipaklettur hf	0,11265	0,13815	0,26000	0,42600				0,14398							
Snæfellingur hf															
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf	-0,53337	-0,31458	-0,66357	-0,25388				-0,24637		-5,54547		-7,71791			
Jökull hf	0,26782	0,12287	0,23762					0,32235						1,78831	
Stakkavík ehf	-0,56460	-0,53230			-0,36937				-0,22834						
Lómur hf					0,99300										
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf		-0,11682	-0,31185	-0,12377											
Hald hf	-0,26622	-0,74486	-0,17313	-0,12760	-0,18292		-0,43825	-0,65200	-0,87623			-2,37365			
Gunnvör hf	-0,39521	-0,27851	-0,39670	-0,26975	-0,28119			-0,41826					-0,55418		
Línuskip ehf,Súðavík	-0,21252	-0,29615	-0,24521	-0,73745	-0,47670		-1,97986	-0,17787							
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf														3,33791	
Skinney-Þinganes hf	0,34643	0,31458	0,91845	0,25388				0,57465		6,65457		7,71791			
Hóp ehf	-0,39923	-0,79932	-0,48127	0,26388	-0,11798		-0,13485	-0,49786	-0,65118			-1,37182			
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf															
Faxamjöl hf	-0,15380									1,19946			-0,33843		
Spillir ehf															
Fiskimjöl og lýsi hf															
Hlaðir ehf										-0,18149					
Jón Gunnar Helgason	-0,23483	-0,24752	-0,11724	-0,72536	-0,88817		-0,64515	-0,21658	-0,11689			-1,68869			
Árnes hf , Stokkseyri	-0,85700		-0,62376									2,89512			
Stakkur ehf	-0,14129	-0,48283	-0,25492	-0,19113	-0,12119		-0,33711	-0,12827	-0,22855				-0,24183		
Bliki hf	-0,21948	-0,57111	-0,17771	-0,13298	-0,41215			-0,13256					-0,56426	-1,93775	
Borg ehf,útgerð	0,52459				0,58270					-1,19347					
Ú.D.Vestmannaeyjum															
Hörgeyri ehf															
Njáll ehf	-0,54265	0,11216			0,32276										
Tálkni ehf	-0,72513														
Ísnes ehf			-0,12994												
Vinnslustöðin hf	0,42847														
Særún ehf	-0,56552		0,12453	0,34626	0,41500			0,31887					0,46350		
Dögun ehf															
Íslenskir aðalverktakar sf	0,75670												-0,21616		
Hannes Sigurðsson															
Fiskir ehf															
Útgerðarfélagið Fengur ehf															
Dýri ehf	0,51423	0,47226			0,33544				0,38520						
Jens Valgeir Óskarsson															-7,69238
Páll Guðmundsson	-0,38545	-0,28717	-0,31337												
Jói Bjarna ehf															
KG hf	-0,11851	-0,77151	-0,32717	-0,16925	-1,23479			-0,71320							
Flói ehf	0,38673				-0,15873										

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafskarfi
Útgerðarfélagið Tríton ehf						
Fiskiver sf	-0,96411	-0,18330	-0,28594	-0,23574	-0,43846	
Hneif hf	-0,76446	-0,45324	0,17184	-0,64693	-0,48434	
Einar Jónsson						
Guðmundur Kristjánsson						
Guðmundur Eiríksson	-0,28199		-0,41545	-0,66285		
Eskey ehf	0,13872	0,16229	0,21750		0,62411	
Útgerðarfélagið Lónfell ehf						
Rafn Guðlaugsson						
Háanes hf						
Hásteinar ehf						
Sólrún ehf	-0,64456		-0,44179			
Trausti ehf						
GS-Útgerð ehf						
Stakkar ehf	-0,12866	-0,12152	-0,24816	-0,18134	0,25884	
Guðrún sf útgerð						
Daði Guðmundsson						
Friðþjófur hf.Eskifirði						
Útgerðarfélagið Þórdís ehf	-0,96187		-0,12453	-0,34626	-0,41500	
Valdimar ehf	0,72800					
Karl Sigurður Njálsson						
Ólgusjór ehf	-0,29822					
Sæunnur ehf	0,16414					
Kista ehf						
Jóhannes ehf.Sandgerði	-0,85700					
Sæmundur Hinriksson						
Árni Jónsson ehf						
Bryndís ehf						
Víkurhraun ehf	-0,73664	-0,61830	0,31337	-0,64831	0,14625	
Eyvindur ehf		0,72636				
G.R útgerð ehf						
Friðgeir Hoskuldsson						
Haraldur Gíslason						
Sigurnes hf						
Erlingur ehf	-0,12425	-0,19839	-0,11731		-0,28747	
Ásgeir Ásgeirsson	-0,84230	-0,19177	-0,85112	-0,12890	-0,61430	
Guðmundur E Magnússn						
Styrmir KE 11 ehf						
Flesjar ehf						
Sólsteinn ehf						
Magnús & Rafn hf	-0,12394	-0,82650	-0,62350	0,24170	-0,19389	
Reynir Gunnarsson	-0,94845	-0,75998			-0,33544	
Garðar Garðarsson	-0,35514	-0,87617			-0,57451	
Sæfaxi sf						
Sigurbára ehf	-0,64514	0,31127	0,19574		0,32465	
Narfi ehf	0,41454	0,27728				
Melur hf						-0,94669
Álftfirðingur ehf	-0,34532	-0,13453			-0,46300	
Útvík ehf	-0,64454					
Jóhannes Sigurður Ólafsson					-0,52915	

Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
	-0,55341	-0,34268			-1,48846			
-0,13485	-0,22752	0,34268			1,48846			
						0,68517	2,88292	
	0,13224	0,81412	-1,19946					
-0,67423	0,22291						2,42634	
						-0,16667		
	-0,31887					-0,17613		
						-0,44335		
	-0,18116							
-0,33711	0,36232	-0,23731				-0,12621		
	-0,57496	-0,25574				-0,14422		
	0,11200				-0,58782			
-0,33711	-0,68978	-0,28420				-0,49616		
	0,17446							

100 stærstu seljendur Fiskveiðiárið 1997/1998 **Tafla 3.1**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Flæmingjarækja	Innfjarðarækja
Básafell hf	0,25314	0,21289	0,49389	0,99600	4,25897	-1,43866	0,39610	0,47760	0,12217		0,68140						-5,24142
Bakki Bolungarvík hf	-1,81200	-1,41944	-0,83787	-1,18492	-3,57232		-3,33522	-0,51319	-0,26460	-0,14710	0,49732				-0,92854		
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	-0,68387	-0,42913	-0,54762	-0,22175	-0,14371		-1,27487	-0,21556	-0,19520		-0,11492	-2,21819			-0,54116		
Ingimundur hf	0,52129				-0,31276				-0,47542	-0,34480	-2,86367	-1,19946				9,58919	
Sigfirðingur ehf						-1,99967									-0,26667		
Haraldur Böðvarsson hf	0,39253																
Stokksnes hf	-0,51983	-0,28320	-0,89163	-2,71141	-0,64979		-1,19243	-0,77690	-0,23920								
Búlandstindur hf												-2,21819					
Valbjörn ehf	-0,23257	0,33365	0,66725		-0,15865		0,37100	0,33100	0,13625	0,38821	0,38123						
Skipaklettur hf	-0,47628	-0,39228	-0,53618	-0,57666	-0,47323	-2,86467	-0,63738	-0,95928			-0,11786						
Snæfellingur hf	-0,47517	-0,42592	-0,73839	-0,92484	-0,53740	-0,36620	-1,69960	-0,11745	-0,12180		-0,32964	-2,21600			-0,85724		
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf																	
Jökull hf	-0,52777	-0,63650	0,74732	-0,45669	-0,56900		-0,78989	-0,99497	0,31400	-0,56170			1,60000		-1,34887	-1,78831	
Stakkavík ehf	-0,12796																
Lómur hf	-0,15136		-0,19988	0,71471			0,77500	0,92828	0,23710								
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf	-0,32143	-0,13649	-0,49389	-0,99600	-2,98645		-0,21600	-0,34381	-0,43400								
Hald hf																	
Gunnvör hf	0,12996	0,28249	0,53587		0,51950		0,22200	0,36568	0,34960	0,26152	0,21223				-0,55000		
Linuskip ehf,Súðavík																	
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	-0,66291	-0,23184	-0,71220	0,78290	2,26815		2,21812	-0,15658	0,78300	0,14710					1,98235		
Skinney-Þinganes hf	-0,36799	-0,36195	-0,16778	-0,21316	0,21437		0,27633	-0,48837	0,47393	0,57321	-0,78851	-4,43638		-3,78788			
Hóp ehf																	
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	-0,26550	-0,25117	-0,39146	-0,25146	-0,17912		-0,21238	-0,53483							-0,58333		
Faxamjöl hf	-0,19833	-0,47340	-0,41296		-0,26600		-0,86310	-0,64990	-0,17340			-1,19946	-2,66776				
Spilir ehf	-0,65161				-1,58211												
Fiskimjöl og lýsi hf	-0,18522	-0,63650	-0,55537	1,31456	-0,31537		-0,11670	-0,86194	-0,23310			-2,21819	-1,83148		-0,18988		
Hlaðir ehf	-0,18114	-0,22883															
Jón Gunnar Helgason																	
Árnes hf., Stokkseyri																	
Stakkur ehf																	
Blikí hf																	
Borg ehf,útgerð																	
Ú.D.Vestmannaeyjum	-0,45183	-1,26890	-0,65995	-0,19435	-0,32179		-0,12525	-0,41487	-0,13900			3,32595	2,32953				
Hörgeyri ehf																	
Njáll ehf	-0,87415	-0,83445	-0,22974					-0,31932							-0,14400		
Tálkni ehf	-0,17350	-0,18683	-0,14195	-0,12890	-0,53276		-0,13639	-0,17117	-0,96544		-0,57634						
Ísnes ehf	-0,14887	-0,13480	0,21738		-1,27252		-0,18100	-0,13379	-0,12212		-0,68140						
Vinnslustöðin hf	-0,84939	-1,81668	-2,49792	-0,82395	0,76399	-0,15659	-0,87289	-0,22829	0,49819	0,41829	0,34875		-0,18141	-6,26657			
Særún ehf	-0,97925	0,23752	0,16485	0,11915			0,74923	-0,27533							-1,15136		
Dögun ehf	-0,39964	-0,46387					-0,16391	-0,21823							-1,41648		
Íslenskir aðalverktakar sf	-0,31418	0,85135	-0,71173	-0,99511	0,32768		-0,64447	0,57417	0,15493	0,17324							
Hannes Sigurðsson																	
Fiskir ehf																	
Útgerðarfélagið Fengur ehf																	
Dyri ehf	0,26740	0,14152	0,58330		0,24822		94,00000	0,69100	19,00000								
Jens Valgeir Óskarsson	-0,13437	-0,17528	-0,19466	-0,24722	-0,15436		-0,15470	-0,44241	-0,59969	-0,72848	-0,76915			-0,66878			-7,69238
Páll Guðmundsson	-0,81198	-0,81135	-0,16169	-0,37690	-0,74747				-0,35650	-0,61960	-0,23728						
Jói Bjarna ehf																	
KG hf																	
Flói ehf	-0,14518	-0,35515	-0,61260		-1,38721		-0,12560	-0,25834	-0,22366		-0,49500						

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Útgerðarfélagið Tríton ehf	-0.62736	-0.24960	-0.21498	-0.36268	-0.62354		-0.16540	-0.15865	-0.52928		-0.23240	-1.19946			-0.24155		
Fiskiver sf																	
Hneif hf																	
Einar Jónsson	-0.65646	-0.17959	-0.44820		-1.59735		-0.84600	-0.17359	-0.17000								
Guðmundur Kristjánsson	-0.27157	-0.42647	-0.16539		-0.37795		-0.31000	-0.25966	-62.00000								
Guðmundur Eiríksson															0.13333	-3.86765	
Eskey ehf	0.32847	0.13743	0.97450		0.42311		0.24000	0.16230	41.00000	0.84534	0.24755						
Útgerðarfélagið Lónfell ehf																	
Rafn Guðlaugsson	-0.13188	-0.28668	-0.28837	-0.72600	-0.87670			-0.53253	-0.17497	0.32460							
Háanes hf	-0.22200	-0.65661	-0.99888	-0.24178	-1.67964		-0.35764	-0.37987	-0.41200						1.78472		
Hásteinar ehf	-0.53658	-0.45400	-0.16985	-0.64470	-0.67563		-0.82700	-0.46868	-1.76378	-2.32216	-1.23480			-0.71749			
Sólrún ehf	0.58595																
Trausti ehf																	
GS-Útgerð ehf	0.15136		0.19988	-0.71470			-0.77500	-0.92828	-0.23710								
Stakkar ehf																	
Guðrún sf útgerð	-0.92529	-0.56670	-0.37596												-0.12000		
Daði Guðmundsson																	
Friðþjófur hf.Eskifirði	-0.22366												0.48000		0.92413		
Útgerðarfélagið Þórdís ehf																	
Valdimar ehf								-0.48310		-3.84141	-0.66672						
Karl Sigurður Njálsson																	
Ólgusjór ehf	0.63126	0.31198	0.55890		0.36924		0.48900	0.36300	98.00000								
Sæunnur ehf	-0.19335	-0.63334	-0.12142	-0.84626	-0.12396		-0.34540	-0.11572	-0.18833	-0.24148	-0.97431			-0.16694			
Kista ehf																	
Jóhannes ehf.Sandgerði	-0.13242	-0.12865	-0.11244		-0.59676			-0.16851	-0.74472	-2.82897	-0.23476						
Sæmundur Hinriksson																	
Árni Jónsson ehf																	
Bryndís ehf																	
Víkurhraun ehf	-0.27462			0.56700	-0.14889												
Eyvindur ehf																	
G.R útgerð ehf																	
Friðgeir Höskuldsson	-0.47423	-0.17360	-0.79885	-0.24170	-0.11390		-0.17226		-0.33500	-0.91559					-0.32115		-6.87914
Haraldur Gíslason	-0.35843	-0.82878	-0.52472	-0.11167	-0.21754		-0.79500	-0.28136	-0.52510	-0.41867	-0.33420			-1.36616			
Sigurnes hf	-0.24263	-0.52614	-0.76137	-0.48357	-0.51910		-0.66530	-0.11613	-0.34500	-0.16562	-0.22571				-0.64459	-1.54179	
Erlingur ehf	0.65161	-0.11400	-0.99410		0.86288		0.33530	-0.36247	-44.00000	-0.59182	-0.68675				-1.00000		
Ásgeir Ásgeirsson																	
Guðmundur E Magnússn																	
Styrmir KE 11 ehf	-0.72984	-0.83445	-0.25627														
Flesjar ehf	-0.67920	-0.47456	-0.12260		-0.14515		-0.91600	-0.86972	-0.29684	-0.43892	-0.12456						
Sólsteinn ehf	-0.59866	-0.12678	-0.83421		-0.16656		-0.73000	-0.38167	-0.12355		-0.38428						-7.69238
Magnús & Rafn hf	0.47423	0.17360	0.79885		0.11390		0.17226		0.33500						0.29448		6.87914
Reynir Gunnarsson	-0.13221	-0.75325	-0.12655		-0.54248		-0.26400	-0.13747	-0.29769	-0.42127	-0.29414						
Garðar Garðarsson																	
Sæfaxi sf	-0.65441	-0.93699	-0.24676	-0.13123	-0.12634		-0.52000	-0.21595	-0.59900								
Sigurbára ehf	-0.14573																
Narfi ehf	-0.13330																
Melur hf																	
Álfftfirðingur ehf																	
Útvík ehf	-0.45422	-0.13674	-0.25300	-0.21120				-0.18960									
Jóhannes Sigurður Ólafsson																	

100 stærstu seljendur **Fiskveiðiárið 1998/1999** **Tafla 3.1**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur
Básafell hf	-0.34342	0.33315	0.54235		0.52635		0.68595	0.71363	0.24534					3.95199	5.83160	-0.41958
Bakki Bolungarvík hf																
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf																
Ingimundur hf	-0.25435	-0.16227	-0.42517											-3.25422	-9.65793	1.11668
Sigfirðingur ehf	0.11738		2.00000		0.15560										-4.75269	-1.25298
Haraldur Böðvarsson hf																
Stokksnes hf																
Búlandstindur hf	-0.67712	-1.59347	-1.19476	-0.32615	-0.16667		-0.16344	-0.15528						0.25000		
Valbjörn ehf	-0.28265															
Skipaklettur hf																
Snæfellingur hf																
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf																
Jökull hf	-0.97112	-0.47278	-0.33950	1.33186	0.36528		0.11286	0.15411	-0.16386		-0.78434	1.19963	2.38636	0.36617		0.97886
Stakkavík ehf	0.53848	-0.25530	0.35968		-0.12323		0.47900	0.38511	0.17200							
Lómur hf	0.12885	-0.16819	-0.12364	-0.15857	-0.38913		-0.74558	-0.14414	-0.16193	-0.68833	-0.23279			-1.32669		
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf																
Hald hf																
Gunnvör hf																
Línuskip ehf.Súðavík																
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	0.12873						-1.27998								-8.26593	-0.14573
Skinney-Þinganes hf													-0.25000			
Hóp ehf																
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf																
Faxamjöl hf																
Spillir ehf	-0.42438															
Fiskimjöl og lýsi hf																
Hlaðir ehf	-0.29413	-0.13526	-0.19151	-0.43480	0.53835		0.16634	-0.29494	0.29244	0.94300	0.97364			-0.12334		
Jón Gunnar Helgason																
Árnes hf., Stokkseyri	-0.39565			0.15846						-1.16460	-3.26870					
Stakkur ehf																
Blika hf																
Borg ehf,útgerð																
Ú.D.Vestmannaeyjum																
Hörgeyri ehf																
Njáll ehf																
Tálkni ehf																
Ísnes ehf																
Vinnslustöðin hf				-0.39762				-0.54348								0.43319
Særún ehf	-0.32385	-0.48526	-0.61955	-0.17696	-0.22513		-0.75532	-0.91540	-0.12240					-0.44291		
Dögun ehf												-1.19963				
Íslenskir aðalverktakar sf																
Hannes Sigurðsson																
Fiskir ehf																
Útgerðarfélagið Fengur ehf	-0.19649	-0.71210	-0.21917	-0.72230	-0.46130		-0.16530	-0.85433	-0.12176	-0.48849	-0.61529					
Dýri ehf		0.54947														
Jens Valgeir Óskarsson																
Páll Guðmundsson	0.19122															
Jói Bjarna ehf																
KG hf																
Flói ehf	0.28826															

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentsshafs-þorskur
Útgerðarfélagið Tríton ehf												-1,19963		0,62500		
Fiskiver sf																
Hneif hf																
Einar Jónsson																
Guðmundur Kristjánsson	0,15998	0,11292	0,44100	0,43577	0,58564		0,37250	0,36832	0,76400					0,85979		
Guðmundur Eiríksson		-0,54947						-0,17674						-0,21385	-0,19933	
Eskey ehf	0,73477															
Útgerðarfélagið Lónfell ehf																
Rafn Guðlaugsson																
Háanes hf																0,41958
Hásteinar ehf																
Sóirún ehf	-0,12615	-0,22794	-0,97728	-0,43976	-0,16683		-0,27131	-0,12320	-0,31941	-0,94300	-0,97364			-0,29331		
Trausti ehf																
GS-Útgerð ehf	-0,27574	-0,42380	-0,31332		-0,16988											
Stakkar ehf																
Guðrún sf útgerð																
Daði Guðmundsson																
Friðþjófur hf.Eskifirði																
Útgerðarfélagið Þórdís ehf																
Valdimar ehf	0,19690	0,17590	0,17700		0,55326		0,26720	0,00000	0,29761	0,42878	0,29329					
Karl Sigurður Njálsson																
Ólgusjór ehf	-0,84712	-0,28179	-0,28176	-0,13299	-0,42871		-0,13260	-0,24879	-0,25575	-0,63865	-0,29439					
Sæunnur ehf																
Kista ehf	-0,21749	-0,32287	-0,52284		-0,35649		-0,68187	-0,71332	-0,23710					-3,95199		
Jóhannes ehf.Sandgerði																
Sæmundur Hinriksson																
Árni Jónsson ehf																
Bryndís ehf																
Víkurhraun ehf																
Eyvindur ehf																
G.R útgerð ehf				-0,38462			-0,26522									
Friðgeir Hoskuldsson	-0,11342															
Haraldur Gíslason																
Sigurnes hf																
Erlingur ehf																
Ásgeir Ásgeirsson																
Guðmundur E Magnússn																
Stýrmir KE 11 ehf																
Flesjar ehf																
Sólsteinn ehf																
Magnús & Rafn hf																
Reynir Gunnarsson																
Garðar Garðarsson																
Sæfaxi sf																
Sigurbára ehf																
Narfi ehf																
Melur hf												1,19963				-0,95437
Álftfirðingur ehf																
Útvík ehf	0,46439	0,59540	0,13968	0,11800	0,97429		0,61500	0,21680	0,12400		0,25740					
Jóhannes Sigurður Ólafsson	-0,41570	-0,91784	-0,38100		-0,21730		-0,35800	-0,26650	-72,00000	-0,42928						

100 stærstu seljendur **Fiskveiðiárið 1999/2000** **Tafla 3.1**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur
Básafell hf	-1.58228	-0.97429	0.16565	-0.27413	-6.61296		-0.68132	-2.28884	-0.12998	-0.11579	0.28979	-0.53222	-1.19963			-5.69576	3.17151	-4.23757
Bakki Bolungarvík hf																		
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf									-0.39760									-3.13638
Ingimundur hf	-1.16474	-1.48547	-1.31142	0.59366	-0.28728		-0.27420	-0.23392	0.45283	-0.18411						0.26198		-1.11668
Sigtfirðingur ehf	0.43246	0.26199	0.86250		0.17866		0.69220	0.89488	0.16124	0.35700						0.69464	-6.67979	-3.33199
Haraldur Böðvarsson hf	-0.47217	-0.61997	-0.74333	-2.97175	-0.12563		-0.24361	-0.26347	-0.65272	-0.17850						-2.22300		
Stokksnes hf																		
Búlandstindur hf																		
Valbjörn ehf																		
Skipaklettur hf																		
Snæfellingur hf																		
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf																		
Jökull hf																		
Stakkavík ehf	-0.29392	-0.18496	-0.13997	-0.29300	-0.23259		-0.87600	-0.49933	-0.28463	-0.17600	-0.36450							
Lómur hf																		
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf																		
Hald hf																		
Gunnvör hf																		
Linuskip ehf,Súðavík																		
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	-0.11115			-0.21838	-0.32878			-0.38211		-0.36360		-0.16380				-2.95842		
Skinney-Þinganes hf																-0.58333		
Hóp ehf																		
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf																0.58333		
Faxamjöl hf																		
Spillir ehf																		
Fiskimjöl og lýsi hf																		
Hlaðir ehf																		
Jón Gunnar Helgason																		
Arnes hf., Stokkseyri	-0.96562	0.17225	0.14882	-0.15847	0.24835		0.22400	0.36995	-1.91819	-9.88142	-1.97629	-2.17391			0.66878	0.56265		
Stakkur ehf																		
Bliki hf																		
Borg ehf útgerð	-0.19434	-0.12447	-0.13466	-0.19343	-0.25890		-0.33560	-0.15760	-0.23116	-0.67400	-0.25441	-0.47615			-0.10000	-0.65250		-0.49963
Ú.D Vestmannaeyjum																		
Hórgeyri ehf	-0.15587	-0.14722	-0.56616	-0.22970	-0.12761		-0.21000	-0.97687	-1.28991	-0.73360	-0.72462	-0.64249						
Njáll ehf													-2.21819					
Tálkni ehf																		
Ísnes ehf																		
Vinnslustöðin hf	0.23552	0.21877	0.72517	0.47229	0.14929	0.15659	0.15500	0.32130		31.00000								1.17292
Særún ehf										0.12240						0.44291		
Dögun ehf																		
Íslenskir aðalverktakar sf																		
Hannes Sigurðsson	-0.66143														0.53528			
Fiskir ehf	-0.95833	-0.14755	-0.21431		-0.39796		-0.35253	-1.13997	-0.76727	-0.97295	-4.38866	-0.24936						
Útgerðarfélagið Fengur ehf																		
Dýri ehf	-0.23688	-0.73672	-0.11862		-2.19158		-0.23100	-0.17318	-0.41130	-0.31316						-0.72730		
Jens Valgeir Óskarsson	0.57640														-0.66878			
Páll Guðmundsson																		
Jói Bjarna ehf	-0.41667	-0.45513	-0.76529		-0.77967			-0.18185	-0.21676									
KG hf																		
Flói ehf									-0.23638									

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur
Útgerðarfélagið Tríton ehf																		
Fiskiver sf																		
Hneif hf																		
Einar Jónsson																		
Guðmundur Kristjánsson																		
Guðmundur Eiríksson																		
Eskey ehf	-0,21861	-0,26844	-0,12286	-0,27287	-0,52648		-0,27240	-0,16916	-0,46670	-0,97135	-0,88621	-0,39174			-1,48846			
Útgerðarfélagið Lónfell ehf	0,21657		0,12170		-0,15234				0,31600							-0,88669		
Rafn Guðlaugsson																		
Háanes hf	0,34933	11,00000	0,94000		46,00000		2,00000	0,15400		4,00000								
Hásteinar ehf																		
Sölrún ehf																		
Trausti ehf																		
GS-Útgerð ehf																		
Stakkar ehf																		
Guðrún sf útgerð																		
Daði Guðmundsson																		
Friðþjófur hf,Eskifirði																		
Útgerðarfélagið Þórdís ehf																		
Valdimar ehf	-0,67627	-0,55158	-0,16900		-0,78800		-3,00000	-0,45291		-1,00000								
Karl Sigurður Njálsson	-0,14117	-0,12539	-0,17714		-0,15313		-0,99500	-0,73940	-0,16178	-0,20000	-0,26960							
Ólgusjór ehf									-0,15337									
Sæunnur ehf																		
Kista ehf	0,73915															2,32378	-3,17151	
Jóhannes ehf,Sandgerði	-0,16120	-0,11740	-0,16770		-0,43968			-0,16851	-0,13753	-0,74472	-2,82635	-0,23488						
Sæmundur Hinriksson	-0,11453	-0,16587	-0,26956		-0,23467													
Árni Jónsson ehf	0,49277	-0,51990																
Bryndís ehf																		
Víkurhraun ehf																		
Eyvindur ehf	-0,27686	-0,52375	-0,12212		-0,51168		-0,93300	-0,76822	-0,93744	-0,26731	-3,15591	-0,39417						
G.R útgerð ehf.																		
Friðgeir Höskuldsson																		
Haraldur Gíslason																		
Sigurnes hf																		
Erlingur ehf																		
Ásgeir Ásgeirsson																		
Guðmundur E Magnússn	-0,73635	-0,45543	-0,17465		-0,19972													
Styrmir KE 11 ehf																		
Flesjar ehf									0,31598									
Sólsteinn ehf																		
Magnús & Rafn hf																		
Reynir Gunnarsson	-0,21853		-0,79440															
Garðar Garðarsson	-0,93217																	
Sæfaxi sf																		
Sigurbára ehf																		
Narfi ehf	-0,12450	-0,97133	-0,95939	-0,14574	-0,92700		-0,17500	-0,98457	-0,65454	-0,16732	-0,13365	-0,15960			-0,55175			
Melur hf																		
Álftfirðingur ehf																		
Útvík ehf	-0,57646	0,25265	0,17690				39,00000	0,28900	0,38390	8,00000	0,64797							
Jóhannes Sigurður Ólafsson																		

100 stærstu seljendur	Fiskveiðiárið 2000/2001																Tafla 3.1
Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Barentshafs-þorskur
Básafell hf																	
Bakki Bolungarvík hf																	
Hraðfrystistoð Þórshafnar hf	-0,61954	-0,39424	-0,74296	-0,22176	-0,14226		-1,27652	-0,11551	-0,45766	-0,52360		-0,11459		-0,70000			-3,13638
Ingimundur hf																	
Siglfirðingur ehf	-0,74137	-0,44263	-0,37336	-0,23226	-0,27469		-0,79685	-0,17642	-0,91860	-0,16650						-0,28954	
Haraldur Böðvarsson hf						0,22222											
Stokksnes hf																	
Búlandstindur hf																	
Valbjörn ehf	-0,39167	-0,64694	-0,43648	-1,41752	-0,13733	-0,61199	-0,62554	-0,66544	-0,15250	-0,19137	-0,44924	-0,58539				-0,48810	-0,51715
Skipaklettur hf																	
Snæfellingur hf																	
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf																	
Jökull hf																	
Stakkavík ehf	-0,11987	-0,28252	-0,17149	-0,24000	-0,92425		-0,14700	-0,24618									
Lómur hf	-0,25759	-0,22772	-0,17682	-0,15857	-0,44418		-0,74558	-0,14414	-0,79576	-0,16193	-0,68833	-0,23279				-1,32669	
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf																	
Haid hf																	
Gunnvör hf																	
Línuskip ehf,Súðavík																	
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf																	
Skinney-Þinganes hf	-0,75552	0,38264	0,17229	0,24179	0,16338		0,16460	0,15300	2,88963	2,56421	0,58953	-5,65178	-4,55334	-4,76680	5,98477		
Hóp ehf																	
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf																	-1,44672
Faxamjöl hf																	
Spillir ehf	-0,73143	-0,25766	-0,26697	-0,13299	-0,31582		-0,13260	-0,24879	-0,15337	-0,25575	-0,63865	-0,29439			-0,84000		
Fiskimjöl og lýsi hf																	
Hlaðir ehf																	
Jón Gunnar Helgason																	
Árnes hf , Stokkseyri																	
Stakkur ehf																	
Bliki hf																	
Borg ehf,útgerð																	
Ú.D.Vestmannaeyjum																	
Horgeyri ehf																	
Njáll ehf																	
Tálkni ehf																	
Ísnes ehf																	
Vinnslustöðin hf	0,42664	0,65944	0,43672	1,41276	0,13733	0,61199	0,62554	0,66725	0,15250	0,19137	0,44924	0,58539				0,48810	-1,61910
Særún ehf																	
Dogun ehf																	
Íslenskir aðalverktakar sf																	
Hannes Sigurðsson	-0,75258	-0,12813	-0,13980	-0,84627	-0,51332		-0,15160	-0,49555	-2,88494	-2,12933	-0,58953	-1,92725			-2,37365		
Fiskir ehf																	
Útgerðarfélagið Fengur ehf																	
Dýri ehf																	
Jens Valgeir Óskarsson																	
Páli Guðmundsson	0,67210		-0,15787		-0,16615												
Jói Bjarna ehf	-0,41667	-0,45513	-0,76529		-0,77967			-0,18185	-0,21676								-0,54487
KG hf																	
Flói ehf																	

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Barentshafs-þorskur
Útgerðarfélagið Triton ehf																	
Fiskiver sf																	
Hneif hf																	
Einar Jónsson																	
Guðmundur Kristjánsson																	
Guðmundur Eiríksson																	
Eskey ehf	0.14747																
Útgerðarfélagið Lónfell ehf	-0.15233	-0.32557	-0.57980		-0.86336		-0.12560	-0.25835	-0.37639	-0.22366		-0.49357					
Rafn Guðlaugsson																	
Háanes hf																	
Hásteinar ehf																	
Sólrún ehf																	
Trausti ehf	-0.13528	-0.65150	-0.35584	-0.64470	0.36000		-0.68842	-0.69563		-0.28500						-0.27227	
GS-Útgerð ehf																	
Stakkar ehf																	
Guðrún sf útgerð																	
Daði Guðmundsson	-0.78434	-0.17379	-0.19900		-0.43413												
Friðþjófur hf Eskifirði																	
Útgerðarfélagið Þórdís ehf																	
Valdimar ehf																	
Karl Sigurður Njálsson																	
Óligusjór ehf																	
Sæunnur ehf																	
Kista ehf	-0.73915															-2.32378	
Jóhannes ehf.Sandgerði																	
Sæmundur Hinriksson																	
Árni Jónsson ehf	-0.49239	-0.19764	-0.71520	-0.12890	-0.69272		-0.99400	-0.19226	-0.45813	0.32334	-0.93560	0.22452					
Bryndís ehf	-0.91449	-0.16587	-0.26956		-0.23467												
Víkurhraun ehf																	
Eyvindur ehf																	
G.R útgerð ehf.																	
Friðgeir Hoskuldsson																	
Haraldur Gíslason																	
Sigurnes hf																	
Erlingur ehf																	
Ásgeir Ásgeirsson																	
Guðmundur E Magnússn																	
Stýrmir KE 11 ehf																	
Flesjar ehf																	
Sólsteinn ehf																	
Magnús & Rafn hf																	
Reynir Gunnarsson																	
Garðar Garðarsson	0.25150																
Sæfaxi sf																	
Sigurbára ehf	-0.45727																
Narfi ehf					0.31582												
Melur hf																	
Álftfirðingur ehf																	
Útvík ehf	-0.19991	-0.12534	-0.23770	-0.21200				-0.18960									
Jóhannes Sigurður Ólafsson																	

100 stærstu kaupendur **Fiskveiðiárið 1996/1997** **Tafla 3.2**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Þorbjörn Fiskanes hf	0.83410	0.65987				0.68889									
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf															
Hjalteyrin, útgerðarfélag															
Þormóður rammi - Sæberg hf	0.83860	0.55586	-0.18533	0.24179	0.12668	2.67888		0.49260					0.33843	-2.94118	
Grandi hf			0.18191												
Tangi hf											-0.25000				
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	0.97528												-0.24183		
Runólfur Hallfreðsson															
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf															
Þingey ehf															
Gunnarstindur hf					0.34441										
Útgerðarfélag Akureyringa hf	0.15382	0.58413	0.41545	0.59300										-0.73529	
Vísir hf	0.27169	0.74184	0.27779	0.46154	1.33366		0.43825		-0.17683				-0.32692		-7.69238
Fiskkaup hf	0.13271														
Sjólaskip hf															
Immanuel ehf															
Ishúsfélag Ísfirðinga hf	0.39521	0.33984	0.39670	0.26975	0.28119			0.84797							
Guðmundur Runólfsson hf	0.23483	0.24752	0.11724	0.72536	0.88817		0.64515	0.78229	0.11689			1.68869			
Víkurberg ehf															
Síldarvinnslan hf	-0.21914	-0.82992	-0.21222	-0.54960			-0.15326	-0.44790		1.19347			-0.19615	0.31562	
BGB - Snæfell hf	0.21948	0.57111	0.17771	0.13298	0.41215			0.13256					0.56426	6.14463	
Fiskanes hf	-0.15789	0.43280	0.14687	0.72336	0.12639			0.36337	0.22834						7.69238
Húnaröst ehf	0.72512		0.57173								-0.47000				
Ingólfur Þorleifsson															
Raufi ehf															
Kristján Guðmundsson hf	0.14686	1.42640	0.87552	0.17598	0.52863		1.99335	0.28357							
Snæfell hf															
Sigurður Ágústsson ehf	0.43126	0.79932	0.48127	0.19766	0.11798		0.13485	0.49786	0.65118			1.37182	-0.33333		
Ögurvík hf															
Samherji hf													-0.50000		
Soffanías Cecilsson hf															
Þinganes ehf	-0.14365	-0.46829	-0.22656		0.94473			0.67793	0.18873				0.32243		8.79999
Skarðsvík hf	0.21495	0.18764	0.84449	0.37930	0.68683			0.22116	0.43436						
Skagstrendingur hf	0.16798	0.15973	0.26611	0.43810			0.81728	0.32314					0.24155	-1.73652	
Grímur Ársælsson															
Meitillinn hf															
Hraðfrystihús Hellissands hf	0.11266	0.15442	0.32700	0.29600	0.17851										
K.G fiskverkun ehf															
Sjóvá-Almennar tryggingar	0.16336	0.15992	0.71340	0.15716	0.43217			0.95756	0.43485	1.19946		3.67747			
Emma ehf	0.41416	0.63613	0.39100		0.95823		0.11237	-0.13587	0.79147				0.41734		
Sólbakki ehf	0.34532	0.13453			0.62880		0.33711	0.68978	0.28420						
Markhóli ehf															
Gullberg ehf	0.11370	0.18800	0.64200		0.16550			0.14430							
Bergur-Huginn ehf	0.21762	0.68975	0.36417	0.26969	0.17313		0.24800		0.32650						
Stígandi ehf	0.18154	0.23529	0.36417		0.28237		0.48160	0.21185	0.98195						
Gjögur ehf,Grenivík	0.12285	0.16819	0.46165	0.54423	0.48665		0.67422	0.29584	0.55820				0.18137		
Útgerðarfélagið Njörður hf															
Ós ehf	0.65525	0.43674	0.87823	0.77297	0.15687		0.11237	-0.13587	0.79147				-0.94715		
Dynjandi ehf, útgerð	0.29998	0.11750		0.62250	0.11657			0.31000					-0.28213		
Útgerðarfélagið Straumur ehf															

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Geir ehf	0,42850														
Uggi ehf	0,12854									-1,19946					
Álasund ehf															
Útgerðarfélagið Kópavík ehf	0,11529	0,77151	0,32717	0,16925	1,23479			0,71320							
Gandí ehf															
Útgerðarfélagið Rún sf															
H.G. skipafjelagið ehf															
Ljósavík hf						0,94669							0,34312		
Útgerð Arnars ehf															
Ísfélag Vestmannaeyja hf	0,48161	-0,13527			-0,21317				-0,23725						
Perú ehf															
Ós sf															
Nesfiskur hf															
Gámar ehf															
Ragnar Guðjónsson	0,16124	0,25660			0,68432				0,17456						
Loðnuvinnslan hf															
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf	0,12854		0,51976	0,56661	0,33689			0,65200	0,46817	-1,19946					
Dala-Rafn ehf	0,82200	0,14791	0,36418	0,34182	0,12982				0,32650						
Bárustígur ehf	0,16000				-0,34441					-1,19946			0,41667		
Birnir ehf		0,46729	0,18191										-0,41667		
Skinney hf	-0,16336	-0,15992	-0,71340	-0,15716	-0,43217			-0,95756	-0,43485		0,47000	-3,67747			
G. Ben sf	0,11733		0,36417	0,27394	0,17313				0,32649						
Melavík ehf	0,38625	0,12558	0,45897	0,14719											
Langanes hf															
Knarrareyri ehf	-0,19337														
Hásteinn ehf	0,92850	0,58600	0,77169	0,77239											
Fiskiðjan Skagfirðingur hf						-0,68889									
Útgerðarfélagið Fimman ehf															
Miðós sf															
Guðbjartur ehf															
Útgerðarfélagið Hvammur hf															
Fiskvon hf															
Hríshóll ehf															
Útgerðarfélagið Eldey ehf	0,25372	0,24426	0,13310		0,18750										
Sandbrún ehf															
Miðfell hf					2,22480										
Saltver ehf													0,21616		7,69238
Útgerðin og fiskv. Steinar		-0,87617	-0,18191												7,69238
Dóri ehf															
Sjóvík ehf.Garðabæ	0,86259														
Útnes ehf	0,36667	0,19247	0,21300					0,16368							
Hafdís ehf	0,15322	0,53887	0,17263	0,18300											
Sigluberg hf											0,50000				
Stormsker ehf															
Garðar Guðmundsson hf															
Nökkvi hf															
Gunnbjörg hf															
Miðnes ehf	0,55655											0,96974			
Ölduós ehf															
Útgerðarfélagið Mímir ehf.															

100 stærstu kaupendur **Fiskveiðiárið 1997/1998** **Tafla 3.2**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Þorbjörn Fiskanes hf	0,75133	0,66158	-0,14663	0,35433	0,93771		0,82665	0,58331	0,21280						-0,63675		
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf																	
Hjalteyrin, útgerðarfélag																	
Þormóður rammi - Sæberg hf	0,98716	-0,24999	0,22236	-0,11984	-0,16218	-2,67888	-0,12148	-0,84437	-0,22910						-0,53600	-13,67828	
Grandi hf	0,55195	0,43850	0,74723	0,16720	0,96465	5,62445	0,39413	1,69172	0,41160						0,80000	13,67828	
Tangi hf		-0,21220	-0,18512		-0,11682		-0,38690	-0,28734	-0,77700				-1,35000				
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	0,51983	0,28320	0,89163	2,71141	0,64979		1,19243	0,77690	0,23920								
Runólfur Hallfreðsson	0,68387	0,42913	0,54762	0,22175	0,14371		1,27487	0,21556	0,19520		0,11492	2,21819			0,54116		
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	0,11419	0,26317	0,73167	0,24179	1,32450		0,96000	0,13931	0,19300						0,27980		
Þingey ehf																	
Gunnarstindur hf	0,47517	0,42592	0,73839	0,92484	0,53740	0,36620	1,69960	0,11745	0,12180		0,32964						
Útgerðarfélag Akureyringa hf	0,83192	-0,87540	0,32343	0,12736	0,14985		0,68491	0,65143	0,17536	0,25998	0,18762				0,46667		
Vísir hf		-0,96579	-0,18634		-0,12590		-0,41700	-0,15749	-0,84000	-0,15693	-0,18762						
Fiskkaup hf	0,65160																
Sjólaskip hf																	
Immanuel ehf	0,33649	0,41636	1,57565	0,53695	0,64128	0,15659	0,85623	0,21590	0,42624					3,24474			
Íshúsfélag Ísfirðinga hf	0,25470	0,56939	0,36459	-0,28920	0,14570		0,48300	0,35830	0,97000						0,45000		
Guðmundur Runólfsson hf	1,92162	0,99838	0,55216	0,76923										-1,68869			
Víkurberg ehf																	
Síldarvinnslan hf	0,32590	0,67758	0,74758	0,64471	0,28246		0,21162	0,69475	0,18790			1,19946	-0,50000		0,74288	-2,19324	
BGB - Snæfell hf	0,23857	0,21700	0,23670		-0,79228		0,39600	0,16450	0,67390						0,66667		3,52487
Fiskanes hf	0,12766	0,17316	0,64611		0,48600		0,64335	0,73749	0,00000						-0,12622		
Húnaröst ehf	0,24246	0,21550	-0,15113	0,16760	1,49851		-0,11692	0,57165	-0,23480	0,93168	7,68696	1,19946					
Ingólfur Þorleifsson	-0,44480		-0,38968														
Raufi ehf	0,41324	0,12865	0,11244		0,59676			0,16851	0,74472	2,82897	0,76897			-0,18392	0,39673		
Kristján Guðmundsson hf	-0,17658	-0,52997	0,16539	0,55430	0,68615		0,79118	0,36354	0,62000						-0,95541		
Snæfell hf	0,43552	1,26890	0,65995	-0,11366	0,32179	-0,59882	0,12525	0,41487	0,13900			-1,19946			-1,28919		
Sigurður Ágústsson ehf																	
Ögurvík hf																	
Samherji hf	0,99467	0,39865	0,59714	-0,73789	0,38892	2,86467	0,63854	0,18212	0,23310		0,11786	2,21819	1,35148		-2,26553		
Soffanías Cecilsson hf	0,34676	0,34446	0,87294	0,15387	1,14800		0,55500	0,14652	0,51325	0,14369					-0,33377		
Þinganes ehf	0,32592	0,22573	0,34250	0,24581	0,61183		0,51960	1,57116	0,43116	4,22478	0,96853	-2,21819			0,64547		
Skarðsvík hf								0,25314			-0,29135						
Skagstrendingur hf	-0,17254	-0,47742	-0,57217		0,15362			0,00000			0,00001				-0,17333		
Grímur Ársælsson	0,26558	0,46835	0,11331		0,37256		0,22600	0,25918	0,45000								
Meitillinn hf	0,19972	0,36422	0,41280	0,25851	0,33539		0,11190	0,82496	0,22310								
Hraðfrystihús Hellissands hf	0,14947	0,17822	0,13249	0,78990	-0,76813			0,33849							-0,26667		
K.G fiskverkun ehf																	
Sjóvá-Almennar tryggingar																	
Emma ehf										0,78594	0,18670						
Sólbakki ehf	0,22832	0,12190	0,27383		0,37791		0,12400	0,19229	0,25000	0,11546	0,83666						
Markhóll ehf	0,19335	0,63334	0,57125	0,84626	2,33778		0,34540	0,11572	0,18833	0,24148	0,97431			0,16694	-0,21616		
Gullberg ehf	0,14973	0,36634	0,34136														
Bergur-Huginn ehf	0,21814	0,31233	0,93470		0,12634	1,43866	0,52000										
Sigandi ehf	0,21814	0,63357	0,18610		0,31746			0,21595									
Gjögur ehf,Grenivík		0,45199	0,16784														
Útgerðarfélagið Njörður hf															2,26617	-7,31568	
Ós ehf			0,35554							0,78594	0,18670						
Dynjandi ehf, útgerð	0,56689			0,15385										1,35281			
Útgerðarfélagið Straumur ehf					-0,49430												

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Innfjarða-rækja
Geir ehf	0,58676	0,56626	0,54784		0,15491		0,40000	0,53570	0,10000								
Uggi ehf	0,65161				0,42329												
Álasund ehf																	
Útgerðarfélagið Kópavík ehf																	
Gandí ehf																	
Útgerðarfélagið Rún sf																	
H.G. skipafjelagið ehf																	
Ljósavík hf						-0,94669						1,19946	0,66752		1,16880		
Útgerð Arnars ehf	0,45613																
Ísfélag Vestmannaeyja hf																	
Perú ehf	0,75566	0,21848	0,43878	0,15716	0,46984		0,19170	-0,41897	-0,11569	-0,62119	-2,33989						
Ós sf																	
Nesfiskur hf																	
Gámar ehf																	
Ragnar Guðjónsson	-0,11700	-0,12140	-0,26530	-0,73000													
Loðnuvinnslan hf																	
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf																	
Dala-Rafn ehf	0,19859	0,31233	0,44747	0,13123					0,59900								
Bárustígur ehf	0,28977	0,13223	-0,31485	0,33563	0,38676		0,63770	-0,64740	-0,58890	0,00000	-0,14752		1,00000		-0,42153		
Birnir ehf	0,92529	0,83445			0,21164			0,35242							-0,13333		
Skinney hf	0,23292		0,32359	0,23146			0,21268	-0,63865			0,29135	1,19946			-0,62317		
G. Ben sf																	
Melavík ehf										0,67579	0,19615						
Langanes hf																	
Knarrareyri ehf	0,87587	0,93630	0,29826	0,12140	0,14260		0,00000	0,18500	0,95000	0,22179	0,38294				1,51159		
Hásteinn ehf																	
Fiskiðjan Skagfirðingur hf															0,58993		
Útgerðarfélagið Fimman ehf																	
Miðós sf	0,84671	0,99943	0,22168	0,37690	0,69884		0,76800	0,47860	0,35650	0,61960	0,23728						
Guðbjartur ehf																	
Útgerðarfélagið Hvammur hf															0,48667		
Fiskvon hf					1,52747		0,78000	0,12579	0,17000								
Hrísnóll ehf																	
Útgerðarfélagið Eldey ehf	0,75913	0,83445	0,25627														
Sandbrún ehf																	
Miðfell hf																	
Saltver ehf	0,59866	0,18519	0,86346		0,16656		0,73000	0,38167	0,12355		0,38428						7,69238
Útgerðin og fiskv. Steinar	0,55274	0,15223	0,16163	0,21470	-0,55767		0,12360	0,41215	0,16871	-0,56697	-0,72593			0,66878			7,69238
Dóri ehf		0,45400	0,16985	0,64470	0,67563		0,82700	0,46868	1,76378	2,32216	1,23480			0,71749			
Sjóvík ehf.Garðabæ																	
Útnes ehf	0,95850	0,53000	0,45940		0,29000		0,96000	0,71300	0,19000								
Hafdís ehf	0,11823	0,16120	0,15890		0,19200		0,64000	0,47400	0,13000								
Sigluberg hf																	
Stormsker ehf																	
Garðar Guðmundsson hf	0,38445														-0,13333		
Nökkvi hf	0,11599																
Gunnbjörg hf																	
Miðnes ehf																	
Ólduós ehf																	
Útgerðarfélagið Mímir ehf																	

100 stærstu kaupendur | **Fiskveiðiárið 1998/1999** | **Tafla 3.2**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja
Þorbjörn Fiskanes hf																	-1.13854	
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf																		
Hjalteyrin, útgerðarfélag																		
Þormóður rammi - Sæberg hf	0.84761	0.28223	0.15487	0.15857	0.49635		0.74558	0.14414	0.16193	0.68833	0.23279				5.41247	0.19933	-0.88168	
Grandi hf	0.32385	0.48526	0.61955	0.17696	0.22513		0.75532	0.91540									1.87522	
Tangi hf	0.87137	0.19458	0.54925	0.90000	0.37811		0.12521	0.92992	0.16872		0.78434		3.18874		0.52396		1.13854	
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	-0.16956																0.47194	
Runólfur Hallfreðsson																		
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	-0.48764	0.21100	0.18416	-0.15846	0.11620		1.28214	0.28580	0.00001	1.16460	3.26870					3.77419		
Þingey ehf																		
Gunnarstindur hf																		
Útgerðarfélag Akureyringa hf																	1.25298	
Vísir hf	0.17671		-0.42517									-2.21819						
Fiskkaup hf	0.17235	0.71648	0.43370															
Sjólaskip hf																	-0.27935	
Immanuel ehf																		
Ishúsfélag Ísfirðinga hf	0.93776																	-2.72843
Guðmundur Runólfsson hf				0.38462		-0.65898	0.26522											
Víkurberg ehf	0.54767	1.98452	0.38596	0.15385	-0.24747		-0.82900	-0.68640	-0.16460			4.43638	-2.12874					
Síldarvinnslan hf	0.14564												-0.50000		-1.12862			
BGB - Snæfell hf	-0.14564											1.19963	0.50000		-1.38779			
Fiskanes hf	0.25774	0.16227	0.42517															
Húnarost ehf																		
Ingólfur Þorleifsson																		
Raufi ehf	0.11342																	
Kristján Guðmundsson hf	-0.14133																	
Snæfell hf																		
Sigurður Ágústsson ehf																-0.48854	-0.97886	
Ögurvík hf						0.65898												
Samherji hf	0.47464	-0.14398	-0.79924	-1.32462	-0.75688		-0.12193	-0.27591	0.62790			-1.19963	-3.44636		0.46217		-1.11668	
Soffanías Cecilsson hf																		
Þinganes ehf	0.13677																	
Skarðsvík hf	0.37869																	
Skagstrendingur hf		-0.18315										1.19946			0.17333			
Grímur Ársælsson																		
Meitillinn hf																		
Hraðfrystihús Hellissands hf	0.65215	-0.87484	-0.44850	-0.24769	-0.51656			0.25766	-0.12580	0.96500	-0.63152				-0.39843			
K.G fiskverkun ehf																		
Sjóvá-Almennar tryggingar																		
Emma ehf																		
Sólbakki ehf																		
Markhóll ehf																		
Gullberg ehf		0.18315																
Bergur-Huginn ehf	0.19641	0.19614	0.81793					0.18944										
Stígandi ehf								0.54348										
Gjögur ehf,Grenivík	0.11343												0.82395			-1.98387		
Útgerðarfélagið Njörður hf																		
Ós ehf	0.84712	0.28179	0.28176	0.13299	0.42871		0.13260	0.24879	0.25575	0.63865	0.29439			0.84000				
Dynjandi ehf, útgerð	-0.15376	-0.78854	-0.44100	-0.43577	0.14842		-0.37250	-0.36592	-0.76400						-0.33598			
Útgerðarfélagið Straumur ehf	0.19649	0.71210	0.21917	0.72230	0.46130		0.16530	0.85433	0.12176	0.48849	0.61529							

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja
Geir ehf	0,56530																	
Uggi ehf																		
Álasund ehf																		
Útgerðarfélagið Kópavík ehf																		
Gandí ehf																		
Útgerðarfélagið Rún sf																		
H.G. skipafjelagið ehf																		
Ljósavík hf	-0,69521															3,13978		
Útgerð Arnars ehf	0,11869																	
Ísfélag Vestmannaeyja hf	0,22779	0,14237	0,11213		0,27299		0,12950	0,95981	0,26000									
Perú ehf																		
Ós sf																		
Nesfiskur hf																		
Gámar ehf																		
Ragnar Guðjónsson	0,12125	0,11932	0,55648		0,27244		0,75100	0,55870	0,15150	0,66475								
Loðnuvinnslan hf	0,16956																	
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf																		
Dala-Rafn ehf																		
Bárustígur ehf				0,39762														
Birnir ehf																		
Skinney hf													0,25000					
G. Ben sf																		
Melavík ehf	0,58583	0,87123			0,76999			0,13747										
Langanes hf																		
Knarrareyri ehf	-0,14564													0,18392	0,49327			
Hásteinn ehf																		
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.																4,25722	0,14572	
Útgerðarfélagið Fimman ehf																		
Miðós sf																		
Guðbjartur ehf																		
Útgerðarfélagið Hvammur hf																		
Fiskvon hf																		
Hríshóll ehf																		
Útgerðarfélagið Eldey ehf																		
Sandbrún ehf	0,76882	0,87484	0,44850	0,24769	0,51656			-0,25766	0,12580	-0,96500	0,63152				0,39843			
Miðfell hf																		
Saltver ehf																		
Útgerðin og fiskv. Steinar																		
Dóri ehf																		
Sjóvík ehf.Garðabæ																		
Útnes ehf	0,12255							0,46584										
Hafdís ehf	0,28266																	
Sigluberg hf																		
Stormsker ehf																		
Garðar Guðmundsson hf	0,56521																	
Nökkvi hf	-0,18244																	
Gunnbjörg hf																		
Miðnes ehf																		
Ólduós ehf																		
Útgerðarfélagið Mímir ehf.																		

100 stærstu kaupendur **Fiskveiðiárið 1999/2000** **Tafla 3.2**

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-flúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja	Úthafs-karfi
Þorbjörn Fiskanes hf	0,85968	0,86727	0,58785	-0,87263	0,14242		0,13856	0,26697	-0,23953	0,92124	0,25441	0,47615			0,10000	0,39230		-0,96162		
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf	1,26490	1,61354	0,73954	0,28380	4,95995		1,23872	2,47717	0,28951	0,12375	0,16656	0,53483				0,75000		4,23757		
Hjalteyrin, útgerðarfélag																				
Þormóður rammi - Sæberg hf	0,15163	-0,37338	-0,75573	0,15955	0,26119		-0,69222	-0,89319	1,87348	9,95586	4,82634	2,48600				-0,69464	6,67979	3,33199		
Grandi hf									0,16948											
Tangi hf																				
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga																				
Runólfur Hallfreðsson																				
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	0,14784			-0,88367												5,57198				
Þingey ehf																				
Gunnarstindur hf.																				
Útgerðarfélag Akureyringa hf	0,29729																			
Vísir hf	0,39675	0,37560	0,89376	0,61235	0,25980		0,14649	0,15992		0,22600										
Fiskkaup hf	0,56275	0,85262	0,82447	0,47240	0,19152		0,17558	1,35353	1,11967	0,35937	3,15591	0,39417						1,11668		
Sjólaskip hf	0,47217	0,61997	0,74333	2,98842	0,12563	-2,82222	0,24361	0,26347	0,65272	0,17850										-2,82222
Immanuel ehf																				
Ishúsfélag Ísfirðinga hf																				
Guðmundur Runólfsson hf	0,11115			0,21838	0,32878			0,38211		0,36360		0,16380				2,95842	4,25722	0,43415		
Víkurberg ehf																				
Síldarvinnslan hf													2,21819							
BGB - Snæfell hf	0,44349												3,14177	1,00000		0,29517				
Fiskanes hf	0,76789	0,38424	0,84865	0,87427	0,35400		-0,54339	0,85453		0,13000										
Húnarost ehf																				
Ingólfur Þorleifsson	0,26551	0,73672	0,11862		2,19158		0,23100	0,17318	0,41130	0,31316						0,72730				
Raufi ehf																				
Kristján Guðmundsson hf																				
Snæfell hf																				
Sigurður Ágústsson ehf																				
Ögurvík hf																				
Samherji hf	-0,89851	-0,17331		-0,58333				0,15528	0,19277							0,13333		-0,43113		
Soffanías Cecilsson hf	0,49319	0,16323	0,11397	0,12890	1,69727		0,15600	0,71621	0,19496	0,21200						0,25000				
Þinganes ehf																				
Skarðsvík hf	0,35410	0,71498																		
Skagstrendingur hf						3,33296												0,43113		3,33296
Grímur Ársælsson																				
Meitillinn hf																				
Hraðfrystihús Hellissands hf	0,24250	0,19000	0,17170		0,83800		0,37700	0,27960		0,76000										
K.G fiskverkun ehf																				
Sjóvá-Almennar tryggingar																				
Emma ehf	0,15587	0,14722	0,56616	0,22970	0,12761		0,21000	0,97687	1,28991	0,73360	0,72462	0,64249								
Sólbakki ehf	0,95833	0,14755	0,21431		0,39796		0,35253	1,13997	0,76727	0,97295	4,38866	0,24936								
Markhóll ehf																				
Guðberg ehf																				
Bergur-Huginn ehf																				
Stígandi ehf	0,63613	0,32885	0,23277	0,19343	0,51962		0,17170	0,67786	0,83984	0,29854	0,17435	0,53674			-1,67822					
Gjögur ehf,Grenivík	-0,45540	0,17700	0,35552	0,26142	0,13600		0,61000	0,45400		0,12000			2,21819							
Útgerðarfélagið Njörður hf																				
Ós ehf	-0,73143	-0,13538	-0,26697	-0,13299	-0,31582		-0,13260	-0,24879		-0,25575	-0,63865	-0,29439			-0,84000					
Dynjandi ehf, útgerð	0,28924	0,26844	0,12329	0,27287	0,52651		0,27240	0,16916	0,46670	0,97135	0,86519	0,39174			1,48846	-0,75000				
Útgerðarfélagið Straumur ehf																				

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skráp-lúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja	Úthafs-karfi
Geir ehf	0.14779	0.84443	-0.54263	0.67000	0.12430		0.12830	0.35954	0.74311	0.86927										
Uggi ehf	0.24638		0.14336																	
Álasund ehf	0.12856	0.71366	0.14148	0.29300	0.77971		0.87600	0.23178	0.21676	0.17600	0.36450									
Útgerðarfélagið Kópavík ehf																				
Gandí ehf	0.98139	-0.21877	-0.38812	0.47646	-0.14929		-0.15500	-0.32132		0.00000										
Útgerðarfélagið Rún sf																				
H.G. skipafjelagið ehf	0.73143	0.25766	0.26697	0.13299	0.31582		0.13260	0.24879	0.15337	0.25575	0.63865	0.29439			0.84000					
Ljósavík hf	-0.23187																		33.33333	
Útgerð Arnars ehf																				
Ísfélag Vestmannaeyja hf	-0.19662	-0.13510	-0.16478		-0.19912		-0.12950	-0.95981		-0.26000			-3.14177	-1.00000		-0.29517				
Perú ehf																				
Ós sf	0.66743	0.35240	0.17673		0.23500															
Nesfiskur hf																				
Gámar ehf	-0.41956	0.11361	0.87811		0.18553															
Ragnar Guðjónsson																				
Loðnuvinnslan hf	-0.56669												1.19963							
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf																				
Dala-Rafn ehf																				
Bárustígur ehf	-0.18492			-0.47654																
Birnir ehf																				
Skinney hf																				
G. Ben sf																				
Melavík ehf			0.24239																	
Langanes hf																				
Knarrareyri ehf																				
Hásteinn ehf	0.45187	0.62194	0.12620		0.65610		0.33000	0.45875		0.70000										
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	0.73916		0.12288														-4.25722	-0.14573		
Útgerðarfélagið Fimman ehf	0.35599	0.52744	0.43697		0.61874															
Miðós sf																				
Guðbjartur ehf																				
Útgerðarfélagið Hvammur hf	0.47347	0.25743	0.15572		0.81346															
Fiskvon hf																				
Hrísnóll ehf	0.49275	0.56410		0.11000	0.23893															
Útgerðarfélagið Eldey ehf																				
Sandbrún ehf																				
Miðfell hf																				
Saltver ehf													-1.19965							
Útgerðin og fiskv. Steinar																				
Dóri ehf																				
Sjóvík ehf./Garðabæ																				
Útnes ehf	0.19795	0.17832	0.12350		0.11830		0.27000	0.22000		0.50000	0.31820									
Hafdís ehf	0.11848	0.91420	0.39556		0.29670															
Sigluberg hf																				
Stormsker ehf	0.58928	0.84998	0.34859		0.35966															
Garðar Guðmundsson hf																				
Nökkvi hf																				
Gunnbjörg hf	0.59132	0.68132	0.81918																	
Miðnes ehf																				
Olduós ehf	0.52612	0.59570	0.21513		0.56310															
Útgerðarfélagið Mímir ehf.																				

100 stærstu kaupendur Fiskveiðiárið 2000/2001 *Tafla 3.2*

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Grálúða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Hörpu-skel	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja	karfi innan
Þorbjörn Fiskanes hf	0,93549	0,36864		0,17544			0,54348														
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf		0,52751	0,47664		0,23337			0,77911	0,19644	0,21780	0,48870	0,14189				0,19982			9,96835		
Hjalteyrin. útgerðarfélag	0,97833	0,59774	0,51733	1,21838	0,32878			0,38211		0,36360		0,16380				3,89584		1,94728	0,86834		
Þormóður rammi - Sæberg hf	0,74137	0,44263	0,37336	0,23226	0,27469		0,79685	0,17642	0,91860	0,16650						0,28954					
Grandi hf																					
Tangi hf																					
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga																					
Runólfur Hallfreðsson																					
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf	0,11138	0,87175	0,31164	0,64470	0,17820	-0,22222	0,68975	0,69662		0,31200						0,27227				5,77132	-0,22222
Þingey ehf	0,94446											7,58675	5,66245	4,76680							
Gunnarstindur hf																					
Útgerðarfélag Akureyringa hf	-0,11318								0,42749		0,31988	0,23672								-18,87363	
Vísir hf																					
Fiskkaup hf	0,11226	0,49589																			
Sjólaskip hf																					
Immanuel ehf																					
Ishúsfélag Ísfirðinga hf																					
Guðmundur Runólfsson hf	-0,97833	-0,59774	-0,51733	-0,21838	-0,32878			-0,38211		-0,36360		-0,16380				-2,95842		-4,25722	-0,86834		
Víkurberg ehf																					
Síldarvinnslan hf	0,41116	0,35779	0,58261	0,57666	0,64185		0,63738	0,95928					-2,21819								
BGB - Snæfell hf																					
Fiskanes hf																					
Húnarost ehf																					
Ingólfur Þorleifsson																					
Rauði ehf																					
Kristján Guðmundsson hf																					
Snæfell hf																					
Sigurður Ágústsson ehf	-0,18348	0,10000	0,36900		0,40000		0,20000	0,12000								1,32669	8,27100				
Ögurvík hf	0,25759	0,22772	0,17682	0,15857	0,44418		0,74558	0,14414	0,79576	0,16193	0,66833	0,23279									
Samherji hf	0,15763	-0,33214	-0,43400	-1,53352	-0,39955		0,95645	0,15922	0,45766	0,52361		0,11459	2,21819			-1,80000		-6,69643	6,27277		
Soffanías Cecilsson hf	0,19646																-8,58300				
Þinganes ehf																					
Skarðsvík hf	0,12952	0,21637	0,13629		0,12125			0,41930													
Skagstrendingur hf																					
Grímur Ársælsson																					
Methlinn hf																					
Hraðfrystihús Hellissands hf	0,49276	0,42157	0,52670		0,73448		0,21700	0,43845	0,72926	0,97732	0,77235	1,26360									
K G fiskverkun ehf	0,73915															2,32378					
Sjóvá-Almennar tryggingar																					
Emma ehf																					
Sólbakki ehf																					
Markhóll ehf																					
Gullberg ehf																					
Bergur-Huginn ehf																					
Stígandi ehf																					
Gjögur ehf Grenivík																					
Útgerðarfélagið Njörður hf																					
Ós ehf																					
Dynjandi ehf. útgerð																				-4,77132	
Útgerðarfélagið Straumur ehf																					

Eigandi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Stein-bítur	Úthafs-karfi	Gráluða	Skarkoli	Þykkva-lúra	Langlúra	Sandkoli	Skrápflúra	Síld	Loðna	Humar	Úthafs-rækja	Hörpu-skel	Flæmingja-rækja	Barentshafs-þorskur	Innfjarða-rækja	Ikarfi innan
Geir ehf			0.15787		0.16615			0.27174													
Uggi ehf																					
Álasund ehf																					
Útgerðarfélagið Kópavík ehf																					
Gandí ehf																					
Útgerðarfélagið Rún sf	0.49239	0.19764	0.71520	0.12890	0.69272		0.99400	0.63234	1.53850	0.34992	4.73781	0.83941									
H.G. skipaþjelagið ehf																					
Ljósavík hf	0.55689	0.11000	0.53350	0.37750	0.26100		0.39000	0.29200		0.80000										-33.33333	
Útgerð Arnars ehf																					
Ísfélag Vestmannaeyja hf	0.38957	0.12199	0.19845						0.34232	0.81400	0.14695					3.21725					
Perú ehf																					
Ós sf	0.54459	0.12850	-0.18000		0.29769																
Nesfiskur hf	0.73143	0.25788	0.26697	0.13299			0.13260	0.24879	0.15337	0.25575	0.63865	0.29439			0.84000						
Gámar ehf	-0.33562	0.51749	0.26564		1.49128																
Ragnar Guðjónsson																					
Loðnuvinnslan hf																					
Útgerðarfélagið Fjölnir ehf																					
Dala-Rafn ehf	0.61614																				
Bárustígur ehf	-0.67216																				
Birnir ehf																					
Skinney hf																					
G. Ben sf																					
Melavík ehf	0.49275																				
Langanes hf														0.70000							
Knarrareyri ehf																					
Hásteinn ehf	0.33672																				
Fiskiðjan Skagfirðingur hf	0.56132																8.58300				
Útgerðarfélagið Fimman ehf		0.18410	0.58200		0.51116																
Miðós sf																					
Guðbjartur ehf	0.16389																				
Útgerðarfélagið Hvammur hf																					
Fiskvon hf																					
Hrísnóll ehf	0.36739	0.45513	0.76529		0.77967			0.18185	0.21676										1.89740		
Útgerðarfélagið Eldey ehf																					
Sandbrún ehf																					
Miðfell hf																					
Saltver ehf																					
Útgerðin og fiskv. Steinar																					
Dóri ehf																					
Sjóvík ehf.Garðabæ																					
Útnes ehf																					
Hafdís ehf	0.12323																				
Sigluberg hf																					
Stormsker ehf																					
Garðar Guðmundsson hf																					
Nökkvi hf							-0.16344														
Gunnbjörg hf																					
Miðnes ehf																					
Ólduós ehf	0.26522																				
Útgerðarfélagið Mímir ehf	0.44221	0.12335	0.57900		0.75277																

Tafla 4. Tilfærsla aflamarks milli óskyldra aðila (frá útgerð), tonn.

	Fiskveiðiár					
100 stærstu seljendur	**1996/1997 Þorskígildi**	**1997/1998 Þorskígildi**	**1998/1999 Þorskígildi**	**1999/2000 Þorskígildi**	**2000/2001 Þorskígildi**	**Öll árin samtals**
Samherji hf.	-2.616	-3.250	-1.457	-2.762	-4.841	-14.926
Vinnslustöðin hf.	-1.663	-3.126	-1.877	-273	-476	-7.414
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	-1.708	902	-827	-1.168	-4.331	-7.131
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf.	0	0	0	-623	-5.779	-6.402
Skagstrendingur hf.	-1.609	-1.865	-398	-913	-1.616	-6.401
Skinney – Þinganes hf.	764	-1.603	-563	-1.865	-2.964	-6.232
Básafell hf.	-1.961	-2.394	1.494	-3.595	413	-6.044
Siglfirðingur ehf.	-988	-2.031	-976	-1.711	0	-5.707
Skálar ehf.	0	-2.122	-2.030	-1.541	0	-5.693
Jökull hf.	-842	-2.348	-1.524	-57	0	-4.770
Bárustígur ehf.	-284	-610	-573	-995	-2.109	-4.571
Hólmadrangur hf.	-635	-1.251	-1.060	-1.427	0	-4.374
Snæfellingur hf.	-1.112	-2.772	0	0	0	-3.883
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf.	-716	-1.355	-823	-927	0	-3.821
Þormóður rammi – Sæberg hf.	-1.032	6	79	-88	-2.319	-3.354
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	-439	-2.002	889	-157	-1.428	-3.137
Haraldur Böðvarsson hf.	-258	-209	-1.516	-917	-215	-3.114
Bakki Bolungarvík hf.	-1.874	-1.119	0	0	0	-2.993
Sjólaskip hf.	-1.051	-193	495	-882	-1.350	-2.982
Síldarvinnslan hf.	-17	-608	-1.225	-480	-394	-2.724
Kristján Guðmundsson hf.	621	-2.621	-708	74	0	-2.634
Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	-1.550	188	-130	-532	-556	-2.580
Ingimundur hf.	-661	-54	-352	-590	-861	-2.517
Saltver ehf.	-363	-701	-536	-403	-461	-2.465
Búlandstindur hf.	-1.245	-1.149	-17	-50	0	-2.460
Hraðfrystihúsið Norðurtangi	-815	-1.589	-22	0	0	-2.426
Árnes hf., Stokkseyri	-806	-504	-470	-399	-24	-2.204
Sólbakki ehf.	-247	-1.359	-124	-288	178	-1.840
Sigurður Ágústsson ehf.	630	-971	-360	-356	-780	-1.838
Álftfirðingur ehf.	-1.613	0	0	0	0	-1.613
Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf.	-39	-459	-444	333	-957	-1.566
Valtýr Þorsteinsson ehf.	-445	-354	-337	-184	-225	-1.546
Samherji hf.	-1.471	0	0	0	0	-1.471
Nökkvi hf.	-561	-355	-156	-262	-108	-1.443
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf.	121	-1.551	0	0	0	-1.430
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf.	-1.697	360	73	-98	-49	-1.412
Friðþjófur hf., Eskifirði	-279	-1.088	0	0	0	-1.367
Særún ehf.	-270	-963	-190	50	30	-1.343
Stokksnes hf.	-1.270	0	0	0	0	-1.270
Valbjörn ehf.	173	268	2	-278	-1.402	-1.237
Festi ehf.	-336	196	-112	-476	-419	-1.146
Dögun ehf.	-561	-600	-180	10	247	-1.084
Hali ehf., Ísafjarðarbæ	-141	-361	-348	10	-190	-1.030
Garðar Guðmundsson hf.	-529	-209	-196	-18	-12	-965
Stálskip ehf.	35	-479	1	-92	-396	-930
Hóp ehf.	-543	129	-69	-145	-287	-914
Hlaðir ehf.	-152	-438	-315	33	-28	-900
Pétur Stefánsson	-419	117	-121	227	-665	-861
Skinney hf.	47	-264	-638	0	0	-855
Dynjandi ehf., útgerð	-84	94	-247	-199	-409	-844
Faxamjöl hf.	-165	-21	-749	-28	122	-841
Bassi ehf.	-404	-413	0	0	0	-818
Höfði hf.	-810	0	0	0	0	-810

	Fiskveiðiár					
100 stærstu seljendur	**1996/1997 Þorskígildi**	**1997/1998 Þorskígildi**	**1998/1999 Þorskígildi**	**1999/2000 Þorskígildi**	**2000/2001 Þorskígildi**	**Öll árin samtals**
Kista ehf.	0	0	-190	-8	-606	-804
Fiskiðjan Bjarg ehf.	-245	-193	-127	-145	-50	-759
Hald hf.	-758	0	0	0	0	-758
Friðgeir Höskuldsson	-176	-572	-36	31	1	-752
Fiskimjöl og lýsi hf.	6	-716	0	0	0	-710
Snæfell hf.	0	-964	420	-201	40	-706
Bergur ehf.	-214	63	-175	-281	-98	-705
Ísfélag Vestmannaeyja hf.	171	-41	-284	-263	-280	-697
Júpíter hf., Bolungarvík	-280	-28	-122	-96	-146	-671
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf.	-1.118	447	0	0	0	-671
Trausti ehf.	-74	-234	-44	-28	-286	-666
Soffi ehf.	20	-662	0	0	0	-643
Höfðavík ehf.	-228	-112	-45	-161	-88	-635
K G fiskverkun ehf.	0	0	0	-185	-419	-603
Ufsaberg ehf.	-87	-69	-400	-78	32	-602
Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf.	-586	0	0	0	0	-586
Hrönn hf.	-580	0	0	0	0	-580
Jón Gunnar Helgason	-574	0	0	0	0	-574
Sædís ehf.	-467	234	-207	-133	0	-572
Ljósavík hf.	-47	-21	-203	-66	-218	-555
Háanes hf.	-25	113	-259	-213	-158	-542
Ingimundur Ingimundarson	-230	-122	-102	-31	-45	-531
Huginn ehf.	-247	-251	279	-96	-208	-523
GS-Útgerð ehf.	0	-230	-277	0	0	-507
Sigurnes hf.	-297	-193	0	0	0	-490
Guðmundur Eiríksson	-132	-41	-315	0	0	-488
Hólmsteinn Helgason ehf.	-104	-26	-119	-121	-112	-483
Runólfur Hallfreðsson ehf.	24	-219	-125	-31	-131	-482
Ísleifur ehf.	108	-405	-96	-118	34	-477
Jökull ehf.	-76	-198	-91	-135	27	-473
Súlan ehf.	-308	-87	140	-191	14	-432
Kór ehf.	-426	0	0	0	0	-426
Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.	0	0	-90	-266	-63	-420
Sæljómi ehf.	-130	-78	-75	-77	-56	-415
Guðrún sf. útgerð	-285	-112	0	0	0	-396
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	-511	-1.053	430	755	-7	-386
Íslandsbanki hf., útibú 582	-381	0	0	0	0	-381
Reynir Jóhannsson	-195	-181	5	-44	42	-375
Óli Bjarni Ólason	-136	-80	-68	-81	0	-366
Togaraútgerð Ísafjarðar hf.	-365	0	0	0	0	-365
Garðar Garðarsson	-244	-62	0	19	-72	-359
Guðmundur Guðmundsson hf.	-120	-218	-39	13	6	-359
Sigurbjörn sf.	-59	-79	-54	-106	-54	-352
Útgerðarfélagið Þórdís ehf.	-350	0	0	0	0	-350
Rafn Guðlaugsson	0	-348	0	0	0	-348
Tindur ehf.	-56	-75	-80	-81	-22	-314
Baldur ehf., útgerð	-94	-59	-70	-92	3	-312

Í töflunni er tilgreind nettótilfærsla aflamarks milli aðila. Í töflunni eru aðrar tilfærslur aflamarks en jöfn skipti.

Tilfærsla aflamarks **Tafla 4.1**

100 sem flytja mest frá sér	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Samherji hf	49	-518	-674	-1.370	-101	-440	883	-2.429	-1.030	69	1.026	-533	-1.306	-30	-18.274	-425	-2.987	200	-15.749	-1.690
Vinnslustöðin hf	-694	-1.924	20.571	-5	-386	-1.997	-17.306	176	-65	-847	-10.240	-7	-139	-231	1.150	0	-515	317	437	-5
Útgerðarfélag Akureyringa hf	-349	-309	0	-212	485	-582	0	535	51	-368	0	-449	82	-1.174	1.684	-274	-1.295	-2.779	0	-868
Útgerðarfélagið Tjaldur ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-272	-193	0	-195	-2.863	-2.008	0	-1.040
Skagstrendingur hf	-778	-1.061	0	-75	-960	-991	0	-122	68	-444	0	0	-263	-657	-374	-8	-959	-627	-976	-147
Skinney-Þinganes hf	-53	293	1.464	149	-466	-334	-5.707	-19	-189	-133	0	-230	-448	-645	-7.482	-146	-1.632	-972	-23.017	252
Básafell hf	-397	-1.370	129	71	-231	-1.017	-1.018	-1.094	-39	-266	12.000	648	-2.532	-669	0	-500	57	0	0	395
Siglfirðingur ehf	-943	-10	10.591	160	-1.147	-1.342	0	147	-223	-364	0	-292	-493	-549	0	-726	0	0	0	0
Skálar ehf	0	0	0	0	-991	-564	-775	-326	-1.117	-520	0	-254	-1.295	-371	6.485	-139	0	0	0	0
Jökull hf	-281	-13	0	-789	-1.652	-411	3.004	-345	-1.210	-407	0	44	0	-57	0	0	0	0	0	0
Bárustígur ehf	-104	-440	16.572	-3	-35	-205	-965	-324	-335	-96	-2.000	0	-740	-186	-1.900	0	-935	-1.473	994	-69
Hólmadrangur hf	20	-422	0	69	-805	-663	0	102	-911	-208	400	-12	-1.116	-294	0	-40	0	0	0	0
Snæfellingur hf	32	-254	-2.248	-514	-711	-1.268	-1.708	-643	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf	-568	-187	0	-221	-1.150	-758	0	505	-10	-319	0	-337	-226	-146	0	-580	0	0	0	0
Þormóður rammi - Sæberg hf	-1.197	-417	0	358	-500	-2.199	0	1.372	-10	21	0	104	22	-1.028	0	684	-1.275	-2.657	0	1.050
Hraðfrystistoð Þórshafnar hf	-83	-144	-732	-48	-992	-604	-2.706	-21	0	553	0	280	0	-157	0	0	-1.057	-507	1.513	114
Haraldur Böðvarsson hf	-258	-1.264	-17.584	978	484	-658	-4.352	-225	-7	-1.279	-6.000	0	125	-751	-9.946	0	-246	147	-4.230	7
Bakki Bolungarvík hf	-208	-730	0	-787	-161	-146	0	-599	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sjólaskip hf	-5	-1.003	0	0	-35	-240	0	0	50	601	0	0	-274	-814	0	0	-240	-1.717	0	0
Síldarvinnslan hf	-374	-261	-5.936	213	-96	334	-16.152	143	13	333	-8.293	-673	-88	237	-4.508	-292	81	277	-7.511	-412
Kristján Guðmundsson hf	-739	624	0	60	-1.727	-928	0	-102	-625	-710	0	279	40	29	0	0	0	0	0	0
Fiskiðjan Skagfirðingur hf	-212	-1.415	0	0	-1	16	0	51	0	-4	0	-364	-20	-248	0	-494	130	-521	0	-484
Ingimundur hf	-85	-503	-10.106	-76	-585	-387	4.454	427	-797	-335	0	588	-216	-436	0	0	-644	-608	3.450	164
Saltver ehf	-155	-148	-782	42	-150	-179	-438	-264	-197	-30	-9	-235	95	-163	-1.662	-104	-178	-141	0	-135
Búlandstindur hf	-577	-870	-1.952	0	-362	-501	-2.206	-150	0	-220	0	120	0	-50	0	0	0	0	0	0
Hraðfrystihúsið Norðurtangi	-1.612	467	0	-50	-1.956	-275	0	722	-22	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Árnes hf , Stokkseyri	-115	-566	0	-21	-98	-342	0	-3	-446	-882	4.456	213	-165	-341	0	-1	19	-48	0	0
Sólbakki ehf	38	45	-19.474	-311	25	59	-17.175	-295	-50	-42	-490	0	0	56	-3.580	-124	68	-57	6.254	-139
Sigurður Ágústsson ehf	180	240	0	-8	-433	-57	0	-1.093	0	-30	0	-879	-21	-4	0	-857	-127	13	0	-1.387
Álftfirðingur ehf	-333	-850	0	50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hraðfrystihúsið - Gunnvor hf	0	0	0	-39	132	-236	222	-445	-203	-29	0	-182	-192	-381	0	545	-508	-176	128	-468
Valtýr Þorsteinsson ehf	-42	0	3.936	-544	-52	-13	1.925	-338	-60	-13	0	-223	-48	-12	-2.497	-2	-64	-14	-4.338	-22
Samherji hf	95	-449	-3.079	-858	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Nökkvi hf	-20	-94	0	-317	-25	-43	0	-202	-295	-7	0	120	-197	-25	0	-21	-182	-37	0	142
Fiskvinnslan Hafnarbakka hf	317	-304	0	0	-890	-782	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Útgerðarfélagið Glófaxi ehf	-225	-617	-5.911	-43	278	-91	2.044	0	-20	-93	2.000	0	8	-63	-200	0	22	-75	-556	0
Friðbjófur hf, Eskifirði	-309	-136	1.444	-1	-5	0	-8.119	-611	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Særún ehf	-178	-234	0	144	-215	-66	0	-782	-103	-281	0	93	9	0	0	39	-2	0	0	35
Stokksnes hf	-336	-1.015	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Valbjörn ehf	-135	432	0	0	-363	574	0	208	-14	129	0	0	-265	28	0	0	-678	-854	0	-2
Festi ehf	-23	-80	-17.665	0	-33	-78	2.448	0	-15	-34	-1.393	0	-37	-74	-7.491	0	0	0	-13.021	0
Dögun ehf	-163	-48	-976	-221	-173	-128	-1.353	-113	-69	-16	-776	28	-139	-15	0	158	-82	-13	0	383
Hali ehf, Ísafjarðarbæ	-138	-2	0	0	-349	-12	0	0	-379	-9	500	0	10	0	0	0	-322	-9	0	157
Garðar Guðmundsson hf	-119	-12	945	-400	-146	-23	3.335	-206	66	-20	1.100	-279	7	-19	1.487	-80	-33	14	300	-1

100 sem flytja mest frá sér	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Stálskip ehf	120	27	0	-108	-160	-237	0	89	0	1	0	0	0	42	0	-128	0	-258	0	-150
Hóp ehf	-193	-326	0	-4	157	-29	0	1	-35	-27	0	0	-144	3	0	0	-360	0	0	7
Hlaðir ehf	-402	-98	-21	338	-639	-109	0	250	-61	-21	0	-197	36	-4	0	0	-145	-39	0	163
Pétur Stefánsson	-194	-315	-4.024	78	-21	-102	279	123	-67	-24	9.359	-647	-183	109	1.357	207	-219	-35	0	-450
Skinney hf	22	-211	7.563	-32	96	-260	-196	-57	-134	-598	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Dynjandi ehf,útgerð	-10	-2	0	-71	0	20	0	33	-219	-18	0	0	-127	-131	2.200	-57	-440	-178	800	202
Faxamjöl hf	-42	0	2.549	-203	-30	-11	504	0	0	0	-9.362	0	0	0	-550	0	0	0	6.119	0
Bassi ehf	-203	-79	0	-114	-236	-84	0	-74	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Höfði hf	-160	-70	0	-549	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kista ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-158	0	0	0	-8	-104	0	0	-558
Fiskiðjan Bjarg ehf	-214	-33	0	0	-178	-16	0	0	-100	-25	0	0	-151	-27	687	0	-64	26	0	0
Hald hf	-196	-445	0	-13	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Friðgeir Höskuldsson	-58	-2	0	-112	-85	-2	0	-403	-29	-11	0	5	-32	-3	0	61	-40	16	0	20
Fiskimjöl og lýsi hf	0	17	-54	0	-484	123	-531	-69	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Snæfell hf	0	0	0	0	-199	137	-788	-696	0	491	-3.800	0	-412	315	1.075	-200	0	0	1.324	0
Bergur ehf	-115	0	-9.288	0	-140	-11	3.073	0	-167	-11	0	0	-224	-10	-1.054	0	-114	-11	750	0
Ísfélag Vestmannaeyja hf	-84	180	5.956	-4	-82	-310	6.248	-46	-9	-50	-3.662	0	-563	1.185	-10.843	-59	-124	-53	-6.495	537
Júpíter hf,Bolungarvík	-45	-183	-7.384	-93	-54	-27	2.665	-96	-62	-224	2.100	0	0	-23	-1.581	0	-146	0	0	0
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf	-1.870	129	-976	250	-216	1.138	-1.109	-187	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Trausti ehf	-171	-27	0	122	-213	-24	0	1	-35	-10	0	0	-77	-14	0	56	-219	-17	0	-60
Soffi ehf	-18	13	0	25	0	-123	0	-458	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Höfðavík ehf	-141	-14	0	-70	-175	-2	0	55	-45	0	0	0	-189	-28	0	52	-221	-25	0	173
K G fiskverkun ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-88	-104	0	0	-252	-380	0	116
Ufsaberg ehf	-89	-104	-105	-3	-110	-113	1.122	0	-142	-54	-2.732	0	28	-57	-1.160	-1	-66	-3	2.762	-1
Hraðfrystihús Grundarfjarðar h	-246	-146	16.283	-461	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrönn hf	-801	-184	0	390	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Jón Gunnar Helgason	-304	-187	0	-9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sædís ehf	-262	-202	0	-44	-235	-106	-486	425	-57	-50	-776	0	0	0	-1.109	0	0	0	0	0
Ljósavík hf	-66	-154	-10.256	184	-265	-331	7.689	10	-233	-164	0	149	-108	-151	0	160	-163	-203	0	131
Háanes hf	74	-14	0	-107	206	-100	0	-17	-225	-37	0	0	-170	-56	0	0	67	-124	0	-153
Ingimundur Ingimundarson	-50	0	280	-180	-53	-13	6.241	-575	-62	-12	-393	0	-37	-11	116	0	-52	-14	573	0
Huginn ehf	-60	-119	2.995	0	-65	-104	1.100	-91	-65	-95	1.000	230	-74	-94	967	0	-65	-93	971	-92
GS-Útgerð ehf	0	0	0	0	-201	-32	0	0	-240	-92	0	35	0	0	0	0	0	0	0	0
Sigurnes hf	12	33	0	-390	-37	-18	0	-119	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Guðmundur Eiríksson	-35	-502	0	319	-69	-132	0	138	-105	-69	0	-114	0	0	0	0	0	0	0	0
Hólmsteinn Helgason ehf	-91	-18	0	0	-16	-14	0	0	-110	-12	0	0	-110	-15	0	1	-169	-13	0	72
Runólfur Hallfreðsson ehf	0	0	244	0	-27	-74	35	-90	-31	-41	-500	0	-31	-51	1.394	-16	-27	-60	15	-48
Ísleifur ehf	0	1	1.513	-58	-357	-17	424	-72	-78	-16	-80	0	-70	-25	-962	-23	-20	0	1.868	0
Jökull ehf	-90	-30	0	32	-94	-30	0	-207	-174	-23	0	90	-190	-22	0	74	-178	-71	0	358
Súlan ehf	-102	-41	-2.862	-166	-126	-49	5.520	-207	0	0	1.748	0	0	0	-3.810	0	0	0	477	0
Kór ehf	2	-402	0	-122	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Útgerðarfélag Vestmannaeyja	0	0	0	0	0	0	0	0	-90	0	0	0	-221	-36	0	0	-300	474	0	0
Sæljómi ehf	-90	-43	0	0	-57	-24	0	0	-67	-10	0	0	-70	-19	0	7	-29	-29	0	0
Guðrún sf útgerð	-91	-24	0	-178	-50	46	0	-103	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	20	46	1.500	-437	-468	-370	1.410	-292	100	57	-600	300	0	-72	977	741	-2	-248	-400	365
Íslandsbanki hf,útibú 582	45	30	-761	-42	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Reynir Jóhannsson	-50	0	-1.335	-312	0	0	1.583	-247	-13	22	0	0	-49	5	0	0	36	8	0	0

100 sem flytja mest frá sér	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Óli Bjarni Ólason	-104	-49	0	0	-77	-20	0	0	-67	-8	0	0	-160	-38	382	80	0	0	0	0
Togaraútgerð Ísafjarðar h/f	0	-24	0	-307	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Garðar Garðarsson	-155	-107	0	0	-50	-13	0	0	0	0	0	0	-22	0	780	1	-68	-5	0	-3
Guðmundur Guðmundsson h.f	-18	-16	0	-85	-20	-19	0	-150	-30	-19	0	6	-9	-6	0	25	-30	-37	0	70
Sigurbjörn sf	-47	0	0	0	-64	-13	0	0	-40	-11	0	0	-100	-6	0	0	-41	-16	0	0
Útgerðarfélagið Þórdís ehf	-128	-141	0	-304	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rafn Guðlaugsson	0	0	0	0	-282	-57	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tindur ehf	-39	-19	0	0	-60	-17	0	0	-67	-14	0	0	-70	-12	0	0	-13	-11	0	0
Baldur ehf,útgerð	0	-82	0	0	13	-67	0	0	0	-63	0	0	-16	-70	0	0	-12	16	0	0

Flutt aflamark annarra tegunda en þorsks er flokkað sbr.að neðan
Annar botnfiskur: Ýsa, ufsi, karfi, steinbítur, grálúða, kolategundir og botnfiskur utan lögsögu í aflamarki
Síld og loðna: Suðurlandssíld og loðna
Skeldýr: Allar tegundir rækju þ.á.m. rækja á Flæmingjagrunni, humar og hörpudiskur

Tafla 5. Tilfærsla aflamarks milli óskyldra aðila (til útgerðar), tonn.

	Fiskveiðiár					
100 stærstu kaupendur	**1996/1997 Þorskígildi**	**1997/1998 Þorskígildi**	**1998/1999 Þorskígildi**	**1999/2000 Þorskígildi**	**2000/2001 Þorskígildi**	**Öll árin Samtals**
Sæhamar ehf.	1.928	1.685	865	1.344	1.224	7.045
Uggi ehf.	2.111	2.013	980	820	806	6.729
Njáll ehf.	426	1.517	2.012	1.822	0	5.776
Fiskanes hf.	363	1.994	1.907	1.084	49	5.397
Valdimar ehf.	1.818	999	1.005	1.206	0	5.028
Útgerðarfélagið Eldey ehf.	1.425	1.556	1.232	453	0	4.667
Þorbjörn Fiskanes hf.	1.564	372	-81	662	1.880	4.397
BGB - Snæfell hf.	602	992	211	531	1.930	4.265
Grandi hf.	1.095	1.618	766	162	605	4.245
Gunnarstindur hf.	2.069	2.137	0	0	0	4.206
Tangi hf.	1.889	719	452	471	245	3.777
Fiskkaup hf.	673	823	690	819	652	3.657
Guðmundur Rúnar Hallgrímsson	789	834	452	533	425	3.033
Flói ehf.	298	548	829	705	598	2.978
Hvalur hf.	972	171	55	790	778	2.767
Stakkavík ehf.	348	117	1.278	2	1.019	2.764
Gjögur ehf., Grenivík	-2	958	869	265	395	2.486
Gullberg ehf.	920	1.034	310	50	146	2.459
Nesfiskur hf.	0	0	0	0	2.253	2.253
Útgerðarfélagið Njörður hf.	450	1.757	0	0	0	2.207
Runólfur Hallfreðsson	-465	2.581	0	0	0	2.117
Útgerðarf. Njörður ehf. Dalvík	457	12	413	934	82	1.898
Gunnvör hf.	426	964	508	0	0	1.898
Útgerðarfélagið Haförn ehf.	266	428	596	261	309	1.861
Guðmundur Þorsteinsson	452	478	77	645	187	1.840
Bervík ehf.	0	0	34	470	1.334	1.839
Hafnfirðingur hf.	707	450	367	325	-11	1.838
Vísir hf.	1.010	-88	337	1.191	-812	1.638
Rif ehf.	859	476	-98	154	244	1.635
Gunnar Hámundarson ehf.	562	504	251	175	139	1.631
Fiskvon hf.	0	336	482	411	389	1.617
Sólrún ehf.	363	167	99	461	492	1.582
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	1.044	444	1	-3	80	1.566
Þinganes ehf.	258	1.080	114	0	0	1.452
Bergur – Huginn ehf.	836	747	111	9	-274	1.430
Útgerðarfélagið Hvammur hf.	760	709	36	-79	0	1.426
Styrmir KE 11 ehf.	0	580	7	791	0	1.379
Sjóvá – Almennar tryggingar	-42	0	0	1.275	122	1.354
Oddi hf.	224	138	391	426	158	1.337
Eskey ehf.	613	504	-55	1	261	1.324
Útgerðarfélagið Hlín ehf.	197	603	401	92	0	1.293
Guðfinnur ehf.	88	345	304	88	450	1.276
Flesjar ehf.	286	328	167	221	254	1.257
Dóri ehf.	316	469	0	153	299	1.236
Hrísnóll ehf.	0	0	0	991	226	1.217
Eldhamar ehf.	0	0	0	425	775	1.200
Útgerðarfélagið Haukur hf.	0	234	325	322	281	1.163
Nesbrú ehf.	275	263	214	152	216	1.121
Stígandi ehf.	801	795	520	-454	-559	1.103
Hörgeyri ehf.	311	658	117	-17	0	1.069
Immanuel ehf.	309	895	-141	0	0	1.063
SR-mjöl hf.	0	0	0	702	355	1.057
Ögurvík hf.	-119	69	266	-99	896	1.013

	Fiskveiðiár					
100 stærstu kaupendur	**1996/1997 Þorskígildi**	**1997/1998 Þorskígildi**	**1998/1999 Þorskígildi**	**1999/2000 Þorskígildi**	**2000/2001 Þorskígildi**	**Öll árin Samtals**
Sólborg ehf.	228	223	189	190	180	1.009
Hraðfrystihús Hellissands hf.	352	106	193	192	143	987
Melur hf.	-341	0	1.053	271	0	983
G. Ben sf.	983	0	0	0	0	983
Mars ehf.	458	521	0	0	0	978
Álasund ehf.	0	0	0	924	51	975
Einar Þórarinn Magnússon	461	467	198	-263	100	963
Sigurður Jónsson	252	130	194	189	187	952
Þingey ehf.	0	0	0	0	946	946
Lómur hf.	1.006	848	-281	-216	-424	933
Hafdís ehf.	642	259	58	21	-63	917
Íshúsfélag Ísfirðinga hf.	295	588	52	-24	0	912
Þórður Jónsson ehf.	241	247	299	63	58	907
Olíufélagið hf.	0	0	0	540	353	893
Húnaröst ehf.	204	650	0	0	0	854
Skipaklettur hf.	308	536	0	0	0	843
Eiríkur Ólafsson	299	125	165	172	79	841
Farsæll ehf.	179	357	70	96	139	840
Hafnarnes hf.	258	330	177	2	39	806
Útgerðarfélagið Vísir ehf.	374	183	16	216	1	791
Sæunnur ehf.	428	358	0	0	0	785
Rani ehf.	84	312	60	44	282	781
Viðar Sæmundsson	466	235	53	11	8	773
Sæunn Axels ehf.	0	0	468	289	0	757
Vonin ehf.	510	238	0	0	0	748
Gunnar I Hafsteinsson	307	163	238	-47	50	711
Brimhóll ehf.	0	0	203	228	264	694
Pétursvör ehf.	96	179	372	-1	14	659
Skarðsvík hf.	43	219	77	76	232	647
Friðgerður Pétursdóttir	3	205	149	209	76	641
Tómas Sæmundsson	138	236	108	63	91	638
Leó Óskarsson	212	190	79	26	129	636
Útgerðarfélagið Lónfell ehf.	0	0	0	379	230	609
Jóhannes Jóhannesson	0	0	93	217	298	608
Hannes Sigurðsson	40	13	255	100	194	602
Jói Bjarna ehf.	0	0	440	-43	191	588
Gullfaxi ehf.	55	83	138	168	126	570
Nesver ehf.	160	273	92	-40	73	559
Bjarg ehf.	61	251	143	77	25	556
Gunnbjörg hf.	0	0	124	297	134	554
Haukur Jónsson	261	133	38	2	116	550
Knarrareyri ehf.	-19	150	-73	168	312	538
KG hf.	537	0	0	0	0	537
Útgerðarfélagið Marína ehf.	0	0	0	273	263	536
Flóki ehf.	104	-8	101	156	180	533
Hjalteyrin, útgerðarfélag	0	0	0	0	525	525
Útgerðarfélagið Dvergur hf.	0	142	111	117	154	524

Í töflunni er tilgreind nettótilfærsla aflamarks milli aðila. Í töflunni eru aðrar tilfærslur aflamarks en jöfn skipti.

Tilfærsla aflamarks (til útgerða) Tafla 5.1

100 sem flytja mest til sín	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Sæhamar ehf	557	1.865	-1.220	0	849	971	222	0	587	353	0	0	745	791	60	0	779	661	237	0
Uggi ehf	1.987	396	-1.220	0	1.851	202	0	0	915	100	0	0	787	50	0	0	789	38	0	0
Njáll ehf	643	501	9.878	-248	1.617	1.080	-2.262	-425	1.399	754	0	65	892	1.321	560	-85	0	0	0	0
Fiskanes hf	371	-40	928	-181	1.607	-99	2.960	-80	1.662	241	0	0	1.066	9	-525	0	0	60	0	-22
Valdimar ehf	1.144	1.158	0	-46	732	476	0	-50	424	706	0	113	767	550	0	18	0	0	0	0
Útgerðarfélagið Eldey ehf	411	1.353	0	-21	976	809	0	-21	1.047	228	0	0	378	120	0	0	0	0	0	0
Þorbjörn Fiskanes hf	36	1.071	0	30	311	654	0	-410	-103	294	0	-150	208	286	2.700	128	-20	2.393	1.222	-717
BGB - Snæfell hf	-68	-67	107	701	-302	-405	3.919	1.175	142	-53	0	92	244	21	4.682	12	1.001	1.281	-879	-201
Grandi hf	180	754	0	0	-46	2.838	0	0	52	815	0	0	0	295	0	0	-76	780	0	0
Gunnarstindur hf.	968	883	0	378	1.081	952	0	229	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tangi hf	-441	1.410	-7.662	317	-637	901	4.558	211	-613	990	1.200	0	-487	620	5.824	0	-748	1.221	3.104	0
Fiskkaup hf	420	238	0	0	534	311	0	0	432	317	0	0	576	277	0	0	474	226	0	-6
Guðmundur Rúnar Hallgrímss	853	-103	0	0	856	-21	0	0	474	-21	0	0	646	-137	0	0	507	-124	0	0
Flói ehf	179	120	0	0	489	7	0	0	666	138	0	0	606	131	0	0	411	122	0	45
Hvalur hf	10	876	-6.770	0	123	377	-3.989	0	9	416	-3.000	0	72	1.173	-80	0	145	1.017	-4.593	0
Stakkavík ehf	286	97	0	0	79	54	0	0	1.241	55	0	0	33	-33	0	0	937	67	0	32
Gjögur ehf.Grenivík	292	509	-1.853	-580	570	307	508	138	384	626	180	-8	218	368	549	-340	119	648	2.384	-457
Gullberg ehf	326	747	0	150	255	724	0	60	180	128	0	0	-113	162	0	0	202	43	0	0
Nesfiskur hf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	431	3.054	0	-147
Útgerðarfélagið Njörður hf	0	0	0	450	0	0	0	1.464	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Runólfur Hallfreðsson	-22	-34	3.700	-362	992	606	4.676	407	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Útgerðarf. Njörður ehf Dalvík	215	248	-2.000	-21	213	418	-9.810	17	211	162	0	42	310	315	0	368	0	-11	0	174
Gunnvör hf	-230	356	0	28	202	849	0	94	72	432	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Útgerðarfélagið Haförn ehf	121	151	0	0	231	242	0	0	110	669	0	0	70	351	0	0	271	21	0	0
Guðmundur Þorsteinsson	370	98	-976	4	607	47	-1.131	-30	185	51	-991	0	680	-22	0	-12	181	41	0	-10
Bervík ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	21	12	0	0	438	47	0	-1	982	142	0	686
Hafnfirðingur hf	832	-122	0	0	469	-13	0	0	373	1	0	0	330	-4	0	0	-12	3	0	0
Vísir hf	704	563	480	-200	613	-589	-2.254	0	89	-369	2.500	266	409	598	7.164	0	-732	-606	16.807	0
Rif ehf	-158	-95	0	1.089	-185	-91	0	612	-15	-96	0	0	0	-11	0	157	0	-11	0	284
Gunnar Hámundarson ehf	545	24	0	0	494	10	0	0	245	10	0	0	187	-10	0	0	147	-3	0	0
Fiskvon hf	0	0	0	0	128	240	0	0	376	90	0	0	296	130	0	0	317	13	0	0
Sólrún ehf	-101	-74	0	516	3	-43	0	167	100	1	0	0	301	173	0	19	435	83	0	-27
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	258	1.025	0	-14	-280	827	342	73	-15	24	0	0	-60	71	0	0	138	-51	0	0
Þinganes ehf	-197	337	-1.952	450	321	662	-2.152	549	159	-50	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Bergur-Huginn ehf	230	738	0	0	120	789	0	0	51	96	0	0	0	28	0	0	-60	-330	0	-13
Útgerðarfélagið Hvammur hf	0	-17	0	777	-59	-16	0	653	-39	-13	0	73	-68	-11	0	0	0	0	0	0
Styrmir KE 11 ehf	0	0	0	0	551	44	0	0	-18	35	0	0	730	95	0	0	0	0	0	0
Sjóvá-Almennar tryggingar	0	-38	244	-4	0	0	0	0	0	0	0	0	343	866	0	120	26	166	0	0
Oddi hf	167	75	0	0	88	48	0	0	306	85	0	0	302	177	0	0	139	12	0	0
Eskey ehf	968	-179	-1.220	-5	617	-120	0	-1	0	-57	0	0	92	-124	0	1	336	-80	0	-1
Útgerðarfélagið Hlín ehf	73	156	0	0	371	133	0	113	156	302	0	0	66	34	0	0	0	0	0	0
Guðfinnur ehf	36	98	0	-21	335	14	0	0	301	3	0	0	103	-15	0	0	441	18	0	0
Flesjar ehf	254	-26	0	33	284	50	0	4	204	-53	0	4	192	34	0	0	193	46	0	5
Dóri ehf	131	247	0	-27	246	280	0	-27	0	0	0	0	102	51	0	0	27	381	0	0

100 sem flytja mest til sín	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Hríshóll ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	14	977	0	0	-15	211	0	0
Eldhamar ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	412	20	0	0	757	31	0	0
Útgerðarfélagið Haukur hf	0	0	0	0	102	109	0	21	74	232	0	0	184	167	0	-19	197	93	0	-17
Nesbrú ehf	125	69	0	7	180	13	0	8	193	30	0	0	145	10	0	0	187	55	0	0
Stígandi ehf	173	668	0	0	278	662	0	-8	224	300	0	0	-20	-542	0	0	-173	-454	0	0
Horgeyri ehf	241	114	0	0	585	105	0	0	113	4	0	0	47	-86	0	0	0	0	0	0
Immanuel ehf	128	261	0	0	380	519	0	12	0	-184	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
SR-mjöl hf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6	0	8.640	0	0	0	9.512	0
Ögurvík hf	5	-165	0	0	0	66	0	0	0	390	0	0	0	-99	0	0	133	1.232	0	0
Sólborg ehf	24	163	0	176	8	0	0	522	7	-15	0	552	0	-2	0	549	7	25	0	474
Hraðfrystihús Hellissands hf	290	78	0	33	347	42	0	-221	190	3	0	0	107	175	0	-12	-50	342	0	-32
Melur hf	0	-426	0	0	0	0	0	0	0	0	13.166	0	57	0	3.580	0	0	0	0	0
G. Ben sf	-159	-215	15.947	1.040	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mars ehf	310	168	0	0	-5	318	0	22	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Álasund ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	826	122	31	0	47	15	0	0
Einar Þórarinn Magnússon	276	321	0	0	314	326	0	-5	100	150	0	0	-220	-44	0	0	100	0	0	0
Sigurður Jónsson	195	81	0	-41	90	27	0	0	158	31	0	0	189	0	0	0	105	58	0	0
Þingey ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	34	70	20.911	33
Lómur hf	681	-133	0	434	428	-80	0	417	-101	-221	0	0	-139	24	0	-114	-405	-31	0	0
Hafdís ehf	735	-50	0	-15	344	-73	0	-14	124	-74	0	0	75	-65	0	-7	-12	-41	0	-6
Íshúsfélag Ísfirðinga hf	160	448	0	-38	4	139	0	295	52	43	0	0	0	-31	0	0	0	0	0	0
Þórður Jónsson ehf	1	176	0	7	111	141	0	-1	194	94	0	0	40	55	0	-99	57	25	0	-90
Olíufélagið hf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	540	0	0	265	92	0	0
Húnaröst ehf	-97	-33	-5.919	0	-278	-72	7.796	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skipaklettur hf	64	323	0	0	306	136	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Eiríkur Ólafsson	323	-24	0	0	81	-4	0	40	153	0	0	1	161	14	0	0	47	20	0	2
Farsæll ehf	24	189	0	0	97	336	0	0	11	64	0	0	37	21	0	0	14	117	0	0
Hafnarnes hf	159	43	0	7	127	149	0	10	116	18	0	5	30	-27	0	-5	-61	109	0	-13
Útgerðarfélagið Vísir ehf	42	1	-976	482	-45	-18	0	234	-6	14	0	10	-4	-24	0	251	-146	-47	117	246
Sæunnur ehf	422	-2	0	-21	379	-27	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Rani ehf	-2	83	0	0	168	123	0	20	87	-36	0	0	32	10	0	0	299	-15	0	0
Viðar Sæmundsson	503	-38	0	0	239	-3	0	0	58	-4	0	0	20	-7	0	0	10	0	0	0
Sæunn Axels ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	388	87	0	0	165	128	0	0	0	0	0	0
Vonin ehf	-10	9	0	494	-137	-235	0	474	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Gunnar I Hafsteinsson	192	110	0	0	-33	239	0	0	46	172	0	0	-72	13	0	0	-59	95	0	0
Brimhóll ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	22	175	0	0	26	208	0	0	93	181	0	0
Pétursvör ehf	18	54	0	54	158	8	0	31	235	35	0	85	15	-40	0	10	0	0	0	15
Skarðsvík hf	0	51	0	0	40	194	0	0	0	95	0	0	22	79	0	0	168	59	0	0
Friðgerður Pétursdóttir	3	0	0	0	113	93	0	0	103	45	0	0	190	19	0	0	72	5	0	0
Tómas Sæmundsson	97	61	0	0	205	48	0	0	107	1	0	0	66	-2	0	0	87	-29	0	4
Leó Óskarsson	188	40	0	0	200	-13	0	0	101	-33	0	0	108	-79	0	0	135	-11	0	-4
Útgerðarfélagið Lónfell ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	337	63	0	0	199	95	0	-45
Jóhannes Jóhannesson	0	0	0	0	0	0	0	0	66	23	0	0	191	24	0	0	267	26	0	0
Hannes Sigurðsson	3	21	0	0	-30	6	0	2	-34	360	0	0	57	16	0	5	252	-21	0	-6
Jói Bjarna ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	450	-14	0	0	30	-98	0	0	151	44	0	0
Gullfaxi ehf	83	-23	0	0	39	37	0	0	138	0	0	0	163	7	0	0	117	9	0	0
Nesver ehf	107	50	0	0	199	52	0	0	0	97	0	0	-55	28	0	0	21	49	0	0
Bjarg ehf	45	14	0	0	169	80	0	0	97	36	0	0	59	23	0	0	43	-45	0	0

100 sem flytja mest til sín	Fiskveiðiárið 1996/1997				Fiskveiðiárið 1997/1998				Fiskveiðiárið 1998/1999				Fiskveiðiárið 1999/2000				Fiskveiðiárið 2000/2001			
Nafn Tonn	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr	Þorskur	Annar botnfiskur	Síld + Loðna	Skeldýr
Gunnbjörg hf	0	0	0	0	0	0	0	0	60	3	0	51	135	15	0	138	98	0	0	40
Haukur Jónsson	116	184	0	0	71	18	0	40	21	21	0	0	6	-6	0	0	115	-2	0	0
Knarrareyri ehf	-68	-1	0	0	-96	-31	0	239	-122	80	0	-16	81	107	0	-13	176	187	0	2
KG hf	380	141	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Útgerðarfélagið Marína ehf	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	17	0	231	24	118	0	131
Flóki ehf	53	9	0	42	-44	-42	0	69	-25	-15	0	116	53	53	0	62	70	-6	0	111
Hjalteyrin, útgerðarfélag	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	349	0	0	195
Útgerðarfélagið Dvergur hf	0	0	0	0	96	19	0	21	90	71	0	-52	81	38	0	0	99	88	0	-34

Flutt aflamark annarra tegunda en þorsks er flokkað sbr.að neðan

Annar botnfiskur: Ýsa, ufsi, karfi, steinbítur, grálúða, kolategundir og botnfiskur utan lögsögu í aflamarki

Síld og loðna: Suðurlandssíld og loðna

Skeldýr: Allar tegundir rækju þ.á m. rækja á Flæmingjagrunni, humar og hörpudiskur

693. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Karl V. Matthíasson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.

Greinargerð.

Þjóðfélag sem á samfélag á borð við Árneshrepp í Strandasýslu er auðugt. Sveitarfélagið hefur algjöra sérstöðu hér á landi, meðal annars vegna landfræðilegrar legu. Sauðfjárrækt er ráðandi atvinnugrein, en síðustu ár hefur þess verið freistað að skjóta öðrum stoðum undir atvinnulífið. Allnokkur útgerð á smábátum er stunduð frá Norðurfirði og ferðamannastraumur um Árneshrepp hefur vaxið að undanförnu.

Eigi að síður hefur byggðin átt undir högg að sækja. Flutningsmenn þessarar tillögu telja brýnt að þeirri þróun sé snúið við og að búseta í Árneshreppi verði treyst. Í því skyni þarf að efla forsendur byggðarinnar. Mestu skiptir að íbúarnir fái notið staðarkostanna, sem augljóslega snúa að sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu, en einnig að efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri sérstöðu sem óumdeilanlega er fyrir hendi í Árneshreppi.

Stjórn Landverndar samþykkti árið 1998 ályktun um að hrinda af stað tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags hér á landi (sjá fylgiskjal I). Undir þetta var tekið á aðalfundi Landverndar árið 1999 og hvatt til þess að leitað yrði til íbúa Árneshrepps í Strandasýslu í þessu skyni. Hefur síðan verið unnið að þessu máli með margvíslegu móti. Fram hefur komið jákvæð afstaða Árneshrepps gagnvart þessari hugmynd, sbr. bréf oddvita Árneshrepps frá 21. desember 1998 (sjá fylgiskjal II). Dagana 17.–18. mars 2001 var efnt til ráðstefnu í Árneshreppi þar sem þessi mál voru meðal annars á dagskrá og hlaut hugmyndin góðar viðtökur.

Hugmyndin um verndun menningarminja og menningararfs á rætur sínar að rekja til samþykktar ráðherranefndar Norðurlanda frá 12. september 1996 um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis. Á fyrrnefndri ráðstefnu í Árneshreppi flutti Jón Helgason, fyrrverandi alþingismaður og þáverandi formaður Landsverndar, ávarp þar sem hann færði fram rök fyrir því að unnið skyldi „að því að samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar yrði ekki dauður bókstafur, heldur skyldi þegar í stað hafist handa við að sýna viljann í verki," eins og hann komst að orði. Vék hann síðan sérstaklega að aðstæðum í Árneshreppi og sagði þá meðal annars:

„Fólki hefur fækkað ört í byggðarlaginu síðustu áratugi eftir uppgang á fyrri hluta aldarinnar. Vegna þess fámennis ætti tiltölulega lítið fjármagn að nægja til að leiða í ljós, hvort að gagni geti komið einhver þau úrræði, sem eru föl fyrir krónur og aura. Byggðin er skýrt afmörkuð, svo auðvelt verður að meta áhrif aðgerða, og aðstæður svo sérstakar, að teljast verður illkvittni að fyllast öfund vegna einhvers stuðnings í þessu skyni við hana.

Með þessum rökum lagði Landvernd fram tillögu um, að ríkisvaldið ákvæði að gera 5–10 ára tilraun hér í Árneshreppi til að styrkja búsetu á jaðarsvæði með raunhæfum aðgerðum í samræmi við samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það yrði gert með

þeim hætti að íbúar Árneshrepps skyldu spurðir, hvað ríkisvaldið gæti gert til að fá þá fram til samstarfs við að varðveita þennan menningararf með gróandi mannlíf í byggðarlaginu.

Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst íbúarnir sjálfir, sem geta gefið góð ráð og leiðbeiningar um hvað þurfi til, þó að einhver atriði liggi í augum uppi. Framtíð þess hlýtur auðvitað hér eftir sem hingað til að byggjast á því, að gæði náttúrunnar til lands og sjávar verði nýtt með þeim hætti, að afkoma þeirra sem að því vinna verði viðunandi."

Mikilvægt er að áfram verði unnið að framgangi málsins. Það er ljóst að það snertir ýmis ráðuneyti og stofnanir sem þurfa að koma að verkinu, enda er hér um að ræða nýstárlega nálgun gagnvart verkefni af þessu tagi. Þess vegna er nauðsynlegt að sett verði á laggirnar nefnd sem fari betur ofan í málin, móti stefnu og leggi fram fyrir stjórnvöld til að vinna eftir. Verkefni af þessu tagi ætti ekki að þurfa að taka langan tíma og ýmsar ákvarðanir sem það snerta væri hægt að taka án þess að vinnunni væri að fullu lokið. Því er brýnt að hafist verði handa hið fyrsta til þess að unnt sé að móta stefnu um mikilvægt mál sem ekki þolir langa bið.

Fylgiskjal I.

Ályktun Landverndar frá 1998 um tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags.

Stjórn Landverndar tekur undir samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar 12. nóvember 1996 um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis. Beinir stjórnin þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að gera nú þegar markvisst átak til að hefja framkvæmd hennar hér.

Stjórnin bendir í því sambandi sérstaklega á Árneshrepp á Ströndum, þar sem í því afmarkaða byggðarlagi hafa á liðnum öldum verið stundaðir þeir atvinnuhættir til lands og sjávar, sem sýna glögga mynd af lífsbaráttu genginna kynslóða. Þar er ennþá lifandi mannlíf sem forsenda fyrir varðveislu menningararfsins. Engu að síður er ljóst, að engan tíma má missa til að glata ekki tækifærinu til að fá íbúa byggðarlagsins til aðstoðar og samstarfs við það verkefni.

Greinargerð.

Í framkvæmdaáætlun, sem Norræna ráðherranefndin samþykkti 12. nóv. 1996, er lögð áhersla á verndun menningarminja og setja þannig þriðja hjólið undir umhverfisvagninn eins og Ragnar Frank Kristjánsson, fulltrúi Íslands í verkefnahópnum sem undirbjó áætlunina, segir. Hingað til hefur verið lögð áhersla á verndun náttúru annars vegar og mengunarmál hins vegar og er að verða almennur skilningur á, að lífsnauðsynlegt er að koma þróun þeirra á farsæla braut.

Með þriðja þættinum, menningararfinum, er átt við menningarminjar í landslagi, þ.e. söguminjar við ströndina (verbúðir, uppsátur, vita o.s.frv.), hefðbundinn landbúnað þeirrar tíðar, hlunnindabúskap og mannlífið, sem aðlagaði sig aðstæðum og lifði af landsins gæðum.

Í framkvæmdaáætluninni er sérstaklega bent á eftirfarandi áherslusvið:

— Sérstöðu og lífskraft norrænnar strandmenningar.
— Menningarverðmæti landbúnaðarsvæða.
— Ferðaþjónustu og afþreyingu í menningarumhverfinu.
— Norðurlönd í alþjóðlegu samstarfi.

Hér er um að ræða afar umfangsmikið verkefni og því nauðsynlegt að finna sér afmarkað svið til að hefjast handa við fyrsta skrefið, þar sem fengist þá mikilvæg reynsla og hvatning til að halda áfram. En á hverju skal byrja?

Það er augljóst að of seint er að hugsa um varðveislu menningar á svæðum, sem þegar eru komin í eyði, horfin menning verður aldrei endurvakin. Því verður að hefjast handa, þar sem mannlíf er ennþá fyrir hendi.

Í framkvæmdaáætlun Norðurlandaráðs er sagt að markmiðið sé að stuðla að varðveislu norrænnar strandmenningar með því að draga fjölbreytileika hennar og ríkidæmi fram í dagsljósið og þar verði unnið samkvæmt þeirri meginreglu að setja markið eins hátt og aðstæður leyfa. Það er þáttur í að varðveita menningarumhverfið, sameiginlegan menningararf Norðurlanda, sem grundvöll sjálfbærrar þróunar til langs tíma.

Vegna menningarlegs gildis landbúnaðarsvæða þarf að skapa grundvöll fyrir breyttum viðhorfum til jarðræktarumhverfis og þróunar sveitanna. Þegar jarðir fara í eyði tekur órækt og hnignun við. Þar má nefna fjalla- og heiðabýli og staði við sjávarsíðu og inni í fjörðum, þar sem víða er bæði stundaður búskapur og fiskveiðar.

Þegar lesnar eru þessar setningar úr framkvæmdaáætluninni, sem hér er vitnað til, og ýmislegt fleira sem þar stendur, höfðar þar margt til Árneshrepps á Ströndum. Þar var um aldir lifað af fjölbreyttum landkostum og hlunnindum lands og sjávar. Auk hefðbundins landbúnaðar má nefna rekasæld, fuglatekju, selveiði og fiskveiðar, þar á meðal hákarlaveiði. Og á fyrri hluta þessarar aldar voru reistar tvær síldarverksmiðjur í hreppnum, í Ingólfsfirði og Djúpuvík, sem ennþá standa miklar leifar af. Enn lifir og starfar í sveitinni fólk, sem man og tók þátt í vinnubrgöðum sem lítt höfðu breyst um aldir.

Í Árneshreppi hefur því þróast í aldanna rás merkilegt samfélag og íbúar þar voru á fimmta hundrað árið 1940. Nú eru þeir aðeins um áttatíu og vegna grisjunar byggðar á þessum slóðum er nú orðin nærri 100 km fjarlægð til næsta byggðarlags og leiðin þangað á landi getur lokast marga mánuði á veturna vegna snjóa.

Það er því ljóst, að bregðast þarf skjótt við, ef takast á að koma í veg fyrir algjöra eyðingu byggðarinnar. Fari svo mun sú menning, sem þar hefur dafnað, hverfa algjörlega og verður aldrei endurvakin. Þar með yrði þjóðin öll fyrir óbætanlegu tjóni, því að slík endalok eru ekki fyrst og fremst áfall fyrir fólkið, sem býr þar enn, heldur íslenska menningu og sögu.

Það er því verkefni og skylda þjóðfélagsins að gera það, sem í mannlegu valdi stendur, til að koma í veg fyrir slíkt. Það á því ekki að gerast með þeim hugsunarhætti að spyrja, hvað þurfi að gera fyrir íbúana, heldur hvað þjóðfélagið geti gert til að fá íbúana þar til að vinna með sér að björgunarstarfinu áður en tækifærið glatast.

Það er vaxandi skilningur á verndun íslenskrar náttúru, gamalla bygginga og annarra fornra minja og flestir orðnir sammála um, að auknu fjármagni til þeirra verkefna er vel varið. Takmarkaður skilningur hefur hins vegar verið á varðveislu mannlífs og lifandi menningar heilla byggðarlaga. Vissulega hafa úrræði þjóðfélagsins til þeirra hluta verið takmörkuð lengst af, en nú er tæknin sífellt að veita nýja möguleika á því sviði eins og öðrum.

Ríkisvaldið, undir forystu umhverfisráðuneytisins, þarf því nú að láta hendur standa fram úr ermum þegar í stað til að vinna að þessu verkefni. Í því skyni verði skipuð fámenn framkvæmdanefnd fulltrúa ríkisvalds og íbúnna, sem fái það veganesti, að viðkomandi ríkisstofnanir skuli veita henni lið við úttekt og aðgerðir í einstökum málaflokkum.

Að sjálfsögðu hlýtur slík vinna að taka nokkurn tíma. Því skiptir máli, að bæði íbúar og framkvæmdanefnd fái engu að síður strax tilfinningu og sönnun með einhverjum raunhæfum aðgerðum fyrir því að hugur fylgi máli. Það má sjálfsagt nefna ýmislegt, sem kæmi fljótt til greina, svo sem beingreiðslur út á alla kindakjötsframleiðslu í hreppnum, fullkomin búnað til

fjarnáms undir handleiðslu kennara í heimaskóla, sem veitti nemendum möguleika til að fá ekki lakari kennslu en gerist í öðrum skólum til loka grunnskóla eða jafnvel lengur, bættar aðstæður til fiskveiða og vinnslu o.s.frv.

Á þetta yrði litið sem tilraunaverkefni, ekki til að koma upp lifandi safni, enda væri slíkt fyrir fram dauðadæmt, heldur til að viðhalda frjóu og lifandi mannlífi, sem um leið gæti á mörgum sviðum verið lærdómsríkt bæði fyrir okkur hér á landi og einnig sem framlag okkar í erlendu samstarfi. Með tilliti til hins vaxandi áhuga, sem m.a. er fyrir mannlíf á norðurslóðum, mætti ætla að unnt yrði að fá til samstarfs ýmsar erlendar stofnanir til að veita því stuðning og fá um leið kærkomið tækifæri til að fylgjast með framvindu þess.

Fylgiskjal II.

Bréf hreppsnefndar Árneshrepps til forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar.

(Norðurfirði, 21. desember 1998.)

Hreppsnefnd Árneshrepps barst nýlega ályktun aðalfundar Landverndar. Þar er bent á nauðsyn aðgerða til að viðhalda byggð á afskekktum svæðum landsins, þar sem byggð er í hættu. Þarna mun kveða við nýjan tón í áherslum Landverndar. Í þessari ályktun er fjallað sérstaklega um slæma stöðu byggðar í Árneshreppi og bent á leið, sem gæti orðið, ef næði fram að ganga, til að styrkja stöðu bænda í hreppsfélaginu, ásamt fleiru, sem þar er minnst á og yrði þá væntanlega til að styrkja byggðina.

Hreppsnefndin tekur undir áhyggjur, sem fram koma í áðurnefndri ályktun, að það væri býsna alvarlegt, ef landsvæði eins og Árneshreppur, yrði innan tiltölulega fárra ára mannlaust. Hreppsnefndarmönnum er, ef til vill manna ljósast, að erfitt getur verið að snúa þessari þróun við.

Í Árneshreppi er eingöngu stundaður sauðfjárbúskapur, og eru bú bænda í byggðarlaginu smá. Skerðingar sem fylgdu framleiðslustýringunni komu því illa við afkomumöguleika bænda. Bú bænda smækkuðu í kjölfarið, sem var óhjákvæmilegt meðan nauðsynlegt var, að framleiðsla og framleiðsluréttur héldust í hendur. Undanfarin ár hafa bændur eitthvað aukið við bústofn sinn, þannig að allir munu nú vera farnir að framleiða meira en greiðslumark þeirra er. Hreppsnefndin telur ekki líklegt að sauðfjárframleiðsla aukist mikið frá því sem nú er.

Allar aðgerðir, sem hér er verið að tala um eru sértækar, og því vandmeðfarnar, en ekki verður séð, að hugmyndum Landverndar, sem hreppsnefnd styður einnig, verði komið í framkvæmd með öðru móti.

Hreppsnefndin telur þær aðgerðir, sem snúa að sauðfjárræktinni áhugaverðar, sem fyrsta skref. Kemur þar tvennt til, það er auðvelt að gera sér grein fyrir hvað miklu fjármagni þyrfti að verja til að greiða beingreiðslur út á alla sauðfjárframleiðslu í hreppsfélaginu, og einnig auðvelt að áætla það einhver ár fram í tímann. Annað er það, að búseta bænda hefir alltaf verið undirstaða undir búsetu í hreppsfélaginu og ekki annað sýnt, en svo verði áfram, því er nauðsynlegt að huga fyrst að þeim þætti.

Einnig er mjög brýnt að huga að hvernig væri hægt að styðja við fjölbreyttari tekjuöflun fólks í hreppnum. Sjósókn í hreppsfélaginu er lítil, en af henni hafa alltaf verið æði mikil búdrýgindi. Nú hafa veiðiheimildir smábáta þrengst, þannig að frekari stuðningur við hana væri mjög mikilsverður.

Ekki er ástæða til að ræða þetta nánar í þessu bréfi, en hreppsnefnd Árneshrepps lýsir sig reiðubúna til viðræðna um þessi mál, telji stjórnvöld sig geta tekið á þessu máli með jákvæðum hætti.

694. Nefndarálit [321. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka (umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Grétar Má Sigurðsson, Nikulás Hannigan og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sigrúnu Ágústsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka (umhverfismál) við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999, um urðun úrgangs.

Tilskipunin fjallar um rekstrarlegar og tæknilegar kröfur varðandi úrgang og urðun hans og kveður á um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og andrúmslofts. Innleiðing tilskipunarinnar í landsrétt kallar á lagabreytingar hér á landi en umhverfisráðuneytið hyggst leggja fram lagafrumvarp þess efnis fljótlega.

Fyrir utanríkismálanefnd hefur verið lögð álitsgerð Árna Páls Árnasonar hdl. sem hann vann að beiðni umhverfisráðuneytisins. Niðurstaða álitsins er m.a. sú að ákvæði tilskipunarinnar feli ekki í sér skilyrðislausa kröfu um hlutlæga ábyrgð á umhverfistjóni og var sá skilningur staðfestur af fulltrúum umhverfis- og utanríkisráðuneytis á fundi nefndarinnar. Tilskipunin gerir hins vegar ráð því að innstæða verði fyrir greiðslu kostnaðar við vöktun og lokun urðunarstaðar en gerir ekki kröfu um ábyrgðartryggingu vegna umhverfistjóns. Samkvæmt gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina er ljóst að innleiðing tilskipunarinnar mun hafa í för með sér aukinn kostnað við vöktun urðunarstaða á landinu. Áætlaður kostnaður við vöktun hjá Sorpu bs. mun við innleiðingu nýrra reglna aukast úr 0,07% af árlegum rekstrarkostnaði í rúm 1% en hjá Sorpstöð Suðurlands er áætlað að kostnaður hækki úr 1% í u.þ.b. 8% af árlegum rekstrarkostnaði.

Rannveig Guðmundsdóttir, Lára M. Ragnarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Árni R. Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 29. jan. 2002.

Tómas I. Olrich, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

695. Fyrirspurn [432. mál]

til samgönguráðherra um vegaframkvæmdir á Hellisheiði og í Þrengslum.

Frá Ólafi Björnssyni.

1. Eru áform um að setja upp veglýsingu á þjóðvegi nr. 1 frá Reykjavík um Hellisheiði til Hverageröis og um Þrengsli til Þorlákshafnar?
2. Eru uppi önnur áform um vegabætur á framangreindum leiðum?

696. Nefndarálit [425. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Friðrik Hermannsson frá Vélstjórafélagi Íslands. Þá átti nefndin samtal símleiðis við Friðrik Arngrímsson frá LÍÚ.

Með breytingum sem samþykktar voru á lögum um stjórn fiskveiða fyrr á þessu þingi var brugðist við þeim tekjusamdrætti sem útgerðir krókaaflamarksbáta urðu fyrir í kjölfarið á kvótasetningu aukategunda 1. september sl. Þessar breytingar sneru eingöngu að krókaaflamarksbátum og vörðuðu ekki önnur hagsmunamál smábáta.

Í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar um framangreint mál kom fram sú afstaða meiri hlutans að hann teldi að lagfæra þyrfti rekstrarumhverfi svokallaðra dagabáta sérstaklega og var lögð áhersla á að frumvarp þess efnis yrði lagt fram á þessu þingi.

Með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er komið til móts við óskir meiri hlutans í þessum efnum. Með frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að sóknardagar á fiskveiðiárinu 2001/2002 verði 23 eins og þeir voru á fiskveiðiárinu 2000/2001 í stað 21 eins og áætlað var. Í öðru lagi er lagt til að reglum um nýtingu sóknardaga verði breytt þannig að sókn verði mæld í klukkustundum en ekki heilum dögum eins og verið hefur. Í þriðja lagi er lagt til að felld verði brott regla laganna um að flutningur sóknardaga yfir á minni báta leiði til fjölgunar daganna. Þessi breyting hefur ekki áhrif á þá aðila sem fyrir gildistöku laganna hafa flutt sóknardaga frá stærri bátum til minni, enda njóta þeir núgildandi ákvæða laganna um fjölgun sóknardaga. Skilyrði þess að dagar verði fluttir með þessum hætti milli báta er að báturinn, sem dagarnir eru fluttir til, hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir gildistöku laganna, en veiðileyfi er ekki gefið út fyrr en gefið hefur verið út haffærisskírteini fyrir viðkomandi bát. Flutningur sóknardaga eftir gildistöku laganna leiðir því ekki til fjölgunar sóknardaga. Í fjórða og síðasta lagi er í frumvarpinu að finna það nýmæli að ráðherra er gert að setja nánari reglur um flutning sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila.

Meiri hlutinn leggur til eina breytingu á frumvarpinu. Er henni ætlað að afmarka betur reglugerðarheimild ráðherra vegna flutnings sóknardaga milli báta í eigu sömu aðila.

Meiri hlutinn telur að framangreindar breytingar séu til hagsbóta fyrir útgerðir dagabáta og jafnframt í samræmi við þær áherslur sem hann hefur sett fram.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „milli báta í eigu sömu aðila“ í lokamálslið 4. efnismgr. 1. gr. komi: vegna endurnýjunar eigin báts.

Alþingi, 30. jan. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni R. Árnason.
Vilhjálmur Egilsson.	Magnús Stefánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

697. Nefndarálit [425. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Í nefndaráliti vegna breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða sem samþykkt var fyrr á þessu þingi kom fram sú skoðun undirritaðra að taka þyrfti málefni dagabáta til endurskoðunar.

Sú breyting sem skiptir mestu máli í þessu frumvarpi er að útgerðarmenn þessara báta munu geta skipulagt veiðar sínar í klukkustundum í stað daga. Þetta eykur öryggi og dregur úr óhóflegu vinnuálagi sem hefur fylgt þeim sólarhringsveiðileyfum sem í gildi hafa verið. Gert er ráð fyrir að til eftirlits með róðrartíma bátanna verði stuðst við sjálfvirka tilkynningarkerfið sem eykur á öryggi og nákvæmni eftirlitsins.

Í öðru lagi er fallið frá því að beita á þessu ári þeirri 10% skerðingu á dagafjölda sem er í gildandi lögum. Lagt er til að endurskoðun á sóknarstýringarákvæðunum fari fram í lok yfirstandandi fiskveiðiárs þegar reynsla hefur fengist af því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir að verði tekið upp.

Með frumvarpinu er því frestað mikilvægasta deiluefni stjórnvalda við útgerðarmenn þessara báta, sem er um þá kröfu þeirra að 10% skerðingarákvæðið verði fellt úr gildi. Ekki verður komist hjá því að vekja athygli á því mikla ósamræmi sem er milli leyfilegrar sóknar í dögum og þeirri lágu viðmiðunarprósentu sem er í lögunum. Reynsla undanfarinna ára af veiði þessa flota liggur fyrir og er margföld fyrrnefnd viðmiðun. Það er ekki Alþingi til sóma að setja nú enn einu sinni lög um stjórn fiskveiða sem fyrir fram er ljóst að ekki geta staðist.

Í þriðja lagi er lagt til að felld verði brott sú regla sem er nú í lögunum að dögum fjölgi hlutfallslega miðað við stærðir báta í brúttótonnum ef þeir eru fluttir yfir á minni bát. Sú breyting er nauðsynleg vegna þess að auðsæilega hefði hún annars þau áhrif að útgerð örsmárra báta

stórykist vegna þess að þeir fengju fleiri daga en stærri bátarnir. Þetta mundi valda aukinni slysahættu en einnig stóraukinni sóknargetu í þessum flota.

Almennt eru ákvæði þessa lagafrumvarps til bóta. Hins vegar er sá grundvöllur sem veiðikerfið byggist á, þ.e. framseljanleg einkaeignarréttindi útgerðarmannana á veiðiréttinum, algerlega andstæður stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Þetta fyrirkomulag varð til í kjölfar svokallaðs Valdimarsdóms sem stjórnvöld kusu að túlka þannig að allir sem ættu skip gætu fengið veiðileyfi, annað væri brot á stjórnarskránni. Þeir yrðu hins vegar að kaupa hinn raunverulega rétt til að veiða fisk af þeim sem voru svo heppnir að vera við útgerð tiltekin ár á síðustu öld eða hafa keypt slíkan rétt af handhöfum kvótans. Til að innleiða sambærilegt fyrirkomulag hjá þessum hópi útgerðarmanna voru framseljanlegir veiðidagar lögfestir. En sú lagasetning kom ekki til framkvæmda fyrr en sl. haust.

Af framangreindum ástæðum getum við ekki stutt frumvarpið og munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 30. jan. 2002.

Jóhann Ársælsson, frsm.

Svanfríður Jónasdóttir.

698. Frumvarp til laga [433. mál]

um útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

Íslensk skip í siglingum erlendis falla ekki undir gildissvið laganna.

2. gr.
Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Með lögunum er kveðið á um réttarstöðu útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum.

3. gr.

Framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði.

Dómsmálaráðherra kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

II. KAFLI
Koma og brottför.

4. gr.

Vegabréfaeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Hver sá sem fer af landi brott skal sæta brottfarareftirliti og skal við brottför gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og að öðru leyti samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu. För yfir innri landamæri Schengen-svæðisins er heimil utan viðurkenndra landamærastöðva. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit og um undantekningu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

5. gr.

Vegabréf.

Útlendingur, sem kemur til landsins, skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar.

Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

6. gr.

Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Útlendingur, sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Fela má utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun.

7. gr.

Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur, sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

III. KAFLI
Dvöl og búseta.

8. gr.

Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur, sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu, má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jafngilda dvöl hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari reglur um hvernig reikna skuli dvalartíma.

Dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér án dvalarleyfis. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágu frá kröfu um dvalarleyfi.

9. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur, sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi, nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Útlendingur, sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr., þarf að hafa dvalarleyfi.

10. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

Dvalarleyfi sem veitt er í fyrsta sinn skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að gefa leyfið út til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

11. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr. er fullnægt og
c. ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið.

Útlendingastofnun getur, að beiðni útlendings sem sótt hefur um hæli, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Hún getur einnig, að beiðni útlendings sem hefur fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum.

12. gr.

Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta.

Þegar um er að ræða fjöldaflótta getur dómsmálaráðherra ákveðið að beita skuli ákvæðum greinar þessarar. Ráðherra ákveður einnig hvenær heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 2. og 3. mgr. skuli falla niður.

Útlendingi, sem fellur undir fjöldaflótta og kemur til landsins eða er hér þegar ákvæðum greinarinnar er beitt, má, að fenginni umsókn, veita vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd). Felur það í sér að útlendingnum verður veitt dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Leyfið myndar ekki heimild til útgáfu búsetuleyfis.

Leyfið má endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá þeim tíma þegar umsækjandi fékk fyrst leyfi. Síðan má veita leyfi sem getur myndað heimild til útgáfu búsetuleyfis. Að liðnu einu ári með slíkt leyfi er heimilt að gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrðin fyrir því að halda leyfinu enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Umsókn útlendings, sem fellur undir 2. mgr., um hæli má leggja til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er niður fallin, sbr. 1. mgr., eða þegar liðin eru þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi skal tilkynna umsækjandanum að hælisumsóknin verði því aðeins tekin til meðferðar að hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tiltekins frests.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um leyfi og um að leggja umsókn til hliðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

13. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi eiga, að fenginni umsókn, rétt á dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 11. gr. auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Dvalarleyfi aðstandanda útlendings skal að jafnaði gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

14. gr.

Endurnýjun.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings, að fenginni umsókn, ef fullnægt er skilyrðum 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs en heimilt er að gefa leyfið út fyrir annað tímabil ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Endurnýjað dvalarleyfi skal þó ekki gefið út til lengri tíma en tveggja ára.

Heimila má útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og hann á rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

15. gr.

Búsetuleyfi.

Veita má útlendingi, sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt hefur námskeið í íslensku fyrir útlendinga, búsetuleyfi samkvæmt umsókn ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Búsetuleyfi fellur niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en 12 mánuði. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Dómsmálaráðherra setur reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

16. gr.

Afturköllun.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Tilkynningarskylda.

Útlendingur, sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins, skal innan viku frá komu gefa sig fram við Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur. Sama á við um útlending sem hyggst sækja um eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

Útlendingur, sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar, skal tilkynna lögreglunni um flutninginn.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf.

IV. KAFLI
Frávísun og brottvísun.

18. gr.
Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu ríki og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu eða getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni,
d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki,
g. hann samkvæmt mati læknis getur ekki ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hans hér stendur eða hætta er á að hann muni með framkomu sinni valda sér eða öðrum tjóni eða hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi,
h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi, sbr. 1. mgr. 56. gr.,
i. hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu,
j. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við, og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

19. gr.
Frávísun eftir komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa frestur inn sé liðinn. Þó verður meðferð máls að hefjast innan þriggja mánaða frá komu hans til landsins.

Ekki má vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi frá landi samkvæmt ákvæði þessu.

20. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi ef:

a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar,
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Brottvísun skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða norrænum ríkisborgara sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en að jafnaði ekki skemur en þrjú ár. Samkvæmt umsókn má heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en að jafnaði ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför.

21. gr.

Frávísun og brottvísun útlendings sem hefur búsetuleyfi o.fl.

Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan.

Útlendingi sem hefur búsetuleyfi má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að:

a. það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, sbr. d-lið 1. mgr. 20. gr.,
b. hann hafi afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og það átti sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi.

Brottvísun skv. b-lið 2. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

22. gr.

Stjórnvald og undirbúningur máls.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr. 18. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir samkvæmt kafla þessum.

Lögregla undirbýr mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Nú telur lögregla skilyrði vera til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi og sendir hún þá Útlendingastofnun gögn málsins til ákvörðunar.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

23. gr.
Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

24. gr.
Andmælaréttur.

Áður en ákvörðun er tekin í máli útlendings skal hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Réttur til að tjá sig skriflega er þó ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, skal stjórnvald, eftir því sem unnt er, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé.

25. gr.
Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli, skal stjórnvald leiðbeina útlendingnum um að honum sé heimilt, á eigin kostnað, að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga.

26. gr.
Miðlun upplýsinga úr landi.

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengensamstarfinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

27. gr.
Vanhæfi.

Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur viðkomandi útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Ákvæði þetta tekur ekki til mála vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

28. gr.
Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem fer með mál útlendings, er heimilt að krefjast þess að upplýsinga, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt lögunum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönn-

unargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Dómari ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni.

Heimild skv. 1. mgr. gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

29. gr.

Rannsóknarúrræði.

Útlendingi er skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. krefst þess. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögregla lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Lögregla skal benda útlendingi á að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögregla leita á útlendingnum, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem:

a. ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er,
b. leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum,
c. hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum eða
d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför, sem tekin eru skv. 4. mgr., má færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar.

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast ófullnægjandi er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

30. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., má kæra til Útlendingastofnunar. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð. Að öðru leyti má kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru innan 15 daga frá því að honum var kynnt ákvörðunin fyrir þeim sem það gerir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

31. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi, sem sótt er um innan frests skv. 3. mgr. 14. gr., má ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina.

32. gr.

Hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda.

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig og í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar.

Lögregla skal leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Nú telur Útlendingastofnun augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má hún þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

33. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Ákvörðun, sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, skal framkvæma þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða líkur eru á að hann muni ekki gera það má lögregla færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega. Málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið frestar ekki framkvæmd hennar. Þó getur dómsmálaráðherra tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd hennar ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því ákvörðun var tekin.

Útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, er skylt að afla sér þeirra.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd. Við mat á þessu má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í tvær vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef nauðsyn ber til, til að tryggja framkvæmd, er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem greinir í 1. mgr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun, eða dómarinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 3. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 3. og 5. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

34. gr.

Réttaraðstoð.

Dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingur eiga rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann. Þetta gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 43. gr. þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. málsl., eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingsins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram greiðast úr ríkissjóði.

Ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja skal útlending um endurgreiðslu kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

VI. KAFLI

Útlendingar sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

35. gr.

Dvalarleyfi.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga (EES-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

EES-útlendingur, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., skal hafa dvalarleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu.

Dvalarleyfi, sem sótt er um í fyrsta sinn, má sækja um eftir komu til landsins.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

36. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis ef hann framvísar þeim ferðaskilríkjum sem hann komst inn í landið með og gögnum sem sýna að hann:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að meina útlendingnum komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

37. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Aðstandandi útlendings sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 36. gr. á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis að uppfylltum skilyrðum í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

38. gr.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um rétt útlendings sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

39. gr.

Gildistími og efni dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn skv. 36., 37. og 38. gr., skal að jafnaði gefið út til fimm ára.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn til útlendings skv. c-lið 1. mgr. 36. gr., má takmarka við tvö ár ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en í eitt ár.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum sem settar eru samkvæmt lögunum.

40. gr.
Endurnýjun dvalarleyfis.

Dvalarleyfi skv. 36., 37. og 38. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn ef skilyrðum er enn fullnægt. Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára nema tilgangur vinnu eða dvalar eða aðrar ástæður gefi tilefni til styttri gildistíma.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um endurnýjun dvalarleyfis.

41. gr.
Afturköllun dvalarleyfis.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi ef svo stendur á sem greinir í 16. gr. Afturköllun er þó ekki heimil eingöngu af því að útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta sinn til útlendings sem fellur undir a–c-lið 1. mgr. 36. gr. ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og er ekki tilkomið vegna herþjónustu.

42. gr.
Frávísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 43. gr. eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES-útlendingi, sem ekki hefur dvalarleyfi, frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar.

43. gr.
Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu að jafnaði því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

VII. KAFLI
Vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

44. gr.
Flóttamannahugtakið.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (flóttamannasamningsins), sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákveða má að flóttamaður sem fellur undir C–F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Flóttamaður sem fellur undir C–E-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skal þó njóta verndar skv. 45. gr.

45. gr.
Vernd gegn ofsóknum.

Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Samsvarandi verndar skal útlendingur njóta sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlendinginn skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Útlendingur nýtur ekki heldur verndarinnar þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Vernd skv. 1. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

46. gr.
Réttur til hælis.

Flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli. Þetta gildir þó ekki um flóttamann sem:

a. fellur undir undanþágur frá reglum um vernd í 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr.,
b. veitt hefur verið hæli í öðru ríki,
c. komið hefur til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,

d. krefja má annað norrænt ríki um að taka við samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins,
e. krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við,
f. synja má um hæli vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ekki skal endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Maki flóttamanns eða sambúðarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka eða sambúðarmaka eiga rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

47. gr.

Réttaráhrif hælis.

Hælisveiting hefur í för með sér að útlendingurinn hefur réttarstöðu flóttamanns og fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um afturköllun.

48. gr.

Ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Flóttamanni, sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða erlendis, enda mæli sérstakar ástæður því ekki í mót. Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki gefin út af öðru ríki og skal hann þá því aðeins fá skírteini gefið út að honum hafi verið veitt hér hæli eða búsetuleyfi eða skylt sé að gefa hér út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingur, sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á grundvelli umsóknar um hæli, en án þess að vera veitt hæli, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða erlendis samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um útgáfu, gildissvið, endurnýjun og afturköllun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga og nánari skilyrði í þessu sambandi.

49. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru ríki, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því ríki. Sæki slíkur flóttamaður um hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn hér á landi skal fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns ekki vefengd nema sú ákvörðun sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

50. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun í málum um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Útlendingastofnun tekur einnig ákvörðun um hvort útlendingi, sem kemur til landsins á grundvelli 51. gr., skuli veitt réttarstaða flóttamanns.

Við meðferð máls skv. 1. og 2. mgr. skal Útlendingastofnun af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efni málsskjala. Einnig má kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efni málsskjala að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga.

51. gr.

Flóttamannahópar.

Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda. Sama gildir um hópa útlendinga sem ekki teljast flóttamenn.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl., og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr. Ákvörðun verður einungis kærð af þeim sem bein afstaða er tekin til í máli.

Útlendingur, sem heimiluð er koma skv. 1. mgr., skal fá dvalarleyfi. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að útlendingur skuli hafa réttarstöðu flóttamanns, sbr. 2. mgr. 50. gr., á hann rétt til hælis og ferðaskírteinis fyrir flóttamenn, sbr. 46.–48. gr.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Meina má landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða mikilvægra þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum má framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr. Útlendingastofnun tekur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis ríkisins, sett nánari reglur um tilkynningarskyldu en segir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

53. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Ráðherra getur undanþegið aðra útlendinga skyldu þessari.

Við undirbúning máls samkvæmt lögunum má leggja fyrir útlending sem málið varðar að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

54. gr.

Tilkynningarskylda annarra.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, svo og að aðrir skuli einnig veita Útlendingastofnun upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar,
b. að stjórnandi loftfars sem kemur frá útlöndum eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
c. að stjórnandi skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
d. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofnun áður en vinnan hefst,
e. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
f. að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem eru þar skráðir eða teknir af skrá,
g. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té skrá um erlenda námsmenn,
h. að stjórnvöld skuli, samkvæmt beiðni, láta Útlendingastofnun eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlendings og heimili til nota í máli samkvæmt lögunum þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

55. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Eftir þörfum er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dómsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu.

56. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað frá landi skv. 18., 19. eða 42. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi.

Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 7. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 2. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingsins hér í allt að þrjá mánuði.

Ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

57. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögunum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögunum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins eða
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast þar að eða
d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, önnur ferðaskilríki eða svipuð skilríki sem nota má sem ferðaskilríki og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað þau til að koma til landsins eða til annars ríkis eða
e. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending til að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða
f. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að koma ólöglega til landsins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að reka í hagnaðarskyni skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis.

Nú er útlendingur fluttur til landsins með skipi eða loftfari án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og stjórnandi skips eða loftfars hefur ekki gengið úr skugga um að hann beri gild ferðaskilríki, sbr. 3. mgr. 4. gr., og er þá heimilt að gera stjórnanda farartækis sekt.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

IX. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

58. gr.
Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

59. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Jafnframt falla úr gildi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 19 26. mars 1991, nr. 133 31. desember 1993, nr. 90 13. júní 1996, nr. 82 16. júní 1998, nr. 23 16. mars 1999, nr. 25 9. maí 2000 og nr. 7 13. mars 2001.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 2. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, kemur: Útlendingastofnun.
2. Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, sbr. lög 62 12. júní 1998, breytist þannig:
   a. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 1. mgr. 5. gr. a laganna kemur: Útlendingastofnunar.
   b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Útlendingastofnunar.
3. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, kemur: Útlendingastofnunar.
4. Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994, breytast þannig:
   a. Í stað orðanna „ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi, sbr. lög um eftirlit með útlendingum“ í b-lið 2. mgr. 8. gr. kemur: búsetuleyfi, sbr. lög um útlendinga.
   b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitsins“ í 2. mgr. 12. gr. kemur: Útlendingastofnunar.
   c. Í stað orðanna „útlendingaeftirlitinu heimilt að vísa honum úr landi, sbr. ákvæði laga um eftirlit með útlendingum“ í 17. gr. kemur: heimilt að vísa honum úr landi, sbr. lög um útlendinga.
   d. Í stað orðsins „útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 19. gr. kemur: Útlendingastofnun.
5. Í stað orðanna „forstjóri Útlendingaeftirlitsins“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. lög nr. 150 27. desember 1996 og nr. 23 16. mars 1999, kemur: forstjóri Útlendingastofnunar.
6. Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, sbr. lög nr. 23 16. mars 1999, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: Útlendingastofnun.
7. Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, breytast þannig:
   a. B-liður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
      1. skv. a-lið 1. mgr. 22. gr. laga um útlendinga,
      2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 22. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaöryggi eða öryggi ríkisins í hættu.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í b-lið 1. mgr. 10. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   c. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlits“ í b-lið 19. gr. kemur: Útlendingastofnunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, og er því ætlað að leysa þau af hólmi.

Í frumvarpinu er að finna reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Því er lagt til að heiti nýrra laga vísi til útlendinga almennt en ekki verði einvörðungu vísað til eftirlits með útlendingum. Í því sambandi er og gert ráð fyrir breyttu heiti á Útlendingaeftirlitinu sem farið hefur með framkvæmd laga um eftirlit með útlendingum. Þá eru í frumvarpinu settar reglur um rétt flóttamanna til hælis hér á landi og um vernd gegn ofsóknum. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um þetta efni og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Þykja norsk lög heppileg fyrirmynd þar sem Ísland og Noregur eru einu ríkin á Norðurlöndum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) en ekki Evrópusambandinu (ESB), auk þess sem ríkin hafa hliðstæða stöðu gagnvart ESB innan Schengen-samstarfsins. Að því er varðar rétt útlendinga til atvinnu er miðað við óbreytt fyrirkomulag, þ.e. að um það efni gildi sérstök löggjöf undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, sbr. lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133 21. desember 1994.

Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar sem á undanförnum árum hefur orðið á löggjöf og viðhorfi til málefna útlendinga, svo sem breytinga á stjórnarskránni árið 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, svo og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, bæði norrænu og evrópsku, aðildar að mannréttindasamningum og flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna o.fl.

Með stjórnarskipunarlögum, nr. 97 28. júní 1995, voru sett ákvæði í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að með lögum skuli skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi. Ákvæði þetta var nýmæli. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til laganna sagði að með þessu væri fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald þar um án skýrra lögákveðinna skilyrða. Löggjafinn hefur á hinn bóginn frjálsar hendur um efni slíkra skilyrða innan þeirra marka sem leiðir af almennum jafnræðisreglum og þjóðréttarlegum skuldbindingum. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Þau ákvæði er varða efnisreglur tilgreina að jafnaði það svið sem kveða skal á um í reglugerð. Meginreglur allar koma hins vegar fram í frumvarpsgreinunum en reglugerðarheimild varðar þá útfærslu tiltekinna reglna. Með þessu hafa stjórnvöld óvíræða heimild til að setja nauðsynlegar reglur samhliða því að afmarka glögglega efni slíkra reglna. Er stjórnvöldum þannig fengin skýrari staða til að framkvæma þær reglur sem fara á eftir í stað þess að ákvæði yrði að túlka á grundvelli lögskýringarreglna. Gert er ráð fyrir að samtímis gildistöku nýrra útlendingalaga verði sett heildarreglugerð um þessi efnisatriði og að öðru leyti um atriði sem varða framkvæmd laganna. Jafnframt er ljóst að framkvæmd málefna útlendinga að samþykktum nýjum útlendingalögum eins og frumvarpið liggur fyrir mun gera auknar kröfur til stjórnsýslu málaflokksins, hvort heldur er hjá lögreglunni, Útlendingastofnun eða ráðuneyti.

Ákvæði frumvarpsins eru verulega ítarlegri en gildandi löggjöf (60 efnisgreinar í stað 22). Í því sambandi ber að hafa í huga að sérreglur, sem settar voru í tengslum við aðild Íslands að EES-samningnum, þar sem kveðið var á um réttarstöðu útlendinga sem falla undir ákvæði þess samnings um frjálsa fólksflutninga, voru settar í reglugerð.

Drög að frumvarpi til laga um útlendinga voru send ýmsum aðilum til kynningar og umsagnar í maí 1998 og var þess óskað að athugasemdir og ábendingar yrðu sendar dómsmálaráðuneytinu. Umsagnir, athugasemdir og ábendingar bárust frá félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Flóttamannaráði Íslands, Hagstofu Íslands (þjóðskrá), heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Íslandsdeild Amnesty International, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mannréttindaskrifstofu Íslands, menntamálaráðuneytinu, Rauða krossi Íslands, refsiréttarnefnd, réttarfarsnefnd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkistollstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgönguráðuneytinu, Siglingastofnun Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, tölvunefnd, utanríkisráðuneytinu, Útlendingaeftirlitinu og útlendingaráði. Í ljósi athugasemda og ábendinga voru gerðar nokkrar breytingar á texta frumvarpsins, einkum í athugasemdum, og var frumvarpið síðan lagt fyrir Alþingi til kynningar á 123. löggjafarþingi vorið 1999.

Eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi vorið 1999 var það til nánari athugunar í dómsmálaráðuneytinu og voru gerðar á því nokkrar breytingar. Þær breytingar leiddi einkum af fyrirhugaðri þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, en fyrra frumvarp tók ekki mið af þeim reglum sem gilda á vettvangi Schengen-ríkjanna. Breytingar á frumvarpinu af þessum sökum voru hliðstæðar þeim sem gerðar voru á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 25 9. maí 2000 að því frátöldu að bætt var við ákvæðum um meðferð umsókna um hæli í samræmi við þær reglur sem gilda innan Schengen-samstarfsins. Um Schengen-samstarfið er nánar fjallað í III. kafla 5 og 6.

Frumvarpið var aftur lagt fram á Alþingi á 126. löggjafarþingi síðla árs 2000 en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram á ný með nokkrum breytingum, m.a. varðandi bráðabirgðadvalarleyfi í 3. mgr. 11. gr., og minni háttar lagfæringum á refsiákvæði frumvarpsins.

II.

Löggjöf um málefni útlendinga á sér nokkurn aðdraganda svo sem hér verður nánar rakið. Með ályktun Alþingis 13. ágúst 1919 var skorað á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um „heimild utanríkismanna til þess að ná landsvist á landi hér ... og um það, hvenær þeim verði úr landi vísað, og hvaða ráðstafanir stjórnvöld skuli gera í því skyni". Í kjölfarið voru síðan samþykkt á Alþingi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 10 18. maí 1920, og voru það fyrstu heildarlögin um málefni útlendinga. Fram að þeim tíma var hins vegar að finna einstök ákvæði í löggjöfinni sem vörðuðu útlendinga. Í lögunum var meðal annars kveðið á um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér og heimild stjórnvalda til að vísa útlendingum úr landi.

Lögin frá 1920 um eftirlit með útlendingum voru leyst af hólmi með nýjum lögum um sama efni, nr. 59 23. júní 1936. Þau lög fólu ekki í sér verulega breytingu frá fyrri lögum að því frátöldu að þar var að finna ítarlegri ákvæði um eftirlit með útlendingum. Þannig voru lögin í raun viðauki við fyrri lög fremur en breyting á ákvæðum þeirra.

Í stað laganna frá árinu 1936 komu síðan gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965. Sú endurskoðun laganna miðaði fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar breytingar til að Ísland gæti orðið aðili að samningi Norðurlandanna frá 12. júní 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna. Jafnframt voru lögin endurskoðuð að öðru leyti og kveðið nánar á um ýmis atriði, meðal annars með sérstöku ákvæði um réttarstöðu flóttamanna, án þess þó að verulega væri hnikað frá ákvæðum fyrri laga.

Með lögum nr. 133 31. desember 1993 voru gerðar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum í tilefni af aðild Íslands að EES-samningnum. Í þeim samningi felst að þær reglur, sem gilda innan ESB um frjálsa fólksflutninga, gilda einnig á Evrópska efnahagssvæðinu. Af þessum sökum var nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum varðandi aukinn rétt útlendinga,

sem falla undir EES-samninginn, til að koma til landsins og dveljast hér og um meðferð mála, sem þetta varða, fyrir stjórnvöldum.

Lögunum var á ný breytt með lögum nr. 23 16. mars 1999. Með þeim lögum fékk Útlendingaeftirlið sérstakan forstjóra, en fram til þess hafði lögreglustjórinn í Reykjavík og síðar ríkislögreglustjóri, eftir stofnun þess embættis, veitt Útlendingaeftirlitinu forstöðu. Með lögum þessum voru starfsemi og rekstur Útlendingaeftirlitsins að fullu skilin frá starfsemi lögreglu. Að baki þeirri breytingu voru meðal annars þau rök að málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnti væru ekki í eðli sínu löggæslustörf.

Með lögum nr. 25 9. maí 2000 voru síðan gerðar breytingar á lögunum um eftirlit með útlendingum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þau lög öðluðust gildi 25. mars 2001 en þá hófst þátttaka Íslands og annarra norrænna ríkja í Schengen-samstarfinu. Með þessum lögum var fellt niður persónueftirlit hér á landi með einstaklingum á ferð til og frá öðrum ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu en eftirlitið gagnvart ferðum til og frá ríkjum utan Schengen-samstarfsins samræmt þeim kröfum sem gerðar eru innan þess. Einnig voru gerðar breytingar á ákvæðum um heimild útlendinga til að dvelja hér á landi og um vegabréfsáritanir í samræmi við reglur Schengen-samstarfsins.

Lögunum var loks breytt með lögum nr. 7 13. mars 2001 vegna þátttöku Íslands í samstarfi á grundvelli samnings aðildarríkja Evrópusambandsins sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990 (hér eftir nefndur Dyflinnarsamningurinn), en samstarf á grundvelli þess samnings er liður í Schengen-samstarfinu. Í þeim samningi er fjallað um hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar.

III.

Ísland hefur gerst aðili að ýmsum þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra. Við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tillit til þessara alþjóðlegu skuldbindinga Íslands þannig að sem best samræmi verði milli laga og þjóðréttarreglna. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af á þessu sviði.

1. Samningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951.

Hinn 30. nóvember 1955 var fullgiltur af Íslands hálfu samningur um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (hér eftir nefndur flóttamannasamningurinn en samningurinn hefur einnig verið nefndur Genfarsamningurinn) og tók hann gildi hér á landi 1. mars 1956. Hinn 26. apríl 1968 var einnig fullgiltur viðbótarsamningur um breytingu á samningnum um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1968. Flóttamannasamningurinn og viðaukinn eru birtir sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Í 1. gr. flóttamannasamningsins er hugtakið fóttamaður skilgreint. Samkvæmt A-lið ákvæðisins telst sá útlendingur flóttamaður sem „er utan heimalands síns ... af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða [sá], sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, hverfa þangað aftur“. Samkvæmt þessu verður útlendingur að hafa raunverulega ástæðu til að óttast ofsóknir til að skilgreiningin eigi við um hann. Ekki er fyrir hendi samræmd alþjóðleg túlkun á flóttamannahugtakinu sem einstök lönd eru bundin af. Það er því hvers lands að taka afstöðu til þess hvort útlendingur telst flóttamaður. Hins vegar hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gefið út handbók sem gefur leiðbeiningar um túlkun hugtaksins.

Þótt ekki sé fyrir hendi einhlít túlkun á flóttamannahugtakinu hefur verið talið að mat á því hvort útlendingur teljist flóttamaður verði á hvíla á hlutlægum grundvelli. Þannig má sá sem hefur það mat á hendi ekki láta hafa áhrif á matið jákvæða eða neikvæða afstöðu til útlendings eða heimalands hans. Kjarni flóttamannahugtaksins felst í því að útlendingur hafi ástæðuríkan ótta við að verða ofsóttur (well-founded fear of being persecuted) og að ofsóknir verði raktar til kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana. Þannig falla þeir utan hugtaksins sem flýja heimaland af öðrum ástæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, hungursneyðar eða bágs efnahagsástands.

Samkvæmt flóttamannasamningnum getur útlendingur ekki gert kröfu um það eitt og sér að verða viðurkenndur sem flóttamaður. Mat í þeim efnum fer ekki fram nema við úrlausn þess hvort útlendingi verði veitt tiltekin réttindi sem bundin eru við flóttamenn, svo sem með veitingu hælis eða útgáfu ferðaskilríkja samkvæmt flóttamannasamningnum.

Í C–F-lið 1. gr. samningsins er mælt fyrir um að við ákveðnar aðstæður falli niður réttur útlendings til þeirrar verndar sem hann hefur notið samkvæmt samningnum eða að hann sé útilokaður frá slíkri vernd. Í C-lið er að finna brottfallsástæður en meginefni ákvæðisins er að samningurinn hætti að gilda um útlending sem sjálfviljugur notfærir sér á ný vernd heimalands, endurheimtir þar sjálfviljugur ríkisfang, öðlast nýtt ríkisfang eða flytur til heimalands. Einnig fellur niður vernd samkvæmt samningnum ef ekki eru lengur fyrir hendi þær aðstæður sem leiddu til þess að útlendingur var viðurkenndur sem flóttamaður. Samkvæmt D–F-lið nýtur útlendingur ekki verndar samkvæmt samningnum ef hann nýtur verndar eða aðstoðar hjá stofnunum eða deildum Sameinuðu þjóðanna öðrum en erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna eða ef stjórnvöld þess lands sem útlendingur hefur sest að í hafa viðurkennt að hann njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur sem fylgja ríkisfangi í því landi. Einnig nýtur útlendingur ekki verndar flóttamannasamningsins ef hann hefur framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu eins og slíkir glæpir eru skilgreindir í alþjóðlegum samningum. Sama gildir er útlendingur hefur framið alvarlegan ópólitískan glæp utan þess lands þar sem leitað er hælis eða hann hefur orðið sekur um athafnir sem brjóta í bága við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannasamningurinn hefur að geyma skuldbindingar fyrir aðildarríkin um að veita flóttamönnum tiltekna réttarvernd. Samningurinn mælir ekki fyrir um skyldu aðildarríkjanna til að veita flóttamönnum hæli heldur hefur hann að geyma ákvæði um réttarstöðu flóttamanns meðan hann dvelur í samningsríki. Þannig segir í 3. gr. samningsins að beita skuli ákvæðum hans um alla flóttamenn án manngreinarálits vegna kynþátta, trúarbragða eða ættlands. Í 4. gr. er mælt fyrir um frelsi flóttamanna til að iðka trú sína og til trúarlegrar uppfræðslu barna sinna. Í 12. gr. er að finna ákvæði um persónu- og sifjaréttindi flóttamanns og í 13. og 14. gr. er mælt fyrir um vernd eignaréttinda hans. Þá er í 15. gr. ákvæði um félagafrelsi og í 16. gr. ákvæði um rétt flóttamanns til að leita til dómstóla. Í III. kafla samningsins er síðan að finna ákvæði um atvinnuréttindi flóttamanns og IV. kafli hefur að geyma ýmis ákvæði um velferðarmál flóttamanna.

Í V. kafla flóttamannasamningsins er að finna reglur um þá vernd sem flóttamenn njóta. Skv. 31. gr. skulu aðildarríkin ekki beita refsingum gagnvart flóttamönnum vegna ólöglegrar komu þeirra til landsins eða dvalar þar ef komið er beint frá landi þar sem lífi þeirra eða frelsi er ógnað, enda gefi þeir sig tafarlaust fram við stjórnvöld og beri fram gildar ástæður fyrir ólöglegri komu eða dvöl. Einnig skal flóttamanni, sem löglega dvelur í aðildarríki, ekki vísað úr landi nema vegna öryggis landsins eða allsherjarreglu, sbr. 32. gr. Þá er í 33. gr. að finna bann við því að senda flóttamann brott eða endursenda hann til ríkis þar sem lífi hans eða frelsi er ógnað vegna kynþáttar hans, þjóðernis, aðildar að sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórn-

málaskoðana. Þetta á þó ekki við ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta flóttamann hættulegan öryggi landsins eða ef hann er talinn hættulegur þjóðfélaginu vegna þess að hann hefur með endanlegum dómi verið fundinn sekur um mjög alvarlegan glæp. Því hefur verið haldið fram að þessi regla um bann gegn brottvísun eða endursendingu (non-refoulement) sé þjóðréttarregla á grundvelli þjóðréttarvenju og sé því bindandi fyrir ríki án tillits til alþjóðasamninga.

2. Samningar á sviði mannréttinda.

Ísland á aðild að ýmsum mannréttindasamningum sem gerðir hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Þessir samningar geta haft áhrif á réttarstöðu útlendinga en þar er að finna ákvæði sem mæla fyrir um tiltekin réttindi þeirra, svo sem hér verður nánar rakið. Þeir þjóðréttarsamningar á þessu sviði sem koma til álita eru:

- samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt samningsviðaukum, öðru nafni mannréttindasáttmáli Evrópu, sem nú hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 62 19. maí 1994 og lög nr. 25 24. mars 1998,
- samningur um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965,
- samningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 16. desember 1966,
- samningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, ásamt valkvæðri bókun, frá 16. desember 1966,
- samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá 18. desember 1979,
- samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 10. desember 1984, með breytingu frá 9. september 1992, og
- samningur um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989.

Þjóðréttarsamningar á sviði mannréttinda eru venjulega ekki bundnir við ríkisborgara eða þá sem búsettir eru í viðkomandi aðildarríki og eiga því einnig við um útlendinga sem þar dveljast. Þannig segir í 1. mgr. 2. gr. samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi að sérhvert ríki sem er aðili að samningnum takist á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu sinni réttindi þau sem viðurkennd séu í samningnum. Þá segir í 6. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis að aðildarríkin skuli tryggja öllum innan lögsögu sinnar raunhæfa vernd og úrræði, með til þess bærum dómstólum eða öðrum ríkisstofnunum, vegna allra athafna sem í felast kynþáttamisrétti og brjóta gegn mannréttindum þeirra og grundvallarfrelsi samkvæmt samningnum. Loks segir í 1. mgr. 2. gr. samnings um réttindi barnsins að aðildarríkin skuli virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum.

Hliðstætt við þau ákvæði sem hér hafa verið rakin segir í 1. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að samningsaðilar skuli tryggja hverjum þeim sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla samningsins. Í 16. gr. er þó gildissvið samningsins takmarkað gagnvart útlendingum og aðildarríkjunum veitt heimild til að setja skorður við stjórnmálaumsvifum þeirra. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt og þing Evrópuráðsins hefur farið þess á leit að það verði fellt úr gildi.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur að geyma ákvæði um heimild til að vísa útlendingum úr landi. Í 4. gr. samningsviðauka nr. 4 er lagt bann við því að hópar útlendinga séu gerðir landrækir. Í þessu felst að meta verður hvert mál sjálfstætt og því verður útlendingi ekki vísað úr landi af þeirri ástæðu einni að hann sé hluti af einhverjum hópi útlendinga. Í 1. gr. samningsviðauka nr. 7 eru síðan réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga. Þar segir að útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skuli ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög. Einnig skal útlendingi vera heimilt að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni, fá mál sitt tekið upp að nýju og fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi

eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir. Heimilt er þó að vísa útlendingi brott áður en hann neytir þessara réttinda þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

Í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er einnig vikið að réttindum útlendinga sem vísa á úr landi. Þar segir í 13. gr. að aðeins megi vísa úr landi útlendingi, sem er á löglegan hátt á landsvæði aðildarríkis, eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög og skal, nema þar sem brýnar ástæður vegna þjóðaröryggis krefjast annars, leyfast að skjóta ástæðum gegn brottvísuninni til lögbærs stjórnvalds eða manns eða manna sem sérstaklega eru til þess tilnefndir af því lögbæra stjórnvaldi, og fá mál sitt tekið til endurskoðunar og hafa málsvarnarmann í þessu skyni. Við fullgildingu samningsins var af Íslands hálfu gerður fyrirvari við þetta ákvæði að því leyti sem það var ekki í samræmi við gildandi lög um rétt útlendings til að koma að andmælum vegna ákvörðunar um brottvísun hans. Fallið var frá þessum fyrirvara á grundvelli breytinga á lögum um eftirlit með útlendingum með lögum nr. 133 31. desember 1993.

Í samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er vikið að réttindum útlendinga. Skv. 3. gr. samningsins skal ekkert aðildarríki vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum. Þegar ákveðið er hvort slíkar aðstæður séu fyrir hendi skulu þar til bær yfirvöld hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist gróf, augljós eða stórfelld mannréttindabrot.

3. Samstarf Norðurlandanna.

Norðurlöndin hafa um langa hríð haft með sér samvinnu um útlendingamálefni og landamæraeftirlit og hluti af því samstarfi er það sem nefnt hefur verið Norræna vegabréfasambandið. Í samstarfinu felst að sameiginlegar reglur gilda um réttindi norrænna ríkisborgara í löndunum og um réttarstöðu útlendinga sem ekki eru norrænir ríkisborgarar. Þetta samstarf hvílir á tveimur meginstoðum, en þær eru annars vegar bókun frá 22. maí 1954 um að leysa ríkisborgara annarra Norðurlanda undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu og hins vegar samningur frá 12. júlí 1957 um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna, ásamt viðbótarbókun frá 20. maí 1963, breytingum frá 27. júlí 1979 og viðaukum frá 2. apríl 1973 og 18. september 2000. Bókunin tók gildi að því er Ísland varðar 1. desember 1955 en samningurinn (sem gengur undir nafninu norræni vegabréfaeftirlitssamningurinn) 1. janúar 1966. Bókunin er birt sem fylgiskjal II með frumvarpinu og samningurinn með öllum breytingum og viðaukum sem fylgskjal III.

Bókunin og samningurinn eru grundvöllur að frjálsri för fólks á milli Norðurlandanna. Í því felst að ríkisborgarar Norðurlandanna eru undanþegnir vegabréfaskyldu og útlendingum, sem ekki eru norrænir ríkisborgarar, er leyft að ferðast beint frá einu landi til annars innan landanna á viðurkenndum landamærastöðvum án þess að vera háðir vegabréfaskoðun. Af þessu leiðir að vegabréfaskoðun fer eingöngu fram við norræn útmörk ríkjanna og þurfa bæði norrænir ríkisborgarar og ríkisborgarar annarra ríkja að sæta slíku eftirliti, sbr. 2. gr. samningsins. Þótt vegabréfaskoðun sé felld niður milli Norðurlandanna er ríkjunum heimilt að framkvæma úrtaksskoðun við landamæri sín og annars norræns ríkis, en í því felst að útlendingi verður gert að sýna vegabréf sitt og láta í té þær upplýsingar sem óskað er eftir, sbr. 8. gr.

Með því að fella niður vegabréfaskoðun við landamæri milli Norðurlanda hafa ríkin falið hvort öðru að framkvæma sameiginlega vegabréfaskoðun á norrænum landamærum gagnvart öðrum ríkjum. Þetta semeiginlega eftirlit hvílir á þeirri forsendu að hvert landanna skuldbindur

sig til að taka aftur við útlendingi sem ekki er norrænn ríkisborgari og hafna hefði átt af hlutaðeigandi ríki við útmörk þess ef útlendingurinn hefur ferðast án heimildar frá þessu ríki til annars norræns ríkis, sbr. 10. gr. samningsins. Einnig skuldbinda ríkin sig til að leyfa ekki útlendingi, sem annað norrænt ríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis, sbr. 9. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. samningsins segir að ríkin eigi að vísa burt við hin norrænu útmörk sín sérhverjum útlendingi sem:

a. ekki hefur í höndum gilt vegabréf eða önnur ferðaskilríki, sem hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum geta viðurkennt sem gilt vegabréf,
b. hvorki hefur nauðsynlegt leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki eða vinna þar, né slíkt leyfi í öðru norrænu ríki sem útlendingurinn ætlar að ferðast til,
c. álíta verður að hvorki hafi nægjanlegt fé til fyrirhugaðrar dvalar né heimferðar,
d. álíta verður að muni ekki vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt,
e. hefur áður verið dæmdur til fangelsisrefsingar og gera má ráð fyrir að muni fremja afbrot í norrænu ríki eða búast má við að muni fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða óleyfilegt fréttastarf í ríkjunum,
f. er í einhverju ríkjanna færður á skrá yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er ríkjunum einnig heimilt að hafna hvaða útlendingi sem er þegar af öðrum ástæðum á ekki að veita honum leyfi til að koma inn í eitt eða fleiri af ríkjunum.

Norræni vegabréfaeftirlitssamningurinn felur ekki í sér skyldu fyrir ríkin í einstökum tilvikum til að vísa útlendingi frá landi og fær engan veginn haggað því að hvert ríki fyrir sig tekur sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Hins vegar verða ríkin að haga löggjöf sinni í samræmi við 6. gr. samningsins og hafa hliðsjón af því ákvæði þegar tekin er ákvörðun um hvort útlendingi verði vísað frá landi.

Auk þess sem hér hefur verið rakið hefur samningurinn einnig að geyma nánari reglur um sameiginlegt eftirlit með útlendingum sem þurfa að hafa vegabréfsáritun, sbr. 2. og 4. gr., og um skyldu ríkjanna til að krefjast þess að útlendingar, sem dveljast í ríki lengur en þrjá mánuði, skuli sækja um dvalarleyfi, sbr. 5. gr. samningsins.

Vegna þátttöku Norðurlandanna í Schengen-samstarfinu gerðu ríkin með sér samkomulag sem undirritað var 18. september 2000 um viðauka við vegabréfaeftirlitssamninginn þar sem kveðið er á um frávik frá honum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum samkvæmt Schengen-samningnum. Í viðaukanum segir meðal annars að þrátt fyrir ákvæði f-liðar 1. mgr. 6. gr. samningsins geti samningsríki því aðeins vísað burt útlendingi, sem færður er á skrá annars samningsríkis yfir útlendinga sem vísað hefur verið úr landi, að útlendingurinn hafi jafnframt verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfið. Einnig segir að þrátt fyrir ákvæði 9. gr. samningsins geti samningsríki því aðeins meinað útlendingi, sem annað samningsríki hefur vísað úr landi, að koma án sérstaks leyfis að útlendingurinn hafi verið tilkynntur sem óæskilegur í Schengen-upplýsingakerfið. Þá er tekið fram í viðaukanum að túlka beri samninginn í samræmi við viðeigandi Schengen-reglur og frekari þróun þeirra. Breytingar eru þó ekki aðrar en nauðsynlegt er vegna Schengen-samstarfsins og rýmri ákvæði sem samrýmast Schengen-reglum standa óbreytt. Þannig er heimilt að leyfa útlendingi sem hefur dvalarleyfi í norrænu landi að njóta hagstæðari reglu við dvöl í öðru norrænu landi en útlendingi sem hefur dvalarleyfi í Schengen-landi sem ekki er norrænt. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir Schengen-samstarfinu og þeim skuldbindingum sem felast í þátttöku í því samstarfi á sviði löggjafar um málefni útlendinga.

4. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993, var samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið lögfestur. Á grundvelli samningsins njóta útlendingar sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum réttinda af ýmsu tagi hér á landi. Samningurinn hefur því mikil áhrif á réttarstöðu þeirra útlendinga sem falla undir samninginn.

Í 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins segir að markmið hans sé að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði. Til að ná þessu markmiði felur samstarfið í sér sex þætti og er einn þeirra frjálsir fólksflutningar, sbr. b-lið 2. mgr. sömu greinar. Frjálsir fólksflutningar eru reyndar einn hluti af hinu fjórþætta frelsi Evrópusambandsins (ESB) en það tekur að auki til frjáls flæðis vöru, þjónustu og fjármagns.

EES-samningurinn felur í sér að reglur ESB gilda um rétt launþega og sjálfstætt starfandi fólks til að flytja búferlum innan Evrópska efnahagssvæðisins og setjast að þar sem það getur hafið störf. Þessi réttur nær einnig til fjölskyldu viðkomandi, svo og þeirra sem látið hafa af störfum vegna aldurs og óska eftir að dvelja áfram þar sem þeir höfðu síðast stundað atvinnu. Þá nær þessi réttur einnig til námsmanna og fleiri. Ákvæði um þetta eru í 1.–3. kafla III. hluta samningsins og í V. og VIII. viðauka við samninginn.

Í 28. gr. EES-samningsins er fjallað um frjálsa för launþega en þar er því slegið föstu að slíkt frelsi skuli vera tryggt á EES-svæðinu. Þetta frelsi felur í sér afnám allrar mismununar launþega í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Á grundvelli þessa frelsis hefur launþegi meðal annars rétt til að þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram og fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkjanna, dvelja í ríkjunum í atvinnuskyni í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli um starfskjör ríkisborgara viðkomandi ríkis og loks að dvelja áfram í ríki eftir að hafa starfað þar. Nánari ákvæði um frelsi launþega til flutninga eru síðan í viðeigandi gerðum ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, en þær er að finna V. viðauka samningsins. Einni af þessum gerðum, reglugerð nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE, eins og henni var breytt með EES-samningnum, var veitt lagagildi hér á landi með lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993.

Í 29. gr. samningsins er fjallað um réttindi launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til almannatrygginga. Þetta ákvæði miðar að því að greiða fyrir frjálsum fólksflutningum, en mikilvæg forsenda fyrir slíku frelsi er að réttur til almannatrygginga glatist ekki við búferlaflutninga milli landa. Einnig eru ákvæði í 30. gr. til að auðvelda frjálsa fólksflutninga, en þar segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

EES-samningurinn felur í sér heimild fyrir borgara aðildarríkjanna til að setjast að og hefja atvinnurekstur hvar sem er á EES-svæðinu. Um svokallaðan staðfesturétt er fjallað í 31.–35. gr. EES-samningsins en sá réttur nær bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin. Innan ramma ákvæða EES-samningsins skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sbr. 31. gr. samningsins. Í VIII. viðauka samningsins er að finna þær gerðir ESB sem gilda um staðfesturétt og hafa verið teknar upp í EES-samninginn.

Í 36.–39. gr. EES-samningsins er fjallað um frelsi ríkisborgara aðildarríkjanna til að veita þjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkis, enda þótt viðkomandi hafi staðfestu í öðru aðildarríki. Skv. 37. gr. samningsins er þeim sem veitir þjónustu heimilt að stunda starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum. Með þjónustu í skilningi ákvæðisins er einkum átt við starfsemi á sviði iðnaðar, viðskipta, starfsemi handverksmanna og sérfræðistörf.

5. Schengen-samstarfið.

Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu byggist á samningi milli Evrópusambandsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar um þátttöku síðargreindu landanna í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999. Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 26. maí 2000 að undangengnu samþykki Alþingis. Í athugasemdum með þingsályktunartillögu þess efnis er ítarlega fjallað um Schengen-samstarfið. Framkvæmd samstarfsins á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum hófst 25. mars 2001, svo sem áður er getið.

Kjarni Schengen-samstarfsins felst í því að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri þátttökuríkjanna og fella niður persónueftirlit með einstaklingum á ferð milli ríkjanna. Schengen-samstarfið tekur einnig til annarra málefna á sviði útlendingalöggjafar og má þar helst nefna samræmingu á persónueftirliti á ytri landamærum þátttökuríkjanna, samvinnu um vegabréfsáritanir, sem meðal annars felur í sér að samræmd áritun gildir á öllu Schengen-svæðinu, og sameiginlegar reglur um vissa þætti málsmeðferðar vegna beiðni um hæli.

Í Schengen-samstarfinu hafa ítarlegar reglur verið settar um landamæraeftirlit og önnur málefni sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra. Þessi ákvæði er einkum að finna í II. bálki (2.–38. gr.) samnings frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 (hér eftir nefndur Schengen-samningurinn), en sá bálkur ber heitið „Afnám eftirlits á innri landamærum og för fólks“. Bálkurinn skiptist í sjö kafla og verður hér gerð grein fyrir efni hans í grófum drættum. Þessi hluti samningsins er birtur sem fylgiskjal IV með frumvarpinu að undanskildum 7. kafla sem gildir ekki gagnvart Íslandi. Auk Schengen-samningsins hafa ýmsar aðrar Schengen-gerðir þýðingu varðandi málefni á sviði útlendingalöggjafar og verður gerð grein fyrir þeim á viðeigandi stöðum í frumvarpinu.

Um 1. kafla – farið yfir innri landamæri.

Samkvæmt 2. gr. samningsins er heimilt að fara yfir innri landamæri ríkjanna hvar sem er án þess að persónueftirliti sé framfylgt. Þegar allsherjarregla og þjóðaröryggi krefst þess getur ríki þó ákveðið, að höfðu samráði við önnur þátttökuríki, að taka tímabundið upp landamæraeftirlit á innri landamærum í samræmi við tilefni. Ef bregðast þarf við af þessum sökum án tafar skal gripið til nauðsynlegra ráðstafana og öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um þær svo fljótt sem unnt er.

Þótt fella beri niður persónueftirlit á innri landamærum hefur samningurinn hvorki áhrif á heimildir ríkja til löggæslu innan eigin landamæra né skyldu einstaklinga til að hafa meðferðis og framvísa leyfum og skilríkjum í samræmi við reglur hlutaðeigandi ríkis.

Um 2. kafla – farið yfir ytri landamæri.

Þegar farið er yfir ytri landamæri skal það gert á landamærastöðvum og á ákveðnum afgreiðslutímum. Skuldbinda þátttökuríkin sig til að taka upp viðurlög ef farið er í heimildarleysi yfir ytri landamæri utan landamærastöðva og afgreiðslutíma þeirra, sbr. 3. gr. samningsins.

Samkvæmt 4. gr. samningsins skulu flugfarþegar, sem koma til þátttökuríkis frá þriðja ríki, sæta persónueftirliti og eftirliti með handfarangri áður en þeir skipta yfir í innansvæðisflug. Einnig skulu farþegar, sem koma með flugi innan Schengen-svæðisins, sæta sama eftirliti við brottför úr flughöfn þaðan sem flogið er til þriðja ríkis.

Í 1. mgr. 5. gr. samningsins er að finna heimild til að veita útlendingi leyfi til að koma inn og dvelja á Schengen-svæðinu í allt að þrjá mánuði ef hann hefur gild skilríki sem veita heimild til að fara yfir landamæri og gilda vegabréfsáritun ef þess er krafist. Einnig þarf útlendingur að geta lagt fram viðhlítandi gögn til staðfestingar á tilgangi dvalar og að hann hafi nægjanleg fjárráð til að geta séð fyrir sér meðan á dvöl stendur. Enn fremur þarf útlendingur að geta greitt fargjald til heimaríkis eða þriðja ríkis þar sem honum hefur verið tryggður aðgangur. Loks má útlendingur ekki koma inn á Schengen-svæðið ef hann er á skrá yfir þá sem synja á um komu eða af honum stafar ógnun við allsherjarreglu, þjóðaröryggi eða alþjóðasamskipti einhvers þátttökuríkjanna. Ef útlendingur fullnægir ekki þeim skilyrðum sem hér hafa verið rakin skal honum synjað um komu inn á Schengen-svæðið nema þátttökuríki telji nauðsynlegt að víkja frá þessum skilyrðum af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga. Er þá heimild til komu inn á Schengen-svæðið bundin við hlutaðeigandi ríki og skal öðrum þátttökuríkjum tilkynnt um slíka ákvörðun, sbr. 2. mgr. 5. gr. Í 3. mgr. segir síðan að útlendingi, sem hefur dvalarleyfi eða vegabréfsáritun til endurkomu sem þátttökuríki hefur gefið út, eða hvorutveggja ef það á við, skuli heimilað að fara um annað þátttökuríki, sem komið er til frá þriðja ríki, nema það ríki hafi lýst viðkomandi útlending óæskilegan.

Á ytri landamærum skal persónueftirliti framfylgt af þar til bærum yfirvöldum samkvæmt samræmdum reglum og innlendri löggjöf með sameiginlega hagsmuni allra þátttökuríkjanna að leiðarljósi. Við eftirlitið skulu ekki aðeins ferðaskilríki sannprófuð heldur ber einnig að rannsaka atriði sem geta falið í sér ógnun við þjóðaröryggi og allsherjarreglu þátttökuríkjanna. Við komu skulu allir sæta eftirliti með ferðaskilríkjum, en eftirlit með útlendingum skal vera ítarlegra. Allir útlendingar skulu einnig sæta eftirliti við brottför. Þegar sérstakar aðstæður hamla eftirliti skal forgangsraðað og þá skal eftirlit með komu hafa forgang fram yfir eftirlit með brottför, sbr. 6. gr. samningsins.

Í 7. gr. samningsins segir að þátttökuríkin skuli aðstoða hvert annað og hafa nána og stöðuga samvinnu við að halda uppi öflugu eftirliti. Skulu þau meðal annars skiptast á mikilvægum upplýsingum um annað en nafngreinda einstaklinga, nema til þess standi heimild, og samræma fyrirmæli til þeirra yfirvalda sem sinna eftirliti og stuðla að samræmdri þjálfun eftirlitsmanna.

Um 3. kafla – vegabréfsáritanir.

Samkvæmt 9. gr. samningsins skuldbinda þátttökuríkin sig til að fylgja sameiginlegri stefnu í málefnum sem varða för fólks og þá sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir.

Taka skal upp samræmda vegabréfsáritun sem gildir á öllu Schengen-svæðinu og má gefa út slíka áritun til dvalar í allt að þrjá mánuði, sbr. 10. gr. samningsins. Vegabréfsáritun gildir fyrir eina eða fleiri komur inn á svæðið, en hvorki samanlagður né samfelldur dvalartími má vera lengri en þrír mánuðir á hálfs árs tímabili miðað við þann dag þegar fyrst er komið inn á svæðið. Einnig er heimilt að gefa út vegabréfsáritun vegna gegnumferðar sem veitir handhafa heimild til þess að fara einu sinni, tvisvar eða oftar í undantekningartilvikum um Schengen-svæðið til þriðja ríkis, enda taki gegnumferðin að hámarki fimm daga, sbr. 11. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun skal gefin út af sendiráðum eða ræðisskrifstofum þátttökuríkjanna. Það ríki, sem för er heitið til, skal gefa út vegabréfsáritun. Þegar ákvörðunarstaður verður ekki ákveðinn fyrir fram skal áritun gefin út af því þátttökuríki sem fyrst er komið til, sbr. 12. gr. samningsins.

Samkvæmt 13. gr. samningsins skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem fallin eru úr gildi. Þau skulu einnig hafa lengri gildistíma en vegabréfsáritunin og skal tekið tillit til þess hve lengi má fresta því að nota áritunina. Enn fremur skal gildistími ferðaskilríkja vera nægilega langur til að útlendingur geti snúið aftur til heimaríkis eða þriðja ríkis. Þá skal ekki setja vegabréfsáritun í ferðaskilríki sem ekki gilda hjá neinu þátttökuríki. Ef ferðaskilríki gilda aðeins hjá einu eða nokkrum þátttökuríkjum skal áritunin takmörkuð við það eða þau ríki, sbr. 14. gr. samningsins.

Vegabréfsáritun má að meginreglu ekki gefa út nema útlendingur fullnægi skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, sbr. 15. gr. samningsins. Þó getur þátttökuríki vikið frá þessu af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, en þá takmarkast vegabréfsáritunin við yfirráðasvæði viðkomandi þátttökuríkis og skal það gera öðrum ríkjum grein fyrir þessari ákvörðun, sbr. 16. gr. samningsins.

Samkvæmt 18. gr. samningsins skulu vegabréfsáritanir til lengri dvalar en þriggja mánaða gefnar út í samræmi við löggjöf hvers þátttökuríkis. Slík vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir útlending til gegnumferðar um önnur þátttökuríki til þess ríkis sem gaf út áritunina nema hann fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið eða sé á skrá yfir óæskilega útlendinga hjá því þátttökuríki sem farið er um.

Um 4. kafla – skilyrði fyrir för útlendinga.

Útlendingur, sem er handhafi samræmdrar vegabréfsáritunar á Schengen-svæðinu og hefur komið löglega inn á svæðið, getur ferðast frjálst um yfirráðavæði allra þátttökuríkjanna meðan vegabréfsáritunin er í gildi að því tilskildu að hann fullnægi komuskilyrðum, sbr. 19. gr. samningsins. Þeir útlendingar, sem eru undanþegnir skyldu til að afla vegabréfsáritunar, geta hins vegar ferðast frjálst um þátttökuríkin í allt að þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá því að þeir komu fyrst inn á svæðið ef þeir fullnægja skilyrðum fyrir komu, sbr. 20. gr. samningsins. Þá er útlendingum með gild ferðaskilríki og dvalarleyfi, sem gefið er út af þátttökuríki, heimilt að ferðast um yfirráðasvæði annarra þátttökuríkja í þrjá mánuði, enda fullnægi þeir skilyrðum fyrir komu og séu ekki á innlendri skrá viðkomandi þátttökuríkis um óæskilega útlendinga, sbr. 21. gr. samningsins.

Samkvæmt 22. gr. samningsins er útlendingi, sem kemur löglega til Schengen-ríkis, skylt að tilkynna sig hjá þar til bærum yfirvöldum eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi ríki. Slík tilkynningarskylda getur verið við komu eða innan þriggja virkra daga frá komu. Þessi skylda tekur einnig til útlendinga sem búsettir eru í einu af þátttökuríkjunum og ferðast til annars þátttökuríkis. Undantekningar frá þessum reglum um tilkynningarskyldu ákveður hvert þátttökuríki fyrir sig.

Útlendingur, sem fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir stuttri dvöl í þátttökuríki, skal tafarlaust yfirgefa Schengen-svæðið. Hafi viðkomandi útlendingur dvalarleyfi eða bráðabirgðadvalarleyfi útgefið af öðru þátttökuríki skal hann tafarlaust fara til þess ef hann yfirgefur ekki svæðið. Ef útlendingur fer ekki sjálfviljugur úr landi eða ætla má að hann muni ekki fara úr landi, eða hann verður að yfirgefa landið tafarlaust vegna þjóðaröryggis eða allsherjarreglu, skal í samræmi við lög viðkomandi þátttökuríkis vísa honum úr landi til heimaríkis hans eða annars ríkis sem veitir honum viðtöku. Þetta hefur ekki áhrif á rétt þátttökuríkjanna til að beita eigin löggjöf um hæli eða reglum samningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, sbr. 23. gr. Schengen-samningsins.

Um 5. kafla – dvalarleyfi og skráning þegar synja á um komu.

Þegar til stendur að gefa út dvalarleyfi til útlendings sem er á skrá yfir þá sem meina á komu inn á Schengen-svæðið skal viðkomandi þátttökuríki fyrir fram hafa samráð við það þátttökuríki sem stendur að þeirri skráningu og taka tillit til hagsmuna þess. Í þessum tilvikum skal dvalarleyfi ekki veitt nema ríkar ástæður mæli með, svo sem mannúðarástæður eða ástæður sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum. Ef dvalarleyfi er gefið út skal það ríki, sem skráð hefur útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla þá skráningu en getur þess í stað fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Ef útlendingur, sem hefur undir höndum gilt dvalarleyfi útgefið af þátttökuríki, er á skrá yfir þá sem meina á komu á svæðið skal það ríki sem skráð hefur viðkomandi útlending hafa samráð við það ríki sem gaf út dvalarleyfið um hvort fullnægjandi ástæður séu til að afturkalla dvalarleyfið. Verði leyfi ekki afturkallað skal ríki, sem skráði útlendinginn óæskilegan á Schengen-svæðinu, afturkalla skráninguna en getur fært hann á landsskrá yfir útlendinga sem meina ber landgöngu.

Um 6. kafla – viðbótarráðstafanir.

Með fyrirvara um þær skuldbindingar sem leiðir af flóttamannasamningnum skuldbinda þátttökuríkin sig til að lögfesta reglur um að sá sem í atvinnuskyni flytur útlending sem synjað er um komu inn á Schengen-svæðið að ytri landamærum beri ábyrgð á honum og skuli flytja hann til baka ef þess er krafist. Einnig skuldbinda þátttökuríkin sig til að mæla fyrir um viðurlög á hendur þeim sem í atvinnuskyni flytur útlending til svæðisins frá þriðja ríki án þess að hann hafi viðhlítandi ferðaskilríki undir höndum, sbr. 26. gr. samningsins. Þá skuldbinda ríkin sig til að taka upp viðeigandi viðurlög gegn þeim sem í hagnaðarskyni aðstoðar eða reynir að aðstoða útlending við að komast til þátttökuríkis eða dvelja þar í andstöðu við lög hlutaðeigandi ríkis, sbr. 27. gr. samningsins.

Um 7. kafla – ábyrgð á meðferð beiðna um hæli.

Í þessum kafla er fjallað um hvaða þátttökuríki ber ábyrgð á meðferð beiðni um hæli sem lögð er fram á Schengen-svæðinu. Með samningi milli aðildarríkja Evrópusambandsins um sama efni, sem undirritaður var í Dyflinni 15. júní 1990, hefur þessi kafli Schengen-samningsins verið leystur af hólmi. Því er tekið fram í 1. hluta viðauka A við Brussel-samninginn um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna að ákvæði kaflans gildi ekki gagnvart löndunum. Þess í stað er gert ráð fyrir því í 7. gr. samningsins að sérstaklega verði samið milli Evrópusambandsins og landanna tveggja um ábyrgð á meðferð hælisbeiðna en slíkt samkomulag var forsenda fyrir þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Samningur þess efnis var síðan gerður milli Evrópubandalagsins annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar og undirritaður í Brussel 19. janúar 2001. Samningurinn var síðan fullgiltur af Íslands hálfu 28. febrúar sama ár. Hér á eftir er gerð grein fyrir efni Dyflinnarsamningsins en sá samningur og samningur Evrópubandalagsins við Ísland og Noreg eru birtir sem fylgiskjöl V og VI með frumvarpinu.

6. Dyflinnarsamningurinn.

Dyflinnarsamningurinn hefur að geyma ákvæði um í hvaða ríki eigi að fjalla um umsókn um hæli þegar vafi leikur á hvar slík umsókn skuli tekin til meðferðar. Samningnum er ætlað að tryggja að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna og fyrirbyggja að umsækjandi verði sendur frá einu aðildarríki til annars án þess að nokkurt þeirra viðurkenni ábyrgð sína á meðferð

umsóknar. Með samningnum er því bætt réttarstaða þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu.

Samkvæmt Dyflinnarsamningnum skal aðeins eitt ríki bera ábyrgð á meðferð beiðni um hæli. Í 4.–8. gr. samningsins eru nákvæmlega afmörkuð þau atriði sem ráða því hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðni hverju sinni. Einnig getur hvert aðildarríki tekið umsókn til meðferðar þótt því sé það ekki skylt, enda samþykki umsækjandi það. Þá færist ábyrgð á meðferð beiðni til þess ríkis.

Komi fram beiðni um hæli í ríki sem ekki ber ábyrgð á meðferð málsins getur það óskað eftir því að umækjandi verði fluttur til ríkis þar sem taka ber málið til meðferðar. Skylt er að verða við slíkum tilmælum ef beiðni þar að lútandi berst innan sex mánaða frá því að beiðni um hæli var móttekin, sbr. 10. og 11. gr. samningsins. Einnig ber ríki sem ber ábyrgð á máli að taka aftur við umsækjanda um hæli eða útlendingi sem synjað hefur verið um hæli ef sá sem í hlut á dvelur ólöglega í öðru aðildarríki, sbr. 10. og 13. gr. samningsins.

Um meðferð á beiðni um hæli fer eftir reglum þess ríkis sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar.

Samkvæmt 15. gr. samningsins skulu aðildarríkin senda öðru aðildarríki eftir beiðni þær upplýsingar um einstök mál sem nauðsynlegar eru til að kanna hvort ríki beri ábyrgð á meðferð máls og til að meta umsókn um hæli. Þetta tekur bæði til upplýsinga um persónulega hagi umsækjanda og um þær ástæður sem hann færði fyrir umsókn sinni. Einnig ber að veita upplýsingar um rökstuðning fyrir þeim ákvörðunum sem ríki kann að hafa tekið í máli viðkomandi umsækjanda.

Í öllum tilvikum er miðlun upplýsinga háð samþykki umsækjanda og má aðeins fara fram milli þeirra stjórnvalda sem aðildarríkin hafa tilnefnt. Þá verður upplýsingum sem hefur verið miðlað einungis miðlað áfram til stjórnvalda og dómstóla sem ákveða hvaða ríki ber ábyrgð á beiðni og meta umsókn um hæli eða skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Ríki sem miðlar upplýsingum skal sjá um að þær séu nákvæmar og uppfærðar. Komi í ljós að aðildarríki hafi veitt ónákvæmar upplýsingar eða upplýsingar sem ekki hefði átt að veita skal viðkomandi ríki sem tók við upplýsingum skýrt frá því. Ber ríkjunum að leiðrétta þessar upplýsingar eða eyða þeim.

Umsækjandi um hæli á samkvæmt beiðni rétt á að fá í hendur þær upplýsingar sem veittar hafa verið um hann meðan þær eru tiltækar. Ef hann sýnir fram á að þessar upplýsingar séu rangar eða ekki hafi átt að miðla þeim getur hann krafist þess að upplýsingar verði leiðréttar eða þeim eytt.

Upplýsingar skulu ekki geymdar lengur en nauðsyn krefur með hliðsjón af tilgangi upplýsingaskipta. Viðkomandi aðildarríki skal þegar við á athuga nauðsyn þess að varðveita upplýsingar.

Upplýsingar sem hefur verið miðlað skulu að minnsta kosti njóta sömu verndar og sambærilegar upplýsingar í því ríki sem við upplýsingum tekur.

IV.

Meðal helstu atriða frumvarpsins má nefna:

- Lagt er til að Útlendingaeftirlitið fái nýtt heiti, Útlendingastofnun.
- Reglur um komu- og brottfarareftirlit eru samræmdar Schengen-reglum.
- Miðað er við að veita megi útlendingi dvalarleyfi og að endurnýja megi slík leyfi. Eftir þriggja ára samfellda búsetu er heimilt að gefa út búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi.
- Ákvæði eru um dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

- Ákvæði eru um bráðabirgðadvalarleyfi á meðan hælisbeiðni er til meðferðar eða ef endanleg synjun um hæli eða dvalarleyfi kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu.
- Ákvæði eru um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta.
- Ákvæði eru sem tryggja eiga rétt nánustu aðstandenda útlendings með dvalarleyfi eða búsetuleyfi til að fá dvalarleyfi.
- Ákvæði eru um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis.
- Ítarleg ákvæði eru um frávísun og um brottvísun.
- Lögregla getur vísað útlendingi frá landi allt að sjö sólarhringum eftir landgöngu og Útlendingastofnun þótt lengri tími líði.
- Ekki má vísa útlendingi sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér óslitið lögheimili frá landi, né heldur vísa honum úr landi.
- Takmarkanir eru á heimild til að vísa þeim sem hefur búsetuleyfi frá landi eða úr landi.
- Að jafnaði má ekki vísa útlendingi úr landi ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum við landið mundi leiða til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir hann eða nánustu ættingja hans.
- Leiðbeina skal útlendingi sem vísa skal frá landi eða úr landi, ef afturkalla á leyfi eða ef hann sækir um hæli um rétt hans til að ráða sér á eigin kostnað lögmann eða annan fulltrúa, að fá sér skipaðan talsmann þegar það á við og um að hafa samband við fulltrúa heimaríkis síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.
- Ákvæði eru um miðlun upplýsinga úr landi.
- Ákvæði eru um heimild til að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færslu fingrafara í fingrafarabanka.
- Ákvæði eru um skipun talsmanns fyrir dómi, svo sem þegar krafist er gæsluvarðhalds, og um skipun talsmanns þegar kærð er ákvörðun um frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli, svo og um ábyrgð ríkissjóðs á þeim kostnaði.
- Ákvæði eru um ábyrgð á kostnaði við brottflutning.
- Sérstakur kafli er um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn.

Frumvarpið skiptist í níu kafla. Efnisskipan frumvarpsins og helstu nýmæli eru þessi:

Í I. kafla eru almenn ákvæði, um gildissvið og tilgang, svo og ákvæði um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Í II. kafla eru almennar reglur um komu og brottför. Í kaflanum eru reglur um vegabréfaeftirlit, vegabréf og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Í III. kafla eru reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi dvalarleyfi, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði dvalarleyfis, meðal annars um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, endurnýjun dvalarleyfis, um búsetuleyfi og afturköllun leyfa. Þar eru og ákvæði um dvalarleyfi fyrir aðstandendur og um tilkynningarskyldu. Þá eru þar ákvæði um dvalarleyfi vegna sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflótta og um sérstakt bráðabirgðadvalarleyfi.

Í IV. kafla eru reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en að gildandi lögum um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi.

Í V. kafla eru reglur um meðferð mála en í gildandi lögum eru fá ákvæði um málsmeðferð. Þannig eru þar ákvæði um andmælarétt, leiðbeiningarskyldu, miðlun upplýsinga úr landi, vanhæfi, öflun sönnunargagna fyrir dómi, rannsóknarúrræði, kæruheimild, hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda og um framkvæmd ákvörðunar og loks um réttaraðstoð.

Í VI. kafla eru sérreglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Um er að ræða reglur um dvalarleyfi og um synjun landgöngu og brottvísun EES-út-

lendinga. Reglur um þetta efni eru nú í sérstakri reglugerð um dvöl útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi. Eðlilegt þykir að meginákvæði um þetta efni verði í lögum.

Í VII. kafla er að finna reglur um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn. Ákvæði þessi eru verulega ítarlegri en í gildandi lögum, til dæmis er flóttamannahugtakið skilgreint. Í kaflanum eru ákvæði um vernd gegn ofsóknum, um rétt til hælis, réttaráhrif hælis, ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga og um flóttamannahópa.

Í VIII. kafla er að finna ýmis ákvæði. Þar eru sérákvæði vegna öryggis ríkisins, um upplýsinga- og tilkynningarskyldu, um vinnslu persónuupplýsinga og um ábyrgð á kostnaði og refsiákvæði.

IX. kafli hefur loks að geyma almenna reglugerðarheimild og ákvæði um gildistöku.

V.

Til að gefa gleggri mynd af málefnum útlendinga hér á landi hefur Útlendingaeftirlitið tekið saman ýmsar tölfræðilegar upplýsingar. Í þeim upplýsingum kemur fram fjöldi erlendra farþega til landsins og hve margir af þeim voru áritunarskyldir, fjöldi útgefinna dvalarleyfa, fjöldi synjana um vegabréfsáritun og landgöngu og fjöldi brottvísana á árunum 1990–2000. Einnig kemur fram fjöldi erlendra ríkisborgara með búsetu hér á landi á árunum 1981–2000.

Tafla 1. Fjöldi erlendra farþega til landsins.



Tafla 2. Fjöldi áritunarskyldra farþega til landsins.



Tafla 3. Fjöldi útgefinna dvalarleyfa.



Tafla 4. Fjöldi synjana um vegabréfsáritun.



Tafla 5. Fjöldi synjana um landgöngu.



Tafla 6. Fjöldi brottvísana.



Tafla 7. Fjöldi erlendra ríkisborgara með búsetu á Íslandi.



Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði, um gildissvið nýrra laga og um tilgang þeirra, auk ákvæðis um hverjir skuli annast framkvæmd laganna.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið laganna. Ákvæðum laganna er ætlað að gilda um yfirráðasvæði hins íslenska ríkis en þó fyrst og fremst landið sjálft þar sem um er að ræða ákvæði um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum voru með stjórnarskipunarlögum, nr. 97 28. júní 1995, sett ákvæði í 2. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar um að rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hverjar sakir sé hægt að vísa þeim úr landi, skuli skipað með lögum. Í athugasemdum við þetta ákvæði í frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna segir að með þessu sé fyrst og fremst lögð skylda á löggjafann að setja lög til að girða fyrir að framkvæmdarvaldið hafi ákvörðunarvald um þessi efni án skýrra lögákveðinna skilyrða. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þennan áskilnað stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. segir að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér. Ákvæðið nefnir ekki för úr landi. Er skýringin á því sú að skv. 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar verður engum meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara. Þó má stöðva brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Þetta kemur hins vegar ekki í veg fyrir að settar séu reglur um eftirlit með brottför úr landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. kemur fram að ákvæðunum er ætlað að gilda um útlendinga, en útlendingur telst hver sá sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. lög nr. 100 23. desember 1952. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir að mismunandi reglur gildi um einstaka flokka útlendinga. Þannig hafa ýmis ákvæði frumvarpsins að geyma sérreglur um norræna ríkisborgara. Þá leiðir af aðild Íslands að þjóðréttarsamningum, annars vegar samningi um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971, og hins vegar samningi um ræðissamband frá 24. apríl 1963, sbr. lög nr. 4 24. febrúar 1978, að ákvæðin geta ekki nema að hluta til náð til útlendinga sem eru starfsmenn sendiráða eða sendiræðisskrifstofa eða fjölskyldna þeirra. Sama er um aðra útlendinga sem njóta úrlendisréttar. Sérreglur gilda um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna samkvæmt viðbæti við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110 19. desember 1951. Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda og sérreglur sem fram koma í VI. kafla, sbr. 2. mgr.

Með 3. mgr. er lögð áhersla á að íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum. Þannig segir í 4. gr. að hver sá sem kemur til landsins skuli gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið. Þá verður tilkynningarskylda lögð á íslenska ríkisborgara skv. 54. gr. og refsiábyrgð skv. 57. gr.

Í 4. mgr. er tekið fram að íslensk skip í siglingum erlendis falli ekki undir gildissvið laganna. Lögin gilda hins vegar um íslensk skip sem verið hafa í siglingum erlendis þegar þau koma til íslenskrar hafnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er tilgangi laganna lýst. Í 1. mgr. segir að lögunum sé ætlað að veita heimild til að halda uppi nauðsynlegu eftirliti með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi. Útlendingur á að þjóðarétti ekki rétt til að flytja inn í annað land til að setjast þar að. Um það fer þá eftir landslögum. Stjórnvöldum er þannig nauðsyn að hafa stjórn á og eftirlit með flutningi útlendinga til landsins. Skal þetta gert í samræmi við stefnu stjórnvalda

hverju sinni. Stefna stjórnvalda mundi meðal annars koma fram í þeim reglum sem settar verða um framkvæmd laga um útlendinga. Stefnan getur varðað almennar takmarkanir á komu útlendinga til landsins. Hún getur einnig varðað takmarkanir á komu til landsins sérstaklega með hliðsjón af vinnuaflsþörf í landinu, svo og tekið mið af almennri stefnu í utanríkismálum eða af atriðum sem varða öryggi ríkisins. Frumvarpið hefur þannig að geyma sérstakan kafla um komu og brottför (II. kafla), auk annarra ákvæða um þetta efni, til dæmis III. kafla um dvöl og búsetu og ákvæða um brottvísun. Gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er lögunum ætlað að kveða á um réttarstöðu útlendinga sem falla undir þau. Þannig eru í V. kafla ítarlegar reglur um málsmeðferð sem meðal annars kveða á um leiðbeiningarskyldu, um skipun réttargæslumanns eða talsmanns og um réttaraðstoð.

Um 3. gr.

Í greininni er tiltekið hverjir skuli annast framkvæmd laganna og hvernig verkaskiptingu milli þeirra skuli háttað. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi. Nauðsynlegt verður að setja reglur er kveði nánar á um heimild útlendinga til að koma til landsins, hvaða skilyrðum þeir þurfi að fullnægja í því sambandi o.s.frv. Þessar reglur og beiting þeirra mundu taka mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni að því er varðar heimild útlendinga til að koma til landsins, dveljast hér á landi og starfa, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður framkvæmd laganna einkum í höndum Útlendingastofnunar og lögreglunnar. Útlendingastofnun er nýtt heiti á Útlendingaeftirlitinu sem þykir betur hæfa hlutverki stofnunarinnar. Af öðrum stjórnvöldum sem koma að framkvæmd laganna má nefna að gert er ráð fyrir að sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum verði ætlað að taka á móti umsóknum um vegabréfsáritun og dvalarleyfi og gefa út áritanir að fenginni heimild Útlendingastofnunar, svo sem verið hefur. Sendiráðum, fastanefndum og ræðismönnum kann einnig að verða heimilað að taka ákvörðun um útgáfu vegabréfsáritana, sbr. 5. mgr. 6. gr. Utanríkisráðuneytið sjálft hefur einnig hlutverki að gegna, svo sem að því er varðar erlenda stjórnarerindreka, við gerð milliríkjasamninga um afnám vegabréfsáritana og við framkvæmd reglna um vegabréfsáritanir. Þá sinna bæði utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið málum sem varða flóttamenn, auk þess sem félagsmálaráðuneytið fer með mál er varða atvinnuréttindi útlendinga.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 96 31. desember 1969, fer utanríkisráðuneytið með mál er varða framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, „þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu“, sbr. lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., nr. 106 17. desember 1954. Utanríkisráðherra fer þannig með mál er varða málefni útlendinga vegna framkvæmdar varnarsamningsins.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kveði á um starfssvið einstakra stofnana að því leyti sem lögin kveða ekki á um það, svo sem að því er varðar tengsl Útlendingastofnunar, lögreglunnar og utanríkisþjónustunnar.

Um II. kafla.

Í II. kafla er að finna almennar reglur um komu til landsins og brottför. Í kaflanum eru ákvæði um vegabréfaeftirlit, vegabréfaskyldu og vegabréfsáritanir, svo og ákvæði um áhafnir skipa og loftfara.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um vegabréfaeftirlit. Gert er ráð fyrir að slíku eftirliti verði hagað í samræmi við þær reglur sem gilda innan Schengen-samstarfsins.

Samkvæmt 1. mgr. skal hver sá sem kemur til landsins þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Sama skylda hvílir einnig á þeim sem fer af landi brott. Þessi skylda hvílir ekki aðeins á útlendingum heldur einnig íslenskum ríkisborgurum. Ákvæðið tekur mið af 6. gr. Schengen-samningsins sem gerir ráð fyrir eftirliti á landamærum bæði við komu og brottför af Schengen-svæðinu. Eftirlitinu ber að haga í samræmi við þá grein samningsins en í grófum dráttum má segja að það feli í sér athugun á því hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir komu og brottför af Schengen-svæðinu. Þessi könnun á meðal annars að taka tillit til þess hvort fyrir hendi sé eitthvert þeirra atriða sem leiða á til þess að útlendingi verði vísað frá við komu til landsins, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Eftirlit samkvæmt þessari grein á við um ytri landamæri Schengen-svæðisins og gildir því gagnvart þeim sem koma frá ríkjum sem ekki taka þátt í því samstarfi. Beinlínis er tekið fram að eftirlitið eigi ekki við um þá sem fara yfir innri landamæri Schengen-svæðisins og er hér fylgt ákvæðum 1. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins um að persónueftirliti skuli ekki framfylgt við för yfir innri landamæri. Með innri landamærum er átt við sameiginleg landamæri þátttökuríkjanna á landi, svo og flughafnir fyrir innanlandsflug og hafnir fyrir reglubundnar ferjusiglingar sem eru eingöngu á milli hafna á yfirráðasvæðum þátttökuríkjanna án viðkomu í höfnum sem eru utan þessara yfirráðasvæða, sbr. skilgreiningu í 1. gr. samningsins. Frá tilkynningarskyldu má að öðru leyti víkja með reglum sem dómsmálaráðherra setur. Slík undanþága gæti til dæmis náð til þeirra sem eru í áhöfn skips eða loftfars og láta ekki af starfi, sbr. 7. gr. Afnám persónueftirlits á innri landamærum hefur hins vegar engin áhrif á tollgæslu þar sem 4. mgr. 2. gr. samningsins um eftirlit með vörum gildir ekki gagnvart Íslandi og Noregi, sbr. 1. hluta viðauka A við Brussel-samning um þátttöku Íslands og Noregs í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerða frá 18. maí 1999.

Í 2. mgr. segir að koma til landsins og för úr landi skuli fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Þetta ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 3. gr. Schengen-samningsins og í samræmi við gildandi reglur, sbr. reglugerð um landamærastöðvar og tilkynningarskyldu flytjenda, nr. 223/2001. Lagt er til að víkja megi frá reglum um landamærastöðvar og afgreiðslutíma með leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Einnig er tekið fram í samræmi við 1. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins að fara megi yfir innri landamæri svæðisins utan viðurkenndra landamærastöðva. Sú heimild breytir hins vegar engu um tollgæslu á landamærum og er það sérstaklega áréttað.

Samkvæmt 3. mgr. setur dómamálaráðherra nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit, sbr. 6. gr. Schengen-samningsins, svo og um undantekningu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. og er þá höfð hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. Schengen-samningsins sem felur í sér heimild til að taka upp tímabundið persónueftirlit á innri landamærum vegna allsherjarreglu eða þjóðaröryggis. Einnig er gert ráð fyrir að settar verði reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að ferðamenn hafi gild ferðaskilríki.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um skyldu útlendinga til að hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki við komu til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Undanþágu frá vegabréfaskyldu getur leitt af samningum við önnur ríki, sbr. samkomulag Norðurlandanna frá 1954 um það efni.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þurfi að fullnægja til að teljast gilt til ferðar til landsins og dvalar.

Helstu kröfur sem gerðar eru til vegabréfs eru að það sé gefið út af þar til bæru yfirvaldi í því ríki sem handhafinn er ríkisborgari, að það veiti handhafa þess rétt til að koma aftur til útgáfuríkisins eða þriðja ríkis og að það hafi að geyma fullnægjandi upplýsingar svo að greina megi hver handhafi þess er. Þá þarf vegabréf að bera með sér að það sé í gildi. Ýmis önnur ferðaskilríki eru viðurkennd sem ferðaskilríki í stað vegabréfs, svo sem kennivottorð gefin út af ýmsum ríkjum á meginlandi Evrópu. Samkvæmt EES-samningnum er skylt að viðurkenna slík kennivottorð gefin út í aðildarríkjunum. Hér koma einnig til álita önnur skilríki, til dæmis ferðaskírteini fyrir sjómenn (sjóferðabækur) o.fl.

Í 3. mgr. er loks lagt til að Útlendingastofnun geti, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum. Slík undanþága kann að verða veitt fyrir fram og þá meðhöndluð á svipaðan hátt og umsókn um vegabréfsáritun. Álitaefnið kann og að koma upp við komu til landsins. Ákvörðun um slíka undanþágu verður að byggjast á mati á aðstæðum hverju sinni.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um vegabréfsáritanir.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að útlendingur þurfi að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins. Ef áritunarskyldur útlendingur kemur til landsins án áritunar er heimilt að vísa honum frá landi skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. Þessi meginregla um áritunarskyldu er afdráttarlausari en ákvæði gildandi laga. Þar segir í 2. mgr. 1. gr. að dómsmálaráðherra geti kveðið á um hvort í vegabréfi skuli vera áritun um heimild til að koma til landsins. Að gildandi lögum er áritunarskylda því ekki fyrir hendi nema svo hafi verið ákveðið sérstaklega.

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að áritunar sé ekki þörf. Þessar undanþágur gætu varðað ríkisborgara einstakra landa, eftir atvikum bundið við tiltekin erindi, til dæmis ferðamenn, svo sem verið hefur. Slíkar undanþágur byggjast að sumu leyti á gagnkvæmum samningum ríkja en geta einnig verið ákveðnar einhliða. Í inngangsorðum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins kemur fram að löndin „vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfsáritana“. Þá segir í 9. gr. Schengen-samningsins að þátttökuríkin skuldbindi sig til að fylgja sameiginlegri stefnu í málefnum sem varði för fólks, „sérstaklega með tilliti til reglna um vegabréfsáritanir“. Í 3. kafla II. bálks samningsins eru síðan nánari ákvæði um vegabréfsáritanir, svo sem rakið er í kafla III.5 í almennum athugasemdum. Í reglum sem dómsmálaráðherra setur er gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir um hvenær lögreglunni skuli heimilt samkvæmt ákvörðun Útlendingastofnunar og að fullnægðum nánari skilyrðum að leyfa útlendingi sem kemur til landsins án áritunar landgöngu.

Vegabréfsáritun felur í sér heimild fyrir handhafa áritunarinnar til að koma til landsins og dveljast hér tiltekið tímabil. Þessi heimild er þó háð almennum takmörkunum sem gilda um rétt til að koma til landsins og dveljast hér á landi, þar á meðal reglum um frávísun. Ástæða þessa er bæði sú að könnun sem fram fer við meðferð á umsókn um vegabréfsáritun byggist oft á ótraustum forsendum, svo og að aðstæður útlendingsins eftir að áritunin var gefin út kunna að hafa breyst þannig að nú liggi fyrir forsendur til að vísa honum frá landi eða úr landi. Vegabréfsáritun getur hvort heldur verið færð inn á vegabréf eða gefin út á sérstöku skjali.

Lagt er til að útlendingur sem hefur dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu verði undanþeginn áritunarskyldu. Þetta tekur mið af því að útlendingur með slíkt leyfi getur ferðast frjálst um yfirráðasvæði hinna Schengen-ríkjanna í allt að þrjá mánuði, sbr. 1. mgr. 21. gr. Schengen-samningsins. Í 1. gr. samningsins kemur fram að með dvalarleyfi er átt við leyfi sem þátttökuríki gefur út og veitir rétt til dvalar á yfirráðasvæði þess. Með dvalar-

leyfi er hins vegar ekki átt við bráðabirgðaleyfi til dvalar á yfirráðasvæði þátttökuríkis á meðan beiðni um hæli eða umsókn um dvalarleyfi er til meðferðar. Skv. 2. mgr. 21. gr. samningsins hefur útlendingur með slíkt bráðabirgðaleyfi og ferðaskilríki útgefin af sama ríki sömu heimild til að ferðast um Schengen-svæðið og útlendingur með dvalarleyfi. Því er lagt til að útlendingur með þessi leyfi verði einnig undanþeginn áritunarskyldu.

Í 2. mgr. er lagt til að vegabréfsáritun sem gefin er út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu hafi gildi hér á landi. Þetta er nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum skv. 9. og 10. gr. Schengen-samningsins um samræmda vegabréfsáritun og sameiginlega stefnu ríkjanna í þeim málum. Til að vegabréfsáritun útgefin af öðru ríki hafi gildi hér á landi verður það að koma fram í sjálfri árituninni. Í 16. gr. Schengen-samningsins er gert ráð fyrir að þátttökuríkin geti gefið út vegabréfsáritun sem gildir eingöngu fyrir viðkomandi ríki. Áritun annars Schengen-ríkis af því tagi hefur því ekki gildi hér á landi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll. Slíkar reglur yrðu meðal annars að taka mið af b-lið 11. gr. Schengen-samningsins þar sem fjallað er um þessar áritanir. Varðandi tilhögun við útgáfu vegabréfsáritana hafa verið gefin út sameiginleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa, en þar kemur fram í lið 2.1.1 í I. hluta að vegabréfsáritun til farar um flugvöll heimili útlendingi, sem sætir slíkri áritunarskyldu, að fara um gegnumfararsvæði flughafnar vegna millilendingar eða þegar skipt er um vél á alþjóðlegri flugleið með viðkomu á tveimur stöðum. Áritunin er bundin við þetta svæði flughafnarinnar og því má viðkomandi ekki yfirgefa það og fara inn á landsvæði ríkisins.

Samkvæmt 4. mgr. getur vegabréfsáritun gilt fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili. Ákvörðun um hvort veita skuli vegabréfsáritun og til hve langs tíma hlýtur að ráðast af tilefni og öðrum ástæðum.

Í 5. mgr. er tekið fram að Útlendingastofnun taki ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Miðað er við að umsóknir um vegabréfsáritun verði lagðar fram í skrifstofum sendiráða, fastanefnda og ræðisskrifstofa erlendis og þær sendar Útlendingastofnun til fyrirsagnar svo sem verið hefur. Viðkomandi sendiráð, fastanefnd eða ræðisskrifstofa mun síðan gefa áritunina út að fenginni heimild Útlendingastofnunar. Þá er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti heimilað utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Slík heimild yrði veitt að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Hún gæti náð til tiltekinna sendiráða, fastanefnda eða ræðisskrifstofa en ekki annarra. Í reglugerð um eftirlit með útlendingum, nr. 148/1965, er þannig heimild en hún hefur nánast ekkert verið notuð um langt skeið heldur hefur verið leitað fyrirsagnar Útlendingaeftirlitsins áður en áritun er veitt. Loks er lagt til að heimilt verði að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Í þessu felst eingöngu heimild til að gefa út áritun en ekki til að synja um hana. Ef forsendur til að gefa út áritun teljast ekki fyrir hendi mundi umsækjanda tilkynnt að ekki væri unnt að taka umsókn til meðferðar og honum vísað á íslensk stjórnvöld. Gert er ráð fyrir þessari tilhögun í Schengen-samstarfinu og er nánari reglur þar að lútandi að finna í lið 1.1.2. í II. hluta í sameiginlegum fyrirmælum til sendiráða og ræðisskrifstofa. Í Schengen-samstarfinu er eingöngu gert ráð fyrir að sendiráð og útsendir ræðismenn gefi út vegabréfsáritun. Með gildistöku Schengen-samstarfsins hefur heimild kjörræðismanna til að gefa út áritun fallið niður. Til að bæta þjónustuna við þá sem hingað ætla hefur nú verið gert samkomulag við ýmis Schengen-ríki um að sendiráð þeirra og ræðismenn annist útgáfu vegabréfsáritana hingað til lands.

Um 7. gr.

Greinin geymir sérreglu um áhafnir skipa og loftfara, svo og um laumufarþega. Útlendingur sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari má ekki ganga á land án leyfis lögreglunnar. Samkvæmt gildandi lögum er þetta verkefni nú á vegum Útlendingaeftirlitsins. Nánari reglur um framkvæmd þessa munu verða settar í reglugerð. Ábyrgð á þessu mundi hvíla á skipstjóra eða umboðsmanni útgerðar sem tilkynnir lögreglunni um fyrirhugaða afskráningu og leitar heimildar til landgöngu. Sama gildir um laumufarþega. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna synjunar landgöngu og um málskot gilda eftir því sem við á, sbr. 22. og 30. gr. Ef laumufarþegi ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. mundi eiga að leggja mál fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 18. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu. Þær reglur gætu falið í sér almenna heimild áhafna til landgöngu meðan skip er í höfn, þó þannig að lögregla geti meinað þeim landgöngu ef nauðsyn ber til, auk þess sem heimild væri til eftirlits þegar ástæða þykir.

Um III. kafla.

Í III. kafla er að finna reglur um dvöl og búsetu. Þar eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis, hverjir þurfi á dvalarleyfi að halda, um útgáfu dvalarleyfis, skilyrði fyrir útgáfu þess og endurnýjun, um búsetuleyfi, um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis, um sameiningu fjölskyldna og um tilkynningarskyldu. Þá eru þar ákvæði um dvalarleyfi vegna sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflótta og um sérstakt bráðabirgðadvalarleyfi.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um dvöl án dvalarleyfis. Ákvæðið tekur mið af 20. og 21. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. má útlendingur sem fengið hefur vegabréfsáritun ekki dveljast hér á landi lengur en þann tíma sem áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jafngilda dvöl hér á landi. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi. Þessi heimild er í samræmi við 2. mgr. 20. gr. Schengen-samningsins. Þá er lagt til að unnt verði að setja nánari reglur um útreikning dvalartíma. Þær reglur yrðu að taka mið af Schengen-samningnum og norræna vegabréfaeftirlitssamningnum. Til lengri dvalar þarf jafnan sérstakt leyfi.

Samkvæmt 2. mgr. eru norrænir ríkisborgarar undanþegnir áskilnaði um dvalarleyfi í samræmi við samkomulag Norðurlandanna um það efni frá 1954. Þá er og gert ráð fyrir að setja megi frekari reglur um undanþágu frá dvalarleyfi. Slík undanþága gæti til dæmis náð til þeirra sem koma til stuttrar dvalar og undanþegnir eru atvinnuleyfi skv. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um hverjir þurfi dvalarleyfi. Hver útlendingur sem hyggst ráða sig í vinnu, hvort heldur er fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið að lögum, að hafa dvalarleyfi nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingur sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr. þarf að hafa dvalarleyfi. Þetta gildir um þann tíma sem er lengur en vegabréfsáritun kveður á um varðandi þá sem þurfa að hafa slíka áritun eða lengri dvöl en þrjá mánuði að því er varðar þá sem heimil er koma til landsins án leyfis.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um útgáfu dvalarleyfis. Meginreglan er sú að sótt skal um fyrsta dvalarleyfi og það veitt áður en komið er til landsins. Er það í samræmi við gildandi meginreglu að leyfis skuli aflað áður en komið er til landsins. Reglan á við um útlendinga sem ekki þurfa vegabréfsáritun jafnt sem áritunarskylda. Gert er ráð fyrir að frá þessu megi víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með, en það gæti til dæmis átt við ef um er að ræða náin fjölskyldutengsl við einhvern búsettan hér á landi.

Samkvæmt 2. mgr. skal dvalarleyfi sem veitt er fyrsta sinni að jafnaði gefið út til eins árs. Þetta mundi vera meginreglan. Hins vegar er heimilt að gefa út dvalarleyfi til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Sem dæmi um dvalarleyfi til skemmri tíma má nefna það ef tilefni dvalar, t.d. vinna, nær einungis til takmarkaðs tíma eða þegar dvöl skyldmennis ræðst af dvalarleyfi ættingja. Óheppilegt er að dvalarleyfi gildi lengur en nemur raunverulegri dvöl. Skiptir það máli, svo sem vegna eftirlits ef útlendingur er horfinn af landi brott. Sama er ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfis. Þá kynni að þurfa að beita afturköllun. Dvalarleyfi til lengri tíma mundi eins geta ráðist af tilgangi dvalar, til dæmis vinnu sem fyrirhuguð er í afmarkaðan tíma. Hámarkslengd dvalarleyfis er þó bundin við tvö ár.

Í 3. mgr. er loks kveðið á um að Útlendingastofnun taki ákvörðun um dvalarleyfi.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um hver skuli vera skilyrði dvalarleyfis. Það að skilyrðum er fullnægt veitir heimild til útgáfu dvalarleyfis en ekki rétt til leyfis. Skilyrðin eru tilgreind í a–c-lið 1. mgr.

Útlendingur skal í fyrsta lagi hafa trygga framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um þetta. Trygg framfærsla getur ráðist af launatekjum eða greiðslum fyrir sjálfstæða starfsemi, en einnig af lífeyrisgreiðslum, fjármagnstekjum, námslánum, rannsókna- eða námsstyrksgreiðslum, svo að eitthvað sé nefnt. Greiðslur úr félagslega kerfinu mundu hins vegar ekki veita rétt til dvalarleyfis. Sjúkratrygging er nauðsynleg þar til útlendingur öðlast rétt til almannatrygginga samkvæmt reglum sem um þær gilda. Þá mundi húsnæði þurfa að fullnægja kröfum heilbrigðisyfirvalda.

Þá skal útlendingur fullnægja skilyrðum fyrir dvalarleyfi sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr. Í þeim reglum mundu koma fram meginskilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis.

Loks er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingnum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Þau atvik, sem geta leitt til synjunar, eru ákvæðin um frávísun og brottvísun í 18.–20. gr., sbr. og ákvæði 52. gr. Miða ber við að fyrir hendi sé ástæða sem muni leiða til synjunar.

Samkvæmt 2. mgr. má veita útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið. Undir fyrra atriðið mundu geta fallið útlendingar sem ekki mundu njóta reglna 1. mgr. 44. gr. eða 1. mgr. 45. gr. Síðara atriðið gæti til dæmis náð til útlendings sem áður hefur búið í landinu eða ættingja sem ekki falla undir ákvæði 13. gr.

Í 3. mgr. er nýmæli sem eru reglur um svokallað bráðabirgðadvalarleyfi. Samkvæmt þeim er lagt til að Útlendingastofnun geti gefið út bráðabirgðadvalarleyfi til útlendings í undantekn-

ingartilvikum. Þessi tilvik eru nánar tiltekið af tvennum toga. Um er að ræða tilvik þar sem útlendingur uppfyllir hvorki skilyrði til að öðlast dvalarleyfi né hæli, og þá heldur ekki dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Annars vegar er ráðgert að unnt verði að veita hælisumsækjanda bráðabirgðadvalarleyfi sem gildir þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að veita bráðabirgðadvalarleyfi til útlendings sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi og gildir þá bráðabirgðadvalarleyfið þar til synjunin kemur til framkvæmda.

Meðferð umsóknar um hæli getur af ýmsum ástæðum tekið langan tíma, m.a. vegna gagnaöflunar í tengslum við rannsókn og meðferð máls, og einnig eru oft örðugleikar á að framkvæma synjun um hæli eða dvalarleyfi. Af þeim sökum þykir rétt að unnt verði að veita útlendingi sem þannig stendur á fyrir bráðabirgðadvalarleyfi til að gera honum kleift að afla sér tekna með vinnu sér til framfærslu.

Ekki er þó gert ráð fyrir að þessi heimild taki sjálfkrafa til allra sem þannig stendur á um. Þannig yrði heimildinni ekki beitt ef umsækjandi ber sjálfur ábyrgð á þessari aðstöðu, svo sem vegna þess að hann hefur ekki verið samvinnuþýður við úrlausn máls. Þegar skilríkjalaus útlendingur t.d. neitar að gefa á sér deili eða láta í té upplýsingar um ríkisfang eða heimaland og ekki er vitað hvaðan hann kemur kemst synjunin ekki til framkvæmda. Þar sem ómöguleikinn stafar af því að útlendingur neitar samvinnu við úrlausn málsins verða hins vegar ekki forsendur til útgáfu bráðabirgðadvalarleyfis.

Bráðabirgðadvalarleyfi er ekki markaður ákveðinn tími. Það gildir á meðan umsókn um hæli er til meðferðar eða þar til unnt verður að framkvæma synjun um hæli eða dvalarleyfi. Tilgangur ákvæðisins er þannig fyrst og fremst sá að leggja grunn að því að veita megi útlendingnum atvinnuleyfi svo að hann geti framfleytt sér. Er því lagt til að tekið verði sérstaklega fram að bráðabirgðadvalarleyfi hafi ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum. Með þessu er undirstrikað að slíkt leyfi er samkvæmt eðli sínu aðeins til bráðabirgða. Því er ráðgert að sett verði sérregla í lög um atvinnuréttindi útlendinga þar sem bráðabirgðadvalarleyfi veitir útlendingi rétt til þess að fá tímabundið atvinnuleyfi á meðan bráðabirgðadvalarleyfið gildir.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti tekið ákvörðun um að við sérstakar aðstæður þegar fjöldi fjöldi flóttamanna flýr tiltekið landsvæði skuli beitt sérstökum ákvæðum greinarinnar sem fela í sér heimild til að veita dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar. Ákvörðun um það hvenær slíkt ástand hefur skapast að ástæða sé til að tala um fjöldaflótta mundi að jafnaði vera tekin að undangengnu nánara samráði, innan lands sem utan, þar á meðal við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Með sama hætti mun dómsmálaráðherra taka ákvörðun um hvenær slík ákvörðun skuli niður falla. Ákvæði þessa efnis voru tekin í norsk lög á árinu 1997 og var þeim beitt í sambandi við flóttafólk frá Kósóvó en áður höfðu þar verið sett sérstök lög er tóku til flóttafólks frá Bosníu-Hersegóvínu.

Gert er ráð fyrir að þegar ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tekin verði unnt að veita þeim sem frá slíku svæði koma vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd) og að útlendingar sem þannig koma fái dvalarleyfi sem ekki myndar heimild til útgáfu búsetuleyfis. Slíkt leyfi mundi mega hvort heldur er endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá því að leyfi var fyrst veitt, sbr. 3. mgr. Heimild til að framlengja leyfi felur í sér að Útlendingastofnun getur af sjálfsdáðum framlengt leyfi. Þá er miðað við að endurnýjun eða framlenging verði að jafnaði til eins árs í senn. Að árunum þremur liðnum mundi mega veita dvalarleyfi á grundvelli sameiginlegrar verndar sem getur myndað heimild til útgáfu búsetuleyfis. Á þessu stigi kann útlendingur hins vegar að leggja fram ósk um að umsókn hans um hæli verði tekin til meðferðar, sbr. 4. mgr.,

og ef orðið verður við þeirri ósk eða dvalarleyfi verður veitt af mannúðarástæðum, sbr. 2. mgr. 11. gr., mundi dvalarleyfi sem reist er á mati á einstaklingnum koma í stað dvalarleyfis sem byggt er á sameiginlegri vernd. Að liðnu einu ári með slíkt dvalarleyfi sem byggist á sameiginlegri vernd er heimilt að gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrði til að halda slíku leyfi enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Ákvörðun um sameiginlega vernd mundi fyrst og fremst ná til útlendinga frá viðkomandi svæði sem koma til landsins eftir að ákvörðunin er tekin. Útlendingur, sem er í landinu og á mál óafgreitt hjá stjórnvöldum, mundi einnig falla undir ákvörðunina. Ákvörðunin útilokar ekki að mál hljóti meðferð sem umsókn um hæli en skv. 4. mgr. verður hins vegar heimilt að leggja slíkar umsóknir til hliðar í allt að þrjú ár. Að því leyti sem ákvörðun um að tilteknir flóttamenn frá viðkomandi svæði megi koma til landsins í flóttamannahópi sem ekki er kominn til landsins þegar ákvörðun er tekin skv. 1. mgr. mundi slíkur hópur hins vegar ekki falla undir ákvörðun um sameiginlega vernd.

Samkvæmt 4. mgr. má leggja umsókn um hæli til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er niður fallin eða þegar þrjú ár eru liðin frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi verður umsókn um hæli þó ekki tekin sjálfkrafa til meðferðar. Er þá áskilið að umsækjanda um hæli skuli tilkynnt að umsóknin verði ekki tekin til meðferðar nema hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tilskilins frests.

Um 13. gr.

Hér er kveðið á um rétt útlendings sem telst til nánustu aðstandenda íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi, eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi, til að fá dvalarleyfi. Réttur manna til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nýtur verndar skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum er átt við leyfi sem getur orðið grundvöllur búsetuleyfis, sbr. 15. gr. Útlendingi, sem telst til nánustu aðstandenda, er með ákvæðinu tryggður réttur til dvalar hér á landi samkvæmt nánari reglum. Er þar einkum um að ræða að ekki liggi fyrir atvik sem tilgreind eru í c-lið 1. mgr. 11. gr., auk áskilnaðar um framfærslu, sjúkratryggingu og húsnæði.

Í 2. mgr. er rakið hverjir teljist nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða útlendings í skilningi 1. mgr. Er átt við maka, sambúðarmaka, niðja yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Í 3. mgr. er tekið fram að dvalarleyfi aðstandanda útlendings skuli gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans. Réttur aðstandandans til dvalarleyfis er leiddur af dvalarleyfi útlendingsins og er því eðlilegt að dvalarleyfi aðstandandans taki mið af því.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis. Eins og um fyrsta dvalarleyfi er hér um heimild til útgáfu að ræða en ekki rétt til leyfis, enda sé fullnægt skilyrðum 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs. Gert er ráð fyrir að gefa megi leyfið út fyrir annað tímabil, til dæmis níu eða átján mánuði, ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum, en þó ekki til lengri tíma en tveggja ára. Um þetta má að öðru leyti vísa til athugasemda við 2. mgr. 10. gr.

Í 3. mgr. er kveðið á um rétt útlendings til dvalar meðan umsókn um endurnýjun dvalarleyfis er til meðferðar. Er kveðið svo á að útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, megi heimila áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um um-

sóknina og að hann eigi rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um búsetuleyfi sem er nýmæli. Í framkvæmd hefur þó útlendingum, sem svo háttar um sem lýst er í greininni, verið veitt svonefnt óbundið dvalarleyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi. Hér er um að ræða heimild til að veita útlendingi, sem dvalist hefur í landinu samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum, þ.e. leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga, búsetuleyfi. Gert er ráð fyrir að skemmri dvöl erlendis, til dæmis vegna orlofs, starfs eða náms, leiði ekki til þess að dvölin teljist ekki samfelld. Forsendur fyrir útgáfu búsetuleyfis mundu vera að skilyrðum fyrir útgáfu dvalarleyfisins sé enn fullnægt þannig að leyfið verði ekki afturkallað. Rétturinn er háður því skilyrði að ekki liggi fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr., og að hann hafi sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Markmið með slíku námskeiði væri að veita útlendingi innsýn í tungumálið til að auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Eðlilegt er að gera kröfu til þess að sá sem leitar eftir búsetuleyfi hafi lokið slíku námskeiði. Á hinn bóginn þykir ekki ástæða til að gera sérstakar kröfur um námsárangur, til að mynda að sá sem lokið hefur námskeiði hafi náð góðum tökum á málinu eða tali það reiprennandi.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar. Sá sem hefur búsetuleyfi nýtur ríkari verndar gegn frávísun og brottvísun, sbr. 21. gr. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Forsenda búsetuleyfis er að hlutaðeigandi búi hér á landi. Því er tekið fram í 4. mgr. að búsetuleyfi falli niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en 12 mánuði. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun þurfi að taka sjálfstæða ákvörðun um brottfall búsetuleyfis. Þá er gert ráð fyrir að fallast megi á umsókn útlendings um lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfi falli úr gildi.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Þar skal meðal annars kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar þátttöku. Gert er ráð fyrir að hvert námskeið standi í u.þ.b. 2–3 mánuði og verði stundað samhliða vinnu. Þá er heimilt að mæla fyrir um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og staðist hafa próf því til staðfestingar. Loks er lagt til að heimilt verði að ákveða með reglugerð gjald fyrir þátttöku í námskeiði skv. 1. mgr. og fyrir að þreyta próf til að fá undanþágu frá því að sitja námskeið. Í samræmi við almennar reglur er miðað við að slíkt gjald taki mið af kostnaði við námskeiðahald og próf, þ.m.t. umsjón og skipulag, kennslu- og námsgögn og launakostnaður. Gert er ráð fyrir að gjaldið yrði áætlað með hliðsjón af meðalþátttöku og því tæki það ekki mið af raunverulegri þátttöku í hvert og eitt skipti.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis og búsetuleyfis. Gert er ráð fyrir að Útlendingastofnun verði heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Meta verður hverju sinni hvort heimild þessi skuli nýtt.

Um 17. gr.

Greinin kveður á um skyldu útlendings til að tilkynna um komu sína og dvöl. Í fyrsta lagi er útlendingi sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins skylt að gefa sig fram við Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur innan viku frá komu. Meginreglan er að dvalarleyfi fyrsta sinni skuli gefið út áður en komið er til landsins, sbr. 10. gr. Nauðsynlegt er að yfirvöld hafi vitneskju um komu þeirra sem fá dvalarleyfi fyrir fram til landsins, meðal annars til að ákvarða gildistíma dvalarleyfisins. Gert er ráð fyrir að útlendingurinn mæti sjálfur hjá Útlendingastofnun eða hlutaðeigandi sýslumanni utan Reykjavíkur. Jafnframt mundi þá verða gengið eftir því að skilyrðum dvalarleyfis sé fullnægt, til dæmis um læknisvottorð, ef því er að skipta. Sama tilkynningarskylda hvílir á útlendingi sem hyggst sækja um dvalarleyfi eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis. Slíkt mundi einkum eiga við um þá sem undanþegnir eru meginreglunni um að fyrsta dvalarleyfi skuli hafa verið veitt fyrir komu til landsins, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að útlendingur sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar skuli tilkynna lögreglunni um flutninginn. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir almennri lagaskyldu útlendings til að tilkynna lögreglunni um heimili sitt. Gert er ráð fyrir að nægilegt sé að almennri tilkynningarskylda til þjóðskrár sé fullnægt, en skv. f-lið 1. mgr. 54. gr. má ákveða að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem þar eru skráðir eða teknir af skrá.

Í 3. mgr. er loks gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra geti sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína og starf. Þótt heimildin sé almennt orðuð er einkum höfð í huga tilkynningarskylda þeirra sem ekki þurfa dvalarleyfi skv. 2. málsl. 2. mgr. 8. gr.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er að finna reglur um frávísun og brottvísun. Um er að ræða mun ítarlegri reglur en eru í 10.–12. gr. gildandi laga um skilyrði þess að synja megi útlendingi landgöngu og vísa brott úr landi. Hugtakið frávísun kemur í stað synjunar landgöngu um það þegar útlendingi er meinuð landganga. Er gert ráð fyrir að heimild til að vísa útlendingi frá landinu verði einnig notuð eftir komu hans til landsins. Á því ekki lengur við að tala um synjun landgöngu í þessu sambandi.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi frá landi. Heimild til að vísa útlendingi frá landi samkvæmt greininni gildir við komu til landsins og í allt að sjö sólarhringa þar á eftir. Oftast mun ákvörðun verða tekin þegar við komu til landsins, en annars er nægilegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins, sbr. 2. mgr.

Heimildir til að vísa útlendingi frá landi eru nánar tilgreindar í 1. mgr. Í 21. gr. er hins vegar að finna takmarkanir á þessari heimild að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða fullnægja skilyrðum til að fá búsetuleyfi.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr., en aðrar ákvarðanir um frávísun tekur Útlendingastofnun, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Ákvæði greinarinnar taka mið af 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og 5. gr. Schengen-samningsins. Norræna samninginn ber þá að skoða með hliðsjón af viðauka við þann samning sem gerður var til að fullnægja skuldbindingum Norðurlandanna samkvæmt Schengen-samningnum þannig að ákvæði þessara tveggja samninga rekist ekki á.

Samkvæmt a-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi sem ekki fullnægir reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins. Reglur um þetta munu byggjast á ákvæðunum í II. kafla um komu og dvöl. Vegabréf þarf þannig að vera gilt bæði að formi til og efni, þar á meðal að því er varðar gildistíma. Ákvæðið svarar að nokkru til 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga og er hliðstætt a-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt b-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem vísað hefur verið úr landi hér eða í öðru norrænu ríki og ef endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins. Ákvæðið svarar til 7. tölul. 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Um endurkomubann er fjallað í 3. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Skv. f-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins gildir brottvísun og endurkomubann til hinna Norðurlandanna einnig hér. Þrátt fyrir það er íslenskum stjórnvöldum heimilt að leyfa þeim sem er með endurkomubann að koma til landsins.

Samkvæmt c-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki hefur tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins. Meginreglan er að leyfa þessara skal aflað áður en komið er til landsins. Einnig er heimilt að vísa útlendingi frá landi ef hann getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni. Hér er fylgt efnislega samhljóða ákvæði í c-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins. Hvaða kröfur verða gerðar í þessum efnum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Við það mat ber að hafa hliðsjón af sameiginlegri handbók sem gefin hefur verið út um landamæraeftirlit á Schengen-svæðinu.

Samkvæmt d-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem ekki getur sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar, sbr. og c-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins og c-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins. Meta þarf hverju sinni hvenær útlendingur telst hafa nægileg fjárráð til framfærslu og til heimferðar. Skilyrði um nægileg fjárráð til framfærslu mundi til dæmis teljast fullnægt ef útlendingur hefur fengið útgefið dvalar- og atvinnuleyfi áður en hann kemur til landsins eða, ef um ferðamann er að ræða, hann hefur nægilegan farareyri. Skilyrði um nægileg fjárráð til heimferðar yrði til dæmis fullnægt með framvísun farmiða.

Samkvæmt e-lið er heimilt að vísa frá landi þeim sem hlotið hefur refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. (um brottvísun) eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins. Heimildir til frávísunar og til brottvísunar eru þær sömu þegar svo stendur á að útlendingur hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem getur varðað meira en þriggja mánaða fangelsi að íslenskum lögum. Það er sjálfur refsiramminn samkvæmt íslenskum lögum sem hér skiptir máli. Sem dæmi um tilvik sem fallið geta undir þetta má nefna útlendinga sem fremja auðgunarbrot sem ferðamenn og óróaseggi sem fylgja keppnisliðum í knattspyrnu. Ákvæðið getur einnig náð til þess að útlendingur hlýtur refsingu hér á landi eftir komu til landsins. Ekki er þörf á að meta hvort ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni brjóta af sér eftir komu til landsins. Það að útlendingurinn hefur framið refsiverðan verknað er í sjálfu sér talið hafa í för með sér ítrekunarhættu. Ef á hinn bóginn eitthvað bendir til að ástæðulaust sé að óttast nýjan refsiverðan verknað mundi þó tæplega rétt að vísa útlendingi frá landinu. Ástæður, sem greinir í síðari hluta e-liðar, um að útlendingur kunni að fremja refsiverðan verknað, og hér gætu komið til, geta til dæmis verið upplýsingar frá alþjóðalögreglunni Interpol eða að vopn eða tæki finnast í fórum útlendings sem benda til að hann komi til landsins til að fremja afbrot.

Samkvæmt f-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að hann muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað frá landi þar vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki. Ákvæðið vísar til allra frávísunarástæðna í 6. gr. samningsins. Beiting þessa ákvæðis verður að byggjast á mati á því hvort útlendingurinn ætli að fara annað. Farmiði til annars ríkis gæti þannig verið fullnægjandi tilefni.

Samkvæmt g-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann að mati læknis getur ekki ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hér stendur eða hætta er á að hann muni með framkomu sinni valda sér eða öðrum tjóni. Sama gildir ef hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi. Við mat á því hvort þessari frávísunarheimild verður beitt verður að líta til allra aðstæðna útlendings, þar með talið hvort hann njóti umsjár samferðamanna eða honum sé tryggð viðhlítandi umönnun hér á landi.

Samkvæmt h-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi ef hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera af fyrri færslu hans úr landi. Um þetta vísast til 1. mgr. 56. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt i-lið er heimilt að vísa frá landi útlendingi sem er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu til landsins. Þetta ákvæði leiðir af d-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Loks má skv. j-lið vísa útlendingi frá landi ef það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Þetta ákvæði er samhljóða e-lið 1. mgr. 5. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 2. mgr. er nægjanlegt að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins sem greinir í upphafi 1. mgr. Að jafnaði mun ákvörðun um frávísun tekin í beinum tengslum við komu til landsins. Meðferð máls telst að öðru leyti hefjast þegar útlendingi er tilkynnt að honum kunni að verða vísað frá landi eða eftir atvikum að hann er handtekinn eða færður til yfirheyrslu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef útlendingur ber að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við skuli leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar. Ákvæði þetta svarar til 4. mgr. 10. gr. gildandi laga.

Loks er lagt til að í 4. mgr. verði að finna heimild til að setja reglur sem víkja frá skilyrðum 1. mgr. þegar í hlut á útlendingur sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi útgefið af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu. Á grundvelli þessarar heimildar verður unnt að fullnægja skuldbindingum skv. 3. mgr. 5. gr. og 18. gr. Schengen-samningsins um heimild útlendinga til gegnumferðar á leið til annarra ríkja sem taka þátt í samstarfinu.

Um 19. gr.

Samkvæmt 18. gr. er heimilt að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum þar á eftir. Í þessari grein er heimilað að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þau atvik sem geta valdið því að vísa beri útlendingi frá landi kunna að koma upp eftir að sá frestur er liðinn. Ákvörðun um frávísun samkvæmt þessari heimild tekur Útlendingastofnun en ekki lögreglustjóri, sbr. 1. mgr. 22. gr. Þessi heimild til frávísunar að liðnum sjö sólarhringa frestinum er þó bundin því að meðferð máls hefjist innan þriggja mánaða frá komu útlendings til landsins. Að þeim tíma liðnum verður því að beita brottvísun skv. 20. gr. til að koma útlendingi úr landi.

Samkvæmt 2. mgr. verður útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi ekki vísað frá landi samkvæmt greininni. Ákvæðið nær þannig einkum til ferðamanna og þeirra sem eru í heimsókn og þess háttar.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir til að vísa útlendingi úr landi (brottvísun).

Ástæður brottvísunar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi þegar útlendingur hefur brotið gegn ákvæðum laganna eða hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið, í öðru lagi ef útlendingur hefur verið dæmdur fyrir alvarleg brot erlendis eða hérlendis og í þriðja lagi ef það það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

Takmarkanir á heimild til brottvísunar koma fram í 2. mgr., svo og í 21. gr. að því er varðar útlendinga sem fæddir eru hér á landi eða hafa búsetuleyfi. Ákvörðun um brottvísun verður tekin hvort heldur útlendingurinn er hér á landi eða ekki, enda felur brottvísun í sér bann við að koma aftur til landsins.

Við beitingu reglna um brottvísun ber að hafa hliðsjón af ákvæðum um vernd gegn ofsóknum, sbr. 4. mgr. 45. gr.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. er í fyrsta lagi heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna. Hér undir mundu geta fallið fleiri en eitt brot gegn lögunum sem hvert fyrir sig telst ekki alvarlegt. Skv. c-lið 1. mgr. 11. gr. er það skilyrði dvalarleyfis að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að útlendingi verði meinuð landganga eða dvöl. Útlendingur sem vísa má úr landi á þannig ekki kröfu á dvalarleyfi þótt öðrum skilyrðum sé fullnægt. Í annan stað er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið. Undir þetta mundu geta fallið ákvarðanir um að vísa útlendingi frá landi, synjun á umsókn um fyrsta dvalarleyfi eða endurnýjun leyfis eða synjun á umsókn um hæli þegar dvalarleyfi verður heldur ekki gefið út á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða um afturköllun leyfis. Þessir útlendingar hafa ekki lengur leyfi til að dveljast í landinu. Aðrir útlendingar kunna hins vegar að dveljast ólöglega í landinu án þess að fyrir liggi ákvörðun um að þeir skuli yfirgefa landið. Þá mundi eftir atvikum mega beita brottvísun á grundvelli fyrri hluta a-liðar eða frávísun á grundvelli 19. gr., sbr. c-lið 1. mgr. 18. gr.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. nær heimild til brottvísunar til þess ef útlendingur hefur afplánað refsingu erlendis á síðustu fimm árum eða verið dæmdur þar til refsingar á sama tíma enda geti brotið að íslenskum lögum varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði. Það er því refsiramminn sem slíkur samkvæmt íslenskum lögum sem skiptir máli. Samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi sem fellur undir liðinn.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. er heimilt að vísa útlendingi úr landi ef hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða verið dæmdur oftar en einu sinni á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar. Einnig hér er það refsiramminn sem skiptir máli.

Samkvæmt d-lið 1. mgr. er loks heimilt að vísa útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við ákvörðun um það hvort vísa skuli útlendingi úr landi skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skuli horft til málsatvika og tengsla útlendingsins við landið. Skal ekki ákveða brottvísun ef hún af þessum ástæðum mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Þannig ber ekki einungis að líta til sjálfs refsirammans heldur og til dæmdrar refsingar og þess hvort um er að ræða fleiri dóma. Þá getur verið eðlilegt og sanngjarnt að meira þurfi til að vísa útlendingi sem dvalist hefur í landinu um lengri tíma úr landi en þeim sem haft hefur stutta viðdvöl. Fjölskyldutengsl koma hér og til álita. Þannig er ákveðið í 2. málsl. 2. mgr. að útlendingi sem hefur dvalarleyfi og norrænum ríkisborgara sem hefur átt heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði megi því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Samkvæmt 3. mgr. hefur brottvísun í för með sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur verið fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma sem að jafnaði skal ekki vera skemmri en þrjú ár. Endurkomubannið felur jafnframt í sér bann við komu útlendings sem ekki er norrænn ríkisborgari til annars norræns lands án sérstaks leyfis. Samkvæmt umsókn er þó heimilt að heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en það skal að jafnaði ekki gert fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför. Slík ákvörðun gæti þá náð til einstakrar ferðar til landsins en þyrfti ekki að fela í sér brottfall bannsins. Við ákvörðun um hvort útlendingi skuli heimiluð endurkoma skal meðal annars taka mið af persónuhögum viðkomandi og fjölskyldu hans. Ákvörðun um brottvísun er í höndum Útlendingastofnunar, sbr. 1. mgr. 22. gr.

Um 21. gr.

Í greininni felast takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem hefur tiltekin tengsl við landið.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan. Auk fæðingar hér á landi þarf að hafa verið um að ræða órofna búsetu hér allan tímann. Skemmri dvöl erlendis mundi þó ekki leiða til þess að búseta teljist rofin, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. eru svo takmarkanir á heimild til að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem hefur búsetuleyfi. Þessum útlendingum má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að þess sé annaðhvort nauðsyn vegna öryggis ríkisins (a-liður) eða að um hafi verið að ræða afplánun refsingar eða refsidóm fyrir háttsemi þar sem refsirammi að íslenskum lögum er þriggja ára fangelsi eða meira (b-liður), þ.e. hærri en segir í 18. og 20. gr. Þá er áskilið að ef um er að ræða afplánun refsingar eða refsidóm hér á landi hafi það átt sér stað árið áður. Eins og í b-lið 1. mgr. 20. gr. er tekið fram að samsvarandi gildi um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna refsiverðrar háttsemi.

Samkvæmt 3. mgr. gilda um brottvísun skv. b-lið 2. mgr. auk þessa sömu sjónarmið og fram koma í 1. málsl. 2. mgr. 20. gr.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða stjórnvald fari með mál og undirbúning máls sem varðar frávísun eða brottvísun.

Samkvæmt 1. mgr. er það meginregla að lögreglustjóri taki ákvörðun um frávísun. Undan eru þó skilin mál skv. j-lið 1. mgr. 18. gr., mál þar sem reynir á ákvæði 1. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. 18. gr., og mál sem falla undir 19. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir.

Samkvæmt 2. mgr. skal lögregla undirbúa mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Telji lögregla að skilyrði séu til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi sendir hún gögn málsins Útlendingastofnun til ákvörðunar.

Um V. kafla.

Í kaflanum er að finna reglur um meðferð mála. Gildandi lög geyma fá ákvæði um það efni en frumvarpið gerir meðal annars ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, að kæruheimildir verði rýmkaðar og að settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana. Nýmæli er einnig að gert er ráð fyrir að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð með skipun talsmanns og að hann skuli njóta þjónustu túlks.

Um 23. gr.

Greinin felur í sér almenna tilvísun til þess að við meðferð mála samkvæmt lögunum skuli fara eftir stjórnsýslulögum, sbr. lög nr. 37 30. apríl 1993, nema annað leiði af öðrum ákvæðum laganna. Mál samkvæmt lögunum falla undir stjórnsýslu ríkisins og því gilda stjórnsýslulögin um þau. Ákvæðið er því fyrst og fremst sett í upplýsingaskyni. Þar sem frumvarpið hefur að geyma sérákvæði munu þau ákvæði hins vegar gilda.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. segir að áður en ákvörðun sé tekin í máli útlendings skuli hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Þegar útlendingur beinir til stjórnvalda umsókn samkvæmt lögunum ætti afstaða hans að hafa komið fram með fullnægjandi hætti og því þyrfti venjulega ekki að veita honum frekara færi á að tjá sig um málið. Réttur útlendings til að tjá sig skriflega er ekki fyrir hendi þegar honum ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Samkvæmt 2. mgr. skal stjórnvald eftir því sem unnt er sjá um að í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, eigi útlendingur kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé. Þetta felur ekki í sér rétt útlendings til að leggja fram sjónarmið á eigin máli eða máli heimalands. Af ákvæðinu leiðir að stjórnvaldinu ber að útvega túlk þegar þess er þörf þannig að útlendingurinn geti tjáð sig svo að viðunandi sé. Stjórnvaldi ber að sjá til þess að útlendingurinn hafi hæfilegan tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Frestur ræðst af eðli ákvörðunar hverju sinni og kann því að vera stuttur í málum vegna frávísunar. Frest má þó ekki ákvarða svo stuttan að útlendingurinn eigi þess ekki raunverulegan kost að tjá sig.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstaka leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í málum er varða útlendinga. Í þeim málum sem ákvæðið nær til skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um hvaða rétt hann á til að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns (sendiráð eða ræðisskrifstofu) og til að hafa samband við fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi, svo sem Rauða kross Íslands. Leiðbeiningarskyldan hvílir á stjórnvaldi þegar mál hefst og því fyrst og fremst á lögreglunni.

Leiðbeiningarskylda þessi kemur til viðbótar almennum ákvæðum 7. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið stendur ekki í vegi fyrir að útlendingur hafi samband við hvern þann sem hann óskar. Leiðbeiningarskyldan gildir um tiltekin mál, þ.e. um mál er varða frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli. Það leiðir af eðli máls að sá sem sækir um hæli mun að jafnaði ekki leita eftir sambandi við fulltrúa heimalands síns.

Um 26. gr.

Með greininni er lagt til að stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga verði heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengen-samstafinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum. Einnig er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar. Þessi heimild er til að full-

nægja þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir með þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Í Schengen-samstarfinu er í ákveðnum tilvikum gert ráð fyrir upplýsingagjöf milli þátttökuríkjanna um málefni sem varða útlendinga. Skv. 16. gr. Schengen-samningsins skal ríki, sem gefur út vegabréfsáritun til útlendings af mannúðarástæðum eða vegna þjóðarhagsmuna eða alþjóðlegra skuldbindinga, þótt hann fullnægi ekki skilyrðum fyrir komu inn á Schengen-svæðið, gera öðrum ríkjum grein fyrir þeirri ákvörðun. Í slíkri tilkynningu þarf að veita upplýsingar um viðkomandi útlending, svo sem nafn, fæðingardag, þjóðerni, útgáfudag og útgáfustað áritunar og ástæður fyrir útgáfu hennar. Nánari reglur um miðlun upplýsinga vegna vegabréfsáritana er að finna í 14. viðauka við sameignleg fyrirmæli til sendiráða og ræðisskrifstofa. Einnig er gert ráð fyrir að upplýsingum um útlendinga verði miðlað milli þátttökuríkjanna vegna útgáfu dvalarleyfis til útlendings sem er skráður í Schengen-upplýsingakerfið til að honum verði meinuð koma á svæðið, sbr. 25. gr. Schengen-samningsins. Þá er gert ráð fyrir miðlun upplýsinga skv. 15. gr. Dyflinnarsamningsins, svo sem nánar var rakið í kafla III.6 í almennum athugasemdum. Eftir því sem samstarf þátttökuríkjanna þróast má gera ráð fyrir að teknar verði ákvarðanir um frekari upplýsingagjöf milli ríkjanna um málefni sem varða útlendinga.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um sérstakt vanhæfi stjórnvalds til meðferðar máls. Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Tilgangur ákvæðisins er að greina á milli starfa lögreglunnar að málum útlendinga annars vegar og starfa við meðferð refsimála hins vegar. Vanhæfið tekur þó ekki til mála vegna brota á ákvæðum laganna eða ákvæðum sem sett eru samkvæmt þeim. Að öðru leyti gilda vanhæfisreglur stjórnsýslulaga um meðferð mála.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um heimild útlendings og stjórnvalds sem fer með mál hans samkvæmt lögunum til að afla upplýsinga fyrir dómi. Greinin felur í sér undantekningu frá meginreglunni um rannsóknarskyldu stjórnvalds. Bæði stjórnvald og útlendingur geta lagt fram beiðni. Skilyrði er að upplýsinganna verði ekki aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé. Sem dæmi má nefna að nauðsynlegt þyki að yfirheyra vitni í þágu rannsóknar máls en viðkomandi neiti að tjá sig fyrir stjórnvaldi. Það er dómari sem ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni. Um meðferð mála er vísað til XII. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91 31. desember 1991.

Samkvæmt 2. mgr. gildir heimild til öflunar gagna fyrir dómi ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun. Heimildin tekur þá ekki heldur til máls samkvæmt lögunum sem er til meðferðar samtímis máli vegna frávísunar, til dæmis beiðni um hæli. Nauðsynlegt er að meðferð máls vegna frávísunar sé hraðað. Því þarf að koma í veg fyrir að útlendingur geti notað heimild til að leita eftir skýrslutöku fyrir dómi í þeim tilgangi að tefja mál. Þá tekur heimildin ekki heldur til öflunar gagna þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

Um 29. gr.

Í greininni eru rakin þau úrræði sem stjórnvald hefur til að fá úr því skorið hver útlendingur er. Mjög hefur færst í vöxt að útlendingar komi til landsins án þess að hafa nokkur skilríki eða þeir framvísa fölsuðum skilríkjum. Margir farga skilríkjum sínum og gera stjórnvöldum þannig erfitt um vik að ganga úr skugga um hverjir þeir raunverulega eru. Miðað er við að útlendingur, sem ekki framvísar tilskildum skilríkjum, fái ekki landgöngu. Hins vegar þykir nauðsynlegt að

gengið sé úr skugga um að útlendingur fái landvist á réttum forsendum, ekki síst með hliðsjón af þeirri grundvallarreglu að stjórnvöld skulu við úrlausn máls gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Þá telst það vera andstætt þjóðfélagshagsmunum að í landinu sé búsettur fjöldi einstaklinga sem ekki er vitað hverjir raunverulega eru.

Í 1. mgr. er fyrst tekið á því að vafi kann að vera um hvort útlendingur er sá sem hann segist vera. Meðan það liggur ekki ljóst fyrir er útlendingnum skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa það. Stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. sem fer með mál getur gefið slík fyrirmæli. Vafi kann einnig að koma upp um deili á útlendingi sem stjórnvöld hafa talið sig vita deili á. Þótt útlendingur hafi um árabil dvalist í landinu og deili á honum hafi virst rétt getur hlutaðeigandi stjórnvald lagt fyrir útlendinginn að veita atbeina sinn í þessu skyni, enda sé ástæða til að ætla að það sem skráð er um deili á útlendingnum sé ekki rétt. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu. Hér gæti til dæmis verið um að ræða uppýsingagjöf, afhendingu nánar tilgreindra skjala eða þátttöku í tungumálaprófi.

Samkvæmt 2. mgr. er lögreglunni heimilt, ef vafi leikur á hver útlendingur sé, við komu til landsins eða síðar, að leggja hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama er ef vafi er um fyrri dvalarstað útlendings og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Réttmæti haldlagningar má bera undir dómara, sbr. 79. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, og skal lögregla benda útlendingi á þann rétt.

Í 3. mgr. er kveðið á um úrræði sem lögregla hefur ef útlendingur veitir ekki atbeina til að upplýsa hver hann er eða um fyrri dvalarstað. Er þá annars vegar um að ræða að útlendingurinn, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er og hins vegar að hann, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað. Þegar þannig stendur á er lögreglunni heimilt að leita á útlendingnum sjálfum, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Heimild til leitar felur í sér heimild til leitar í fötum útlendingsins og í farartæki hans.

Með 4. mgr. er lögreglunni veitt heimild til að taka ljósmyndir og fingraför útlendings. Þau tilvik þar sem heimild þessi gildir eru tilgreind nánar í fjórum liðum. Í fyrsta lagi þegar útlendingur getur ekki fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er. Slíkt mundi til dæmis heimilt ef grunur er um að útlendingur framvísi fölsuðu vegabréfi eða vegabréfi sem varðar annan mann en hann sjálfan. Í öðru lagi ef útlendingur leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum. Í þriðja lagi ef útlendingi hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum og í fjórða lagi ef útlendingi hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að hann dveljist hér ólöglega.

Í 5. mgr. er tekið fram að fingraför megi færa í tölvufærða fingrafaraskrá samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Við færslu skrárinnar og notkun ber að sjálfsögðu að fylgja reglum um vernd persónuupplýsinga.

Í 6. mgr. eru loks úrræði ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að hann gefi rangar upplýsingar um hver hann er. Getur lögregla þá lagt fyrir útlendinginn að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast ófullnægjandi er lögreglu heimilt að handtaka útlendinginn og síðan er unnt úrskurða hann í gæsluvarðhald en til þess þarf atbeina dómara. Fer þá um það samkvæmt reglum XII. og XIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á. Skv. 34. gr. skal þá skipa útlendingi talsmann. Gæsla má ekki standa lengur en 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á. Þá þörf metur dómari. Ef í beinu framhaldi af gæslu skv. 6. mgr. á að undirbúa framkvæmd ákvörðunar um að færa útlending úr landi er unnt að beita ákvæði 6. mgr. 33. gr. Geta þá sex vikur bæst við gæslutímann.

Um 30. gr.

Í greininni er kveðið á um kærurétt til æðra stjórnvalds. Tekið er fram að ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., megi kæra til Útlendingastofnunar en að öðru leyti megi kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins. Heimildir til að kæra ákvörðun eru þannig rýmkaðar og taka til allra ákvarðana en ekki einungis til ákvarðana um synjun dvalarleyfis, brottfall eða afturköllun dvalarleyfis, brottvísun eða synjun hælis, sbr. 12. gr. a í gildandi lögum. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð.

Lagt er til að kærufrestur verði óbreyttur frá því sem ákveðið var með lögum nr. 133/1993, 15 dagar, en almennur kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, þrír mánuðir, þykir of langur í málum þessum. Kæru skal lýsa fyrir þeim sem kynnir ákvörðun sem kemur kærunni þá á framfæri við æðra stjórnvald. Kæru á frávísun skal þannig lýsa fyrir lögreglu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að um kæru fari skv. VII. kafla stjórnsýslulaga.

Um 31. gr.

Í greininni eru ákvæði um hvenær einstakar ákvarðanir geta komið til framkvæmda. Um ákvarðanir í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum eru ákvæði í 30. gr.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. má framkvæma ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. þegar í stað í samræmi við almennar reglur. Gagnstæð regla um að kæra fresti ákvörðun mundi skapa verulega erfiðleika við framkvæmd útlendingaeftirlits. Ákvæðið felur hins vegar ekki í sér skyldu til að framkvæma ákvörðun um frávísun þegar í stað heldur verður það undir mati stjórnvalds komið. Um kærufrest fer skv. 2. mgr. 30. gr. Ákvæðið breytir ekki þeirri reglu að æðra stjórnvald megi ákveða að kæra fresti framkvæmd ákvörðunar. Þá ber að gæta þess að útlendingi sem vill kæra ákvörðun gefist tími til að leggja fram kæru. Skv. 2. málsl. 1. mgr. má ekki framkvæma synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi ef sótt er um innan þess frests sem greinir í 3. mgr. 14. gr., þ.e. a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi, fyrr en ákvörðunin er endanleg. Ákvörðun er endanleg þegar kærufrestur er úti eða fyrir liggur endanleg stjórnsýsluákvörðun í kærumáli. Sama á við skv. 3. málsl. um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Hvað norræna ríkisborgara varðar er haft í huga að þeir þurfa ekki dvalarleyfi, sbr. 2. mgr. 8. gr. Af ákvæðinu leiðir að réttarstaða norræna ríkisborgara verður ekki lakari en útlendinga með dvalarleyfi, en slíkt leyfi þarf ef útlendingur hyggst dveljast hér lengur en þrjá mánuði. Skv. 4. málsl. gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti um frestun réttaráhrifa. Ákvörðun getur þá komið til framkvæmda þótt ákvörðun sé ekki orðin endanleg, einnig áður en kærufrestur rennur út, sbr. þó 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. gilda sérákvæði um synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. Þeirri synjun má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina.

Um 32. gr.

Greinin hefur að geyma sérákvæði um hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum geti komið til framkvæmda.

Meginreglan er sú skv. 1. mgr. að þegar útlendingur ber að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við má ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en

ákvörðunin er endanleg. Undir ákvæðið falla ekki einungis þeir sem sækja um hæli heldur og þeir sem bera fyrir sig vernd gegn sendingu úr landi skv. 45. gr. Tvær undantekningar eru þó frá þessari reglu. Annars vegar er nefnt að Útlendingastofnun telji augljóst að aðstæður séu ekki þannig. Getur þá skipt máli hvert heimaríki hlutaðeigandi er eða fyrsta griðland sem senda á útlendinginn til. Hins vegar eru mál þar sem útlendingur á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar. Þetta ákvæði byggist einnig á reglunni um fyrsta griðland. Ákvörðun í öðru landi um að útlendingur sé ekki flóttamaður verður þó ekki sjálfkrafa lögð til grundvallar hér á landi heldur verður að fara fram sjálfstætt mat á þeirri ákvörðun í máli sem er til meðferðar hverju sinni.

Framkvæmd ákvarðana verður í höndum lögreglu. Skv. 2. mgr. skal lögregla leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þarf að taka afstöðu til verndar gegn sendingu úr landi áður en ákvörðun er tekin. Heimilt er þá að framkvæma ákvörðun ef útlendingur ber á ný fyrir sig sömu aðstæður. Útlendingurinn kann hins vegar að bera fyrir sig nýjar aðstæður í máli og álitaefni um vernd gegn sendingu úr landi kann fyrst að koma fram eftir að fyrir liggur ákvörðun sem á að framkvæma. Lögregla hefur hins vegar ekki heimild til að taka afstöðu til þess hvort útlendingurinn nýtur verndar skv. 1. mgr. 45. gr. og ber henni að leggja málið fyrir Útlendingastofnun. Ef Útlendingastofnun telur augljóst að slík skilyrði séu ekki fyrir hendi getur hún ákveðið að ákvörðunin skuli koma til framkvæmda. Ef hún hins vegar telur ekki augljóst að skilyrðin séu fyrir hendi verður að fresta framkvæmd þar til leyst hefur verið úr álitaefninu.

Í 3. mgr. er tekið fram að reglur stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar og rökstuðning o.fl. og um kæru gildi ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. Af þessu leiðir að ákvörðun er unnt að taka munnlega og á grundvelli munnlegrar greinargerðar frá lögreglu.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um þau úrræði sem beita má þegar nauðsynlegt er að framkvæma ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið. Útlendingi, sem ekki þarf vegabréfsáritun til dvalar hér á landi, ber að yfirgefa landið þegar sá tími er liðinn sem hann má dveljast hér án dvalarleyfis. Þeir sem hafa vegabréfsáritun skulu yfirgefa landið þegar áritunin rennur út og þeir sem hafa dvalarleyfi skulu hverfa af landi þegar leyfið er fallið úr gildi. Dvöl fram yfir þetta er þannig óheimil. Þeir sem dveljast hér lengur eiga á hættu að ákvörðun verði tekin um að þeir skuli yfirgefa landið og gilda þá ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. skal framkvæma ákvörðun sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Í 31. og 32. gr. eru ákvæði um hvenær ákvörðun getur í fyrsta lagi komið til framkvæmda. Ef ekki kemur fram í ákvörðun hvenær hún skuli koma til framkvæmda tiltekur lögregla frest til brottfarar. Við ákvörðun um frest til brottfarar ber að taka tillit til aðstæðna útlendings. Útlendingnum er skylt að hverfa úr landi innan tilskilins frests og á eigin kostnað.

Þá segir í 1. mgr. að ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða líkur eru á að hann muni ekki gera það megi lögregla færa hann úr landi. Miðað er við að flestir fari sjálfviljugir úr landi og án útgjalda fyrir hið opinbera. Í öðrum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að fylgja ákvörðun eftir. Einnig kann að vera nauðsynlegt að tryggja að útlendingurinn fari úr landi. Getur það meðal annars átt við um hælisleitendur sem fengið hafa synjun eða þá sem hlotið hafa refsidóm. Lögregla metur þörfina. Meginreglan er að útlendingur sé fluttur til þess lands sem hann kom frá og er það að jafnaði heimaland útlendingsins. Ef sérstaklega stendur

á má færa hann til annars lands en þess sem hann kom frá, sbr. 3. málsl. Forsenda er þá að sjálfsögðu að hlutaðeigandi land heimili útlendingnum komu þangað. Í niðurlagi 1. mgr. segir að ákvarðanir sem varða framkvæmd verði ekki kærðar sérstaklega.

Í tveimur lokamálsliðum 1. mgr. er fjallað um aðstöðuna þegar útlendingur hefur borið ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið undir dómstóla. Er hér átt við tilvik þar sem útlendingur hefur fengið endanlega synjun um dvalarleyfi eða hæli.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið fresti ekki framkvæmd hennar. Er hér byggt á þeirri meginreglu sem birtist í 60. gr. stjórnarskrárinnar að enginn sem leitar úrskurðar um embættistakmörk yfirvalda geti komið sér hjá því að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms. Þrátt fyrir þetta er lagt til að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að fresta framkvæmd ákvörðunar um að útlendingur skuli yfirgefa landið ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því ákvörðun var tekin og henni hefur verið skotið til dómstóla. Dæmi eru um að langur tími hafi liðið þar til ákvörðun er tekin um að útlendingur skuli yfirgefa landið þar til slík ákvörðun kemst til framkvæmda. Á þeim tíma kunna að hafa komið upp breyttar forsendur miðað við þær sem ákvörðun stjórnvalds hvílir á. Nefna má sem dæmi að aðstæður í ríki sem vísa á útlendingi til hafi breyst verulega, þannig að hætta hafi skapast á að hann kunni að verða fyrir ofsóknum eða að ný gögn hafi komið fram sem varpa nýju ljósi á mál hans.

Ljóst er að stjórnvald hefur ríkar heimildir til þess að endurupptaka mál og fresta um leið framkvæmd ákvörðunar, hvort heldur að beiðni aðila máls eða að eigin frumkvæði, ef það telur t.d. að niðurstaða þess sé röng eða ný gögn hafi komið fram sem hefðu getað leitt til annarrar niðurstöðu í málinu. Hafi útlendingur hins vegar borið mál undir dómstóla til ógildingar getur horft öðruvísi við þar sem stjórnvald mundi ekki endurupptaka mál á sama tíma og það er til meðferðar hjá dómstólum. Því er lagt til að dómsmálaráðherra sem æðsta úrskurðarvald í málefnum útlendinga geti tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd ákvörðunar þar til niðurstaða dómstóla í málinu liggur fyrir. Hér er um algera undantekningu að ræða og er heimild þessari aðeins ætlað að ná til tilvika þar sem verulega veigamiklar ástæður leiða til þess að rétt sé að fresta framkvæmd ákvörðunar, en ella er hætta á að úrræði þetta verði misnotað til þess þess að framlengja dvöl í landinu.

Í 2. mgr. er tekið fram að útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, sé skylt að afla sér þeirra. Útlendingur kann að hafa komið til landsins án slíkra skilríkja eða fargað þeim eða gildistími þeirra hefur runnið á enda meðan á dvöl hér stendur. Sumir þeirra sem fá synjun á dvöl í landinu leita ekki eftir nýjum ferðaskilríkjum til heimferðar. Ákvæðinu er ásamt ákvæði 2. málsl. 5. mgr. ætlað að bregðast við þessum vanda.

Samkvæmt 3. mgr. er lögreglunni, til að tryggja að ákvörðun um brottför verði framkvæmd, veitt heimild til leggja fyrir útlending að tilkynna sig, að afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og að halda sig á ákveðnu svæði. Þessi fyrirmæli má skv. 4. mgr. því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd og má við mat á þessu taka tillit til almennrar reynslu af undankomu, þ.e. matið þarf ekki á byggjast á reynslu af hlutaðeigandi sjálfum. Slík fyrirmæli eru tímabundin og mega ekki standa lengur en í tvær vikur án samþykkis útlendingsins eða ákvörðunar dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, sbr. 110. gr. þeirra laga.

Með 5. mgr. eru veittar frekari heimildir til að tryggja framkvæmd brottfarar. Er þannig heimilt, ef nauðsyn ber til, að handtaka útlending og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Fer mál þá fyrir dómara þar sem skipa skal útlendingi löglærðan talsmann ef þess er krafist, sbr. 1. mgr. 34. gr. Samsvarandi gildir ef

útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki. Það getur verið heimaland útlendingsins en einnig annað land ef óvissa er um þjóðerni hans.

Samkvæmt 6. mgr. eru takmörk á því hve lengi gæsla má standa. Skal gæsla ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Lögregla á ekki að leita eftir lengri gæslutíma en nauðsynlegt er. Nokkrir dagar eiga að jafnaði að nægja. Gæslutímann má þó framlengja ef útlendingurinn fer ekki sjálfviljugur úr landi og líkur eru á að hann muni koma sér undan framkvæmd ákvörðunar. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar. Gæsla samkvæmt þessu ákvæði getur þannig orðið alls sex vikur. Þessi gæslutími kemur til viðbótar gæslu sem nauðsynleg er vegna undirbúnings ákvörðunar skv. 6. mgr. 29. gr.

Með 7. mgr. eru settar takmarkanir á rétti til að handtaka útlending eða úrskurða í gæsluvarðhald. Má ekki beita þessu úrræði ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun eða ef dómarinn telur vægari úrræði skv. 3. mgr. fullnægjandi.

Í 8. mgr. er loks tekið fram að úrræðum skv. 3. og 5. mgr. megi beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

Um 34. gr.

Í grein þessari er kveðið á um rétt útlendings til að fá réttaraðstoð. Nauðsynlegt þykir að útlendingi, sem á mál til meðferðar, gefist kostur á réttaraðstoð þegar tiltekin mál er varða réttarstöðu hans eru til meðferðar. Er um að ræða skipun talsmanns annars vegar við meðferð mála fyrir dómi og hins vegar við meðferð mála í stjórnsýslu.

Samkvæmt 1. mgr. skal skipa útlendingi talsmann þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama er þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt úrræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann. Hlutverk talsmanns er að koma fram fyrir hönd útlendings og veita honum liðsinni. Þar sem mál samkvæmt þessum ákvæðum eru rekin fyrir dómi þykir rétt að talsmaður sé skipaður úr hópi lögmanna.

Samkvæmt 2. mgr. á útlendingur rétt á að stjórnvald skipi sér talsmann þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli. Undanþegin eru þó nánar tiltekin mál þar sem ekki eru talin efni til að mæla sérstaklega fyrir um réttaraðstoð. Þegar talsmaður er skipaður við meðferð máls fyrir stjórnsýslu þykir ekki nauðsynlegt að gera kröfu um að hann sé lögmaður eins og þegar talsmaður er skipaður skv. 1. mgr. Skv. 2. mgr. á útlendingur og rétt á að kostnaður hans við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinga fer fram fyrir dómi skv. 28. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt 3. mgr. skulu ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Af því leiðir að þóknun réttargæslumanns eða talsmanns greiðist úr ríkissjóði. Hins vegar skal krefja útlending um endurgreiðslu kostnaðar við réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er að finna reglur um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn). Svo sem rakið er í kafla III.4 í almennum athugasemdum var EES-samningurinn sem slíkur lögfestur með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2 13. janúar 1993. Jafnframt var lögum um eftirlit með útlendingum breytt með lögum nr. 133 31.

desember 1993. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að þeim lögum er gerð grein fyrir reglum um frjálsa fólksflutninga innan EES og þeim EBE-gerðum sem þar skipta máli. Er vísað til þeirra athugasemda, sbr. Alþt. 1993, 103. mál, þskj. 106. Í kjölfar þessa var gefin út reglugerð um dvöl útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hér á landi, nr. 674 20. desember 1995 (reglugerð um EES-útlendinga). Eðlilegt þykir nú að lögfesta meginreglur þessar en gert er ráð fyrir að nánari reglur verði einnig settar í reglugerð.

Um 35. gr.

Í greininni er að finna reglur um heimild EES-útlendings til að koma til landsins og dveljast hér. Er ákvæðið í samræmi við 1. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Samsvarandi reglur um útlendinga almennt er að finna í 8. gr. frumvarpsins.

EES-útlendingur má skv. 1. mgr. dveljast hér án dvalarleyfis í allt að þrjá mánuði frá komu til landsins og allt að sex mánuðum ef hann er í atvinnuleit. Hér er um að ræða rýmkun úr þremur mánuðum að því er varðar þann sem er í atvinnuleit. Ástæða breytingarinnar er túlkun EB-dómstólsins (mál C-292/89 – Antonissen) á því ákvæði Rómarsáttmálans sem svarar til 28. gr. EES-samningsins að sá sem er í atvinnuleit skuli hafa hæfilegan frest til að leita atvinnu sem svarar hæfni hans. Var fresturinn í því tilviki talinn hæfilegur sex mánuðir. Til að sanna rétt sinn til dvalar umfram þrjá mánuði þarf útlendingurinn að geta sýnt fram á að hann sé í atvinnuleit. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um undanþágu frá dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu, sbr. nú 1. og 2. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 36. gr.

Í greininni eru talin þau skilyrði sem EES-útlendingur þarf að fullnægja til að fá dvalarleyfi. Eru þau í meginatriðum í samræmi við 3. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Varðandi tilskipun 90/366/EBE um búseturétt námsmanna, sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 133/1993, er þess að geta að rétt tilvísun er nú tilskipun 93/96/EBE. Gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um framkvæmd þessa, sbr. nú ákvæði 4.–7. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 37. gr.

Greinin fjallar um dvalarleyfi fyrir aðstandendur EES-útlendings. Greinin er samhljóða 8. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Um nánari skilyrði vísast til 9. og 10. gr. reglugerðarinnar.

Um 38. gr.

Greinin heimilar dómsmálaráðherra að setja reglur um heimild EES-útlendings og aðstandenda til áframhaldandi dvalar hér á landi að loknu starfi. Um efni þessa vísast til 11.–21. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 39. gr.

Greinin fjallar um gildistíma og efni dvalarleyfis fyrir EES-útlendinga. Meginreglan er að dvalarleyfi skal gefa út til fimm ára. Ákvæðið svarar til 22. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um endurnýjun dvalarleyfis fyrir EES-útlending. Um ákvæðið og nánari reglur samkvæmt því vísast til 23. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 41. gr.

Greinin fjallar um afturköllun dvalarleyfis fyrir EES-útlending og svarar til 25. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um 42. gr.

Greinin fjallar um hvenær vísa megi EES-útlendingi frá landi. Heimildir eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 18. og 19. gr. Ákvæðið er í meginatriðum í samræmi við 26. gr. reglugerðar um EES-útlendinga. Breytt tilvísun í c-lið stafar af breyttri uppbyggingu 43. gr. frumvarpsins miðað við 27. gr. reglugerðarinnar.

Um 43. gr.

Greinin fjallar um hvenær heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi. Heimildir til brottvísunar eru þrengri en gilda um útlendinga almennt skv. 20. gr. Ákvæðinu er skipað á nokkuð annan hátt en þar og í 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Lagt er til að skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, verði tilgreind í 1. mgr. sem megingrundvöllur brottvísunar í samræmi við ákvæði 3. mgr. 28. gr. og 33. gr. EES-samningsins og tilskipun 64/221/EBE. Í 1. mgr. 28. gr. reglugerðar um EES-útlendinga er nánar greint frá hvað falist getur í skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis, og er þar nefnt að útlendingur sé háður fíkniefnum eða öðrum eiturlyfjum eða haldinn alvarlegum geðrænum truflunum eða geðrænum truflunum sem einkennast af uppnámi, óráði, ofskynjunum eða hugsanabrenglum. Jafnframt er lagt til að felld verði niður skírskotun til almannaheilbrigðis, sbr. c-lið 27. gr. reglugerðarinnar, sem skilgreind er nánar í 3. mgr. 28. gr. Þykir sú skírskotun ekki raunhæf lengur og ekki er skylt að vísa til hennar á grundvelli EES-samningsins.

Þá er lagt til að ný 2. mgr. komi í stað ákvæða sem eru í b-lið (um refsiverða háttsemi) og d-lið (öryggi ríkisins) 27. gr. reglugerðarinnar, en þessi atriði falla undir skilgreininguna „allsherjarregla og almannaöryggi“ þar sem nánar er kveðið á um hvenær brottvísun er heimil með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Ákvæði 3. mgr. svarar til a-liðar 27. gr. reglugerðar um EES-útlendinga.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglur sem tryggja eiga réttarvernd þeirra sem leita hér hælis sem flóttamenn. Að flóttamönnum er einungis vikið í 4. mgr. 10. gr. gildandi laga. Ákvæði kaflans eru ekki bundin við pólitíska flóttamenn heldur er byggt á skilgreiningu flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1951. Enn fremur er gert ráð fyrir að veita megi útlendingi vernd vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu. Ákvæði kaflans taka mið af flóttamannasamningnum frá 28. júlí 1951 og alþjóðasamningum á sviði mannréttinda sem Ísland á aðild að.

Um 44. gr.

Samkvæmt 1. mgr. telst sá útlendingur flóttamaður sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. flóttamannasamningsins. Réttur til hælis ræðst því af hinu alþjóðlega flóttamannahugtaki en um það er nánar fjallað í kafla III.1 í almennum athugasemdum.

Samkvæmt 2. mgr. má ákveða að flóttamaður, sem fellur undir C–F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins, skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta tiltekinna réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum VII. kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Ákvæði flóttamannasamningsins taka ekki til þessara flóttamanna. Tekið er fram að flóttamaður sem fellur undir C–E-lið 1. gr.

skuli njóta verndar gegn ofsóknum skv. 45. gr. Stjórnvald sem hverju sinni fer með mál flóttamanns tekur ákvörðun skv. 2. mgr.

Um 45. gr.

Greinin lýtur að því að veita útlendingum vernd, hvort sem þeir fullnægja skilyrðum 46. gr. um hæli eða ekki. Greinin hefur að geyma reglur um bann við sendingu útlendings til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Reglur um slíkt bann eru í 1. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins þar sem lagt er bann við brottvísun eða endursendingu útlendings sem fellur undir flóttamannahugtakið. Lagt er til að útlendingum verði veitt nokkuð víðtækari vernd og að bann við endursendingu taki jafnframt til þeirra sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu eru í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Þykir þetta rétt í ljósi 3. gr. samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Ef fyrir liggur, þegar taka á ákvörðun í máli sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, að beita skuli verndarreglunni skal ekki taka slíka ákvörðun, sbr. 4. mgr. Þessi regla kemur og fram í 3. mgr. 18. gr.

Vernd samkvæmt greininni lýtur að ákvörðunum samkvæmt útlendingalögunum. Verndin tekur því ekki til ákvarðana um framsal sakamanna, enda gilda um það efni sérstök lög, sbr. 5.–7. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.

Samkvæmt 2. mgr. kann útlendingi sem ekki fellur undir flóttamannahugtakið eftir sem áður að verða veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum á grundvelli 2. mgr. 11. gr. Ber stjórnvaldi sem fer með mál að eigin frumkvæði að taka til skoðunar hvort ákvæðinu skuli beitt.

Samkvæmt 3. mgr. nýtur útlendingur ekki verndar ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Þær takmarkanir eru í samræmi við 2. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að vernd skv. 1. mgr. eigi við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögunum. Vernd gegn ofsóknum gengur þannig framar öðrum ákvæðum. Því skal ekki taka ákvörðun um frávísun eða brottvísun eða synja umsókn um dvöl ef verndarákvæðin eiga við, enda falli útlendingurinn ekki undir ákvæði 3. mgr. Ef útlendingur ber verndarákvæðið ekki fyrir sig fyrr en kemur að framkvæmd ákvörðunar gilda ákvæði 2. mgr. 32. gr.

Um 46. gr.

Rétt til hælis hér á landi á, samkvæmt umsókn, flóttamaður sem er hér á landi eða kemur hér að landi. Flóttamaður er útlendingur sem fellur undir flóttamannahugtakið, sbr. 1. mgr. 44. gr. Réttur þessi nær hins vegar ekki til flóttamanna sem eru utan marka landsins. Réttur til hælis nær ekki til flóttamanna sem svo er ástatt um sem rakið er í a–e-lið 1. mgr. Rétt er þó að taka fram að þótt ekki sé skylt að veita þessum flóttamönnum hæli er það ávallt heimilt. Meta verður hverju sinni hvort undanþágu skuli beita. Ef beita á undanþágu er þó ekki nauðsynlegt að staðreyna fyrst hvort hlutaðeigandi fellur undir flóttamannahugtakið þar sem undanþágunni má beita þótt útlendingurinn falli undir hugtakið.

Í c-lið er að finna regluna um fyrsta griðland. Samkvæmt þeirri reglu skal hælisumsókn afgreidd í fyrsta ríki sem flóttamaður kemur til og veitt getur honum vernd. Reglunni er ætlað að varna því að flóttamenn verði sendir frá einu ríki til annars án þess að mál þeirra fái viðeigandi meðferð. Miðað er við að útlendingur hafi átt færi á að koma hælisumsókn á framfæri við stjórnvöld í ríkinu. Í því sambandi er nægjanlegt að hlutaðeigandi hafi átt þar mjög stutta dvöl,

til dæmis farið um vegabréfaeftirlit á flugvelli. Þessari reglu er beitt með einum eða öðrum hætti í flestum löndum. Reglan kemur meðal annars fram í Schengen- og Dyflinnarsamningunum. Forsenda þess að reglu þessari sé beitt er að sjálfsögðu að hlutaðeigandi ríki samþykki að taka við honum.

Ákvæði d-liðar er á sinn hátt viðbót við c-lið. Norðurlöndin hafa með norræna vegabréfaeftirlitssamningnum skuldbundið sig til að taka aftur við útlendingi sem komið hefur frá öðru norrænu ríki samkvæmt nánari reglum. Ef útlendingur sem á beiðni um hæli til meðferðar í öðru norrænu ríki kemur hingað til lands áður en meðferð umsóknar hans er lokið verður hann að jafnaði sendur þangað aftur. Ef útlendingur hefur hins vegar fengið endanlega synjun í öðru norrænu ríki þarf að taka umsókn til sérstakrar meðferðar hér, enda kveður vegabréfaeftirlitssamningurinn ekki á um að endanleg synjun í einu landi verði lögð til grundvallar í öðru. Synjun hér veitir hins vegar rétt til að senda hlutaðeigandi til þess norræna ríkis sem hann kom frá.

Í e-lið er að finna ákvæði af sama meiði og í c- og d-lið og er það nauðsynlegt vegna þátttöku landsins í Schengen-samstarfinu og í samstarfi ríkja á grundvelli Dyflinnarsamningsins, svo sem nánar er rakið í kafla III.5 og III.6 í almennun athugasemdum.

Með 2. mgr. er kveðið á um að ekki skuli endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd. Á þessu stigi þarf ekki að liggja fyrir hvort útlendingurinn er flóttamaður.

Í 3. mgr. eru ákvæði um rétt náinna aðstandenda flóttamanns til hælis hér á landi.

Í 4. og 5. mgr. eru ákvæði um meðferð umsókna, þar á meðal heimild til að setja reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsókn.

Um 47. gr.

Greinin fjallar um réttaráhrif hælis. Hælisveiting veitir útlendingi réttarstöðu flóttamanns og hann fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af lögum um útlendinga og öðrum íslenskum lögum, svo og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn. Flóttamannasamningurinn tilgreinir ýmis réttindi sem flóttamaður skal njóta. Nánari útfærsla þeirra réttinda, umfram það sem fram kemur í frumvarpi þessu, kemur fram í þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi svið en á ekki heima í lögum um útlendinga.

Í 2. mgr. er heimild til að afturkalla hælisveitingu ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Ástæða þess að hugtakið á ekki lengur við mundi að jafnaði vera breytt ástand í heimalandinu. Þá mundi það geta leitt til afturköllunar ef hæli hefur verið veitt á röngum forsendum.

Um 48. gr.

Greinin kveður á um rétt flóttamanns til að fá útgefið ferðaskírteini fyrir flóttamenn. Ákvæði um ferðaskilríki fyrir flóttamenn er í samræmi við 28. gr. flóttamannasamningsins. Greinin kveður og á um rétt útlendings sem sótt hefur um hæli en ekki verið veitt það til sérstaks vegabréfs fyrir útlendinga. Um útgáfu þessara skilríkja skal setja nánari reglur og má þar ákveða að vegabréf fyrir útlendinga megi gefa út í öðrum tilvikum.

Þessir flokkar skilríkja hafa verið gefnir út á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með útlendingum, sbr. og f-lið 11. gr. laga um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, en rétt þykir að kveða í lögum nánar á um útgáfu þeirra.

Um 49. gr.

Greinin fjallar um áhrif þess að útlendingi hefur verið ákvörðuð staða flóttamanns í öðru ríki. Á því er byggt að ákvörðun í einu ríki um stöðu flóttamanns bindur ekki stjórnvöld í öðru ríki. Hins vegar er eðlilegt og í samræmi við ályktun Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna að slík ákvörðun sé ekki vefengd nema ákvörðunin sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

Um 50. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að Útlendingastofnun skuli taka ákvörðun í málum sem varða flóttamenn, þ.e. um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Þá er Útlendingastofnun skv. 2. mgr. ætlað að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort útlendingi sem kemur til landsins á grundvelli ákvörðunar stjórnvalda um móttöku flóttamanna skuli veitt réttarstaða flóttamanns. Val á flóttamönnum sem til landsins koma er að jafnaði byggt á gögnum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og viðtölum sérstakrar sendinefndar. Lagt er til að endanleg ákvörðun um flóttamannastöðu einstakra flóttamanna verði ekki tekin fyrr en eftir að flóttamannahópur er kominn til landsins og Útlendingastofnun hefur gefist aðstaða til að taka skýrslu af hlutaðeigandi.

Í 3. mgr. er lögð sérstök rannsóknarskylda á Útlendingastofnun þar sem tekið er fram að hún skuli af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra gagna við meðferð máls. Þessi skylda kemur einnig fram í 10. gr. stjórnsýslulaga, sbr. og 23. gr. frumvarpsins. Upplýsinga til nota í flóttamannamálum má afla frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, frá mannúðar- eða mannréttindasamtökum hér á landi, til dæmis Rauða krossinum eða Amnesty, um hendur utanríkisþjónustunnar o.s.frv. Tekið er sérstaklega fram að þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu megi kynna Flóttamannastofnuninni efni málsskjala. Flóttamannastofnun getur komið að máli hvort heldur er að frumkvæði umsækjanda eða umboðsmanns hans eða að frumkvæði stjórnvalds. Sama heimild til að kynna efni málsskjala gildir einnig gagnvart mannúðar- og mannréttindasamtökum að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga. Taka verður sjálfstæða afstöðu til þess hver slík samtök skuli falla undir ákvæðið og meta hvaða skjöl skuli kynnt þeim. Þegar þessum aðilum hafa þannig verið kynnt málsskjöl hvílir þagnarskyldan á þeim.

Um 51. gr.

Greinin fjallar um flóttamannahópa sem koma til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda. Þeirri skipan hefur verið komið á að ríkisstjórnin tekur að fenginni tillögu félagsmálaráðherra ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna. Felur ákvörðunin í sér fjölda flóttamanna sem taka á við, þjóðerni þeirra og dvalarstað. Í ákvörðuninni mun jafnframt koma fram hverjar eru forsendur hennar að öðru leyti. Er tillaga ráðherra gerð á grundvelli tillagna frá flóttamannaráði. Ráðið er skipað fulltrúum fimm ráðuneyta, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, auk félagsmálaráðuneytis en fulltrúi þess er formaður ráðsins. Flóttamannaráði er meðal annars ætlað að gera tillögur um heildarstefnu og skipulag á móttöku flóttamanna og hafa yfirumsjón með framkvæmd hennar. Framkvæmd ákvörðunar ríkisstjórnarinnar er síðan á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins sem annast undirbúning og móttöku flóttamannanna í samráði við flóttamannaráð, Rauða kross Íslands og hlutaðeigandi sveitarfélög. Val á flóttamönnum hefur farið þannig fram að sérstök sendinefnd, skipuð fulltrúum Rauða krossins og hlutaðeigandi sveitarfélags, hefur verið send á vettvang í því skyni. Útlendingaeftirlitið hefur hins vegar ekki átt formlega aðild að vali flóttamannanna. Nauðsynlegt er að Útlendingastofnun fjalli formlega um mál

slíkra flóttamanna og réttarstöðu þeirra, en sú ákvörðun skal tekin í samræmi við ákvörðun stjórnvalda, sbr. og 2. mgr. 50. gr. Stjórnvöld kunna og að ákveða að taka á móti hópum útlendinga sem ekki teljast flóttamenn. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kann að telja þörf á að finna slíkum hópum samastað. Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. skal Útlendingastofnun heimila komu slíkra hópa til landsins eins og ef um hópa flóttamanna væri að ræða.

Af tilvísun til IV. og V. kafla stjórnsýslulaga í 2. mgr. leiðir meðal annars að ákvarðanir skv. 1. mgr. þarf ekki að rökstyðja, enda um ívilnandi ákvarðanir að ræða.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla er að finna ýmis ákvæði sem lúta að öryggi ríkisins, upplýsinga- og tilkynningarskyldu, vinnslu persónuupplýsinga og ábyrgð á kostnaði við að flytja útlending úr landi, svo og refsiákvæði.

Um 52. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um að réttur sem útlendingur ella hefur til að koma til landsins eða dveljast í landinu gildi ekki ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða mikilvægra þjóðarhagsmuna.

Ef þessar aðstæður eru til staðar má þannig meina útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði. Einnig má við þessar aðstæður framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr.

Vegna öryggis ríkisins má einnig, ef nauðsyn þykir, setja nánari reglur um tilkynningarskyldu en greinir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

Um 53. gr.

Greinin kveður á um upplýsinga- og tilkynningarskyldu útlendinga og kemur í stað 9. gr. gildandi laga. Ekki er ætlast til að lögð verði frekari skylda á útlendinga en nauðsynlegt er.

Samkvæmt 1. mgr. er útlendingi skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf krefur, veita upplýsingar svo að ljóst verði hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu. Ákvæðið gildir um útlendinga sem dveljast í landinu en um útlending sem kemur til landsins gilda ákvæði 5. gr. Skilríki, sem áskilin eru, geta verið vegabréf eða annað kennivottorð sem er viðurkennt sem ferðaskilríki, sbr. 5. gr., en annars konar skilríki mundu og geta verið fullnægjandi, til dæmis ökuskírteini, nafnskírteini með mynd og greiðslukort. Bent skal á að skv. 4. mgr. 15. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögreglunni heimilt að krefjast þess að hver maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Ef útlendingur getur ekki gert grein fyrir sér eða hann sýnir ekki skilríki getur komið til að beita þurfi úrræðum skv. 29. gr. Hér má og nefna b-lið 1. mgr. 16. gr. lögreglulaganna, en þar er ákvæði sem heimilar lögreglu að handtaka þann sem ekki hefur hér landvistarleyfi.

Í 2. mgr. er að finna heimild til að setja reglur um skyldu útlendinga til að bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Tekið er fram að norrænir ríkisborgarar skuli undanþegnir þeirri skyldu, sbr. samkomulag Norðurlandanna um það efni, auk þess sem ákveða má að aðrir útlendingar skuli undanþegnir.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Upplýsingaskylda samkvæmt því ákvæði hvílir aðeins á útlendingi sem er aðili máls til meðferðar. Er honum gert skylt að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn máls. Stjórnvald, sem fer með mál, eftir atvikum lögregla eða Útlendingastofnun, getur lagt þessa skyldu á útlending.

Um 54. gr.

Greinin felur í sér heimild til ráðherra að ákveða að þeir einstaklingar og stofnanir sem þar eru taldir skuli veita lögreglunni eða Útlendingastofnun tilteknar upplýsingar. Stjórnvöldum, sem fara með málefni útlendinga, ber nauðsyn til að vita hvernig háttað er dvöl þeirra í landinu, svo sem hvar hlutaðeigandi dvelst eða hvort hann stundar eða hyggst stunda atvinnu, svo að staðreyna megi að fylgt sé reglum um dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Tilkynningarskyldan er bundin við tiltekin atriði, sbr. nánar a–g-lið 1. mgr., sem ráðherra er bundinn af þegar reglur eru settar. Ákvæði um þagnarskyldu sem vísað er til í h-lið eru í 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40 27. mars 1991, og 5. gr. barnaverndarlaga, nr. 58 2. júní 1992.

Samkvæmt 2. mgr. getur ráðherra sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skuli hafa að geyma. Þær upplýsingar mundu einkum lúta að nafni útlendings, fæðingardegi/kennitölu og þjóðerni. Önnur atriði geta einnig átt við, svo sem upplýsingar um dvalarstað, komudag eða ferðaskilríki.

Til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt er þeim sem gefa skal upplýsingar um skylt að láta þær í té. Ekki verður þó krafist annarra upplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru, sbr. 3. mgr. Skylda þessi getur náð til íslenskra ríkisborgara, sbr. a-, b- og c-lið 1. mgr.

Um 55. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Er einnig ráðgert að heimilt verði eftir þörfum við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Geta slík upplýsingaskipti milli lögreglu og Útlendingastofnunar verið mjög mikilvæg fyrir framkvæmd laganna, t.d. að Útlendingastofnun geti fengið upplýsingar úr málaskrá lögreglunnar sem tengjast brotastarfsemi útlendings sem mundi girða fyrir að honum yrði veitt dvalarleyfi. Eins leiðir ákvæðið til þess að lögregla fær skýra heimild til aðgangs að upplýsingum Útlendingastofnunar um það hvort útlendingur er með tilskilin leyfi þegar lögregla sinnir eftirliti með útlendingum. Hafa ber í huga að sérreglur gilda áfram um takmörkun aðgangs að upplýsingum lögreglu í tengslum við Schengen-upplýsingakerfið, sbr. ákvæði laga nr. 16/2000.

Víða í frumvarpinu er gert ráð fyrir vinnslu upplýsinga um afbrot útlendinga en slíkar upplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Þessi heimild til vinnslu persónuupplýsinga tekur mið af 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, en þar er gert ráð fyrir að ákvæði annarra laga mæli fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Það skal áréttað sérstaklega að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessu ákvæði er einungis heimil að því marki sem nauðsynlegt er með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Útlendingastofnunar. Um meðferð Útlendingastofnunar á persónuupplýsingum fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og á það einnig við um eftirlit Persónuverndar með vinnslu persónuupplýsinga hjá stofnuninni.

Samkvæmt 2. mgr. skal dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu.

Um 56. gr.

Greinin kveður á um hver beri ábyrgð á kostnaði sem hlýst af því að útlendingur verður að fara úr landi. Greinin kemur í stað 16. gr. gildandi laga.

Samkvæmt 1. mgr. skal útlendingur, sem færður er úr landi, greiða kostnað vegna brottfarar sinnar. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað við gæslu þegar hennar er þörf vegna þess

að hann fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Út frá því er gengið að útlendingur fari sjálfviljugur úr landi og á eigin kostnað áður en heimilaður dvalartími er liðinn. Ef hins vegar útlendingur er færður úr landi skal hann greiða kostnað sem skapast af því, svo og kostnað af gæslu sem þörf er á í því sambandi, en það getur verið kostnaður við gæslu fyrir brottför og vegna fylgdarmanna. Stjórnvöld þurfa að geta sýnt fram á nauðsyn gæslu og fylgdar, til dæmis þannig að útlendingurinn hafi reynt að komast undan framkvæmd ákvörðunar um að yfirgefa landið eða lýst því yfir að hann muni reyna það. Þá er í ákvæðinu kveðið á um aðfararhæfi kröfunnar og að krafan geti verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr., svo og um heimild lögreglu til að leggja hald á farseðla, sem finnast í fórum útlendingsins, til notkunar við brottför.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ábyrgð eiganda skips eða loftfars eða leigutaka farsins, svo og stjórnanda fars eða umboðsmanns. Ef útlendingi, sem komið hefur með fari, er vísað frá landi bera þessir aðilar ábyrgð á að færa útlendinginn úr landi. Er þá um þrjá kosti að ræða, að taka útlendinginn aftur um borð, að flytja hann úr landi með öðrum hætti eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Auk þess ber þeim skylda til að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað vegna fylgdar með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf. Útlendingur ber ábyrgð á kostnaði þessum skv. 1. mgr. en ábyrgð farsins er til vara. Í reynd mun það hins vegar yfirleitt lenda á flytjanda að innheimta kostnaðinn hjá útlendingum.

Ef útlendingur greiðir ekki sjálfur kostnað við að færa hann úr landi og greiðsla fæst heldur ekki frá flytjanda stendur ríkissjóður straum af kostnaði, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði um ábyrgð á kostnaði vegna útlendings sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari eða er laumufarþegi og gengur í land án leyfis.

Samkvæmt 5. mgr. eru flytjendur undanþegnir ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins. Telja verður í ósamræmi við reglur Schengen-svæðisins um afnám persónueftirlits á innri landamærum að leggja slíka ábyrgð á flytjendur.

Um 57. gr.

Í greininni er greint frá því hvaða háttsemi skuli refsiverð samkvæmt lögunum, hver sé refsirammi og hverjar saknæmiskröfur. Bæði íslenskir ríkisborgarar og erlendir geta bakað sér refsiábyrgð. Gert er ráð fyrir að brot geti varðað sektum eða fangelsi. Refsihámark er sex mánuðir skv. 1. mgr. og tvö ár skv. 2. mgr. Skv. 3. mgr. er refsihámark enn hærra eða sex ár ef um er að ræða skipulagða starfsemi sem rekin er í hagnaðarskyni til að aðstoða útlendinga við að koma með ólögmætum hætti til landsins eða til annars lands. Þessu til viðbótar gilda ákvæði 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga en þar er heimilað að dæma fésektir jafnframt refsivist þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með broti eða það hefur vakað fyrir honum.

Í e- og f-lið 2. mgr. er að finna refsiákvæði sem svara til 1. mgr. 27. gr. Schengen-samningsins.

Í 4. mgr. er að finna heimild til að gera stjórnanda skips eða loftfars sekt ef útlendingur er fluttur til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki. Í þessu felst að sá sem annast flutning verður að kanna og fullvissa sig um að útlendingur hafi ferðaskilríki áður en hann er fluttur hingað, sbr. reglur skv. 3. mgr. 4. gr. Ef slíkt brot er framið í starfsemi lögaðila fer um refsiábyrgð eftir 5. mgr. Með þessu ákvæði er fullnægt skuldbindingu skv. 26. gr. Schengen-samningsins.

Samkvæmt 5. mgr. er heimilt að leggja sekt á lögaðila ef brot er framið í starfsemi lögaðilans, til dæmis eiganda skips eða loftfars. Um slíka refsiábyrgð fer eftir reglum II. kafla A almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 6. mgr. er loks tekið fram að refsa skuli fyrir tilraun eða hlutdeild í broti eftir því sem segir í reglum III. kafla almennra hegningarlaga.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla er að finna reglugerðarheimild og ákvæði um gildistöku.

Um 58. gr.

Í mörgum greinum er veitt heimild til að setja reglur um einstök atriði. Þær ná bæði til efnisreglna og reglna um framkvæmd. Greinin veitir hins vegar heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Hún er því til fyllingar öðrum ákvæðum en takmarkast við reglur um framkvæmd.

Um 59. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júlí 2002. Nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá því að lögin verða samþykkt og þar til þau koma til framkvæmda. Áður en lögin koma til framkvæmda verður nauðsynlegt að setja í reglugerð ítarleg ákvæði um einstök atriði og þarf að ætla hæfilegan tíma til þess.

Jafnframt er gert ráð fyrir að gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, falli úr gildi.

Loks er lagt til að ákvæðum nokkurra annarra laga verði breytt til samræmis við ákvæði frumvarpsins.

Með frumvarpinu voru sjö fylgiskjöl:

I. Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna.
II. Bókun um að leysa ríkisborgara Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.
III. Norræni vegabréfaeftirlitssamningurinn.
IV. Úr Schengen-samningnum frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985.
V. Samningur um það, hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja Evrópubandalaganna (Dyflinnarsamningurinn frá 15. júní 1990).

Sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 454 (344. mál 126. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 2057–2117.

VI. Samningur milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, gerður 19. janúar 2001.

Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 667 (412. mál 126 löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2000–2001, bls. 2825–2831.

Fylgiskjal VII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga.

Frumvarp þetta felur í sér heildstæðar reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför. Frumvarpið var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi en var síðan til frekari athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu og var endurflutt á 126. löggjafarþingi með nokkrum breytingum en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, og eru ákvæði þess mun ítarlegri en gildandi löggjöf. Í ýmsum greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð. Í því hefur verið tekið tillit til breytinga sem gerðar voru á stjórnarskrá árið 1995, þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda og skuldbindinga sem leiðir af alþjóðlegum samningum og af þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, svo sem Schengen-samstarfinu. Að mestu leyti hafa framangreind efnisatriði þegar komið til framkvæmda. Með fjölgun kæruheimilda samkvæmt frumvarpinu kann þó kærumálum að fjölga og ítarlegri reglur kunna að leiða til krafna um vandaðri málsmeðferð, svo sem öflun upplýsinga um aðstæður í upprunalöndum málsaðila.

Ef frumvarpið verður lögfest eru horfur á að stjórnsýsla málaflokksins hjá Útlendingastofnun muni aukast nokkuð og að fullnægja þarf auknum kröfum. Erfitt er að meta aukin útgjöld ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum þar sem þau ráðast að mestu leyti af áhrifum þess á fjölgun erinda og úrskurða sem kveða þarf upp og fjölda mála er sæta kæru. Enn fremur mun ráða miklu hvort ákvæði frumvarpsins hafa áhrif á fjölda þeirra er leita hælis hér á landi, fjölda brottvísana, fjölda umsókna um dvalarleyfi o.s.frv. Þá er erfitt um vik að greina bein áhrif af ákvæðum frumvarpsins frá almennri aukningu verkefna á þessu sviði vegna aukinna alþjóðlegra samskipta og fólksflutninga í heiminum. Hér er gert ráð fyrir að auknar kröfur til stjórnsýslu Útlendingastofnunar í frumvarpinu leiði í heild til þess að fjölga þurfi sérfræðingum stofnunarinnar um tvo. Áætlað er að við það aukist árleg útgjöld ríkisins um 10 m.kr. vegna launa og starfstengds kostnaðar. Þá er reiknað með að rekstrarkostnaður aukist um 1 m.kr. þar sem færa þurfi vegabréfaprentun stofnunarinnar í annað húsnæði til að rýma til fyrir nýjum starfsmönnum. Auk þess er gert ráð fyrir 1,5 m.kr. tímabundnum útgjöldum til að skapa nýjum starfsmönnum starfsaðstöðu að tölvubúnaði meðtöldum. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins tekur það gildi 1. júlí árið 2002. Gert er ráð fyrir að nokkur tími muni líða frá því að nýr lagarammi á þessu sviði gengur í gildi þar til áhrifa hans taki að gæta í aukinni vinnu hjá Útlendingastofnun. Er því ekki gert ráð fyrir að framlög vegna aukins rekstrarkostnaðar sem hér er tilgreindur komi til ákvörðunar fyrr en í fjárlögum ársins 2003.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að veita útlendingi sem haft hefur dvalarleyfi hér á landi í þrjú ár búsetuleyfi hafi hann sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Í sömu grein er gert ráð

fyrir að lagt verði á gjald fyrir þátttöku í slíkum námskeiðum. Í athugasemdum við greinina kemur ekki fram með hvaða hætti staðið verður að slíkum námskeiðum að öðru leyti en því að þau standi yfir í 2–3 mánuði og að ekki verði gerðar kröfur um árangur af náminu. Fyrirkomulagið felur í sér að innheimt verður gjald sem sett verður af dómsmálaráðherra í reglugerð og notað til að standa straum af öllum kostnaði við íslenskunámskeiðin á vegum dómsmálaráðuneytisins. Sá kostnaður mun færast sem rekstrargjöld við íslenskukennslu hjá dómsmálaráðuneytinu vegna umsjónar og skipulags, námsgagna, launakostnaðar, aðkeyptrar þjónustu o.fl. Tekjur af námskeiðsgjaldinu færast hins vegar á móti á tekjuhlið ríkissjóðs. Dómsmálaráðuneytið hefur látið vinna áætlun um kostnað við námskeiðin og samkvæmt henni er talið að hann geti orðið um 60 m.kr. á ári. Þá er reiknað með að tímabundinn upphafskostnaður dómsmálaráðuneytisins við gerð og útgáfu námsefnis og þjálfun kennara gæti orðið í kringum 25–30 m.kr. Á fyrsta árinu sem kennslan færi fram gæti kostnaðurinn við hana því numið um 85–90 m.kr. en um 60 m.kr. á ári eftir það. Nokkurn tíma mun þurfa til að undirbúa íslenskukennsluna og gerir dómsmálaráðuneytið því ekki ráð fyrir að hefja kennsluna fyrr en á árinu 2003 og að fjárveiting til hennar komi því ekki til ákvörðunar fyrr en í fjárlögum þess árs.

699. Svar [346. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um persónuskrár.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða skrár heldur lögreglan um brotafólk og þá sem tengst hafa brotum? Hver er tilgangurinn með því að halda slíkar skrár?*
2. *Á hvaða lögum eða reglugerðum byggjast slíkar skrár?*
3. *Að hvaða skrám um fólk hafa fyrirtæki, ríkisstofnanir og/eða almenningur aðgang? Hver veitir þann aðgang og á hverju eru slíkar aðgangsheimildir byggðar?*

Allar þær persónutengdu skrár sem lögreglan heldur hafa verið tilkynntar til Persónuverndar og hlotið þar ítarlega skoðun. Þær eru eftirfarandi:

Með heimild í 5. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996:

- Skrá til að halda saman upplýsingum um aðila er tengjast samtökum sem talin eru alþjóðleg glæpasamtök.
- Skrá í tengslum við rýmingu húsa vegna snjóflóðahættu á Patreksfirði.
- Skrá til að halda saman upplýsingum um mannshvörf á Íslandi.

Með heimild í reglugerð nr. 501/1997, um ökuskírteini, sbr. reglugerð nr. 799/1998 og nr. 327/1999:

- Ökuskírteinaskrá, til að halda utan um handhafa ökuskírteina og útgáfu þeirra.

Með heimild í vopnalögum, nr. 16/1998:

- Skotvopnaskrá, til að halda utan um öll skráð skotvopn, eigendur og umráðamenn þeirra.

Með heimild í reglugerð nr. 152/1979, um töku, meðferð og geymslu fingrafara og ljósmynda hjá lögreglu:

- Brotamannaskrá, til að halda sérstaka skrá um þá brotamenn sem reglugerðin tekur til.

Með heimild í lögreglulögum, nr. 90/1996, og reglugerð nr. 322/2001, um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu:

- Handtökukerfi lögreglunnar, til að halda utan um allar handtökur lögreglunnar.
- Málaskrá lögreglu, til að halda utan um kærur sem berast lögreglu með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem málin varða.
- Skýrslugerð lögreglu, til að halda utan um skráningar skýrslna í tengslum við verkefni og rannsóknir mála.
- Dagbók lögreglu, til að halda utan um öll verkefni lögreglunnar og það sem þeim tengist.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 322/2001, um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, getur ríkislögreglustjóri heimilað lögreglustjórum að halda aðrar skrár en kveðið er á um í reglugerðinni, og er um leið ábyrgur fyrir þeim. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra var lögreglustjóraembættunum ritað bréf 29. janúar 2001 og óskað eftir því að embættin tilkynntu ríkislögreglustjóra allar þær skrár sem þeir héldu og innihalda persónuupplýsingar. Allar þær skrár sem lögreglustjórarnir tilkynntu hafa verið afritaðar og fluttar í hús embættis ríkislögreglustjóra til skoðunar. Að skoðun lokinni verður tekin ákvörðun um hvort þær verði heimilaðar eða þeim eytt. Framangreindar skrár hafa verið tilkynntar til Persónuverndar með bráðabirgðatilkynningu, dags. 29. júní 2001. Framangreindar skrár hafa verið notaðar til að halda utan um aðila sem tengjast fíkniefnabrotum. Frá embætti ríkislögreglustjóra voru þær upplýsingar gefnar að embættin sem hafa haldið þessar skrár takmörkuðu mjög aðgang að þeim og að í öllum tilvikum nema einu væri skránum ekki haldið við lengur.

Það er meginregla að miðlun upplýsinga úr gagnagrunnum lögreglu til annarra aðila er óheimil, nema í þeim tilvikum sem lög um persónuvernd og reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu heimila slíkt. Embætti ríkislögreglustjóra og embætti tollstjórans í Reykjavík hafa t.d. gert með sér samkomulag um miðlun upplýsinga á fíkniefnasviði sem hefur verið í gildi um tíma. Í þeim tilvikum miðlar lögreglan upplýsingum, sem varða fíkniefnabrot, til tollayfirvalda en þeim er ekki heimilt að framsenda þær öðrum. Í engum tilvikum er lögreglu heimilt að miðla persónutengdum upplýsingum til annarra en þeirra sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, auk skráðra, en þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 9. gr. sömu reglugerðar.

Í fyrrnefndri 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram að persónuupplýsingum skuli aðeins miðlað innan lögreglu eftir því sem þörf krefur vegna tiltekinna löggæsluverkefna. Persónuupplýsingum verði aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en lögreglu eða til einkaaðila þegar samþykki hins skráða liggur fyrir, samkvæmt lagaheimild, samkvæmt heimild Persónuverndar eða ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu. Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til erlendra lögregluyfirvalda samkvæmt lagaheimild eða þjóðréttarlegri skuldbindingu eða ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða sporna við alvarlegum afbrotum, enda veiti það ríki sem upplýsingar eru sendar til fullnægjandi persónuupplýsingavernd. Eftir því sem unnt er skal sannreyna áreiðanleika persónuupplýsinga áður en þeim er miðlað. Ef upplýsingar eru ónákvæmar eða úreltar skal þeim ekki miðlað. Ef slíkum upplýsingum hefur verið miðlað skal lögreglan eftir því sem frekast er unnt hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

700. Svar [402. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um loðnuveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið af úthlutuðum loðnukvóta náðist ekki að veiða fiskveiðiárið 2000/2001? Svarið óskast sundurliðað eftir skipaskrárnúmerum, nöfnum, stærð og eigendum skipanna.

Í töflunni kemur fram yfirlit yfir úthlutað aflamark í loðnu, millifærslur aflamarksins milli skipa og aflaheimildir loðnu á hvert skip, loðnuafla veiðitímabilsins og eftirstöðvar aflaheimilda í loðnu í lok veiðitímabilsins 2000/2001. Upplýsingarnar eru sundurliðaðar eftir skipum. Hvert skip er tilgreint með skipanúmeri og nafni skips. Fram koma upplýsingar um stærð skipa í brúttótonnum og hver eigandinn var.

Skipanr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Brt.	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Aflaheimild	Afli	Eftirstöðvar
130	Júpiter	ÞH	61	1.033	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	32.492	119	32.611	26.830	5.781
155	Jón Kjartansson	SU	111	1.399	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	21.451	5.300	26.751	26.680	71
183	Sigurður	VE	15	1.228	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	36.149	2.858	39.007	38.330	677
220	Víkingur	AK	100	1.170	Haraldur Böðvarsson hf.	35.388	8.482	43.870	43.852	18
226	Beitir	NK	123	1.031	Síldarvinnslan hf.	27.559	-5.882	21.677	21.677	0
264	Þórður Jónasson	EA	350	448	Valtýr Þorsteinsson ehf.	16.565	-4.338	12.227	12.227	0
979	Sunnutindur	SU	59	555	Vísir hf.		22.456	22.456	22.456	0
1002	Arnarnúpur	ÞH	272	584	SR-mjöl hf.	4.428	-4.428	0		0
1006	Geirfugl	GK	66	504	Þorbjörn Fiskanes hf.		0	0		0
1012	Örn	KE	13	949	Sólbakki ehf.	33.291	4.106	37.397	37.397	0
1020	Guðmundur Ólafur II	ÓF	40	525	Garðar Guðmundsson hf.	17.286	300	17.586	17.645	-59
1029	Svanur	RE	45	496	Ingimundur Ingimundarson	18.087	671	18.758	18.750	8
1031	Bergur	VE	44	966	Bergur ehf.	18.588	750	19.338	19.302	36
1035	Heimaey	VE	1	379	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	4.178	3.755	7.933	7.933	0
1046	Oddeyrin	EA	210	498	Samherji hf.	33.536	-16.275	17.261	17.261	0
1060	Súlan	EA	300	651	Súlan ehf.	23.642	477	24.119	24.119	0
1061	Birtingur	NK	119	485	Barðsnes ehf.	21.400	66	21.466	21.466	0
1062	Kap	VE	4	545	Vinnslustöðin hf.	12.853	6.270	19.123	19.123	0
1070	Húnaröst	SF	550	545	Skinney – Þinganes hf.	18.408	-18.408	0		0
1076	Guðrún Þorkelsdóttir	SU	211	697	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	18.567	-5.526	13.041	13.040	1
1272	Guðmundur	VE	29	672	Ísfélag Vestmannaeyja hf.		2.873	2.873	2.873	0
1293	Börkur	NK	122	1.440	Síldarvinnslan hf.	32.152	-1.629	30.523	30.523	0
1308	Venus	Hf.	519	1.779	Hvalur hf.	4.593	-4.593	0		0
1401	Gullfaxi	KE	292	601	Daney ehf.				0	0
1411	Huginn	VE	65	639	Huginn ehf.	17.446	1.925	19.371	19.370	1
1413	Harpa	VE	25	636	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	9.602	8.463	18.065	18.065	0
1416	Steinunn	SF	10	475	Skinney – Þinganes hf.		0	0		0
1417	Helga	RE	47	25	Ingimundur hf.		3.450	3.450		3.450
1472	Klakkur	SH	510	744	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.		0	0		0
1501	Þórshamar	GK	75	679	Festi ehf.	22.955	-12.091	10.864	9.252	1.612
1504	Neptúnus	ÞH	361	729	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.		1.354	1.354	1.354	0
1508	Björg Jónsdóttir	ÞH	321	957	Langanes hf.	22.010	-3.579	18.431	18.431	0
1512	Grindvíkingur	GK	606	729	Þorbjörn Fiskanes hf.	27.043	250	27.293	27.278	15
1525	Hólmaborg	SU	11	1.692	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf.	34.722	-174	34.548	34.412	136

Skipanr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Brt.	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Aflaheimild	Afli	Eftirstöðvar
1556	Seley	SU	210	594	Samherji hf.	31.658	-17.606	14.052	14.052	0
1590	Freyja	VE	260	4	Adolf Magnússon		52	52		52
1610	Ísleifur	VE	63	756	Ísleifur ehf.	22.858	1.927	24.785	24.784	1
1652	Náttfari	RE	59	308	Pétur Jónsson ehf.		148	148		148
1742	Faxi	RE	9	1.411	Faxamjöl hf.	23.578	8.163	31.741	31.739	2
1807	Áskell	EA	48	1.236	Gjögur ehf., Grenivík	24.398	-148	24.250	24.250	0
1838	Freyja	RE	38	241	Gunnar I. Hafsteinsson		0	0		0
1871	Kópur	SU	54	5	Jón Kristinn Antoníusson		521	521		521
1903	Þorsteinn	EA	810	1.835	Samherji hf.	33.050	-14.401	18.649	18.649	0
1970	Öðlingur	VE	40	10	Sigurborg O. Engilbertsdóttir		7	7		7
2048	Drangavík	VE	80	262	Vinnslustöðin hf.	4.307	-4.307	0		0
2091	Áki	EA	34	10	Sandhorn ehf.		645	645		645
2233	Jóna Eðvalds	SF	20	633	Skinney – Þinganes hf.	9.141	4.824	13.965	13.965	0
2253	Elliði	GK	445	704	Haraldur Böðvarsson hf.	22.822	-22.822	0		0
2275	Jón Sigurðsson	GK	110	1.037	Samherji hf.				0	0
2277	Antares	VE	18	859	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	46.537	-23.996	22.541	22.541	0
2281	Sighvatur Bjarnason	VE	81	1.135	Bárustígur ehf.	29.215	-774	28.441	28.441	0
2287	Bjarni Ólafsson	AK	70	1.593	Runólfur Hallfreðsson ehf.	21.531	-403	21.128	21.128	0
2309	Ólöf	NS	69	10	Guðni Kristján Ásgrímsson		234	234		234
2329	Guðmundur Ólafur	ÓF	91	1.230	Garðar Guðmundsson hf.	5.309	11.622	16.931	16.924	7
2334	Óli í Sandgerði	AK	14	1.103	Haraldur Böðvarsson hf.	37.137	-11.416	25.721	25.720	1
2336	Sunnuberg	NS	70	1.288	Tangi hf.	19.549	2.432	21.981	21.981	0
2345	Hoffell	SU	80	1.293	Loðnuvinnslan hf.		0	0		0
2363	Gullberg	VE	292	1.085	Ufsaberg ehf.	20.360	2.168	22.528	22.393	135
2388	Ingunn	AK	150	1.981	Haraldur Böðvarsson hf.	2.788	21.222	24.010	23.911	99
2410	Vilhelm Þorsteinsson	EA	11	3.239	Samherji hf.		26.833	26.833	26.831	2
2412	Ásgrímur Halldórsson	SF	250	1.094	Þingey ehf.		13.584	13.584	13.460	124
2433	Björn	RE	79	327	Dynjandi ehf., útgerð		800	800		800
5048	Sigursæll	ÍS	87	4	K. og G. hf.		994	994		994
5362	Hafdís	EA	97	6	Ólafur Guðmundur Jóhannesson		790	790		790
5458	Sigurvon	ÞH	67	7	Björn Lúðvíksson		357	357		357
6084	Harpa	AK	55	3	Börkur Jónsson		107	107		107
6391	Merkúr	VE	2	5	Sigurborg O. Engilbertsdóttir		433	433		433

Skipanr.	Heiti	Einkst.	Einknr.	Brt.	Eigandi	Úthlutun	Milli skipa	Aflaheimild	Afli	Eftirstöðvar
6461	Gauti	SH	252	3	Ásgeir Gunnar Jónsson		43	43		43
6540	Jóka	SH	144	5	Ágúst Jónsson		284	284		284
6970	Guðrún Hermanns	Hf.	175	10	Höskuldur Skarphéðinsson		376	376		376
7044	Ásbjörg	RE	80	9	Dynjandi ehf., útgerð		0	0		0
7057	Birna	SU	147	5	Þráinn Sigurðsson		305	305		305
					Samtals	**918.629**	**0**	**918.629**	**900.415**	**18.214**

701. Fyrirspurn [434. mál]

til dómsmálaráðherra um meðferð við vímuvanda fanga.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hve stór hluti fanga sem afplána dóm á Litla-Hrauni er talinn háður áfengi eða ólöglegum vímuefnum?
2. Hve stór hluti fanga fær meðferð við vímuvanda sínum fyrir lok afplánunar?
3. Hvað kostar slík meðferð og hver ber kostnaðinn af henni?
4. Kemur til greina að bjóða upp á slíka meðferð í upphafi fangelsisvistar í stað þess að bíða þar til henni er að ljúka?

702. Fyrirspurn [435. mál]

til samgönguráðherra um lagningu Sundabrautar.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hvað líður ákvörðun um legu og lagningu Sundabrautar sem á að tengja núverandi byggð vestan Elliðaáa við framtíðarbyggð í Geldinganesi og síðan tengjast Vesturlandsvegi?
2. Er samkomulag í sjónmáli milli samgönguyfirvalda og borgaryfirvalda um þessar framkvæmdir?
3. Hvað er áætlað að framkvæmdirnar kosti miðað við þær tillögur Vegagerðarinnar sem fyrir liggja?

703. Fyrirspurn [436. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hafsbotninn við Ísland.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á ástandi hafsbotnsins umhverfis landið?
2. Hafa verið unnin umhverfisspjöll á hafsbotni? Er vitað hvaða skemmdir hafa orðið á hafsbotni af völdum veiðarfæra?
3. Hvaða áhrif geta skemmdir á hafsbotni haft á klak og uppvaxtarskilyrði lífvera í sjónum?

704. Fyrirspurn [437. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruminjar á hafsbotni.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Er merkar náttúruminjar að finna á hafsbotni umhverfis Ísland sem ef til vill bæri að friða?
2. Eru fleiri staðir á hafsbotni umhverfis landið friðaðir en hluti botns Eyjafjarðar?

705. Fyrirspurn [438. mál]

til viðskiptaráðherra um sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu mikið af innstæðum banka og sparisjóða var í eigu einstaklinga 31. janúar sl.?
2. Hversu mikið af sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum var á innlánsreikningum með 1% vöxtum, 2% vöxtum o.s.frv., flokkað eftir vaxtastigi, 31. janúar sl.?
3. Hversu mikið af sparifé í bönkum og sparisjóðum var í eigu fólks 65 ára og eldra, flokkað eftir vaxtaflokkum, og hvaða raunvextir voru af þessu sparifé sl. ár?
4. Hversu mikið sparifé einstaklinga í bönkum og sparisjóðum var á neikvæðum vöxtum undanfarið ár?

Skriflegt svar óskast.

706. Tillaga til þingsályktunar [439. mál]

um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum.

Flm.: Ásta Möller, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar Birgisson,
Drífa Hjartardóttir, Guðmundur Hallvarðsson,
Árni R. Árnason, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa og ákveða fyrirkomulag innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem stæði undir uppbyggingu og þjónustu á slíkum svæðum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil vakning meðal Íslendinga að ferðast um eigið land. Jafnframt hefur erlendum ferðamönnum fjölgað verulega á síðustu árum. Árið 1990

komu um 142 þúsund erlendir ferðamenn til landsins, en tíu árum síðar voru þeir orðnir 303 þúsund talsins, hafði fjölgað um 113% á 10 ára tímabili. Fjölgunin milli áranna 1999 og 2000 ein og sér var tæp 16%, fór úr 262 þúsund ferðamönnum í 303 þúsund eins og fyrr segir. Spáð er frekari fjölgun erlendra ferðamanna og er gert ráð fyrir að árið 2020 verði þeir um hálf milljón.

Ýmsar kannanir hafa sýnt að íslensk náttúra er eitt meginaðdráttarafl erlendra ferðamanna. Íslensk náttúra er því auðlind í sjálfu sér, auðlind sem ferðaþjónustan byggist á. Það skiptir þá atvinnugrein afar miklu máli hvernig búið er að íslenskri náttúru og hvernig aðstöðu ferðamönnum er boðið upp á.

Þótt verulega auknu fjármagni hafi verið varið til uppbyggingar til móttöku ferðamanna á vinsælum ferðamannastöðum á síðustu árum er ljóst að margir þeirra standast tæpast kröfur um aðgengi, aðstöðu og fræðslu sem ferðamenn vænta. Fæstir vinsælla ferðamannastaða eru undir það búnir að taka á móti þessum aukna fjölda ferðamanna. Afleiðingin er að víða hefur land látið á sjá, en slíkt leiðir fljótt til minni virðingar fyrir umhverfinu og verri umgengni.

Samhliða auknum áhuga á ferðalögum um Ísland til að njóta einstakrar náttúrufegurðar þess, hefur áhugi á verndun landsins aukist. Það endurspeglast m.a. í stofnun nýrra þjóðgarða. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var formlega opnaður sumarið 2001 og ákveðið hefur verið að stofna Vatnajökulsþjóðgarð í náinni framtíð, þar sem Skaftafellsþjóðgarður yrði hluti hans. Auk þess eru þjóðgarðar í Jökulsárgljúfrum og á Þingvöllum. Þjóðgarðar hafa alþjóðlega tilvísun í huga ferðamanna enda eru þeir stofnaðir til að varðveita sérstakar náttúruheildir sem verðugt er að njóta. Í hugtakinu felst ákveðinn gæðastimpill og eru tilteknar kröfur gerðar til aðbúnaðar og umbúnaðar á slíkum stöðum.

Í úttekt OECD 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi segir m.a. eftirfarandi:

„Í flestum þjóðgörðum og á öðrum verndarsvæðum þarf fleiri eftirlitsmenn og framkvæmdaáætlanir ... Mikil aukning varð í ferðaþjónustu á síðasta áratug og þar með jókst einnig þörfin fyrir það að hafa hemil á því mikla álagi á náttúru landsins sem þessu fylgir, og þörfin fyrir auknar fjárveitingar til uppbyggingar á betri aðstöðu og fleiri eftirlitsmenn á vinsælustu ferðamannasvæðunum.“

Í skýrslu OECD eru lagðar fram ýmsar tillögur sem geta stuðlað að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála. Þar er m.a. lagt til að „fjölgað verði landvörðum á náttúruverndarsvæðum og fjármagn til náttúruverndar aukið, t.d. með því að beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum...“.

Með hliðsjón af auknum fjölda ferðamanna sem kjósa að ferðast um Ísland, þörf á auknu fjármagni til að standa undir uppbyggingu aðstöðu til móttöku þeirra á vinsælum ferðamannastöðum og um leið nauðsyn þess að vernda íslenska náttúru og koma í veg fyrir landspjöll vegna aukins ágangs er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Þjónustugjald á vinsælum ferðamannastöðum.

Á síðari árum hefur svokölluð mengunarbótastefna rutt sér rúms í umhverfismálum, en meginhugsunin að baki henni er að þeir sem menga greiði fyrir förgun mengunarefna. Á sama hátt hefur stefnan í nágrannalöndum okkar verið að þeir sem njóta náttúrunnar greiði fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem þörf er á til að taka á móti ferðamönnum á viðunandi máta. Erlendis þykir það sjálfsagt að ferðamenn greiði aðgangseyri að náttúrufyrirbærum sem eru sérstakt aðdráttarafl ferðamanna. Þá er það almenn regla erlendis að greitt er aðgangsgjald að þjóðgörðum, enda stendur slíkt gjald undir tiltekinni þjónustu sem veitt er innan þjóðgarðsins, svo sem öryggisþjónustu, bæklingum, leiðarlýsingum, aðgangi að fræðslusetrum og annarri fræðslu eða leiðbeiningum. Einnig stendur það undir gerð og viðhaldi göngu- eða

hjólastíga, bílastæða og tjaldstæða, auk þjónustuhúsa, t.d. salerna og þvottaaðstöðu, að ónefndri verndun náttúru svæðisins, sem er meginástæða þess að fólk kýs að sækja staðinn.

Hér á landi þykir eðlilegt að greiða fyrir aðgang að sögusýningum, fornminjum og merkum sögustöðum. Hins vegar hefur ekki þótt eins sjálfsagt að greiða þjónustugjald fyrir aðgang að náttúrufyrirbærum eða þjóðgörðum. Mörg rök hafa verið færð fyrir því og þau algengust að fólk eigi ekki að greiða fyrir að upplifa eigið land né fyrir aðgang að náttúru landsins. Jafnframt hefur verið bent á að af landfræðilegum ástæðum sé eingöngu hægt að krefjast gjalds á tilteknum stöðum og það feli í sér mismunun. Landfræðilegar ástæður ráði þannig hvaða svæði fái aukið fjármagn til uppbyggingar. Einnig sé um mismunun að ræða í þeim skilningi að þeir sem fara á tiltekna staði greiða gjald, en aðrir fái frían aðgang að öðrum svæðum. Þá þurfi jafnvel að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir til að girða land af, ef stýra á aðstreymi ferðamanna. Það sé óæskilegt, slíkt hindri frítt flæði um landið og sé umhverfismengandi. Þá sé ferðamannatíminn stuttur, innheimtukostnaður hár og innheimtan jafnvel erfið í framkvæmd og mundi í ýmsum tilvikum ekki skila miklu. Að lokum er því haldið fram að þjónustugjald fæli ferðamenn frá að heimsækja viðkomandi stað og ferðaskrifstofur sneiði hjá slíkum stöðum.

Á hinn bóginn má benda á að ýmsir vinsælir ferðamannastaðir eru tilvaldir í þessu sambandi, bæði af landfræðilegum ástæðum, en einnig vegna fjölda ferðamanna og þeirrar þjónustu sem þarf að standa til boða. Hér má nefna staði eins og Dimmuborgir, Gullfoss, Geysi, Þórsmörk og Öskju, að ónefndum þjóðgörðunum Snæfellsjökli, í Skaftafelli, og Jökulsárgljúfrum, Ásbyrgi og Dettifoss þar innifalið, sem fullkomlega eðlilegt er að sett sé á þjónustugjald við aðgang, enda þarf að gera miklar kröfur til öryggisgæslu, aðstöðu og þjónustu á slíkum stöðum eðli málsins samkvæmt. Þjónustugjald gæti í ákveðnum tilvikum, t.d. í Þórsmörk, einnig virkað sem takmarkandi á aðgang, þar sem þegar er um oftroðslu á landi að ræða.

Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði ávallt undanskilinn þjónustugjaldi, enda hefur hann slíka sérstöðu meðal þjóðarinnar að eðlilegt er að kostnaður við hann sé alfarið greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Sem dæmi um fjölda ferðamanna á einstökum stöðum má nefna að um 140 þúsund ferðamenn komu í þjóðgarðinn í Skaftafelli á síðasta ári og um 200 þúsund manns koma að Gullfossi á ári hverju. Ef hver ferðamaður sem skoðar Gullfoss greiðir sem nemur 200–250 kr. gætu árlegar tekjur numið 40–50 millj. kr. Á sama hátt gæfu árleg þjónustugjöld fyrir aðgang að Skaftafelli 28–35 millj. kr., eða 23–28 millj. kr. ef miðað er við að börn fái ókeypis aðgang og miðað við að þau séu 20% gesta. Innheimtukostnað þar má áætla 4–5 millj. kr. á ári miðað við að þjónustugjald sé innheimt yfir sumartímann. Þess má geta að algengt aðgangsgjald í þjóðgörðum í Kanada er sem samsvarar um 250–350 kr. fyrir fullorðna, 200–250 kr. fyrir eftirlaunaþega og 130–170 kr. fyrir börn á aldrinum 6–16 ára og sérstakt afsláttargjald fyrir hópa. Þessi gjöld standa að mestu undir rekstri viðkomandi þjóðgarða. Þar er litið svo á að greiðsla aðgangseyris jafngildi því að fjárfest sé í verndun garðsins fyrir óbornar kynslóðir.

Það mætti hugsa sér að aðgangur að þjóðgarðinum væri innifalinn í tjaldleyfum ef fólk kýs að gista á staðnum. Þá er algengt að þjónustugjald sé innifalið í skipulagðri ferð ferðaskrifstofa, þannig að hver og einn ferðamaður þurfi ekki að standa skil á því við inngang. Einnig er algengt erlendis að keypt sé aðgangskort að fleiri en einum stað, sem gildir ákveðinn tíma. Slíkt getur virkað sem hvatning til að skoða náttúruperlur á ferðalögum. Fjölskyldur gætu skipulagt ferð sína með hliðsjón af þessu og gefur ómetanlegt tækifæri til fræðslu og útiveru. Innifalið í þjónustugjaldi væri aðgangur að gestastofu, leiðbeiningar og upplýsingar

auk þess sem viðkomandi getur gengið að því vísu að öll aðstaða, svo sem hreinlætisþjónusta og sorphirða, aðstaða til útivistar, t.d. göngustígar og öryggisgæsla, svo og verndun landsins, sé í því horfi sem vænta má af þjóðgarði.

Skaftafellsþjóðgarður er elsti þjóðgarðurinn hér á landi. Vel var vandað til verka og hann talinn til fyrirmyndar langt út fyrir landsteinana. Frá fyrstu tíð hefur hann verið vinsæll viðkomustaður ferðamanna jafnt innlendra sem erlendra. Því miður hefur aðstaða og þjónusta í þjóðgarðinum ekki náð að þróast í samræmi við breyttar kröfur og hugmyndir manna um rekstur þjóðgarða. Þarf að gera bragarbót á göngustígum og umhverfi þeirra, sem hefur látið á sjá við aukna aðsókn ferðamanna. Þá þarf einnig að fjölga vegvísum og huga nánar að öryggismálum. Aukið fjármagn til staðarins með því að leggja á þjónustugjald getur bætt verulega úr fjárvöntun til að standa m.a. undir þessum úrbótum.

Varðandi mismunun milli staða þyrfti að skoða að hluti þess fjármagns, sem innheimtist á þeim stöðum þar sem þjónustugjald er innheimt, nýttist öðrum stöðum til uppbyggingar aðstöðu.

Vegna stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs má einnig velta fyrir sér að láta tryggingu vegna ferðalaga á jöklinum vera innifalda í þjónustugjaldi og gæti hún m.a. staðið straum af kostnaði vegna hugsanlegra björgunaraðgerða um leið og hún er trygging fyrir að fólk sem áformar ferð á jökul tilkynni um för sína og að fylgst sé með því. Það eitt og sér er ákveðin öryggistrygging.

Ástand og uppbygging vinsælla ferðamannastaða.

Í skýrslu um framkvæmdir og aðgerðir til úrbóta á náttúruverndarsvæðum og vinsælum viðkomustöðum ferðamanna – samantekt vegna fjögurra ára framkvæmdaáætlunar (2000–2004) frá 1999, sem unnin var og gefin út af Ferðamálaráði, Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni, segir m.a. eftirfarandi:

„Á undanförnum árum hefur það orðið æ ljósara að vegna stóraukins fjölda ferðamanna er nauðsynlegt að fara í ýmsar framkvæmdir á friðlýstum svæðum og öðrum vinsælum ferðamannastöðum í mun ríkara mæli en áður hefur verið gert. Náttúruvernd ríkisins hefur engan veginn getað uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til stofnunarinnar um úrbætur á friðlýstum svæðum vegna fjölgunar ferðamanna. Stofnunin lagði því til við umhverfisráðuneytið, við fjárlagagerð, að fjármunir til framkvæmda á friðlýstum svæðum væru stórauknir.“

Þar sem yfirleitt fer saman náttúruverndarsvæði og vinsælir áningarstaðir ferðamanna tóku framangreindir aðilar sig saman um að gera yfirlit um nauðsynlegar úrbætur á slíkum stöðum. Nauðsynlegar úrbætur taka til umhverfisþátta og aðstöðu, auk fræðslu og merkinga, sem m.a. hefur þá þýðingu að stýra umferð á eða um ákveðin svæði. Í skýrslunni segir m.a. um ástand á vinsælum ferðamannastöðum:

„Aðstaða og aðgengi ferðamanna að helstu náttúruperlum landsins eru víða hvar í mjög bágu ástandi. Þar sem svæðin hafa ekki verið skipulögð og undirbúin fyrir ferðamenn hafa þau látið á sjá vegna átroðnings. Víða þarf að grípa til aðgerða strax ef koma á í veg fyrir eyðileggingu. Opin sár í gróðurþekjuna geta stækkað af völdum vatns og vinda.“

Skýrsluhöfundar taka jafnframt undir eftirfarandi lýsingu sem kemur fram í skýrslu verkefnishóps á vegum samgönguráðuneytis frá árinu 1995 þar sem segir m.a.:

„Víða skortir þætti sem nútíma ferðamannastaðir þurfa að hafa, s.s. þjónustuhús, snyrtiaðstöðu, rotþrær, vatnsöflun, stígagerð, göngubrýr, vegabætur, bílastæði, merkingar, sorphirðu og uppgræðslu.“

Í skýrslunni kemur fram það mat skýrsluhöfunda að leggja þurfi til um 434 millj. kr. á verðlagi ársins 1999 til nauðsynlegra úrbóta á vinsælum ferðamannastöðum. Þjóðgarðurinn

á Þingvöllum er þar undan skilinn. Reiknað til núvirðis samsvarar það um 500 millj. kr. Þar af yrði um þriðjungi varið til bætts aðgengis: gerðar stíga, palla, hliða, príla, trappa, göngubrúa, bílastæða, áningarborða og skipulags. Um 15% fjárhæðarinnar yrði varið til bættrar salernisaðstöðu, tæplega fjórðungs til fræðslu, t.d. friðlýsingarskilta og fræðsluskilta, stika, varða og annarra leiðarmerkinga. Öðrum tæpum fjórðungi yrði varið til húsagerðar, gestastofa og húsnæðis landvarða. Gerð varnargarða, girðinga, tjaldstæða og leiksvæða, auk annars, samsvarar milli 7–8 % af heildarupphæð. Þessi upphæð er varlega áætluð, þar sem ekki er m.a. sérstaklega gert ráð fyrir aukakostnaði vegna aðgengis fatlaðra, né til gerðar fræðslubæklinga.

Sem dæmi má nefna að fram kemur í framkvæmdaáætlun Ferðamálaráðs, Náttúruverndar ríkisins og Vegagerðarinnar fyrir tímabilið 2000–2004 að um 35 millj. kr. þurfi í Skaftafellsþjóðgarð, 75 millj. kr. í Jökulsárgljúfur og 11 millj. kr. í Öskju í Dyngjufjöllum.

Fjárframlög til þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Náttúruvernd ríkisins hefur samkvæmt lögum eftirlit og umsjón með þjóðgörðum og vernduðum svæðum, svo sem friðlöndum.

Töluverðu auknu fjármagni hefur verið varið til uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum á fjárlögum á undanförnum árum. Á fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir 86 millj. kr. til almenns reksturs, viðhalds og stofnkostnaðar vegna þjóðgarða og friðlýstra svæða. Upphæðin hækkaði nokkuð á fjárlögum 2000, en hafði verið um 55–60 millj. kr. árin á undan. Því til viðbótar hefur Ferðamálaráð árlega undanfarin ár haft til ráðstöfunar nokkurt fé vegna þessa málaflokks, sem er nú um 50 millj. kr. Einnig hefur Vegagerðin lagt málaflokknum til fé. Þannig kostuðu þessir tveir aðilar framkvæmdir við Dettifoss upp á um 8 millj. kr. vegna stígagerðar, snyrtihúss og aðkomu; nýtt bílastæði var gert við Ásbyrgi fyrir um 12 millj. kr. og sömu upphæð varið til nýs bílastæðis í Skaftafelli. Ferðamálaráð kostar framkvæmdir við Gullfoss sem munu nema allt að 14 millj. kr.

Miklu munar um þessar framkvæmdir en meira þarf til að koma ástandi vinsælla ferðamannastaða í viðunandi horf svo að þeir standist kröfur sem almennt eru gerðar til ferðamannastaða. Þess má geta að Bretar og Skotar telja að rekstur þjóðgarðs með svipaðan gestafjölda og hér, á milli 100–150 þúsund manns á ári, kosti 90–120 millj. kr. Þetta þýddi um 270–360 millj. kr. á ári miðað við þá þrjá þjóðgarða sem nú eru starfræktir fyrir utan þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þjónustugjald gæti mætt þessu að hluta.

Lagaheimild fyrir þjónustugjaldi.

Í 32. gr. laga um náttúruvernd er veitt heimild til að ákveða gjald fyrir veitta þjónustu og aðgang að náttúruverndarsvæðum. Skal gjaldið renna til verndunar og fegrunar eða uppbyggingar á því svæði. Þessi heimild hefur ekki verið notuð.

Ljóst er því að lagaheimild er fyrir því að innheimta þjónustugjald á náttúruverndarsvæðum. Hins vegar þarf sennilega lagabreytingu ef nýta á þjónustugjöld á einum stað einnig til uppbyggingar á öðrum stöðum, þar sem aðstæður, fjöldi ferðamanna eða aðrar ástæður eru í vegi fyrir innheimtu þjónustugjalda.

Skýrsla um tekjuöflun af náttúruperlum 1999.

Í frumvarpi til fjárlaga 2000 var lagt til að „innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjum varið til uppbyggingar þeirra svæða þar sem aðgangseyrir er tekinn. Áætlað er að á árinu 2000 verði innheimtar 15 m.kr.“.

Í október 1999 skipaði umhverfisráðherra starfshóp til að gera tillögur um tekjuöflun af náttúruperlum í samræmi við markmið frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000. Jafnframt skyldi nefndin gera tillögu að stefnumótun til lengri tíma um aðgangs- og þjónustugjöld á verndduðum svæðum, eða á hvern hátt best megi tryggja nauðsynlegt fjármagn til að byggja upp fjölsótt náttúruverndarsvæði til að mæta vaxandi umferð ferðafólks. Í nefndinni áttu sæti Þórður H. Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, fulltrúi Ferðamálaráðs, Þorleifur Þór Jónsson, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, og Þórhallur Arason, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin fjallaði um innheimtu aðgangseyris að friðlýstum svæðum. Það var niðurstaða nefndarinnar að fáeinir friðlýstir staðir kæmu til greina, þar sem með tiltölulega einföldum hætti væri hægt að halda utan um aðstreymi ferðamanna og voru Ásbyrgi, Skaftafell, Dimmuborgir og Gullfoss nefnd í því sambandi. Innheimta yrði sennilega einungis á háferðamannatíma (15. júní–31. ágúst) og líklega aðeins hluta sólarhringsins. Meiri hluti nefndarinnar lýsti sig andvígan slíkri gjaldtöku. Rökin voru þau að í því fælist mismunun milli staða bæði er varðar aðgang og möguleika til tekjuöflunar. Þá kom fram það sjónarmið að kröfur um hreinan aðgangseyri að íslenskri náttúru gæti ekki verið í anda náttúruverndarlaga, sem segja að lögin eigi að auðvelda þjóðinni umgengni um náttúru landsins og auka kynni af henni.

Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar Náttúruverndar ríkisins og fjármálaráðuneytis, taldi að breyta þyrfti náttúruverndarlögum til að hægt væri að nýta fjármuni sem fengjust á tilteknum fjölsóttum ferðamannastöðum til uppbyggingar á öðrum stöðum.

Í skýrslu starfshópsins er lýst þremur leiðum til að fjármagna uppbyggingu og rekstur fjölsóttra náttúruverndarsvæða til að mæta vaxandi umferð ferðafólks.

1. Þjónustugjöld.

Starfshópurinn var sammála um að stórbæta mætti „ýmsa þjónustu á mörgum stöðum, sem aftur skapaði forsendur til frekari tekjuöflunar rekstraraðila á þeim stöðum og ná þannig inn auknu fjármagni til enn frekari uppbyggingar“. Til þess þyrfti þó enn frekara fjármagn í byrjun, sem t.d. fengist með langtímaþjónustusamningum við einstaka rekstraraðila um að annast uppbyggingu á staðnum gegn möguleikum á ýmissi sölustarfsemi á svæðinu. Á það er bent að veruleg aukning á „seljanlegri þjónustu og þar með viðbótartekjum næst ekki nema á takmörkuðum fjölda ferðamannastaða og leysir ekki nema hluta til vandann um almenna uppbyggingu allra ferðamannastaða á landinu“.

2. Framlög á fjárlögum.

Meiri hluti nefndarinnar taldi að í náinni framtíð verði áfram veitt einhver framlög úr ríkissjóði, en „eðlilegt verður að telja að fleiri aðilar en ríkissjóður komi að fjármögnun þeirra verkefna“. Í séráliti fulltrúa samtaka ferðaþjónustunnar kom fram að með framlögum úr ríkissjóði sé hægt að tryggja verndun og viðhald íslenskrar náttúru, en uppbygging á ferðamannastöðum rennir „stoðum undir möguleika að veita þjónustu sem í vaxandi mæli er hægt að taka gjald fyrir“.

3. Gistináttagjald.

Nefndin velti fyrir sér þeirri leið að leggja svokallað gistináttagjald á alla selda gistingu í landinu, sem yrði föst krónutala á hvern gest hverja nótt, óháð verði gistingarinnar. Þetta væri raunverulega skattur, innheimtur af söluaðila, sem stendur skil á honum gagnvart ríkis-

sjóði. Innheimt gjald rynni óskert til uppbyggingar ferðamannastaða um allt land, úthlutað af sérstakri nefnd. Jafnhátt gjald væri lagt til úr ríkissjóði árlega til úthlutunar til þessara verkefna. Gistináttagjald þekkist m.a. í Þýskalandi, Sviss, Austurríki og Færeyjum og eru dæmi um upphæðir sem samsvara frá um 10 kr. íslenskum í um 225 kr. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um þessa leið. Bent var á sem mótrök að með gistináttagjaldi væri settur skattur á eina atvinnugrein umfram aðra, sem að auki væri flókinn í framkvæmd og erfitt að hafa eftirlit með skilum hans. Fulltrúi samtaka ferðaþjónustunnar benti á í áliti sínu að hann væri mótfallinn því „að lagður verði sérstakur skattur á seljendur gistingar. Það stríði gegn því grundvallarsjónarmiði að ekki beri að innheimta gjöld eða skatta af einum þætti atvinnugreinar sérstaklega, heldur einungis að miða við eðlilegt gjald fyrir veitta þjónustu". Jafnframt kom fram það sjónarmið að það væri stefna fjármálaráðuneytis að fækka smáum tekjustofnum.

Nefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu um tekjuöflun af náttúruperlum. Ákvæði um tekjuöflun af náttúruperlum var fellt úr frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000.

A.m.k. ein aðferð til viðbótar hefur verið nefnd til að afla frekari fjár til uppbyggingar vinsælla ferðamannastaða, en það væri álagning ferðamannagjalds á alla ferðamenn sem koma til landsins. Ókostur slíkrar aðferðar er að með því er lagður skattur á alla ferðamenn, hvort heldur þeir stoppa í styttri eða lengri tíma hér á landi og óháð því hvaða aðstöðu og þjónustu þeir nýta sér. Einnig væri spurning hvort heimilt væri að undanskilja Íslendinga álagningu slíks gjalds, en augljóslega er álagning slíks gjalds á Íslendinga á leið heiman og heim frá útlöndum undarleg.

Lokaorð.

Eins og sagði í upphafi þessarar greinargerðar þarf verulegt viðbótarfé til að byggja upp aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum svo að unnt verði að taka á móti auknum fjölda ferðamanna og vernda um leið íslenska náttúru. Vægt þjónustugjald sem innheimt yrði við aðgang að fjölsóttum náttúruverndarsvæðum gæti mætt þessari fjárþörf að hluta.

Ferðaþjónustuaðilar hafa jafnan lýst sig mótfallna sérstakri gjaldtöku á ferðamenn ef þjónusta kemur ekki á móti. Hafa hugmyndir um aðgangseyri eða þjónustugjald á ferðamannastöðum stöðvast vegna meintrar andstöðu þeirra.

Lögð skal á það áhersla að gjaldtaka á vinsælum ferðamannastöðum er fyrst og fremst hugsuð til að standa undir óskum ferðamanna um þjónustu og aðbúnað á slíkum svæðum. Á undanförnum mánuðum hafa ýmsir ferðaþjónustuaðilar lýst því yfir að verði gjaldið hóflegt og látið standa undir tiltekinni þjónustu væri hægt að ljá máls á slíku þjónustugjaldi.

Núverandi umhverfisráðherra hefur margoft lýst því yfir að hann telji að í framtíðinni verði tekin upp gjöld í formi aðgangseyris og rekstrarleyfisgjalda á stöðum sem margir ferðamenn fara um. Þá hefur forstjóri Náttúruverndarráðs lýst því að augljóst sé að slík gjaldtaka væri markmið sem stefna bæri að. Í úttekt OECD 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi var íslenskum stjórnvöldum bent á að til að stuðla að auknum árangri landsins á sviði umhverfismála þyrfti meira fjármagn til náttúruverndar, sem yrði aflað m.a. með því að beita nytjagreiðslureglunni í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum.

Þingsályktunartillaga um þjónustugjald á náttúruverndarsvæðum er lögð fram til að ná fram frekari umræðu um málið. Það eru hagsmunir ferðaþjónustunnar, íslenskrar náttúru og þjóðarinnar allrar að staðinn sé vörður um fjölsótt náttúruverndarsvæði. Fjármagn til þessa þáttar hefur á undanförnum árum ekki verið nægilegt og ljóst að munar um þótt ekki sé nema hóflegt þjónustugjald við aðgang að tilteknum stöðum.

707. Skýrsla [440. mál]

viðskiptaráðherra um áhrif laga nr. 31/1999 á íslenskt efnahagslíf.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, skal viðskiptaráðherra fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf.

1. Um starfsheimildir alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Samkvæmt lögum nr. 31/1999 er mönnum rétt að stofna alþjóðleg viðskiptafélög í því skyni að stunda viðskipti við erlenda aðila utan Íslands eða hafa milligöngu um slík viðskipti með vörur sem EES-samningurinn tekur ekki til og eiga ekki uppruna sinn hér á landi. Þá má alþjóðlegt viðskiptafélag hafa milligöngu um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila utan íslenskrar lögsögu. Það getur verið eignaraðili að atvinnufyrirtækjum erlendis og öðrum alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Alþjóðlegt viðskiptafélag má eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip önnur en fiskiskip, enda sinni slíkar flugvélar og skip einungis verkefnum sem alþjóðlegum viðskiptafélögum er heimilt að annast, þ.m.t. leigu til erlendra aðila til flutningastarfsemi. Loks er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að starfa eingöngu sem eignarhaldsfélag sem á, fjárfestir í og nýtur arðs af eignarhlut í atvinnufyrirtæki erlendis, eignarréttindum sem skráð eru opinberri skráningu utan Íslands, eða útgáfuréttindum erlendis.

Alþjóðleg viðskiptafélög mega ekki stunda viðskipti í eigin nafni með vörur við aðila hér á landi eða við innlenda aðila utan Íslands eða hafa milligöngu um slík viðskipti. Þeim er þó heimilt að kaupa rekstrarvörur og þjónustu hér á landi til eigin nota í eðlilegu samhengi við starfsemi sína. Alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að eiga viðskipti við önnur alþjóðleg viðskiptafélög bæði hér á landi og erlendis. Því er heimilt að eiga peningalegar eignir hér á landi til nota í daglegum rekstri og taka lán hér á landi jafnt sem erlendis í eðlilegu samræmi við starfsemi sína.

2. Framkvæmd laganna hingað til og framtíðarhorfur.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, voru samþykkt á Alþingi 19. mars 1999, og voru fyrstu starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga gefin út í ágúst það ár. Frá því að lögin tóku gildi hafa borist 16 umsóknir um starfsleyfi viðskiptafélaga, þremur verið hafnað eða dregnar til baka, tólf samþykktar og ein er til meðferðar eins og stendur. Eitt starfsleyfi hefur verið lagt inn.

Ár	Fjöldi umsókna
1999	9
2000	4
2001	2
2002	1

Í dag eru 11 starfsleyfi í gildi. Helstu athafnasvið leyfishafa eru sem hér segir (sum félög starfa á fleira en einu sviði):

Starfsemi	Fjöldi
Fjárfestingar og eignarhald	9
Sjávarútvegur	4
Fjarskipti	3
Ýmis starfsemi	3

Flest eru félög þessi nýlega stofnuð, og hefur full starfsemi ekki hafist í þeim öllum. Enn er því óvíst, hve umfangsmikil starfsemi þegar skráðra fyrirtækja kann að verða. Að líkindum er því of snemmt að segja til um, hver verði endanlegur ávinningur íslenska hagkerfisins af starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga. Skattgreiðslur af starfsemi félaganna námu um 3 millj. kr. vegna ársins 2000.

Þó er rétt að hafa í huga, að hvað sem öðru líður er um að ræða starfsemi sem ella hefði ekki farið fram á Íslandi. Öll starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga er því hrein viðbót við íslenskt atvinnulíf. Alþjóðleg viðskiptafélög kaupa vöru og þjónustu af innlendum aðilum vegna starfsemi sinnar og greiða skatta og önnur opinber gjöld til ríkisins.

3. Athugun Eftirlitsstofnunar EFTA.

Með bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA, dags. 6. desember sl., var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt að ákveðið hefði verið að taka skattalega meðferð alþjóðlegra viðskiptafélaga til athugunar. Byggist sú rannsókn á því að hugsanlega feli skattaumgjörð alþjóðlegra viðskiptafélaga í sér ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins. Tíminn verður að leiða í ljós, hvort þörf sé á að breyta skattareglum um alþjóðleg viðskiptafélög. Rétt er þó að taka fram, að íslensk stjórnvöld telja að ekki sé um að ræða ríkisaðstoð og hafa komið þeim skilningi á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA.

4. Niðurstaða.

Af framansögðu er ljóst, að umfang starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga er enn sem komið er minna en vonir stóðu til með setningu laga nr. 31/1999. Á það er þó að líta að atvinnulífið hefur haft skamman tíma til að reyna möguleika þessa félagsforms.

708. Frumvarp til laga [441. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Magnús Stefánsson, Vilhjálmur Egilsson,
Gísli S. Einarsson, Jón Bjarnason.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Grundartangi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 1. gr. tollalaga eru aðaltollhafnir skilgreindar sem staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Í 28. gr. laganna eru taldar upp og skilgreindar hverjar eru aðaltollhafnir. Er um 17 hafnir að ræða umhverfis landið.

Grundartangahöfn er ein umsvifamesta vöruflutningahöfn landsins og í höfninni ferma og afferma fyrst og fremst millilandaskip. Flutningar um höfnina tengjast Járnblendiverksmiðjunni og Norðuráli, en með uppbyggingu þessara fyrirtækja mörg undanfarin ár hafa umsvif aukist mjög. Fjöldi skipakoma í Grundartangahöfn hefur nær tvöfaldast frá árinu 1995 og var um 180 árið 2001.

Þrátt fyrir mikil umsvif í Grundartangahöfn hefur aðeins einn lögreglumaður tollafgreiðslu með höndum, auk tilfallandi aðstoðar. Augljóst er að umsvif tollgæslu eru allt of lítil og býður það upp á hættu á ólöglegum innflutningi varnings. Mesta hættan í því sambandi er ólöglegur innflutningur eiturlyfja.

Stjórnvöld hafa hert stórum eftirlit með innflutningsleiðum eiturlyfja, með miklum árangri. Samhliða því hefur ekki verið hert eftirlit með Grundartangahöfn sem býður augljóslega upp á möguleika á ólöglegum innflutningi eiturlyfja og annars ólöglegs varnings.

Sveitarstjórnarmenn, hafnaryfirvöld og aðrir aðilar hafa komið á framfæri áhyggjum sínum af þessu máli, og 9. október 2001 ályktuðu bæjarstjórnir Borgarbyggðar og Akraneskaupstaðar um málið og skoruðu á stjórnvöld að tryggja fjármagn til að halda uppi nauðsynlegri tollgæslu við Grundartangahöfn. Bent er á að löngu sé orðið tímabært að efla tollgæslu á Grundartanga og gera höfnina að aðaltollhöfn.

709. Tillaga til þingsályktunar [442. mál]

um úttekt á gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða.

Flm.: Kristján Pálsson, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta fara fram óháða úttekt á gagnsemi raflýsingar á þjóðvegum milli þéttbýlisstaða.

Úttektin nái yfir eftirfarandi atriði:

a. samanburð á óhappa- og slysatíðni fyrir og eftir lýsingu þjóðvega þar sem hún er,
b. áhrif á líðan og öryggiskennd vegfarenda fyrir og eftir lýsingu,
c. mat á fjárhagslegum ávinningi af lýsingu þessara þjóðvega miðað við breytingu á óhappatíðni,
d. áhrif lýsingar og breikkunar klifurreina yfir Hellisheiði á ferðatíðni Sunnlendinga og höfuðborgarbúa sem eiga sumarhús á Suðurlandi,
e. hvort lýsing og breikkun klifurreina yfir Hellisheiði hefði áhrif á byggðaþróun á Suðurlandi.

Greinargerð.

Nokkuð hefur færst í vöxt hin síðari ár að setja upp raflýsingu við þjóðvegi milli þéttbýlisstaða. Fyrsta dæmið er þegar leiðin milli Mosfellssveitar og Reykjavíkur var raflýst og síðar leiðin frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur og nú síðast frá Hafnarfirði til Reykjanes-

bæjar. Tillögur hafa verið uppi um lýsingu Suðurlandsvegar frá Reykjavík yfir Hellisheiði til Hveragerðis. Forsenda þess að lýsa þessar leiðir var í meginatriðum sú sama og raflýsing gatna í þéttbýli, þ.e. að auka öryggi vegfarenda. Fáir efast um þægindin og aukna öryggiskennd þeirra sem fara um upplýsta götu miðað við óupplýsta. Frá því að Reykjanesbraut var raflýst hafa verið gerðar kannanir á slysatíðni og reynt að sjá hvort dregið hafi úr óhöppum vegna lýsingarinnar eða öfugt.

Erfitt getur reynst að fullyrða um hvað veldur sveiflum í slysatíðni á þjóðvegum landsins en sveiflur geta orðið miklar á milli ára. Samanburður yfir langan tíma á þó að geta gefið raunhæfa mynd af áhrifum aðgerða sem lúta að öryggismálum. Vegagerðin birti í september 2000 samantekt um tíðni slysa á Reykjanesbraut árin 1992–1998. Samantektin leiddi í ljós að óhöppum fækkaði á Reykjanesbraut um 55% á fyrstu tveim árum lýsingarinnar. Þar er borin saman óhappatíðni fimm árin fyrir lýsingu, þ.e. árin 1992–1996, og hins vegar tvö fyrstu árin eftir lýsingu, þ.e. árin 1997–1998. Í svörum við fyrirspurnum á Alþingi hefur einnig komið fram að óhöppum fækkaði á þessari leið sömu ár. Það ber svo við eftir að þessar upplýsingar voru gefnar að Vegagerðin fullyrðir að lýsing þjóðvega bæti ekki umferðaröryggi, sbr. orð Jóns Rögnvaldssonar aðstoðarvegamálastjóra í Morgunblaðinu 26. júlí 2001.

Þessar yfirlýsingar Vegagerðarinnar eru ekki í takt við samantekt um fækkun óhappa á Reykjanesbraut sem fyrr er getið. Sú samantekt hefur af hálfu Vegagerðarinnar síðar verið leiðrétt að þeirra sögn vegna þess að gögn vantaði í fyrri skýrslu. Þeir sem hafa ekið Reykjanesbraut fyrir og eftir lýsingu þekkja vel þá breytingu til batnaðar sem varð við lýsinguna. Munurinn er eins og dagur og nótt. Flutningsmenn eru eindregnir stuðningsmenn lýsingar leiðarinnar milli Reykjavíkur og Hveragerðis og lögðu fram þingsályktun þess efnis á 126. löggjafarþingi. Hugmyndir um lýsingu þessarar leiðar hafa komið fram áður og áskorun frá um 5000 Sunnlendingum var kynnt á síðasta ári af Vinum Hellisheiðar. Lýsing milli fleiri þéttbýlisstaða gæti einnig reynst æskileg, t.d. frá Hveragerði til Þorlákshafnar og frá Hveragerði til Selfoss og jafnvel víðar. Það er óviðunandi að búa við villandi upplýsingar frá opinberum aðilum um áhrif svo mikilvægra framkvæmda. Flutningsmenn telja því nauðsynlegt að óháðir aðilar geri úttekt á gagnsemi lýsingar fyrir umferðaröryggi og líðan fólks í umferðinni og fleira eins og fram kemur í tillögunni.

Lögregla og umferðarráð hafa allar upplýsingar um óhöpp og slysatíðni á vegum landsins. Þar má einnig finna ástæður slysa eins og hvort ljósastaurar hafi valdið meiðslum eða komið í veg fyrir útafakstur og forðað meiðslum. Tillagan gerir ráð fyrir því að tekin verði viðtöl við vegfarendur sem þekkja áhrif lýsingarinnar og hvernig líðan þeirra breyttist eftir lýsinguna við akstur t.d. um Reykjanesbraut og á leiðinni frá Ísafirði til Bolungarvíkur. Þar sem ágreiningur um áhrif lýsingar á öryggi í umferðinni á Hellisheiði er aðalástæða þessarar þingsályktunartillögu telja flutningsmenn nauðsynlegt að fá afstöðu þeirra sem aka þessa leið til vinnu sinnar eða í sumarhús á Suðurlandi. Rétt er að hafa í huga að ef lýsing Hellisheiðar yrði að veruleika er ljóst að breyta yrði veginum samhliða. Þar er höfð í huga breikkun klifurreina og breytingar á veginum þar sem hann þykir hættulegur. Það er álit flutningsmanna að bættar vegasamgöngur séu besta byggðaaðgerðin. Af þessum sökum er ekki óeðlilegt að ályktа sem svo að bættar samgöngur um Hellisheiði ýti undir ferðir og flutning höfuðborgarbúa til Suðurlands og því teljum við nauðsynlegt að kanna það í viðtölum við eigendur sumarhúsa á Suðurlandi, en sumarhús þar eru nokkur þúsund.

710. Tillaga til þingsályktunar [443. mál]

um notkun svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli lands og Vestmannaeyja.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að samgönguráðherra láti kanna til hlítar kosti þess að nota svifnökkva til fólks- og vöruflutninga milli Vestmannaeyja og Landeyjasands. Niðurstöður könnunarinnar liggi fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2002.

Greinargerð.

Vestmannaeyingar hafa nokkra sérstöðu í samgöngumálum á Íslandi. Einungis Grímseyingar búa við sambærilegar aðstæður. Góðar samgöngur eru undirstaða búsetu í nútímasamfélagi. Um nokkurt skeið hefur fólki fækkað í Vestmannaeyjum. Ein ástæða þess eru hugsanlega ónógar samgöngur milli lands og Eyja sem íbúar sætta sig ekki við. Um tíma var flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja í mikilli óvissu, þau mál hafa nú leyst. Þannig hefur Flugfélag Íslands hætt flugi til Eyja eftir áratuga þjónustu við Vestmannaeyinga, en Íslandsflug tekið við. Lítið má vera að veðri til þess að flugi sé aflýst á þessari leið. Flugfélag Vestmannaeyja heldur uppi góðri þjónustu með flugferðum milli Vestmannaeyja og Bakkaflugvallar í Landeyjum og Selfoss. Margir Vestmannaeyingar telja að ferðir Herjólfs milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar séu ekki nægilega tíðar og að í hraða nútímasamfélags sé þriggja klukkustunda ferð milli þessara staða of langur tími.

Göng milli lands og Eyja eru enn fjarlægur draumur enda þótt framþróun í gangagerð sé hröð hér á Íslandi sem og annars staðar í veröldinni.

Með tilkomu ganga undir Ermarsund bjóðast nú nokkrir notaðir svifnökkvar til sölu á tiltölulega sanngjörnu verði. Flutningsmenn tillögunnar telja einboðið að kannað sé til fullnustu hvort svifnökkvar henti til flutninga milli Vestmannaeyja og Landeyjasands, en notkun slíkra farartækja gæti gerbreytt samgöngum milli lands og Eyja. Ferðatími mundi styttast til mikilla muna og staða Vestmannaeyja sem samfélags gerbreytast. Talið er að sigling frá Vestmannaeyjum upp í Landeyjafjöru tæki u.þ.b. 10 mínútur. Náttúrufegurð Vestmannaeyja er mikil og að sumu leyti einstæð. Notkun svifnökkva sem samgöngutækis mundi styrkja atvinnulíf í Eyjum, ekki síst ferðaþjónustu sem er vaxandi atvinnugrein þar eins og annars staðar. Að vorlagi hópast ungt fólk til Vestmannaeyja í skólaferðalögum, íþróttaferðalögum o.fl. Þúsundir manna sækja íþróttaviðburði eins og peyja- og pæjumót sem þar eru haldin ár hvert. Þúsundir manna flykkjast til Vestmannaeyja á þjóðhátíð sem haldin er árlega síðsumars. En oft er ferðum með flugi aflýst sökum veðurs, mörgum til mikillar raunar.

Vert er að skoða til fullnustu þennan samgöngumáta til þess að styrkja búsetu í Vestmannaeyjum. Auknar samgöngur milli Vestmannaeyja og Rangárvallasýslu yrðu einnig atvinnuskapandi og mundu styrkja samvinnu þessara svæða í atvinnumálum, t.d. í ferðaþjónustu. Þessi tilraun yrði kærkomin viðbót við straumrannsóknir og rannsóknir á hugsanlegu hafnarstæði á Bakkafjöru.

711. Frumvarp til laga [425. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. jan.)

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar sem fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum skulu frá og með 1. september 2001 stunda veiðar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október ár hvert. Þeim er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til veiða á botndýrum og háffiskum með sérhæfðum veiðarfærum og til hrognkelsaveiða í net.

Sameiginlegur viðmiðunarþorskafli báta sem stunda veiðar samkvæmt þessari grein skal á hverju fiskveiðiári vera 0,67% af leyfilegum heildarafla í þorski, að teknu tilliti til þeirrar aukningar sem leiðir af 5. mgr. a-liðar 7. gr. laga nr. 129 20. desember 2001. Leyfilegir sóknardagar í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002 skulu vera 23. Fjöldi leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárunum þar á eftir skal ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár á grundvelli hlutfalls milli viðmiðunarþorskafla skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og raunafla sóknardagabáta í þorski á næstliðnu fiskveiðiári og skal sóknardögum fækka eða fjölga í sama hlutfalli. Sóknardögum hvers báts skal fækka eða fjölga um heila daga og sleppa broti. Sóknardögum skal þó aldrei fækka um meira en 10% milli fiskveiðiára.

Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi. Fiskistofa skal í eftirlitsskyni hafa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 40 13. maí 1977, um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, með síðari breytingum, en ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Utan sóknardaga eru allar veiðar bannaðar. Ráðherra getur þó heimilað að veiðar samkvæmt lokamálslið 1. mgr. séu utan sóknardaga.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem hafa leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Sé sá bátur sem sóknardagar eru fluttir til stærri, í brúttótonnum talið, en sá sem sóknardagar eru fluttir frá skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og sleppa broti. Á sama hátt skal skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátnum og þeirra sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Ráðherra setur nánari reglur um flutning sóknardaga vegna endurnýjunar eigin báts.

Óheimilt er að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hafa haft leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum, leyfi til að stunda veiðar samkvæmt þessari grein. Þá er óheimilt að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

712. Lög [425. mál]

breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. jan.)

Samhljóða þskj. 711.

713. Fyrirspurn [444. mál]

til samgönguráðherra um niðurfellingu veggjalds í Hvalfjarðargöng.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hefur samgönguráðuneytið kannað hvort Vegagerðin gæti yfirtekið að fullu og öllu skuldbindingar Spalar hf. og þar með rekstur Hvalfjarðarganganna, eins og annarra samgöngumannvirkja á Íslandi, og að umferð um Hvalfjarðargöng verði gjaldfrjáls?
2. Til hvaða aðgerða þarf að grípa til að svo geti orðið, lagalegra eða annarra?
3. Hversu miklum tekjum hefur virðisaukaskattur af umferð um Hvalfjarðargöng skilað ríkissjóði síðan þau voru tekin í notkun?
4. Hver er kostnaður ríkissjóðs af göngunum á sama tíma?
5. Telur ráðherra eðlilegt að Snæfellingar, Borgfirðingar og Akurnesingar standi undir meira en helmingsfjármögnun þessa hluta hringvegarins um Ísland?

714. Fyrirspurn [445. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kostnað við stjórn fiskveiða.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hver er heildarkostnaður við eftirlit með fiskveiðistjórnarkerfinu á ársgrundvelli?
2. Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir útgerðarflokkum, sundurliðað eftir skilgreiningu veiðileyfa?
3. Hversu mörg ársverk eru við eftirlit með fiskveiðiflotanum?

Óskað er yfirlits yfir árin 1999–2001.

Skriflegt svar óskast.

715. Fyrirspurn [446. mál]

til umhverfisráðherra um merkingu matvæla.

Frá Katrínu Andrésdóttur.

1. Hvað líður setningu reglugerðar um merkingu matvæla sem innihalda erfðabreyttar lífverur eða afurðir þeirra?
2. Er fyrirhugað að setja reglugerð um upprunamerkingar grænmetis og kjötvara?

716. Fyrirspurn [447. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyf sem falla út af sérlyfjaskrá.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hefur ráðherra í hyggju að grípa til einhverra aðgerða vegna þess viðbótarkostnaðar sem leggst á lyf sem fallið hafa út af lyfjaskrá en eru áfram í notkun?

717. Fyrirspurn [448. mál]

til samgönguráðherra um samstarf við Grænlendinga í flugmálum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra boðið eða hyggst hann bjóða grænlenskum samgönguyfirvöldum til viðræðna um samstarf í flugmálum í framhaldi af hugmyndum um að gera Keflavíkurflugvöll að skiptistöð fyrir millilandaflug til og frá Grænlandi?
2. Hvaða möguleika sér ráðherra á því að auka vægi Íslands sem tengipunkts samgangna á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu og notkun flugvalla eins og á Akureyri, Egilsstöðum og í Keflavík í því sambandi?

718. Svar [329. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um aðgerðir á sjúkrahúsum og utan þeirra.

1. *Hvaða aðgerðir, meðferð eða rannsóknir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt samningum við sérfræðilækna eru einnig gerðar á sjúkrahúsum og hve margar slíkar aðgerðir voru gerðar á sjúkrahúsum annars vegar og utan þeirra hins vegar, árin 1997 og 2000?*

Til að svara fyrirspurninni var unnið meðfylgjandi yfirlit yfir aðgerðir og meðferðir sem framkvæmdar eru á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, LSH, árið 2000, sambærilegt við lista frá Tryggingastofnun ríkisins, TR. Yfirlitið er þó ekki tæmandi þar sem komur ferlisjúklinga á slysa- og bráðamóttökur, geðdeildir og móttökur öldrunarsviðs og hluti ferliverka á kvennasviði eru ekki meðtalin.

Upplýsingakerfi LSH eru mörg og misjöfn og fæst kerfin nýta sér gjaldnúmer og/eða heiti verks á gjaldskrá TR. Þá er nánast undantekning að sérgrein læknis sé skráð þar sérstaklega. Unnið er að samræmingu upplýsingakerfa og skráningar á LSH eftir sameiningu Landspítala og Borgarspítala.

Hugtakið brúttóeiningar, sem notað er af sjúkratryggingum TR og Ríkisspítölum, þýðir heildareiningar fyrir verk og skiptist í launahluta og kostnaðarhluta. Frá því dregst hlutur sjúklings, sem getur verið mismunandi eins og fram kemur í svari við 2. lið, og eftir stendur þá hlutur TR.

Samanburðartölur fyrir LSH á fjölda læknisverka sem TR greiddi fyrir árið 2000.

		TR		LSH	
Gjald-nr.	Heiti verks	Samtals skipti	Samtals brúttóein.	Samtals skipti	Samtals brúttóein.
2700101	Viðtal og skoðun v. stungusýnis til meinfrumurannsókna	325	5.362		
2700201	Tekið stungusýni til meinfrumurannsókna	325	4.875		
5100101	Viðtal og skoðun augnlæknis	51.988	623.856	4.083	48.996
5100201	Viðtal og skoðun aunglæknis án sérgreindra rannsókna og/eða aðgerða	5.323	79.845	193	2.895
5100301	Vitjun	49	1.225		
5100401	Amslers-netrannsókn	84	336	4	16
5100402	Applantions tonometria	33.161	132.644	1.612	6.448
5100403	Dýptarskynspróf (a.m. titmus)	1.245	4.980	1	4
5100404	Exophthalmometria (a.m. hertel)	88	352	1	4
5100405	Keratometria	471	1.884	443	1.773
5100406	Keratoscopia	61	244	1	4
5100407	Litarskynspróf (a.m. ishihara)	432	1.728	1	4
5100408	Snertiskynsmæling hornhimnu (a.m. chochetbonnet)	10	40		
5100409	Táraflæðispróf (a.m. schirmer)	452	1.808	6	24
5100501	Dýptarmæling framhólfs	29	203		
5100502	Epilatio	333	2.317	4	28
5100503	Fluoresceinpróf á táragöngum	14	98	6	42
5100504	Frárennslispróf	96	672	6	42
5100505	Gonioscopia	245	1.715	24	168
5100506	Refractionsmæling (subj. refraction)	22.513	157.591	298	2.086
5100507	Rofnir samvextir í auga	59	410	5	35
5100508	Samhæfispróf	5.658	39.606	122	854
5100509	Skuggapróf	5.758	40.306	59	413
5100510	Táragöng könnuð	621	4.347	4	28
5100601	Augnbotnamyndataka	902	9.020	524	5.240
5100602	Augnlokamyndataka	155	1.550		
5100603	Raufsjármyndataka	66	660	14	140
5100604	Smásjárskoðun á augnbotni	11.416	114.160	2.170	21.700
5100605	Smásjárskoðun á innanþekju (endothelium)	23	230	5	50
5100606	Subconjunctival inndæling lyfs	7	70	10	100
5100701	Tekin minni háttar húðæxli/húðbreytingarvörtur	55	605	4	44
5100801	Glæra fryst, brennd eða skafin	88	1.056	3	36

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5100802	Kampimetria (bjerrum)	52	624		
5100803	Saumtaka undir smásjá	163	1.956	42	504
5100901	Aðskotahlutur tekinn úr glæru	562	8.422	8	120
5100902	Chalazion-aðgerð	98	1.358	35	1.292
5100903	Opnaður abscess á tárasekk	6	90		
5100904	Orthoptiskur status	1.180	17.700	93	1.395
5100905	Retrobulber inndæling lyfs	1	15	4	60
5100906	Táragöng stíluð (skurðstofuvinna með viðtali)	90	1.350	3	114
5101001	Biometria	294	4.998	654	11.118
5101002	Pachymetria	0	0	2	34
5101101	Leiðsludeyfing á auga	29	580	55	1.100
5101102	Sjónsviðspróf með tækjum	2.124	42.480	12	240
5101103	Terapeutiskar contac-linsur mátaðar	92	1.840	2	40
5101201	Fotocoagulatio, minni háttar	0	0	412	12.360
5101301	Botulinum inj. í vöðva kringum auga, á hálsi eða aðra grunnlæga staði hv.s.	5	175	31	1.195
5101501	Fluorescein angiografia	18	1.224	334	22.712
5102001	Minni háttar staðdeyfingar (t.d.vegna æxlis í húð)	30	120	10	80
5105101	Leiðsludeyfing á auga	148	1.480		
5105301	Aðgerð með hátíðnistraumi eða frystingu	31	1.464	15	494
5105302	Táragöng stíluð	56	2.258	1	15
5105304	Chalazion-aðgerð	84	4.003	33	1.254
5105305	Xantelasma og tumor-brottnám af augnloki	33	1.470	9	342
5105306	Fyrsta viðgerð á slímhúð á auga og táragöngum	18	848	14	513
5105307	Augnglufa þrengd	5	225	2	76
5105501	Entropion-aðgerð	0	0	2	76
5105502	Ectropion-aðgerð	20	1.600	3	170
5105504	Tárasekkur tekinn	1	80	2	136
5105602	Entropion-aðgerð með vöðvatilfærslu	8	720	4	312
5105701	Bakfærsla eða úrnám augnvöðva á báðum augum	0	0	1	98
5105801	Blepharochalasis aðgerð efra/neðra	140	12.336	3	245
5105802	Ptosis-aðgerð	35	4.096		
5105901	Aðgerð á augntóft	7	1.065		
5200101	Sprautuviðtal barnalæknis	703	5.272		
5200401	Viðtal og skoðun	33.763	658.378	3.357	65.462
5200501	Vitjun	10	250	2	50
5200601	Ráðgjafaviðtal	380	14.820		
5200701	Álag v. skoðunar barns yngra en tveggja ára	15.010	60.040	223	892
5200801	Skyndigreining á streptococca-bakteríum í hálsi hjá börnum	1.101	4.404		
5200802	Blóðtaka í rannsóknaskyni hjá börnum 2–4 ára	2	8		
5200901	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	1.512	9.828	89	584
5200902	Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	544	3.536		
5201001	Blóðtaka í rannsóknaskyni hjá börnum yngri en 2 ára	1	7		
5201101	Nákvæmt mat sérhæfðs barnalæknis	6.556	65.560	443	4.430
5201201	Molluscum contagiosum teknir í svæfingu	2	22		
5201202	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	32	352		
5201301	Nákv. neurologisk sk. sérfr. í taugasjúkdómum og taugaskurðlækningum	917	11.004		
5201501	Geðlækning, ½ klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 20 mín.	2	40		
5201601	Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria)	2.138	62.002		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5201801	Geðlækning, 1 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 45 mín.	19	665		
5201901	Penicilín-próf	187	7.480		
5202001	Óm- og doplerskoðun af hjarta, ætíð án viðtals	373	31.332		
5202002	Ómskoðun á hjarta	1.115	57.980		
5202101	Foreldraviðtal barnageðlæknis, ½ klst. hvert skipti, ekki skemur en 70	117	5.616		
5202201	Fjölskylduviðtal/foreldrar og börn, meðferð 2 klst. hvert skipti	4	240		
5300101	Viðtal og skoðun	18.565	297.040	17.785	284.560
5300201	Álag v. sérhæfðs mats (nákvæm orthopedisk skoðun) sérfræðings í bæklunarlækningum	6.837	68.370	29	290
5300202	Vitjun	0	0		
5300301	Beinabiopsíur, perkutan	1	15	2	64
5300302	Liðhlaup sett (fingur, tá, olnbogi, öxl, hnéskel)	1	15		
5300303	Losun á stórum lið í svæfingu	86	1.970	4	128
5300304	Sett gifs eða plastgifs	837	15.146	240	7.680
5300305	Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	50	1.564	40	1.280
5300401	Aðgerð v. tendov. stenosans	84	4.223		
5300402	Beinflutningur (graft)	10	295		
5300403	Bunionectomi við litla liði (hönd, fót)	13	591	1	60
5300404	Dregið í stóran lið	1	30		
5300405	Fasciotomia á útlim	37	1.358	2	120
5300406	Fingur eða tær teknar	16	708	4	180
5300407	Flexor tenotomiur	5	236		
5300408	Meitlun á exostosum (litlum)	53	2.687	4	240
5300409	Miðhlutun smábeina/smáliða (hamartá) (fyrri fótur)	102	4.675	1	60
5300410	Op. v. mb. morton	8	472		
5300411	Synovial biopsia	6	267		
5300412	Tekið ganglion	106	5.851	1	60
5300413	Tekin bursa (b.olecrani)	36	1.862		
5300414	Transfixation á litlum lið (fingur, tá)	52	1.535	2	120
5300501	Aðgerð v. hallus valgus-debasering á stórutá	25	1.978	3	240
5300502	Artroscopia (til rannsóknar á lið)	185	18.031	17	2.210
5300503	Brot sett án skurðar og gifsað	4	314	1	80
5300504	Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	104	7.438	27	2.160
5300505	Tekið sesam-bein	5	317		
5300506	Tenotomiur (t.d. homan)	42	2.729		
5300601	Aðgerð v. brota á handarbeinum	7	496	5	500
5300602	Aðgerð v. pseudoarthrosis á osnavicularis	4	394		
5300603	Artrotomia	92	5.445	1	100
5300604	Caput radii/ulna resectio	4	297	1	100
5300606	Innri festing á broti (minni háttar)	16	1.188	2	200
5300607	Lat. Release	19	1.634		
5300608	Losun á hælsinaslíðri	31	2.921		
5300609	Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	55	3.418		
5300611	Meitlun á exostosum á leggbeinum	44	4.059	3	300
5300612	Osteot. v. pes transversop. (Helal)	7	545		
5300613	Resectio á clavicula lat	134	8.563		
5300614	Réttisinar saumaðar	4	398		
5300615	Stendler-stripping	34	2.971		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5300616	Taug losuð eða flutt	380	30.454		
5300617	Tekið osteosyntesumat (meiri háttar)	58	5.693	10	1.000
5300618	Tekið rófubein	2	198		
5300619	Tekið stórt fasciubundið æxli	7	700		
5300620	Tekinn metatarsalhaus	12	1.091		
5300621	Tumor tekinn djúpt í holdi (extra-facialt)	24	2.180		
5300701	Aðgerð v. hallux valgus-matatarsal osteotomia	128	14.938	1	120
5300702	Aðgerð v. pseudoarthrosis (meiri)	4	415		
5300703	Artrodesa og artroplastic á litlum lið	59	6.012	1	120
5300704	Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið)	57	7.127		
5300705	Beygjusinar saumaðar	4	357		
5300706	Borun í lið (pride)	2	178		
5300707	Kjarnaborun (t.d. mjöðm.patella)	40	3.392	1	120
5300708	Lófafell tekið (meiri háttar, reop)	124	11.903		
5300709	Mein tekið úr beini	45	4.941	1	120
5300710	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	60	6.067		
5300711	Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	103	9.997		
5300712	Reconstr. á ligamentum	126	14.458		
5300714	Sina-transpl. (hvor áfangi í tveggja áfanga op.)	0	0		
5300715	Sinafærsla	34	3.927		
5300716	Sinalengingar, ein eða fleiri	4	476		
5300717	Synovectomia	64	7.261		
5300718	Tekin bakercysta	2	119		
5300720	Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	19	2.262		
53007a4	Artroscopia á öxl (til rannsóknar á lið) (án tækjagjalds)	513	30.583		
53007s1	Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteotomia 75%	0	0		
5300801	Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (hné)	24	4.416		
5300802	Artroscopia-saumaður liðþófi	1	158		
5300803	Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	1.716	315.790	3	630
5300804	Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús	1.509	277.030	4	840
5300805	Decompression á öxl, artroscopisk	671	121.882		
5300806	Decompression á öxl, opin	53	7.312		
5300807	Saumaður rotator cuff	114	14.299		
5300808	Sambæril. aðg. skv. gr.g. rík.s.	1	210		
5301501	Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	1.418	10.391	28	224
5301502	Liðstunga á aðra liði en mjaðmarlið	3.308	30.389	20	200
5301503	Liðstunga í mjaðmarlið	211	2.992		
53a0304	Sett gifs eða plastgifs - 75%	1	24		
53a0305	Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar) 75%	2	48		
53a0401	Aðgerð v. tendov. stenosans	0	0		
53a0405	Fasciotomia á útlim (75% aðg. l.)	1	45		
53a0408	Meitlun á exostosum (litlum)	4	180		
53a0409	Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá), 75%	2	90		
53a0501	Aðgerð v. hallus valgus-debasering á stórutá (75%)	1	60		
53a0502	Artroscopia (til rannsóknar á lið) (75%, aðg. læknir)	4	390		
53a0504	Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	0	0		
53a0506	Tenotomiur (t.d. homan) 75% aðg. l	0	0		
53a0611	Meitlun á exostosum á leggbeinum 75%	0	0		
53a0615	Stendler-stripping	7	525		
53a0616	Taug losuð eða flutt (75%)	0	0		
53a0620	Tekinn metatatsalhaus	1	75		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
53a0701	Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteotomia 75%	15	1.350		
53a0710	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu (75% aðg. l.)	3	270		
53a0711	Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu (75%)	2	180		
53a0803	Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	7	1.102		
53a0804	Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús (75% aðg. lækn.)	6	945		
53s0304	Sett gifs eða plastgifs - 75%	1	22	5	150
53s0405	Fasciotomia (75% sv.l.)	1	44		
53s0408	Meitlun á exostosum (litlum)	3	130		
53s0409	Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá), (síðari fótur)	2	87		
53s0501	Aðgerð v. hallus valgus-debasering á stórutá (75%)	1	58		
53s0502	Artroscopia (til rannsóknar á lið) (75% v. sæfingarl.)	2	117	16	1.248
53s0506	Tenotomiur (t.d. homan) 75% sv.l.	0	0		
53s0611	Meitlun á exostosum á leggbeinum 75%	0	0		
53s0615	Stendler-stripping	8	588		
53s0616	Taug losuð eða flutt (75%)	0	0		
53s0620	Tekinn metatarsalhaus	1	74		
53s0701	Aðgerð v. hallux valgus-metatarsal osteotomia 75%	14	1.239		
53s0710	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu 75% (sv.l.)	2	177		
53s0711	Plastikar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu (75%)	2	177		
53s0803	Artroscopia ásamt aðgerð með shaver	11	1.304		
53s0804	Artroscopia með meniskect/lat.real/plicect/liðmús (75% v. sæfingarl.)	7	830		
5400101	Viðtal og skoðun geðlæknis (ætíð án annara læknisv.) sjúkl. skemur en 20 mín.	423	5.922	5	70
5400201	Fyrir hvern einstakling í hópmeðferð 1½ klst. hvert skipti	0	0		
5400301	Geðlækning, ½ klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 20 mín.	4.149	82.980	597	11.940
5400401	Geðlækning, 1 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 45 mín.	22.856	799.960	3	105
5400501	Hjónameðferð, 1½ klst. hvert skipti, sjúklingar ekki skemur en 70 mín.	304	14.592		
5400502	Fyrsta viðtal barnageðlæknis	8	384		
5400503	Foreldraviðtal barnageðlæknis	5	240		
5400601	Fjölskyldumeðferð, 2 klst. hvert skipti, sjúklingar ekki skemur en 100 mín.	168	10.080		
5405201	Viðtal og skoðun geðlæknis (ætíð án annara læknisv.) sjúklingur skemur en 20 mín.	1	14		
5405301	Geðlækning, ½ klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá lækni	5	100		
5405302	Stutt viðtal barnageðlæknis, sjúklingur ekki skemur en 20 mín. hjá lækni	1	20		
5405401	Geðlækning, 1 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá lækni	477	16.695		
5405501	Hjónameðferð, 1½ klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 70 mín. hjá lækni	2	96		
5405502	Viðtal barnageðlæknis, sjúklingur ekki skemur en 45 mín. hjá lækni	338	16.224		
5405601	Fjölskyldumeðferð, 2 klst. hvert skipti, sjúklingur ekki skemur en 100 mín. hjá lækni	191	11.460		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5405602	Foreldraviðtal barnageðlæknis, 1½ klst. hvert skipti, ekki skemur en 70 mín.	553	33.180		
5500101	Viðtal án sérgreindra rannsókna	14.576	233.216	4.849	77.742
5500201	Viðtal ítarlegt	9.654	222.040	656	15.088
5500301	Viðtal og skoðun vegna heyrnar	3.138	84.726	415	11.205
5500302	Viðtal og skoðun v. heyrnarm. hljóðhimnustunga (sbr. aðra 32 ein. pakka)	0	0		
5500401	Viðtal og ítarleg heyrnarrannsókn	55	1.760	187	5.984
5500402	Viðtal og skoðun vegna svima	282	9.024	283	9.056
5500403	Viðtal og skoðun á nefholi	1.750	56.000	221	7.072
5500404	Viðtal og skoðun á barka	424	13.568	53	1.696
5500501	Endurtekin kjálkaholuskolun gegnum rör	127	2.727	30	660
5500601	Hljóðhimnuástunga í staðdeyfingu (1 eða 2)	214	6.401	24	720
5500602	Rör sett í / stungið á hljóðhimnu annars vegar í svæfingu	403	11.388	20	600
5500701	Ígerð opnuð	16	479	39	1.246
5500702	Minni háttar æxli eða vefjasýni tekið	89	2.599	49	1.568
5500703	Slímhúð/ofholdgun brennd eða fjarlægð	628	18.859	198	6.336
5500704	Skoluð kjálkahola annars vegar	246	7.665	60	1.920
5500705	Steinn tekinn úr munnvatnsgöngum	10	318	10	320
5500901	Skoluð kjálkahola beggja vegna	293	9.075	49	1.776
5500902	Tunguhaft fjarlægt	71	2.050	3	111
5501001	Rör sett í / stungið á hljóðhimnu beggja vegna í svæfingu	3.037	111.895	50	1.900
5501101	Aðgerð vegna nefbrots	14	578	112	4.704
5501102	Conchotomia. Á bæði við hefðbundna og submucous	32	849		
5501103	Slímsepar teknir	45	1.884	16	672
5501104	Æxli fjarlægt úr munni eða koki	73	3.001	7	294
5501201	Nefkokskirtlar teknir	471	22.111	8	384
5501301	Nefkokskirtlar teknir og sett rör (1 eða 2) eða stungið á hljóðhimnum	2.160	123.053	18	1.044
5501501	Djúp eitlabiopsia	3	190	1	64
5501502	Microlaryngoscopia í svæfingu	24	1.449	3	192
5501503	Microlaryngoscopia í svæfingu, gerð með leiser	6	528	1	114
5501504	Sinoscopia	1	64	1	64
5501701	Uvulopalatoplastik	41	3.482		
5501702	Uvulopalatoplastik, gerð með leiser	49	5.104		
5501801	Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku)	516	51.118	171	17.100
5501802	Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku), gerð með leiser	237	29.631	1	150
5501901	Hálskirtlataka (með eða án nefkirtlatöku) ásamt röraísetningu/ástungu	22	2.600		
5501902	Hálskirtlataka (með/án nefkirtlatöku) ásamt röraísetn./ástungu, gerð með leisesr	15	2.171		
5502001	Fess með tækjagj. fyrir endoscope	143	21.774		
5502002	Myringoplastik	71	8.951		
5502003	Septumplastik	305	37.320		
5502101	Fess með ethmoidectomiu	47	8.726		
5502201	Septorhinoplastik	98	23.422		
5600101	Viðtal og skoðun	12.876	167.388	80	1.040
5600201	Viðtal og skoðun án sérgreindra rannsókna og/eða aðg.	13.402	201.030	279	4.185
5600301	Vitjun	11	275		
5600401	Innspýting í húðmein	2.169	13.310		
5600402	Rafmagnsaðgerð	567	3.805		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5600403	Ofnæmisrannsókn	178	1.780		
5600404	Zinklímsumbúðir	1	10		
5600405	Strok frá húð og/eða smásjárgreining	1.394	13.525		
5600501	Skorið í ígerðir	127	1.078		
5600502	Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	10.275	69.338		
5600503	Vefjasýni tekið	1.396	13.370	11	121
5600601	Meðferð við vörtum, önnur en extirpation (eitt gjald)	3.816	45.636		
5600701	Fjarlægð húðbreyting, skorin með hníf og saumað/fjarl. illkynja æxli	4.125	42.142		
5600801	Meðferð vegna condylomata (eitt gjald)	92	1.564		
5600802	Teknar húðbreytingar og blettir úr andliti	1.311	16.915		
5600901	Víðtæk skurðaðgerð v. illkynja húðæxlis skv. greinargerð	24	399		
5601001	Epicutan seria (lappapróf)	866	17.320	156	2.948
5601002	Xanthelasma tekið af augnloki	6	100		
5601101	Leiser-meðferð við húðmeinum, öðrum en valbrá	1.327	24.188		
5601102	Ofnæmisrannsókn (percutan og intra-cutan seria)	390	9.750		
5601201	Útvíkkuð skurðaðgerð vegna illkynja húðæxlis skv. greinargerð	74	2.130		
56f2201	Meðferð >10x10 sm vasculight eða photoderm (svæfing)	1	78		
56f2301	Meðferð <10x10 sm vasculight og photoderm (svæfing)	2	176		
56f2401	Meðferð >10x10 sm vasculight og photoderm (svæfing)	5	590		
5700101	Viðtal og skoðun	30.794	538.895	1.690	27.126
5700301	Vitjun	1	35		
5700401	Tekið stroksýni til leggangafrumurannsóknar v. krabbameinsleitar	8.415	50.490		
5700501	Útskaf frá leghálsi	109	720		
5700502	Útvíkkun á þvagopi	21	210		
5700503	Sérhæft mat	1.003	10.030		
5700601	Hringvöðvi eða endaþarmsop víkkað	2	21		
5700602	Innspýting vegna gyllinæðar	1	21		
5700603	Ígræðsla á östrogen á breytingaskeiði	280	3.074		
5700604	Skorið í ígerðir	21	300		
5700605	Tekið vefjasýni	104	1.178		
5700606	Tekin minni háttar húðæxli eða húðbreytingar, vörtur	33	480		
5700701	Tekið stroksýni úr legholi til frumurannsókna	2	24		
5700702	Þvaginkontinenspróf (marshall)	17	204		
5700801	Tekið stroksýni úr legholi t. frumur ásamt töku stroksýnis til leggangaf.	2	28		
5700901	Aðgerð vegna atresia humenalis	33	495		
5700902	Leg blásið eða pertubatio	277	2.078		
5700903	Ómskoðun með abdominal próp	103	1.545		
5700904	Ómskoðun með vaginal próp	8.130	121.950		
5700905	Postcoital próf	2	30		
5700906	Tekið stungusýni úr brjóstum til meinfrumurannsókna	3	45		
5701001	Meðferð v. condylomata (eitt gjald)	297	5.049		
5701101	Einföld kolposkopia (án sýnatöku)	180	3.240		
5701201	Artificial insemination	0	0		
5701202	Subcutan æxli	12	168		
5701203	Tekinn gyllinæðarhnútur	0	0		
5701301	Cervix cerclage	3	72		
5701302	Sýni tekið úr legbol (til vefjagreiningar)	251	6.024		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5701401	Aðgerð vegna glandula bartholini	4	112		
5701402	Kolposkopia með biopsíum og útskafi úr leghálsi	101	2.828		
5701501	Cystoscopía	23	920		
5701502	Ómskoðun m. vaginal próp, skv. tilvísun frá öðrum kvensjúkdómalækni, án viðtals	225	6.750		
5701601	Tekið æxli úr brjósti	1	40		
5701702	Lagfærð ör	2	80		
5701801	Leg skafið	407	14.473		
5701802	Perineoplastic	30	1.107		
5701803	Sett upp eða fjarlægð lykkja í svæfingu	86	2.850		
5701902	Ómstýrð ástunga	0	0		
5702001	Konisation	29	1.450		
5702101	Laparotomia (kviðrista) með aðgerðum á getnaðarfærum	2	65		
5702301	Laparosc. til rann. og/eða annarra aðgerða á getnaðarfærum	574	80.360		
5702501	Minni háttar staðdeyfingar (t.d. vegna æxlis í húð)	172	768		
5702601	Leiðsludeyfing á n. sacrales (ein eða fleiri)	1	6		
5702701	Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	3	33		
5703001	Blóðtaka vegna rannsóknar annars staðar	27	97		
5800101	Viðtal skemmra en 15 mín.	0	0	2	28
5800201	Viðtal og skoðun	2.151	41.944	484	9.438
5800301	Sérhæft mat	30	300		
5800401	Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	3	21		
5800501	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	39	254	1	6
5800601	Innhelling í æð (infusion með t.d. cytostatika)	298	2.980	408	4.080
5800602	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	3	30		
5800603	Blóðtaka í lækningaskyni, svo sem v. hemosiderosis eða polycytemia vera	260	2.600	1	10
5800701	Blóðfrumumagn (hæmatocrit)	7	25		
5800702	Blóðtaka vegna rannsóknar annars staðar	295	1.062		
5800801	Blóðflögur taldar	74	333		
5800802	Netfrumur taldar	4	18		
5800804	Hver sérlitun við mergskoðun	58	261		
5800805	Blóðstrok rannsakað + deilitalning hvítra blóðkorna	0	0		
5800901	Blóðhagur ii (með electrón. teljurum) (hb.hct.rblk.mcv.hbk.mchc)	135	972		
5801001	Sérfræðileg rannsókn blóðstroka (vandamálablóðstroka)	35	280		
5801101	Blóðhagur ii, blóðsökk og blóðstrok + deilitalning gerð samtímis	206	2.410		
5801201	Beinmergsbiopsia	1	15	3	45
5801202	Mergstunga (aspirat) með einnota áhaldi	92	1.380	2	30
5801301	Fullkomin mergr. m. deilit., mati á frumum., útr. á me. hlutfalli/leit að me.	93	2.790	13	390
5801401	Mergbíopsía með einnota áhaldi	37	925	1	25
5801501	Yfirlitsrannsókn á þvagi (smásjárskoðun + kemi)	14	76		
5900101	Viðtal og skoðun	3.891	75.874	5.192	101.244
5900301	Hjartarit (ekg)	144	936		
5900401	Blóðsykurmæling sérfræðings í efnask- og innkl. ásamt túlkun	1.217	8.519	276	1.932
5900601	Innhelling í æð (infusion m. t.d. cytostatika)	2	20		
5900602	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	1	10		
5900603	Sérhæft mat	615	6.150	5	50

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
5900701	Tekið stungusýni til meinfrumurannsókna	31	465		
6000101	Viðtal skemmra en 15 mínútur	2	28		
6000201	Viðtal og skoðun gigtarlæknis	12.301	239.870	1.149	22.406
6000301	Sérhæft mat	2.438	24.380		
6000401	Vitjun	14	350		
6000501	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	32	208		
6000502	Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	2	13		
6000601	Inndæling í sinafestur	3.393	19.856		
6000701	Húðsýnataka	17	170		
6000702	Innhelling í æð (infusion m. t.d. cytostatika)	7	55		
6000703	Liðstunga á aðra liði en mjaðmarliði	3.957	33.190		
6000801	Liðvökvarannsókn (mucinleit-kristallaleit)	256	3.072		
6000901	Liðstunga í mjaðmarlið	30	428		
6001001	Munnvatnskirtilssýnistaka	1	25		
6001002	Vöðvasýnataka	1	25		
6100101	Viðtal og skoðun	493	9.614	591	15.662
6100201	Viðtal og skoðun með ekg	14.874	394.161		
6100401	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	0	0	36	396
6100501	Holterpróf, ætið án viðtals	200	4.800		
6100601	Ómskoðun á hjarta, ætið án viðtals	1.169	60.788	328	17.056
6100701	Áreynsluhjartaritun með viðtali	1.373	82.380	233	11.184
6100801	Óm- og dopplerskoðun af hjarta, ætið án viðtals	535	44.940	85	7.140
6200101	Viðtal og skoðun	5.468	106.626	111	2.164
6200201	Sérhæft mat (hám. 5% af heildarkomum)	216	2.160	17	170
6200301	Vitjun	2	50		
6200401	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	182	1.183	878	135
6200402	Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	1.993	12.954	737	4.791
6200502	Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	324	2.268		
6200601	Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	0	0		
6200701	Blóðtaka í lækningaskyni, svo sem v. hemosiderosis eða polycytemia vera	4	40	1	10
6200703	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	0	0		
6200801	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	13	143	59	649
6200802	Spirometria með flæðislykkju í inn- og útöndun	1.593	17.523	11	121
6201002	Tekið stungusýni til meinfrumurannsókna	0	0		
6201101	Áreynslupróf með spirometrium og berkjuvíkkandi lyfi	18	450	7	175
6201301	Áreynsluhjartaritun og mat á áreynsluþoli með þrekhjóli og mæling súrefnis	11	671		
6201501	Skimun fyrir kæfisvefn	11	1.133	37	3.811
6300101	Viðtal og skoðun	5.673	110.624	104	2.028
6300201	Scopiuviðtal	1.308	15.696	4.683	56.196
6300401	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	3	20	492	3.198
6300501	Blóðtaka í lækningaskyni, svo sem v. hemosiderosis eða polycytemia vera	4	40		
6300502	Fjarlægt ræsi úr meltingarvegi	3	30	6	60
6300504	Einfaldari sýnatökur við speglanir til meinfrumur. eða biopsíur, eitt gjald	538	5.380	3.024	30.240
6300701	Stíf rectosigmoidoscopia	58	1.454	40	1.200
6300801	Hot biopsia	50	570	98	1.448
6300904	Polypectomia með snöru	73	1.260	164	3.280
6300907	Viðameiri sýnatökur við speglanir eitt gjald	344	6.860	467	9.340

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
6301001	Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	516	28.380	4.022	221.210
6301002	Magaspeglun með þræðingu á brisgangi (erp)	1	55	173	9.515
6301004	Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	33	1.765	926	50.930
63010g1	Magaspeglun (vélinda, magi, skeifugörn)	372	18.600		
63010g2	Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	310	15.500		
63010r4	Ristilspeglun, stutt (sveigjanleg sigmoidoscopia eða vinstri colonoscopia)	0	0		
63010þ4	Ristilsp, stutt (sveigjanleg sigmoidos copia/vinstri colonoscopia (þráinn))	16	473		
6301201	Ristilspeglun (fullkomin)	328	30.832	1.229	115.526
6400101	Viðtal skemur en 15 mínútur	0	0		
6400201	Viðtal og skoðun	1.663	32.428	339	6.611
6400401	Sérhæft mat	336	3.360		
6400501	Sérstök þvagskoðun	1.503	10.521		
6400701	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	77	500		
6400801	Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	0	0		
6400901	Blóðtaka í lækningaskyni, svo sem v. hemosiderosis eða polycytemia vera	4	40		
6500101	Viðtal skemmra en 15 mínútur	1	14	34	1.360
6500201	Viðtal og skoðun	1.407	27.436	1	20
6500501	Hjartarit (ekg), úrlestur innifalinn	51	332		
6500502	Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	415	2.698		
6500601	Ofnæmisrannsókn	155	1.395	24	216
6500701	Spirometria með berkjuvíkkandi lyfi	101	1.111		
6500801	Áreynslupróf með spirometrium og berkjuvíkkandi lyfi	4	100		
6500901	Ofnæmisrannsókn (percutan og intracutan seria)	1.028	29.812	406	11.774
6600101	Viðtal og skoðun	236	4.602	393	7.664
6600301	Sérhæft mat	32	320	10	100
6600501	Hjartarit (ekg)	5	32		
6600502	Spirometria með vitalograf eða sambærilegum spirometer	2	13		
6600601	Blóðsýni tekið úr slagæð til blóðgasamælinga	1	7	1	7
6600802	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	3	25		
6800101	Viðtal og skoðun	43	838	7.403	140.873
6800501	Hjartarit (ekg)	5	32	110	715
6800601	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	0	0		
6801001	Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	3	24		
6802001	Viðtal og skoðun sérfræðings í klíniskri fysiologiu	343	4.116		
6802501	Áreynsluhjartaritun	370	17.760		
8100101	Viðtal og skoðun	15.540	248.640	2.468	38.983
8100201	Álag lýtalæknis/skurðlæknis vegna sérhæfðs mats	1.225	12.250	11	110
8100301	Dopplerskoðun bláæða og slagæða eingöngu ætlað æðaskurðlæknum	1.522	18.264		
8100302	Nákvæm neurologiskskoðun notað í hám. 65% af viðtölum	1.700	20.400		
8100303	Stíf rectosigmoidoscopia	252	3.024		
8100401	Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð, 1 stk.	312	7.354		
8100501	Húðbreytingar brenndar/frystar, 1–10	154	2.954		
8100502	Innhelling lyfs í æð	12	299		
8100503	Lagðar zinklímsumbúðir	5	111		
8100504	Opnuð ígerð, blóðhlaup	74	2.169	1	32

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
8100505	Saumað minni háttar sár/klippt upp úr sári	34	1.062		
8100506	Tekið vefjasýni	143	4.079	12	384
8100507	Tekin nögl	27	699	2	64
8100508	Teknar minni háttar húðbr. < 2 sm / vörtur 1–3 stk.	887	21.312	1	32
8100601	Dorsalslit	7	232		
8100701	Hringvöðvi/endaþarmsop víkkað	51	1.738		
8100702	Königaðgerð fyrri fótur	246	8.363		
8100703	Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum (eitt gjald)	1.842	69.188	21	798
8100704	Tekið subcutan æxli	898	26.520		
8100705	Tekið subcutan æxli/ber úr brjósti	27	816		
8100706	Tekið tunguhaft	38	1.350		
81007a3	Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum (eitt gjald)	0	0		
8100801	Inndæling í vefjaþenslupoka	12	468		
8100901	Umskurður	79	3.793		
8101001	Aðskotahlutur tekinn djúpt í holdi	199	7.584	5	285
8101002	Biopsia af arteria temporalis/annarri æð	7	314		
8101003	Djúp biopsía, eitlabiopsia	28	1.300	3	171
8101004	Kirurgisk revision af sári (m.a. bruni, fótasár)	27	1.529	1	57
8101005	Tekið æxli úr brjóstvef	75	4.001		
8101101	Tekin valbrá <10 sm í þvermál	5	266		
8101102	Teknar húðbreytingar úr andliti með skurðaðgerð, 2–4 stk	396	16.368		
8101103	Teknar stórar húðbreytingar >/= 2 sm í þvermál óháð fjölda	253	12.530		
8101201	Aðgerð v. tendov. stenosans	21	1.170		
8101202	Dregið í stóran lið	1	60		
8101203	Fasciotomia á útlim	2	120		
8101204	Fingur eða tær teknar	2	120		
8101206	Tekið ganglion	114	6.126	1	60
8101207	Tekin bursa (bolecrani)	9	536		
8101301	Teknar minni háttar húðbr. <2 sm / vörtur 4–10 stk.	808	28.572		
8101401	Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	190	12.901	7	532
8101501	Lagfært ör (lítið)/húðslípun	459	29.484		
8101502	Meiri háttar perineopla	7	469		
8101503	Rhinoplastik	0	0		
8101504	Skinnflutningur (meiri háttar)	8	588		
8101505	Tekin valbrá > 10 sm þvermál	0	0		
8101506	Teknar húðbr. úr andliti með skurðaðgerð 5–10 stk.	70	3.393		
8101601	Tenotomiur (t.d. homan)	0	0		
8101701	Aðgerð vegna gyllinæðar	125	11.749	1	95
8101702	Aðgerð vegna sinus pilonidalis	201	18.899	2	190
8101704	Tekinn fleygur úr brjóstvef	148	13.914	12	1.140
8101801	Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	44	4.456		
8101802	Gynecomastia ásamt fitusogi	70	6.261		
8101803	Lagfærð inndregin geirvarta með mikroskópi	0	0		
8101901	Lófafell tekið (lítið/miðlungsstórt)	28	2.736		
8101902	Taug losuð eða flutt	148	14.567		
8101903	Tekið fasciubundið æxli > 5 sm	81	7.212		
8101904	Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt)	134	12.615		
8102001	Barnakviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna	345	37.914	2	228
8102002	Mastektómia simplex (ekki cancer)	6	678		
8102101	Blepharopl. efri/neðri	78	6.881		
8102102	Endursköpun geirvörtu	20	2.225		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals bruttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals bruttóein.
8102103	Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum	33	3.644		
8102104	Leisermeðferð á örum í andliti post acne	4	572		
8102105	Settur inn vefjaþenjari með ventli	8	819		
8102106	Sköpulagsaðgerð á eyra	142	12.813		
8102107	Tekið taugabundið æxli í andliti	6	706		
8102108	Brjóstastækkunaraðgerð/vefjaþensla	2	234		
8102201	Beygjusinar saumaðar	5	598		
8102202	Lófafell tekið (meiri háttar, reop.)	43	4.906		
8102203	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	8	956		
8102204	Plastiskar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	11	1.310		
8102205	Reconstr. á ligamentum	1	120		
8102208	Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	29	3.274		
8102301	Kviðarholsspeglun, eingöngu v. greiningar	3	445	1	183
8102302	Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	199	25.676	5	665
8102303	Kviðslit ein hlið með neti (ekki recidiv)	160	20.990	2	266
8102401	Fjarlægt æxli af andliti með flipa	52	6.880		
8102402	Lagfærð meiri háttar ör með plastik og flipa	261	33.063		
8102403	Sköpulagsaðgerð á nefi vegna áverka/fæðingargalla	21	2.876		
8102404	Sköpulagsaðgerð á brjóstum, samþ. í lýtalækninganefnd	0	0		
8102405	Silikonfylling í kjálka	0	0		
8102406	Fitusog í kringum hné, samþ. af lýtalækninganefnd	0	0		
8102407	Brjóstaminnkun	2	274		
8102501	Seps (perforant-aðgerð)	30	4.272		
8102502	Æðahnútar, ein hlið	1.506	227.960	5	765
8102601	Leisermeðferð á útbreiddum örum í andliti post acne	10	1.725		
8102602	Andlitslyfting skv. samþykki lýtalækninganefndar	0	0		
8103001	Inndæling í sinafestur	94	752		
8103002	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarliði	18	150		
8104001	Prufumeðferð 1x1 sm (hámark 1 á hvern sjúkling)	0	0		
8104002	Meðferð <10x10 sm photoderm	0	0		
8104101	Meðferð >10x10 sm photoderm	0	0		
8104201	Meðferð <10x10 sm vasculight	0	0		
8104301	Meðferð >10x10 sm vasculight	0	0		
8104501	Prufumeðferð 1x1 sm (hámark 1 á hvern sjúkling)	0	0		
8104701	Meðferð <10x10 sm vasculight	0	0		
8104801	Meðferð >10x10 sm vasculight	0	0		
8105001	Prufumeðferð 1x1 sm (hámark 1 á hvern sjúkling)	0	0		
8105002	Meðferð <10x10 sm photoderm	0	0		
8105201	Meðferð <10x10 sm vasculight	0	0		
8105301	Meðferð >10x10 sm vasculight	0	0		
8105502	Meðferð <10x10 sm photoderm	0	0		
8105601	Meðferð >10x10 sm photoderm	0	0		
8105701	Meðferð <10x10 sm vasculight	0	0		
8105801	Meðferð >10x10 sm vasculight	0	0		
8106002	Meðferð <10x10 sm photoderm	0	0		
8106101	Meðferð >10x10 sm photoderm	0	0		
8106201	Meðferð <10x10 sm vasculight	0	0		
8106301	Meðferð >10x10 sm vasculight	0	0		
81a0507	Tekin nögl 75%	0	0		
81a0702	König-aðgerð 75%	20	542		
81a0703	Sclerosering af gyllinæð/æðahnútum	0	0		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
81a1206	Tekið ganglion 75%	1	45		
81a1401	Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	0	0		
81a1801	Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	6	531		
81a1902	Taug losuð eða flutt 75%	2	150		
81a2001	Barnakviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna 75%	0	0		
81a2103	Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum 75%	1	88		
81a2302	Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	2	200		
81a2406	Fitusog í kringum hné 75% samþ. af lýtalækninganefnd	0	0		
81a2502	Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð	478	54.832		
81s0702	König-aðgerð, síðari fótur	2	54		
81s1401	Aðgerð vegna fissura ani/condiloma/sepa/fistils	0	0		
81s1801	Fjarlægðir svitakirtlar í holhönd	5	360		
81s2001	Barnakviðslit/minni háttar kviðslit fullorðinna 75%	0	0		
81s2103	Fjarlægt æxli með plastik á bol og útlimum 75%	1	87		
81s2302	Kviðslit ein hlið (ekki recidiv)	4	393		
81s2406	Fitusog í kringum hné, 75% samþ. af lýtalækninganefnd	0	0		
81s2502	Æðahnútar ein hlið, síðari aðgerð 75%	461	52.208		
8200101	Viðtal og skoðun	3.981	55.734	128	1.792
8200201	Minni háttar staðdeyfing (t.d. v. æxlis í húð)	18.772	76.920	12	86
8200202	Minni háttar leiðsludeyfing, fingurblokk	163	940		
8200203	Minni háttar leiðsludeyfing, n. supraor b., n. infraorb	106	428		
8200204	Minni háttar leiðsludeyfing á taugum ekki nefndum	72	416		
8200301	Deyfðir verkir í stoðkerfi, ein eða fleiri deyfing	1.766	16.750		
8200302	Sv. álag v. yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	523	5.230	269	2.690
8200303	Sv. álag v. yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	1	5		
8200304	Sv. álag v. yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	35	210		
8200305	Sv. álag v. yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	199	1.492		
8200306	Sv. álag v. yngri en 5 ára eða eldri en 70 ára, eða asa. Einfalt gjald	34	306		
8200307	Svæfingarálag vegna yngri en 5 ára	1.344	13.440		
8200308	Svæfingarálag v. eldri en 70 ára	70	700		
8200309	Svæfingarálag vegna asa	1	10		
8200310	Svæfingarálag, aðgangur að öndurnarvegum er hindraður v. aðg. í nefi, munni, kok	1.914	19.140		
8200401	Leðsludeyfing án sacrales (ein eða fleiri)	1	13		
8200402	Leiðsludeyfing án occipitalis major	257	3.081		
8200403	Leiðsludeyfing án cutaneous femoral is lat	4	52		
8200501	Medianus-deyfing	148	1.490		
8200502	Meiri háttar staðdeyfingar (aðgerð djúpt í holdi)	2.279	26.490	49	980
8200503	Ulnaris-deyfing	48	490		
8200601	Analgesi vegna blöðruspeglunar karla ásamt intravenös	124	2.420	72	1.584
8200602	Penisdeyfing	251	3.168	54	1.188
8200701	100% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver hálftími til viðbótar fyrstu tveimur	43	1.290		
8200702	75% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver hálftími til viðbótar fyrstu tveimur	1.273	28.665		

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals brúttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals brúttóein.
8200703	50% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver hálftími til viðbótar fyrstu tveimur	7	120		
8200704	60% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver hálftími til viðbótar fyrstu tveimur	172	3.096		
8200705	90% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver hálftími til viðbótar fyrstu tveimur	176	4.766		
8200801	100% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, fyrsti hálftími	27	945		
8200802	75% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, fyrsti hálftími	859	22.549		
8200803	50% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver fyrsti og annar hálftími í svæfingu	4	70		
8200804	60% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, fyrsti hálftími	110	2.310		
8200805	90% endurgr. v. svæfingar hjá tannlækni, hver fyrsti og annar hálftími í svæfingu	116	3.654		
8200901	Intercostal-deyfing, ein eða fleiri	22	836		
8200902	Intravenös-deyfing	47	1.482		
8200903	Meiri háttar leiðsludeyfing axillaris, supra, infraclavicularis	16	399		
8200904	Plexus cervicalis profundus deyfing	7	228		
8200905	Ökklablokk	15	361		
8201001	Ischiadicus- og femoralis-blokk	1	50		
8201002	Sympaticus-deyfing (cervikal. lumbal)	40	1.750		
8201101	Epidural-deyfing (cervikal, thoracal, lumbal, caudal)	102	5.160		
8300101	Viðtal og skoðun	2.457	71.253		
8300201	Vitjun	4	140		
8300501	Vitjun	159	6.519		
8300502	Vitjun með fjölskyldufundi, kviðarholsástungu eða brjóstholsástungu	28	1.456		
8400101	Stutt viðtal	127	1.778	4	56
8400201	Viðtal og skoðun	4.527	88.276	693	13.514
8400301	Álagsviðtal (fer ekki með 84-7-1)	285	11.258	14	553
8400401	Vitjun	28	700		
8400501	Inndæling í sinafestur, ein eða fleiri	17	136	20	160
8400601	Mixed nerve conduction (mnc)	2	22		
8400602	Proximal nerve conduction (pnc)	452	4.972		
8400701	Nákvæm neurologisk skoðun (fer ekki með 84-3-1)	2.677	32.124	66	792
8400801	Motor nerve conduction (mcv)	1.023	21.483	15	315
8400901	Repetitive stimulation	7	182		
8400902	Sensory nerve conduction (snc)	1.022	26.572	10	260
8401001	Vöðvarit	1.023	31.713	9	279
8600101	Viðtal og skoðun	5.618	89.888	296	4.736
8600201	Álag vegna sérhæfðs mats	1.331	13.310	32	320
8600301	Bta-próf vegna blöðrukrabba	13	364	2	56
8600302	Fínnálarsýni úr prostata	2	56	18	504
8600303	Grófnálasýni úr prostata	124	3.414	26	728
8600305	Intracavernous sprauta + kennsla	16	448		
8600306	Lyfjainnhelling í þvagblöðru	3	70	115	3.220
8600307	Transrektalómun prostata	2	112	26	1.456
8600308	Vatnssæðishaulsstunga	64	1.778	3	84
8600309	Þvagafgangsmæling	1.292	39.982	53	1.643
8600310	Þvagafgangsmæling ásamt þvagflæðimælingu	579	19.678	110	3.740
8600311	Þvagflæðimæling	156	4.836	113	3.503
8600312	Þvagincontinencepróf	97	2.716	73	2.044

Gjald-nr.	Heiti verks	TR Samtals skipti	TR Samtals bruttóein.	LSH Samtals skipti	LSH Samtals bruttóein.
8600403	Dorsal-slit	5	168	6	204
8600404	Frenuloplastik	21	493	5	170
8600405	Meðferð vegna condylomata	72	2.430	12	408
8600406	Tekin húðsýni, systur o.fl.	30	945	4	136
8600407	Þvagrásarþrengsli karla víkkuð	18	536	8	272
8600501	Blöðruhálskontractura opnuð	1	69	9	621
8600502	Blöðruspeglun án aðgerða	1.408	89.092	565	36.160
8600503	Blöðruspeglun með blöðrusýnitöku	42	2.678	32	2.208
8600504	Blöðruspeglun með fjarlægingu blöðrusteina	3	207	17	1.173
8600505	Blöðruspeglun með víkkun á þvagopi	169	10.582	41	2.829
8600506	Blöðruspeglun með víkkun á þvagrás karla	23	1.521	16	1.104
8600507	Optisk urethrotomia	34	2.104	48	3.312
8600508	Umskurður	19	927	10	490
8600509	Ureter stent tekinn	16	1.082	23	1.587
8600601	Forhúðarplastik	208	11.611	12	684
8600602	Miðhlutun sáðganga	225	12.678	34	1.938
8600603	Opnar pungaðgerðir	35	1.963	16	912
8600701	Opnar náraaðgerðir	12	1.034	7	665
8600702	Æxli brennt úr þvagblöðru	11	1.199	39	4.485
8600801	Djúpar reðuræðar hnýttar	3	338		
8600802	Minni háttar kviðslit fullorðinna	0	0		
8600803	Nesbit-aðgerð	12	1.356	1	114
8600804	Orchidopexia	17	1.866	1	114
8600805	Urethropexia	0	0	27	3.078
8600901	Kviðslið fullorðinna	9	1.187	6	798
8700101	Viðtal og skoðun öldrunarlæknis, ½ klst., ekki skemur en 20 mín.	30	600	8	140
8700201	Meiri háttar viðtal öldrunarlæknis, 1 klst., ekki skemur en 45 mín.	293	10.255	4	140
8700301	Fyrsta viðtal sjúklings ásamt greinargerð/viðtali v. fjölsk. á hverjum 18	92	4.784		
8700401	Fjölskylduviðtal að lágmarki 2 klst.	4	240		
8700501	Vitjun öldrunarlæknis til mats á heilsufari, sbr. þó 87-006-01 v. fyrsta v.	60	2.100		
8700601	Fyrsta vitjun/viðtal við sjúkling ásamt greinargerð og viðtali við fjölskyldu á h. 18.	12	624		
	Svæfingar með aðgerðum (ekki sambærileg skráning)			632	47.778
	Viðtal sérfræðings			764	12.224
	Samtals	**597.745**	**11.139.919**	**86.133**	**1.833.235**

2. *Hver er kostnaður við hverja aðgerð, annars vegar á sjúkrahúsum og hins vegar utan þeirra, og hver er kostnaðarhluti sjúklinga þar af, án afsláttar?*

Í raun er verið að spyrja um umsamdar gjaldskrár sérfræðilækna við TR eftir verkum, en þeim gjaldskrám er yfirleitt einnig beitt í ferliverkum sjúkrahúsanna. Gjaldskrár sérfræðigreina liggja fyrir, en nokkuð viðamikið þykir að birta þær allar í svari við einfaldri fyrirspurn. Finna má þó kostnað við einstakar aðgerðir með því að deila komufjölda í einingafjölda í hverju verki í samanburðarskránni.

Einingaverð árið 2000 var 170 kr. Almennir sjúklingar greiddu 1.400 kr. + 40% af umframkostnaði, þó að hámarki 5.000 kr. fyrir hverja aðgerð. Lífeyrisþegar og börn greiddu 500 kr. + 13,33% af umframkostnaði, þó að hámarki 5.000 kr. fyrir hverja aðgerð. Hámarksgreiðslur einstaklinga voru 12.000 kr., hámarksgreiðslur lífeyrisþega voru 3.000 kr., hámarksgreiðslur allra barna í sömu fjölskyldu voru 6.000 kr. Eftir að hámarksgreiðslu var náð á almanaksárinu greiddu viðkomandi ⅓ af gjaldi það sem eftir var ársins.

Landspítali – háskólasjúkrahús innheimtir sjúklingagjöld í samræmi við reglur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og TR og kemur einingafjöldi fram í yfirliti. Á slysa- og bráðamóttökum spítalans er innheimt fast gjald, en fjöldi ferlisjúklinga á slysa- og bráðamóttökum spítalans var 53.112 árið 2000.

Ekki reyndist unnt að fá fram upplýsingar um hlutfall sjúklinga sem fengu afslátt af komugjöldum, þ.e. aldraðra, öryrkja og sjúklinga með afsláttarkort.

719. Fyrirspurn [449. mál]

til umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum djúpborunar eftir jarðhita.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða djúpborunarverkefni hafa verið tilkynnt Skipulagsstofnun frá því að ný lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi árið 2000 og í hvaða tilfellum hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að þau skuli háð mati á umhverfisáhrifum?
2. Hvaða djúpborunarverkefni voru háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993?
3. Hverjar hafa verið niðurstöður mats á umhverfisáhrifum í þeim tilfellum sem það hefur farið fram?
4. Hefur verið leitað álits Náttúruverndar ríkisins um þau djúpborunarverkefni sem Skipulagsstofnun hefur fjallað um og hver hafa sjónarmið stofnunarinnar verið samanborið við úrskurði Skipulagsstofnunar?
5. Eru einhverjar umsóknir um leyfi til djúpborunar óafgreiddar um þessar mundir?
6. Hvernig hefur verið staðið við verndarákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, í þeim tilfellum sem heimiluð hefur verið djúpborun eftir jarðhita?

Skriflegt svar óskast.

720. Fyrirspurn [450. mál]

til umhverfisráðherra um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvers vegna hefur frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, ekki verið endurflutt?

721. Fyrirspurn [451. mál]

til umhverfisráðherra um undirbúning og þátttöku Íslands í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig verður háttað þátttöku Íslands í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2.–11. september nk.?
2. Taka íslensk stjórnvöld þátt í undirbúningsfundunum (PrepCom) sem haldnir eru í aðdraganda ráðstefnunnar eða í samstarfi Evrópuríkja (ECE Regional meeting)?
3. Hafa íslensk stjórnvöld haft milligöngu um eða hvatt til þátttöku sveitarstjórna, frjálsra félagasamtaka eða samtaka atvinnulífsins í verkefnum sem tengjast ráðstefnunni eða undirbúningsferli hennar, svo sem veggspjaldasamkeppni barna og ritgerðasamkeppni um sýn til sjálfbærrar framtíðar?
4. Er að vænta skýrslu frá íslenskum stjórnvöldum fyrir ráðstefnuna um árangur af áætlun um sjálfbæra þróun sem þjóðir heims skuldbundu sig til að framkvæma samkvæmt sáttmálum heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro 1992?
5. Hvers vænta íslensk stjórnvöld af ráðstefnunni í Jóhannesarborg?

Skriflegt svar óskast.

722. Fyrirspurn [452. mál]

til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvenær er von á að frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands verði lagt fram á Alþingi?

723. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

1.–3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 30 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð.

Beiðni um að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar skal koma fram innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

3. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðinn sé frestur skv. 1. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

5. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfastofan getur farið fram á að einkaleyfishafi, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, tilnefni umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem hefur fyrir hans hönd heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

6. gr.

Ákvæði 2.–4. gr. laga þessara taka til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem 20 mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út 1. apríl 2002 eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær lagabreytingar, sem gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu, eru með einum eða öðrum hætti til komnar vegna breytinga á alþjóðavettvangi. Aðallega er um að ræða afleiðingar af breytingum á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi frá 1984 (Patent Cooperation Treaty, PCT) sem Ísland gerðist aðili að árið 1995.

Á þingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í september–október 2001 voru samþykktar tillögur um breytingar á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi. Þær breytingar eiga að vera komnar í landslög aðildarríkja sáttmálans fyrir 1. apríl 2002. Vegna umræddra breytinga eru nú lagt til að breytt verði þremur greinum í einkaleyfalögunum (sjá 2.–4. gr. frumvarpsins). Í breytingunum felst aðallega að frestur til að yfirfæra alþjóðlega umsókn til Íslands lengist úr 20 í 30 mánuði. Þetta er gert til að hamla gegn mikilli fjölgun alþjóðlegra umsókna í aðildarríkjum samstarfssáttmálans sem talið er að hafi átt sér stað vegna mismunandi frestákvæða í honum.

Þá er lagt til að breytingar verði á ákvæðum er varða skyldur umsækjenda og einkaleyfishafa til að hafa umboðsmann sem sé búsettur hér á landi. Skilyrði um að erlendu aðilarnir verði að hafa umboðsmann, búsettan hérlendis, þykir stríða gegn meginmarkmiðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa þjónustu milli ríkja. Því hafa Evrópuríki, m.a. Norðurlöndin, breytt löggjöf sinni á þann hátt að einungis sé heimilt að krefjast þess að umsækjandi eða einkaleyfishafi hafi umboðsmann sem sé búsettur á EES-svæðinu. Í þessu frumvarpi er lagt til að umsækjendum verði skylt að hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, en heimilt verði að krefjast þess að einkaleyfishafi hafi umboðsmann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða breytingu á 12. gr. einkaleyfalaga þar sem kveðið er á um skyldu umsækjanda, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, til að tilnefna umboðsmann. Í 12. gr. er nú kveðið á um að umboðsmaðurinn skuli vera búsettur hérlendis. Samkvæmt breytingunni er lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um það að umboðsmaðurinn skuli hafa búsetu hér á landi heldur þurfi hann aðeins að vera búsettur á EES-svæðinu. Þessi breyting kemur til af því að krafa um búsetu í tilteknu ríki þykir stríða gegn meginmarkmiðum EES um frjálsa þjónustu milli ríkja. Samskipti umsækjanda við Einkaleyfastofuna munu þó áfram verða á íslensku fyrir utan þau tilteknu gögn sem sérstaklega er heimilað að skila inn á erlendum tungumálum. Er gert ráð fyrir því að framkvæmdin verði óbreytt að því leyti. Verði umboðsmaður ekki tilnefndur í samræmi við ákvæði 12. gr. getur 15. gr. og jafnvel 16. gr. laganna átt við um slík tilvik.

Þá þykir rétt að bæta við í greininni að nafn og heimilisfang umboðsmanns skuli fært í einkaleyfaskrá.

Um 2. gr.

Breytingin felst í því að frestur til að yfirfæra alþjóðlega umsókn til Íslands lengist úr 20 í 30 mánuði. Í gildandi lögum er fresturinn til að yfirfæra umsókn 20 mánuðir en 30 mánuðir ef óskað er eftir alþjóðlegri forathugun á einkaleyfishæfi umsóknar. Fresturinn til að yfirfæra umsókn verður þannig jafnlangur (30 mánuðir) hvort sem óskað er eftir alþjóðlegri forathugun eða ekki.

Breyting á ákvæðinu kemur til vegna breytinga á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (Patent Cooperation Treaty, PCT) sem samþykktar voru á þingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar árið 2001. Ástæðan fyrir þessari breytingu er mikil fjölgun alþjóðlegra umsókna. Á árinu 2000 voru alþjóðlegar umsóknir alls 90.948 talsins. Á síðastliðnum tíu árum hefur umsóknum fjölgað yfir 10% á ári hverju og yfir 20% sum árin. Þessi fjölgun hefur haft í för með sér mjög mikið vinnuálag fyrir einkaleyfayfirvöld. Þær skrifstofur, sem annast alþjóðlega forathugun, hafa ekki haft undan þar eð a.m.k. 80% af alþjóðlegum umsóknum fara í alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi. Talið er að mikill fjöldi umsækjenda hafi aðeins óskað eftir alþjóðlegri forathugun vegna lengri frests til að yfirfæra umsóknir (30 mánaða í stað 20). Með breytingunni er þess vænst að færri óski eftir alþjóðlegri forathugun þar eð ekki verður lengur þörf á að fara þá leið til að fá lengri frest.

Í 2. mgr. er lagt til að felldur verði brott síðari hluti málsgreinarinnar sem nú er óþarfur þar eð frestur til að yfirfæra umsókn verður hinn sami. Óski umsækjandi eftir alþjóðlegri forathugun þarf það að koma fram innan 19 mánaða eins og áður. Lagt er til að gerð verði lítils háttar breyting á orðalagi ákvæðisins. Í stað þess að „lýsa yfir ósk“ um að gerð verði forathugun komi fram „beiðni“ um forathugun.

Í 3. mgr. er lagt til að felld verði brott tilvísun í 2. mgr. 31. gr. þar eð það ákvæði á ekki lengur við.

Um 3. gr.

Lagt er til að ákvæði 32. gr. laganna verði felld brott þar eð þau hafa enga þýðingu þegar fresturinn til yfirfærslu umsóknar er hinn sami hvort sem forathugun á sér stað eða ekki.

Um 4. gr.

Í greinini er lagt til að felld verði brott tilvísun í 2. mgr. 31. gr. laganna þar sem það ákvæði á ekki lengur við.

Um 5. gr.

Hér eru lagðar til efnislegar breytingar á 1. mgr. 66. gr. einkaleyfalaga auk þess sem lagt er til að 2.–3. mgr. greinarinnar verði felldar brott.

Í núgildandi lögum er í 1. mgr. 66. gr. kveðið á um skyldu einkaleyfishafa, sem búsettur er erlendis, til að hafa umboðsmann búsettan hér á landi. Með breytingunni er einkaleyfishafa, sem búsettur er erlendis, ekki lengur skylt að hafa umboðsmann en kveðið er á um heimild Einkaleyfastofunnar til að fara fram á að umboðsmaður verði tilnefndur. Þá er ekki lengur gerð krafa um það að umboðsmaðurinn, sé hann tilnefndur, skuli hafa búsetu hér á landi heldur þarf hann einungis að vera búsettur á EES-svæðinu.

Breytingin, sem lögð er til varðandi búsetu umboðsmanns, kemur til af því að krafa um búsetu í tilteknu ríki þykir stríða gegn meginmarkmiðum EES um frjálsa þjónustu milli ríkja.

Hvað varðar þá breytingu að einkaleyfishafa sé ekki lengur skylt að hafa umboðsmann má nefna að í greinargerð með núgildandi 66. gr. er tekið fram að megintilgangurinn með því að skylda einkaleyfishafa til að hafa umboðsmann eftir að einkaleyfi hefur verið veitt sé að tryggja að unnt sé að birta stefnur og aðrar tilkynningar, sem varði einkaleyfið hans, einhverjum hér á landi. Þar eð lögð hefur verið til sú breyting að umboðsmaður þurfi ekki lengur að vera búsettur hér á landi, heldur einungis á EES-svæðinu, þykir sú forsenda fyrir umboðsmannaskyldunni, að unnt sé að birta einhverjum hér á landi stefnur og aðrar tilkynningar varðandi einkaleyfið, ekki lengur vera fyrir hendi. Þá má einnig benda á að í sumum tilvikum er ekki brýn nauðsyn að hafa umboðsmann, t.d. varðandi greiðslur árgjalda. Í slíkum sam-

skiptum þarf ekki að vera nauðsynlegt að umboðsmaður komi fram fyrir hönd einkaleyfishafa sem búsettur er erlendis þar eð lítið reynir á tungumál ef ekkert er athugavert. Hins vegar geta flóknari tilvik komið upp og því þykir nauðsynlegt að veita Einkaleyfastofunni heimild til að fara fram á að umboðsmaður verði tilnefndur.

Lagt er til að 2. mgr. 66. gr. núgildandi einkaleyfalaga verði felld brott. Í henni er kveðið á um að hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fari um birtingu stefnu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, senda skuli í ábyrgðarbréfi skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu og sama gildi um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varði. Ekki verður séð að þörf sé á því að hafa slíkt ákvæði í lögum þessum. Sé umboðsmaður ekki tilnefndur fer um birtingu stefnu eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um birtingu stefnu þegar stefndi á heimili eða aðsetur erlendis, sbr. einkum 89.–91. gr. þeirra. Þá er öðrum tilkynningum beint til einkaleyfishafa sé umboðsmaður ekki fyrir hendi.

Lagt er til að 3. mgr. 66. gr. núgildandi einkaleyfalaga verði felld brott. Í henni er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að veita undanþágu frá því að einkaleyfishafi, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, skuli tilnefna umboðsmann, m.a. ef um gagnkvæma réttarvernd er að ræða. Hér er því um undanþáguheimild að ræða frá skyldu einkaleyfishafa til að tilnefna umboðsmann. Þar eð lögð hefur verið til sú breyting að einkaleyfishafa, sem búsettur er erlendis, sé ekki lengur skylt að tilnefna umboðsmann þykir ekki þörf á því að hafa í lögunum sérstaka undanþáguheimild frá umboðsmannaskyldu einkaleyfishafa sem samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur fyrir hendi.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur aðallega í sér tvær breytingar. Þær eru að lengja frest til að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands frá 20 dögum í 30 daga. Hin breytingin er sú að umsækjanda einkaleyfis er ekki lengur heimilt að setja það skilyrði að umboðsmaður skuli vera hér á landi heldur nægir að hann sé búsettur á EES-svæðinu. Breytingarnar er lagðar fram í þeim tilgangi að einfalda reglur um einkaleyfi og laga þær að alþjóðareglum.

Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

724. Frumvarp til laga [454. mál]

um rafeyrisfyrirtæki.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um rafeyrisfyrirtæki. Með rafeyrisfyrirtæki er átt við lögpersónu, aðra en viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt lögum nr. 113/1996 eða lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði samkvæmt lögum nr. 123/1993, sem gefur út greiðslumiðil í formi rafeyris.

Með rafeyri er átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru geymd á rafrænum miðli og gefin út í skiptum fyrir fjárhæð, sem er ekki lægri en hin útgefnu peningalegu verðmæti, og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

2. gr.

Takmarkanir á gildissviði.

Viðskiptaráðherra er heimilt að undanþiggja rafeyrisfyrirtæki frá einstökum eða öllum ákvæðum laga þessara ef að hámarki er unnt að geyma 6.000 kr. á hinum rafræna miðli og einu af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. rafeyrir, sem fyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum fyrirtækisins, hjá móðurfyrirtæki fyrirtækisins eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins, eða
2. rafeyrir, sem rafeyrisfyrirtækið gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem augljóslega má afmarka þar sem þau eru öll á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á athafnasvæði rafeyrisfyrirtækis eða eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum.

Rafeyrisfyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. skal árlega skila skýrslu um starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins eftir nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur, þar sem fram skulu m.a. koma upplýsingar um heildarfjárhæð skuldbindinga vegna óinnleysts rafeyris. Skýrslunni skal skilað fyrir 1. apríl ár hvert.

3. gr.

Stofnun.

Rafeyrisfyrirtæki skal vera hlutafélag.

Rafeyrisfyrirtæki verður ekki stofnað með lægra hlutafé en 90 millj. kr. Þó má hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar milljónar evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

4. gr.

Starfsleyfi.

Ákvæði 4. og 5. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um starfsleyfi innlends rafeyrisfyrirtækis vegna starfsemi hér á landi. Þá gilda 82. og 83. gr. sömu laga um útgáfu rafeyris hjá rafeyrisfyrirtæki með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hefur starfsemi hér á landi. Loks gilda 86. og 87. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði um útgáfu rafeyris hjá innlendu rafeyrisfyrirtæki á hinu Evrópska efnahagssvæði. Um heim-

ildir erlends rafeyrisfyrirtækis með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins fer skv. 2. mgr. 85. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Ákvæði III. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um synjun umsóknar um starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendu rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu hér á landi einungis heimilt að gefa út rafeyri. Sama gildir um innlent rafeyrisfyrirtæki sem veitir þjónustu erlendis.

5. gr.

Starfsemi.

Rafeyrisfyrirtækjum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum er einum heimilt að gefa út rafeyri.

Önnur starfsemi rafeyrisfyrirtækis en útgáfa rafeyris skal takmörkuð við:

1. náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu hans og útgáfu og umsýslu annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu, og
2. geymslu gagna frá fyrirtækjum eða hinu opinbera á hinum rafræna miðli sem rafeyrir er geymdur á.

Rafeyrisfyrirtæki má ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema þau annist rekstrarþætti sem tengjast rafeyri sem viðkomandi rafeyrisfyrirtæki gefur út eða dreifir.

6. gr.

Endurgreiðanleiki rafeyris.

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en þess sem er nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 2. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

7. gr.

Eiginfjárkröfur.

Eigið fé rafeyrisfyrirtækis skal ávallt vera að lágmarki 90 millj. kr. Þó má eigið fé rafeyrisfyrirtækis aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar milljónar evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Um útreikning eigin fjár rafeyrisfyrirtækja fer skv. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal rafeyrisfyrirtæki ávallt hafa yfir að ráða fé sem er að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

Hafi rafeyrisfyrirtæki ekki starfað í sex mánuði skal eigið fé þess vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er:

1. fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris, eða
2. heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi fyrir-

tækis vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun fyrirtækisins með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem Fjármálaeftirlitið kann að hafa óskað eftir.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

8. gr.

Traustur og varfærinn rekstur.

Rafeyrisfyrirtæki skal hafa fullnægjandi innra eftirlitskerfi. Kerfið skal vera í samræmi við fjárhagslega áhættu og aðra áhættu sem rafeyrisfyrirtæki er búin. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi rafeyrisfyrirtækja.

Um framkvæmdastjóra og stjórnarmenn rafeyrisfyrirtækis gildir 38. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

9. gr.

Takmörkun fjárfestinga.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í seljanlegum eignum eða kröfum samkvæmt reglugerð sem viðskiptaráðherra setur um takmörkun fjárfestinga rafeyrisfyrirtækja. Í reglugerðinni skal m.a. koma fram í hvaða eignum og kröfum rafeyrisfyrirtæki getur fjárfest, mat á verðmæti eigna, takmarkanir á markaðsáhættu og hámark fjárfestinga.

Ef verðgildi eigna eða krafna skv. 1. mgr. fer niður fyrir fjárhæð skuldbindinga rafeyrisfyrirtækis vegna útistandandi rafeyris skal Fjármálaeftirlitið sjá til þess að viðkomandi rafeyrisfyrirtæki geri án tafar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi.

Rafeyrisfyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu tvisvar á ári útreikninga sem sýna að ákvæðum greinar þessarar hafi verið fylgt, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

10. gr.

Ársreikningar.

Um ársreikninga og endurskoðun rafeyrisfyrirtækis fer skv. VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði, að undanskilinni 65. gr. laganna, eftir því sem við getur átt.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um ársreikninga og endurskoðun rafeyrisfyrirtækja.

11. gr.

Samruni.

Samruni rafeyrisfyrirtækis við viðskiptabanka, sparisjóð eða annað rafeyrisfyrirtæki er því aðeins heimill að ákvörðun þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum að fengnu samþykki ráðherra og umsögn Fjármálaeftirlitsins. Um slíkan samruna gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

12. gr.

Meðferð trúnaðarupplýsinga og virkir eignarhlutir.

Um meðferð trúnaðarupplýsinga í tengslum við rafeyrisfyrirtæki gilda ákvæði 43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði 10.–13. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði gilda um virka eignarhluti í rafeyrisfyrirtækjum.

13. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins:

1. Hafi hlutaðeigandi fyrirtæki fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
2. uppfylli hlutaðeigandi fyrirtæki ekki ákvæði 3. gr. um stofnfé eða 7. gr. um eigið fé,
3. nýti hlutaðeigandi fyrirtæki ekki starfsleyfi innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfellt,
4. brjóti hlutaðeigandi fyrirtæki með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða
5. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 7. mgr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóða um hæfi hluthafa eða 38. gr. sömu laga um hæfi stjórnarmanna og stjórnenda.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi fyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

Uppfylli rafeyrisfyrirtæki ekki skilyrði 7. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi fyrirtækis að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlit ákveður.

14. gr.

Tilkynning um afturköllun starfsleyfis.

Afturköllun á starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis skal tilkynnt stjórn eða framkvæmdastjóra og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtingablaði og auglýst í fjölmiðlum. Starfræki hlutaðeigandi fyrirtæki útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi rafeyrisfyrirtækis skal hlutaðeigandi fyrirtæki slitið.

15. gr.

Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja, svo og starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í rafeyrisfyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 12. gr. laga þessara, sbr. 10. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar

í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2001 og 45/2001 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til þess að taka upp í innlendan rétt annars vegar ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana og hins vegar ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

18. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

19. gr.

Breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum, bætist nýr töluliður, 3. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra liða samkvæmt því: Rafeyrisfyrirtæki, skv. 1. og 2. gr. laga um rafeyrisfyrirtæki.

20. gr.

Breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum, orðast svo: Viðskiptabankar, sparisjóðir, rafeyrisfyrirtæki og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir skulu greiða 0,0101% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. Lágmarksgreiðsla rafeyrisfyrirtækja skv. 2. gr. laga um rafeyrisfyrirtæki er þó 150.000 kr.

21. gr.

Breytingar á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Á eftir 3. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, með síðari breytingum, koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Viðtaka fjár í skiptum fyrir rafeyri telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri. Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds. Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 4. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

22. gr.

Breytingar á lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Á eftir 2. mgr. 8. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 123/1993, koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem rafeyririnn er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt eða peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds. Í samningi á milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris skal tilgreina skilyrði fyrir innlausn með skýrum hætti.

Í samningum skv. 3. mgr. er heimilt að setja lágmark fjárhæðar fyrir innlausn. Lágmark fjárhæðar má ekki vera hærra en samsvarar 500 kr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú gefur fyrirtæki út rafeyri í samræmi við gildandi lög við gildistöku laga þessara og skal þá litið svo á að það hafi starfsleyfi skv. 4. gr. laganna.

Innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna skal fyrirtæki skv. 1. mgr. afhenda Fjármálaeftirlitinu áætlun um hvernig það hyggst uppfylla skilyrði laganna innan sex mánaða frá gildistöku þeirra eða hvernig það hyggst slíta fyrirtækinu innan sömu tímamarka. Fyrirtæki skal einnig veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort það uppfylli eða muni uppfylla skilyrði laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 30. mars 2001 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 45/2001 um að breyta IX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim (hér eftir nefnd tilskipunin). Hinn sama dag tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 44/2001 um að breyta IX. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/ 28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Ákvarðanirnar voru teknar með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Samkvæmt 103. gr. EES-samningsins hefur Ísland sex mánuði, frá framangreindri ákvörðun, til að tilkynna um afléttingu hins stjórnskipulega fyrirvara. Með þingsályktun, dags. 11. maí 2001, ályktaði Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ofangreindar tilskipanir skulu innleiddar í íslenskan rétt fyrir 27. apríl 2002. Í frumvarpi þessu er gerð tillaga að innleiðingu tilskipananna í íslenskan rétt.

Tilskipun 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim fjallar um rafeyrisfyrirtæki, þ.e. tilteknar lögpersónur sem hafa með höndum útgáfu og umsýslu með rafeyri. Í tilskipuninni er meðal annars kveðið á um heimildir til útgáfu rafeyris, lágmarkskröfur um eigið fé rafeyrisfyrirtækja, fjárfestingarstefnu þeirra og eftirlit með þeim.

Tilskipun 2000/28/EB frá 18. september 2000 um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana fjallar um rafeyrisfyrirtæki og mælir fyrir um að slík fyrirtæki skuli skilgreind sem lánastofnanir í skilningi síðarnefndrar tilskipunar. Slíkt gerir að

verkum að rafeyrisfyrirtæki getur stundað starfsemi sína hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðskiptaráðherra skipaði nefnd 2. mars 1999 til þess að fjalla um rafeyri og greiðslukortastarfsemi. Nefndinni var falið að vinna að mótun reglna um útgáfu rafeyris, m.a. með hliðsjón af fyrirhugaðri tilskipun ESB. Þá skyldi nefndin meta hvort þörf væri á sérstakri löggjöf um greiðslukortastarfsemi. Í nefndina voru skipuð fulltrúar Seðlabanka Íslands, Samkeppnisstofnunar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Samtaka verslunarinnar, Neytendasamtakanna, Kreditkorts hf., Sambands íslenskra sparisjóða og Samtaka verslunar og þjónustu. Nefndin skilaði af sér hinn 14. nóvember 2000.

Í janúar 2001 fól viðskiptaráðherra nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög á sviði fjármagnsmarkaðar (bankalaganefnd) að gera tillögu að innleiðingu tilskipunarinnar. Frumvarp þetta var unnið í ráðuneytinu í samráði við bankalaganefnd. Nefndin mun leggja til að ákvæði um rafeyrisfyrirtæki verði hluti af frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að leggja fram á næsta löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi rafeyrisfyrirtækja. Styðst það við 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. V. bálk tilskipunar 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Þörfin á eftirliti er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins, sbr. 3. gr. laga um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði fyrir auknum kostnaði vegna eftirlitsins, þar sem lagt er til að þau fyrirtæki sem eru undir eftirlitinu standi undir kostnaðinum, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Ákvæði tilskipunarinnar eru flest innleidd án mikilla orðalagsbreytinga. Ekki hefur verið talið að gera þurfi breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti, nr. 80/1993, þar sem talið er að þau lög nái yfir rafeyrisfyrirtæki skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

II. Almennt um rafeyri.

1. Inngangur.

Rafræn greiðslumiðlun hefur tekið miklum framförum undanfarin ár. Þetta er víðtækt hugtak og spannar ýmsa greiðslumiðla og greiðslutæki. Sem dæmi veitir debetkort korthafa aðgang að reikningi í banka, meðal annars til að skuldfæra á hann eða færa inn á annan reikning í gegnum hraðbanka eða heimabanka. Engir fjármunir eru í sjálfu debetkortinu. En það veitir heimild til úttektar af reikningum sem kortið er tengt. Síðan hefur komið fram greiðslumiðill sem hægt er að hlaða með ígildi peninga, svonefndur rafeyrir, og nota til greiðslu án frekari tengingar við bankareikning, annaðhvort með því að taka út í útstöð hjá seljanda eða senda hleðsluna um tölvunet.

2. Hvað er rafeyrir?

Með rafeyri (e. *electronic money*) er átt við talnarunur sem geymdar eru í tölvuskrá og hafa í sér fólgin loforð útgefanda um að greiða þær við framvísun. Sem talnaruna geymd í tölvuskrá er rafeyrir í eðli sínu afritanlegur, en yfirleitt virðist ætlast til þess að kortið, tækið eða tölvan sem rafeyririnn er geymdur í hafi í sér öryggisbúnað eða forrit sem komi í veg fyrir misnotkun. Greiðslu með rafeyri er einfaldast að hugsa sér þannig að greiðandi afhendi viðtakanda skrá með talnarunum. Þá er unnt að greiða út hluta af þeim rafeyri sem til staðar er.

Líta má á rafeyri sem örugga greiðslu frá sjónarhóli þess sem tekur við honum, þar sem ekki er unnt að vísa á eða greiða meira en örugglega hefur verið lagt til hliðar hjá útgefanda. Að því tilskildu að búnaður sé í lagi má því líta á rafeyri og tækin sem halda utan um hann sem örugga reikninga með takmarkaðri innstæðu eða eins konar rafrænar bankaávísanir. Þess

vegna ætti að mega treysta greiðslum í rafeyri. Enda verður að gera ráð fyrir að útgefandi rafeyris beri skilyrðislausa ábyrgð á rétt mótteknum rafeyri. Þessir eiginleikar gera rafeyri einkar hentugan í ótengdum (e. *off-line*) viðskiptum.

Rafeyrir er greiðslumiðill, sem svipar til debet- og kreditkorta, þar sem örgjörvi er notaður. Örgjörvanum er stundum komið fyrir á debet- eða kreditkorti, og er kortið þá rafeyris- og debet- eða kreditkort í senn. Hlaða má t.d. rafeyri, ígildi peninga, inn á örgjörva korts. Rafeyrinn má síðan nota til greiðslu, þannig að tekið er smám saman út sú fjárhæð sem er inni á kortinu hverju sinni. Rafeyriskort eru ólík debet- og kreditkortum að því leyti að þeirri fjárhæð sem er til ráðstöfunar er hlaðið inn á sjálft kortið.

3. Opið og lokað rafeyriskerfi.

Rafeyrir er annaðhvort í opnu eða lokuðu kerfi. Einfaldast er lokað kerfi, þar sem útgefandi rafeyris og seljandi vöru og þjónustu er einn og hinn sami. Má nefna símakort útgefin af símafyrirtækjum og hótelum sem fá greiðslur í gegnum eigið rafeyriskort. Engin þörf er á greiðslujöfnun í lokuðu kerfi, og oft eru þar gerðar minni öryggiskröfur en ella, bæði til seljanda þjónustunnar og handhafa rafeyris. Bókhald vegna rafeyris í lokuðu kerfi, t.d. vegna síma- og bílastæðakorta, er mun einfaldara en gagnvart forhlöðnum rafeyri, þar sem einungis þarf að sinna sölu hans.

Í opnu kerfi eru margir innbyrðis ótengdir rafeyrismóttakendur, svo og seljendur vöru og þjónustu. Þörf er á skipulögðu greiðslujöfnunarkerfi og áreiðanlegu öryggiskerfi sem tryggir að ávallt sé til innstæða fyrir þeirri fjárhæð sem kortin eru t.a.m. hlaðin með. Kostir opinna kerfa eru þeir helstir að sá sem þjónustu veitir á að geta treyst greiðslu sem innt er af hendi með rafeyri, og korthafi á aðeins að þurfa eitt kort til notkunar hjá mörgum sem þjónustu veita. Í opnu kerfi kemur því til skjalanna aukin þörf fyrir eftirlit og kröfur um fjárhagsstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. mælir fyrir um gildissvið frumvarpsins og skilgreiningu á rafeyrisfyrirtæki. Það styðst við a-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Viðskiptabankar og sparisjóðir falla utan skilgreiningarinnar um rafeyrisfyrirtæki. Þeir hafa þó heimild til að gefa út rafeyri, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Hins vegar fjalla lögin um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 um eigið fé þeirra og önnur atriði sem frumvarp þetta mælir fyrir um að gilda skuli um rafeyrisfyrirtæki. Því er óþarft að viðskiptabankar og sparisjóðir falli undir skilgreiningu um rafeyrisfyrirtæki í frumvarpi þessu. Á sama hátt falla lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt lögum nr. 123/1993 utan skilgreiningarinnar. Rafeyrisstofnanir teljast lánastofnanir í skilningi tilskipunar 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Í 2. mgr. er rafeyrir skilgreindur. Ákvæðið styðst við b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Unnt er að líta á rafeyri sem rafrænan staðgengil peningaseðla og mynta, sem eru geymd á rafrænum miðli, t.d. smartkorti eða tölvuminni, og sem ætlað er til rafrænnar greiðslu lágrar fjárhæðar. Það er skilgreiningaratriði að rafeyrir sé samþykktur sem greiðslumiðill hjá öðrum en útgefanda. Því teljast t.d. símakort sem gefin eru út af fjarskiptafyrirtækjum og einungis er unnt að nota í símtækjum á þeirra vegum ekki til rafeyris.

Um 2. gr.

Ákvæðið styðst við 1. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að viðskiptaráðherra verði heimilt að undanþiggja tiltekin rafeyrisfyrirtæki frá ákvæðum frumvarpsins. Sem dæmi um

náin fjárhagsleg eða viðskiptaleg tengsl í 3. tölul. 1. mgr. má nefna sameiginlega markaðssetningu eða dreifingu.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar skulu þau rafeyrisfyrirtæki sem veitt er undanþága frá tilskipuninni og þar með ákvæðum frumvarpsins skila reglubundið skýrslu um starfsemi sína. Ákvæði þetta er innleitt í 2. mgr.

Um 3. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að rafeyrisfyrirtæki skuli vera hlutafélag.

Ákvæði 2. mgr. styðst við 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar og mælir fyrir um að hlutafé rafeyrisfyrirtækis við stofnun skuli ekki vera undir 90 millj. kr. Þá megi hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð en jafngildi einnar milljónar evra í íslenskum krónum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ákvæðið miðar að því að tryggja að rafeyrisfyrirtækjum verði unnt að standa við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum rafeyris og þeim sem samþykkja rafeyri sem greiðsluhátt.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði gildi um starfsleyfi innlendra rafeyrisfyrirtækja vegna starfsemi þeirra hér á landi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Einnig er lagt til að ákvæði sömu laga eigi við um útgáfu rafeyris hjá erlendum rafeyrisfyrirtækjum hér á landi. Með ákvæðum þessum er tryggt að rafeyrisfyrirtæki geti gefið út rafeyri á Evrópska efnahagssvæðinu þegar þau hafa fengið starfsleyfi í einu aðildarríkjanna. Ákvæðið styðst við 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði III. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, gildi um rafeyrisfyrirtæki. Ákvæðið styðst við 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. II. bálk tilskipunar nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Ákvæði 3. mgr. gerir tillögu að innleiðingu 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. mgr. styðst við 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og mælir fyrir um einkarétt rafeyrisfyrirtækja til að gefa út rafeyri. Einnig er mælt fyrir um einkarétt viðskiptabanka og sparisjóða samkvæmt lögum nr. 113/1996 til að gefa út rafeyri og lánastofnana sem falla undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Ákvæði 2. mgr. styðjast við a- og b-lið 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar og mæla fyrir um þá starfsemi sem rafeyrisfyrirtæki mega hafa með höndum. Sem dæmi um náskylda fjármálaeða aðra þjónustu í 1. tölul. má nefna útgáfu og umsjón með öðrum greiðslumiðlum.

Ákvæði 3. mgr. er ætlað að tryggja að rafeyrisfyrirtæki komi ekki óbeint að rekstri eða áhættu í tengslum við fyrirtæki sem hefur með höndum starfsemi sem fellur ekki undir 2. mgr.

Um 6. gr.

Greinin styðst við 3. gr. tilskipunarinnar. Í henni er mælt fyrir um að handhafi rafeyris geti innleyst rafeyri sinn á gildistíma hans. Skilyrði innlausnar skulu tilgreind með skýrum hætti í samningi milli rafeyrisfyrirtækis og handhafa rafeyris. Ekki má taka hærri þóknun fyrir innlausn en nemur sannanlegum kostnaði. Ákvæði greinarinnar gilda einnig um aðra útgefendur rafeyris, sbr. 20. og 21. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Greinin styðst við 2. og 3. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar. Kröfu um eigið fé er ætlað að tryggja bæði handhafa og viðtakanda rafeyris að rafeyrisfyrirtækið sé nægilega greiðslufært til að uppfylla skyldur sínar á hverjum tíma. Eigið fé er skilgreint með sama hætti og gert er í 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Ákvæðið tengist þannig 9. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. mgr. styðst við 6. gr. tilskipunarinnar. Það á að tryggja að Fjármálaeftirlitið fái upplýsingar um eigið fé rafeyrisfyrirtækja svo að því sé unnt að fylgjast með hvort rafeyrisfyrirtæki uppfylli ákvæði frumvarpsins um eigið fé.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar styðjast við 7. gr. tilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. hafa að geyma tillögur að innleiðingu 5. gr. tilskipunarinnar. Þeim er ætlað að tryggja að rafeyrisfyrirtæki geti ætíð uppfyllt skyldu sína um innlausn. Ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar er nokkru ítarlegra en frumvarpsgreinin. Lagt er til að hún verði að öðru leyti innleidd með reglugerð.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ákvæði VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, gildi um rafeyrisfyrirtæki. Þannig er gerð tillaga að innleiðingu 7. gr. tilskipunarinnar og 1. mgr. 2. gr. hennar, sbr. 17. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Lög um ársreikninga, nr. 144/1994, munu og gilda um rafeyrisfyrirtæki þar sem þau gilda um öll hlutafélög, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 72. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar um þagnarskyldu gera ráð fyrir að sömu reglur gildi á þeim sviðum og að því er varðar viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæðin um virka eignarhluti gera tillögu að innleiðingu á 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 1.–6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar um afturköllun gera tillögu að innleiðingu 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sbr. 14. gr. tilskipunar nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Höfð hefur verið hliðsjón af 90. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, við samningu ákvæðisins.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um tilkynningar um afturköllun starfsleyfis, annars vegar til stjórnar eða framkvæmdastjórnar og hins vegar til almennings.

Í 2. mgr. er lagt til að hlutaðeigandi fyrirtæki skuli slitið ef starfsleyfi þess er afturkallað.

Um 15. gr.

Í 2. gr. tilskipunarinnar kemur fram að tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana eigi við um rafeyrisfyrirtæki. Í 26. gr. síðarnefndu tilskipunarinnar kemur fram að hafa skuli eftirlit með slíkum stofnunum. Því er kveðið á um það í 15. gr. hvernig því eftirliti verður háttað. Höfð var hliðsjón af sambærilegum ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Vakin er athygli á að lög um eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gilda um eftirlit Fjármálaeftirlitsins að öðru leyti en því sem segir í frumvarpinu. Í IV. kafla laganna er mælt fyrir um þagnarskyldu eftirlitsaðila og er það innleiðing á 30. gr. tilskipunar 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, sbr. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 16. gr.

Í greininni er mælt fyrir um viðurlög sem eru hin sömu og kveðið er á um í 101. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Um 17. gr.

Greinin tilgreinir hvaða tilskipanir liggja að baki frumvarpinu og styðst við 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin miðar að því að skýra að rafeyrisfyrirtæki verði undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Gildir það jafnt um rafeyrisfyrirtæki skv. 1. sem 2. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Þar sem rafeyrisfyrirtæki eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins er rétt að þau taki þátt í greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar sem þau teljast til lánastofnana samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins, eins og viðskiptabankar, sparisjóðir og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, er talið skynsamlegt að skipa þeim í flokk með þeim fyrirtækjum.

Um 21. gr.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, er viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilt að sjá um útgáfu og umsýslu greiðslumiðla. Því verður að telja að þeim sé þegar heimilt að gefa út rafeyri.

Ákvæði 1. mgr. um að viðtaka rafeyris teljist ekki innlán að nánari skilyrðum fullnægðum styðst við 3. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Einungis er þörf á að innleiða það ákvæði í tengslum við viðskiptabanka og sparisjóði, þar sem þeir eru einu fjármálafyrirtækin sem hafa heimildir til að taka við innlánum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Ákvæði greinarinnar um innlausn styðjast við 3. gr. tilskipunarinnar, sem gildir um alla útgefendur rafeyris, óháð því hvort þeir teljist rafeyrisfyrirtæki.

Um 22. gr.

Um skýringar á greininni vísast til athugasemda við 21. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða.
Ákvæðið styðst við 9. gr. tilskipunarinnar og þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/46/EB
frá 18. september 2000
um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lánastofnanir, í skilningi b-liðar fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB ([5]), hafa takmarkað starfssvið.

2) Taka þarf tillit til séreinkenna þessara stofnana og kveða á um viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma og samhæfa lög aðildarríkjanna um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim.

3) Að því er varðar þessa tilskipun er rafeyrir rafrænn staðgengill fyrir mynt og peningaseðla sem er geymdur í rafrænum búnaði, eins og á gjörvakortum eða í tölvuminni, og er að jafnaði ætlaður til rafrænnar greiðslu lágra fjárhæða.

4) Aðferðin, sem valin var, hentar til að ná einmitt þeirri grunnsamhæfingu sem þarf og nægir til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á (starfs)leyfum og eftirlit með rafeyrisstofnunum, sem gerir það að verkum að nóg er að gefa út eitt leyfi sem er viðurkennt í öllu bandalaginu og er ætlað að tryggja tiltrú handhafa þess og beitingu meginreglunnar um eftirlit heimaríkis.

5) Séð í samhengi við þá hröðu þróun sem á sér stað í rafrænum viðskiptum er æskilegt að sett verði rammaákvæði sem stuðla að því að allir kostir rafeyris verði nýttir og varna því einkum að tækninýjungar verði tafðar. Í þessari tilskipun eru því sett rammaákvæði sem eru hlutlaus í tæknilegu tilliti og samhæfa eftirlit með rafeyrisstofnunum að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja traustan og varfærinn rekstur þessara stofnana og einkum fjárhagslegan heilleika þeirra.

6) Skv. 5. lið I. viðauka við tilskipun 2000/12/EB er lánastofnunum nú þegar heimil útgáfa og umsýsla greiðslumiðla, að meðtöldum rafeyri, og ástundun slíkrar starfsemi í öllu bandalaginu svo fremi að þau hafi hlotið gagnkvæma viðurkenningu og heyri undir heildareftirlitskerfi í samræmi við bankatilskipanir Evrópubandalagsins.

7) Það er rökrétt og æskilegt að taka upp sérstakt eftirlitskerfi fyrir rafeyrisstofnanir sem er frábrugðið því kerfi sem gildir fyrir aðrar lánastofnanir þótt það sé sniðið eftir því, einkum að því er varðar tilskipun 2000/12/EB, nema 2. og

([1]) Stjtíð. EB C 317, 15. 10. 1998, bls. 7.
([2]) Stjtíð. EB C 101, 12. 4. 1999, bls. 64.
([3]) Stjtíð. EB C 189, 6. 7. 1999, bls. 7.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30. 7. 1999, bls. 415), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. nóvember 1999 (Stjtíð. EB C 26, 28. 1. 2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 16. júní 2000.
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26. 5. 2000, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

3. kafla V. bálks hennar, því að útgáfa rafeyris telst ekki í sjálfu sér, með hliðsjón af séreinkennum hans sem rafræns staðgengils fyrir mynt og bankaseðla, innlánsstarfsemi skv. 3. gr. tilskipunar 2000/12/EB ef fjármununum, sem tekið er við, er umsvifalaust skipt í rafeyri.

8) Viðtaka fjármuna frá almenningi í skiptum fyrir rafeyri, sem leiðir til innistæðu á reikningi hjá stofnuninni sem gefur þá út, telst viðtaka innláns eða annarra endurgreiðanlegra fjármuna að því er varðar tilskipun 2000/12/EB.

9) Rafeyrir skal vera innleysanlegur til að handhafar hans hafi trú á honum. Að rafeyrir sé innleysanlegur merkir ekki endilega að líta beri á fjármuni, sem tekið er við í skiptum fyrir rafeyri, sem innlán eða annað endurgreiðanlegt fé, að því er varðar tilskipun 2000/12/EB.

10) Endurgreiðsla skal ætíð vera á nafnverði.

11) Vegna þeirrar sérstöku áhættu sem tengist útgáfu rafeyris verður eftirlitskerfið að vera markvissara og um leið þjálla en eftirlitskerfið sem gildir fyrir lánastofnanir, einkum af því að kröfur um stofnfé eru lægri og tilskipun 93/6/EBE ([1]) og II. og III. þætti 2. kafla V. bálks tilskipunar 2000/12/EB er ekki beitt.

12) Það er þó nauðsynlegt að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli rafeyrisstofnana og annarra lánastofnana sem gefa út rafeyri og tryggja þannig sanngjarna samkeppni milli fleiri stofnana, sem kemur sér vel fyrir handhafana. Þessu takmarki verður náð því að á móti framangreindri einföldun á eftirlitskerfinu, sem gildir fyrir rafeyrisstofnanir, vega strangari ákvæði en gilda um aðrar lánastofnanir, meðal annars að því er varðar takmarkanir á þeirri viðskiptastarfsemi sem rafeyrisstofnunum er heimilt að stunda og varfærnismörk fyrir fjárfestingar þessara stofnana, til að öruggt sé að fjárhagslegar skuldbindingar þeirra vegna útistandandi rafeyris séu ávallt tryggðar með nægilegu lausafé með lítilli áhættu.

13) Uns eftirlit með utankaupastarfsemi fyrir lánastofnanir hefur verið samhæft er rétt að rafeyrisstofnanir hafi trausta og varfærna stjórnun og eftirlitsaðferðir. Til að fyrirtæki, sem sæta ekki eftirliti, geti annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengjast útgáfu rafeyris er mikilvægt að rafeyrisstofnanir hafi innra stjórnskipulag sem er í samræmi við fjárhagslega áhættu og aðra áhættu sem þeim er búin.

14) Útgáfa rafeyris getur haft áhrif á fjármálakerfið og snurðulausan rekstur greiðslukerfa. Mat á heilleika rafeyriskerfa útheimtir náið samstarf.

15) Lögbær yfirvöld ættu að eiga kost á að veita undanþágu frá sumum eða öllum kröfum sem settar eru fram í þessari tilskipun ef um er að ræða rafeyrisstofnanir sem starfa aðeins á yfirráðasvæðum viðkomandi aðildarríkis.

16) Samþykkt þessarar tilskipunar er besta leiðin til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Þessi tilskipun er takmörkuð við það lágmark sem þarf til að ná þessum markmiðum og gengur ekki lengra en þarf til þess.

17) Rétt er að kveða á um endurskoðun þessarar tilskipunar með hliðsjón af þróuninni á markaðinum og verndun handhafa rafeyris.

18) Samráð hefur verið haft við ráðgjafarnefnd um bankamál varðandi samþykkt þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og takmörkun starfsemi

1. Tilskipun þessi gildir um rafeyrisstofnanir.

2. Hún gildir ekki um stofnanir sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/12/EBE.

3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „rafeyrisstofnun“: fyrirtæki eða önnur lögpersóna, nema lánastofnun samkvæmt skilgreiningu í a-lið fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, sem gefur út greiðslumiðil í formi rafeyris;

b) „rafeyrir“: peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru:

([1]) Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (Stjtíð. EB L 141, 11. 6. 1993, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21. 7. 1998, bls. 29).

i) geymd í rafrænum miðli;

ii) gefin út í skiptum fyrir fjárhæð sem er ekki lægri en þau peningalegu verðmæti sem eru gefin út;

iii) samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

4. Aðildarríkin skulu banna einstaklingum, lögpersónum eða fyrirtækjum, sem eru ekki lánastofnanir samkvæmt skilgreiningu í a-lið fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, að stunda viðskiptastarfsemi sem felst í útgáfu rafeyris.

5. Önnur viðskiptastarfsemi rafeyrisstofnana en útgáfa rafeyris skal takmörkuð við:

a) náskylda fjármálaþjónustu eða aðra þjónustu, svo sem umsýslu rafeyris með því að annast rekstrarþætti og aðra stoðþætti sem tengist útgáfu hans og útgáfa og umsýsla annarra greiðslumiðla, að undanskilinni hvers konar lánveitingu; og

b) geymslu gagna í rafræna búnaðinum fyrir önnur fyrirtæki eða opinberra stofnanir.

Rafeyrisstofnanir mega ekki eiga hlut í öðrum fyrirtækjum nema fyrirtækin annist rekstrarþætti eða aðra stoðþætti sem tengist rafeyri sem viðkomandi stofnun gefur út eða dreifir.

2. gr.

Beiting bankatilskipana

1. Aðeins tilvísanir til lánastofnana í tilskipun 91/308/EBE ([1]) og tilskipun 2000/12/EB, að undanskildum 2. kafla V. bálks hennar, gilda um rafeyrisstofnanir nema skýrt sé kveðið á um annað.

2. Ákvæði 5., 11., 13., 19., 20. (7. mgr.), 51. og 59. gr. tilskipunar 2000/12/EB gilda ekki. Það fyrirkomulag á gagnkvæmri viðurkenningu, sem kveðið er á um í tilskipun 2000/12/EB, gildir ekki um aðra viðskiptastarfsemi rafeyrisstofnana en útgáfu rafeyris.

3. Viðtaka fjármuna í skilningi ii-liðar b-liðar 3. mgr. 1. gr. telst ekki innlán eða annað endurgreiðanlegt fé, skv. 3. gr. tilskipunar 2000/12/EB, ef fénu, sem tekið er við, er strax skipt í rafeyri.

3. gr.

Endurgreiðanleiki

1. Handhafi rafeyris getur, á þeim tíma sem hann er í gildi, beðið útgefanda um að innleysa hann á nafnverði í mynt og peningaseðlum eða með því að færa hann á reikning án annars endurgjalds en er strangt til tekið nauðsynlegt til að framkvæma þá aðgerð.

2. Í samningi milli útgefanda og handhafa skal tilgreina skýrt skilyrðin fyrir innlausn.

3. Í samningnum má setja lágmark fyrir innlausn. Lágmarkið má ekki vera hærri 10 evrur.

4. gr.

Stofnfjárkröfur og eiginfjárkröfur

1. Rafeyrisstofnanir skulu hafa stofnfé, skv. skilgreiningu í 1. og 2. lið 2. mgr. 34. gr. tilskipunar 2000/12/EBE, sem er ekki undir einni milljón evra. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. skal eigið fé þeirra, skv. skilgreiningu í tilskipun 2000/12/EBE, aldrei fara niður fyrir þá fjárhæð.

2. Rafeyrisstofnanir skulu ávallt hafa yfir að ráða eigin fé sem er að minnsta kosti 2% af því sem hærra er: fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris eða meðalfjárskuldbindingum næstliðinna sex mánaða vegna útistandandi rafeyris.

3. Hafi rafeyrisstofnun ekki enn starfað í sex mánuði, að meðtöldum þeim degi sem starfssemi hennar hófst, skal eigið fé hennar vera að minnsta kosti 2% af því sem hærra er: fjárskuldbindingum hverju sinni vegna útistandandi rafeyris eða heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar hennar vegna útistandandi rafeyris. Heildarfjárhæð sex mánaða áætlunar um fjárskuldbindingar viðkomandi stofnunar vegna útistandandi rafeyris skal koma fram í viðskiptaáætlun stofnunarinnar með fyrirvara um breytingar á áætluninni sem lögbær yfirvöld kynnu að hafa óskað eftir.

5. gr.

Takmörkun fjárfestinga

1. Fjárfestingar rafeyrisstofnana skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þeirra vegna útistandandi rafeyris en aðeins í eftirfarandi eignum:

a) nægilega seljanlegum eignum sem, skv. 1., 2., 3.

([1]) Tilskipun ráðsins 91/308/EEC frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (Stjtíð. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77).

og 4. lið a-liðar 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2000/12/EB, fá lánsáhættuvægið núll;

b) sýningarinnlánum hjá lánastofnunum á svæði A, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2000/12/EB; og

c) skuldaskjölum sem:

i) eru nægilega seljanleg;

ii) heyra ekki undir a-lið 1. mgr.;

iii) eru viðurkennd af lögbærum yfirvöldum sem fullgildir liðir í skilningi í 12. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE;

iv) eru gefin út af öðrum fyrirtækjum en þeim sem eiga virkan eignarhluta, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, í viðkomandi rafeyrisstofnun eða þeim sem koma fram í samstæðureikningum þessara fyrirtækja.

2. Fjárfestingar, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., mega ekki fara yfir tuttugufalt eigið fé viðkomandi rafeyrisstofnunar og skulu vera háðar takmörkunum sem eru að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnanir í samræmi við III. þátt 2. kafla V. bálks tilskipunar 2000/12/EB.

3. Til að baktryggja sig gegn markaðsáhættu sem leiðir af útgáfu rafeyris og fjárfestinganna sem um getur í 1. mgr. er rafeyrisstofnunum heimilt að nota nægilega seljanlega vaxtaberandi og gengistengda liði utan efnahagsreiknings í formi afleiddra skjala sem verslað er með á verðbréfamarkaði (þ.e. ekki afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar) þar sem þau heyra undir daglegar kröfur um tryggingarfé eða gjaldeyrissamninga með upphaflegan lánstíma sem er í mesta lagi 14 dagar. Notkun afleiddra skjala samkvæmt fyrsta málslið er því aðeins leyfileg að ætlunin sé að útrýma til fulls markaðsáhættu og að því markmiði sé náð eftir því sem unnt er.

4. Aðildarríkin skulu setja viðeigandi takmarkanir á markaðsáhættu rafeyrisstofnana í tengslum við fjárfestingarnar sem um getur í 1. mgr.

5. Við beitingu 1. mgr. skal meta eignir á því verði sem er lægra: kaupverði eða markaðsverði.

6. Ef verðgildi eignanna, sem um getur í 1. mgr., fer niður fyrir fjárhæð fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að viðkomandi rafeyrisstofnun geri viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því ástandi án tafar. Í því skyni geta lögbær yfirvöld heimilað, en aðeins tímabundið, að fjárskuldbindingar stofnunarinnar vegna útistandandi rafeyris séu tryggðar með öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. mgr. sem nemur að hámarki fjárhæð sem er í mesta lagi 5% af þessum skuldbindingum eða af samanlögðu eigin fé stofnunarinnar.

6. gr.

Eftirlit lögbærra yfirvalda með sérkröfum

Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að reiknað sé út að minnsta kosti tvisvar á ári hvort ákvæðum 4. og 5. gr. hafi verið hlítt og að annaðhvort annist rafeyrisstofnanirnar sjálfar útreikningana og sendi niðurstöðurnar og nauðsynleg fylgigögn til lögbærra yfirvalda eða að lögbær yfirvöld annist þá og noti til þess gögn frá rafeyrisstofnununum.

7. gr.

Traustur og varfærinn rekstur

Rafeyrisstofnanir skulu hafa traust og varfærna stjórnun og umsýslu- og reikningshaldsaðferðir og fullnægjandi innri eftirlitskerfi. Þessi kerfi ættu að vera í samræmi við þá fjárhagslegu áhættu og aðra áhættu sem viðkomandi stofnun er búin, þar með talið áhætta sem tengist tækni og málsmeðferð og áhætta sem tengist samstarfi hennar við annað fyrirtæki sem annast rekstrarþætti eða aðra stoðþætti í tengslum við viðskiptastarfsemi hennar.

8. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríkin geta leyft lögbærum yfirvöldum sínum að undanþiggja rafeyrisstofnanir beitingu sumra eða allra ákvæða þessarar tilskipunar svo og beitingu tilskipunar 2000/12/EB:

a) ef öll viðskiptastarfsemi stofnunarinnar af þeirri tegund, sem um getur í a-lið 3. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, leiðir til fjárskuldbindinga vegna útistandandi rafeyris sem að heildarfjárhæð fara að jafnaði ekki yfir 5 milljónir evra og aldrei yfir 6 milljónir evra.; eða

b) ef rafeyririnn, sem stofnunin gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá dótturfyrirtækjum stofnunarinnar, sem annast rekstrarþætti eða aðra stoðþætti vegna rafeyris sem stofnunin gefur út eða dreifir, hjá móðurfyrirtæki stofnun-

arinnar eða hjá öðrum dótturfyrirtækjum móðurfyrirtækisins; eða

c) ef rafeyrir, sem stofnunin gefur út, er aðeins viðurkenndur sem greiðslumiðill hjá takmörkuðum fjölda fyrirtækja sem ótvírætt má þekkja á því að:

i) þau eru staðsett á sama athafnasvæði eða öðru afmörkuðu svæði á staðnum; eða

ii) þau eru í nánum fjárhagslegum eða viðskiptalegum tengslum við útgáfustofnunina, svo sem með sameiginlegu markaðs- eða dreifingarkerfi.

Í þeim samningum, sem liggja til grundvallar, skulu vera ákvæði um að í mesta lagi megi geyma 150 evrur á rafræna geymslumiðlinum sem handhafar fá til ráðstöfunar til greiðslu.

2. Rafrænar stofnanir, sem hafa fengið undanþágu skv. 1. mgr., skulu ekki njóta góðs af því fyrirkomulagi á gagnkvæmri viðurkenningu sem kveðið er á um í tilskipun 2000/12/EB.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að allar rafeyrisstofnanir, sem hafa fengið undanþágu frá þessi tilskipun og tilskipun 2000/12/EB, skili reglubundið skýrslu um starfsemi sína, þar með talið um heildarfjárhæð fjárskuldbindinga vegna rafeyris.

9. gr.

Starfsleyfi til starfandi stofnana

Litið skal svo á að rafeyrisstofnanir hafi starfsleyfi ef þær heyra undir þessa tilskipun og hófu starfsemi sína í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríkinu, þar sem þær hafa aðalskrifstofur, fyrir gildistökudag ákvæða sem samþykkt eru til að koma þessari tilskipun í framkvæmd eða fyrir daginn sem um getur í 1. mgr. 10. gr., eftir því hvor dagurinn kemur á undan. Aðildarríkin skulu skylda þessar rafeyrisstofnanir til að afhenda lögbærum yfirvöldum allar viðeigandi upplýsingar til að þau geti metið, innan sex mánaða frá gildistöku ákvæða sem samþykkt eru til að koma þessari tilskipun í framkvæmd, hvort stofnanirnar uppfylli kröfur samkvæmt þessari tilskipun, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að tryggja að kröfur séu uppfylltar eða hvort starfsleyfi skuli afturkallað. Ef kröfur hafa ekki verið uppfylltar innan sex mánaða frá deginum sem um getur í 1. mgr. 10. gr. skal rafeyrisstofnunin ekki njóta gagnkvæmrar viðurkenningar eftir þann tíma.

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 27. apríl 2005, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar:

- ráðstafanir til að vernda handhafa rafeyris, þar með talið hugsanleg þörf á að taka upp ábyrgðarkerfi,
- eiginfjárkröfur,
- undanþágur, og
- hugsanlega þörf á banni gegn greiðslu vaxta á fé sem tekið er við í skiptum fyrir rafeyri, ef þörf krefur ásamt tillögu um endurskoðun bannsins.

12. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	H. VÉDRINE
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/28/EB

frá 18. september 2000

um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málsl. 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við markmið sáttmálans ber að vinna að samræmdri þróun í starfsemi lánastofnana í bandalaginu, einkum að því er varðar útgáfu rafeyris.

2) Tilteknar stofnanir takmarka starfsemi sína í meginatriðum við útgáfu rafeyris. Til að komast hjá röskun á samkeppni milli þeirra sem gefa út rafeyri, jafnvel í tengslum við beitingu ráðstafana er varða peningastefnu, er æskilegt að þessar stofnanir séu felldar undir gildissvið tilskipunar 2000/12/EB ([5]), samanber þó viðeigandi sérákvæði þar sem tekið er tillit til sérkenna þeirra.

3) Það er því ráðlegt að rýmka skilgreininguna á lánastofnunum, sem kveðið er á um í 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, þannig að hún nái til þessara stofnana.

4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim ([6]) eru rafeyrisstofnanir skilgreindar.

5) Rafeyrir skal vera innleysanlegur til að handhafar hans hafi trú á honum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2000/12/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar 1. gr. komi eftirfarandi texti:

„1. „Lánastofnun“:

a) fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning; eða

b) rafeyrisstofnun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim (*),

(*) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.“

2. Eftirfarandi grein bætist við V. bálk:

„*33. gr. a*

Ákvæði 3. gr. tilskipunar 2000/46/EB skulu gilda um lánastofnanir.“

([1]) Stjtíð. EB C 317, 15.10.1998, bls. 12.
([2]) Stjtíð. EB C 101, 12.4.1999, bls. 64.
([3]) Stjtíð. EB C 189, 6.7.1999, bls. 7.
([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. apríl 1999 (Stjtíð. EB C 219, 30.7.1999, bls. 421), staðfest 27. október 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. nóvember 1999 (Stjtíð. EB C 26, 28.1.2000, bls. 12) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls.1).
([6]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	H.VÉDRINE
forseti.	*forseti.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta reglur og skilgreiningar á rafeyri og rafeyrisfyrirtæki. Kveðið er á um í 15. gr. frumvarpsins að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með starfsemi innlendra rafeyrisfyrirtækja. Skv. 20. gr. skulu rafeyrisfyrirtæki og aðrar lánastofnanir en bankar og sparisjóðir greiða til Fjármálaeftirlits 0,0101% af eignum, en eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr. fyrir lánastofnanir og 150.000 kr. fyrir rafeyrisfyrirtæki. Greinin breytir 5. gr. laga nr. 99/1999 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sem kveður á um að lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir greiði 0,0101% af eignum en þó ekki lægri fjárhæð en 400.000 kr. fyrir fjármálaeftirlit. Óvíst er um hvort ákvæðið mun auka tekjur Fjármálaeftirlits þar sem ekki liggja fyrir umsóknir rafeyrisfyrirtækja sem ekki teljast til viðskiptabanka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.

Ekki er talið að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

725. Viðbótarsvar [65. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um sölu ríkisjarða.

Í framhaldi af svari við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur á þskj. 224 hefur ráðuneytið látið taka saman eftirfarandi upplýsingar um sölu ríkisjarða á árunum 1997–2001. Fram koma upplýsingar um heiti seldra ríkisjarða, söluverð og lagaheimild fyrir sölu einstakra jarða á framangreindu tímabili.

Í upphaflegu svari við fyrirspurninni komu einungis fram upplýsingar um heiti seldra ríkisjarða á árunum 2000 og 2001 en svarið takmarkaðist af þeim tíma sem veittur var til að vinna svar við fyrirspurninni.

Fyrsti liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

1. *Hvaða ríkisjarðir hafa verið seldar á undanförnum fimm árum, hverjum var selt og á hvaða verði?*

Heiti jarðar	Söluverð, kr.	Lagaheimild
Árið 2001		
Akursel, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu	6.450.000	37. gr. jarðalaga
Árhvammur, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	5.800.000	38. gr. jarðalaga
Bjarnarnes I, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu, íbúðarhús	1.400.000	Fjárlög 2000
Borgarholt, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu	7.740.000	38. gr. jarðalaga
Hluti úr landi Brandshúsa, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu	900.000	37. gr. jarðalaga
Breiðabólsstaður, Dalabyggð, Dalasýslu	10.376.000	38. gr. jarðalaga
Brúarland, Borgarbyggð, Mýrasýslu	5.213.000	38. gr. jarðalaga
Bræðraból, Ölfusi, Árnessýslu	2.164.000	38. gr. jarðalaga
Eyjar, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu	5.400.000	Fjárlög 2000
Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu	6.600.000	Fjárlög 2000
Grímshús, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	2.543.000	38. gr. jarðalaga
Grænahraun, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu	1.360.000	38. gr. jarðalaga
Gröf í Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu	8.500.000	Fjárlög 2000
Hjalli, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	10.700.000	Fjárlög 2000
Hólmahjáleiga, Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu	6.020.000	38. gr. jarðalaga
Hrærekslækur, Norður-Héraði, Norður-Múlasýslu	4.652.000	Fjárlög 2000
Klængshóll, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsýslu	5.900.000	Lög nr. 34/1992
Kvoslækur, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	24.400.000	Fjárlög 2000
Melgraseyri, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu	3.050.000	38. gr. jarðalaga
Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu	6.825.900	Fjárlög 2000
Norður-Foss, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu	2.550.000	38. gr. jarðalaga
Pula, Holta- og Landsveit, Rangárvallasýslu	9.447.500	38. gr. jarðalaga
Stekkur í Hafnarfirði	20.375.000	37. gr. jarðalaga
Syðri-Vellir I, Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu	11.021.000	38. gr. jarðalaga
Vestra-Stokkseyrarsel, Árborg, Árnessýslu	4.666.666	Fjárlög 2000
Vesturkot, Skeiðahreppi, Árnessýslu	4.845.000	38. gr. jarðalaga
Árið 2000		
Akur, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu	1.011.000	38. gr. jarðalaga
Bakkakot, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu	6.192.000	38. gr. jarðalaga
Breiðabólsstaður, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu	4.765.000	38. gr. jarðalaga
Flókastaðir, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	1.883.000	38. gr. jarðalaga
Hafnardalur, Hólmavíkurhreppi, Strandasýslu	1.820.000	38. gr. jarðalaga
Hóll í Firði, Ísafjarðarbæ, Ísafjarðarsýslu	2.447.000	38. gr. jarðalaga
Indriðakot, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu	3.472.000	38. gr. jarðalaga
Kaldbakur, Hrunamannahreppi, Árnessýslu	4.361.000	38. gr. jarðalaga
Klauf, Vestur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu	2.495.000	38. gr. jarðalaga
Lambastaðir, Hraungerðishreppi, Árnessýslu	3.934.000	38. gr. jarðalaga
Lækjartún, Ásahreppi, Rangárvallasýslu	6.472.000	38. gr. jarðalaga
Meiðavellir, Keldunesshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu	4.600.000	38. gr. jarðalaga
Ormskot, Vestur-Landeyjarhreppi, Rangárvallasýslu	3.675.000	38. gr. jarðalaga
Rannveigarstaðir, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu	1.455.500	38. gr. jarðalaga
Reykjakot II, Ölfusi, Árnessýslu	10.228.000	Fjárlög 2000
Sauðhagi II, Austur-Héraði, Norður-Múlasýslu	1.157.000	38. gr. jarðalaga

Heiti jarðar	Söluverð, kr.	Lagaheimild
Seljanes, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu	1.260.000	38. gr. jarðalaga
Uppsalir, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu	2.087.500	38. gr. jarðalaga
Ytri-Tunga, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu	2.980.000	38. gr. jarðalaga
Árið 1999		
Álftavatn í Staðarsveit, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu	2.684.104	38. gr. jarðalaga
Dynjandi, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu	1.200.000	38. gr. jarðalaga
Eiríksstaðir, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu	800.000	38. gr. jarðalaga
Landspilda úr Gröf og Laxárhlíð, Hrunamannahreppi, Árnessýslu	6.300.000	37. gr. jarðalaga
Hóll, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu	1.696.000	Fjárlög 1998
Landspilda úr Kirkjuferju, Ölfusi, Árnessýslu	102.000	Fjárlög 1998
Landspilda úr Kirkjuferjuhjáleigu, Ölfusi, Árnessýslu	850.000	Fjárlög 1998
Íbúðarhúsið Klausturhólar í Flatey á Breiðafirði	175.000	Fjárlög 1998
Kraunastaðir, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	2.100.000	38. gr. jarðalaga
Kross, Ölfusi, Árnessýslu	936.000	38. gr. jarðalaga
Landspilda úr Króki, Ölfusi, Árnessýslu	280.800	Fjárlög 1998
Landspilda úr Kröggólfsstöðum og Þúfu, Ölfusi, Árnessýslu	38.100.000	Fjárlög 1999
Miðtún, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.	1.092.000	38. gr. jarðalaga
Múli, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu	1.200.000	38. gr. jarðalaga
Norður-Hvammur, Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu	950.000	38. gr. jarðalaga
Nýibær, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu	3.500.000	38. gr. jarðalaga
Sauðhagi I, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu	3.000.000	38. gr. jarðalaga
Seljabrekka, Mosfellsbæ	4.915.000	38. gr. jarðalaga
Skagnes I, Mýrdalshreppi, Rangárvallasýslu	1.800.000	38. gr. jarðalaga
Skriðufell í Þjórsárdal, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu	Makaskipti	Fjárlög 1999
Landspilda úr Stöðlum, Ölfusi, Árnessýslu	422.500	Fjárlög 1998
Traðir, með Traðabúð, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu	3.850.000	Fjárlög 1998
Víðines, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu	700.000	Lög nr. 16/1985
Þverholt, Borgarbyggð, Mýrasýslu	4.200.540	38. gr. jarðalaga
Árið 1998		
Andrésfjós, Skeiðahreppi, Árnessýslu	1.947.982	38. gr. jarðalaga
Bollastaðir, Hraungerðishreppi, Árnessýslu	1.810.382	38. gr. jarðalaga
Drangsnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu	800.000	37. gr. jarðalaga
Guðnastaðir, Austur-Landeyjarhreppi, Rangárvallasýslu	2.412.000	38. gr. jarðalaga
Hlíðartunga, Ölfusi, Árnessýslu	836.385	38. gr. jarðalaga
Hóll, Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	4.900.000	Fjárlög 1997
Hraunsmúli í Staðarsveit, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu	4.314.000	38. gr. jarðalaga
Kambssel, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu	750.000	Fjárlög 1998
Krosshús, Flatey á Skjálfanda, Suður-Þingeyjarsýslu	150.000	Fjárlög 1998
Laugaból í Arnarfirði, Vestur-Ísafjarðarsýslu	5.500.000	Fjárlög 1998
Landspilda úr Nethömrum, Ölfusi, Árnessýslu	Makaskipti	Fjárlög 1997
Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu	7.423.480	38. gr. jarðalaga
Saltvík, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	20.000.000	Fjárlög 1997
Sandfell, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu	4.200.000	Lög nr. 34/1992
Skeggjastaðir, Hraungerðishreppi, Árnessýslu	1.361.244	38. gr. jarðalaga
Staðarbakki, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	1.400.000	38. gr. jarðalaga
Landspildur úr Stærra-Árskógi, Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu	1.129.000	37. gr. jarðalaga
Svínhóll, Dalabyggð, Dalasýslu	5.050.000	Fjárlög 1997
Söðulholt, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu	2.800.000	38. gr. jarðalaga
Tjarnarkot, Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu	1.080.000	38. gr. jarðalaga
Uxahryggur I, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu	3.290.000	38. gr. jarðalaga
Ysti-Hvammur, Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu	1.413.000	38. gr. jarðalaga
Þrastarstaðir, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu	720.000	38. gr. jarðalaga

Heiti jarðar	Söluverð, kr.	Lagaheimild
Árið 1997		
Akurgerði, Fljótshlíðarhreppi, Árnessýslu	795.000	38. gr. jarðalaga
Ausa, Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu	2.853.860	38. gr. jarðalaga
Árnagerði, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	990.000	38. gr. jarðalaga
Ásólfsskáli, með Efstakoti, V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu	2.790.000	38. gr. jarðalaga
Bakkagerði, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu	299.200	Fjárlög 1996
Brekka, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu	1.388.300	38. gr. jarðalaga
Brekkugerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu	2.500.000	Fjárlög 1996
Brúnir og Tjarnir, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu	2.610.000	Fjárlög 1997
Egilsstaðaland, Egilsstöðum, Norður-Múlasýslu	7.500.000	37. gr. jarðalaga
Giljur, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu	1.950.000	Fjárlög 1997
Hluti af Grímstungu, Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu	150.000	Fjárlög 1996
Hjartarstaðir I, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu	3.200.000	Lög nr. 34/1992
Hryggur, Hraungerðishreppi, Árnessýslu	1.314.323	38. gr. jarðalaga
Jaðar, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu	1.423.923	38. gr. jarðalaga
Lambey, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu	756.000	38. gr. jarðalaga
Langagerði, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu	2.261.827	38. gr. jarðalaga
Landspilda úr Lauftúni, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu	420.000	Fjárlög 1996
Landspilda úr Lauftúni, Löngumýri og Krossanesi	3.850.000	Fjárlög 1996
Reykjakot, Ölfusi, Árnessýslu	240.000	38. gr. jarðalaga
Torfastaðir, Biskpstungnahreppi, Árnessýslu	8.600.000	38. gr. jarðalaga

726. Fyrirspurn [455. mál]

til forsætisráðherra um mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa Noral-verkefnisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða áhrif hefur Noral-verkefnið á möguleika Seðlabanka Íslands til að ná yfirlýstu verðbólgumarkmiði sínu meðan á framkvæmdum stendur?
2. Telur Seðlabankinn koma til greina að hækka verðbólgumarkmið um tíma og/eða víkka þolmörk peningamálastefnunnar meðan á framkvæmdum stendur? Hvaða áhrif má ætla að slík ráðstöfun hafi á langtímaþróun vaxta, kaupmáttar og hagvaxtar að mati ráðherra og Seðlabankans?
3. Hvaða áhrif telur Seðlabankinn að Noral-verkefnið muni hafa á innlenda vexti, skulda- og hlutabréfamarkað og gengisþróun krónunnar ef ekki verður gripið til mótvægisaðgerða? Hvert er mat ráðherra á þessu?
4. Ef tekið er mið af verðbólgumarkmiði Seðlabankans og þeirri forsendu að kaupmáttur launa skerðist ekki á framkvæmdatímanum, hversu umfangsmiklar þurfa mótvægisaðgerðir ríkisvaldsins og Seðlabanka að vera? Með umfangi er átt við:
   a. aðhald í opinberum rekstri og framkvæmdum sem hlutfall af VLF,
   b. vaxtastig, þ.e. vexti skuldabréfa umfram grunndæmi (stuttra og langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa).
5. Hvaða þýðingu hefur það fyrir aðrar innlendar fjárfestingar á tímabilinu að lánsfé til virkjanaframkvæmda er með ábyrgð ríkis, Reykjavíkur og Akureyrarbæjar og að fjármagnskostnaður er því minni en ella?

6. Hver er mismunur á framkvæmdakostnaði með og án ábyrgðar ríkis og kemur til greina að veita slíkar ábyrgðir til fleiri áhættuframkvæmda, t.d. byggingar iðnaðarhúsnæðis í eigu einstaklinga?
7. Er ríkisstjórnin reiðubúin að beita sér fyrir mótvægisaðgerðum sem Seðlabankinn telur nauðsynlegar til að tryggt verði að framkvæmdir við Noral-verkefnið auki ekki á verðbólguna, umsaminn kaupmáttur verði tryggður og vextir lækki?

Óskað er eftir að svörin miði við mismikla þátttöku innlendra aðila og fjármögnun Reyðaráls, en að fé til virkjunarinnar komi að mestu erlendis frá. Miðað verði við að lífeyrissjóðir/innlendir aðilar fjármagni 10%, 25% og 45% af Reyðarálsverkefninu, annaðhvort í formi hlutafjár eða skuldabréfakaupa.

Skriflegt svar óskast.

727. Breytingartillögur [39. mál]

við brtt. á þskj. 435 [Lögleiðing ólympískra hnefaleika].

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. 1. tölul. orðist svo: Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er að æfa áhugamannahnefaleika. Keppni í hnefaleikum er bönnuð.
2. 3. tölul. orðist svo: Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um þjálfun í áhugamannahnefaleikum. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

728. Framhaldsnefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að nefndarálit var gefið út fyrir 2. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti.

Samkvæmt frumvarpinu er refsinæmi þess að kaupa kynlífsþjónustu af börnum og ungmennum bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald, sem getur verið fé eða önnur verðmæti, gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þá á ekki að skipta máli hvort endurgjaldið er greitt af geranda eða þriðja manni.

Nefndin taldi rétt að skýrt kæmi fram í lagatextanum að háttsemi þriðja manns teldist brot á lögunum og lagði til í áliti sínu breytingu á frumvarpinu í þá átt. Slík breyting á lagatext-

anum er hins vegar ekki í samræmi við aðrar greinar almennra hegningarlaga. Nefndin leggur því til að fallið verði frá breytingunni þar sem almennar reglur í III. kafla laganna um tilraun og hlutdeild taka til þeirra tilvika. Ef greiðandinn er þriðji maður telst brot hans hlutdeild og ef broti gerandans lýkur með greiðslunni felur það í sér tilraun til brots samkvæmt ákvæðum kaflans.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur afgreiðslu málsins.

Jónína Bjartmarz og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. febr. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

729. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, laganefnd Lögmannafélags Íslands og dómstólaráði.

Hinn 12. desember 2001 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðild að samningi um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða sem gerður var í New York 10. júní 1958 og tók gildi 7. júní 1959. Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um samningsbundna gerðardóma svo að unnt verði að fullgilda samninginn. Þá er að finna í frumvarpinu ákvæði sem lúta að breytingum á aðfararheimildum samkvæmt lögum um aðför.

Nefndin telur að með aukinni alþjóðavæðingu, fjölbreyttari viðskiptum íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu og auknu sóknarfæri erlendra aðila til að stunda viðskipti á Íslandi sé nú orðið brýnt að Ísland gerist aðili að samningnum. Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur afgreiðslu málsins.

Jónína Bjartmarz og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. febr. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

730. Tillaga til þingsályktunar [456. mál]

um áhrif lögbindingar lágmarkslauna.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera úttekt á áhrifum þess að lögbinda lágmarkslaun á Íslandi.

Greinargerð.

Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu hefur flutt frumvarp til laga um lögbindingu lágmarkslauna á síðustu þingum ásamt fjölmörgum meðflytjendum. Þrátt fyrir ítrekaðan rökstuðning og ábendingar hefur málið ekki náð fram að ganga. Þess vegna er nú farin sú leið að freista þess að leita eftir því að skipuð verði nefnd sérfræðinga sem skoði allar hliðar þessa máls.

Í fjölmörgum löndum hafa lágmarkslaun verið lögbundin með góðum árangri. Benda má á að fjármálaráðherra Bretlands hefur í ræðu og riti staðfest að efnahagslegur árangur hafi orðið afleiðing slíkrar löggjafar. Löggjöf um lágmarkslaun hefur verið við lýði í Bandaríkjunum um árabil og telja fjölmargir að þar hafi nauðsyn lögbindingar lágmarkslauna sannað sig. Jafnframt má nefna að í Frakklandi þar sem lögbinding lágmarkslauna er hluti af efnahagskerfinu nota menn þau sem mælistiku og grunn fyrir afkomu einstaklinga.

Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi einkennist af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þó hefur verið reynt að bæta þar úr að nokkru í síðustu kjarasamningum og hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar taxtalaunum. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er því fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Að mati flutningsmanna eiga þau ekki við aðstæður hérlendis. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum. Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar ekki markviss. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér verði láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn neyðist til að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Þingsályktunartillaga þessi er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

731. Svar [345. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða heimildir til sölu og kaupa á eignum í fjárlögum fyrir árið 2001 hafa verið nýttar af fjármálaráðherra?*
2. *Hvert var söluverð einstakra eigna ríkissjóðs og hverjir keyptu?*
3. *Hvert var kaupverð einstakra eigna og hverjir seldu?*

Eftirfarandi er listi yfir fasteignir sem ríkissjóður keypti eða seldi skv. 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001.

Eignakaup ríkissjóðs 2001, fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti/stofnun	Staður	Stærð	Heimild	Kaupverð
Einkaleyfastofan	Skúlagata 63, Reykjavík	1.026	Fjárlög 7.5	78.186
Yfirdýralæknir	Bláskógar 12, Egilsstöðum	266	Fjárlög 7.23	15.000
Heilbrigðisráðuneyti	Mýrar 4, Patreksfirði	304	Fjárlög 3.2	15.000
Sýslumaðurinn í Ólafsfirði	Ólafsvegur 40, Ólafsfirði	200	Fjárlög 2.10	11.100
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	Ásavegur 31, Vestmannaeyjum	233	Fjárlög 7.20	15.000
Svæðisvinnumiðlun Austurlands	Miðás 1–5, Egilsstöðum	120	Fjárlög 7.27	7.580
Flugmálastjórn (flugskýli)	Egilsstaðaflugvöllur	273	Fjáraukalög 7.31	5.700
Landbúnaðarráðuneyti	Víðimýri, Skagafirði		Fjáraukalög 7.32	22.000
Ríkissjóður v. jarðskjálfta á Suðurlandi	Breiðalda 5, Hellu	150	Fjáraukalög 7.33	11.710
Ríkissjóður v. jarðskjálfta á Suðurlandi	Breiðalda 7, Hellu	150	Fjáraukalög 7.33	11.710
Fasteignir ríkissjóðs	Laugavegur 164, Reykjavík	236	Fjáraukalög 7.30	17.500

Eignasala ríkissjóðs 2001, fjárhæðir í þús. kr.

Ráðuneyti/stofnun	Staður	Stærð	Heimild	Kaupverð
Alþingi	Skólabrú 2, Reykjavík	389	Fjárlög 2.31	38.000
Heilbrigðisráðuneyti	Urðargata 17, Patreksfirði	206	Fjárlög 3.2	4.100
Heilbrigðisráðuneyti	Mýrar 11, Patreksfirði	82	Fjárlög 3.2	2.700
Menntamálaráðuneyti	Skólabúðir að Reykjum		Fjárlög 3.13	1.000
Menntamálaráðuneyti	Eiðar		Fjárlög 3.14	25.000
Sjávarútvegsráðuneyti	Árni Friðriksson		Fjárlög 6.2	32.000
Landbúnaðarráðuneyti	Eyjar II, Breiðdalshreppi		Fjárlög 4.22	5.400
Landbúnaðarráðuneyti	Gröf, Dalvíkurbyggð		Fjárlög 4.23	8.500
Landbúnaðarráðuneyti	Hrærekslækur,Tunguhreppi		Fjárlög 4.25	4.652
Landbúnaðarráðuneyti	Bjarnarnes I, Höfn		Fjárlög 2.34	1.400
Landbúnaðarráðuneyti	Framnes, Kaldrananeshreppi		Fjárlög 4.4	6.600
Landbúnaðarráðuneyti	Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi		Fjárlög 4.19	6.826
Landbúnaðarráðuneyti	Hjalli, Reykjadælahreppi		Fjárlög 4.21	10.700
Landbúnaðarráðuneyti	Kvoslækur, Fljótshlíðarhreppi		Fjárlög 4.32	24.000
Landbúnaðarráðuneyti	Hræringsstaðir, Dalvíkurbyggð		Fjárlög 4.26	6.400
Landbúnaðarráðuneyti	Vestra-Stokkseyrarsel		Fjárlög 4.54	4.666
Dómsmálaráðuneyti	Háeyrarvellir 36, Eyrarbakka	181	Fjáraukalög 2.36	10.000
Dómsmálaráðuneyti	Skúlagata 10, Stykkishólmi	37	Fjárlög 2.6	811
Dómsmálaráðuneyti	Aðalgata 7, Stykkishólmi	433	Fjárlög 2.5	8.780
Háskóli Íslands	Bjarkargata 6, Reykjavík	396	Fjárlög 2.33	37.500
Skógrækt ríkisins	Hluti Straums, Hafnarfirði		Fjárlög 4.47	102.000
Vegagerð ríkisins	Djúpbáturinn Fagranes		Fjáraukalög 6.7	4.000
Þróunarsamvinnustofnun	Fengur RE		Fjáraukalög 6.5	14.000
Yfirdýralæknir	Ásvegur 10, Hvanneyri	244	Fjárlög 2.21	8.200

Í þessu sambandi ber að nefna að 20. nóvember sl. óskaði landbúnaðarráðherra eftir áliti forsætisráðherra á því að hve miklu leyti lög leyfa að Alþingi verði veittar upplýsingar um seldar ríkisjarðir.

Í svarbréfi forsætisráðherra til landbúnaðarráðherra, dags. 15. janúar sl., sem gert hefur verið opinbert, er talið með vísan til 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að upplýsingar um sölu ríkissjóðs á fasteignum séu persónuupplýsingar í skilningi laganna, enda séu upplýsingarnar persónugreinanlegar. Skv. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. sömu laga skal þess m.a. gætt við meðferð slíkra upplýsinga að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Einnig skal þess gætt skv. 3. tölul. sömu málsgreinar að persónuupplýsingarnar séu ekki unnar umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Niðurstaða álitsins er því í stuttu máli á þá leið að með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum beri að takmarka svör við tilgreiningu eignanna og söluverðs þeirra. Ekki er talið að nöfn kaupenda ríkisjarða séu nauðsynleg til að Alþingi geti viðhaft það eftirlit sem því er að lögum falið að hafa með meðferð fjármuna hins opinbera, nema fleira komi til.

Fjármálaráðuneytið tekur undir þá niðurstöðu sem fram kemur í áliti forsætisráðherra og rakin er stuttlega hér að framan. Ráðuneytið telur jafnframt að þessi sjónarmið eigi ekki einungis við um sölu ríkisjarða heldur eigi þau einnig við um kaup eða sölu annarra fasteigna á vegum ríkissjóðs. Af þessum sökum er ekki tilgreint í svari við fyrirspurn þessari hvaða einstaklingar eða lögaðilar seldu eða keyptu framangreindar eignir.

732. Svar [411. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð.

1. *Hve mikill var afli þeirra skipa sem teljast svonefnd fullvinnsluskip samkvæmt sérstökum leyfum fiskveiðiárið 2000/2001?*

Heildarafli fullvinnsluskipa var 131.709 lestir á fiskveiðiárinu 2000/2001, sbr. fylgiskjal I. Afli þessi er bakreiknaður frá meginafurðum skipanna, sbr. reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, og reglugerð nr. 511/1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

2. *Hve mikill var afli annarra skipa sem vinna aflann um borð án sérstakra leyfa?*

Unninn afli annarra skipa sem vinna aflann um borð var 26.110 lestir á sama tímabili, sbr. fylgiskjal II. Með vinnslu afla er átt við afla eða afurðir sem landað er frystum, söltuðum, soðnum, bræddum eða hefur hlotið aðra meðhöndlun þannig að gæði aflans eða afurða eru varðveitt til lengri tíma en þegar afla eða afurðum er landað í ís eða án aðgerða sem auka geymsluþol. (Venjuleg skilgreining Fiskistofu á afurð er hins vegar sú að gert hafi verið meira að fiski en blóðga hann, slægja eða hausa.)

3. *Hve miklum afurðum landa þessi skip og hver er nýtingin á þeim afla sem þau veiða, sundurliðað eftir tegundum?*

Heildarmagn afurða sem skip lönduðu, sbr. 1.–2. lið, fiskveiðiárið 2000/2001 var 92.424 lestir, sbr. fylgiskjal III. Þar er landað fiskimjöl einnig bakreiknað til upprunalegs magns miðað við 19% nýtingu fiskúrgangs í afurð. Miðað við þann útreikning var magn afurða 94.517 lestir. Meðalnýting afla vinnsluskipa upp úr sjó í landað magn var því 60%. Til samanburðar yrði meðalnýting þorskafla skipa sem slægja aflann um borð í landað magn því 84%.

4. *Hve mörg tonn af afla þessara skipa nýtast ekki til vinnslu um borð í skipunum og er hent fyrir borð, sundurliðað eftir tegundum?*

Spurt er hve mörgum tonna af afla þessara skipa sem nýtast ekki til vinnslu er hent fyrir borð. Svarið er augljóslega mismunur milli afla skipanna og landaðra afurða, þ.e. 157.816 lestir – 94.514 lestir = 63.302 lestir. Þessar upplýsingar koma fram í fylgiskjali III sundurliðaðar eftir tegundum eins og óskað var eftir. Í fylgiskjali IV er nákvæmari greining afurða eftir fisktegundum.

5. *Hve mikill hluti afla sem hent er fyrir borð gæti nýst sem afurð, t.d. með vinnslu í fiskimjölsverksmiðju?*

Líklegt er að framangreindar 63.300 lestir af úrgangi sem fleygt er af vinnsluskipum sé hægt að nýta til mjölvinnslu. Hins vegar hafa útgerðir þessara skipa í vaxandi mæli landað „úrgangnum“ og nýtt í verðmætari afurðir sem ekki hafa jafnmikinn kostnað í för með sér og bræðsla um borð. Má þar nefna aukið magn landaðra þorskhausa á síðustu árum.

Fylgiskjal I.

Afli fullvinnsluskipa fiskveiðiárið 2000/2001.

(Afli upp úr sjó, óslægt, í kg.)

Skipa-nr.	Nafn skips	Aðrar teg-undir	Blá-langa	Djúp-karfi	Gull-karfi	Grá-lúða	Gull-lax	Hlýri	Keila	Langa	Lang-hali	Lúða	Lýsa
1270	**Mánaberg**	0	2.802	141.595	246.497	672.322	5.914	39.722	108	991	180	1.296	3.961
1273	**Vestmannaey**	25.171	35.539	302.257	236.001	140.774	860.370	8.838	2.240	10.106	18.781	4.473	24.170
1308	**Venus**	2.428	5.995	751.897	166.970	238.053	39.013	17.303	3.923	294	153	3.589	
1328	**Snorri Sturluson**	79	4.033	725.541	201.359	302.361	8.356	7.997		2.323	1.149	1.315	2.910
1345	**Freri**	2.366	362	579.611	210.231	491.263	4.378	8.873		1.450	3.532	2.281	1.728
1351	**Sléttbakur**	498		469.817	282.424	1.926.389	5.124	1.438			828		
1360	**Kleifaberg**	89	386	169.981	312.636	624.945	5.511	20.943		4.857	756	1.938	1.361
1369	**Akureyrin**	0	254	177.151	243.198	613.189	2.738	22.989			2.420	584	
1376	**Víðir**	2.356	3.706	365.095	1.012.317	372.871	17.737	26.024	710	2.149		1.428	962
1484	**Margrét**	218	1.747	189.478	210.019	745.196	1.354	14.408				153	
1530	**Sigurbjörg**	0	1.466	147.201	328.844	473.120	5.289	43.704	839	527	1.154	1.682	
1536	**Barði**	3.726	28.828	140.984	502.947	304.224	320.639	46.139	2.208	8.508	2.098	3.567	109
1579	**Gnúpur**	900	10.354	529.706	262.260	489.698	47.184	24.062	224	4.651	5.998	2.605	641
1628	**Hrafn**	1.807	53.036	459.131	572.095	917.837	429.260	20.585	2.205	8.866	15.368	4.964	9.048
1833	**Málmey**	3.824	189	281.219	719.133	838.224	17.639	23.416				7.996	2.811
1868	**Helga María**	3.396	5.393	874.821	167.515	531.864	33.588	10.762		1.892	5.064	3.515	1.310
1880	**Ýmir**	6.211	10.531	1.024.850	29.300	142.951	179.345	12.373			1.203	5.448	89
1902	**Höfrungur III**	21	7.103	1.191.458	364.798	823.983	115.500	24.341		436	5.478	331	9.065
1937	**Björgvin**	0	4.073	446.105	96.019	1.012.193		18.328	200	2.056		43	
1972	**Hrafn Sveinbjarnarson**	8.171	33.169	183.188	485.254	872.506	525.046	19.447	2.236	15.172		975	6.765
1977	**Júlíus Geirmundsson**	11.559	413	87.619	7.402	2.235.898	555	46.964			1.684	3.219	
2020	**Þórunn Sveinsdóttir**	84	2.277	31.181	157.445			19.362		10.402		830	
2067	**Frosti**	908	1.411	1.217	63.339	52.999		17.520	189	2.576		2.666	
2165	**Baldvin Þorsteinsson**	0	1.866	347.373	557.676	677.660	10.323	21.067		2.400	3.031	5.654	3.720
2170	**Örfirisey**	1.677	15.835	1.314.870	767.354	314.963	86.065	5.377		3.976	4.129	2.675	25.560
2182	**Rán**	5.259	10.245	363.070	134.706	148.886	91.718	17.090				1.800	
2184	**Vigri**	5.519	7.599	1.249.004	539.908	435.010	72.090	12.316		3.944	5.266	5.818	6.628
2203	**Þerney**	955	5.799	1.237.009	547.766	329.579	53.619	12.009		2.707	8.845	3.867	1.225
2265	**Arnar**	16.897	1.479	199.309	41.796	1.463.206	3.933	34.869		1.724	3.011	3.503	
	Samtals	**104.119**	**255.890**	**13.981.738**	**9.467.209**	**18.192.164**	**2.942.288**	**598.266**	**15.082**	**92.007**	**90.128**	**78.215**	**102.063**

Skipa-nr.	Nafn skips	Rækja	Stein-bítur	Skrápflúra	Skarkoli	Sólkoli	Skötuselur	Tindaskata	Ufsi	Úthafskarfi	Ýsa	Þorskur	Samtals
1270	**Mánaberg**		30.238	20.773	978	2.138		7.987	443.749		384.817	2.758.907	**4.764.975**
1273	**Vestmannaey**		6.774	7.245		480	1.960	4.250	235.101	753.737	139.205	487.477	**3.304.949**
1308	**Venus**		27.835	107	10.367	6.913		19.968	350.571	2.291.157	296.624	1.256.975	**5.490.135**
1328	**Snorri Sturluson**		20.740	6.224	6.182	1.869		8.727	166.067	1.510.487	198.538	1.208.617	**4.384.874**
1345	**Freri**		15.989	3.902	5.309	1.183			188.330	746.648	130.078	1.055.197	**3.452.711**
1351	**Sléttbakur**		2.169	1.421	1.550	59			85.956	983.688	18.834	309.096	**4.089.291**
1360	**Kleifaberg**		20.628	6.078	7.209	2.876		2.922	147.404	1.424.859	238.640	2.040.269	**5.034.288**
1369	**Akureyrin**		9.653	2.151	1.607	403			181.468	1.464.167	139.168	1.582.042	**4.443.182**
1376	**Víðir**		15.204	7.327	4.124	2.390			151.787	1.872.836	148.766	1.617.948	**5.625.737**
1484	**Margrét**		8.914	647	1.457	118			147.167		176.792	1.854.337	**3.352.005**
1530	**Sigurbjörg**		27.592	15.745	1.173	886		234	569.137		217.581	2.912.124	**4.748.298**
1536	**Barði**		17.899	17.809	10.702	1.257	731	2.056	532.985		145.193	1.745.248	**3.837.857**
1579	**Gnúpur**		54.726	1.343	26.345	7.620		12.407	467.395	891.408	443.177	1.124.570	**4.407.274**
1628	**Hrafn**		45.168	2.323	8.786	5.078		6.336	412.702		270.975	1.184.941	**4.430.511**
1833	**Málmey**		4.257	4.469	1.539	1.535			466.162	1.740.180	301.384	703.891	**5.117.868**
1868	**Helga María**		46.153	1.129	13.512	6.171		8.693	185.413	1.363.386	340.600	1.025.335	**4.629.512**
1880	**Ýmir**		11.941	3.835	8.297	3.573			98.434	1.684.572	112.098	850.540	**4.185.591**
1902	**Höfrungur III**		20.214	8.369	5.632	1.093		19.070	226.659	2.014.823	248.117	1.014.417	**6.100.908**
1937	**Björgvin**		7.345	2.603		99			462.906		149.465	1.660.997	**3.862.432**
1972	**Hrafn Sveinbjarnarson**		33.965	10.839	753			11.733	459.400		113.937	1.318.140	**4.100.696**
1977	**Júlíus Geirmundsson**		44.033		38.382	7.783			111.888		176.681	2.189.370	**4.963.450**
2020	**Þórunn Sveinsdóttir**		10.409	1.446		6.291	2.384		573.603		485.396	1.131.527	**2.432.637**
2067	**Frosti**	322.009	60.044	20.548	23.411	9.524			144.131		396.368	1.029.495	**2.148.355**
2165	**Baldvin Þorsteinsson**		15.673	2.949	1.653	475			222.628	2.305.822	250.202	2.142.688	**6.572.860**
2170	**Örfirisey**		23.484	7.228	8.985	1.574		3.613	242.226	2.338.477	195.124	934.354	**6.297.546**
2182	**Rán**		19.236		8.973	4.508			196.411	1.315.471	227.784	1.352.874	**3.898.031**
2184	**Vigri**		17.513	724	2.184	1.851			297.066	1.051.018	205.649	899.394	**4.818.501**
2203	**Þerney**		5.439	5.409	2.732	1.761	210	2.718	220.039	2.107.177	70.009	530.838	**5.149.712**
2265	**Arnar**		33.527	4.834	15.629	5.110		9.063	167.523	1.046.965	221.614	2.791.479	**6.065.471**
	Samtals	**322.009**	**656.762**	**167.477**	**217.471**	**84.618**	**5.285**	**119.777**	**8.154.308**	**28.906.878**	**6.442.816**	**40.713.087**	**131.709.657**

Fylgiskjal II.

Afli sem önnur skip frystu um borð fiskveiðiárið 2000/2001.

(Afli upp úr sjó, óslægt, í kg. Aðeins sá afli skipanna sem landað var frystum, „unninn afli“.)

Skipa-nr.	Nafn skips	Aðrar teg-undir	Blá-langa	Djúp-karfi	Gull-karfi	Grá-lúða	Hlýri	Keila	Kol-munni	Langa	Loðna	Lúða	Rækja
72	Kristinn Lárusson	0				20.167							
249	Hafnarröst	7.699	100		772			295		7.387		5.310	
483	Gústi í Papey	0										13	
1056	Arnar	32.347											
1258	Byr	5.890										27.939	
1277	Ljósafell	0				21.223							
1279	Brettingur	2.200	10.762	1.076.220	47.719	499.205	13.910			18		1.456	
1347	Vídalín	0											71.600
1383	Eldborg	0											178.465
1395	Kaldbakur	0			91								
1562	Jón á Hofi	41.607											
1574	Dröfn	0											5.296
1603	Baldur Árna	200		2.150		114.051						424	320.264
1626	Gissur hvíti	3.193			10.810	8.547	20.448	12.923		157			
1634	Hólma-drangur	0	617	142.343	6.289	85.201	913					530	
1752	Gissur	0											842.342
1768	Nökkvi	0											885.552
2061	Sunna	0											1.524.428
2154	Árbakur	0						43		96			
2158	Tjaldur	10.669	1.130		9.597	331.016	7.787	14.133		13.398		576	
2204	Sveinn Rafn	0											115.814
2242	Orri	0											321.039
2262	Rauðinúpur	0											1.246.508
2285	Geiri Péturs	0											1.130.463
2286	Bliki	0											144.793
2287	Bjarni Ólafsson	0									177.534		
2288	Pétur Jónsson	0											2.525.777
2329	Guðmundur Ólafur	0									390.816		
2332	Askur	0											1.213.631
2410	Vilhelm Þorsteinsson	0							656.252		269.405		
	Samtals	**103.805**	**12.609**	**1.220.713**	**75.278**	**1.079.410**	**43.058**	**27.394**	**656.252**	**21.056**	**837.755**	**36.248**	**10.525.972**

Skipa-nr.	Nafn skips	Stein-bítur	Skráp-flúra	Síld	Skar-koli	Sól-koli	Skötu-selur	Tinda-skata	Ufsi	Úthafs-karfi	Ýsa	Þorskur	Samtals
72	**Kristinn Lárusson**												20.167
249	**Hafnarröst**	191			43		474.652				52	21.493	517.994
483	**Gústi í Papey**												13
1056	**Arnar**		305.350										337.697
1258	**Byr**						70.439						104.268
1277	**Ljósafell**												21.223
1279	**Brettingur**	701			28			1.909	5.561	359.270	1.929	56.528	2.077.416
1347	**Vídalín**												71.600
1383	**Eldborg**												178.465
1395	**Kaldbakur**												91
1562	**Jón á Hofi**												41.607
1574	**Dröfn**												5.296
1603	**Baldur Árna**										3.348		440.437
1626	**Gissur hvíti**	50							49		205.373	725.796	987.346
1634	**Hólma-drangur**								342			5.563	241.798
1752	**Gissur**												842.342
1768	**Nökkvi**												885.552
2061	**Sunna**												1.524.428
2154	**Árbakur**	468				27							634
2158	**Tjaldur**	5.647							399		214.408	740.200	1.348.960
2204	**Sveinn Rafn**												115.814
2242	**Orri**												321.039
2262	**Rauðinúpur**												1.246.508
2285	**Geiri Péturs**												1.130.463
2286	**Bliki**												144.793
2287	**Bjarni Ólafsson**			1.381.809									1.559.343
2288	**Pétur Jónsson**												2.525.777
2329	**Guðmundur Ólafur**			242.385									633.201
2332	**Askur**												1.213.631
2410	**Vilhelm Þorsteinsson**			6.646.731									7.572.388
	Samtals	**7.057**	**305.350**	**8.270.925**	**71**	**27**	**545.091**	**1.909**	**6.351**	**359.270**	**425.110**	**1.549.580**	**26.110.291**

Fylgiskjal III.

Magn afurða og afla vinnsluskipa og nýting fiskveiðiárið 2000/2001.

(Magn er í kg og miðað er við afla upp úr sjó, óslægt.
Fiskmjöl er bakreiknað til upprunalegs úrgangs (afurða) með bræðslunýtingu.)

Fisktegund	Afurðir	Afli	Nýting	Afli – Afurðir
Blálanga	152.068	268.499	56,6%	116.431
Broddabakur	168	233	72,1%	233
Búrfiskur	3.354	6.316	53,1%	2.962
Djúpkarfi og úthafskarfi	24.343.493	44.468.599	54,7%	20.125.106
Guðlax	200	200	100,0%	0
Geirnyt	90	200	45,0%	110
Gjölnir	1.561	1.561	100,0%	0
Gullkarfi	4.636.025	9.542.487	48,6%	4.906.462
Grálúða	16.398.734	19.271.574	85,1%	2.872.840
Gulllax	2.074.467	2.942.288	70,5%	867.821
Háfur	1.162	2.905	40,0%	1.743
Hákarl	23.743	56.351	42,1%	32.608
Hlýri	379.236	641.324	59,1%	262.088
Hámeri	139	218	63,8%	79
Keila	30.741	42.476	72,4%	11.735
Kolmunni	656.252	656.252	100,0%	0
Langa	68.875	113.063	60,9%	44.188
Langhali	41.830	90.128	46,4%	48.298
Litli karfi	6.849	6.849	100,0%	0
Langlúra	74.251	74.254	100,0%	3
Loðna	837.755	837.755	100,0%	0
Lúða	98.613	114.264	86,3%	15.651
Lýsa	58.429	102.063	57,2%	43.634
Náskata	1.385	3.356	41,3%	1.971
Rækja	10.847.981	10.847.981	100,0%	0
Sandkoli	795	862	92,2%	67
Steinbítur	398.009	663.819	60,0%	265.810
Skrápflúra	376.094	469.235	80,2%	93.141
Síld	4.752.373	8.270.925	57,5%	3.518.552
Skarkoli	206.438	217.542	94,9%	11.104
Smokkfiskur	27	27	100,0%	0
Snarphali	2.710	6.000	45,2%	3.290
Sólkoli	81.041	84.645	95,7%	3.604
Skötuselur	232.817	550.376	42,3%	317.559
Skata	11.380	21.471	53,0%	10.091
Stinglax	10.897	17.043	63,9%	6.146
Trjónufiskur	90	90	100,0%	0
Tindaskata	100.783	121.686	82,8%	20.903
Túnfiskur	4.569	5.482	83,3%	913
Tröllakrabbi	351	351	100,0%	0

Ufsi	3.701.887	8.160.659	45,4%	4.458.772
Ýsa	2.866.649	6.867.926	41,7%	4.001.277
Þorskur	18.590.338	42.262.667	44,0%	23.672.329
Öfugkjafta	3.380	3.601	93,9%	221
Aðrar tegundir (fiskmjöl og óslægt)	354.544	554		–353.990
Samtals	**92.432.573**	**157.816.157**	**58,6%**	**65.383.584**
Úthafskarfi og djúpkarfi (fiskmjöl)	134.280			
Aðrar tegundir (fiskmjöl)	353.990			
Samtals fiskmjöl	488.270			
Áætluð nýting	19%			
	2.569.842			
Samtals	**94.514.145**	**157.816.157**	**59,9%**	**63.302.012**

Fylgiskjal IV.

Vinnsla í afurðir eftir fisktegundum (í kg).

Fisktegund	óslægt	heill/ heil	haus-skorinn	slægt	haus- og sporð-skorinn	Flök	Flök með roði/ með beini	Flök roðlaus/ með beini	Flök roðlaus/ með beini án þunnilda	Flök með roði/ beinlaus
Aðrar tegundir	554									
Blálanga			129.017	1.952				20.935		
Broddabakur			168							
Búrfiskur			3.354							
Djúpkarfi og úthafskarfi	257		23.779.128	9.556			286.363	133.909		
Geirnyt			90							
Gjölnir	1.561									
Grálúða			2.564	683	13.911.363					
Guðlax	200									
Gullkarfi	672.685		2.720.446				712	1.242.182		
Gulllax	3.641		2.070.826							
Háfur						1.162				
Hákarl				13.251		10.492				
Hámeri				139						
Hlýri			360.154	1.398	520			17.138		
Keila			30.391	350						
Kolmunni		656.252								
Langa			47.849	15.025				6.001		
Langhali				505	41.325					
Langlúra	74.200			51						
Litli karfi	6.849									
Loðna	446.939									
Lúða			25.569	72.925			119			
Lýsa			55.516	337			2.576			
Náskata										
Rækja		104.160								
Sandkoli	21			774						
Síld						4.377.200				
Skarkoli	78.750			127.688						
Skata	1.585			1.834						
Skrápflúra	62.735	1.245	245.508	66.606						
Skötuselur	13.280			71.184						
Smokkfiskur	27									
Snarphali					2.710					
Sólkoli	39.621			41.420						
Steinbítur			389.894	2.324				5.791		
Stinglax			25	5.918	4.954					
Tindaskata	78.248			13.291						
Trjónufiskur	90									
Tröllakrabbi	351									
Túnfiskur				4.569						
Ufsi			7.711				2.607	2.484.442	477.547	
Ýsa			318.909	99.828			480.919	943.932		425
Þorskur			1.037.654	1.099.924			1.220.598	7.001.492		5.332
Öfugkjafta	1.085		52	2.243						
Samtals	**1.482.679**	**761.657**	**31.224.825**	**1.653.775**	**13.960.872**	**4.388.854**	**1.993.894**	**11.855.822**	**477.547**	**5.757**

Fisktegund	Flök roðlaus/ beinlaus	Flök í blokk	í frystingu	í skel	lausfryst í poka	börð	slitinn	soðin	afskurður	marn-ingur
Aðrar tegundir										
Blálanga										
Broddabakur										
Búrfiskur										
Djúpkarfi og úthafskarfi										
Geirnyt										
Gjölnir										
Grálúða									3.156	.
Guðlax										
Gullkarfi										
Gulllax										
Háfur										
Hákarl										
Hámeri										
Hlýri										
Keila										
Kolmunni										
Langa										
Langhali										
Langlúra										
Litli karfi										
Loðna			390.816							
Lúða										
Lýsa										
Náskata						1.385				
Rækja		340.069		1.309.055	6.604.575			2.490.122		
Sandkoli										
Síld			375.173							
Skarkoli										
Skata						7.961				
Skrápflúra										
Skötuselur						82	136.560			
Smokkfiskur										
Snarphali										
Sólkoli										
Steinbítur										
Stinglax										
Tindaskata						9.244				
Trjónufiskur										
Tröllakrabbi										
Túnfiskur										
Ufsi	524.257								195.474	
Ýsa	889.923								119.321	
Þorskur	5.925.194								1.549.857	3.240
Öfugkjafta										
Samtals	**7.339.374**	**340.069**	**765.989**	**1.309.055**	**6.604.575**	**18.672**	**136.560**	**2.490.122**	**1.867.808**	**3.240**

Fisktegund	hausar	hrogn	kinnar	kútt-magar	lifur	svil	mjöl	Afurðir samtals	Afli
Aðrar tegundir							353.990	354.544	554
Blálanga		164						152.068	268.499
Broddabakur								168	233
Búrfiskur								3.354	6.316
Djúpkarfi og úthafskarfi							134.280	24.343.493	44.468.599
Geirnyt								90	200
Gjölnir								1.561	1.561
Grálúða	2.480.932		36					16.398.734	19.271.574
Guðlax								200	200
Gullkarfi								4.636.025	9.542.487
Gulllax								2.074.467	2.942.288
Háfur								1.162	2.905
Hákarl								23.743	56.351
Hámeri								139	218
Hlýri	26							379.236	641.324
Keila								30.741	42.476
Kolmunni								656.252	656.252
Langa								68.875	113.063
Langhali								41.830	90.128
Langlúra								74.251	74.254
Litli karfi								6.849	6.849
Loðna								837.755	837.755
Lúða								98.613	114.264
Lýsa								58.429	102.063
Náskata								1.385	3.356
Rækja								10.847.981	10.847.981
Sandkoli								795	862
Síld								4.752.373	8.270.925
Skarkoli								206.438	217.542
Skata								11.380	21.471
Skrápflúra								376.094	469.235
Skötuselur			3.348	1.960	6.403			232.817	550.376
Smokkfiskur								27	27
Snarphali								2.710	6.000
Sólkoli								81.041	84.645
Steinbítur								398.009	663.819
Stinglax								10.897	17.043
Tindaskata								100.783	121.686
Trjónufiskur								90	90
Tröllakrabbi								351	351
Túnfiskur								4.569	5.482
Ufsi		9.849						3.701.887	8.160.659
Ýsa		13.392						2.866.649	6.867.926
Þorskur	678.524	67.615			526	382		18.590.338	42.262.667
Öfugkjafta								3.380	3.601
Samtals	**3.159.482**	**91.020**	**3.384**	**1.960**	**6.929**	**382**	**488.270**	**92.432.573**	**157.816.157**

733. Svar [408. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fjárveitingar til jarðgangagerðar.

1. Hverjar voru heildarfjárveitingar til vegamála á núgildandi verðlagi frá árinu 1980?

Heildarfjárveitingar til vegagerðar á árunum 1980–2001 voru 189.596 millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002 (vísitala vegagerðar 6740). Í töflu 1 eru heildarfjárveitingar sundurliðaðar á hvert ár, svo og fjárveitingar til jarðganga, ásamt hlutfalli fjárveitinga til jarðganga af heildarfjárveitingum til vegagerðar á þessu tímabili. Allar upphæðir eru í millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002. Innifalið í tölum um heildarfjárveitingar er allt fé sem runnið hefur til vegamála viðkomandi ár. Tölur fyrir 1980–2000 eru samkvæmt skýrslum samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar en tölur fyrir 2001 eru samkvæmt vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og fjárlögum varðandi frestun framkvæmda.

Tafla 1. Fjárveitingar til vegagerðar 1980–2001.

Ár	Heildar-fjárveitingar	Fjárveitingar til jarðganga	Hlutfall %
1980	7.736	0	0
1981	8.287	2	0
1982	7.854	5	0
1983	6.911	5	0
1984	7.999	7	0,1
1985	7.329	22	0,3
1986	7.461	0	0
1987	6.522	30	0,5
1988	7.232	352	4,9
1989	7.427	719	9,7
1990	7.432	639	8,6
1991	7.681	835	10,9
1992	8.077	863	10,7
1993	10.368	956	9,2
1994	10.062	1.519	15,1
1995	10.208	900	8,8
1996	9.231	492	5,3
1997	9.133	302	3,3
1998	9.170	12	0,1
1999	10.545	50	0,5
2000	10.950	117	1,1
2001	11.981	212	1,8
Samtals	**189.596**	**8.039**	**4,2**

2. Hve miklu fé var varið til jarðgangagerðar á sama tíma?

Fjárveitingar til jarðgangagerðar á þessu tímabili námu 8.039 millj. kr. Í töflu 2 kemur fram sundurliðun á verkefni. Allar tölur eru í millj. kr. á áætluðu meðalverðlagi 2002 (vísitala 6740). Tölur fyrir 1981–2000 eru samkvæmt skýrslum samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar en tala fyrir 2001 er samkvæmt vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Tafla 2. Kostnaður við jarðgöng 1981–2001.

Ár	Ólafsfjarðarmúli	Strákagöng	Vestfjarðagöng	Annað	Samtals
1981	2				2
1982	5				5
1983	5				5
1984	7				7
1985	22				22
1986	0				0
1987	30				30
1988	352				352
1989	689		30		719
1990	547		92		639
1991	293	107	429	6	835
1992	23	41	786	13	863
1993			949	7	956
1994			1.512	7	1.519
1995			900	0	900
1996			487	5	492
1997			300	2	302
1998			6	6	12
1999			38	12	50
2000			6	111	117
2001				212	212
Samtals	**1.975**	**148**	**5.535**	**381**	**8.039**

3. *Hvað voru fjárveitingar til jarðgangagerðar hátt hlutfall af heildarfjárveitingum til vegamála á þessu tímabili?*

Hlutfall fjárveitinga til jarðganga af heildarfjárveitingum til vegagerðar á þessu tímabili var 4,2% (sjá sundurliðun á hvert ár í töflu 1).

734. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. febr.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.

b. 3. mgr. orðast svo:

Iðnaðarráðherra gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.

2. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 64/1934, um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur: Orðin „í samráði við iðnráð Reykjavíkur“ í niðurlagi 1. gr. falla brott.

735. Þingsályktun [321. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 4. febr.)

Samhljóða þskj. 406.

736. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að staðfesta bráðabirgðalög sem sett voru 27. desember 2001 og framlengja þannig heimild ríkissjóðs til að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, en lögin voru sett í framhaldi af því að vátryggjendur um allan heim sögðu upp ábyrgðartryggingum flugrekenda vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Lögunum var ætlað að gilda til ársloka 2001. Nú hefur hins vegar komið í ljós að vátryggjendur eru ekki enn farnir að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Því er nauðsynlegt að framlengja gildistíma tryggingar ríkissjóðs enn um sinn og er lagt til í frumvarpinu að hún geti staðið allt til 15. febrúar 2002.

Nú er málum hins vegar þannig háttað að ekki eru líkur á að farið verði að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar til flugrekenda fyrr en um mánaðamótin mars/apríl 2002. Í því skyni að tryggja að nægjanleg ábyrgð verði fyrir hendi leggur nefndin til að ábyrgðin verði framlengd til 10. apríl 2002.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 10. apríl 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

737. Frumvarp til laga [457. mál]

um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Katrín Andrésdóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „börn hans og kjörbörn“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: börn hans, kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn.
b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sama rétt til lífeyris öðlast börn, kjörbörn, stjúpbörn og fósturbörn sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

17. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, fjallar um rétt til barnalífeyris þegar sjóðfélagi í lífeyrissjóði andast eða missir starfsorku. Í 1. mgr. er mælt fyrir um almenn skilyrði þess að eiga rétt til barnalífeyris, 2. mgr. mælir fyrir um lágmarksfjárhæð barnalífeyris á mánuði og 3. mgr. skyldar lífeyrissjóði til að útfæra nánar í samþykktun sínum reglur um töku barnalífeyris.

Í 1. mgr. 17. gr. laganna er mælt fyrir um að barnalífeyrir skuli einvörðungu greiddur með börnum örorkulífeyrisþega sem fædd eða ættleidd eru fyrir orkutap hans en ekki gert ráð fyrir

að börn örorkulífeyrisþega sem fædd eru eða ættleidd eftir orkutapið geti átt rétt á barnalífeyri. Þá er ekki gert ráð fyrir því í lögunum að stjúpbörn og fósturbörn örorkulífeyrisþega geti átt rétt til barnalífeyris. Barnalífeyrir er einnig greiddur á grundvelli 14. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, en þau réttindi eru óháð greiðslum lífeyrissjóða og gera ekki greinarmun á því hvenær börn örorkulífeyrisþega eru fædd. Þá veita lögin stjúpbörnum örorkulífeyrisþega einnig rétt til greiðslu barnalífeyris.

Þetta frumvarp er flutt til þess að tryggja öllum börnum öryrkja jafnan lífeyrisrétt hvort sem þau eru börn öryrkjans, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn en í dag er 2. málsl. 1. mgr. 17. gr. svohljóðandi: Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris.

Það getur ekki talist réttlátt að börn sem öryrkjar eignast njóti ekki sömu réttinda og þau börn sem voru fædd, ættleidd eða tekin í fóstur fyrir orkutap. Ekki verður séð hvaða rök liggja að baki núverandi skipan önnur en þau að spara lífeyrisjóðum fjármuni. Núverandi skipan má skilja sem skilaboð til öryrkja um að þeir eigi ekki að ala börn. Það hlýtur að brjóta í bága við öll almenn gildi mannréttinda og sú spurning verður áleitin hvort þessi skipan brjóti gegn mannréttindaákvæðum og jafnræðisreglu stjórnarskrár. Það hlýtur að teljast til grundvallarmannréttinda að ala börn og sjá fyrir þeim. Sá réttur verður ekki af öryrkja tekinn. Ljóst er að þörfin á auknum lífeyri með börnum öryrkja er mikil og vart verður séð að öryrkja sé kleift að ala upp barn án þess að barnalífeyrir úr lífeyrissjóði komi til. Örorkubætur duga tæpast til eigin framfærslu.

Núverandi skipan gerir ráð fyrir að börn öryrkja, sem fædd eru eftir orkutap, öðlist ekki rétt til lífeyris og gildir hið sama um kjörbörn, fósturbörn og stjúpbörn. Fyrir gildistöku laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, naut ekki almennra laga sem mæltu fyrir um lágmarksinntak réttinda sem lífeyrissjóðum bar að fara eftir. Sérlög voru almennt sett um hvern lífeyrissjóð og setti viðkomandi lífeyrissjóður sér reglugerð sem samþykkt var af aðildarfélögum og staðfest af ráðherra. Reglur um barnalífeyri hafa ekki verið samræmdar að fullu með framangreindum lögum. Almennt virðist ekki gert ráð fyrir því að börn sem til koma eftir orkutap sjóðfélaga geti notið lífeyris. Þó má benda á að í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skal greiða barnalífeyri með börnum örorkulífeyrisþega sem fæðast á næstu 12 mánuðum eftir orkutapið en aðeins með kjörbörnum sem ættleidd eru fyrir orkutapið. Þá eru reglur um fósturbörn og stjúpbörn nokkuð ólíkar. Þannig kveður 3. mgr. 12. gr. laga nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda, t.d. á um að fósturbörn og stjúpbörn sjóðfélaga skuli eiga sama rétt og börn hans og kjörbörn. Sambærilegt ákvæði var einnig í eldri lögum um þann lífeyrissjóð. Í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, er fósturbörnum sjóðfélaga veittur jafn réttur til barnalífeyris á við börn og kjörbörn sjóðfélaga og í 4. mgr. 18. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er talað bæði um fósturbörn og stjúpbörn. Þá má benda á að 14. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, gerir ekki greinarmun á réttarstöðu barna, kjörbarna og stjúpbarna að þessu leyti.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mörg börn er um að ræða sem ekki njóta lífeyris vegna gildandi reglna en talið að þau séu ekki mjög mörg. Því er erfitt að meta nákvæmlega hver kostnaðarauki lífeyrissjóðanna yrði við breytinguna. Þó er ljóst að hann verður óverulegur í samanburði við hagsmuni og réttindi þeirra fjölskyldna sem hér eiga hlut að máli.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins námu heildargreiðslur Tryggingastofnunar vegna barnalífeyris rúmum einum milljarði króna til 3.965 lífeyrisþega vegna 6.584 barna (desember 2000) en óskertar ársgreiðslur þess árs voru 159.234 kr. fyrir hvert barn eða um 13.270 kr. á mánuði að meðaltali. Samkvæmt lögum mega barnalífeyrisgreiðslur

lífeyrissjóða aldrei nema lægri fjárhæð en 5.500 kr. með hverju barni örorkulífeyrisþega en að lágmarki 7.500 kr. á mánuði eftir lát sjóðfélaga til 18 ára aldurs barnsins. Upphæðirnar taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs (grunnvísitala 173,5 stig). Reglur um greiðslu barnalífeyris virðast þó vera eitthvað mismunandi milli lífeyrissjóða enda um lágmarksgreiðslur að ræða samkvæmt lögunum. Sem dæmi um fjárhæðir má nefna að Lífeyrissjóður verzlunarmanna greiðir nú 9.549 kr. á mánuði til 20 ára aldurs barnsins, Sameinaði lífeyrissjóðurinn greiðir 13.412 kr. á mánuði en Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild, greiðir nú 9.536 kr. til 22 ára aldurs barnsins vegna örorku foreldris og B-deild greiðir helming af barnalífeyri almannatrygginga eins og hann er á hverjum tíma eða 7.538 kr. nú.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 17. gr. laganna verði breytt þannig að börn örorkulífeyrisþega sem eru fædd eftir orkutap hans njóti sama réttar til lífeyris og börn sem fædd eru fyrir orkutapið. Þá er lagt til að réttur til barnalífeyris taki einnig til kjörbarna, stjúpbarna og fósturbarna örorkulífeyrisþegans.

738. Tillaga til þingsályktunar [458. mál]

um að koma á fót vestnorrænni samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að koma á fót níu manna samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda. Nefndina skipi þrír fulltrúar frá hverju vestnorrænu landanna.

Greinargerð.

Vestur-Norðurlönd búa yfir stórum haf- og landsvæðum þar sem fjölbreytilegar náttúruauðlindir er að finna. Afkoma vestnorrænu þjóðanna byggist öðru fremur á skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu þessara auðlinda. Augu flestra beinast í þessu samhengi einkum að þeim auði sem býr í fiski og sjávarafurðum, en löndin eiga einnig margs konar aðrar nýtanlegar náttúru- og orkulindir sem gætu síðarmeir orðið afar dýrmætar fyrir afkomu þeirra.

Aukið samstarf og upplýsingaflæði landanna á milli í þessum efnum gæti reynst þeim einkar notadrjúgt, ekki síst þar sem sérfræðingar þeirra búa að þekkingu á mismunandi sviðum auðlindanýtingar. Færeyingar hafa til dæmis mikla reynslu af olíuleit og ýmsum þáttum er lúta að uppbyggingu olíuiðnaðar, Íslendingar geta aftur á móti miðlað af reynslu sinni í orkumálum. Það gefur því auga leið að þjóðunum væri mikill akkur í skipulegri samræðu um auðlindanýtingu. Þannig mundu þær ekki einungis læra hver af annarri, heldur einnig koma í veg fyrir tvíverknað og mistök.

Sérstök vestnorræn samráðsnefnd sérfræðinga, stjórnmálamanna og annarra sem reynslu hafa af auðlindanýtingu mundi gegna því hlutverki að tryggja upplýsingaflæði, þekkingarleit og samstarf landanna á milli. Þar eð mikilvægt er að sem flestir komi að þessari vinnu og úr sem flestum áttum yrði nefndin skipuð níu manns með þremur fulltrúum frá hverju landi. Nefndin kysi sér formann.

739. Tillaga til þingsályktunar [459. mál]

um alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að halda alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum. Tilgangur með ráðstefnuhaldinu væri að efna til opinnar og gagnrýnnar umræðu á milli sem flestra fylkinga um þessi málefni og ráðstefnugestir kæmu úr mismunandi áttum, þar yrðu fulltrúar stjórnmálamanna, vísindamanna, leikmanna og ólíkra hagsmunasamtaka, svo sem dýra- og náttúruverndarsamtaka.

Greinargerð.

Íbúar Vestur-Norðurlanda hafa ávallt verið mjög háðir því sem náttúran ber á borð, bæði í sjó og á landi, og allir vita að veiðimennska er hluti vestnorrænnar menningar og lífsbjargar. Því er það hagur allra Vestur-Norðurlandabúa að sú veiði sem þeir byggja afkomu sína á sé sjálfbær og að komandi kynslóðir geti þrifist á þessum auðlindum um ókomna tíð.

Fólksfjölgun, velmegun og ör þróun veiðivopna, samgöngutækja og annarrar tækni hefur skapað vaxandi hættu á ofveiði og aukið nauðsyn þess að vel sé með lífríkið farið. Vaxandi mengun, sem einnig berst til vestnorrænu landanna frá iðnvæddum stórþjóðum, eykur enn álagið sem á lífríkinu hvílir. Fáir vita betur en fólkið sem í vestnorrænu löndunum býr hversu vel verður að umgangast lífríkið svo að það nýtist óbornum kynslóðum til framfærslu.

Útbreiddur misskilningur og fáfræði á alþjóðavettvangi um veiðimenningu og samfélög Vestur-Norðurlanda er hins vegar vaxandi ógn við framtíðarafkomu þeirra og lífshætti. Löndin hafa í seinni tíð orðið fyrir harðri gagnrýni á alþjóðavettvangi fyrir nýtingu sína á eigin dýraríki, ekki síst frá alþjóðlegum dýra- og náttúruverndarsamtökum. Áróðursherferðir gegn selveiðum á Grænlandi og aðgerðir gegn hvalveiðum á Íslandi og í Færeyjum eru skýr dæmi um þetta. Vestur-Norðurlönd munu ekki geta sætt sig við slíkar aðgerðir, né heldur þær ógnir sem felast í viðskiptahöftum, bönnum og áróðursherferðum gegn sjálfbærri og skynsamlegri nýtingu eigin lífríkis.

Samstaða þessara strjálbýlu smáþjóða og sameiginleg afstaða á alþjóðlegum vettvangi getur í þessu sambandi gegnt mikilvægu hlutverki. Það er hagur vestnorrænu landanna að tryggja alþjóðlegt upplýsingastreymi sem eykur þekkingu og virðingu fyrir veiðiheföum landanna og menningu. Alþjóðleg ráðstefna um sjálfbæra veiði og nýtingu lífríkisins væri mikilvægt framlag til aukins skilnings fylkinga á milli og bæri vitni um sameiginlega hagsmuni og menningararfleifð Vestur-Norðurlanda.

740. Tillaga til þingsályktunar [460. mál]

um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda svo að þekking á þessari sameiginlegu arfleifð gleymist ekki.

Greinargerð.

Veiði hefur ætíð skipað stóran sess á Vestur-Norðurlöndum og hefðir og lifnaðarhættir veiðimennsku einkenna löndin öll. Veiðimennska landanna er merki um þau nánu tengsl manns og náttúru sem þar ríkja og í löndunum hefur þróast veiðimenning sem sker sig á ýmsan hátt úr á alþjóðlegum vettvangi. Þessi menning snýr ekki eingöngu að þeim háttum, aðferðum og tækni sem einkennt hafa vestnorræna veiðimenn að störfum um aldir, heldur nær hún til mun víðtækari menningarlegri þátta eins og t.d. fjölbreytilegrar notkunar skinna og matargerðarlistar.

Vegna örrar tækniþróunar hefur hefðbundin veiðimenning landanna tekið stökkbreytingum. Á Grænlandi hafa rifflar komið í stað spjóta, mótorbátar í stað kajaka og snjósleðar í stað hundasleða. Hættir gamla tímans eru víðast hvar að líða undir lok á Vestur-Norðurlöndum og hætta er á að hin hefðbundna menningararfleifð veiðimennsku gleymist með öllu ef ekkert er að gert.

Það er mikilvægt að komandi kynslóðir kunni skil á þessari sérstæðu menningararfleifð og því þurfa að vera til skráðar heimildir um veiðimenningu landanna, bækur, ljósmyndir, heimildakvikmyndir o.fl. Í þessu samhengi hefur Vestnorræna ráðið átt frumkvæði að opnun vestnorrænnar sýningar um veiðimenningu í Þórshöfn sumarið 2002. Sýningin verður sett upp víða um lönd til að bera veiðimenningu landanna vitni. Þau gögn sem liggja að baki sýningunni gætu nýst vel í samstarfi um heimildaöflun og skráningu gagna um vestnorræna veiðimenningu.

741. Fyrirspurn [461. mál]

til viðskiptaráðherra um heimild til að veita undanþágu frá banni við samkeppnishömlum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hefur olíufélögunum verið veitt undanþága skv. 16. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, til að standa saman að rekstri bensínstöðva í litlum bæjarfélögum á landsbyggðinni? Ef ekki, hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun?
2. Getur slíkur samrekstur ekki verið forsenda þess að unnt sé að halda uppi eðlilegri þjónustu á þessu sviði í fámennari byggðarlögum?

742. Fyrirspurn [462. mál]

til heilbrigðisráðherra um óhefðbundnar lækningar.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Hefur ráðherra upplýsingar um umfang óhefðbundinna lækninga og árangur þeirra?
2. Hvað áætlar ráðherra að þessi starfsemi velti miklum fjármunum á ári?
3. Hvert er mat ráðherra á slíkum lækningum?
4. Hafa stjórnvöld eitthvert eftirlit með fyrrgreindri starfsemi?
5. Er fyrirhugað að sett verði sérstök löggjöf um óhefðbundnar lækningar?

743. Fyrirspurn [463. mál]

til menntamálaráðherra um innheimtu skuldar við LÍN.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Telur ráðherra samræmast góðum stjórnsýsluháttum að innheimta skuld MS-sjúklings við Lánasjóð íslenskra námsmanna hjá sjúklingnum og aðstandendum hans sem hafa gengið í ábyrgðir, þegar mál hans hefur að nýju verið sent málskotsnefnd LÍN í kjölfar úrskurðar umboðsmanns Alþingis?

744. Fyrirspurn [464. mál]

til viðskiptaráðherra um meint óeðlileg innherjaviðskipti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra sammála Verðbréfaþingi Íslands um að ekki sé nauðsynlegt að aðhafast neitt varðandi kaup tíu stjórnenda Kaupþings hf. á hlutabréfum í Kaupþingi fyrir um 480 millj. kr. í tengslum við kaup fyrirtækisins á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon?
2. Hvaða rök lágu að baki því að Verðbréfaþing taldi ekki nauðsynlegt að gera athugasemdir við kaupin eða aðhafast neitt í málinu?
3. Hvaða heimild hefur Verðbréfaþing Íslands til að láta fara fram sjálfstæða rannsókn þegar um meint óeðlileg fruminnherjaviðskipti er að ræða og hvaða úrræði hefur það þegar um slík tilvik er að ræða? Er eðlilegt að orð þeirra sem grunaðir eru um óeðlileg innherjaviðskipti séu forsenda þess að mál sé látið niður falla hjá Verðbréfaþingi?
4. Hversu mikið hefur gengi hlutabréfa í Kaupþingi breyst frá því að fyrrgreindir stjórnendur fyrirtækisins áttu viðskiptin og hversu mikið hafa þeir hagnast á kaupunum miðað við það?
5. Er ástæða til að herða enn frekar á ákvæðum laga um innherjaviðskipti að mati ráðherra?

6. Hversu mörg mál um meint óeðlileg innherjaviðskipti hafa Verðbréfaþing Íslands og Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar á ári undanfarin þrjú ár og í hve mörgum tilvikum hefur málum verið vísað áfram til ríkislögreglustjóra vegna meintra brota á ákvæðum laga um innherjaviðskipti og fruminnherjaviðskipti? Svar óskast sundurgreint eftir atvinnugreinum.

Skriflegt svar óskast.

745. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að reikningsár Íslenskra getrauna verði almanaksárið og þannig fært til samræmis við reikningsár þeirra aðila sem að félaginu standa og þeirra erlendu getraunafyrirtækja sem félagið er í samvinnu við.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur afgreiðslu málsins.

Jónína Bjartmarz og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. febr. 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

746. Tillaga til þingsályktunar [465. mál]

um innra eftirlit heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson, Össur Skarphéðinsson, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi sjálfstætt innra eftirlit með starfsemi heilbrigðisþjónustu.

Greinargerð.

Íslendingar búa við góða heilbrigðisþjónustu. Framfarir í læknavísindum hafa verið örar og skilað sér inn í heilbrigðisþjónustuna með afar vel menntuðu starfsfólki. Þó skiptir máli hvernig staðið er að stjórn og skipulagi, samskiptum lækna og hjúkrunarfólks við sjúklinga og samstarfi starfsfólks sem sinnir hverjum sjúklingi. Heilbrigðisþjónustan er viðkvæm starfsemi þar sem krafist er nákvæmni á öllum sviðum. Sjúklingur leggur traust sitt á lækna og hjúkrunarfólk og afsalar sér í raun oft sjálfræði sínu í von um að hvers kyns sjúkdóma megi lækna.

Í áranna rás hefur skipulag heilbrigðisþjónustunnar orðið umfangsmeira og flóknara sem getur torveldað heildarsýn yfir margþætta starfsemi hennar. Það getur valdið sjúklingum erfiðleikum og takmarkað aðgengi þeirra að þjónustunni. Markmið heilbrigðiskerfisins hljóta jafnan að vera þau að vinna bug á sjúkdómum, veita fólki þjónustu sem vitnar um gagnkvæma virðingu og traust og að starfsfólk geti starfað við bestu mögulegar aðstæður.

Á vettvangi fjármála eru gerðar miklar kröfur um nákvæmt eftirlit og að rétt sé staðið að hvers konar fjármunaumsýslan. Löggjafinn hefur sett margvísleg lög til þess að tryggja rétta meðferð fjármuna og sett á fót margbrotið stofnanakerfi til að hafa eftirlit með að farið sé að lögum og reglum. Fjármálaeftirlit, Ríkisendurskoðun, Bankaeftirlit, Samkeppnisstofnun, rannsóknardeildir og efnahagsbrotadeild eru fáein dæmi um stofnanir sem sjá um eftirlit með fjármálum. Öflugt eftirlit er nauðsynlegt af því að miklir hagsmunir eru í húfi.

Engum blandast hugur um að hagsmunir sjúklinga eru afar miklir, að þeir fái notið bestu þjónustu sem völ er á. Einnig er mikilvægt að starfsfólk heilbrigðisþjónustu búi við gott skipulag og sem bestar aðstæður. Því er brýnt að komið verði á stöðugu og öflugu innra eftirliti með starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, eftirliti sem yrði algjörlega óháð, hefði heimild til og frumkvæði að hvers kyns rannsóknum og athugunum, tæki við kvörtunum frá sjúklingum og starfsfólki og kannaði sannleiksgildi þeirra og hefði umboð til þess að láta niðurstöður athugana hafa marktækt gildi. Slíkt eftirlit mundi hafa í för með sér eðlilegt aðhald í heilbrigðisþjónustu, auka öryggi sjúklinga og starfsfólks og efla réttarstöðu í öllum samskiptum innan heilbrigðiskerfisins.

Í flóknu kerfi heilbrigðisþjónustunnar geta samskipti sjúklinga við lækna og hjúkrunarfólk orðið erfið. Torvelt kann að reynast að ná sambandi við lækni, starfsfólk vísar hvað á annað, sjúklingar „gleymast“ í kerfinu, misvísandi svör eru gefin eftir því við hvern sjúklingur talar, sjúklingi er vísað frá einum lækni til annars án þess að eðlilegt samband sé á milli allra viðkomandi lækna, sjúklingar komast ekki í nauðsynlegar rannsóknir og læknar veita upplýsingar sem fela ekki í sér réttar sjúkdómsgreiningar, svo ekki séu nefnd meint „læknamistök“ og bið eftir aðgerðum. Dæmi um þetta þekkja flutningsmenn af samskiptum sínum við fólk undanfarin missiri og virðist slíkum málum því miður fjölga þótt vonandi sé um undantekningar-

tilfelli að ræða. Margt bendir til þess að í auknum mæli sé leitað svonefndra „óhefðbundinna lækninga“ utan opinberrar heilbrigðisþjónustu. Sú spurning vaknar hvort ástæður þess séu m.a. þær að aðgengi sjúklinga að heilbrigðisþjónustunni sé takmörkunum háð.

Nú starfar heilbrigðisstarfsfólk oft undir miklu álagi og án efa er það víða allt of mikið. Því er brýnt að komið verði á fót sjálfstæðri starfsemi sem sinni innra eftirliti heilbrigðisþjónustu. Landlæknisembættið hefur að hluta farið með slíkt eftirlit, en það er hlaðið margvíslegum öðrum verkefnum og hefur að óbreyttu tæpast bolmagn til að sjá um eftirlit samkvæmt tillögunni. Til greina kemur þó að stofnuð yrði öflug og sjálfstæð deild innan landlæknisembættisins sem færi með innra eftirlit eins og gert er ráð fyrir í tillögunni. Kostur við þá tilhögun er að þá yrði byggt á dýrmætri reynslu embættisins. Sjúklingar hafa nú þrjár leiðir til þess að koma kvörtunum sínum á framfæri, til stjórnenda innan heilbrigðisþjónustunnar, til landlæknisembættis og til sérstakrar úrskurðarnefndar. Kvartanir sem þar um ræðir snerta fyrst og fremst meint læknamistök. U.þ.b. 400 kvartanir berast til landlæknis á ári og reynist þriðjungur þeirra staðfesta rétt sjúklinga. Oft hafa komið fram hugmyndir um stofnun embættis umboðsmanns sjúklinga. Víst er það hugmynd sem vert er að skoða í þessu sambandi. Hér er þó lagt til umfangsmeira eftirlit sem lyti að sjúklingum og starfsfólki, skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og frumkvæði eftirlitsaðilans.

Eðlilega mun slík starfsemi hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð en hér eru miklir hagsmunir í húfi og ekki ólíklegt að hún geti þegar til lengri tíma er litið haft sparnað í för með sér þótt það verði ekki hlutverk starfseminnar að hafa eftirlit með útgjöldum í heilbrigðisþjónustu.

Lagt er til að nefndina skipi m.a. fulltrúar frá félögum sjúklinga og heilbrigðisstétta, frá heilbrigðisráðuneyti, landlækni og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

747. Tillaga til þingsályktunar [466. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Árni Steinar Jóhannsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er hafi það hlutverk að kanna þróun, stöðu og æskilega framtíðarhlutdeild strandsiglinga í vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Nefndin skal standa fyrir úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land séu öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og öðru sem máli skiptir. Strandsiglinganefnd skal, fyrir 1. október 2002, skila niðurstöðum sínum til Alþingis, ásamt tillögum um leiðir til að efla strandsiglingar eftir því sem niðurstöður nefndarinnar gefa tilefni til. Markmiðið sé að strandsiglingar verði raunhæfar og samkeppnisfærar borið saman við landflutninga, sérstaklega með tilliti til þungaflutninga.

Greinargerð.

Fullyrða má að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur hér á landi. Þróunin í þessum málum hefur verið á þann veg að dregið hefur úr þessum

flutningum ár frá ári og er nú svo komið að einungis eitt skip stundar reglulegar siglingar meðfram ströndum landsins.

Þessi þróun hefur átt sér stað á sama tíma og menn hafa almennt verið sammála um margvíslega kosti sjóflutninga umfram landflutninga, svo sem minni mengun og minna slit á vegum. Þá hafa öryggismálin verið mjög til umræðu en því fer fjarri að vegakerfi landsins beri hina miklu þungaflutninga þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Lýtur þetta bæði að ökumönnum og farmi flutningabílanna, sem og öryggi annarra vegfarenda. Það er álit flutningsmanna þessarar tillögu að verulega hafi skort á stefnumótun af hálfu stjórnvalda í þessum efnum.

Umhverfisþættir.

Í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum frá maí 2001 segir starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar eftirfarandi um strandsiglingar (bls. 25–26):

„Í samanburði við flutninga á vegum eru flutningar á sjó taldir vænlegri kostur með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Hér skiptir þó nýtingin mestu máli. Eðli skipaflutninga veldur því að miklu magni er safnað saman til flutninga í stórum flutningaeiningum. Þetta er einnig helsti veikleiki sjóflutninga því þeir eru mun seinvirkari en flutningar á vegum.

Árið 1990 komu um 7% losunar gróðurhúsalofttegunda frá innanlandssamgöngum frá strandsiglingum. Miðað við heildarlosun af völdum brennslu jarðefnaeldsneytis var hér um tæplega 3% að ræða. Í dag hefur mjög dregið úr losun frá þessum flutningum þar sem nú sinnir einungis eitt skip strandsiglingum og annað olíuflutningum við Ísland en flutningar sem áður voru á sjó hafa færst yfir á vegi. Fátt bendir til þess að þetta breytist á næstunni við óbreytt kostnaðarhlutföll. Ýmsir hafa haldið því fram að minnka mætti verulega útstreymi CO_2 með því að snúa þessari þróun við. Það kann að vera rétt og er ástæða til að fjalla um það sérstaklega en umfang þessarar skýrslu leyfir það ekki.“

Í annarri ódagsettri skýrslu starfshóps á vegum samgönguráðherra um útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum er gerður samanburður á losun gróðurhúsalofttegunda eftir flutningsmátum, en þar kemur eftirfarandi fram (bls. 5–7):

„I. Vöruflutningar:

Verulegur munur er á losun gróðurhúsalofttegunda eftir flutningsmátum. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um hver sá munur getur verið.

Samanburður á losun koltvísýrings frá flutningabílum og skipum á leiðunum Reykjavík–Akureyri og Reykjavík–Ísafjörður leiðir eftirfarandi í ljós.

Mynd 1 sýnir losun CO_2 í kg á hvert flutt tonn á leiðinni Reykjavík–Akureyri eftir flutningsmáta.



Mynd 2 sýnir losun CO_2 í kg á hvert flutt tonn á leiðinni Reykjavík–Ísafjörður eftir flutningsmáta.



Myndirnar sýna reiknuð dæmi um flutninga vöruflutningabíls og vöruflutningaskips. Miðað var við áætlun um bæði eyðslu og flutninga. Í báðum tilfellum er stór hluti eldsneytisnotkunar óháður flutningsmagni. Meiri hagkvæmni skips byggist því á að það flytur mun meira auk þess sem sjóleiðin milli Ísafjarðar og Reykjavíkur er styttri en landleiðin.

Miklu munar á koltvísýringslosun eftir flutningsmátum. Um helmingsmunur losunar er á leiðinni Reykjavík–Akureyri og Hvalfjarðargöng munu ekki breyta samanburðinum svo neinu nemi. Munurinn er margfaldur á leiðinni Reykjavík–Ísafjörður.“

Annar umhverfislegur en jafnframt fjárhagslegur þáttur felst í sliti á vegum landsins. Vitað er að þungaflutningabifreiðar slíta vegum margfalt á við fólksbifreiðar. Þetta hefur í för

með sér ómælda mengun fyrir umhverfið auk þess sem það skapar mikinn umframkostnað vegna viðhalds vega.

Margvísleg byggðaáhrif.

Fram hjá því verður ekki horft að fjölmörg byggðarlög búa nú við erfiðari aðstæður hvað samgöngur snertir en meðan reglubundnar strandsiglingar með samræmdri gjaldskrá voru við lýði. Einkum hefur þróunin orðið sú að flutningskostnaður þungavöru til og frá þeim byggðarlögum sem fjærst liggja helstu innflutnings- og útflutningshöfnum hefur hækkað og þjónusta og áreiðanleiki er misjafnari en áður var eftir ástandi vegakerfisins, vegalengdum og öðrum aðstæðum. Svo rammt kveður að þessu að nú er beinlínis flúið með framleiðslustarfsemi af landsbyggðinni til suðvesturhornsins, eingöngu vegna stóraukins flutningskostnaðar að sögn forráðamanna. Gæði, öryggi og verðlagning flutningaþjónustu eru því allt þættir sem líta verður til þegar byggðaáhrif mismunandi flutningsaðferða eru metin.

Samkeppnisstaða sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Í fréttabréfi Siglingastofnunar, *Til sjávar* (4. tbl. 5 árg. nóvember 2001), segir frá ályktun sem samþykkt var á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga 5. og 6. október 2001. Þar segir (bls. 8):

„Á fundinum var lýst ánægju með vinnu að samræmdri samgönguáætlun. Um leið minntu fundarmenn á mikilvægi hafna í samgöngukerfi landsmanna og að sjóflutningar væru að hluta til vannýttir sem samgöngukostur. Í því sambandi var bent á þá staðreynd að fiskihafnir landsins væru mikilvæg uppspretta samgangna á landi og sjó vegna þeirra afurða sem þar koma á land.

Þá væru sjóflutningar þjóðhagslega hagkvæmir til lengri tíma litið vegna góðrar orkunýtingar á hvern tonn/km. Að auki væru þeir umhverfisvænir og öruggari flutningsmáti en landflutningar.

Fulltrúar á ársfundinum skoruðu á stjórnvöld að láta fara fram endurskoðun á Flutningsjöfnunarsjóði og töldu óþolandi að landflutningar væru styrktir umfram sjóflutninga úr þeim sjóði. Var einkum bent á flutninga á olíu og sementi í því sambandi.

Þá skoruðu fundarmenn á samgönguráðherra að hafa vinnu Hagfræðistofnunar um samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum að leiðarljósi í vinnu að samræmdri samgönguáætlun."

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir framangreind sjónarmið. Gert er ráð fyrir að strandsiglinganefndin skili tillögum sínum fyrir 1. október 2002 en ráðherra hefur boðað framlagningu þingsályktunartillögu um samræmda samgönguáætlun á haustþingi 2002. Nái nefndin að ljúka störfum fyrir tilsettan tíma getur þingið og ráðherra nýtt sér tillögur hennar við afgreiðslu þingsályktunartillögu um samræmda samgönguáætlun.

748. Frumvarp til laga [39. mál]

um áhugamannahnefaleika.

(Eftir 2. umr., 5. febr.)

1. gr.

Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

2. gr.

Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

3. gr.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

749. Fyrirspurn [467. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

Frá Ástu Möller.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að gerður verði samningur við sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sbr. ákvæði 36. og 39. gr. laga um almannatryggingar um samninga við sérfræðinga, sbr. einnig nefndarálit heilbrigðis- og trygginganefndar á þskj. 511 (169. mál) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um almannatryggingar þar sem nefndin áréttar þann skilning sinn á túlkun laganna að þar sé ekki einungis átt við sérfræðilækna?

750. Fyrirspurn [468. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um starfsemi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara.

Frá Ástu Möller.

Hver er stefna ráðherra varðandi starfsemi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins?

751. Fyrirspurn [469. mál]

til utanríkisráðherra um varnarsamninginn við Bandaríkin.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hvað líður samningaviðræðum við bandarísk stjórnvöld vegnar bókunarinnar við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna?

752. Fyrirspurn [470. mál]

til utanríkisráðherra um stefnumótun í öryggis- og varnarmálum.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir þverpólitískri vinnu um langtímastefnumótun í öryggis- og varnarmálum Íslands?

753. Fyrirspurn [471. mál]

til iðnaðarráðherra um álver á Reyðarfirði.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hefur ríkisstjórnin undirbúið aðra valkosti varðandi fjárfesta sem stuðlað gætu að því að álver rísi á Reyðarfirði ef samningaviðræður við Norsk Hydro um byggingu álvers verða árangurslausar?

754. Fyrirspurn [472. mál]

til utanríkisráðherra um réttarstöðu Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er núverandi réttarstaða Byrgisins í Rockville á Miðnesheiði?
2. Hvernig mun réttarstaða Byrgisins í Rockville breytast þegar Rockville verður afhent utanríkisráðuneytinu og hvenær verður það?
3. Hver ber ábyrgð á skuldbindingum sem gerðar hafa verið af hálfu Byrgisins vegna bygginga í Rockville?
4. Hefur verið rætt við Sandgerðisbæ um framtíðarstarfsemi Byrgisins í Rockville í Sandgerðisbæ?

755. Fyrirspurn [473. mál]

til utanríkisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

756. Fyrirspurn [474. mál]

til fjármálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

757. Fyrirspurn [475. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

758. Fyrirspurn [476. mál]

til félagsmálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

759. Fyrirspurn [477. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

760. Fyrirspurn [478. mál]

til umhverfisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

761. Fyrirspurn [479. mál]

til sjávarútvegsráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

762. Fyrirspurn [480. mál]

til landbúnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

763. Fyrirspurn [481. mál]

til menntamálaráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

764. Fyrirspurn [482. mál]

til samgönguráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Skriflegt svar óskast.

765. Svar [422. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur um framlög til þróunarmála.

1. *Hver voru framlög íslenska ríkisins til þróunarmála, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF), á árunum 1997–2001?*

Framlög íslenska ríkisins til þróunarmála sem hlutfall af VÞF á árunum 1997–2001[1] voru eftirfarandi:

Ár	Millj. kr.	% af VÞF
1997	509,6	0,10
1998	505,9	0,09
1999	566,3	0,09
2000	647,8	0,10
2001	889,2	0,12

2. *Hver voru framlög íslenska ríkisins til tvíhliða þróunarverkefna á vegum Þróunarsamvinnustofnunar, sem hlutfall af VÞF, fyrir hvert þessara ára?*

Umsvif Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafa vaxið umtalsvert í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að þrefalda fjárveitingar til stofnunarinnar á árabilinu 1998–2003. Framlögin fyrir umrætt tímabil voru eftirfarandi:

Ár	Millj. kr.	% af VÞF
1997	172,0	0,03
1998	177,0	0,03
1999	228,4	0,04
2000	298,6	0,04
2001	459,5	0,06

[1] Allar tölur fyrir árið 2001 eru samkvæmt fjárlögum þar sem enn hefur ekki farið fram lokauppgjör á ríkisreikningi. Aðrar tölur eru samkvæmt ríkisreikningi.

Fyrir utan tvíhliða framlag í gegnum Þróunarsamvinnustofnun veitti íslenska ríkið tvíhliða aðstoð til Palestínu á árunum 1997 og 1998 og Bosníu og Hersegovínu árin 1997–2001. Samtals námu framlögin 141 millj. kr.

3. *Hver voru framlög íslenska ríkisins til marghliða þróunarverkefna, sem hlutfall af VÞF, fyrir hvert þessara ára?*

Framlög íslenska ríkisins til marghliða þróunarverkefna á umræddu tímabili voru eftirfarandi:

Ár	Millj. kr.	% af VÞF
1997	276,0	0,05
1998	299,2	0,05
1999	306,2	0,05
2000	332,9	0,05
2001	428,0	0,06

766. Svar [367. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Stefaníu Óskarsdóttur um kyn- og tekjudreifingu framteljenda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptast þeir sem töldu fram til skatts fyrir árið 2000 á tekjubil (með 50 þús. kr. bili), frá 0 upp í 1 millj. kr. og yfir 1 millj. kr. þegar með eru taldar atvinnutekjur, fjármagnstekjur og bætur almannatrygginga og hvernig er skiptingin milli kynja í hverju tekjubili?

Meðfylgjandi töflur sem unnar hafa verið af Þjóðhagsstofnun sýna dreifingu heildartekna þeirra sem töldu fram til skatts fyrir tekjuárið 2000. Tafla 1 sýnir heildartekjur allra framteljanda, alls 198.238, en tafla 2 sýnir heildartekjur framteljenda á aldrinum 26–65 ára, samtals 126.979 framteljendur. Ástæðan fyrir því að þessi aldurshópur er valinn er að hann er talinn endurspegla þá sem eru á vinnumarkaði. Í báðum töflunum er greint á milli karla og kvenna.

Samkvæmt töflu 1 voru meðaltekjur framteljenda alls 172,8 þús. kr. á mánuði. Þar af voru tekjur karla 216,7 þús. kr. á mánuði og tekjur kvenna 130,2 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Mikilvægt er að taka fram að í þessum tölum er ekki tekið tillit til breytilegs vinnuframlags, t.d. vegna hlutastarfa, sem getur að hluta skýrt mismunandi tekjur kynja og einstakra tekjuhópa.

Í þessum töflum eru heildartekjur skilgreindar sem atvinnutekjur, fjármagnstekjur og aðrar tekjur. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða er fjármagnstekjum skipt jafnt á milli þeirra. Nánari skilgreiningar á einstökum hugtökum er að finna í töflu 3 um tekjuskilgreiningar. Þeir sem eru tekjulausir, með áætlaða eða handreiknaða álagningu eru ekki taldir með í töflum 1 og 2.

Tafla 1. Heildartekjur 16 ára og eldri árið 2000[1] (þús. kr.).

	Karlar		Konur		Alls	
Tekjubil	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**
0–50	7.571	29,0	15.247	28,7	22.818	28,8
50–100	17.239	76,0	32.092	76,0	49.331	76,0
100-150	15.316	123,9	24.106	122,1	39.422	122,8
150–200	13.969	174,8	13.159	172,7	27.128	173,8
200–250	12.452	224,1	7.374	222,5	19.826	223,5
250–300	9.721	273,5	3.600	272,2	13.321	273,2
300–350	6.763	323,1	1.979	322,1	8.742	322,8
350–400	4.455	373,5	1.096	372,8	5.551	373,4
400–450	3.022	423,1	596	422,5	3.618	423,0
450–500	2.000	473,5	403	473,0	2.403	473,5
500–550	1.322	523,3	242	523,6	1.564	523,3
550–600	920	573,9	150	574,1	1.070	574,0
600–650	673	624,2	121	623,8	794	624,1
650–700	452	674,0	61	673,2	513	673,9
700–750	356	725,4	71	722,7	427	725,0
750–800	289	772,7	34	777,5	323	773,2
800–850	208	824,9	30	825,0	238	824,9
850–900	170	873,1	31	878,3	201	873,9
900–950	126	922,8	19	918,2	145	922,2
950–1.000	86	977,2	19	974,4	105	976,7
1.000 >	519	1.567,4	179	2.270,5	698	1.747,7
Samtals	97.629	216,7	100.609	130,2	198.238	172,8

Tafla 2. Heildartekjur 26–65 ára 2000[2] (þús. kr.).

	Karlar		Konur		Alls	
Tekjubil	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**
0–50	1.906	25,8	6.591	26,0	8.497	26,0
50–100	6.294	76,6	15.675	77,2	21.969	77,0
100–150	7.349	125,7	15.927	123,4	23.276	124,1
150–200	9.573	175,9	10.909	173,2	20.482	174,4
200–250	10.053	224,6	6.685	222,6	16.738	223,8
250–300	8.589	273,8	3.320	272,1	11.909	273,3
300–350	6.150	323,1	1.811	322,2	7.961	322,9
350–400	4.070	373,6	1.021	372,9	5.091	373,5
400–450	2.793	423,2	545	422,5	3.338	423,1
450–500	1.862	473,7	366	472,6	2.228	473,5
500–550	1.213	523,3	216	523,4	1.429	523,3

[1] Tekjur ársins 2000 samkvæmt skattframtali 2001.
[2] Tekjur ársins 2000 samkvæmt skattframtali 2001.

	Karlar		Konur		Alls	
Tekjubil	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**	**Fjöldi**	**Meðaltekjur**
550–600	859	573,9	127	573,9	986	573,9
600–650	618	624,3	104	623,5	722	624,2
650–700	412	673,9	50	672,9	462	673,8
700–750	331	725,4	62	722,9	393	725,0
750–800	275	772,6	30	776,7	305	773,0
800–850	180	825,0	24	827,7	204	825,3
850–900	159	873,2	25	878,5	184	873,9
900–950	118	922,0	18	918,1	136	921,5
950–1.000	78	978,0	17	976,1	95	977,7
1.000 >	444	1.576,4	130	2.246,4	574	1.728,1
Samtals	63.326	264,3	63.653	152,6	126.979	208,3

Tafla 3. Tekjuskilgreiningar.

Heildartekjur.
Atvinnutekjur + Fjármagnstekjur + Aðrar tekjur.

Atvinnutekjur.
Launatekjur [21] + Ökutækjastyrkur [22] + Dagpeningar [23] + Reiknað endurgjald vegna atvinnureksturs [24] + Tekjur erlendis [319] – Kostnaður á móti ökutækjastyrk [32] – Frádráttur vegna dagpeninga [33].

Fjármagnstekjur.
Vextir og verðbætur af bankainnistæðum [12] + Vextir og verðbætur af útistandandi skuldum [14] + Arður af hlutabréfum [307] + Tekjur af útleigu eigna (ótengd atvinnurekstri) [521] + Hreinar tekjur af atvinnurekstri [62] + Annar söluhagnaður [522] + Vextir af eignarskattsfrjálsum verðbréfum [36] + Hagnaður af sölu hlutabréfa [164] + Vextir af innistæðum í erlendum bönkum [322] + Arður af hlutabréf í erlendum hlutafélögum [324].

Aðrar tekjur.
Greiðslur frá tryggingarstofnun [40] + Greiðslur úr Lífeyrissjóði [43] + Skattfrjálsir vinningar í happadrættum o.þ.h. [597] + Aðrar greiðslur úr tölul. 2.3 + Atvinnuleysisbætur [163] + Náms- og rannsóknarstyrkir [131] – Frádráttur frá náms- og rannsóknarstyrkjum [149] + Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð o.þ.h. [197] – Frádráttur frá öðrum styrkjum [157].

Skýringar.
Tölur innan hornklofa vísa til númer reits á skattframtali. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða er fjármagnstekjum skipt jafnt á milli þeirra.

767. Skýrsla [483. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2001.

1. Inngangur.

Miklar breytingar á norrænu samstarfi einkenndu starfsárið 2001. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs, stefnumótunarhópurinn, vann tillögur um nýtt skipulag Norðurlandaráðs og voru þær samþykktar á 53. þingi ráðsins sem haldið var í Kaupmannahöfn dagana 29.–31. október. Í stystu máli sagt fólust breytingarnar í uppstokkun á nefndaskipulagi Norðurlandaráðs þar sem horfið var frá þremur svæðisnefndum og þess í stað tekið upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar.

Forsaga breytinganna er að á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 var norrænu samstarfi beint að þremur meginsviðum: samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda og Evrópu (ESB/EES), og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra. Stofnaðar voru þrjár stórar nefndir um þessi meginsvið, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og nærsvæðanefnd. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs var stækkuð og auk þess stofnuð sérstök eftirlitsnefnd. Ákveðið var að halda eitt árlegt þing að hausti í stað tveggja áður, auk þemaráðstefnu um afmörkuð mál sem snerta meginviðfangsefni norrænnar samvinnu. Enn fremur var samþykkt að formennska og embættistími miðaðist við almanaksár. Vaxandi áhersla var lögð á flokkahópa og hafa þeir hlotið aukið vægi í frumkvæði, undirbúningi og meðferð mála í ráðinu. Sjá flokkahóparnir t.d. um tilnefningar í nefndir þegar kosið er í þær á Norðurlandaráðsþingum. Nefndaskipulagið frá 1995 þótti reynast sérlega vel í sambandi við samstarf við grannsvæði Norðurlanda í Eystrasaltslöndunum og norðvesturhluta Rússlands en var síður árangursríkt varðandi Evrópusamstarfið. Megingagnrýnin á skipulagið frá 1995 var hins vegar að án málefnanefnda næðist ekki æskileg samræming við fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar eða nefndir hinna norrænu þjóðþinga og alþjóðastofnana.

Árið 1999 setti Norræna ráðherranefndin á fót sérstaka nefnd vísra manna, hina svokölluðu aldamótanefnd, undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Norræna fjárfestingarbankans og fyrrverandi ráðherra, til að fara ofan í saumana á skipulagi norræns samstarfs og framtíðarsýn þess. Skýrsla nefndarinnar, „Norðurlönd 2000 – Umleikin vindum veraldar“, var lögð fram í nóvember árið 2000 og tekin til umræðu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Á grundvelli skýrslunnar unnu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin árið 2001 að mótun nýrrar stefnu um framtíðardagskrá og fyrirkomulag norræns samstarfs. Niðurstöðurnar voru birtar í sameiginlegri skýrslu þessara aðila, „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar“, sem lögð var fyrir 53. þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í lok október.

Auk sameiginlegu skýrslunnar „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar“ lagði stefnumótunarhópurinn fram forsætisnefndartillögu um breytingar á vinnutilhögun Norðurlandaráðs sem samþykkt var á þinginu. Breytingarnar kváðu m.a. á um fyrrnefnda uppstokkun á nefndaskipulagi ráðsins (sjá nánar umfjöllun 3.1.1. Stefnumótunarhópurinn).

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Í upphafi árs skipuðu Íslandsdeildina þau Ísólfur Gylfi Pálmason formaður, Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður, Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson og Steingrímur J. Sigfússon. Varamenn voru Árni Johnsen, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir,

Ásta Möller og Þuríður Backman. Þegar Sighvatur Björgvinsson lét af þingmennsku 13. febrúar tók Rannveig Guðmundsdóttir sæti hans í Norðurlandaráði og varð Guðrún Ögmundsdóttir nýr varamaður. Hinn 1. október 2001 voru þingmennirnir endurkjörnir til setu í Norðurlandaráði, þó með þeirri breytingu að Drífa Hjartardóttir var kjörin aðalmaður í stað Hjálmars Jónssonar sem skömmu áður hvarf af þingi. Í laus varamannasæti Drífu Hjartardóttur og Árna Johnsen voru valin þau Kjartan Ólafsson og Katrín Fjeldsted. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 8. október var Ísólfur Gylfi Pálmason endurkjörinn formaður og Sigríður Jóhannesdóttir varaformaður.

Á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 6.–8. nóvember 2000 var Sighvatur Björgvinsson kjörinn til setu í forsætisnefnd, Sigríður A. Þórðardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason í Norðurlandanefnd en Sigríður A. Þórðardóttir var jafnframt kjörin varaformaður nefndarinnar. Hjálmar Jónsson var kjörinn í nærsvæðanefnd og kjörnefnd, Arnbjörg Sveinsdóttir í Evrópunefnd og eftirlitsnefnd, og Steingrímur J. Sigfússon í Evrópunefnd. Þessi nefndaskipan hélst út starfsárið 2001 nema Rannveig Guðmundsdóttir tók sæti Sighvats Björgvinssonar í forsætisnefnd, Drífa Hjartardóttir tók við af Hjálmari Jónssyni í nærsvæðanefnd og Sigríður A. Þórðardóttir tók sæti Hjálmars í kjörnefnd.

Auk nefndarsetu sátu meðlimir Íslandsdeildar í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs, auk þess sem þeir sátu í stjórnum stofnana og ráða tilnefndir af Norðurlandaráði. Sigríður A. Þórðardóttir sat í stefnumótunarhópnum sem mótaði tillögur um framtíð norræns samstarfs og nýtt skipulag Norðurlandaráðs. Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópi um friðargæslu og aðgerðir til að koma í veg fyrir átök en Rannveig Guðmundsdóttir tók síðar sæti hans. Steingrímur J. Sigfússon sat í vinnuhópi um byggðastefnu Evrópusambandsins á vegum Evrópunefndar og Arnbjörg Sveinsdóttir var í vinnuhópi um matvælaöryggi. Steingrímur J. Sigfússon gegndi stöðu áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál og sat í stjórn Norræna ráðsins um málefni fatlaðra. Ísólfur Gylfi Pálmason átti sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og Rannveig Guðmundsdóttir í stjórn Norræna menningarsjóðsins.

2.2. Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs

Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar tíu sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá. Skipulagsbreytingarnar á Norðurlandaráði voru ofarlega á baugi og áhrif þeirra á starfsemi ráðsins annars vegar og Íslandsdeildina hins vegar. Var meðlimum Íslandsdeildar umhugað um að tryggja þátttöku í sem flestum af hinum nýju nefndum ráðsins. Málefni sjálfbærrar þróunar voru á dagskrá svo og gagnkvæm upplýsingaskipti meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs. Einnig hófst undirbúningur að þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði sem fram fer í Reykjavík dagana 14.–16. apríl 2002.

Íslandsdeildin hélt tvo fundi með Siv Friðleifsdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda. Fyrri fundurinn var í lok febrúar til undirbúnings fyrir þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um sjálfbæra þróun í Ósló 2.–3. apríl. Með ráðherra á fundinum voru Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins, og Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Kynntu þau sjálfbæra umhverfisstefnu og gerðu grein fyrir stefnu og aðgerðum Norrænu ráðherranefndarinnar í því sambandi. Síðari fundurinn fór fram í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í október í aðdraganda 53. þings Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í lok sama mánaðar. Á fundinum var skipst á skoðunum og upplýsingum um framtíð norrænnar samvinnu. Ráðherra skýrði frá áherslum ráðherranefndarinnar í nor-

rænu samstarfi eins og þær koma fyrir í sameiginlegri skýrslu nefndarinnar og Norðurlandaráðs, „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar". Þar tilgreinir ráðherranefndin fimm lykilsvið sem hafa sérstaka þýðingu fyrir þróunina á Norðurlöndum, en þau eru: tækniþróun, velferðarkerfi, innri markaður á Norðurlöndum, samstarf við nærsvæði, og umhverfismál og sjálfbær þróun. Þá greindi ráðherra frá helstu framkvæmdaáætlunum ráðherranefndarinnar. Íslandsdeild gerði ráðherra grein fyrir fyrirhuguðum skipulagsbreytingum Norðurlandaráðs og helstu áhrifum þeirra á starfsemi ráðsins. Einnig skýrði Íslandsdeild ráðherra frá helstu málum á fyrirhuguðu Norðurlandaráðsþingi og frá væntanlegri þemaráðstefnu Norðurlandaráðs um lýðræði.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda þingmenn á ýmsar alþjóðaráðstefnur fyrir hönd ráðsins á starfsárinu 2001. Sóttu íslenskir þingmenn þær ráðstefnur sem meðlimir sérstakra sendinefnda Norðurlandaráðs. Á meðal þeirra ráðstefna sem þingmenn Íslandsdeildar sóttu má nefna Eystrasaltsþingið í Tallinn, Eystrasaltsráðstefnuna í Greifswald, ráðstefnu um loftslagsbreytingar í Brussel, 2. ráðstefnu um konur og lýðræði í Vilníus og Norræna daga í Berlín.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar 25. júní 2001 en samanlagt var styrkupphæðin sem kom í hlut Íslendinga 90 þúsund danskar krónur. Eftir að umsóknarfrestur rann út höfðu einungis tvær umsóknir borist og var því brugðið á það ráð að framlengja umsóknarfrestinn og senda ítrekanir um hann til helstu fjölmiðla. Fimm umsóknir bárust til viðbótar. Eftirfarandi fréttamenn hlutu styrki: Sigríður Hagalín Björnsdóttir hlaut 26.000 dkr., Hjálmar Jónsson og Björn Ingi Hrafnsson 21.000 dkr. hvor, og Óðinn Jónsson og Haukur Holm 11.000 dkr. hvor.

Í byrjun maí tók Stígur Stefánsson við starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs af Einari Farestveit. Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs, hafði þó yfirumsjón með rekstri Íslandsdeildar og sinnti málefnum forsætisnefndar.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1. Forsætisnefnd.

Af hálfu Íslandsdeildar sat Sighvatur Björgvinsson í forsætisnefnd þar til hann lét af þingmennsku í febrúar en þá tók Rannveig Guðmundsdóttir sæti hans. Í upphafi árs 2001 tók Sven Erik Hovmand við embætti forseta Norðurlandaráðs af Sigríði A. Þórðardóttur. Gegndi Hovmand embættinu til loka nóvember þegar hann tók við ráðherradómi í nýrri danskri ríkisstjórn. Forsætisnefnd skipaði Outi Ojala starfandi forseta Norðurlandaráðs út árið eða þar til eiginlegt kjörtímabil hennar í embætti forseta hófst 1. janúar 2002.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir Norðurlandanna og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Hlutverk forsætisnefndar er að hafa yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs og milli þinga en hún hefur einnig með höndum erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um norrænu fjárlögin. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar tók þá fjárlagavinnu sérstaklega að sér árið 2001, líkt og áður hafði verið gert. Forsætisnefnd fjallar einnig um þær tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd hélt sjö fundi á árinu en auk þess fóru fram sameiginlegir fundir forsætisnefndar og ýmissa aðila. Af helstu málum sem forsætisnefnd fjallaði um, fyrir utan hefðbundin störf, má nefna framtíð norrænnar samvinnu. Forsætisnefnd fjallaði um skýrslu aldamótanefndar „Norðurlönd 2000 – Umleikin vindum veraldar", sem var lögð fram í nóvember

árið 2000 og tekin til umræðu á 52. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík. Í skýrslunni beindist sérstök athygli að skipulagi Norðurlandaráðs og þýðingu þess fyrir starfsemi og pólitíska forgangsröðun ráðsins. Á grundvelli skýrslu aldamótanefndarinnar ákváðu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin að móta nýja stefnu um framtíðardagskrá og fyrirkomulag norræns samstarfs árið 2001. Á síðasta fundi forsætisnefndar árið 2000 var ákveðið að koma á fót sérstökum vinnuhópi, stefnumótunarhópnum, til að vinna tillögur að nýju skipulagi Norðurlandaráðs ásamt greinargerð sem yrði framlag ráðsins til sameiginlegrar skýrslu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisnefnd fundaði um framtíðarskipan Norðurlandaráðs með embættisnefnd ráðherranefndarinnar í lok janúar 2001 og skömmu síðar hóf stefnumótunarhópurinn störf. Umfjöllun um störf stefnumótunarhópsins er að finna í lið 3.1.1.

Af öðrum málum forsætisnefndar má nefna friðargæslu og málefni hinnar norrænu víddar en sinn hvor vinnuhópurinn var skipaður til að fjalla um þau mál. Vinnuhópur um aðgerðir til að fyrirbyggja átök og stjórnun hættuástands (konfliktförebyggande och civil krishantering) var skipaður í nóvember 2000 til að fjalla um þingmannatillögu um skipan þessara mál í Evrópu. Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópnum en síðar tók Rannveig Guðmundsdóttir sæti hans. Skýrsla hópsins var lögð fram á Norðurlandaráðsþingi. Í niðurstöðum skýrslunnar var lögð áhersla á að styrkja þyrfti norrænt samstarf hvað varðar sameiginleg verkefni, þjálfun og uppbyggingu sérþekkingar á sviði friðargæslu. Jafnframt var því beint til ríkisstjórna Norðurlanda að kanna möguleika á því að koma á samnorrænu hraðliði á sviði borgaralegrar friðargæslu.

Vinnuhópur forsætisnefndar um hina norðlægu vídd vann einnig skýrslu sem lögð var fyrir Norðurlandaráðsþing. Hin norðlæga vídd var upphaflega stefna ESB sem tekur til Eystrasaltslandanna og norðvesturhluta Rússlands með það að markmiði að styðja með margþættum aðgerðum lýðræðisþróun, öryggi, stöðugleika og sjálfbæra þróun. Síðan hafa ýmsir samstarfsaðilar, svo sem þjóðríki og alþjóðastofnanir, komið að hinni norðlægu vídd og tekið þátt í aðgerðum tengdum markmiðum hennar. Í niðurstöðum skýrslunnar er m.a. lögð áhersla á að styrkja þingmannasamstarf við svæðið og að Norðurlönd hafi sérstöku hlutverki að gegna vegna sögulegra tengsla og landfræðilegrar nálægðar.

3.1.1. Stefnumótunarhópurinn.

Forsætisnefnd setti á laggirnar stefnumótunarhóp um framtíðarskipulag norræns samstarfs í árslok 2000. Stefnumótunarhópnum var falið að undirbúa umfjöllun forsætisnefndar um skipulag norræns samstarfs og leggja fyrir forsætisnefnd tillögur um væntanlegar breytingar á störfum Norðurlandaráðs, m.a. varðandi skipulag og tengsl við aðildarríkin. Markmið stefnumótunarhópsins var að móta nýtt skipulag Norðurlandaráðs sem væri í betra samræmi við skipulag Norrænu ráðherranefndarinnar og væri skiljanlegt utanaðkomandi aðilum, svo sem öðrum alþjóðlegum stofnunum. Jafnframt var lögð áhersla á að nýtt skipulag tryggði sveigjanleika og möguleika til að fjalla um þverfagleg efni og til að veita sérstökum málum flýtimeðferð.

Sighvatur Björgvinsson sat í vinnuhópnum fyrir hönd flokkahóps jafnaðarmanna en þegar Sighvatur hætti þingmennsku í febrúar 2001 urðu nokkrar breytingar á skipan hópsins. Í kjölfar þeirra tók Sigríður A. Þórðardóttir sæti í hópnum sem fulltrúi flokkahóps hægrimanna.

Í álitsgerð stefnumótunarhópsins með tillögum að breyttu nefndakerfi kemur m.a. fram að svæðisnefndirnar þrjár, Evrópunefnd, Norðurlandanefnd og nærsvæðanefnd, hafi gegnt mikilvægu hlutverki við að gera þrískiptingu norræns samstarfs sýnilega en hinar þrjár stoðir samstarfsins eru samvinna innan Norðurlanda, samvinna Norðurlanda og Evrópu (ESB/ESS)

auk samvinnu Norðurlanda og nærsvæða. Hins vegar hafi skapast vandamál varðandi samstarf við nefndir þjóðþinganna og Norrænu ráðherranefndina. Markmið hins nýja nefndakerfis fimm málefnanefnda og forsætisnefndar er að tryggja betra samspil við Norrænu ráðherranefndina, þjóðþingin og alþjóðastofnanir, segir í álitsgerðinni. Þetta gerist með því að ljóst sé hvar einstök málefnasvið eru vistuð þannig að samskiptin við t.d. nefndir þjóðþinga verði gagnsærri. Þrátt fyrir að vikið sé frá svæðisbundnum nefndum er lögð áhersla á að svæðisbundnu stoðirnar verði áfram þáttur í starfi hinna nýju fagnefnda en þeim ber að fjalla um mál frá sjónarhóli Norðurlanda, Evrópu og nærsvæða.

Í hinu nýja nefndakerfi annast forsætisnefnd viðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni, m.a. fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Aukin áhersla er lögð á utanríkis- og öryggismál í starfi forsætisnefndar, þar á meðal friðargæslu og málefni hinnar norðlægu víddar ESB. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, SÞ o.s.frv.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Velferðarnefnd skal annast málefni sem varða velferðar- og tryggingamál, félagsþjónustu og heilbrigðismál, málefni fatlaðra, bygginga- og húsnæðismál, fjölskyldumál, börn og unglinga, fíkniefni og aðra misnotkun (áfengi o.s.frv.).

Borgara- og neytendanefnd skal annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd annast málefni sem varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Efnahags- og viðskiptanefnd skal annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Tengsl Norðurlandaráðs við aðildarríkin voru mikið til umræðu í stefnumótunarhópnum og var sérstök áhersla lögð á að hinar nýju málefnanefndir Norðurlandaráðs ættu samstarf við hliðstæðar nefndir þjóðþinganna. Tengslin við ríkin byggjast á mörgum þáttum en stefnumótunarhópurinn nefndi eftirfarandi samverkandi þætti: samræmi á milli sérsviðs þingmanna í þjóðþingum og nefndarsetu þeirra í Norðurlandaráði; dagskrá Norðurlandaráðs endurspegli aðkallandi málefni í aðildarríkjunum og ESB; ríkisstjórnir geri þjóðþingunum grein fyrir því hvernig tilmælum Norðurlandaráðs er fylgt eftir; gagnkvæmt upplýsingastreymi á milli ritara landsdeilda og nefndaritara Norðurlandaráðs um störf ráðsins og störf þjóðþinganna.

Stefnumótunarhópurinn fjallaði um hvort Norðurlandaráð skyldi halda eitt eða fleiri þing árlega. Niðurstaðan varð sú að Norðurlandaráð héldi eitt þing árlega en hægt væri að boða til aukaþings ef sérstök ástæða þætti til.

Stefnumótunarhópurinn ræddi ekki um breytingar á flokkahópsfyrirkomulaginu sem komið var á 1995. Áður komu fulltrúar Norðurlandaráðs til funda fyrst og fremst sem fulltrúar sinna landsdeilda en eftir að flokkahópunum var komið á hafa fulltrúarnir í auknum mæli undirbúið sig fyrir fundi í Norðurlandaráði í flokkahópunum. Stefnumótunarhópurinn lýsti yfir ánægju með flokkahópsfyrirkomulagið og telur að aukið vægi flokkahópanna í frumkvæði, undirbúningi og meðferð mála hafi átt þátt í því að gera innra starf Norðurlanda-

ráðs þróttmeira. Eftir sem áður munu flokkahóparnir sjá um tilnefningar við nefndakjör á Norðurlandaráðsþingum.

3.2. Norðurlandanefnd.

Ísland átti þrjá fulltrúa í Norðurlandanefnd á árinu 2001 en það voru Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir sem jafnframt var annar tveggja varaformanna nefndarinnar. Nefndin hélt fimm fundi á árinu. Auk þess hittust vinnuhópur nefndarinnar og formenn nokkrum sinnum.

Málefni Norðurlandanefndar eru fyrst og fremst norræn samstarfsmálefni, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Norðurlandanefnd gerði vinnuáætlun fyrir starfsárið 2001 og ákvað að sérstaklega yrði unnið að eftirfarandi málefnum: byggðastefna á Norðurlöndum, fjölmenning á Norðurlöndum, lífskjör, rannsóknir og tungumálastefna á Norðurlöndum.

Varðandi byggðastefnu var m.a. fjallað um landamærahindranir á Norðurlöndum og aðgerðir til að auka hreyfanleika á milli landanna. Á sviði fjölmenningarsamfélagsins á Norðurlöndum komu fram tillögur um aðlögun útlendinga og baráttu gegn kynþáttahyggju. Að auki var fjallað um flóttamenn og aðstæður þeirra. Sérstakur vinnuhópur um kynþáttahatur og útlendingaandúð vann ítarleg nefndarálit um þessar tillögur. Undir þemanu lífskjör var tekið á ýmsum málum varðandi borgararéttindi og jafnrétti. Tillögur voru m.a. lagðar fram gegn verslun með konur og börn, um aðgerðir gegn nauðungarhjónaböndum og um áætlanir til verndunar vitna í réttarhöldum. Á rannsóknasviðinu var lögð fram tillaga um að gera Norðurlönd að einu rannsóknasvæði.

3.3. Nærsvæðanefnd.

Fulltrúi Íslands í nærsvæðanefndinni var Hjálmar Jónsson og síðar Drífa Hjartardóttir. Hélt nefndin sjö fundi á árinu 2001. Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað nefndin sem fyrr að leggja megináherslu á grannsvæðasamstarf og umhverfismál.

Hvað varðar grannsvæðin voru skilgreindir þrír þættir í starfi nefndarinnar: Lýðræði, umhverfi, heilbrigðismál og barátta gegn glæpastarfsemi í norðvesturhluta Rússlands; lýðræði, ungmennaskipti og barátta gegn glæpastarfsemi í Eystrasaltslöndunum; og áætlunin „Agenda 21" um að minnka mengun á norðurheimskautssvæðinu.

Í umhverfismálum eða málefnum sjálfbærrar þróunar var þemaráðstefna Norðurlandaráðs í apríl efst á baugi. Þemaráðstefnuna má rekja til tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Vann nærsvæðanefnd nefndarálit við tillöguna sem var afgreidd á 6. aukaþingi Norðurlandaráðs í Kungälv. Í orkumálum var rætt hvernig orkugeirinn kæmi inn í áætlunina um sjálfbæra þróun. Hugmyndir um framseljanlega kvóta á losun loftslagseyðandi efna á Eystrasaltssvæðinu voru ræddar og í nefndaráliti nærsvæðanefndar um tillögu ráðherranefndarinnar um áætlun um sjálfbæra þróun var þeim tilmælum beint til ráðherranefndarinnar og ríkisstjórna Norðurlanda að hrinda í framkvæmd verkefni um að prófa Kyoto-kerfið á Eystrasaltssvæðinu, m.a. með því að koma á sameiginlegum norrænum markaði með kvóta fyrir losun koldíoxíðs (CO_2) eigi síðar en 2005.

3.4. Evrópunefnd.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru Arnbjörg Sveinsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Hlutverk Evrópunefndar var að sinna samstarfi Norðurlanda og EES/ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndum, auk þess að

fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Nefndin hélt sex fundi 2001.

Evrópunefndin fór í fræðslu- og fundaferð til Strassborgar í mars. Hélt nefndin fundi með varaforseta Mannréttindadómstóls Evrópu, Elisabet Palm, þar sem rætt var um Réttindaskrá ESB og þau mál sem lágu fyrir dómstólnum. Þá kynnti Evrópunefnd sér starfsemi Rannsóknarmiðstöðvar um Evrópumál (Centre for European Policy Studies) og ræddi stöðuna í samrunaþróun Evrópu eftir Nice-sáttmálann. Enn fremur voru haldnir fundir Evrópunefndar með þingmönnum Evrópuþingsins og loks með umboðsmanni ESB, Jacob Söderman. Á síðastnefnda fundinum var m.a. aðgangur almennings að skjölum ESB til umfjöllunar.

Sumarfundur Evrópunefndar var haldinn í Dyflinni. Nefndin átti m.a. viðræður við Evrópunefnd írska þingsins og fulltrúa írsku ríkisstjórnarinnar um stefnu landsins í Evrópumálum. Einnig voru Iðnþróunarstofnun Írlands og Evrópustofnunin um lífs- og starfsskilyrði heimsóttar. Í viðræðum við forsvarsmenn þessara stofnana voru rædd vinnumarkaðs- og skattamál á Írlandi auk félagslegra afleiðinga sameiginlegs gjaldmiðils Evrópusambandslanda og áhrif stækkunar ESB á vinnumarkaði sambandsins.

3.5. Eftirlitsnefnd.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fulltrúi Íslands í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2001. Nefndin tók tvö málefni til sérstakrar skoðunar á starfsárinu. Í fyrsta lagi kannaði nefndin aðgang erlendra ríkisborgara frá ríkjum utan ESB/EES, sem eru búsettir á Norðurlöndum, að hinum ýmsu stofnunum, verkefnum og styrktarsjóðum á vegum Norðurlandaráðs. Niðurstaða athugunarinnar varð sú að umræddir erlendir ríkisborgarar hafa óskoraðan aðgang að starfsemi á vegum ráðsins ef undan er skilin Nordjobb-áætlunin um sumarvinnu fyrir ungt fólk. Seinna verkefni eftirlitsnefndar var úttekt á norrænum styrkjum til rannsókna sem veittir eru í gegnum fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar. Því verkefni verður lokið 2002.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru þrenn: bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun. Bókmennta- og tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs var úthlutað í tengslum við þemaráðstefnu Norðurlandaráðs sem haldin var í Ósló í apríl. Umhverfisverðlaunin voru hins vegar afhent í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Kaupmannahöfn í lok október.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru veitt fyrir bókmenntaverk á norrænu tungumáli. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 hlaut norska skáldið Jan Kjærstad fyrir skáldsögu sína Oppdageren.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 komu í hlut danska trompetleikarans, hljómsveitarstjórans og tónskáldsins Palle Mikkelborg.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð veitti árlega náttúru- og umhverfisverðlaun. Verðlaunin á að veita einstaklingi sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða hópi fólks, samtökum, fjölmiðlum, fyrirtækjum eða stofnunum sem hafa í störfum sínum tekist að sýna náttúrunni aðdáunarverða tillitssemi. Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2001 voru

afhent á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn og hlaut Sviinn Mats Segenstram verðlaunin fyrir frumkvæði sitt að því að tengja umhverfismál þróunaraðstoð.

Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350 þúsund dönskum krónum.

5. Þemaráðstefna Norðurlandaráðs um sjálfbæra þróun.

Þemaráðstefna Norðurlandaráðs 2001 fór fram í Ósló dagana 2.–3. apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd". Aðdragandi ráðstefnunnar var sá að í janúar 2001 fékk Norðurlandaráð til afgreiðslu tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra. Í áætluninni koma fram markmið og verkefni fyrir tímabilið 2001–2004 auk skilgreindra langtímamarkmiða allt fram til ársins 2020. Norðurlandaráð fjallaði um tillögu ráðherranefndarinnar og liður í þeirri umfjöllun var að efna til þemaráðstefnu um efni hennar. Tilgangur ráðstefnunnar var að þingmenn og ráðherrar gætu átt viðræður um áætlunina og þá framtíðarvinnu sem þarf til að fylgja henni eftir. Enn fremur var fjölda sérfræðinga og annarra gesta boðið til ráðstefnunnar til að ræða málefni sjálfbærrar þróunar.

Norræna áætlunin um sjálfbæra þróun tekur til mála sem skipta má upp í þrjú svið. Í fyrsta lagi þverfagleg viðfangsefni eins og loftslagsbreytingar, líffræðilegan fjölbreytileika, hafið, efni og efnavörur, og matvælaöryggi. Í öðru lagi er lögð áhersla á geira eins og orkumál, samgöngur, landbúnað, atvinnulíf og framleiðsluvörur, fiskveiðar, veiðar á sjávarspendýrum og nýtingu skóga. Í þriðja lagi er um að ræða önnur áherslusvið eins og þróun þekkingargrunns, stjórntækja og hagkvæmrar nýtingar náttúruauðlinda.

Á ráðstefnunni var þeirri spurningu velt upp hvort Norðurlönd væru í fararbroddi á sviði sjálfbærrar þróunar. Þátttakendur voru sammála um að Norðurlöndin væru um margt mjög framarlega í starfi sínu að sjálfbærri þróun en þó mætti betur gera. Ábyrgð á því að framfylgja áætluninni um sjálfbæra þróun liggur hjá ríkisstjórnum einstakra landa en einnig var bent á ábyrgð þingmanna við að fylgjast með framkvæmd hennar. Fram kom hugmynd um að koma á sjálfstæðu eftirlitskerfi til að meta framkvæmd áætlunarinnar.

Loftslags- og orkumál voru í brennidepli á ráðstefnunni. Tillaga um bindandi samstarf um að minnka losun loftslagseyðandi efna hlaut mikinn stuðning, svo og það markmið áætlunarinnar að staðfesta Kyoto-sáttmálann. Rætt var um endurnýtanlega orkugjafa og áhersla var lögð á að endurbæta orkuver á nærsvæðunum. Enn fremur var lagt til að Norðurlöndin störfuðu saman að endurvinnslu og að samnorrænar reglur yrðu settar um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisvá frá kjarnorkuverinu í Sellafield og flutningur á geislavirkum úrgangi um Barentshaf var einnig til umræðu. Margir ráðstefnugesta töldu rétt að Norðurlönd stæðu saman að því að hafa samband við hlutaðeigandi yfirvöld og krefjast úrbóta.

Einnig var fjallað um fiskveiðar og nýtingu auðlinda hafsins. Var nokkuð tekist á í umræðum um nýtingu sjávarspendýra.

6. Þriðji sameiginlegi fundur Norðurlandaráðs og Eystrasaltsþingsins.

Norðurlandaráð og Eystrasaltsþingið héldu þriðja sameiginlega fund sinn dagana 31. maí og 1. júní. Fyrri fundirnir voru haldnir í Vilníus 1996 og í Helsinki 1999. Að þessu sinni fór fundurinn fram í Ríga.

Fyrsta umræðuefni fundarins var stækkun ESB til austurs. Meðal framsögumanna í umræðunum var Indulis Berzins, utanríkisráðherra Lettlands. Hann gerði grein fyrir stöðunni í aðildarviðræðum Lettlands við ESB og sagði kapp lagt á að ljúka þeim á árinu 2002. Enn fremur gerði Berzins hlutverk Norðurlanda innan ESB að umræðuefni og lagði áherslu á hversu hjálplegir Svíar hefðu reynst er þeir fóru með formennsku ESB fyrri hluta árs 2001.

Batt Berzins vonir við að formennska Dana á síðari árshelmingi 2002 mundi ekki síður reynast Eystrasaltsþjóðunum vel í aðildarviðræðunum við ESB.

Annað umræðuefni fundarins var svæðisbundin samvinna. Meðal framsögumanna voru Aigars Kalvitis, efnahagsmálaráðherra Lettlands, og Mihkel Parnoja, efnahagsmálaráðherra Eistlands. Kalvitis ræddi um hagþróun Eystrasaltslandanna og skýrði frá því að þau væru eitt af þeim svæðum heims sem búið hefðu við hvað mestan hagvöxt undanfarin ár. Hann ræddi enn fremur nauðsyn smárra ríkja á því að eiga greiðan aðgang að erlendum mörkuðum, efnahagsástandið í Lettlandi og nauðsyn átaks í þekkingariðnaði og tölvuvæðingu. Parnoja gerði utanríkisverslun Eystrasaltsríkjanna að umræðuefni og ræddi viðskipti ríkjanna við Norðurlönd. Að auki skýrði hann frá aukinni norrænni fjárfestingu á Eystrasaltssvæðinu. Karl Johan Krokfors, yfirmaður Norðurlandaskrifstofu finnska utanríkisráðuneytisins, ræddi um gildi norrænnar samvinnu innan ESB þar sem Svíþjóð, Finnland og Danmörk samræmdu stefnu sína í auknum mæli. Hann taldi að hagsmunir Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda innan ESB færu saman og því væri grundvöllur fyrir samræmingu og samstarfi innan ESB eftir að Eystrasaltsríkin væru komin inn.

Þriðja umræðuefni fundarins var þátttaka þingmanna í málefnum hinnar norðlægu víddar ESB. Kent Olsson, formaður vinnuhóps Norðurlandaráðs um norðlægu víddina, og Vytautas Landsbergis, varaformaður utanríkis- og öryggismálanefndar Eystrasaltsþingsins, höfðu framsögu. Olsson tíundaði helstu markmið hinnar norðlægu víddar, svo sem að ýta undir frelsi, lýðræði, öryggi, stöðugleika og sjálfbæra þróun. Hann ræddi helstu svið sem Norðurlandaráð leggur áherslu á innan norðlægu víddarinnar, svo sem kjarnorkuöryggi, umhverfis- og félagsmál, hagþróun, uppbyggingu innviða hagkerfis, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi þvert á landamæri og stuðning við lýðræðisþróun. Landsbergis ræddi stöðu Kaliningrad í sínu erindi.

Umræður um drög að lokayfirlýsingu fundarins voru líflegar og stóð nokkur styr um orðalag þar sem áhersla var lögð á mikilvægi stækkunar ESB og NATO til að tryggja stöðugleika, frelsi, frið og velferð í Evrópu. Steingrímur J. Sigfússon tók m.a. til máls og sagðist ekki vera andsnúinn aðild Eystrasaltsríkjanna að ESB ef lýðræðislegur meiri hluti væri fyrir því hjá íbúum ríkjanna. Hins vegar teldi hann stækkun NATO slæma hugmynd og að hún mundi auka spennu á svæðinu. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að meginmálið væri að fundurinn veitti Eystrasaltsríkjunum þann stuðning sem þau bæðu um. Í því sambandi ætti ekki að skipta máli að sumar Norðurlandaþjóðir stæðu utan ESB og aðrar utan NATO. Ef Eystrasaltsríkin bæðu um þetta orðalag í lokayfirlýsingu væri rétt að koma til móts við þá ósk. Lokayfirlýsingin var samþykkt óbreytt, en nokkrir þingmenn gerðu þó athugasemdir við að stækkun NATO væri sögð styrkja stöðugleika í Evrópu.

7. 6. aukaþing Norðurlandaráðs.

Dagana 25.–26. júní sl. var 6. aukaþing Norðurlandaráðs haldið í Kungälv í Svíþjóð. Til aukaþingsins var boðað til að afgreiða tvær tillögur Norrænu ráðherranefndarinnar, annars vegar um norræna umhverfisáætlun og hins vegar um norræna áætlun um sjálfbæra þróun. Ástæða þess að ekki var beðið til þingsins í haust var sú að nauðsynlegt þótti að afgreiða tillögurnar fyrr þar sem þær taka til áætlana sem standa frá 2001–2004.

Nærsvæðanefnd hafði fjallað um tillögurnar og skilað nefndaráliti með nokkrum athugasemdum í formi tilmæla til ríkisstjórna Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar. Í umræðum á þinginu tók Sigríður A. Þórðardóttir til máls fyrir hönd fulltrúa íslensku ríkisstjórnarflokkanna í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Fór hún fram á sérstaka atkvæðagreiðslu um fyrstu grein tilmæla nærsvæðanefndar við tillögu um norræna áætlun um sjálfbæra þróun.

Sú grein innihélt tilmæli um að beita sér fyrir því að Kyoto-bókunin yrði samþykkt á árinu og að hún tæki gildi fyrir 10 ára afmæli Ríó-fundar Sameinuðu þjóðanna árið 2002. Sagði Sigríður að ríkisstjórn Íslands styddi Kyoto-bókunina og það væri opinber stefna stjórnarinnar að samþykkja hana en þó fyrst þegar sérstaða Íslands hefði verið viðurkennd. Óraunhæft væri að ætla að stjórnvöld samþykktu Kyoto-bókunina í ár og því væri farið fram á sérstaka atkvæðagreiðslu. Jafnframt gat Sigríður þess að íslenskir stjórnarliðar mundu sitja hjá í atkvæðagreiðslunni. Að umræðunum loknum fór fram atkvæðagreiðsla um greinina með nafnakalli. Enginn greiddi atkvæði á móti en sex sátu hjá, þau Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður A. Þórðardóttir, auk færeyska þingmannsins, Jógvan við Keldu, og danska þingmannsins Kristian Thulesen Dahl. Aðrir meðlimir Norðurlandaráðs samþykktu greinina. Því næst voru tillögur að norrænni umhverfisáætlun og norrænni heildarstefnu um sjálfbæra þróun afgreiddar með tilmælum nærsvæðanefndar.

8. 53. þing Norðurlandaráðs.

Dagana 29.–31. október var 53. þing Norðurlandaráðs haldið í Kaupmannahöfn og sótti fullskipuð Íslandsdeild þingið.

Tveir málaflokkar voru sérstaklega í brennidepli á þinginu. Annars vegar framtíð norrænnar samvinnu en vinna við tillögu um nýtt skipulag Norðurlandaráðs yfirskyggði flest annað í starfi ráðsins á árinu. Hins vegar voru umræður um utanríkismál fyrirferðarmeiri en oftast áður vegna hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september og hernaðarins í Afganistan. Önnur þemu sem rædd voru á þinginu voru borgararéttindi, samstarf ríkisfjölmiðla, samstarf þvert á landamæri, norrænn vinnumarkaður, atvinnulíf á umbreytingartímum og sjálfbær þróun.

Sameiginleg skýrsla Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar“ var lögð fram á þinginu en hún er svar við skýrslu aldamótanefndar „Norðurlönd 2000 – Umleikin vindum veraldar“ þar sem grunnur var lagður að endurmati á starfi Norðurlandaráðs. „Ný norræn dagskrá – svar við skýrslu aldamótanefndar“ fjallar bæði um innihald og skipulag norræns samstarfs og gerir grein fyrir umfangsmiklum breytingum á nefndakerfi ráðsins. Á þinginu var samþykkt að hverfa frá landfræðilegri skiptingu í þrjár nefndir, nærsvæðanefnd, Evrópunefnd og Norðurlandanefnd, og taka upp skipulag með fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Nefndirnar í hinni nýju skipan eru menningar- og menntamálanefnd, velferðarnefnd, borgara- og neytendanefnd, umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Helstu rökin fyrir því að hverfa frá hinum þremur landfræðilegu nefndum sem starfað hafa frá 1995 eru þau að í hinu nýja skipulagi málefnanefnda sé leitað betri samræmingar við Norrænu ráðherranefndina en starfsemi hennar er skipt upp eftir málefnasviðum. Jafnframt er eitt af markmiðum þessara breytinga að auka samræmi á milli starfs Norðurlandaráðs og þjóðþinganna. Gert er ráð fyrir að formenn hinna nýju nefnda Norðurlandaráðs komi á beinu sambandi við hliðstæðar nefndir í þjóðþingunum og eigi með þeim samstarf (sjá nánari umfjöllun í lið 3.1.1. Stefnumótunarhópurinn).

Sigríður A. Þórðardóttir sat fyrir hönd flokkahóps hægrimanna í stefnumótunarhópnum sem vann tillöguna um hið nýja skipulag. Ekki náðist samstaða í hópnum um lokatillögu um nýja nefndaskipan og gerði flokkahópur hægrimanna fyrirvara við tillögu meiri hluta stefnumótunarhópsins. Í umræðum um tillöguna á þinginu gerði Sigríður grein fyrir fyrirvara hægrimanna. Sagði Sigríður að í ljósi hnattvæðingar og þróunar alþjóðamála vildu hægrimenn setja á laggirnar sérstaka utanríkis- og öryggismálanefnd. Benti hún á að í starfi sínu

beinir Norðurlandaráð sjónum sínum í auknum mæli út fyrir Norðurlöndin, sérstaklega til ESB og nágrannaríkjanna í austri. Rétt væri að stíga skrefið til fulls og koma á sérstakri utanríkis- og öryggismálanefnd í stað þess að hafa utanríkismálin undir forsætisnefnd. Steingrímur J. Sigfússon tók þátt í umræðunni um skipulagsbreytingarnar og kvaðst að mestu sáttur við tillöguna um nýja skipan. Þó væri hann hlynntur sérstakri utanríkis- og öryggismálanefnd og taldi að þó ekki hefði tekist að ná samstöðu um slíka nefnd nú, þá væri líklegt að hún yrði sett á laggirnar í náinni framtíð.

Utanríkismálaumræða þingsins einkenndist af umræðu um stöðu alþjóðamála eftir upphaf hernaðar í Afganistan. Eftir greinargerðir utanríkis- og varnarmálaráðherra Norðurlanda tóku talsmenn flokkahópa Norðurlandaráðs til máls en af fjórum talsmönnum flokkahópanna í utanríkismálum voru tveir úr Íslandsdeildinni. Rannveig Guðmundsdóttir talaði fyrir hönd jafnaðarmanna og lagði áherslu á að víðtækt uppbyggingarstarf yrði að fylgja hernaði til að komast fyrir mein hryðjuverka. Styðja yrði félagslega og lýðræðislega þróun á þeim svæðum þar sem skipulögð hryðjuverkastarfsemi á sér rætur. Rannveig lagði enn fremur áherslu á að Evrópa yrði að beita sér meira í málefnum Miðausturlanda, einkum hvað varðar friðarumleitanir á milli Ísraela og Palestínumanna. Steingrímur J. Sigfússon var talsmaður vinstri sósíalista og benti á að ekki væri höggvið að rótum hryðjuverka með hernaði. Þótt hægt væri að uppræta öll heimsins hryðjuverkasamtök með einni stórri sprengjuherferð, væri jarðvegurinn sem hryðjuverkastarfsemin vex úr enn fyrir hendi. Einungis með því að koma á friði á átakasvæðum og minnka bilið á milli hinna ríku og fátæku ríkja heims væri hægt að stuðla að varanlegri lausn á þessum vanda.

Í öðrum hluta utanríkismálaumræðunnar var lögð fram skýrsla um aðgerðir til að fyrirbyggja átök og stjórnun hættuástands sem unnin var af sérstökum vinnuhópi forsætisnefndar. Rannveig Guðmundsdóttir átti sæti í vinnuhópnum og hafði hún framsögu um skýrsluna. Í framsögunni kom m.a. fram að auka þyrfti norrænt samstarf hvað varðar sameiginleg verkefni, þjálfun og uppbyggingu sérþekkingar á sviði friðargæslu og jafnframt var því beint til ríkisstjórna Norðurlanda að kanna möguleika á því að koma á samnorrænu hraðliði á sviði borgaralegrar friðargæslu.

Þriðji hluti utanríkismálaumræðunnar fjallaði um Evrópu og grannsvæði og lagði Siv Friðleifsdóttir, norrænn samstarfsráðherra, fram samstarfsáætlun ráðherranna um norðurskautsmál. Steingrímur J. Sigfússon tók til máls og fagnaði tillögunni sérstaklega. Steingrímur, sem undanfarin tvö ár hefur verið áheyrnarfulltrúi Norðurlandaráðs hjá þingmannanefnd um norðurskautsmál, sagði samstarf á svæðinu vera að þróast í rétta átt, þó Bandaríkin hafi verið treg til stofnanabundins samstarfs. Lagði hann áherslu á lykilhlutverk Norðurlandaráðs í uppbyggingu samstarfs á norðurskautssvæðinu.

Í umræðum um borgararéttindi var m.a. fjallað um ályktunartillögur Norðurlandanefndar um kynþáttahatur og aðlögun nýrra borgara, og um lífsskilyrði flóttafólks. Sigríður Jóhannesdóttir kvaddi sér hljóðs og lýsti ástandi þessara mála á Íslandi. Sagði Sigríður m.a. að þó kynþáttahatur væri lítið á Íslandi þá væri mikilvægt að vera á varðbergi og berjast gegn því þegar og ef það birtist í sterkari mynd. Í þessum efnum gætu Íslendingar lært margt af öðrum Norðurlandaþjóðum sem hafa tekið við mun fleiri útlendingum og tekist á við margvísleg vandamál því samfara. Kvað Sigríður Íslendinga geta lært af því sem vel hefur tekist til annars staðar á Norðurlöndunum og kannski ekki síður af þeim mistökum sem gerð hafa verið.

Samstarf þvert á landamæri var einnig til umræðu á þinginu. Undir því þema var m.a. tekin fyrir tillaga Norðurlandanefndar um ályktun um Norðurlönd sem eitt rannsóknasvæði. Sigríður A. Þórðardóttir mælti fyrir tillögunni og lagði áherslu á aukið samstarf á milli

háskóla og annarra vísindastofnana um rannsóknir. Slíkt samstarf mundi ýta undir nýsköpun og hefði þannig áhrif á hagsæld í löndunum. Aukið samstarf Norðurlanda á rannsóknasviðinu mundi um leið styrkja þau norrænu rannsóknarverkefni sem sækja um styrki samkvæmt rammaáætlun ESB um vísindarannsóknir.

Miðvikudaginn 31. október fóru fram kosningar í nefndir og kjör forseta Norðurlandaráðs. Forseti var kjörin finnski þingmaðurinn Outi Ojala og tók hún formlega við embætti 1. janúar 2002 en hún hafði verið starfandi forseti í þrjár vikur eftir að Sven Erik Hovmand fráfarandi forseti sagði af sér til að taka við ráðherradómi. Outi Ojala er fyrsti forseti í sögu Norðurlandaráðs sem kemur úr flokkahópi vinstri sósíalista. Eftir kosningar til hinna nýju nefnda Norðurlandaráðs er nefndaseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir heldur sæti sínu í forsætisnefnd. Í menningar- og menntamálanefnd sitja Sigríður Jóhannesdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar. Í efnahags- og viðskiptanefnd sitja Sigríður A. Þórðardóttir sem formaður og Steingrímur J. Sigfússon sem varaformaður. Arnbjörg Sveinsdóttir var kosin í borgara- og neytendanefnd en flutti sig um set yfir í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd í lok janúar 2002. Jafnframt heldur Arnbjörg sæti sínu í eftirlitsnefnd. Drífa Hjartardóttir situr í velferðarnefnd.

Næsta þing Norðurlandaráðs, sem jafnframt er 50 ára afmælisþing, verður haldið í Helsingfors 29.–31. október 2002.

Alþingi, 5. febr. 2002.

Ísólfur Gylfi Pálmason, form.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Drífa Hjartardóttir.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Fylgiskjal.

Tilmæli, álit og ákvarðanir um innri málefni samþykkt á 53. þingi Norðurlandaráðs.
(Kaupmannahöfn, 29.–31. október 2001.)

1. Tilmæli nr. 11/2001, um fjárlög fyrir norrænt samstarf fyrir árið 2002 (C 2; B 203/p).
2. Tilmæli nr. 12/2001, um greiningu á fjárlögum fyrir norrænt samstarf (B 204/p).
3. Tilmæli nr. 13/2001, um ný tímamörk fyrir endurskoðun reikninga Norræna menningarsjóðsins (C 5/kk).
4. Tilmæli nr. 14/2001, um fjárfestingarlán Norræna fjárfestingarbankans á sviði umhverfismála (A 1257/när).
5. Tilmæli nr. 15/2001, um samráð við Norrænu ráðherranefndina um aðgerðir og áætlanir (A 1270/kk).
6. Tilmæli nr. 16/2001, um nýja stefnumótun fyrir norrænt samstarf (B 208/p).
7. Tilmæli nr. 17/2001, um lífsskilyrði umsækjenda um pólitískt hæli á Norðurlöndum (A 1267/nord).

8. Tilmæli nr. 18/2001, um norræna ráðstefnu um lífsskilyrði umsækjenda um pólitískt hæli á Norðurlöndum (A 1267/nord).
9. Tilmæli nr. 19/2001, um baráttu gegn kynþáttahatri og andúð á útlendingum, og styrkingu aðlögunar (A 1268/nord).
10. Tilmæli nr. 20/2001, um verndun vitna og aðila að hegningarmálum gegn ofbeldi, hótunum og hefndarráðstöfunum (A 1232/nord og A 1246/nord).
11. Tilmæli nr. 21/2001, um verslun með konur og börn (A 1258/nord).
12. Tilmæli nr. 22/2001, um upplýsingaherferð gegn verslun með konur og börn (A 1258/nord).
13. Tilmæli nr. 23/2001, um aðgerðir gegn þvingunarhjónaböndum (A 1221/nord).
14. Tilmæli nr. 24/2001, um örugga merkingu matvæla og vöruupplýsingar á Norðurlöndum (A 1260/euro).
15. Tilmæli nr. 25/2001, um viðbrögð við neyðarástandi á matvælasviðinu (A 1261/euro).
16. Tilmæli nr. 26/2001, um alþjóðleg viðbrögð við neyðarástandi á matvælasviðinu (A 1261/euro).
17. Tilmæli nr. 27/2001, um skyldukennslu í neytendamálum á grunnskólastigi (A 1262/euro).
18. Tilmæli nr. 28/2001, um kennsluefni og norræna heimasíðu um neytendafræðslu (A 1262/euro).
19. Tilmæli nr. 29/2001, um alþjóðlega samninga um verslun og flutninga lifandi dýra (A 1263/euro).
20. Tilmæli nr. 30/2001, um aðgerðir til að fyrirbyggja átök og borgaralega friðargæslu (A 1234/p).
21. Tilmæli nr. 31/2001, um samstarf á milli utanríkisráðuneyta Norðurlanda (A 1253/p).
22. Tilmæli nr. 32/2001, um endurskoðaða norræna nærsvæðastefnu (B 202/när).
23. Tilmæli nr. 33/2001, um samstarfsáætlun í norðurskautsmálum (B 209/när).
24. Tilmæli nr. 34/2001, um norrænt rannsóknasvæði (A 1269/nord).
25. Tilmæli nr. 35/2001, um aukinn hreyfanleika yfir norræn landamæri (A 1236/nord).
26. Tilmæli nr. 36/2001, um þátttöku í Nordjobb (A 1243/nord).
27. Tilmæli nr. 37/2001, um norræna samstarfsáætlun í atvinnumálum 2002–2004 (B 205/euro).
28. Tilmæli nr. 38/2001, um samþykkt norræns sáttmála um lítil framsækin fyrirtæki, frumkvöðla og sjálfstæða uppfinningamenn (A 1259/euro).
29. Tilmæli nr. 39/2001, um gildistöku norræns sáttmála um lítil framsækin fyrirtæki, frumkvöðla og sjálfstæða uppfinningamenn (A 1259/euro).
30. Tilmæli nr. 40/2001, um aðlögun að tilmælum OECD um alþjóðleg lánafyrirtæki og fyrirtæki á Norðurlöndum (A 1247/euro).
31. Tilmæli nr. 41/2001, um aðlögun reksturs norrænna stofnana að tilmælum OECD um alþjóðleg fyrirtæki (A 1247/euro).
32. Tilmæli nr. 42/2001, um eftirfylgni við greiningu á norrænu fjárlögunum (A 1231/p).
33. Tilmæli nr. 43/2001, um norrænt samstarf á sviði orkumála (B 207/när).
34. Tilmæli nr. 44/2001, um samstarfsáætlun á sviði byggingarmála 2002–2005 (B 206/nord).
35. Tilmæli nr. 45/2001, um norræna stjórnsýslustefnu um rándýr (A 1250/när).
36. Umsögn nr. 1/2001, um aðgerðir í tilefni endurskoðunarskýrslu Norræna menningarsjóðsins fyrir árið 2000 (C 5/kk).

37. Ákvörðun nr. 1/2001, um vinnu Norðurlandaráðs með svör Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum ráðsins, og formleg samskipti á milli nefnda Norðurlandaráðs og samsvarandi ráðherranefnda.
38. Ákvörðun 2/2001, um samþykkt á breytingum á starfsreglum Norðurlandaráðs.

768. Fyrirspurn [484. mál]

til utanríkisráðherra um lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Telur ráðherra koma til greina að lækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli að vetrarlagi í því skyni að auðvelda flugfélögum að bjóða upp á lægri fargjöld og lengja þannig ferðaþjónustutímann? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir slíkri lækkun?

Skriflegt svar óskast.

769. Fyrirspurn [485. mál]

til samgönguráðherra um jarðgöng undir Almannaskarð.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að framkvæmdir við jarðgöng undir Almannaskarð verði liður í næstu vegáætlun?
2. Hver er áætlaður kostnaður við slík göng?
3. Hvað er áætlað að nýr vegur um Almannaskarð kosti?
4. Hefur arðsemi jarðganga undir Almannaskarð verið metin? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

770. Fyrirspurn [486. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útræðisrétt strandjarða.

Frá Árna Steinari Jóhannssyni og Jóni Bjarnasyni.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að fundin verði leið til þess að tryggja að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og að sá réttur verði endurskilgreindur og staðfestur í nýjum lögum um stjórn fiskveiða?

771. Fyrirspurn [487. mál]

til utanríkisráðherra um sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hversu mörg kaupskip annast þau 65% sjóflutninga fyrir Bandaríkjaher sem féllu í hlut Íslendinga eftir síðasta útboð? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?
2. Hversu mörg skip annast þau 35% sjóflutninganna sem féllu í hlut Bandaríkjamanna? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?
3. Fellur það fyrirtæki sem nú annast íslenska hluta sjóflutninganna fyrir Bandaríkjaher undir ákvæði l-liðar 1. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, þ.e. telst það til íslenskrar útgerðar?

Skriflegt svar óskast.

772. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um áhugamannahnefaleika.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, Katrínu Fjeldsted og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þó skulu þær reglur aldrei heimila högg í höfuð andstæðings. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands skal einnig setja reglur um bann við höfuðhöggum í öðrum sambærilegum bardagaíþróttum.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um áhugamannahnefaleika og aðrar sambærilegar bardagaíþróttir.

773. Tillaga til þingsályktunar [488. mál]

um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Gísli S. Einarsson,
Kristján L. Möller, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvaða verkefni er unnt að flytja frá stjórnsýslustofnunum ríkisins til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni. Nefndin

undirbúi einnig flutning verkefna og stefni þannig að því að gera embættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði.

Greinargerð.

Mjög brýnt er að leita allra leiða til þess að styrkja búsetu og lífskjör á landsbyggðinni. Það verður m.a. gert með því að efla atvinnulífið og auka fjölbreytni þess. Þar gegnir ríkið miklu hlutverki sem stærsti vinnuveitandi í landinu. Útþensla í starfsemi ríkisins á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. stuðlað að þeirri alvarlegu byggðaröskun sem nú blasir við.

Mikilvægt er að þjónusta ríkisins við fólkið á landsbyggðinni verði styrkt. Flutningsmenn telja að það geti orðið m.a. með því að sýslumannsembættin á landsbyggðinni verði efld með flutningi nýrra verkefna til þeirra frá stjórnsýslustöðvum ríkisins í Reykjavík. Það mundi án efa styrkja búsetu og lífskjör á landsbyggðinni. Hlutverk nefndarinnar yrði því m.a. að gera tillögur um flutning ákveðinna verkefna.

Telja má víst að slíkar ráðstafanir feli einnig í sér sparnað og hagræðingu fyrir ríkissjóð og styrki um leið þjónustu ríkisins við fólkið í landinu.

Í skýrslu, sem stjórnskipuð nefnd um flutning ríkisstofnana út á land skilaði sumarið 1993, er fjallað m.a. um nauðsyn þess að efla sýslumannsembættin sem stjórnsýslumiðstöð í héraði. Þar segir m.a.:

„Á löngum ferli sýslumannsembætta hefur skipan þeirra og hlutverk tekið margvíslegum breytingum í tímans rás, eftir því sem efni og aðstæður hafa krafist. Síðast kom til grundvallarbreyting með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Það hefur skapað ný viðhorf í stjórnsýslu. Fyrri skipan var hemill á eðlilega þróun. Dómsvald í héraði var veikt vegna sambýlis við umboðsvaldið og það leiddi til að minni umboðsstörf voru fengin sýslumönnum í hendur en efni stóðu til. Nú er hins vegar brautin rudd svo að efla megi stjórnsýslu ríkisins í héraði með því að fela sýslumönnum aukin umboðsstörf frá því sem verið hefur.

Verkefni sýslumanna greinast annars vegar í lögreglustjórn, ásamt öðrum störfum við að halda uppi lögum og rétti, og hins vegar í almenn umboðsstörf. Þannig hafa sýslumenn með höndum innheimtu á tekjum ríkissjóðs að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum. Þeir fara og með tollstjórn, hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur, og umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratrygginga. Á sama hátt mælir ekkert gegn því að sýslumenn geti haft umboð fyrir aðrar ríkisstofnanir eftir því sem nauðsyn krefur til að koma á betri þjónustu og nánari samskiptum en verið hefur við fólkið úti á landi.

Í þessum tilgangi má gera sýslumannsembættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði. Þannig gætu stofnanir ríkisins haft aðgang að sýslumönnum með framkvæmd sinna verkefna. Allt færi þetta samt eftir atvikum. Ríkisstofnanir eru eins mismunandi og þær eru margar. Sumar stofnanir kæmu ekki hér til greina, svo sem þar sem fyrir væri að fara sérstökum umboðsstjórnkerfum, eins og í heilbrigðis- og menntamálum. Stofnanir, sem varða eiginlega stjórnsýslu, kæmu hér til, fremur en þær sem fjölluðu um rannsóknir, ráðgjöf og áætlanagerð. Sömuleiðis væri hér frekar um að ræða stofnanir sem veita einstaklingsbundna þjónustu og útheimta tíð samskipti við þegnana heldur en þær stofnanir sem hafa fremur samskipti stórum og sjaldan við einstaka stjórnsýsluaðila, samtök og fyrirtæki. Allt kemur þetta til skoðunar.

Þessi nýja skipan væri rakin leið til að stuðla að jöfnuði á aðstöðu þegnanna til að njóta þeirrar þjónustu sem ríkisvaldið lætur í té. Verkefni hinna almennu umboðsstofnana yrðu ekki síst fólgin í að miðla upplýsingum, veita fyrirgreiðslu, hafa á hendi afgreiðslu tiltekinna málaflokka og sinna svæðisbundnum viðfangsefnum fyrir hinar einstöku ríkisstofnanir. Ef til vill gætu slík viðfangsefni verið leyst af hendi að meira eða minna leyti með samræmingu

og hagræðingu á öðrum störfum á sýsluskrifstofum, svo að hvorki kæmi til aukinn mannafli né húsnæði. Þar sem þetta kæmi ekki til gætu aukin umsvif, svo sem í sérhæfðum mannafla og tilheyrandi aðstöðu, haft í för með sér umtalsverðan kostnað. Er þá eðlilegt að hann sé greiddur af þeim stofnunum sem góðs njóta af, hliðstætt því sem gerist um önnur umboðsstörf sem sýslumenn fara nú með. Í þeim tilfellum þar sem stofnanir hafa sértekjur hljóta að gilda sömu reglur um útselda þjónustu, hvort heldur er í höfuðstöðvum eða hjá almennum umboðsstofnunum. En höfuðmáli skiptir að hin nýja skipan felur í sér hagkvæma og sveigjanlega aðferð til úrlausnar, eftir því sem efni og ástæður standa til hjá hverri stofnun. Um framkvæmd alla verður svo að mæla fyrir með almennri lagaheimild og reglugerðum, eftir því sem við á.

Hér er ekki einungis um að ræða að flytja verkefni til umboðsvaldsins í héraði frá stofnunum ríkisins, heldur einnig frá sjálfum ráðuneytunum. Þar kæmu ekki síst til greina leyfisveitingar ýmiss konar, úrskurðarvald í vissum málum, margháttuð eftirlitsstörf og annað sem varðar eiginlega stjórnsýslu og betur á heima hjá svæðisbundnu umboðsvaldi í héraði en í miðstýringu stjórnarráðsins.

Þessi skipan breytir engu um stöðuheiti og hlutverk sýslumanns við lögreglustjórn og meðferð skyldra mála. Sýslumenn heyra stjórnsýslulega undir dómsmálaráðherra, en lúta öðrum ráðherrum að því leyti sem þeir fara með mál sem ekki heyra undir dómsmálaráðherra.“

Allir stjórnmálaflokkar þá á Alþingi áttu aðild að nefndinni og stóðu sameiginlega að áliti hennar. Eins og tilvitnunin hér að framan sýnir mætti flytja margvísleg störf til sýslumannsembættanna. En mikilvægast er að þessi störf fela í sér þjónustu við landsbyggðarfólk sem stýrt væri heima í héraði og væri nær fólkinu en nú er.

Tillaga til þingsályktunar sama efnis var lögð fram á 117. löggjafarþingi.

774. Frumvarp til laga [489. mál]

um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Lögin gilda ekki um rafræna þjónustu sem snertir skattamálefni, vernd persónuupplýsinga, ólögmætt samráð eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja, hagsmunagæslu lögmanna fyrir dómstólum, fjárhættustarfsemi sem felst í því að leggja fram fé í áhættuleikjum og starfsemi lögbókenda að því marki sem í henni felst beiting opinbers valds.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Rafræn þjónusta:* Þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.
2. *Þjónustuveitandi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té rafræna þjónustu.
3. *Þjónustuþegi:* Einstaklingur eða lögpersóna sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér rafræna þjónustu.

II. KAFLI
Regla upprunalands.

3. gr.
Meginregla.

Rafræn þjónusta sem þjónustuveitendur með staðfestu á Íslandi veita skal vera í samræmi við íslensk lög um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

Engin höft skulu vera á frelsi þjónustuveitanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu hér á landi að því er varðar lagalegar kröfur um stofnun og starfrækslu þjónustunnar.

Þjónustuveitandi telst hafa staðfestu í tilteknu ríki ef hann stundar þar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð.

4. gr.
Almennar undantekningar frá meginreglu.

Ákvæði 3. gr. gilda ekki um eftirfarandi:

1. rétt aðila til að semja um hvaða lög gildi um samninga þeirra,
2. samningsskyldur í tengslum við neytendasamninga,
3. formlegt gildi samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, þegar slíkir samningar eru háðir ófrávíkjanlegum formkröfum samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fasteignin er,
4. höfundarétt og skyld réttindi,
5. að hvaða marki óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti eru leyfilegar,
6. útgáfu rafeyris af hálfu fyrirtækja sem veitt hefur verið undanþága skv. 8. gr. tilskipunar 2000/46/EBE,
7. markaðssetningu bréfa í verðbréfasjóðum skv. 44. gr. tilskipunar 1985/611/EB, og
8. staðfesturétt og rétt til að veita tryggingaþjónustu samkvæmt tilskipun 92/49/EBE, tilskipun 92/96/EBE, tilskipun 88/357/EBE og tilskipun 90/619/EBE.

5. gr.
Einstakar undantekningar frá meginreglu.

Stjórnvöld geta í einstökum tilfellum vikið frá ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og takmarkað frjálst flæði rafrænnar þjónustu ef takmörkun er nauðsynleg til verndar:

1. almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi,
2. lífi og heilsu manna, eða
3. neytendum.

Takmarkanir skv. 1. mgr. mega því aðeins beinast að þjónustuveitanda að hann brjóti gegn þeim verndarhagsmunum sem þar eru nefndir eða að veruleg hætta sé á að hann muni brjóta gegn þeim. Takmarkanirnar skulu ekki ganga lengra en nauðsyn ber til.

Ekki er heimilt að grípa til sérstakra aðgerða skv. 1. mgr. gegn einstökum þjónustuveitendum nema aðildarríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu hafi vanrækt, þrátt fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda, að grípa til aðgerða gegn brotum eða að úrræðin hafi verið ófull-

nægjandi. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA og því ríki þar sem umræddur þjónustuveitandi hefur staðfestu um fyrirhugaðar aðgerðir. Þetta á þó ekki við um lögbann eða rannsókn sakamáls.

Í áríðandi málum geta stjórnvöld vikið frá ákvæðum 3. mgr. Í þeim tilvikum skal tilkynna um aðgerðirnar svo skjótt sem kostur er til Eftirlitsstofnunar EFTA og til þess aðildarríkis þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu. Í tilkynningunni skal gefið til kynna hvers vegna málið er talið áríðandi.

III. KAFLI
Upplýsingaskylda.

6. gr.
Almennar upplýsingar.

Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberri skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.

Ef um lögverndað starf er að ræða skal þjónustuveitandi einnig tilgreina:

1. starfsheiti og í hvaða landi það er veitt,
2. samtök sem þjónustuveitandi eða fyrirsvarsmaður hans er skráður hjá, og
3. gildandi starfs- eða siðareglur og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær.

Ef verð er gefið upp í tengslum við rafræna þjónustu skal það gert með skýrum og ótvíræðum hætti. Auk þess skal sérstaklega tekið fram hvort skattar og afhendingarkostnaður felist í verði.

7. gr.
Upplýsingar í tengslum við markaðssetningu.

Þjónustuveitandi skal tryggja að upplýsingar í tengslum við markaðssetningu, sem er hluti af eða myndar rafræna þjónustu, séu settar fram með þeim hætti að auðvelt sé að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem stendur að baki markaðssetningunni.

Kynning á tilboði, keppni og leik skal vera sett fram á skýran og ótvíræðan hátt. Sama gildir um skilyrði sem fullnægja þarf til að geta tekið tilboði eða tekið þátt í keppni eða leik.

IV. KAFLI
Rafrænir samningar.

8. gr.
Rafrænir samningar jafngildir skriflegum.

Ef gerð er krafa um skriflegan samning í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða með öðrum hætti er fullnægjandi að mæta þeirri kröfu með rafrænum samningi, enda sé samningurinn aðgengilegur báðum aðilum og unnt að varðveita hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um kröfur til skriflegra tilkynninga eða annarra aðgerða sem

aðilar samnings þurfa að framkvæma í tengslum við samningssamband þeirra og samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða með öðrum hætti skulu vera skriflegar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samninga á sviði sifja- og erfðaréttar, stimpilskylda samninga og samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða. Þá gilda þau ekki um þinglýsingar og lögbókandagerðir.

9. gr.

Upplýsingaskylda við pöntun.

Þjónustuveitandi skal veita eftirfarandi upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun:

1. hvaða tæknileg skref beri að taka til þess að ljúka samningsgerð,
2. hvort þjónustuveitandinn varðveiti gerðan samning,
3. hvort samningur verði aðgengilegur,
4. um tæknilegar leiðir til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð,
5. um þau tungumál sem unnt er að gera samninginn á, og
6. hvaða siðareglum hann fylgi og hvernig unnt sé að nálgast þær á rafrænu formi.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Þau skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

Almennir samningsskilmálar og almenn skilyrði skulu látin í té með þeim hætti að þjónustuþegi geti varðveitt þau og kallað þau fram.

10. gr.

Staðfesting á móttöku pöntunar.

Þjónustuveitandi skal staðfesta móttöku pöntunar frá þjónustuþega með rafrænum hætti án tafar.

Pöntun og staðfesting telst móttekin þegar aðilarnir, sem þeim er beint til, hafa aðgang að þeim.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru frávíkjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

11. gr.

Aðrar skyldur áður en pöntun er gerð.

Þjónustuveitandi skal gefa þjónustuþega kost á skilvirkum og aðgengilegum tæknilegum leiðum til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Þau skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

V. KAFLI

Takmörkun ábyrgðar milligönguaðila.

12. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar.

Þjónustuveitandi sem miðlar gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti ber ekki ábyrgð vegna miðlunar gagnanna að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

1. eigi ekki frumkvæði að miðluninni,
2. velji ekki viðtakanda þeirra gagna sem er miðlað, og
3. velji hvorki né breyti þeim gögnum sem er miðlað.

Ákvæði 1. mgr. gilda um sjálfvirka, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna sem eru flutt að því tilskildu að:

1. geymslan sé óhjákvæmileg vegna miðlunar, og
2. gögnin séu ekki geymd lengur en nauðsynlegt er vegna miðlunar.

13. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna skyndivistunar.

Þjónustuveitandi sem miðlar gögnum sem þjónustuþegi lætur í té um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti ber ekki ábyrgð á sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna, sem er eingöngu gerð í þeim tilgangi að auka skilvirkni við miðlun til annarra þjónustuþega, að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

1. breyti ekki gögnunum,
2. fullnægi skilyrðum um aðgang að gögnunum,
3. fari eftir viðurkenndum reglum í atvinnugreininni um uppfærslu gagnanna, og
4. grípi ekki inn í löglega notkun viðurkenndrar tækni í atvinnugreininni sem notuð er til að komast yfir upplýsingar um notkun gagnanna.

Takmörkun ábyrgðar skv. 1. mgr. er háð því að þjónustuveitandi fjarlægi eða hindri aðgang að gögnunum um leið og hann hefur fengið:

1. rökstudda vitneskju um að dómstóll eða stjórnvald hafi fyrirskipað brottfellingu eða hindrun aðgangs að gögnunum, eða
2. rökstudda vitneskju þess efnis að gögnin hafi verið fjarlægð úr fjarskiptaneti við upptök miðlunar eða að hindraður hafi verið aðgangur að þeim þar.

14. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar.

Þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægi þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið:

1. vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim,
2. tilkynningu skv. 15. gr., ef um meint brot gegn ákvæðum höfundalaga er að ræða, eða
3. vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám.

Ákvæði 1. mgr. um takmörkun ábyrgðar gildir ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda.

15. gr.

Tilkynning til þjónustuveitanda.

Tilkynning skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innihalda:

1. nafn sendanda, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við sendanda,
2. nafn rétthafa, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við rétthafa,
3. tilgreiningu og staðsetningu þeirra gagna sem krafist er að felld verði brott eða komið í veg fyrir aðgang að,

4. tilgreiningu hugverks eða listflutnings sem er grundvöllur kröfu,
5. yfirlýsingu um að upplýsingar í tilkynningu séu réttar,
6. yfirlýsingu um að sendandi sé rétthafi eða hafi umboð frá rétthafa, og
7. undirskrift sendanda.

Séu verulegir annmarkar á tilkynningu skv. 1. mgr. ber þjónustuveitanda ekki að bregðast við henni. Ef annmarkar tilkynningar eru einungis minni háttar skal þjónustuveitandi án tafar gefa sendanda tækifæri til að bæta þar úr. Verði sendandi ekki við þeim tilmælum hefur tilkynningin ekki áhrif á ábyrgð þjónustuveitanda.

16. gr.

Tilkynning til þjónustuþega.

Þjónustuveitandi skal tilkynna þjónustuþega um brottfellingu gagna eða hindrun aðgangs að gögnum í samræmi við 14. gr. um leið og hún fer fram og senda honum afrit tilkynningar skv. 15. gr. Skal hann þá einnig tilkynna þjónustuþega um rétt hans til að senda gagntilkynningu skv. 17. gr.

17. gr.

Aðgangur veittur að gögnum á ný.

Telji þjónustuþegi brottfellingu eða hindrun aðgangs að gögnum ekki eiga við rök að styðjast er honum unnt að krefjast þess af þjónustuveitanda að veittur verði aðgangur að gögnum á ný. Slíkt skal gert með gagntilkynningu sem geymir:

1. nafn þjónustuþega, heimilisfang og frekari upplýsingar sem gera kleift að komast í samband við hann,
2. málavexti og rök fyrir kröfum þjónustuþega,
3. tilgreiningu gagna sem krafist er að veittur verði aðgangur að og staðsetningu þeirra, og
4. undirskrift þjónustuþega.

Fái þjónustuveitandi gagntilkynningu, sem ekki eru verulegir annmarkar á, skal hann tilkynna sendanda tilkynningar skv. 15. gr. um kröfuna án tafar og senda honum afrit gagntilkynningar. Skal honum einnig tilkynnt að aðgangur verði veittur að gögnunum á ný, nema fram komi upplýsingar innan tveggja vikna um höfðun dómsmáls vegna málsins. Berist þjónustuveitanda ekki vitneskja um höfðun dómsmáls vegna málsins innan tveggja vikna frá sendingu tilkynningar samkvæmt þessari málsgrein skal hann verða við kröfu um aðgang að gögnum á ný án tafar.

Séu verulegir annmarkar á kröfu skv. 1. mgr. ber þjónustuveitanda ekki að bregðast við henni. Ef annmarkar kröfu eru einungis minni háttar skal þjónustuveitandi gefa sendanda tækifæri til að bæta þar úr.

18. gr.

Skaðabótaábyrgð.

Nú kemst dómstóll að þeirri niðurstöðu að brottfelling gagna eða hindrun aðgangs að þeim hafi ekki verið réttmæt og skal þá sá sem fór fram á brottfellingu eða hindrun bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má að brottfellingin eða hindrunin hafi valdið. Sama gildir gagnvart þeim sem krafist hefur að aðgangur verði veittur að gögnum á ný ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að sú aðgerð hafi ekki verið réttmæt. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.
Eftirlit.

Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með að farið sé eftir 6.–7. gr. og 9.–11. gr. laga þessara. Ef brotið er gegn ákvæðum þessum gilda ákvæði samkeppnislaga um úrræði samkeppnisyfirvalda, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

20. gr.
Tengiliður.

Viðskiptaráðuneytið skal vera tengiliður vegna samstarfs við önnur aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu um rafræn viðskipti. Þá skal viðskiptaráðuneytið vera tengiliður þar sem þjónustuþegar og þjónustuveitendur geta aflað sér almennra upplýsinga um rafræna þjónustu, þar á meðal um samningsréttindi og samningsskyldur, úrræði í deilumálum og upplýsingar um stjórnvöld, samtök eða stofnanir sem geta veitt frekari upplýsingar. Ráðuneytið getur falið öðrum aðilum að vera tengiliður samkvæmt ákvæði þessu eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

21. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2000 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“). Lög þessi hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna.

22. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

23. gr.
Breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttekinn að um slíkan póst sé að ræða.

24. gr.
Breyting á læknalögum, nr. 53/1988.

1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo:

Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum.

25. gr.

Breyting á lögum um tannlækningar, nr. 38/1985.

11. gr. laganna orðast svo:

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausum auglýsingum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal ákvæði 19. gr. laga þessara þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku þeirra með hliðsjón af reynslu af eftirlitinu og umfangi þess.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 29. maí 2000 skipaði viðskiptaráðherra fimm manna nefnd til að vinna að undirbúningi innleiðingar tilskipunar um rafræn viðskipti í íslenskan rétt. Formaður nefndarinnar var Jónína S. Lárusdóttir, deildarsérfræðingur í viðskiptaráðuneyti, en aðrir nefndarmenn voru Benedikt Bogason, þá skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Einar Hannesson, lögfræðingur í samgönguráðuneyti, Hafsteinn S. Hafsteinsson, deildarsérfræðingur í fjármálaráðuneyti, og Þórunn J. Hafstein, þá skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti. Nefndin lauk störfum hinn 21. janúar 2002 og afhenti viðskiptaráðherra tillögur sínar að frumvarpi til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Byggist frumvarp þetta á tillögum nefndarinnar.

Einnig tók viðskiptaráðuneytið þátt í norrænu samstarfi við innleiðingu tilskipunarinnar. Miðaði það samstarf að því að stuðla að samræmingu norrænnar löggjafar á þessu sviði og miðlunar upplýsinga á milli sérfræðinga.

Hinn 27. október 2000 tók sameiginlega EES-nefndin ákvörðun nr. 91/2000 um að breyta XI. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 31/2000 frá 8. júní 2000, um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti"). Ákvörðunin var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Samkvæmt 103. gr. EES-samningsins hefur Ísland sex mánuði frá framangreindri ákvörðun til að tilkynna um afléttingu hins stjórnskipulega fyrirvara. Með þingsályktun, dags. 27. mars 2001, ályktaði Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Skv. 22. gr. tilskipunarinnar skulu nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til innleiðingar á tilskipuninni hafa verið samþykkt fyrir 17. janúar 2002.

Í *framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*, sem gefin var út í október 1996, voru skilgreind þrjú forgangsverkefni sem talin eru mikilvægur þáttur í því að stefnan nái fram að ganga. Verkefnin voru átak á sviði menntamála, fullnægjandi flutningsgeta og flutningsöryggi fjarskiptakerfis. Jafnframt var lögð áhersla á að útboðsstefnu ríkisins yrði fylgt við kaup hugbúnaðar. Ákveðið var að forsætisráðuneyti færi með yfirstjórn verkefnisins og bæri ábyrgð á verkaskiptingu og samræmingu á störfum einstakra ráðuneyta, mati á árangri og heildarendurskoðun stefnunnar. Í framhaldi af því var skipuð verkefnisstjórn um upplýsingasamfélag sem í sitja fulltrúar fimm ráðuneyta. Í aprílmánuði á árinu 2000 gerði verkefnisstjórn um upplýsingasamfélag það að tillögu sinni að stjórnvöld gerðu rafræn viðskipti og rafræna stjórnsýslu að fjórða forgangsverkefni sínu við framkvæmd stefnunnar um

upplýsingasamfélagið. Í vinnuáætlun verkefnisstjórnar kom fram að setja þyrfti lagaákvæði um efnisreglur tilskipunar um rafræn viðskipti. Tillaga verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélag var lögð fyrir ríkisstjórn í apríl 2000. Er frumvarp þetta því liður í að fylgja eftir framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið.

II. Meginefni tilskipunar um rafræn viðskipti.

1. Umfang og markmið.

Meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja að um rafræna þjónustu (e. *information society service*) gildi meginregla Evrópusambandsins um frjálst flæði þjónustu, þ.e. að unnt verði að veita þjónustuna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu ef hún fullnægir lagaákvæðum upprunalands.

Ákvæði tilskipunar um rafræn viðskipti bætast við þau ákvæði sem hafa áhrif á lagaumhverfi rafrænnar þjónustu. Tilskipunin hefur þannig ekki að geyma heildstæða löggjöf sem gildir um rafræna þjónustu, heldur ákveðin lágmarksákvæði sem þeir sem hyggjast veita þjónustuna þurfa að fullnægja.

Rafræn þjónusta er skilgreind í tilskipuninni sem þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði, fyrir vinnslu og geymslu gagna og að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Hún tekur bæði til rafrænnar þjónustu við neytendur og þjónustu sem veitt er á milli þeirra sem stunda viðskipti. Þá tekur tilskipunin einnig til rafrænnar þjónustu sem veitt er án endurgjalds, t.d. þjónustu sem fjármögnuð er með auglýsingum eða styrkjum.

2. Hinn innri markaður.

Kjarni tilskipunar um rafræn viðskipti felst í 3. gr. hennar um reglu upprunalands. Hún felur bæði í sér ákvæði um eftirlit upprunalands og reglu um gagnkvæma viðurkenningu.

Ákvæði um eftirlit upprunalands felur í sér að stjórnvöld þess lands þar sem veitandi rafrænnar þjónustu hefur staðfestu skulu hafa eftirlit með að hin rafræna þjónusta sé í samræmi við lög. Sú regla gildir óháð því hvort þjónustunni er beint til annarra landa að hluta til eða að öllu leyti.

Grunnregla um gagnkvæma viðurkenningu felur það í sér að stjórnvöld í einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu geti ekki hindrað að rafræn þjónusta sé veitt þar, enda sé veitandi þjónustunnar með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nokkrar undantekningar eru frá upprunalandsreglu 3. gr. tilskipunarinnar. Taka þær m.a. til neytendasamninga, höfundaréttar og grannréttinda, sbr. viðauka við tilskipunina. Þá kveður tilskipunin á um að í sérstökum undantekningartilfellum geti aðildarríki sett takmarkanir á veitingu rafrænnar þjónustu frá öðru aðildarríki sé það nauðsynlegt til að vernda mikilvæga almannahagsmuni, svo sem í baráttu gegn kynþáttahatri.

3. Þjónustuveitendur.

Í tilskipuninni er tilgreint að staðfesta þjónustuveitanda teljist sá staður þar sem þjónustan er starfrækt í raun í gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er hýst eða netþjónn staðsettur. Slíkri tilgreiningu er ætlað að eyða óvissu og tryggja að þjónustuveitendum verði ekki unnt að komast hjá eftirliti í því aðildarríki þar sem starfræksla þeirra fer í raun fram. Þá felur tilskipunin í sér að óheimilt verður að gera starfrækslu rafrænnar þjónustu sem slíka háða leyfisveitingu, umfram það sem leiðir af almennum reglum um þá þjónustu sem veita á. Sem dæmi má nefna að ekki má gera starfrækslu lögmanna á netinu háða öðrum leyfum en þeim sem almennt þarf til að stunda lögmennsku.

Loks kveður tilskipunin á um nokkrar lágmarksreglur um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda. Annars vegar er þeim gert skylt að veita greiðan og samfelldan aðgang að grunnupplýsingum um nafn sitt, heimilisfang o.fl. Hins vegar er þeim gert skylt að veita nánari upplýsingar ef þjónustuþegi hyggst leggja inn pöntun í tengslum við rafræna þjónustu.

4. Rafrænir samningar.

Tilskipunin leggur skyldur á aðildarríkin að tryggja að réttarkerfi þeirra heimili að samningar séu gerðir með rafrænum hætti, með fáum undantekningum sem taka m.a. til samninga á sviði sifja- og erfðaréttar, samninga sem stofna eða yfirfæra rétt yfir fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða og samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða annarra sem fara með opinbert vald.

5. Ábyrgð milligönguaðila.

Til að eyða lagalegri óvissu og til að tryggja samræmi á milli aðildarríkja er kveðið á um takmörkun á ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milligönguaðilar, þ.e. þeirra sem veita aðgang að fjarskiptaneti, miðla gögnum um fjarskiptanet eða hýsa gögn sem þjónustuþegi lætur í té. Kveðið er á um þá meginreglu að milligönguaðilar skuli ekki bera ábyrgð á innihaldi þeirra gagna sem þeir hýsa eða miðla, nema að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, svo sem vitneskju um gögnin.

6. Viðskiptaorðsendingar.

Í tilskipuninni er hugtakið viðskiptaorðsending skilgreint, en það nær m.a. yfir auglýsingar og beina markaðssetningu. Auk þess er kveðið á um tilteknar kröfur við sendingu slíkra orðsendinga til að efla traust neytenda og tryggja að þeir hafi upplýsingar um þá sem veita þjónustu.

Ef aðildarríki leyfir óumbeðnar viðskiptaorðsendingar skal það tryggja að slíkar upplýsingar séu ætíð auðgreinanlegar um leið og þær koma til viðtakanda. Þá eru þjónustuveitendur sem senda slíkar upplýsingar skyldugir til að kanna reglulega úrsagnarskrá þar sem menn sem ekki hafa áhuga á að fá slíkan póst geta skráð sig.

Einnig er kveðið á um að lögvernduðum starfsgreinum skuli heimilt að veita þjónustu á rafrænu formi og að lagareglur um auglýsingar starfsgreinanna skuli ekki koma í veg fyrir að viðkomandi starfsgreinar geti starfrækt vefsíður.

7. Innleiðing.

Tilskipunin miðar að því að styrkja úrræði til að ná fram rétti á sviði rafrænna viðskipta. Þannig er t.d. hvatt til að settar verði siðareglur á vettvangi Evrópusambandsins og til samstarfs á milli aðildarríkja við framkvæmd reglnanna.

Tilskipunin fjallar hvorki um breytingar á Brussel-samningnum um varnarþing, viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum (sbr. Lúganósamninginn að því er varðar EES-ríki), né á Rómarsamningnum að því er varðar lagaval í neytendasamningum.

III. Meginefni frumvarpsins.

1. Almennt.

Tilskipun um rafræn viðskipti hefur rúmt gildissvið og snerta ákvæði hennar mismunandi réttarsvið. Innleiðing tilskipunarinnar með breytingum laga á ýmsum sviðum þjóðfélagsins hefði því verið mjög umfangsmikil og óhagkvæm. Í ljósi þessa og þar sem önnur Norðurlönd

hafa ákveðið að gera tillögu að innleiðingu tilskipunarinnar í eina löggjöf er lagt til að sama leið verið farin hér á landi.

Lagt er til að frumvarpið beri heitið frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Mikilvægt þótti að hugtakið rafræn viðskipti kæmi fram í titli frumvarpsins þar sem tilskipun sú sem það styðst við er jafnan nefnd tilskipun um rafræn viðskipti. Ljóst er þó að rafræn viðskipti er undirhugtak rafrænnar þjónustu.

Í fyrsta kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um gildissvið frumvarpsins og orðskýringar. Annar kafli fjallar um reglu upprunalands og almennar og sérstakar undanþágur frá henni. Þá hefur þriðji kafli frumvarpsins að geyma almenn ákvæði um upplýsingaskyldu þjónustuveitenda. Fjórði kafli fjallar hins vegar um upplýsingaskyldu þjónustuveitanda í tengslum við pantanir og kveður á um aðrar skyldur þjónustuveitenda í tengslum við pantanir. Einnig hefur fjórði kafli frumvarpsins að geyma mikilsverða reglu frumvarpsins um að rafrænir samningar skuli vera jafngildir skriflegum. Í fimmta kafla frumvarpsins er kveðið á um takmörkun ábyrgðar þeirra þjónustuveitenda sem teljast milligönguaðilar. Loks eru í sjötta kafla ýmis ákvæði um afleiðingu brota og breytingar á lögum sem gera verður til að innleiða tilskipunina að fullu í íslenskan rétt.

2. Gildissvið.

Gildissvið frumvarpsins er ákvarðað með hliðsjón af tilskipun um rafræn viðskipti. Þannig tekur það til allra veitenda rafrænnar þjónustu sem hafa staðfestu hér á landi, óháð því hvort þjónustu þeirra er beint á íslenskan markað, markað innan EES-landa eða utan þeirra.

Ef frumvarpið verður að lögum mun það einnig hafa áhrif á þjónustuveitendur með staðfestu í öðru landi sem er aðili að EES-samningnum þar sem kveðið er á um þá meginreglu í frumvarpinu að ekki megi takmarka frjálst flæði rafrænnar þjónustu á hinum innra markaði. Undantekningar eru frá þeirri meginreglu, sbr. 4. og 5. gr. frumvarpsins.

Rafræn þjónusta er grunnhugtak í frumvarpinu og markar mjög gildissvið þess. Í samræmi við ákvæði tilskipunar um rafræn viðskipti er rafræn þjónusta skilgreind sem sú þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna.

Frumvarpið tekur ekki til þjónustu sem ekki telst rafræn þjónusta, t.d. vegna þess að hún telst almennt ekki veitt gegn greiðslu, ekki veitt með rafrænum búnaði eða ekki að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Taka má sem dæmi að sé lausafjármunur boðinn til kaups á netinu til afhendingar með pósti fellur eingöngu sá hluti viðskiptanna sem fer fram á netinu undir gildissvið frumvarpsins. Vöruafhendingin sem slík fellur þannig utan gildissviðs frumvarpsins. Nánar verður fjallað um hugtakið rafræn þjónusta í kafla 3.1 hér að aftan.

Þá tekur frumvarpið ekki til rafrænnar þjónustu sem snertir skattamálefni, vernd persónuupplýsinga, hringamyndanir, starfsemi lögbókanda, hagsmunagæslu lögmanna fyrir dómstólum og fjárhættustarfsemi sem felst í því að leggja fram fé í áhættuleikjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það styðst við 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar.

3. Orðskýringar.

3.1. Rafræn þjónusta.

Eins og áður er getið er rafræn þjónusta skilgreind sem sú þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna.

Í fyrsta lagi felur rafræn þjónusta í sér skilyrði um að þjónustan sé almennt veitt gegn

greiðslu. Því fellur beinlínutengd sala vöru undir hugtakið. Hins vegar getur þjónusta sem ekki er veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega fallið undir hugtakið ef hún felur í sér atvinnustarfsemi. Þjónusta sem felur í sér upplýsingagjöf sem fjármögnuð er með auglýsingum getur þannig fallið undir hugtakið. Einnig getur þjónusta sem felst í leit að gögnum eða aðgengi að þeim talist til rafrænnar þjónustu, jafnvel þótt sá sem biður um leitina eða aðgengið greiði ekki fyrir þjónustuna. Samkvæmt þessu telst eftirtalið til rafrænnar þjónustu, enda felur hún í sér atvinnustarfsemi: upplýsingaþjónusta á netinu, aðgangsþjónusta á netinu, flutningur gagna um netið, hýsing gagna, SMS-skilaboð, WAP-þjónusta og leitarþjónusta á netinu. Þá falla sala og auglýsingar á netinu undir hugtakið. Hins vegar mundu heimasíður einstaklinga sem birta einungis persónulegar myndir og upplýsingar ekki falla undir hugtakið.

Í öðru lagi felur rafræn þjónusta í sér skilyrði að þjónustan sé veitt úr fjarlægð með rafrænum búnaði. Í því felst að þjónustuveitandi og þjónustuþegi mega ekki vera augliti til auglitis þegar þjónustan er veitt. Þjónusta sem veitt er á netinu og fellur undir rafræna þjónustu samkvæmt frumvarpinu er m.a. pöntun og kaup á farmiðum og þjónusta sem felst í læknisfræðilegri ráðgjöf á netinu. Þá telst þjónusta sem veitir möguleika á vistun forrita eða þátttöku í tölvuleikjum rafræn þjónusta samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar fellur þjónusta sem felst í viðveru viðskiptamanns á ferðaskrifstofu, læknisrannsókn með rafrænum búnaði, aðgengi að tölvuspilum í spilasölum eða afhending tölvuforrita á disklingum eða geisladiskum ekki undir hugtakið rafræn þjónusta.

Í þriðja lagi skal þjónustan vera veitt með rafrænum búnaði sem gerir það að verkum að vinnsla (þar með talin stafræn samþjöppun) og geymsla gagna geti farið fram við sendingu og móttöku þeirra. Þjónusta á netinu fellur því innan hugtaksins, auk WAP-sendinga, en ekki síma-, símbréfs- eða telexþjónusta. Lokuð gagnanet, svo sem heimabankar og hraðbankar, geta talist til rafrænnar þjónustu, t.d. þegar um er að ræða rafræna millifærslu fjármuna á milli tveggja bankareikninga. Hins vegar telst úttekt peninga úr hraðbanka sem slík ekki til rafrænnar þjónustu.

Í fjórða lagi þarf þjónusta að vera veitt að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Þannig er um rafræna þjónustu að ræða þegar þjónustuþegi fer inn á heimasíðu og fer fram á þjónustu með því að styðja á hnapp (e. *icon*). Hins vegar teljast venjulegar sjónvarps- eða útvarpssendingar til almennings ekki til rafrænnar þjónustu þar sem þær eru sendar út án tillits til hvort þjónustuþegi hafi óskað eftir því.

Dæmi um þjónustu sem telst til rafrænnar þjónustu, þar sem hún er veitt að beiðni þjónustuþega, eru kvikmyndasýningar sem þjónustuþegi biður sérstaklega um (e. *video on demand),* heimasíður sem veita upplýsingar um sjónvarpsdagskrá og viðskiptaorðsendingar sem sendar eru í tölvupósti. Hins vegar teljast hvorki sjónvarps- né útvarpssendingar til rafrænnar þjónustu, jafnvel þótt unnt sé að nálgast þær á netinu, ef þjónustuþegi getur ekki ákveðið hvar og hvenær hann nýtur þjónustunnar.

3.2. Þjónustuveitandi.

Í frumvarpinu er þjónustuveitandi skilgreindur sem einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té rafræna þjónustu. Sem dæmi um þjónustuveitanda í skilningi frumvarpsins má nefna þá sem veita aðgang að netinu og þá sem veita þjónustu eða selja vöru á netinu.

3.3. Þjónustuþegi.

Þjónustuþegi er skilgreindur í frumvarpinu sem einstaklingur eða lögpersóna sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér rafræna þjónustu.

Skilgreining hugtaksins þjónustuþegi nær til hvers kyns notkunar rafrænnar þjónustu, t.d. leitar upplýsinga á netinu í eigin þágu eða í atvinnuskyni.

4. Regla upprunalands.

4.1. Meginreglan.

Kjarni tilskipunar um rafræn viðskipti felst í upprunalandsreglu 3. gr. hennar. Hún felur í sér ákvæði um að þjónustan skuli vera í samræmi við lög upprunalands að því er varðar þær kröfur sem gerðar eru að lögum um stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Einnig felur hún í sér reglu um gagnkvæma viðurkenningu. Sem dæmi má nefna að regla upprunalands gerir það að verkum að íslensk stjórnvöld skuli hafa eftirlit með að stofnun og starfræksla þjónustuveitanda með staðfestu hér á landi sé í samræmi við íslensk lög. Sú regla gildir óháð því hvort þjónustunni er beint að hluta eða öllu leyti til annarra landa.

Regla upprunalands gildir eingöngu að því er varðar þær kröfur sem gerðar eru að lögum um stofnun og starfrækslu þjónustunnar eða á „hinu samræmda sviði", eins og það er nefnt í tilskipuninni (e. *coordinated field*). Kröfunum ber að fullnægja hvort sem þær eru almennar eða taka sérstaklega til rafrænnar þjónustu. Innan upprunalandsreglunnar falla t.d. kröfur um menntun, hæfi, leyfi eða tilkynningar sem gerðar eru þegar veitandi rafrænnar þjónustu hefur starfsemi sína. Kröfur sem falla innan upprunalandsreglunnar og gerðar eru við veitingu rafrænnar þjónustu eru t.d. kröfur um framferði þjónustuveitandans, kröfur um gæði eða innihald þjónustunnar, þar á meðal kröfur sem gilda um auglýsingar og samninga eða kröfur viðvíkjandi ábyrgð þjónustuveitandans.

Utan upprunalandsreglunnar falla kröfur til þjónustu sem ekki telst rafræn þjónusta. Þannig falla kröfur sem gerðar eru til vöru utan upprunalandsreglunnar, svo sem öryggiskröfur eða kröfur til merkinga vöru. Einnig falla kröfur vegna vöruafhendinga utan upprunalandsreglu, eins og kröfur vegna dreifingar lyfja.

Stjórnvöld sem munu hafa eftirlit með rafrænni þjónustu eru þau sem annast framkvæmd viðkomandi laga og reglna um stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Hér á landi verða því mörg stjórnvöld sem munu hafa eftirlit með starfrækslu þjónustuveitenda. Sem dæmi má nefna að Samkeppnisstofnun mun hafa eftirlit með að þjónustuveitendur fylgi ákvæðum samkeppnislaga um bann við óréttmætum viðskiptaháttum og Fjármálaeftirlitið mun hafa eftirlit með þeirri starfsemi fjármálafyrirtækja sem telst til rafrænnar þjónustu.

Grunnregla um gagnkvæma viðurkenningu felur í sér að íslensk stjórnvöld eða dómstólar geti að meginstefnu til ekki hindrað að rafræn þjónusta sé veitt í viðkomandi ríki, enda sé veitandi þjónustunnar með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 3. mgr. 3. gr. er kveðið á um hvar litið skuli á að þjónustuveitandi hafi staðfestu. Þjónustuveitandi telst með staðfestu í tilteknu ríki ef hann stundar þar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð. Ákveða ber hvar þjónustuveitandi hefur staðfestu í samræmi við réttarframkvæmd Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins, en samkvæmt henni felst í hugtakinu staðfesta að rekin sé virk atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð. Einnig telst félag hafa staðfestu þar sem það hefur verið skráð í tiltekinn tíma. Í tilskipuninni kemur fram að tilvist og notkun nauðsynlegra aðferða og tækni til þess að láta þjónustuna í té jafngildi ekki staðfestu þjónustuveitanda í sjálfu sér. Staðfesta þjónustuveitanda telst því ekki þar sem vefþjónn, sem vefsíða er vistuð á, er staðsettur eða þar sem vefsíða er aðgengileg, heldur þar sem þjónustuveitandinn stundar atvinnurekstur sinn í raun. Í tilvikum þar sem erfitt er að skera úr um hvaðan tiltekin þjónusta er veitt, t.d. ef þjónustuveitandinn stundar atvinnurekstur sinn frá mörgum stöðum, skal ákvarða staðfestu þar sem miðstöð viðkomandi starfsemi hans fer fram.

Til þess að þjónustuveitandi hafi staðfestu á Íslandi þarf hann því að reka þar virka atvinnustarfsemi sína ótímabundið frá fastri starfsstöð. Sem dæmi um þjónustuveitanda með staðfestu á Íslandi má nefna félag sem er stofnað og skráð sem íslenskt félag samkvæmt lögum um hlutafélög og sem hefur þar lögheimili.

4.2. Almennar undantekningar frá meginreglu.

Samkvæmt viðauka við tilskipun um rafræn viðskipti eru nokkrar almennar undantekningar gerðar frá meginreglu um reglu upprunalands. Ástæða þeirra felst m.a. í því að á nokkrum sviðum er gildandi Evrópuréttur ekki í samræmi við upprunalandsreglu. Gerð er tillaga að innleiðingu viðaukans í 4. gr. frumvarpsins. Þjónustuveitendur þurfa því jafnvel að hlíta þeim reglum sem gilda í öllum þeim löndum sem þeir beina þjónustu sinni til á þeim sviðum sem undantekningar taka til.

Við túlkun undantekninga 4. gr. frumvarpsins um rétt aðila til að ákvarða þau lög sem um samning gilda, samningsskilmála í neytendasamningum og formlegt gildi samninga um rétt yfir fasteignum ber að hafa í huga 4. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þar er kveðið á um að tilskipunin skuli hvorki hafa í för með sér viðbótarreglur á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar né fjalla um lögsögu dómstóla. Tilskipunin hefur því ekki áhrif á reglur Lúganósamningsins um neytendavarnarþing, sbr. lög um Lúganósamninginn um dómsvald og um fullnustu dóma í einkamálum, nr. 68/1995.

4.3. Sérstakar undantekningar frá meginreglu.

Kveðið er á um sérstakar undantekningar frá reglu upprunalands í 5. gr. frumvarpsins. Þær undantekningar eru tæmandi taldar. Þá er kveðið á um hvaða málsmeðferð ber að fylgja ef íslensk stjórnvöld hyggjast beita íslenskum rétti gagnvart veitendum rafrænnar þjónustu sem staðfestu hafa á Evrópska efnahagssvæðinu, utan Íslands. Ekki er skylt að fylgja þeirri málsmeðferð þegar um rannsókn og meðferð sakamála er að ræða, sbr. 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Því þurfa íslensk stjórnvöld ekki að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA eða viðkomandi aðildarríkis ef lögregla, ákæruvald eða önnur stjórnvöld gera ráðstafanir sem hindra gagnkvæma viðurkenningu, enda eru ráðstafanirnar liður í rannsókn eða meðferð sakamála. Sem dæmi má nefna að ekki þarf að tilkynna viðkomandi aðildarríki eða Eftirlitsstofnun EFTA ef aðgangur almennings á Íslandi er hindraður að barnaklámi sem refsivert er skv. 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ef hindrunin er liður í rannsókn eða meðferð sakamáls.

5. Upplýsingaskylda.

Til að styrkja réttaröryggi og traust manna til rafrænnar þjónustu er í 6. gr. frumvarpsins kveðið á um lágmarksupplýsingar sem veitendum þjónustunnar ber að veita. Er þar til dæmis kveðið á um að þjónustuveitendum beri að veita upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem gera mönnum kleift að komast í samband við þá. Það skal áréttað sérstaklega að frekari kröfur til upplýsingagjafar geta verið lögfestar á öðrum sviðum sem geta haft áhrif á upplýsingaskyldu veitenda rafrænnar þjónustu, svo sem í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, og í lögum um neytendalán, nr. 121/1994.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins kveða á um frekari kröfur til upplýsingagjafar þegar um er að ræða markaðssetningu. Ákvæðin miða að því að tryggja gagnsæi og auka traust manna til rafrænnar þjónustu. Vísað er til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins að því er varðar markaðssetningarhugtakið.

6. Rafrænir samningar.

Tilskipunin leggur þær skyldur á aðildarríki EES-samningsins að þau tryggi að heimilt verði að lögum að gera samninga með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu tryggja að gildandi lög hindri ekki gildi rafrænna samninga.

Það er meginregla íslensks samningaréttar að samningar séu ekki formbundnir. Frá þessari meginreglu eru ýmsar undantekningar sem geta stuðst við lög, samkomulag aðila, eðli máls eða venju. Þannig getur lagatúlkun leitt til þess að litið verði svo á að skriflegt form sé skilyrði fyrir gildi samnings.

Undantekningar frá meginreglu um formleysi samninga geta stuðst við mismunandi sjónarmið. Tilgangur áskilnaðar um tiltekið form, þ.m.t. skriflegt, getur verið að tryggja sönnun, tryggja að samningsaðilar geri sér glögga grein fyrir þeim skuldbindingum sem þeir takast á hendur með samningi eða að tryggja að samningur sé aðgengilegur og tiltækur öðrum aðilum en samningsaðilum.

Eins og aðrar rafrænar upplýsingar eru rafrænir samningar eingöngu mynstur úr rafhleðslum og eyðum sem hægt er að senda á milli tölva með rafboðum. Rafrænar upplýsingar eru að öllu jöfnu aðgengilegar og varðveitanlegar með vél- og hugbúnaði með sambærilegum hætti og skriflegar upplýsingar. Því er yfirleitt hægt að lesa rafrænar upplýsingar af skjá eða prenta þær á blað. Ef rafrænir samningar fullnægja því lágmarksskilyrði að vera aðgengilegir virðist einsýnt að rafrænir samningar geti fyllilega gegnt öllum þeim hlutverkum skriflegra samninga sem að framan greinir. Að réttu lagi verður tæplega séð að efnisrök reglna sem áskilja tiltekið form leiði til þess að rafrænir samningar njóti sérstöðu. Í þeim tilvikum mæla því rök með því að rafrænir samningar fullnægi skilyrðum um skriflega samninga.

Hins vegar verður til þess að líta að með skilyrðum um að samningar skuli vera skriflegir getur verið talið að vísað sé til ákveðinnar tækni við viljatjáningu, þ.e. að orð séu letruð eða prentuð á pappír eða annað áþreifanlegt efni. Rafræn tjáskipti fara á hinn bóginn fram með rafrænum boðum eins og áður er rakið.

Að því virtu og með tilliti til þess sem fyrr er rakið getur leikið nokkur vafi á því hvort rafrænir samningar fullnægi skilyrðum réttarreglna um að samningar skuli vera skriflegir. Því er lagt til að lögfest verði almenn fyrirmæli til að taka af vafa í þessu efni.

Á hinn bóginn tryggir meginregla íslensks réttar, um að gildi samninga sé óháð formi þeirra, möguleika á að gera rafræna samninga, ef lög, stjórnsýslufyrirmæli eða annað mælir ekki fyrir um sérstakt form þeirra. Því þarf ekki að lögfesta sérstaka reglu þar að lútandi. Að því er varðar skilyrði um undirritun samningsaðila ber að nefna að 4. gr. laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, mælir fyrir um að fullgildar rafrænar undirskriftir séu jafngildar handrituðum og að aðrar rafrænar undirskriftir geti fullnægt skilyrðum um handritaðar undirskriftir.

7. Skylda við samningsgerð.

Ákvæði 9. gr. frumvarpsins kveða á um hvaða upplýsingar þjónustuveitanda ber að veita áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun. Hér er um lágmarkskröfur að ræða til viðbótar við annan áskilnað um upplýsingagjöf samkvæmt frumvarpinu eða lögum.

Einnig eru í 10. og 11. gr. frumvarpsins frekari ákvæði um skyldur þjónustuveitanda við samningsgerð. Þau eru frávíkjanleg ef aðilar samningsins eru ekki neytendur. Þá gilda þau ekki um samninga sem eru gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða öðrum sambærilegum sendingum á milli einstaklinga eða lögpersóna. Af samanburðarskýringu þessara ákvæða leiðir því að ekki er unnt að víkja frá þeim ef um neytendasamninga er að ræða, nema til samnings sé stofnað með tölvupósti eða öðrum sambærilegum sendingum.

8. Takmörkun ábyrgðar þjónustuveitenda.

Í 12.–14. gr. tilskipunarinnar eru ákvæði um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda. Kveða þau á um takmörkun skaðabóta- og refsiábyrgðar þjónustuveitenda við tilteknar aðstæður. Ef skilyrðum takmörkunar ábyrgðar þjónustuveitenda er ekki fullnægt er mögulegt að þjónustuveitendur þurfi að sæta ábyrgð, en það er undir aðildarríkjunum komið að ákvarða hana í landsrétti sínum.

Greint er á milli mismunandi tegunda þjónustu í 12.–14. gr. tilskipunarinnar, en þau ákvæði endurspeglast í sömu greinum frumvarpsins. Í 12. gr. er fjallað um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda sem miðlar gögnum um fjarskiptanet eða veitir aðgang að fjarskiptaneti. Í 13. gr. er kveðið á um takmörkun ábyrgðar sambærilegs þjónustuveitanda vegna sjálfvirkrar, millistigs- og skammtímageymslu gagna. Í 14. gr. er loks kveðið á um takmörkun ábyrgðar þeirra þjónustuveitenda sem hýsa gögn. Í umræddum tilvikum eru gögn látin í té af þjónustuþega. Þjónustuveitandi hefur því hvorki vitneskju um né yfirráð yfir þeim gögnum sem eru send, geymd eða hýst.

Ákvæðunum er einungis ætlað að takmarka ábyrgð þjónustuveitenda í tilteknum tilfellum vegna innihalds gagna sem eru skyndivistuð, hýst eða þeim miðlað. Ekki er ætlunin að takmarka ábyrgð þjónustuveitenda við aðrar aðstæður, svo sem hugsanlega skaðabótaábyrgð þeirra gagnvart samningsaðilum sínum ef seinkun verður á miðlun gagna vegna bilunar í kerfi.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins um takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar ber að túlka með hliðsjón af eðli opins kerfis eins og netsins. Þegar gögnum er miðlað á netinu er þeim skipt upp í svokallaða pakka þannig að unnt sé að miðla mismunandi hlutum gagnanna með ólíkum leiðum og flýta þannig miðluninni. Pökkunum er síðan miðlað um mörg fjarskiptanet og þeir settir saman á viðtökustað. Þegar á miðluninni stendur verða sjálfkrafa til eintök af pökkunum í örskamma stund. Án þessara eintaka mundi flutningur á netinu ekki geta orðið. Ákvæði 12. gr. kveður á um takmörkun ábyrgðar þeirra sem gera umræddа miðlun mögulega, að nánari skilyrðum fullnægðum.

Ákvæði 13. gr. fjallar um takmörkun ábyrgðar vegna þeirra eintaka sem verða til við skyndivistun. Margar heimsóknir á vinsælar heimasíður sem ekki eru hýstar hjá þjónustuveitanda geta haft í för með sér tafir á sendingum og álag. Því grípa þjónustuveitendur oft til þess ráðs að vista vinsælar heimasíður á netþjóni sínum. Þjónustuþegi fær því viðkomandi gögn frá netþjóni þjónustuveitanda síns, en ekki þeim netþjóni þar sem heimasíðan er hýst. Þjónustuþegi fær þannig hraðari og betri þjónustu, enda endurnýi þjónustuveitandi eintak sitt svo oft sem þörf er á. Með skyndivistun er þannig átt við vistun á gögnum á vefþjóni þjónustuveitanda, t.d. heimasíðum. Umrædd eintök verða því ekki til með sjálfvirkum hætti, eins og þau sem fjallað er um í 12. gr., heldur eru þau gerð til að gera miðlun um netið skilvirkari.

Takmörkun ábyrgðar skv. 12. og 13. gr. er meðal annars háð því að þjónustuveitandi geri ekki breytingar á gögnunum sem hann sendir. Breytingar gagna sem verða vegna tæknilegra aðgerða meðan á sendingunni stendur hafa ekki áhrif á ábyrgð þjónustuveitanda þar sem þær hafa ekki áhrif á heilleika gagnanna sem eru send. Hér er meðal annars átt við breytingar sem felast í því að skipta gögnunum upp í svokallaða pakka til þess að tryggja skilvirka sendingu gagna á netinu. Hins vegar eiga ákvæði um takmörkun ábyrgðar ekki við um þá þjónustuveitendur sem af ásettu ráði eiga samstarf um ólögmætt athæfi við þjónustuþega þar sem slíkt gengur lengra en hrein miðlun eða skyndivistun gagna.

Ákvæði 14. gr. kveður á um takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar. Með hýsingu er t.d. átt við vistun gagna, sem gerð eru aðgengileg almenningi á netinu, með varanlegum hætti á netþjóni. Þjónustuveitendur sem bjóða aðgang að netinu bjóða að jafnaði einnig svæði á netþjóni

þeirra þannig að þjónustuþegar geti vistað þar gögn til langframa, t.d. heimasíður. Sem dæmi um annars konar hýsingu má nefna spjallrásir (e. *chat rooms*), þar sem unnt er að eiga samskipti á netinu, og aðra miðla þar sem mögulegt er að gögn, svo sem tilkynningar eða skrár, séu vistuð beint af þjónustuþega þannig að þau verði aðgengileg öðrum (e. *bulletin boards*).

Í 15.–18. gr. frumvarpsins er kveðið nánar á um hvernig þjónustuveitanda ber að bregðast við ef hann fær vitneskju um ólögmæt gögn. Í greinunum hefur verið tekið tillit til þeirra hagsmuna sem vegast á í þessu sambandi, annars vegar tjáningarfrelsis og frekari þróunar rafrænnar þjónustu og hins vegar mikilvægis þess að koma á skilvirkan hátt í veg fyrir útbreiðslu ólögmæts efnis.

9. Ýmis ákvæði.

Sjötti kafli frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um afleiðingu brota, tengiliði vegna samstarfs um rafræn viðskipti og breytingar á öðrum lögum. Gert er ráð fyrir að Samkeppnisstofnun hafi eftirlit með að farið sé eftir 6.–7. gr. og 9.–11. gr. frumvarpsins og að ákvæði samkeppnislaga gildi um úrræði stofnunarinnar, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Lagt er til að viðskiptaráðuneytið verði tengiliður í alþjóðlegu samstarfi um rafræn viðskipti. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið verði einnig sá aðili sem menn geta leitað til í því augnamiði að fá upplýsingar um lagaumhverfi rafrænna viðskipta.

Loks eru, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, lagðar til breytingar á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, læknalögum, nr. 53/1988, og lögum um tannlækningar, nr. 38/1985, til þess að tryggja fullnægjandi innleiðingu á tilskipun um rafræn viðskipti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. mælir fyrir um gildissvið frumvarpsins. Frumvarpið tekur til rafrænnar þjónustu. Um skilgreiningu á rafrænni þjónustu vísast til kafla III.3.1. í almennum athugasemdum. Að því er varðar þær kröfur sem gerðar eru að lögum um stofnun og starfrækslu þjónustunnar gilda íslensk lög um þá þjónustuveitendur sem hafa staðfestu hér á landi skv. 3. gr. frumvarpsins. Því hafa íslensk stjórnvöld eftirlit með þjónustuveitendum með staðfestu hér á landi að því er varðar stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Regla þessi er nefnd regla upprunalands. Að því er varðar aðrar lagalegar kröfur en um stofnun og starfrækslu rafrænnar þjónustu gildir regla upprunalands ekki. Íslensk stjórnvöld gætu því ekki stutt eftirlit sitt með þjónustuveitendum á öðrum sviðum en varða stofnun og starfrækslu þjónustunnar við ákvæði 3. gr. laga þessara. Á því sviði gilda almennar reglur viðkomandi laga um eftirlit. Um almennt gildissvið frumvarpsins er vísað til kafla III.2 í almennum athugasemdum.

Ákvæði 2. mgr. telur upp þau svið sem falla utan gildissviðs frumvarpsins. Þau styðjast við 5. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Frumvarpið tekur ekki til skattamálefna. Reglur um rafræna þjónustu á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins geta snert skattamálefni þar sem nú er víðs vegar unnt að telja fram til skatts með rafrænum hætti. Undantekning um að skattamálefni falli utan gildissviðs tilskipunarinnar og þar með frumvarpsins hefur þau áhrif að einstök ríki geta sett sérstakar reglur sem snerta skattamálefni og rafræna þjónustu, óháð tilskipuninni.

Þá fellur rafræn þjónusta sem snertir vernd persónuupplýsinga utan gildissviðs frumvarpsins. Um vernd persónuupplýsinga hefur verið fjallað í tilskipun 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og í tilskipun 97/66/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasvið-

inu. Þessar tilskipanir hafa verið innleiddar með lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, og lögum um fjarskipti, nr. 107/1999. Ákvæði framangreindra tilskipana og laga munu einnig taka til rafrænnar þjónustu. Því er óþarft að ákvæði frumvarps þessa taki til verndar persónuupplýsinga.

Einnig falla ólögmætt samráð eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja utan gildissviðs frumvarpsins. Því geta íslensk samkeppnisyfirvöld beitt valdheimildum sínum gagnvart lögaðilum sem hafa staðfestu utan Íslands, þrátt fyrir ákvæði II. kafla frumvarpsins, ef það samræmist öðrum ákvæðum íslenskra laga.

Enn fremur er starfsemi lögbókenda utan gildissviðs frumvarpsins, að því marki sem í henni felst beiting opinbers valds. Því mun starfsemi lögbókenda hér á landi falla utan við gildissvið frumvarpsins. Hins vegar felst beiting opinbers valds ekki í starfsemi lögbókenda í nokkrum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Slík starfsemi gæti fallið undir gildissvið frumvarpsins fullnægi hún öðrum áskilnaði þess. Í þeim tilvikum mættu íslensk stjórnvöld ekki leggja höft á slíka þjónustu hér á landi, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Þá fellur hagsmunagæsla fyrir dómstólum utan gildissviðs frumvarpsins. Með hagsmunagæslu fyrir dómstólum er ekki einungis átt við mætingar í þinghöld. Einnig er átt við allt það sem tengist hagsmunagæslunni, svo sem birtingu stefnu, framlagningu skjala, fundi með viðskiptavini. Loks fellur fjárhættustarfsemi sem felst í að leggja fram fé í áhættuleikjum utan gildissviðs frumvarpsins. Hins vegar falla leikir sem ekki eru boðnir fram gegn greiðslu innan gildissviðs frumvarpsins, t.d. leikir sem eru fjármagnaðir með auglýsingum eða eru til þess fallnir að auglýsa tiltekna vöru.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna orðskýringar sem áður hefur verið fjallað um í almennum athugasemdum, kafla III.3. Við orðskýringu hugtaka er fylgt 2. gr. tilskipunarinnar.

Um 3. gr.

Ákvæðið hefur að geyma eina af meginreglum frumvarpsins, þ.e. reglu upprunalands. Hér er stuðst við 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Í 1. mgr. er kveðið á um að rafræn þjónusta sem þjónustuveitendur með staðfestu á Íslandi veita skuli vera í samræmi við íslensk lög sem gilda um stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Þannig er ljóst að íslensk stjórnvöld skulu hafa eftirlit með þjónustuveitendum, hvert á sínu sviði. Regla upprunalands hefur þau áhrif að íslenskum stjórnvöldum verður unnt að hafa eftirlit með að starfsemi og stofnun þjónustuveitenda með staðfestu hér á landi sé í samræmi við íslensk lög. Þannig munu íslensk samkeppnisyfirvöld t.d. hafa eftirlit með því að ákvæðum laga um bann við óréttmætum viðskiptaháttum sé fylgt af þeim þjónustuveitendum sem hafa staðfestu hér á landi, sbr. VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort lagaákvæðum, sem stjórnvöld styðja eftirlit sitt við, sé beint sérstaklega að rafrænni þjónustu. Íslensk stjórnvöld munu hafa eftirlit með að öllum þeim ákvæðum íslenskra laga sem varða stofnun og starfrækslu þjónustunnar sé fylgt af þjónustuveitendum með staðfestu hér á landi.

Frumvarpið tekur að meginstefnu aðeins til ríkisréttarlegra ákvæða laga. Þannig segir það fyrir um hvers lands lögum þjónustuveitendum ber að fylgja að því er varðar ríkisréttarlegar kröfur. Hins vegar mælir frumvarpið almennt ekki fyrir um hvers lands lög gilda í einkaréttarlegum samningssamböndum.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að engin höft skuli vera á frelsi þjónustuveitanda með stað-

festu á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu hér á landi að því er varðar þær kröfur sem gerðar eru að lögum um stofnun og starfrækslu þjónustunnar. Íslensk stjórnvöld geta hins vegar eftir sem áður takmarkað rafræna þjónustu þjónustuveitenda sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins, að öðrum skilyrðum laga fullnægðum. Um nánari skýringar er vísað til kafla III.4 í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. er fjallað um hvar ákvarða skuli staðfestu þjónustuveitanda. Um staðfestu er fjallað ítarlega í kafla III.4.1 og vísast þangað til nánari skýringa á ákvæðinu.

Um 4. gr.

Í greininni er listi yfir almennar undantekningar frá reglu upprunalands. Ákvæðin styðjast við 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, ásamt fylgiskjali hennar. Listi þessi er tæmandi. Á þessum afmörkuðu sviðum hafa stjórnvöld því vald til að hafa eftirlit með þjónustuveitendum, þótt þeir hafi staðfestu utan Íslands, að fullnægðum öðrum skilyrðum laga.

Í 1. tölul. er fjallað um rétt aðila til þess að semja um lög þau sem um samninga þeirra skulu gilda. Samkvæmt grunnreglu alþjóðlegs einkamálaréttar hafa aðilar rétt til þess að velja hvers lands lög skuli gilda um réttarsamband þeirra í milli. Skv. 1. tölul. skulu slíkir samningar gilda, óháð reglu upprunalands í 3. gr. frumvarpsins. Undantekningar hafa þó verið gerðar að því er varðar neytendasamninga, sbr. 2. tölul.

Í 2. tölul. er vikið að samningsskyldum í tengslum við neytendasamninga. Ákvæði þetta tekur til upplýsinga um mikilvæga grunnþætti samningsins, meðal annars rétt neytenda, sem hafa afgerandi áhrif á ákvörðun um að ganga til samninga. Undantekningin tekur því til upplýsinga sem gefnar eru fyrir samningsstofnun en sjást ekki af samningnum og höfðu afgerandi áhrif á ákvörðun um að ganga til samninga. Einnig tekur undantekningin til upplýsinga sem hafa réttaráhrif sem ekki er unnt að semja sig frá í neytendasamningum. Frumvarpið hefur ekki áhrif á gildandi lög um samningsskyldur á sviði neytendasamninga. Þar af leiðandi hefur það ekki þau áhrif að neytendur með fasta búsetu hér á landi séu sviptir þeirri vernd sem ófrávíkjanlegar reglur sem fjalla um samningsskyldur í íslenskum lögum veita þeim. Um skýringu á hugtakinu neytandi vísast til umfjöllunar um 2. mgr. 9. gr.

Í 3. tölul. er kveðið á um að regla upprunalands gildi ekki að því er varðar formlegt gildi samninga, sem stofna eða yfirfæra rétt í fasteignum, þegar slíkir samningar eru háðir ófrávíkjanlegum formkröfum samkvæmt lögum þess ríkis þar sem fasteignin er. Þó svo að slíkar formkröfur séu ekki fyrir hendi hér á landi getur undantekningin haft þýðingu hér. Hún gefur til kynna að önnur lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins geti framfylgt þeim kröfum sem þau gera á þessu sviði gagnvart þjónustuveitendum sem hafa staðfestu á Íslandi.

Við skýringu á framangreindum undantekningum ber að hafa í huga að í frumvarpinu er ekki ætlunin að setja nýjar reglur á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar eða hafa áhrif á lögsögu dómstóla.

Ákvæði 4. tölul. tekur til höfundaréttar og skyldra réttinda. Með skyldum réttindum er átt við svokölluð grannréttindi höfundaréttar, þ.e. réttindi listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarpsstofnana. Ástæða fyrir undantekningunni er nýlega samþykkt tilskipun á vegum Evrópusambandsins um höfundarétt í upplýsingasamfélagi (tilskipun 2000/29/EB). Ákvæði 4. tölul. hafa þau áhrif að frumvarp þetta hefur ekki áhrif á niðurstöðu um hvers lands lög gilda þegar spurning rís um höfundaréttarbrot þjónustuveitanda.

Í 5. tölul. er kveðið á um að regla upprunalands eigi ekki við þegar meta á að hvaða marki óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti séu leyfilegar. Íslensk stjórnvöld geta því á því sviði, að öðrum skilyrðum fullnægðum, beitt eftirlitshlutverki sínu gagnvart þjónustuveitendum sem hafa staðfestu utan Íslands.

Í 6. tölul. er tekið á útgáfu rafeyris af hálfu fyrirtækja sem veitt hefur verið undanþága skv. 8. gr. tilskipunar nr. 2000/46/EBE um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim. Meginregla umræddrar tilskipunar er að rafeyrisstofnanir séu undir eftirliti heimaríkis og njóti gagnkvæmrar viðurkenningar. Í 8. gr. tilskipunarinnar er undantekning frá meginreglunni sem tekur einungis til hluta þeirra stofnana sem hafa heimildir til að gefa út rafeyri. Þannig gerir tilskipunin ráð fyrir að minni útgefendur, eða útgefendur sem einungis gefa út rafeyriskort sem nota má í takmörkuðum mæli, geti gefið út slík kort, án þess að öðlast um leið rétt til að veita þjónustu yfir landamæri. Undantekning 6. tölul. mælir fyrir um að slíkar rafeyrisstofnanir geti verið undir eftirliti hér, þó svo að þær hafi staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarp til innleiðingar umræddrar tilskipunar hefur verið lagt fram á Alþingi.

Í 7. tölul. er fjallað um markaðssetningu bréfa í verðbréfasjóðum skv. 44. gr. tilskipunar 1985/611/EB. Skv. 2. mgr. 44. gr. umræddrar tilskipunar skal hvert fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem auglýsir hlutdeildarskírteini til sölu í tilteknu ríki hlíta þargildandi reglum um auglýsinguna. Undantekning þessi mælir því fyrir um að verðbréfasjóðir geti þurft að hlíta íslenskum reglum um auglýsingar þrátt fyrir að þeir hafi staðfestu utan Íslands. Ákvæðið er innleitt í 7. gr. reglugerðar nr. 369/1993 um starfsemi og markaðssetningu erlendra verðbréfasjóða á Íslandi.

Í 8. tölul. er tekið á staðfesturétti og rétti til að veita tryggingaþjónustu samkvæmt tilskipun 92/49/EBE, tilskipun 92/96/EBE, tilskipun 88/357/EBE og tilskipun 90/619/EBE. Nánar tiltekið er hér átt við 30. gr. og IV. hluta tilskipunar 92/49/EBE, IV. hluta tilskipunar 92/ 96/EBE, 7. og 8. gr. tilskipunar 88/357/EBE og 4. gr. tilskipunar 90/619/EBE. Framangreind ákvæði kveða á um stjórnvöld hvaða lands hafa eftirlit með tiltekinni starfsemi tryggingafyrirtækja. Þau ákvæði ganga því framar ákvæði frumvarps þessa um upprunalandsreglu.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær íslensk stjórnvöld, sem til þess eru bær að lögum, geti takmarkað veitingu rafrænnar þjónustu þótt hún sé ekki veitt af þjónustuveitanda með staðfestu hér á landi og þó svo að almenn ákvæði 4. gr. um undanþágu frá reglu upprunalands eigi ekki við. Gert er ráð fyrir að mat fari fram í hverju tilfelli fyrir sig um hvort skilyrði ákvæðisins séu fyrir hendi áður en til aðgerða er gripið. Ákvæði 5. gr. geta til dæmis átt við þegar þjónustuveitandi með staðfestu utan Íslands veitir rafræna þjónustu sem er í samræmi við lög upprunalands en brýtur gegn refsilöggjöf hér á landi sem miðar m.a. að verndun almenns siðferðis, t.d. ákvæðum almennra hegningarlaga um bann við rógi gegn kynþáttum eða kynhneigð, sbr. 233. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í slíkum tilvikum geta stjórnvöld, sem til þess eru bær að lögum, takmarkað frjálst flæði rafrænnar þjónustu.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eru þrjú efnisleg skilyrði þess að grípa megi til aðgerða. Í fyrsta lagi þurfa þær að vera nauðsynlegar til verndunar tilteknum hagsmunum, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. Í öðru lagi skal einungis til þeirra gripið að þjónustuveitandi vinni gegn þeim verndarhagsmunum sem nefndir eru í 1.–3. tölul. 1. mgr. eða veruleg hætta sé á að hann muni vinna gegn þeim. Í þriðja lagi skal meðalhófs gætt við val aðgerða.

Í 1. tölul. 1. mgr. er tilgreint að aðgerðir þurfi að vera nauðsynlegar til verndunar almennu siðferði, allsherjarreglu eða almannaöryggi. Með allsherjarreglu í greininni er átt við það að koma í veg fyrir refsilagabrot, koma upp um þau og ákæra fyrir þau. Einnig er átt við verndun ólögráða barna og baráttu gegn því að vekja upp hatur vegna kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða þjóðernis eða því að misbjóða mannlegri reisn. Með skilyrði ákvæðisins um að aðgerðir skuli vera nauðsynlegar til að vernda almannaöryggi er m.a. átt við að þær miði að

því að standa vörð um þjóðaröryggi og landvarnir. Í 2. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að aðgerðir geti fallið innan ákvæðis 1. mgr. ef þær eru nauðsynlegar til verndunar lífi og heilsu manna. Í 3. tölul.1. mgr. er kveðið á um að aðgerðir geti fallið innan ákvæðis 1. mgr. ef þær eru nauðsynlegar fyrir neytendavernd. Hér getur einnig fallið undir vernd fjárfesta.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um hvernig standa skuli að aðgerðunum. Meginreglan er sú að fyrst þurfi að gefa því aðildarríki þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu tækifæri til að grípa til aðgerða gegn brotunum. Hvorki eru ákvæði í frumvarpinu né í tilskipun um rafræn viðskipti sem mæla fyrir um hversu langan tíma verði að gefa aðildarríkjum til að grípa til viðeigandi ráðstafana. Ljóst er þó af meginreglu upprunalands að gefa verði aðildarríkjum þann tíma sem sanngjarnt er að ætla að þau þurfi til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Beri það ekki árangur er íslenskum stjórnvöldum fyrst heimilt að grípa til nefndra aðgerða, enda tilkynni þau Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi aðildarríki um fyrirhugaðar aðgerðir. Í áríðandi málum og þegar um er að ræða lögbann eða aðgerðir vegna rannsóknar sakamála þarf ekki að fylgja meginreglu um fyrirframtilkynningar. Í slíkum tilvikum geta íslensk stjórnvöld beitt íslenskum réttarreglum sem snerta rannsókn sakamála, óháð staðfestu viðkomandi þjónustuveitanda og án þess að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðirnar fyrr en eftir á.

Um 6. gr.

Greinin styðst við 5. gr. tilskipunarinnar. Í henni er kveðið á um þær almennu upplýsingar sem þjónustuveitandi skuli veita greiðan og samfelldan aðgang að. Ákvæðin eru því til fyllingar öðrum ákvæðum laga um upplýsingaskyldu sem átt geta við veitendur rafrænnar þjónustu, t.d. í ákvæðum laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000, og laga um neytendalán, nr. 121/1994.

Í 1. mgr. er kveðið á um að aðgangur að upplýsingum skuli vera greiður. Þá kröfu ber að túlka með hliðsjón af þeirri tækni sem til er hverju sinni og þeim miðli sem notaður er til að veita rafræna þjónustu. Þannig er unnt að gera strangari kröfur til aðgengis að upplýsingum þegar þjónustuveitandi veitir rafræna þjónustu á netinu en þegar hann veitir samsvarandi þjónustu í gegnum farsíma með svokallaðri WAP-tækni. Ef veitt er rafræn þjónusta á netinu skal vera unnt að nálgast upplýsingarnar á heimasíðu veitandans eða á undirliggjandi síðum ef ljóst er á heimasíðunni hvar upplýsingarnar er að finna.

Þá er einnig gert að skilyrði skv. 1. mgr. að aðgangur að upplýsingum sé samfelldur. Með því er átt við að þjónustuveitandi skal gera það sem í hans valdi stendur til að ætíð sé unnt að afla viðkomandi upplýsinga. Þannig er þjónustuveitanda ekki heimilt að fjarlægja upplýsingarnar eða takmarka aðgang að þeim. Einnig felst í ákvæði þessu að þjónustuveitandi skuli sjá til þess að upplýsingarnar séu uppfærðar þegar á því er þörf.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. skal þjónustuveitandi veita upplýsingar um nafn sitt. Ef þjónustuveitandi er lögpersóna skal gefa upp nafn hennar eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá, firmaskrá eða annarri opinberri skrá. Skv. 2. tölul. skal þjónustuveitandi veita upplýsingar um hvar hann hefur staðfestu. Vísað er til kafla III.4.1 í almennum athugasemdum að því er varðar skilgreiningu á staðfestu. Ákvæði 3. tölul. mælir fyrir um að veita skuli upplýsingar um kennitölu. Markmið að baki 1.–3. tölul. er að gera stjórnvöldum og þjónustuþegum kleift að hafa samband við þjónustuveitanda sem veitir rafræna þjónustu, t.d. í gegnum heimasíðu á netinu. Skv. 4. tölul. 1. mgr. skal þjónustuveitandi einnig gefa upp póstfang, netfang og aðrar þær upplýsingar sem eru forsenda þess að unnt sé að hafa samband við þjónustuveitanda á greiðan hátt. Eingöngu er gert ráð fyrir að þjónustuveitandi gefi upp póstfang ef það er annað en heimilisfang, skv. 2. tölul. 1. mgr., t.d. ef um pósthólf er að ræða. Með

öðrum upplýsingum í ákvæðinu er t.d. átt við símanúmer og símbréfsnúmer, ef um það er að ræða. Í 5. tölul. 1. mgr. er mælt fyrir um að þjónustuveitandi skuli gefa upplýsingar um virðisaukaskattsnúmer sitt ef hann hefur það og skv. 6. tölul. skal hann veita upplýsingar um þá opinberu skrá sem hann er skráður hjá. Er þar átt við að þjónustuveitandi skuli gefa upp hvar starfsemi hans er skráð, t.d. hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, sjálfseignarstofnanaskrá eða firmaskrá. Ef þjónustuveitandi er skráður hjá firmaskrá er rétt að hann gefi einnig upp hvar sú firmaskrá er vistuð. Loks skal skv. 7. tölul. 1. mgr. veita upplýsingar um þau leyfi sem þjónustuveitandi hefur og þá eftirlitsaðila sem hafa eftirlit með starfsemi hans ef starfsemi hans er háð leyfum.

Samkvæmt 2. mgr. skal þjónustuveitandi gefa nánari upplýsingar ef hann veitir þjónustu sem telst til lögverndaðs starfs. Skal hann þá veita upplýsingar um starfsheiti sitt eða fyrirsvarsmanns síns, samtök sem viðkomandi er skráður hjá og þær starfs- eða siðareglur sem gilda á viðkomandi sviði og með hvaða hætti unnt er að nálgast þær. Með lögvernduðu starfi er átt við starfsgrein sem fellur undir d-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Þá er einnig átt við starfsgreinar sem falla undir ákvæði f-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE. Í framangreindum ákvæðum felst að lögverndað starf sé hvert það starf sem samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum krefst leyfis, skráningar eða þess háttar. Umræddum tilskipunum verður einungis beitt á störf sem sértækar tilskipanir taka ekki til. Til eru sjö tilskipanir sem taka til sérstakra starfsstétta: hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna. Starfsstéttir þessar teljast einnig til lögverndaðs starfs í skilningi frumvarpsins.

Ákvæði 3. mgr. mælir fyrir um að upplýsingar um verð í tengslum við rafræna þjónustu skuli veittar með skýrum og ótvíræðum hætti og sérstaklega skuli tekið fram hvort skattar og afhendingarkostnaður séu innifaldir í verði. Ákvæðin fela í sér innleiðingu á 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Með „skýrum og ótvíræðum hætti“ er átt við að auðvelt skal vera að koma auga á upplýsingarnar og tileinka sér þær. Skyldan til að gefa upplýsingar um verð er óháð því hvort þjónustuþegi er neytandi. Ákvæði þessi gilda samhliða öðrum ákvæðum laga sem gilda um upplýsingar um verð, t.d. reglum um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995 sem settar hafa verið með heimild í 30. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um hvaða upplýsingar ber að gefa í tengslum við markaðssetningu sem er hluti af eða myndar rafræna þjónustu. Ákvæðin styðjast við b–d-lið 6. gr. tilskipunarinnar.

Með markaðssetningu er átt við hvers konar upplýsingagjöf sem ætlað er að vekja með beinum eða óbeinum hætti athygli á vöru, þjónustu eða ímynd félags, stofnunar eða persónu sem stundar verslunar-, iðnaðar- eða handverksstarfsemi eða lögverndað starf. Hins vegar teljast upplýsingar sem veita beinan aðgang að starfsemi hlutaðeigandi þjónustuveitanda ekki til markaðssetningar, t.d. veffang eða netfang. Það sama má segja um upplýsingar sem varða vöru, þjónustu eða ímynd viðkomandi þjónustuveitanda sem eru teknar saman án atbeina eða áhrifa hans, einkum þegar það er gert án endurgjalds. Sem dæmi um markaðssetningu eru hvers kyns beinar auglýsingar á vörum eða þjónustu. Einnig geta óbeinar auglýsingar talist til markaðssetningar, svo sem styrkir, leikir, keppni og afsláttur. Hvers konar leikir geta

fallið hér undir, bæði leikir sem teljast til fjárhættuspila og leikir sem notaðir eru til markaðssetningar.

Kveðið er á um það í 1. mgr. að auðvelt skuli vera að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem stendur að baki markaðssetningu. Með því er átt við þann einstakling eða lögpersónu sem notar markaðssetninguna til að kynna þær vörur eða þjónustu sem viðkomandi hefur á boðstólum. Ekki er átt við þann sem kemur auglýsingu á framfæri fyrir þjónustuveitanda, svo sem auglýsingastofu eða þann sem hýsir markaðssetningarefnið á netþjóni sínum.

Í 2. mgr. er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru við kynningu á tilboði, keppni og leik. Kveðið er á um að kynning á tilboði, keppni og leik skuli vera sett fram á skýran og ótvíræðan hátt. Sama gildi um skilyrði sem fullnægja þurfi til að geta tekið tilboði eða tekið þátt í keppni eða leik. Því þarf að vera auðvelt að nálgast upplýsingar um skilyrði til að taka þátt í keppni eða leik eða fá afslátt. Skilyrðin þurfa einnig að vera þannig fram sett að hvorki vakni vafi um þau né sé erfitt að tileinka sér þau. Með tilboði er til dæmis átt við afslátt, verðlaun eða gjafir sem ætlað er að vekja með beinum eða óbeinum hætti athygli á vörum, þjónustu eða ímynd félags, stofnunar eða persónu í atvinnustarfsemi.

Um 8. gr.

Ákvæðið kveður á um hvernig mögulegt er að fullnægja kröfum um skriflega samninga með rafrænum hætti. Ákvæðið byggist á 9. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt ákvæðinu er unnt að fullnægja skilyrði um skriflega samninga með rafrænum hætti, að nánari skilyrðum fullnægðum. Hið sama gildir um skriflegar tilkynningar og aðrar aðgerðir sem aðilar samnings þurfa að framkvæma í tengslum við samningssamband. Með skilyrðinu um aðgengileika er átt við að samningurinn sé læsilegur og skiljanlegur. Ef forrit er nauðsynlegt til að gera samninginn læsilegan og skiljanlegan skal það varðveitt til að fullnægja skilyrði um aðgengileika. Með skilyrði um varðveitanleika er átt við að unnt sé að ganga að efni samningsins eftir að til hans hefur verið stofnað. Getur það skilyrði t.d. gert það að verkum að unnt sé að leggja rafrænan samning fram í dómsmálum. Þegar lög mæla fyrir um að aðilar samningsins haldi hver sínu eintaki er því skilyrði fullnægt þegar allir aðilar samningsins hafa aðgang að honum, þótt á rafrænu formi sé.

Samkvæmt 3. mgr. gilda ákvæði 1. og 2. mgr. m.a. ekki á sviði sifja- og erfðaréttar. Þannig verður ekki unnt að gera kaupmála í rafrænu formi, sbr. 80. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993. Hins vegar verður nú unnt að gera leigusamninga um fasteign í rafrænu formi. Einnig verður áfram þörf á að hafa þá löggerninga sem eru stimpilskyldir á pappírsformi, sbr. lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, auk þeirra ráðstafana sem er þinglýst eða staðfestar eru með lögbókandagerð, sbr. þinglýsingalög, nr. 39/1978, og lög um lögbókandagerðir, nr. 86/1989.

Um nánari skýringu á ákvæðinu vísast til kafla III.6 í almennum athugasemdum.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til þjónustuveitanda um upplýsingagjöf í tengslum við pöntun. Ákvæðin fela í sér innleiðingu 10. gr. tilskipunarinnar.

Veita skal upplýsingarnar áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun, t.d. með því að styðja á hnapp (e. *icon*) á tölvuskjá. Upplýsingarnar skulu veittar með skýrum og ótvíræðum hætti. Með því er átt við að auðvelt skal vera fyrir þjónustuþega að kynna og tileinka sér þær.

Samkvæmt 1. tölul. skal veita upplýsingar um hvaða tæknileg skref þurfi að taka til að ljúka samningsgerð. Rétt er að vekja athygli á að hér er ekki átt við lögfræðileg atriði samningsgerðar. Skv. 2. tölul. skal þjónustuveitandi upplýsa hvort hann muni geyma samninginn.

Ákvæðið mælir ekki fyrir um skyldu til að varðveita samninginn; einungis þarf að upplýsa um hvort slíkt verði gert. Ákvæði 3. tölul. mælir fyrir um að þjónustuveitandi skuli veita upplýsingar um hvort samningur verði aðgengilegur, komi hann til með að varðveita hann. Ekki er einungis átt við aðgengi í rafrænu formi; þjónustuveitanda ber einnig að veita upplýsingar um aðgengi samningsins ef þjónustuþega er gert kleift að nálgast útprentaðan samning. Þá skal þjónustuveitandi veita upplýsingar um þær tæknilegu leiðir sem fyrir hendi eru til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð skv. 4. tölul. Til þess að ákvæði þetta nái tilgangi sínum er ljóst að þjónustuveitendur verði að veita upplýsingar þessar á fyrstu skrefum samningsgerðar. Ákvæðið tengist 11. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um skyldur þjónustuveitanda til að gefa þjónustuþega kost á skilvirkum og aðgengilegum tæknilegum leiðum til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð. Þjónustuveitandi skal einnig veita upplýsingar um þau tungumál sem mögulegt er að gera samning á skv. 5. tölul. Ekki er mælt fyrir um skyldu til að veita möguleika á að ljúka samningsgerð á tilteknu tungumáli. Loks skal þjónustuveitandi skv. 6. tölul. veita upplýsingar um hvaða siðareglum hann fylgi og hvernig unnt sé að nálgast þær á rafrænu formi. Með siðareglum er átt við þau ákvæði sem einkaréttarleg samtök hafa samið og þjónustuveitendum er í sjálfsvald sett hvort þeir gerast aðilar að. Algengt er að notkun einhvers konar auðkennis sé tengt siðareglunum sem gefur til kynna að þjónustuveitandi hafi tekið á sig skyldur samkvæmt reglunum. Veita má upplýsingar um hvernig mögulegt sé að nálgast siðareglur á rafrænu formi með því t.d. að gefa upp veffang þeirra eða setja upp krækju sem vísar til þeirra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að unnt sé að víkja frá ákvæðum 1. mgr. með samningum ef enginn aðila samningsins er neytandi. Með neytanda er í tilskipuninni og frumvarpinu átt við einstakling sem gerir löggerninga eða annað í einhverjum þeim tilgangi sem liggur utan við viðskiptasvið hans, starfsemi eða atvinnu. Ekki er talin þörf á að innleiða skilgreiningu tilskipunarinnar á neytanda sérstaklega þar sem hún er í samræmi við notkun á hugtakinu í íslenskum lögum, sbr. t.d. 4. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, 4. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, 1. gr. laga um þjónustukaup, nr. 42/2000, og 2. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Skv. 2. mgr. 9. gr. skulu ákvæði 1. mgr. ekki gilda um samninga sem gerðir eru með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti. Með hinu síðastnefnda er átt við aðrar einstaklingsbundnar sendingar, t.d. svokallaðar SMS-sendingar. Ákvæðum 1. mgr. 9. gr., 10. gr. og 11. gr. frumvarps þessa er beint sérstaklega að rafrænni þjónustu sem veitt er á netinu þótt gildissvið frumvarpsins sé ekki takmarkað við netið. Framangreindum ákvæðum er ætlað að tryggja að upplýsingar séu veittar þjónustuþegum og stuðla að færri mistökum við gerð pöntunar við notkun netsíðna sem eru á vegum þjónustuveitenda. Þegar um tölvupóstssendingar er að ræða hefur þjónustuþegi oft sjálfur valið það samskiptaform. Því er ekki þörf á sömu vernd og þegar hann leggur inn pöntun á síðu sem er á vegum þjónustuveitanda. Einnig er til þess að taka að erfitt getur reynst, ef ekki ómögulegt, að fullnægja skyldum framangreindra ákvæða þegar samningagerð fer fram með notkun tölvupóstssendinga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að samningsskilmálar og almenn skilyrði skuli látin í té með þeim hætti að þjónustuþegi geti varðveitt þau og kallað þau fram. Ákvæðið styðst við 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Skilyrðum ákvæðisins er fullnægt ef t.d. mögulegt er að vista framangreindar upplýsingar á geisladisk eða diskling.

Um 10. gr.

Ákvæðin styðjast við 1. og 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 1. mgr. mæla fyrir um skyldu þjónustuveitanda til að staðfesta móttöku pöntunar með rafrænum hætti án tafar. Því

er ekki nægilegt að staðfesta móttöku pöntunar með öðrum leiðum en rafrænum. Mælt er fyrir um að staðfestingu beri að senda án tafar. Í ljósi tækniþróunar og stöðu hennar nú er hér um afar stuttan tíma að ræða.

Samkvæmt 2. mgr. skulu pöntun og staðfesting vera talin móttekin þegar aðilarnir sem þeim er beint til hafa aðgang að þeim, óháð vitneskju þeirra. Tölvupóstur með viðhengi sem ekki er unnt að opna vegna tæknilegrar bilunar telst varla móttekin í skilningi tilskipunarinnar þar sem ekki er unnt að líta svo á að aðilar hafi aðgang að viðhenginu í slíkum tilfellum. Sama gildir um tölvupóst sem ekki er unnt að opna þar sem þjónustuveitandi hefur lokað aðgangi að tölvupóstinum. Markmið þessa ákvæðis er ekki að hafa áhrif á mat á því hvenær samningur telst hafa stofnast á netinu. Markmið þess er að stuðla að pöntunum og afgreiðslum í samræmi við ósk kaupanda.

Um 3. mgr. vísast til athugasemda við 2. mgr. 9. gr.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að þjónustuveitandi skuli gefa þjónustuþega kost á skilvirkum og aðgengilegum tæknilegum leiðum til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð. Með greininni er gerð tillaga að innleiðingu 2. og 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar.

Innsláttarvillur geta t.d. komið í ljós þegar veitt er yfirlit á vefsíðu yfir þær upplýsingar sem þjónustuþegi hefur gefið upp. Þjónustuþega verður í þeim tilvikum að vera kleift að fletta yfir í þær skjámyndir þar sem upplýsingarnar voru veittar upprunalega og leiðrétta þær.

Um 2. mgr. vísast til athugasemda við 2. mgr. 9. gr.

Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla kveða á um hvenær þjónustuveitandi, sem er milligönguaðili við miðlun gagna, ber ekki ábyrgð á gögnum sem hann miðlar, vistar með skyndivistun eða hýsir. Frumvarpið kveður ekki á um hvenær þjónustuveitandi getur orðið ábyrgur fyrir slíkum gögnum ef skilyrði takmörkunar ábyrgðar eru ekki fyrir hendi. Þá hafa ákvæði frumvarpsins ekki áhrif á lögbannsúrræði aðila. Loks skulu ákvæðin ekki hafa í för með sér almenna skyldu þjónustuveitenda til að hafa eftirlit með þeim gögnum sem þeir flytja, vista með skyndivistun eða hýsa, né almenna skyldu að leita uppi staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi.

Takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda nær til innihalds þeirra gagna sem hann miðlar, vistar með skyndivistun eða hýsir. Ákvæðin taka bæði til takmörkunar refsiábyrgðar og skaðabótaábyrgðar.

Um frekari skýringar á kaflanum og einstökum ákvæðum hans vísast til kafla III.8 í almennum athugasemdum og athugasemda við einstakar greinar.

Um 12. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til takmörkunar ábyrgðar vegna miðlunar gagna og styðst við 12. gr. tilskipunarinnar.

Hugtakið miðlun er ekki skilgreint í ákvæðinu, en af orðalagi þess leiðir að átt er við miðlun gagna eða veitingu aðgangs að fjarskiptaneti. Hér er því t.d. kveðið á um takmörkun ábyrgðar fjarskiptafyrirtækja þegar þau miðla gögnum eða veita aðgang að fjarskiptaneti, sbr. umfjöllun í kafla III.8 í almennum athugasemdum.

Í 1. mgr. er kveðið á um frekari skilyrði þess að takmörkun ábyrgðar eigi við, m.a. að þjónustuveitandi breyti ekki þeim gögnum sem er miðlað. Sú útlitsbreyting sem verður á

gögnum eingöngu við að birta þau með hjálp annarrar tækni, t.d. mynd á netinu sem sýna á með hjálp WAP-tækni, telst ekki breyting í skilningi ákvæðisins.

Af 2. mgr. leiðir að ákvæði um takmörkun ábyrgðar vegna miðlunar gilda einnig um sjálfvirka, millistigs- og skammtímageymslu þeirra gagna sem eru flutt að því tilskildu að geymslan sé óhjákvæmileg vegna miðlunar og að efnið sé ekki geymt lengur en nauðsynlegt er vegna hennar. Hér er því fjallað um þá vistun sem gerist sjálfkrafa í tengslum við miðlun gagna, en ekki þá skyndivistun sem gerð er til að auka skilvirkni við miðlun gagna (e. *caching*). Um þá síðarnefndu er fjallað í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Rétt er að benda á að vistunin verður að fullnægja öllum skilyrðum, þ.e. vera sjálfvirk, millistigs- og skammtímageymsla, til þess að falla undir ákvæðið. Ekki er kveðið á um nákvæma fresti í þessu sambandi, heldur verður að meta hvert tilvik fyrir sig í ljósi þeirra tæknimöguleika sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda vegna skyndivistunar gagna. Greinin styðst við 13. gr. tilskipunarinnar.

Sú skyndivistun sem fjallað er um í greininni er sú geymsla gagna sem framkvæmd er til að auka skilvirkni við miðlun gagna (e. *caching*). Netþjónustur hér á landi sem annars staðar vista gjarnan eintak af heimasíðum sem eru hýstar á netþjónum erlendis. Er þetta gert til þess að viðskiptamönnum þeirra berist viðkomandi síða með snöggum hætti og til að minnka álag á fjarskiptakerfi. Skyndivistun sú sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. er hins vegar sú vistun sem gerist sjálfkrafa í tengslum við miðlun gagnanna. Hér er því kveðið á um takmörkun ábyrgðar netþjónustu sem nota skyndivistun við veitingu þjónustu sinnar.

Kveðið er á um nánari skilyrði fyrir takmörkun ábyrgðar í 1. og 2. mgr. Um skýringar ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er vísað til umfjöllunar um 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Til þess að falla undir ákvæðið um takmörkun ábyrgðar skal þjónustuveitandi fullnægja skilyrðum um aðgang að gögnunum skv. 2. tölul. Slík skilyrði geta t.d. leitt til þess að þjónustuveitandi skuli greiða fyrir aðgang að téðum gögnum gegn lykilorði. Þriðja skilyrði takmörkunar ábyrgðar er að þjónustuveitandi fari eftir viðurkenndum reglum í atvinnugreininni um uppfærslu gagnanna, sbr. 3. tölul. Þjónustuþegi veit ekki hvort sú heimasíða sem hann heimsækir á netinu er hin upprunalega eða hvort hún er vistuð með skyndivistun hjá þjónustuveitanda. Þess vegna er það afar mikilvægt að gögnin séu uppfærð með reglubundnu millibili. Með „viðurkenndum reglum í atvinnugreininni“ er átt við að hafa skuli hliðsjón af viðurkenndum og góðum venjum á viðkomandi sviði þegar metið er hversu títt skal uppfæra gögnin. Loks skal þjónustuveitandi fullnægja skilyrði takmörkunar ábyrgðar að hann hafi ekki gripið inn í löglega notkun viðurkenndrar tækni sem notuð er til að komast yfir upplýsingar um notkun gagnanna, sbr. 4. tölul. Sem dæmi um upplýsingar um notkun gagnanna má nefna upplýsingar um hversu margar heimsóknir hafa verið skráðar á tiltekna heimasíðu á netinu. Slíkar upplýsingar geta haft mikið gildi, t.d. vegna auglýsingatekna. Skyndivistun síðna á netinu getur gert það að verkum að erfitt reynist að afla slíkra upplýsinga. Þó eru fyrir hendi tæknilausnir sem taka á þessu vandamáli. Ákvæði 4. tölul. gera það að verkum að þjónustuveitanda er ekki heimilt að hafa áhrif á slíka tækni vilji hann falla undir ákvæði um takmörkun ábyrgðar samkvæmt greininni. Með „viðurkenndri tækni í atvinnugreininni“ er átt við tækni sem er almennt viðurkennd og notuð á viðkomandi sviði.

Samkvæmt 2. mgr. er takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda einnig háð því að hann fjarlægi gögnin þegar hann hefur fengið rökstudda vitneskju um tiltekin atriði, m.a. að gögnin hafi verið fjarlægð úr fjarskiptaneti við upptök miðlunar eða aðgangur hafi verið hindraður

að gögnunum. Með því er átt við að gögnin séu ekki lengur aðgengileg á þeim netþjóni þar sem þau eru hýst, þ.e. hinum erlenda netþjóni. Með hugtakinu rökstudd vitneskja eru settar strangari kröfur til sönnunar á vitneskju þjónustuveitanda en ef takmörkun ábyrgðar væri einungis bundin við vitneskju hans.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda vegna hýsingar. Með henni er 14. gr. tilskipunarinnar innleidd. Til hýsingar getur t.d. talist þegar þjónustuþegi leigir svæði á netþjóni á vegum þjónustuveitanda til hýsingar á heimasíðu. Við nánari túlkun á ákvæðinu þarf að hafa í huga skilgreiningu á rafrænni þjónustu sem fjallað hefur verið um hér að framan í kafla III.3.1 í almennum athugasemdum.

Takmörkun ábyrgðar samkvæmt greininni er háð því að þjónustuveitandi fjarlægi gögn eða hindri aðgang að þeim án tafar í tilteknum tilvikum. Í greininni hefur verið tekið tillit til þeirra hagsmuna sem vegast á í þessu sambandi, annars vegar tjáningarfrelsis og frekari þróunar rafrænnar þjónustu og hins vegar mikilvægis þess að koma í veg fyrir útbreiðslu ólögmætra gagna á skilvirkan hátt.

Í fyrsta lagi skal þjónustuveitandi fjarlægja gögn eða hindra aðgang að þeim ef hann hefur fengið vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim. Í þeim tilvikum hefur farið fram lögformleg sönnun á ólögmæti gagna fyrir dómi eða sýslumanni og því brýnt að koma í veg fyrir útbreiðslu þess. Aðilum ætti einnig að vera hægt um vik að tilkynna viðkomandi þjónustuveitanda um úrlausn dómstóla eða sýslumanns og stuðla þannig að vitneskju hans.

Í öðru lagi eru skilyrði takmörkunar á ábyrgð vegna meintra brota gegn ákvæðum höfundalaga þau að þjónustuveitandi fjarlægi gögn eða hindri aðgang að þeim þegar hann hefur fengið tilkynningu skv. 15. gr. frumvarpsins. Með broti gegn ákvæðum höfundalaga er bæði átt við brot gegn höfundarétti, t.d. 3. og 4. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, og brot gegn ákvæðum sömu laga um svokölluð grannréttindi, þ.e. réttindi listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarpsstöðva, sbr. V. kafla laganna. Minnt er á að nýlega var sett á vegum Evrópusambandsins tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélagi (tilskipun 2000/29/ EB). Í 15.–18. gr. frumvarpsins er kveðið nánar á um það ferli sem mögulegt er að fylgja ef um meint höfundaréttarbrot er að ræða. Við samningu greinanna var haft í huga að tjáningarfrelsi yrði í heiðri haft þannig að ekki væri auðvelt að láta hindra aðgang að gögnum á netinu. Þannig er kveðið á um að aðgangur skuli veittur að gögnum á ný komi fram krafa þar að lútandi og öðrum skilyrðum er fullnægt, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Þá er einnig kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð vegna rangrar upplýsingagjafar í 18. gr. frumvarpsins. Hins vegar hefur reynslan sýnt að tjón vegna höfundaréttarbrota með stafrænni tækni, þ.m.t. dreifingu á netinu, geta verið umtalsverð. Er það ekki síst vegna þess hversu auðvelt er að dreifa gögnum á netinu og hversu skamman tíma það tekur. Því er talið að nauðsynlegt sé að mæla fyrir um að rétthafar og umboðsmenn þeirra geti sent tilkynningu skv. 15. gr. frumvarpsins og þannig stuðlað að stöðvun á dreifingu gagnanna.

Í þriðja lagi er takmörkun ábyrgðar þjónustuveitanda háð því að hann fjarlægi eða hindri aðgang að gögnum ef hann hefur fengið vitneskju um að þau innihalda barnaklám. Varsla barnakláms er refsiverð skv. 210. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Talið er að um svo alvarlegt efni sé að ræða að stuðla verði að fjarlægingu þess eða hindrun aðgangs að því svo skjótt sem unnt er.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði greinarinnar um takmörkun ábyrgðar eigi ekki við þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda. Ákvæðið miðar

að því að tryggja að þjónustuveitendur geti ekki takmarkað ábyrgð sína vegna gagna sem eru í raun á þeirra vegum.

Um 15. gr.

Ákvæðið fjallar um þær upplýsingar sem tilkynning um meint brot gegn ákvæðum höfundalaga á að geyma.

Í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er mælt fyrir um að gefa skuli upp þær upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við sendanda og rétthafa. Er hér t.d. átt við símbréfsnúmer, símanúmer og netfang, ef við á. Með rétthafa er átt við höfundaréttarhafa eða rétthafa grannréttinda höfundaréttar, sbr. V. kafla höfundalaga, nr. 73/1972. Ákvæði 3. tölul. kveða á um að tilgreina skuli þau gögn sem krafist er fjarlægingar á eða hindrunar aðgangs að og staðsetningu þeirra. Með staðsetningu er t.d. átt við veffang þeirra. Tilgreining þessi skal vera svo nákvæm að þjónustuveitandi geti gert sér grein fyrir hvað átt er við. Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynning innihalda upplýsingar um það hugverk eða listflutning sem er grundvöllur kröfu. Þannig þarf sá sem tilkynnir um meint höfundaréttarbrot að sýna fram á grundvöll kröfunnar til að hún nái fram að ganga. Með 5. tölul. er tilkynnendum gert að lýsa því yfir að upplýsingar í tilkynningu séu réttar. Er það gert til þess að stuðla enn frekar að réttmætum tilkynningum. Ákvæði 6. tölul. mæla fyrir um að tilkynning þurfi að innihalda yfirlýsingu um að sendandi sé rétthafi eða hafi umboð frá honum. Er þannig komið í veg fyrir að hver sem er geti sent tilkynningar skv. 15. gr. frumvarpsins. Með 7. tölul. er kveðið á um að yfirlýsing þurfi að vera undirrituð af sendanda. Minnt er á að skv. 4. gr. laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, er fullgild rafræn undirskrift ætíð jafngild handritaðri. Aðrar rafrænar undirskriftir geta og fullnægt áskilnaði um undirskrift.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig þjónustuveitandi skuli bregðast við ef annmarkar eru á tilkynningu samkvæmt þessari grein. Mat á því hversu verulegir annmarkar teljast verður að fara fram í hverju tilfelli fyrir sig. Sem dæmi má nefna að veiti sendandi tilkynningar engar upplýsingar sem gera þjónustuveitanda kleift að komast í samband við hann teljast það verulegir annmarkar.

Um 16. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvernig þjónustuveitandi skuli bregðast við þegar hann hefur fjarlægt gögn í samræmi við 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að því að þjónustuþegi viti af að gögn hafi verið fjarlægð eða aðgangur að þeim hindraður og rétti sínum til að krefjast þess að veittur verði aðgangur að þeim á ný svo fljótt sem unnt er.

Um 17. gr.

Ákvæðin eiga að tryggja að þjónustuþegi eigi rétt á að aðgangur verði veittur að gögnum á ný, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Meintum höfundaréttarhafa eða umboðsmanni hans er einnig veitt færi á að hefja málsókn um málið og koma þannig í veg fyrir að aðgangur verði veittur að gögnum á ný. Ekki er gert ráð fyrir að þjónustuveitandi meti efnislega hvort krafa þjónustuþega um að veita aðgang að gögnum á ný eigi við rök að styðjast. Þjónustuveitanda er einungis skylt að athuga hvort gagntilkynning þjónustuþega innihaldi þau atriði sem nauðsynleg eru samkvæmt ákvæðinu. Ef svo er ekki telst hún haldin annmarka í skilningi ákvæðisins. Ef gagntilkynning telst ekki haldin annmarka ber þjónustuveitanda að tilkynna meintum höfundaréttarhafa eða umboðsmanni hans um gagntilkynninguna. Einnig ber honum að upplýsa um möguleika þeirra á að höfða mál um kröfuna og að slík málshöfðun komi í veg fyrir að veittur verði aðgangur að gögnum á ný. Minnt er á að mál telst höfðað

þegar stefna er birt eða árituð um viðtöku samrits hennar eða stefndi mætir að öðrum kosti fyrir dómi þar sem stefnandi afhendir honum samrit stefnu og þingfestir mál, sbr. 93. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Nægilegt er því að senda þjónustuveitanda áritaða stefnu, birtingarvottorð eða endurrit þinghalds þar sem stefndi hefur mætt óstefndur og mál hefur verið þingfest. Ef ekki berast gögn um málshöfðun innan 14 daga frá því að þjónustuveitandi sendi meintum höfundaréttarhafa eða umboðsmanni hans upplýsingar um gagntilkynningu þjónustuþega ber honum að veita aðgang að gögnum á ný án tafar.

Um nánari skýringu á ákvæðum um innihald tilkynningarinnar og verulega annmarka vísast til athugasemda við 15. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um skaðabótaábyrgð vegna óréttmætrar fjarlægingar gagna eða hindrunar aðgangs að þeim. Einnig er fjallað um afleiðingar þess að dómstóll komist að þeirri niðurstöðu að krafa um að veita aðgang að gögnum á ný hafi ekki verið réttmæt. Höfð var hliðsjón af sambærilegum ákvæðum í lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, við samningu ákvæðisins. Ákvæðunum er ætlað að hafa varnaðaráhrif gegn tilkynningum um brot gegn höfundalögum og tilkynningum um að veita aðgang að gögnum á ný sem ekki eiga við rök að styðjast.

Rétt er að vekja athygli á að þjónustuþega væri almennt unnt að gera kröfu í sama dómsmáli um skaðabætur samkvæmt greininni og að veittur yrði aðgangur að gögnum á ný, þar sem þær eru frá sömu rót runnar.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um að Samkeppnisstofnun skuli hafa eftirlit með tilteknum greinum frumvarpsins, þ.e. 6., 7., 9., 10. og 11. gr. Þar sem þær greinar hafa að geyma sambærileg ákvæði og eru í VI. kafla samkeppnislaga, nr. 8/1993, um bann gegn óréttmætum viðskiptaháttum þykir fara vel á því að Samkeppnisstofnun hafi eftirlit með tilgreindum ákvæðum frumvarpsins.

Um úrræði samkeppnisyfirvalda, stjórnvaldssektir og málsmeðferð er vísað til samkeppnislaga. Er hér einkum haft í huga ákvæði 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um úrræði, ákvæði 51. gr. sömu laga um stjórnvaldssektir og ákvæði 58. gr. laganna um málskot.

Um 20. gr.

Ákvæðið kveður á um hver skuli vera tengiliður í evrópsku samstarfi á sviði rafrænna viðskipta. Greinin styðst við 19. gr. tilskipunarinnar sem segir að aðildarríkin skuli hafa samstarf við önnur aðildarríki og skuli í því skyni tilnefna einn eða fleiri tengiliði. Þá kemur fram í 4. mgr. 19. gr. tilskipunarinnar að aðildarríki skuli koma á fót tengiliðum þar sem þjónustuþegar og þjónustuveitendur geti aflað sér almennra upplýsinga um samningsréttindi og samningsskyldur og kæruleiðir og leiðir til úrbóta sem í boði eru í deilumálum. Einnig skulu þjónustuþegar og þjónustuveitendur geta aflað sér þar ítarlegra upplýsinga um stjórnvöld, samtök eða stofnanir sem geta veitt þeim frekari upplýsingar eða hagnýta aðstoð. Samkvæmt þessari frumvarpsgrein er lagt til að viðskiptaráðuneytið verði a.m.k. fyrst um sinn umræddur tengiliður. Það breytir hins vegar ekki skyldu annarra stjórnvalda að veita þeim upplýsingar sem til þeirra leita, sbr. t.d. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 21. gr.

Ákvæðið styðst við 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í 7. gr. tilskipunar um rafræn viðskipti er kveðið á um að unnt skuli vera að bera kennsl á markpóst sem sendur er með rafrænum hætti á skýran og ótvíræðan hátt um leið og viðtakandinn fær hann í hendur. Þar sem slíkt er ekki gert í 28. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, sem fjallar um markpóst, er nauðsynlegt að gera breytingu þar á.

Um 24. gr.

Í 8. gr. tilskipunar um rafræn viðskipti kemur fram að aðildarríki skuli tryggja að notkun viðskiptaorðsendinga, sem eru hluti af eða mynda rafræna þjónustu og aðili að lögverndaðri starfsgrein veitir, sé heimil með fyrirvara um að hún samræmist starfsreglum, einkum um sjálfstæði, virðingu og heiður starfsgreinarinnar. Með lögvernduðu starfi er átt við hvert það starf sem samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum krefst leyfis, skráningar eða þess háttar, sbr. og athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins. Með viðskiptaorðsendingu er átt við hvers konar orðsendingu sem er ætlað að vekja, með beinum eða óbeinum hætti, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd félags, stofnunar eða persónu sem stundar verslunar-, iðnaðar- eða handverksstarfsemi eða lögverndaða starfsgrein, sbr. f-lið 2. gr. tilskipunarinnar. Þar sem lækningar teljast til lögverndaðrar starfsgreinar á 8. gr. tilskipunarinnar við um lækna. 1. mgr. 17. gr. gildandi læknalaga hljóðar svo:

„Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum í blöðum sem birta má í hæsta lagi þrisvar þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum."

Því eru lagðar til breytingar á læknalögunum þannig að þau leggi ekki tálmanir við að læknar nýti sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar.

Um 25. gr.

11. gr. gildandi laga um tannlækningar hljóðar svo:

„Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum sem mest má birta þrisvar sinnum. Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni. Verði ekki komið í veg fyrir það ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það sem ofmælt kann að hafa verið."

Því eru lagðar til breytingar á lögunum þannig að þau leggi ekki tálmanir við að tannlæknar nýti sér rafræna þjónustu við beinar eða óbeinar auglýsingar. Um frekari skýringar á ákvæðinu vísast til athugasemda við 24. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/31/EB

frá 8. júní 2000

um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti")

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmið Evrópusambandsins er að skapa æ nánari tengsl milli ríkja og þjóða Evrópu í því skyni að tryggja efnahags- og félagslegar framfarir. Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. sáttmálans nær innri markaðurinn yfir svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og staðfesturéttur eru tryggð. Þróun þjónustu í upplýsingasamfélaginu innan svæðis án innri landamæra er afgerandi í því skyni að ryðja úr vegi hindrunum sem skilja að þjóðir Evrópu.

2) Þróun rafrænna viðskipta innan upplýsingasamfélagsins skapar kjörin atvinnutækifæri í bandalaginu, einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og mun stuðla að hagvexti og fjárfestingu evrópskra félaga í nýjungum og getur einnig aukið samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, að því tilskildu að allir hafi aðgang að Netinu.

) Lög og einkenni réttarfars í bandalaginu stuðla í ríkum mæli að því að gera evrópskum borgurum og atvinnurekendum kleift að nýta til fulls tækifæri sem rafræn viðskipti bjóða, án tillits til landamæra. Því er markmiðið með þessari tilskipun að tryggja víðtæka samþættingu bandalagslaga, þannig að til verði raunverulegt svæði án innri landamæra fyrir þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

4) Mikils er um vert að tryggja að rafræn viðskipti njóti til fulls góðs af innri markaðinum sem leiði til víðtækrar samþættingar í bandalaginu, eins og raunin er um tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ([4]).

5) Fjöldi lagalegra hindrana í vegi eðlilegrar starfsemi innri markaðarins hamla þróun þjónustu í upplýsingasamfélaginu innan bandalagsins og gera það síður fýsilegt að nýta sér staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Þessar hindranir stafa af mismunandi löggjöf og réttaróvissu um það hvaða innlendar reglur gilda um slíka þjónustu. Þar eð löggjöf á viðkomandi sviðum er hvorki samræmd né aðlöguð hver annarri kann að vera unnt að réttlæta fyrrnefndar hindranir í ljósi réttarframkvæmdar dómstóls Evrópubandalaganna. Réttaróvissa ríkir um það í hve ríkum mæli aðildarríkjunum er heimilt að hafa eftirlit með þjónustustarfsemi sem er upprunnin í öðru aðildarríki.

([1]) Stjtíð. EB C 30, 5.2.1999, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB C 169, 16.6.1999, bls. 36.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 6. maí 1999 (Stjtíð. EB C 279, 1.10.1999, bls. 389), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. febrúar 2000 (Stjtíð. EB C 128, 8.5.2000, bls. 32) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([4]) Stjtíð. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtíð. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

6) Með hliðsjón af markmiðum bandalagsins, sem koma fram í 43. og 49. gr. sáttmálans og afleiddum lögum þess, ber að ryðja þessum hindrunum úr vegi með því að samræma tiltekin, innlend lög og skýra tiltekin, lögfræðileg hugtök á vettvangi bandalagsins nægilega vel til þess að starfsemi innri markaðarins geti farið fram með eðlilegum hætti. Þar eð tilskipun þessi fjallar einvörðungu um tiltekin sérmál, sem valda vandkvæðum fyrir starfsemi innri markaðarins, er hún í fullu samræmi við þá nauðsyn að fylgja dreifræðisreglunni eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans.

7) Í því skyni að tryggja réttaröryggi og tiltrú neytenda skal í tilskipun þessari mælt fyrir um skýran og almennan ramma fyrir tiltekna lagalega þætti í tengslum við rafræn viðskipti á innri markaðinum.

8) Markmiðið með þessari tilskipun er að móta lagaramma til að tryggja frjálsa þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu milli aðildarríkjanna en ekki að samhæfa svið refsiréttar sem slíkt.

9) Frjáls þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu getur í mörgum tilvikum endurspeglað víðtækari meginreglu í lögum bandalagsins með sérstökum hætti, þ.e. meginregluna um tjáningarfrelsi, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 10. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem öll aðildarríkin hafa fullgilt. Af þessum ástæðum skal með tilskipunum, sem fjalla um veitingu þjónustu í upplýsingasamfélaginu, tryggja að frjáls þátttaka í þessari starfsemi sé heimil með hliðsjón af fyrrnefndri grein, einvörðungu með fyrirvara um þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. hennar og 1. mgr. 46. gr. sáttmálans. Tilskipun þessari er ekki ætlað að hafa áhrif á innlendar grundvallarreglur og meginreglur um tjáningarfrelsi.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, takmarkast, í samræmi við meðalhófsregluna, einungis við það lágmark sem er nauðsynlegt til þess að ná því marki að starfsemi innri markaðarins sé með eðlilegum hætti. Ef aðgerða er þörf á vettvangi bandalagsins og til þess að tilvist svæðis án innri landamæra sé tryggð í raun, að því er varðar rafræn viðskipti, skal tilskipunin slá skjaldborg um markmið í almannaþágu, einkum þau sem miða að verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar, neytendavernd og verndun almannaheilbrigðis. Samkvæmt 152. gr. sáttmálans er verndun almannaheilbrigðis grundvallaratriði í öðrum stefnumálum bandalagsins.

11) Tilskipun þessi er einkum með fyrirvara um umfang verndunar almannaheilbrigðis og neytendahagsmuna, eins og mælt er fyrir um það í lögum bandalagsins.Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([2]) innihalda meðal annarra mikilvægar reglur um neytendavernd á sviði samninga. Fyrrnefndar tilskipanir gilda og í heild sinni um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Þessar sömu réttarreglur bandalagsins, sem gilda að fullu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, ná einnig yfir, einkum og sér í lagi, tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar ([3]), tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán ([4]), tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([5]), tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum ([7]), tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir

---

([1]) Stjtíð. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29.
([2]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1999, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB (Stjtíð. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).
([4]) Stjtíð. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/7/EB (Stjtíð. EB L 101, 1.4.1998, bls. 17).
([5]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).
([6]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.
([7]) Stjtíð. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27.
([8]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 24.

á skiptileigugrunni ([1]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB frá 19. maí 1998 um lögbann til verndar hagsmunum neytenda ([2]), tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi ([4]), væntanlega tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum ([5]). Tilskipun þessi skal vera með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/43/EB frá 6. júlí 1998 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um auglýsingu tóbaksvara og kostun í tengslum við þær ([6]) sem er samþykkt innan ramma innri markaðarins eða með fyrirvara um tilskipanir um verndun almannaheilbrigðis. Tilskipun þessi er til fyllingar krafna um upplýsingar sem eru gerðar í fyrrnefndum tilskipunum, einkum tilskipun 97/7/EB.

12) Nauðsynlegt er að útiloka tiltekna starfsemi frá gildissviði þessarar tilskipunar af þeirri ástæðu að ekki er unnt, á þessu stigi, að tryggja frelsi til að veita þjónustu á þessum sviðum samkvæmt sáttmálanum eða gildandi, afleiddri löggjöf. Að girt sé fyrir þessa starfsemi útilokar ekki gerninga sem kynnu að reynast nauðsynlegir til þess að innri markaðurinn geti starfað með eðlilegum hætti. Útiloka ber skattlagningu frá gildissviðs þessarar tilskipunar, einkum virðisaukaskatt sem er lagður á fjölmargar þjónustugreinar sem falla undir gildissvið hennar.

13) Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja reglur um skattaálögur né að hindra undirbúning gerninga á vettvangi bandalagsins um skattaálögur á sviði rafrænna viðskipta.

14) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([7]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ([8]), sem gilda að fullu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, gilda einar um verndun einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga. Tilskipanir þessar mynda þegar lagaramma um svið persónuupplýsinga og því ber ekki nauðsyn til að fjalla um það málefni í þessari tilskipun til þess að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins, einkum frjálsa miðlun persónuupplýsinga milli aðildarríkja. Framkvæma ber og beita þessari tilskipun í fullu samræmi við meginreglur um verndun persónuupplýsinga, einkum að því er varðar óumbeðnar viðskiptaorðsendingar og ábyrgð milliliða. Með tilskipun þessari er ekki unnt að koma í veg fyrir nafnlausa notkun opinna netkerfa eins og Netsins.

15) Fjarskiptaleynd er tryggð með 5. gr. tilskipunar 97/66/EB. Aðildarríkin skulu, í samræmi við fyrrnefnda tilskipun, banna hvers kyns hleranir slíkra fjarskipta eða eftirlit með þeim nema af hálfu sendenda og viðtakenda, nema því aðeins að slíkt sé heimilt lögum samkvæmt.

16) Eina fjárhættustarfsemin sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar eru áhættuleikir, happdrætti eða veðmálaviðskipti sem fela í sér að lagt er fram áhættufé. Þetta gildir ekki um keppni eða leiki í auglýsingaskyni þar sem markmiðið er að stuðla að sölu vöru eða þjónustu og þar sem greiðslur, ef um þær er að ræða, eru aðeins inntar af hendi til þess að verða sér úti um þær vörur eða þjónustu sem er auglýst.

17) Skilgreiningu á þjónustu í upplýsingasamfélaginu er þegar að finna í bandalagslögum, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 um aðferð við framsetningu upplýsinga vegna tæknilegra staðla og fyrirmæla og reglur um þjónustu sem tengist upplýsingasam-

---

([1]) Stjtíð. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83.
([2]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 1999/44/EB (Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).
([3]) Stjtíð. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 1999/34/EB (Stjtíð. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20).
([4]) Stjtíð. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12.
([5]) Stjtíð. EB L 113, 30.4.1992, bls. 13.
([6]) Stjtíð. EB L 213, 30.7.1998, bls. 9.
([7]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([8]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

félaginu ([1]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögverndun þjónustu sem er byggð á, eða er fólgin í, skilyrtum aðgangi ([2]). Þessi skilgreining gildir um alla þjónustu sem venjulega er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum búnaði fyrir vinnslu (þar með talin stafræn samþjöppun) og til gagnageymslu og að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Þessi skilgreining gildir ekki um þá þjónustu sem um getur í viðmiðunarskránni í V. viðauka við tilskipun 98/34/EB og felst ekki í gagnavinnslu og -geymslu.

18) Þjónusta í upplýsingasamfélaginu nær yfir vítt svið beinlínutengdrar atvinnustarfsemi. Þessi starfsemi getur einkum falist í beinlínutengdri sölu vara. Starfsemi, eins og vöruafhending sem slík eða framboð þjónustu sem er ekki beinlínutengd, er ekki talin með. Þjónusta í upplýsingasamfélaginu er ekki bundin einvörðungu við þjónustu sem er tilefni beinlínutengdra samninga en nær einnig, þegar um er að ræða atvinnustarfsemi, til þjónustu sem ekki er greidd af þeim sem njóta hennar, t.d. þjónustu þar sem beinlínutengdar upplýsingar eða viðskiptaorðsendingar eru í boði eða þjónustu þar sem tæki eru látin í té sem gera kleift að leita að gögnum, fá aðgang að þeim og sækja þau. Þjónusta í upplýsingasamfélaginu nær einnig til þjónustu sem felst í upplýsingaflutningi um boðskiptanet, því að veita aðgang að boðskiptaneti eða að hýsa upplýsingar sem þjónustuþegi lætur í té. Sjónvarp, í skilningi tilskipunar 89/552/EBE, og útvarp eru ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu þar eð ekki er um þjónustu að ræða sem er látin í té samkvæmt einstökum beiðnum. Þjónusta sem er miðlað frá einum stað til annars, eins og pöntunarsjónvarp eða viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, telst hins vegar þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Notkun tölvupósts eða sambærilegra, einstakra orðsendinga, til dæmis af hálfu einstaklinga sem eru með umsvif utan við fag sitt, starfsemi eða atvinnugrein, þar með talin notkun þeirra við gerð samninga þeirra í milli, telst ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Samningsbundin tengsl milli starfsmanns og vinnuveitanda hans teljast ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu. Starfsemi, sem eðli máls samkvæmt getur ekki farið fram úr fjarlægð og með rafrænum hætti, eins og lögboðin endurskoðun reikninga félaga eða læknisfræðileg ráðgjöf sem krefst þess að sjúklingur sé skoðaður, telst ekki þjónusta í upplýsingasamfélaginu.

19) Ákveða ber hvar þjónustuveitandi hefur staðfestu í samræmi við réttarframkvæmd dómstólsins, en samkvæmt henni felst í hugtakinu staðfesta að rekin sé virk atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfstöð. Þessari kröfu er einnig fullnægt ef félag er stofnað í tiltekinn tíma. Staðurinn þar sem félag, sem veitir þjónustu um vefsetur á Netinu, hefur staðfestu er ekki staðurinn þar sem tæknibúnaðurinn á bak við vefsíðu þess er eða staðurinn þar sem vefsíða þess er aðgengileg, heldur staðurinn þar sem það stundar atvinnurekstur sinn. Í tilvikum þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu á nokkrum stöðum er mikilvægt að ákveða hvaðan viðkomandi þjónusta er veitt. Í tilvikum þar sem erfitt er að skera úr um hvaðan tiltekin þjónusta er veitt, ef um er að ræða fjölda staða þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, skal velja staðinn þar sem miðstöð starfsemi hans, sem tengist þeirri sérstöku þjónustu sem um er að ræða, er.

20) Skilgreining hugtaksins „þjónustuþegi“ nær til hvers kyns notkunar þjónustu í upplýsingasamfélaginu, bæði af hálfu þeirra sem veita þjónustu um opin netkerfi eins og Netið og þeirra sem leita upplýsinga á Netinu í eigin þágu eða í atvinnuskyni.

21) Gildissvið hins samræmda sviðs er með fyrirvara um væntanlega samhæfingu á vettvangi bandalagsins sem tengist þjónustu í upplýsingasamfélaginu og væntanlega löggjöf sem verður samþykkt á innlendum vettvangi í samræmi við lög bandalagsins. Hið samræmda svið tekur einvörðungu til krafna sem eru gerðar vegna beinlínutengdrar starfsemi, t.d. beinlínutengdra upplýsinga, auglýsinga, innkaupa og samningsgerðar, en ekki krafna aðildarríkjanna lögum samkvæmt um vörur, t.d. öryggisstaðla, kvaðir um merkingar eða ábyrgð á vörum, eða krafna aðildarríkjanna um afhendingu vara eða flutning, þar með talin lyfjadreifing. Hið samræmda svið fjallar ekki um rétt yfirvalda til þess að neyta

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).
([2]) Stjtíð. EB L 320, 28.11.1998, bls. 54.

forkaupsréttar að því er varðar tilteknar vörur, t.d. listaverk.

22) Hafa ber eftirlit með þjónustu í upplýsingasamfélaginu þar sem hún er upprunnin í því skyni að verndun almennings sé í raun tryggð. Til þess að svo megi verða ber nauðsyn til að tryggja að viðkomandi lögbær yfirvöld veiti ekki aðeins eigin ríkisborgurum slíka vernd heldur og öllum ríkisborgurum í bandalaginu. Í því skyni að efla gagnkvæmt traust milli aðildarríkjanna er afar mikilvægt að sú ábyrgð, sem hvílir á aðildarríkinu þar sem þjónustan er upprunin, komi fram með skýrum hætti. Ennfremur ætti meginreglan að vera sú að lög aðildarríkisins, þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, gildi um slíka þjónustu í upplýsingasamfélaginu til þess að unnt sé að tryggja með skilvirkum hætti frelsi til að veita þjónustu og réttaröryggi þeim til handa sem veita og þiggja þjónustu.

23) Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja viðbótarreglur um alþjóðlegan einkamálarétt í tengslum við mismun milli réttarreglna einstakra landa né fjalla um lögsögu dómstóla. Ákvæði gildandi laga, sem reglur alþjóðlegs einkamálaréttar gefa til kynna, takmarka ekki frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu eins og kveðið er á um í tilskipun þessari.

24) Að því er varðar þessa tilskipun og þrátt fyrir regluna um eftirlit, þar sem þjónusta í upplýsingasamfélaginu er upprunin, telst lögmætt, samkvæmt skilmálum þessarar tilskipunar, að aðildarríki geri ráðstafanir til þess að takmarka frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

25) Innlendir dómstólar, þar með taldir dómstólar á sviði einkamálaréttar sem fjalla um deilumál sem falla undir einkamálarétt, geta gert ráðstafanir til að víkja frá frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

26) Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að beita innlendum reglum á sviði refsiréttar og sakamála í því augnamiði að allar rannsóknir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að koma upp um afbrot og ákæra fyrir þau, án þess að nauðsynlegt sé að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir.

27) Tilskipun þessi, ásamt væntanlegri tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, stuðlar að mótun lagaramma um framboð beinlínutengdrar fjármálaþjónustu. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á væntanlegt frumkvæði á sviði fjármálaþjónustu, einkum með tilliti til samhæfingar siðareglna á þessu sviði. Sá kostur, sem aðildarríkin eiga völ á við vissar aðstæður og kveðið er á um í þessari tilskipun, að takmarka frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu í því skyni að vernda neytendur nær einnig til ráðstafana á sviði fjármálaþjónustu, einkum ráðstafana sem miða að því að vernda fjárfesta.

28) Sú skuldbinding aðildarríkjanna, að gera aðgengi að starfsemi veitenda þjónustu í upplýsingasamfélaginu óháð undanfarandi heimild, á ekki við um póstþjónustu sem er fjallað um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu ([1]) og felst í afhendingu útprentaðs tölvupóstskeytis í áþreifanlegu formi og hefur ekki áhrif á valfrjáls faggildingarkerfi, einkum ætluð vottunaraðilum á sviði rafrænna undirskrifta.

29) Viðskiptaorðsendingar eru afgerandi fyrir fjármögnun þjónustu í upplýsingasamfélaginu og þróun nýrrar, ókeypis þjónustu af margvíslegum toga. Óhjákvæmilegt er, í þágu neytendaverndar og góðra viðskiptahátta, að viðskiptaorðsendingar, meðal annars um afslátt, söluhvetjandi tilboð og söluhvetjandi keppni eða leiki, uppfylli fjölda krafna um gagnsæi. Þessar kröfur eru með fyrirvara um tilskipun 97/7/EB. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á gildandi tilskipanir um viðskiptaorðsendingar, einkum tilskipun 98/43/EB.

30) Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti kunna að vera óæskilegar fyrir neytendur og veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu og geta truflað snurðulausa starfsemi gagnvirkra netkerfa. Tilskipun þessi fjallar ekki um samþykki viðtakenda óumbeðinna viðskiptaorðsendinga í tilteknu formi, en í tilskipunum 97/7/EB

([1]) Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.

og 97/66/EB hefur nú þegar verið fjallað um slíkt samþykki sérstaklega. Í aðildarríkjum, sem heimila óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, ber að hvetja til og stuðla að viðeigandi framtaki innan atvinnugreinarinnar sem miðar að síun. Að auki er nauðsynlegt að ávallt sé auðvelt að bera kennsl á óumbeðnar viðskiptaorðsendingar sem slíkar í því skyni að auka gagnsæi og greiða fyrir því að slíkt framtak nái fram að ganga. Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti skulu ekki leiða til aukins fjarskiptakostnaðar fyrir viðtakanda.

) Aðildarríki, sem heimila að þjónustuveitendur, sem hafa staðfestu á landsvæði þeirra, sendi óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti án fyrirfram samþykkis viðtakanda, skulu sjá til þess að þjónustuveitendurnir fylgist reglulega með og taki mið af úrsagnarskránum sem einstaklingar, sem ekki óska eftir að fá sendar slíkar viðskiptaorðsendingar, geta látið færa sig í.

) Til þess að unnt sé að yfirstíga hindranir í vegi þróunar þjónustu yfir landamæri innan bandalagsins, sem aðilar innan lögverndaðra starfsgreina kynnu að bjóða fram á Netinu, ber nauðsyn til að tryggja, á vettvangi bandalagsins, að starfsreglur, sem miða sérstaklega að því að vernda neytendur eða almannaheilbrigði, séu virtar. Siðareglur á vettvangi bandalagsins eru heppilegasta leiðin til þess að ákveða siðareglur starfsgreinar sem gildi um viðskiptaorðsendingar. Hvetja ber til þess að slíkar reglur séu samdar eða, þar sem það á við, aðlagaðar með fyrirvara um sjálfsforræði starfsgreinanefnda og -samtaka.

) Tilskipun þessi kemur til fyllingar bandalagslögum og innlendum lögum um lögverndaðar starfsgreinar og safnar saman í eitt og viðheldur samstæðu safni gildandi reglna á þessu sviði.

) Hverju aðildarríki ber að breyta löggjöf sinni þar sem fram koma kröfur, einkum formkröfur, sem líklegt er að dragi úr samningsgerð með rafrænum hætti. Gera skal skipulega athugun á allri löggjöf, sem þarfnast slíkra breytinga, sem skal ná til allra nauðsynlegra þrepa og aðgerða samningsgerðarinnar, einnig varðveislu samnings í skjalasafni. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að unnt verði að gera samninga með rafrænum hætti. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([1]) er fjallað um réttaráhrif rafrænna undirskrifta. Staðfesting þjónustuveitanda á móttöku getur verið fólgin í því að veita þá beinlínutengdu þjónustu sem er greitt fyrir.

35) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til þess að viðhalda eða samþykkja almennar eða sértækar lagakröfur sem gilda um samninga sem er unnt að uppfylla með rafrænum hætti, einkum kröfur um öruggar rafrænar undirskriftir.

36) Aðildarríkjunum er heimilt að viðhalda takmörkunum á notkun rafrænna samninga með tilliti til samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina sem fara með opinbert vald. Hið sama gildi einnig um samninga sem krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina, sem fara með opinbert vald, í því augnamiði að hafa áhrif gagnvart þriðja aðila svo og samninga sem lögum samkvæmt krefjast vottunar eða staðfestingar lögbókanda.

37) Skylda aðildarríkjanna, að ryðja úr vegi hindrunum fyrir notkun rafrænna samninga, á aðeins við um hindranir, sem rekja má til lagakrafna, en ekki um hindranir sem lúta að framkvæmd og rekja má til þess að ógerlegt er í vissum tilvikum að nota rafrænar aðferðir.

38) Aðildarríkjunum ber að standa við skuldbindingar sínar og ryðja úr vegi hindrunum fyrir notkun rafrænna samninga í samræmi við lagakröfur sem gilda um samninga sem lög bandalagsins fjalla um.

39) Undanþágur frá ákvæðum um samninga, sem eru einvörðungu gerðir í tölvupósti eða með sambærilegum einstökum orðsendingum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og fjalla um upplýsingar sem látnar verða í té og pantanir, skulu ekki leiða til þess að veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu geti sniðgengið þessi ákvæði.

40) Bæði núverandi og nýtt ósamræmi í löggjöf aðildarríkjanna og réttarframkvæmd þeirra á sviði ábyrgðar þjónustuveitenda sem gegna hlutverki

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

millilíða, hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins, einkum með því að hamla þróun þjónustu yfir landamæri og raska samkeppni. Þjónustuveitendum er skylt að grípa til aðgerða við tilteknar aðstæður í því skyni að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglegt athæfi. Ákvæði þessarar tilskipunar ættu að skapa réttar forsendur fyrir þróun hraðvirkra og traustra aðferða til þess að eyða ólöglegum upplýsingum og hindra aðgang að þeim. Þróa ber slíkt kerfi á grundvelli frjálsra samninga milli allra hlutaðeigandi aðila og ber aðildarríkjunum að stuðla að tilurð þess. Allir, sem taka þátt í því að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu, hafa hag af því að slíkar aðferðir séu samþykktar og þeim beitt. Ákvæði þessarar tilskipunar, sem fjalla um ábyrgð, ættu ekki að koma í veg fyrir að ólíkir hagsmunaaðilar geti þróað tæknileg varnar- og sanngreiningarkerfi og rekið þau á skilvirkan hátt og einnig tæknileg eftirlitstæki, sem unnt er að smíða fyrir tilstuðlan stafrænnar tækni, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í tilskipunum 95/46/EB og 97/66/EB.

41) Tilskipun þessi skapar jafnvægi milli þeirra hagsmuna sem eru í húfi og setur meginreglur sem unnt er að byggja á samninga og staðla í atvinnulífinu.

42) Undanþágur frá ábyrgð, sem þessi tilskipun kveður á um, gilda einungis um tilvik þar sem starfsemi þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu er takmörkuð við tæknilegan rekstur og það að veita aðgang að fjarskiptaneti, sem upplýsingar sem þriðju aðilar hafa á boðstólum eru sendar um eða geymdar tímabundið, í þeim tilgangi einum að sendingin verði skilvirkari. Þessi starfsemi er eingöngu tæknileg, sjálfvirk og hlutlaus sem merkir að hlutaðeigandi þjónustuveitandi í upplýsingasamfélaginu hefur hvorki þekkingu á né yfirráð yfir þeim upplýsingum sem eru sendar eða geymdar.

43) Þjónustuveitandi getur verið undanþeginn ábyrgð á hreinni áframmiðlun („mere conduit") og sjálfvirkri, millistigs- og tímabundinni geymslu („caching") þegar hann á engan þátt í upplýsingunum sem eru sendar. Þetta er meðal annars undir því komið að hlutaðeigandi geri engar breytingar á upplýsingunum sem hann sendir. Þessi krafa á ekki við um tæknilegar aðgerðir meðan á sendingu stendur, þar eð þær breyta í engu heilleika þeirra upplýsinga sem felast í sendingunni.

44) Þjónustuveitandi, sem af ásettu ráði á samstarf við þann sem þiggur þjónustu hans um ólöglegt athæfi, gengur lengra en hrein áframmiðlun og sjálfvirk, millistigs- og tímabundin geymsla heimila og þar af leiðandi eiga undanþágur frá ábyrgð, sem gilda um þessa starfsemi, ekki við um hann.

45) Takmörkuð ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur engin áhrif á hugsanleg fyrirmæli af ýmsum toga. Slík fyrirmæli geta einkum falist í úrskurðum dómstóla eða stjórnvalda, þar sem krafa er gerð um að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau, meðal annars að ólöglegum upplýsingum sé eytt eða að aðgengi að þeim sé hindrað.

46) Ef veitandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem felst í því að geyma upplýsingar, vill að takmörkuð ábyrgð gildi um hann skal hann, ef hann fær áreiðanlega vitneskju um ólöglegt athæfi, tafarlaust gera ráðstafanir til þess að eyða viðkomandi upplýsingum eða tryggja að aðgengi að þeim sé hindrað. Þegar upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað ber að virða meginregluna um tjáningarfrelsi og fylgja þeirri málsmeðferð sem samþykkt hefur verið innanlands í þessu skyni. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til að samþykkja sérkröfur sem ber að uppfylla tafarlaust áður en upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað.

47) Aðildarríkjunum er óheimilt að leggja einvörðungu almenna eftirlitsskyldu á herðar þjónustuveitenda. Þetta á ekki við um eftirlitsskyldur í sérstökum tilvikum og hefur, einkum og sér í lagi, ekki áhrif á fyrirmæli innlendra yfirvalda í samræmi við landslög.

48) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til að skylda þjónustuveitendur, sem hýsa upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té, til þess að vera á varðbergi, eins og eðlilegt má teljast og tilgreint er í innlendum lögum, í því skyni að koma upp um og í veg fyrir ólöglegt athæfi af vissum toga.

49) Aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ber að hvetja til þess að settar verði siðareglur. Þessu er ekki ætlað að skerða frelsi hagsmunaaðila til þess að ákveða hvort þeir taki upp slíkar siðareglur eða svigrúm þeirra til að ákveða hvort þeir kjósi að hlíta slíkum reglum.

50) Mikils er um vert að fyrirhuguð tilskipun um samhæfingu tiltekinna þátta sem lúta að höfundarrétti og réttindum í upplýsingasamfélaginu sem tengjast honum og þessi tilskipun öðlist gildi á svipuðum tíma svo að unnt verði að setja skýran ramma reglna um ábyrgð milliliða með tilliti til brota á sviði höfundarréttar og réttinda sem tengjast honum.

51) Hverju aðildarríki ber, ef nauðsyn krefur, að breyta löggjöf sem kann að koma í veg fyrir að unnt sé að beita reglum um lausn deilumála utan dómstóla eftir rafrænum leiðum. Fyrrnefnd breyting skal leiða til þess að slíkar reglur geti virkað í raun og á skilvirkan hátt að lögum og í reynd, jafnvel yfir landamæri.

52) Skilvirk framkvæmd þess frelsis, sem innri markaðurinn býr yfir, kallar á að þeir sem verða fyrir tjóni eigi kost á skilvirkum leiðum til lausnar deilumála. Tjón sem kann að verða samfara þjónustu í upplýsingasamfélaginu einkennist bæði af því hve brátt það ber að og hversu víðtækt það er í landfræðilegum skilningi. Með tilliti til þessa séreinkennis og nauðsynjar þess að tryggja að innlend yfirvöld stofni ekki í hættu því gagnkvæma trausti sem þau ættu að bera hver til annars er sú krafa gerð í þessari tilskipun að aðildarríkin sjái til þess að viðeigandi tækifæri bjóðist til málshöfðunar. Aðildarríkjunum ber að kanna þörfina á því að bjóða fram þann kost að reka mál eftir viðeigandi rafrænum leiðum.

53) Tilskipun 98/27/EB, sem gildir um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, fjallar um fyrirkomulag vegna lögbannskrafna sem er ætlað að vernda sameiginlega hagsmuni neytenda. Þetta kerfi mun stuðla að frjálsri þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu með því að tryggja neytendavernd í ríkum mæli.

54) Þau viðurlög, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru með fyrirvara um önnur viðurlög eða réttarúrræði að landslögum. Aðildarríkjunum ber ekki skylda til þess að ákvarða viðurlög á sviði refsiréttar fyrir brot á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

55) Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á gildandi lög um samningsskyldur á sviði neytendasamninga. Þar af leiðandi getur tilskipun þessi ekki svipt neytandann þeirri vernd sem ófrávíkjanlegar reglur, sem fjalla um samningsskyldur í lögum þess aðildarríkis þar sem hann hefur fasta búsetu, tryggja honum.

56) Hvað varðar undanþáguna í tilskipun þessari ber að túlka samningsskyldur í neytendasamningum á þann hátt að í þeim felist upplýsing um mikilvæga grunnþætti samningsins, meðal annars rétt neytenda, sem hafa afgerandi áhrif á þá ákvörðun að ganga til samninga.

57) Samkvæmt réttarvenju dómstólsins heldur aðildarríki rétti sínum til þess að aðhafast gegn þjónustuveitanda, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki en beinir starfsemi sinni allri, eða að mestum hluta, inn á landsvæði fyrrnefnda aðildarríkisins, hafi hlutaðeigandi þjónustuveitandi valið staðfestu sína með það í huga að skjóta sér undan þeirri löggjöf sem hefði gilt um hann hefði hann haft staðfestu á landsvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.

58) Tilskipun þessari er ekki ætlað að gilda um þjónustu sem þjónustuveitendur, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, veita. Með hliðsjón af hnattvæðingu rafrænna viðskipta er engu að síður við hæfi að tryggja að reglur bandalagsins samræmist alþjóðlegum reglum. Tilskipun þessi er með fyrirvara um niðurstöður viðræðna á vettvangi alþjóðastofnana (meðal annarra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Efnahags- og framfarastofnunarinnar og nefndar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegan verslunarrétt (Uncitral)) um lögfræðileg úrlausnarefni.

59) Þrátt fyrir hnattvæðingu í rafrænum orðsendingum er nauðsynlegt að samræma innlendar reglur á vettvangi Evrópusambandsins, í því skyni að koma í veg fyrir að innri markaðurinn klofni og til þess að koma á fót viðeigandi evrópskum lagaramma. Slík samræming ætti einnig að stuðla að því að ná fram sterkri, sameiginlegri samningsstöðu á alþjóðavettvangi.

60) Til þess að rafræn viðskipti geti þróast óhindrað þarf lagaramminn að vera skýr og einfaldur, rök-

réttur og í samræmi við þær reglur sem gilda á alþjóðavettvangi svo að hann hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar eða hindri nýsköpun á því sviði.

61) Ef markaðurinn á í raun að geta starfað með rafrænum hætti á hnattræna vísu verða Evrópusambandið og helstu svæði utan þess að eiga samráð sín á milli til þess að samræmi ríki á milli laga og málsmeðferðarreglna þeirra.

62) Efla ber samvinnu við þriðju lönd á sviði rafrænna viðskipta, einkum við lönd sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu, þróunarlöndin og önnur viðskiptalönd Evrópusambandsins.

63) Samþykkt þessarar tilskipunar hindrar ekki aðildarríkin í því að taka mið af ýmsum félagslegum, samfélagslegum og menningarlegum áhrifum sem felast í tilkomu upplýsingasamfélagsins. Hún ætti ekki að hindra sérstaklega ráðstafanir sem aðildarríki kunna að samþykkja í samræmi við bandalagslög í því skyni að ná félags-, menningar- og lýðræðislegum markmiðum um leið og tekið er tillit til ólíkra tungumála þeirra, sérkenna þjóða og héraða svo og menningararfs þeirra og tryggja og viðhalda aðgangi almennings að þjónustu í upplýsingasamfélaginu á sem breiðustu sviði. Í öllu falli er þróun upplýsingasamfélagsins ætlað að tryggja aðgang borgara í bandalaginu að evrópskum menningararfi í stafrænu umhverfi.

64) Aðildarríkin ráða yfir ágætri aðferð til þess að láta í té opinbera þjónustu á sviði menningar, mennta og tungumála með rafrænum orðsendingum.

65) Í ályktun sinni frá 19. janúar 1999 um þátt neytenda í upplýsingasamfélaginu ([1]) lagði ráðið áherslu á að neytendavernd á þessu sviði skuli gefinn sérstakur gaumur. Framkvæmdastjórnin mun kanna að hvaða marki gildandi reglur um neytendavernd veita ófullnægjandi vernd í upplýsingasamfélaginu og mun, þar sem nauðsyn krefur, benda á annmarka á þessari löggjöf og þeim málum þar sem viðbótarráðstafana kann að vera þörf. Ef nauðsyn krefur ber framkvæmdastjórninni að leggja fram sérstakar viðbótartillögur til þess að lagfæra þá annmarka sem bent mun hafa verið á með þeim hætti.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. kafli

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er leitast við að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins með því að tryggja frjálsa þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna á sviði upplýsingasamfélagsins.

2. Með tilskipun þessari fer fram, að því marki sem er nauðsynlegt til þess að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr., samræming tiltekinna innlendra ákvæða um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem varðar innri markaðinn, staðfestu þjónustuveitenda, viðskiptaorðsendingar, rafræna samninga, ábyrgð milliliða, siðareglur, lausn deilumála utan dómstóla, málshöfðun og samvinnu milli aðildarríkja.

3. Tilskipun þessi kemur til fyllingar gildandi bandalagslögum um þjónustu í upplýsingasamfélaginu með fyrirvara sérstaklega um umfang verndunar almannaheilbrigðis og neytendahagsmuna, eins og lög bandalagsins mæla fyrir um það og innlend löggjöf þeim til framkvæmdar að því marki sem slíkt heftir ekki frelsi til að veita þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

4. Með þessari tilskipun er hvorki ætlunin að setja viðbótarreglur um alþjóðlegan einkamálarétt né fjalla um lögsögu dómstóla.

5. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) skattlagningu;

b) álitamál sem varða þjónustu í upplýsingasamfélaginu og fjallað er um í tilskipunum 95/46/EB og 97/66/EB;

c) álitamál sem varða samninga eða venjur sem er fjallað um í lögum um einokunarhringi;

d) eftirtalda þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu:

([1]) Stjtíð. EB C 23, 28.1.1999, bls. 1.

— starfsemi lögbókenda eða svipaða starfsemi að því marki sem í henni felast bein og sérstök tengsl við beitingu almannavaldsins,

— að koma fram sem fulltrúi umbjóðanda og verja hagsmuni hans fyrir dómstólum,

— fjárhættustarfsemi sem felst í því að leggja fram áhættufé í áhættuleikjum, meðal annars happdrættum og veðmálaviðskiptum.

6. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á ráðstafanir sem eru gerðar á vettvangi bandalagsins eða innanlands, í samræmi við bandalagslög, í því skyni að stuðla að fjölbreytni menningar og tungumála og að tryggja að staðinn sé vörður um fjölhyggju.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þjónusta í upplýsingasamfélaginu“: þjónusta í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 98/48/EB;

b) „þjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem lætur í té þjónustu í upplýsingasamfélaginu;

c) „þjónustuveitandi með staðfestu“: þjónustuveitandi sem stundar virka atvinnustarfsemi ótímabundið í fastri starfsstöð. Tilvist og notkun nauðsynlegra aðferða og tækni til þess að láta þjónustuna í té jafngilda ekki staðfestu þjónustuveitanda í sjálfu sér;

d) „þjónustuþegi“: einstaklingur eða lögpersóna sem í atvinnuskyni eða í öðrum tilgangi nýtir sér þjónustu í upplýsingasamfélaginu, einkum í því skyni að leita eftir upplýsingum eða gera þær aðgengilegar;

e) „neytandi“: einstaklingur með umsvif í einhverjum þeim tilgangi sem liggur utan við viðskiptasvið hans, starfsemi eða atvinnu;

f) „viðskiptaorðsending“: hvers konar orðsending sem er ætlað að vekja, með beinum eða óbeinum hætti, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd félags, stofnunar eða persónu sem stundar verslunar-, iðnaðar- eða handverksstarfsemi eða lögverndaða starfsgrein. Eftirfarandi telst ekki vera viðskiptaorðsending í sjálfu sér:

— upplýsingar sem veita beinan aðgang að starfsemi hlutaðeigandi félags, stofnunar eða persónu, einkum lénsheiti eða tölvupóstfang,

— orðsendingar sem varða vörur, þjónustu eða ímynd viðkomandi félags, stofnunar eða persónu sem eru teknar saman óháð þeim, einkum þegar það er gert án endurgjalds;

g) „lögvernduð starfsgrein“: starfsgrein annaðhvort í skilningi ákvæða d-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár ([1]) eða ákvæða f-liðar 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ([2]);

h) „samræmt svið“: kröfur sem mælt er fyrir um í réttarkerfum aðildarríkja og gilda um þjónustuveitendur í upplýsingasamfélaginu eða þjónustu í upplýsingasamfélaginu, hvort sem þær eru almenns eðlis eða ákveðnar sérstaklega þeirra vegna.

i) Hið samræmda svið á við um kröfur sem þjónustuveitandanum ber að uppfylla:

— þegar hann hefur þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu, t.d. kröfur um menntun og hæfi, leyfi eða tilkynningar,

— þegar hann stundar þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu, t.d. kröfur um framferði þjónustuveitandans, kröfur um gæði eða innihald þjónustunnar, meðal annars kröfur sem gilda um auglýsingar og samninga eða kröfur viðvíkjandi ábyrgð þjónustuveitandans;

([1]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.
([2]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB (Stjtíð. EB L 184, 12.7.1997, bls. 31).

ii) hið samræmda svið á ekki við um kröfur eins og til dæmis:

— kröfur til vörunnar,

— kröfur sem gilda um vöruafhendingu,

— kröfur sem gilda um þjónustu sem er ekki látin í té með rafrænum hætti.

3. gr.

Innri markaður

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem þjónustuveitandi með staðfestu á landsvæði þess lætur í té, sé í samræmi við innlend ákvæði sem gilda í viðkomandi aðildarríki innan hins samræmda sviðs.

2. Aðildarríkjunum er óheimilt, af ástæðum sem tengjast hinu samræmda sviði, að takmarka frelsi til þess að láta í té þjónustu í upplýsingasamfélaginu frá öðru aðildarríki.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gildi ekki um sviðin sem um getur í viðaukanum.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að gera ráðstafanir til þess að víkja frá 2. mgr. með tilliti til tiltekinnar þjónustu í upplýsingasamfélaginu að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) ráðstafanirnar skulu vera:

i) nauðsynlegar af einni af eftirfarandi ástæðum:

— allsherjarregla, einkum það að koma í veg fyrir refsilagabrot, koma upp um þau og ákæra fyrir þau, þar með talin verndun ólögráða barna og barátta gegn því að vekja upp hatur vegna kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða þjóðernis og að misbjóða mannlegri reisn þegar einstaklingar eiga í hlut,

— verndun almannaheilbrigðis,

— almannaöryggi, þar með talið að standa vörð um þjóðaröryggi og landvarnir,

— neytendavernd, þar með talin vernd fjárfesta;

ii) gegn tiltekinni þjónustu í upplýsingasamfélaginu sem skaðar markmiðin sem um getur í i-lið eða stefnir þeim í verulega hættu;

iii) í réttu hlutfalli við fyrrnefnd markmið;

b) aðildarríkið hafi, áður en það gerir umræddar ráðstafanir og með fyrirvara um málarekstur fyrir dómstóli, meðal annars undirbúningsmálarekstur og athafnir í tengslum við rannsókn á sakamáli:

— beðið aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., að gera ráðstafanir og það síðarnefnda gerði ekki slíkar ráðstafanir eða þær reyndust ófullnægjandi,

— tilkynnt framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu, sem um getur í 1. mgr., um fyrirætlanir sínar um að gera slíkar ráðstafanir.

5. Aðildarríkjunum er í bráðatilvikum heimilt að víkja frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. mgr. Í slíku tilviki skal tilkynna hið fyrsta um þær ráðstafanir, sem um er að ræða, til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. og geta um ástæður þess að aðildarríkið telur að um bráðatilvik sé að ræða.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um svigrúm aðildarríkisins til að gera þær ráðstafanir sem um er að ræða, ganga úr skugga um samræmi tilkynntu ráðstafananna við lög bandalagsins á eins skömmum tíma og frekast er unnt. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að umrædd ráðstöfun samræmist ekki lögum bandalagsins skal hún fara þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það láti vera að gera fyrirhugaðar ráðstafanir eða bindi enda á umræddar ráðstafanir án tafar.

II. kafli

MEGINREGLUR

1. þáttur: Kröfur um staðfestu og upplýsingar

4. gr.

Meginreglan um að fyrirframleyfis sé ekki krafist

1. Aðildarríkin skulu tryggja að veitanda þjónustu í upplýsingasamfélaginu sé ekki gert að afla sér leyf-

is áður en hann hefur starfsemi sína og ástundar hana eða uppfylla aðrar kröfur sem hafa sömu áhrif.

2. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um fyrirkomulag leyfisveitinga sem gildir ekki sérstaklega og einvörðungu um þjónustu í upplýsingasamfélaginu eða sem fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu ([1]).

5. gr.

Almennar upplýsingar sem ber að veita

1. Auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandi veiti þjónustuþegum og lögbærum yfirvöldum greiðan, beinan og stöðugan aðgang að minnsta kosti að eftirfarandi upplýsingum:

a) nafni þjónustuveitandans;

b) heimilisfangi á þeim stað þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu;

c) nánari upplýsingum um þjónustuveitandann, meðal annars tölvupóstfang hans, sem gerir kleift að hafa samband við hann á hraðvirkan hátt og eiga samskipti við hann með beinum og skilvirkum hætti;

d) ef þjónustuveitandinn er skráður í verslunarskrá, eða svipaðri skrá sem almenningur hefur aðgang að, þeirri verslunarskrá þar sem þjónustuveitandann er að finna og skráningarnúmeri hans eða sambærilegum leiðum til þess að bera kennsl á hann í skránni;

e) ef viðkomandi starfsemi er bundin leyfisveitingu, upplýsingum um hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald;

f) með tilliti til lögverndaðra starfsgreina:

— þeim faglegu samtökum eða álíka stofnunum sem þjónustuveitandinn er skráður hjá,

— starfsheiti og aðildarríkinu þar sem það var veitt,

— tilvísun til gildandi starfsreglna í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær;

g) ef þjónustuveitandi stundar virðisaukaskattskylda starfsemi, kenninúmerinu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. sjöttu tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatta — sameiginlegt virðisaukaskattkerfi: einsleitar matsforsendur ([2]).

2. Aðildarríkin skulu að minnsta kosti tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, að þegar verð er gefið upp fyrir þjónustu í upplýsingasamfélaginu sé það gert með skýrum og ótvíræðum hætti og sérstaklega sé tekið fram hvort skattar og afhendingarkostnaður séu innifaldir.

2. þáttur: Viðskiptaorðsendingar

6. gr.

Upplýsingar sem ber að veita

Aðildarríkin skulu tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, að viðskiptaorðsendingar, sem eru hluti af eða mynda þjónustu í upplýsingasamfélaginu, séu að minnsta kosti í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) auðvelt skal vera að bera kennsl á viðskiptaorðsendingarnar sem slíkar;

b) auðvelt skal vera að bera kennsl á þann einstakling eða lögpersónu sem viðskiptaorðsendingin er komin frá;

c) auðvelt skal vera að bera kennsl á kynningartilboð sem slík, eins og til dæmis afslátt, verðlaun og gjafir, ef þau eru leyfileg í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu og skilyrðin sem uppfylla þarf til þess að njóta þeirra skulu vera auðveldlega aðgengileg og sett fram á skýran og ótvíræðan hátt;

d) auðvelt skal vera að bera kennsl á keppni eða leiki í auglýsingaskyni sem slíka, ef þeir eru

([1]) Stjtíð. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.

([2]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/85/EB (Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 34).

leyfilegir í aðildarríkinu þar sem þjónustuveitandinn hefur staðfestu, og skulu þátttökuskilyrðin vera auðveldlega aðgengileg og sett fram á skýran og ótvíræðan hátt;

7. gr.

Óumbeðnar viðskiptaorðsendingar

1. Aðildarríki, sem heimila óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, skulu tryggja, auk annarra krafna sem bandalagslög mæla fyrir um, að unnt sé að bera kennsl á þess háttar viðskiptaorðsendingar sem slíkar frá þjónustuveitanda með staðfestu á landsvæðum þeirra á skýran og ótvíræðan hátt um leið og viðtakandinn móttekur þær.

2. Með fyrirvara um tilskipun 97/7/EB og tilskipun 97/66/EB skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að tryggja að þjónustuveitendur, sem senda óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti, fylgist reglulega með og haldi í heiðri úrsagnarskrárnar sem þeir, sem ekki óska eftir að fá sendar slíkar viðskiptaorðsendingar, geta látið færa sig í.

8. gr.

Lögverndaðar starfsgreinar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notkun viðskiptaorðsendinga, sem eru hluti af eða mynda þjónustu í upplýsingasamfélaginu og aðili að lögverndaðri starfsgrein veitir, sé heimil með fyrirvara um að hún samræmist starfsreglum, einkum um sjálfstæði, virðingu og heiður starfsgreinarinnar, um þagnarskyldu og sanngirni gagnvart viðskiptamönnum og öðrum aðilum að starfsgreininni.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, með fyrirvara um sjálfsforræði starfsgreinafélaga og -samtaka, hvetja starfsgreinasamtök og -félög til að setja siðareglur á vettvangi bandalagsins í því skyni að ákvarða hvers kyns upplýsingar megi veita að því er varðar viðskiptaorðsendingar í samræmi við reglurnar sem um getur í 1. mgr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr tillögur um bandalagsfrumkvæði, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins með tilliti til upplýsinga sem um getur í 2. mgr., skal hún taka eðlilegt tillit til siðareglna sem gilda á vettvangi bandalagsins og aðhafast í náinni samvinnu við hlutaðeigandi starfsgreinasamtök og -félög.

4. Tilskipun þessi gildi til viðbótar tilskipunum bandalagsins um aðgang að og ástundun starfsemi á sviði lögverndaðra starfsgreina.

3. þáttur: Samningar gerðir með rafrænum hætti

9. gr.

Meðferð samninga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að réttarkerfi þeirra heimili að samningar séu gerðir með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu tryggja sérstaklega að gildandi lagakröfur um samningaferli torveldi hvorki notkun rafrænna samninga né leiði til þess að slíkir samningar tapi réttaráhrifum sínum og lagalegu gildi sakir þess að þeir séu gerðir með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að ákvæði 1. mgr. gildi ekki um alla eða tiltekna samninga sem tilheyra einum eftirtalinna flokka:

a) samninga sem skapa eða yfirfæra rétt í fasteignum, nema þegar um leigurétt er að ræða;

b) samninga sem lögum samkvæmt krefjast þátttöku dómstóla, stjórnvalda eða starfsgreina sem fara með opinbert vald;

c) samninga um ábyrgðarskuldbindingar og veðtryggingar af hálfu persóna sem aðhafast í einhverjum þeim tilgangi sem liggur utan við fag þeirra, starfsemi eða atvinnugrein;

d) samninga á sviði sifja- og erfðaréttar.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða flokka, sem um getur í 2. mgr., þau beita ekki ákvæðum 1. mgr. á. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu fimmta hvert ár um beitingu 2. mgr., þar sem koma fram ástæður þess að þau telja nauðsynlegt að viðhalda flokkinum sem um getur í b-lið 2. mgr. og þau beita ekki ákvæðum 1. mgr. á.

10. gr.

Upplýsingar sem ber að veita

1. Aðildarríkin skulu tryggja, auk annarra krafna um upplýsingar sem bandalagslög mæla fyrir um, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi veiti að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar með skýrum, skiljan-

legum og ótvíræðum hætti og áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun sína:

a) hvaða ólíku tæknilegu skref ber að taka til þess að ljúka samningsgerð;

b) hvort þjónustuveitandinn skráir gerðan samning eða ekki og hvort hann verður aðgengilegur;

c) tæknilegar leiðir til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð;

d) þau tungumál sem unnt er að gera samninginn á.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi gefi upp hvaða viðeigandi siðareglum hann fylgir og veiti upplýsingar um hvernig fletta megi upp í þeim með rafrænum hætti.

3. Samningsskilmálar og almenn skilyrði sem þjónustuþegi fær upplýsingar um skulu látin í té með þeim hætti að hann geti varðveitt þau og framkallað á ný.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstsendingum eða með sambærilegum, einstökum orðsendingum.

11. gr.

Pöntun lögð inn

1. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þegar þjónustuþegi leggur inn pöntun sína með rafrænum hætti gildi eftirfarandi meginreglur:

— þjónustuveitandinn skal staðfesta að hafa móttekið pöntun þjónustuþegans án teljandi tafa og með rafrænum hætti,

— líta ber svo á að pöntun og móttökustaðfesting séu mótteknar þegar aðilarnir, sem þeim er beint að, hafa aðgang að þeim.

2. Aðildarríkin skulu tryggja, nema þegar aðilar, sem eru ekki neytendur, samþykkja annað, að þjónustuveitandi gefi þjónustuþega kost á viðeigandi, skilvirkum og aðgengilegum leiðum, tæknilegs eðlis, sem gera honum kleift að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð.

3. Fyrri undirliður 1. mgr. og 2. mgr. gilda ekki um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstsendingum eða með sambærilegum, einstökum orðsendingum.

4. þáttur: Ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir

12. gr.

Hrein áframmiðlun („mere conduit“)

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í flutningi um fjarskiptanet á upplýsingum sem þjónustuþegi lætur í té eða í því að veita aðgang að fjarskiptaneti, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem eru fluttar, með því skilyrði að þjónustuveitandinn:

a) hefji ekki flutninginn;

b) velji ekki viðtakanda þess sem er flutt; og

c) velji ekki eða breyti þeim upplýsingum sem eru fluttar.

2. Í flutningi og aðgangi, sem um getur í 1. mgr., felst sjálfvirk, millistigs- og skammtímageymsla þeirra upplýsinga, sem eru fluttar, að því marki sem hún er aðeins vegna flutnings innan fjarskiptanetsins og að því tilskildu að upplýsingarnar séu ekki geymdar lengur en eðlilegt má telja að nauðsynlegt sé vegna flutningsins.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkja, að krefjast þess að þjónustuveitandi stöðvi eða komi í veg fyrir brot.

13. gr.

Sjálfvirk, millistigs- og tímabundin geymsla („caching“)

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í flutningi um fjarskiptanet á upplýsingum sem þjónustuþegi veitir eða í því að veita aðgang að fjarskiptaneti, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir sjálfvirkri, millistigs- og skammtímageymslu þeirra upplýsinga, sem er aðeins til þess að gera skilvirkari áframflutn-

ing til annarra þiggjenda þjónustunnar, sem óska eftir honum, með því skilyrði að þjónustuveitandinn:

a) breyti ekki upplýsingunum;

b) uppfylli skilyrðin um aðgang að upplýsingunum;

c) fari eftir reglum um uppfærslu upplýsinganna sem eru tilgreindar með almennt viðurkenndum hætti og notaðar í atvinnugreininni;

d) grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem er almennt viðurkennd og notuð í iðnaði, til þess að komast yfir gögn um notkun upplýsinganna; og

e) bregðist skjótt við og eyði eða hindri aðgang að upplýsingunum, sem hann geymir, berist honum rökstudd vitneskja þess efnis að upplýsingunum hafi, við upptök flutnings, verið eytt úr netkerfinu eða aðgangur að þeim heftur eða að dómstóll eða stjórnvald hafi fyrirskipað slíka eyðingu eða heftingu.

2. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds að krefjast þess af þjónustuveitanda, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkjanna, að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau.

14. gr.

Hýsing

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í geymslu upplýsinga sem þjónustuþegi veitir, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem eru geymdar að beiðni þjónustuþega, að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

a) hafi ekki beina vitneskju um ólöglega starfsemi eða upplýsingar og, að því er varðar skaðabótakröfur, sé ekki kunnugt um staðreyndir eða aðstæður sem hin ólöglega starfsemi eða upplýsingar eru raktar til; eða

b) hafi hann öðlast slíka vitneskju, grípi tafarlaust til aðgerða til þess að eyða upplýsingunum eða tryggi að aðgengi að þeim sé hindrað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitandans.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa hvorki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds að krefjast þess af þjónustuveitanda, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkjanna, að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau né það úrræði aðildarríkja að samþykkja aðferðir til þess að eyða eða hindra aðgang að upplýsingum.

15. gr.

Engin almenn eftirlitsskylda

1. Aðildarríkin skulu hvorki leggja þá almenna skyldu á herðar þjónustuveitendum, þegar þeir láta í té þá þjónustu sem er fjallað um í 12., 13. og 14. gr., að hafa eftirlit með upplýsingunum sem þeir flytja eða geyma né þá almennu skyldu að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að skylda veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu til þess að tilkynna lögbærum stjórnvöldum án tafar um meinta ólöglega starfsemi sem er stunduð eða upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té eða skylda þá til þess að senda lögbærum stjórnvöldum, að beiðni þeirra, upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á þiggjendur þjónustu þeirra sem þeir hafa gert geymslusamninga við.

III. kafli

FRAMKVÆMD

16. gr.

Siðareglur

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess:

a) að atvinnugreina-, fag- og neytendasamtök eða -stofnanir semji siðareglur á vettvangi bandalagsins sem er ætlað að stuðla að því að 5. til 15. gr. komi til framkvæmda á réttan hátt;

b) að framkvæmdastjórninni séu send drög að siðareglum, innlendum og á vettvangi bandalagsins, af fúsum og frjálsum vilja;

c) að fyrrnefndar siðareglur séu aðgengilegar á tungumálum bandalagsins í rafrænu formi;

d) að atvinnugreina-, fag- og neytendasamtök eða -stofnanir sendi aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni mat sitt viðvíkjandi beitingu siðareglna sinna og áhrifum þeirra á framkvæmd, venjur og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum;

e) að samdar séu siðareglur um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess að samtök og stofnanir, sem vinna í þágu neytenda, eigi þátt í því að semja og hrinda í framkvæmd siðareglum sem hafa áhrif á hagsmuni þeirra og eru samdar í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. Þar sem það á við ber að hafa samráð við samtök sem gæta hagsmuna sjónskertra og fatlaðra til þess að taka megi tillit til sérþarfa þeirra.

17. gr.

Lausn deilumála utan dómstóla

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komi til ágreinings milli veitanda þjónustu í upplýsingasamfélaginu og þiggjanda þjónustunnar, komi löggjöf þeirra ekki í veg fyrir að unnt sé að beita reglum um lausn deilumála utan dómstóla, sem tiltækar eru samkvæmt landslögum, meðal annars eftir rafrænum leiðum.

2. Aðildarríkin skulu hvetja aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, einkum deilumála sem varða neytendur, til þess að haga starfsemi sinni þannig að öryggi hlutaðeigandi aðila sé tryggt með tilliti til málsmeðferðar.

3. Aðildarríkin skulu hvetja aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um mikilvægar ákvarðanir sem þeir taka um þjónustu í upplýsingasamfélaginu og senda allar aðrar upplýsingar um starfsvenjur, notkun og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum.

18. gr.

Málshöfðun

1. Aðildarríkin skulu tryggja að málshöfðun í samræmi við landslög vegna þjónustustarfsemi í upplýsingasamfélaginu geti leitt til skjótrar samþykktar ráðstafana, meðal annars bráðabirgðaráðstafana, sem er ætlað að binda enda á meint brot og koma í veg fyrir að þeir hagsmunir, sem um ræðir, verði skaðaðir enn frekar.

2. Eftirfarandi bætist við viðaukann við tilskipun 98/27/EB:

„11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).“

19. gr.

Samvinna

1. Aðildarríkin skulu vera í stakk búin til þess að halda úti nauðsynlegu eftirliti og athugunum til þess að koma ákvæðum þessarar tilskipunar í framkvæmd með skilvirkum hætti og tryggja að þjónustuveitendur veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar.

2. Aðildarríkin skulu hafa samstarf við önnur aðildarríki. Þau skulu í því skyni tilnefna einn eða fleiri tengiliði og senda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um þá.

3. Aðildarríkin skulu, eins skjótt og auðið er og í samræmi við landslög, láta í té alla þá aðstoð og upplýsingar sem önnur aðildarríki eða framkvæmdastjórnin fara fram á, meðal annars með viðeigandi rafrænum hætti.

4. Aðildarríkin skulu koma á fót tengiliðum, sem skulu vera aðgengilegir að minnsta kosti með rafrænum hætti, þar sem þjónustuþegar og -veitendur geta aflað sér:

a) almennra upplýsinga um samningsréttindi og -skyldur og kæruleiðir og leiðir til úrbóta sem í boði eru í deilumálum, þar með talin hagnýt atriði ef slíkar leiðir eru farnar;

b) ítarlegra upplýsinga um stjórnvöld, samtök eða stofnanir sem geta veitt þeim frekari upplýsingar eða hagnýta aðstoð.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um allar mikilvægar stjórnsýsluákvarðanir eða dómsúrskurði sem eru teknar eða falla á landsvæði þeirra í deilumálum sem snúast um þjónustu í upplýsingasamfélaginu og um

starfsvenjur, notkun og siði sem tengjast rafrænum viðskiptum. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær ákvarðanir.

20. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda um brot á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þeim sé komið til framkvæmda. Viðurlögin, sem þau kveða á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

IV. kafli

LOKAÁKVÆÐI

21. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 17. júlí 2003 og annað hvert ár eftir það, senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar ásamt tillögum, ef nauðsyn krefur, um aðlögun hennar að laga-, tækni- og efnahagslegri þróun á sviði þjónustu í upplýsingasamfélaginu, einkum til þess að koma í veg fyrir glæpi og vernda ólögráða börn, með hliðsjón af neytendavernd og því að innri markaðurinn geti starfað eðlilega.

2. Í skýrslunni skal, þegar kannað er hvort nauðsynlegt sé að aðlaga tilskipun þessa, einkum greina hvort þörf sé tillagna um ábyrgð veitenda stikluleggja- og leitarvélaþjónustu, aðferðir til að fjarlægja ólöglegt innihald („notice and take down procedures“) og hver sé ábyrgur eftir að innihald hefur verið fjarlægt. Enn fremur skal í ljósi tækniþróunar greina í skýrslunni þörfina fyrir viðbótarskilyrði sem ber að fullnægja til að vera undanþeginn ábyrgð samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. og svigrúm til þess að beita meginreglum innri markaðarins varðandi óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti.

22. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 17. janúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

23. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

24. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	G. d'OLIVEIRA MARTINS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

UNDANÞÁGUR FRÁ ÁKVÆÐUM 3. GR.

Eins og kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. ekki um:

- höfundarrétt og skyld réttindi, réttindi sem um getur í tilskipun 87/54/EEC ([1]) og tilskipun 96/9/EB ([2]) og hugverkarétt á sviði iðnaðar,
- útgáfu rafrænna peninga af hálfu stofnana sem aðildarríkin hafa veitt eina þeirra undanþágna sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2000/46/EB ([3]),
- 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 85/611/EBE ([4]),
- 30. gr. og IV. hluta tilskipunar 92/49/EBE ([5]), IV. hluta tilskipunar 92/96/EBE ([6]), 7. og 8. gr. tilskipunar 88/357/EBE ([7]) og 4. gr. tilskipunar 90/619/EBE ([8]),
- frelsi aðila til þess að velja lög sem gilda um samning þeirra í milli,
- samningsskyldur á sviði neytendasamninga,
- formlegt gildi samninga, sem mynda eða flytja rétt í fasteign, þegar lögboðnar kröfur gilda um slíka samninga samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem fasteignin er staðsett,
- að hvaða marki óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti eru leyfilegar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta reglur og skilgreiningar um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og rafeyrisfyrirtæki. Kveðið er á um í 19. gr. frumvarpsins að Samkeppnisstofnun skuli hafa eftirlit með framkvæmd ákvæða laganna sem m.a. kveða á um að þær heimasíður sem eru á veraldarvefnum í atvinnuskyni skuli vera með ábyrgðarmann og tilboð á vefnum gagnsæ og auðskiljanleg.

Gert er ráð fyrir að álag Samkeppnisstofnunar vegna lögfestingar frumvarpsins aukist um sem samsvarar hálfu starfsgildi eða sem nemur 2 m.kr. á ári.

([1]) Stjtíð. EB L 24, 27.1.1987, bls. 36.
([2]) Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20.
([3]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB.
([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).
([5]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.
([6]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 2. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.
([7]) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EB.
([8]) Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 50. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/96/EB.

775. Skýrsla [490. mál]

Sivjar Friðleifsdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2001

1. Inngangur.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir störfum Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2001. Það ár gegndu Finnar formennsku á þeim vettvangi. Að venju lögðu þeir í ársbyrjun fram áætlun þar sem lýst var helstu forgangsmálum og fyrirhuguðum aðgerðum.

Norðurlandabúi 2001.

Yfirskrift áætlunar Finna, „Norðurlandabúi 2001“, gaf til kynna markmið þeirra, sem var að beina kastljósinu að einstaklingnum sem norrænum borgara. Í samræmi við það var þegar í upphafi árs hafist handa við könnun á réttarstöðu Norðurlandabúa er þeir flytja milli norrænu landanna og þeim hindrunum sem á vegi þeirra verða við búferlaflutninga og annars konar för milli landanna. Niðurstöðurnar, sem voru lagðar fram í október sl., sýndu að fjölmargir þættir í löggjöf landanna og framkvæmdinni gerir fólksflutninga til lengri eða skemmri tíma erfiðari en ætla hefði mátt. Jafnframt kom í ljós að þekkingu stjórnvalda á efni þeirra norrænu samninga, sem gerðir hafa verið til að auðvelda fólksflutninga milli landanna, er um margt ábótavant. Því var þegar í kjölfar skýrslunnar hafinn undirbúningur að upplýsingaátaki sem beint verður bæði að borgurum landanna og stjórnvöldum.

Í því skyni að auðvelda Norðurlandabúum atvinnuleit utan heimalandsins er samkvæmt áætlun fyrir tímabilið 2001–2004 hafin vinna við að fella niður þær landamærahindranir sem skipta norrænu löndunum niður í mismunandi vinnumarkaðseiningar.

Starfsemi þjónustusímans „Halló Norðurlönd“ var styrkt á árinu með því að tekin var upp þjónusta í hverju landi, veitt á tungu heimalandsins. Nýting þjónustunnar hefur verið góð, sem sést af því að heimsóknir á heimasíðu þjónustunnar hér á Íslandi voru á árinu yfir 1000 og erindin hátt á annað hundrað.

Á undanförnum árum hefur samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum aukist og tekur það nú til mun breiðari hóps samtaka en áður. Nú er svo komið að samstarf á sér stað við frjáls félagasamtök á flestum sviðum norræna samstarfsins og um það bil tíundi hluti norrænu fjárlaganna rennur til samstarfs sem frjáls félagasamtök eiga aðild að á einn eða annan hátt. Þessi þróun opnar leið milli almennings og ráðherranefndarinnar fyrir upplýsingar á báða bóga og til áhrifa á störf ráðherranefndarinnar. Þá var á starfsárinu ákveðið að bæta upplýsingaflæði til almennings um dagleg störf ráðherranefndarinnar.

Ný norræn dagskrá.

Þegar Íslendingar höfðu stjórnartauminn í Norrænu ráðherranefndinni áttu þeir frumkvæði að skipun nefndar sem leggja skyldi fram hugmyndir um nýjar áherslur í samstarfinu á grundvelli spár um framtíðarhorfur á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Skýrsla nefndarinnar, „*Norðurlönd umleikin vindum veraldar*“, var lögð fram síðla árs 2000 og mikið starf var á árinu lagt í að greina hverjar af þeim fjölmörgu hugmyndum, sem lagðar höfðu

verið fram í skýrslunni, skyldu koma til framkvæmda. Norðurlandaráð og ráðherranefndin áttu með sér gott samráð um þetta verk. Niðurstöður beggja aðila voru lagðar í sameiginlegri skýrslu fyrir þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn haustið 2001 undir yfirskriftinni „*Ný norræn dagskrá*".

Ráðherranefndin hyggst á grundvelli skýrslunnar veita fimm víðtækum samstarfssviðum, sem öll snerta efnahagslegar og pólitískar afleiðingar hnattvæðingarinnar, forgang í samstarfinu næstu ár. Þau eru:

- Tækniþróun, sérstaklega hvað varðar upplýsingasamfélagið og rannsóknasvið þar sem Norðurlöndin skara fram úr.
- Velferðarkerfi, þar með talin réttindi íbúa Norðurlanda og möguleikar þeirra til að búa, starfa og stunda nám í norrænu nágrannaríki, ásamt málefnum sem tengjast lýðþróun og fólksflutningum.
- Innri markaður á Norðurlöndum, að meðtöldu samstarfi sem beinist að afnámi landamærahindrana.
- Samstarf við nágrannalönd og -svæði.
- Umhverfismál og sjálfbær þróun.

Norðurlandaráð brást m.a. við skýrslunni með gagngerum breytingum á nefndaskipan sinni. Vonir eru bundnar við að þessar breytingar, sem gengu í gildi í lok ársins, muni leiða til markvissari pólitískra samskipta ráðsins og ráðherranefndarinnar, því nú er efnisleg samsvörun betri en áður var milli fagnefnda ráðsins og fagráðherranefndanna.

Á árinu varð sú breyting á starfsskipan ráðherranefndarinnar að ný ráðherranefnd tekur við hlutverki þeirra ráðherranefnda sem fóru með sjávarútvegs-, landbúnaðar-, skógræktar- og matvælamál.

Þá kom í fyrsta sinn saman til fundar sú ráðherranefnd sem fer með upplýsingatæknimál, UT-ráðherranefndin. Hvort tveggja er mikilvægt skref, þar eð bæði matvæli og öryggi þeirra og upplýsingatæknin eru nú meðal forgangsmála í samstarfinu.

Sjálfbær þróun á Norðurlöndum.

Samþykkt var á árinu áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020, en áður höfðu ríkisstjórnir allra norrænu ríkjanna samþykkt hana. Áætlunin tekur til fjölda sviða og í henni eru skilgreind tímabundin markmið sem endurskoðuð verða á fjögurra ára fresti. Þar sem áætlunin er í eðli sínu þverfagleg fellur framkvæmdin undir samstarfsráðherra, en umhverfisráðherrarnir gegna meginhlutverki við alla eftirfylgni og ráðgjöf. Vonir eru bundnar við jákvæð áhrif áætlunarinnar innan sem utan Norðurlanda vegna þess fordæmisgildis sem hún hefur fyrir önnur svæði.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda í austri og vestri auk Norðurskautssvæðanna.

Samþykkt var á árinu langtíma áætlun um norrænt samstarf við grannsvæðin undir yfirskriftinni „*Nær Norðurlöndum*" (Närmare Norden). Þar er lagt til að þungamiðja grannsvæðasamstarfsins muni er fram líða stundir flytjast frá Eystrasaltsríkjunum yfir á Barentssvæðið, Norðvestur-Rússland og rússnesk grannsvæði Eystrasaltsríkjanna. Einnig er ætlunin að áhrif Eystrasaltsríkjanna og ábyrgð á samstarfinu muni aukast með batnandi efnahag þeirra og fyrirhugaðri aðild að ESB.

Í samræmi við áætlunina var svo á árinu samþykkt sérstök samstarfsáætlun um málefni Norðurskautssvæðanna. Auk náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar er þar lögð rík áhersla á bætt lífskjör og afkomumöguleika allra íbúa þessa strjálbýla svæðis. Þessi áætlun fellur vel

að áherslum Íslendinga í samstarfinu, enda má vænta þess að ýmis verkefni áætlunarinnar verði áhugaverð með tilliti til málefna dreifbýlisins hér á landi.

Þá eru í skýrslunni „Ný norræn dagskrá“ ráðagerðir um norrænt samstarf við vestlæg grannsvæði Norðurlanda á forgangssviðum norræns samstarfs. Ekki er ætlunin að taka upp formlegt samstarf við viðkomandi ríki, heldur að kannaðir verði möguleikar samstarfs um verkefni sem snúa að sameiginlegum hagsmunamálum. Í því sambandi hafa verið nefnd verkefni sem hafa að markmiði verndun lífríkis Atlantshafsins, auk menningar- og viðskiptamála.

Vísir að norrænu samstarfi til vesturs er reyndar þegar fyrir hendi, því á árinu var haldin í Færeyjum ráðstefna um verndun sjávar og sjálfbæra nýtingu auðlinda Norður-Atlantshafsins með þátttöku þeirra norrænu landa sem eiga land að Norður-Atlantshafi, Skotlands, skosku eyjanna, Norður-Kanada og Írlands auk ESB. Af hálfu Íslands verður lögð á það áhersla að fylgja ráðstefnunni eftir á markvissan hátt.

Norrænt vísindasamstarf í fremstu röð.

Að tillögu Norræna vísindastefnuráðsins (FPR), sem er ráðgjafi ráðherranefndarinnar um stefnumótun í vísinda- og tæknirannsóknum, var á árinu unnið að ýmsum rannsóknaáætlunum, sem m.a. snúa að vistfræði og mannlífi á Norðurslóðum, tungutækni, vestnorrænu hafveðurfari og kynbundnu ofbeldi.

Norðurlönd sem heild standa sterk á sviði vísinda og tækni og mikilvægt er að þau þrói í sameiningu þekkingu á þeim sviðum þar sem þau standa framarlega á alþjóðavísu. Því var á starfsárinu hafinn undirbúningur stofnunar svonefndra norrænna öndvegissetra (Centres of Excellence), sem verður í formi netsamstarfs. Háskólastofnunum sem þykja skara framúr verður þannig veittur styrkur í því augnamiði að gera þeim kleift að ná enn meira forskoti.

Norðurlönd framtíðar.

„*Norðurlönd framtíðar*“ (Morgendagens Norden) er yfirskrift formennskuáætlunar Norðmanna fyrir árið 2002 sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í október sl. Samkvæmt henni hyggjast Norðmenn leggja megináherslu á málefni barna og unglinga á Norðurlöndum og grannsvæðunum í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi, á öryggi matvæla og sjálfbæra þróun.

Eins og skýrsla þessi ber með sér er norrænt samstarf innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinanr afar víðfeðmt. Allir ráðherrar í ríkisstjórninni koma að því sem og öll ráðuneytin, þó samstarf norrænu forsætis- og utanríkisráðherranna sé formlega séð utan ráðherranefndarinnar.

Í inngangsorðum er drepið á nokkur þeirra verkefna sem unnið var að en á eftir fara greinargerðir frá ráðuneytunum um störfin á hinum fjölmörgu sviðum samstarfsins, upplýsingar um norrænu lánastofnanirnar og þær tvær norrænu stofnanir sem hafa aðsetur á Íslandi, Norræna húsið og Norrænu eldfjallastöðina.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hittust til árlegs sumarfundar í byrjun júlí í Imatra í Finnlandi. Þar gaf forsætisráðherra Svía skýrslu um gang mála í ESB, en Svíar höfðu gegnt formennsku þar fyrri hluta árs. Þar var og ástand efnahagsmála í Evrópu til umræðu, EES-samstarfið, störf Norðurskautsráðsins, sjálfbær þróun og staða mála í norrænu samstarfi. Einnig var þar fjallað um samstarf ESB við Atlantshafsbandalagið og aðkomu þeirra evrópsku Atlantshafsbandalagsríkja, sem ekki eiga aðild að ESB, að ákvarðanatöku.

Í Imatra ákváðu forsætisráðherrarnir og að endurskoða samstarfshætti sína þannig að dagskrármálum yrði fækkað og einungis yrðu á fundum þeirra rædd pólitískt mikilvæg mál.

Á fundi forsætisráðherranna í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í lok október var fjallað um baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Einnig var ákveðið að þeim sérfræðihópum, sem þegar væru að störfum um varnir gegn smitsjúkdómum og skipulagðri glæpastarfsemi í Eystrasaltsríkjunum, skyldi falið að fjalla um viðbrögð við hryðjuverkum.

Málefni Evrópu og ESB voru að venju einnig til umræðu auk þess sem Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands skýrði frá helstu málum á dagskrá norræns samstarfs undir forustu Finna og nýskipaður forsætisráðherra Noregs, Kjell Magne Bondevik, lýsti áætlun þeirri sem Norðmenn voru í þann mund að leggja fram fyrir formennskuárið 2002 í norrænu samstarfi undir formerkjunum „Norðurlönd morgundagsins". Þar kom fram að málefni barna og unglinga yrðu í fyrirrúmi í samstarfinu. Þannig yrði gripið til aðgerða til að glæða áhuga ungmenna á Norðurlöndum á norrænu samstarfi, menningararfi og tungu. Jafnframt yrði unnið að því að bæta kjör barna og unglinga í Norðvestur-Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum. Þá voru matvælaöryggi og sjálfbær þróun nefnd sem forgangsmál í formennskuáætlun Norðmanna.

Í tengslum við Norðurlandaráðsþingið áttu forsætisráðherrarnir fund með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna, þar sem stríðið gegn hryðjuverkaöflum í heiminum var til umræðu auk fjölgunar aðildarríkja NATO og ESB. Einnig var þar fjallað um Norðlægu víddina og orkumál á Eystrasaltssvæðinu.

Þá áttu forsætisráðherrarnir að venju í tengslum við Norðurlandaráðsþingið fundi með stjórnarleiðtogum sjálfstjórnarsvæðanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda.

Hlutverk.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda setja samstarfinu pólitísk markmið og eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna er að stuðla að því, að starfsemin sé í samræmi við þau. Auk þessarar stefnumótunar, er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinganna milli samstarfsverkefna og samstarfssviða ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna. Þeir fara og með upplýsingamálin og þau samstarfsmál, sem eru þverfagleg eða falla af öðrum ástæðum ekki að hlutverki neinnar fagráðherranefndar. Þverfaglegum verkefnum hefur fjölgað undanfarin ár en samstarfið við grannsvæði norrænu landanna er þó enn þeirra helst.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlögin.

Árið 2001 voru fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar 774 millj. d.kr. á núvirði; 10 millj. d.kr. hærri en fjárlög ársins 2000. Sú hækkun var í samræmi við ákvörðun tekna árið 2000 um að færa fjárlögin í þrepum á greiðslugrunn og nýta jákvæða lausafjárstöðu til hækkunar fjárlaganna, þannig að ekki þyrfti að koma til hækkunar á framlögum landanna. Ef undan eru skilin árin 1995 og 1996 höfðu fjárlögin þá nánast staðið í stað frá árinu 1993, þrátt fyrir tilkomu samstarfsins við grannsvæði Norðurlanda í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi en upp undir 20% af fjárlögunum hafa undanfarin ár runnið til þess starfs.

Árið 2000 fór fram endurskoðun á norrænu fjárlagagerðinni. Markmið hennar var m.a. að gera fjárlögin þannig úr garði að þau nýttust betur en fyrr til að beina fjármagni til pólitískra

forgangsverkefna. Að lokinni umfjöllun um endurskoðunina á árinu 2001 ákváðu samstarfsráðherrarnir að gera gagngerar breytingar á fjárlagavinnunni. Þær breytingar koma til framkvæmda við gerð fjárlaga ársins 2003, en undirbúningur þeirra hófst í árslok 2001. Það er ætlun samstarfsráðherranna að þessi nýbreytni leiði til þess að forsendur Norðurlandaráðs til áhrifa á fjárlagagerðina aukist. Jafnframt verður ábyrgð fagráðherranefndanna aukin því ákvörðunarvald um innihald samstarfsins flyst frá samstarfsráðherrunum til viðkomandi fagráðherranefnda. Samstarfsráðherrarnir ákveða eftir sem áður skiptingu fjárveitinganna milli sviða og innihald þeirrar starfsemi, sem fellur efnislega undir starfssvið þeirra.

Samstarf um innri málefni Norðurlanda.

Megnið af hefðbundnum samstarfsverkefnum ráðherranefndarinnar, þeim sem snúa að innra samstarfi landanna, heyra undir fagráðherranefndirnar. Undir samstarfsráðherrana heyra hins vegar þverfagleg verkefni og önnur þau mál sem af ýmsum ástæðum falla utan hefðbundinna samstarfssviða.

Á árinu voru mörg mál á dagskrá samstarfsráðherranna sem horfa til stefnumótunar til lengri tíma og til aukinnar hagræðingar og skilvirkni í störfum ráðherranefndarinnar. Mikilvægast þeirra var umfjöllun og ákvörðun um viðbrögð við tillögum þeim sem árið 2000 voru lagðar fram í skýrslunni, *„Norðurlönd umleikin vindum veraldar“*, en það starf fór fram í samráði við fulltrúa Norðurlandaráðs. Á grundvelli skýrslunnar var þegar í upphafi árs ákveðið að fela Ole Norrback, sendiherra og fyrrverandi samstarfsráðherra Finnlands, að skoða með tilliti til mismununar réttindi norrænna borgara sem flytja milli norrænu landanna. Í október lagði síðan Ole Norrback fram skýrsluna *„Réttindi Norðurlandabúa“*, sem m.a. leiddi í ljós að vitneskju um og þekkingu á norrænum milliríkjasamningum, sem snúa að réttindum norrænna borgara, er ábótavant hjá opinberum stjórnvöldum á Norðurlöndum. Því var honum þegar í stað falið að undirbúa tillögur um kynningu, sem sérstaklega skyldi beint að stjórnvöldum.

Á árinu var samþykkt áætlun sú um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020, sem lögð var fram árið 2000. Á grundvelli hennar var hafin fjármögnun ýmissa þverfaglegra verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra.

Ákveðið var á árinu að fela Norrænu æskulýðsnefndinni að hefja margþættar aðgerðir gegn útlendingaandúð á Norðurlöndum. Menntamálaráðherrunum var á árinu falið að undirbúa stofnun norrænna öndvegissetra (Centres of Excellence). Þá var ákveðið að Norræni málasamningurinn skyldi nú taka til færeysku, grænlensku og samísku auk finnsku og norrænu tungumálanna fjögurra.

Ákvörðun var tekin um að leggja niður Norrænu lyfjanefndina. Norrænu knattspyrnusamböndunum var veittur styrkur vegna samnorrænnar umsóknar um að Evrópukeppni í knattspyrnu verði haldin á Norðurlöndum árið 2008. Málefni Norræna menningarsjóðsins voru á dagskrá og ýmis mál tengd rekstri og starfsemi Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Grannsvæðasamstarfið.

Norræna ráðherranefndin rekur upplýsingaskrifstofur í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna þriggja og Pétursborg. Að ósk fulltrúa Eystrasaltsríkjanna hafa og verið ráðnir norrænir tengiliðir í Tartu og Narva í Eistlandi, í Daugavpils í Lettlandi og Klaipeida í Litháen. Í Rússlandi eru tengiliðir í Arkangelsk, Murmansk og Petrozavodsk. Til stendur að opna útibú frá Pétursborgarskrifstofunni í Kaliningrad og vonir standa til að samningar við Rússland takist á árinu 2002.

Ný stefnumótun fyrir störf ráðherranefndarinnar um málefni grannsvæðanna, „*Nær Norðurlöndum*“ (Närmare Norden), var samþykkt á árinu. Í samræmi við markmið hennar var norræna samstarfið um málefni Norðurskautssvæðanna skilið frá grannsvæðaáætluninni og sérstök áætlun fyrir Norðurskautssamstarfið samþykkt. Þar eru lögð að því drög að auka vægi Norðurskautssamstarfsins og beina sjónum að lífskjörum allra íbúa þessa strjálbýla svæðis en ekki bara frumbyggjanna. Verndun viðkvæmrar náttúru og sjálfbær nýting náttúruauðlinda svæðisins eru og áfram forgangsmál. Ætlunin er að utanríkisráðuneyti landanna aðstoði við verkefnaval til að samræmis verði gætt við tvíhliða og annað alþjóðlegt samstarf. Samstarf við Norðurskautsráðið, þar sem ráðherranefndin hefur stöðu áheyrnarfulltrúa, mun og styrkjast með nýju áætluninni.

Evrópu- og önnur alþjóðamál.

Norrænt samráð um Evrópumál hefur aukist frá ári til árs bæði í hópi forsætis-, utanríkis- og varnarmálaráðherranna og í hópi ýmissa fagráðherranefnda. Í þeim viðbrögðum við skýrslunni „Norðurlönd umleikin vindum veraldar“, sem samstarfsráðherrarnir samþykktu á árinu undir formerkjunum „*Ný norræn dagskrá*“, er það tímanna tákn að samstarfið um Evrópumál er tekið sem hluti samstarfsins við grannlönd og -svæði. Í skýrslunni er jafnframt bent á að mikilvægi svæðisbundins hlutverks Norðurlanda í ESB eftir fyrirhugaða stækkun muni aukast.

Í skýrslunni „Ný norræn dagskrá“ eru jafnframt uppi fyrirætlanir um samstarf við grannsvæði Norðurlanda í vestri og lagt til að íhuguð verði samstarfsverkefni við strandsvæði þeirra grannríkja á forgangssviðum norræns samstarfs.

Að venju áttu samstarfsráðherrarnir fund með sendiherrum norrænu ríkjanna í Brussel þar sem sendiherrarnir lýstu helstu dagskrármálum ESB og ráðherrarnir ræddu við þá um norræna hagsmuni tengda stöðu mála hjá ESB.

4. Norðurlandasamvinna utanríkisráðuneytisins.

Samvinna utanríkisráðherra Norðurlanda fer ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar heldur milli norrænu utanríkisráðuneytanna beint.

Á árinu 2001 voru haldnir þrír fundir utanríkisráðherra Norðurlanda.

Fyrsti fundurinn var haldinn í Helsinki í febrúar. Á þeim fundi ræddu ráðherrarnir einkum stækkun Evrópusambandsins og hugsanleg áhrif hennar á samstarfið á Evrópska efnahagssvæðinu, svo og evrópsk öryggis- og varnarmál, sem utanríksráðherra Íslands hafði framsögu um. Hann lagði m.a. áherslu á nauðsyn náins samstarfs ESB við Atlantshafsbandalagið um framtíðarhlutverk ESB í sameiginlegu öryggi Evrópuríkja og áréttaði mikilvægi Atlantshafstengslanna í því sambandi.

Sumarfundur utanríkisráðherranna var haldinn í Helsinki í lok ágústmánaðar og var í tengslum við hann haldinn sameiginlegur fundur með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens. Á þeim fundi var einkum rætt um stækkun ESB og Atlantshafsbandalagsins með tilliti til framtíðaraðildar Eystrasaltsríkjanna. Einnig var rætt um grannsvæðasamstarf, Norðlæga vídd ESB og umhverfismál. Ráðherrarnir samþykktu að þekkjast boð utanríkisráðherra Eistlands um að næsti fundur ráðherranna verði haldinn þar í landi, en það verður í fyrsta sinn sem reglubundinn fundur þessara ríkja verður haldinn utan Norðurlandanna.

Í tengslum við 53. þing Norðurlandaráðs héldu utanríkisráðherrar Norðurlanda fund í Kaupmannahöfn í lok október. Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra, sat fundinn í fjarveru Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra. Eðlilega voru það hryðjuverkaárásirnar á Banda-

ríkin 11. september sl. og viðbrögð alþjóðasamfélagsins við þeim sem hæst bar á góma á fundinum. Ráðherrarnir fögnuðu þeirri einstöku samstöðu þjóða sem myndaðist gegn hvers kyns hryðjuverkum í kjölfar árasanna á Bandaríkin. Stækkun ESB var einnig rædd og var af hálfu Íslands lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að Ísland og Noregur fái greiðan aðgang að upplýsingum varðandi framgang samningaviðræðna við umsóknarríkin vegna þeirra áhrifa sem stækkun ESB mun hafa á Evrópska efnahagsvæðið.

Utanríkisviðskiptaráðherrar Norðurlanda héldu einnig fund í Kaupmannahöfn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í lok október. Á fundinum bar hæst málefni Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, í tengslum við ráðherrafund stofnunarinnar er þá stóð fyrir dyrum. Einnig var rætt um formennsku Dana og Svía í ESB þar sem Ísland lagði m.a. verulega áherslu á hagsmuni EFTA-ríkjanna.

Varnarmálaráðherrar Norðurlanda halda tvo fundi á hverju ári. Sækja embættismenn utanríkisráðuneytisins jafnan þá fundi fyrir hönd ráðherra. Í maímánuði var auk þess haldinn óformlegur fundur varnarmálaráðherra Norðurlanda í Brussel, sem Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, sótti. Á fundinum lagði hann megináherslu á mikilvægi þess að Norðurlönd innan ESB ynnu ötullega að því að ESB kæmi til móts við eðlilegar kröfur Atlantshafsbandalagsríkjanna sex utan ESB um samráð varðandi aðgerðir hraðliðsins enda væri gert ráð fyrir að ESB fengi aðgang að búnaði og getu Atlantshafsbandalagsins til að ráðast í slíkar aðgerðir.

Fundur norrænna þróunarmálaráðherra var haldinn í Finnlandi í ágúst. Embættismenn frá utanríkisráðuneytinu sóttu fundinn fyrir hönd ráðherra. Af málum sem á dagskrá fundarins voru má nefna umhverfis- og orkumál með tilliti til þróunarsamstarfs og fjármögnun þróunar með hliðsjón af leiðtogafundi sem haldinn verður í Mexíkó í mars 2002.

Auk ráðherrasamstarfs skal þess getið að embættismenn utanríksráðuneyta Norðurlanda hafa gott og náið samstarf og samráð varðandi flesta málaflokka sem undir ráðuneytin heyra.

5. Menningarmál.

Norrænt menningarsamstarf einkennist nú um stundir af menningarlegri hnattvæðingu. Á þessu ári hefur norræna ráðherranefndin um menningarmál lagt sérstaka áhersla á að styðja við hið norræna fjölmenningarsamfélag, verkefni sem ætlað er að styrkja norræna menningarlega sjálfsvitund, sem byggist á menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og tillitssemi. Einnig er lögð aukin áhersla á stefnumótun á sviði fjölmiðlunar og upplýsingasamfélagsins. Embættismannanefnd um norrænt menningarsamstarf er nánasti samráðsvettvangur ráðherranna.

Á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál starfa 8 stofnanir, Norræna húsið í Reykjavík (sjá nánar um Norræna húsið, kafla 25.1.), Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræn stofnun í Grænlandi, Norræn stofnun á Álandseyjum, Norræn fjölmiðlamiðstöð, gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir, listamannasetur í Dalsåsen og stofnun fyrir samtímalist í Sveaborg. Tveir sjóðir eru starfandi, Norræni menningarsjóðurinn og kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn. Stjórnar- og vinnunefndir eru 9, stjórnarnefnd um menningarverkefni erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um fjölmiðla og menningarmál, samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis, stjórnarnefnd um samstarf um barna- og æskulýðsmenningu, æskulýðsnefnd, bókamennta- og bókasafnanefnd, tónlistarnefnd, leiklistar- og listdansnefnd og úthlutunarnefnd um ferðastyrki til ungs listafólks (SLEIPNIR).

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar var haldin ráðstefna í Helsinki í október sl. sem bar heitið „Í byggingu". Ráðstefnuna sóttu 200 þátttakendur frá norrænum menningarstofn-

unum og listalífi til að ræða um menningarleg gæði og menningarlega fjölbreytni sem hluta af starfsemi menningarstofnana og í öðru atvinnulífi.

Á sviði kvikmynda og fjölmiðlunar komu út á árinu tvær skýrslur, annars vegar um framtíð sjónvarps í almannaþágu og hins vegar um sjónvarpssendingar milli norrænu landanna, unnin fyrir Norðurlandaráð. Ráðstefnan „Stafræn Norðurlönd" var haldin í Helsinki í október sl., þar sem fjallað var um stafræna framleiðslu efnis, hvort sem um er að ræða fyrir kvikmyndir, sjónvarp eða tölvur. Í framhaldi af ráðstefnunni er nú unnið að stofnun norræns fjölmiðlunarsjóðs, sem m.a. verður ætlað að styðja við slíka framleiðslu.

Á vettvangi norræns samstarfs er unnið að tillögum um breytingar á höfundalögum er varðar notkunarrétt á efni sem hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvarnar eiga í söfnum sínum. Til að varpa frekara ljósi á þessa umræðu var að frumkvæði stjórnarnefndar um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf haldin ráðstefna um tilskipun ESB um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu í september sl. í Stokkhólmi.

Málþing um þátttöku barna og ungs fólks í samfélögum lýðræðisríkja var haldið að frumkvæði norrænu æskulýðsnefndarinnar í Kajana í Finnlandi í apríl. Á málþinginu var m.a. rætt um hvernig hægt sé að auka þátttöku og áhrif ungs fólks á öllum stigum samfélagsins og hvernig hægt sé að auka þekkingu og upplýsingarstreymi milli þátttakenda í norrænu samstarfi. Þá var haldin ráðstefna um börn og ungt fólk í hinum dreifðu byggðum í Vaasa í Finnlandi í október í samstarfi við stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu. Sú nefnd stóð m.a. að þriðju listahátíð ungs fólks á Norðurlöndum, Ung i Norden, sem haldin var í Karlstad í Svíþjóð í samvinnu við sænsk stjórnvöld. Samstarf norrænu æskulýðsnefndarinnar og stjórnarnefndar um barna- og unglingamenningu er sífellt að aukast og er stefnt að enn nánara samstarfi á komandi árum. Gerð sérstakrar starfsáætlunar um barna- og unglingamenningu er á lokastigi og verður lögð fyrir ráðherranefndina um menningarmál á fyrri hluta árs 2002.

Víkingasýningin Víkingar: Saga Norður-Atlantshafsins var á árinu sýnd í New York, Denver, Houston og Los Angeles og hefur alls staðar hlotið mikla umfjöllun og góða aðsókn. Árið 2002 verður hún sýnd í Ottawa í Kanada og í Minneapolis. Jafnframt hefur hönnunarsýningin Generation X New Nordic Design verið sýnd víða í Bandaríkjunum og í norrænu sendiráðsbyggingunni í Berlín.

Í ár hófst norræn menningarkynning í Skotlandi, Írlandi og Englandi undir heitinu Network North, en hún hefur sem markmið að kynna norræna samtímalist á sviði bókmennta, kvikmynda, myndlistar og tónlistar og mynda tengsl á milli listamanna í þessum löndum og á Norðurlöndum. Meginþungi þessarar menningarkynningar verður á árinu 2002 og hefur stjórnarnefndin falið ýmsum norrænum samstarfsnefndum og stofnunum að sjá um hana. Sérstök áhersla er lögð á samstarf við sjálfsstjórnarsvæðin og eru norrænu húsin í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi með sérstaka sýningu um þá menningu sem tengist veiðum.

Sinfóníuhljómsveitin í Prag hefur hlotið styrk til að hafa norræna tónlist á verkefnaskrá sinni í vetur. Verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson verður flutt af hljómsveitinni.

Á árinu var samþykkt breyting á reglum um Norræna menningarsjóðinn, þannig að nú eiga sjálfsstjórnarsvæðin, Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hvert sinn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Í undirbúningi er að breyta reglum um Menningarsjóðinn enn frekar, þannig að hann fái meira sjálfstæði en nú er. Þá hefur reglum um stjórnarnefnd um norrænt menningar- og fjölmiðlasamstarf verið breytt, þannig að nú er fulltrúum sjálfsstjórnarsvæðanna heimilt að sækja fundi nefndarinnar og taka þátt í störfum nefndarinnar.

Samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis stóð fyrir þremur ráðstefnum og málþingum á árinu. Í Búdapest var í október haldin ráðstefnan „Norræna tungumálaárið" sem

fjallaði um tungumálasamstarf Norðurlanda. Til ráðstefnunnar var boðið þeim lektorum sem kenna norræn tungumál í Austur-Evrópu. Ráðstefnunni var ætlað að auka þekkingu í samfélaginu um norræn tungumál og bókmenntir. Þá var haldin ráðstefna í Finnlandi í nóvember um gæði í kennsluefni í norrænum tungumálum á rafrænu formi. Einnig var að frumkvæði samstarfsnefndarinnar haldið málþing í Japan um norrænt samfélag og menningu.

Á samráðsfundi milli vestnorrænu menningarmálaráðherranna og Vestnorræna ráðsins, sem haldinn var í Kaupmannahöfn í lok október, var ákveðið að stofna til vestnorrænna barnabókaverðlauna sem veitt verði annað hvert ár. Tekur ráðherranefndin að sér að greiða fyrir þýðingar á bókunum.

Verkefni sem falla innan ramma samstarfssamnings milli Færeyja, Grænlands og Íslands um mennta-, menningar- og vísindamál, hafa gengið vel. Námskeið um eflingu íþróttasamstarfs var haldið í Syðra Straumsfirði á Grænlandi í september. Markmiðið með námskeiðinu var að skapa persónuleg tengsl á milli ungra íþróttaleiðtoga þessara landa, ásamt því að koma á samskiptaneti, sem gæti leitt til aukinnar samvinnu þeirra á milli á sviði íþrótta. Norræna skólaíþróttanefndin hefur fengið nokkurn stuðning frá Norrænu ráðherranefndinni og hefur hún haldið ráðstefnur og íþróttadaga í skólum, auk þess sem ráðuneyti íþróttamála á Norðurlöndum halda árlega samráðsfundi um málefni íþrótta og um byggingar og rekstur íþróttamannvirkja.

Meginverkefni ársins innan ramma samningsins var samstarf grunnskóla á sviði upplýsingatækni. Í því skyni var haldinn fundur í Reykjavík í september sl. með kennurum í þátttökuskólum vestnorræns samstarfs grunnskóla á sviði upplýsingatækni. Hugmyndir eru uppi um að þróa slíkt samstarf milli framhaldsskóla þessara landa.

6. Menntamál og rannsóknir.

Samstarf um menntamál og rannsóknir er umfangsmikið innan Norrænu ráðherranefndarinnar og tekur til grunn- og framhaldsskólastigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í starfsemi stofnana, föstum styrkjakerfum og verkefnum sem stjórnað er af tilteknum stjórnarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum, sem skipaðir eru tímabundið. Að jafnaði er lögð áhersla á samfellu í starfseminni og verkefnum sem mótuð hafa verið af fyrrverandi formennskulöndum fylgt eftir. Undir forustu Íslands árið 1999 var unnið að mótun heildarstefnu um Norðurlönd, sem forgangssvæði í þróun mannauðs sem nær til tímabilsins 2000–2004.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir lagði tillöguna um stefnumótun fyrir tímabilið 2000–2004 fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í nóvember 1999 og var hún samþykkt á þinginu. Leiddu Danir samstarfið á grundvelli heildarstefnunnar árið 2000 og Finnar árið 2001.

Meginákersla er lögð á miðlun reynslu og samvinnu um þróunarstarf á vettvangi menntunar og rannsókna, aukinn hreyfanleika nemenda, kennara og vísindamanna milli landanna auk þess sem sérstök áhersla er lögð á símenntun.

Markmiðið er að stuðla að því að hið norræna samfélag í menntamálum og rannsóknum verði virkur vettvangur fyrir pólitíska úrvinnslu þeirra málefna sem á döfinni eru, vettvangur þar sem menn geta lært af reynslu hvers annars og þróað samnorrænar aðgerðir. Lögð er áhersla á skýrari verkaskiptingu milli landanna og að áfram verði skilgreind betur þau verkefni sem skynsamlegra þykir að vinna að sameiginlega á norrænum vettvangi en í hverju landi fyrir sig.

Áfram er stefnt að því að formennskulandi sé falið aukið hlutverk hvað varðar tillögur um málaflokka og verkefni til úrvinnslu. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu verði mat lagt á starf

ráðgjafanefnda og fastra stjórnarnefnda sem undir ráðherranefndina heyra og hlutverk þeirra endurskoðað.

Lögð er áhersla á að skapa beri meiri breidd og heildstæðari skilning á hæfni af sjónarhóli símenntunar og frumkvæði haft um viðræður um þessi atriði við fulltrúa atvinnulífsins á Norðurlöndum. Unnið er að auknum samskiptum ráðherra menntamála og rannsókna og menningarmálaráðherra við Norðurlandaráð. Með því er hugað að langtímaskipulagningu þannig að norræna samstarfið svari betur kröfum tímans.

Á sviði menntamála og rannsókna er þannig áfram unnið að því að efla samstarf norrænu landanna jafnframt því að styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Lögð er áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og sjónum áfram beint sérstaklega að eflingu tengsla milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja á Norðurlöndum. Stefnt er að því að jafnauðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og innan eigin lands.

Áhersla er lögð á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og málefni hafsins. Þessir áhersluþættir hafa skírskotun til verkefna á sviði menntunar og rannsókna.

Haldið var áfram öflugu samstarfi um tungumál, kennslu í raungreinum og tækni, þróun upplýsingatækni á sviði menntunar og rannsókna, og sjónum var beint að gæðum í skólastarfi, hlutverki menntunar á vinnumarkaði og fullorðinsfræðslu. Málefni barna og unglinga voru einnig í brennidepli. Unnið er að fjölmörgum verkefnum á þessum sviðum á vegum ráðherranefndarinnar. Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Frá 1998 hafa ráðherrarnir tekið tiltekin þemu til umræðu á fundum sínum. Taka þemun mið af þeim málefnum sem ráðherrarnir leggja áherslu á að vinna að á norrænum vettvangi. Hafa ráðherrar rætt um mat og gæði í skólastarfi á öllum skólastigum að háskólastigi meðtöldu, stöðu norrænna málsamfélaga í ljósi hraðfara þróunar upplýsingatækni og æðri menntun á Norðurlöndum, lagskiptingu nemenda í háskólum á Norðurlöndum, fjármögnun og þróun háskóla á Norðurlöndum.

Á árinu ræddu ráðherrarnir Dakar-yfirlýsingu Unesco sem samþykkt var í Senegal árið 2000. Miðast Dakaryfirlýsingin m.a. við að árið 2015 verði öllum börnum, sérstaklega stúlkum, minnihlutahópum og börnum sem búa við erfiðar aðstæður, búin góð menntunarskilyrði. Þá er stefnt að því með Dakar yfirlýsingunni að 50% fullorðinna í heiminum verði læsir og hljóti viðunandi menntun. Sérstök áhersla er þar lögð á konur og minnihlutahópa. Ráðherrarnir ræddu sérstaklega þróunaraðstoð landanna og möguleika á norrænu samstarfi í því sambandi.

Norrænar stofnanir.

Á vettvangi ráðherranefndar menntamála og rannsókna eru starfandi níu norrænar stofnanir þar af ein á Íslandi, Norræna Eldfjallastöðin (NORDVULK) (sjá nánar kafla 25.2).

Fastar nefndir.

Á vegum ráðherranefndar um menntamál og rannsóknir starfa auk embættismannanefndarinnar, sem m.a. undirbýr ráðherrafundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni, þrjár stjórnarnefndir, NSS (samstarf um skólamál), HÖGUT (samstarf um æðri menntun) og FOVU (samstarf um fullorðinsfræðslu). Í stjórnarnefndunum NSS og FOVU eiga sæti einn fulltrúi frá hverju norrænu landanna en tveir í stjórnarnefndinni HÖGUT. Verksvið nefndanna spannar grunnskóla og framhaldsskóla auk skóla á háskólastigi

og fullorðinsfræðslu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum verkefnum. Á vegum stjórnarnefndanna hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur á árinu um þau málefni sem undir þær heyra auk þess sem þær hafa staðið að ýmsum útgáfum.

Samstarf um skólamál.

NSS-stjórnarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um skólamál á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Verksvið NSS tekur til leik-, grunn- og framhaldsskóla og er unnið eftir starfsáætlun sem tekur til áranna 2000–2004. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og í því skyni tekur nefndin til umfjöllunar mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Samkvæmt starfsáætlun byggist samstarfið á þremur megin þáttum.

Í fyrsta lagi samstarfi milli norrænu landanna, í öðru lagi samstarfi við grannsvæðin og í þriðja lagi er lögð áhersla á tengsl við verkefni á vettvangi ESB.

Í samræmi við heildarstefnu norrænu mennta- og vísindamálaráðherranna var á árinu, að frumkvæði Finna sem fóru með formennsku í norrænu samstarfi á árinu, lögð áhersla á að endurmeta starfshætti nefndarinnar og móta nýjar áherslur. Stefnt er að því að starfsemin verði innan fjögurra meginsviða, þ.e. taki til símenntunar, gilda, sýnileika og gæða í skólastarfi. Öll helstu verkefni sem komið hafa upp í samstarfinu má fella undir eitthvert þessara sviða.

Eins og fyrr hefur samstarfið verið mjög gagnlegt fyrir Ísland og hefur gert það kleift að fylgjast með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum og víðar og haft áhrif á umræður um skólamál hér á landi. Vandamál sem koma upp í skólastarfi eru yfirleitt ekki bundin við eitt einstakt land heldur eru þau flest sameiginleg með fleiri löndum og hvetur þetta til náins samstarfs á þessu sviði.

IDUN II.

IDUN II er norrænt samstarfsverkefni um breytingar í námi og kennslu með aukinni notkun Netsins í skólastarfi. IDUN II er þriggja ára verkefni sem hófst haustið 1999 og lýkur vorið 2002. Það heyrir beint undir ráðherranefndina en NSS, FOVU og HÖGUT hafa haft umsjón með framkvæmdinni. Verkefnið byggist á notkun Netsins til samskipta milli skóla þar sem fjallað er um mismunandi þætti skólastarfsins. Markmið verkefnisins er að safna og miðla reynslu um breytt hlutverk kennarans á tímum nýrrar tækni með því að birta upplýsingar á vef verkefnisins.

Norræn málnefnd.

Norræna málnefndin hélt þrjá fundi á árinu og úthlutaði styrkjum til ýmissa samtaka til þess að halda námskeið, efna til ráðstefna eða gefa út bækur. Unnið var að bók um Sama, mál þeirra og menningu. Bókin er nú í prentun. Nefndin veitti fé til þess að láta rannsaka áhrif ensku á öll norrænu tungumálin og voru niðurstöður kynntar á ráðstefnu í Pargas í Finnlandi í nóvember sl. Fyrirhugað er að birta útdrátt úr niðurstöðunum.

Samstarf um fullorðinsfræðslu.

FOVU stjórnunarnefndin hefur umsjón með norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu. Nefndin hefur unnið í samræmi við verkefnaáætlun til fimm ára, 2000–2004. Í verkefnaáætluninni er lögð áhersla á fullorðinsfræðslu og símenntun almennt og hvernig meta megi

hæfni, reynslu og þekkingu sem fullorðið fólk hefur aflað sér á vinnumarkaði bæði sem ígildi náms í skóla og hvernig meta megi slíka reynslu og þekkingu sem grundvöll til áframhaldandi náms. Í verkefnaáætluninni er einnig lögð mikil áhersla á að finna leiðir til að koma til móts við fullorðið fólk með stutt nám að baki. Þá er lögð mikil áhersla á að þróa og efla áfram þátt lýðfræðslunnar sem hornsteins lýðræðis á Norðurlöndum. Lögð er áhersla á að fylgst verði með þátttöku fullorðinna á Norðurlöndum í símenntun og hún borin saman á milli landanna og einnig við lönd utan Norðurlanda.

Af helstu verkefnum sem nefndin hefur unnið að á árinu má nefna eftirfarandi:

Á árinu 2000 skipaði FOVU nefnd til þess að kortleggja og bera saman hvernig löndin standa að mati á hæfni og óformlegu námi fullorðinna. Nefndin skilaði skýrslu um málið í mars og í ágúst stóð FOVU fyrir ráðstefnu um mat á færni og óformlegu námi fullorðinna. Áætlað er að vinna áfram að þessum málaflokki.

Á árinu 2001 var unnið að könnun á þátttöku fullorðinna í símenntun og var staða þeirra mála borin saman innan norrænu landanna jafnframt því sem samanburður var gerður við aðildarlönd OECD. Þetta verkefni hófst árið 2000 og lauk með útgáfu viðamikillar skýrslu sem kom út haustið 2001 (NOMAD). Með könnuninni átti m.a. að finna út hvort hægt sé að tala um sérstakt módel í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Niðurstaðan er sú að þátttaka fullorðinna í símenntun á Norðurlöndum er mjög mikil og mun meiri en í flestum öðrum löndum OECD en ekki er hægt að tala um neitt sérstakt módel í fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Lítill munur reyndist vera milli norrænu landanna á þátttöku fullorðinna í símenntun.

Stjórnunarnefndin ákvað á árinu að gera könnun á aðgengi fullorðinna að tölvum og í hve miklum mæli þeir nota sér þær. Starfshópur um verkefnið hefur verið skipaður og er þess vænst að hann skili af sér á fyrrihluta ársins 2002.

Á árinu hefur eins og á undanförnum árum verið unnið að því að styrkja og styðja lýðfræðslu á grannsvæðum Norðurlanda. Í því sambandi hefur norræna lýðfræðslustofnunin (NFA) staðið fyrir námskeiðum fyrir þátttakendur frá Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Þar er um að ræða námskeið fyrir einstaklinga og stofnanir. Námskeiðin hafa bæði farið fram við NFA og í löndunum sjálfum. Þessu verkefni lýkur á árinu en stjórnunarnefndin mun á næsta ári fjalla um hvernig hægt er að halda þessu starfi áfram.

Í alþjóðlegu starfi hefur stjórnunarnefndin ákveðið að bjóða þeim aðilum sem fjalla um Grundtvigáætlun ESB til ráðstefnu á næsta ári.

Stór þáttur í starfi stjórnunarnefndar um fullorðinsfræðslu er að veita styrki til félaga, stofnana, samtaka og einstaklinga í þeim tilgangi að auka og efla menntun og samstarf fullorðinna á Norðurlöndum. Fjármagn til þessara samstarfsstyrkja hefur aukist á undanförnum árum og sérstök áhersla hefur verið lögð á að veita þeim sem starfa að fullorðinsfræðslu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum ferðastyrki til þess að auðvelda þeim samstarf við önnur ríki Norðurlanda.

Samstarf um æðri menntun.

HÖGUT-stjórnarnefndin hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, sérstökum verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Á verksviði nefndarinnar eru meðal annars verkefni á sviði grunnmenntunar og rannsókna og auk þess hefur HÖGUT umsjón með NORDPLUS-áætluninni sem felst í stúdenta- og kennaraskiptum. Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að

fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustörfum.

HÖGUT hefur samþykkt nýja starfsáætlun fyrir árin 2002–2004. Forgangsverkefni verða valin með hliðsjón af eftirfarandi sviðum:

- Norðurlönd sem leiðandi á sviði aukinnar hæfni og ævilangrar menntunar.
- Auknir möguleikar upplýsingatækni.
- Aukin gæði æðri menntunar.
- Alþjóðavæðing og stuðningur við hreyfanleika.

Embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir hefur áætlunina til umfjöllunar. Á grundvelli starfsáætlunar mun HÖGUT vinna nákvæmari verkefnaáætlun sem lögð verður fyrir embættismannanefndina til staðfestingar fyrri hluta árs 2002.

Gildistími samnings um aðgang að æðri menntun hefur verið framlengdur til ársins 2003. Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa tekið upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland hefur verið undanþegið þessum ákvæðum.

Þá verður jafnframt áfram í gildi samkomulag milli Noregs og Danmerkur um kvóta á fjölda námsmanna í ákveðnum greinum. HÖGUT hefur undirbúið skjal sem á að vera umræðugrunnur fyrir ráðherranefndina áður en tekin verður endanleg afstaða til þess hvort hentugra þykir að viljayfirlýsing komi í stað samnings. Skjal þetta er til umfjöllunar hjá embættismannanefndinni.

Norrænt rannsóknarsamstarf.

Á sviði norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfar ráðgefandi norrænt vísindastefnuráð FPR (Nordisk Forskningspolitisk Råd). Er það jafnframt ráðgefandi um stefnumörkun í vísinda- og tæknirannsóknum á öðrum fagsviðum ráðherranefndarinnar eftir því sem við á. Helsta hlutverk ráðsins er að leggja tillögur fyrir ráðherranefndina um norræna rannsóknarstefnu til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna, með þverfaglegt samstarf í huga þar sem tekið er tillit til áherslna einstakra aðildarlanda. Að tillögu FPR er unnið að norrænum rannsóknaáætlunum á eftirfarandi rannsóknarsviðum:

- Netsamstarf um þjóðfræðirannsóknir.
- Vistfræði og mannlíf á Norðurslóðum.
- Kynbundið ofbeldi.
- Tungutækni.
- Velferðarþjóðfélagið.
- Varnarmál
- Vestnorrænt hafveðurfar.

Auk ofangreindra rannsóknaráætlana eru norrænar stofnanir á starfssviði ráðsins Nordisk Forskeruddannelsesakademi (NorFA), sem veitir styrki til vísindalegs framhaldsnáms og til erlendra vísindamanna til starfa á Norðurlöndum. Þá gegnir Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI) mikilvægu hlutverki í stuðningi við rannsóknir og þróun á sviði vísinda og tækni í þágu atvinnulífisins og hefur m.a. veitt verulegan stuðning við þróun upplýsingatækni, matvælatækni og líftækni á Íslandi með norrænum samstarfsverkefnum.

Athugun á vísindalegum afköstum og fjármagni sem veitt er til rannsókna leiðir í ljós að Norðurlönd sem heild standa mjög sterk á sviði vísinda og tækni og geta sameiginlega boðið umheiminum upp á „framúrskarandi vísindasamstarf“ sem væri áhugavert fyrir önnur lönd.

Undir lok ársins var að tillögu FPR samþykkt sameiginleg tilraunaáætlun ráðherranefndarinnar og samstarfsnefnda norrænna rannsóknarráða á sviði náttúruvísinda (NOS-N) um stuðning við netsamstarf um „öndvegissetur" (Centres of Excellence) á sviði „hnattrænna breytinga" sem fjalla um áhrif mannsins á veðurfar á jörðinni, ekki síðst á Norðurslóðum. Áætlunin verður sett af stað á árinu 2002.

Ráðgjafanefnd um upplýsingatækni.

Frá því árið 1996 hefur verið starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um stefnumótun í upplýsingatækni fyrir ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir. Á árinu 1998 samþykkti ráðherranefndin þriggja ára rannsóknar- og þróunaráætlun sem nefnist NORDUnet2. Markmið áætlunarinnar var að viðhalda og efla samkeppnishæfni norrænu þjóðanna á sviði menntunar og rannsókna með því að þróa ný samvinnu- og samskiptaform byggð á aðferðum upplýsingatækninnar. Þannig var stefnt að því að Norðurlönd héldu þeirri forustu í notkun háþróaðra tölvuneta (með Internettækni) sem þau höfðu í upphafi þessa áratugar þegar norræna samnetið, NORDUnet, var stofnað.

Ávinningur af þátttöku í NORDUnet2 fyrir Íslendinga hefur meðal annars falist í þátttöku sérfræðinga á sviði háskóla og rannsókna í vinnuhópum um fjarlækningar, fjarkennslu, rafræn bókasöfn og tæknimál til samskipta á Netinu. Beinan ávinning hafa iðnfyrirtæki, netþjónustufyrirtæki, rannsóknabókasöfn, skólar, opinberir fjölmiðlar og fleiri vegna verkefna sem hafa verið styrkt undir hatti áætlunarinnar. Íslensk fyrirtæki, sem framarlega standa, t.d. í margmiðlun, hafa fengið tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á álitlegu markaðssvæði og íslenskir notendur Netsins hafa fengið aðgang að nýjum nýtingarmöguleikum jafnskjótt og aðrir Norðurlandabúar. Verkefnið fór hægt af stað en árangur af síðasta ári var góður. Umræður um framhald verkefnisins fóru fram á árinu.

7. Upplýsingatækni.

Vinnuhópur/embættismannanefnd.

Á árinu 2001 vann sérstakur vinnuhópur háttsettra embættismanna að því að koma samstarfi norrænu landanna á sviði upplýsingatækni í fastan farveg og undirbúa fund norrænna upplýsingatækniráðherra. Í kjölfar ráðherrafundarins var ákveðið að samstarfið á sviði upplýsingatækni yrði framvegis með sama sniði og annað norrænt samstarf og yrði því stofnuð formleg embættismannanefnd (ÄK-IT) sem ynni með ráðherranefnd um upplýsingatækni (MR-IT).

Ráðherrafundur um upplýsingatækni.

Þann 27. september sl. var haldinn ráðherrafundur í Helsinki. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra sótti fundinn sem var fyrsti formlegi fundur UT-ráðherranefndarinnar (MR-IT) sem stofnuð var árið 1999.

Löndin lögðu hvert um sig fram skjöl sem voru grundvöllur þeirrar umræðu sem fram fór. Ísland lagði fram skjal um öryggismál. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum eru öryggismál tengd upplýsingakerfum tekin mun fastari tökum en áður. Lagt var til að öryggismálin yrðu eitt af samstarfsverkefnum Norðurlandanna á sviði upplýsingatækni og fékk sú tillaga góðar undirtektir.

Einnig ræddu ráðherrarnir ýmis mál sem miklu varða fyrir þróun upplýsingasamfélags á Norðurlöndum svo sem skipting samfélagsins í þá sem hafa aðgang að og hafa tileinkað sér upplýsingatæknina og hina sem sitja hjá. Ljóst er að aðgengi almennings að Interneti og tölvutækninni almennt er gott í öllum norrænu löndunum, ekki síst Íslandi, en ákveðnir

hópar, svo sem eldri kynslóðin og dreifðustu byggðirnar nýta sér tæknina í minna mæli en aðrir. Bent var á að ekki hafa allir áhuga á eða vilja til að tileinka sér tæknina. Nú þykir tímabært að leggja áherslu á aukið öryggi og uppbyggingu þekkingar og færni í notkun tækninnar fremur en aukið aðgengi.

Þá var fjallað um hvernig litlum og meðalstórum fyrirtækjum gengur að tileinka sér upplýsingatæknina og fjarskiptamál í víðu samhengi.

Rafræn stjórnsýsla, kunnátta og hvatning til almennings til að nýta sér þá rafrænu þjónustu sem í boði er var einnig til umræðu og ljóst að á þessu sviði er mikill áhugi fyrir samstarfi og upplýsingamiðlun milli landanna.

Á fundinum samþykktu ráðherrarnir tillögu frá hagstofum norrænu landanna um að setja af stað norrænt samstarfsverkefni varðandi tölfræði upplýsingasamfélagsins.

8. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfið við grannsvæðin á árinu hefur verið í samræmi við rammaáætlun ráðherranefndarinnar um grannsvæðasamstarfið árin 2000–2002, og tekur til eftirfarandi starfsemi: upplýsingamiðlun og samskipti, þ.m.t. rekstur norrænna upplýsingaskrifstofa á grannsvæðunum, styrkjakerfi og verkefni á ýmsum sviðum.

Verkefni.

Fjárveitingar ráðherranefndarinnar til grannsvæðasamstarfsins námu 70,22 millj. d.kr. á árinu. Auk þess runnu u.þ.b. 65 millj. d.kr. frá öðrum samstarfssviðum til starfsemi og verkefna í samstarfi við grannsvæðalöndin.

Af fjárlögum grannsvæðasamstarfsins var veitt um 2,7 millj. d.kr. til samstarfsins um málefni Norðurskautssvæðisins. Norðurskautssamstarfið er þáttur í grannsvæðaáætluninni og verkefni innan þess varða málefni frumbyggja, lífskjör og afkomu íbúa og sjálfbæra nýtingu auðlinda á Norðurskautssvæðinu.

Upplýsingaskrifstofurnar, upplýsingamiðlun og samskipti.

Starfsemi upplýsingaskrifstofanna í Tallinn, Ríga, Vilnius og Pétursborg hefur tekið breytingum en þær koma nú í ríkari mæli að framkvæmd verkefna fyrir ráðherranefndina. Markmiðið með því er að sníða verkefnin sem best að þörfum grannsvæðalandsins.

Styrkja- og dvalarkerfi.

Norræna styrkjakerfið vegna Eystrasaltsríkjanna og Rússlands var stofnað árið 1991 og markmið þess og áherslur hafa tekið breytingum á tímabilinu. U.þ.b. 85% styrkjanna eru veitt til uppbyggingar tengslanets kennara, vísindamanna og námsmanna, með áherslu á norræn tungumál, menningu og samfélag og umhverfistækni en 15% er veitt til að byggja upp tengslanet frjálsra félagasamtaka, með áherslu á heilbrigðis- og velferðarmál, börn og ungmenni, konur og jafnrétti. Gerð var úttekt á styrkjakerfinu á árinu og það framlengt til ársloka 2002.

Starfsmannaskipti eru í umsjón upplýsingaskrifstofanna á grannsvæðunum, sem eykur skilvirkni við val á þátttakendum og úrvinnslu og möguleikana á að mæta breytilegum þörfum. Markmiðið með styrkveitingum til Eystrasaltsríkjanna er uppbygging tengslanets og þekkingar sem liður í undirbúningi landanna fyrir inngöngu í ESB. Við styrkveitingar til Rússlands er leitast við að stuðla að þróun í átt að lýðræði og stöðugleika með því að styrkja þróun stjórnunartækja og stjórnkerfis í opinberri stjórnsýslu.

Þingmannaskipti: Styrkja- og skiptidvalarkerfi þingmanna er í umsjón Norðurlandaráðs. Markmiðið er að miðla reynslu af norrænu þingmannasamstarfi og fulltrúalýðræði. Styrkjakerfið var endurskoðað á árinu og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hvort þörf sé á breyttum áherslum í rammaáætluninni fyrir tímabilið 2003–2005.

Ný stefnumótun.

Norðurlandaráð samþykkti í október samstarfsáætlun fyrir Norðurskautssamstarfið og nýja stefnumótun um grannsvæðasamstarfið, „Nær Norðurlöndum". Meginmarkmiðum stefnumótunarinnar verður því beitt í starfsáætluninni fyrir árið 2002 sem nær til grannsvæðanna í austri og Norðurskautssvæðisins.

Nýja stefnan í grannsvæðasamstarfinu hefur í reynd þegar tekið gildi, þar sem sumar tillögur hennar hafa verið framkvæmdar á árinu í takt við þróunina á grannsvæðunum. Stefnan verður framkvæmd að fullu í rammaáætlunni fyrir árin 2003–2005.

Meginmarkmið nýrrar stefnumótunar um grannsvæðasamstarfið „Nær Norðurlöndum" eru:

- Áherslu ætti að leggja á fá, stór verkefni, sem hafa sýnileg áhrif og pólitískt vægi.
- Aukna áherslu ætti að leggja á Norðvestur-Rússland.
- Aðgerðir ættu að mæta þörfum þess grannsvæðalands sem þær eiga að gagnast og hafa ber í huga mismunandi þarfir og óskir landanna.
- Tryggja ætti upplýsingamiðlun milli upplýsingaskrifstofanna, stjórnvalda og norrænna sendiráða í löndunum.
- Tryggja ætti betri samhæfingu við aðgerðir norrænu landanna hvers um sig.

Norðurskautssamstarfið.

Norðurlandaráð samþykkti í október samstarfsáætlun fyrir Norðurskautssamstarfið. Markmið norræns samstarfs um málefni Norðurskautssvæðisins eru að þróa og bæta lífsgæði íbúanna og samgöngur á svæðinu auk efnahagslegra forsenda fyrir áframhaldandi búsetu. Sérstök áhersla verður lögð á fjárhagslega, félagslega og menningarlega stöðu frumbyggja og umhverfi þeirra.

Samstarfsáætlunin hefur einnig sem markmið að varðveita óbyggðirnar, náttúrugæði og fjölbreytileika náttúrunnar sem og að tryggja ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda á svæðinu í samræmi við hagsmuni þeirra landa sem eiga landsvæði á Norðurskautssvæðinu og í samræmi við takmarkanir vistkerfisins. Mikil áhersla er lögð á að takmarka og fjarlægja orsakir mengunar lands, sjávar, jökla og umhverfis þeirra með sameiginlegum aðgerðum. Um leið er leitast við að þróa hentugar samstarfsaðferðir og samstarfsstofnanir Norðurskautslandanna og leggja þá skyldu á löndin að þau fylgi eftir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið en það er gert með sameiginlegri fjármögnun, verkefnastjórnun o.s.frv. Samkvæmt rammaáætluninni skiptist Norðurskautssamstarfið í þrjú svið:

- Frumbyggjar, þ.e.a.s. úttekt á og upplýsingar um lífskjör þeirra og tekjumöguleika, svo og uppbygging þekkingar og afnám hindrana fyrir framleiðslu hefðbundinna afurða frá Norðurskautssvæðinu. Almenn atvinnuþróun og möguleikar á tekjuöflun í dreifðum byggðum.
- Velferð og lífsgæði íbúa Norðurskautssvæðisins, einkum ákvarðanir sem stuðla að bættu heilbrigði, nýjar leiðir í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins t.d. með fjarlækningum, og uppbygging tengslanets milli kvenna sem starfa að rannsóknum og milli hinna mismunandi samtaka kvenna.

- Sjálfbær þróun á Norðurskautssvæðinu, á grundvelli skýrslunnar „Sjálbær þróun, ný stefna fyrir Norðurlönd". Hér má m.a. nefna samstarfsáætlun um náttúru- og umhverfisvernd á Norðurskautssvæðinu, líffræðileg fjölbreytni, vistvæn ferðaþjónusta o.fl.

Norræna ráðherranefndin á nú áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Í samræmi við samstarfsáætlunina fyrir Norðurskautssamstarfið mun sérfræðinganefnd, sem samanstendur af starfsmönnum utanríkisráðuneyta landanna sem hafa með höndum málefni Norðurskautsins, koma að verkefnavali og framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

9. Orkumál.

Inngangur.

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Lögð er áhersla á að orkulindir og orka sé nýtt með skilvirkum hætti til að efla atvinnulíf og styrkja efnahag og stóraukin áhersla hefur verið lögð á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á síðustu árum eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlönd.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála hefur eflst á síðustu árum. Áherslum var talsvert breytt á fundi forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbæra orkuöflun á Eystrasaltssvæðinu í Bergen árið 1997. Í kjölfarið hefur starf embættismannanefndarinnar í auknum mæli beinst að grannsvæðunum og þá einkum Eystrasaltsríkjunum. Á árinu samþykktu orkuráðherrarnir rammaáætlun fyrir samstarf á sviði orkumála þar sem gerð er grein fyrir starfinu og lagðar meginlínur fyrir framhald þess, en drög að samstarfsáætluninni voru kynnt á fundi ráðherranna í Grænlandi haustið 2000. Áætlunin tekur mið af þeim öru breytingum sem eiga sér stað í orkumálum á alþjóðavettvangi, ekki síst innan ESB og nágrannalandanna í austri.

Stefnumótunaráætlun fyrir norrænt samstarf á sviði orkumála.

Orkuráðherrarnir samþykktu stefnumörkun um samvinnu á sviði orkumála á fundi sínum í Helsinki í september sl. Í stefnumörkuninni er gert ráð fyrir því að leggja áherslur í samstarfinu á þrjú kjarnasvið. Í fyrsta lagi opnun raforkumarkaðarins, í öðru lagi loftslagsmál og í þriðja lagi svæðisbundna samvinnu. Í áætluninni er lögð áhersla á samstarf við aðra málaflokka í norrænu samstarfi, og einnig er lögð áhersla á að vinna að sérverkefnum, t.d. þróun vetnissamfélags á Norðurlöndum og hvernig beri að leysa orkuvandamál strjálbýlli svæða. Þá er í áætluninni fjallað um hlutverk NEFP (Norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar) við að styðja við rannsóknir á kjarnasviðum áætlunarinnar og raunar var gerð breyting á skipulagi áætlunarinnar á árinu til að styrkja tengsl hennar við embættismannanefndina. Þá var lögð fram og samþykkt ný orkurannsóknaráætlun fyrir tímabilið 2003–2006.

Samstarfið við grannsvæðin í austri grundvallast á því starfi sem unnið hefur verið í samræmi við Bergenyfirlýsinguna og niðurstöðum fundar norrænu orkuráðherranna og starfsbræðra þeirra handan Eystrasaltsins sem haldinn var í Stafangri árið 1998 og í Helsinki árið 1999.

Loks ber að nefna að samvinna Norðurlanda á sviði orkumála hefur meðal annars beinst að framkvæmd tilskipana ESB um innri markað á sviði raforku og innri markað á sviði jarðgass. Þar hefur samstarfið gagnast okkur Íslendingum vel þar eð við höfum fengið upplýsingar um þróun mála innan ESB á embættismannafundum. Hið sama hefur gilt um samstarf innan undirnefndar um loftslagsmálin, þar hafa fundir með öðrum Norðurlöndum komið okkur að góðu gagni hvað varðar upplýsingagjöf.

Opni norræni raforkumarkaðurinn.

Innan Norðurlanda er löng hefð fyrir samvinnu á sviði raforkumála bæði á pólitískum og tæknilegum vettvangi auk samstarfs fyrirtækja. Á þessum áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Norðurlöndum. Norðmenn hófu fyrstir breytingar og gáfu viðskipti með raforku frjáls. Síðan hafa bæði Svíar og Finnar og nú síðast Danir komið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku, meðal annars til þess að hrinda í framkvæmd tilskipun ESB um innri markað á sviði raforku. Hér á landi mun tilskipun ESB væntanlega taka gildi á árinu 2002 og við höfum notið góðs af reynslu Norðurlandaþjóða við undirbúning á nýrri löggjöf um raforkumál.

Í áætluninni er fjallað um þau svið sem samstarf þarf að beinast að m.a. í því skyni að tryggja öryggi í framleiðslu og flutningi og til að draga úr notkun orkugjafa er valda losun gróðurhúsalofttegunda sem og að örva fyrirtæki til að nota endurnýjanlegar orkulindir.

Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að kanna forsendur fyrir aukinni samtengingu raforkumarkaðarins umhverfis Eystrasalt og meta afleiðingar þess. Er í áætluninni bent á nauðsyn þess að raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum tengist í auknum mæli markaði annarra Evrópuríkja og þá sérstaklega í Eystrasaltsríkjunum og Austur-Evrópu. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar sinnir þessu verkefni.

Orka og loftslagsmál.

Allt frá 1994 hafa loftslagsmálin verið mál, sem orkuráðherrarnir hafa fjallað reglulega um í ljósi þess að orkuframleiðsla og orkunotkun er veigamikill þáttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Undanfarin ár hefur starfað sameiginlegur starfshópur ráðherranefndanna um orkumál og umhverfismál. Verkefni starfshópsins hafa fyrst og fremst snúist um viðfangsefni sem tengjast rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Starf þessa hóps hefur verið öflugt og vakið athygli og mikilvægi þessa samstarfs hefur komið í ljós undanfarið í tengslum við undirbúning loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna á sl. árum.

Unnið hefur verið að undirbúningi að því að Eystrasaltssvæðið verði eins konar tilraunasvæði (testing ground) í viðskiptum með losunarheimildir, en á ráðherrafundinum í Reykjavík 1999 samþykktu orkuráðherrarnir að leggja til að það verkefni yrði kannað. Í áætlun ráðherranna er lögð áhersla á þetta atriði og lagt til að gerður verði rammasamningur um tilraunasvæði og jafnframt að gerður yrði rammasamningur við Eystrasaltsríkin um sameiginleg verkefni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Svæðisbundin samvinna – lykill að sjálfbærri þróun.

Á árinu 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlanda yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd og á aukaþingi Norðurlandaráðs í Oslo í apríl sl. var fjallað sérstaklega um það efni. Í áætlun orkuráðherranna er lögð áhersla á að efla samstarf við Eystrasaltsríkin á sviði orkumála þar sem m.a. verði lögð áhersla á að bæta skilyrði fyrir nýjar fjárfestingar þar, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með notkun hreinni orkugjafa. Á því sviði er lögð áhersla á samvinnu við Rússland og þá sérstaklega norðvestursvæði landsins.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin (NEFP) hefur frá árinu 1987 verið skipulögð sem markáætlun til þriggja eða fjögurra ára í senn. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana o.fl. með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Núgildandi áætlun nær til áranna 1999–2002, en á fundi orkuráðherranna í Helsinki í september var samþykkt ný áætlun fyrir árin 2003–2006 og í þeirri áætl-

un beinast áherslur í rannsóknum að þeirri pólitísku stefnumörkun um áherslusvið, sem staðfest var á sama fundi.

Áherslur orkurannsókna munu beinast að 5 höfuðverkefnum, þ.e.a.s. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda.

Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna. Íslendingar taka þátt í þremur faghópanna, á sviði orku- og samfélagsmála.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfshópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Fyrir fundi í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir óformlegir fundir Norrænu orkuráðherranna og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Þessir fundir eru afar mikilvægir fyrir okkur Íslendinga, sem ekki eigum möguleika á að taka af fullum þunga þátt í umfjöllun mála á vettvangi ráðherraráðs ESB.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Í yfirlýsingu sem forsætisráðherrar Norðurlanda samþykktu í Bergen 1997 um aukið samstarf við Eystrasaltsríkin fólu þeir orkuráðherrunum að vinna að tilteknum verkefnum.

Framkvæmd Bergenyfirlýsingarinnar og undirbúningur ráðherrafundar orkuráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna hefur verið í höndum svonefnds Bergenhóps skipuðum fulltrúum allra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna og óformlegrar samráðsnefndar skipuðum Bergenhópnum og fulltrúum annarra landa við Eystrasalt ásamt fulltrúum ESB. Um þessi mál er einnig náið samstarf við framkvæmdastjórn ESB, svið það sem fjallar um orkumál.

Styrkur hefur verið veittur úr svonefndri Synenergi-áætlun til að stuðla að nánara samstarfi við grannsvæðin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Eystrasaltsráðsins.

Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins hefur verið unnið að þessum verkefnum á vegum Bergenhópsins og svokallaðs Eystrasaltshóps en þar eiga sæti auk fulltrúa Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandaþjóðanna fulltrúar Þýskalands, Póllands og Rússlands. Á þessum vettvangi hefur mest áhersla verið lögð á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu og loftslagsmál svo og orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála og var sérstaklega fjallað um þann þátt á fundi á Borgundarhólmi í ágúst sl. Sérstök nefnd embættismanna frá löndunum hefur unnið að framkvæmd þessa máls. Tveir sérfræðingar hafa unnið að samstarfsorkuverkefnum á Eystrasaltssvæðinu og hafa haft aðstöðu á skrifstofu Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea State Council, BSSC) í Stokkhólmi.

Niðurlag.

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála er gagnlegt fyrir Ísland, þó svo að aðstæður okkar séu nokkuð ólíkar því sem er að finna annars staðar á Norðurlöndum. Mikilvægt er um þessar mundir að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í löndunum og læra af reynslu þeirra um skipan þessa málaflokks meðal annars vegna þeirrar endurskoðunar á löggjöf um orkumál sem nú er unnið að hér á landi. Starf undirnefndar ráðherranefndarinnar í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur komið okkur að góðu gagni í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði loftslagssamningsins. Íslendingar hafa notið góðs af orkurannsóknaráætluninni og hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að því samstarfi verði haldið áfram.

10. Umhverfismál.

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljö) endurspeglar þá grósku sem er í umhverfismálum á alþjóðavettvangi. Starfið byggist á norrænu umhverfisáætluninni, en ný umhverfisáætlun var samþykkt á fundi umhverfisráðherranna í nóvember 2000 og er gildistími hennar 2001–2004. Í áætlunninni er sett fram stefna um samstarfið bæði innan Norðurlanda, við grannsvæðin og heimskautssvæðin, ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Framkvæmd áætlunarinnar er í höndum undirnefnda ráðherranefndarinnar sem vinna að tilteknum verkefnum.

Á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda var á árinu samþykkt áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum til ársins 2020, en áður höfðu ríkisstjórnir allra norrænu landanna samþykkt áætlunina. Við þá vinnu gegndi umhverfisgeirinn því mikilvæga hlutverki að stýra starfinu og samhæfa þau svið sem áætlunin tekur til. Áætlunin um sjálfbæra þróun tekur til eftirtalinna sviða: samgöngumála, landbúnaðar og skógræktar, sjávarútvegs og fiskeldis, orkumála og atvinnulífs. Auk þess fjallar áætlunin um loftlagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni, hafið, efnavörur og öryggi matvæla. Skilgreind eru tiltekin tímabundin markmið sem ætlunin er að endurskoða á fjögurra ára fresti en langtímamarkmið eru sett til 20 ára. Umhverfisgeiranum er áfram ætlað mikilvægt hlutverk við að fylgja eftir þeim markmiðum um sjálfbæra þróun sem sett eru fram með áætluninni. Í umhverfisáætluninni 2001–2004 eru jafnframt sett fram markmið og tillögur um verkefni sem tengja umhverfismálin við þau markmið sem sett eru fram í áætluninni um sjálfbæra þróun.

Í tengslum við gildistöku norrænu umhverfisáætlunarinnar og áætlunarinnar um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum fór fram á árinu mikið endurskipulagningarstarf á starfsemi vinnunefnda innan umhverfissviðs Norrænu ráðherranefndarinnar. Með endurskipulagningunni var leitast við að tengja starf vinnunefndanna nánar hinni nýju norrænu umhverfisáætlun og áætluninni um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Vinnan við endurskipulagninguna er langt komin og er ráðgert að ganga endanlega frá hinu nýja skipulagi í ársbyrjun 2002.

Síðastliðin tvö ár hafa allir norrænir ráðherrar umhverfismála jafnframt verið ráðherrar skipulagsmála. Á formennskuári Dana árið 2000 var tekin upp sú nýlunda að ráðherrar skipulagsmála funduðu sérstaklega og að tilhlutan þeirra var safnað saman í rafræna útgáfu tólf dæmum frá löndunum fimm um framkvæmd skipulagsmála með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á fundi sínum í september 2000 samþykktu ráðherrarnir þetta vinnuplagg sem undirstöðu að frekara samstarfi landanna á sviði skipulagsmála. Á árinu var unnin sérstök verkefnaáætlun á sviði skipulagsmála sem er ætlað að fylgja eftir stefnumiði Norðurlanda: Sjálfbær þróun, ný stefna fyrir Norðurlönd og hlaut samþykki ráðherra skipulagsmála í nóvember sl.

Þverfaglegt samstarf umhverfisgeirans við önnur svið verður æ umfangsmeira og mikilvægara. Þegar er unnið eftir sérstökum samstarfsáætlunum um umhverfis- og sjávarútvegsmál svo og umhverfis-, landbúnaðar- og skógræktarmál. Nýja umhverfisáætlunin 2001–2004 hefur að geyma tillögur um að á næstu árum verði efnt til samstarfs um heilbrigðismál og samgöngumál. Á sumarfundi umhverfisráðherranna voru málefni sem tengjast umhverfi og heilsu til sérstakrar umfjöllunar. Á árinu var sett á laggirnar þverfagleg nefnd sem ætlað er að fjalla um aukið öryggi matvæla, en hér er um að ræða samstarfsverkefni ráðherra umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarmála. Framkvæmd áætlunar um sjálfbæra þróun byggist á því að vel takist til með samstarf um ýmis þverfagleg málefni og að í þeim málaflokkum sem áætlunin tekur til verði umhverfissjónarmið höfð að leiðarljósi við alla stefnumótun.

Málefni ESB eru fastur liður á dagskrá umhverfisráðherra. Þar eru rædd helstu mál á döfinni innan ESB og eftir atvikum mótuð sameiginleg norræn afstaða til ýmissa mála. Af

öðrum alþjóðlegum málefnum sem ráðherranefndin hefur fjallað um á undanförnum árum bar hæst á árinu undirritun alþjóðlegs samnings um þrávirk lífræn efni í Stokkhólmi þann 23. maí. Samningurinn, sem var undirritaður af fulltrúum 91 ríkis heims, tekur til 12 manngerðra efnasambanda sem sýnt er að valda mjög alvarlegum áhrifum í náttúrunni, ekki síst heilsu fólks. Málefni endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield og flutningur á geislavirkum úrgangi voru mikið í umræðunni á árinu. Norrænu umhverfisráðherrarnir sendu sameiginlegt bréf til breskra stjórnvalda þar sem áhyggjur norrænu landanna í tengslum við Sellafield voru ítrekaðar auk þess sem umhverfisráðherrarnir áttu fund með breska umhverfisráðherranum varðandi málið.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 26.2.).

Störf vinnunefnda.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni nefndarinnar skiptast í þrjá aðalflokka sem allir snerta annan eða báða af tveim meginþáttum umhverfisins, haf og loft. Unnið er að því að setja fram líkön sem eiga að segja fyrir um þróun og meta árangur aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka streymi næringarefna til sjávar og útbreiðslu þessara efna í hafinu. Stefnt er að því að nota sömu líkön á önnur mengandi efni sem berast til hafsins og berast með straumum. Lögð er áhersla á að fá fram betri gögn og áreiðanlegri líkön til að geta metið árangur aðgerða sem þegar hafa verið ákveðnar til að sporna við loftborinni mengun. Einnig er unnið að því að kanna áhrif og þátt reikulla lífrænna efna í myndun jarðlægs ósóns.

Unnið er að ýmsum verkefnum sem snúast um hættuleg efni, m.a. um flutning þrávirkra efna og milli þátta (lofts, lagar og sets) og áhrif þeirra á lífverur.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Hún starfar á grundvelli Norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar fyrir árin 2001–2004 og með hliðsjón af áætluninni um Sjálfbæra þróun, bæði hvað varðar skammtímamarkmið fyrir árin 2001–2004 og langtímamarkmið fram til ársins 2020. Unnið er að öflun og úrvinnslu gagna sem leggja grunn að stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum heima fyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Nefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlandaþjóðunum sérstaklega svo sem varðandi fræðsluefni. Megin áherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu, ekki síst verkefnum er nýtast Norðurlandaþjóðunum vegna aðildar þeirra að ESB eða EES-samningnum.

Markmið efnavörunefndarinnar er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt innan næstu 25 ára. Verkefnin skiptast í fjóra meginflokka, þ.e. varðandi þróun aðferða til að greina og mæla áhættu vegna efnanotkunar, flokkun og merkingar hættulegra efna, mat á áhættu vegna efnanotkunar og um takmörkun áhættu. Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í tíu þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna eru m.a. birtar sem viðurkenndar prófunaraðferðir á vegum OECD, haldnar hafa verið ráðstefnur og gefnar út verkefna- og ráðstefnuskýrslur ásamt fleira fræðslu- og kynningarefni. Aukin áhersla hefur undanfarin ár verið á gerð ólíkra gagnabanka. Þar má nefna gagnabanka fyrir upplýsingar um efni sem eru hættu-

leg fyrir heilsu fólks, áframhaldandi þróun svipaðs gagnabanka fyrir efni sem eru skaðleg fyrir umhverfið, þróun gagnagrunns yfir efni sem geta haft skaðleg áhrif á lífríki vatns og sjávar svo og undirbúningsvinnu og samræmingu gagna fyrir væntanlegan sameiginlegan norrænan gagnagrunn yfir efni sem eru á markaði á Norðurlöndum.

Vinnunefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Náttúrverndar- og útivistarnefndin hefur það hlutverk að fylgja eftir samþykktum ráðherranefndarinnar um náttúruvernd, útivist og verndun menningarumhverfis. Mikil stefnumótunarvinna hefur átt sér stað innan nefndarinnar undanfarin tvö ár. Í upphafi árs var starfssvið nefndarinnar víkkað töluvert og nú heyra málefni í tengslum við menningarminjar undir nefndina. Samsetning nefndarinnar breyttist nokkuð í samræmi við það þannig að inn í nefndina kom fólk tengt þjóðminjavörslu. Nefndin hefur einnig starfað sem verkefnahópur í tengslum við verkefnið „Natur i Nord" en afrakstur verkefnisins mun koma út á árinu 2002. Er þar reynt að lýsa í máli og myndum helstu náttúruverndarsvæðum tuttugustu aldarinnar á Norðurlöndum.

Meðal annarra áhersluatriða á árinu má nefna verkefni tengd framkvæmdaáætluninni um vernd náttúru- og menningarminja á norðurheimskautssvæðunum (Íslandi, Grænlandi, Svalbarða). Þau verkefni sem unnið er að samkvæmt áætluninni eru m.a. Staðardagskrá 21, náttúruvernd og ferðaþjónusta, umhverfisfræðsla og áhrif botnvörpu- og togveiða á lífríki sjávar.

Síðastliðin tvö ár hefur Ísland gegnt formennsku í nefndinni.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni vinnunefndarinnar um vörur og úrgang eru á sviði framleiðsluvara, úrgangsmála, hreinni framleiðslutækni og framleiðslumiðaðrar umhverfisstefnu. Nefndin tekur fyrst og fremst mið af hlutverki norrænna stjórnvalda á framangreindum sviðum og byggist starfið á norrænu umhverfisáætluninni fyrir árin 2001 til 2004 og starfsáætlun nefndarinnar. Vinnan tengist inn á önnur fagsvið, svo sem loftlagsmál, efni og efnavörur og staðbundna umhverfisstjórnun. Nefndinni er m.a. falið að fjalla um sorphirðu á norðlægum slóðum og þá sérstaklega í smáum samfélögum og dreifðum byggðum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á málefni framleiðslumiðaðrar umhverfisstefnu.

Vinna í nefndinni fer að stærstum hluta fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að efla norræna samvinnu og auka upplýsingastreymi milli aðila sem vinna innan málaflokksins. Þá tekur vinna í nefndinni og undirhópum hennar einnig mið af EES-samningnum og ræddar eru nýjar gerðir, framkvæmd samningsins og sameiginlegar áherslur norrænu landanna komið á framfæri á þeim vettvangi.

Á árinu var fjallað um ýmsa málaflokka og unnið að fjölmörgum verkefnum, sem m.a. beindust að framleiðslumiðaðri umhverfisstefnu, umhverfissjónarmiðum varðandi staðla vegna framleiðsluvara, umhverfismerkingum, umhverfisskaðlegum efnum í úrgangi, bestu fáanlegri tækni í sláturhúsum, mjólkurstöðvum og fiskeldi, Staðardagskrá 21 í litlum byggðum, sorphirðugjöldum, byggingarúrgangi, kvikasilfri, söfnun á gasi á urðunarstöðum, sorphirðumálum, seyru, grænum innkaupum, urðun úrgangs, brennslu úrgangs, jarðgerð, líftímagreiningu og umhverfisstjórnun, rafeindaúrgangi, menguðum jarðvegi og bílflökum.

Ísland fór með formennsku í nefndinni á árinu.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin skiptir verkefnum sínum í þrjá flokka. Í flokki eitt eru verkefni með norrænar áherslur. Í flokki tvö eru verkefni sem snúa að Norðurskautssvæðinu og Eystrasalts-

ríkjunum auk Rússlands og í flokki þrjú eru verkefni sem hafa víðari skírskotun í Evrópu.

Flest verkefnin falla undir fyrsta flokkinn um norrænar áherslur. Þar á meðal er stærsta verkefnið útgáfa skýrslu um fjölbreytni náttúrunnar. Skýrslan tekur ekki einungis til Norðurlanda, heldur einnig Eystrasaltsríkjanna, Rússlands og Skotlands. Skýrslan mun koma út á árinu 2002. Önnur verkefni á vegum nefndarinnar sem Ísland tekur þátt í eru: verkefni varðandi líffræðilega vöktun í fersku vatni sem tengist rammatilskipun ESB á sviði vatnsmála, verkefni sem tengist fráveitumálum og er stýrt af Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, verkefni um vöktun hættulegra efna í landumhverfi, verkefni um kortlagningu búsvæða í sjó, verkefni um vöktun náttúru- og menningarminja og þróun aðferða til að meta umhverfisgæði. Í flokki tvö eru verkefni sem hafa það að markmiði að styrkja umhverfisvöktun fyrir botni Eystrasaltsins og þátttaka í Norðurskautsverkefnum. Í þriðja flokki eru verkefni sem hafa víðari skírskotun í Evrópu og má nefna sem dæmi verkefni um mælingar á þungmálmum í mosa, en safnað er mosa á fimm ára fresti, m.a. víða á Íslandi vegna þessa verkefnis.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og orkumál.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og orkuráðuneyta Norðurlanda. Mest áhersla hefur verið lögð á málefni sem tengjast loftslagssamningnum og Kyoto-bókuninni.

Umfangsmesta verkefni nefndarinnar á árinu var undirbúningur þess að Eystrasaltssvæðið verði notað sem tilraunasvæði vegna viðskipta með losunarkvóta og sameiginlegrar framkvæmdar innan loftslagssamningsins. Þetta verkefni er unnið í nánu samstarfi við Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og Norræna fjárfestingarbankann (NIB). Á árinu var unnið að undirbúningi rammasamnings um verkefnið. Einnig stóð nefndin fyrir ráðstefnu og gaf út lokaskýrslu um tilraunasvæðið.

Á vegum nefndarinnar komu einnig út skýrslur um undirbúning viðskipta með losunarkvóta innan Norðurlanda og milli þeirra og tengsl þeirra við raforkuviðskipti, um endurnýjanlega orku, bindingu kolefnis með ræktun, leiðir til að draga úr losun flúorkolefna og leiðir til að taka tillit til sérstöðu þjóða þegar losunarmarkmið eru sett í alþjóðasamningum.

Samstarfsnefnd um norræna umhverfis- og sjávarútvegsáætlun 1999–2002.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð og samstarf umhverfis- og sjávarútvegsráðuneyta Norðurlanda. Nefndin starfar á grundvelli norrænnar umhverfis- og sjávarútvegsáætlunar 1999–2002. Áætlunin tekur til hafsins, auðlinda þess, umhverfis og strandsvæða. Tilgangur samstarfsins er að stuðla að því að aukið tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða í sjávarútvegi, að finna leiðir til að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun í nýtingu auðlinda sjávar.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi og framkvæmd þeirra stefnumála sem sett eru fram í áætluninni. Er það m.a. gert með því að veita fé til samnorrænna verkefna sem samræmast þeim áherslusviðum sem sett eru fram í áætluninni en verkefnin eru alls 28.

Samstarfsnefnd um norræna umhverfis- og landbúnaðaráætlun.

Nefndin er vettvangur fyrir samráð umhverfis- og landbúnaðarráðuneyta Norðurlanda. Nefndin starfar á grundvelli nýrrar áætlunar sem hefur gildistíma frá 2001–2004. Nýja áætlunin byggir á reynslu og mati á fyrri áætlun en gildistími hennar var 1996–2000. Jafnframt tengist áætlunin þeim áhersluatriðum sem sett eru fram í áætluninni um sjálfbæra þróun. Meginhersla er lögð á að bæta stjórnun og nýtingu auðlinda í löndunum, jafnframt því sem sjónum er beint að rannsóknum og hvernig nýta má niðurstöður rannsókna í hagnýtum tilgangi fyrir landbúnað og skógrækt.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að framgangi og framkvæmd þeirra stefnumála sem sett eru fram í áætluninni. Er það m.a. gert með því að veita fé til samnorrænna verkefna sem samræmast þeim áherslum sem sett eru fram í áætluninni.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og neytendamál.

Nefndin er samstarfsvettvangur ráðuneyta umhverfis- og neytendamála á Norðurlöndum og byggist á tímabundnu verkefni við að gera úttekt á norræna umhverfismerkinu, Svaninum. Verkefninu er skipt í áfanga sem m.a. felast í því að kanna viðhorf neytenda til umhverfisvænni lífsstíls, sérstaklega með tilliti til norræna umhverfismerkisins og að mæla óbein umhverfisáhrif merkisins og bein áhrif á nokkra vöruflokka sem eru merktir með því.

Viðmiðunarreglur varðandi Svaninn verður að endurskoða með reglulegu millibili og á árinu fór fram endurskoðun á viðmiðunarreglum fyrir iðnaðarhreinsa, en Ísland var í forsvari fyrir því starfi. Eftir vandlega skoðun var ákveðið að framlengja viðmiðunarreglurnar fyrir iðnaðarhreinsa til ársins 2004.

Á Íslandi var á árinu efnt til kynningar fyrir almenning á norræna umhverfismerkinu og fólk hvatt til þess að kaupa vörur með umhverfismerkingum.

11. Efnahags- og fjármál.

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda héldu þrjá formlega fundi á árinu, í Reykjavík í janúar, í Helsinki í júní og í Kaupmannahöfn í október. Fundurinn í Helsinki var haldinn samhliða ársfundi Norræna fjárfestingarbankans en á þeim fundi var framtíðarhlutverk bankans m.a. til umræðu. Á öllum fundunum var fjallað um þróun og horfur efnahagsmála í heiminum og á Norðurlöndum sérstaklega. Enn fremur fjölluðu ráðherrarnir um ýmis sérstök mál sem hafa verið til skoðunar á vegum þeirra. Þeir fjölluðu um ýmis skattamál og staðfestu samkomulag milli norrænu landanna um gagnkvæm upplýsingaskipti og aukið samráð á því sviði. Þá ræddu þeir um vinnu sem er í gangi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun efnahagslífsins, jafnt á vettvangi Norðurlanda sem og innan OECD og ESB. Þá var staða mála gagnvart Kyoto-samkomulaginu til umræðu. Ráðherrarnir voru á einu máli um að styrkja beri norrænt samstarf á sviði ESB/EES-mála og ákváðu að skoða nánar hvernig slíku starfi verði best hagað.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a) Embættismannanefndin og ýmsir vinnuhópar. Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Auk þess eru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar. Þá hafa eftirfarandi verkefni verið í athugun hjá sérstökum vinnuhópum á vegum nefndarinnar:

Framtíð norræna velferðarkerfisins, fjármögnun þess, skilvirkni og samkeppnishæfni. Í framhaldi af norrænni athugun á fjármögnun lífeyrissjóðakerfa á Norðurlöndum var settur á laggirnar vinnuhópur til þess að gera nánari úttekt á framtíðarhorfum varðandi fjármögnun velferðarkerfisins á Norðurlöndum. Sérstaklega hefur hópurinn kannað áhrif breyttrar aldurssamsetningar á þróun útgjalda og líklega tekjuþróun m.t.t. hugsanlegrar skattasamkeppni í tengslum við aukna alþjóðavæðingu.

Norræna velferðarkerfið, fjármögnun og skattastefna. Í þessum vinnuhópi er einnig verið að huga að framtíð norræna velferðarkerfisins en þó með öðrum hætti en í fyrri hópnum. Aðaláherslan er á stefnuna í skattamálum og hvort sú alþjóðavæðing sem nú á sér stað gerir það að verkum að erfitt verður fyrir norrænu löndin að halda uppi því velferðarkerfi sem byggt hefur verið upp og fjármagnað með tiltölulega háum sköttum. Hreyfanleiki fjármagnsins og breytt viðhorf til skattlagningar gera það að verkum að líklegt má telja að heildarskattbyrðin fari lækkandi þegar fram í sækir. Slíkar breytingar skapa óvissu um fjármögnun velferðarkerfisins í framtíðinni.

Nýja hagkerfið; áhrif þess á framleiðni og hagstjórn. Verkefni hópsins eru í fyrsta lagi að skilgreina hugtakið nýja hagkerfið og hvort þær atvinnugreinar sem settar hafa verið í samband við „nýja hagkerfið" hafa náð að setja mark sitt á efnahagslíf Norðurlanda. Sérstaklega mun hópurinn kanna framleiðniþróun í einstökum löndum og hugsanleg áhrif nýrra atvinnugreina á þá þróun. Hópurinn mun einnig kanna breyttar áherslur í hagstjórn og áhrif þeirra á mikilvægustu hagstærðir.

Athugun á norrænum kauphöllum. Á árinu var fram haldið sérstakri athugun vinnuhóps sem fjallaði um áhrif aukinnar alþjóðavæðingar á starfsemi norrænna kauphalla og verðbréfaþinga. Meðal annars var rætt um aukið samstarf á þessu sviði jafnframt því að huga að frekari samræmingu skráningarreglna.

b) Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget). Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá Norðurlöndum. Hlutverk þessarar nefndar hefur verið að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni og hana skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar. Þessari áætlun lauk formlega árið 2000, en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem ástæða er til.

c) Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen). Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs.

d) Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar. Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá efnahags- og fjármálaráðuneytum og seðlabönkum landanna. Önnur nefndin – Norræna-baltneska fjármálanefndin – er skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni – Norrænu-baltnesku fulltrúanefndinni – sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af Ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar í för með sér að efnahags- og fjármálaráðuneyti landanna koma með ákveðnari og markvissari hætti inn í þetta starf en verið hefur. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í hinni nýju Efnahags- og fjármálanefnd Alþjóðagjald-

eyrissjóðsins (IMFC), en hún tók við af gömlu Interim-nefndinni. Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

e) Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Miljø- og økonomigruppen). Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (ÄK-Finans) og umhverfismál (ÄK-Miljö). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórntækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármála- og umhverfisráðuneytum landanna. Á tímabilinu 2000 og 2001 hefur Ísland farið með formennsku í þessum vinnuhópi. Gefnar voru út þrjár skýrslur á vegum vinnuhópsins á árinu. Ein fjallaði um hagrænt virði umhverfisins (The Economic Value of the Environment) og var rituð af tveim íslenskum hagfræðingum, þeim Magnúsi Harðarsyni og Páli Harðarsyni. Önnur skýrsla fjallaði um mat á áhrifum svokallaðra grænna skatta á Norðurlöndum (An Evaluation of the Impact of Green Taxes in the Nordic Countries). Aðalhöfundur hennar var prófessor Mikael Skou Andersen við Árósarháskóla. Þá var lokið við skýrslu um markaðsdrifið endurheimtukerfi á umbúðum sem komið hefur verið á í Bretlandi og hvernig megi beita því á Norðurlöndum (A Nordic PRN System). Höfundur þess er breskur sérfræðingur Ian MacPherson. Þá var hrundið af stað rannsókn sem fara mun fram á næstu þremur árum og fjallar um hvernig má aftengja hagvöxt frá umhverfishömlum (The decoupling of economic growth from environmental constraints). Enn fremur hyggst vinnuhópurinn kanna hvort hægt sé að koma á markaðsdrifnu endurheimtukerfi fyrir rafhlöður, og hefur könnun þess efnis verið hafin í Svíþjóð á vegum hópsins.

f) Nefnd norrænna skattahagfræðinga. Nefndin fjallar um það sem efst er á baugi í skattamálum í hverju Norðurlandanna fyrir sig. Auk þess eru áhrif alþjóðavæðingar á norrænu skattkerfin til umfjöllunar í nefndinni. Nefndin hittist einu sinni á ári.

) Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen). Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar fundi nefndarinnar.

h) Norræna launa- og starfsmannanefndin (Løne- och personaleutskottet). Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá skrifstofunni í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri hennar undirbúning fundanna, en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar, fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988 um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Helstu mál sem fjallað var um á árinu eru: ákvörðun og breytingar á launum stjórnarmanna stofnananna; áfram var fylgst með breytingum á ráðningarformi og launasetningu starfsmanna á skrifstofunum í Kaupmannahöfn og vinnu við að koma upp leiðbeiningum/handbók fyrir starfsmenn á tölvutæku formi; enn fremur breytingum á samkomulagi

um samræmingu lífeyrisréttinda ríkisstarfsmanna innan Norðurlanda sem fjármálaráðuneyti/ríkis-lífeyrissjóðir landanna eru að vinna að – þeirri vinnu er um það bil að ljúka og ætti samkomulagið að taka gildi fyrri hluta árs 2002.

i) Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum. Samstarfið hófst 1989 að frumkvæði fjármálaráðherra Norðurlanda í þeim tilgangi að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í einum árlegum fundi yfirmanna skattamála og á milli þeirra er upplýsingum miðlað meðal annars með því að send eru milli ráðuneytanna frumvörp og skýrslur um skattamál. Á hinum árlegu fundum er gerð grein fyrir þeim breytingum á skattalögum, sem gerðar hafa verið í hverju landi um sig og unnið er að á hverjum tíma. Annar fastur liður er greinargerð um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á Norðurlöndin, og er sjónarmiðum landanna utan ESB þá komið á framfæri. Í þriðja lagi eru rædd þau skattamál sem eru til umfjöllunar á vettvangi OECD og afstaða landanna til þeirra samræmd eftir atvikum. Að lokum er á fundum þessum fjallað um einstök stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.

j) Norræna skattrannsóknaráðið. Ráðið var stofnað 1973 með samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Að undangengnum nokkrum samskiptum við ráðið ákvað ríkisstjórnin á árinu 1999 að leita eftir því að Ísland gerðist aðili að samningi þessum. Verkefni ráðsins eru að efla fræðilegar rannsóknir á skattamálum á Norðurlöndum á sviði lögfræði og hagfræði. Er verkefninu annars vegar sinnt með því að úthluta styrkjum til fræðimanna og annarra til að vinna tiltekin rannsóknarverkefni sem sótt er um styrk til og hins vegar með því að halda árlega ráðstefnu þar sem tekin eru fyrir með fræðilegum hætti skattamál sem höfða til allra landanna. Á síðasta fundi var fjallað um skaðlega skattasamkeppni.

k) Samstarf fjárlagastjóra Norðurlandanna. Fjárlagastjórar, það er, forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sem hafa umsjón með fjárlögum hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki svo sem breytt fjármögnun sjúkrahúsa, árangursmælingar og önnur þau atriði sem efst eru á baugi hverju sinni.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður 1975 til að styrkja norræna samvinnu og efnahag Norðurlanda. Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veitt til verkefna á Norðurlöndum heldur og utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila í þágu bæði Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda, sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Bankinn hefur lagt aukna áherslu á lán til Eystrasaltsríkjanna og til norðvesturhluta Rússlands. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir var talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans. Í því skyni tók árið 1999 gildi nýtt samkomulag um bankann sem miðar að því að styrkja stöðu hans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 26.3.).

Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling).

Fyrirkomulag starfsmannaskiptanna á árinu var með líkum hætti og verið hefur á undanförnum árum. Hlutdeild Íslendinga nam 108.000 d.kr. af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar. Styrkþegar voru fjórir talsins og hlaut hver um sig styrk til eins til tveggja mánaðar dvalar auk ferðakostnaðar. Umsóknir voru mun fleiri en m.a. vegna erfiðleika við að finna húsnæði drógu nokkrir umsækjenda umsóknir sínar til baka.

Flestir styrkþegarnir fóru enn sem fyrr til Kaupmannahafnar. Styrkþega er getið í greinargerð fjármálaráðuneytisins til Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um styrkveitingar hverju sinni. Að lokinni skiptidvöl, eða eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni er lokið, skila styrkþegarnir skýrslu um dvölina til fjármálaráðuneytisins svo og ráðuneytis eða stofnunar viðkomandi styrkþega.

Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins svo og auglýsingu um norræn starfsmannaskipti. Einnig er auglýsingin birt í Fréttabréfi fjármálaráðuneytisins fyrir stjórnendur ríkisstofnana.

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náin samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári. Á fundi þessara aðila síðastliðið vor var meðal annars fjallað um skattamál í ljósi hugsanlegrar samræmingar skattlagningar innan ESB. Loks má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

12. Byggðamál.

Norræna embættismannanefndin um byggðamál (NERP).

Nefndin er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Markmið samstarfsins er að miðla upplýsingum, byggja upp þekkingu og stuðla að samstarfi á milli svæða án tillits til landamæra.

Í upphafi ársins kom í ljós að flest löndin voru að vinna að mótun nýrrar byggðastefnu. Af því tilefni var ákveðið að efna til sérstaks verkefnis „verksted for nordisk regionalpolitikk". Tilgangur verkefnisins er tvíþættur. Annars vegar að miðla reynslu og þekkingu milli landanna af hinum ýmsu aðgerðum sem stjórnvöld hafa gripið til í því skyni að efla svæði og byggðalög. Hins vegar að ræða nýjar hugmyndir á sviði byggðamála. Í janúar 2002 verður haldinn fundur í verkefnisstjórninni á Akureyri. Á þeim fundi verður sérstaklega fjallað um þróun byggðamála á Íslandi.

Á næstu árum mun stærri hluti samstarfsins snúa að verkefnum á vettvangi „Northern Periphery" áætlunarinnar. Aðilar að þessari áætlun eru Finnland, Noregur, Svíþjóð, Skotland, Færeyjar og Grænland. Til að sinna þátttöku framangreindra landa í Northern Periphery þá var á árinu sett á stofn skrifstofa í Kaupmannahöfn. Af hálfu iðnaðarráðuneytisins er stefnt að því að Ísland gerist aðili að þessari áætlun á árinu 2002 enda hefur komið í ljós að mikill

áhugi er til staðar hjá sveitarfélögum, háskólum, atvinnuþróunarfélögum og fleirum á því að taka þátt í áætluninni.

NERP tók upp samstarf við norrænu embættismannanefndina um upplýsingatækni og hefur þegar verið ákveðið að styrkja eitt verkefni um hagskýrslugerð fyrir einstök landsvæði. Bundar eru vonir við að hægt verði að styrkja fleiri samstarfsverkefni á þessu sviði á næstu árum. Á árinu lauk verkefni sem nefndin styrkti, þar sem gerður var ítarlegur samanburður á þeim aðferðum og reglum sem gilda í löndunum um jöfnun tekna á milli sveitarfélaga.

Stór hluti af fjárveitingum embættismannanefndarinnar rennur til svæðastofnana. Embættismannanefndin gerir samstarfssamninga við átta svæðastofnanir á Norðurlöndum. Þar á meðal er Norræna Atlantshafsnefndin (NORA) sem starfar fyrir Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður- og Vestur-Noreg.

Nefndin stóð fyrir ráðstefnu í Birstonas í Litháen á árinu. Auk fulltrúa Norðurlanda sóttu ráðstefnuna fulltrúar frá öllum Eystrasaltsríkjunum auk Rússlands og Póllands. Á ráðstefnunni var fjallað um reynslu landanna af samstarfi svæða yfir landamæri. Í framhaldi af ráðstefnunni ákvað NERP að kosta ráðgjafa til starfa í Eystrasaltsríkjunum í tvö ár. Ráðgjafanum verður falið að aðstoða ríkin við að byggja upp svæðastofnanir að norrænni fyrirmynd. Þá gerði nefndin samstarfssamning við Skotland á árinu en þar er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi um ýmis verkefni, sérstaklega á vettvangi Northern Peripery áætlunarinnar.

Nordregio.

Nordregio, norræna rannsókna- og fræðslustofnunin í skipulags- og byggðamálum, var stofnuð árið 1997 en stendur á gömlum merg norræns samstarfs á þessu sviði. Stofnunin hefur eflst mjög á starfstíma sínum. Þar eru stundaðar rannsóknir sem tengjast skipulags- og byggðamálum á Norðurlöndum. Þá vinnur stofnunin ýmis verkefni fyrir Evrópusambandið. Meðal annars hafa verið haldin námskeið fyrir þá sem starfa að áætlanagerð í Eystrasaltsríkjunum og unnið að öflun upplýsinga um svæðisbundin málefni þar. Nordregio hefur verið kölluð til ráðgjafar við undirbúning stefnumótunar í byggðamálum í löndunum, m.a. hér á landi, og íslenskir aðilar taka í vaxandi mæli þátt í rannsóknaverkefnum á vegum stofnunarinnar. Haldin hafa verið endurmenntunarnámskeið þar sem Íslendingar hafa verið meðal þátttakenda. Nordregio annast um samstarf norrænu landanna varðandi mat á umhverfisáhrifum. Hjá Nordregio, sem staðsett er í Stokkhólmi starfar nú einn Íslendingur.

Norræna Atlantsnefndin (Nordisk Atlantsamarbejde – NORA).

Norræna Atlantsnefndin NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vestur-Noregs og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Skrifstofa nefndarinnar er í Þórshöfn á Færeyjum. Einnig eru starfandi fulltrúar/skrifstofur NORA í hverju aðildarlandi. Á Íslandi annast Byggðastofnun umsýslu fyrir NORA.

NORA veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á starfssvæði sínu. NORA hóf starfsemi í núverandi mynd árið 1996. Þrír fulltrúar frá hverju landi eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir af iðnaðarráðherra. Framkvæmdaráð, þar sem hvert aðildarland á einn fulltrúa, undirbýr ákvarðanir í samstarfi við starfsmenn í hverju landi, leggur fram tillögur og veitir framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum.

NORA hefur samþykkt áætlun fyrir árin 2001–2006. Meginmarkmið með starfi nefndarinnar er að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á sjávarútveg, umhverfismál sjávar, ferðaþjónustu, landbúnað, jarðrækt, samgöngur, upplýsingatækni, verslun og iðnað. Þá leitast nefndin við að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem

vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum hefur verið lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum. Einnig er miðlað reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna og stuðlað að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks.

Í nóvember sl. stóð NORA fyrir tveggja daga ráðstefnu í Þórshöfn í Færeyjum undir heitinu vaxtarmöguleikar í atvinnulífi á starfssvæði stofnunarinnar. Á ráðstefnunni var rætt um samgöngur á sjó og í lofti, áhrif stórra framkvæmda á þróun atvinnulífs á aðliggjandi svæðum og bætta nýtingu aukaafurða í sjávarútvegi. Alls sóttu um 170 manns ráðstefnuna en í lok hennar var fjallað um fjölmarga möguleika á samstarfi á þeim sviðum sem voru til umfjöllunar á ráðstefnunni og hvernig NORA getur stutt við slík samstarfsverkefni.

Auglýst er eftir umsóknum einu sinni á ári, að jafnaði síðla vetrar og eru umsóknir afgreiddar að vori. Styrkfjárhæðir geta numið allt að 500.000 d.kr. á ári. Einungis er greitt fyrir hluta af kostnaði við hvert verkefni og aldrei meira en 50% af heildarkostnaði.

Á árinu bárust 48 umsóknir og voru tíu umsóknir styrkhæfar. Íslendingar eru þátttakendur í fimm af þeim tíu verkefnum sem fengu stuðning. Verkefnin eru af ýmsum toga eins og t.d. vöruþróun, menningartengd ferðaþjónusta, rannsóknir og menntun í sjávarútvegi, og á sviði landfræðilegs upplýsingakerfis.

Fjárveiting til NORA á árinu var 5,8 millj. d.kr. Norræna ráðherranefndin leggur til 4,3 millj. d.kr. og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda 1,5 millj. d.kr. Úthlutað var 3,6 millj. d.kr. til þróunarverkefna og 650 þús. d.kr. til ráðstefnunnar „Verðmætasköpun á norðurslóðum".

13. Samgöngumál.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum samstarfsráðherra fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Nefndin hefur að jafnaði haldið tvo fundi á ári og svo var einnig á þessu ári. Samgönguráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu og í tengslum við þann fund var haldinn sérstakur fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna um samstarf á sviði samgöngumála.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda.

Fundurinn var haldinn í Björneborg í Finnlandi í ágúst sl. Helstu mál fundarins voru þessi:

a) ESB og EES. Í fyrsta lagi var rætt um formennskutímabil Svía í ESB, sem var fyrri hluti ársins. Sænski samgönguráðherrann gerði grein fyrir þeim málum sem hann hafði lagt áherslu á á tímabilinu, en þau voru:

- umferðaröryggismál,
- skipulag samgangna,
- umhverfismál samgangna.

Meðal annars hafði ESB á tímabilinu samþykkt lækkun á leyfilegu áfengismagni í blóði ökumanna niður í 0,5 prómill sem gildi á að taka í öllum ESB-löndunum. Einnig höfðu Svíar stuðlað að framgangi tillagna um hámarkshraða minni vöruflutningabifreiða, tillagna um bætt flugöryggi og framgangi Galileo-verkefnisins en þar er um að ræða evrópskt gervihnattakerfi til nota fyrir leiðsögu- og staðsetningarákvörðun í samgöngum. Á tímabilinu samþykktu ríkin að koma á sameiginlegu evrópsku flugumferðarstjórnarsvæði.

Í öðru lagi var á dagskrá umræða um formennskutíma Belga sem var síðari hluta ársins. Sænski samgönguráðherrann hóf umræðuna og sagði að forgangsmál Belga hefðu í aðalatriðum verið þau sömu og Svía. Þó hefðu Belgar lagt meiri áherslu á félags- og atvinnuréttindamál í samgöngugeiranum á kostnað innri markaðarins, t.d. er varðar járnbrautarsamgöngur í Evrópu. Belgar legðu áherslu á hina sameiginlegu samgöngustefnu og umræðu um Hvítbókina sem gefin var út í september, en sérstök námstefna (workshop) var haldin um efni hennar í tengslum við fund NET í Helsinki í nóvember, sem nánar verður greint frá hér á eftir. Jafnframt legðu Belgar eins og Svíar mikla áherslu á umhverfismál samgangna.

Niðurstaða ráðherranna var að efla enn frekar samstarf um sameiginleg Evrópumál og lagði Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra Íslands, m.a. til að lögð verði áhersla á nánara samstarf Norðurlandanna varðandi siglingamál.

Í þriðja lagi ræddi danski samgönguráðherrann um áhersluatriði í formennsku Dana í ESB en Danir verða í forustu þess seinni hluta árs 2002. Hann sagði að eftirtalin mál yrðu að líkindum ofarlega á blaði hjá Dönum, (i) endurskoðun umhverfisstefnunar í samgöngumálum, (ii) sameiginleg flugumferðarstjórn í Evrópu (Single European Sky), (iii) ný tilskipun um járnbrautarsamgöngur og (iv) endurskoðun sameiginlegrar samgöngustefnu ESB. Hann sagði að Danir myndu leitast við að hafa mikið og gott samstarf við norrænu þjóðirnar á formennskutíma sínum.

b) *Fundur með samgönguráðherrum Eystrasaltsríkjanna.* Á fundinum var farið yfir tilefni og dagskrá fundarins sem boðað var til daginn eftir og sagði finnski samgönguráðherrann að mikill áhugi væri fyrir þessum fundi af hálfu samgönguráðherra Eystrasaltsríkjanna.

Danski samgönguráðherrann greindi frá samantekt um þau verkefni í samgöngum sem unnið hefur verið að í Eystrasaltsríkjunum. Greinargerðin sýnir að ESB hefur fjármagnað flest verkefnin og lagt fram stærstu fjárhæðirnar. Af norrænu þjóðunum hafa Danir lagt mest fram til þessara verkefna.

c) *Skýrsla „aldamótanefndar".* Lögð voru fram drög að umsögn NET til Norðurlandaráðs um samgönguþáttinn í skýrslu svokallaðrar „aldamótanefndar", sem sett var á fót á árinu 1999 af samstarfsráðherrum Norðurlanda, en verkefni hennar var „að kortleggja þá þróunarþætti sem sameiginlegir eru norrænum samfélögum og leggja mat á áhrif þeirra á þróun í norrænu löndunum og framtíðarskipulag norræns samstarfs". Nefndin skilaði skýrslu sinni til samstarfsráðherranna í október 2000. Umsögn NET var samþykkt á fundinum.

Sameiginlegur fundur samgönguráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Í tengslum við sumarfund norrænu samgönguráðherranna var haldinn sameiginlegur fundur þeirra og samgönguráðherra Eystrasaltsríkjanna. Þetta var fyrsti fundur þessara aðila. Hann var haldinn að frumkvæði finnska samgönguráðherrans, Olli-Pekka Heinonen sem stýrði fundinum. Tvö mál voru til umræðu, annars vegar „þróun landssamgangna í ljósi stækkunar ESB og breytt sameiginleg samgöngustefna þess í framtíðinni" og hins vegar „þróun sjósamgangna og siglinga í Eystrasaltsríkjunum".

Í lok fundarins var haldinn blaðamannafundur og niðurstaða fundarins kynnt. Samgönguráðherrar ríkjanna:

- ræddu sameiginleg samgöngumál Eystrasaltssvæðisins;
- töldu vera augljósa þörf fyrir nánara samstarf um samgöngur á þessu svæði;

- staðfestu þá skoðun sína að fyrirhuguð stækkun ESB muni bjóða upp á mörg tækifæri og möguleika, bæði fyrir Norðurlönd og Eystrasaltsríkin, auka hagvöxt, velsæld og efla samskipti milli fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu;
- lögðu áherslu á að vegna samræmdra samgangna á sameiginlegum markaði, skipulagningar flutninga, þróunar samgöngukerfa og afkastamikilla flutninga á milli landanna væri mikilvægt að innganga þessara ríkja í ESB gengi hratt fyrir sig;
- samþykktu að veita fjármagn til að koma á afkastamiklum og sjálfbærum samgöngum sem byggðar yrðu á tilskipunum ESB að teknu tilliti til sérkenna hvers ríkis á svæðinu;
- vöktu athygli á þeirri staðreynd að stækkun ESB muni auka samkeppni í samgöngum en lögðu jafnframt áherslu á nauðsyn þess að samkeppnisreglur yrðu virtar;
- samþykktu að bæta samvinnu og miðlun upplýsinga um framvindu mála innan ESB er varðar sameiginlega samgöngustefnu sambandsins og stuðla að breytingum á henni á jákvæðan hátt fyrir löndin;
- lögðu til, vegna vaxandi mikilvægis samþættingar samgöngugreina (intermodality) og einnig til þess að leggja áherslu á mikilvægi sjálfbærra sjósamgangna og stefnu Eystrasaltsríkjanna í hafnamálum, að komið verði á virku samstarfi háttsettra embættismanna frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum til þess að skiptast á skoðunum um þessi mál;
- samþykktu að halda áfram og efla samstarf á sviði umferðaröryggismála og lýstu yfir ánægju með skipulag „umferðaröryggisdaga“ á svæðinu í september sl.;
- ákváðu, ef þörf krefði, að koma á reglulegum fundum ráðherranna og virkja bæði tvíhliða og marghliða samskipti ríkjanna, m.a. með miðlun upplýsinga um sameiginleg samgöngumál.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á ráðherrafundinum og á fundum NET kynnir hvert land það sem efst er á baugi í samgöngumálum hvers lands.

Í ár voru umferðaröryggismál, fjárfestingar í vega- og járnbrautarsamgöngum, veggjöld, umhverfismál og fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands ofarlega á blaði í Danmörku, veggjöld og fjárfestingar í vegum og járnbrautum, einkafjármögnun framkvæmda og umferðaröryggismál í Svíþjóð, fjármögnun samgönguframkvæmda, þar á meðal einkafjármögnun þeirra, siglingamál og umferðaröryggismál í Finnlandi og fjárfestingar í samgöngum, veggjöld og einkafjármögnun framkvæmda, umferðar-öryggismál, skipulag norsku Vegagerðarinnar og yfirtaka SAS á Braathens flugfélaginu í Noregi.

Ísland gerði grein fyrir samræmdri samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, fyrirhugaðri kjölfestusölu á eignarhlut ríkisins í Landssímanum, endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar, áherslum á aukið öryggi í flugi og umhverfismálum í samgöngugeiranum.

Störf vinnuhópa.

Á árinu störfuðu vinnuhópar á vegum NET að eftirtöldum verkefnum:

a) *Umferðaröryggismál á Norðurlöndum.* Þetta er eitt af mikilvægustu verkefnunum sem unnið er að á þessum vettvangi. Markmið þessa starfs er að löndin skiptist á upplýsingum um umferðaröryggismál, m.a. til að læra af reynslu hvers annars og til að koma í veg fyrir tvíverknað. Þetta starf er á ábyrgð Norðmanna. Stefnt er að málþingi um þessi mál í Ósló í byrjun næsta árs. NET samþykkti á fundi sínum í nóvember vinnutilhögun starfshópsins fyrir árið 2002.

b) *Upplýsingatækni í samgöngumálum.* Verkefnið hefur verið unnið á ábyrgð Dana og gerði danski fulltrúinn í NET grein fyrir starfinu. Verkefni vinnuhópsins skiptist í

þrennt: 1) að setja upp sameiginlegt ferðaskipulagskerfi, 2) að gera úttekt á stöðu einstaklingsins í umhverfi þar sem upplýsingatækni verður nýtt til að auðvelda samgöngur og 3) að setja upp tölvukerfi sem fylgist með flutningi á hættulegum vörum. Á ráðherrafundinum var verkefnum forgangsraðað þannig að lögð var höfuðáhersla á 2) þ.e. upplýsingatæknina í þágu einstaklingsins. Lögð var áhersla á að vinnuhópurinn starfi sjálfstætt og láti ekki stjórnast um of af sérfræðingum. Samþykkt var að Finnland fari með formennsku í vinnuhópnum frá ársbyrjun 2002.

c) *Sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum.* Þetta verkefni er eitt af forgangsverkefnum NET. Þetta starf er unnið á ábyrgð Svíþjóðar og gerði sænski fulltrúinn í NET grein fyrir því á árinu. Kom m.a. fram að starf þessa vinnuhóps styrkti pólitíska umræðu um þennan málaflokk og væri gott innlegg í umræðuna innan ESB og EES. Á fundi NET í nóvember kom fram tillaga um að skipaður verði, tímabundið, vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hverju landi, einn frá samgönguráðuneyti og einn frá umhverfisráðuneyti, til að styrkja samstarfið milli aðila í þessum málaflokki. NET samþykkti á fundinum þetta fyrirkomulag og þá vinnutilhögun sem Svíar lögðu fram vegna ársins 2002.

d) *Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu.* Finnland kynnti á fundi NET í nóvember drög að vinnufyrirkomulagi fyrir árið 2002, sem m.a. hefur að geyma tillögu um að skipulagt verði málþing um hvítbók ESB um samgöngustefnu sambandsins. Af öðrum samstarfsverkefnum má nefna i) samstarf Eystrasaltsríkjanna og Rússlands um umferðaröryggismál og ii) samstarf um samgöngurannsóknir. Norðmenn munu taka ákvörðun um það hvort efnt yrði til sérstaks ráðherrafundar ríkjanna á árinu 2002. NET samþykkti á fundinum umrætt vinnufyrirkomulag vegna þessa starfs á árinu 2002. Jafnframt var samþykkt að Danmörk hafi forustu í þessu starfi frá ársbyrjun 2002.

Samstarfið í framtíðinni – formennskuáætlun Noregs 2002.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Þetta samstarf getur átt sér stað annað hvort innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál samgöngugeirans, svo og upplýsingatækni í samgöngum.

Noregur kynnti á fundi NET í nóvember sl. formennskuáætlun sína fyrir árið 2002. Í áætlun Noregs er lögð áhersla á eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráðherrarnir og NET hafa unnið að á undanförnum árum:

a) Norræn umferðaröryggismál.
b) Umhverfismál samgöngukerfisins.
c) Aukið samstarf um Evrópumál í ljósi norðlægrar víddar.
d) Upplýsingatækni í samgöngugeiranum og aukið samstarf í samgöngurannsóknum, byggt á þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í Norður-Evrópu.

14. Landbúnaður og skógrækt.

Norrænt samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar stendur á gömlum merg en er í sífelldri endurskoðun. Samstarfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar byggist á þessum arfi og það hefur stöðugt þróast og ný viðfangsefni verið tekin upp. Starfsemin á árinu mótaðist af þeirri gerjun og breyttu áherslum sem eru að verða í norrænu samstarfi. Einnig einkenndist starfið af skipulagsbreytingum í starfi ráðherranefndarinnar þar sem leitað er eftir samþættingu samstarfsins þvert á ráðuneytaflokka enda skipan þeirra að nokkru ólík í löndunum

fimm. Megináherslur í samstarfsáætluninni innan landbúnaðargeirans sem samþykkt var árið 2000 eru á verkefni sem hafa tengsl og skírskotun til eftirfarandi fjögurra sviða:

- Sjálfbær landbúnaður og sjálfbær skógrækt.
- Varðveisla erfðaefnis og líffræðilegs fjölbreytileika.
- Öryggi matvæla.
- Byggðaþróun á landsvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.

Í samstarfsáætluninni er lögð rík áhersla á sjálfbærni allra þátta sem áætlunin tekur til innan landbúnaðar og skógræktar, með tilliti til erfðaefnis, öryggis matvæla og þróunar landsbyggðar. Embættismannanefndin, NÄJS, hélt á árinu þrjá fundi um forgangsröðun verkefna innan samstarfsáætlunarinnar. Finnland fór með formennsku á árinu og mótuðust áherslur í útfærslu samstarfsáætlunarinnar nokkuð af þeirri forgangsröðun sem Finnar lögðu fram á síðasta ári en hún beindist einkum að samstarfinu við grannsvæðin, varðveislu og notkun erfðalinda, norrænni þátttöku í alþjóðlegu skógræktarstarfi og öryggi matvæla.

Ráðherrafundur eftir hinni nýju skipan, þar sem saman komu ráðherrar landbúnaðar, sjávarútvegs og matvæla, var haldinn í Reykjavík í júní en jafnframt hélt hver embættismannanefnd fund um sín málefni.

Á fundi NÄJS í júní var samstaða um myndun nýrrar ráðherranefndar um landbúnað og skógrækt, sjávarútveg og matvæli og jafnframt að leggja niður ráðherranefndina fyrir landbúnað og skógrækt. Þessi breyting skyldi engin áhrif hafa á skipulag og verkefni NÄJS og því áfram unnið eftir samþykktri starfsáætlun nefndarinnar. Þýðingarmikið væri að halda sambandi við frjálsa geirann með því samskiptaformi sem verið hefur og að hafa á dagskrá sameiginlegra funda með frjálsa geiranum málefni sem væru áhugaverð fyrir báða aðila. Þá var lögð áhersla á að þessi breyting skerti á engan hátt heildarframlög til sviðanna þriggja og að embættismannanefndirnar, sem að þessu samstarfi kæmu, héldu fjárveitingum og ráðstöfun fjármuna hver fyrir sig.

Þau föstu verkefni sem heyra undir landbúnaðarnefndina (NÄJS) eru:

- Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
- Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).
- Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
- Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
- Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA).
- Norræna dýralæknasamstarfið (NKVet).
- Samstarfsnefnd um plöntusjúkdóma.
- Samstarfsráð um erfðalindir.

Auk þessa stendur NÄJS fyrir margvíslegum stökum verkefnum og úttektum í ýmsum málaflokkum annað hvort eitt sér eða í samvinnu við embættismannanefndina í umhverfismálum ÄK-Miljö og embættismannanefndina í matvælum ÄK-Livs.

Í samræmi við formennskuáætlun Finna var mikil áhersla lögð á málefni sem lúta að varðveislu og sjálfbærri notkun erfðalinda. Erfðaráðið (Genresursrådet), sem hóf formlega störf á árinu hélt þrjá fundi og hóf vinnu við samræmda stefnumörkun á þessu sviði. Vinnuhópur var settur á laggirnar til að kanna réttarstöðu þjóðanna gagnvart sínu erfðaefni, þar með talið því sem er í vörslu Norræna genbankans, í framhaldi af sáttmála sem náðist um þann málaflokk á vegum FAO en hann er hluti af því ferli sem hófst með samþykkt Umhverfissáttmála SÞ. Norrænu löndin þurfa öll að vinna að lagasetningu gagnvart réttarstöðu þeirra til eigin erfðalinda og verður mikið gagn af því að þjóðirnar hafi samráð í þeim efnum.

Meginhlutverk Norræna genbankans er að varðveita og tryggja sjálfbæra nýtingu erfðalinda nytjajurta sem upprunnar eru á Norðurlöndum. Á síðasta ári, sem og endranær, var

þessi þáttur fyrirferðamestur í starfsemi stofnunarinnar. Aukinn tími fer þó í að sinna ýmsum ráðgjafar- og þjónustuverkefnum af ýmsu tagi. Má þar nefna sérfræðiaðstoð við uppbyggingu genbanka í Afríku og í Eystrasaltsríkjunum. Einnig aðstoðar bankinn við uppbyggingu landsáætlana vegna varðveislu erfðalinda í landbúnaði sem verið er að koma á í framhaldi af Ríósáttmálanum.

Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH) starfar samkvæmt starfsáætlun fyrir tímabilið 2001–2003 og er aðalmarkmið starfseminnar að vera þekkingarmiðstöð fyrir verndunarstarf og sjálfbæra nýtingu erfðalinda í norrænu búfé. Fjárveiting ráðherranefndarinnar til starfsemi NGH hefur verið aukin frá og með 2001 og auk þess fær NGH beint framlag frá norska ríkinu. Á árinu var lögð áhersla á að efla tengsl milli aðila sem tengjast ræktun búfjár og varðveislu erfðalinda á Norðurlöndum og haldnir voru þrír fundir með fulltrúum allra landanna, um ræktunarstefnur, samstarf erfðanefnda og rannsóknaþörf. Auk þess er unnið áfram að rannsóknaverkefnum, sem hafa verið í gangi, m.a. í samstarfi við Eystrasaltsríkin.

Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) stuðlar að samstarfi rannsóknaraðila á sviði skógræktar og nýtingar skógarafurða, veitir styrki til sameiginlegra rannsóknaverkefna skógvísindamanna á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, auk þess að vera Norrænu ráðherranefndinni til ráðgjafar um mál sem lúta að skógi og skógræktarrannsóknum. Í nýrri stefnumörkunaráætlun (strategiplan) SNS fyrir árin 2001–2003 er m.a. lögð aukin áhersla á norrænt netsamstarf á sérhæfðum sviðum rannsókna (nätverksgrupp) og aukna samnýtingu aðstöðu norrænna rannsóknastofnana. Í samræmi við þessa stefnumörkun hefur starfshópur unnið undanfarið ár að gerð gagnagrunns, sem hefði að geyma upplýsingar um allar langtímatilraunir í skógrækt á Norðurlöndum. Starfshópurinn hélt lokafund sinn á Íslandi sl. vor og í framhaldi var gagnagrunnurinn formlega opnaður á veraldarvefnum (http://noltfox.metla.fi). Þar er að finna upplýsingar um 12.000 langtímatilraunir, þar af 165 á Íslandi.

Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ) stuðlar að samstarfi á sviði landbúnaðarrannsókna. Fjármagn frá ráðherranefndinni beinist einkum að því að vinna að úttektum og stuðla að því að koma á samstarfi um verkefni á áhugaverðum sviðum. Meðal verkefnaflokka sem lögð er áhersla á í nýlegri starfsáætlun er að stuðla að rannsóknum á þeim vandamálum sem landbúnaður á við að glíma á norðlægri jaðarslóð og hefur verið unnin úttekt á því sviði. Komið hefur verið á starfshópi sem tekst á við gerð bygginga við erfið veðurfarsskilyrði á norrænni jaðarslóð. Einnig er hafin vinna við úttekt á sviði líftækni og erfðafjölbreytni með hliðsjón af hugsanlegu norrænu átaki á því sviði.

Auk viðfangsefna sem unnin eru innan ofangreindra stofnana og nefnda stuðlar NÄJS að margvíslegum verkefnum með beinum fjárframlögum í framhaldi af gerð sérstakra áætlana, svo sem á sviði umhverfismála en sú áætlun er unnin og fjármögnuð í samstarfi við Norrænu embættismannanefndina um umhverfismál, ÄK-Miljö. Starfsemi Erfðalindaráðsins (Genresursrådet) fellur undir það samstarf. Á vegum NÄJS hófst á árinu úttekt á rannsóknasamstarfinu innan geirans sem væntanlega mun liggja fyrir á sumarfundi ráðherranefndarinnar sem verður í Grænlandi um miðjan ágúst.

15. Sjávarútvegsmál.

Ákveðið var á árinu að norrænir ráðherrafundir sjávarútvegs-, landbúnaðar- og matvælageiranna yrðu héðan í frá sameiginlegir. Embættismannanefndir hvers geira starfa þó með óbreyttu sniði og fjárhagur norræna samstarfsins á þessum sviðum aðgreindur. Ákvörðunin kom í framhaldi af mikilli alþjóðlegri umræðu undanfarin ár um öryggi matvæla. Formennskuár Dana í norrænu samstarfi árið 2000 markaðist mjög af áhuga þeirra og norrænu

ríkjanna í ESB á að fella saman í einn málaflokk hvaðeina er viðkemur matvælum, en matvælaöryggisfár sem gengu yfir í stærstu markaðslöndum norrænu ríkjanna, skerptu sýn á nauðsyn þess að taka matvælaöryggismál föstum tökum. Ákveðið var að fara bil beggja, en vestnorrænu ríkin töldu miklu skipta að sjávarútvegur héldi þeim sessi sem hann hefur haft í norrænu samstarfi. Þar væri ekki aðeins rætt um fisk sem matvæli heldur einnig um fisk sem auðlind. Hætt yrði við að landbúnaðarmál yfirgnæfðu sjávarútvegsmálin ef alltaf ætti að ræða þau samtímis. Í júní var haldinn annar sameiginlegur fundur ráðherra þessara mála í Reykjavík, þar sem ákveðið var að festa þessa skipan mála í sessi, en fyrsta tilraun með þetta form var árið áður á Svalbarða.

En árið 2001 var einnig minnisvert vegna umhverfis- og sjávarútvegssamstarfs sem leiddi til Norður-Atlantshafsráðstefnunnar um hafið sem haldin var í Færeyjum í sumar. Þar kom saman umhverfisverndar- og sjávarútvegsfólk, þar á meðal nokkrir ráðherrar, frá ríkjum og svæðum umhverfis Norður-Atlantshaf og ræddu fjölmargt er varðar hafið svo sem áhrif loftslagsbreytinga, mengun og fiskveiðistjórnun. Ákveðið var að hittast aftur árið 2003 á Hjaltlandseyjum til að ræða það sem efst er á baugi í málefnum hafsins.

Á matvælaráðherrafundinum í Reykjavík í júní voru tvö meginfundarefni, annars vegar merkingar og rekjanleiki matvæla og timburafurða í alþjóðlegri verslun, hins vegar vistkerfi hafa og vatna og sjálfbær auðlindanýting. Afar athyglisverðar umræður urðu á fundinum um þessi efni enda eru þessir árlegu ráðherrafundir, með þeim mörgu sem þá sækja, eins konar efnisleg uppskeruhátíð samstarfsins.

Áætlunin um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum hefur sett mikinn svip á sjávarútvegssamstarfið eins og víðar. Norðurlandaráð efndi til sérstaks þemafundar um áætlunina í Ósló í apríl. Íslenski sjávarútvegsráðherrann hafði þar framsögu um það sem snertir hafið í áætluninni, og sænski landbúnaðarráðherrann, sem jafnframt er sjávarútvegsráðherra, gerði að umtalsefni evrópsk viðbrögð til að tryggja matvælaöryggi. Sjávarútvegsráðherra Íslands kom reyndar víðar við í norrænu samstarfi en á norrænni jafnréttisráðstefnu karla, sem haldin var í Kaupmannahöfn í haust, sagði hann frá reynslu sinni af feðraorlofi hér á landi.

Í nýrri samstarfsáætlun sjávarútvegssamstarfsins sem gildir til 2004 kemur fram að markmið þess eru að stuðla að sjálfbærri þróun í sjávarútvegi og fiskeldi í norrænu ríkjunum, svo og vernd hafsins, enda eru heilbrigð höf forsenda hins fyrrnefnda. Tryggja á sem kostur er að neytendum gefist kostur á að velja holl, góð og örugg matvæli. Mikilvægt er talið að styðja verkefni sem varða þau svæði sem háðust eru sjávarútvegi. Tekið er fram að grundvöllur norræna sjávarútvegssamstarfsins sé í sjávarútvegsstefnu hvers lands, en samstarfinu sé ætlað að finna lausnir á sviðum þar sem sameiginlegar lausnir gefast betur en að hver þjóð fyrir sig taki á málum.

Sérstök vísindanefnd starfar í sjávarútvegssamstarfinu sem velur þau verkefni sem styrkt eru. Í samræmi við samstarfsáætlunina var sem fyrr reynt að styrkja innviði sjávarútvegsins í löndunum með stuðningi við ýmiss konar rannsóknir sem tengjast honum. Þessi áhersla hefur verið rauður þráður í samstarfinu undanfarin ár. Meðal verkefna sem styrkt voru í haust eru gerð myndbands um kjörhæf veiðarfæri, samanburður og þróun í matsaðferðum fyrir uppsjávarfiska, rannsóknir á atferli lúðu þar sem notuð eru rafmerki, vinnusmiðja vísindamanna og stjórnvalda um brottkast, svo nokkur séu nefnd. En verkefnum er skipt í þrjár megingreinar, verkefni er varða sjálfbærar veiðar og eldi, neytendatengd verkefni og þverfagleg verkefni.

Norræna samstarfið á sjávarútvegssviðinu fellur undir efnahags- og atvinnusamstarf í samræmi við breytingar sem gerðar voru á heildarskipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1996. Sjávarútvegssamstarfið heldur ekki sínum hlut nú í fjárveitingum frá fyrra ári. Þá

fékk það tæplega 7,4 millj. d.kr. á fjárlögum norræna samstarfsins en fær rúmlega 7,1 til ársins 2002. Þess ber þó að geta að samstarfsgeirarnir geta sótt í sérstakan pott, að upphæð 4 millj. d.kr., sem tekinn er frá til verkefna til að fylgja eftir áætluninni um sjálfbæra þróun og á sjávarútvegsgeirinn aðild að þremur umsóknum þar. Frá því að þverfaglegu samstarfi umhverfis- og sjávarútvegsgeiranna var komið á, hefur framlag sjávarútvegssamstarfsins til þess numið einni milljón króna árlega og má ætla að svo verði enn.

Ætla má að norræna sjávarútvegssamstarfið muni áfram að stórum hluta verða helgað því að svara með ýmsum hætti kröfum um að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í sjávarútvegi og hvernig neytendur geti sannreynt það. Áhugi á að efla matvælaþátt norræna samstarfsins mun setja svip á næsta ár enda er sá þáttur eitt áhersluatriði í formennskuáætlun Norðmanna fyrir árið 2002.

Þrír fundir voru á árinu í embættismannanefndinni um sjávarútvegsmál: í Helsinki í mars, í Reykjavík í júní og í Kaupmannahöfn í október. Sjávarútvegssamstarfið hefur orðið pólitískara, í breiðum skilningi þess orðs, undanfarin ár. Gildi þess felst m.a. í því að fólk þekkist og getur talað saman og borið saman bækur sínar þegar á reynir. Það sem gerist í markaðslöndum sjávarafurða í Evrópu hefur mikil áhrif í framleiðslulöndum sjávarfangs og er norræna samstarfið m.a. mikilvægt vegna þess að þar vinna stærstu sjávarvöruframleiðsluríkin og ríki, sem einnig starfa innan ESB, saman að verkefnum og hugmyndum er varða sjávarútveg. Veigamikill þáttur í samstarfinu er og verður starf fiskveiðiráðgjafa Norrænu ráðherranefndarinnar sem sér um daglegan rekstur verkefna og samræmingu.

16. Norrænn vinnumarkaður og vinnuvernd.

Samstarfið byggist á samstarfsáætlun í vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismálum sem tekur til áranna 2001–2004. Fjögur meginmarkmið ráðherranefndarinnar fram að árslokum 2004 eru:

- full atvinna – jafnvægi framboðs og eftirspurnar á vinnuafli;
- góða vinnan – öryggi á vinnustað og á vinnumarkaði;
- afnám landamærahindrana á Norðurlöndum – þróun norræns samstarfs;
- efling norræna velferðarþjóðfélagsins, Evrópusamstarfsins og samstarfs við grannsvæði Norðurlanda.

Starfshópar, embættismannanefndir og aðrar samráðsnefndir sem embættismannanefndin á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála (ÄK-A) felur framkvæmd áætlunarinnar skulu gefa árlegar skýrslur um framgang mála. Í umboði ráðherranefndarinnar (MR-A) á ÄK-A að tryggja að samstarfsáætluninni verði hrint í framkvæmd og gera reglulega grein fyrir stöðu mála til ráðherranefndarinnar. Á árinu voru gefin út tvö tölublöð af Arbejdsliv i Norden og Nordic Labour Journal.

Vinnumarkaðssamstarf.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Nefndin styrkti ýmis verkefni á árinu m.a. ráðstefnur, útgáfu og vinnslu skýrslna um efni tengd vinnumarkaðsmálum og rannsóknum.

Helstu verkefni sem voru styrkt af nefndinni:

- Rannsókn um samspil vinnumarkaðar og atvinnuleysisbóta;
- Vinnufærni vinnuafls á vestnorræna svæðinu, er þá sérstaklega verið að rannsaka Grænland í þessu samhengi;
- Skipulag virkrar vinnumarkaðsstefnu;
- Þróun starfslegrar hæfni á Norðurlöndum;

- Mat og úrelding þekkingar og hæfni;
- Vinnumarkaðurinn í Eystrasaltslöndum og flutningur vinnuafls til Norðurlanda.

Verkefni vinnumarkaðsnefndarinnar er einnig að sjá til þess að unnin sé skýrsla um atvinnumál á Norðurlöndum sem lögð er fyrir þing Norðurlandaráðs ár hvert. Skýrsla var unnin í Finnlandi um hreyfanleika vinnuafls milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda.

Samstarfshópur um vinnumarkaðsþjónustu. Samstarfshópurinn annast m.a. vinnumiðlun, starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnuleysistryggingar og veitir enn fremur faglega ráðgjöf á vinnumálasviðinu gagnvart vinnumarkaðsnefndinni.

Meðal verkefna sem unnið er að eru: þjónusta vinnumiðlunar við innflytjendur á Norðurlöndum, en seminar var haldið um málefnið í Reykjavík sl. haust; verkefni um símaþjónustukerfi á Norðurlöndum; gefin var út handbók fyrir starfsfólk vinnumiðlana á Norðurlöndum sem á að auka þekkingu í vinnumiðlunartækni í vinnumiðlunum á Norðurlöndum; haldið var seminar á Álandseyjum um hlutverk vinnumarkaðsstefnunnar á svæðum þar sem efnahagslífið er einhæft.

Meðal verkefna sem fyrirhugað er að vinna áfram að eru: símaþjónustukerfi, starfssvið opinberra og einkarekinna vinnumiðlana, samband vinnumiðlunar við menntakerfið; norræn og alþjóðleg vinnumiðlun; þýðing upplýsingatækninnar fyrir vinnumiðlun; hlutverk vinnumiðlunar á þróunarsvæðum; vinnumiðlun og félagsþjónusta sveitarfélaga, ábyrgð vinnumiðlunar á vinnumarkaði þar sem eru jaðarhópar (langtímaatvinnulausir, fatlaðir o.s.frv.), samskipti vinnumiðlana og atvinnurekenda, gæði þjónustu vinnumiðlunar; sjálfsafgreiðsla og internetmiðlun og stefna vinnumiðlunar gagnvart hópum sem eiga erfitt með að fá störf.

Atvinnuskipti ungs fólks. Eitt helsta norræna samstarfsverkefnið á sviði vinnumarkaðar er NORDJOBB, sem byggir á atvinnuskiptum ungs fólks milli norrænu landanna, en Norrænu félögin annast nú þessi samskipti á Norðurlöndum. Á árinu 2001 fóru 144 ungmenni héðan í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB og 113 norræn ungmenni komu hingað til lands til vinnu.

Á vegum NORDPRAKTIK verkefnisins komu 18 einstaklingar frá Eystrasaltsríkjunum á árinu.

Atvinnuleysistryggingar. Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga hefur farið fram í tveim nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, þ.e. í norrænum samstarfshóp um atvinnuleysistryggingar og fastanefndinni vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar.

Á árinu var haldin norræn ráðstefna um atvinnuleysistryggingar í Noregi, en ráðstefna þessi er haldin til skiptis í löndunum á tveggja ára fresti.

Fjallað var um ýmis málefni, m.a sveigjanlegar eða þröngar reglur m.t.t. atvinnuleysisdagpeninga og menntunar, samanburð á bótastigi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og atvinnuleysistryggingar í Eystrasaltsríkjunum.

Atvinnulíf og vinnuréttur (NAU). Norrænu samstarfsnefndinni um vinnurétt og atvinnulíf er ætlað að vera vettvangur fyrir kynningu, umræður og samræmingu norrænna sjónarmiða í málefnum á sviði vinnuréttar og atvinnulífs bæði innan og utan Norðurlanda.

Nefndin hefur lagt megináherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttar sem hafa verið til umfjöllunar hjá ESB og framkvæmd annarra sem þegar hafa verið samþykktar af ESB og fyrirhugað er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Þá hefur umfjöllun innan nefndarinnar einnig náð til annarra þátta í alþjóðlegu vinnumálasamstarfi, svo sem á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Fjölmörg mál komu til umfjöllunar á árinu. Sem dæmi má nefna tilskipanir ESB um bann við mismunun í atvinnulífinu og víðar og starfsáætlun til að vinna gegn slíkri mismunun, tilskipun um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, tilskipun um upplýsingar og samráð á vett-

vangi Evrópufélagsins (SE), breytingar á jafnréttistilskipun ESB, tilskipun um vernd starfsmanna við gjaldþrot fyrirtækja og fyrirkomulag á greiðslu launa í formi kaupréttar að hlutabréfum á Norðurlöndum.

Þá hélt nefndin einn samráðsfund með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum um evrópsk vinnuréttarmál.

Innflytjendamál. Hlutverk norrænu samstarfsnefndarinnar um innflytjendamál er að skiptast á upplýsingum um hvaðeina er varðar innflytjendur og flóttafólk, svo sem um löggjöf, tölfræði, skýrslur um rannsóknir o.fl.

Nefndin stóð fyrir námstefnu í Finnlandi um hlutverk atvinnulífs vegna aðlögunar innflytjenda og fyrirhugað er að halda ráðstefnu um vandamál ungra innflytjenda. Einnig hefur verið ákveðið að kanna aðlögun þeirra innflytjenda sem koma til landanna á grundvelli fjölskyldutengsla.

Norræna rannsóknanefndin á vinnuverndarsviði og stjórn NIVA.

Fundir eru haldnir tvisvar á ári og skiptast Norðurlöndin á um að vera í gestgjafahlutverki. Helstu mál voru umræður um verkefni sem notið hafa styrkja rannsóknanefndarinnar, fyrirhugaður samráðsfundur með öðrum nefndum á vinnuverndarsviði, sem starfa á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, og ráðning nýs forstjóra NIVA (Norrænu endurmenntunarstofnunarinnar í vinnuvernd).

Forsvarsmenn hinna ýmsu rannsóknaverkefna höfðu sent greinargerð um starf sitt og þar kom fram að nokkrum verkefnum var lokið, önnur töldust í viðunandi horfi. Lokaskýrsla um fund framámanna á vinnuverndarsviði (top level seminariet) sem haldinn var í Svíþjóð er komin út (TemaNord 2000:602). Eintak af skýrslunni er til á bókasafni Vinnueftirlitsins. Norrænn spurningalisti um andlegt álag í vinnunni liggur nú fyrir og þegar hefur verið hafist handa um að búa til gagnabanka þar sem safnað verður saman upplýsingum sem fást með notkun spurningalistans. Intervention Studies in the Health Care Work Environment (Íhlutandi rannsóknir meðal starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni) er verkefni sem lauk með greinargerð sem kom úr í tímaritinu Arbete och Hälsa 2000:10. Sagt var frá því helsta sem er að gerast í rannsóknum á vinnuverndarsviði á Norðurlöndum.

Gerð var grein fyrir helstu áherslum á vinnuverndarsviði á árinu þegar Finnar voru í forsvari nefnda á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna sérfræðingahópnum, sem hefur frá árinu 1978 haft umsjón með ritun sérfræðirita um áhrif efna sem notuð eru á vinnustöðum, hafði áður verið falið að benda á utanaðkomandi sérfræðinga sem gætu metið störf hópsins og gagnsemi starfseminnar. Hópurinn tilnefndi prófessor Victor J. Feron og Henrik Nordman sem heppilega sérfræðinga til þessa verks og hafði rannsóknarnefndin ekkert við það val að athuga.

Á fundinum í stjórn NIVA kom fram að nokkur ágóði var af starfseminni síðastliðið ár en Norræna ráðherranefndin hefur látið í ljós þá ósk að stofnunin hafi einhvern sjóð upp á að hlaupa þegar þrengir að. Farið var yfir fyrirhuguð námskeið á þessu ári og því næsta og tveim frestað, öðru milli ára.

Á námskeiðunum sem haldin voru á árinu var m.a. fjallað um líkamleg áhrif líkamlegrar og andlegrar vinnu, vinnuskipulag, vinnuumhverfi aldraðra, dreifingu rannsóknaupplýsinga, öryggismál, einelti og áreitni í vinnu, faraldsfræði, atvinnuheilbrigði, mengunarmörk og vinnutengda húðsjúkdóma.

17. Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda var haldinn í Mariehamn á Álandseyjum í ágúst sl. Á fundinum ákváðu ráðherrarnir að Norræna lyfjanefndin yrði lögð niður í lok mars 2002. Forsvarsmenn ráðuneytanna í lyfjamálum á Norðurlöndum munu hins vegar hittast áfram á fundum um lyfjamál. Á fundinum var samþykkt að breyta áherslum NIOM (Norrænu tannlækningastofnunarinnar) og beina starfseminni fyrst og fremst að rannsóknum og þróunarstarfi.

Á ráðherrafundinum spunnust umræður um hvernig best væri að standa að útgáfu vottorða fyrir þá sjúklinga sem ferðast á Schengen-svæðinu og þurfa að hafa með sér lyf sín sem innihalda örvandi efni. Norrænu ráðherrarnir eru almennt sammála um að auðvelda sjúklingum sem nota lyf, sem í eru örvandi efni, að ferðast á Schengen-svæðinu.

Eitt meginþema fundarins var hvernig almennt má auka velferð barna og hvernig koma má í veg fyrir að tilteknir hópar barna og ungmenna lendi á refilstigum, og hvaða aðferðir dygðu best í því sambandi. Ráðherrarnir lögðu ríka áherslu á að ræða þessi mál á vettvangi norræns samstarfs í heilbrigðis- og félagsmálum meðal annars með tilliti til vaxandi ofbeldis, fíkniefnaneyslu ungmenna og félagslegrar einangrunar tiltekinna hópa ungmenna.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (ÄK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi nefndarinnar í Lillehammer í mars var fjallað um formennskuáætlun Finna, Evrópumálefni, skýrslu nærsvæðanefndarinnar, Norrænu lyfjanefndina, Norrænu tannheilsustofnunina (NIOM), NOPUS og skýrslur um starfsemi annarra stofnana innan samstarfsgeirans. Á fundi embættismannanefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í ágúst var, auk undirbúnings fundar ráðherranna, sérstaklega fjallað um stefnumörkun varðandi sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Á dagskrá haustfundar, sem haldinn var í nóvember í Rovaniemi í Finnlandi, voru m.a. fjárlagatillögur fyrir árið 2002, formennskuáætlun Norðmanna, nýir samningar við stofnanir samstarfssviðsins, fjármögnunarkerfi Norræna heilbrigðisfræðaháskólans og evrópsk og alþjóðleg málefni.

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn í Gautaborg, Svíþjóð, er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræði.

Á árinu hefur verið unnið að ýmis konar breytingum á starfsemi skólans í samræmi við ábendingar ASPHER (Association of Schools of Public Health in the European Region) sem gerði úttekt á skólanum árið 1999. Felast þessar breytingar m.a. í því að verið er að styrkja samstarf við háskóla annars staðar á Norðurlöndum, breyta skipuriti skólans, auka möguleika á fjarnámi og gefa nemendum möguleika á að skipuleggja nám sitt lengra fram í tímann. Einnig hefur verið unnið að nýrri stefnumörkun fyrir skólann í samræmi við þessar breytingar og þróun sem orðið hefur í kennslu í heilbrigðisfræði á Norðurlöndum og annars staðar. Þá var hafin athugun á möguleikum á að breyta fyrirkomulagi á skiptingu kostnaðar milli landanna.

Fjórtán Íslendingar stunduðu nám við skólann á árinu. Sá fjöldi er ákvarðaður út frá samkomulagi milli norrænu landanna um fjölda nemenda frá löndunum hverju sinni. Þá tók Ísland þá ákvörðun að við val á nemendum inn í skólann skyldi reynt að gefa fleiri framkvæmdastjórum og stjórnarformönnum heilbrigðisstofnana möguleika á að stunda nám við

skólann með það að markmiði að efla stjórnun heilbrigðisstofnana á Íslandi. Verður reynt að hafa það sem grunnviðmið á næstu tveimur árum.

Eins og nokkur undanfarin ár átti skólinn samstarf við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um kennslu í rekstri og stjórnun í heilbrigðisþjónustu. Var eitt slíkt námskeið haldið hér á landi á árinu.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna eru tengslin við NIOM hagkvæm vegna upplýsinga um gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga, ekki síst til þess að koma í veg fyrir að verið sé að nota efni áður en þau eru fullreynd. Verkefnum NIOM er skipt í fjóra meginþætti: (1) stöðlun („standariseringu"), (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale). NIOM starfar nú ekki aðeins á norrænum vettvangi heldur hefur stofnunin fengið heimild til starfsemi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Á árinu var unnið að endurskipulagningu NIOM og ákveðið að leggja meiri áherslu á rannsóknir og þróunarstarfsemi á næstu árum. NIOM Cert hlutinn verður skilinn frá meginstarfseminni og gerður að sjálfstæðri stofnun.

Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum. Kostnaður við störf nefndarinnar er að mestu greiddur af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefni nefndarinnar undanfarin ár hafa verið sem hér segir:

- að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og lyfjamála á Norðurlöndum;
- að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA, ESB og Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA);
- að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgjafi ríkisstjórna Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar;
- að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og lyfjakostnaði Norðurlanda, þar sem stuðst er við ATC-lyfjaflokkunarkerfið og DDD, sem eru verkefni, sem NLN hefur unnið ötullega að úbreiðslu á undanfarin ár og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur nú tekið það upp og hvetur til notkunar þess um allan heim;
- að halda ráðstefnur/námsstefnur um mál, er tengjast lyfjum.

Norræna ráðherranefndin ákvað á árinu að leggja niður starfsemi NLN og mun skrifstofa nefndarinnar starfa út marsmánuð 2002. Jafnframt hefur verið ákveðið að forsvarsmenn lyfjamála á Norðurlöndum þingi í framtíðinni árlega um sín mál.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

NAD (Nordiska nämnden för alkohol och drogforskning) hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. NAD er ætlað að auka þekkingu manna á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefni NAD er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum á þessu sviði og miðla upplýsingum. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. NAD gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsinki.

NAD hélt tvo reglulega stjórnarfundi á árinu. Á þessum fundum var rekstur NAD ræddur, ákvarðanir teknar um styrkveitingar og þau verkefni sem fyrir hendi eru.

NAD hefur til þessa gegnt mikilvægu hlutverki fyrir íslenska vísindamenn á sviði áfengisrannsókna og virðist nýtast íslenskum hagsmunum vel. Að mati fulltrúa Íslands í stjórn NAD eru framtíðarverkefni NAD vel til þess fallin að glæða áhuga íslenskra vísindamanna enda er um málaflokk að ræða sem við þekkjum vel.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Norrænt samstarf um málefni fatlaðra (NSH) er stofnun, sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Helstu verkefni NSH eru að stuðla að því að markmið hinna einstöku Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu verði að veruleika. NSH styrkir fjölda verkefna sem stefna að því að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. NSH gefur einnig gaum að stöðu fatlaðra innan heildarstefnumótunar velferðarsamfélagsins.

Starfsmenn hins norræna samstarfs um málefni fatlaðra (NSH) veita Norræna ráðinu um málefni fatlaðra (NHR, Nordiska Handikapppolitiska Rådet) ýmsa þjónustu bæði á sviði stjórnsýslu og skrifstofuhalds.

NSH er samstarfsmiðstöð Norðurlanda varðandi málefni fatlaðra og þá sérstaklega á starfssviði félagsmálaráðuneyta landanna. Samstarfinu er ætlað að stuðla að því að markmiðum landanna er varða jafnrétti og þátttöku fatlaðra í þjóðfélaginu verði náð.

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Meginmarkmið með starfsemi NUD er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. NUD á að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist. Norræna samvinnan á að auka gæðin á tilboðum til daufblindra og skapa sameiginlega norræna sjálfsmynd meðal starfsfólks á þessu sviði.

Verkefni NUD eru að:

- sjá starfsfólki, sem vinnur með daufblindum, fyrir norrænni menntun sem styður og bætir upp menntun í hverju landi,
- þjóna sem þekkingarmiðstöð á sviði daufblindu,
- vinna að söfnun og þróun þekkingar, viðhalda tengslaneti og sinna alþjóðlegu samstarfi á sviði daufblindu, og
- koma á og stýra starfi við þróun og skráningu grunnþekkingar á þessu sviði.

Haldin voru fjögur grunnnámskeið, tvö þemanámskeið, ein ráðstefna og eitt „workshop". Samtals var 141 þátttakandi og þar af 10 íslenskir. Sjö fyrirlestrar voru fluttir frá NUD í fjarkennslu (videokonferencer) til samstarfslandanna.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma. Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, ýmist vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun. Á árinu gaf NOSOSKO út rit um þróun heilbrigðis- og tryggingamálaútgjalda á Norðurlöndum á áratugnum 1990–2000.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að samræmingu og söfnun tölfræðilegra upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum.

Starf þetta fer að töluverðu leyti fram með samræmingu skilgreininga, skráninga og afmörkunar innan einstakra þátta til þess að tryggja að um sé að ræða sem líkastar upplýsingar og til þess að þær verði sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur niðurstöðum sínum á framfæri aðallega í gegnum megin útgáfu sína, „Health Statistics in the Nordic Countries", en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem eru birtar á heimasíðu nefndarinnar.

Samræming flokkunarkerfa hefur í auknum mæli verið unnin af Norrænu skrifstofunni fyrir flokkun á sjúkdómum í Uppsölum, en mjög náið samstarf er milli þessara stofnana.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni innan heilbrigðisþjónustunnar, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, dánarorsakaflokkun, lyfjanotkunarupplýsingar, gæðamat á flokkun aðgerða og fleira.

Frá árinu 1974 hefur NOMESKO átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og hefur m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Fulltrúi Íslands í NOMESKO er formaður nefndarinnar.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkanir (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánu samstarfi við NOMESKO og eru fundir stjórna gjarnan haldnir sameiginlega.

Norræna menntamiðstöðin fyrir þróun félagsþjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn stofnun á sviði eftir- og framhaldsmenntunar á háskólastigi fyrir starfsfólk félagsþjónustu. Markmið starfseminnar er að auka færni og kunnáttu starfsmanna í lykilstöðum innan félagsþjónustunnar. NOPUS er miðstöð fyrir miðlun reynslu, þróun hugmynda og framhaldsnáms á hinu félagslega sviði ásamt því að stuðla að myndun samstarfshópa um mikilvæg málefni. Miðstöðinni er sömuleiðis ætlað að gera grein fyrir þekkingu á sínu starfssviði og taka frumkvæði og samhæfa ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefni á Norðurlöndum.

NOPUS var starfrækt sem sérstakt verkefni frá árinu 1989 til 1993 þegar því var breytt í sjálfstæða stofnun sem rekin var sem tilraun til loka ársins 2000. Á árinu var aðallega unnið að endurskipulagningu starfseminnar og ráðningu nýs framkvæmdastjóra fyrir stofnunina.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðis- og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Samningurinn nær nú í heild til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd samningsins hefur ekki aðeins eftirlit með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptingu eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

Á árinu var haldinn einn fundur í nefndinni og var þar fjallað um mál er varða framkvæmd samningsins. Evrópsk málefni, einkum tengsl við regluverk ESB, eru einnig ávallt til umfjöllunar á fundum nefndarinnar.

18. Jafnréttismál.

Ísland tekur virkan þátt í fjölda norrænna nefnda og verkefna á sviði jafnréttismála. Hér verður gerð grein fyrir því starfi sem tengist Norrænu ráðherranefndinni sérstaklega.

Ráðherranefnd jafnréttismála (MR-JÄM).

Ráðherranefndin hélt tvo fundi á árinu, annan óformlegan, í tengslum við ráðstefnuna *Konur og lýðræði, – Reykjavík–Vilnius* í júní og hinn formlegan í Helsinki í nóvember sl.

Á fundinn í Vilnius voru einnig boðaðir þeir ráðherrar Eystrasaltsríkjanna, sem fara með jafnréttismál. Á dagskrá var framkvæmdaáætlun um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í jafnréttismálum, og tillaga Svía um sérstakt kynningar- og fræðsluátak til að vinna gegn mansali til kynlífsþrælkunar.

Jafnréttisráðherra Svíþjóðar fylgdi tillögu Svía úr hlaði og var henni vel tekið. Sólveig Pétursdóttir, dómsmálaráðherra lagði áherslu á mikilvægi samstarfs dóms- og jafnréttisyfirvalda, ef vinna á markvisst gegn mansali. Allir fundarmenn lýstu sig sammála tillögunni og áherslu dómsmálaráðherra í grundvallaratriðum og samþykktu að fylgja málinu eftir hver í sínu landi.

Í nýrri samstarfsáætlun norrænu og baltnesku ríkjanna fyrir 2001–2003 er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í norræn/baltnesk verkefni og áætlanir;
- Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð;
- Atvinnurekstur kvenna;
- Ofbeldi gagnvart konum;
- Karlar og jafnrétti;
- Ungt fólk og jafnrétti.

Á ráðherrafundinum í Helsinki í nóvember var umræðunni um baltneska samstarfið og mansal fylgt eftir með áhugaverðum erindum og umræðum um rannsókn á ofbeldi gegn konum í Eistlandi, annars vegar, og hlutverk landamæraeftirlitsins í að sporna gegn mansali, hins vegar. Einnig var fjallað um samþættingu jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð.

Embættismannanefnd jafnréttismála (ÄK-JÄM).

Embættismannanefndin hélt fimm fundi á árinu.

Stærsta verkefni ársins var án efa ráðstefnan *WoMen and Democracy – Reykjavík–Vilnius*, sem haldin var í Litháen í júní. Ráðstefnan þótti afar vel heppnuð og af Íslands hálfu sóttu hana tæplega 40 konur og 2 karlar.

Ný framkvæmdaáætlun, fyrir árin 2001–2005, var samþykkt á árinu, og er þar lögð áhersla á eftirfarandi þætti, sem hafist var handa við að framkvæma:

- *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð.*
  - Skipaður var starfshópur um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagagerð, í samstarfi fjármála- og jafnréttisnefndanna norrænu. Stefnt er að fyrsta fundi hópsins í byrjun árs 2002.
  - Norræna ráðherranefndin, í samvinnu við OECD, UNIFEM og belgísku ríkisstjórnina, stóð fyrir ráðstefnu um kynjaviðmið í fjárlagagerð, sem haldin var í Brussel í október.
- *„Kvinnofrid" – Mansal til kynlífsþrælkunar.*
  Eitt af aðaláhersluatriðum nýju framkvæmdaáætlunarinnar er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Áætlunin gengur undir nafninu „Kvinnofrid" eða „Kvennafriður".

- Á árinu var aðaláherslan á að vinna gegn auknu mansali og kynlífsþrælkun kvenna, sem ekki síst eru lokkaðar eða seldar til slíkra starfa frá Eystrasaltsríkjunum til Norðurlanda. Starfshópur var skipaður um aðgerðir í þessu sambandi. Hópurinn lagði m.a. fram tillögu að kynningarátaki því sem jafnréttisráðherrarnir ræddu á fundi sínum í Vilnius. Hópurinn lauk störfum í nóvember og skilaði áliti til nefndarinnar, en heldur áfram sem hluti nýs starfshóps, í samstarfi norrænna og baltneskra dómsmála- og jafnréttisnefnda.

– *Karlar og jafnrétti.*
Áætluninni *Karlar og jafnrétti*, frá síðustu framkvæmdaáætlun, var haldið áfram á árinu. Karlar og jafnrétti verða áfram eitt af aðaláherslusviðum norræna jafnréttisstarfsins.
  - Samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu verkalýðshreyfingarinnar um verkefnið *Karlar og jafnrétti í atvinnulífinu* lauk formlega. Fjögurra manna hópur vann að hugmyndariti um sviðið, tveir frá hvorum aðila, tveir Norðmenn, Svíi og Íslendingur. Hugmyndaritið ber heitið *Kan menn? Menn og likestilling i arbeidslivet.* Bókin er gefin út af Norrænu ráðherranefndinni (NORD 2000:24). Í framhaldi af útgáfunni var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn undir heitinu *Menn kan* þar sem þema bókarinnar lá til grundvallar. Þar flutti meðal annarra sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen, erindi um íslensku fæðingar- og foreldraorlofslögin. Ráðstefnan var bæði vel sótt og vel heppnuð.
  - Þá var í Kaupmannahöfn haldin fjórða ráðstefna norrænna karlarannsakenda undir yfirskriftinni Tin Tin på eventyr. Ríflega 80 manns tóku þátt og er þetta langfjölmennasta ráðstefnan fram að þessu, komust raunar færri að en vildu. Þó nokkur þátttaka var af Íslands hálfu, á báðum ráðstefnunum, *Menn kan* og *Tin Tin*.
  - Unnið var að undirbúningi bókar um kynjamótun í skólum og leikskólum, þar sem sérstaklega verður miðað við sjónarhorn karla.
  - Málþing var haldið í Ósló 21. maí þar sem hittust tveir norrænir hópar. Annars vegar þeir sem sérstaklega hafa lagt sig eftir að rannsaka kynbundið ofbeldi og hins vegar þeir sem (með sálfræðilegum aðferðum) reyna að aðstoða þá karla sem vilja hætta ofbeldisbeitingu. Spurningar málþingsins voru einfaldar en mikilvægar. Hvað vilja meðferðaraðilar fá frá rannsakendum (hvað þarf að rannsaka betur) og hvað vilja rannsakendur fá frá meðferðaraðilum (að hverju hafa þeir komist í meðferðarferlinu)? Málþingið var þokkalega sótt en þó hefðu fleiri rannsakendur mátt vera með.
  - Í tengslum við ráðstefnuna WoMen and Democracy in Vilnius, var komið á tengslum við þá karla sem andæfa ofbeldi gegn konum í Eystrasaltsríkjunum í gegnum White Ribbon Campaign. Tekist hefur að mynda tengsl við karlahópa allra Eystrasaltsríkjanna.

– *Jafnlaun.*
Skipaður var starfshópur um launamál kynjanna, í samstarfi norrænu vinnumála- og jafnréttisnefndanna. Fulltrúi Íslands er Kristján Jósteinsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu. Hópurinn hélt einn fund á árinu.

– *NIKK – norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir.*
Gerður var nýr þriggja ára samningur um starfsemi NIKK. Stofan gefur út tímarit, sem hefur vakið mikla eftirtekt og vakið athygli á mikilvægum málefnum, eins og stöðu erlendra kvenna á Norðurlöndum.

– *Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar.*
  - Skýrsla var unnin um markmið og leiðir til að ná samþættingu jafnréttissjónarmiða

á hinum ýmsu sviðum Norrænu ráðherranefndarinnar. Skýrslan er byggð á svörum frá sviðunum.
  - Áætlun var sett fram um þjálfun almenns starfsfólks Norrænu ráðherranefndarinnar, í hugmynda- og aðferðafræði samþættingar.
- *Önnur áherslusvið í nýju framkvæmdaáætluninni.*
  - Unglingar og jafnrétti.
  - Söfnun og skráning tölfræðilegra upplýsinga.
  - Jafnrétti kynjanna meðal minnihlutahópa.
  - Þróun og áhrif viðhorfa.
  - Kynferði og völd, í efnahagslífi og stjórnmálum.

Norræna vísindaakademían (NorFA).

Á vegum NorFA er starfrækt áætlunin Kön och våld, sem ætlað er að rannsaka umfang, eðli og leiðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi á Norðurlöndum. Í júní var styrkjum úthlutað í annað sinn og í nóvember var ráðstefna um rannsóknir á kynbundnu ofbeldi haldin í Køge í Danmörku.

Vestnorrænt samstarf.

Í maí 2000 var samþykkt þingsályktun um nokkur vestnorræn samstarfsverkefni, flest á jafnréttissviði. Aðeins eitt þessara verkefna er komið í framkvæmd. Það er starfshópur um aðgerðir til að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum. Í hópnum eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landanna þriggja, einn frá jafnréttissviðinu og einn frá þeim sem starfa að stuðningi við konur sem beittar eru ofbeldi. Hópurinn tók til starfa í febrúar og mun skila niðurstöðum sínum í byrjun árs 2002.

19. Vímuefnamál.

Fundur var haldinn í embættismannanefndinni um vímuefnamál (ÄK-Narko) í Saariselkä í apríl sl. Þar sem Finnar gegndu formennsku í nefndinni mátti telja eðlilegt að þeirra mál væru nokkuð ráðandi á fundinum. Lá þeim þyngst á hjarta nábýlið við Rússland og hið mikla smygl á fíkniefnum sem berst úr þeirri átt, en efnin eru yfirleitt lengra að komin. Einnig áttu Finnar, ásamt Norðmönnum og Svíum, frumkvæði að umræðu um ástand þessara mála í Eystrasaltsríkjunum. Fulltrúar Íslands greindu frá gangi mála á Íslandi, svo sem starfsemi þeirra ráðuneyta sem fara með fíkniefnamál, framgöngu Áfengis- og vímuvarnarráðs, en það kemur með ýmsum hætti að framkvæmd kannana, svo sem vegna ESPAD (European School Survey Project on Alcohol and Drugs) og WHO. Þá var minnst á störf ECAD 2002 (European Cities against Drugs 2002), sem hafa verið mjög umfangsmikil og náð til allra landsmanna, svo það helsta sé nefnt.

Á fundinum lagði Ísland fram styrkbeiðni vegna rannsóknarverkefnis sem næði til eyjasamfélagsins, þ.e.a.s. Álands, Færeyja, Íslands og Grænlands. Um er að ræða könnun á lífsvenjum ungmenna og neyslu þeirra á vímuefnum, en einnig áfengi og tóbaki. Í lok fundarins var þess óskað að fulltrúarnir sendu til höfuðstöðvanna í Kaupmannahöfn lista yfir þau lyf, sem ferðamönnum er heimilt að taka með milli landa og skráningareyðublöð þau, er þeir verða að hafa með í farteski sínu eftir að Schengen-sáttmálinn var undirritaður. Hefur þeirri beiðni verið sinnt.

Í september var síðari fundur ársins haldinn á Álandseyjum. Þar voru styrkir afgreiddir og skýrslur landanna kynntar ásamt yfirlitum frá nefndum og verkefnum eins og frá ESB, EMCDDA (European Monitoring Centre for Drugs and Drug-addiction), CDN (Centre for

Drugs and Narcotics) og Dublin- og Pompidou-hópunum. Að venju tók fulltrúi NAD (Nordisk Alkohol og Drogforskning) til máls og notuðu Íslendingar og fleiri tækifærið til að gera athugsemdir við að styrkþegi eins og NAD hefði verið beðinn um að dæma umsóknir til ÄK-Narko. Var því sæmilega tekið og álitið réttlætanleg kvörtun.

Þrátt fyrir þetta fékk eyjasamfélagið umbeðinn styrk og hefur rannsóknarhópurinn þegar hafið störf.

Í ritinu „Social och hälsovårdsnytt i Norden" var fundinum á Álandseyjum gerð góð skil og er þar m.a. komið inn á eyðnihættuna sem er oft fylgifiskur fíkniefnaneyslunnar, en á fundinum var haldinn góður fyrirlestur um þann vágest. Voru þetta gagnlegir fundir og Finnum til sóma, sem og starfsfólki á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

20. Iðnaðar- og atvinnumál.

Bætt samkepppnisstaða norrænu þjóðanna var meginviðfangsefni ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál á árinu. Málefni þekkingariðnaðar voru einnig talsvert til umfjöllunar og er talið að norrænu þjóðirnar geti styrkt stöðu sína með auknu samstarfi á þessu sviði.

Á formennskuári Dana, árið 2000, var komist að þeirri niðurstöðu að til þess að samstarfið nái meiri árangri þyrfti að móta stefnu um það til nokkurra ára þannig að áhersluatriði formennskulandsins á hverjum tíma byggðist á skýrri framtíðarsýn til lengri tíma. Á fundi ráðherranna í Helsinki í júní var tillaga að nýrri framtíðarsýn lögð fram og samþykkt. Hún nefnist Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf í iðnaðar- og atvinnumálum 2002–2005 (*Nordiskt näringspolitiskt samarbetsprogram 2002–2005*).

Framkvæmdaáætlunin tekur mið af þeim mikilvægu breytingum sem atvinnulífið fer nú í gegnum og er athyglinni fyrst og fremst beint að innri markaði Norðurlanda og samnýtingu ákveðinna grunnþátta, eins og þekkingar, rannsókna, nýsköpunar og myndun stefnumótandi samstarfsneta. Að því er stuðlað að Norðurlönd verði einn samfelldur markaður án hindrana, með eins samræmdum ytri stjórnvaldsreglum og unnt er. Á grundvelli þessa er í frakvæmdaáætluninni lögð áhersla á tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að efla innri markað Norðurlanda án landamæra og stuðla að betra samkeppnis- og þróunarumhverfi fyrirtækja. Í öðru lagi að stofna til sérhæfðari aðgerða til að efla alþjóðlega samkeppnisstöðu norrænna fyrirtækja á vissum sviðum og auðvelda aðgengi þeirra að markvissu þróunarumhverfi.

Þessi meginatriði eru umfangsmikil og taka m.a. til aðgerða sem ná til verkefna sem falla undir verkefnasvið annarra ráðuneyta. Mikilvægt er því að þessi atriði verði tekin til umfjöllunar á vettvangi annarra ráðherra og hafa komið fram hugmyndir um að til að norræna samstarfið beri tilætlaðan árangur þurfi þjóðirnar að móta sameiginlega atvinnu- og efnahagspólitíska stefnu. Í þessu sambandi má benda á að skilvirkni og samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja krefst oft samræmingar á reglum og lögum ríkjanna, t.d. fyrirtækja- og samkeppnislög, vinnumálalöggjöf, skattalög og hugverkarétt. Einnig þarf að samræma margs konar tækniviðmið eins og gæða-, umhverfis- og öryggisreglur.

Ráðherrarnir ákváðu að veita þremur málum forgang. Í fyrsta lagi sameiginlegri nýsköpunarstefnu sem miðar að sameiginlegum norrænum þekkingarmarkaði og miðlun tækniþekkingar á milli landanna. Í öðru lagi samstarfsnetum milli fyrirtækja á sviðum sem standa sérstaklega sterkt á Norðurlöndum, eins og t.d. í sjávarútvegi, upplýsingatækni og líftækni. Í þriðja lagi samstarfsverkefni um margvíslegar aðgerðir sem stuðlað geta að bættri samkeppnisstöðu landanna á alþjóðamarkaði og snerta jafn ólík mál eins og innri skipulagningu fyrirtækja, umhverfisstjórnun og viðskiptasiðferði, svo nokkuð sé nefnt.

Nokkrir vinnuhópar voru starfandi á árinu á vegum embættismannanefndarinnar. Starfshópur um hagnýtingu upplýsingatækni í atvinnulífinu (*Næringssektorens ad hoc arbejdsgruppe for elektronisk handel og næringsrelaterede IT-spørgsmål*) fylgist m.a. með framvindu rafrænna viðskipta á alþjóða vettvangi og miðlar reynslu um hagnýt úrlausnarefni sem þýðingu geta haft við innleiðingu þeirra. Samstarf hefur verið við aðrar norrænar vinnunefndir sem fjalla um málefni er tengjast upplýsingatækni og upplýsingasamfélaginu.

Á sameiginlegum fundi iðnaðarráðherra og neytendamálaráðherra í júní var ákveðið að setja á fót samstarfshóp með þátttöku fulltrúa frá atvinnulífinu og neytendum. Þessum hópi er ætlað að fjalla um rafræn viðskipti út frá hagsmunum neytenda og atvinnulífs þar sem til grundvallar lægi að byggja upp traust borgaranna á rafrænum viðskiptum (*Nærings- og konsumentsektorens ad hoc arbejdsgruppe for elektronisk handel og IT-spørgsmål*). Starfshópurinn um hagnýtingu upplýsingatækni í atvinnulífinu mun ganga inn í þetta nýja verkefni ásamt fulltrúum frá embættismönnum á sviði neytendamála.

Frá árinu 2000 hefur verið starfandi starfshópur um ferðamál (*Næringssektorens ad hoc arbejdsgruppe for turisme*). Ferðamál heyra undir iðnaðar- og atvinnumálaráðuneyti víða erlendis þótt svo sé ekki hérlendis, enda er málaflokkurinn nátengdur annarri atvinnuþróun. Starfshópurinn hefur m.a lagt áherslu á sjálfbæra ferðamennsku og norræn sérkenni í alþjóðlegri markaðssetningu.

Á árinu var samþykkt umhverfisstefna fyrir atvinnustarfsemi (*Tværsektoriel productorienteret miljøstrategi*) sem er samstarfsverkefni málaflokka um atvinnumál, umhverfismál og neytendamál. Ákveðið var að starfshópurinn sem sinnt hefur þessu verkefni (*POMS-gruppen; tværsektoriel gruppe mellem miljø-, konsument- og næringssektorerne*) héldi starfi sínu áfram. Markmið hans er að móta tillögur um aðgerðir sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir og lágmarka neikvæð áhrif atvinnustarfsemi á umhverfið og heilsu manna og stuðla að hagkvæmari nýtingu náttúruauðlindanna á sérhverju framleiðslu- og þjónustustigi.

Auk þessa voru í gangi fjölmörg verkefni sem embættismannanefndin kom að. Meðal annars var aðilum á Íslandi falið að koma á norrænu samstarfsneti fyrirtækja sem starfa á sviði heilbrigðistækni og verður unnið að því á næsta ári.

Norræna iðnaðarsjóðnum var falið að veita mörgum vinnuhópum, sem starfað hafa á vegum embættismannanefndarinnar, aðstoð þar sem sérfræðiþekking starfsmanna sjóðsins kom að miklu gagni.

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norræni iðnaðarsjóðurinn (*Nordisk Industrifond – senter for innovation og næringsutvikling*) er stofnun á vegum ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. (Sjá nánar um Norræna iðnaðarsjóðinn, kafla 26.5.)

Nordtest.

Á árinu var haldið áfram með breytingar í starfsemi Nordtest, sem byrjað var á árið 2000 í samræmi við úttekt Norrænu ráðherranefndarinnar árið 1999. Helsta breytingin er sú að horfið er frá megináherslu á prófanir en í staðinn kemur „conformity assessment" (CA) eða samræming krafna og prófana. Tilgangur þessarar áherslubreytingar er að gæta hagsmuna norræns iðnaðar með því að fjarlægja tæknilegar hindranir í viðskiptum, sér í lagi til hagsbóta litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Settir voru á fót þrír markaðshópar sem hafa það að markmiði að finna hvaða þörf markaðurinn hefur fyrir Nordtest verkefni um CA og koma með ábendingar um hvar helst ætti að leggja áherslur á styrkveitingar. Þessir hópar eru á sviði byggingariðnaðar (building and con-

struction), orku og umhverfis (energy and environment) og vélaiðnaðar (metallic and machine industries). Í hverjum hópi eru tveir frá hverju landi, fulltrúar bæði fyrirtækja og stofnana og viðkomandi hafa þekkingu á CA. Nú þegar hafa tveir fyrrnefndu hóparnir hist og verða áætlanir þeirra kynntar snemma árs 2002 og þær síðan notaðar við að auglýsa eftir nýjum verkefnum á vegum Nordtest.

Gerðar voru nýjar starfslýsingar fyrir sérfræðingahópana sem vinna með Nordtest við val verkefna (expertgroups) og miðast þær nú við breyttar áherslur í starfi Nordtest.

Haldinn var sameiginlegur stjórnarfundur Norræna iðnaðarsjóðsins og Nordtest í nóvember í Espoo, Finnlandi. Ákveðið var að þessar tvær stofnanir hafi með sér samvinnu á sviði mælitækni, pre-normatívra rannsókna og staðla og í stefnumótun iðnþróunar á Norðurlöndum 2002–2005.

Helstu viðfangsefnin á árinu voru verkefnavinna – um 45 ný verkefni hófu starfsemi, önnur 7 héldu áfram og yfir 32 verkefnum lauk á árinu. Fjölmargar skýrslur voru birtar og prófunaraðferðir samþykktar. Heildarstyrkur til verkefna á árinu nam 1,13 millj. EUR.

Önnur verkefni fólust í ráðstefnuhaldi og þátttöku í alþjóðlegu starfi á sviði CA, prófana og staðla. Mikilvægur þáttur í starfi Nordtest er einmitt að hafa áhrif á þróun staðlamála og prófana þeim tengdum. Góður árangur náðist á þessu sviði á árinu.

21. Húsnæðis- og byggingarmál.

Húsnæðisráðherrar Norðurlanda og Norðurlandaráð samþykktu á árinu samstarfsáætlun um samstarf landanna á sviði húsnæðis- og byggingarmála á tímabilinu 2002–2005. Samstarfsáætlunin leggur til grundvallar samstarf um félagsleg húsnæðismál, sjálfbæra þróun húsnæðis- og byggingarmála auk borgarstefnu.

Innihald og markmið samstarfsins byggist á húsnæðisstefnu landanna. Samstarfið á að vera verkfæri landanna til að styrkja framkvæmd stefnumótunar með því að miðla reynslu, þekkingu og upplýsingum um húsnæðismál.

Nýr þáttur í samvinnu landanna hófst á árinu með verkefnum og rannsóknum varðandi borgarstefnu. Umgjörð borga og bæja hefur víðtæk áhrif á lífsgæði íbúanna. Markmið samstarfsins er að miðla reynslu um þróun borgarsamfélagsins og að leggja grunn að sjálfbærri þróun sem byggist á samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála auk umhverfismála.

Ríkari áhersla hefur verið lögð á að tengja rannsóknarverkefni ráðstefnum og fundum. Þau viðfangsefni sem fjallað var um voru m.a. aðskilnaður þjóðfélagshópa í íbúðarhverfum, almenn borgarstefna, vandkvæði vegna félagslegra íbúða sem standa auðar, húsnæðisskortur, húsnæðiskostnaður, vandamál húsnæðislausra, breytingar á lögum um húsnæðismál, aðgerðir til að auka aðgengi og önnur mikilvæg atriði á vettvangi húsnæðismála.

Félagsleg aðlögun í íbúðahverfum og aðskilnaður þjóðfélagshópa var áfram mikilvægt umfjöllunarefni. Rannsóknarverkefnið „Framgångsrika exempel i det nordiska integrationsarbetet“ var kynnt á húsnæðisráðherrafundi í nóvember 1999 og var þá ákveðið að afla frekari gagna og undirbúa ráðstefnu um viðfangsefnið. Það starf hefur verið unnið í samráði við sambönd sveitarfélaga á Norðurlöndum undir forustu Sambands sveitarfélaga í Svíþjóð. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi í febrúar sl.

Á árinu kom út skýrslan „Boende och bostadspolitik i Norden“. Í skýrslunni er viðamikil greining á húsnæðiskerfum landanna. Skýrslan verður einnig gefin út á ensku undir heitinu „Housing in the Nordic Countries“. Í samvinnu við norrænt samstarf á sviði neytendamála var rannsóknarverkefninu „Nordens bostadskonsumenter och det uthålliga boendet“ lagt lið en það fjallar um íbúa sem neytendur og möguleika þeirra til að stuðla að sjálfbærri þróun í húsnæðismálum. Unnið var að nýju verkefni um grannsvæði Norðurlanda undir heitinu „De

retslige rammer for brugerejede boliger i de tre baltiske lande". Þar er fjallað um það lagaumhverfi sem gildir um eignaríbúðir í Eystrasaltsríkjunum. Skýrslan var kynnt á ráðstefnu í Ríga í desember sl.

Rannsóknir á húsnæðiskostnaði fóru fram á árinu og voru niðurstöður kynntar á ráðstefnu undir heitinu „Boendekostnaderna i Norden". Þessar rannsóknir eru á byrjunarreit og voru viðfangsefnin að samræma skilgreiningar og leggja grunn að samræmdri upplýsingaöflun á þessu sviði. Fyrirhugað er að leggja í frekari rannsóknir á næstu árum.

Staða félagslegra íbúðarmála hefur verið í brennidepli. Unnið er að greinargerð um stöðu og horfur varðandi félagslegar íbúðir sveitarfélaga og félagasamtaka í verkefni sem ber heitið „Almennyttige og sociale boligers fremtid i Norden". Greinargerð verður lögð fram á árinu 2002 á ráðstefnu með sama heiti.

Þróun húsnæðismála á árinu einkenndist af umframeftirspurn á vaxtarsvæðum sem oftast eru höfuðborgarsvæðin og umframframboð húsnæðis á svæðum í dreifðari byggðum þar sem atvinnutækifærum hefur fækkað. Í byrjun ársins var haldin ráðstefna í Finnlandi um þessa stöðu undir heitinu „Bostadsbyggande i tillväxtregioner".

Einnig var hafinn undirbúingur að rannsóknum og ráðstefnu um húsnæðisleysi á Norðurlöndum. Veittur var stuðningur við verkefni sem hefur það markmið að gera grein fyrir hlutverkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga varðandi einstaklinga sem eiga erfitt uppdráttar á húsnæðismarkaði. Niðurstöður verða kynntar á ráðstefnu sem hefur vinnuheitið „Goda bostäder för alla – kommunernas arbete med svaga hushåll".

Finnar, sem leiddu samstarfið, upplýstu um samstarf á vettvangi ESB. Húsnæðismálin eru ekki formlegur samstarfsvettvangur á vegum sambandsins en húsnæðisráðherrar ESB hafa með sér óformlegt samstarf og var greint frá fundi þeirra í október. Fram kom að húsnæðismálin hafa fengið aukið vægi á síðustu árum í tengslum við félagslega þætti húsnæðismála.

22. Neytendamál.

Samstarfið á árinu fylgdi í öllum meginatriðum formennskuáætlun Finna sem leiddu starfið.

Norræna ráðherranefndin (MR-Konsument) samþykkti á árinu ýmsar stefnu- og verkefnaáætlanir. Ráðherranefndin samþykkti til að mynda samnorræna stefnuáætlun sem ætlað er að stuðla að umhverfisvænni framleiðsluvörum (sbr. sn. *Nordisk Produktorienterad Miljöstrategi – POMS strategien*). Samþykkt var áætlun sem á að leggja til grundvallar við stjórnmálalegt samstarf Norðurlanda og varðar börn og unglinga. Ráðherranefndin beitti sér einnig fyrir því að innan 6. rammaáætlunar ESB verði tekið aukið tillit til rannsókna á sviði neytendamála og ritaði formaður nefndarinnar framkvæmdastjórunum David Byrne og Philippe Busquin bréf í byrjun ársins þar sem framangreindri ósk ráðherranna var komið á framfæri.

Norræna ráðherranefndin hélt árlegan fund sinn í Helsinki í júní sl. Á fundinum var m.a. fjallað um með hvaða hætti Norðurlönd gætu stutt enn frekar við norræna umhverfismerkið (græna svaninn). Ráðherrarnir samþykktu að beita sér fyrir því að fjárframlög yrðu aukin enda hefur merkið hlotið almenna viðurkenningu á Norðurlöndum. Samþykkt var að norræna stefnuáætlunin um umhverfisvænar framleiðsluvörur (*POMS-strategien*) yrði framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til stefnuáætlunar Norðurlanda um sjálfbæra þróun. Á fundi ráðherranna var einnig rætt um hvernig auka megi áhrif neytenda á Norðurlöndum við gerð alþjóðlegra staðla. Var embættismannanefndinni (ÄK-Konsument) falið að gera drög að áætlun um það efni og leggja fyrir næsta fund ráðherranna. Á fundinum voru einnig kynntar nýjar áherslur er varða siðfræði (*etik*) og neysluvenjur. Í Danmörku hefur t.d. verið unnið að gerð gagnagrunns sem neytendur hafa opinn aðgang að og geta leitað eftir upplýsingum um hvaða

aðferðir eru notaðar við framleiðslu vöru og hvort þær standist almennar siðferðilegar kröfur sem neytendur gera að þessu leyti. Jafnframt hefur verið unnið að skýrslu þar í landi um með hvaða hætti eigi að taka tillit til siðfræðilegra sjónarmiða við setningu alþjóðlegra reglna um líftækni. Loks kynntu umboðsmenn neytenda í Finnlandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð nýlegan samstarfsamning sem þeir hafa gert um eftirlit á grundvelli nýrra laga um lögbann og dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytenda. Aukin markaðsfærsla yfir landamæri á hinum sameiginlega innri markaði krefst jafnframt aukins samstarfs milli þeirra aðila sem hafa með höndum eftirlitið í hverju ríki fyrir sig. Framangreindur samningur er fyrsti samstarfssamningurinn sem gerður hefur verið milli umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum. Ráðherrar lýstu ánægju sinni með samstarfsamninginn enda er hann til þess fallinn að stuðla að betri og virkari neytendavernd í ríkjunum. Í framhaldi af fundi ráðherranefndarinnar á sviði neytendamála (MR-Konsument) var haldinn sameiginlegur fundur með ráðherranefnd sem fer með iðnaðar- og atvinnumál (MR-Näring). Viðskiptaráðherra ræddi þar um aukin tækifæri sem felast í notkun upplýsingatækninnar í þágu viðskipta yfir Netið. Forsenda þess er þó sú að neytendur hafi fullnægjandi traust á slíkum viðskiptum og að það verði í framtíðinni ekki minna en þegar kaup eru gerð með hefðbundum hætti. Ráðherra lagði fram tillögu um að norrænu löndin könnuðu í sameiningu hvernig netverslanir uppfylltu kröfur neytenda og neytendalöggjafar. Samþykkt var að stofna þverfaglegan vinnuhóp á vegum ráðherranefndanna tveggja sem m.a. er ætlað að taka framangreinda tillögu viðskiptaráðherra til frekari úrvinnslu.

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar var nú sem fyrr unnið að ýmsum verkefnum sem varða lagaleg réttindi neytenda, réttindi neytenda til upplýsinga svo og mál sem varða framleiðsluferli vöru og vöruöryggismál. Loks má geta þess að á vegum grannsvæðanefndarinnar hafa margvísleg verkefni verið unnin á árinu sem miða að því að styrkja uppbyggingu á sviði neytendamála í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Fjárhagslegur stuðningur hefur verið veittur til uppbyggingu frjálsra og óháðra samtaka, til uppbyggingar neytendafræðslu svo og kynningar á norrænum rétti á sviði neytendaverndar. Auk þess hafa nokkur verkefni verið unnin sem miða að því að kynna norrænan rétt á sviði neytendaverndar innan grannsvæða í Rússlandi.

23. Matvæli.

Norræna embættismannanefndin um matvælamál (ÄK-Livs) og fastanefndir á hennar vegum sem eru nefndir um örverufræði, manneldi, eiturefnafræði, matvælaeftirlit og löggjöf, hafa á árinu unnið að verkefnum sem lúta að matvælaöryggi og efni því tengdu.

Í lok júní var í Reykjavík haldinn fundur matvælaráðherra Norðurlanda með embættismannanefndunum ÄK-Fisk, ÄK-Jord/skog og ÄK-Livs. Fundurinn var haldinn í framhaldi af fundi matvælaráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn sumarið 2000, en á honum var ákveðið að umræðuefni ársins 2001 yrði öryggi matvæla. Á fundinum í Reykjavík var samþykkt að stofnuð yrði ein sameiginleg ráðherranefnd fyrir matvælamálaflokkinn. Áður höfðu fagráðherrar ÄK-Fisk og ÄK-Jord/skog komið að málum en samstarfsráðherra Norðurlanda komið að málefnum ÄK-Livs. Nefndirnar munu starfa undir sameiginlegri nefnd matvælaráðherra frá 1. janúar 2002.

Í formennskutíð Íslands í norrænni samvinnu 1999 var lögð áhersla á að koma ÄK-Livs undir fagráðherranefnd. Með þessu var fengin niðurstaða í málið. Hafinn er undirbúningur að ráðherrafundi á Grænlandi í ágúst 2002 þar sem ætlunin er að ræða matvælaöryggi og mál því tengd. Starf ÄK-Livs og umræða um þessi mál hefur í auknum mæli tekið mið af samræmdri matvælalöggjöf ESB sem er í burðarliðnum og væntanlegri matvælastofnun ESB

(European Food Safety Authority). Mikilvægt er að öll norrænu löndin taki þátt í því starfi sem fara mun fram þar. Verkefni fastanefndanna hafa og tekið mið af væntanlegri löggjöf.

Það helsta sem unnið var að hjá nefndum á árinu var eftirfarandi:

- Norræna vinnunefndin um örverur og áhættumat (NNM) lauk við 12 verkefni á árinu sem hvert um sig styður vinnu við matvælaörverufræði og rannsóknir því tengdar.
- Norræna vinnunefndin um manneldi (NKE) lauk við átta verkefni er snerta manneldismál. Viðamesta verkefnið var endurskoðun norrænna næringarráðlegginga.
- Norræna vinnunefndin um eiturefnafræði (NNT) vann að verkefnum til að bæta upplýsingar til neytenda um næringarinnihald vara.
- Norræna vinnunefndin um matvælaeftirlit (NNK) fjallaði um og vann að verkefnum um matvælaeftirlit að teknu tilliti til krafna sem gerðar eru til matvæla innan ESB, á hinu Evrópska efnahagssvæði (EES) og hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.
- Norræna vinnunefndin um löggjöf (NNL) hefur unnið að samræmingu laga og reglugerða á matvælasviðinu og samhæfingu ákvarðana sem taka þarf á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Væntanleg rammalöggjöf ESB um matvæli var til umræðu með einum eða öðrum hætti í nefndunum öllum allt frá því að hvítbók ESB kom út. Starf nefndanna mun í enn ríkari mæli taka mið af þeirri hugmyndafræði sem samhæfð löggjöf byggir á. Verkefni, þar sem lagarammi og núverandi fyrirkomulag matvælamála á Norðurlöndum mun verða skoðað með tilliti til nýrrar löggjafar um matvæli ESB, hefst á næsta ári. Að því verkefni munu allar vinnunefndir ÄK-Livs koma og spegla þá sérstöðu sem hver og ein vinnunefnd hefur fram að færa gagnvart svo veigamikilli breytingu sem ný löggjöf hefur í för með sér.

Þeir sem koma að norrænum matvælamálum eru sammála því að efla þurfi samstarf innan Codex Alimentarius sem talinn er raunhæfasti alþjóðlegi samstarfsvettvangurinn á sviði matvælamála. Í starfi á vegum ÄK-Livs hefur verið lögð áhersla á að efla þverfaglegt samstarf við ÄK-Miljö og ÄK-Konsument með nánari tengsl við sjálfbæra þróun. Auk þessa hafa verið sett af stað verkefni til styrktar annars vegar faglegu fræðslustarfi vegna matvælaeftirlits í Eystrasaltsríkjunum og hins vegar til að styðja við samstarf þeirra sem vinna að matvælamálum í norður- og vesturbyggðum Norðurlanda.

24. Málefni dómsmálaráðuneytis.

Samstarf um löggjafarmál.

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna byggist aðallega á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf sem dómsmálaráðherrarnir gengu frá 1996, svo og á árlegri framkvæmdaáætlun sem henni fylgir og endurskoðuð er árlega, en þar eru tilgreind forgangsverkefni sem liggja til grundvallar samstarfi komandi árs.

Dómsmálaráðherrarnir áttu fund á Álandseyjum í ágústmánuði. Á þeim fundi var að venju fjallað um mál sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir norrænu löndin og lögð var fram skýrsla um verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði dómsmála undir formennsku Dana. Á fundinum var gerð grein fyrir starfi starfshóps um aðgerðir vegna brotastarfsemi sem einkennist af nasistiskum viðhorfum eða kynþáttafordómum. Starfshópurinn var settur á fót í framhaldi af fundi dómsmálaráðherranna sumarið 2000 og mun hann skila skýrslu á árinu 2002. Gerð var grein fyrir skýrslu um afbrot barna og ungmenna sem norræna refsiréttarnefndin hafði tekið saman. Einnig var rætt um verslun með konur og aðgerðir til að koma í veg fyrir slíka starfsemi á grundvelli skýrslu um það efni. Ákveðið var í því sambandi að efla samstarf lögreglu yfir landamæri, með sérstakri áherslu á Eystrasaltssvæðið, að koma á nánari samhæfingu varðandi frumkvæði á sviði löggjafar með því að norræna refsiréttar-

nefndin tryggi að löndin láti jafnharðan í té upplýsingar um fyrirhugaðar lagabreytingar, hvort heldur er varðandi forsendur fyrir starfsaðferðum lögreglu eða refsilöggjöf, og að taka þátt í upplýsingastarfsemi til að vinna gegn verslun með konur sem taki til Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í samstarfi með jafnréttisráðherrunum. Þá var rætt um óeirðir þær sem urðu í sambandi við fund leiðtoga ESB í Gautaborg fyrr á árinu og um viðbrögð við slíkum atburðum, m.a. af hálfu lögreglu. Svíar gerðu grein fyrir formennsku sinni í ESB á fyrra missiri ársins og hverju þeir teldu sig hafa komið þar til leiðar. Loks var rætt um nauðsyn þess að vernda vitni og kæranda (brotaþola), einkum konur, vegna hugsanlegs ofbeldis, svo og um aðgerðir gegn barnaklámi á Netinu á grundvelli skýrslu norrænu refsiréttarnefndarinnar.

Á fundinum samþykktu dómsmálaráðherrarnir nýja framkvæmdaáætlun fyrir árin 2001–2002 sem m.a. byggist á þeim áherslum sem fram komu í umræðum á fundinum. Þar eru tilgreind ný forgangsverkefni sem athygli verður beint að, sérstaklega réttarstaða kæranda (brotaþola) samkvæmt refsiréttarfarinu og skoðun refsiviðurlaga og annarra viðurlaga. Jafnframt verður fram haldið verkefnum frá fyrra ári. Þannig er gert ráð fyrir að áfram verði haldið starfi við að vinna gegn afbrotum barna og ungmenna og samstarfi varðandi innheimtu skulda. Sama er um starfshópinn um brotastarfsemi sem einkennist af nasistiskum viðhorfum eða kynþáttafordómum. Sérstök áhersla verður og lögð á baráttu gegn verslun með konur.

Hin sérstöku forgangsverkefni eru:

a) Brotastarfsemi sem einkennist af nasistiskum viðhorfum eða kynþáttafordómum. Brotastarfsemi þessi verður sífellt alvarlegri og augljósari. Þeir sem að henni standa eru af ólíku þjóðerni en hittast reglulega í tengslum við tónleika, stjórnmálafundi og mótmælaaðgerðir. Tónlist þessu mótuð („tónlist hvíta valdsins“) og annar áróður á sér ekki landamæri. Hópur sérfræðinga starfar að því að greina hvernig samstarf lögreglu og dómsmálayfirvalda á þessu sviði virkar og hvernig það þurfi eða megi auðvelda.
b) Réttarstaða kæranda (brotaþola) samkvæmt refsiréttarfari. Ákveðið var að halda málþing um stöðu kærandans samkvæmt opinbera réttarfarinu en mismunandi reglur gilda um þetta á Norðurlöndum. Markmiðið er að greina veika hlekki og/eða sterka í löggjöf landanna þannig að gera megi tillögur um norrænar aðgerðir.
c) Refsiviðurlög á Norðurlöndum. Dæmd refsing í einstökum tilvikum kallar með vissu millibili fram gagnrýni almennings. Ætlunin er að kanna hver eru í reynd refsiviðurlög á Norðurlöndum í tilteknum megin brotaflokkum, svo sem manndráp, misþyrmingu, kynferðisbrot, þjófnað og fíkniefnabrot. Tilgangurinn er að taka saman sameiginlegt norrænt efni sem getur orðið grundvöllur aðgerða í hverju landi fyrir sig.
d) Frá árinu 1998 hefur verið unnið að rannsókn á norrænni löggjöf á sviði fjölskylduréttar, m.a. til að draga fram hverjir eru í reynd annmarkar þeirra mismunandi reglna sem nú eru í gildi. Niðurstaða þessarar rannsóknar er væntanleg í þremur bókum sem hver fyrir sig mun fjalla um a) hjúskaparlöggjöfina, b) foreldra og börn og c) erfðarétt, erfðaskrár og búskipti. Þá er unnið að rannsókn á reglum sem gilda um foreldra og börn í Ástralíu, Kanada og Bretlandi. Verður gerð grein fyrir kostum og göllum þessara reglna með samanburði við norrænar reglur. Ætlunin er síðan að meta hvort rétt sé að færa eitthvað af þessum reglum inn í norrænar reglur.
e) Löggjafarstefna. Bera á þátt norræns samstarfs í löggjafarstefnu saman við markmið Helsingforssamningsins sem verður 40 ára á árinu 2002. Samanburður þessi ásamt tillögum um hvernig koma megi á samræmdari löggjafarstefnu verður lagður fram á norrænu málþingi sem halda á í Finnlandi vorið 2002 og síðan gefinn út á bók ásamt erindum sem flutt verða á málþinginu. Litið verður til þess hvert sé athafnafrelsi löggjafar-

valdsins, m.a. með tilliti til alþjóðlegra dómstóla. Þá er áhugavert að greina hvaða takmarkanir EB- og EFTA-dómstólarnir og Mannréttindadómstóll Evrópu setja löggjafarvaldinu. Sama er um þá gagnrýni sem komið hefur fram á notkun undirbúningsgagna við túlkun norrænnar löggjafar (sem er víðtækari en í mörgum ESB löndum).

Dómsmálaráðherrarnir áttu einnig fund með starfsbræðrum sínum í Eystrasaltsríkjunum. Fór fundurinn fram í Tallinn í nóvember mánuði. Var þar rætt almennt um samstarf landanna á sviði dómsmála, þar á meðal um viðbrögð gegn hryðjuverkum. Þá var rædd upplýsingatækni til að auka aðgengi almennings að réttarkerfinu og tölvuvæðing dómstóla. Einnig var rætt um framkvæmd Lúganó samningsins, samstarf dómstóla og lögreglu og verslun með konur til kynlífsþjónustu. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi landanna á þessu sviði og ákveðið að halda ráðherrafund árið 2003.

Löggjafarsamstarf Norðurlanda er hefðbundið og mun halda áfram. Það starf fer fram í sérstökum vinnuhópum, sem óformlegt samstarf ýmist milli ráðuneytanna eða einstakra embættismanna. Hið hefðbundna löggjafarsamstarf er fyrirferðarmest á sviði einkamálaréttarins, fyrst og fremst á sviði sifjaréttar, félagaréttar, skaðabótaréttar og neytendamála. Samstarf á sviði refsiréttarins hefur á síðustu árum fengið æ meira gildi svo sem sýnt hefur sig í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum í september. Auk eiginlegs löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta dómsmálaráðuneytanna, þar á meðal lögreglu og ákæruvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Auk hinna sérstöku forgangsverkefna vinna löndin saman, m.a. að verkefnum sem varða afbrot barna og ungmenna, aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi og peningaþvætti, kynferðislega misnotkun barna og skuldamál. Í framhaldi af skýrslu starfshópsins um aðgerðir gegn brotastarfsemi barna og ungmenna mun verða staðið að upplýsingaskiptum um, og eftir atvikum mati á, aðgerðum einstakra landa á því sviði.

Gert er ráð fyrir að starfshópur um norrænt samstarf við innheimtu skulda ljúki störfum á árinu 2002 og kunna niðurstöður hópsins að verða lagðar til grundvallar frekari aðgerða á löggjafarsviðinu. Veturinn 2001–2002 verður haldið málþing um neytendavernd í Helsingfors og norræn ráðstefna um tjáningarfrelsi verður haldin í Noregi haustið 2002.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf (ÄK-Lag) þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál eru rædd. Í því skyni að tryggja rétt tök við að útfæra og fylgja eftir pólitískri forgangsröðun starfa auk þess sérstakir starfshópar skipaðir fulltrúum landanna.

Á árinu störfuðu formlegir starfshópar, sem hver fyrir sig hefur til ráðstöfunar tiltekna fjárveitingu af norrænu fjárlögunum:

a) Starfshópur um aðgerðir til að berjast gegn brotastarfsemi sem einkennist af nasisma eða kynþáttafordómum.
b) Starfshópur um rannsóknir á Evrópurétti.
c) Starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.
d) Starfshópur um norrænt samstarf varðandi innheimtu skulda.

Af óformlegum starfshópum ber einkum að nefna sérfræðingahóp um sifjarétt og sérfræðingahóp um refsirétt.

Á árinu var ákveðið að taka, ásamt jafnréttissviðinu, þátt í starfshópi norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna um upplýsingastarfsemi gegn verslun með konur.

Gengist var fyrir nokkrum málþingum og ráðstefnum:

- Málþing um Evrópurétt og jafnréttislöggjöf (Reykjavík í mars).
- Málþing um barnaklám á Netinu (Stokkhólmi í mars).

- Málþing um brotastarfsemi sem einkennist af nasistiskum viðhorfum eða kynþáttafordómum (Reykjavík í nóvember).

Á árinu komu út nokkrar skýrslur:

- Skýrsla um afbrot barna og ungmenna (Nord 2000:30).
- Skýrsla um refsiákvæði um rasisma og kynþáttafordóma (TemaNord 2000:513).
- Skýrsla um breytingar á norræna löggjafarsamstarfinu vegna ESB/EES (TemaNord 2000:614).
- Skýrsla um ábyrgð á bótum til brotaþola (TemaNord 2001:587).
- Skýrsla um aðgerðir gegn barnaklámi á Netinu (TemaNord 2001:28).

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengensamstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars sl., og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafls.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland hefur nú gerst formlegur aðili samningsins.

Starf NORDRED á árinu fólst einkum í tveimur fundum tenglanefndarinnar sem m.a. hefur komið því til leiðar að sett hefur verið upp heimasíða fyrir NORDRED hjá viðkomandi ráðuneytum, þar á meðal dómsmálaráðuneytinu. Upplýsingaskipti eru mikilvægur þáttur í samstarfinu, og senn líður að því að undirbúningur að næstu ráðstefnu sem verður í Danmörku árið 2003 hefjist og verður aðalþema hennar áhættugreining.

25. Norrænar stofnanir á Íslandi.

25.1. Norræna húsið.

Hlutverk Norræna hússins er að efla og miðla þekkingu um norrænt samstarf og styrkja norræn samskipti. Húsinu er ætlað að vera norræn menningarmiðstöð og tengiliður á milli Íslands og annarra norrænna landa. Því er jafnframt ætlað að efla áhuga landsmanna á því sem norrænt er og miðla þekkingu um Ísland til annarra Norðurlandabúa.

Í Norræna húsinu er starfandi kennsluráðgjafi sem hefur það hlutverk að miðla upplýsingum um norræna tungu og menningu og standa fyrir námskeiðum sem varða norræn tungumál, tungumálakennslu og norræna samvinnu. Hann tekur á móti nemendahópum og fræðir þá um

norræna tungu og menningu og hefur einnig samskipti við kennara. Í haust stóð kennsluráðgjafinn fyrir túlkanámskeiði fyrir Íslendinga í samvinnu við NIFCA.

NORÐURLÖNDIN Í FÓKUS er tilraunaverkefni til tveggja ára á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem einkum er lögð áhersla á að miðla norrænni menningu og upplýsingum um það sem er efst á baugi hverju sinni í þjóðfélagsmálum á Norðurlöndum. Norræna húsið skrifaði undir samning um að taka þátt í þessu verkefni í apríl sl. NORÐURLÖNDIN Í FÓKUS leggur áherslu á að miðla upplýsingum til almennings um norrænt samstarf og þá ekki síst til stjórnmálamanna, fjölmiðlafólks og fulltrúa atvinnulífsins. Bókasafn Norræna hússins starfrækir almenna upplýsingaþjónustu en með þessu átaki ætti þjónustan að verða sýnilegri og skilvirkari en áður.

Upplýsingaþjónustan svarar fyrirspurnum og miðlar útgefnu fræðslu- og kynningarefni frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt er stefnt að því að bjóða almenningi að sækja fyrirlestra um þjóðfélagsmál. Norrænu sendikennararnir hafa eftir sem áður skrifstofur sínar og kennslurými í Norræna húsinu.

Dagskrá ársins hefur verið afar fjölbreytt en þar hefur einkum verið lögð áhersla á þrennt: jaðarsvæði og smáþjóðir, fjölmenningu og börn og unglinga.

Stærsta verkefnið á vordagskránni voru Norðurbotnsdagar, sem haldnir voru fyrstu vikuna í apríl. Boðið var upp á fjölbreytta menningardagskrá frá þremur sveitarfélögum í Norðurbotni; Luleå, Piteå og Kiruna. Opnuð var samsýning listamanna úr Norðurbotni þar sem sýnd voru fjölbreytt verk; ljósmyndir, grafík, skúlptúrar, textílar og innsetningar. Í anddyri var sett upp ljósmyndasýning frá Kiruna auk minni sýninga af ýmsu tagi. Einnig var boðið upp á tvenna tónleika, kvikmyndasýningar, bókmenntadagskrá og barnadagskrá frá barnamenningarhúsinu Kotten.

Í mars stóð Norræna húsið fyrir norrænni kvikmyndahátíð í samstarfi við norrænu sendikennarana og Háskólabíó. Gestir hátíðarinnar voru kvikmyndaleikstjórarnir: Søren Kragh Jacobsen, Taru Mäkelä, Friðrik Þór Friðriksson, og Berit Nesheim auk þess sem tveir af aðalleikurum úr mynd Lucas Moodysson komu í hans stað. Að hátíðinni lokinni fóru fram pallborðsumræður í Norræna húsinu þar sem nemendur í norrænu tungumálunum voru meðal áheyrenda, en dagskráin var hluti af námsskrá þeirra á vorönn.

Í febrúar var opnuð ljósmyndasýningin Þrá eftir þrá, í samstarfi við Museet for Fotokunst, Brandts klædefabrik í Óðinsvéum, þar sem sex norrænir ljósmyndarar sýndu verk sín. Á svipuðum tíma var sett upp sýning á vatnslitamyndum eftir álenska listamanninn Kjell Ekström. Af öðrum dagskrárliðum á vormissiri má nefna harmonikutónleika, dagskrá í tilefni Alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars þar sem fram fóru pallborðsumræður um ný-feminisma, tónleika með dönsku leik- og söngkonunni Ceciliu Zwick Nash, tónlistarmanninum Poul Halberg og dansaranum Steen E. Koerner, sýningu á kirkjuteikningum færeyska arkitektsins J.P. Gregoriussen, þjóðdansakvöld og fyrirlestur Nönnu Hermansson f.v. borgarminjavarðar í Stokkhólmi.

Sumarsýningin bar yfirskriftina „Norrænir hlutir – Nordic Objects" – Farið yfir landamæri. Þar var um að ræða samsýningu tíu listamanna sem búa og starfa á Norðurlöndum. Innsetningar þeirra gefa til kynna vangaveltur og sýn norrænna listamanna, bæði innfæddra og aðfluttra, á hvað er líklegast til að vera norrænn hlutur. Sýningin var sett upp í samstarfi við NIFCA. Haldið var málþing í tengslum við opnun sýningarinnar – „Norrænar hugmyndir – Nordic Subjects". Sýningin og málþingið var liður í átakinu „Hin nýju Norðurlönd".

Í tilefni Menningarnætur í Reykjavík í ágúst hélt danska jazztríóið KAK tónleika fyrir fullu húsi og spilaði það einnig annars staðar í Reykjavík. Tónleikarnir voru jafnframt hluti af dagskrá Jazzhátíðar Reykjavíkur. Af öðrum dagskrárliðum sumarsins má nefna fyrirlestur

Lisu Storm Villadsen, prófessors við Kaupmannahafnarháskóla, um trílógíu norska rithöfundarins Jan Kjærstads, fyrirlestraröð um íslenska menningu, tungu og samfélag sem haldin var í tengslum við sumarnámskeið fyrir útlendinga og listkynningu ætlaða æskunni, sem nefndist „Hraun, ís, skógur“ og var samstarfsverkefni Akureyrarbæjar og Rovaniemi í Finnlandi.

Segja má að Norræna húsið hafi þjófstartað Menningarhátíð Eystrasaltsríkjanna á Norðurlöndum með opnun tveggja sýninga í ágúst, annars vegar á ljósmyndum Hendrik Relves af fornum trjám í Eistlandi og hins vegar á bókbandi, rafi og vefjarlist frá Eistlandi, Litháen og Lettlandi. Á menningarhátíðinni komu fram margir af þekktustu listamönnum landanna en í boði var metnaðarfull dagskrá með tónlist af ýmsum toga, kvikmyndum, bókmenntakvöldi og leikhúsi fyrir börn.

Hápunktur haustsins var Köttur úti í mýri... Norræn barna- og unglingabókahátíð 2001, fjölbreytt dagskrá fyrir börn og fullorðna þar sem norrænir höfundar lásu úr verkum sínum, fræðimenn þinguðu og börnunum var boðið á myndlistarsýningar, tónleika og leiksýningar. Þema hátíðarinnar var „ferðin“ sem speglaðist vel í Ævintýrasýningunni þar sem gestir brugðu sér í ferð um ævintýraheim norrænna bókmennta. Margir aðilar komu að undirbúningi hátíðarinnar og lögðu sitt af mörkum til að hún mætti verða að veruleika. Af öðrum dagskrárliðum haustsins má nefna þjóðdansakvöld þar sem gestir fengu tilsögn í og fræðslu um gamla íslenska marsinn og sýninguna Villt dýr í norðri, sem opnuð var í desember, þar sem danska veflistarkonan Anne-Mette Holm sýndi ryjateppi.

Af föstum dagskrárliðum má nefna sýningar á norrænum barnakvikmyndum en hefð hefur skapast fyrir því að sýna myndir frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi með jöfnu millibili í Norræna húsinu.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu. Vegna slæmrar gengisþróunar íslensku krónunnar lítur út fyrir að draga verði úr innkaupum safnsins á næstunni. Leitað var til fjármálaráðuneytisins um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af innkaupum safnsins.

Kaffistofan hefur gengið vel þetta árið og óhætt er að segja að hún laðar að marga gesti í húsið. Húsið hefur að venju leigt úr tónleika- og ráðstefnusal auk 16 manna fundarherbergis og hefur orðið marga fasta viðskiptavini. Má þar nefna Sagnfræðingafélag Íslands, Kalak, Garðyrkjufélag Íslands, Vísindafélag Íslendinga, Rannsóknastofu í kvennafræðum og eins og undanfarin ár hafa verið haldnir háskólatónleikar hálfsmánaðarlega á vor- og haustmissiri. Að venju heimsóttu margir húsið til að fræðast um sögu þess, starfsemi og norrænt samstarf; *jafnt skólahópar, erlendir ráðstefnugestir sem almennir ferðamenn.*

Norræna húsið opnaði nýja útgáfu af heimasíðunni á vetrarmánuðum þar sem mikill metnaður er lagður í að veita góðar upplýsingar um það sem er að gerast í húsinu hverju sinni auk almennra upplýsinga um alla starfsemi í húsinu.

25.2. Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK).

Rannsóknir í jarðvísindum og sérhæfð framhaldsmenntun ungra vísindamanna frá Norðurlöndum eru meginmarkmið Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Á árinu var lögð áhersla á að samhæfa sem best þessi tvö meginmarkmið. Þátttaka ungra norrænna vísindamanna var aukin í áhersluverkefnum sem unnið er að, m.a. um myndun bergkviku, hreyfingar hennar í átt að yfirborði jarðar, jarðskjálfta, eldgos og umhverfisáhrif þeirra. Lögð er áhersla á túlkun og skilning þannig að rannsóknirnar hafi þýðingu á alþjóðlegum vettvangi. Fjárveitingar til stofnunarinnar koma að mestu frá Norrænu ráðherranefndinni og lögð er áhersla á að stofnunin nýtist öllum norrænu löndunum, bæði með menntun norrænna vísindamanna og eins með því móti að Ísland sé notað sem tilraunastofa í jarðvísindum í þágu allra Norðurlanda.

Starfsmenn voru samtals 21 seinni hluta ársins, þar af voru 10 íslenskir og 7 annars staðar að á Norðurlöndum. Fimm starfsmenn eru kostaðir af styrkjum og sértekjum, og er það mikil aukning frá fyrri árum. Um er að ræða þrjá vísindamenn frá Bandaríkjunum, einn frá Ítalíu, og auk þess er fyrrverandi forstöðumaður með starfsaðstöðu á stofnuninni. Þessir starfsmenn eru mikilvægur hluti af rannsóknarhópi Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Norræna ráðherranefndin fjármagnaði Norrænu eldfjallastöðina í samræmi við þriggja ára rammasamning sem gildir 2000–2002. Alls nam fjárveiting frá ráðherranefndinni um 79 millj. ísl.kr. Hluti af upphæðinni er aukafjárveiting upp á 6,5 millj. ísl.kr. vegna reksturs á massagreini, tæki til rannsókna í jarðefnafræði sem keypt var 1998. Þessi aukafjárveiting er tryggð áfram á árinu 2002, en óvissa ríkir um hana eftir það. Framlag frá íslenska menntamálaráðuneytinu nam 15,8 millj. ísl.kr. á árinu, og í viðbót námu styrkir og sérfjárveitingar um 7 millj. ísl.kr. Mestu munaði þar um fjárveitingu til vöktunar á Mýrdals- og Eyjafjallajökli, og eins vegna rannsókna á Suðurlandsskjálftum.

Hafist var handa við undirbúning á nýjum rammasamningi milli stofnunarinnar og Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2003–2005. Á þessu tímabili er áætlað að Eldfjallastöðin flytji í nýtt Náttúrufræðahús Háskóla Íslands, en menntamálaráðuneytið hefur greitt byggingarkostnað fyrir stofnunina. Í tengslum við undirbúning fyrir nýjan rammasamning kallaði Norræna ráðherranefndin eftir tillögum um framtíð stofnunarinnar. Það er álit stjórnar Eldfjallastöðvarinnar að mikilvægt sé að stofnunin haldi sjálfstæði sínu og að samstarf við íslenskar og norrænar jarðvísindastofnanir verði viðhaldið og það eflt. Fyrirhugaður flutningur í Náttúrufræðahúsið er litinn mjög jákvæðum augum, vegna aukinna möguleika á samvinnu og samstarfi við Háskóla Íslands, og betra rannsóknarumhverfis.

Margir vísindamenn heimsóttu Norrænu eldfjallastöðina um skemmri eða lengri tíma á árinu og fluttu fyrirlestra sem voru opnir öllum jarðvísindamönnum á Íslandi. Einnig heimsótti forseti danska þingsins stofnunina í apríl og sjávarútvegsráðherra Noregs í desember.

Norræn verkefni og samstarf.

Sex vísindamenn frá öðrum norrænum löndum störfuðu á Eldfjallastöðinni á árinu og norræn verkefni snúast að miklu leyti um verkefni þeirra. Í jarðefnafræði var m.a. unnið að rannsóknum á efnasamsetningu bergs frá Öræfajökli. Markmiðið er m.a. að prófa róttækar hugmyndir um að undir Öræfajökli og á hafsvæðinu austan og norðan við Ísland sé að finna brot úr gamalli meginlandsskorpu, frá því að Atlantshafið opnaðist. Hugmyndin byggir á aldursgreiningu á kristal sem fannst í hrauni frá Öræfajökli, niðurstöðum mælinga á hlutföllum á samsætum frumefna sem reynast óvenjulegar, og einnig líkani af plötuhreyfingum í Atlantshafi. Þetta gefur til kynna að hugsanlegt sé að brot úr gamalli meginlandsskorpu hafi skilist frá Grænlandi og Noregi, þegar þessi lönd rak í sundur fyrir um 60 milljónum ára. Safnað hefur verið fleiri bergsýnum og í samvinnu við Norðmenn er unnið að frekari mælingum.

Af verkefnum yngri vísindamanna annars staðar að á Norðurlöndum má nefna rannsókn á umhverfisáhrifum og hættum frá sprengigosum, og rannsóknir á uppbyggingu Heimaeyjar, verkefni sem unnið er í samvinnu við Náttúrustofu Suðurlands.

Eldfjallastöðin tók þátt í að undirbúa Norrænt vetrarmót jarðfræðinga sem Jarðfræðafélag Íslands stóð fyrir í byrjun janúar árið 2002, og stuðlaði þar með að eflingu tengsla stofnunarinnar við norræna jarðvísindamenn.

Alþjóðleg verkefni.

Fleiri erlendir starfsmenn eru nú á Norrænu eldfjallastöðinni en áður, og alþjóðleg tengsl fara vaxandi. Í upphafi ársins var send inn umsókn í 5. rammaáætlun ESB um styrk til rannsókna á tengslum jarðskjálfta, kvikuhreyfinga, og skriðufalla. Verkefnið sem kallast RETINA (Realistic Evaluation of Temporal Interaction of Natural Hazards) fékk styrk sem nemur um 1,4 milljónum evra til rannsókna á næstu fjórum árum. Verkefnið verður unnið í samvinnu norrænna, franskra, breskra og portúgalskra vísindamanna.

Af öðru samstarfi má nefna margvísleg tengsl við vísindamenn í Bandaríkjunum. Meðal annars er þar um að ræða jarðefnafræðilegar rannsóknir á uppruna bergkviku og magni vatns í henni, en magn uppleysts vatns í bergkviku hefur mikil áhrif á eiginleika hennar.

Vísindamenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar tóku þátt í vinnufundi um gerð jarðskorpu og jarðmöttuls undir Íslandi sem haldin var í Svartsengi í september. Einnig kynntu starfsmenn Norrænu eldfjallastöðvarinnar nýjar niðurstöður á haustfundi Ameríska jarðeðlisfræðifélagsins, sem er með stærstu ráðstefnum í jarðvísindum.

Íslensk verkefni og samstarf.

Áfram var lögð áhersla á samvinnu við aðrar íslenskar jarðvísindastofnanir. Umfangsmiklar mælingar voru gerðar á jarðskorpuhreyfingum á Suðurlandi og Reykjanesskaga. Nýjar niðurstöður um jarðskjálftana á Suðurlandi árið 2000 voru birtar í alþjóðlegum vísindatímaritum, en út frá mælingum á jarðskorpuhreyfingum á yfirborði hefur nú mátt meta stærð sprunguflatanna sem hreyfðust, og tilfærslu á þeim en hún var mest rúmir 2 metrar.

Rannsóknir á Heklu voru kynntar á opnum fundi sem Eldfjallastöðin stóð fyrir í nóvember. Starfsmenn stofnunarinnar og fleiri kynntu stöðu rannsókna við Heklu. Rannsóknaniðurstöður voru einnig kynntar í forsíðugrein vísindatímaritsins Geology, en rannsókn sem unnin var í samvinnu við Raunvísindastofnun Háskólans sýnir hver áhrif öskufalls í síðasta Heklugosi voru á lífríki í sjónum.

Aðferðir sem byggja á nýtingu gervitungla til mælinga á jarðskorpuhreyfingum voru áfram þróaðar og nýttar til mælinga og kortlagningar á atburðum sem urðu í jarðskorpu Íslands árið 2000, en það er eitt mesta umbrotatímabil í jarðskorpunni á Suðurlandi í langan tíma. Á árinu bættust við nýjar upplýsingar um jarðskorpuhreyfingar á Reykjanesskaga árið áður, en í ljós kom að umbrot þar voru umtalsvert meiri en áður var ætlað. Mestar hreyfingarnar virðast hafa verið undir og við Kleifarvatn, en gervitunglamyndir sýna að þar hefur orðið um 60 sentimetra tilfærsla á um 6 km langri jarðskjálftasprungu. Færslan svarar til tilfærslu í jarðskjálfta af stærðinni 5.8 en samsvarandi jarðskjálftabylgjur hafa ekki mælst. Niðurstöðurnar benda til þess um sé að ræða hægan jarðskjálfta (e. slow earthquake), þar sem brot jarðskorpunnar hefur tekið mun lengri tíma en venjulega gerist og jarðskjálftabylgjur því minni en í venjulegum jarðskjálftum. Niðurstöðurnar hafa mikla þýðingu fyrir skilning á hegðun jarðskorpunnar, og eins fyrir byggð á jarðskjálftasvæðum, því hægir atburðir valda minna tjóni en snöggir jarðskjálftar.

26. Norrænir sjóðir og peningastofnanir.

26.1. Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður árið 1966 og hlutverk hans er að efla menningarsamstarf norrænu landanna. Sjóðurinn styrkir verkefni af ýmsum toga á sviði rannsókna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveiting til sjóðsins á árinu var rúmlega 26 millj. d.kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Stjórnarfundir á árinu voru fjórir.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er tvisvar á ári. Á árinu bárust sjóðnum alls 826 umsóknir en þar af voru 135 óstyrkhæfar af ýmsum ástæðum. Veittir voru styrkir til 247 verkefna. Styrkhæfar umsóknir voru að upphæð u.þ.b. 150,4 millj. d.kr. en til úthlutunar voru 27,5 millj. d.kr.

Á árinu bárust 28 styrkhæfar umsóknir frá Íslandi sem er svipað og fyrri ár. Styrkveitingar til íslenskra verkefna voru 14, að upphæð alls 1,8 millj. d.kr. Hér eru ekki talin með norræn verkefni sem styrkt eru af menningarsjóðnum og fela í sér samstarf við eða heimsókn til Íslands.

Á árinu var fram haldið samstarfi sjóðsins við annars vegar norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar sem eru átta talsins og hins vegar tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls 12 talsins. Ein upplýsingaskrifstofanna er staðsett á Akureyri og Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. sjóðnum fyrir danskt-íslenskt samstarf, dansk-íslenska sjóðnum, menningarsjóði Íslands og Finnlands og sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu www.nordiskkulturfond.dk hjá Norræna menningarsjóðnum.

Ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á norræn sýningarverkefni. Annaðhvert ár verður því auglýstur styrkur að upphæð allt að 3 millj. d.kr. til yfirgripsmikils verkefnis sem verður „norræna sýning ársins“. Verður þessi styrkur viðbót við þá styrki sem eru nú veittir til minni sýninga.

Enn fremur var á árinu ákveðið að gera sérstakt átak varðandi norrænt tungumálasamstarf. Fjárveiting að upphæð 3 millj. d.kr. hefur verið ákveðin til yfirgripsmikillar rannsóknar sem varpa á ljósi á þróun norræns málskilnings á síðastliðnum 25 árum.

Að frumkvæði Norðurlandaráðs hafa á árinu farið fram umræður um lagalega stöðu sjóðsins. Á fundi norrænu menningarmálaráðherranna í október var þess vegna ákveðið að í reglum sjóðsins verði skýrt kveðið á um að sjóðurinn sé sjálfstæður lögaðili. Markmiðið er að skýra réttindi og skyldur sjóðsstjórnar. Tillaga menningarmálaráðherra að breyttum starfsreglum sjóðsins verður á árinu 2002 lögð fyrir Alþingi og þjóðþingin annars staðar á Norðurlöndum til staðfestingar.

26.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 2001 var ellefta starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Núverandi stofnfé félagsins er 80 millj. ekna, en á árinu var samþykkt að hækka stofnfé félagsins um 40 millj. ekna á sex ára tímabili, 2002–2007. Í lok árs 2007 mun því stofnfé félagsins nema 120 millj. ekna. Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar úttektar á starfsemi NEFCO sem hafa skyldi til hliðsjónar við framtíðarstefnumótun fyrir félagið. Til verksins valdist danska ráðgjafarfyrirtækið Kvistgaard Consult sem skilaði skýrslu í lok ársins 2000. Skýrslan gefur almennt mjög jákvæða mynd af starfsemi og árangri NEFCO, en auk þess eru í henni ýmsar tillögur um framtíðarstefnu og áherslur félagsins.

Megintilgangur félagsins skv. stofnsamningi norrænu landanna er að stuðla að umhverfisbótum, svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsenda þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum eru að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meiru en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði.

Í árslok 2001 hafði stjórn NEFCO samþykkt þátttöku í alls 60 verkefnum með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 73 millj. ekna en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 774 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 14, Slóvakía 2, Eistland 13, Lettland 18, Litháen 3, Tékkland 1 og Rússland 9. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 14, Finnland 13, Noregur 12 og Svíþjóð 19. Verkefnin með íslenskri aðild eru bæði á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu. Annars vegar er um að ræða ráðgjafarfyrirtæki á því sviði, Slovgeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovgeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Árið 1996 var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO og starfrækja hann næstu þrjú ár. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu 5 árin með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Framlög til sjóðsins á árinu námu 38 millj. d.kr., 26 millj. d.kr. frá norrænu löndunum og 12 millj. d.kr af norrænum fjárlögum. Tilgangur sjóðsins er að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sama landsvæði og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum. Stjórn NEFCO sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins hafði í árslok samþykkt þátttöku í 22 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 1, Lettland 1, Litháen 16 og Rússland 4.

26.3. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Starfsemi og afkoma.

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans hefur verið góð á undanförnum árum og sömu sögu er að segja af rekstri bankans fyrstu átta mánuði ársins 2001. Hreinar vaxtatekjur námu þessa mánuði EUR 98 milljónum, en fyrir sama tímbil í fyrra EUR 94 milljónum. Hagnaður á tímabilinu nam EUR 88 milljónum í samanburði við EUR 85 milljónir á sama tíma í fyrra. Efnahagsreikningur bankans óx um 5% og nam EUR 14,5 milljörðum í lok tímabilsins, í samanburði við EUR 13,8 milljarða í árslok 2000. Lausafé í lok tímabilsins nam EUR 3.421 milljón í samanburði við EUR 2.913 milljónir í árslok 2000.

Spurn eftir lánum NIB innan og utan Norðurlanda var meiri fyrstu 8 mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Þriðjungur lána bankans innan Norðurlanda á tímabilinu voru veitt til orkugeirans. Á tímabilinu fjármagnaði NIB nokkrar fjárfestingar í orkuverum sem knúin eru með lífrænum orkugjöfum og stækkun raforkuflutningskerfa. Umhverfisfjárfestingar í stál- og málmframleiðslu eru nú einn viðamesti þátturinn í lánveitingum bankans til iðnfyrirtækja. Um 40% af lánum NIB utan Norðurlanda voru veitt til Eystrasaltsríkjanna og Mið- og Austur-Evrópu en 27% lánanna runnu til Asíu. Nokkrir rammasamningar um lánveitingar voru einnig undirritaðir á tímabilinu, meðal annars var undirritaður áttundi rammasamningurinn við Kína.

Lán til iðnaðar eru sem fyrr fyrirferðarmest í lánasafni bankans á Norðurlöndum. Á síðari árum hefur orðið aukning í lánum til fjármálastofnana í öllum fimm löndunum til endurlána til smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Í október sl. ákváðu fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda að svigrúm bankans til almennra útlána skyldi framvegis miðast við 250% af stofnfé að viðbættum óbundnum

varasjóðum sem myndast hafa af hagnaði af starfsemi hans. Þessi ákvörðun jók svigrúm NIB til lána innan Norðurlanda úr 10 milljörðum evra í rúmlega 12 milljarða evra.

Lykiltölur NIB (í milljónum evra).

	1–8/2001	*1–8/2000*	*1–12/2000*
Hreinar vaxtatekjur	98	94	143
Hagnaður	88	85	130
Útborguð lán	927	689	1 104
Samningsbundin lán	953	620	1 026
Tekin lán (ný)	1 889	1 288	1 865
Hagnaður/eigið fé (%)	9,7	10,1	10,3
	31/8 2001	*31/8 2000*	*31/12 2000*
Útistandandi lán	9 428	9 449	9 288
Niðurstaða efnahagsreiknings	14 540	14 488	13 850
Handbært fé	3 421	3 387	2 913
Fjöldi starfsmanna	135	129	129

Góð afkoma á fyrstu átta mánuðum ársins og síðari vísbendingar gefa til kynna að vænta megi góðrar afkomu fyrir árið í heild.

Umhverfisbætur í austurvegi.

Í lok ársins 2001 var skrifað undir lánssamning að fjárhæð 30 milljónir bandaríkjadala til umfangsmikilla lagfæringa á nikkelbræðslum í Murmanskhéraði á Kólaskaga. Heildarkostnaður við verkefnið er 93,5 milljónir bandaríkjadala. Verkefnið er m.a. stutt af norska ríkinu með 270 milljónum norskra króna. Þegar fjárfestingunni er lokið mun losun á brennisteinsdíoxíði og þungmálmaögnum frá bræðslunni minnka um meira en 90%. Losun nikkelbræðslunnar á brennisteinsdíoxíði er í dag þrisvar sinnum meira en öll losun brennisteinsdíoxíðs í Svíþjóð.

Forusta um samvinnu á sviði umhverfisfjárfestingar.

NIB hefur tekið að sér forustu í stýrihópi NDEP, Northern Dimension Environmental Partnership, og er Jón Sigurðsson aðalbankastjóri NIB formaður stýrihópsins. Aðilar að NDEP eru alþjóðafjármögnunarstofnanir, framkvæmdastjórn ESB og löndin á því svæði sem hér um ræðir. Hlutverk NDEP er að fjármagna brýn umhverfisverkefni í löndunum kringum Eystrasalt og við Barentshaf.

Markmið NDEP er að samhæfa og efla fjármögnun brýnna umhverfisverkefna sem hafa áhrif yfir landamæri á norðlægum slóðum. Í upphafi mun NDEP einbeita sér að verkefnum í norðvesturhluta Rússlands. Í stýrihópnum eiga fast sæti fulltrúar EBRD, EIB, NIB, Alþjóðabankans og framkvæmdastjórnar ESB.

Auk þess að vera í forustu fyrir NDEP mun NIB sjá um að leiða greiningu og framgang níu mikilvægra fjárfestingarverkefna til umhverfisbóta við Eystrasalt og Barentshaf. Bankinn hefur sett á laggirnar sérstaka starfsdeild sem mun einbeita sér að þessum verkefnum.

Starfsemi NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántakenda námu ríflega ISK 58 milljörðum í árslok 2001, sem er 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum. Þessu til viðbótar koma umsamin en óútborguð lán til Íslands að jafnvirði ISK 2 milljarða. Lán NIB til Íslands námu 9% af erlendum skuldum Íslendinga í heild.

Útborguð lán til Íslands námu um ISK 6,5 milljörðum sem er svipað og árin á undan. Samþykkt ný en óútborguð lán á árinu námu 1200 milljónum króna. Útborguð eða samþykkt voru ný lán til 13 verkefna á árinu.

Samstarf NIB við íslenskar fjármálastofnanir við fjármögnun verkefna hefur vaxið á undanförnum árum og nær öll verkefni sem NIB lánar til í einkageiranum eru í samstarfi við innlenda banka.

Lán bankans til sveitarfélaga voru fyrirferðarmikil á árinu. Reykjavíkurborg var veitt lán vegna uppbyggingar Orkuveitu Reykjavíkur að Nesjavöllum að upphæð 1,5 milljarði króna. Þá bættist Akureyrarbær í hóp íslenskra viðskiptamanna bankans en bærinn fékk 400 milljóna króna lán frá NIB til uppbyggingar hjá Norðurorku. Loks var Lánasjóði sveitarfélaga veitt lán til endurlána til þrettán sveitarfélaga. Lánað var m.a. til frárennslismála hjá Akraneskaupstað, Austur-Héraði, Árborg, Borgarbyggð, Garðabæ og Grindavíkurkaupstað.

Bankinn tók þátt í tveimur útrásarverkefnum íslenskra fyrirtækja á árinu. Veitt var lán til Opinna kerfa að fjárhæð 40 milljóna sænskra króna vegna kaupa fyrirtækisins á sænska fyrirtækinu Datapoint Svenska. Þá var Össuri hf. veitt lán að fjárhæð 5 milljónum evra vegna kaupa fyrirtækisins á Flexfoot í Bandaríkjunum. Þá má nefna að samstarf NIB við fyrirtækin Eimskip hf. og Marel hf. heldur áfram og hefur bankinn samþykkt að veita Marel 300 milljóna króna lán vegna byggingar nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins í Garðabæ og bankinn hefur jafnframt greitt út lán til Eimskips að fjárhæð 15 milljónir evra fyrst og fremst til uppbyggingar fyrirtækisins á flutningaþjónustu milli Íslands og annarra landa.

NIB tók þátt í fjármögnun verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar í Kópavogi í samstarfi við Íslandsbanka og Landsbanka og lánaði bankinn jafnvirði 500 milljóna íslenskra króna til verkefnisins. Þá má nefna að bankinn lánaði Olíudreifingu hf. 3 milljónir bandaríkjadala til kaupa á nýju olíuflutningaskipi.

Lán til byggðamála nema um 9% af útlánum bankans til Íslands og á árinu 2000 var veitt eins milljarðs króna lán til Byggðastofnunar til endurlána í ýmis verkefni á landsbyggðinni. Bankinn lánaði jafnframt Límtré hf. tæpar 200 milljónir króna til fræmkvæmda á Flúðum en Byggðastofun ábyrgist lánið. Þá var Ferðamálasjóði veitt 100 milljón króna lán vegna endurlána sjóðsins.

26.4. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í þátttöku í kostnaði við for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð o.fl. Lán til alþjóðaverkefna geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggi fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Í þeim tilfellum þar sem alþjóðaverkefningunni er hrundið í framkvæmd er hægt að sækja um viðbótarstyrk upp

á 20% af undirbúningskostnaðinum. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 50% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og eru lánin vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Svipuð tilhögun gildir gagnvart grannsvæðum í Norðvestur-Rússlandi.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

- Verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni.
- Verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA.
- Norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu.
- Raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Á árinu 2000 var lögð fram tillaga starfshóps um framtíð Nopef en nefndin var skipuð af Norrænu samstarfsnefndinni (NSK). Tillögur starfshópsins voru staðfestar af norrænu samstarfsráðherrunum og þar með var rekstur Nopef tryggður til ársins 2004.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að breyta skilyrðum fyrir stuðningi við minni og meðalstór fyrirtæki við alþjóðavæðingu. Þannig gilda nú almennt hin hagstæðu kjör, sem fram til þessa hefur eingöngu verið hægt að fá vegna verkefna í Eystrasaltsríkjunum. Eins og áður eru EFTA- og ESB-löndin undanskilin.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Verkefni.

Nopef fékk 235 umsóknir á árinu en þær voru 204 árið 2000. Samþykktar umsóknir voru samtals 141 (112 árið 2000). Tvær íslenskar umsóknir voru samþykktar á árinu 2001 en engin árið 2000. Verkefnin sem samþykkt voru hjá Nopef í ár fara fram í Rússlandi (24), Litháen (21), Eistlandi (19), Lettlandi (16), Kína (13), Póllandi (11), Úkraínu (8), Bandaríkjunum (3), Ungverjalandi (2) Slóvakíu (2) og 22 verkefni voru í öðrum löndum.

Hlutfallsleg skipting verkefna sjóðsins milli aðildarlanda hans hefur verið sem hér segir:

	2001	*1996–2001*
Danmörk	28,5%	30%
Finnland	25,0%	25%
Ísland	1,4%	2%
Noregur	19,6%	17%
Svíþjóð	25,5%	26%

Á árinu lagði Ísland fram 1,1% af heildarframlagi til Nopef. Á sama tíma var framlag Nopef til íslenskra verkefna 3% af heildarfjárframlagi til verkefna.

Stefnt er að því að gera átak í því að kynna sjóðinn sérstaklega á Íslandi á árinu 2002 og með því hvetja íslensk fyrirtæki til að nýta sér þjónustu sjóðsins. Í þeirri kynningu verður sérstaklega höfðað til fyrirtækja sem eru að hugsa um að efla starfsemi sína erlendis á þeim svæðum sem starfsemi Nopef nær til.

26.5. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI).

Norræni iðnaðarsjóðurinn (*Nordisk Industrifond – senter for innovation og næringsutvikling*) er stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál. Starfsemi sjóðsins hefur tekið nokkrum breytingum í áranna rás og hefur hún verið aðlöguð að þörfum norræns atvinnulífs á hverjum tíma. Á seinustu 30–40 árum hefur norrænt atvinnulíf gengið í gegnum tvö þróunar- og samstarfsstig og nú stendur það við upphaf þess þriðja. Það sem einkenndi fyrsta stigið var að norrænu þjóðirnar skilgreindu Norðurlönd í heild sem hluta af heimamarkaði sínum fyrir framleiðslu sína og þjónustu. Annað stigið einkenndist af tilkomu innri markaðar Evrópu. Þriðja stigið lýtur fyrst og fremst að því að styrkja hina norrænu ímynd og að til verði sameiginlegt norrænt þekkingarsamfélag þar sem hvatt er til virks samstarfs um uppbyggingu og miðlun þekkingar sem er til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlanda á markaði alþjóðaviðskipta (*Norden som et grenseløst indre marked med en felles ressursbase*).

Fjárveitingar til einstakra rannsókna- og nýsköpunarverkefna hafa minnkað en aukin áhersla verið lögð á að styðja vísinda- og tæknisamstarf þjóðanna, samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja og rannsóknastofnana. Stofnunin tekur þátt í fjármögnun verkefna sem eru til þess fallin að efla mannauð þjóðanna og sem stuðla að uppbyggingu nýrra fyrirtækja sem tengjast þekkingariðnaði. Sérstök áhersla er lögð á miðlun þekkingar og að niðurstöður allra verkefna sem sjóðurinn kemur að verði dreift til skilgreinds markhóps. Að auki eru niðurstöður aðgengilegar í opnum gagnagrunni sem í auknum mæli er að finna á vefsíðunni www.nordicinnovation.net hjá Norræna iðnaðarsjóðnum.

Á árinu var gert sérstakt átak í því að kynna starfsemi sjóðsins í Norðvestur-Rússlandi og var fjölsóttur kynningarfundur haldinn í Leníngrad í september. Áður hefur sjóðurinn stutt við verkefni í Eystrasaltsríkjunum. Jafnframt hefur þátttökuskilyrðum verið breytt til að auðvelda þátttöku þessara nágrannaþjóða í austri í verkefnum á vegum sjóðsins.

26.6. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa árið 1989 og er í eigu norrænu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. NDF hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í Helsinki að mörgu leyti.

Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru að öðru jöfnu veitt til ríkissjóða viðkomandi landa en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þ.m.t. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljón SDR og 330 milljón EUR, eða alls um 1 milljarður EUR (um 91 milljarður íslenskra króna). NDF tók Evruna (EUR) sem mynteiningu 1. janúar 2001. Á árinu undirritaði NDF 11 lánasamninga að fjárhæð 90,1 milljón EUR (um 8,2 milljarðar ísl. kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð 762 milljón EUR (um 69 milljarðar ísl. kr.) til um 150 verkefna í 33 þróunarlöndum. Um 49% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 35% til Asíu og 16% til Rómönsku Ameríku. Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu

á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali (USD) á ári. Um 42% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 USD/ári), 42% til lágtekjulanda (LIC, <760 USD/ári), og 15% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761-3030 USD/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum NDF frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Á árinu samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán sjóðsins næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Stærstu lántakendur sjóðsins eru Senegal, Mósambík, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda.

Norræna ráðherranefndin ákvað á árinu að breyta samþykktum NDF þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum sínum án ríkisábyrgðar. Slík lán verða þó aðeins lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin verða veitt á þrenna vegu: a) beint til fjárfestingarverkefna; b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja til samstarfs við fyrirtæki í þróunarlöndunum. Íslensk fyrirtæki hafa mun lakari aðgang að áhættulánum í þróunarlöndunum en samkeppnisaðilar í flestum iðnríkjum vegna þess að Ísland á ekki aðild að þróunarbönkum Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku.

Íslensk fyrirtæki hafa tekið beinan þátt í sjö verkefnum NDF, fimm fiskveiðiverkefnum (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda) og hitaveituverkefni í Kína. Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ. Meðal fiskveiðiverkefnanna má nefna endurfjármögnun fyrirtækisins Seaflower í Namibíu í samvinnu við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins á Íslandi og íslenskt fyrirtæki. NDF veitti fyrirtækinu áhættulán að fjárhæð 800 þúsund SDR (um 103 milljón kr.). Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17 milljón EUR (tæpir 2,4 milljarðar ísl. kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,3% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er aðeins lægri (1,1%). Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Í stjórn NDF sitja fulltrúar Norðurlandanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 14.

26.7. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu veitt níu lán, þrjú til Færeyja og sex til Grænlands.

Tvö af þessum lánum eru veitt til samstarfsverkefna. Annað milli færeyskra og íslenskra frumkvöðla, hitt milli íslenskra og grænlenskra fyrirtækja. Af þessum lánum hafa þrjú verið greidd út, öll til Grænlands.

Í byrjun árs 2002 verða sex lán greidd út, bæði til Færeyja og Grænlands.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2000/2001 117,5 MDKK og á sama tíma námu útlán samtals 69 MDKK.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða svo á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli styrkja NORA um allt að 1,5 MDKK á ári.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2002

Með fjárlögum ársins 2002 er fjárhagsramma starfseminnar haldið óbreyttum frá árinu 2001 og heildarupphæð þeirra er 787,22 millj. d.kr. Jafnframt er ákvörðuð fjárstreymisáætlun (likviditetsbudget) að fjárhæð 777,22 millj. d.kr. sem er 10 millj. d.kr. lægri en fyrrnefndur fjárhagsrammi starfseminnar, 787,22 millj. d.kr. Þær 10 millj. d.kr. sem eru ekki greiddar inn standa sem krafa á löndin.

Norrænt samstarf á að einkennast af sveigjanleika og hæfileika til að breyta forgangsröðun þannig að unnt sé að beina athyglinni að sviðum sem hafa mikið pólitískt vægi og sem mest norrænt notagildi. Sú úttekt sem gerð var árið 2000 á norrænu fjárlögunum sýndi að á undanförnum áratug hefur verið unnt að veita nýjum starfssviðum forgang í norrænu samstarfi án þess að fjárlögin hafi verið hækkuð. Það hefur hins vegar leitt til þess að „þrýstingur“ á norrænu fjárlögin er mikill.

Forgangsröðun á fjárlögum ársins tekur bæði mið af tilmælum Norðurlandaráðs og af þeim forgangsverkefnum sem ráðast af formennskuáætlunum landanna. Stofnaður hefur verið fjárlagaliðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“ (áður varasjóður ráðherranefndarinnar) að fjárhæð 9,7 millj. d.kr. Í fjárlagaliðnum er því ítarlega lýst hvernig fjármununum skuli varið en „ráðstöfunarfé ráðherranefndar“ skal að meginreglunni varið til stakra verkefna fremur en langtímaverkefna. Ákvarðanir um að verja fjármunum til mála af varanlegra tagi skulu einnig taka til fjármögnunar í framtíðinni.

Áðurnefnd úttekt á fjárlögunum var gerð af framkvæmdastjórn ráðherranefndarskrifstofu að beiðni samstarfsráðherranna. Tilgangurinn var að meta norrænu fjárlögin sem stjórnunartæki og verkfæri í fjárlagaferlinu. Í úttektinni er að finna tillögur sem varða fjárlagaferlið, fjármögnun stofnana og aðgerðir í því skyni að auka gagnsæi fjárlaganna í tæknilegu tilliti. Tæknilegu tillögurnar koma til framkvæmda í fjárlögum ársins 2002. Þau fela því í sér:

- Sérstakar fjárveitingar, annars vegar hvað varðar það fjármagn sem er til ráðstöfunar í formi styrkveitinga og hins vegar það fjármagn sem er varið til reksturs og stjórnunar styrkjafyrirkomulagsins.
- Upplýsingar verða veittar um hvaða fjárhæðir eru fyrirhugaðar annars vegar til stjórnunar og hins vegar til verkefna á vegum samstarfsstofnunarinnar.
- Veittar verða upplýsingar um fyrirhuguð útgjöld til stjórnunar og skipulags hjá stofnunum.

Í ár er einnig kynntur skipulagsrammi til lengri tíma í því skyni að auka innsýn og sýna hver sveigjanleiki fjárlaganna er fyrir nýja starfsemi, svo og til að sýna þær kröfur sem þegar eru komnar fram um nýja forgangsröðun á næstu árum. Ramminn endurspeglar þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar en sýnir aðra starfsemi óbreytta.

Í fjárlögunum er einnig sérstök lýsing á starfsemi ráðherranefndarinnar að viðfangsefnunum „frjáls félagasamtök“ og „börn & unglingar“. Ástæðan er sá pólitíski forgangur sem þessi tvö þverfaglegu svið hafa. Einnig er í fjárlögunum birt yfirlit yfir fyrirhugaða þróun rannsóknaráætlananna vegna þess að þær binda tiltölulega stóran hluta fjárlaganna til lengri tíma.

Í júnímánuði 2000 samþykktu samstarfsráðherrarnir að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Fagsviðunum hefur verið falið að auka jafnrétti á sínu sviði og setja fram markmið í jafnréttismálum. Ráðherranefndin hyggst halda áfram að flétta þennan þátt inn í starfið á öllum fagsviðum starfseminnar.

Þróunin varðandi óráðstafaða fjármuni 1999–2000.

Svið (þús. d.kr.)	Óráðst. 31.12.99	Óráðst. 31.12.00	Breyting 99-00
Menningarsamstarf	12.082	13.288	1.206
Menntamál og rannsóknir	12.601	2.920	-9.681
Ráðherranefndin um upplýsingatækni	(Stofnuð 2000)	1.020	1.020
Grannsvæðin	4.417	2.900	-1.517
Orkumál	202	610	408
Umhverfismál	2.874	559	-2.315
Efnahagsmál	472	36	-436
Byggðamál	5.613	2.035	-3.578
Samgöngur	166	206	40
Landbúnaður og skógrækt	3.151	164	-2.987
Sjávarútvegur	102	41	-61
Vinnumarkaður, vinnuumhverfi	1.365	1.432	67
Félags- og heilbrigðismál	541	447	-94
Jafnréttismál	37	284	247
Samstarf í vímuefnamálum	403	46	-357
Aðgerðir í velferðarmálum	2.075	718	-1.357
Atvinnumál	732	152	-580
Bygginga- og húsnæðismál	0	282	282
Neytendamál	1.131	868	-263
Matvæli	0	478	478
Löggjöf	757	851	94
Önnur starfsemi	4.989	2.109	-2.880
Samtals fyrir Norrænu ráðherranefndina	**53.710**	**31.446**	**-22.264**

Í tengslum við fjármuni til verkefna og styrkja sem nema samtals 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar eru á hverju ári yfirfærðir einhverjir óráðstafaðir fjármunir. Á árinu 2000 hafa óráðstafaðir fjármunir í ráðherranefndinni lækkað um 22 millj. d.kr., eða um 41%. Óráðstafaðir fjármunir eru skilgreindir sem fjármunir sem ekki hefur verið varið á tiltekinn hátt. Í lok árs 2000 var minna um það á flestum sviðum að verulegum fjármunum væri óráðstafað, borið saman við lok árs 1999. Undanskilið er þó menningarsviðið, því við upphaf árs 2001 var um 40% af óráðstöfuðu fé ráðherranefndarinnar þar að finna. Í þessu sambandi skal tekið fram að 5,5 millj. d.kr. af óráðstöfuðum fjármunum á sviði menningarmála er innan fjárveitinga til Norræna menningarsjóðsins.

Við vinnslu fjárlaga ársins 2002 var við ákvörðun fjárlagaramma fyrir samstarfssviðin og fjárveitinga til fjárlagaliðanna tekið tillit til óráðstafaðra fjármuna frá árinu 2000. Þrátt fyrir niðurskurð á einstökum fjárlagaliðum í fjárlögum ársins 2002 tekst því að hluta að halda uppi starfsemi á borð við starfsemina fjárlagaárið 2001 þar sem óráðstafaðir fjármunir eru færðir milli ára. Ráðherranefndin hyggst vinna að því að draga enn frekar úr yfirfærslu milli fjárlagaára. Raunhæft markmið til lengri tíma er að lækka óráðstafaða fjármuni í 3–5% af fjármunum á fjárlögum til verkefna og styrkja.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliðina.

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2001	MISMUNUR +/-	%
	Menningarsamstarfið	**147.330**	**146.980**	**350**	**0,2%**
	Almennt framlag til menningarmála	**33.395**	**33.328**	**67**	**0,2%**
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	6.840	7.319	-479	-6,5%
1-2204-2	Ráðstöfunarfé – Menning	0	0	0	
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	26.555	26.009	546	2,1%
	Börn og unglingar	**13.054**	**12.686**	**368**	**2,9%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*13.054*	*12.686*	*368*	*2,9%*
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.203	1.378	-175	-12,7%
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.955	5.533	422	7,6%
1-2214-2	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglingamenningu	5.896	5.775	121	2,1%
1-2216-2	Börn og unglingar við árþúsundamót	0	0	0	
	Kvikmyndir og fjölmiðlar	**31.108**	**31.978**	**-870**	**-2,7%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*26.308*	*27.267*	*-959*	*-3,5%*
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.985	3.241	2.744	84,7%
1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	20.323	19.905	418	2,1%
1-2224-2	Annað framlag til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum	0	4.121	-4.121	-100,0%
	Stofnanir	*4.800*	*4.711*	*89*	*1,9%*
1-2228-3	NORDICOM	1.577	1.548	29	1,9%
1-2229-3	Norræna blaðamannamiðstöðin (NJC)	3.223	3.163	60	1,9%
	Listsviðið	**34.891**	**34.374**	**517**	**1,5%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*18.193*	*18.018*	*175*	*1,0%*
1-2230-2	Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.415	7.062	353	5,0%
1-2238-1	Sleipnir	2.612	2.558	54	2,1%
1-2239-2	Norræn menningararfleifð	1.160	1.536	-376	-24,5%
1-2244-1	Sérstök starfsemi á sviði lista	0	0	0	
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	809	792	17	2,1%
1-2256-2	Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.197	6.070	127	2,1%
	Stofnanir	*16.698*	*16.356*	*342*	*2,1%*
1-2255-3	Leiklist og dans á Norðurlöndum	6.817	6.690	127	1,9%
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.517	1.472	45	3,1%
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist	8.364	8.194	170	2,1%
	Norræn menningarhús (stofnanir)	**23.114**	**23.088**	**26**	**0,1%**
1-2270-3	Norræna húsið Reykjavík	6.239	6.602	-363	-5,5%
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	9.751	9.569	182	1,9%
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	1.725	1.620	105	6,5%
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.311	4.231	80	1,9%
1-2279-2	Viðhald menningarhúsa	1.088	1.066	22	2,1%

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2001	MISMUNUR +/-	%
	Annað menningarstarf	**11.768**	**11.526**	**242**	**2,1%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*11.768*	*11.526*	*242*	*2,1%*
1-2234-2	Samískt samstarf	3.983	3.901	82	2,1%
1-2296-2	Norræn menningarverkefni erlendis	6.797	6.657	140	2,1%
1-2298-2	Aðgerðir gegn útlendingaandúð	0	0	0	
1-2299-2	Menningardagskrá þinglandanna	0	0	0	
1-2545-1	Kennsla um Norðurlönd erlendis	988	968	20	2,1%
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni		**198.183**	**195.485**	**2.698**	**1,4%**
	Menntun og rannsóknir	**197.845**	**194.954**	**2.891**	**1,5%**
	Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi	**2.023**	**1.981**	**42**	**2,1%**
1-2505-2	Ráðstöfunarfé – Menntamál og rannsóknir	2.023	1.981	42	2,1%
	Menntunarsamstarf	**90.722**	**92.499**	**-1.777**	**-1,9%**
	Skólasamstarf	**22.374**	**21.885**	**489**	**2,2%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*22.374*	*21.885*	*489*	*2,2%*
1-2510-1	Norrænt skólasamstarf (NSS)	5.061	5.428	-367	-6,8%
1-2512-1	NORDPLUS-junior	9.783	9.382	401	4,3%
1-2514-1	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.744	1.708	36	2,1%
1-2516-1	NORDPLUS-mini (tilraunaverkefni)	5.786	5.367	419	7,8%
	Alþýðumenntun og fullorðinsfræðsla	**16.935**	**17.131**	**-196**	**-1,1%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*10.745*	*10.524*	*221*	*2,1%*
1-2520-2	Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu	2.156	2.912	-756	-26,0%
1-2522-1	Styrkjafyrirkomulag vegna norrænnar alþýðumenntunar og fullorðinsfræðslu	8.589	7.612	977	12,8%
	Stofnanir	*6.190*	*6.607*	*-417*	*-6,3%*
1-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	6.190	6.607	-417	-6,3%
	Æðri menntun	**34.820**	**34.104**	**716**	**2,1%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*34.820*	*34.104*	*716*	*2,1%*
1-2530-2	Stjórnarnefndin um æðri menntun – HÖGUT	2.553	1.066	1.487	139,5%
1-2532-1	NORDPLUS	31.179	31.972	-793	-2,5%
1-2534-2	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.088	1.066	22	2,1%
	Tungumálasamstarf	**15.572**	**15.252**	**320**	**2,1%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*10.437*	*10.222*	*215*	*2,1%*
1-2540-2	Norræn málnefnd	1.982	1.941	41	2,1%
1-2542-2	Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	2.037	1.995	42	2,1%
1-2543-1	Tungumálasamstarf á Norðurlöndum (NORDMÁL)	6.418	6.286	132	2,1%
	Stofnanir	*5.135*	*5.030*	*105*	*2,1%*
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi	5.135	5.030	105	2,1%
	Almennar áætlanir – öll stig upplýsingatækni	**1.021**	**4.127**	**-3.106**	**-75,3%**
1-2550-2	Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) í upplýsingatækni	532	521	11	2,1%
1-2552-2	Upplýsingatækni og tölvukennslufræði í kennslu	0	3.127	-3.127	-100,0%
1-2554-2	Þróunarverkefnið NORDUnet2	489	479	10	2,1%

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2001	MISMUNUR +/-	%
	Samstarf um rannsóknir og vísindi	**105.100**	**100.474**	**4.626**	**4,6%**
	Verkefnafé og almennir styrkir	*21.648*	*17.493*	*4.155*	*23,8%*
1-3110-2	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	2.326	778	1.548	199,0%
1-3111-2	Norræn öndvegissetur, tilraunaverkefni	3.063	0	3.063	
1-3120-2	Rannsóknaráætlunin Norðurlönd og Evrópa	0	0	0	
1-3125-2	Norrænt tengslanet um þjóðhætti	0	1.090	-1.090	-100,0%
1-3130-2	Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	6.386	6.255	131	2,1%
1-3131-2	Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	3.726	3.649	77	2,1%
1-3132-2	Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	4.977	4.875	102	2,1%
1-3135-2	Framkvæmd vísindastefnu	0	0	0	
1-3140-2	Norræna lífsiðfræðinefndin	1.170	846	324	38,3%
	Stofnanir	*83.452*	*82.981*	*471*	*0,6%*
1-3115-3	Norræna vísindaakademían (NorFA)	36.021	35.965	56	0,2%
1-3180-3	Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA)	18.463	18.119	344	1,9%
1-3181-3	Norræna sjóréttarstofnunin (NIfS)	2.723	2.644	79	3,0%
1-3182-3	Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	6.908	6.779	129	1,9%
1-3183-3	Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar	5.377	5.267	110	2,1%
1-3184-3	Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.487	7.923	-436	-5,5%
1-3185-3	Norræna samíska stofnunin (NSI)	6.473	6.284	189	3,0%
	Ráðherranefndin um upplýsingatækni	**338**	**531**	**-193**	**-36,3%**
1-3410-2	Verkefnafé – samstarf í upplýsingatækni	338	531	-193	-36,3%
Umhverfismál, auðlindamál og grannsvæðin		**190.651**	**189.426**	**1.225**	**0,6%**
	Grannsvæðin	**83.695**	**81.502**	**2.193**	**2,7%**
2-0810-3	Upplýsingastarfsemi og samskipti	12.725	11.988	737	6,1%
2-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	15.822	11.282	4.540	40,2%
2-0820-1	Styrkjaáætlunin fyrir Eystrasaltsríkin og Rússland	15.561	15.741	-180	-1,1%
2-0825-2	Nýjar aðgerðir á grannsvæðunum	0	1.042	-1.042	-100,0%
	Verkefnafé	*39.587*	*41.449*	*-1.862*	*-4,5%*
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	16.327	14.991	1.336	8,9%
2-0840-2	Menningarmiðlun	4.081	4.497	-416	-9,3%
2-0850-2	Markaðsbúskapur	5.644	8.528	-2.884	-33,8%
2-0860-2	Sjálfbær auðlindabúskapur	10.454	10.739	-285	-2,7%
2-0870-2	Samstarf á Norðurskautsvæðinu	3.081	2.694	387	14,4%
	Orkumál	**6.135**	**6.285**	**-150**	**-2,4%**
2-3210-2	Verkefnafé – Orkumál	5.105	5.212	-107	-2,1%
2-3220-2	Norrænar orkurannsóknir (Nefp)	1.030	1.073	-43	-4,0%
	Umhverfismál	**38.405**	**38.200**	**205**	**0,5%**
2-3310-2	Verkefnafé – Umhverfismál	32.853	32.762	91	0,3%
2-3320-2	Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	5.552	5.438	114	2,1%
2-3330-2	Norræn auðlindanýting Stuðull 4/10	0	0	0	
2-3340-2	Umhverfisgæðamál	0	0	0	
	Efnahags- og fjármál	**1.536**	**1.553**	**-17**	**-1,1%**
2-5210-2	Verkefnafé – Efnahags- og fjármál	1.536	1.553	-17	-1,1%
	Byggðamál	**29.116**	**29.379**	**-263**	**-0,9%**
2-6110-2	Verkefnafé – Byggðamál	19.300	18.903	397	2,1%

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2001	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	*9.816*	*10.476*	*-660*	*-6,3%*
2-6180-3	Norræn miðstöð um rannsóknir og þróun í byggðamálum (NORDREGIO)	9.816	10.476	-660	-6,3%
	Samgöngur	**1.021**	**1.022**	**-1**	**-0,1%**
2-6210-2	Verkefnafé – Samgöngur	1.021	1.022	-1	-0,1%
	Landbúnaður og skógrækt	**23.471**	**24.138**	**-667**	**-2,8%**
	Verkefnafé	*15.216*	*15.328*	*-112*	*-0,7%*
2-6510-2	Verkefnafé – Landbúnaður og skógrækt	4.363	4.698	-335	-7,1%
2-6520-2	Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.088	1.066	22	2,1%
2-6530-2	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.064	1.042	22	2,1%
2-6540-2	Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.130	3.066	64	2,1%
2-6581-2	Samnorrænar skógarrannsóknir (SNS)	5.571	5.456	115	2,1%
	Stofnanir	*8.255*	*8.810*	*-555*	*-6,3%*
2-6580-3	Norræni genbankinn (NGB)	8.255	8.810	-555	-6,3%
	Sjávarútvegur	**7.272**	**7.347**	**-75**	**-1,0%**
2-6610-2	Verkefnafé – Sjávarútvegur	7.272	7.347	-75	-1,0%
Velferðar- og atvinnumál		**146.125**	**145.292**	**833**	**0,6%**
	Vinnumarkaður og -umhverfismál	**12.814**	**12.851**	**-37**	**-0,3%**
	Verkefnafé	*10.108*	*10.200*	*-92*	*-0,9%*
3-4110-2	Verkefnafé – Vinnumarkaður og -umhverfi	6.327	6.197	130	2,1%
3-4120-2	Nordjobb	2.529	2.777	-248	-8,9%
3-4130-2	Upplýsingaverkefnið	1.252	1.226	26	2,1%
	Stofnanir	*2.706*	*2.651*	*55*	*2,1%*
3-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.706	2.651	55	2,1%
	Félags- og heilbrigðismál	**34.557**	**35.804**	**-1.247**	**-3,5%**
	Verkefnafé	*5.211*	*4.904*	*307*	*6,3%*
3-4310-2	Verkefnafé – Félags- og heilbrigðismál	4.253	3.966	287	7,2%
3-4320-2	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	958	938	20	2,1%
3-4330-2	Styrkjafyrirkomulag vegna táknmálstúlkunar	0	0	0	
	Stofnanir	*29.346*	*30.900*	*-1.554*	*-5,0%*
3-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	2.034	3.171	-1.137	-35,9%
3-4381-3	Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)*	32.354	34.528	-2.174	-6,3%
3-4382-3	Stofnun fyrir prófun tannviðgerðarefna (NIOM)	9.194	8.924	270	3,0%
3-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.633	2.579	54	2,1%
3-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH)	7.188	7.971	-783	-9,8%
3-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUV)	6.987	6.857	130	1,9%
3-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.310	1.398	-88	-6,3%
	Jafnrétti	**7.983**	**7.674**	**309**	**4,0%**
3-4410-2	Verkefnafé – Jafnrétti	2.956	2.795	161	5,8%

* Starfsemi heilbrigðisfræðaháskólans er fjármögnuð beint af löndunum og íþyngir því ekki fjárlögum í félags- og heilbrigðismálum.

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR		FJÁRLÖG 2002	FJÁRLÖG 2001	MISMUNUR +/-	%
	Stofnanir	*5.027*	*4.879*	*148*	*3,0%*
3-4480-3	Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum (NIKK)	5.027	4.879	148	3,0%
	Samstarf í vímuefnamálum	**1.185**	**1.161**	**24**	**2,1%**
3-4510-2	Verkefnafé – Samstarf í vímuefnamálum	1.185	1.161	24	2,1%
	Aðgerðir í velferðarmálum	**4.301**	**4.063**	**238**	**5,9%**
3-4610-2	Verkefnafé – Velferðarmál	0	0	0	
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	4.301	4.063	238	5,9%
	Atvinnumál	**69.598**	**67.775**	**1.823**	**2,7%**
3-5110-2	Verkefnafé – Atvinnumál	1.370	1.042	328	31,5%
3-5120-2	Samstarf lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði upplýsingatækni	0	0	0	
	Stofnanir	*68.228*	*66.733*	*1.495*	*2,2%*
3-5180-3	Norræni iðnaðarsjóðurinn	56.539	55.082	1.457	2,6%
3-5181-3	Nordtest	11.689	11.651	38	0,3%
	Bygginga- og húsnæðismál	**768**	**852**	**-84**	**-9,9%**
3-5310-2	Verkefnafé – Bygginga- og húsnæðismál	768	852	-84	-9,9%
	Neytendamál	**8.462**	**8.688**	**-226**	**-2,6%**
3-6710-2	Verkefnafé – Neytendamál	6.240	6.512	-272	-4,2%
3-6720-2	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.222	2.176	46	2,1%
	Matvæli	**5.437**	**5.325**	**112**	**2,1%**
3-6810-2	Verkefnafé – Matvæli	5.437	5.325	112	2,1%
	Löggjöf	**1.020**	**1.099**	**-79**	**-7,2%**
3-7110-2	Verkefnafé – Löggjöf	1.020	1.099	-79	-7,2%
Önnur starfsemi		**104.931**	**97.212**	**7.719**	**7,9%**
4-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	62.257	61.096	1.161	1,9%
4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.880	2.821	59	2,1%
4-0425-2	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.613	2.559	54	2,1%
4-0430-2	Norrænt tölfræðisamstarf	1.654	1.597	57	3,6%
4-0435-2	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	565	576	-11	-1,9%
4-0445-2	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (Varasjóður ráðherranefndarinnar)	9.700	4.616	5.084	110,1%
4-0450-2	Styrkur til frjálsra félagasamtaka	973	953	20	2,1%
4-0460-2	Sjálfbær Norðurlönd	4.174	4.088	86	2,1%
4-0461-2	Norræn vísindaáætlun um öryggismál	1.565	1.533	32	2,1%
4-0462-2	Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.609	2.555	54	2,1%
4-1010-2	Upplýsingastarfsemi	3.672	3.596	76	2,1%
4-1020-2	Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	940	1.022	-82	-8,0%
4-1025-2	Norðurlönd í brennidepli (upplýsingagluggarnir)	4.697	4.701	-4	-0,1%
4-1030-2	Halló Norðurlönd	3.063	1.022	2.041	199,7%
4-1040-2	Þýðingar og túlkun	1.043	1.022	21	2,1%
4-1050-2	Starfsmannaskipti	2.042	2.091	-49	-2,3%
4-8030-2	Útgáfustarfsemi	484	1.364	-880	-64,5%
Samtals		**787.220**	**774.395**	**12.825**	**1,7%**

Skipting fjárlaga 2001 eftir sviðum innan samstarfssviða.



Skipting milli sviða 1999–2002.

Niðurstaða 1999 – Skipting fjárlaga milli sviða.



Niðurstaða 2000 – Skipting fjárlaga milli sviða.



Fjárlög 2001 – Skipting fjárlaga milli sviða.



Fjárlög 2002 – Skipting fjárlaga milli sviða.



Þróun fjárlaganna á árunum 1992–2002.



Ráðstöfunarfé starfseminnar.

ÞÚS. D.KR.	1997**	1998	1999	2000	2001	2002
Rekstrarafgangur*	2500	1689	3616	1399	6310	
Þar af:						
endurgreitt löndunum	0	1689	3616	1399	6310	
til ráðstöfunar fyrir Norrænu ráðherranefndina	2.500	0	0	0	0	0
Fjárlög	702.636	716.931	732.308	741.512	774.395	787.220
Til ráðstöfunar fyrir Norrænu ráðherranefndina	705.136	716.931	732.308	741.512	774.395	787.220

* Afgangurinn er frá síðasta þekkta reikningsuppgjöri fyrir fjárlagaárið, þ.e. varðandi 1997 er það afgangur ársins 1995. Frá og með árinu 1998 hefur þessu verið breytt þannig að afgangur ársins er frá fyrra ári, þ.e. 1997. Þetta gerðist í tengslum við að fjárhagsreglunum var breytt árið 1998 á þann veg að afgangur er alltaf endurgreiddur til landanna.

** Halli að fjárhæð 2,314 millj. d.kr. frá 1996 var bættur upp árið 1997 með endurgreiðslum af fé þeirra stofnana sem höfðu verið lagðar niður.

Afgangur hefur minnkað á 10. áratugnum. Þetta stafar fyrst og fremst af því að dregið hefur úr vaxtatekjum. Afgangur er í þessu samhengi skilgreindur sem munurinn á þeim tekjum sem gert var ráð fyrir á fjárlögunum og raunverulegum tekjum.

Samanburður á fjárlögum 2002 og 2001.

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR.	FJÁRLÖG 2002	*Hlutdeild*	FJÁRLÖG 2001	*Hlutdeild*	mism. 02-01 +/-	%
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**345.513**	***43,9%***	**342.465**	***44,2%***	**3.048**	**0,9%**
Menningarsamstarf	147.330	*18,7%*	146.980	*19,0%*	350	0,2%
Menntamál og rannsóknir	197.845	*25,1%*	194.954	*25,2%*	2.891	1,5%
Ráðherranefndin um upplýsingatækni	338	*0,0%*	531	*0,1%*	-193	-36,3%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**190.651**	***24,2%***	**189.426**	***24,5%***	**1.225**	**0,6%**
Grannsvæðin	83.695	*10,6%*	81.502	*10,5%*	2.193	2,7%
Orkumál	6.135	*0,8%*	6.285	*0,8%*	-150	-2,4%
Umhverfismál	38.405	*4,9%*	38.200	*4,9%*	205	0,5%
Efnahagsmál	1.536	*0,2%*	1.553	*0,2%*	-17	-1,1%
Byggðamál	29.116	*3,7%*	29.379	*3,8%*	-263	-0,9%
Samgöngur	1.021	*0,1%*	1.022	*0,1%*	-1	-0,1%
Landbúnaður og skógrækt	23.471	*3,0%*	24.138	*3,1%*	-667	-2,8%
Sjávarútvegur	7.272	*0,9%*	7.347	*0,9%*	-75	-1,0%
Velferðar- og atvinnumál	**146.125**	***18,6%***	**145.292**	***18,8%***	**833**	**0,6%**
Vinnumarkaður, vinnuumhverfi	12.814	*1,6%*	12.851	*1,7%*	-37	-0,3%
Félags- og heilbrigðismál	34.557	*4,4%*	35.804	*4,6%*	-1.247	-3,5%
Jafnrétti	7.983	*1,0%*	7.674	*1,0%*	309	4,0%
Samstarf í vímuefnamálum	1.185	*0,2%*	1.161	*0,1%*	24	2,1%
Aðgerðir í velferðarmálum	4.301	*0,5%*	4.063	*0,5%*	238	5,9%
Atvinnumál	69.598	*8,8%*	67.775	*8,8%*	1.823	2,7%
Bygginga- og húsnæðismál	768	*0,1%*	852	*0,1%*	-84	-9,9%
Neytendamál	8.462	*1,1%*	8.688	*1,1%*	-226	-2,6%
Matvæli	5.437	*0,7%*	5.325	*0,7%*	112	2,1%
Löggjöf	1.020	*0,1%*	1.099	*0,1%*	-79	-7,2%
Önnur starfsemi	**104.931**	***13,3%***	**97.212**	***12,6%***	**7.719**	**7,9%**
SAMTALS	**787.220**	***100,0%***	**774.395**	***100,0%***	**12.825**	**1,7%**

Skipting fjárveitinganna á stofnanir og verkefni 2002 og 2001.

VERÐ Á HVERJUM TÍMA Í ÞÚS. D.KR.	2002 þús. d.kr.	Hlutdeild %	2001 þús. d.kr.	Hlutdeild %
Menning	**147.330**	**18,7%**	**146.980**	**19,0%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	103.806	70,5%	103.891	70,7%
Stofnanir	43.524	29,5%	43.089	29,3%
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni	**198.183**	**25,2%**	**195.485**	**25,2%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	103.406	52,2%	100.867	51,6%
Stofnanir	94.777	47,8%	94.618	48,4%
Umhverfismál og auðlindamál	**190.651**	**24,2%**	**189.426**	**24,5%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	143.003	75,0%	145.797	77,0%
Stofnanir	47.648	25,0%	43.629	23,0%
Velferð og atvinnumál	**146.125**	**18,6%**	**145.292**	**18,8%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	40.818	27,9%	40.129	27,6%
Stofnanir	105.307	72,1%	105.163	72,4%
Önnur starfsemi	**104.931**	**13,3%**	**97.212**	**12,6%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	42.674	40,7%	36.116	37,2%
Stofnanir	62.257	59,3%	61.096	62,8%
Samtals	**787.220**	**100,0%**	**774.395**	**100,0%**
Fjármunir til verkefna, áætlanir og styrkir	433.707	55,1%	426.800	55,1%
Stofnanir	353.513	44,9%	347.595	44,9%

Stofnanir eru skilgreindar út frá skipulagi en ekki inntaki starfseminnar. Það leiðir af sér að styrkjafyrirkomulag á borð við Norrænu vísindaakademíuna, Norræna iðnaðarsjóðinn og Norræna verkefnaútflutningssjóðinn (NOPEF) fellur undir hlutdeild stofnunarinnar. Enn fremur eru fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og upplýsingaskrifstofanna í Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum skilgreindar sem rekstur stofnana. Þetta er í samræmi við venju. Breyting á hlut stofnana frá 2001 til 2002 stafar fyrst og fremst af hækkun á fjárveitingu til NOPEF svo og að heildarfjárveiting ráðherranefndarinnar er hluti af fjárveitingu til nefndrar stofnunar. Áður fyrr var hluti af fjármunum NOPEF veittur á fjárlagaliðnum Markaðsbúskapur í grannsvæðaáætluninni.

Yfirfærsla og samruni fjárlagaliða.

Miðað við fjárlög 2001 eru einstakir fjárlagaliðir fluttir og lagðir við aðra fjárlagaliði. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða fjárlagaliðir þetta eru og hvert þeir hafa verið færðir. Síðasti dálkurinn sýnir breytinguna í „nýja“ sameinaða fjárlagaliðnum, þ.e. nettóáhrif samrunans, miðað við upphæð fjárlagaliðarins í fjárlögunum 2001.

FJÁRLAGALIÐUR		SAMTALS TIL FJÁRLAGALIÐAR		BREYTING í þús. d.kr. á verðlagi 2001
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	-1.500
1-2224-2	Framlög til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum – forgangsverkefni.			

Tekjur á fjárlögum.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum og er skipting þeirra ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. 1998 og 1999.

TEKJUR þús. d.kr.	UPPGJÖR 2000	SKIPTIREGLA 2000	FJÁRLÖG 2001	SKIPTIREGLA 2001	FJÁRLÖG 2002	SKIPTIREGLA 2002
Launatengd gjöld (sem renna til reksturs starfseminnar)	8.715		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	12.203		8.000		9.120	
Aðrar tekjur/ (e.t.v. tap)	192		800		800	
Framlög landanna			***758.595		***770.300	
þar af:						
– Danmörk	181.678	25,0%	184.339	24,3%	189.494	24,6%
– Finnland	129.355	17,8%	138.823	18,3%	142.505	18,5%
– Ísland	7.267	1,0%	8.344	1,1%	8.473	1,1%
– Noregur	163.510	22,5%	166.891	22,0%	166.385	21,6%
– Svíþjóð	244.902	33,7%	260.198	34,3%	263.443	34,2%
Samtals	748.693	100,0%	774.395	100,0%	787.220	100,0%
– afgangur	**6.310					
hreinar tekjur	741.512					

** Endurgreiðist til landanna samkvæmt skiptireglunni, á næstkomandi ári.

*** Árin 2001 og 2002 aflar ráðherranefndin fjárhæðar sem er 10 millj. d.kr. lægri en eiginlegt framlag frá löndunum. Þetta er vegna þess að skera verður niður handbært fé ráðherranefndarinnar. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar á næstu blaðsíðu.

Athugasemdir.

Launatengd gjöld: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur: Reiknað er með vaxtatekjum að fjárhæð 9,12 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 3,8% árið 2002 og meðalgreiðslugetu á því ári sem nemi 240 millj. d.kr.

Aðrar tekjur: Undir þennan tekjulið eru væntanlegar endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnsýslustofnunum.

Kröfur gagnvart löndunum.

Vegna þeirrar fjárstreymisskerðingar sem ákveðin hefur verið fyrir 2001 og 2002 verða til kröfur gagnvart löndunum. Skiptingin milli landanna ræðst af skiptireglunni vegna viðkomandi fjárlagaárs. Þetta felur í sér að löndin koma til með að standa í skuld við Norrænu ráðherranefndina sem ber enga vexti og ekki er tiltekinn endurgreiðslutími. Kröfurnar dreifast á löndin eins og segir í eftirfarandi töflu. Einnig er tiltekið hve miklar heildarkröfur verða við árslok 2002.

Kröfur miðað við einstök lönd og fjárlagaár (þús. d.kr.)	Kröfur 2001	Kröfur 2002	Samtals 31.12.2002
Danmörk	2.430	2.460	4.890
Finnland	1.830	1.850	3.680
Ísland	110	110	220
Noregur	2.200	2.160	4.360
Svíþjóð	3.430	3.420	6.850
Skerðing fjárstreymis	**10.000**	**10.000**	**20.000**

Meiri háttar breytingar.

Í fjárlögunum eru hækkanir á fjárlagaliðum sem nema *samtals um 24,402 millj. d.kr. á verðlagi ársins 2001*. Notað er verðlag ársins 2001 (fyrir hækkun vegna væntanlegra verðhækkana) til þess að gera yfirlitið samanburðarhæft við fjárlög ársins 2001. Í töflunni hér fyrir neðan er sýnt hvernig mestu hækkanirnar skiptast á viðeigandi fjárlagaliði á verðlagi ársins 2001. Einnig er sýnt hvar var skorið mest niður. Til samanburðar námu tilfærslur í fjárlögunum 2001 36,436 millj. d.kr. (að meðtaldri 10 millj. d.kr. hækkun fjárlaganna).

Meiri háttar hækkanir (þús. d.kr.)		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Breyting
1-2220-2	Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.862	3.241	2.621
1-2530-2	Stjórnarnefndin um æðri menntun – HÖGUT	2.500	1.066	1.434
1-3110-2	Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	2.278	778	1.500
1-3111-2	Öndvegissetur	3.000	0	3.000
2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	15.991	14.991	1.000
2-5280-3	Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)	15.500	11.282	4.218
4-0445-2	Varasjóður ráðherranefndarinnar	9.500	4.616	4.884
4-1030-2	Halló Norðurlönd	3.000	1.022	1.978
	Aðrar minni háttar hækkanir			3.767
Samtals hækkanir				**24.402**

Meiri háttar niðurskurðir (þús. d.kr.)		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Breyting
1-2224-2	Framlög til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum – forgangsverkefni.	0	4.121	-4.121
1-2532-1	NORDPLUS	30.538	31.972	-1.434
1-2552-2	Upplýsingatækni og tölvunotkun í kennslu	0	3.127	-3.127
1-3125-2	Norrænt tengslanet um þjóðhætti	0	1.090	-1.090
1-3115-1	Norræna vísindaakademían (NorFA)	34.965	35.965	-1.000
2-0825-2	Nýjar aðgerðir á grannsvæðunum	0	1.042	-1.042
2-0850-2	Markaðsbúskapur	5.528	8.528	-3.000
3-4380-3	Norræna lyfjanefndin (NLN)	2.171	3.171	-1.000
	Aðrir minni háttar niðurskurðir			-8.588
Samtals niðurskurður				**-24.402**

* Hækkun fjárlagaliðar 1-2220-2 *Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf* ber að skoða í tengslum við niðurskurð á fjárlagalið 1-2224-2 *Framlög til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfs á Norðurlöndum*, þar eð fjárlagaliðunum hefur verið steypt saman. Heildarlækkun á fjárveitingum til kvikmynda- og fjölmiðlasamstarfsins nemur því 1,5 millj. d.kr.

Skipulagsrammi til lengri tíma fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir, miðað við 3 ára tímabil, þróun fjárlaga ef gert er ráð fyrir að aðstæður sem voru þekktar við samningu fjárlaga standist þann tíma sem spá vegna fjárlaganna nær yfir (spátímabilið).

Varðandi einstaka fjárlagaliði eru forsendur skipulagsrammans til lengri tíma sem hér segir:

- Ef ekki er annað ákveðið eða skipulagt er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögunum 2002 haldið óbreyttu út spátímabilið 2003 og 2004.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki reiknuð með inn í spátímabilið.

Upplýsingar um spátímabilið eru aðeins leiðbeinandi og sýna hvernig þróunin verður miðað við óbreytt fjárlög næstu tvö ár, að teknu tilliti til ákveðinna eða fyrirhugaðra breytinga. Hér er því ekki um að ræða fjárlög til margra ára, þar sem ákvörðun liggur fyrir um fjárhæðir á spátímabilinu. Til ráðstöfunar er eingöngu árleg fjárveiting í samþykktum fjárlögum viðkomandi árs. Heildarrammi fjárlaga er ákveðinn árlega og er ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í töflunni er gert ráð fyrir að rammarnir á spátímabilinu séu þeir sömu og á fjárlagaárinu 2002.

Yfirlitið á næstu blaðsíðu er samantekt fjárlagaliða fyrir sviðin.

Hugtakið „Ekki áætlað innan fjárlagarammans“ er mismunur milli summu einstakra fjárlagaliða og fjárlagarammans. Ef talan er neikvæð merkir það að ófullnægð fjármögnunarþörf er fyrir hendi. Jákvæð tala merkir að fjármunir eru til ráðstöfunar.

Að óbreyttum heildarramma að fjárhæð 787,22 millj. d.kr. á spátímabilinu verður ófullnægð fjármögnunarþörf að fjárhæð 1,2 millj. d.kr. árið 2003 og 6,7 millj. d.kr. til ráðstöfunar árið 2004 að gefnum þeim forsendum sem getið er að ofan.

Í yfirlitinu er starfseminni skipt niður á 4 meginsamstarfssvið og byggt á óbreyttum fjárlagaramma fyrir samstarfssviðin.

Fyrir „Menningu, menntun og rannsóknir“ verður 1 millj. d.kr. til ráðstöfunar og 6,7 millj. d.kr. hvort árið 2003 og 2004. Ástæða þessa er að Norðurskautsrannsóknaráætluninni er að ljúka (fjárlagaliður 1-3130-2) en síðasta fyrirhugaða fjárveiting vegna hennar verður árið 2003.

Á samstarfssviðinu „Umhverfismál, auðlindamál og grannsvæðin“ nemur ófullnægð fjármögnunarþörf 0,5 millj. d.kr. árið 2003 og 2,0 millj. d.kr. árið 2004. Ástæðan er samningur landanna frá árinu 2000 um fjármögnun á starfsemi NOPEF (fjárlagalið 2-5280-3). Efni hans er að fjárveitingar ráðherranefndarinnar til NOPEF verði auknar um 1,5 millj. d.kr. á hverju ári á spátímabilinu.

Á samstarfssviðinu „Velferð og atvinnumál“ er ófullnægð fjármögnunarþörf að upphæð 1,7 millj. d.kr. og 2,7 millj. d.kr. hvort árið um sig 2003 og 2004. Ástæða þessa er hin fyrirhugaða hækkun á fjárveitingum til velferðarrannsóknaráætlunarinnar (fjárlagaliður 3-4620-2).

Fjárhæðin sem er til ráðstöfunar undir liðnum „Önnur starfsemi“ árið 2004 er vegna þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um starfsemi upplýsingaglugganna Norðurlönd í brennidepli (fjárlagaliður 4-1025-2) eftir árið 2003. Ákvörðun liggur einungis fyrir um starfsemina á 3 ára reynslutímabili og skal hún metin á þeim tíma. Ákvörðun um framtíð starfseminnar verður tekin á grundvelli þess mats.

Skipulagsrammi í heild til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.).

	Fjárlög 2001	Fjárlög 2002	Fjárlög áætlun 2003	Fjárlög áætlun 2004
Menningar-, menntamál og rannsóknir	**342.465**	**345.513**	**345.513**	**345.513**
Menningarsamstarf	146.980	147.330	147.330	147.330
Menntamál og rannsóknir	194.954	197.845	196.887	191.159
Upplýsingatækni	531	338	338	338
Ekki áætlað innan fjárlagarammans			958	6.686
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	**189.426**	**190.651**	**190.651**	**190.651**
Grannsvæðin	81.502	83.695	84.195	85.695
Orkumál	6.285	6.135	6.135	6.135
Umhverfismál	38.200	38.405	38.405	38.405
Efnahags- og fjármál	1.553	1.536	1.536	1.536
Byggðamál	29.379	29.116	29.116	29.116
Samgöngur	1.022	1.021	1.021	1.021
Landbúnaður og skógrækt	24.138	23.471	23.471	23.471
Sjávarútvegur	7.347	7.272	7.272	7.272
Ekki áætlað innan fjárlagarammans			-500	-2000
Velferðar- og atvinnumál	**145.292**	**146.125**	**146.125**	**146.125**
Vinnumarkaður og -umhverfismál	12.851	12.814	12.814	12.814
Félags- og heilbrigðismál	35.804	34.557	34.557	34.557
Jafnrétti	7.674	7.983	7.983	7.983
Samstarf í vímuefnamálum	1.161	1.185	1.185	1.185
Aðgerðir í velferðarmálum	4.063	4.301	6.000	7.000
Atvinnumál	67.775	69.598	69.598	69.598
Bygginga- og húsnæðismál	852	768	768	768
Neytendamál	8.688	8.462	8.462	8.462
Matvæli	5.325	5.437	5.437	5.437
Löggjöf á sviði dómsmála	1.099	1.020	1.020	1.020
Ekki áætlað innan fjárlagarammans			-1699	-2699
Önnur starfsemi	**97.212**	**104.931**	**104.931**	**104.931**
Önnur starfsemi samtals	97.212	104.931	104.931	100.234
Ekki áætlað innan fjárlagarammans			0	4.697
SAMTALS	**774.395**	**787.220**	**787.220**	**787.220**
Ekki áætlað innan fjárlagarammans			**-1241**	**6.684**

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök.

Í því skyni að fylgja eftir þeirri áætlun um samstarf við frjálsu félagasamtökin sem var til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 1998 hefur Norræna ráðherranefndin samþykkt eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- „Markmið Norrænu ráðherranefndarinnar er að koma á opnum, gagnsæjum og skipulegum tengslum við frjáls félagasamtök/hagsmunasamtök til þess að fá fram sjónarmið, þekkingu og hæfni þeirra áður en ákvarðanir eru teknar.
- Samskiptin skulu vera samkvæmt áætlunum, þ.e. hagsmunasamtökin skulu vera viðbúin samskiptum af þessu tagi og þau skal síðan vera unnt að staðfesta.
- Þau frjálsu félagasamtök/hagsmunasamtök sem höfð eru samskipti við skulu vera viðurkenndir fulltrúar viðkomandi hóps, og tengsl milli samtakanna og hagsmuna-„baklands" þeirra sýnileg og vel skilgreind.
- Samskiptin við frjálsu félagasamtökin/hagsmunasamtök skulu eiga sér stað á viðkomandi fagsviðum. Í tengslum við vinnslu tillagna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, mótun framkvæmdaáætlana á einstökum sviðum, sem og við úrvinnslu á meðmælum og tilmælum Norðurlandaráðs ber fagdeildum Norrænu ráðherranefndarinnar með reglubundnum hætti að meta:
  - Hvort frjáls félagasamtök koma þegar að málinu eða ættu að koma að málinu.
  - Hvernig haga megi hugsanlegri áframhaldandi eða aukinni aðkomu frjálsra félagasamtaka með hagkvæmum hætti.
  - Hvernig sviðið hefur stuðlað að auknu samspili við frjálsu félagasamtökin.
  - Til hvaða árangurs tengslin/samspilið við frjálsu félagasamtökin hafa leitt.
- Heildarskýrslu um samstarfið við frjálsu félagasamtökin/hagsmunasamtökin skal gefa í fjárlögum og ársskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar og á heimasíðu ráðherranefndarinnar.
- Frjálsu félagasamtökin taka ekki þátt í ákvörðunum ráðherranefndarinnar og embættismannanefndanna.
- Þegar stjórnsýsluverkum er úthlutað til frjálsra félagasamtaka er það gert á grundvelli mats á því hver geti leyst verkefnið af hendi á sem bestan og ódýrastan hátt. Styrkur er þannig ekki veittur til samtakanna gegnum verkefnið."

Viðmiðunarreglunum verður beitt af sviðunum í Norrænu ráðherranefndinni með hliðsjón af þeirri meginstefnu að samstarfið höfði til alls almennings, það sé traustvekjandi og stuðli að árangursríku samspili. Viðmiðunarreglurnar veita möguleika á kerfisbundnum efldum samskiptum og ávinningi, auk þekkingarmiðlunar milli frjálsu félagasamtakanna og hins opinbera norræna samstarfs. Á allnokkrum sviðum í Norrænu ráðherranefndinni hefur þegar skapast hefð fyrir samstarfi við frjálsu félagasamtökin, en framkvæmd viðmiðunarreglna Norrænu ráðherranefndarinnar táknar hins vegar að ráðherranefndin hyggist beina enn meiri athygli að samstarfinu á árinu 2002.

Hin breytta íbúasamsetning á Norðurlöndum er sérstakt úrlausnarefni, sem fást þarf við í hinum lýðræðislegu kerfum til þess að tryggja almenna aðkomu almennings að áframhaldandi þróun sameiginlegrar lýðræðishefðar. Fyrsta skrefið í átt að aukinni þekkingu er að á árinu 2001 var hafist handa við norræna greinargerð, sem tekur mið af tengslunum milli frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum og einstaklinga úr hópi innflytjenda og annarra minnihlutahópa svo og frjálsra samtaka innflytjenda.

Gert er ráð fyrir að þegar á árinu 2002 verði unnt að meta í fyrsta sinn niðurstöðurnar af þeim aðgerðum sem Norræna ráðherranefndin hefur beitt sér fyrir í því skyni að efla möguleika frjálsra félagasamtaka á samstarfi við opinberan geira hins norræna samstarfs.

Staða frjálsra félagasamtaka á grannsvæðunum og möguleikar á samstarfi við þau verða metnir á árinu 2002.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2002 verður framhald á skiptifyrirkomulaginu fyrir fulltrúa frjálsu félagasamtakanna, ferðastyrkjunum og túlkastyrknum, en þessar aðgerðir voru hluti af samstarfsáætlun ársins 1998. Fyrirkomulagið verður tekið til endurskoðunar að afloknu 3 ára gildistímabili.

Hér fara á eftir upplýsingar frá fagsviðunum um samstarf við frjáls félagasamtök:

Norræna ráðherranefndin hefur gert samninga við svæðisskrifstofur *Norræna félagsins* sem fela í sér nánara samstarf um framkvæmd á upplýsingahlutverki norrænu svæðisskrifstofanna í samfélaginu á hverjum stað. Samstarfið við Norræna félagið sam hefur umsjón með Nordjobb-áætluninni og NORDPLUS-mini heldur áfram á árinu 2002.

Á vettvangi frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum er samstarf um málefni tengd íþróttum og *menningu* hvað algengast. Á menningarsviði Norrænu ráðherranefndarinnar er það talið mikilvægt verkefni að eiga stöðugt gagnkvæm samskipti sem einnig ná til frjálsra félagasamtaka, í því skyni efla norrænt menningarlegt samstarf í ljósi aukinnar hnattvæðingar. Drjúgum hluta þeirra fjármuna sem varið er til samstarfsins á *listasviði* er beint að verkefnum sem ná til óháðra listamanna með því að styðja myndun tengslaneta, með verkefnastuðningi og í formi ferðastyrkja og vinnustofustyrkja. Listamannasamtökin eiga formlega séð ekki fulltrúa í stjórnum norrænna nefnda og sjóða, en ýmsir listamenn sem telja má að tilheyri frjálsum félagasamtökum, koma að stjórnarnefndum/stjórnum með sérfræðiþekkingu. Tengsl við listamannasamtökin myndast enn fremur óbeint þegar fulltrúar landanna í norrænum stofnunum eru skipaðir með því að ráðuneytin leita samráðs hjá listamannasamtökum í sínu landi við skipunina.

Á *íþróttasviðinu* hafa menningarmálaráðherrarnir veitt stuðning til þriggja stórra viðburða: „Norrænnar umhverfisráðstefnu um íþróttir", „Íþrótta- og menningarhátíðar" í Færeyjum og samstarfsverkefninu „Women and Sport in Estonia". Innan Norræns íþróttasamstarfs er megni þess fjár sem rennur til styrkveitinga varið til ferðastyrkja fyrir börn og unglinga í frjálsum íþróttasamtökum á Vestur-Norðurlöndum og til íþróttamóta og -búða fyrir börn og unglinga á vegum íþróttasamtaka og unglingaíþrótta á samíska svæðinu.

Æskulýðsmál einkennast af nánu samstarfi við frjálsu félagasamtökin þar sem veittir eru styrkir til allmargra samtaka og verkefna og frjáls félagasamtök á því sviði eiga fulltrúa í ráðgjafanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar, Norrænu æskulýðsnefndinni. Verkefnin, sem eru styrkt, eru skipulögð og framkvæmd af norrænum æskulýðssamtökum.

Norræn hús/stofnanir starfa með listamannasamtökum í mörgum af verkefnum húsanna. Norrænu húsin og stofnanir á Vestur-Norðurlöndum, en þau eru þrjú talsins, ráðstafa auk þess ferðastyrknum til frjálsra félagasamtaka, en þar með næst samband við breiðan hóp frjálsra félagasamtaka – ekki einungis á menningarsviðinu. Á *kvikmynda- og fjölmiðlasviðinu* tekur frjálsi geirinn þátt í starfseminni m.a. með þátttöku í athugunum og skýrslum, annað hvort með því að annast gagnasöfnun og skýrslugerð, eða með ráðgjöf. Námstefnur eru oftast ætlaðar einstökum listamönnum og iðkendum á sviði kvikmynda og sjónvarps. Áhrifa frjálsra félagasamtaka á starfsemina gætir að öðru leyti fyrst og fremst heima fyrir í löndunum með fundum og samskiptum ráðuneytanna við samtök listamanna og listamennina sjálfa auk annarra.

Starfið að *Norrænni kynningu utan Norðurlanda* er þess eðlis að oft er það forsenda fyrir framkvæmd verkefnis að frjáls félagasamtök taki þar þátt sem samstarfsaðilar. Þegar stjórnarnefndin skipar starfshópa og undirbúningshópa að öðru leyti og útdeilir hagnýtum verkefnum koma frjáls félagasamtök að mörgum þáttum þess.

Norræni menningarsjóðurinn veitir nú þegar verulegt framlag til samstarfsins við frjáls félagasamtök. Sjóðurinn hefur á undanförnum 3 árum úthlutað helmingi styrkfjárins til frjálsra

félagasamtaka. Jákvætt viðhorf sjóðsins til þess að tengja frjáls félagasamtök norrænu menningarsamstarfi endurspeglast í úthlutunarreglum/forgangsröðun sjóðsins. Frjálsu félagasamtökin koma þó ekki beint að ákvörðunarferlinu. Með skipulegu föstu samstarfi sem hafið er við tvíhliða sjóði á Norðurlöndum, koma hins vegar frjáls félagasamtök á Norðurlöndum óbeint að því. Þetta samstarf leiðir jafnframt til þess að sjóðurinn verður stöðugt þekktari meðal frjálsra félagasamtaka. Enn fremur vinnur menningarsjóðurinn að því koma sér upp starfsreglum þannig að sveigjanleiki verði meiri og frjáls félagasamtök eigi auðveldara með að leita til sjóðsins.

Í umhverfisgeiranum er hefð fyrir samstarfi við frjáls félagasamtök og þátttöku þeirra að vissu marki í ákvarðanatöku. Þannig var áætlunin um sjálfbæra þróun send til umsagnar víða meðal frjálsra félagasamtaka um öll Norðurlönd og þau fengu einnig tækifæri til að koma með athugasemdir við umhverfisframkvæmdaáætlunina. Þróun upplýsingaáætlunar fyrir norrænt umhverfissamstarf tengist beint óskinni um aukna upplýsingamiðlun og nánara samstarf við hin frjálsu félagasamtök. Ein forsenda þess að framkvæmd áætlunarinnar um sjálfbæra þróun takist er að frjálsu félagasamtökin verði virk í ferlinu.

Á sviði neytendamála á sér stað formlegt samstarf við neytendageirann á vettvangi Norrænu neytendanefndarinnar (NKU). Hún er samstarfsvettvangur stjórnvalda, vísindamanna og fulltrúa frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum á sviði neytendamála og er óháð ráðgjafarstofnun Norrænu ráðherranefndarinnar, neytendamálaráðherranna.

Höfuðmarkmið Norrænu neytendanefndarinnar eru:

- að vera hugmyndavettvangur; að endurnýja og viðhalda umræðu um stefnu á sviði neytendamála,
- að þróa samstarf stjórnvalda og neytendasamtaka,
- að styðja norrænt samstarf stjórnvalda í neytendamálum,
- að styðja starf neytendasamtaka í einstökum löndum, á norrænum og alþjóðlegum vettvangi,
- að styðja og hvetja til rannsókna á sviði neytendamála.

Frjáls félagasamtök eiga fulltrúa í verkefnahópum margra verkefna á sviði neytendamála. Þar má t.d. nefna verkefni sem hófst árið 1993 um hagsmuni norrænna neytenda með tilliti til matvæla. Í norrænu framkvæmdaáætluninni um örugg matvæli sem var til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs 1997, er lögð áhersla á að þátttaka almennings sé forsenda þess að ná markmiðinu um örugg matvæli. Árið 2000 var haldin þverfagleg ráðherraráðstefna „*Öruggur matur*“, með breiðri þátttöku samtaka á þessu sviði; neytendasamtökum, umhverfissamtökum og hinum ýmsu samtökum matvælaframleiðenda, en slíkt var unnt vegna framlags af norrænu fjárlögunum.

Á *sviði sjávarútvegs* var veittur styrkur til Norræna samstarfsráðsins fyrir sjómannskonur og konur sem búsettar eru við sjávarsíðuna á grannsvæðunum til stofnunar tengslanets. Enn fremur var veittur styrkur til Norræna fisksalaráðsins og Norræns ráðs útgerða- og fiskimanna. Loks hefur verið veitt fé til sjávarútvegssamtaka til merkingar á fiski sem nýttur er með sjálfbærum hætti.

Á árunum 1996–2000 lagði *Landbúnaðar- og skógræktarsviðið* alls 500.000 d.kr. til upplýsingaverkefnis hjá frjálsum félagasamtökum. Þetta verkefni verður nú fjármagnað beint af löndunum. Í norræn-baltnesku ráðherrayfirlýsingunni um þróun landsbyggðar (Copenhagen Declaration 2000) er lögð áhersla á mikilvægi hins borgaralega samfélags fyrir þróunina, en það er í samræmi við Árósarsáttmálann. Leitað verður til frjálsra félagasamtaka um ráðgjöf þegar slíkt á við. Í samstarfinu um erfðaefni húsdýra og ræktaðra plantna er lögð áhersla á samskipti og stuðning við myndun tengslaneta við hin mörgu frjálsu samtök svo og þorra þeirra manna sem

lætur sig varðveislumál varða. Í norrænu samstarfsráði fyrir landbúnað og skógrækt hafa talsmenn hagsmunasamtaka á sviðinu möguleika á að skiptast á skoðunum við stjórnmálamenn og stjórnsýsluna um þau pólitísku málefni sem hæst ber hverju sinni. Samtökin tóku þátt í því að undirbúa og móta dagskrá fundar samstarfsráðsins árið 2001. Samstarfsráðið er fjármagnað af hverju landi fyrir sig.

Á sviði *menntamála og rannsókna* hefur *Stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu, FOVU,* prýðilegt samstarf við margvíslega notendur, m.a. námsmannasamtök og lýðháskólafélög. Samtökin eiga fulltrúa í mörgum af starfshópum FOVU (samanburðarhópi, alþjóðlegum samstarfshópi, ritnefnd fyrir FOVU-Dialog) og taka þátt í samráðsfundum og þemaráðstefnum/-námstefnum. Enn fremur er þeim boðin þátttaka í tilteknum verkefnum, t.d. verkefni um Lýðræðisþróun árið *2000*. Í styrkjafyrirkomulaginu er eyrnamerkt fjárveiting til norrænna námsflokkasambanda (blokkstyrkur), enn fremur er meiri hluti annarra fjármuna fyrirkomulagsins veittur til verkefna sem eru skipulögð af lýðháskólum og námsflokkafélögum.

Mikilvægt áherslusvið Norræna lýðháskólans er þróun afburðahæfni sem er til þess fallin að efla tilrauna- og þróunarstarf á sviðinu milli norrænna almannasamtaka, formlega menntakerfisins og vinnumarkaðssviðsins. NSU (Norræni sumarháskólinn) eru frjáls félagasamtök sem fá stuðning til verkefnastarfsemi frá ráðherranefndinni.

Samstarf *félags- og heilbrigðismálageirans* og frjálsra félagasamtaka skiptist aðallega í tvo flokka; framlög til verkefna af almennu verkefnafé, og tiltölulega myndarleg framlög sem veitt eru til samstarfs norrænna samtaka fatlaðra.

Samstarf við bæði norræn kvennasamtök og kvennasamtök í einstökum löndum og tengslanetin teljast eðlilegur hluti starfsemi *jafnréttissviðsins*. Fulltrúum samtakanna og tengslanetanna er boðin þátttaka í ráðstefnum, námstefnum og ýmsum viðburðum. Samtökin taka einnig þátt í mótun samstarfs- og framkvæmdaáætlana og samningu umsagna um veigamikil pólitísk málefni. Á jafnréttissviðinu fer fram samstarf við fjölda norrænna samtaka og tengslaneta kvenna:

Samtök norrænna kvennahreyfinga, NOKS, eru norræn regnhlífarsamtök fyrir kvennasamtök á Norðurlöndum. Samtökin kynntu starfsemi sína á ráðstefnunni „Women's World" í Tromsö í júnímánuði 1999 í „Norræna herberginu", og halda einn fund á ári í því landi sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hverju sinni. Í tengslum við þá eru haldnir kynningarfundir með kvennasamtökum og tækifæri gefast til að kynnast þeim störfum í grannlöndunum sem teljast til fyrirmyndar („good practises"). Árið 2002 kemur NOKS til með að hefja samstarf við samsvarandi regnhlífarsamtök á grannsvæðunum. NOKS starfar einnig með Women's Lobby í ESB. QUIN – er tengslanet fyrir uppfinningakonur á Norðurlöndum. Þær hafa kynnt starfsemi sína á kaupstefnum á Norðurlöndum. QUIN heldur sameiginlega norræna fundi og hefur hafið samstarf við uppfinningakonur á grannsvæðunum. Árið 2000 stofnaði MIRA, sem er þekkingarmiðstöð fyrir innflytjendur og flóttakonur, tengslanet fyrir innflytjendur og flóttakonur á Norðurlöndum. Tengslanet fyrir fatlaðar konur á Norðurlöndum – tekur þátt í ýmsum norrænum viðburðum og hefur skipulagt eigin verkstæði og sýningar í tengslum við fundi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Frjáls félagasamtök (þús. d.kr.).

Fjárlagaliður		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Ráðstafað 2000	Viðtakendur framlaga
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	1.000	900	0	Samtök
1-2204-2	Ráðstöfunarfé – Menning	0	-	491	
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	14.000	10.000	14.021	
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.203	1.225	1.148	Íþróttasamtök
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	4.500	3.950	3.937	Samtök barna og unglinga
1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	2.500	2.000	635	Félög, stofnanir o.fl.
1-2220-2	KM-hópurinn	1.000	200		
1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla		1.300		Filmkontakt Nord
1-2228-3	NORDICOM		200		
1-2230-2	NORDBOK		0		Norrænu félögin
1-2234-2	Menningarstarfsemi Sama	3.983	2.500	2.500	Frjáls félagasamtök Sama og listamenn
1-2231-1	SLEIPNIR	2.612	2.558	2.609	Ferðastyrkir listamanna
1-2246-2	Listamannaheimilið í Róm	809	792	653	Dvöl listamanna
1-2255-3	Leiklist og dans	774	1.460	760	Áhugamannaleikfélög
1-2256-3	NOMUS	400	0	397	Orkester Norden
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin Dalsåsen	700	700	700	Vinnustofustyrkir
1-2258-3	NIFCA	700	3.000	700	Vinnustofustyrkir
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	200	300	250	Óháðir listamenn
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	300	300	300	Óháðir listamenn
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	200	200	200	Óháðir listamenn
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	200	200	250	Óháðir listamenn
1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	50	0	750	Óháðir listamenn
	Samtals menning	**35.131**	**31.785**	**30.301**	
1-2514-1	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.744	1.708	1.671	Norrænu félögin
1-2526-1	NORDPLUS-mini	5.786	5.367	3.251	Norrænu félögin
1-2520-2	FOVU	1.300	1.700	1.200	Fræðslusambönd o.fl.
1-2522-1	Styrkjakerfi FOVU	4.900	4.900	4.800	Fræðslusambönd, lýðháskólar
1-2524-3	Norræni lýðháskólinn (NFA)	2.500	2.500	2.400	Fræðslusambönd/ lýðháskólar
1-2534-2	Norræni sumarháskólinn	1.088	1.066	1.043	NSU er frjáls félagasamtök
1-2543-1	NORDMÅL	1.700	1.300	1.000	Nordspråk
	Samtals menntun og rannsóknir	**19.018**	**18.541**	**15.365**	
2-0810-3/-2-0860-2	Grannsvæðaáætlunin	14.000	11.700	13.000	Frjáls samtök, ferða- og námsdvalaráætlun
	Samtals grannsvæðaáætlunin	**14.000**	**11.700**	**13.000**	
2-6510-2	Verkefnafé – Landbúnaður og skógrækt	0	450	260	
2-6530-2	Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	0	0	320	
	Samtals landbúnaður og skógrækt	**0**	**450**	**580**	

Fjárlagaliður		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Ráðstafað 2000	Viðtakendur framlaga
2-6610-2	Verkefnafé – sjávarútvegur	210	610	248	Samtök sjávarútvegsins
	Samtals sjávarútvegur	**210**	**610**	**248**	
3-6710-2	Verkefnafé – neytendamál	410	1.500	410	Samtök neytenda o.fl.
	Samtals neytendamál	**410**	**1.500**	**410**	
3-4120-2	Nordjobb	2.529	2.777	2.200	Norrænu félögin
	Samtals vinnumarkaður og umhverfismál	**2.529**	**2.777**	**2.200**	
3-4310-2	Verkefnafé – Félags- og heilbrigðismál	450	0	300	
3-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra (NSH)	1.700	0	1.463	Styrkjafyrirkomulag til samtaka fatlaðra
	Samtals heilbrigði og félagsmál	**2.150**	**0**	**1.763**	
3-4410-2	Verkefnafé – jafnrétti	250	300	200	Kvennasamtök
	Samtals jafnrétti	**250**	**300**	**200**	
4-0410-2	Samband Norrænu félaganna	2.880	2.821	2.760	Norrænu félögin
4-0450-2	Stuðningur við frjálsu félögin	973	953	932	Sviðið almennt
	Samtals önnur starfsemi	**3.853**	**3.774**	**3.692**	
	Samtals frjáls félagasamtök hjá Norrænu ráðherranefndinni	**77.551**	**71.437**	**67.759**	

Starfsemi í þágu barna og unglinga.

Eitt mikilvægasta verkefnið í norrænu samstarfi er að tryggja börnum og unglingum góð uppvaxtarskilyrði, góð lífskjör og jafnrétti. Norræna ráðherranefndin hefur lagt verulega áherslu á málefni barna og unglinga síðastliðinn áratug. Áherslunni má skipta í fjögur víðtæk svið:

- Þekking á aðstæðum barna og unglinga.
- Þróun fyrirkomulags um gagnkvæmar heimsóknir, verkefni og tengslanet á norrænum vettvangi, jafnt og í einstökum löndum.
- Starfsemi sem beinist að börnum og unglingum á Norðurlöndum og á grannsvæðum.
- Efling barna- og unglingamenningar, sem nær til þeirrar menningar sem börn og unglingar skapa, og þeirrar menningar sem fullorðnir skapa handa markhópnum börn og unglingar.

Norræna ráðherranefndin hefur samþykkt þrjár framkvæmdaáætlanir sem hafa börn og unglinga að markhópi og snerta daglegt líf þeirra. Viðtækust þeirra er *„Norðurlönd inn í nýtt árþúsund“, þverfagleg framkvæmdaáætlun fyrir samstarf að málefnum barna og unglinga 2001–2005*. Hún nær til tillagna sem tengjast mörgum mismunandi sviðum í starfsemi ráðherranefndarinnar og varpar ljósi á sameiginleg markmið fyrir barna- og unglingasamstarfið. Meginmarkmið samstarfsins er að veita börnum og unglingum möguleika á að *kynnast* og að hafa áhrif á *mótun velferðarsamfélags* á Norðurlöndum og að *taka þátt* í því.

Jafnréttissjónarmiða skal gætt í allri starfsemi. Í alþjóðlegum samanburði standa Norðurlöndin framarlega hvað varðar jafnrétti kynjanna. Á sama hátt er það markmið að norrænt samstarf að málefnum barna og unglinga leiði til aukinnar meðvitundar um norræna samkennd og efli gagnkvæman áhuga, þekkingu og virðingu meðal fólks á Norðurlöndum sem hefur ólíkan félagslegan og þjóðlegan bakgrunn.

Framkvæmdaáætlunin fyrir norrænt samstarf að málefnum barna og unglinga beinist að sex sameiginlegum meginmarkmiðum:

- *Þátttaka og áhrif* barna og unglinga.
- Eigin *menningarleg tjáning* barna og unglinga og efling norrænnar ímyndar.

- Réttur unglinga til að *öðlast hæfni.*
- *Jafnrétti* milli kynslóða, kynja og svæða á Norðurlöndum.
- *Umburðarlyndi og þjóðernisleg margbreytni.*
- *Áhersla* á börn og unglinga sem eru í *áhættuhópi.*

Í framkvæmdaáætluninni er tekið fram að mikilvægt sé að beita sameiginlegum áhrifamætti sem þegar er fyrir hendi í norrænu samstarfi. Þar er m.a. einnig átt við þróun sameiginlegs þekkingargrunns sem byggður er á rannsóknum á málefnum barna og unglinga, auk samræmingar norrænna rannsókna á þessu sviði. Einnig er mikilvægt að skapa sameiginlegar lífskjaravísbendingar sem veita möguleika á að mæla þróunina og skapa nýja þekkingarstöðu.

Mikilvægur liður í því að þróa og bæta lífskjör barna og unglinga er að styrkja þau í að hafa áhrif á stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar í málefnum barna og unglinga og að þróa þá möguleika sem þau hafa til þess að hafa áhrifa á eigið líf.

Stuðningur við hreyfanleika og verkefni er áfram mjög mikilvægur í norrænu samstarfi á sviði barna- og unglingamála.

Fyrir mörg börn og unglinga er þátttaka í norrænu samstarfi forsmekkurinn að þátttöku í alþjóðamálum. Því er mikilvægt að innan norræns samstarfs verði börnum og unglingum veittur möguleiki á að komast að raun um gæði norræns samstarfs, jafnframt því sem stefnt er að því að undirbúa víðtækari þátttöku barna og unglinga í starfsemi á alþjóðavettvangi.

Framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf að skólamálum 2000–2004.

Samstarf að skólamálum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur að markmiði að gera skólann á Norðurlöndum betri. Grunnurinn að samstarfinu verður eftir sem áður skólaþróun og nytsemi hennar í norrænu og alþjóðlegu samhengi. Þetta á einkum við þau forgangssvið og þau tilvik þar sem unnt er að skapa norræn verðmæti. Enn fremur er það markmið skólasamstarfsins að efla heildarsýn á menntun barna og unglinga frá forskóla til framhaldsskóla.

Í framkvæmdaáætluninni eru skilgreind eftirfarandi áherslusvið:

- Nýjar kröfur um hæfni í þekkingarsamfélaginu.
- Símenntun.
- Mat.
- Verðmæti og menning í skólanum.
- Opin skoðanaskipti um samhengi og heild.
- Áhersla á þverfaglega starfsemi í Norrænu ráðherranefndinni, t.d. upplýsinga- og samskiptatækni, gæði, nám, tungumálaskilningur og að gera norrænt skólasamstarf sýnilegt.

Framkvæmdaáætlun fyrir börn og unglinga á grannsvæðum Norðurlanda 1999–.

Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar er að bæta lífskjör barna og unglinga á grannsvæðum Norðurlanda. Hún undirstrikar mikilvægi þess að samræma núverandi starfsemi á sviðinu, yfirfærslu á hæfni milli Norðurlanda og grannsvæðanna og að hleypa af stokkunum verkefnum af menningarlegum toga. Þar má t.d. nefna stuðning við stofnun æskulýðsráða og opinberra bókasafna á einstökum stöðum. Framkvæmdaáætlunin er þverfagleg og félags- og heilbrigðismálasviðið, menningarsviðið og skólasviðið eru í sameiningu ábyrg fyrir því að tillögum framkvæmdaáætlunarinnar sé fylgt eftir.

Með þessum framkvæmdaáætlunum er grundvöllur fyrir því að á næstum öllum sviðum innan Norrænu ráðherranefndarinnar sé í meiri eða minni mæli starfsemi sem beinist að börnum og unglingum.

Á *menningarsviði* er sérstök framkvæmdaáætlun fyrir barna- og unglingamenningu á tímabilinu 1996–2000, en á komandi árum mun starfið á menningarsviðinu byggja á grunni hennar.

Á lista- og menningarsviðinu njóta börn og unglingar ótvíræðs forgangs í starfinu. Markmiðin mynda kjölfestu í öllum áætlunarskjölum og í meginhluta samþykkta hinna ýmsu stofnana og sérfræðistofnana.

Þrír fjárlagaliðir á menningarfjárlögunum eru eingöngu ætlaðir starfsemi í þágu barna og unglinga.

Kvikmynda- og fjölmiðlasvið hefur með fjárveitingum sínum styrkt mörg viðamikil verkefni ætluð börnum og unglingum sem miða t.d. að því að þróa sameiginlega framleiðslu á hágæðaefni fyrir þennan markhóp.

Norræni menningarsjóðurinn ver um 20% af fjárveitingum ársins til verkefna fyrir börn og unglinga.

Skólasviðið. Í grannsvæðafjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 1999 og 2000 voru 3 millj. d.kr. á ári ætlaðar til áætlunarinnar „Development of a School for all" og fyrir árið 2001 2,8 millj. d.kr. Stjórnarnefndin um norrænt samstarf á sviði skólamála leggur áherslu á að ráðherranefndinni beri að líta á þetta samstarf sem langtímaverkefni. Í samræmi við þarfir og óskir Eystrasaltsríkja er meginmarkmið áætlunarinnar að styðja við menntun á mismunandi stigum í því augnamiði að bæta forsendur nemenda sem þurfa sérstakan stuðning til að geta notið góðrar menntunar í almenna skólakerfinu í löndunum. „Stofnun ríkisins um málefni fatlaðra í skólum", SIH, er verkefnastýringarstofnun fyrir áætlunina, sem er mótuð fyrir tilstilli norræns samstarfshóps og fulltrúa ráðuneyta Eystrasaltsríkja. Áætluninni er stýrt af norrænum stýrihópi sem nýtur aðstoðar fulltrúa frá ráðuneytum Eystrasaltsríkjanna, en það er til að tryggja að framkvæmdin verði í samræmi við forgangsröðun í einstökum löndum. Kröftunum er beint að þrem meginákerslusviðum: „Co-operation", „Teacher training/Classroom practice" og „Transition", og á hverju sviði er aðalverkefni í einu Eystrasaltsríki og tvö minni í hinum tveim.

Húsnæðissviðið. Á húsnæðissviðinu er markmiðið að skapa gott húsnæði og lífskjör handa öllum hópum samfélagsins. Norrænt samstarf í húsnæðismálum ungs fólks tekur mið af því að aðstæður þeirra sem eru að koma sér upp húsnæði í fyrsta sinn eru mjög mismunandi eftir því hvað land á í hlut. Unnið er að því að upplýsingar um ástandið í húsnæðismálum við æðri menntastofnanir verði aðgengilegri, m.a. á Netinu.

Sjávarútvegssviðið. Árið 1999 var haldin norræn ráðstefna þar sem ein niðurstaðan var sú, að nánara samstarf við samstarfssvið mennta- og skólamála og samstarfssviðið um málefni barna og unglinga væri forsendan fyrir auknu samstarfi um æðri menntun, t.d. með gagnkvæmri viðurkenningu á námi í matvælagreinum og gjarnan þannig að sameiginlegt norrænt grunnár gæti veitt aðgang að því að ljúka náminu annars staðar á Norðurlöndum. Ein aðferðin til að auka áhugann meðal unglinga gæti verið að nýta margmiðlunartækni bæði við heimanám og í skólanum.

Landbúnaður og skógrækt styrkti árið 2000 Kultur & Ungdom, en það var fjölsótt æskulýðsráðstefna sem haldin var í Reykjavík. „Skógurinn í skólanum" er núverandi samnorrænt verkefni sem beinist að unglingum. Áframhald verkefnisins á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem hófst árið 2000 er í athugun.

Neytendamál. Meginmarkmið norræns samstarfs á sviði neytendamála er að tryggja góða og rétta merkingu vara á Norðurlöndum. Samstarfið á einnig að stuðla að því að auka meðvitund neytenda, gefa af sér skilvirkar upplýsingar og keimlíkar reglur á Norðurlöndum. Á sviði neytendamála eru börn og unglingar neytendahópur sem er afar viðkvæmur gagnvart auglýsingum og vörulýsingum, og því er einkum áríðandi að móta neytendakröfur sem tryggja að börn og unglingar séu þess umkomin að velja sjálfstætt og meðvitað hvað varðar eigin neyslu.

Löggjafarsviðið. Allnokkur sameiginleg úrlausnarefni á sviði löggjafar tengjast málefnum barna- og unglinga. Samstarf um þau er þegar hafið og þess er vænst að það eflist frekar. Skip-

aður hefur verið starfshópur sem fjallar um afbrotamál unglinga. Þar er skiptst á reynslu milli Norðurlanda og sjálfstjórnarsvæðanna. Með skipun hópsins varð til vettvangur þar sem hægt var að skiptast á reynslu varðandi refsiréttarlegar ráðstafanir og önnur viðurlög. Þar verður einnig fjallað um nýjar hugmyndir um fyrirbyggjandi aðgerðir. Í samstarfi við félagsmálasvið hefur löggjafarsviðið samið skýrslu og staðið fyrir námstefnu um kynferðislega misnotkun á börnum. Barátta gegn barnaklámi á Netinu hefur verið forgangs- og átaksverkefni undanfarin ár.

Eftirfarandi tafla sýnir þá fjarlagaliði þar sem framlög í þágu barna og unglinga er að finna. Tilgreind fjárhæð er byggð á mati á væntanlegu umfangi starfsemi tengdri börnum og unglingum árið 2002 á grundvelli reynslu fyrri ára. Er því ekki um nákvæmt uppgjör að ræða.

Börn og unglingar (þús. d.kr.).

Fjárlagaliður		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Ráðstafað 2000
1-2203-2	Framlag til sérstakra menningarmála	2.000	900	0
1-2204-2	Ráðstöfunarfé – Menning	0	0	350
1-2205-1	Norræni menningarsjóðurinn	5.000	5.000	5.000
1-2210-2	Norrænt íþróttasamstarf	1.203	1.378	1.148
1-2212-2	Norræna æskulýðsnefndin	5.955	5.533	5.278
1-2214-2	Stjórnarnefndin (BUK)	5.896	5.775	6.042
1-2216-2	Börn og unglingar við árþúsundamót	0	-	1.043
1-2220-2	KM-hópurinn	1.600	0	0
1-2222-1	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	450	450	0
1-2224-2	Forgangsverkefni á sviði kvikmynda og fjölmiðla	0	1.600	2.329
1-2230-2	NORDBOK	500	50	500
1-2234-2	Menningarstarfsemi Sama		300	
1-2255-3	Leiklist og dans	400	0	374
1-2256-3	NOMUS	1.500	1.000	1.464
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	500	200	980
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	400	395	200
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	350	500	131
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	500	1.000	783
1-2296-2	Menningarverkefni á erlendri grund	2.000	100	2.300
	Samtals menning	**28.254**	**24.181**	**27.922**
1-2510-1	NSS	5.061	5.428	4.911
1-2512-1	NORDPLUS-junior	9.783	9.382	9.180
1-2514-1	Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	1.744	1.708	1.671
1-2516-1	NORDPLUS-mini	5.786	5.367	3.251
1-2542-2	NORDKURS	2.037	1.995	1.842
1-2543-1	NORDMÅL	2.500	3.500	2.300
1-2548-3	NIFIN	2.000	2.000	2.000
1-2552-2	IDUN	1.000	918	1.000
	Samtals menntun og rannsóknir	**29.911**	**30.298**	**26.155**
2-6510-2	Verkefnafé – Landbúnaður og skógrækt	0	0	200
	Samtals landbúnaður og skógrækt	**0**	**0**	**200**
2-6610-2	Verkefnafé – sjávarútvegur	450	600	75
	Samtals sjávarútvegur	**450**	**600**	**75**

Fjárlagaliður		Fjárlög 2002	Fjárlög 2001	Ráðstafað 2000
3-6710-2	Verkefnafé – neytendamál	450	300	600
	Samtals neytendamál	**450**	**300**	**600**
3-4310-2	Verkefnafé – Heilbrigðis- og félagsmál	500	500	500
3-4384-3	NSH	1.500	1.500	1.500
3-4385-3	NUD	2.500	2.500	2.500
3-4386-3	NOPUS	300	200	200
	Samtals heilbrigði og félagsmál	**4.800**	**4.700**	**4.700**
3-4620-2	Velferðarrannsóknir	2.000	2.000	0
	Samtals velferð	**2.000**	**2.000**	**0**
2-0830-2	Lýðræðismál og stefna í málefnum íbúa	2.500	1.500	2.500
	Samtals grannsvæðaáætlunin	**2.500**	**1.500**	**2.500**
Samtals Starfsemi í þágu barna og unglinga hjá Norrænu ráðherranefndinni		**68.365**	**63.579**	**62.152**

Aðgerðir á sviði vísinda.

Á vísindasviði einkennist þróunin á alþjóðavettvangi af auknum fjárfestingum í rannsóknum, sem ætlað er að tryggja áframhaldandi þróun þekkingarsamfélaga. Slíkt leiðir til aukinnar samkeppni meðal háskóla, rannsóknarstofnana og vísindafyrirtækja um fjármagn og mannauð og um að ná til sín bestu námsmönnum, vísindamönnum og öðru starfsfólki. Á Evrópuvettvangi er verið að kanna möguleika á því að stofna evrópskt rannsóknarsvæði (European Research Area) og Norðurlöndin standa andspænis sama úrlausnarefni, þ.e.a.s. að þróa möguleika svæðisins hvað varðar framþróun á sviði vísinda.

Norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindamanna á því að beinast út á við og hafa það að markmiði að styrkja stöðu norrænna vísindamanna á alþjóðavettvangi. Það ætti að efla samkeppnismátt Norðurlanda til langframa að koma á laggirnar alþjóðlega viðurkenndum miðstöðvum fyrir afburða rannsóknir sem laða til sín vísindamenn í háum gæðaflokki utan úr heimi. Norrænt samstarf á sviði vísinda á að vera til þess fallið að auka verðmæti innlendra fjárfestinga. Slíku má hrinda í framkvæmd með samstarfi um betri menntun vísindamanna, sameiginlegri kennslu og lausn á vandamálum, betri norrænni nýtingu mannauðs og fjármagns og með því að styrkja samkeppnismátt Norðurlanda.

Norrænu fjárlögin.

Norrænt vísinda- og þróunarsamstarf (FoU) býr við mjög takmörkuð fjárframlög sem nema minna en 1% af því heildarfjármagni sem varið er til rannsókna á Norðurlöndum. Áherslur ráðherranefndarinnar á rannsóknir verða því einkum að stuðla að prófun nýrra hugmynda og örvun norrænnar starfsemi sem fellur að og samrýmist forgangsverkefnum landanna.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði FoU skiptist í neðangreind þrjú svið:

- tímabundnar rannsóknaráætlanir,
- norrænar rannsóknarstofnanir,
- sjóðir og styrkjafyrirkomulag (Norræna vísindaakademían, NorFA).

Hlutverk Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) er m.a. að vera til ráðgjafar og brydda upp á nýjum hugmyndum um rannsóknarsamstarf. Viðmiðunarreglur fyrir starfið eru gefnar í Norrænu vísindastefnuáætluninni sem var samþykkt árið 1999. Auk þess hefur FPR lagt fram skýrsluna „Norðurlönd – vettvangur fyrir afburða rannsóknir, 2000“ sem hefur að geyma greiningu á þeim úrlausnarefnum sem vænta má í framtíðinni.

Rannsóknaráætlanir 1999–2006 í þús. d.kr.

Rannsóknaráætlanir	1999	2000	2001	*2002*	2003	2004	2005	2006
Norðurlönd og Evrópa	10.093	5.936						
Tengslanet um þjóðhætti	2.000	1.067	1.090					
Norðurskautsrannsóknir	500	6.120	6.255	***6.386***	5.728			
Velferðarrannsóknir	1.637	4.476	4.063	***4.301***	6.000	7.000	7600	
Kyn og ofbeldi		3.570	3.649	***3.726***	3.726	3.726		
Tungutækni		3.570	4.875	***4.977***	4.977	4.977		
Faraldsfræði				***500***	500	500	500	500
Rannsóknir í öryggismálum			1.533	***1.565***	1.565			
Vestnorrænt hafveðurfar			2.555	***2.609***	2.609	2.609	2.609	
Norræn öndvegissetur, tilraunaverkefni				***3.063***	3.063	3.063	3.063	3.063
Ný starfsemi					1.832	8.125	16.228	26.437
Samtals	**14.230**	**24.739**	**24.020**	***27.127***	**30.000**	**30.000**	**30.000**	**30.000**

Yfirlit yfir rannsóknaráætlanir sem eru komnar til framkvæmda eða eru áformaðar fyrir tímabilið 1999–2006 í þús. d.kr. á verði hvers tíma 1999–2001 og á verðlagi 2002 fyrir tímabilið 2002–2006. Við gerð skipulagsramma fyrir 2003–2006 er gengið út frá því að fjárlagarammi Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2002 verði óbreyttur á komandi árum.

Rannsóknaráætlanir.

Norrænum rannsóknaráætlunum er hrint í framkvæmd á forgangssviðum þar sem Norðurlöndin hafa sérþekkingu og hagsmuna að gæta. Norrænu rannsóknaráætlununum er ætlað að stuðla að því að:

- efla myndun tengslaneta og hreyfanleika vísindamanna,
- tryggja skilvirkari nýtingu norrænna auðlinda,
- stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum,
- efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar.

Heildarfjárlög vegna þátttöku í fjármögnun á rannsóknaráætlununum er að fjárhæð 24,1 millj. d.kr. árið 2002, sjá töflu hér að framan. Auk þess eru til ráðstöfunar 3 millj. d.kr., vegna tilraunaverkefnis um *Norræn öndvegissetur* (norræn öndvegissetur fyrir afburða rannsóknir, e: Centres of Excellence).

Norrænar rannsóknarstofnanir.

Norrænar rannsóknarstofnanir eru stofnanir sem búa yfir einstakri sérfræðiþekkingu á sviðum þar sem Norðurlönd telja samstarf vera hagkvæmt. Af 34 stofnunum ráðherranefndarinnar verja 14 stofnanir meira en 50% af fjárveitingunum í rannsóknir og nýsköpun, og 6 stofnanir verja milli 10 og 50% af fjárveitingum sínum í rannsóknir. Sem dæmi um hreinar rannsóknarstofnanir má nefna: Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS), Norræna sjóréttarstofnunin og Norræna kjarnfræðistofnunin (NORDITA).

Norræna vísindaakademían (NorFA).

Norræna vísindaakademían (NorFA) sér um þróun og skipulagningu samstarfsverkefna og styrkjafyrirkomulags þar sem megináherslan liggur á menntun vísindamanna og hreyfanleika vísindamanna.

Skipting fjárlaganna eftir meginsviðunum þrem.
(Vísað er í skýringarmyndir hér að framan, *Skipting fjárlaga 2001 eftir sviðum innan samstarfssviða* og *Skipting milli sviða 1999–2002.*)

Samstarf á Norðurlöndum.

Á árinu 2002 er gert ráð fyrir að verja um 74% af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar til samstarfs innan Norðurlandanna. Aðeins er um 1% lækkun að ræða miðað við áætlaða skiptingu árið 2001. Einstakar minni háttar tilfærslur til hækkunar eru á sviðunum neytendamál og menning og minni háttar tilfærslur til lækkunar á sviðunum vinnumarkaður og vinnuumhverfi, landbúnaður og skógrækt, orkumál, svo og menntamál og rannsóknir.

Eins og endranær eru það hins vegar menningarmál, menntamál og rannsóknir ásamt félags- og heilbrigðismálum, bygginga- og húsnæðismálum að viðbættum atvinnumálum sem standa fyrir stærstum hluta starfseminnar á meginsviðinu „Samstarf á Norðurlöndum".

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samkvæmt fjárlögum verður um 144 millj. d.kr. varið í samstarf við grannsvæðin. Samkvæmt því verða heildarfjárveitingar til grannsvæðasamstarfsins um það bil eins og á árinu 2001.

Fjárlögin vegna grannsvæðaáætlunarinnar sjálfrar hækka um hér um bil 11 millj. d.kr. vegna þess að fjárveitingarnar til Norræna verkefnaútflutningssjóðsins NOPEFs verða nú hluti af fjárveitingunum til grannsvæðasamstarfsins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að sú tillaga að nýrri stefnu fyrir grannsvæðasamstarfið sem kynnt var í skýrslunni „Nær Norðurlöndum" og staðfest var af samstarfsráðherrunum í tillögu ráðherranefndarinnar um endurskoðaða norræna stefnu fyrir grannsvæðasamstarfið í mars 2001, leiði af sér vissar tilfærslur í starfsáætlun ársins 2002 um samstarf við grannsvæðin. Á grundvelli nýju stefnunnar fyrir grannsvæðasamstarfið verður á fjárlagaárinu mótuð ný rammaáætlun fyrir tímabilið 2003–2005.

Evrópusamstarfið.

Nokkur svið, þar sem norrænt samráð um Evrópumál, upplýsingamiðlun og sameiginleg starfsemi nýtur sérstaks forgangs, hafa lagt drög að verkefnum varðandi Evrópu og ESB/EES samstarfið. Þessi verkefni verða fjármögnuð af ráðstöfunarfé sviðanna og keppa við önnur forgangsverkefni um fjárveitingar af ráðstöfunarfé sviðanna.

Á fjárlagaárinu 2002 er þess vænst að um 8% verði varið til ESB/EES-verkefna. Þetta ber að skoða í ljósi þeirrar niðurstöðu ársins 2000 varðandi skiptingu milli meginsviða sem sýnir að ráðherranefndin hefur í starfsemi sinni varið um 6% af fjármunum á fjárlögum til starfsemi sem tengist beint ESB/EES samstarfinu. Pólitískt samráð og upplýsingamiðlun einkennir hið óformlega norræna samstarf mun meira þegar ESB/EES meginsviðið er annars vegar en í samstarfi Norðurlandanna innbyrðis eða í samstarfi þeirra við grannsvæðin. Þetta endurspeglast síðan í fjárveitingunum. Varðandi fjárlögin 2002 skal einkum vakin athygli á matvæla-, dómsmála-, fíkniefna- og umhverfissviðunum þar sem fjármunir eru áætlaðir í sérstakar átaksaðgerðir. Á sviðum neytendamála, matvæla og dómsmála er síðan áætlað að verja 40% af almennum fjármunum á fjárlögum til Evrópusamstarfsins. Enn fremur ber að nefna 29% á sviði jafnréttismála og 25% á sviði fíkniefnamála. Hins vegar er staðan sú á sviði atvinnumála, byggingar- og húsnæðismála, samgöngumála, mennta- og vísindamála, svo og á sviði menningarmála, að í mesta lagi 6% verður varið í starfsemi vegna ESB/EES.

776. Frumvarp til laga [387. mál]

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Eftir 2. umr., 7. febr.)

1. gr.

Í stað orðanna „ársloka 2001“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: 10. apríl 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

777. Lög [387. mál]

um framlengingu á heimild ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 120/2001 til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

(Afgreidd frá Alþingi 7. febr.)

Samhljóða þskj. 776.

778. Frumvarp til laga [491. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (reynslulausn).

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

2. málsl. 5. mgr. 40. gr. laganna orðast svo: Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar sem er styttri en 30 dagar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði um reynslulausn fanga getur að líta í 40. gr. almennu hegningarlaganna en þar segir m.a. að Fangelsismálastofnun ríkisins geti þegar fangi hefur afplánað ⅔ hluta refsitímans ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu. Ef sérstaklega stendur á má þó veita

reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans. Reynslulausn verður hins vegar ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn eða þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar verður reynslulausn hins vegar ekki veitt.

Af þessu má ráða að löggjafinn veitir allrúmar heimildir til þess að fangi geti fengið reynslulausn en auk þess hefur myndast sú venjuhelgaða framkvæmd að refsifangar fái nær undantekningarlaust reynslulausn eftir helming eða ⅔ hluta refsitímans svo framarlega sem skilyrðum laganna um reynslulausn er fullnægt. Reynslulausn verður þó ekki veitt þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn og þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar. Að öðru leyti hefur Fangelsismálastofnun rúmar heimildir til þess að veita fanga reynslulausn. Önnur ákvæði hegningarlaganna um reynslulausn kveða á um önnur þau atriði sem uppfylla þarf áður en reynslulausn er veitt.

Umboðsmaður Alþingis hefur fjallað um þessi mál og kemst m.a. að þeirri niðurstöðu í máli nr. 2424/1998 að réttarstaða þeirra sem afpláni vararefsingu fésekta sé að öllu jöfnu sú sama og annarra fanga sem sviptir hafa verið frelsi sínu með refsivist. Tilgangur reynslulausnar sé að takmarka andfélagsleg áhrif frelsisskerðingar til lengri tíma og aðstoða fanga í þeim miklu aðlögunarerfiðleikum sem þeirra bíða við lok refsivistar og það geti jafnt átt við um þá menn sem afplána óskilorðsbundinn fangelsisdóm og þá sem sviptir eru frelsi sínu vegna ógreiddra fésekta. Þá telur umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reynist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsisrefsing þar sem fésektir séu vægasta tegund refsinga samkvæmt lögunum. Loks telur umboðsmaður verulegan vafa leika á því að fært sé að útiloka fanga sem afplánaði vararefsingu fésekta og fullnægði að öðru leyti skilyrðum laganna frá möguleika á reynslulausn sökum þess að hann gæti stytt afplánunartíma sinn ef hann hefði til þess fjárhagslegt bolmagn.

Það er afar vandséð hvers vegna afplánun vararefsingar fésekta á að leiða til þess að mönnum sé meinuð reynslulausn. Ljóst er að eðli afbrotsins hefur ekkert með það að gera hvort menn fá reynslulausn samkvæmt lögunum. Afpláni fangi vararefsingu fésektar, t.d. vegna bágra fjárhagslegra aðstæðna, er fyrir það synjað að hann eigi möguleika á reynslulausn. Augljóst er að nær undantekningarlaust reyna menn að greiða sektina til þess að komast hjá fangelsisvist. Frelsi sitt meta menn ekki til fjár. Þeir sem ekki greiða sekt sína en afplána fangelsisvist gera það að jafnaði vegna þess að þeim eru sektargreiðslurnar ofviða. Þannig kveða lög á um svimandi háar sektargreiðslur vegna skattalagabrota eða vegna þess að vanhöld verða á skilum á vörslusköttum. Slíkar greiðslur geta í slíkum tilvikum og öðrum verið svo háar að viðkomandi einstaklingur getur engan veginn innt þær af hendi. Þá kemur jafnan til fangelsisvistar sem verður ekki stytt með reynslulausn. Hér er því í raun verið að mismuna mönnum að þessu leyti eftir efnahag. Sá sem fjáður er greiðir sína sekt og getur um frjálst höfuð strokið. Sá sem minna hefur á milli handanna verður að afplána fangelsisvist og það án minnsta möguleika á reynslulausn. Hér sker efnahagurinn því í raun úr um örlög manna að loknum dómi dómstólanna. Það getur alls ekki hafa verið ætlun löggjafans. Að mati flutningsmanna er þess vegna afar brýnt að breyta þessu ákvæði hegningarlaganna, treysta þannig í raun jafnræði þegnanna og afnema lög sem leiða til þess að efnahagur manna ræður því hvort þeir þurfa að afplána refsivist án minnsta möguleika á reynslulausn. Þar sem menn verða samkvæmt lögunum ekki dæmdir í fangelsi skemur en 30 daga er lagt til að reynslulausn vegna afplánunar vararefsingar fésekta komi ekki til skoðunar ef hún er styttri en 30 dagar.

779. Svar [477. mál]

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Árið 2001 voru hvorki verkefni né störf á vegum ráðuneytisins flutt frá höfuðborgarsvæðinu til staða utan þess. Rekstur undirstofnana ráðuneytisins á sviði dóms- og lögreglumála utan höfuðborgarsvæðisins, sem eru 22 sýslumannsembætti, sex héraðsdómstólar og þrjú fangelsi, var í svipuðu horfi og árið 2000 hvað varðar verkefni og mannahald. Þess skal þó sérstaklega getið að stöðugildum lögreglumanna fjölgaði á árinu um eitt á Sauðárkróki og eitt í Borgarnesi.

780. Svar [410. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um fiskiskip sem leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001.

1. *Hve mörg fiskiskip leigðu til sín aflaheimildir á fiskveiðiárinu 2000/2001?*

Þau skip sem leigðu til sín meira af aflaheimildum en leigt var frá þeim voru 571 á fiskveiðiárinu 2000/2001. Í töflu 1 kemur fram fjöldi skipa með aflaheimildir, leigðar og/eða varanlegar, á fiskveiðiárinu 2000/2001, alls 1.344 skip, þar af 513 þorskaflahámarksbátar.

Tafla 1.	**Fjöldi**
Virk skip (aflaheimild eða leiga)	1.344
Skip sem leigja frá sér	623
Skip sem leigja til sín	571
Skip sem veiða eigin heimild án leigu	150

2. *Hve mikinn afla leigðu skipin og hver er heimahöfn þeirra, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Til skipa, sem leigðu til sín meiri aflaheimildir en leigðar voru frá þeim, voru færðar aflaheimildir sem svara til 58.084 þorskígildislesta. Þar af voru 603 þorskígildislestir færðar á skipin vegna þátttöku í fiskirannsóknum. Í töflu 2 kemur fram nettóleiga þessara skipa á aflaheimildum sundurliðuð eftir heimahöfnum skipanna.

3. *Hve miklar varanlegar aflaheimildir eru á þessum skipum, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Aflaheimildir þessara skipa voru 154.921 þorskígildilest. Sundurliðun aflaheimildanna eftir heimahöfnum skipanna kemur fram í töflu 2.

4. Hvaðan er aflinn leigður, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Í töflu 2 er sýnt hvaðan aflaheimildirnar eru leigðar eftir heimahöfnum skipanna sem aflaheimildirnar voru leigðar af.

Tafla 2. Leiga aflamarksskipa/þorskaflahámarksbáta á aflaheimildum eftir heimahöfnum.
Aflamark í þorskígildistonnum.

Nr. hafnar	Heimahöfn	Leigt til Magn	Leigt frá Magn	Nettóleiga Magn	Leigt til - Aflaheimild Magn	Aflaheimild Magn
35	Akranes	762	-628	134	7.999	17.098
107	Akureyri	643	-10.019	-9.377	3.469	39.714
38	Arnarstapi	83	-42	40	268	438
102	Árskógssandur	55	-4	50	977	1.035
103	Árskógsströnd	540	0	540	343	343
123	Bakkafjörður	62	-236	-174	435	1.265
61	Bíldudalur	739	-235	505	898	1.325
85	Blönduós	55	0	55	1.120	1.120
69	Bolungarvík	1.111	-865	246	2.863	4.362
129	Borgarfjörður eystri	12	-72	-60	415	692
37	Borgarnes	0	-8	-8	0	64
145	Breiðdalsvík	127	0	127	353	353
55	Brjánslækur	160	0	160	60	60
101	Dalvík	837	-223	614	2.849	7.102
78	Djúpavík	11	0	11	73	73
147	Djúpivogur	587	-264	323	1.905	2.642
79	Drangsnes	214	-32	183	388	602
137	Eskifjörður	341	-124	217	2.928	6.697
7	Eyrarbakki	476	0	476	432	432
141	Fáskrúðsfjörður	159	-174	-15	2.842	3.369
65	Flateyri	500	-11	489	345	435
29	Garðabær	0	-3	-3	52	134
19	Garður	2.947	-180	2.768	4.299	5.230
111	Grenivík	1.184	-336	848	3.939	6.038
13	Grindavík	7.240	-4.517	2.723	7.063	27.340
97	Grímsey	501	-280	221	443	1.419
45	Grundarfjörður	1.161	-879	282	2.945	12.620
27	Hafnarfjörður	994	-2.535	-1.541	2.783	9.927
92	Haganesvík	0	-19	-19	0	44
104	Hauganes	9	-338	-329	0	599
41	Hellissandur	506	-30	475	1.480	1.845
39	Hellnar	0	-21	-21	17	62
105	Hjalteyri	0	0	0	30	30
71	Hnífsdalur	0	-774	-774	0	6.333
91	Hofsós	0	-36	-36	17	143
149	Hornafjörður	2.356	-4.109	-1.753	4.351	13.634
81	Hólmavík	526	-213	312	1.160	3.728
99	Hrísey	471	-22	449	672	790
115	Húsavík	1.437	-355	1.082	1.905	3.851
83	Hvammstangi	100	-17	83	127	200
73	Ísafjörður	1.355	-522	834	6.689	7.831
21	Keflavík	2.998	-993	2.006	5.209	8.101
117	Kópasker	8	-17	-9	4	77

Nr. hafnar	Heimahöfn	Leigt til Magn	Leigt frá Magn	Nettóleiga Magn	Leigt til - Aflaheimild Magn	Aflaheimild Magn
31	Kópavogur	8	-74	-65	76	336
133	Mjóifjörður	0	-46	-46	2	141
135	Neskaupstaður	422	-984	-562	3.111	9.628
23	Njarðvík	219	-53	167	0	175
77	Norðurfjörður	0	-48	-48	0	124
95	Ólafsfjörður	1.538	-1.061	477	5.885	10.100
43	Ólafsvík	5.035	-303	4.732	5.840	6.677
57	Patreksfjörður	1.946	-842	1.104	2.768	5.176
119	Raufarhöfn	72	-571	-499	311	2.257
139	Reyðarfjörður	0	-12	-12	24	128
33	Reykjavík	3.738	-3.011	727	24.698	32.331
42	Rif	777	-6.431	-5.655	2.465	12.074
17	Sandgerði	1.318	-1.476	-158	2.470	4.677
89	Sauðárkrókur	392	-239	154	4.351	8.746
9	Selfoss	74	-25	49	4	46
131	Seyðisfjörður	306	-62	244	2.470	2.666
93	Siglufjörður	76	-1.241	-1.165	2.203	8.751
87	Skagaströnd	90	-1.436	-1.345	40	7.220
5	Stokkseyri	450	-85	365	636	1.691
47	Stykkishólmur	736	-683	53	3.013	5.942
143	Stöðvarfjörður	261	-111	150	2.479	2.842
67	Suðureyri	922	-407	515	665	1.514
75	Súðavík	72	-158	-86	165	850
59	Tálknafjörður	630	-438	193	1.075	2.831
1	Vestmannaeyjar	4.569	-5.119	-550	10.444	30.409
25	Vogar	285	-163	122	864	2.137
125	Vopnafjörður	165	-166	-1	676	2.471
63	Þingeyri	760	-266	494	431	1.947
11	Þorlákshöfn	1.936	-1.193	743	3.535	13.620
121	Þórshöfn	18	-1.641	-1.623	75	3.937
	Samtals	**58.084**	**-57.481**	**0**	**154.921**	**380.639**
	Rallýbætur o.fl.		-603			

Nettóleiga skipa á aflaheimildum.
Allar aflahlutdeildartegundir innan landhelgi.
Ekki úthafskarfi, rækja við Nýfundnaland né þorskur í Barentshafi.
Aflaheimild = úthl. aflamark og þorskaflahámark + bætur + millifærslur milli ára.

781. Svar [219. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um fjárveitingar til háskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve miklar hafa fjárveitingar úr ríkissjóði verið til háskóla þau fjögur fjárlagaár síðan lög um háskóla, nr. 136/1997, tóku gildi? Óskað er eftir að fram komi:

1. *heildarfjöldi nemenda við hvern skóla og heildarfjárveiting til skólans úr ríkissjóði hvert þessara ára,*
2. *hve fjárveitingar til kennslu hafa verið miklar á hvern nemanda í hverjum skóla, hvert ár fyrir sig,*

3. *hve miklar fjárveitingar úr ríkissjóði hafa verið til húsnæðismála hvers skóla, hvert ár á þessu tímabili,*
4. *hve mikið fé hefur farið úr ríkissjóði til rannsókna við hvern skóla, hvert þessara ára, miðað við fjölda kennara við hvern skóla fyrir sig.*

Fjöldi nemenda samkvæmt Hagstofu Íslands.

	*2001	2000	1999	1998
Háskóli Íslands	6.673	6.670	6.601	5.561
Háskólinn á Akureyri	710	649	554	502
Háskólinn í Reykjavík	650	643	503	339
Kennaraháskóli Íslands	1.250	1.263	1.172	1.247
Listaháskóli Íslands	**220	***220		
Tækniskóli Íslands	****775	630	571	548
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	*****202	177	140	116

*Nemendatölur fyrir árið 2001 eru samkvæmt áætlun í verkefnavísum en endanlegt nemendauppgjör ársins liggur ekki fyrir.
**Skólinn tekur við starfsemi Leiklistarskóla Íslands og fornám flyst úr skólanum.
***Samkvæmt samningi við skólann, þar af 45 í fornámi.
****Þar af 200 í frumgreinadeild.
*****Samkvæmt samningi við skólann, þar af 27 í fornámi.

Heildarfjárveiting á fjárlögum til hvers skóla, á verðlagi hvers árs í millj. kr.

	2001	2000	1999	1998
Háskóli Íslands*	**3.349,1	2.986,6	3.042,5	2.817,3
Háskólinn á Akureyri	408,3	398,5	364,5	280,6
Háskólinn í Reykjavík	279,2	211,9	165,7	
Kennaraháskóli Íslands	714,8	635,3	626,2	407,3
Listaháskóli Íslands	275,7	156,9		
Tækniskóli Íslands	298,2	273,3	270,3	233,5
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	60,7	58,9	57,1	52,5

*Hér eru ekki taldar með fjárveitingar til undirstofnana eða tengdra stofnana, sem eru á sérfjárlagaliðum.
**Framlög á fjárlögum að viðbættum 80 millj. kr. vegna samnings um rannsóknir sem gerður var árið 2001.

Meðalframlag á fjárlögum á hvern nemanda í hverjum skóla*, í þús. kr. á verðlagi hvers árs.

	2001	2000	1999	1998
Háskóli Íslands	502	448	461	507
Háskólinn á Akureyri	575	614	658	559
Háskólinn í Reykjavík	430	330	329	
Kennaraháskóli Íslands	572	503	534	327
Listaháskóli Íslands	1.253	673		
Tækniskóli Íslands	385	434	473	426
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	300	333	408	453

* Hér er miðað við upplýsingar Hagstofu Íslands um nemendafjölda í háskólum. Í reiknilíkani fyrir háskóla er gert ráð fyrir að greitt sé í samræmi við virkni nemenda, nemendaígildi. Greitt er fyrir mismunandi námsbrautir samkvæmt sjö mismunandi reikniflokkum. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við þau verð sem miðað er við í reiknilíkani. Samanburðarhæfar upplýsingar fyrir alla skólana á grundvelli nemendaígilda eru einungis til fyrir árið 2001. Hér er því miðað við nemendatölur Hagstofunnar.

Framlög af stofnkostnaðarlið háskólastigsins* (02-269), í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	2001	2000	1999	1998
Háskóli Íslands**	370.000	368	389.000	368.000
Háskólinn á Akureyri	110.000	140	70.000	30.000
Háskólinn í Reykjavík				
Kennaraháskóli Íslands	115.000	45.000	115.000	28.000
Listaháskóli Íslands				
Tækniskóli Íslands	15.000	16.000	25.000	23.000
Viðskiptaháskólinn á Bifröst				
Viðhald, óskipt, aðrar háskólastofnanir	10.000	10.000		

* Fram til ársins 2001 ná framlög þessi einnig til búnaðarkaupa hjá öðrum skólum en Tækniskólanum. Eftir það er gert ráð fyrir búnaðarkaupum í reiknilíkani og falla framlög til þeirra undir rekstrarfjárveitingar skólanna.

** Í tölum fyrir Háskóla Íslands er einnig gerð grein fyrir hagnaði af Happdrætti Háskólans, liðlega 300 millj. kr. á ári.

Tölur í eftirfarandi töflu eru úr könnun Rannsóknarráðs Íslands, Rannís, sem gerð er á tveggja ára fresti. Úrvinnslu upplýsinga fyrir árið 2001 er ekki að fullu lokið samkvæmt upplýsingum Rannís. Samanburðarhæfar upplýsingar á grundvelli fjárlaga fyrir alla skólana liggja ekki fyrir, en unnið er að gerð reiknilíkans fyrir rannsóknir háskóla og mun það gera slíkan samanburð mögulegan. Upplýsingar um Háskóla Íslands eiga við allar stofnanir skólans og deildir. Upplýsingar um fjölda kennara í hverjum skóla sem stunda rannsóknir liggja ekki fyrir í menntamálaráðuneytinu.

Fjármögnun af fjárlögum og önnur opinber fjármögnun rannsóknar- og þróunarstarfs.

	1999	1997
Háskóli Íslands		
Fjárlög	1.779.576	1.326.689
Önnur opinber fjármögnun	369.181	628.373
Háskólinn á Akureyri		
Fjárlög	152.716	98.523
Önnur opinber fjármögnun	5.760	10.420
Háskólinn í Reykjavík		
Fjárlög	6.051	
Önnur opinber fjármögnun		
Kennaraháskóli Íslands		
Fjárlög	132.264	62.815
Önnur opinber fjármögnun	7.922	4.841
Listaháskóli Íslands		
Fjárlög		3.630
Önnur opinber fjármögnun		
Viðskiptaháskólinn á Bifröst		
Fjárlög	14.000	6.000
Önnur opinber fjármögnun		2.000

782. Frumvarp til laga [492. mál]

um verndun hafs og stranda.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

2. gr.
Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi og í íslenskri mengunarlögsögu, sem hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lögin gilda einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi, svo og mengun sökum óviðráðanlegra atvika vegna veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:

1. *Besta fáanleg tækni:* Framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tæknin nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins, svo og starfrækslu hans. Með *fáanlegri* tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum aðstæðum. Með *bestu* er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.
2. *Bráðamengun:* Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.
3. *Eftirlitsaðilar:* Hollustuvernd ríkisins, Landhelgisgæslan og Siglingastofnun Íslands. Einnig aðrir aðilar sem Hollustuvernd ríkisins hefur gert samning við um eftirlit.
4. *Fljótandi efni:* Vökvar sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.
5. *Hafnarsvæði:* Umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnarreglugerðum.
6. *Innsævi:* Hafsvæðið innan grunnlínupunkta landhelginnar.
7. *Losun:* Þegar vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem tengjast eðlilegri starfsemi. Eftirfarandi telst ekki *losun*:
   a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafið í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,

b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu í hafið.

8. *Lýsi og grútur:* Allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum.
9. *Mengun:* Þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
10. *Mengunarlögsaga Íslands:* Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.
11. *Mengunartjón:* Tjón eða skaði sem hlýst af mengun hafs og stranda hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún er. Mengunartjón tekur einnig til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
12. *Olía:* Vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þ.m.t. hráolía, svartolía, smurolía, jurtaolía, olíuúrgangur og unnin olía.
13. *Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur:* Rekstrarúrgangur, þ.m.t. umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til fellur við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á hafi úti og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losa sig við.
14. *Rekstrarúrgangur:* Úrgangur frá framleiðslu, t.d. pappír, pappi, umbúðir og umbúðaefni, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu og þess háttar.
15. *Sérhafsvæði:* Hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
16. *Skip:* Sérhvert fljótandi far sem gert er til flutnings á mönnum eða munum á sjó.
17. *Skolp frá skipum:* Frárennsli eða annar fljótandi úrgangur frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.
18. *Sorp frá skipum:* Hvers kyns neysluúrgangur frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgangur frá vistarverum.
19. *Úrgangur:* Hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt.
20. *Varp:* Allt það sem ekki telst losun, þ.e. að efnum eða hlutum er vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þar með talið að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í hafið. Eftirfarandi telst ekki *varp*:
    a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
    b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
    c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi vegna veiða og vinnslu í hafið.
21. *Vöktun:* Kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

II. KAFLI
Stjórn og skipan.

4. gr.
Yfirstjórn og eftirlitsaðilar.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögunum.

Hollustuvernd ríkisins undir yfirstjórn ráðherra fer með eftirlit með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins sem undir stofnunina heyra heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur við hinn faggilta skoðunaraðila eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftir því sem við á. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. 22., 23. og 24. gr. er þó eingöngu í höndum Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins skal sjá um að vöktun vegna mengunar hafs og stranda sé framkvæmd.

Hollustuvernd ríkisins skal sjá um gerð fræðsluefnis og fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur.

Landhelgisgæsla, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó. Landhelgisgæslan tilkynnir Hollustuvernd ríkisins ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða. Siglingastofnun Íslands, undir yfirstjórn samgönguráðherra, annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. lög um eftirlit með skipum.

5. gr.
Ráðgjafaraðilar.

Hollustuvernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Náttúruvernd ríkisins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna, Landhelgisgæslan, hafnarstjórnir, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins eru ráðherra til ráðgjafar um þau atriði sem að lögum þessum lýtur og eiga undir starfsemi þeirra.

III. KAFLI
Framkvæmd almennra ákvæða laganna.

6. gr.
Reglugerðir um verndun hafs og stranda.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, og eftir því sem við á í samráði við dómsmálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra, í reglugerðir almenn ákvæði um:

a. losun olíu og olíublandaðs vatns í hafið frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar, þar með talið á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
b. bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir og bestu umhverfisvenjur,
c. búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á hafi úti og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun hafs og stranda af völdum olíu og um eftirlit með þessum búnaði,
d. söfnun og eyðingu úrgangsolíu, þar á meðal móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum,
e. takmörkun eða bann við losun lýsis og grútar,
f. flokkun fljótandi efna sem flutt eru í fargeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo

og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í hafið utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
g. flokkun efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum,
h. losun á skolpi í hafið frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á hafi úti,
i. meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar,
j. móttöku og meðferð úrgangs frá skipum,
k. móttökuaðstöðu fyrir skolp frá skipum og annan úrgang sem ekki er talinn upp hér að framan og eyðingu þess,
l. takmörkun á losun þeirra efna í hafið frá landi sem upp eru talin í fylgiskjali II með lögum þessum,
m. varp efna í hafið,
n. hvernig staðið skuli að lagningu sæstrengja, neðansjávarleiðslna og hvers konar mannvirkja á hafsbotni,
o. vöktun og mælingar, svo sem til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins og hvaða rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í hafinu, í sjávarlífverum og á hafsbotni skuli fara fram,
p. starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir lögin sem Hollustuvernd ríkisins annast útgáfu á,
q. flutning hættulegs varnings með skipum þar sem heimilt er að vísa til efnalista og staðla sem hlotið hafa samþykki Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, enska textans,
r. varnir og viðbrögð við bráðamengun, rekstur mengunarvarnabúnaðar og skyldu eftirlitsaðila til samvinnu,
s. eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu,
t. takmörkun á mengun frá skipum eða landstöðvum í samræmi við þá viðauka MARPOL-samningsins og aðra alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að,
u. ábyrgðartryggingu vegna atvinnustarfsemi sem ber hlutlæga ábyrgð á bráðamengun,
v. önnur sambærileg atriði.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og ef við á Landhelgisgæslu Íslands eða Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundna undanþágu frá einstökum greinum reglugerða sem settar eru samkvæmt þessari grein, en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

7. gr.

Um ábyrgð einstaklinga og lögaðila.

Hver sá sem uppvís verður að því að valda mengunartjóni í mengunarlögsögu Íslands ber ábyrgð samkvæmt almennum skaðabótareglum á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína.

Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum.

Þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Hollustuverndar ríkisins, og tryggja viðunandi eyðingu. Eigendur eða umráðamenn farmstöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum úrgangi sem er eftir í skipinu þegar það kemur til stöðvarinnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum alþjóðasamn-

inga sem Ísland er aðili að um varnir gegn mengun hafsins og stranda. Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Hollustuverndar ríkisins jafnan hafa greiðan aðgang að þessu bókhaldi.

8. gr.

Bann við losun í hafið.

Losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar við útrás að hámarki 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar.

Losun lýsis eða grútar í hafið er óheimil á innsævi. Við löndun fisks með dælingu úr skipum, svo og við vinnslu fisks í landi, skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í hafi eða á ströndum vegna losunar á lýsi eða grút.

Losun fljótandi efna frá skipum er að öðru leyti óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er heimil.

Óheimilt er að losa sorp frá skipum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í hafið innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Óheimilt er að losa í hafið þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í hafinu, þ.m.t. plastílát, kaðlar og net.

9. gr.

Varp efna og lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Hollustuvernd ríkisins getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum;
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins.

10. gr.

Brennsla úrgangsefna á hafi úti.

Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti. Heimilt er þó að brenna eigið sorp og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang í þar til gerðum ofnum í samræmi við reglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem tekið skal tillit til ákvæða í gildandi samningum um brennslu úrgangsefna á hafi úti og þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

11. gr.

Hlutverk hafnarstjórna.

Hafnarstjórn skal koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

12. gr.

Tilkynningarskylda.

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Hollustuvernd ríkisins eða Landhelgisgæslunni um alla losun, varp og mengun sem lög þessi ná til, í hafið innan mengunar-

lögsögu Íslands sem og á strendur nema um sé að ræða varp sem sérstaklega er heimilt samkvæmt lögunum.

IV. KAFLI
Bráðamengun.

13. gr.
Svæðisráð vegna bráðamengunar.

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal svæðisráð starfa á hverju svæði skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Í hverju svæðisráði skulu eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri í því sveitarfélagi þar sem mengunarvarnabúnaður er staðsettur. Hafnarstjóri er formaður svæðisráðsins. Sömu reglur gilda um varamenn og skulu þeir vera frá sveitarfélögum á svæðinu.

Hlutverk svæðisráðs er:

a. umsjón, rekstur og viðhald búnaðar í eigu hafnanna,
b. að sjá um fræðslu starfsmanna viðkomandi hafna varðandi viðbúnað við bráðamengun,
c. að sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum,
d. að vera Hollustuvernd ríkisins til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra ákveður í reglugerð fjölda eftirlitssvæða og mörk þeirra og flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði svo og verksvið svæðisráða. Hollustuvernd ríkisins annast samræmingu milli svæða. Svæðisráð skal eftir að mengun hafs og stranda hefur átt sér stað fara á vettvang og meta aðstæður í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

14. gr.
Framkvæmd og stjórn á vettvangi.

Um framkvæmd og stjórn á vettvangi gildir eftirfarandi:

a. *Mengun innan hafnarsvæða:* Hafnarstjóri í umboði hafnarstjórnar annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðisins. Hafnarstjóra ber að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um bráðamengun innan síns hafnarsvæðis strax og verður vart við hana. Hafnarstjóra ber að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón vegna bráðamengunar.
b. *Mengun utan hafnarsvæða:* Þegar tilkynning berst um bráðamengun skal hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang bráðamengunar og nauðsynlegra aðgerða sem Hollustuvernd ríkisins samþykktir.

Hollustuvernd ríkisins ber ábyrgð á að aðgerðir gegn bráðamengun hefjist og annast stjórn á vettvangi. Heilbrigðisfulltrúi á viðkomandi svæði hefur eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveður í samráði við Hollustuvernd ríkisins hvenær árangur af hreinsuninni er nægur.

Heimilt er að fela mengunarvaldinum sjálfum framkvæmd hreinsunar þegar trygging liggur fyrir um að hann muni greiða fyrir það tjón sem hann hefur valdið. Í slíkum tilvikum verður mengunarvaldurinn að leggja fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni.

Sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað hætta af menguninni ber að tilkynna það landlækni tafarlaust.

Sé mengunin þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi almannavarnanefnd.

Hollustuvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæslan skulu gera með sér skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna þegar bráðamengun verður og um framkvæmd einstakra verkþátta.

15. gr.

Íhlutun vegna bráðamengunar.

Landhelgisgæslunni er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun eða hættu á slíkri mengum. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.

Eftir því sem unnt er og þörf krefur skal Landhelgisgæslan hafa samráð við Hollustuvernd ríkisins og hafnarstjóra þegar gripið er til íhlutunar.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Hollustuvernd ríkisins grípa til aðgerða vegna hennar. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Hollustuvernd ríkisins gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

16. gr.

Vátryggingar og ábyrgð á mengunartjónum.

Mengunarvaldur er ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I og getur valdið mengun hafsins og stranda. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu ákvæði skulu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 milljón SDR svo sem nánar er tilgreint í reglugerð. Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og byrja hreinsun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir, sbr. 14. gr.

Ábyrgð samkvæmt þessari grein sætir takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að eftir því sem lög kveða á um.

17. gr.

Vátryggingar olíuflutningaskipa.

Auk ákvæða 16. gr. gilda um ábyrgð og vátryggingar olíuflutningaskipa alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

18. gr.

Viðbragðsáætlanir.

Atvinnurekstur sem valdið getur mengun og talinn er upp í fylgiskjali I skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar.

Hollustuvernd ríkisins gerir tillögu til ráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila, sbr. 5. gr., um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun.

19. gr.

Mengunarvarnabúnaður.

Svæðisráð, sbr. 13. gr., skal sjá um að umsjónarmaður og annar til vara verði skipaður með mengunarvarnabúnaði á svæðinu.

Allar hafnir á hverju svæði um sig eiga hlut í mengunarvarnabúnaði svæðisins.

Svæðisráð sér um geymslu og viðhald þess mengunarvarnabúnaðar sem til staðar er og um endurnýjun á honum.

Hollustuvernd ríkisins skal hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði til að takast á við óhöpp utan hafnarsvæða og innan hafnarsvæða eftir því sem þörf er á. Enn fremur skal stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins.

20. gr.

Siglingaleiðir og strönduð skip.

Samgönguráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farmrými og tönkum.

Hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot eða skip legið óhreyft í fjöru í tvö ár ber eiganda þess að fjarlægja það. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er honum heimilt að leggja fram beiðni til Hollustuverndar ríkisins um að skipið skuli vera óhreyft þar sem það er. Slíkri beiðni skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við afgreiðslu málsins skal Hollustuvernd ríkisins hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag.

21. gr.

Gjaldskrá fyrir eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerðum til að draga úr slíkri mengun.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins gjaldskrá fyrir tímagjald sérfræðings og ferðakostnað fyrir eftirlit Hollustuverndar ríkisins vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og kostnaði hans við ferð. Þá skal ráðherra setja í gjaldskrá tímagjald vegna leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Hollustuvernd ríkisins skal krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar eftirlitið er tengt notkun fasteignar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

V. KAFLI

Þvingunarúrræði og refsiviðurlög.

22. gr.

Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um úrbætur samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Hollustuvernd ríkisins beitt eftirfarandi aðgerðum:

a. veitt áminningu,
b. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
c. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun.

Stöðvun starfsemi skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekað brot sé að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er þá heimilt að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslunnar eftir því sem við á ef með þarf. Sé um slík brot að ræða getur Hollustuvernd ríkisins afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Ef starfsleyfi fyrirtækis er gefið út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna skal afturköllun starfsleyfis vera í samráði við viðkomandi starfsleyfisútgefanda.

23. gr.
Dagsektir.

Þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur Hollustuvernd ríkisins ákveðið honum sektir allt að 1.000.000 kr. á dag þar til úr er bætt. Ráðherra getur breytt upphæð dagsekta í samræmi við verðlagsþróun. Jafnframt er Hollustuvernd ríkisins heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi. Greiðsla kostnaðar og dagsektir eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

24. gr.
Heimildir eftirlitsaðila.

Hollustuvernd ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun hafs og stranda eða mengun hefur orðið sem er brot gegn lögum þessum. Hollustuvernd ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Siglingastofnunar Íslands, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi viðkomandi eða ónauðsynlegum útgjöldum.

Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum yfir athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

25. gr.
Refsiviðurlög.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfellt eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu sæta meðferð opinberra mála.

26. gr.
Sektir.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn.

27. gr.
Kyrrsetning.

Ef brotið er gegn ákvæðum laga þessara og brotið tengist skipi skal skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt auk málskostnaðar greidd að fullu, svo og kostnaður eftirlitsaðila.

Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild til greiðslu sektar og alls kostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar eftirlitsaðila skal vera lögveð í skipinu í tvö ár.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.
Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim er heimilt að vísa honum til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Ráðherra skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að honum berst mál í hendur.

Rísi ágreiningur um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögum þessum sé að ræða er heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Skal ráðherra úrskurða í málinu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en viku eftir að honum berst mál í hendur.

29. gr.
Gildistaka og lagaskil.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 2003. Jafnframt falla úr gildi lög um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Reglugerðir settar samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, halda gildi sínu að svo miklu leyti að þær gangi ekki í bága við ákvæði þessara laga.

Fylgiskjal I.

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Álframleiðsla.
3. Áburðarframleiðsla.
4. Sements- og kalkframleiðsla.
5. Kísiljárnframleiðsla.
6. Kísilmálmframleiðsla.
7. Kísil- og kísilgúrframleiðsla.
8. Járn- og stálframleiðsla.
9. Glerullar- og steinullarframleiðsla yfir 20 tonn á dag.
10. Sútunarverksmiðjur yfir 12 tonn á dag.
11. a. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er yfir 1.000 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla yfir 100 tonn og fráveita í ferskvatn.
    b. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er yfir 200 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla yfir 20 tonn og fráveita í ferskvatn.

12. a. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga:
Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi eða fleiri en 20 þús. einstaklingum er þjónað.
b. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga:
Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar þar sem tekið er á móti 500–5.000 tonnum af úrgangi eða 1–20 þús. einstaklingum er þjónað.
c. Meðferð úrgangs – móttökustöðvar sveitarfélaga:
Flokkunarmiðstöðvar, urðunarstaðir og sorpbrennslustöðvar þar sem tekið er á móti 50–500 tonnum af úrgangi eða færri en 1 þús. einstaklingum er þjónað.
13. Meðhöndlun og förgun spilliefna.
14. Lím- og málningarvöruframleiðsla.
15. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu.
16. Kítín- og kítosanframleiðsla.
17. Framleiðsla á magnesíum og efnasamböndum sem innihalda magnesíum.
18. Framleiðsla á peroxíðum.
19. Sinkframleiðsla.
20. Olíuhreinsistöðvar.
21. Pappírs- og trjákvoðuframleiðsla.
22. Framleiðsla á slípiefnum, t.d. kísilkarbíði.
23. Vinnsla alifatískra alkóhóla til iðnaðarnota.
24. Annar sambærilegur atvinnurekstur, sbr. I. viðauka.

Fylgiskjal II.

1. Lífræn halógen-efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þ.m.t. geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra: arsen, blý, króm, nikkel, eir og sink.
10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í megindráttum samið af nefnd sem skipuð var 18. desember 1998 af þáverandi umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, til þess að endurskoða lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með hliðsjón af reynslu liðinna ára og alþjóðlegum samningum er varða mengun sjávar og varnir og viðbrögð gegn mengun sjávar. Í nefndinni áttu sæti:

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Davíð Egilson, þá forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins, nú forstjóri Hollustuverndar ríkisins, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Hallur Árnason, deildarstjóri hjá Reykjavíkurhöfn, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Benedikt Bogason, þá skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, nú héraðsdómari, tilnefndur af dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Arnór Halldórsson, þá deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneytinu, og Jón Leví Hilmarsson, þá forstöðumaður hjá Siglingastofnun Íslands, tilnefndur af samgönguráðuneytinu. Með nefndinni störfuðu Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Kristín Linda Árnadóttir, deildarlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Nefndin hóf störf í febrúar 1999. Hinn 30. september 1999 sendi nefndin í samráði við umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, drög að frumvarpi til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda til 37 aðila sem allir skiluðu umsögn og athugasemdum. Þessir aðilar voru: Almannavarnir ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, félagsmálaráðuneytið, Fiskistofa, Geislavarnir ríkisins, Hafnasamband sveitarfélaga, Hafrannsóknastofnunin, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landhelgisgæslan, landlæknisembættið, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Landvernd, mengunarvarnaráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarsamtök Íslands, ríkislögreglustjóri, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, samgönguráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Siglingastofnun Íslands, sjávarútvegsráðuneytið, Sjómannasamband Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélag Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfissamtök Íslands, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið, Vélstjórafélag Íslands og Vinnueftirlit ríkisins.

Umsagnir voru að berast fram eftir ári 2000. Sumir komu með ábendingar, sérstaklega í tengslum við starfssvið hlutaðeigandi stofnana eða félaga, og nokkrir skiluðu ítarlegum athugasemdum um málið í heild. Vinnuhópur á vegum endurskoðunarnefndarinnar sem í áttu sæti formaður, forstöðumaður sjávarmengunarsviðs Hollustuverndar ríkisins og áðurnefndir tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins fór yfir umsagnirnar og lagði fyrir nefndina úrvinnslu á umsögnunum. Í þeirri vinnu voru sérstaklega kallaðir til fulltrúar Hafnasambands sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Enn fremur var frumvarpið kynnt sérstaklega í bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins en þar eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Náttúrufræðistofnun Íslands, Landhelgisgæslunni, Almannavörnum ríkisins, Geislavörnum ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Hafrannsóknastofnuninni auk umhverfisráðuneytisins.

Af umsögnum mátti ráða að almennt virtust umsegjendur vera sáttir við þá stefnu sem mótuð var í þeim frumvarpsdrögum sem send voru út 30. september 1999 og liggja til grundvallar þessu frumvarpi. Frumvarpið tók þó verulegum breytingum í meðförum nefndarinnar eftir að umsagnir lágu fyrir í samræmi við athugasemdir og breytingartillögur sem þar komu fram.

Í drögum nefndarinnar sem send voru út til umsagnar 30. september 1999 var gert ráð fyrir tengingu þess við annað frumvarp, þ.e. frumvarp til laga um skipströnd og vogrek, en það frumvarp var samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði 23. apríl 1997 og fól að endurskoða lög nr. 42/1926, um skipströnd og vogrek. Drög að frumvarpi til nýrra laga um skipsströnd og vogrek var sent dómsmálaráðherra 27. nóvember 1997 en frumvarpsgerð er ekki lokið. Í drögum að frumvarpi til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda sem sent

var til umsagnaraðila 30. september 1999 var gert ráð fyrir að um íhlutun vegna bráðamengunar á sjó færi samkvæmt lögum um skipströnd og vogrek. Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti er ekki ætlunin á næstunni að fullvinna frumvarp til nýrra laga um skipströnd og vogrek og verður það því ekki lagt fram á næstunni. Tenging milli þessara tvennra laga er því ekki inn í myndinni eins og er og ekki er talið rétt að bíða lengur með að leggja fram frumvarp til laga um verndun umhverfis hafsins og stranda sem kæmu í stað laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, enda hefur þróun mála á undanförnum hálfum öðrum áratug verið ör og fyllsta ástæða til þess að öðruvísi verði haldið á ýmsum málum en þá var gert bæði í tengslum við stjórnsýslulega framkvæmd sem og í tengslum við ýmiss konar ábyrgð og vátryggingar. Frumvarp þetta tekur því ekki mið af þeirri tengingu við lög um skipströnd og vogrek sem upphaflega lá til grundvallar. Nægir þar að benda á að litið er á mál frá allt öðrum sjónarhóli en gert er í dag, enda viðhorf allt önnur á þeim tíma, en áhyggjur af mengun og öðrum umhverfisspjöllum voru nánast óþekktar þá. Lögin frá 1926 gera þannig beinlínis ráð fyrir að eingöngu sé um verðmæti að ræða þegar skipströnd og vogrek eiga sér stað en á síðari tímum er frekar litið á þess háttar atburði sem ógn við umhverfið og náttúruna. Nægir þar að nefna strand flutningaskipsins Vikartinds 5. mars 1997. Þótt vissulega hafi þar verið mikil verðmæti í húfi er ljóst að kostnaður við dælingu á olíu úr skipinu og hreinsun fjöru af ýmiss konar drasli auk niðurrifs skipsins var meiri en það sem hafðist upp úr strandgóssi. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um viðbrögð við bráðamengun, einkanlega rétt til íhlutunar, með skýrum hætti inn í þetta frumvarp.

Þar sem framkvæmd gildandi laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, er verkefni ríkis, þ.e. umhverfisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins, að undanteknum aðgerðum innan hafna sem eru í höndum hafnarstjórna og heyra þar með undir sveitarfélögin, taldi endurskoðunarnefndin ástæðu til að fara yfir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga innan málaflokksins, sérstaklega þegar haft er í huga að framkvæmd laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um mengunarvarnir á landi, er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Mikilvægt er að ekki fari á milli mála hvort ríki eða sveitarfélög fari með framkvæmd þessa málaflokks en tillaga nefndarinnar er sú að ríkið fari með málaflokkinn allan og að Hollustuvernd ríkisins annist framkvæmdina fyrir hönd umhverfisráðherra. Þetta hefði í för með sér að ábyrgð á viðbrögðum við stórfelldri mengun innan hafnarsvæða færðist undir Hollustuvernd ríkisins þótt nefndin leggi til að hafnarstjórnum verði falin ábyrgð á fyrstu aðgerðum og hreinsun sé ekki um meiri háttar mengunaróhöpp að ræða. Nefndin ræddi ítarlega við Samband íslenskra tryggingafélaga í tengslum við þá tillögu að komið verði á hlutlægri ábyrgð sé um að ræða bráðamengun af völdum flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum eða atvinnurekstrar á landi sem tilgreindur er í fylgiskjali I með frumvarpinu. Hér er verið að leggja til að lögfest verði svokölluð mengunarbótaregla (PPP-reglan) en um yrði að ræða ábyrgð án sakar og er því nauðsynlegt að hlutaðeigandi atvinnurekstur geti aflað sér vátrygginga í slíkum tilvikum.

Eftir að farið hafði verið vandlega yfir þá þætti sem áður eru nefndir og athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila og í ljósi þess að ekki er ætlunin að leggja fram frumvarp til nýrra laga um skipströnd og vogrek rak endurskoðunarnefndin smiðshöggið á verkið og skilaði til umhverfisráðherra í september 2001.

Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og önnur lög er varða málefnið.

Lög nr. 32/1986 mörkuðu tímamót í sögu íslenskra umhverfismála. Lögin eru fyrstu heildarlög hér á landi um varnir gegn mengun sjávar. Lögin voru sett í samræmi við 8. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, svokölluð landgrunnslög.

Sett voru í einn lagabálk ákvæði þeirra alþjóðasamninga um mengun sjávar sem Ísland hafði staðfest auk þess sem lögin hafa að geyma ákvæði er taka mið af verndun sjávar gegn mengun með tilliti til séraðstæðna hér á landi. Rétt er að geta þess að lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, voru ekki sett inn í lög nr. 32/1986 og gilda þau enn sem sérlög. Eru lög nr. 20/1972 því einu lögin er varða mengun sjávar sem eru í gildi til hliðar við lög nr. 32/1986. Eftir að lög nr. 32/1986 öðluðust gildi hafa orðið töluverðar breytingar á lagaumhverfinu ekki síst í tengslum við stjórnkerfið og alþjóðlega samninga og hafa lögin verið löguð að þeim eftir föngum.

Rétt er að hafa í huga að löggjöf sem snýr að vernd hafsins byggist á alþjóðlegum samþykktum að verulegu leyti. Þetta stafar af þeirri einföldu staðreynd að mengun virðir ekki landamæri og eins af hinu að aðgerðir einstakra þjóða segja oft lítið og strangar reglur einstakra landa geta skekkt samkeppnissöðu ef alþjóðasamfélagið er ekki tilbúið til að standa sem næst einhuga að slíkum skuldbindingum. Það er af framangreindum ástæðum sem alþjóðasamningar eru ráðandi í löggöf um vernd hafsins og raunar einnig um öryggi skipa og sjófarenda. Nánar verður gerð grein fyrir helstu alþjóðasamningum um vernd hafsins hér á eftir.

Markmið laga nr. 32/1986 er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna sem talin eru upp í fylgiskjali I með lögunum og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins. Lögin fjalla aðallega um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, sorps og annarra skaðlegra efna, varp efna í hafið, ábyrgð á mengun, íhlutun og framkvæmd laganna. Í lögunum er að finna skilgreiningar á orðum og orðasamböndum sem fram koma í lögunum þannig að merking þeirra fari ekki á milli mála. Þannig er merking hugtaksins mengun sú sama og í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem upphaflega voru sett 1981, sbr. nú lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í lögunum kemur fram skilgreining á hugtakinu mengunarlögsaga Íslands sem er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands og er þannig í samræmi við lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Mengunarlögsagan og efnahagslögsagan eru eitt og hið sama. Í lögunum er hugtakið mengunartjón skilgreint sérstaklega en það merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum hún er. Mengunartjón tekur til alls kostnaðar af aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón eða frekara tjón eða skaða sem getur hlotist af ráðstöfunum sem grípa þarf til í slíku skyni. Í lögunum er enn fremur að finna ákvæði um bráðamengun og skýringu á hugtakinu bráðamengun en það merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða. Hins vegar er hvergi kveðið á um sérstakar aðgerðir í tengslum við bráðamengun í lögunum sjálfum en það er hins vegar gert í reglugerð nr. 468/1998, um bráðamengun.

Í lögunum er sérstaklega fjallað um losun í sjó, þ.e. losun efnaúrgangs sem verður til við rekstur og fellur þar undir allur úrgangur frá landstöðvum sem leiðir af eðlilegri starfrækslu. Samkvæmt lögunum er óheimilt, hvort sem er beint eða óbeint, að losa olíu í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar. Losun lýsis og grútar í sjó er enn fremur óheimil á innsævi og sú krafa gerð að við löndun feitfisks með dælingu úr skipum, svo sem og við vinnslu feitfisks í landi, skuli vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun á sjó vegna slíkrar losunar. Enn fremur er óheimilt að veita til sjávar óhreinsuðu vinnsluvatni nema Hollustuvernd ríkisins hafi gefið út leyfi til þess. Losun fljótandi efna, en um er að ræða vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/sm^2 við 37°C, er óheimil innan þriggja sjó-

mílna frá grunnlínum landhelginnar, en utan þess hafsvæðis fer um losunina samkvæmt reglum, sem umhverfisráðherra setur og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamning frá 1973, um varnir gegn mengun frá skipum.

Í lögunum segir og að óheimilt sé að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar og óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðlar og net. Umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar og skulu þær vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Slíkar reglur voru settar með reglugerð nr. 124/1994. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó. Slíkar reglur hafa ekki verið settar en eigi að síður gilda um skolp alþjóðlegar reglur, eftir því sem við á, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Önnur losun efna í sjó kemur fyrst og fremst frá landstöðvum og er umhverfisráðherra heimilt ef þörf krefur að setja reglur er takmarka losun slíkra efna í sjó frá landi í samræmi við alþjóðasamning frá 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, geyma hins vegar ákvæði um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sjávar. Fjöldi reglugerða gildir og um starfsemi á landi sem mengað getur sjó, svo sem mengunarvarnareglugerðir sem settar voru í október 1999 með heimild í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar er annars vegar verið að setja reglur í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins í tengslum við skuldbindingar í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar um atriði sem taka mið af séríslenskum aðstæðum.

Í lögunum er fjallað um móttökustaði fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang, svo sem um olíuúrgang frá skipum og starfsemi á landi, og kvaðir lagðar á þá aðila sem annast dreifingu og sölu olíu að taka við olíuúrgangi frá skipum og starfsemi í landi og tryggja viðunandi eyðingu. Lagðar eru kvaðir á umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutninga skipa og skipaviðgerðastöðva að þær hafi aðstöðu til að taka við óblandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi er skip koma í stöðvarnar.

Lögð er sú skylda á hafnaryfirvöld að þau komi upp eða tryggi rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum og umhverfisráðherra er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en olíuúrgang og sorp.

Í IV. kafla laganna er sérstaklega fjallað um varp efna í hafið og er það óheimilt án leyfis Hollustuverndar ríkisins en þó með þeirri undantekningu að heimilt er að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli ákveðin efni sem talin eru upp í fylgiskjali með lögunum.

Í V. kafla laganna er fjallað um aðra mengun sjávar, svo sem brennslu úrgangsefna eða annara efna á hafi úti en til þess þarf leyfi Hollustuverndar ríkisins.

Í VI. kafla laganna er kveðið á um að hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands beri fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Lögin kveða enn fremur á um viðbúnað vegna mengunaróhappa, og eru þar lagðar skyldur á mengunarvald að koma í veg fyrir skaða af völdum mengunar, og um tafarlausar aðgerðir á vegum hafnaryfirvalda sé um að ræða mengun á hafnarsvæði, og á Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu og Siglingastofnun, sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða. Í 18. gr. er umhverfisráðherra veitt heimild til að krefjast þess að fyrirtæki með starf-

semi, sem getur valdið bráðamengun, leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

Lögin fjalla um tilkynningarskyldu eigenda skipa og skipstjórnarmanna, sem og eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi, um að tilkynna Hollustuvernd ríkisins tafarlaust eða öðrum yfirvöldum um alla losun eða varp sem lögin ná til innan efnahagslögsögu landsins.

Sérstakur kafli fjallar um íhlutun, IX. kafli, en þar er Hollustuvernd ríkisins veitt heimild til að láta fara fram athugun á skipum, vinnu á borpöllum á sjó eða fyrirtækjum á landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur þegar orðið sem stríðir gegn lögunum.

Umhverfisráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar sem stríðir gegn lögunum nema vegna óviðráðanlegra atvika (force major), svo sem náttúruhamfara.

Framkvæmd laganna er í höndum umhverfisráðherra en Hollustuvernd ríkisins fer með framkvæmd mála. Hér er því um að ræða verkefni ríkisins en þó er gert ráð fyrir að sveitarfélögin, þ.e. hafnarstjórnir, séu ábyrgar sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða eins og áður segir. Í lögunum er enn fremur gerð grein fyrir þeim alþjóðasamningum sem umhverfisráðherra annast framkvæmd á en þeirra verður getið síðar.

Um aðra mengun sjávar en kveðið er á um í lögunum fer m.a. samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum um geislavarnir. Framkvæmd laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er fyrst og fremst í höndum sveitarfélaganna en laga um geislavarnir í höndum Geislavarna ríkisins sem starfa á vegum heilbrigðisráðuneytisins.

Í XI. kafla laganna þar sem fjallað er um mælingar á mengunarefnum í sjó er kveðið á um að umhverfisráðherra láti fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni. Í þessu skyni hefur verið stofnaður sérstakur starfshópur (AMSUM-hópurinn) sem í eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli þ.e. Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Til þessara mála hefur verið varið töluverðu fé á undanförnum árum eða á bilinu 20–30 millj. kr. árlega. Hefur AMSUM-hópurinn gert samninga við hlutaðeigandi stofnanir eða fyrirtæki um framkvæmd rannsóknarmælinga á þessum efnum.

Í lögunum er kveðið á um viðurlög og málsmeðferð og varðar það sektum og fangelsi allt að tveimur árum ef brotið er gegn lögunum. Sé brotið gegn lögunum fer um málið að hætti opinberra laga. Það sérákvæði er í lögunum að hafnarstjóra er heimilt að gera sekt fyrir losun á varpi frá skipi á hafnarsvæði sínu, enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. laganna, þar sem fjallað er um ábyrgð mengunarvalds, séu greiddar ef trygging er sett fyrir greiðslu þeirra.

Í lögunum er sérákvæði um brot skv. II. og IV. kafla, þ.e. tengist brot skipi og sé málinu ekki lokið með greiðslu sektar samkvæmt því sem segir hér að framan, og skal þá skipið kyrrsett og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu, svo og kostnaður skv. 15. gr. Þó er heimilt að láta skip laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging. Það sérákvæði er að finna í lögunum að sektum samkvæmt þeim er ætlað að renna í sérstakan sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. nú reglugerð nr. 465/1998 um bráðamengun, en ekki ríkissjóð. Enn fremur fjalla lögin um álagningu dagsekta og að hámark dagsekta skuli ákveðið í reglugerð og þær renni í áðurnefndan sjóð.

Eins og áður segir gilda sérstök lög, sbr. lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, en þau hafa ekki verið felld inn í lög um varnir gegn mengun sjávar. Samkvæmt þeim er íslenskum skipum bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenskrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna. Í lögunum eru talin upp þau efni sem hér um ræðir en það eru öll eiturefni, lífræn og ólífræn, auðleysanleg og torleysanleg sambönd málma og málmleysingja, geislavirk efni og sprengiefni. Um öll þessi efni og skilgreiningar á þeim gilda einnig lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lög um geislavarnir og lög um sprengiefni, sbr. vopnalög, nr. 16/1998.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar.

Fyrsti alþjóðasamningur um mengun sjávar var gerður 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu. Á þessum tíma var olía helsta áhyggjuefni stjórnvalda víða um heim og talin helsti skaðvaldurinn. Þeir samningar sem settir hafa verið á síðari árum fjalla í auknum mæli um ýmiss konar takmarkanir og bönn við losun efna í hafið og um varnir gegn mengun frá atvinnurekstri í landi. Þessir samningar eru af tvennum toga. Annars vegar taka þeir til allra heimshafanna og hins vegar til einstakra svæða. Þessir samningar snerta varnir gegn mengun hafsins með beinum hætti en auk þess er að finna sérstakan kafla í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um verndun hafsins. Ísland hefur gerst aðili að nokkrum þessara alþjóðasamninga með sérstökum lögum. Þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.
2. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.
3. Alþjóðasamningur frá 1978 (MARPOL 73/78).
4. Alþjóðasamningur um eftirlit með flutningi spilliefna og annars úrgangs milli lands og förgun þeirra.
5. OPRC-samningurinn frá 7. maí 1993 um sameiginleg viðbrögð við olíumengunaróhöppum.
6. Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun.
7. Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.
8. Alþjóðlegur samningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.
9. Kaupmannahafnarsamningurinn um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna komi til óhappa af völdum olíu og annarra hættulegra efna.
10. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins 25. mars 1998, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra.

Fjallað verður um þessa samninga í stuttu máli hér á eftir.

Árið 1985 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, sbr. auglýsingu nr. 9/1985, með breytingum frá 1989 og 1992. Hér er um að ræða svokallaðan MARPOL-samning en markmið samningsins er að koma í veg fyrir losun mengandi efna í sjó, þ.m.t. í úthöfin, frá farartækjum, sem eru á siglingu eða í höfnum. Til þess að ná markmiðum samningsins er kveðið á um skírteini skipa og um byggingu skipa og búnað og sérstakar reglur settar um skoðun skipa.

Hinn 30. ágúst 1975 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna, sbr. auglýsingu nr. 17/1973, með breytingu

nr. 1/1976. Hér er um að ræða svokallaðan Lundúnasamning en markmið hans er að stýra og koma í veg fyrir varp úrgangsefna og mengandi efna í sjó, þ.m.t. í úthöf, frá skipum og flugvélum og bruna úrgangsefna á hafi. Til þess að tryggja framgang samningsins er að finna í honum reglur um varp úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sérstakleg efna sem eru hættuleg umhverfinu, og er þar þá sérstaklega átt við þrávirk lífræn efni, efni sem valda krabbameini, svo og nokkrar tegundir þungmálma að geislavirkum efnum frátöldum.

Hinn 7. maí 1997 staðfesti Alþingi samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, svokallaðan OSPAR-samning, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998. Öll Evrópulönd sem eiga land að Norður-Atlantshafi auk Sviss og Lúxemborgar eiga aðild að OSPAR og nær samningssvæðið yfir Atlantshafið frá Gíbraltar að sunnan að lengdargráðu sem sker Hvarf og markar hún svæðið til vesturs að Grænlandi. Þaðan markast samningssvæðið af Grænlandi í vestri og Noregi í austri norður fyrir Karahaf. Þessi samningur kemur í stað tveggja alþjóðasamninga, annars vegar alþjóðasamnings frá 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, Óslóarsamningsins svokallaða, og hins vegar samnings frá 4. júní 1984, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, svokallaðs Parísarsamnings. Markmið samningsins er að draga úr, svo sem mögulegt er, varpi mengandi efna og hættulegra úrgangsefna í sjó, þ.m.t. í úthöf innan samningssvæðisins, frá skipum og flugvélum og brennslu efna á hafi sem hættuleg eru umhverfinu, enn fremur að draga svo sem frekast er kostur úr mengun sem berst til hafs frá starfsemi í landi en talið er að stærsta hluta mengunar í sjó megi rekja til mengunar frá landstöðvum eða starfsemi í landi. Samningurinn hefur að geyma ákvæði sem eiga að tryggja framgang hans, svo sem reglur um varp úrgangsefna í hafið frá skipum og flugvélum og um brennslu úrgangsefna á hafinu. Þannig er almennt varp allra úrgangsefna, með nokkrum undantekningum, bannað. Samningurinn hefur líka að geyma reglur um losun og útblástur efna er kunna að menga hafið, m.a. frá iðnaði, orkuframleiðslu, þ.m.t. geislavirks úrgangs, umferð, íbúðabyggð og landbúnaði. Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um skipti á vísindalegum upplýsingum og um samstarf á sviði vöktunar.

Hinn 13. maí 1995 gerðist Ísland aðili að samningi um alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbúnað og viðbrögð við olíumengun vegna óhappa á sjó, sbr. auglýsingar nr. 13/1993. Þessi samningur gengur undir skammstöfuninni OPRC (Oil Preparedness and Response Convention) og er markmið hans að skapa grundvöll fyrir alþjóðlegri samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum er stafa af olíu. Meginmarkmiðið með samningnum er að tryggja aðildarríkjum svokallaða gagnkvæmniaðstoð þegar veruleg mengunaróhöpp verða á hafsvæðum þeirra og hefur hann að geyma ákvæði um tilkynningarskyldu og lágmarkskröfur um viðbúnað og viðbragðsáætlanir. Hér er um bráðamengunarsamning að ræða.

Hinn 15. október 1980 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. auglýsingu nr. 10/1980, með breytingu frá 1994, en markmið samningsins er að gera ríkjum kleift að grípa til aðgerða á úthafinu þegar óhöpp (skipskaðar) verða sem valda eða geta valdið olíumengun innan lögsögu þeirra. Þessi samningur skilgreinir þær aðgerðir sem heimilt er að beita og hvenær sé talið að skipskaði geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu samningsríkis sé ekkert að gert. Þessi samningur tekur til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurolíu. Þá eru ónefndir þrír aðrir alþjóðasamningar sem tengjast samningum um olíumengun en það er í fyrsta lagi alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs (Fund) til að bæta tjón af völdum olíumengunar ef það verður meira en sem nemur hinni einkaréttarlegu ábyrgð og í öðru lagi alþjóðasamningur um íhlutun (INTERVENTION) á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valið olíumengun. Þannig eru þessir þrír síðastnefndu samningar órofatengdir. Þeim er

ætlað að tryggja einstaklingum skaðabætur sem verða fyrir tjóni vegna olíumengunar frá skipum og taka þeir til tankskipa sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka smurolíu og hvallýsi og enn fremur er reynt að tryggja tjónþola olíumengunar baktryggingu í þeim tilvikum þegar þær hámarksbætur sem skipaeigendum er gert greiða samkvæmt samningum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Um er að ræða sjóð sem hægt er grípa til í slíkum tilvikum. Samningurinn um íhlutun tryggir inngripsrétt hlutaðeigandi þjóða þegar hætta er á olíumengun eða hún hefur átt sér stað. Heimildir samningsins eru reyndar víðtækari en íslensk lög heimila og er lagt til í frumvarpinu að ráðin verði bót á því.

Loks ber að nefna svokallaðan Kaupmannahafnarsamning frá 1995, með gildistöku 16. janúar 1998, sem fjallar um gagnkvæma samvinnu Norðurlandanna vegna olíumengunar og mengunar af völdum annarra hættulegra efna. Ljóst er að Íslendingar hafa mikilla hagsmuna að gæta í tengslum við samvinnu Norðurlandanna þegar olíumengun eða mengun af völdum annarra hættulegra efna á sér stað, t.d. um notkun búnaðar sem er bæði dýr og kallar á mannafla en sem betur fer þarf sjaldan að nota. Þá er mikilvægt að hægt sé með stuttum fyrirvara að fá slíkan búnað flugleiðis frá því landi sem styst er til, þ.e. Noregi. Tryggir Kaupmannahafnarsamningurinn þessa samvinnu.

Eins og sjá má af framangreindri upptalningu hefur Ísland gerst aðili að meginsamningum um varnir gegn mengun hafsins og snerta þeir ekki síst þá þætti sem fallið geta undir bráðamengun.

Í maí 1993 ákvað stjórn Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að kalla saman fund sérfræðinga til þess að gera uppkast að framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun hafsins frá landi. Undirbúningsfundurinn var haldinn í maí 1995 og ríkjaráðstefna var haldin í Washington síðla sama ár. Þetta var gert í því skyni að fylgja eftir samþykktum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun og er markmiðið að gera alþjóðlega framkvæmdaáætlun um ráðstafanir til verndar lífríki hafsins vegna athafna manna af landi. Þetta ferli, sem gengið hefur undir nafninu Washington-ferlið, hefur leitt til þess að aðildarríki hafa verið að setja sér framkvæmdaáætlun í þessum efnum og er ætlunin að hún verði grundvöllur að alþjóðasamningi síðar. Hollustuvernd ríkisins hefur unnið drög að slíkri framkvæmdaáætlun fyrir Ísland og lagt fyrir umhverfisráðuneytið. Vinna þessir aðilar nú að lokafrágangi áætlunarinnar og er tekið mið af því að hún komi til framkvæmda í áföngum á næstu árum. Verður áætlunin kynnt á fundi sem haldinn verður í Montreal í nóvember 2001.

Í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Alþingi heimilaði með ályktun að ríkisstjórnin fullgilti 1985 er að finna sérstakan kafla, 12. kafla, þar sem fjallað er um verndun og varðveislu hafsins. Þar er að finna ítarlegar reglur um skyldur aðildarríkja til þess að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafsins. Ríkjum ber að haga löggjöf sinni í samræmi við ákvæði sáttmálans í þessum efnum. Sáttmálinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994, sbr. auglýsingu nr. 40/1993, um gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, sem birtist í C-deild Stjórnartíðinda. Í 5. kafla sáttmálans eru ítarleg ákvæði um þau atriði sem setja á í lög til að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá landi.

Reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun.

Eins og fram hefur komið setti umhverfisráðuneytið reglugerð um viðbrögð við bráðamengun sjávar árið 1998, þ.e. reglugerð nr. 465/1998. Má segja að með reglugerðinni sé verið að fylgja eftir tillögum fyrri „bráðamengunarnefndar“, eins og hún var kölluð, en hún tók saman gagnaskrá um viðbúnað við bráðum mengunaróhöppum á sjó sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu 1997. Með reglugerðinni, sem reyndar má líka tengja þeim lærdómi

sem stjórnvöld drógu af Vikartindsstrandinu, er reynt að samræma þær aðgerðir sem beita skal þegar sjór og strendur mengast skyndilega vegna olíuslyss eða sambærilegra óhappa, jafnt í höfnum landsins sem og utan hafnarsvæða, til að draga úr tjóni eða koma í veg fyrir tjón vegna bráðamengunar eftir því sem kostur er. Reglugerðin fjallar um ábyrgð og verksvið þeirra sem eiga að bregðast við bráðamengun sjávar og einnig um gerð viðbragðsáætlana innan sem utan hafnarsvæða í samræmi við 17. og 18. gr. laga nr. 32/1986. Innan hafnarsvæða fjallar reglugerðin einnig um mengunarvarnabúnað í umsjón hafna, rekstur hans og endurnýjun, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli svæða og aðila sem vinna að þessum málum. Utan hafnarsvæða fjallar reglugerðin um notkun búnaðar, þjálfun starfsmanna og samræmingu milli aðila sem vinna að þessum málum.

Helstu nýmæli frumvarpsins.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu nýmælum frumvarpsins:

1. Í 2. gr., þar sem fjallað er um gildissvið laganna, kemur fram í 1. mgr. að lögin gildi um hvers konar starfsemi sem tengist framkvæmdum, skipum og loftförum hér á landi í lofthelgi og íslenskri mengunarlögsögu og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. mgr., að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um. Lögunum er einnig ætlað að gilda um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum og er það nýmæli.
2. Lögunum er skipt í tvo meginframkvæmdakafla. Annars vegar er kveðið almennt á um vernd hafs og stranda, og hins vegar er að finna sérákvæði um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun sjávar, sbr. IV. kafla.
3. Í frumvarpinu er að finna fleiri og ítarlegri skilgreiningar á orðum og orðasamböndum en fram koma í gildandi lögum. Nauðsynlegt er að skilgreiningar á orðum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, svo sem setning reglugerða, byggist á þeim.
4. Frumvarpið er sett upp með öðrum hætti en gildandi lög og kaflaskipt með hliðsjón af markmiðum, gildissviði og skilgreiningum, stjórn og skipan, framkvæmd almennra ákvæða laganna, ákvæðum um bráðamengun, þvingunarúrræðum og refsiviðurlögum, ýmsum ákvæðum og ákvæðum til bráðabirgða. Þannig kemur fram í frumvarpinu í fyrsta lagi hvert er markmið laganna, í öðru lagi hverjir skuli sjá til þess að markmiðum laganna verði náð, í þriðja lagi hvaða tækjum skuli beitt til þess að ná fram markmiðum laganna og í fjórða lagi hvaða úrræði séu fyrir hendi til þess að þvinga fram aðgerðir og hver séu refsiviðurlög ef út af er brugðið.
5. Lagt er til að ábyrgð á framkvæmd laganna verði í höndum ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, undir yfirstjórn umhverfisráðherra, sem fari með eftirlit með framkvæmdinni að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í lögunum. Hollustuvernd ríkisins er veitt heimild til þess að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunarstofum.
6. Hollustuvernd ríkisins er falið að annast eftirlit með framkvæmd vöktunar hafsins og stranda en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum.
7. Lagðar eru til skýrar heimildir um gjaldtöku fyrir eftirlit með framkvæmd laganna.
8. Lagt er til að Landhelgisgæslan annist eftirlit með hafsvæðinu umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að hún tilkynni Hollustuvernd ríkisins ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða. Það er hlutverk Hollustuverndar ríkisins að grípa til aðgerða, svo sem að beita þvingunarúrræðum.
9. Kveðið er á um ráðgjafaraðila samkvæmt lögunum en þeir eru Hollustuvernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Náttúruvernd ríkisins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Ís-

lands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæslan, hafnarstjórnir, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins.

10. Í stað ótal reglugerða um hin ýmsu atriði sem undir lögin falla er í frumvarpinu gerð tillaga um setningu einnar, hugsanlega fleirri reglugerða um umhverfi hafsins og stranda og nákvæmlega talið upp, sbr. 6. gr., um hvað skuli þar sérstaklega fjalla í 22 atriðum. Í reglugerð á m.a. að setja ákvæði um bestu fáanlega tækni við mengunarvarnir (best available techniques) og bestu umhverfisvenjur (best environmental practice).
11. Lagt er til að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna verði bundin leyfum Hollustuverndar ríkisins.
12. Sérákvæði er að finna um bráðamengun, sbr. IV. kafla. Þar er einkum stuðst við fengna reynslu af framkvæmd reglugerðar nr. 465/1998, um bráðamengun. Gert er ráð fyrir starfsemi sérstakra svæðisráða Hollustuvernd ríkisins til aðstoðar og kveðið á um hlutverk þeirra.
13. Ábyrgð á framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar um bráðamengun er að ræða er í höndum Hollustuverndar ríkisins en þó er hafnarstjóra í umboði hafnarstjórnar skylt að annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðis.
14. Lagt er til að Landhelgisgæslan geti gripið til íhlutunar og gert þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu við Ísland til að koma í veg fyrir, draga úr eða útiloka bráðamengun eða hættu á bráðamengun eftir að óhapp hefur orðið á sjó og hafi um það samráð við Hollustuvernd ríkisins og ef við á hafnarstjóra.
15. Lögð er sú skylda á Hollustuvernd ríkisins, þegar mengun hefur orðið á hafi úti, að stofnunin grípi til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi í landi eða á hafi skal Hollustuvernd ríkisins gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi í landi.
16. Gerð er tillaga um að mengunarvaldur verði ábyrgur fyrir bráðamengunartjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanna hans sé um að ræða mengun af völdum atvinnurekstrar frá landi eða flutnings á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Þeir sem bera ábyrgð á mengun samkvæmt þessu skulu taka ábyrgðartryggingu að upphæð allt að 1 millj. SDR eða sem næst 100 millj. kr. en kveðið verður nánar á um framkvæmdina, svo sem vátryggingarfjárhæðir og vátryggingarskilmála, í reglugerð.
17. Gerð er tillaga um sérstakar vátryggingar olíuflutningaskipa.
18. Gerð er tillaga um áætlanir og að atvinnurekstur, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu, skuli gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar. Hollustuvernd skal gera tillögur til ráðherra, að höfðu samráð við ráðgefandi aðila, um áætlanir um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun og skal ráðherra setja reglugerð þar að lútandi.
19. Lagt er til að samgönguráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra, geti sett reglur um siglingaleiðir innan mengunarlögsögu Íslands sé um að ræða flutning á olíu eða hættulegan varning í farrými og í tönkum.
20. Lagt er til að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot eða skip legið óhreyft í fjöru í tvö ár beri eiganda þess að fjarlægja það.
21. Lögð eru til ný þvingunarúrræði til þess að knýja á um framkvæmd laganna, m.a. heimild fyrir Hollustuvernd ríkisins til að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun að veittri áminningu og tilhlýðilegum fresti nema nauðsyn krefjist tafarlausrar stöðvunar.

22. Lagt er til að hámark dagsekta verði ákveðið í lögunum sjálfum allt að 1 millj. kr. á dag þar til úr verður bætt, enn fremur að Hollustuvernd ríkisins sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður innheimtur af hlutaðeigandi og stofnast lögveðsréttur í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.
23. Lagt er til að rísi ágreiningur um hvort bráðamengun samkvæmt lögunum hafi átt sér stað sé heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar. Sama á við ef rís ágreiningur milli einstakra eftirlitsaðila varðandi valdsvið þeirra.

Heiti frumvarpsins.

Lagt er til að lögin heiti „Lög um verndun hafs og stranda“ í stað „Lög um varnir gegn mengun sjávar“ en tilgangur frumvarpsins er að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun. Ástæða þykir til að í heiti frumvarpsins komi fram að markmiðið sé að vernda haf og strendur. Telja verður að núverandi heiti laga nr. 32/1986 gefi ekki rétta mynd af tilgangi laganna og yfir hvað þau ná þar sem þau hafa nokkru víðari skírskotun en varnir gegn mengun hafs og stranda í þröngum skilningi orðanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er fjallað um markmið laganna og er greinin efnislega óbreytt frá 1. gr. gildandi laga þar sem gerð er grein fyrir tilgangi laganna. Greinin er orðuð með öðrum hætti og er reynt að ná yfir þau atriði sem lögin samkvæmt orðanna hljóðan taka til.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins og er það efnislega hið sama og samkvæmt sömu grein gildandi laga. Fram kemur að lögin séu heildarlög og gildi að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki um hlutaðeigandi atriði. Gildandi lög, nr. 32/1986, hafa verið túlkuð með þessum hætti þótt ekki sé það tekið fram í lögunum. Sérlög sem hér koma til greina eru t.d. lög um geislavarnir, lög um Siglingastofnun Íslands og siglingalög.

Gert er ráð fyrir að lögin gildi einnig um íslensk skip utan íslenskrar mengunarlögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig í alþjóðasamningum. Þannig mundu lögin ná yfir íslensk fiskiskip sem veiða utan íslenskrar mengunarlögsögu svo framarlega sem um er að ræða skip sem sigla undir íslenskum fána. Ákvæðið er sett til að tryggja með óyggjandi hætti að íslensk skip sem eru að störfum utan íslenskrar mengunarlögsögu fylgi ákvæðum alþjóðasamninga, svo sem MARPOL 73/78 og Montreal-bókuninni um verndun ósonlagsins.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði um undanþágur verði mengun sökum óviðráðanlegra atvika vegna veðurofsa eða annarra náttúruhamfara (force major).

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um skilgreiningar en mjög brýnt er að skilgreiningar á orðum, orðasamböndum og hugtökum séu skýrar þar sem framkvæmdin, þar á meðal setning reglugerða um framkvæmdina, byggist að miklu leyti á þessum skilgreiningum. Í 3. gr. gildandi laga eru skilgreiningar í níu töluliðum, auk atriða sem eru skilgreind í mismunandi lagagreinum, en í frumvarpi þessu eru skilgreiningar miklu fleiri, auk þess sem reynt hefur verið, eins og kostur er, að flytja skilgeiningar sem voru á mismunandi greinum gildandi laga í þessa grein um skilgreiningar. Nýjar skilgreiningar eru sem hér segir:

Gerð er grein fyrir hugtakinu *besta fáanleg tækni* (best available techniques) og er þar um að ræða sömu skilgreiningu og er að finna lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og er tekið mið af því að um sé að ræða framleiðsluaðferð og tækjakost sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.

Enn fremur er að finna skilgreiningar á hugtakinu *fljótandi efni*, en þar er um að ræða vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C. Hafa ber í huga að yfir 80% af mengun sem hefur áhrif á lífríki sjávar og stranda kemur frá starfsemi í landi svo mikilvægt er að skilgreina þá starfsemi sérstaklega sem hér ræður mestu.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu *innsævi* en þar er um að ræða hafsvæðið innan grunnlínupunkta landhelginnar.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningar á *lýsi og grút* en þar er um að ræða allar tegundir feitmetis sem unnið er að eða sem koma úr sjávarlífverum.

Hugtakið *mengun* er skilgreint og er það í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í frumvarpinu er jafnframt að finna skilgreiningu á *mengunarlögsögu Íslands* og er breytingin sú frá gildandi löggjöf að mengunarlögsagan er einnig talin ná yfir efstu jarðlög sjávarbotns en ekki aðeins innsævi, að efstu flóðamörkum á stórstraumsfjöruflóði, landhelgi og efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Í greininni er jafnframt að finna skilgreiningar á hugtökunum *olía*, *óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur*, *rekstrarúrgangur* og *sérhafsvæði*. Með sérhafsvæði er átt við hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun hafs og stranda gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga og varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að og er í þessu sambandi aðallega miðað við skilgreiningar í MARPOL-samningnum og viðaukum hans.

Í frumvarpinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu *skip*. Enn fremur er að finna skilgreiningar á orðasambandinu *skolp frá skipum* en þar er um að ræða fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þ.m.t. annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur. Þessi skilgreining kemur frá MARPOL-samningnum og viðauka IV við hann.

Einnig er að finna skilgreiningar á hugtakinu *sorp frá skipum* en þar er um að ræða hvers kyns neysluúrgang frá skipum, svo sem alls konar matarleifar og úrgang frá vistarverum. Skilgreiningin er í samræmi við MARPOL-samninginn og viðauka V við hann.

Í greininni er hugtakið *varp* skilgreint. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var orðið *varp* notað, en það breyttist í meðförum þingsins í „úrkast“. Orðið *varp* er talið lýsa betur því sem hér er átt við og er lagt til að það verði notað.

Að lokum er að finna skilgreiningu á hugtakinu *vöktun* en þar er um að ræða kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu, sbr. nánar skilgreiningu á sama hugtaki í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu vöktun en umhverfisvöktun hefur verið falin Hollustuvernd ríkisins á landi og í lofti. Því er eðlilegt að hið sama gildi á sjó. Rétt er að benda á að vöktun umhverfisþátta er grundvöllur þess að stjórnvöld og almenningur hafi vitneskju um ástand mála og hvort aðgerðir sem gripið er til skili árangri.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn málaflokksins og lagt til að að hún verði í höndum umhverfisráðherra. Frá þessu kunna þó að vera frávik þar sem samgönguráðherra fer með mál t.d. í tengslum við starfsemi Siglingastofnunar Íslands og dómsmálaráðherra mál tengd starfsemi Landhelgisgæslunnar.

Gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins sé sú stofnun á vegum umhverfisráðuneytisins sem fari með framkvæmd laganna að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um annað í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að fela tiltekna þætti eftirlitsins heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða faggiltum skoðunaraðilum. Ekki er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins geti framselt heimild til beitingar þvingunarúrræða til þessara aðila þannig að stofnunin verður sjálf að taka slíkar ákvarðanir og fylgja þeim eftir.

Þá er í 3. mgr. lagt til að það verði hlutverk Hollustuverndar ríkisins að annast eftirlit með framkvæmd vöktunar hafsins og stranda og er það í samræmi við aðrar skyldur Hollustuverndarinnar til vöktunar, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem ná til almennra hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlits á landi, þ.e. ofan stórstraumsfjöru og í lofti.

Í 5. mgr. kemur fram að Landhelgisgæslan annist eftirlit á hafsvæðunum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó, og að Landhelgisgæslan skuli tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef hún verður vör við mengun eða grunur leikur á að um mengun hafs og stranda sé að ræða en samkvæmt greininni er lagt til að Hollustuvernd ríkisins sé sá aðili innan stjórnkerfisins sem beri ábyrgð á að eftirliti sé sinnt og grípi til viðeigandi þvingunarúrræða, sbr. V. kafla, í þeim tilvikum sem nauðsyn ber til. Siglingastofnun Íslands mun áfram annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um ráðgjafaraðila er tengjast framkvæmd laganna. Þar er um að ræða Hollustuvernd ríkisins, sem reyndar gegnir hlutverki eftirlitsstofnunar og ber ábyrgð á framkvæmd laganna, Hafrannsóknastofnunina, Náttúruvernd ríkisins, landlæknisembættið, Siglingastofnun Íslands, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Landhelgisgæslu, hafnarstjóra, Almannavarnir ríkisins og Geislavarnir ríkisins. Þessir aðilar allir fjalla um atriði er kunna að falla undir lögin. Hér er um að ræða þær stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga sem koma að þessum málum samkvæmt sérlögum um einstaka málaflokka og stofnanir en mikilvægt er að þessar stofnanir vinni sem mest saman. Rétt er að benda á nokkrar þeirra, en Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun Íslands og Geislavarnir ríkisins koma saman að þessum málum í tengslum við svokallaðan AMSUM-hóp sem hefur m.a. það verkefni að fjalla um umhverfisvöktun hafsins. Enn fremur er rétt að benda á að þessar stofnanir eiga aðild að bráðamengunarnefnd umhverfisráðuneytisins sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 465/1998 sem sett er með stoð í lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna breytingu frá ákvæðum gildandi laga en þar er lagt til að ráðherra setji eina eða fleiri reglugerðir, í samráði dómsmálaráðherra, sjávarútvegráðherra og samgönguráðherra, eftir því sem við á, um verndun hafs og stranda. Í greininni eru talin upp þau atriði sem sérstaklega skulu tiltekin í 21 lið auk sambærilegra atriða, sbr. v-lið. Hollustuvernd ríkisins skal gera tillögur til umhverfisráðherra um framkvæmd mála samkvæmt þessari grein, þ.e. setningu reglugerðar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem fjallað er um hliðstæð mál á landi og í lofti. Talið er æskilegt að byggja lögin upp á sama hátt.

Þá er ástæða til að vekja athygli á q-lið. Innan Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar hafa verið samþykktir kóðar sem notaðir eru við flutning á hættulegum farmi. Þessir kóðar sem eru alþjóðlegir eru geysilega viðamiklir og taka verulegum breytingum á hverju ári. Það svarar ekki kostnaði og hefur enga þýðingu að þýða slíka kóða yfir á íslensku þar sem einungis

örfáir aðilar vinna með þá, en á hinn bóginn er nauðsynlegt að fara eftir þeim. Lagaheimildir skortir til að vísa beint í kóðana í reglugerð. Rétt er að taka fram að um er að ræða alþjóðlega kóða og staðla og engan veginn verið að leggja þyngri byrðar á Íslendinga en nágranna okkar.

Í 2. mgr. er einnig gert ráð fyrir að ráðherra geti að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins, og eftir því sem við á Landhelgisgæslunnar og Siglingastofnunar Íslands, veitt tímabundnar undanþágur frá einstökum greinum hlutaðeigandi reglugerða. Í því tilviki er eingöngu um að ræða undanþágur til þess að laga sig að breyttum lögum og reglum, þ.e. til tiltekins tíma en þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð einstaklinga og lögaðila. Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í gildandi lögum, sbr. VI. kafla, þ.e. 15. og 16. gr., og III. kafla, þ.e. 10. gr. um olíuúrgang frá skipum og starfsemi í landi.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um bann við losun í hafið og er þar fjallað um losun olíu í hafið frá skipum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum, hvort sem er beint eða óbeint, og er hún óheimil á hafnarsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar frá útrás að hámarki 15 hlutar af 1.000.000 hlutum blöndunnar.

Greinin er efnislega samhljóða 4., 5. og 6. gr. gildandi laga nema skilgreiningar á hugtökum hafa verið teknar inn í 3. gr. fumvarpsins í stað þess að vera í einstökum greinum.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga með þeirri viðbót að fjallað er um lagningu sæstrengja og neðansjávarleiðslna í 2. mgr. Allt varp efna og hluta í hafið er óheimilt samkvæmt greininni en Hollustuvernd ríkisins getur þó að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar veitt leyfi til þess að ákveðnum efnum og hlutum sé varpað í hafið og eru þau talin upp. Til þess að taka af allan vafa er sett inn í frumvarpið ákvæði um að fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi sé heimilt að varpa í hafið með leyfi Hollustuverndar ríkisins, enda standi sérstaklega á og hið sama gildi um náttúruleg, óvirk efni, þ.e. föst jarðefni sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að lagning sæstrengja skuli háð starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins sem hafi samráð þar um við sjávarútvegsráðuneytið. Rétt er að benda á að engin sérstök leyfi þarf til að leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur hér á landi. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal meta sæstrengi til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og 20 km eða lengri. Enn fremur þarf leyfi Náttúruverndar ríkisins sé um að ræða svæði sem hafa verið friðlýst en engin slík svæði hafa verið friðlýst utan fasta landsins nema hverastrýtur í Eyjafirði. Mikilvægt er að einhver einn aðili gefi út starfsleyfi fyrir sæstrengi þannig að slíkar framkvæmdir séu leyfisbundnar með sama hætti og í nágrannalöndunum. Nokkrum sinnum hefur reynt á þetta á undanförnum árum og því er ástæða til þess að koma þessum málum í fastan farveg. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna gefa út fjölda starfsleyfa á landi sem eru sambærileg og er því eðlilegt að Hollustuvernd ríkisins fari með þessi mál.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um bann við brennslu úrgangs og annarra efna á hafi úti nema í þar til gerðum ofnum.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að hafnarstjórn skuli koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og er það í samræmi við 11. gr. gildandi laga. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um móttökustaði úrgangs og eðlilegt að miða við slíkar leiðbeiningar.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningarskyldu eigenda skipa eða skipstjórnarmanna, eigenda og rekstraraðila vinnu- og borpalla á hafi úti og fyrirtækja í landi til Hollustuverndar ríkisins eða Landhelgisgæslunnar um alla losun, varp og mengun sem lögin ná til, nema varpið sé sérstaklega heimilt samkvæmt lögunum, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Hér er efnislega samhljóða ákvæði og í 20. gr. gildandi laga nema bætt hefur verið inn tilkynningarskyldu til Landhelgisgæslunnar og telst hún fullnægjandi.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað sérstaklega um bráðamengun sem er annar af meginþáttum frumvarpsins og sá þáttur sem sérstök ástæða er til þess að taka á í lögum og telst til helstu nýmæla í frumvarpinu. Ákvæði um bráðamengun er að finna í gildandi lögum en í framkvæmdinni hefur þó aðallega verið stuðst við reglugerð, sbr. reglugerð nr. 465/1998, um bráðamengun, og má segja að efnislega sé lagt til að helstu ákvæði bráðamengunarreglugerðarinnar verði sett inn í lögin enda er reynslan af þeim góð. Hafa ber þó í huga að ýmis ákvæði þarf að setja inn til þess að tryggja framkvæmdina, svo sem um íhlutun, hlutlæga ábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, og vátryggingar en engin slík ákvæði er að finna í gildandi lögum. Enn fremur þarf að koma fram hvernig háttað sé ábyrgð á hinum einstöku svæðum, þ.e. á hafnarsvæðum og utan hafnarsvæða, sérstaklega þegar haft er í huga að lagt er til í frumvarpinu að ábyrgð og framkvæmd laganna verði eingöngu í höndum ríkisins en ekki eins og samkvæmt gildandi lögum skipt en sveitarfélögin fara með ábyrgð innan hafnarsvæða og ríkið með ábyrgð utan hafnarsvæða. Vísast nánar um þetta til almennra athugasemda með frumvarpinu hér að framan.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um svæðisráð vegna bráðamengunar. Lagt er til að landið skiptist í eftirlitssvæði og skal svæðisráð starfa á hverju svæði, skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Í hverju svæðisráði skulu eiga sæti heilbrigðisfulltrúi, slökkviliðsstjóri og hafnarstjóri í því sveitarfélagi þar sem mengunarvarnabúnaður er staðsettur. Eðlilegt er að hafnarstjórar verði formenn svæðisráða, enda er búnaðurinn í vörslu hafnanna. Samkvæmt nýjum lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, hefur sú skylda verið lögð á slökkviliðsstjóra að þeir annist stjórn á vettvangi þegar mengunarslys á landi eiga sér stað, enda hafa þeir yfir að ráða búnaði í slíkum tilvikum og því eðlilegt að þeir komi að þessum málum einnig í tengslum við mengun sjávar. Heilbrigðisfulltrúar starfa á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og bera ábyrgð á aðgerðum til þess að koma í veg fyrir mengun á landi frá ýmiss konar starfsemi og taka við þegar ábyrgð slökkviliðsstjóra sleppir.

Hlutverk svæðisráða yrði fyrst og fremst að hafa umsjón með, reka og viðhalda mengunarvarnabúnaði sem er í eigu hafnanna, sem og annast fræðslu starfsmanna hafna um viðbúnað við bráðamengun, sjá um æfingu og þjálfun í viðbrögðum og vera Hollustuvernd ríkisins til ráðgjafar um aðgerðir vegna bráðamengunar samkvæmt lögum.

Ekki er gerð tillaga um fjölda eftirlitssvæða eða mörk þeirra í lögunum heldur er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði það í samræmi við flokkun hafna með hliðsjón af mengunarvarnabúnaði og kveði nánar á um verksvið svæðisráða í reglugerð.

Sú skylda hvílir á svæðisráðum að þau meti aðstæður í samráði við Hollustuvernd ríkisins eftir að mengun hafsins og stranda hefur átt sér stað.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmd og stjórn á vettvangi þegar bráðamengun hefur átt sér stað. Þar er gerður greinarmunur á mengun innan hafnarsvæða og utan hafnarsvæða.

Sé um að ræða mengun innan hafnarsvæða er það hlutverk hafnarstjóra í umboði hafnarstjórnar að annast hreinsun minni háttar mengunar innan hafnarsvæðis og skal hann tilkynna Hollustuvernd ríkisins um bráðamengun strax og hennar verður vart. Það er skylda hafnarstjóra að grípa til hreinsunar og annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir frekara tjón og meti hafnarstjóri málið alvarlegt ber honum að kalla á búnað frá nærliggjandi höfn sem hefur yfir betri búnaði að ráða og hefur þá samband við Hollustuvernd ríkisins sem tekur yfir stjórn málsins. Sé um að ræða mengun utan hafnarsvæða skal heilbrigðisfulltrúi fara á vettvang og meta umfang mengunar og nauðsyn aðgerða. Í þessu tilviki ber Hollustuvernd ríkisins ábyrgð á að aðgerðir hefjist og annast stjórn á vettvangi, en það er hlutverk heilbrigðisfulltrúa að hafa eftirlit með hreinsunaraðgerðum og ákveða í samráði við Hollustuvernd ríkisins hvenær árangur af hreinsuninni er nægur.

Gert er ráð fyrir að mengunarvaldurinn geti sjálfur framkvæmt hreinsun þegar trygging liggur fyrir því að hann muni greiða fyrir tjón sem hann hefur valdið og að í slíkum tilvikum leggi mengunarvaldurinn fram áætlun um hvernig hann muni standa að hreinsuninni. Það er Hollustuverndar ríkisins að taka ákvörðun um hvort mengunarvaldurinn sé í stakk búinn til þess að annast framkvæmdina.

Enn fremur er í greininni að finna tilkynningarskyldu til landlæknis sé talið eða leiki vafi á því að mönnum geti stafað hætta af menguninni og enn fremur að sé mengun þess eðlis að hún geti valdið hættu fyrir íbúa eða eignir skuli aðgerðir unnar í samvinnu við viðkomandi almannavarnanefnd. Það er fyrst og fremst Hollustuvernd ríkisins sem ber ábyrgð á því að þessari tilkynningarskyldu sé framfylgt og að samráði verði komið á við landlækni og almannavarnanefnd. Til að einfalda framkvæmd er ákvæði um að þær stofnanir sem koma að málum er varða bráðamengun komi sér saman um hvernig aðkoma þeirra á að vera við bráðamengunaróhöpp.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um íhlutun vegna bráðamengunar en ljóst er að þegar bráðamengun er yfirvofandi er mikilvægt að gripið verði til ráðstafana til að fyrirbyggja hana sem allra fyrst og oftast án tafar. Lagt er til að Landhelgisgæslan hafi ótvíræða heimild til íhlutunar til að koma í veg fyrir eða fyrirbyggja tjón af völdum bráðamengunar og að hún hafi samráð við Hollustuvernd ríkisins um málið verði því við komið og einnig viðkomandi hafnarstjóra þegar um mengun innan hafnarsvæða er að ræða.

Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Hollustuvernd ríkisins grípa til aðgerða og sé hætta talin á að mengun muni hljótast af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi úti

skal stofnunin gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun af völdum strandaðs skips eða frá starfsemi á landi. Í slíkum tilvikum getur Hollustuvernd ríkisins gripið til þeirra þvingunarúrræða sem kveðið er á um í V. kafla.

Þessi ákvæði eru að efni til svipuð og ákvæði 21. og 22. gr. gildandi laga en eðli máls samkvæmt snýr ákvörðun um íhlutun eingöngu að bráðamengun eða hættu á bráðamengun en ekki að annarri mengun sem tekið verður á með öðrum úrræðum, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um vátryggingar og ábyrgð á mengunartjóni og lagt til að hlutlæg bótaregla verði lögfest sé um að ræða bráðamengun sem tengist atvinnurekstri, sbr. fylgiskjali I, eða flutningi á olíu, eiturefnum eða hættulegum efnum. Í slíkum tilvikum þyrfti því ekki að liggja fyrir saknæmt atferli heldur dugar að tjón hafi orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur né vítavert gáleysi. Enn fremur er lagt til að þeir sem bera ábyrgð á mengun, vegna eðlis þess atvinnureksturs sem þeir stunda, skuli taka ábyrgðartryggingu allt að 1 milljón SDR sem samkvæmt núgildandi gengi er um 100 milljónir íslenskar krónur. Upphæðin ræðst af umfangi og eðli starfseminnar og verður nánar kveðið á um hana og skilmála í reglugerð. Það er ljóst að þegar settar eru svo víðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila án þess að fyrir liggi saknæmt atferli verða stjórnvöld að búa þannig um hnútana að hlutaðeigandi aðilar geti tryggt sig gegn slíku tjóni. Sú skylda er lögð á mengunarvaldinn að hann skuli bregðast strax við og byrja hreinsun og að honum sé heimilt að sjá sjálfur um hreinsunina í samræmi við áætlun sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Í greininni er gerð grein fyrir því hvað átt er við með atvinnurekstri sem fellur undir greinina en þar er átt við atvinnurekstur á landi sem getur valdið mengun hafs og stranda og talinn er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu. Þessi atvinnurekstur er háður starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, en hann er talinn upp á fylgiskjali með þeim lögum. Auk þess fjallar greinin um hlutlæga ábyrgð sé um að ræða flutning á olíu, eiturefnum og hættulegum efnum.

Tekið er fram í 2. mgr. að ábyrgð samkvæmt þessari grein sæti takmörkunum í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að en í slíkum samningum er að finna hámark sem greiða skal fyrir í einstökum tilvikum eða á almanaksári auk þess sem í alþjóðasamningum er að finna ákvæði um greiðslur úr sjóðum (Liability) á því sem umfram er.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um vátryggingar olíuflutningaskipa en auk ákvæða í 16. gr. gilda einnig um þá ábyrgð og vátryggingar alþjóðasamningar um íhlutun á úthafi þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun. Einnig gildir alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Um 18. gr.

Atvinnurekstur samkvæmt fylgiskjali I, en það er mengandi atvinnurekstur sem háður er starfsleyfum Hollustuverndar ríkisins í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skal gera áætlanir um viðbrögð vegna bráðamengunar. Hér er um að ræða þá starfsemi á landi sem getur valdið hvað alvarlegastri mengun, ekki síst mengun sjávar eða mengun vatnsfalla sem síðar berst til sjávar. Gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins geri tillögur til umhverfisráðherra, að höfðu samráði við ráðgefandi aðila sem taldir eru upp í 5.

gr., um áætlun um varnir og viðbrögð gegn bráðamengun og að ráherra fylgi því eftir með setningu reglugerðar.

Um 19. gr.

Hér er fjallað um þann mengunarvarnabúnað sem á að vera tiltækur og lagt til að svæðisráð, sbr. 13. gr., skuli sjá um að umsjónamaður verði skipaður með hverjum mengunarvarnabúnaði. Allar hafnir á hverju svæði um sig eiga hlut í mengunarvarnabúnaði svæðisins og er það hlutverk svæðisráða að annast geymslu og viðhald búnaðarins og endurnýjun hans.

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum yrði fyrst og fremst fólgið í því að koma upp hlutaðeigandi mengunarvarnabúnaði og að annast reglulegt viðhald hans og endurnýjun. Á fjárlögum hefur verið varið fé til kaupa og endurnýjunar á mengunarvarnabúnaði á undanförnum árum. Rétt er að taka fram að verði meiri háttar mengunaróhöpp sem kalla á kostnaðarsamar aðgerðir eins og hreinsun verður að fá sérstakar fjárveitingar til framkvæmdanna.

Um 20. gr.

Hér er lagt til að samgönguráðherra sé heimilt í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra að setja reglugerð um siglingu skipa innan mengunarlögsögu Íslands sem flytja olíu eða hættulegan varning í farrými eða á tönkum. Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um hvernig haga skuli ákvörðunum um siglingaleiðir þegar í hlut eiga skip sem flytja olíu og annan hættulegan varning. Nefnd á vegum samgönguráðuneytisins hefur skilað tillögum um hvernig siglingaleiðum skuli háttað en engin ákvæði er að finna í lögum hver skuli taka ákvörðun um siglingaleiðir sé þess talin þörf. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og að það verði samgönguráðherra sem tekur slíka ákvörðun í samráði við umhverfisráðherra, dómsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í þessu tilviki ber að hafa í huga að nær allur olíuflutningur til landsins fer fram á svæði sem telst efnahagslega mikilvægt, þ.e. á grunnslóðum fyrir Suðurlandi þar sem er að finna viðkvæmar hrygningarstöðvar helstu nytjastofnanna.

Annar þáttur er varðar siglingaleiðir er hvernig haga skuli aðgerðum ef fjarlægja þarf skip sem truflað geta siglingar eða verið umhverfinu til óprýði og þekkjast mörg dæmi hér á landi um slíkt. Mikil umræða er á alþjóðlegum vettvangi um skyldu til að fjarlægja skipsflök sem liggja í fjörum og er verið að vinna að gerð alþjóðasamnings innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar að lútandi. Lagt er til í frumvarpi þessu að hafi skip strandað þannig að því verði ekki komið á flot, eða skip legið óhreyft í fjöru í tvö ár, beri eiganda þess að fjarlægja það. Telji eigandi slíkt ill- eða ógerlegt er honum heimilt að leggja fram beiðni til Hollustuverndar ríkisins um að skipið verði óhreyft þar sem það er og með slíkri beiðni fylgi áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja skipið. Við ákvörðun á slíku verður Hollustuvernd ríkisins fyrst og fremst að taka tillit til umhverfissjónarmiða, þ.e. hvort betra sé að skipið sé þar sem það hefur strandað í fjöru og hvort það hefur truflandi áhrif á siglingar.

Um 21. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um setningu gjaldskrár þegar um er að ræða efirlit Hollustuverndar ríkisins vegna bráðamengunar og aðgerða sem grípa þarf til vegna hennar og vegna leigu á mengunarvarnabúnaði. Kostnaður vegna slíkra aðgerða getur verið mjög mikill og má þar nefna strand Vikartinds sem dæmi. Eðlilegt er að mengunarvaldur greiði slíkan kostnað og er í greininni lagt til mengunarvaldur endurgreiði Hollustuvernd ríkisins kostnað sem af eftirliti hennar hlýst í slíkum tilvikum, sbr. 17. gr. frumvarpsins, og nauðsynlegum aðgerð-

um til að draga úr áhrifum slíkra mengunar. Í eftirliti felst m.a. að fara á staðinn og rannsaka það tjón sem orðið hefur, semja aðgerðaáætlun vegna mengunarvarna, hafa eftirlit með aðgerðum og leggja til mengunarvarnabúnað. Með aðgerðum er átt við hreinsunaraðgerðir og að fylgst sé með því að búnaðurinn sé notaður eins og við á. Gert er ráð fyrir því eins og í lögum nr. 7/1998 að gjöld skuli tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar eftirlitið er tengt notkun fasteigna. Varðandi eftirlit Siglingastofnunar Íslands fer gjaldtaka fram á vegum hennar á grundvelli laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um þvingunarúrræði og refsiviðurlög og eru þau í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að Hollustuvernd ríkisins geti beitt aðgerðum til þess að knýja á um framkvæmd aðgerða samkvæmt lögunum, sem er að veita eingöngu áminningu, áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og að stöðva eða takmarka viðkomandi starfsemi eða notkun. Stöðvun kemur því aðeins til greina að um sé að ræða alvarleg tilvik eða ítrekuð brot eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu eða Landhelgisgæslunnar eftir því sem við á ef með þarf. Hollustuvernd ríkisins getur í slíkum tilvikum afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs. Sé um að ræða starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga skal afturköllun leyfisins gerð í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd en þá er um að ræða rekstur sem fellur undir 5. og 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Slík starfsleyfi eru fá og eingöngu á sviði meiri háttar matvælaframleiðslu, svo sem stórra svína- og alifuglabúa.

Um 23. gr.

Hér er gerð tillaga um dagsektir, sem eru eitt þeirra þvingunarúrræða sem Hollustuvernd ríkisins er ætlað að beita, og er gerð tillaga um hámark dagsekta 1 millj. kr. á dag. Dagsektir renna í ríkissjóð og skulu fylgja verðlagsþróun ákveði umhverfisráðherra það. Enn fremur er ákvæði um það að Hollustuvernd ríkisins sé heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og að þá skuli kostnaður greiddur til bráðabirgða af ríkissjóði en innheimt síðan af hlutaðeigandi. Hollustuvernd ríkisins þarf að sækja um sérstaka heimild til ráðuneytisins í hverju tilfelli, sbr. umfjöllun um 19. gr. Kostnaður og dagsektir eru tryggðar með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð, farartæki eða skipi í tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um heimildir fyrir eftirlitsaðila til að láta fara fram athugun á skipum og vinnu- og borpöllum á hafi úti og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er talin á mengun hafs og stranda eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögunum. Hér er um að ræða ákvæði sem er efnislega samhljóða 21. gr. gildandi laga með þeim breytingum sem áður er getið, svo sem um starfsemi sem veldur mengun og staðsett er á landi.

Í 2. mgr. er ákvæði um að eftirlitsaðilar skuli hvenær sem er eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða athugunum sem gerðar hafa verið á vegum eigenda rekstraraðila vegna mengunarvarna.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á eftirlitsaðila að veita allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits með framkvæmd laganna og að þeim beri endurgjaldslaust að afhenta sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiviðurlög. Gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skuli þau varða fangelsi allt að fjórum árum. Í þessu tilviki er rétt að benda á að með breytingum sem samþykktar voru með lögum nr. 122/1999, um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er í fyrsta skipti tekið á umhverfislagabrotum í almennri hegningarlagalöggjöf hér á landi. Sum brot kunna að vera þess eðlis að þau verði færð undir almenn hegningarlög en þar er um að ræða allt að fjögurra ára fangelsi. Þannig falla saman refsiákvæði frumvarpsins og almennra hegningarlaga eins og þeim var breytt.

Með mál vegna brota gegn lögunum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um sektir og að þær megi ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða geti orðið til hagsbóta fyrir lögaðila. Í slíkum tilvikum skal lögaðili þó ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má með sama skilorði gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot eða ef það stafar af ófullnægjandi tækjabúnaði eða verkstjórn. Mikilvægt er að lögaðili beri slíka sektarábyrgð þótt ekki verði sönnuð sök á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra einstaklinga sem í þágu hans starfa og er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 27. gr.

Hér er fjallað um kyrrsetningu skipa. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er að finna í 30. gr. gildandi laga en brotið er ekki takmarkað við losun úr sjó og varp efna í hafið eins og í gildandi lögum heldur tengist það lögunum í heild. Ekki er heldur gert ráð fyrir að hægt sé að ljúka málinu með greiðslu sektar eins og í gildandi lögum. Gerð er sú tillaga að lögveð stofnist í hlutaðeigandi skipi til tryggingar greiðslu sektar og að það standi í tvö ár en samkvæmt gildandi lögum er það ótímabundið og gildir því samkvæmt almennum reglum aðeins í eitt ár. Það telst of skammtur tími í samræmi við reynslu liðinna ára.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um ágreining sem kann að rísa um framkvæmd laganna, þar á meðal um það hvort um bráðamengun samkvæmt lögunum sé að ræða eða ekki, og er þá heimilt að vísa málinu til umhverfisráðherra til úrskurðar.

Í 2. mgr. er settur fram frestur sem ráðherra hefur til að kveða upp úrskurð en hann skal kveðinn upp svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en átta vikum eftir að ráðherra berst mál í hendur. Hér ber að hafa í huga að sé um að ræða ágreining sem tengist bráðamengun hafa frestir í sjálfu sér litla þýðingu því samkvæmt eðli málsins er nauðsynlegt að bregðast við án tafar. Í slíkum tilvikum yrði ráðherra að kveða upp úrskurð eins fljótt og við verður komið

en þá þarf að sjálfsögðu að hafa í huga rannsóknarreglu og ýmis önnur ákvæði stjórnsýslulaga, svo sem um leiðbeiningarskyldu og andmælarétt.

Um 29. gr.

Gerð er tillaga um að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 þannig að nokkur frestur verður gefinn til þess að hlutaðeigandi aðilar geti lagað sig að lögunum, ekki síst í tengslum við auknar ábyrgðir sem settar eru á aðila í tengslum við ákvæði um bráðamengun, svo sem um lögfestingu hlutlægrar bótareglu og um skyldutryggingar.

Þá er lagt til að lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, verði felld úr gildi.

Þá kemur fram í ákvæðinu að reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í bága við ákvæði nýrra laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Frumvarpi þessu, verði það að lögum, er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Markmið frumvarpsins er hið sama og laganna, sem er að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun, en í frumvarpinu er m.a. leitast við að kveða skýrar og nákvæmar á um ábyrgð, verksvið og verkaskiptingu þeirra sem skyldum hafa að gegna við framkvæmd laganna, ásamt því að skilgreina betur ýmis orð og orðasambönd frá því sem gert er í gildandi lögum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir aukinni ábyrgð mengunarvalda vegna bráðamengunartjóna og kveðið er á um skyldu þeirra sem tiltekna atvinnustarfsemi stunda til að tryggja sig fyrir skaða af slíkum tjónum. Vátryggingarkostnaðurinn félli á viðkomandi atvinnurekstur og hér er ekki lagt mat á hann. Þær greinar frumvarpsins sem einkum gætu haft áhrif á kostnað ríkissjóðs eru 4., 19. og 21. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir að Hollustuvernd ríkisins hafi eftirlit með framkvæmd laganna sé ekki mælt fyrir um annað í lögunum. Stofnuninni sé þó heimilt að fela öðrum tiltekna þætti eftirlitsins samkvæmt samningi. Í 3. mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli sjá um að vöktun hafs og stranda sé framkvæmd. Í báðum þessum tilvikum er um að ræða verkefni sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárveitingum til stofnunarinnar þannig að ekki er þörf á frekari fjárveitingum þeirra vegna.

Í 4. mgr. 4. gr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli sjá um gerð fræðsluefnis, fræða þá sem starfa að þessum málum og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur. Það er mat Hollustuverndar og umhverfisráðuneytis að árlegur rekstrarkostnaður vegna þessa verði 0,5 m.kr.

Í 5. mgr. 4. gr. er tekið fram að Landhelgisgæslan sjái um eftirlit á hafsvæðum umhverfis Ísland og Siglingastofnun Íslands annist eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna. Ekki er reiknað með auknum kostnaði vegna þessa. Gerður hefur verið samningur milli Hollustuverndar og Landhelgisgæslunnar um að gæslan sinni eftirlitinu um leið og annað eftirlit fer fram og ekki er reiknað með neinni breytingu á því eða auknum kostnaði. Um gjaldtöku Siglingastofnunar vegna eftirlitsins fer samkvæmt gjaldskrá eins og verið hefur.

Í 4. mgr. 19. gr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli hafa yfir að ráða flytjanlegum mengunarvarnabúnaði og enn fremur skuli stofnunin sjá um að koma upp nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins. Á fjárlögum undanfarinna ára hefur fé verið veitt til að koma upp slíkum búnaði í höfnum landsins og lögfesting frumvarpsins hefði ekki áhrif á frekari fjárveitingar. Um færanlega búnaðinn er það að segja að samkvæmt upphaflegri áætlun var stefnt að því að eiga 1000 metra af flotgirðingum en í dag eru til 600 metrar. Stofnkostnaður til að ná 1000 metra markinu er að mati umhverfisráðuneytisins um 10 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður er talinn vera 0,5 m.kr.

Í 21. gr. er kveðið á um að ráðherra skuli setja gjaldskrá fyrir tímagjald sérfræðings og ferðakostnað fyrir eftirlit Hollustuverndar ríkisins vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og kostnaði hans vegna ferðar. Einnig skal ráðherra setja í gjaldskrá tímagjald vegna leigu mengunarvarnabúnaðar og skal gjaldið miðast við notkun, viðhaldskostnað og endurnýjun á tækjum. Þá segir að Hollustuvernd skuli krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gjaldskrá sé um að ræða mengun af völdum flutnings á olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða atvinnustarfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu. Tekjur af gjöldum samkvæmt þessari grein myndu færast sem rekstrartekjur ríkissjóðs.

Að öllu virtu má því gera ráð fyrir að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi þau áhrif á útgjöld ríkissjóðs að í heild eykst stofnkostnaður um 10 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 1 m.kr. Á móti kostnaði kæmu tekjur Hollustuverndar ríkisins samkvæmt gjaldskrá af eftirliti og aðgerðum vegna bráðamengunar og notkun á mengunarvarnabúnaði, en eðli máls samkvæmt er alls óvíst hve miklar þær yrðu. Í frumvarpinu er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003. Gert er ráð fyrir að það sem upp á vantar til að ná tilætluðu magni í flytjanlega mengunarvarnabúnaðinum verði keypt á fjórum árum.

783. Frumvarp til laga [493. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við lögin bætast tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (39. gr.)

Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.

b. (40. gr.)

Við upphaf lífeyristöku lögreglumanns sem fær reiknuð réttindi skv. 39. gr. skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinarinnar og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegum forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 33. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. gr.

2. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Lagaskil og sérákvæði.**

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeim lögreglumönnum, sem þegar eru orðnir fullra 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. október 2002.

Ákvæði 39. gr. tekur einnig til þeirra lögreglumanna sem eru orðnir fullra 65 ára og hafa látið af embætti eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin verði upp sérákvæði um útreikning á lífeyri lögreglumanna. Er það í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna frá 13. júlí 2001. Í yfirlýsingunni segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að ákvæðum lögreglulaga, nr. 90/1996, verði breytt þannig að lögreglumenn verði leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Jafnframt kemur fram í yfirlýsingunni að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á ákvæðum laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að lífeyrir verði reiknaður eins og viðkomandi hefði starfað til 70 ára aldurs. Samhliða frumvarpi þessu mun dómsmálaráðherra einnig leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996, vegna styttingar á starfsaldri lögreglumanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

A-liður (39. gr.) tekur einungis til þeirra sem eru í starfi lögreglumanns þegar þeim er veitt lausn frá embætti við 65 ára aldur og hefja töku ellilífeyris í beinu framhaldi af því. Ákvæðið tekur því ekki til þeirra sem fengið hafa lausn frá embætti fyrir 65 ára aldur. Með lögreglumanni er átt við þann sem telst lögreglumaður samkvæmt lögreglulögum, nr. 90/1996, og tekur laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna.

Hér er um að ræða sérreglu um útreikning á ellilífeyri lögreglumanna. Mismunandi útreikningsaðferðir gilda eftir því hvort sjóðfélagi á aðild að A- eða B-deild sjóðsins. Gert er

ráð fyrir að sú sérregla sem hér er tekin upp taki einnig til útreiknings á makalífeyri þannig að hafi sjóðfélaga verið reiknuð viðbótarréttindi við útreikning lífeyris samkvæmt greininni, þ.e. sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris, fái maki hans aukin réttindi í samræmi við það ef til greiðslu makalífeyris kemur. Rétt er að undirstrika að af orðalagi ákvæðisins leiðir að það tekur ekki til þeirra sem hafa hafið töku örorkulífeyris fyrir 65 ára aldur, sbr. 16. og 26. gr., og með sama hætti eiga ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris ekki við þegar reiknaður er viðbótarréttur lögreglumanns samkvæmt ákvæðinu.

Gert er ráð fyrir að lögreglumönnum verði reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs hvort sem þeir eru sjóðfélagar í A- eða B-deild lífeyrissjóðsins. Fyrir sjóðfélaga í A-deild sjóðsins er gert ráð fyrir að mat á lífeyri þeirra skuli miða við meðalstigaávinning síðustu þriggja almanaksára. Undanskilin eru fyrirmæli 4. mgr. 15. gr. sem taka til þeirra sem fresta töku lífeyris fram yfir 65 ára aldur. Fyrir sjóðfélaga í B-deild sjóðsins skulu viðbótarréttindi miðast við meðalstarfshlutfall síðustu þriggja almanaksára.

B-liður (40. gr.) fjallar um greiðslu ríkissjóðs á viðbótariðgjaldi til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í hvert sinn sem lögreglumanni er úrskurðaður viðbótarlífeyrir skv. 39. gr., þ.e. á sama tíma og viðbótarréttindin verða virk. Þetta viðbótariðgjald verður samkvæmt greininni reiknað í hvert sinn sem taka ellilífeyris hefst. Útreikningurinn tekur mið af þeim tryggingafræðilegu forsendum sem eru notaðar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Auðvelt er að taka mið af slíku uppgjöri í tryggingafræðilegum útreikningum á sjóðnum. Ákvæðið gerir ekki ráð fyrir að viðbótarskuldbindingar, sem kunna að myndast í framtíðinni vegna lögreglumanna sem láta munu af störfum við 65 ára aldur, hafi áhrif á mismun áfallinnar skuldbindingar og eignar sjóðsins eða raski þar skuldbindingum launagreiðenda innbyrðis. Þá hefur ákvæðið ekki áhrif á útreikning á iðgjaldaprósentu launagreiðenda til A-deildar skv. 4. mgr. 13. gr. Sú skipan sem hér er lögð til leiðir til þess að þær skuldbindingar sem hér er stofnað til verða ekki virkar gagnvart ríkinu fyrr en hlutaðeigandi lögreglumaður hefur látið af embætti sínu við 65 ára aldur og hafið töku lífeyris í framhaldi af því. Að því leyti sem þær verða reiknaðar með í framtíðarskuldbindingum (heildarskuldbindingum) lífeyrissjóðsins verður að sama skapi reiknað með framtíðariðgjöldum vegna þeirra.

Um 2.gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Tilgangur ákvæðisins er að tryggja samræmi við bráðabirgðaákvæði í frumvarpi dómsmálaráðherra sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins. Er hér fylgt sömu tímamörkum og lögð eru til í frumvarpi dómsmálaráðherra. Þannig er við það miðað að lögreglumönnum sem orðnir eru 65 ára við gildistöku laganna en hafa ekki enn látið af störfum, verði veitt lausn í síðasta lagi 1. október 2002, enda hafi þeir þá ekki valið að um starfslok þeirra fari eftir eldri reglum.

Í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra sem vísað er til í almennum athugasemdum frumvarpsins þykir rétt að þeir lögreglumenn sem fengu lausn við 65 ára aldur, eftir 13. júlí 2001, og hófu töku lífeyris í framhaldi af því, eigi einnig kost á því að fá lífeyri sinn reiknaðan skv. a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

784. Frumvarp til laga [494. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 95. gr. laganna, sbr. lög nr. 47/1941, 101/1976 og 82/1998, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem ógnar eða beitir valdi gagnvart sendierindreka erlends ríkis hér á landi eða ræðst inn í eða veldur skemmdum á sendiráðssvæði eða hótar slíku.

II. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 15. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður hylji andlit sitt eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.

3. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein, 29. gr. a, svohljóðandi:

Starfslokaaldur.

Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

4. gr.

Heiti IV. kafla laganna verður: **Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.**

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/2000:

a. A-liður 2. mgr. hljóðar svo: vera íslenskir ríkisborgarar, 20–35 ára, en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður.
b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, b-liður, sem hljóðar svo: hefur ekki gerst brotlegur við refsilög. Þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.
c. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: og eru ákvarðanir hennar um val nema endanlegar.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskað eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja

fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski lögreglumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.

Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. október 2002 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og lögreglulögum, nr. 90/1996.

Í fyrsta lagi er lagt til að við 95. gr. almennra hegningarlaga bætist ný málsgrein sem veitir aukna refsivernd fyrir ógnun eða valdbeitingu gagnvart erlendum sendierindrekum hér á landi svo og fyrir eignaspjöllum sem unnin eru á sendiráðssvæði eða hótunum um að fremja slík eignaspjöll.

Í öðru lagi er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við lögreglulögin til þess að auka heimildir lögreglu til þess að halda uppi allsherjarreglu á opinberum fundum. Þegar uggvænt þykir að óspektir verði á fundi geti lögregla bannað að menn hylji andlit sitt í því skyni að hindra að kennsl verði borin á þá.

Í þriðja lagi er lagt til að nýtt ákvæði bætist við lögreglulögin sem kveður á um að starfslokaaldur lögreglumanna verði lækkaður í 65 ára. Er breyting þessi gerð í samræmi við samkomulag sem náðist við gerð kjarasamninga við lögreglumenn sumarið 2001.

Í fjórða lagi ráðgerir frumvarpið breytingar á 38. gr. lögreglulaga varðandi val nema í Lögregluskóla ríkisins. Er annars vegar lagt til að inntökuskilyrði verði gerð sveigjanlegri en nú er, hins vegar að ákvarðanir valnefndar um val nemenda inn í skólann verði endanlegar.

I.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. breytingar með lögum nr. 101/1976 og lögum nr. 82/1998, skal hver sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann, þjóðhöfðingja þess, fána eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sakir eru miklar varðar brotið fangelsi allt að 6 árum. Í 2. mgr. sama ákvæðis, sbr. lög nr. 47/1941, er kveðið á um að sömu refsingu skuli sá sæta sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis sem staddir eru hér á landi. Með breytingarlögunum nr. 101/1976 var bætt við 1. mgr. tilvísuninni í fána Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Með breytingarlögunum nr. 47/1941 var fellt úr 2. mgr. skilyrði um að opinbert mál skyldi ekki höfða nema stjórn viðkomandi erlends ríkis krefðist þess. Í hvorugri málsgreininni er afdráttarlaust kveðið á um refsivernd í þeim tilvikum þegar árás eða ógnun er beint gegn starfsmanni erlendra ríkja hér á landi eða skemmdarverk unnin á sendiráðssvæði. Einvörðungu er fjallað um *opinberlega smánun eða aðrar móðganir* í garð starfsmanna erlends ríkis sem staddir eru hér á landi í 2. mgr. 95. gr. Með frumvarpinu verður tekið af skarið um að háttsemi sem telst minni háttar skemmdarverk á sendiráðsbyggingu, lóð sendiráðs eða

heimili erlends sendierindreka, svo og hótun um að fremja slíkan verknað, eigi undir ákvæðið þótt ekki sé um smánun eða móðgun að ræða. Má finna raunhæf dæmi um hótanir um að fremja skemmdarverk í sendiráði þótt ekki sé afdráttarlaust um smánun að ræða gagnvart viðkomandi ríki eða tilteknum starfsmönnum þess. Þykir eðlilegt að kveða skýrar á um þetta atriði í refsilögum, einkum í ljósi þjóðréttarlegra skuldbindinga.

Vínarsamningur um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961 hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1971, og sérstök lög, nr. 16/1971, voru sett af því tilefni. Í 1. gr. laganna er kveðið á um að ákvæði samningsins skuli hafa lagagildi hér á landi.

Í 1. mgr. 22. gr. samningsins segir að sendiráðssvæði skuli njóta friðhelgi og skv. 2. mgr. sömu greinar hvílir sérstök skylda á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir sem viðeigandi eru til að vernda sendiráðssvæði fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Í 29. gr. segir að sendierindreki skuli njóta persónulegrar friðhelgi. Ber móttökuríki að gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd. Loks er kveðið á um það í 30. gr. að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

Aðild Íslands að þessum samningi leiddi ekki til sérstakra breytinga á 95. gr. almennra hegningarlaga. Í Noregi var sú leið valin að orða refsivernd af þessu tagi í 2. mgr. 95. gr. hegningarlaganna sem er sambærileg að efni til og 1. gr. í frumvarpi þessu, en það ákvæði var m.a. sett til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt fyrrgreindum Vínarsamningi um stjórnmálasamband.

II.

Það hefur sífellt færst í vöxt í nágrannaríkjum okkar að komið hafi til óeirða á fjölmennum mótmælafundum og alvarleg brot verið framin, þá yfirleitt eignaspjöll, ofbeldisbrot, einkum atlögur gegn lögreglu, og ekki hefur verið unnt að bera kennsl á ódæðismennina sökum þess að þeir hafa verið grímu- eða hettuklæddir. Þrátt fyrir að alvarleg tilvik af slíkum toga hafi ekki enn komið upp hér á landi er engin ástæða til að ætla að þróunin muni verða á annan veg hér en í nágrannalöndunum og því nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana. Með aukinni þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi sem leiðir m.a. til fjölgunar alþjóðlegra funda hér á landi og með opnun landamæra í Evrópu er nauðsynlegt að löggæsluyfirvöld séu í stakk búin til að takast á við fylgifiska þeirrar þróunar.

Í 15. gr. lögreglulaga er kveðið á um aðgerðir lögreglu í þágu almannafriðar, allsherjarreglu o.fl. Skv. 1. mgr. er lögreglu heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun og til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Í 2. mgr. er fjallað um heimild lögreglu, m.a. til að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa fólki á brott eða fjarlægja það, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Í 19. gr. laganna er kveðið á um að almenningi sé skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglum á almannafæri. Loks er refsiákvæði í 41. gr. laganna sem kveður á um að brot gegn 19.–21. gr. varði fésektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með frumvarpinu er leitast við að efla löggæslu í landinu og stuðla að því að lögreglu verði kleift að grípa til tiltekinna aðgerða til þess að halda uppi almannafriði og allsherjar-

reglu áður en til óeirða kemur svo og til þess að stöðva þær. Grímunotkun getur komið í veg fyrir eða torveldað að unnt sé að bera kennsl á þá sem kunna að gerast brotlegir eða gerast brotlegir við lög við þessar aðstæður. Fram til þessa hafa ekki verið sérstök ákvæði í lögum hér á landi sem banna grímunotkun, en finna má nokkur dæmi um það í lögreglusamþykktum að bann sé lagt við því að maður gangi „dulklæddur“ á almannafæri nema á leið af eða á grímudansleik eða álfadans, án þess að nánari skilgreiningu sé að finna um hugtakið dulklæðnað.

Bann við því að maður hylji andlit sitt með grímu, hettu eða öðrum aðferðum getur falið í sér skerðingu á persónufrelsi hans skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995, en ekki síður á tjáningarfrelsi hans, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, enda getur það verið mikilvægur þáttur í tjáningu ákveðinnar skoðunar. Verður einnig að skýra þessi ákvæði í ljósi 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Skv. 2. og 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 3. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er heimilt að skerða þessi réttindi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þess er krafist að takmörkun byggist á lögmæltri heimild, markmið hennar sé réttmætt auk þess sem taka verði tillit til meðalhófsreglunnar um að ekki verði gengið lengra í skerðingu réttinda en nauðsyn ber til. Þrátt fyrir að lögreglan hafi á grundvelli gildandi laga heimildir til að grípa til aðgerða á mannfundum í þágu allsherjarreglu, þykir eðlilegt að mæla skýrar fyrir um þessar takmarkanir í lögum. Sú takmörkun sem gerð er á tjáningarfrelsinu með frumvarpinu er í þágu allsherjarreglu og grundvallast á þörfinni til að halda uppi lögum og reglu og koma í veg fyrir óeirðir og þau refsiverðu brot sem þær geta haft í för með sér. Það er nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi að borgararnir njóti verndar gegn þeirri hættu sem getur stafað af óþekkjanlegum einstaklingum sem ógna ró og friði.

Í rétti ýmissa nágrannaþjóða eru ákvæði í lögum um bann við að menn beri grímur. Svipað ákvæði og hér er lagt til að verði lögfest er bæði í norskum og dönskum lögum. Danska ákvæðinu um grímubann var bætt inn í hegningarlögin árið 2000 og er að finna í 134. gr. b í 15. kafla laganna um brot á almannafriði og allsherjarreglu og er það nokkuð víðtækt. Er þar lögð refsing við því að maður beri grímu, hettu eða hylji andlit sitt í því skyni að ekki verði borin kennsl á hann í tengslum við fundi og samkomur eða á opinberum stöðum og varðar háttsemin sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Norska ákvæðið um grímubann er í 11. gr. lögreglulaganna frá 1995, sem fjallar um aðgerðir í þágu allsherjarreglu á opinberum stað. Í 5. mgr. 11. gr. er lagt bann við því að þátttakendur í atburði á opinberum stað (mótmælum, kröfugöngu, fundi eða öðru þess háttar) beri grímur. Bannið nær hins vegar ekki til þátttakenda í leikriti, grímudansleik eða því líku. Brot á þessu ákvæði laganna varðar sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum. Í þýskum, hollenskum og enskum rétti eru einnig ákvæði af þessu tagi. Almennt ákvæði um grímubann hefur verið í þýskum lögum frá árinu 1985. Brot gegn banninu getur varðað sektum eða fangelsi allt að einu ári. Hollensk löggjöf hefur ekki almennt ákvæði um grímubann en samkvæmt lögum um opinberar samkomur er hins vegar heimild til að borgarstjóri kveði á um slíkt bann. Í enskri löggjöf er ekki heldur að finna almennt ákvæði um grímubann en frá árinu 1998 hefur lögregla haft heimild til að kveða á um slíkt bann á þeim grundvelli að það sé gert til að koma í veg fyrir óeirðir. Brot gegn slíku banni getur varðað sektum allt að 1000 pundum og/eða fangelsi allt að einum mánuði.

Í 3. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar er verndaður réttur manna til þess safnast saman vopnlausir og einnig kveðið á um að lögreglunni sé heimilt að vera við almennar samkomur. Þá er heimilt að banna mannfundi undir berum himni ef uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir. Verður þetta stjórnarskrárákvæði skýrt í ljósi 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem

verndar funda- og félagafrelsið og kveður á um skilyrði takmarkana á þessum réttindum. Hafi lögregla grunsemdir um að nokkrir menn hyggist mæta með grímur á mótmælafund telst það eitt tæplega næg ástæða til að banna fund á grundvelli ákvæðisins. Telji lögregla líkur á því að menn muni safnast saman og hylja andlit sitt í tengslum við óspektir á fundinum má líta á það sem vægara úrræði til takmörkunar á réttindum að banna notkun á grímum eða öðrum aðferðum til að dyljast í stað þess að banna fundinn með öllu, sbr. 3. mgr. 73. gr., hvort heldur það er gert fyrir fram eða hann leystur upp eftir að hann er hafinn.

III.

Nauðsyn þess að lækka aldurshámark lögreglumanna hefur verið til umræðu um langt skeið, enda er meðalaldur lögreglumanna í nokkrum lögregluliðum hér á landi orðinn hár, í kringum 50 ár. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögreglulögum, nr. 90/1996, er sérstakur kafli um aldur lögreglumanna þar sem lýst er þörfinni á að lækka aldurshámark lögreglumanna umfram það sem almennt gildi um opinbera starfsmann. Er það einkum vegna eðlis lögreglumannsstarfans. Almennt er talið að óvæntar aðstæður sem lögreglumenn takast á við í starfi, auk andlegs og líkamlegs álags er fylgi starfinu, m.a. vegna óreglulegs vinnutíma, hafi umtalsverð áhrif á líðan þeirra. Þá þurfa flestir lögreglumenn að vera undir það búnir í störfum sínum að beita líkamlegu valdi eða taka þátt í lögregluaðgerðum þar sem reynir á þrek og úthald. Á grundvelli þessara sjónarmiða hefur aldurshámark lögreglumanna í nágrannalöndum okkar verið fært niður frá aldurshámarki annarra starfsstétta. Loks má geta þess að hár meðalaldur lögreglumanna, einkum á minni embættum úti á landi, hefur í sumum tilvikum valdið vandkvæðum við skipulag löggæslunnar og leitt til aukins rekstrarkostnaðar þar sem lögreglumenn eldri en 55 ára hafa verið undanþegnir vaktgöngu.

Þegar frumvarp til lögreglulaga var lagt fram á 120. löggjafarþingi 1996 taldi ríkisstjórnin ekki heppilegt að svo stöddu að leggja til að hámarksaldur lögreglumanna yrði lækkaður en samþykkti hins vegar að dómsmálaráðherra skipaði sérstaka nefnd til að gera tillögur varðandi hina óheppilegu aldurssamsetningu lögreglumanna. Var nefndin skipuð vorið 1997 og skilaði hún skýrslu með tillögum sínum í desember 1999. Var það mat nefndarinnar að bregðast yrði við því vandamáli sem endurspeglaðist í óheppilegri aldurssamsetningu lögreglumanna og gerði hún þrjár tillögur að lausn á því, sem verður lýst hér í stuttu máli. Í fyrsta lagi lagði nefndin til að tilfærsla eldri lögreglumanna í önnur störf á vegum ríkisins gæti hugsanlega leyst hluta vandans, þótt örðugt yrði að koma á ákveðnu skipulagi í þeim efnum. Í öðru lagi var lagt til að starfslokasamningar yrðu gerðir við lögreglumenn í elstu aldurshópum gegn tiltekinni eingreiðslu af hálfu ríkisins. Í þriðja lagi var lagt til að aldurshámark lögreglumanna yrði lækkað með lögum og samhliða því yrðu gerðar breytingar á reglum um mögulegan upphafstíma töku lífeyris og ávinnslu lífeyrisréttinda.

Þær tillögur um lagabreytingar sem hér birtast ganga í svipaða átt og síðastnefnda tillagan. Málefni þetta var á ný tekið til skoðunar við gerð kjarasamninga við lögreglumenn haustið 2000. Með kjarasamningnum fylgdi sérstök yfirlýsing frá dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra þess efnis að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að lagt yrði fram frumvarp um breytingu á lögreglulögum þar sem fram kæmi að lögreglumenn skyldu leystir frá embætti sínu þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákvarðar með reglugerð. Er frumvarp þetta í samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu. Í ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið er gert ráð fyrir ákveðnum umþóttunartíma þeirra sem þegar hafa náð eða munu ná þessum aldursmörkum á næstu tveimur árum en kveðið var á um það í yfirlýsingunni. Loks kveður yfirlýsingin á um að stefnt skuli að því að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þar sem breytt verði

reglum um útreikning lífeyris til lögreglumanna sem láta af störfum við 65 ára aldur. Mun fjármálaráðherra leggja fram frumvarp í samræmi við yfirlýsinguna samhliða frumvarpi þessu.

IV.

Almenn skilyrði fyrir inntöku í lögregluskólann eru talin í 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga og fjallað er um hlutverk valnefndar lögregluskólans við val nema inn í skólann í 3. mgr. 38. gr.

Í a-lið 2. mgr. 38. gr. laganna er kveðið á um að lögreglumannsefni megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum. Ákvæði þetta er fortakslaust og gildir án tillits til þess hversu langt er um liðið síðan dómur gekk og hvers eðlis brotið var. Skv. 39. gr. laganna skal dómsmálaráðherra setja í reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstilhögun og prófkröfur. Er reglugerð nr. 490/1997, um Lögregluskóla ríkisins. Nánar er fjallað um störf valnefndar og sjónarmið sem hún leggur til grundvallar við val nema í 4. gr. reglugerðarinnar. Segir í 2. mgr. 4. gr. að nefndin skuli leitast við að velja til náms þá hæfustu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Er síðan vísað til atriða sem nefndin skal gæta sérstaklega, þannig að ekki veljist til náms maður sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf.

Á þeim tæplega fimm árum frá því að lögreglulögin tóku gildi hefur fengist nokkur reynsla á hin lögbundnu skilyrði um að lögreglumannsefni megi ekki hafa hlotið dóm fyrir brot á almennum hegningarlögum og ákvæði reglugerðarinnar um að leitast skuli við að velja ekki lögreglumenn sem hafa hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Vissulega má ætla að brot á almennum hegningarlögum teljist að öðru jöfnu til alvarlegri afbrota, sem ekki þykir við hæfi að lögreglumaður hafi framið þegar litið er til þess hlutverks lögreglumanna að halda upp lögum og reglu. Í framkvæmd hefur ákvæði þetta þó reynst vera of fortakslaust, m.a. vegna þess að tiltölulega smávægileg brot gegn almennum hegningarlögum sem umsækjandi hefur verið dæmdur fyrir jafnvel mörgum árum fyrir umsókn hans um skólavist hafa girt með öllu fyrir möguleika hans á að komast inn í lögregluskólann. Má sem dæmi nefna tilvik þar sem umsækjandi hefur hlotið dóm fyrir brot á 219. gr. almennra hegningarlaga vegna þess að farþegi í bifreið sem hann ók slasaðist í bílslysi sem rekja mátti til gáleysis í akstri. Miðað við núgildandi reglur girðir slíkur dómur fyrir skólavist manns í lögregluskólanum til frambúðar. Það sama gildir hafi umsækjandi einhvern tíma verið dæmdur til greiðslu sektar vegna meiðyrða, sbr. ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga, svo að annað dæmi sé tekið. Í gildandi lögum skortir hins vegar að tekið sé tillit til þess hvort umsækjandi hefur brotið sérrefsilög. Hafi umsækjandi um skólavist til dæmis ítrekað gengist undir lögreglustjórasátt vegna umferðarlagabrota eða hlotið refsidóma fyrir brot á sérrefsilögum, t.d. umferðarlögum vegna ölvunaraksturs, lögum um ávana- og fíkniefni eða vopnalögum, girða lögreglulögin ekki fyrir inngöngu hans í skólann, þótt engan veginn teljist eðlilegt að lögreglumaður hafi framið slík brot og stefnt sé í hættu því trausti sem almenningur þarf að geta borið til lögreglumanna. Af þessum sökum er lagt til í frumvarpinu að sú meginregla gildi að lögreglumannsefni megi ekki hafa gerst brotlegt við refsilög, án tillits til þess hvort um ræðir brot á almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum, en þó gildir þetta skilyrði ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.

Ríkislögreglustjóri velur fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins. Fyrir skólaárið 2002 voru 48 nemar valdir inn í skólann. Skv. 3. mgr. 38. gr. lögreglulaga velur valnefnd nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Nefndina skipa fimm menn tilnefndir af dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra, Sýslu-

mannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, en fulltrúi skólastjórans er formaður nefndarinnar. Með þessu fyrirkomulagi hefur verið tryggð fagleg aðkoma þeirra, sem tilnefna fulltrúa til setu í nefndinni, að ákvörðun um val nýnema. Valnefndin er sjálfstæð í störfum sínum gagnvart reglulegri yfirstjórn skólans.

Sem áður segir hefur verið sett reglugerð um Lögregluskóla ríkisins, nr. 490/1997. Nánar er fjallað um störf valnefndar og sjónarmið sem hún leggur til grundvallar við val nema í 4. gr. reglugerðarinnar. Með vísan til ákvæða reglugerðarinnar metur nefndin fyrst hverjir umsækjenda uppfylla almenn inntökuskilyrði skv. 2. mgr. 38. gr. Þá lætur nefndin þá umsækjendur sem uppfylla almenn skilyrði gangast undir inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Er hér um að ræða *próf í íslensku, almennt þekkingarpróf og þrekpróf*. Að þessu loknu þarf nefndin að velja úr hópi þeirra sem staðist hafa inntökuprófin, en það gerir hún að undangengnu ítarlegu viðtali við alla umsækjendurna. Við mat á því hverjir teljist hæfastir úr hópi umsækjenda sem stóðust inntökuprófin hefur skapast venja fyrir því að nefndin líti til ákveðinna þátta svo sem árangurs þeirra á inntökuprófum, menntunar umfram þá lágmarksmenntun sem er áskilin, kynferðis með hliðsjón af því að auka þátttöku kvenna í lögreglustörfum, hvort viðkomandi hafi reynslu af afleysingarstörfum í lögreglu eða skyldum störfum, aldurs umsækjanda og almennrar reynslu hans úr atvinnulífinu, svo og persónulegra eiginleika sem nauðsynlegir eru í fari lögreglumanns, einkum framkomu. Val nefndarinnar á nemendum úr hópi þeirra sem stóðust inntökupróf og uppfylla þannig allir almenn skilyrði, er því að verulegu leyti byggt á frjálsu mati hennar á frammistöðu og eiginleikum umsækjenda sem nefndarmenn dæma um í ljósi faglegrar þekkingar sinnar á lögreglumálum. Er örðugt fyrir æðra stjórnvald að endurskoða ákvarðanir sem byggjast á slíku mati fjölskipaðrar stjórnsýslunefndar. Af þeirri ástæðu þykir eðlilegt að skýrt verði kveðið á um að ákvarðanir nefndarinnar um val nemenda í skólann séu ekki kæranlegar. Það girðir hins vegar ekki fyrir að aðrar ákvarðanir nefndarinnar séu kæranlegar, til dæmis um tilhögun inntökuprófa, um það hvort umsækjandi uppfyllir almenn skilyrði til þess að gangast undir inntökupróf og fleiri atriði sem lúta að stjórnsýslustörfum nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að við 95. gr. almennra hegningarlaga bætist nýtt ákvæði, 3. mgr., þar sem skýrt verði kveðið á um refsivernd fyrir sendierindreka erlendra ríkja hér á landi svo og sendiráðssvæði. Er ákvæði þessu ætlað að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af 22., 29. og 30. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband og raktar voru í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um að ógnun eða valdbeiting gagnvart sendierindreka erlends ríkis hér á landi eða árás eða skemmdarverk á sendiráðssvæði eða hótun um að fremja slíkt verk, án þess að háttsemin þurfi að fela í sér smánun eða móðgun samkvæmt núgildandi 2. mgr. 95. gr., verði lýst refsiverð háttsemi.

Um andlag árásar, ógnunar eða eignaspjalla eða hótana um eignaspjöll, er annars vegar vísað til stjórnarerindreka ríkis en þar er átt við skilgreiningar ákvæða Vínarsamningsins, sbr. lög nr. 16/1971. Skv. e-lið 1. gr. eru sendierindrekar forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn, sem síðar eru nánar skilgreindir í a- og d-lið ákvæðisins. Skv. a-lið er „forstöðumaður sendiráðs“ maður sem sendiríkið hefur falið að gegna slíkri stöðu og „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs sem hafa réttindi stjórnarsendimanna.

Einnig er í hinu nýja ákvæði stefnt að refsivernd sendiráðssvæða, en skv. i-lið 1. gr. Vínarsamningsins er með því átt við byggingar eða hluta bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

Lagt er til að refsing vegna brota á ákvæði þessu verði sú sama og á við um 1. mgr. 95. gr. eða fangelsi allt að 2 árum en ef sakir eru miklar varðar brotið allt að 6 ára fangelsi.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sú breyting á 15. gr. lögreglulaga að nýrri málsgrein verði bætt við hana um heimild lögreglu til þess að banna að maður hylji andlit sitt með grímu, hettu eða öðrum hætti á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri samkomu á opinberum stað. Það skilyrði er jafnframt sett að uggvænt þyki að óspektir brjótist út á samkomunni.

Samkvæmt ákvæðinu yrði heimilt að setja fyrir fram bann við því að bera grímur eða hettur á samkomu þegar sérstök hætta er talin á að þar verði ófriðlegt, t.d. í ljósi aðstæðna eða aðdraganda að fundi. Einnig er hægt að setja slíkt bann eftir að fundur er hafinn, hvort heldur er gagnvart tilteknum einstaklingum eða með almennri tilkynningu til þátttakenda á fundi. Ekki er skilyrði að uggvænt sé að víðtækar óeirðir verði á fundi, nægilegt er að sýnt sé fram á að nokkrir einstaklingar hylji andlit sitt með hettu, grímu eða annarri aðferð vegna þess að þeir hyggist koma af stað eða hafa komið af stað óspektum á fundi.

Samkvæmt ákvæðinu er skylt að hlíta fyrirmælum lögreglu um að taka niður hettur eða grímur. Hér er látið ráða mat lögreglu um að uggvænt sé að óspektir verði en ekki mat þátttakenda á fundi. Þverskallist maður við fyrirmælum lögreglu um að taka niður hettu eða grímu, hreinsa af sér andlitsmálningu o.s.frv. er um refsiverða háttsemi að ræða skv. 19. og 21. gr. lögreglulaga sem getur leitt til handtöku og að hann verði fjarlægður af fundarstað, sbr. einnig 1. mgr. 15. gr. laganna. Verði taldar verulegar líkur á því að viðkomandi einstaklingur hyggist halda uppteknum hætti og fara aftur á fundarstað getur lögregla komið í veg fyrir yfirvofandi röskun á fundarfriði og bannað honum að fara aftur á fundinn til að afstýra afbrotum.

Einnig ber að hafa í huga að röskun á fundarfriði er sjálfstætt refsivert brot samkvæmt ákvæðum XIII. kafla almennra hegningarlaga, einkum 122. gr. laganna. Verði víðtækar óspektir á mannfundi kemur til álita að beita 118. gr. almennra hegningarlaga sem leggur allt að 3 ára fangelsisrefsingu við því að koma af stað upphlaupi og 119. gr. laganna sem kveður á um að það varði allt að 3 mánaða fangelsi ef þátttakendur á fundi þar sem lögreglan hefur skipað mannsöfnuði að sundrast hlýðnast ekki slíkri skipun.

Í ákvæðinu er ekki stefnt að því að telja með tæmandi hætti hvaða samkomur það geti átt við. Nefndir eru í dæmaskyni mótmælafundir og kröfugöngur en reynsla er fyrir að óspektir verði helst á slíkum samkomum, einkum ef þær fara fram undir berum himni. Fleiri afbrigði af samkomum geta fallið undir gildissvið ákvæðisins, til dæmis knattspyrnuleikir. Það er ekki skilyrði samkvæmt ákvæðinu að samkomur fari fram undir berum himni, þótt líklegast sé að á það reyni við slíkar aðstæður. Með tilgreiningu á opinberum stað er átt við stað sem almenningur hefur aðgang að, hvort heldur er innan húss eða utan. Ekki eru sérstaklega undanskildar samkomur sem einkennast af því að fólk kemur saman grímuklætt eða í sérstökum búningum, til dæmis grímudansleikir, skrúðgöngur, leiklistaruppákomur, grímuklæðnaður menntaskólanema við útskriftarfagnað svo að fátt eitt sé nefnt. Ef uggvænt þykir að óspektir brjótist út á slíkum samkomum eru engin rök fyrir því að undanþiggja þær ákvæðinu, frekar en aðrar samkomur.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að í lögreglulög komi nýtt ákvæði, 29. gr. a, þar sem starfslokaaldur lögreglumanna er lækkaður úr 70 árum samkvæmt almennum reglum um opinbera starfsmenn í 65 ár. Er þetta í samræmi við yfirlýsingu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra með samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna undirrituðu 13. júlí 2001. Samhliða frumvarpi þessu leggur fjármálaráðherra fram frumvarp þar sem ákvæðum laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er breytt varðandi lífeyriskjör lögreglumanna.

Þykir eðlilegt að hið nýja ákvæði um starfslok verði í IV. kafla laganna þar sem einnig er fjallað um veitingu starfs í þeim kafla. Kveður 3. gr. frumvarpsins á um að lögreglumenn skuli leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Með þessu er tekið af skarið um að lögreglumönnum verði skylt að hætta störfum þegar 65 ára aldri er náð. Er það því ekki valkvætt, hvorki af hálfu lögreglustjóra að bjóða lengri starfstíma né lögreglumanns að óska eftir því að starfa fram yfir það tímamark. Í ákvæðinu er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að lögreglumenn hætti fyrr. Er þetta gert til þess að tryggja ákveðinn sveigjanleika um starfslok lögreglumanna, þannig að síðar megi jafnvel lækka aldurshámarkið enn frekar án þess að lagabreytingu þurfi til. Er þannig litið á að lækkun starfslokaaldurs í 65 ár geti verið fyrsta skrefið í lækka hann enn frekar.

Um 4. gr.

Hér er lögð til breyting á heiti IV. kafla laganna í ljósi þess að nýtt efnisákvæði bætist við kaflann sem fjallar um starfslok lögreglumanna.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði frumvarpsins eru ráðgerðar breytingar á 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga varðandi inntökuskilyrði í lögregluskólann og á 3. mgr. sömu greinar varðandi ákvarðanir valnefndar um val nema.

Í a-lið frumvarpsgreinarinnar eru lagðar til breytingar á a-lið 2. mgr. 38. gr. laganna þannig að þar sé aðeins getið skilyrða fyrir inngöngu í skólann sem lúta að íslenskum ríkisborgararétti og tilteknum aldursmörkum. Engar efnisbreytingar eru því ráðgerðar á fyrri hluta gildandi ákvæðis í a-lið 2. mgr. 38. gr.

Í b-lið er lagt til að verði sérstakt skilyrði sem fjallar um að umsækjandi megi ekki hafa gerst brotlegur við refsilög. Þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið. Með þessu er ráðgert að breytt verði því fortakslausa skilyrði fyrir inntöku í lögregluskólann að lögreglumannsefni megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum. Þess í stað verði byggt á þeirri meginreglu að umsækjandi megi ekki hafa gerst sekur um refsiverðan verknað og gildir það án tillits til þess hvort um ræðir brot á almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum. Við ákvörðun um hvort umsækjandi hefur gerst sekur um refsiverðan verknað er sett skilyrði um að staðfesting liggi fyrir um sekt annaðhvort í refsidómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórasátt. Mundi því lögreglurannsókn um kæru á hendur umsækjanda eða grunur um refsiverða háttsemi ekki vera nægilegur í þessu skyni.

Ætla má að allur meginþorri brota á almennum hegningarlögum og á flestum sérrefsilögum girði fyrir inngöngu í skólann samkvæmt þessu skilyrði enda má telja að það rýri almennt traust almennings til lögreglumanns ef hann hefur gerst sekur um afbrot og því ekki við hæfi að hann veljist til lögreglustarfa. Þrátt fyrir meginregluna um að umsækjandi skuli

ekki hafa gerst brotlegur við refsilög er þó ráðgert að undir þetta falli ekki smávægileg brot. Getur þetta átt við um fjölda brota samkvæmt umferðarlögum þar sem máli hefur lokið með greiðslu lögreglustjórasáttar. Einnig er í ákvæðinu vísað til þess að skilyrðið gildi ekki ef langur tími er liðinn frá því að brot var framið. Með þessu er til dæmis litið til aðstæðna þar sem umsækjandi hefur hugsanlega hlotið refsidóm á unglingsárum fyrir minni háttar brot á hegningarlögum, svo sem eignaspjöll, en hefur hreinan brotaferil síðan, þá yrði það ekki látið girða fyrir inngöngu hans í skólann. Hafa verður í huga eðli brotsins þegar metið er hvort langur tími frá framningu þess hafi þessi áhrif. Þannig má ætla að ekki sé unnt að líta fram hjá því ef umsækjandi hefur framið alvarleg ofbeldisbrot sem leitt hafa til langra fangelsisdóma, jafnvel þótt langt sé um liðið síðan brot var framið.

Í ljósi framangreindra sjónarmiða þykir ekki heppilegt að setja fortakslausar reglur um bann við því að umsækjandi hafi hlotið refsidóma fyrir brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum, heldur verði byggt á þeirri meginreglu að hann megi ekki hafa framið refsiverð brot með möguleika á undanþágu. Munu væntanlega mótast venjur um túlkun þessa ákvæðis í störfum valnefndar þegar fram líða tímar.

Í c-lið eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 38. gr. laganna þannig að ákvarðanir valnefndar um val nemenda í skólann verði endanlegar. Um nánari rökstuðning fyrir því er fjallað í almennum athugasemdum. Vert er að árétta að ákvæði þetta er einskorðað við ákvarðanir nefndarinnar um sjálft valið úr hópi hæfra umsækjenda sem hafa gengist undir inntökupróf og viðtöl við valnefnd. Það girðir ekki fyrir að aðrar stjórnsýsluákvarðanir sem nefndin kann að taka séu kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Um 6. gr.

Í greininni er gerð tillaga um bráðabirgðaákvæði í tengslum við gildistöku lagabreytinga um starfslokaaldur lögreglumanna, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að þeim sem eru á aldursbilinu 63–70 ára við gildistöku laganna verði gefinn kostur á að velja um það hvort þeir nýta sér nýjar reglur um starfslokaaldur, sbr. 3. gr. frumvarpsins, eða vilja fylgja eldra kerfi um 70 ára aldurshámark og óbreyttum reglum um lífeyrisgreiðslur samkvæmt því. Veittur er ákveðinn umþóttunartími í þessu skyni sem nánar er kveðið á um í ákvæðinu.

Velji menn að starfa til sjötugs og njóta lífeyriskjara samkvæmt núgildandi reglum er kveðið á um að þeim beri að gera skýrt grein fyrir slíkri ósk sinni með bréflegri tilkynningu til ríkislögreglustjóra innan þess umþóttunartíma sem veittur er. Verður ekki unnt að falla frá slíkri yfirlýsingu síðar og ganga inn í nýtt kerfi reglna um starfslokaaldur og lífeyriskjör.

Þannig geta þeir sem náð hafa 63 ára aldri en eru ekki orðnir 65 ára óskað þess að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá og ber að tilkynna slíka ósk bréflega til ríkislögreglustjóra innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Verði menn 65 ára innan sex mánaða frá gildistökunni er miðað við að frestur til að tilkynna um slíka ósk renni út er þeir ná 65 ára aldri.

Hafi menn þegar náð 65 ára aldri við gildistöku laganna verður þeim í síðasta lagi veitt lausn frá embætti frá og með 1. október 2002 nema þeir óski þess fyrir það tímamark að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Ber að senda slíka ósk með bréflegri tilkynningu til ríkislögreglustjóra fyrir 1. október 2002.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu á ákvæðum almennra hegningarlaga varðandi refsivernd sendierindreka erlendra ríkja hér á landi, svo og sendiráðasvæði, eru ekki taldar leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Sömuleiðis verður ekki séð að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs ef gerðar verða breytingar á ákvæðum lögreglulaga varðandi heimildir lögreglu til þess að banna að menn hylji andlit sín á mótmælafundi. Ekki er heldur ástæða til að ætla að breytt ákvæði varðandi inntökuskilyrði nema í Lögregluskóla ríkisins geti leitt til aukins kostnaðar.

Ákvæði frumvarpsins sem lýtur að því að lögreglumenn fái lausn frá störfum við 65 ára aldur og að þeim skuli reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs felur á hinn bóginn í sér viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð. Það ákvæði tengist frumvarpi til breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem gert er ráð fyrir að verði afgreitt samhliða og eru kostnaðarumsagnir frumvarpanna því samhljóða að þessu leyti. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin muni leiða til aukins kostnaðar í rekstri lögregluembætta heldur verði framlög til að mæta þessum skuldbindingum færð á fjárlagaliðinn 09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun hjá fjármálaráðuneytinu. Við það er miðað að þegar lögreglumaður lætur af störfum og hefur töku lífeyris verði lífeyrisréttur hans reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs og að skuldbindingar ríkisins vegna þessa verði þá gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Á móti má gera ráð fyrir að breytingin geti haft jákvæð áhrif á störf lögreglumanna og skipulagningu á störfum þeirra og geti þannig stuðlað að hagræðingu.

Mat á viðbótarútgjöldum vegna þessara viðbótarréttinda er vissum erfiðleikum bundið þar sem ekki er vitað fyrir fram hversu margir lögreglumenn munu starfa til 65 ára aldurs. Aðrir óvissuþættir eru lífaldur maka og þróun meðallauna lögreglumanna. Fjármálaráðuneytið hefur látið reikna út áhrif breytinganna miðað við tryggingafræðilegar forsendur sem þekktar eru í dag, þar á meðal með tilliti til lífaldurs lögreglumanna og maka þeirra, tekna og fjölda lögreglumanna sem á næstu 20 árum munu hefja töku lífeyris við 65 ára aldur að óbreyttum forsendum. Miðað við þessar forsendur er niðurstaðan sú að viðbótarútgjöld á tímabilinu verði um 80 m.kr. á ári að jafnaði næstu tuttugu árin. Verulegur munur getur orðið á skuldbindingunum á milli ára eftir því hver meðalaldur lögreglumanna verður á hverjum tíma, eða allt frá 28 m.kr. upp í 100 m.kr. Reiknað er með að næstu fimm árin verði kostnaðurinn á bilinu 30–40 m.kr.

785. Fyrirspurn [495. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðmyndun á kindakjöti.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvernig er háttað verðmyndun á kindakjöti frá bónda til stórmarkaðar og hversu margar krónur koma í hlut hvers milliliðar þegar haft er í huga að nú kostar 1 kg af kindakjöti sem selt er í hálfum skrokkum 680 kr. í einum af stórmörkuðunum?

Skriflegt svar óskast.

786. Fyrirspurn [496. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað við varnaðarmerkingar á tóbaki.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er árleg sala tóbaks hérlendis og hversu stór hluti hennar er sala vindlinga?
2. Hver er kostnaður við að merkja tóbak með aðvörun um skaðsemi þess, annars vegar árlegur heildarkostnaður og hins vegar kostnaður á einingu, t.d. einn vindlingapakka?
3. Hver ber kostnað af varnaðarmerkingum á tóbaki?

Skriflegt svar óskast.

787. Fyrirspurn [497. mál]

til landbúnaðarráðherra um grænmeti og kjöt.

Frá Þuríði Backman.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að neytendur fái upplýsingar um
1. upprunaland grænmetis í verslunum,
2. upprunaland kjöts í verslunum og veitingahúsum?

788. Fyrirspurn [498. mál]

til samgönguráðherra um úrbætur í fjarskiptamálum á Norðausturlandi.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Eru fyrirhugaðar á næstunni aðgerðir af hálfu Landssíma Íslands hf. eða hins opinbera til að koma á ljósleiðarasambandi við alla þéttbýlisstaði á Norðausturlandi eða tryggja fullnægjandi öryggi og flutningsgetu grunnnetsins með einhverjum öðrum aðgerðum?
2. Hvað kosta nauðsynlegar aðgerðir af því tagi sem að framan greinir og í hverju yrðu þær fólgnar?

789. Fyrirspurn [499. mál]

til iðnaðarráðherra um útibú Matra á Ísafirði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hvernig samræmist lokun útibús Matra á Ísafirði stefnu stjórnvalda í byggðamálum og málefnum Vestfirðinga sérstaklega?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að útibú Matra á Ísafirði verði þegar í stað opnað að nýju og því tryggður öruggur og sjálfstæður rekstrargrundvöllur, a.m.k. í nokkurn reynslutíma, svo sem fimm ár?

790. Fyrirspurn [500. mál]

til heilbrigðisráðherra um húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvað líður ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerðar vegna brjóstakrabbameins?

791. Frumvarp til laga [501. mál]

um breytingu á lögum, nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: skipum eða loftförum allt til 31. desember 2004.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikill vandi steðjar nú að í höfnum landsins. Úrelt skip og úr sér gengin liggja þar í stórum stíl, taka pláss í höfnunum, valda eigendum skipanna og höfnunum fjárhagstjóni og geta jafnvel verið hættuleg. Engin úrræði hafa fundist til þess að farga þessum skipum samkvæmt heimildum í gildandi lögum. Fjárhagslegar forsendur hafa ekki verið fyrir hendi svo hægt væri að búta skipin niður og koma þeim í brotajárn. Fyrir vikið er smám saman að hlaðast upp illviðráðanlegt vandamál sem nú er orðið mjög brýnt að taka á.

Það gerir vandann verri viðureignar að í ýmsum tilvikum finnst vart eigandi að þessum bátum og skipum. Fyrirtæki koma og fara og í nokkrum tilvikum eru fyrirtækin sem áttu skipin nú orðin gjaldþrota. Eftir stendur að skipin eru í höfnunum, valda kostnaði og óþægindum og taka dýrmætt pláss.

Við leggjum verulegt fjármagn til hafnargerðar og er eðlilegt að gerð sé krafa um að sú fjárfesting nýtist sem best. Kostnaður við gerð viðlegukanta er verulegur. Við athugun umhverfisnefndar Hafnarsambands sveitarfélaga dagana 4.–7. desember 2000 kom í ljós að í höfnum landsins voru 158 verkefnalaus skip, þar af 88 fiskibátar, 14 skuttogarar, 38 smábátar og 20 önnur skip. Talið var að í þessum bátum væru um 70 þúsund tonn af járni. Kostnaður við förgun stálskipa er nú talinn vera um 15 kr. á hvert tonn. Ef þessi skip og bátar lægju hver fram af öðrum tækju þeir upp um 5 km af viðlegurými, en 2–3 km ef um algenga viðlegu væri að ræða þar sem bátar liggja hver utan á öðrum.

Nauðsynlegt er hins vegar að taka fram að þessi skip eru í mörgum tilvikum fjarri því að vera í reiðileysi. Mörg þeirra hafa einfaldlega ekki verkefni af ýmsum ástæðum og eigendur þeirra eru að kanna sölumöguleika. Eigi að síður er ljóst að ýmis þeirra bíða einfaldlega förgunar, en lög koma hins vegar í veg fyrir að henni verði við komið nema með gríðarlegum kostnaði. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um stjórn fiskveiða, í kjölfar svonefnds Valdimarsdóms í árslok 1998, hafa enn aukið vandann og er augljóst að hann mun að óbreyttu vaxa á næstu árum. Því er brýnt að bregðast við.

Auk þeirrar leiðar sem bent er á í frumvarpinu má hugsa sér að skipin væru send úr landi til förgunar, eða sérstaklega greitt fyrir förgun þeirra. Þá þarf að finna aðila sem getur tekið slíkt að sér og væntanlega þarf að bjóða verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta mundi kosta verulegt fé og því óhjákvæmilegt að finna leið til þess að standa undir því. Ekki er ólíklegt að upp kæmi hugmynd um förgunargjald sem útgerðir þyrftu að greiða, líkt og förgunar-, endurnýtingar- og spilliefnagjöld þau sem innheimt eru af einstaklingum og atvinnurekstri. Má ætla að þetta gjald þyrfti að vera umtalsvert til þess að standa undir kostnaði við förgun hérlendis eða erlendis.

Sú aðferð sem bent er á í frumvarpinu er tímabundin leið og án efa langt um hagkvæmari en aðrar aðferðir til að leysa við vandann sem nú hleðst upp. Benda má á að nágrannar okkar, svo sem Norðmenn, hafa farið þessa leið.

Samkvæmt hinum svokallaða OSPAR-samningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, sem undirritaður var í París 30. september 1992 og tók gildi 25. mars 1998, er varp skipa í hafið heimilað til 31. desember 2004. Þegar flutt var stjórnarfrumvarp árið 1996 um breytingu á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, var ætlunin að styðjast við þessa heimild úr OSPAR-samningnum og gert ráð fyrir að Hollustuvernd gæti leyft til ársloka 2004 að farga skipum á þennan hátt. Alþingi ákvað hins vegar að fella brott heimildina, án þess að það væri í raun rökstutt í nefndaráliti.

Hér er hins vegar lagt til að tekið verði upp það fyrirkomulag sem stjórnarfrumvarpið frá árinu 1998 gerði ráð fyrir og OSPAR-samningurinn heimilar. Eðlilegt er að í reglugerð verði nánar kveðið á um útfærslu þessa ákvæðis. Þar þarf að kveða á um að öll mengandi efni séu fjarlægð áður en skipum eða bátum er sökkt í sæ. Enn fremur að fyrir fram séu ákveðin þau svæði þar sem bátarnir mega liggja og þess gætt að þeir séu utan hefðbundinnar veiðislóðar. Þar með væri fullnægt þeirri sjálfsögðu skyldu að förgun skipanna ylli ekki mengun og um leið komið í veg fyrir að þau gætu valdið hættu á veiðislóð.

792. Lög [137. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. febr.)

Samhljóða þskj. 734.

793. Lög [39. mál]

um áhugamannahnefaleika.

(Afgreidd frá Alþingi 11. febr.)

Samhljóða þskj. 748.

794. Frumvarp til laga [502. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar 20. febrúar 2001. Nefndin sá ekki ástæðu til þess að afgreiða málið og lagði ekki til að það yrði samþykkt, því yrði breytt eða að það yrði fellt með viðeigandi rökstuðningi. Er það athyglisvert þar sem í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram og færð

fyrir því rök að ákvæði 7. gr. laganna kunni að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands á tvennan hátt:

Það sé í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það sé enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Í 2. mgr. 7. gr., sem lagt er til að felld verði brott, segir: „Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi."

Málsgreinin sem lagt er til að felld verði brott á rætur sínar að rekja til laga nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og laga nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þetta er í raun dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi. Það væri mjög óskynsamlegt fyrir starfsmann að njóta ekki allrar þjónustu stéttarfélags með því að gerast félagi, þótt honum væri það þvert um geð, þar sem hann er búinn að greiða fyrir hana. Má þar nefna orlofsheimili sem dæmi. Þannig brýtur þetta ákvæði hugsanlega gegn ákvæði 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um félagafrelsi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995.

Umsagnir.

Frumvarpið var sent 21 aðila til umsagnar 18. mars 2001. Umsagnir bárust frá níu aðilum og voru þrjú meginþemu í umsögnunum:

Þema 1: Bent er á að ef 1. mgr. 7. gr. fellur niður rekist það á ákvæði 1. mgr. 6. gr. um að aðeins eitt stéttarfélag opinberra starfsmanna hafi rétt til samningsgerðar fyrir sömu starfsstétt.

Við þessari athugasemd er brugðist í nýjum búningi frumvarpsins sem fellir eingöngu niður 2. mgr. 7. gr. laganna. Það er svo umhugsunarefni að opinberum starfsmönnum er bannað með ákvæðum síðari málsliðar 1. mgr. 7. gr. og með 1. mgr. 6. gr. að stofna ný stéttarfélög og vekur það upp spurningar um frelsi manna til að stofna félög skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki er er tekin afstaða til þess í þessu frumvarpi.

Þema 2: Talið er eðlilegt að þeir sem njóta kjara sem stéttarfélag nær fram beri kostnað af þeirri kjarasamningsgerð hvort sem þeir eru félagar eða ekki. Allt launafólk eigi að standa sameiginlega undir kostnaði við sameiginlega hagsmunagæslu. Samningar stéttarfélaga kveða á um lágmarkskjör sem allir njóta, óháð félagsaðild. Félagsgjaldið sé í raun þjónustugjald fyrir þessa samningsvinnu.

Seinna í greinargerðinni verður rætt um þema 2.

Þema 3: Dómur Félagsdóms í máli nr. 4/1998 segir að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Um þennan dóm Félagsdóms verður fjallað síðar í greinargerðinni.

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Læknafélag Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 1 og þema 2.

Landsamband lögreglumanna og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsa yfir andstöðu við frumvarpið en vísa til umsagnar BSRB.

Alþýðusamband Íslands mælir gegn samþykkt frumvarpsins og nefnir þema 2 og þema 3.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins nefnir þema 2, lýsir yfir andstöðu við frumvarpið og segir því beint gegn tilvist stéttarfélaga.

Varðandi hugsanlega tilvistarkreppu stéttarfélaga virðist félagið telja að enginn eða of fáir mundu vilja vera í stéttarfélagi opinberra starfsmanna nema tilneyddir með lögum.

BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarpið og nefnir þema 2 og þema 3.

Fjármálaráðuneytið nefnir þema 1 og þema 3. Þá nefnir ráðuneytið að stéttarfélög opinberra starfsmanna hafi að ýmsu leyti samið um rýmri rétt en tryggður er með lögum, t.d. orlof sem allir viðkomandi starfsmenn njóti, sem frekari rök fyrir þema 2.

Fjármálaráðuneytið lagði fram minnisblað á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem það nefnir þema 3 og þema 2. Þá er vísað til þess að greiðsluskylda ófélagsbundinna þekkist einnig á almennum markaði samkvæmt samningum. Varðandi síðasta atriðið verður að benda á að reginmunur er á samningsbundinni skyldu til greiðslu félagsgjalds eða lögbundinni.

Bandalag háskólamanna segir að samþykkt þessa frumvarps gangi gegn vilyrði fjármálaráðherra um heildarendurskoðun löggjafarinnar í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Þá segir að frumvarpið sé samið án samráðs við samtök opinberra starfsmanna og samþykkt þess gangi gegn sjálfum grundvelli samtakanna sem njóti verndar stjórnarskrárinnar.

Þessi síðustu rök eru merkileg í ljósi þess að Alþingi hefur samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum.

Lögmannafélag Íslands segir að ekki verði fram hjá því litið að önnur löggjöf feli að nokkru leyti í sér hvatningu til aðildar að stéttarfélagi. Þá er nefnt að ASÍ hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir aðildarskyldu í lögum stéttarfélaga sinna og að í mörgum kjarasamningum séu ákvæði um forgang félaga stéttarfélaga til vinnu. Deilt hafi verið um hvort slík forgangsréttarákvæði stæðust ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en á það hafi ekki reynt fyrir Hæstarétti.

Þá segir að ekki verði vikist undan því að fallast á þau sjónarmið flutningsmanns að 7. gr. laga nr. 94/1998 sé barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun síðan. Hæpið sé þó að breyta þessu ákvæði einu sér án þess að fram fari endurskoðun á annarri löggjöf.

Um þessar umsagnir er það að segja að allar nema tvær eru frá aðilum sem njóta núverandi kerfis skyldugreiðslu til stéttarfélaga. Engin þessara umsagna tók afstöðu til þess hvort hér gæti verið um skattlagningu að ræða.

Dómur Félagsdóms nr. 4/1998.

Samkvæmt 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Sama hugsun er áréttuð í 1. mgr. 24.gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, en þar segir: „Dómarar eru sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.“ Því er enginn dómstóll, sem er sérstakur stjórnlagadómstóll samkvæmt stjórnarskrá, sem kannar valdheimildir löggjafarvaldsins, Alþingis, og það hvort ákvæði laga frá Alþingi stangast á við stjórnarskrána og séu því ógild, af því að alþingismenn sverja eið að stjórnarskránni. Rök eru fyrir því að Hæstiréttur einn ætti að geta tekið að sér þetta hlutverk:

Hvergi er minnst beint á Hæstarétt í stjórnarskránni en í 59. gr. segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Í 1. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998, segir: „Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins.“ Í 3. gr. sömu laga segir: „Aðrir dómstólar

eru Félagsdómur og Landsdómur. Um þá sérdómstóla gilda ákvæði í öðrum lögum.“ Hæstiréttur ætti því einn dómstóla að geta tekið að sér hlutverk stjórnlagadómstóls. Má færa fyrir því eftirfarandi rök:

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 4/1998 að 2. mgr. 7. gr. samrýmdist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Gefum okkur að opinber starfsmaður, sem ekki er félagi í stéttarfélagi en sætir afdrætti greiðslu til stéttarfélags af launum, fari í einkamál við launagreiðanda sinn og krefjist endurheimtu á þessari eign sinni. Slíkt mál heyrir ekki undir Félagsdóm skv. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Gefum okkur enn fremur að það mál færi til Hæstaréttar og hann kæmist að öndverðri niðurstöðu, þ.e. að 2. mgr. 7. gr. samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þá hlyti niðurstaða Hæstaréttar að gilda þar sem Hæstiréttur er æðstur dómstóla. Þess vegna ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár.

Það er svo spurning hvort Hæstiréttur ætti ekki að setja sér þá vinnureglu að úrskurða fullskipaður þegar hann tekur að sér hlutverk stjórnlagadómstóls og að aðrir dómstólar vísi slíkum málum ávallt beint til Hæstaréttar.

Samkvæmt 24. gr. fyrrgreindra laga um dómstóla, nr. 15/1998, skulu dómarar fara eingöngu eftir lögum. Þetta ákvæði er reyndar í IV. kafla, um réttindi og skyldur dómara, en sá kafli tekur jafnt til dómara við Hæstarétt og héraðsdómara. Ekki er til sambærilegt ákvæði um dómara Félagsdóms. Með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrár má þó ályktа að það sama gildi um þá, þ.e. að við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum. Þess vegna hlaut Félagsdómur að taka mið af gildandi lögum við úrskurð sinn. Það má svo setja spurningarmerki við það að Félagsdómur skuli hafa talið sig geta kveðið á um að tiltekin lög frá Alþingi samrýmdust stjórnarskránni.

Notkun þessa dóms sem rök fyrir því að 2. mgr. 7. gr. samrýmist stjórnarskránni hefur að mati flutningsmanns ekkert gildi á meðan Hæstiréttur, sem æðstur dómstóla, hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

Félagsgjald sem þjónustugjald.

Skilyrði þess að skylda starfsmann til að greiða gjald til stéttarfélags án þess að skylda hann formlega til þátttöku er að um laun hans og önnur starfskjör fari samkvæmt samningum viðkomandi stéttarfélags. Eini ágóði starfsmanns af því að greiða gjald til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er sá að hann nýtur þeirra kjarasamninga sem félagið hefur gert. Þar sem starfsmaðurinn er ekki félagi í stéttarfélaginu nýtur hann ekki annarrar þjónustu félagsins, svo sem orlofsheimila, þótt hann greiði gjald til félagsins jafnhátt félagsgjaldi.

Félagsgjaldið og þar með skyldugjald þeirra sem ekki eru félagar er yfirleitt prósenta af launum 1% eða 1,5%, og er það dregið af launum án sérstakrar heimildar starfsmannsins. Þeir greiða mest sem hæst hafa launin þó að þeir þurfi yfirleitt sjálfir að semja um þau laun. Það eru engin rök fyrir því að tvöfalt dýrara sé fyrir stéttarfélag að semja um launataxta með 200 þús. kr. mánaðarlaunum en launataxta með 100 þús. kr. mánaðarlaunum. Sú meginregla gildir um þjónustugjöld að fjárhæð þeirra tekur mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Félagsgjöld einstaklings eru ekki ákveðin á grundvelli kostnaðar við þá meintu þjónustu sem hann fær heldur eru tiltekið hlutfall af launum hans. Fjárhæð gjaldsins stendur því í engum tengslum við þjónustuna vegna samningsgerðar sem hann nýtur. Félagsgjaldið skv. 7. gr. getur því ekki allt verið þjónustugjald. Hluti þess er annað en þjónustugjald og sá hluti verður að fullnægja kröfum stjórnarskrár um skatta, þ.e. fjárhæð þess hluta verður að vera ákveðin

í lögum. Svo er ekki með félagsgjaldið sem opinberum starfsmanni er gert að greiða til stéttarfélags án þess að vera félagsmaður.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að aðalefni kjarasamninga opinberra starfsmanna eru laun þeirra. Um réttindi þeirra og skyldur, svo sem rétt til orlofs og launa í veikindaforföllum, er að öðru leyti kveðið á í sérlögum sem taka að sjálfsögðu til allra opinberra starfsmanna, hvort sem þeir standa innan eða utan stéttarfélaga. Enn fremur má benda á að með þeirri stefnu að heimila forstöðumönnum ríkisstofnana að gera persónulega samninga við starfsmenn um launakjör njóti starfsmaður utan stéttarfélags ekki þjónustu stéttarfélagsins nema í samningum um lágmarkslaun. Sjálfur þarf hann að semja um hærri laun.

Þessi rök leiða til þeirrar niðurstöðu að lögþvinguð greiðsla opinbers starfsmanns til stéttarfélags sem hann er ekki félagi í er ekki þjónustugjald og hlýtur því að vera skattur.

Þá er athyglisvert að lögin kveða ekki á um hámark þess sem félagsgjaldið má vera, t.d. sem hlutfall af launum. Ef félagsfundur í litlu stéttarfélagi ákvæði að félagsgjald þyrfti og ætti að vera t.d. 100% af launum yrði launaskrifstofa ríkisins að innheimta það gjald samkvæmt þessari grein og greiða til stéttarfélagsins. Sá sem ekki væri félagi í stéttarfélaginu hefði ekkert um þá ákvörðun að segja en þyrfti að greiða gjaldið. Félagsgjaldið er enda misjafnt eftir stéttarfélögum.

Hvað er skattur?

Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru þjónustugjöld lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir tiltekna veitta þjónustu hvort sem skylda er að neyta hennar eða ekki. Stundum blandast skattlagning og þjónustugjald saman, þ.e. þegar gjaldtakan er hærri en kostnaður við veitta þjónustu. Í slíkum tilvikum þarf lagaheimild til heimtu þjónustugjalda til að fullnægja þeim kröfum sem stjórnarskrá gerir til skattlagningarheimilda.

Hvorki liggur fyrir nánari skilgreining á hugtakinu skattur né hugtakinu opinber aðili. Með opinberum aðila er þó oftast átt við ríkissjóð og sveitarfélagasjóði, þ.e. stjórnsýsluaðila, og enga aðra. Þess vegna fær ekki staðist að skylda einstakling með lögum til að greiða gjald til stéttarfélags, sem hann er ekki félagi í. Ekki verður með neinu móti séð að stéttarfélag sem frjálst félag geti verið opinber aðili.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu."

Hér er sérstaklega kveðið á um réttarvernd borgaranna gagnvart álagningu skatta. Ekki má framselja vald til ákvörðunar skatta til stjórnvalda og álagning skatta skal vera samkvæmt lögum. Hvorugt er til staðar varðandi það gjald sem fjallað er um í þessu frumvarpi. Upphæð þess er ákveðin á félagsfundi og álagningin er ekki samkvæmt lögum.

Í því ákvæði sem hér er lagt til að fellt verði brott er skattlagningarvaldið framselt til stéttarfélags sem getur breytt gjaldi sem starfsmanni er skylt að inna af hendi fyrirvaralaust án þess að hann fái rönd við reist eða haft nokkur áhrif á þá ákvörðun þar sem hann er ekki í stéttarfélaginu. Þar sem ákvæðið um bann við framsali skattlagningarvalds kom ekki inn í stjórnarskrána fyrr en árið 1995 virðist hafa láðst að aðlaga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Frumvarpinu er ætlað að lagfæra þessa annmarka á löggjöfinni svo að hún samræmist stjórnarskránni. Því er lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr lögunum.

Önnur dæmi.

Mörg dæmi eru um greiðsluskyldu einstaklinga og fyrirtækja til félaga, samtaka eða sjóða. Flest dæmanna eru leyst þannig að ríkið sér um innheimtu gjaldsins en Alþingi veitir síðan aftur fé á fjárlögum til viðkomandi móttakanda greiðslu. En þá hefur Alþingi líka í hendi sér að breyta fjárveitingunni, t.d. til lækkunar. Eftirfarandi gjöld sem ekki fara í gegnum fjárlög vekja upp spurningar um framsal skattlagningavalds og þyrftu að skoðast sem slík:

Búnaðargjald samkvæmt lögum nr. 84/1997 er lagt á alla bændur og rennur m.a. til Bændasamtaka Íslands og Lánasjóðs landbúnaðarins. Það getur ekki talist þjónustugjald þar sem t.d. eignalausum tekjulágum bændum er gert að greiða gjaldið sem að hluta til rennur til Lánasjóðs landbúnaðarins sem ekki má veita þeim lán. Bændur þurfa að eiga eignir og hafa þokkalegar tekjur til að fá lán. Þetta gjald er því að vissu leyti skattur á fátækt sem nýtist þeim ríku. Búnaðargjald fer í gegnum fjárlög.

Sóknargjald samkvæmt lögum nr. 91/1987 er nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Ekki verður séð að sá trúlausi fái neina sérstaka þjónustu frá Háskólanum umfram aðra menn. Sóknargjöld fara í gegnum fjárlög.

Stefgjald. Í höfundalögum, nr. 72/1973, er kveðið á um álagningu vörugjalds á m.a. myndbands- og segulbandstæki, sem og spólur í slík tæki. Þessi vörugjöld renna til samtaka höfundarréttarfélaga, aðallega listamanna. Hér er um að ræða markaða skattheimtu þar sem rétthafi teknanna getur ekki talist vera opinber aðili í hefðbundnum skilningi. Athyglisvert er að þessi skattur rennur ekki til höfunda forrita sem oft eru þó geymd á slíkum miðlum. Stefgjald fer ekki í gegnum fjárlög.

Afnotagjald til RÚV. Samkvæmt lögum nr. 122/2000 bera eigendur viðtækja ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins. Útvarpsgjaldið er varla þjónustugjald þar sem einstaklingur þarf að greiða gjaldið jafnvel þó að hann vilji alls ekki horfa á Ríkissjónvarpið heldur t.d. á Skjá einn sem er ókeypis. Afnotagjaldið til RÚV fer ekki í gegnum fjárlög.

Iðnaðarmálagjald. Samkvæmt lögum nr. 134/1993 skal leggja iðnaðarmálagjald, 0,08% af veltu, á öll iðnfyrirtæki og rennur gjaldið til Samtaka iðnaðarins. Um þetta gjald gilda að mörgu leyti sömu rök og færð hafa verið gegn skyldugreiðslu til stéttarfélaga hér að framan. Iðnaðarmálagjald fer í gegnum fjárlög.

Iðgjald til lífeyrissjóðs, sbr. lög nr. 129/1997, er sömuleiðis ekki hreint þjónustugjald þar sem einhleypum barnlausum karlmanni er gert að greiða of hátt iðgjald sem að hluta til stendur undir barna- og makalífeyri annarra einstaklinga og dýrari ellilífeyri kvenna. Hér er því að hluta til um skattlagningu að ræða sem ekki hlítir ákvæðum stjórnarskrár því viðtakandi er ekki opinber aðili, ákvörðun greiðslunnar er ekki samkvæmt lögum og álagningin er ekki samkvæmt lögum. Iðgjald til lífeyrissjóðs fer ekki í gegnum fjárlög.

Fiskræktarsjóður. Í lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, er ákvæði um að greitt sé af 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Hér gildir að viðtakandinn er ekki opinber aðili. Samkvæmt lögunum skal ráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, útreikning, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjalda samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Virðist sú lagasetning ganga þvert á ákvæði 77. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Þetta gjald vatnsaflsstöðva til fiskræktarsjóðs fer í gegnum fjárlög.

Árið 1992 skrifaði Elín Blöndal kandídatsritgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands sem fjallar um neikvætt félagafrelsi. Í ritgerðinni kemur fram að nokkur dæmi séu um skyldu til að vera í félagi í íslenskri löggjöf og henni megi skipta í tvennt, beina félagaskyldu og óbeina félagaskyldu.

Bein félagaskylda leiðir til skyldu einstaklings að lögum til að vera í ákveðnum félagasamtökum og er viðkomandi þá fullgildur félagi með þeim réttindum og skyldum sem af því leiðir. Sem dæmi um beina félagaskyldu má nefna skyldu lögmanna til að vera félagar í Lögmannafélagi Íslands. Í því sambandi má nefna að menn eru ekki skyldugir að neinu leyti til að sækja um lögmannsréttindi. Menn velja að sækja um þessi starfsréttindi og því fylgir um leið umsókn um aðild að Lögmannafélaginu, sem rökstyðja má með hlutdeild og hlutverki lögmanna í dómskerfinu.

Óbein félagaskylda felur það í sér að viðkomandi verður ekki sjálfkrafa meðlimur viðkomandi félags heldur leggur viðkomandi lagaákvæði á ófélagsbundinn einstakling skyldur og/eða veitir honum réttindi sem fullgildir félagar njóta. Þá getur óbein félagaskylda falið í sér að einstaklingum sé með lögum gert ókleift að standa utan ákveðinna félaga vilji þeir njóta ákveðinna réttinda.

Fram kemur í ritgerð Elínar Blöndal að 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, feli í sér óbeina félagsskyldu. Stéttarfélög opinberra starfsmanna semja um lágmarkskjör fyrir alla opinbera starfsmenn án tillits til félagsaðildar. Það að ófélagsbundnir starfsmenn verði einnig að greiða gjald í félögin er rökstutt með því að um sé að ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna sem hinir ófélagsbundnu njóti á sama hátt og skráðir félagar.

Því hefur verið haldið fram að samningsgjaldið sé ekki félagsgjald, enda veiti það hvorki réttindi né skyldur í viðkomandi stéttarfélagi umfram fyrrgreind afnot af kjarasamningi þess. Gjaldið feli því ekki í sér þvingaða félagsaðild. Hins vegar má benda á, gagnstæðri niðurstöðu til stuðnings, að slík gjaldtaka hlýtur að fela í sér a.m.k. óbeina félaganauðung þar sem einstaklingar hljóta, af tveimur kostum, fremur að kjósa að gerast félagar, verði þeir á annað borð að greiða félagsgjaldið, þar sem þeir öðlast þá a.m.k. önnur þau réttindi sem stéttarfélagsaðild veitir. Hér er heldur ekki um að ræða að launamenn geti án sérstakra kvaða valið hvort þeir vilji hafa eitthvað saman við viðkomandi stéttarfélag að sælda eða ekki heldur er beinlínis lögbundið að svo skuli vera. Það hvort einstaklingar eru formlegir félagar eða ekki hlýtur að teljast aukaatriði samkvæmt því.

Í ritgerð sinni segir Elín Blöndal loks að 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO 87 sem hafi verið túlkað þannig að þvingun að lögum til að greiða til ákveðins stéttarfélags, án tillits til þess hvort viðkomandi einstaklingur sé meðlimur félagsins (agency shop), sé brot á ákvæðinu.

795. Frumvarp til laga [503. mál]

um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal í tveimur áföngum (Kárahnjúkavirkjun).

Í fyrri áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa þrjár stíflur við Fremri-Kárahnjúka (Kárahnjúkastíflu, Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu), veita Jökulsá á Brú frá miðlunarlóni (Hálslóni) um aðrennslisgöng undir Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi, reisa stöðvarhús neðan jarðar í Fljótsdal með frárennsli eftir göngum og skurði út í farveg Jökulsár í Fjótsdal, í samræmi við uppdrátt í viðauka, svo og að reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Í síðari áfanga er Landsvirkjun heimilt að reisa stíflu í farvegi Jökulsár í Fljótsdal (Ufsarstíflu), veita ánni ásamt vatni af Hraunum inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar á Fljótsdalsheiði í samræmi við uppdrátt í viðauka og reisa önnur mannvirki vegna virkjunarinnar.

Leyfið fellur úr gildi 10 árum eftir gildistöku laga þessara ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir gildistöku laganna ef virkjunin er þá ekki komin í rekstur.

2. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW ásamt aðalorkuveitum, enda liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun:

a. Í stað orðanna „60 MW“ kemur: 220 MW.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Landsvirkjun reisir og rekur Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.


Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal
Stöðvarhús
Hálslón
Ufsar-lón
Áfangi 2
BRÚARJÖKULL
VATNAJÖKULL
Lón
Stöðvarhús
Stífla
Göng
Skurður
Vegir
Fyrirh.vegir
Skáli
100 m hæðalínur
0
10 km
800 m y.s.
Kárahnjúkastífla
625 m y.s.
Langsnið
Aðrennslisgöng
Fallgöng
Jökulsá í Fljótsdal
Stöðvarhús

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna stóriðjuframkvæmda sem áformað er að ráðast í á næstu árum á Austurlandi. Þá er hugsanlegt að aukinni almennri raforkuþörf á Norðausturlandi verði mætt með stækkun Kröfluvirkjunar.

Hinn 24. janúar 2002 barst iðnaðarráðuneytinu erindi Landsvirkjunar þar sem þess er farið á leit við ráðuneytið að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp til laga sem kveði á um heimildir fyrir Landsvirkjun til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun við Kárahnjúka með allt að 750 MW afli og stækka gufuaflsvirkjun við Kröflu í allt að 220 MW.

Í 1. mgr. 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967, segir að til þess að reisa og reka raforkuver stærri en 2.000 kW þurfi leyfi Alþingis. Í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga leitaði ráðuneytið umsagnar Orkustofnunar og er umsögn stofnunarinnar fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

1. Raforkuþörf.

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar, Hydro Aluminium Metal Production, Hæfis ehf. og Reyðaráls hf. um byggingu álverksmiðju í Reyðarfirði. Álverksmiðjan verður samkvæmt áætlunum byggð í tveimur áföngum, með 240–280 þúsund tonna framleiðslugetu í fyrri áfanga en í síðari áfanga verður framleiðslugetan aukin í 360–420 þúsund tonn. Aðilar verkefnisins stefna að því að taka 1. september 2002 endanlega ákvörðun um hvort af framkvæmdum verði. Miðað er við að framleiðsla í fyrri áfanga verksmiðjunnar hefjist fyrir árslok 2006.

Raforkuþörf fyrri áfanga álverksmiðjunnar verður u.þ.b. 3.850 GWst á ári en eykst í u.þ.b. 5.800 GWst á ári eftir stækkun. Þetta, ásamt áætlaðri tímasetningu upphafs starfseminnar, ræður mestu um það hvaða virkjunarkostir koma til greina vegna raforkuþarfar verksmiðjunnar eins og fram kemur í umsögn Orkustofnunar. Í greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, stækkun álvera á Suðvesturlandi og aðra fyrirsjáanlega notendur, sem fylgir umsögn stofnunarinnar, kemur fram að líkleg orkuþörf vegna stækkunar núverandi álvera nemi tæplega 3.000 GWst á ári. Auk þessa má gera ráð fyrir að raforkunotkun á almennum markaði aukist fram til ársins 2012 um 630 GWst. Með ofangreindri orkuþörf Reyðaráls nemur heildaraukning orkuþarfar fram til ársins 2012 rúmlega 9.000 GWst.

2. Orkuöflun.

Í 3. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, segir að röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skuli þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagstæðustum hætti fyrir þjóðarbúið. Þá segir að við val á virkjunarkostum skuli einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Loks segir að áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skuli liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.

Í greinargerð Orkustofnunar er gerð grein fyrir þeim virkjunarkostum sem talið er að gætu tekið til starfa fyrir árið 2012, ef ákvörðun yrði tekin um að hefja nauðsynlegan undirbúning á fyrsta ársfjórðungi árið 2002. Þar kemur fram að stofnunin telur að miða verði við að framleiða þurfi orku vegna álvers á Austurlandi á Norðausturlandi og Austurlandi, m.a. vegna takmarkaðrar flutningsgetu raforkukerfisins og þess tímaramma, sem verkefnið miðast við. Þá sé kostnaður verulega hærri við aðra virkjunarkosti auk þess sem umhverfisáhrif þeirra verði síst minni og séu þeir því óraunhæfir í samanburði við fyrirhugaða virkjunarleið.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram það álit stofnunarinnar að vel hafi verið vandað til útfærslu Kárahnjúkavirkjunar og að í þeim efnum hafi víða verið gengið svo langt til móts

við umhverfissjónarmið sem ætlast megi til án þess að stofna hagkvæmni verkefnisins í voða. Sú virkjunarleið sem hér sé valin skerði mögulega orkuvinnslu vatnasviðsins alls um allt að 1.600 GWst á ári en Orkustofnun telji það réttlætanlegt miðað við heildarhagsmuni þar sem reynt er að sætta sjónarmið um náttúruvernd og orkuvinnslu. Stofnunin mælir því með framkvæmdinni.

Vegna annars áfanga álvers í Reyðarfirði telur stofnunin að afla þurfi orku á Norðausturlandi, allt að 1.100 GWst á ári, auk annars áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Til að afla þessarar orku verði að virkja á háhitasvæðunum við Kröflu og Bjarnarflag og hugsanlega á Þeistareykjum. Á þessu stigi sé óvissa um virkjunarröð á þessu svæði og geti þurft að nýta allt þetta afl við Kröflu til annars áfanga álversins. Því mæli stofnunin með því að Landsvirkjun verði heimilað að stækka Krófluvirkjun í allt að 220 MW.

Í ljósi þessa byggist orkuöflun vegna fyrsta áfanga álverksmiðjunnar alfarið á fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar, en vegna annars áfanga álverksmiðjunnar er gert ráð fyrir að ráðist verði í seinni áfanga Kárahnjúkavirkjunar, Bjarnarflagsvirkjun og stækkun Krófluvirkjunar. Í 1. gr. gildandi laga um raforkuver er að finna heimild til handa iðnaðarráðherra til að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi með allt að 40 MW afli. Hins vegar er nauðsynlegt að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Krófluvirkjunar til undirbúnings fyrir virkjunarframkvæmdir vegna hugsanlegrar orkusölu til álvers í Reyðarfirði.

3. Kárahnjúkavirkjun.

3.1 Mat á umhverfisáhrifum.

Hinn 20. apríl 2001 lagði Landsvirkjun fram til Skipulagsstofnunar skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar, allt að 750 MW. Framkvæmdin var auglýst opinberlega 4. maí 2001 og var frestur til athugasemda til 15. júní. Alls bárust 362 athugasemdir. Skipulagsstjóri kvað upp úrskurð 1. ágúst 2001 þar sem lagst var gegn virkjuninni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um einstaka þætti framkvæmdarinnar og umhverfisáhrif hennar. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra sem kvað upp úrskurð sinn 20. desember 2001. Í úrskurði umhverfisráðherra er hinn kærði úrskurður Skipulagsstofnunar felldur úr gildi og fallist á fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun. Í úrskurðinum eru sett eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni:

1. Framkvæmdaraðila er gert að falla frá framkvæmdum við Hafursárveitu, Laugarfellsveitu og Bessastaðaárveitu og Gilsárvötn. Framkvæmdaraðila er heimilt að breyta hönnun aðrennslisganga frá Hálslóni að stöðvarhúsi í Fljótsdal til að vega upp á móti minni orkuvinnslugetu vegna þessa skilyrðis og skilyrðis nr. 2.
2. Framkvæmdaraðila er gert að falla frá framkvæmdum við Sultarrana- og Fellsárveitu. Jafnframt endurskoði framkvæmdaraðili fyrirkomulag á yfirfalli stíflu við Kelduá í þeim tilgangi að draga eins og kostur er úr þeim umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

   Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands kanna gróður og fuglalíf í lónstæði fyrirhugaðs Kelduárlóns áður en framkvæmdir við annan áfanga virkjunarinnar hefjast.
3. Fyrirkomulagi á yfirfalli úr Hálslóni eins og það er staðsett og hannað við stíflu í Desjárdal er hafnað. Hönnun aðalstíflu við Hálslón skal breyta þannig að yfirfallsvatn úr lóninu verði leitt í Hafrahvammagljúfur.

   Breytt hönnun og fyrirkomulag stíflumannvirkja skal ekki leiða til meiri heildaráhrifa á umhverfi en sú hönnun og útfærsla sem framkvæmdaraðili fyrirhugar samkvæmt mats-

skýrslu, þ.e. kostur 2. Staðsetningu og gerð stíflumannvirkja verði ekki breytt meira en þörf krefur til að fullnægja ofangreindu skilyrði.

4. Aðgerðir framkvæmdaraðila til að minnka jarðvegsrof og áfok úr Hálslóni skulu miðast við að hvergi myndist áfoksgeirar meðfram jöðrum Hálslóns í hönnunarstormi með 50–100 ára endurkomutíma.

   Í samræmi við það skal framkvæmdaraðili vinna heildstæða áætlun sem sýnir nákvæma útfærslu aðgerða og mat á virkni þeirra. Aðgerðirnar skulu m.a. fela í sér eftirfarandi atriði:

   a. Stjórnun vatnsborðsbreytinga í Hálslóni, þ.e. forgangsröðun við fyllingu lóna.
   b. Uppsetningu og virkni verkfræðilegra rof- og áfoksvarna miðað við hönnunarstorm með 50–100 ára endurkomutíma.
   c. Stjórnun og aðgerðir vegna stöðvunar áfoksgeira, gróðurverndar og uppgræðslu á svæðum sem verða fyrir áhrifum.
   d. Sívirkt eftirlit og mat á virkni mótvægisaðgerðanna.

5. Framkvæmdaraðili skal tryggja að umfang og eðli rofs og annarrar röskunar gróðurs á áhrifasvæði virkjunarinnar utan Hálslóns verði ekki meira með tilkomu hennar að teknu tilliti til mótvægisaðgerða en það er áður en framkvæmdir hefjast. Í samræmi við það skal framkvæmdaraðili vinna áætlun um aðgerðir svo sem uppgræðslu- og landbótaaðgerðir á áhrifasvæði virkjunarinnar utan Hálslóns og viðmiðunarmörk fyrir rof og þá röskun sem áhrif framkvæmdarinnar miðast við.
6. Framkvæmdaraðili skal gera viðbragðs- og aðgerðaáætlun við neyðarástandi. Í áætluninni skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:
   a. helstu neyðaraðstæðum sem upp kunna koma,
   b. svæði, mannfjölda og verðmætum sem geta verið í hættu við slíkar aðstæður,
   c. aðgerðum til að bregðast við slíkum aðstæðum,
   d. aðgerðum til að vara við, vernda, stýra, rýma eða annars sem talið er nauðsynlegt til að vernda líf og verðmæti.
7. Ekki er fallist á fyrirhugað efnisnám í Hvannstóðsfjöllum. Framkvæmdaraðili skal tilgreina annan mögulegan efnistökustað, t.d. í Lambafellstagli.

   Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili í samráði við Náttúruvernd ríkisins vinna nákvæma áætlun um námur, haugsvæði og vega- og slóðagerð og með hliðsjón af þeim breytingum sem felast í þessum úrskurði leitast við að lágmarka enn frekar umhverfisáhrif framkvæmdanna. Í áætluninni skal gerð grein fyrir staðsetningu, umfangi, fyrirkomulagi, nýtingu og frágangi efnistökustaða og haugsvæða og allra vega og vegslóða. Efnistöku- og notkunarstaðir og magn efnis skal tilgreint.
8. Framkvæmdaraðili skal lækka klapparhaftið ofan Lagarfljótsvirkjunar um 1 m áður en rekstur virkjunarinnar hefst. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins og skipulagsyfirvöld um framkvæmdina. Verði ekki ráðist í síðari áfanga virkjunarinnar innan 10 ára frá lokum fyrri áfanga skal framkvæmdaraðili rýmka farveg Lagarfljóts við Straum.
9. Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands standa fyrir vöktun á völdum fuglastofnum við Lagarfljót, á Úthéraði og á Héraðssandi á fyrstu 10 árum á starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif breytinga á vatnafari á lífríki sé innan þeirra marka sem gert er ráð fyrir í matsskýrslu.
10. Framkvæmdaraðili nýti yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og leitist við að ná meðalrennsli í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár í júlí og ágúst í góðum vatnsárum. Í lakari vatnsárum skal framkvæmdaraðili leggja áherslu á að hafa rennsli á ferða-

mannatíma í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og síðan í Kelduá eftir því sem yfirfallsvatn dugar til.

11. Áður en fyllt verður í Hálslón skal framkvæmdaraðili í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands ljúka rannsóknum á þeim setlögum sem mynduðust í fornu jökullóni sunnan Kárahnjúka. Framkvæmdaraðili skal jafnframt láta rannsaka og kortleggja öskulög í jarðvegi sem hverfa munu í Hálslón beggja vegna Jökulsár sunnan Kárahnjúka og á Fljótsdalsheiði. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.
12. Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá til þess að jarðhitasvæðið við Sauðárfoss ásamt hrúðurbreiðunum verði rannsakað. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.
13. Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sjá til þess að flikrubergið í gljúfri Jökulsár verði rannsakað. Niðurstöður rannsóknanna skulu birtar innan tveggja ára frá því að vatni er hleypt í Hálslón.
14. Framkvæmdaraðili skal tryggja að göng séu vöktuð meðan á gerð þeirra stendur til að finna og stöðva leka um sprungur, sem leiða umtalsvert vatn. Slíkar sprungur skal einangra til að koma í veg fyrir lekann, svo framkvæmdirnar valdi ekki marktækum áhrifum á núverandi grunnvatnsstöðu.
15. Framkvæmdaraðili skal í samráði við Hafrannsóknastofnunina láta vakta á fyrstu 10 árum starfstíma virkjunarinnar dæmigerð botndýrasamfélög í Héraðsflóa.
16. Hönnun allra stærri verkfræðilegra framkvæmda, svo sem rofvarna á strönd Hálslóns, skal miða að því að lágmarka sjónræn áhrif á víðerni.
17. Framkvæmdaraðili skal í samráði við Náttúrustofu Austurlands standa að nauðsynlegri viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu 10 árum á starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif virkjunarinnar á hreindýrastofninn séu ekki meiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu.
18. Framkvæmdaraðili skal sjá til þess að farvegur Jökulsár í Fljótsdal verði ávallt skolaður í kjölfar aurskolunar með rennsli sem sé a.m.k. jafnt því hámarksrennsli sem notað var við útskolun aursins. Útskolunin skal standa yfir í a.m.k. 4 klst.
19. Framkvæmdaraðili skal í samvinnu við Minjavörslu Austurlands gera áætlun um reglulega vöktun þeirra fornminja sem eru í hættu og tilkynna Fornleifavernd ríkisins ef hætta er talin á að fornminjar muni raskast vegna framkvæmdanna.
20. Framkvæmdaraðili skal sjá til þess að bergganginum Tröllkonustíg í Valþjófsstaðarfjalli verði hlíft við raski þannig að ásýnd hans verði ekki breytt.

Fyrirkomulagi fyrirhugaðra framkvæmda hefur verið breytt í samræmi við skilyrði 1–3, en því er nánar lýst í kafla 4.1 og fylgiskjali IV.

3.2 Lýsing á framkvæmdum.

a) Fyrri áfangi.

Fyrirkomulag fyrri áfanga er þannig að Jökulsá á Brú er stífluð við Fremri-Kárahnjúk með Kárahnjúkastíflu, sem er 190 m há grjótstífla, við syðri enda Hafrahvammagljúfra. Beggja vegna Kárahnjúkastíflu eru hliðarstíflur, Sauðárdalsstífla og Desjarárstífla. Með stíflunum er myndað miðlunarlón, Hálslón. Vatnsborð við fullt lón verður í 625 m hæð yfir sjávarmáli og verður flatarmál þess 57 km^2. Nýtanlegt miðlunarrými er áætlað um 2.100 GL miðað við lægstu vatnsstöðu, 550 m yfir sjávarmáli.

Í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar er gert að skilyrði að yfirfall úr Hálslóni skuli vera við Kárahnjúkastíflu. Vegna þessa er nú gert ráð fyrir að 200 m langri yfirfallsrennu verði komið fyrir í hlíðinni við vesturenda stíflunnar. Frá yfirfallinu verður vatnið leitt í göngum undir stífluendann sem opnast í steypta rennu nálægt gljúfurbarminum nokkur hundruð metrum neðan við stífluna. Þaðan mun vatnið falla í 60–80 m háum fossi niður í Hafrahvammagljúfur.

Vegna þessa skilyrðis um staðsetningu og nýja gerð yfirfalls úr Hálslóni og ótraustra efstu berglaga á áður fyrirhuguðu stíflustæði fyrir gangagerð er nauðsynlegt að hliðra vestari enda stíflunnar um 250 m niður með árfarvegi Jökulsár á Brú en austari enda hennar um 150 m. Með þessari hliðrun munu göngin frá yfirfallinu liggja í traustum berglögum og öryggi stíflunnar þannig tryggt þrátt fyrir yfirfallsgöngin undir henni. Staðsetning stíflunnar er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Þrátt fyrir smávægilega hliðrun stíflunnar til norðurs verður að telja heildarumhverfisáhrif af færslu yfirfallsins úr Desjarárdal að Kárahnjúkastíflu minni en í upphaflegri tillögu og í samræmi við skilyrði umhverfisráðherra skv. lið 3.

Úr Hálslóni verður vatninu veitt um 40 km löng aðrennslisgöng í austur og síðan í norðaustur undir Fljótsdalsheiði að innsta hluta Fljótsdals þar sem stöðvarhús verður neðan jarðar. Í stöðinni verða í fyrri áfanga fimm vélasamstæður með tilheyrandi búnaði og verður uppsett afl þeirra allt að 625 MW. Frá stöðinni verður vatninu veitt um frárennslisgöng út í Fljótsdal, um 1 km innan við Valþjófsstað. Frá gangamunnanum verður grafinn frárennslis-

skurður út í farveg Jökulsár í Fljótsdal austur undan Valþjófsstað skammt ofan brúar. Farvegur Jökulsár þar sem frárennslisskurðurinn opnast í hann er í um 26,5 m hæð yfir sjó.

Við hlið stöðvarhellis verður spennahellir. Aðkoma að stöðvarhelli og spennahelli verður um 800 m löng göng en framan við þau í Fljótsdal verður þjónustubygging. Frá spennahelli liggja sérstök strengjagöng að tengivirkishúsinu skammt innan við þjónustubygginguna.

Virkjað rennsli í fyrri áfanga er um 120 m^3 á sekúndu, uppsett afl verður allt að 625 MW og meðalorkugeta 3.760 GWst á ári. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að Bessastaðaárveita og Gilsárvötn yrðu einnig hluti af fyrri áfanga virkjunarinnar en þessar framkvæmdir hefðu aukið orkugetu virkjunarinnar um 40 GWst á ári. Í úrskurði umhverfisráðherra var Landsvirkjun gert að falla frá þessum áformum.

Gert er ráð fyrir að undirbúningsframkvæmdir við virkjunina hefjist í júní 2002, en vinna við Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng í september 2002.

b) Síðari áfangi.

Í síðari áfanga virkjunarinnar er Jökulsá í Fljótsdal stífluð um 2 km neðan við Eyjabakkafoss. Þessi stífla verður rúmlega 30 m há og ofan hennar myndast um 1 km^2 lón, Ufsarlón. Vatnsborð verður í 625 m hæð yfir sjávarmáli þegar það er fullt. Við þá vatnshæð mun lónið ná upp í Eyjabakkafoss. Frá Ufsarlóni verður vatninu veitt um 13,5 km löng göng að aðrennslisgöngum frá Hálslóni. Göngin tengjast nálægt Axará á Fljótsdalsheiði og með þessu fyrirkomulagi verður unnt að miðla rennsli beggja jökulánna í Hálslóni.

Jafnframt mun svokölluð Hraunaveita fylgja síðari áfanga virkjunarinnar. Þá verður fjórum þverám Jökulsár í Fljótsdal, þ.e. Kelduá, Grjótá, Innri-Sauðá og útrennsli úr Sauðárvatni, veitt í Ufsarlón skammt ofan Ufsarstíflu. Verulegur hluti vatnsvega Hraunaveitu verða jarðgöng. Stíflan í Kelduá verður langstærsta stífla í Hraunaveitu, um 25 m há. Við hana myndast um 8 km^2 miðlunarlón, sem ná mun m.a. yfir Folavatn. Aðrar stíflur verða mun minni.

Meðalrennsli til Kárahnjúkavirkjunar eykst um tæpa 25 m^3/s með síðari áfanga virkjunarinnar. Þá verður jafnframt sjöttu vélarsamstæðunni bætt við í stöðvarhúsinu og afl þá aukið í allt að 750 MW. Með síðari áfanga virkjunarinnar vex orkugeta hennar um 910 GWst á ári í samtals 4.670 GWst á ári. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að einnig yrði ráðist í Laugarfells-, Hafursár-, Sultarrana- og Fellsárveitu í þessum áfanga, sem hefðu gefið um 170 GWst á ári. Í úrskurði umhverfisráðherra var Landsvirkjun hins vegar gert að falla frá þessum áformum.

Ákvörðun um hvenær ráðist verður í síðari áfanga Kárahnjúkavirkjunar ræðst af ákvörðun um stækkun álverksmiðju eða af öðrum hugsanlegum orkusölusamningum.

c) Skipulag.

Í svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015, sem staðfest var af umhverfisráðherra 10. maí 1999, kafla 10.3.2, er fjallað um fyrirhuguð orkuvinnslusvæði í Norður-Múlasýslu. Þar segir:

„1. Jökulsá á Brú, Norðurhéraði. Kárahnúkavirkjun, hugsanlega tengd Fljótsdalsvirkjun. Orkuvinnslugeta allt að 3.200 GWst/ári. Flatarmál lóns getur orðið allt að 38 km^2. Tilhögun virkjunar er háð skilyrðum sem sett eru í reglugerð um friðlýsingu Kringilsárrana sbr. auglýsingu nr. 524/1975. Matsskyld framkvæmd skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

2. Fljótsdalsvirkjun á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal, Fljótsdalshr. Hugsanlega tengd Kárahnúkavirkjun, stærð allt að 1.200 GWst/ári. Vegna mikilvægis og sérstöðu Eyjabakkasvæðisins hvað varðar gróðurfar, dýralíf, landslag o.fl. er ástæða til að endurskoða til-

högun virkjunar skv. gildandi lögum. Svæðið hefur einnig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna. Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnúkalón geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin. Því er gerður fyrirvari um lónastærðir á Eyjabakkasvæðinu og aðra tilhögun virkjunar. Hugsanlegt Eyjabakkalón er því auðkennt með blandaðri landnotkun á skipulagsuppdrætti; orkuvinnsla/náttúruvernd.

Heimiluð með lögum 1981 og leyfi ráðherra var veitt fyrir 1.5. 1994. Virkjunin er því einungis matsskyld ef um breytingar er að ræða frá upphaflegum áætlunum."

Vegna Kárahnjúkavirkjunar þarf að gera breytingar á svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015. Tillögur að breytingum hafa verið lagðar fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálendis Íslands með ósk um að þær fái skipulagslega meðferð. Úrskurður umhverfisráðherra hefur áhrif á sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun, sem nær til allra fjögurra sveitarfélaganna á Héraði. Verður svæðisskipulaginu breytt í samræmi við úrskurðinn og skipulagslegri meðferð þess haldið áfram frá því sem fyrr var hafið í samráði við Skipulagsstofnun.

Nú er unnið að gerð deiliskipulags fyrir stöðvarhússvæði í Fljótsdal og fyrir Kárahnjúkastíflu og næsta nágrenni í samræmi við ákvæði 23. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

d) Náttúruverndarsvæði.

Á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar eru 22 svæði á náttúruminjaskrá og eru þau ýmist friðlýst eða ástæða talin til verndunar. Friðlýstu svæðin eru Kringilsárrani og Lónsöræfi sem liggja við jaðar áhrifasvæðisins. Um fjórðungur friðlandsins í Kringilsárrana mun fara undir Hálslón, sem skiptir friðlandinu í tvennt. Í úrskurði umhverfisráðherra kemur fram að auk þessa verði eftirtalin svæði fyrir töluverðri röskun (vísun í númer í náttúruminjaskrá): Snæfell, Vestur-Öræfi, Hafrahvammagljúfur (615); Eyjabakkar (616); Finnsstaðanes og Egilsstaðanes (647); Eylendið í Jökulsárhlíð (639); Húsey (648); votlendi og sandar í Hjaltastaðaþinghá og Hjaltastaðaásar (605). Þá segir í úrskurði umhverfisráðherra að eftirtalin svæði verði fyrir lítilli röskun: Sleðbrjótsmelar (640); Jökulsárgil (641); Gilja og Hauksstaðahólar í Jökuldal (642) og Gláma og nágrenni (649).

Í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, segir að leyfi Náttúruverndar ríkisins þurfi til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminjum. Þá segir að leita skuli umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Ákvæðið leggur ekki skilyrðislaust bann við framkvæmdum á friðlýstum svæðum en ljóst er að afla þarf leyfis og umsagnar Náttúruverndar ríkisins áður en af framkvæmdum verður.

4. Stækkun Kröfluvirkjunar.

4.1 Mat á umhverfisáhrifum.

Hinn 24. ágúst 2001 tilkynnti Landsvirkjun stækkun Kröfluvirkjunar í allt að 100 MW til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega 7. september 2001 og var frestur til athugasemda til 19. október 2001. Með úrskurði dags. 7. desember 2001 féllst Skipulagsstofnun á fyrirhugaða stækkun Kröfluvirkjunar í Skútustaðahreppi um 40 MW.

Landsvirkjun óskaði eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar hinn 16. janúar 2001 um það hvort borun rannsóknarhola á svæði vestan og sunnan núverandi vinnslusvæðis skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun úrskurðaði 23. febrúar sama ár að borun rannsóknarhola á svæðunum innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar skyldi sæta mati á umhverfis-

áhrifum, en féllst á borun á suðursvæði og austursvæði án mats á umhverfisáhrifum. Umhverfisráðherra staðfesti þennan úrskurð Skipulagsstofnunar eftir stjórnsýslukæru Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur hafið vinnu við matsáætlun á umhverfisáhrifum rannsóknarborana á vestursvæði.

4.2 Lýsing á framkvæmdum.

a) Stækkun um 40 MW.

Kröflustöð í Skútustaðahreppi hefur verið starfrækt frá árinu 1977. Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 26. júlí 1985 keypti Landsvirkjun virkjunina ásamt ýmsum réttindum á Kröflusvæðinu, þ.m.t. rétti til hagnýtingar jarðhitaorku til raforkuframleiðslu allt að 70 MW. Fram til ársins 1997 var einungis önnur af tveimur 30 MW vélum virkjunarinnar í rekstri. Boranir eftir aukinni gufu á svæðinu frá 1996 hafa hins vegar gengið vel og frá 1999 hefur virkjunin verið rekin á fullum afköstum, 60 MW.

Stækkun núverandi aflstöðvar um 40 MW krefst borana til gufuöflunar sem nemur um 25 MW auk stækkunar á tveimur borteigum, gufuveitu, rafstöð og tengivirki, byggingu nýs kæliturns og ýmissa tengdra framkvæmda. Áætlað er að bora þurfi 3–6 holur til að afla þeirrar gufu sem enn vantar fyrir stækkunina. Á vinnslutíma virkjunarinnar er síðan gert ráð fyrir að bora þurfi nýja holu á um þriggja ára fresti til að mæta afkastarýrnun hola vegna kælingar og þrýstilækkunar í jarðhitageyminum. Hver hola verður útbúin með hljóðdeyfi og skýli yfir borholutoppi. Leggja þarf safnæð frá nýjum vinnsluholum og bæta við einni háþrýstigufuskilju í skiljustöð, leggja nýja háþrýstiveituæð við hlið eldri æðar, auk þess sem tveimur rakaskiljum verður bætt við í rakaskiljuhúsi. Rafstöð verður stækkuð um eina 40 MW vélasamstæðu og verður byggt við núverandi stöðvarhús til norðurs. Byggður verður nýr 14 m hár kæliturn norðan við þá kæliturna sem fyrir eru. Auk þessa þarf að ráðast í ýmsar smærri framkvæmdir. Áætlað er að orkugeta raforkukerfisins muni aukast um 320 GWst á ári með tilkomu stækkunarinnar.

b) Stækkun um 120 MW.

Í áætlunum um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði hefur Landsvirkjun miðað við orku frá Kröflu og Bjarnarflagi, auk Kárahnjúkavirkjunar. Við úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kárahnjúkavirkjun hefur mikilvægi orkuöflunar frá Kröflusvæðinu enn aukist. Vegna þessa og annarra óvissuþátta telur Landsvirkjun nauðsynlegt að heimilda verði aflað fyrir enn frekari stækkun virkjunarinnar. Hefur fyrirtækið á undanförnum árum staðið fyrir umfangsmiklum yfirborðsathugunum á jarðhita á öllu Kröflusvæðinu. Rannsóknir þessar hafa leitt í ljós fjögur ný vænleg jarðhitasvæði.

Lítið er farið að huga að staðsetningu virkjunarinnar enda ræðst hún af árangri borana og mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ný 120 MW aflstöð við Kröflu verður í grundvallaratriðum svipuð öðrum jarðgufuvirkjunum landsins. Meginþættir hennar eru borholur, gufuveita, gufuskiljur, aflstöð, tengivirki og kæliturnar. Á þessu stigi er miðað við að í virkjuninni verði tvær til fjórar vélasamstæður.

Gert er ráð fyrir að afla megi gufu fyrir 120 MW jarðgufuvirkjun á svokölluðu vestursvæði en hugsanlegt er einnig að gufu til slíkrar virkjunar þurfi að hluta til að afla á suðursvæði. Áætlað er að orkugeta raforkukerfisins muni aukast um 960 GWst á ári með tilkomu 120 MW stækkunar.

c) Skipulag.

Aðalskipulag fyrir Skútustaðahrepp 1996–2015 var staðfest 1997. Þar segir m.a. að meginmarkmið í atvinnumálum sé að auka nýtingu jarðhita í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi orkuvinnslu við Kröflu. Kröflusvæðið er skilgreint sem „afréttur/óbyggð svæði“, en afmarkað sem jarðhitaréttindasvæði samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar.

Um Skútustaðahrepp gilda lög nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Svæðið er á náttúruminjaskrá.

d) Jarðhitaréttindi.

Með samningum dags. 18. og 25. mars 1971 tryggði ríkissjóður Íslands sér umráða- og ráðstöfunarrétt jarðhita á nánar afmörkuðu svæði í landi jarðanna Reykjahlíðar og Voga í Skútustaðahreppi. Með samningi dags. 26. júlí 1986 keypti Landsvirkjun Krófluvirkjun ásamt ýmsum réttindum á Kröflusvæðinu, þ.m.t. rétti til hagnýtingar jarðhitaorku til raforkuframleiðslu allt að 70 MW. Áður en af stækkun Krófluvirkjunar verður er nauðsynlegt að semja um aukinn rétt til hagnýtingar jarðhitaorku til raforkuframleiðslu á svæðinu.

5. Flutningslínur.

Tvær 420 kV háspennulínur, hvor um sig um 53 km á lengd, munu flytja raforkuna frá tengivirki í Fljótsdal til álverksmiðjunnar. Með úrskurði dags. 27. maí 2000 féllst skipulagsstjóri á fyrirhugaða lagningu línanna með nokkrum skilyrðum. Úrskurðurinn var kærður til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurð skipulagsstjóra 23. nóvember 2000 með einu viðbótarskilyrði.

Línurnar munu liggja frá tengivirki í Fljótsdal þvert fyrir Múlann, út Fljótsdal að austanverðu, þaðan upp Víðivallaháls, Hallormsstaðaháls og austur í Skriðdal. Úr Skriðdal liggja línurnar hvor sína leið um Hallsteinsdal annars vegar og Þórudal hins vegar þar til þær koma saman í Áreyjardal í Reyðarfirði. Línurnar þvera botn fjarðarins og liggja ofan byggðar að iðnaðarlóð álverksmiðju að Hrauni.

Vegna síðari áfanga Kárahnjúkavirkjunar verður nauðsynlegt að stækka 245 kV tengivirki í Fljótsdal. Ef Bjarnarflagsvirkjun verður reist eða Krófluvirkjun stækkuð þarf að byggja nýja 245 kV háspennulínu (Kröflulínu 3) frá 245 kV tengivirki sem byggt yrði við Kröflu, væntanlega í Hlíðardal. Línan verður um 121 km á lengd. Gert er ráð fyrir að línan muni að mestu liggja samhliða núverandi Kröflulínu 2. Unnið er að gerð matsáætlunar fyrir línuna í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Við fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar er ráðgert að legu 145 kV Kröflulínu 2 (byggðalínu) verði breytt á Fljótsdalsheiði og hún strengd niður Teigsbjarg og tengd við tengivirki sem þar verður. Þaðan verður lagður 145 kV jarðstrengur yfir Fljótsdal og hann tengdur Kröflulínu 2 aftur við Brattagerði.

6. Áhrif framkvæmda á þjóðarhag og byggðaþróun.

Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins metið þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði og tengdra virkjanaframkvæmda. Í skýrslu stofnunarinnar, sem er fylgiskjal IV með frumvarpi þessu, kemur fram að áhrifin verða veruleg. Horfur eru á að landsframleiðsla verði að meðaltali rúmlega 2% hærri og þjóðarframleiðsla 1,5% hærri á framkvæmdatíma en annars hefði orðið. Landsframleiðsla gæti orðið 1,5% hærri til lengdar en annars og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri. Mikið umfang framkvæmda á árunum 2004–2006 og snöggur samdráttur þeirra á árunum 2007 og 2008 gerir töluverðar kröfur til

hagstjórnar. Hugsanlegt er að án mótvægisaðgerða fari verðbólga yfir þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka á þessu tímabili. Jafnframt er hætta á umskiptum í þjóðarbúskapnum vegna samdráttar framkvæmda 2007 og 2008. Horfur eru á að viðskiptahalli aukist nokkuð á framkvæmdatíma vegna innfluttra fjárfestingarvara og aukinnar eftirspurnar í þjóðarbúskapnum. Eftir að framkvæmdum lýkur og álverið hefur náð fullum afköstum má búast við að áhrif á viðskiptajöfnuð verði jákvæð, en miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Nánar er gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum í fylgiskjali III.

Bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Austurlandi hefur mikil samfélagsleg áhrif. Gert er ráð fyrir að ársverk verði um 820 á því ári sem framkvæmdir standa hæst við Kárahnjúkavirkjun og alls verði ársverk um 3.400 við byggingu fyrri áfanga virkjunarinnar með tilheyrandi flutningsvirkjum. Varanleg fjölgun starfa á Austurlandi verður að langstærstum hluta vegna álversins þar sem verða til um 610 bein störf auk 400 afleiddra starfa. Nánar er gerð grein fyrir áhrifum verkefnisins á samfélag á Miðausturlandi í fylgiskjali IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er Landsvirkjun heimilað að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal í tveimur áföngum með allt að 750 MW afli og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal.

Í 2. og 3. mgr. er nánari útlistun á fyrri og síðari áfanga virkjunarinnar. Vísast um þetta til almennra athugasemda og greinargerðar Landsvirkjunar í fylgiskjali II.

Í 4. mgr. er kveðið á um að virkjunarleyfið falli úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef Landsvirkjun hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Líta ber svo á að þessi skilyrði séu uppfyllt ef framkvæmdir við fyrri áfangi virkjunarinnar eru hafnar innan tímamarka eða sá áfangi kominn í rekstur. Leyfið fellur því ekki niður þótt framkvæmdir við síðari áfanga virkjunarinnar hefjist ekki innan tímamarka.

Í 7. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, segir að til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þurfi leyfi ráðherra þess er fer með raforkumál. Áður en til framkvæmda kemur þarf Landsvirkjun að leita eftir slíku leyfi.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, segir að Landsvirkjun sé heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að raforkuþörf vegna síðari áfanga álverksmiðjunnar verði m.a. mætt með því að reisa jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi með allt að 40 MW afli svo og stækkun Kröfluvirkjunar. Þá má og gera ráð fyrir að aukinni almennri raforkuþörf á Norðausturlandi verði mætt með stækkun Kröfluvirkjunar. Í greininni er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilað að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjun í allt að 220 MW. Í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að veita slíkt leyfi nema stækkun hafi farið í mat á umhverfisáhrifum. Þá þurfa að liggja fyrir samningar um aukna nýtingu jarðhitaréttinda vegna virkjunarframkvæmdanna. Í almennum athugasemdum og fylgiskjali III er gerð nánari grein fyrir framkvæmdinni.

Um 3. gr.

Í 6. gr. laga um Landsvirkjun er upptalning á þeim virkjunum og heimildum sem fyrirtækið hefur. Í ljósi þessa er lögð til breyting á þeim lögum til samræmis við heimildir sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Umsögn Orkustofnunar um umsókn Landsvirkjunar um heimild fyrir Kárahnjúkavirkjun með allt að 750 MW afli og til stækkunar Kröfluvirkjunar í allt að 220 MW afl.

(Febrúar 2002.)

Með bréfi dags. 28. janúar 2002 óskaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, með vísan til 11. gr. orkulaga nr. 58/1967, eftir umsögn Orkustofnunar um umsókn Landsvirkjunar um heimild til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun við Kárahnjúka, Kárahnjúkavirkjunar, með allt að 750 MW afli ásamt aðalorkuveitum, og til stækkunar gufuaflsvirkjunar við Kröflu, Kröfluvirkjunar, í allt að 220 MW afl ásamt aðalorkuveitum. Eftirfarandi er umsögn Orkustofnunar, en jafnframt vísast til meðfylgjandi greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði með hliðsjón af stækkun álvera á Suðvesturlandi og öðrum orkuþörfum.Lagarammi

Í 11. gr. orkulaga segir: *Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu send ráðherra orkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.*

Auk þessa byggir Orkustofnun umsagnir sínar á 2. gr. laga um stofnunina (nr. 58/1967, með síðari breytingum) en þar segir m.a. að stofnunin skuli annast *yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.* Jafnframt er stuðst við ákvæði laga um raforkuver (nr. 60/1981, með síðari breytingum), sbr. ákvæði í 3. gr.: *Röð framkvæmda við virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í raforkumálum skal ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar og skal þess gætt að orkuöflunin verði með sem hagkvæmustum hætti fyrir þjóðarbúið. Við val á virkjunarkostum skal einnig leitast við að auka öryggi í vinnslu og flutningi á raforku um landið. Áður en iðnaðarráðherra ákveður röð framkvæmda skulu liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og öðrum aðilum sem hann kveður til.*

Þá skal og vísað til 2. gr. laga um Landsvirkjun (nr. 42/1983), en þar segir að tilgangur fyrirtækisins sé m.a.:

1. tl. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsveitna svo og til iðjufyrirtækja skv. sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.

5. tl. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Í 3. gr. laganna um Landsvirkjun kemur fram að orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt enda á Landsvirkjun og rekur stofnlínukerfi sem spannar allt landið og er hún skuldbundin til að afhenda raforku með viðunandi öryggi og eftir þörfum á stöðum sem eru nánar tilgreindar í 3. gr. reglugerðar um Landsvirkjun (nr. 760/1983). Samkvæmt 13. gr. laganna *skal sama gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar.* Með þessum ákvæðum eru Landsvirkjun fengnar skyldur umfram það sem önnur fyrirtæki í skyldum rekstri hafa, sem marka Landsvirkjun vissa sérstöðu.

1. Markmið stjórnvalda um eflingu orkufreks iðnaðar

Fyrir utan almennar skyldur við almenningsveitur, hafa stjórnvöld falið Landsvirkjun að semja um og afla raforku handa stórnotendum og stuðla með því að nýtingu íslenskra náttúruauðlinda til að auka hagsæld þjóðarinnar. Fulltrúar stjórnvalda taka fullan þátt í þessari viðleitni og eiga þátt í setningu samningsmarkmiða og samningsskilmála sem ráða miklu um framkvæmdir á hverjum tíma.

Kárahnjúkavirkjun er liður í þessari viðleitni stjórnvalda en með virkjuninni á að afla meginhluta af raforku til ráðgerðs álvers Reyðaráls í Reyðarfirði. Sem kunnugt er hafa samningsaðilar einsett sér að ljúka samningum í september 2002. Þessi tímamörk takmarka mjög þá kosti sem geta komið til greina til orkuöflunarinnar.

2. Virkjanir fyrir raforkumarkað næsta áratug

Við mat á orkukostum sem til greina koma vegna Reyðaráls verður einnig að huga að öðrum hugsanlegum þörfum á raforku og er það gert í meðfylgjandi greinargerð. Þar er horft áratug fram í tímann eða til ársins 2012 en þá er ráðgert að seinni áfangi Kárahnjúkavirkjunar sé til reiðu. Í greinargerðinni er einnig tekið mið af áformum Norðuráls um stækkun álvers á Grundartanga í Hvalfirði úr 90 þús. tonna ársafköstum í allt að 240 þús. tonna afköst, en starfsleyfi liggur þegar fyrir um stækkun í 180 þús. tonn. Jafnframt er hugað að stækkun álvers Ísal í Straumsvík. Þar nemur framleiðslan nú um 170 þús. tonnum á ári. Starfsleyfi er fyrir stækkun í 200 þús. tonn, en fyrirtækið mun vera að kanna frekari stækkun í allt að 460 þús. tonn. Norðurál hefur einnig viðrað hugmynd um að auka framleiðslu í 300 þús. tonn. Þessar tvær síðastnefndu stækkanir eru þó skemmra á veg komnar en það sem á undan er nefnt og er því horft fram hjá þeim í greinargerðinni. Jafnframt verður að sinna þörfum hins almenna markaðar fyrir raforku á þeim tíma sem framkvæmdir stæðu yfir.

Í 1. töflu greinargerðarinnar kemur fram að á árabilinu 2001 til 2012 yrði samkvæmt framansögðu til ný eftirspurn sem nemur ríflega 9.100 GWh árlegri orkuvinnslu, þar af um 5.800 hjá Reyðaráli, um 2.700 hjá Norðuráli, og hjá Ísal, og 630 á hinum almenna markaði. Í lok tímabilsins þyrftu afköst raforkukerfisins því að vera orðin um 17.500 GWh/a. Til samanburðar má geta þess að lengi hefur verið gengið út frá því að framleiða megi 50 TWh/a af raforku; 30 með vatnsafli og 20 með jarðgufu (1 TWh=1.000 GWh). Áformin fram til 2012 svara því til ríflega þriðjungs af orkugetunni.

Tímasetning umræddra álversframkvæmda svo og sjónarmið um nægilega hagkvæma orku setja því skorður hvaða virkjanir geta komið til álita til að fullnægja fyrrgreindri orkuþörf. Ekki hvað síst á þetta við um Reyðarál. Óvissa um orkuverð frá vatnsorkuverum sem eru á frumstigi áætlana, eða frá háhitasvæðum þar sem ekki eru enn hafnar tilrauna- eða vinnsluboranir, takmarka því mjög þá kosti sem koma til greina á fyrri helmingi áratugarins,

en allir þeir kostir sem Orkustofnun telur mögulegt að nýta í þessu skyni eru taldir upp í 2. töflu greinargerðarinnar, og er þá miðað við að orkufyrirtækin einhentu sér í undirbúning þeirra alveg á næstunni.

Í 3. töflu greinargerðarinnar er stillt upp tveimur virkjunarleiðum til að afla orku í samræmi við eftirspurn skv. 1. töflu. Í leið 1 er ein meginuppistaðan sú virkjun við Kárahnjúka sem hér er til umræðu, þ.e. sameinuð virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal, Kárahnjúkavirkjun. Í hinni leiðinni, leið 2, er til samanburðar reynt að sneiða hjá þeirri virkjun. Þá þyrfti að virkja Fljótsdalsvirkjun með miðlunarlóni á Eyjabökkum og leggja nýjar meiriháttar flutningslínur yfir hálendið. Hætt er við að jafnframt þyrfti að breyta áfangaskiptingu álversins til fyrra horfs, þ.e. að byrja með lítinn áfanga. Miðað við forsögu málsins yrði slík vending til að setja málefni Reyðaráls og virkjana á Austurlandi í uppnám. Það mælir einnig á móti leið 2 að þar yrði að treysta á kosti sem eru of skammt komnir í undirbúningi til að nú væri unnt að meta arðsemi af orkusölu frá þeim af einhverri skynsemi. Þetta á t.d. við um Skatastaðavirkjun í Skagafirði og mörg háhitasvæði þar sem ekki er enn byrjað að bora vinnsluholur.

Af ofangreindum sökum er það mat Orkustofnunar að miðað við það samningsumhverfi sem verkefninu hefur verið skapað komi ekki önnur virkjunarleið til greina en leið 1, þ.e. með Kárahnjúkavirkjun. Þeirri virkjun til viðbótar þarf um 1.000 GWh/a frá nýjum virkjunum á Norðaustur- eða Austurlandi, og koma þá ekki aðrar virkjanir til álita en jarðgufustöðvar, sjá síðar.

3. Um fyrirkomulag Kárahnjúkavirkjunar

Orkustofnun hefur frá upphafi ýmist mótað tillögur að nýtingu vatnsorku á vatnasvæðinu norðan Vatnajökuls eða tekið þátt í þeim athugunum sem hafa legið til grundvallar tillögum að virkjunarleiðum. Orkustofnun hefur og fylgst náið með framvindu þeirra hugmynda sem kynntar eru í greinargerð Landsvirkjunar með frumvarpinu. Í sambandi við þessa umsögn hefur sérstaklega verið farið yfir áform Landsvirkjunar um tilhögun Kárahnjúkavirkjunar með fulltrúum fyrirtækisins.

Eins og fram kemur hér á undan er það niðurstaða Orkustofnunar að ekki verði sneitt hjá Jökulsá á Dal eigi að afla hagkvæmrar orku fyrir álverið í Reyðarfirði. Grundvallaratriði þeirrar virkjunartilhögunar sem hér er til umræðu er að gera þetta með því að virkja jökulsárnar tvær, þá á Dal og þá í Fljótsdal, í einni virkjun og með einu meginlóni. Hin leiðin sem áður var fyrirhuguð var að virkja þær á aðskilinn hátt. Að mati Orkustofnunar er líklegra að um sameinuðu virkjunina náist meiri samstaða en um hina. Þetta er jafnframt sú lausn sem mælt var með í svæðisskipulagi Miðhálendisins.

Það fyrirkomulag Kárahnjúkavirkjunar sem hér er til umræðu er því sameinuð virkjun og í þeirri gerð sem Landsvirkjun ráðgerir að felldum úrskurði umhverfisráðherra 20. des. sl. Ein meginbreytingin frá því fyrirkomulagi sem lagt var fyrir Skipulagsstofnun felst í því að horfið er frá nokkrum veitum sem ráðgerðar voru í síðari áfanga virkjunarinnar.

Orkustofnun hefur ávallt lagt áherslu á að þau vatnsföll og vatnasvæði sem eru tekin til virkjunar séu sem best nýtt áður en farið er inn á ný vatnasvæði. Af þeim sökum þykir stofnuninni eftirsjá í þeim veitum sem horfið er frá. Þar er að dómi Orkustofnunar einkum tvennt sem þarf að hafa í huga. Annars vegar að hin mikla fallhæð gefur mikla orku, eða um 40 GWh/a fyrir hvern rúmmetra vatns á sekúndu og hins vegar að þessar veitur eru liður í því að ná bærilega hagkvæmri virkjun og draga úr því sem tapast af vatnsorku við það að falla frá sérstakri Fljótsdalsvirkjun með Eyjabakkamiðlun. Veiturnar gefa þá orku sem fram kemur í fyrri dálki eftirfarandi töflu skv. matsskýrslu og upplýsingum frá hönnuðum virkjunarinnar.

Orka frá veitum	Tillaga LV GWh/a	Úrskurður umhverfisráðherra GWh/a
Bessastaðaá	40	0
Grjótárveita	34	0
Hölknárveita	29	0
Laugarárveita	24	0
Hafursárveita	8	0
Hraunaveita	360	285
Samtals	495	285

Orkugildi þessara veitna má setja í samhengi við að orkuvinnslugeta Lagarfossvirkjunar og Mjólkárvirkjunar er um 50 GWh/a, hvor um sig, Skeiðsfossvirkjunar 20, Grímsárvirkjunar 18 og Vatnsfellsvirkjunar um 400 GWh/a. Hver af minni veitunum gefur orku á við hinar stærri meðal smávirkjana landsins. Hraunaveita ein skilar litlu minni orku en Vatnsfellsvirkjun eða Sogsvirkjanir. Þær breytingar sem yfirleitt eru samfara þessum veitum eru nokkuð annars eðlis en þær sem taldar eru valda mestu um umhverfisáhrif vatnsaflsvirkjana. Í veitunum mun rennsli taka náttúrulegum breytingum í samræmi við árstíðir og veðurfar og farvegir munu að mestu taka á sig náttúrulegan svip fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur. Undantekningar eru stífla og veituskurður í Grjótárveitu og veituskurður í Hafursárveitu, og vafalítið hefði mátt breyta tilhögun veitu úr Bessastaðaá til að minnka umhverfisáhrif hennar.

Umhverfisráðherra úrskurðaði að fallið skyldi frá þessum veitum nema Hraunaveitu, sem var þó minnkuð talsvert, sbr. seinni talnadálk töflunnar.

Önnur meginbreytingin sem fólst í úrskurði umhverfisráðherra var að fallið skyldi frá því að leiða yfirfall úr Hálslóni yfir í Desjarárdal en í þess stað yrði yfirfallið látið fara beint yfir eða undir stífluvegginn. Orkustofnun hefur kynnt sér lausn Landsvirkjunar í þessa veru; rennu og göng og síðan foss niður í Hafrahvammagljúfur. Kemur þá í ljós að nauðsynlegt er af jarðfræðilegum ástæðum að færa stífluna nokkru neðar en í fyrri tilhögun. Að auki er þessi tilhögun öll nokkru dýrari. Orkustofnun hefur ekki aðstöðu til að benda á annað fyrirkomulag innan þess ramma sem felst í ákvörðun umhverfisráðherra en það sem Landsvirkjun leggur nú til.

4. Um kostnaðar- og rekstraráætlun Kárahnjúkavirkjunar

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun *mega [samningar um orkusölu til stóriðju] ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið*. Með hliðsjón af þessu og í samræmi við ákvæði 11. gr. orkulaga hefur Orkustofnun kynnt sér útreikninga Landsvirkjunar á kostnaði við ráðgerða Kárahnjúkavirkjun og rekstraráætlun hennar.

Kárahnjúkavirkjun er sérstök virkjun hérlendis að því leytinu að hún er alfarið reist til að afla orku til eins stórkaupanda. Í samræmi við framgreint lagaákvæði verður því markmiðið með orkusölunni að vera það eitt að viðhalda og helst bæta hag fyrirtækisins.

Öllum slíkum verkefnum fylgir áhætta. Því er mikilvægt að aðferðfræði við hagkvæmnismatið taki tillit til áhættuþátta og hugsanlegra breytinga á forsendum um leið og mat sé lagt á líkindi allra breytinga. Af þessum sökum hefur Orkustofnun kynnt sér sérstaklega hvernig Landsvirkjun stendur að verki í þeim efnum. Stofnunin telur aðferðafræðina vandaða og ítarlega og því séu allar forsendur fyrir hendi til þess að niðurstaða Landsvirkjunar um það hvort í verkefnið skuli ráðist byggi á traustum grunni og þar með að sú ákvörðun verði í fullu

samræmi við tilvitnað lagákvæði. Að öðru leyti telur Orkustofnun það ekki sitt hlutverk að meta arðsemi þessa verkefnis fyrir fyrirtækið.

5. Kárahnjúkavirkjun og Rammaáætlun

Orkustofnun bendir á að þegar Rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma verður til lykta leidd mun niðurstaða hennar fela í sér flokkun virkjunarkosta sem bæði tekur tillit til hagkvæmni svo og annarra þátta svo sem náttúruverndar og byggðasjónarmiða. Þess hefur verið óskað að fjallað verði um Kárahnjúkavirkjun í Rammaáætluninni. Í því skyni verður áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar borið saman við svæði vatnsaflsvirkjana með miðlunarlón ofan hálendisbrúnar og einnig við samfellt gróðurlendi á miðhálendinu þótt þar verði engar virkjanir, allt til þess að breikka þekkingar- og samanburðargrunninn. Það sem þó mun valda mestri óvissu í vinnu Rammaáætlunar er að erfitt er að bera saman virkjanir af ólíkri stærð, en það þarf 10 Búðarhálsvirkjanir eða 4 Fljótsdals- eða Skatastaðavirkjanir (í A-Jökulsá í Skagafirði) til að framleiða sömu orku og Kárahnjúkavirkjun skilar (í báðum áföngum hennar). Orkustofnun telur að ekki sé hægt að meta Kárahnjúkavirkjun nema setja hana í þetta stærðarsamhengi.

6. Nýting orkukosta norðan Vatnajökuls

Eins og fyrr segir leggur Orkustofnun áherslu á að þau vatnsföll og vatnasvæði sem eru tekin til virkjunar séu sem best nýtt. Í samræmi við það skal nú íhugað hvernig ráðgerð Kárahnjúkavirkjun fellur inn heildarmynd af nýtingu orkukosta jökulvatnanna norðan Vatnajökuls.

Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um virkjanir norðaustan Vatnajökuls og var farið ítarlega yfir þær á árunum 1991–1994. Fyrsti áfangi þeirrar vinnu var lagður fram í skýrslu Samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO); *Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tillagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun)*, sem kom út 1993. Á grundvelli þeirrar vinnu var gerð tillaga að virkjanaleiðum í yfirliti iðnaðarráðuneytisins frá 1994, *Virkjanir norðan Vatnajökuls, upplýsingar til undirbúnings stefnumótun.* Í yfirlitinu var ekki fjallað um Fljótsdalsvirkjun enda hafði þá nýlega verið gefið leyfi fyrir henni, og jafnframt er engin afstaða tekin til svonefndrar Hraunavirkjunar. Þess má geta að í þessu yfirliti var fyrst minnst á þann möguleika að sameina virkjun í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti sem nú er gert ráð fyrir.

Með Kárahnjúkavirkjun eins og hún er hér áformuð, þ.e. að slá saman Fljótsdalsvirkjun og Kárahnjúkavirkjun í eina virkjun, breytast forsendur um frekari virkjun afrennslis af Hraunum að öðru leyti en því sem felst í þeirri Hraunaveitu sem er í seinni áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Í eftirfarandi yfirliti er því borin saman annars vegar sú hámarksorka sem ætlað var að ná með fyrri áformum (sbr. fyrrgreind yfirlit frá 1994) við það sem nú virðist virkjanlegt að gefinni hinni áformuðu Kárahnjúkavirkjun að teknu tilliti til úrskurðar umhverfisráðherra.

Samanburður á heildarorkugetu virkjana norðan Vatnajökuls samkvæmt fyrirliggjandi áformum um Kárahnjúkavirkjun miðað við fyrri áætlanir

Virkjun	Fyrri áætlanir (GWh/a)	Ný virkjunarleið (GWh/a)
Fljótsdalsvirkjun	1.300	-
Kárahnúkavirkjun	3.500	4.700
Arnardals og Brúarvirkjun [1]	4.000	4.000
Hraunavirkjun [2]	1.500	-
Lagarfossvirkjun II	200	200
Samtals:	10.500	8.900

1. *Þessi áætlun um orkugetu byggist á því að hægt verði að ná sátt um rennsli Dettifoss. Orkustofnun hefur sett fram hugmynd um að veita auknu sumarvatni til Jökulsár á Fjöllum í því skyni. Það rennsli væri samkvæmt þeim áætlunum fengið með veitu frá Kringilsá til Kverkár á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum. Eftir að Kárahnjúkavirkjun sú sem hér er til umræðu væri risin, mætti ná þessu sama með því að veita meira vatni af Hraunum til þeirrar virkjunar til mótvægis við veitu frá Kringilsá.*
2. *Virkjun sem Orkustofnun lét kanna og nýtti hluta af afrennsli Kelduár og veitur frá ám sem renna til Berufjarðar, Hamarsfjarðar og Álftafjarðar auk efstu draga Geitdalsár í Skriðdal. Þessi virkjun byggði á því að hægt væri að nýta miðlunarlón á Eyjabökkum, vegna þess hve aðstæður til miðlunar eru takmarkaðar á Hraunum. Þessi virkjunarhugmynd á ekki lengur við þegar síðari áfangi Kárahnjúkavirkjunar væri orðinn að veruleika.*

Eins og fram kemur í athugasemdum með töflunni hér á undan, er óvissa um hve mikið yrði hægt að nýta af vatnsorku í vatnsföllum á þessu svæði. Þar skiptir máli hvort, hvernig og hvenær Jökulsá á Fjöllum yrði virkjuð. Orkustofnun telur að sú virkjun við Kárahnjúka, sem nú er ráðgerð, muni varla ríða baggamuninn varðandi það atriði, en hún mun þó hafa áhrif á niðurstöðuna.

Í heildina telur Orkustofnun að sú málamiðlun sem gerð er með fyrirliggjandi áformum um Kárahnjúkavirkjun rýri heildarorkugetu vatnsfallanna um allt að 1.600 GWh/a, en það veltur þó á því hvernig megi nýta vatn af Hraunum.

7. Nýting landkosta og orkulinda norðan Vatnajökuls

Þótt það sé ekki í verkahring Orkustofnunar að fjalla um friðlönd eða þjóðgarða, þá er eðlilegt að hún hafi skoðun á því hver yrðu hugsanleg áhrif ákvarðana í þeim efnum á nýtingu orkulinda. Eins og sjá má á samanburðartöflunni hér á undan spanna vatnsorkukostir á Austur- og Norðausturlandi allt svæðið frá suðurfjörðum Austfjarða til Jökulsár á Fjöllum. Þar vestur af taka við nokkur öflug háhitasvæði, Kverkfjöll, Askja, Hrúthálsar, Fremri námar og Vonarskarð. Í suðri eru Kverkfjöll sem eru þó þannig í sveit sett að þar verður seint virkjað.

En á öllu þessu svæði og í grennd við það er rúm fyrir friðlönd og þjóðgarða af ýmsu tagi. Verði Kárahnjúkavirkjun með stóru Hálslóni að veruleika er ekki lengur þörf á að miðla vatni á Eyjabökkum. Þar með væru tök á því að festa í sessi hugmynd um Snæfellsfriðland (eða þjóðgarð) sem tengist eðlilega við friðland á Lónsöræfum. Hálslón og áhrifasvæði þess afmarkar þetta svæði til vesturs. Vestan áhrifasvæðis Hálslóns tekur við gríðarmikið svæði sem einnig er til umfjöllunar sem friðland. Kverkfjöll og Kverkfjallarani eru eðlileg miðja þess friðlands. Austan þess eru Kringilsárrani og Sauðárdrög og e.t.v. Laugavalladalur, sem

hefur verið nefndur sem staður fyrir þjónustumiðstöð. Að vestan eru Askja, Dyngjufjöll, Herðubreiðarlindir og Grafarlönd og enn vestar Sprengisandur með Gæsavötn og Urðarháls, og loks Vonarskarð. Háhitasvæðið við Öskju kann að þurfa að nýta í fjarlægri framtíð til raforkuframleiðslu og líklega verða Hrúthálsar og Vonarskarð aftarlega í röð háhitavirkjana. Gera má ráð fyrir að á þessu landsvæði verði fyrr gripið til annarra svæða nærri byggð, svo sem Fremri náma og til háhitasvæðisins í Köldukvíslarbotnum.

Orkustofnun bendir á að hugmynd um virkjun Jökulsár á Fjöllum samkvæmt þeirri virkjunarleið sem varð ofan á við endurskoðun virkjunarhugmynda 1994 gerir ráð fyrir veitu úr ánni nyrst í Krepputungu og mun sú tilhögun ekki raska alvarlega áðurnefndu friðlandi. Þá hefur Orkustofnun kannað virkjun Skjálfandafljóts og í þeim áætlunum var m.a. athugað hvort akkur væri í að veita Rjúpnabrekkukvísl til miðlunar norðan í Vonarskarði, en svo reyndist ekki vera.

Niðurstaðan er þá sú að allvíðlent friðland norðan Vatnajökuls muni ekki í nálægri framtíð rekast á við orkuvinnsluhagsmuni.

8. Kröfluvirkjun

Auk heimildar til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun sækir Landsvirkjun um heimild til að auka raforkuvinnslu á Kröflusvæði í allt að 220 MW, sem er 160 MW umfram þau 60 MW sem leyfi er fyrir nú þegar. Þessi 60 MW eru þegar virkjuð í 1. og 2. áfanga Kröfluvirkjunar. Landsvirkjun hefur að mestu lokið undirbúningi að stækkun um 40 MW (3. áfanga). M.a. hefur hún lokið við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Viðbót umfram það, þ.e. 120 MW, er hér auðkennd sem 4.–6. áfangi Kröfluvirkjunar. Þessa orku hyggst Landsvirkjun sækja til nýrra vinnslusvæða, vestan og sunnan núverandi vinnslusvæðis, og hefur fyrirtækið þegar hafið undirbúning þess með skýrslu um mat á umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum tilraunaborholum.

Eins og fyrr segir kalla báðir áfangar álvers Reyðaráls á um 5.800 GWh/a raforku, en orkugeta beggja áfanga Kárahnjúkavirkjunar er um 4.700 GWh/a, og að teknu tilliti til umframorkugetu raforkukerfisins á landssvæðinu mun þurfa um 1.000 GWh/a af viðbótarorku, sem verður að koma frá virkjunum á Norðaustur- og Austurlandi vegna takmarkana á flutningsgetu frá öðrum orkuvinnslusvæðum (sbr. 4. kafla meðf. greinargerðar).

Þær virkjanir sem til greina koma að mati Orkustofnunar eru jarðgufustöðvar við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki. Þar er þá fyrst til að taka 40 MW stækkun núverandi Kröflustöðvar (3. áfangi). Landsvirkjun vinnur að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna nýrrar virkjunar í Bjarnarflagi, þar sem stefnt er að 40 MW í fyrsta áfanga. Orkuöflun vegna þeirrar virkjunar er nú þegar að mestu tryggð. Fyrirtækið Þeistareykir ehf. hefur unnið að undirbúningi að tilraunaborunum við Þeistareyki, en enn hefur ekki verið ákveðið hvenær ráðist verður í sjálfar boranirnar. Í 3. töflu meðf. greinargerðar er dæminu stillt þannig upp að eftirfarandi virkjunaráfangar gætu séð álveri Reyðaráls fyrir þeirri orku sem ekki fæst með Kárahnjúkavirkjun:

1. Kröfluvirkjun, 3. áfangi	40 MW	ár 2005	320 GWh/a
2. Bjarnarflagsv., 1. áfangi	40 MW	ár 2005	320 GWh/a
3. Kröfluvirkjun, 4. áfangi	40 MW	ár 2007	320 GWh/a
4. Þeistareykjav., 1. áfangi	30 MW	ár 2008	240 GWh/a

Þessir virkjunaráfangar eru settir fram sem hugsanleg úrræði til að afla tilskilinnar viðbótarorku. Á þessu stigi er engan veginn unnt að fullyrða að bæði virkjun í Bjarnarflagi

og á þeistareykjum yrðu tiltækar eða þær hentugustu þegar til kastanna kæmi. Því gæti allt eins verið þörf á enn frekari áföngum virkjunar við Kröflu.

9. Rannsóknarkostnaður

Í 1. mgr., 6. gr. laga um Orkusjóð nr. 49/1999 segir svo: *Ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skal framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þennan kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa.* Hliðstætt ákvæði hafði áður verið í orkulögum.

Á árunum 1997 til 1998 var tekið saman yfirlit yfir kostnað Orkustofnunar af rannsóknum á vatnsorku allt frá árinu 1966. Það ár var valið sem byrjunarár m.a. vegna þess að fram til þess tíma höfðu rannsóknir Orkustofnunar einkum beinst að Hvítár og Þjórsársvæðinu, og töldust þær rannsóknir uppgerðar í tengslum við uppgjör vegna Búrfellsvirkjunar.

Heildarkostnaður Orkustofnunar af rannsóknum vegna virkjunar Jökulsár á Dal allt frá árunum 1966–1996 nam samkvæmt þessu yfirliti um 260 millj. kr. á verðlagi í janúar 2002 (m.v. byggingavísitölu). En frá árinu 1997 hefur Landsvirkjun að mestu staðið undir rannsóknarkostnaðinum. Kostnaður Orkustofnunar fólst í gerð nákvæmra landslagskorta, vatnamælingum, aurburðarrannsóknum, jarðfræðikortlagningu, verkfræðiáætlunum, m.a. umfangsmikilli mynsturáætlun, og í umhverfisrannsóknum, ekki hvað síst umfangsmiklum athugunum á hreindýrum. Orkustofnun hefur rekið tvo vatnshæðarmæla í Jökulsá á Dal um langt árabil og rekur enn mæli við Hjarðarhaga, en Landsvirkjun yfirtók rekstur mælis við Brú 1997. Heildarkostnaður Orkustofnunar vegna virkjunar Jökulsár á Dal nemur til ársloka 2001 alls um 270 millj. kr.

Heildarfjárútlát á vegum Orkustofnunar vegna Fljótsdalsvirkjunar fram til 1996 námu 1150 millj. kr. á verðlagi í janúar 2002. Uppgjör vegna verksins á árinu 1982 skuldfært á Landsvirkjun nam á sama verðlagi nær 540 millj. kr. Mismunur er því ríflega 600 millj. kr. og skýrist hann að mestum hluta af vatnamælingum og tengdum rannsóknum. Af þessum mismun nemur kostnaður af vatnamælingum, aurburðarmælingum og hitamælingum í Lagarfljóti a.m.k. 100 millj. kr.

Tilhögun þeirrar Kárahnjúkavirkjunar sem um ræðir gerir ráð fyrir veitum frá Jökulsá í Fljótsdal og frá Kelduá. Vatnamælingar í þessum vatnsföllum nýtast því nú að fullu. Í fyrrgreindu uppgjöri var kostnaðar við slíkar mælingar undanskilinn. Að mati Orkustofnunar eru hæpin rök fyrir því enda er hér um að ræða grundvallarupplýsingar fyrir alla áætlanagerð um virkjun vatnsafls. Engin reisir stóra virkjun án langra mældra tímaraða fyrir vatnsrennsli.

Samanlagt má því ætla að útlagður rannsóknarkostnaður Orkustofnun vegna virkjunaráforma á vatnasviðum jökulsánna í Fljótsdal og á Dal nemi um 870 millj. kr. á verðlagi í janúar sl. Hefur þá verið tekið tillit til greiðslna samkvæmt uppgjöri við Landsvirkjun á árinu 1982, en ekki til þess hvort og í hvaða mæli rannsóknirnar nýtast nú.

Niðurstöður:

- Orkustofnun telur að vandað hafi verið til útfærslu Kárahnjúkavirkjunar í hvívetna, og að í þeim efnum hafi víða verið gengið svo langt til móts við umhverfissjónarmið sem ætlast megi til án þess að stofna hagkvæmni verkefnisins í hættu.
- Þá telur stofnunin að aðferðafræðilegar forsendur séu til þess að með byggingu og rekstri Kárahnjúkavirkjunar sé það sjónarmið í heiðri haft að sala á orku frá virkjuninni til Reyðaráls muni „ekki [...] valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið“, eins og segir í 3. mgr. 13. gr. laga um Landsvirkjun.

- Sú tilhögun á Kárahnjúkavirkjun sem hér er til umræðu – að beisla í einni virkjun jökulsárnar á Dal og í Fljótsdal – er í samræmi við ábendingar í Svæðisskipulagi miðhálendisins. Að mati Orkustofnunar rýrir þessi tilhögun talsvert þá orku sem hefur verið talið að afla mætti úr vötnunum norðan Vatnajökuls, eða um 1.600 GWh/a.
- Bent er á að hugsanlegt víðlent friðland norðan Vatnajökuls muni ekki í nálægri framtíð rekast á við orkuvinnsluhagsmuni.
- Að öllu samanlögðu telur Orkustofnun ekki eftir neinu að bíða með að veita Landsvirkjun, með lögum, heimild til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun.
- Ljóst er að Kárahnjúkavirkjun ein dugar ekki fyrir báðum áföngum álvers Reyðaráls. Þar skortir um 1.000 GWh/a sem vart geta komið annars staðar en frá jarðgufuvirkjunum á Norðausturlandi sem svara til ríflega 120 MW virkjana. Í ljósi þess telur Orkustofnun rétt að Alþingi heimili iðnaðarráðherra að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Kröfluvirkjunar í allt að 220 MW. Ráðherra gæti síðan veitt leyfi fyrir einstökum virkjunarþrepum allt eftir þörf fyrir orkuna og að því tilskyldu að hún sé hagkvæm miðað við aðra kosti sem þá kunna að vera í boði.
- Óuppgerður rannsóknakostnaður Orkustofnunar vegna virkjunaráforma á vatnasviðum Jökulsánna á Dal er talinn nema um 270 millj. kr. á verðlagi í janúar sl. Að auki hefur kostnaður vegna vatnamælinga og aurburðarrannsókna vegna Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóts ekki verið gerður upp, en hann nemur verulegum fjárhæðum.

Greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði með hliðsjón af stækkun álvera á Suðvesturlandi og öðrum orkuþörfum.
(Febrúar 2002.)

1. Inngangur

Greinargerð þessi fjallar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði í samhengi við aðrar fyrirsjáanlegar eða líklegar orkuþarfir. Áformuð er bygging álvers í Reyðarfirði, á vegum Reyðaráls, í tveimur áföngum. Stefnt er að því að fyrri áfangi þess, með 260 þús. tonna framleiðslugetu á ári, taki til starfa á árinu 2008, og seinni áfanginn (130 þús. tonn) eigi síðar en á árinu 2012. Í umfjöllun sinni um orkuöflunarkosti vegna álvers Reyðaráls hefur Orkustofnun lagt áherslu á að ekki sé hægt að líta á þarfir Reyðaráls sem einangrað viðfangsefni, heldur verði að líta á þær í samhengi við aðrar orkuþarfir innan þess tímabils sem um ræðir.

Greinargerðinni er ætlað að lýsa orkuþörfunum og þeim orkukostum sem eru tiltækir. Sjónum er einkum beint að Kárahnjúkavirkjun í því sambandi. En þar sem fyrir liggur að taka eigi ákvörðun um hvort í þá virkjun skuli ráðist eða ekki fjallar greinargerðin einnig um það hvort aðrir kostir séu tiltækir til að sinna umræddum þörfum.

2. Orkuspá og þarfir ráðgerðs orkufreks iðnaðar

Raforkunotkun á Íslandi nam í árslok 2001 um 8.400 GWh/a (gígavattstundir á ári, en 1 GWh jafngildir 1 milljón kílóvattstunda) og er þá miðað við forgangsorku og ótryggða orku auk flutningstapa. Þar sem framkvæmdatími Reyðaráls nær til 2012 miðast eftirfarandi áætlanir við það tímabil, þ.m.t. við orkuþörf hins almenna markaðar en því er spáð að hann vaxi um 630 GWh/a á tímabilinu.

Raforkuþörfin hefur vaxið ört á liðnum árum vegna nýrra verkefna í orkufrekum iðnaði: Stækkunar álvers *Ísals* í Straumsvík og fyrsta áfanga álvers *Norðuráls* á Grundartanga. Síðla

á árinu 1999 hófst rekstur þriðja bræðsluofnsins hjá *Íslenska járnblendifélaginu* og seint á síðasta ári hófst afhending á raforku vegna 30 þús. tn. stækkunar álvers Norðuráls úr 60 þús. tn. í 90 þús. tn. Norðurál ráðgerir frekari 150 þús. tn. stækkun í alls 240 þús. tn. hið minnsta. Þá hefur Ísal leyfi fyrir 30 þús. tn. stækkun í viðbót við þau rúmlega 170 þús. tn. sem afkastagetan er nú. En fyrirtækið hefur gert tillögu að matsáætlun fyrir frekari stækkun í allt að 460 þús. tn. Öll þessi áform um aukningu koma fram í gögnum til undirbúnings mati á umhverfisáhrifum, skýrslum sem þó eru á mismunandi stigum, eins og fram kemur í athugasemdadálki í 1. töflu.

Í töflunni eru umrædd áform um orkuþarfir dregin saman og tilgreint hvenær orkunnar yrði þörf. Vart er þess að vænta að öll þessi áform gangi eftir á tímabilinu, og sum þeirra eru skammt á veg komin eða hafa fyrri áfanga sem forsendur. Af þeim sökum er taflan tvískipt í markað I og markað II og verður í þessari greinargerð í raun aðeins miðað við þarfir þær sem eru dregnar saman fyrir markað I.

1. tafla: **Raforkubúskapur fram til ársins 2012, hugsanleg framvinda**			
Markaður I	*Ár*	*GWh/a*	*Athugasemdir*
Raforkuþörfin í árslok 2001	2001	8.400	
Aukning á almennum markaði 2001-2012	2002-12	630	Spá orkuspárnefndar.
Stækkun um 90 þús. tn. hjá Norðuráli í 180 þús tn.	2005	1.350	Starfsleyfi fyrir hendi.
Stækkun um 60 þús. tn. hjá Norðuráli í 240 þús. tn.	2006	900	Dróg að matsskýrslu.
Stækkun hjá Ísal, 30 þús. tn. í 200 þús. tn.	2005	450	Starfsleyfi fyrir hendi. Framleiðsluskrið, tími óviss.
Álver á Reyðarfirði, 260 þús. tn.	2007	3.850	Ásamt með framleiðslu á kolaskautum.
Stækkun Reyðaráls um 130 þús. tn. í 390 þús. tn.	2012	1.920	Ásamt með framleiðslu á kolaskautum.
Samtals I		*17.500*	
Markaður II			
Stækkun hjá Ísal, 130 þús. tn. í 330 þús. tn.	2005	1.900	Tillaga að matsáætlun.
Stækkun hjá Ísal, 130 þús. tn. í 460 þús. tn.	2010	1.900	Tillaga að matsáætlun. Tímasetning er óviss.
Stækkun um 60 þús. tn. hjá Norðuráli í 300 þús. tn.	2012	900	Dróg að matsskýrslu. Framleiðsluskrið, tími óviss.
Samtals II		*4.700*	
Samtals I+II		*22.200*	

3. Yfirlit yfir virkjunarkosti

Í 2. töflu eru taldar upp hugsanlegar nýjar virkjanir frá og með ársbyrjun 2002, bæði þær sem hafa verið ákveðnar og þær sem taldar eru líklegar miðað við þá sýn á raforkuþörf sem lýst er í efri hluta 1. töflu. Í töflunni eru jöfnum höndum virkjanir sem taldar eru henta framkvæmdum á Suðvesturlandi og álveri í Reyðarfirði. Taldar eru upp þær virkjanir eða virkjunarsvæði sem lengst eru komnar í undirbúningi og metið hvenær þær gætu orðið tilbúnar til raforkuframleiðslu.

2. tafla: **Virkjanir sem talið er að gætu tekið til starfa fyrir árið 2012, ef ákvörðun yrði tekin um að hefja nauðsynlegan undirbúning á fyrsta ársfjórðungi árið 2002. Raðað er eftir mögulegum fyrsta gangsetningartíma.**

	Afl	*Orku-geta*	*Upp-söfnuð orkugeta*	*Undir-búnings-stig*	*Undir-búnings-tími*	*Fram-kvæmda-tími*	*Undirb. og framkv.*	*Möguleg gang-setning*	*Kostn-aðar-flokkun*
	MW	GWh/a	GWh/a		Mán.	Mán.	Mán.	Ár	
Raforkukerfið í árslok 2001		8.600	8.600						
Laxá, stækkun	6	40	8.640	Vh	12	8	20	2004	I
Krafla, 3. áfangi	40	320	8.960	Vh	6	30	36	2005	I
Búðarháls	100	520	9.480	Vh	4	32	36	2005	II
Norðlingaölduveita		760	10.240	Vh	6	30	36	2005	I
Bjarnarflag	40	320	10.560	Vh	12	30	42	2005	I
Reykjanes 1. áfangi	40	320	10.880	Vh	18	24	42	2005	I
Fljótsdalsvirkjun *	210	1.390		Úb	3	42	45	2006	I
Villinganes	34	190	11.070	Vh	12	36	48	2006	II
Skaftárveita	50	450	11.520	Fh	24	24	48	2006	I
Urriðafossvirkjun	115	825	12.345	Fh	12	32	44	2006	I-II
Núps- og Búðafossvirkjun	110	900	13.245	Fh	12	32	44	2006	II
Hellisheiði, 1. áfangi	40	320	13.565	Fa	30	24	54	2006	II
Grændalur, 1. áfangi	40	320	13.885	Fa	36	24	60	2007	II
Krafla, 4. áfangi	40	320	14.205	Fa	36	24	60	2007	I
Kárahnúkavirkjun I	575	3.760	17.965	Vh	6	54	60	2007	I
Kárahnúkavirkjun II	115	910	18.875	Vh	24	36	60	2007	I
Þeistareykir, 1. áfangi	30	240	19.115	Fa	48	24	72	2008	II
Reykjanes 2. áfangi	40	320	19.435	Vh	54	24	78	2008	I
Hólmsá, Skaftártungu	70	440	19.875	Fa	36	36	72	2008	I
Skjálfandafljót	90	620	20.495	Fa	36	36	72	2008	I
Hellisheiði, 2. áfangi	40	320	20.815	Fa	66	24	90	2009	I
Skatastaðav. A-Jök.	180	1.290	22.105	Fa/Fh	36	48	84	2009	II
Markarfljót	105	735	22.840	Fa	48	36	84	2009	II
Grændalur, 2. áfangi	40	320	23.160	Fa	72	24	96	2010	I
Krafla, 5. áfangi	40	320	23.480	Fa	72	24	96	2010	I
Þeistareykir, 2. áfangi	30	240	23.720	Fa	72	24	96	2011	I
Hellisheiði, 3. áfangi	40	320	24.040	Fa	102	24	126	2012	I

** Fljótsdalsvirkjun er hér ekki látin auka uppsafnaða orkugetu, enda kemur orkugetan fram í seinni áfanga Kárahnjúkavirkjunar.*

Undirbúningstími er miðaður við að ákvörðun sé tekin á fyrsta ársfjórðungi árið 2002 um að stefna að virkjun. Með undirbúningi er átt við rannsóknir, leyfisveitingaferil, þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við, gerð útboðsgagna og útboð.

Undirbúningsstigin eru: Fa: Forathugun, Fh: Frumhönnun, Vh: Verkhönnun, Úb: Útboðsstig

Framkvæmdatími er áætlaður verktími á byggingastað. Ár mögulegrar gangsetningar er miðað við 1. rekstrarár virkjunar.

Kostnaðarflokkun:
I. flokkur eru virkjanir með svipað orkuverð eða lægra en Kárahnjúkavirkjun
II. flokkur eru virkjanir með um fjórðungi hærra orkuverð en Kárahnjúkavirkjun

Áætlað er að jarðgufuvirkjanir þar sem eingöngu yrði virkjað til raforkuframleiðslu falli í kostnaðarflokk II. Síðari áfangar þeirra falla mjög líklega í kostnaðarflokk I.

Virkjunarkostunum er í töflunni skipt í tvö kostnaðarflokka, þar sem I. flokkur merkir að orkuverð gæti orðið álíka og orkuverð frá Kárahnjúkavirkjun. En þá er miðað við kostnað við stöðvarvegg, en ekki tekið tillit til kostnaðar við flutning á orkunni sem getur verið afar mismikill. Virkjanir í kostnaðarflokki II eru um fjórðungi dýrari á orkueiningu.

Því eru þröngar skorður settar hvaða virkjanir geta komið til álita til að uppfylla fyrrgreindar þarfir. Bæði verður gangsetning virkjunar að geta orðið innan áætlunartímabilsins og orkuverð að vera viðunandi. Í 2. töflu eru því ekki sýndar aðrar virkjanir en þær sem gætu hugsanlega uppfyllt skilyrði um tíma og verð. Flestar þessar virkjanir eru komnar a.m.k. á frumhönnunarstig, en nokkrar eru enn á forathugunarstigi. Tími mögulegrar gangsetningar miðast við að ákvörðun yrði tekin um virkjun nú á allra næstu mánuðum. Að því leyti er samanburður á tímasetningum í töflum 1 og 2 óraunhæfur þar sem vitaskuld er ekki efni til að taka ákvarðanir um allar framkvæmdir í stóriðju og virkjunum fyrir heilan áratug fram í tímann hér og nú.

Í töflunni eru nokkrir vatnsorkukostir á forathugunarstigi sem Orkustofnun hefur nýlega endurskoðað í tengslum við undirbúning Rammaáætlunar. Þessir kostir eru í Skagafirði, Skjálfandafljóti, Hólmsá, Skaftártungum og Markarfljóti.

Jarðvarmavirkjanir, sem hér um ræðir og enn eru á forathugunarstigi, eru taldar nokkuð öruggir kostir, og ekki á að þurfa að taka nema 1–2 ár að skera úr um að svo sé. Á þessu rannsóknarstigi er þó vissulega óvissa og þar með nokkur áhætta. Áætlað er að það taki að lágmarki 5 ár að undirbúa raforkuframleiðslu á háhitasvæði þar sem engin vinnsla er fyrir. Gert er ráð fyrir að ný svæði séu tekin til vinnslu í hóflegum áföngum og að ekki sé unnt að taka ákvörðun um framhaldsáfanga fyrr en reynsla hefur fengist af viðbrögðum jarðhitasvæðisins við vinnslu.

Í töflunni er miðað við áform um Kárahnjúkavirkjun eins og þau eru að felldum úrskurði umhverfisráðherra.

Virkjun í Jökulsá á Fjöllum yrði að öllum líkindum af stærð sem hentaði fyrirhuguðu álveri á Reyðarfirði, en Orkustofnun telur undirbúning hennar of skammt á veg komin til að hún komi til álita á umræddu tímabili. Þar er því virkjunarkostur sem hér er látinn bíða betri tíma.

Vatnsaflsvirkjanir þær á Suðvesturlandi sem tilgreindar eru í 2. töflu eru allar á Þjórsársvæði eða tengjast því eins og Skaftárveita. Þessar virkjanir geta komið við sögu í tengslum við stækkun núverandi álvera á Suðvesturlandi en vart fyrir álver á Austurlandi.

Augljóst er að margir af þeim kostum sem taldir eru upp í 2. töflu eru á mörkum þess að geta verið tilbúnir til virkjunar í tæka tíð, enda þótt nokkur óvissa sé um hvenær orkunnar yrði þörf. Þetta á ekki aðeins við um margar jarðhitavirkjanirnar heldur einnig um virkjun jökulánna í Skagafirði (Skatastaðavirkjun). Það er jafnframt ljóst að óvissa verður áfram mikil nema virkjunarrannsóknir verði stórefldar.

Samhengi hugsanlegra orkuþarfa og orkugetu er sýnt á eftirfarandi línuriti og eru þá þarfirnar eins og þær birtast í „markaði I“ í 1. töflu en orkugetan er sótt í 2. töflu.



Hér sést að unnt ætti að vera að sjá við öllum orkuþörfunum og það á réttum tíma, en það er þó að þeim forsendum gefnum að engar tafir yrðu, hvorki við ákvarðanatöku – sem yrði að vera á þessu ári hvað allar framkvæmdir varðar – né heldur við framkvæmdir.

4. Helstu leiðir við öflun orku fyrir ný og stækkuð álver

Í 3. töflu eru bornar saman tvær leiðir til að uppfylla orkuþörf fyrir þann markað sem tilgreindur er í efri hluta 1. töflu, þ.e. markaður I. Hér eru bornar saman tvær virkjunarleiðir þar sem koma við sögu flestar þær virkjanir og virkjunaráfangar sem taldir eru upp í 2. töflu, bæði í vatnsorku og jarðvarma, sem hugsanlega gætu uppfyllt hinn þrönga tímaramma. Í leið 1 eru báðir áfangar Kárahnjúkavirkjunar nýttir en til samanburðar er í leið 2 reynt að sneiða hjá þeim virkjanakostum.

Í virkjunarleið 1 er Kárahnjúkavirkjun með veitu frá Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá þungamiðjan. Í virkjunarleið 2 mynda Fljótsdalsvirkjun og Skatastaðavirkjun kjarna fyrir hvorn áfanga, en þó er ljóst að erfitt yrði að afla nægrar orku fyrir fyrri áfanga Reyðaráls nema með tengingu við Þjórsársvæðið, þ.e. Sprengisandslínu, og í síðari áfanga að tengja Skatastaðavirkjun inn á þá línu.

Einingarkostnaður orku frá Kárahnjúkavirkjun er með því lægsta sem gerist og því er ljóst að kostnaður við leið 2 yrði mun hærri vegni hærri virkjunarkostnaðar auk kostnaðar vegna Sprengisandslínu. Væntanlega yrði síðari áfangi Reyðaráls að fara saman við lagningu Sprengisandslínu og þar með yrði að breyta áfangaskiptingu álversins þannig að fyrri áfanginn yrði minni en sá síðari, öfugt við það sem ráðgert er. Umhverfisáhrif af leiðinni sem sneiðir hjá Kárahnjúkavirkjun, leið 2, yrðu síst minni en af hinni leiðinni, leið 1; fleiri virkjanir, þar á meðal Fljótsdalsvirkjun með Eyjabakkalóni og flýtingu á línutengingum. Og þurfi ákvörðun um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði að liggja fyrir á þessu ári er tíminn í raun runnin út fyrir aðrar leiðir en leið 1.

***3. tafla.* Tvær leiðir til að uppfylla orkuþörf skv. sviðsmynd um þróun í uppbyggingu orkufreks iðnaðar næsta áratuginn**

Orkuöflun	Ár	Leið 1 GWh/a	Leið 2 GWh/a
Raforkukerfið í árslok 2001	2001	8600	8600
Kröfluvirkjun, 3. áfangi	2005	320	320
Búðarhálsvirkjun	2005	520	520
Norðlingaölduveita	2005	760	760
Bjarnarflagsvirkjun	2005	320	320
Reykjanes, 1. áfangi	2005	320	320
Villinganes	2006		190
Fljótsdalsvirkjun	2006		1390
Skaftárveita	2006	450	450
Urriðafossvirkjun	2006	825	825
Núps- og Búðafossvirkjun	2006		900
Hellisheiði, 1. áfangi	2006		320
Kröfluvirkjun, 4. áfangi	2007	320	320
Þeistareykir, 1. áfangi	2008		240
Kárahnúkavirkjun I	2007	3760	
Kárahnúkavirkjun II	2008	910	
Hólmsárvirkjun	2008	440	440
Reykjanes, 2. áfangi	2008		320
Kröfluvirkjun, 5. áfangi	2009	320	320
Skatastaðavirkjun	2009		1290
Ráðgerð orkugeta í árslok 2010	2012	17865	17845

Allt þetta – ákvörðun á næsta leyti, dýrari orka og óhagkvæmari áfangaskipting Reyðaráls – gerir í raun leið 2 óraunhæfa sem leið til að afla orku fyrir Reyðarál. Hins vegar eru fleiri leiðir til að sjá stækkun Norðuráls fyrir raforku, en það verður þó torvelt án Norðlingaölduveitu miðað við tímasetningu fyrri áfanga, og aðrar leiðir eru mun dýrari.

En Kárahnjúkavirkjun dugir ekki ein sér fyrir báða áfanga Reyðaráls. Orkuþörf þeirra ásamt kolskautaverksmiðju er um 5.800 GWh/a og samkvæmt orkuspá má gera ráð fyrir að orkuþörf hins almenna raforkumarkaðar á Norður- og Austurlandi vaxi um allt að 160 GWh/a fram til ársins 2012. Báðir áfangar Kárahnjúkavirkjun munu skila um 4.700 GWh/a. Ef tekið er tillit til orkugetu núverandi virkjana á þessu svæði er viðbótarorkuþörfin þannig um 1.000–1.100 GWh/a. Í áætlunum um orkuöflun fyrir Reyðarál hefur ekki verið gert ráð fyrir að leggja línu frá virkjunarsvæðinu við Þjórsá norður Sprengisand og austur á land, en verulegar takamarkanir eru á getu byggðalínu til að flytja raforku frá Suðvesturlandi austur á land hvort sem er norður- eða suðurleið. Orkustofnun telur því að miða verði við að framleiða verði orku fyrir Reyðarál að langmestu leyti á Norðaustur- og Austurlandi. Leið 1 uppfyllir þessa kröfu.

5. Orkuþarfir vetnisvæðingar

Væntingar eru um að í framtíðinni verði unnt að knýja bíla og skip með eldsneyti sem unnið væri úr innlendum orkulindum. Einkum beinast þá sjónar manna að vetni sem orkubera. Eðlilegt er að spurt sé hvort þau miklu áform um álvinnslu sem fram koma í 1. töflu rekist á við þessar væntingar. Í 4. töflu er dregið saman hver er orkuþörf vegna vetnisframleiðslu til að knýja allan núverandi bíla- og skipaflota okkar með vetni. Er þá miðað við að vélar séu knúnar með efnarafölum, enda þótt slíkur búnaður sé ekki enn kominn á almennan markað. En sú aukna orkunýting sem fæst með efnarafölum umfram venjulega sprengihreyfla er forsenda þess að slík vetnisvæðing geti hugsanlega verið hagkvæm.

***4. tafla.* Orkuþörf vegna vetnisvæðingar**

	Núverandi notkun á bensíni og olíu	Vetnisþörf m.v. efnarafala	Raforka til vetnisframleiðslu
	Þús. tonna á ári	*Þús. tonna á*	GWh/a
Bílar	200	30	1.600
Skip	230	50	2.700
Samtals	430	80	4.300

Eins og taflan ber með sér er orkuþörfin veruleg eða allt að því jöfn orkugetu beggja áfanga Kárahnjúkavirkjunar. En þá er á það að líta að í 2. töflu eru hvergi nærri allir orkukostir okkar upptaldir. Þeir eru taldir vera u.þ.b. tvöfalt meiri. M.a. er Jökulsá á Fjöllum ekki með í 2. töflu, en virkjun þess fljóts ein sér gæti nægt til að standa undir nánast allri vetnisvæðingunni. Jafnframt verður að hafa í huga að vetnisvæðingin mun vart fara af stað í neinum mæli á því tímabili sem er til umræðu, eða til ársins 2012.

Niðurstaðan er því sú að þarfir vegna áliðnaðar og vetnisvæðingar þurfa ekki að rekast á. Á það ber líka að líta að markaðsvæðing raforkuvinnslunnar er framundan. Reynist vetnisframleiðsla hagkvæmari en álbræðsla er ekkert því til fyrirstöðu að sú fyrrnefnda ryðji þeirri síðarnefndri úr vegi, enda er almennt ekki gerðir lengri orkusölusamningar við álverin en til 20 ára í senn.

Að lokum mætti benda á að framleiðsla raforku með vindrafstöðvum gæti verið góður kostur til vinnslu á vetni. Tækninni fleygir fram, vindrafstöðvar verða ódýrari með hverju árinu sem líður og framleiðslueiningar stækka. Ef framleiðsla á vetni væri í dreifðum smáum einingum mætti hugsa sér að hagkvæmt gæti verið að tengja hana vindrafstöðvum á vissum stöðum á landinu. Vindrafstöðvar geta eðli sínu samkvæmt ekki gefið stöðuga trygga orku. En til framleiðslu á vetni sem þarf ekki að gerast í jöfnum mæli þar sem unnt er að geyma vetnið, kunna vindrafstöðvar að komið að gagni. En allt er þetta þó undir hagkvæmni komið og þar er enn margt óljóst, bæði í framleiðslukostnaði raforkunnar og greiðslugetu vetnisvinnslunnar.

Fylgiskjal II.

Landsvirkjun:

Greinargerð um Kárahnjúkavirkjun.
(23. janúar 2002.)

Inngangur

Unnið hefur verið að áætlunum um stórvirkjanir í jökulánum þremur norðan Vatnajökuls, Jökulsá í Fljótsdal, Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum, allt frá sjötta áratug síðustu aldar þegar Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, setti fram fyrstu hugmyndir um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Orkustofnun tók upp þráðinn seint á sjöunda áratugnum og þá voru meðal annars reifaðar hugmyndir um eina stórvirkjun allra jökulánna þriggja með veitu þeirra niður í Fljótsdal. Jarðfræði- og umhverfisrannsóknir, einkum á austanverðu svæðinu, hófust á áttunda áratugnum og þá komu Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) einnig að undirbúningi virkjana. Mjög margir möguleikar á virkjun ánna voru skoðaðir og bæði voru uppi hugmyndir um að veita Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum austur í Fljótsdal og að árnar yrðu virkjaðar hver í sínu lagi í eigin farvegum.

Á áttunda áratug síðustu aldar hófust umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar á vegum RARIK. Landsvirkjun keypti rannsóknarniðurstöðurnar, ásamt öðrum undirbúningi virkjana norðan Vatnajökuls, nokkru síðar. Árið 1991 var gefið út virkjunarleyfi fyrir 210 MW virkjun Jökulsár í Fljótsdal, Fljótsdalsvirkjun, með 43 km^2 uppistöðulóni á Eyjabökkum. Í tvígang var stefnt að byggingu hennar, fyrst til að afla orku til fyrirhugaðs álvers á Keilisnesi snemma á síðasta áratug og síðan vegna álvers í Reyðarfirði undir lok áratugarins.

Nokkur ár eru síðan viðræður hófust milli iðnaðarráðuneytisins, fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium AS í Noregi um byggingu álvers á Íslandi og síðan um staðsetningu þess í Reyðarfirði ásamt orkuöflun með vatnsaflsvirkjunum á Austurlandi. Þessir aðilar undirrituðu svokallaða Noral-yfirlýsingu þess efnis á Hallormsstað þann 29. júní 1999. Árið 2000 stofnuðu Hæfi hf., sem er í eigu íslenskra fjárfesta, og Hydro Aluminium AS sérstakt íslenskt fyrirtæki, Reyðarál hf., sem hefur það að markmiði að byggja og reka fyrirhugaða verksmiðju. Allir ofangreindir aðilar hafa undirritað yfirlýsingu um Noral-verkefnið, dags. 24. maí 2000, þar sem umfang og tímaáætlun verkefnisins er endurskoðuð miðað við fyrri yfirlýsingu.

Snemma á árinu 2000 varð sú breyting á áformum aðila Noral-verkefnisins að stefnt skyldi að tvöfalt stærri upphafsáfanga álvers en áður. Með þessari breytingu varð ljóst að virkjun Jökulsár í Fljótsdal ein og sér væri ekki nægjanleg og því bættust við áform um virkjun Jökulsár á Dal. Áætlanir miðast nú við að orku til fyrsta áfanga iðjuversins sé aflað með virkjun Jökulsár á Dal í Kárahnjúkavirkjun. Jafnframt er nú miðað við að virkjun Jökulsár í Fljótsdal verði hagað þannig að miðlunarlón Kárahnjúkavirkjunar, Hálslón, verði það stórt að það nýtist til miðlunar beggja vatnsfallanna. Á þennan hátt er komist hjá því að byggja sérstakt uppistöðulón á Eyjabökkum, en þau áform hafa mætt mikilli andstöðu síðustu ár af umhverfisástæðum. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal, með veitu af Hraunum, verður þá hluti af Kárahnjúkavirkjun sem sérstakur síðari áfangi í tengslum við frekari orkuþörf, til dæmis ef kemur til stækkunar fyrirhugaðs álvers.

Talsverðar rannsóknir á mannvirkjasvæðum og lónstæði Kárahnjúkavirkjunar fóru fram á tíunda áratugnum. Umfang þeirra var stóraukið árið 2000 í ljósi breyttra áforma. Þessar rannsóknir eru bæði vegna tæknilegs undirbúnings og mats á umhverfisáhrifum.

Kárahnjúkavirkjun og Fljótsdalsvirkjun eru sýnd sem sjálfstæðar virkjanir á svæðisskipulagi miðhálendisins 2015 en í greinargerð með skipulagstillögunni segir „Gert er ráð fyrir að skoðaðir verði til hlítar möguleikar á að virkja saman Jökulsá á Brú (Kárahnjúkavirkjun) og Jökulsá í Fljótsdal með þeim hætti að Kárahnjúkalón (Hálslón) geti nýst sem miðlun fyrir bæði vatnasviðin". Nú er unnið að breytingum á svæðisskipulagi miðhálendisins og að gerð sérstaks svæðisskipulags fyrir þetta landsvæði og lýkur því skipulagsferli í sumarbyrjun.

Kárahnjúkavirkjun hefur hlotið meðferð í samræmi við lög 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Með úrskurði umhverfisráðherra þann 20. desember sl. er fallist á framkvæmdina með vissum skilyrðum og hefur fullt tillit verið tekið til úrskurðarins í lýsingu þeirri sem hér fer á eftir.

Áformað er að reisa Kárahnjúkavirkjun í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga virkjunarinnar er Jökulsá á Dal stífluð við Kárahnjúka og ánni veitt í göngum yfir að stöðvarhúsi í Fljótsdal skammt innan Valþjófsstaðar, en í síðari áfanga er Jökulsá í Fljótsdal stífluð neðan Eyjabakka og henni ásamt nokkrum smærri ám á Hraunum veitt inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar á Fljótsdalsheiði. Hér á eftir er báðum áföngum lýst nánar og einnig fylgir hér með grunnmynd af virkjunarsvæðinu.

Kárahnjúkavirkjun – fyrri áfangi

Stíflur, yfirfall, botnrás og lón:

Jökulsá á Dal er stífluð með svonefndri Kárahnjúkastíflu nærri syðri enda Hafrahvammagljúfra við Fremri-Kárahnjúk. Tvær aðrar og minni stíflur þarf við lónið, Sauðárdalsstíflu á söðlinum milli Laugarvalladals og Sauðárdals og Desjarárstíflu í Desjarárdalsdrögum austanvert undir Fremri-Kárahnjúki. Með stíflum þessum er myndað miðlunarlón sem kallað hefur verið Hálslón. Vatnsborð við fullt lón verður í 625,0 m hæð yfir sjávarmáli og mun lónið þá ná inn að jaðri Brúarjökuls og flatarmál þess verða um 57 km^2. Nýtanleg miðlun er áætluð um 2100 Gl (milljón m^3) miðað við 75 m niðurdrátt í lóninu.

Langstærsta stíflan verður Kárahnjúkastífla, um 190 m há og 900 m löng grjótstífla með steypta þéttisvuntu á vatnshlið. Stíflur af þessari gerð, jafnvel þótt býsna brattar séu, eru sérlega öruggar t.d gagnvart jarðskjálfta, í ljósi þess að ekki stendur vatn í fyllingunni, sem þannig virkar sem órofa heild. Klöpp undir steyptri stíflutánni, sem steypta svuntan tengist, verður þétt með ídælingu sementsefju. Stíflan verður hlaðin upp í láréttum lögum, sem hvert um sig er þjappað rækilega áður en næsta lag er lagt ofan á. Á stíflubrún, sem er 10 m breið, verða steyptir veggir og milli veggjanna tvíbreið akbraut.

Eitt af skilyrðum í úrskurði umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar var að yfirfall úr Hálslóni skyldi vera við Kárahnjúkastíflu. Gert er ráð fyrir að 200 m langri yfirfallsrennu verði komið fyrir í vesturhlíðinni, við vesturenda Kárahnjúkastíflu. Frá yfirfallinu verður vatnið leitt eftir göngum undir stífluendann sem opnast í steyptan stokk nálægt gljúfurbarminum nokkur hundruð metrum neðan við stífluna. Þaðan mun vatnið steypast í 60–80 m háum fossi niður í Hafrahvammagljúfur. Einnig er til skoðunar að leiða vatn um steypufóðraðan skurð niður hlíðina neðan við stífluna.

Vegna nýrrar staðsetningar yfirfalls og þeirrar vitneskju sem nú liggur fyrir um efstu jarðlög á stíflustæðinu er nauðsynlegt að hliðra vestari stífluendann um 250 m niður með ánni

en austurendann um 150 m. Með þessari færslu munu hugsanleg göng frá yfirfallinu liggja í traustum jarðlögum og öryggi stíflunnar er tryggt þrátt fyrir yfirfallsgöngin undir henni.

Grunnmynd af stíflunni er sýnd á hjálögðu fylgiblaði.

Desjarárstífla verður um 60 m há og 900 m löng og Sauðárdalsstífla tilsvarandi um 25 m há og 1.100 m löng. Báðar stíflurnar verða hefðbundnar grjót- og malarstíflur með miðlægan þéttikjarna úr jarðvegi. Fyllingin er lögð út í nær láréttum lögum helst eftir endilangri stíflunni og hin mismunandi lög látin fylgjast nokkuð að. Öll stíflan hækkar þannig að mestu jafnt. Þó markast stífluhönnunin af aðstæðum á hvorum staðnum um sig. Þannig verða til að mynda lausu jarðlögin í grunni Sauðárdalsstíflu þjöppuð og tengd stíflukjarnanum, en fokjarðvegurinn ofanvert við stífluna nýtist sem þétting.

Aðstæður í grunni Desjarárstíflu eru aðrar en á Sauðárdal og mismunandi. Að vestan er jökulruðningur utan í Fremri-Kárahnjúki og undir honum bólstraberg. Blágrýtisklöpp er í grunninum að austan, en laus fokjarðvegur um miðbik stíflugrunnsins. Stífluhönnunin ræðst af þessu, en í henni er m.a. gert ráð fyrir miklum skurði í kjarnagrunni að vestan.

Veita þarf Jökulsá á Dal fram hjá stíflustæði Kárahnjúkastíflu meðan á framkvæmdum við stífluna stendur. Í þeim tilgangi verða grafin tvenn göng undir stíflugrunninn í vestari gljúfurveggnum. Á framkvæmdatímanum verður áin stífluð í gljúfrinu skammt ofan stíflustæðisins til þess að veita henni inn í göngin. Síðar verður öðrum göngunum lokað til frambúðar, en hin nýtast sem framtíðar botnrás undir stífluna. Botnrásin verður eingöngu til öryggis svo unnt verði að lækka í lóninu ef nauðsyn krefur.

Mestur hluti efnis sem í stíflurnar fer verður numinn innan lónsstæðisins og almennt kappkostað að leggja vinnuvegi, velja haugstæði og reisa búðir innan þess. Þó verður ekki með góðu móti komist hjá einhverju raski á svæðinu utan lónstæðisins. Þannig þarf til að mynda að vinna grjót í Kárahnjúkastíflu að hluta til í Lambafellstöglum sem eru utan og ofan lónstæðisins.

Aðrennslis- og fallgöng:

Úr Hálslóni verður vatninu veitt um 40 km löng aðrennslisgöng að stöðvarhúsinu í Fljótsdal. Göngin munu liggja austur undir svonefnda Tungu milli Glúmsstaðadals og Þuríðarstaðadals og áfram undir Fljótsdalsheiði að gangamótum við fyrirhuguð aðrennslisgöng Fljótsdalsveitu nokkru suðaustan Þrælaháls. Þaðan munu aðrennslisgöngin liggja norðaustur heiðina út í Bjargshæðir, nokkra km innan við Valþjófsstað. Göngin verða heilboruð að verulegum hluta og um 7 m í þvermál.

Aðkoma inn í göngin verður á fjórum stöðum, við Kárahnjúka, úr Glúmsstaðadal, við Axará og á Bjarghæðum. Undir Bjargshæðum verða um 400 m löng stálfóðruð fallgöng um 5 m í þvermál að neðanjarðarstöð.

Allmikið efni losnar við gerð aðrennslisganganna og aðkomuganga að þeim, alls um 3 milljónir m^3. Efnið verður nýtt í vegi og fyllingar eftir því sem hagkvæmt þykir og heppilegt en megninu þó komið í hauga skammt frá munna aðkomuganganna þriggja og við gangainntakið úr Hálslóni. Efnishaugar verða felldir að landslagi og græddir upp.

Stöðvarhús, frárennsli og aðkoma:

Stöðvarhellirinn er áætlaður um 115x14 m og mest hæð 34 m. Í stöðinni verða í fyrri áfanga fimm vélarsamstæður með tilheyrandi búnaði, uppsett afl allt að 625 MW. Aðkomugöng inn að stöðvarhellinum munu liggja úr Fljótsdal upp af eyðibýlinu Teigi. Frá stöðinni verður vatninu veitt um frárennslisgöng sem opnast út í Fljótsdal rúmlega 1 km innan við Valþjófsstað. Frá gangamunnanum verður grafinn frárennslisskurður út í farveg Jökulsár í

Fljótsdal austur undan Valþjófsstað skammt ofan brúar. Farvegur Jökulsár þar sem frárennslisskurðurinn opnast í hann er í um 26,5 m hæð yfir sjó. Við hlið stöðvarhellisins verður spennahellir um 100x13 m að flatarmáli. Aðkoma að stöðvarhelli og spennahelli verður um 800 m göng en framan við þau í Fljótsdal verður þjónustubygging. Frá spennahelli liggja sérstök strengjagöng að tengivirkishúsinu skammt innan við þjónustubygginguna. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði virkjunin nefnd Teigsstöð.

Aðalorkuveitur – tengivirki og háspennulínur:

Kárahnjúkavirkjun verður tengd flutningskerfinu um 245/145 kV tengivirki sem staðsett verður í Fljótsdal (Norðurdal) um 80 m innan við aðkomugöng virkjunarinnar. Tengivirkishúsið verður ein hæð með kjallara og er áætlað grunnflatarmál þess um 950 m^2. Hæð hússins yfir jörðu verður um 12,5 m. Legu 145 kV Kröflulínu 2 verður breytt á Fljótsdalsheiði, hún strengd niður Teigsbjarg og tengd við tengivirkið. Frá tengivirkinu verður lagður 145 kV strengur yfir Fljótsdal og hann tengdur Kröflulínu 2 aftur við Brattageröi. Við þessa breytingu fær Kröflulína 2 annað nafn á kaflanum milli tengivirkisins í Norðurdal og aðveitustöðvarinnar á Hryggstekk í Skriðdal og heitir sú lína Fljótsdalslína 2 þaðan í frá. Frá tengivirkinu í Fljótsdal og þvert yfir dalinn liggja einnig 420 kV Fljótsdalslínur 3 og 4 sem fæða munu fyrirhugað álver í Reyðarfirði.

Vegir:

Gert er ráð fyrir að sumarið 2002 verði lagður vegur, sem nefndur er Kárahnjúkavegur, frá núverandi Fljótsdalsheiðarvegi við Laugarfell vestur að Kárahnjúkum og að þar verði framtíðaraðkoma að mannvirkjum við Hálslón. Þar verður ekið eftir brún Desjarárstíflu og þaðan utan í Kárahnjúki og yfir Jökulsá um Kárahnjúkastíflu. Frá Kárahnjúkastíflu liggur vegurinn vestur á Lambafellstagl þar sem greinast leiðir.

Með gerð Kárahnjúkavegar og lagningu hans yfir Jökulsár á Dal um Kárahnjúkastíflu tengist Snæfellssvæðið við fjölsótt ferðamannasvæði svo sem Kverkfjöll og Öskju. Þá skapast hringleið úr Fljótsdal að Kárahnjúkum og síðan niður í Jökuldal um Brúardalaleið.

Vegur að yfirfalli mun liggja niður hlíðina ofanvert við vesturenda Kárahnjúkastíflu en vegur að Sauðárdalsstíflu suður Lambafellstöglin. Loks mun liggja vegur niður á gljúfurbarm og að lokuvirkjum undir stíflunni.

Afl og orkuvinnsla:

Meðalrennsli í fyrri áfanga er áætlað um 90 m^3/s, uppsett afl virkjunarinnar allt 625 MW og áætluð orkuvinnsla um 3760 GWst/a. (Gígawattstundir á ári).

Í meðfylgjandi töflu eru skráðar allar helstu einkennistölur Kárahnjúkavirkjunar eins og nú er miðað við í hönnun.

Framkvæmdatími og mannaflaþörf:

Gert er ráð fyrir að undirbúningsframkvæmdir vegna virkjunarinnar hefjist í júní 2002, en vinna við Kárahnjúkastíflu og aðrennslisgöng í september 2002. Miðað er við að afhending rafmagns frá fyrstu vélasamstæðu virkjunarinnar hefjist 1. desember 2006, en fyrri áfangi verði komin í fullan rekstur 1. apríl 2007.

Alls er gert ráð fyrir 3400 ársverkum við byggingu fyrri áfanga virkjunarinnar og tilheyrandi flutningsvirkja.

Fljótsdalsveita – síðari áfangi Kárahnjúkavirkjunar

Stíflur, lón og aðrennslisgöng:

Jökulsá í Fljótsdal er stífluð norðan votlendisins á Eyjabökkum, um 2 km neðan Eyjabakkafoss, og þar myndað um 1 km², lón nefnt Ufsarlón. Vatnsborð í Ufsarlóni verður í 625 m hæð yfir sjó, þ.e. jafnhátt og hæst verður í Hálslóni. Við þá vatnshæð mun lónið ná upp í Eyjabakkafoss. Ufsarstífla verður rúmlega 30 m há grjót- og malarstífla með jarðvegskjarna. Frá lóninu verður vatninu veitt eftir 13,5 km löngum göngum að gangamótum við aðrennslisgöng frá Hálslóni. Með þessu fyrirkomulagi verður unnt að miðla rennsli beggja jökulánna í Hálslóni.

Jafnframt mun svokölluð Hraunaveita fylgja síðari áfanga virkjunarinnar. Þá verður fjórum þverám Jökulsár í Fljótsdal, sem renna í hana ofan gömlu brúarinnar undan Valþjófsstað, þ.e. Kelduá, Grjótá, Innri-Sauðá og útrennsli úr Sauðárvatni, veitt yfir í Ufsarlón skammt ofan Ufsarstíflu. Verulegur hluti vatnsvega Hraunaveitu verða jarðgöng.

Stíflan í Kelduá verður langstærst stífla í Hraunaveitu, um 25 m há. Við hana myndast um 8 km² miðlunarlón, sem ná mun m.a. yfir Folavatn. Aðrar stíflur verða mun minni og jarðrask sem þeim stíflugerðum fylgir tiltölulega lítið.

Efni sem losnar við framkvæmdirnar, þ.e. úr skurðum og göngum, verður nýtt í stíflur eftir því sem mögulegt er. Annað efni sem í stíflurnar þarf verður numið innan lónstæða að því marki sem hagkvæmt er, en annað numið í næsta nágrenni stíflnanna. Gerð er nánari grein fyrir öllu helstu námum í gögnum sem fylgdu stjórnsýslukæru til umhverfisráðherra.

Aðalorkuveitur – tengivirki og háspennulínur:

Vegna síðari áfanga Kárahnjúkavirkjunar verður nauðsynlegt að stækka 245 kV tengivirkið í Norðurdal. Byggja þarf nýja línu 245 kV Kröflulínu 3 frá 245 kV tengivirki sem byggt yrði í Hlíðardal við Kröflu. Gert er ráð fyrir að línan verði strengd niður Teigsbjarg og tengd tengivirkinu í Norðurdal. Kröflulína 3 á eftir að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Vegir:

Áformað er að uppbyggður vegur sem nú nær að Laugarfelli verði lagður inn að Ufsarstíflu og austur um stífluna. Sá vegur verður síðan framlengdur að Kelduá. Austan hennar er einungis gert ráð fyrir slóðum.

Afl og orkuvinnsla:

Meðalrennsli til Kárahnjúkavirkjunar eykst um tæpa 25 m³/s með síðari áfanganum. Þá verður jafnframt sjöttu vélarsamstæðunni bætt við í stöðvarhúsinu og aflið aukið í allt að 750 MW. Með Fljótsdalsveitu vex orkugeta virkjunarinnar um 910 GWst/a í samtals 4670 GWst/a.

Framkvæmdatími og mannaflaþörf:

Ákvörðun um hvenær verður ráðist í síðari áfanga Kárahnjúkavirkjunar ræðst af óskum Reyðaráls um frekari orkukaup eða af öðrum hugsanlegum orkusölusamningum.

Alls er gert ráð fyrir um 500 ársverkum við byggingu síðari áfanga virkjunarinnar.

Kárahnjúkavirkjun – áfangar – einkennistölur

Fyrri áfangi	**Einkennistölur**
Vatnasvið: km²	1750 til 1800 (1400 jökull)
Meðalrennsli: m³/s (innrennsli í Hálslón)	103
Hálslón við YV (yfirfallsbrún): km²	~ 57
Lengd (u.þ.b.): km	~ 27
Miðlunarrými: Gl (milljón m³)	2100
Yfirfallsbrún: (YV): m y.s.	625
Lægsta vatnsborð: (LV) m y.s.	550
Virkjað rennsli: m³/s, fimm samstæður	120
Uppsett afl: fimm samstæður	Allt að 625 MW
Meðalorkuframleiðsla: GWst/a	3760
Lagarfljót:	
Lagarfossvirkjun:	um 1 m lækkun klappar v/lokur
Síðari áfangi – Fljótsdalsveita	
Vatnasvið: km²	~ 580
Meðalrennsli: m³/s (innrennsli í Ufsarlón)	~ 34
Virkjað rennsli: alls m³/s	144
Uppsett afl, viðbót: allt að 125 MW	Viðbót allt að 750 MW
Meðalorkuframleiðsla: GWst/a	910


Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal
Stöðvarhús
Gilsárvötn
Þessastaðaá
Teigsbjarg
Múli
BRÚARDALIR
Laugarvallaá
Jökulsá á Dal
Hálsá
Bárulækur
Hvannáreyrar
Hafrahvammagljúfur
Kárahnjúkar
Desjarárdalur
Hraðkelda
Hrafnkelsdalur
Þrælaháls
FLJÓTSDALSHEIÐI
Aðrennslisgöng
Hálslón
Laugará
Langaá
Jökulsá í Fljótsdal
Kelduá
Sandá
Saubæjarfell
Grjótá
Hálsá
Kringilsá
Kringilsárfoss
VESTURÖRÆFI
Ufsárlón
Fellsá
Suðurárdrög
Snæfell
1833
Gyrðá
Innri-Sauðá
Ytri-Sauðá
Fossárdrög
Skiptárjökull
Afangi 2
N
BRÚARJÖKULL
EYJABAKKA-JÖKULL
VATNAJÖKULL
Lón
Stöðvarhús
Stífla
Göng
Skurður
Vegir
Fyrirh.vegir
Skáli
100 m hæðalínur
0
10 km

800 m y.s.
Kárahnjúkastífla
625 m y.s.
Langsnið
Aðrennslisgöng
Fallgöng
Jökulsá í Fljótsdal
Stöðvarhús

Kárahnjúkastífla – afstöðumynd



Fylgiskjal III.

Landsvirkjun:

Greinargerð um stækkun Kröfluvirkjunar.
(23. janúar 2002.)

Kröflustöð í Skútustaðahreppi var reist af Kröflunefnd fyrir hönd ríkisins á árunum 1975–77. Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 26. júlí 1985 keypti Landsvirkjun virkjunina ásamt ýmsum réttindum á Kröflusvæðinu, þ.m.t. rétti til hagnýtingar jarðhitaorku til raforkuframleiðslu allt að 70 MW.

Fyrstu rekstrarár virkjunarinnar gekk illa að afla gufu ekki síst vegna eldsumbrota sem stóðu yfir á svæðinu í níu ár á tímabilinu 1975–84. Allt til 1997 var einungis önnur af tveimur 30 MW vélum stöðvarinnar í rekstri. Boranir eftir aukinni gufu á svæðinu frá 1996 hafa hins vegar gengið vel og frá 1999 hefur stöðin verið rekin á fullum afköstum, 60 MW.

Nú er til staðar gufa sem getur framleitt um 15 MW umfram þau 60 MW sem núverandi Kröflustöð afkastar.

Kröflusvæðið er samkvæmt skýrslu Iðnaðarráðuneytisins í maí 1994 talið vera eitt af stærstu háhitasvæðum landsins. Heildarflatarmál þess á yfirborði samkvæmt yfirborðsjarðhita og viðnámsmælingum er um 30–35 km^2 og um 90% af því er aðgengilegt til vinnslu. Orkustofnun áætlar í ofangreindri skýrslu að afl svæðisins til raforkuvinnslu sé um 375 MW í 50 ár og samsvarandi orkugeta um 3000 GWh/ári.

Vegna stóraukinnar eftirspurnar eftir raforku á síðustu árum hefur Landsvirkjun unnið að ýmsum undirbúningi fyrir stækkun Kröflustöðvar, m.a. er nú lokið mati á umhverfisáhrifum 40 MW stækkunar. Ennfremur hefur verið unnið að víðtækum jarðhitarannsóknum á öllu Kröflusvæðinu sem hafa leitt í ljós 4 ný vænleg svæði til frekari rannsókna eins og nánar verður gerð grein fyrir hér að neðan.

Í áætlunum um orkuöflun fyrir álver á Reyðarfirði hefur Landsvirkjun miðað við orku frá Kröflu og Bjarnarflagi, auk Kárahnjúkavirkjunar. Við úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kárahnjúkavirkjun í desember 2001 hefur mikilvægi orkuöflunar frá Kröflusvæðinu enn aukist.

Stækkun Kröflustöðvar um 40 MW

Stækkun núverandi aflstöðvar um 40 MW krefst borana til gufuöflunar sem svarar um 25 MW auk stækkunar á tveimur borteigum, gufuveitu, rafstöð og tengivirki, byggingu nýs kæliturns og ýmissa tengdra framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að við Víti verði borstæði holu 34 stækkað til norðurs og myndaður borteigur fyrir fleiri holur. Þaðan verður hægt að stefnubora holur með 30–60 m millibili til að lágmarka jarðrask. Á Vítismóum verða borsvæði sem fyrir eru stækkuð og nýtt á sama hátt fyrir nýjar stefnuboraðar holur. Fylliefni verður ýmist sótt í opna malarnámu við Grænugilsöxl eða sótt í borsstæði á svæðinu sem ekki eru lengur nýtt.

Áætlað er að bora þurfi 3–6 holur til að afla þeirrar gufu sem enn vantar fyrir 40 MW stækkunina. Á vinnslutíma virkjunarinnar er síðan gert ráð fyrir að bora þurfi nýja holu á um 3 ára fresti til að mæta afkastarýrnun hola vegna kælingar og þrýstilækkunar í jarðhitageyminum. Hver hola verður útbúin með hljóðdeyfi og skýli yfir borholutoppi.

Til staðar er safnæðastofn sem talinn er fullnægjandi til að flytja jarðgufu frá nýjum vinnsluholum við Víti að skiljustöð. Hins vegar þarf að leggja safnæð frá nýjum vinnsluholum á Vítismóssvæðinu að safnæðastofni við holu 24. Bæta þarf við einni háþrýstigufuskilju í skiljustöð, leggja nýja 900 mm háþrýstiaðveituæð við hlið eldri 700 mm æðar frá skiljustöð að stöðvarhúsi, auk þess sem tveimur rakaskiljum verður bætt við í rakaskiljuhúsi.

Rafstöð verður stækkuð um eina 40 MW vélasamstæðu. Byggt verður við núverandi stöðvarhús til norðurs. Nýbyggingin verður um 1240 fm einangrað stálgrindarhús, 60 m langt með ytra lagi samsvarandi upphaflegu stöðvarhúsi.

Byggður verður nýr kæliturn, norðan við þá kæliturna sem fyrir eru. Verður hann heldur lægri en fyrri turnar, eða um 14 m hár.

Virkjunin verður vöktuð og fjarstýrt frá stjórnherbergi Kröflustöðvar og stjórnstöð Landsvirkjunar í Reykjavík.

Meðal annarra smærri framkvæmda er færsla á geymsluskemmu og rakaskiljuhúsi til að rýma fyrir stækkun stöðvarhúss. Ekki þarf að auka við geymslurými og starfsmannaaðstöðu vegna stækkunarinnar.

Áætlað er að orkugeta raforkukerfis landsins muni aukast um 320 GWh/ári með tilkomu stækkunarinnar.

Framkvæmdir vegna stækkunar Kröfluvirkjunar eru allar innan svæðis sem markað er af mannvirkjagerð og orkuvinnslu og eru í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Kröflusvæðis. Helstu umhverfisáhrif stækkunarinnar eru jarðrask og hávaðamengun á framkvæmdatíma, stækkun gufuveitu og aukning á affallsvatni frá virkjuninni á seinni hluta rekstrartímans. Með úrskurði frá 7. desember 2001 féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdirnar eins og þeim er lýst í matsskýrslu Landsvirkjunar.

Ef miðað er við að ákvörðun um stækkun virkjunarinnar verði tekin í upphafi árs þá má taka hana í notkun í september á þriðja ári framkvæmda. Ársverk við framkvæmdir eru áætluð um 105.

Ný 120 MW aflstöð við Kröflu

Eins og að ofan greinir hefur Landsvirkjun á undanförnum árum staðið fyrir umfangsmiklum yfirborðsathugunum á jarðhita á öllu Kröflusvæðinu. Rannsóknir þessar, sem Orkustofnun hefur framkvæmt, hafa leitt í ljós 4 ný vænleg jarðhitasvæði, þ.e. 1) Leirhnjúkur og nágrenni, 2) Vestursvæði á Leirhnjúkshrauni vestan Þríhyrninga, 3) Suðursvæði í Sandabotnum og sunnanverðu Sandabotnafjalli og 4) Austursvæði milli Jörundar og Háganga. Sjá nánar teikningu 1.

Tvö fyrrnefndu svæðin eru innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar samkvæmt fyrrgreindum samningi við ríkisstjórn Íslands frá 26. júlí 1985 en hin tvö síðarnefndu eru skammt utan við markalínu svæðisins.

Landsvirkjun sótti þann 8. janúar 2001 um rannsóknarleyfi til iðnaðarráðuneytis á þessum svæðum í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998 og tilkynnti þann 16. janúar sama ár borun rannsóknarhola til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 23. febrúar að borun rannsóknarhola á svæðunum innan jarðhitaréttindasvæðis Landsvirkjunar skyldi sæta mati á umhverfisáhrifum, en féllst á borun á Suðursvæði og Austursvæði án mats á umhverfisáhrifum. Umhverfisráðherra staðfesti þennan úrskurð Skipulagsstofnunar eftir stjórnsýslukæru Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur hafið vinnu við matsáætlun á umhverfisáhrifum rannsóknarborana á Vestursvæði og hyggst hefja boranir þar á þessu eða næsta ári.

Gert er ráð fyrir að afla megi gufu fyrir 120 MW jarðgufuvirkjun á fyrrgreindu Vestursvæði en hugsanlegt er einnig að gufu til slíkrar virkjunar þurfi að hluta til að afla á Suðursvæði. Tiltölulega stutt er á milli þessara svæða og gæti virkjunin sjálf því verið miðsvæðis, t.d. í Hlíðardal nálægt Hvíthólum. Rétt er þó að geta þess að lítið er farið að huga að staðsetningu virkjunar enda er slíkt ávallt háð árangri borana og einnig ekki síður mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Ný 120 MW aflstöð við Kröflu verður í grundvallaratriðum svipuð öðrum jarðgufuvirkjunum landsins. Meginþættir hennar eru borholur og gufuveita, gufuskiljur, aflstöð, tengivirki og kæliturnar. Á þessu stigi er miðað við að í virkjuninni verði tvær til fjórar vélasamstæður.

Ekki er gert ráð fyrir verkstæðisbyggingu eða annarri þjónustustarfsemi tengdri rekstrinum, enda yrði allt slíkt sótt til núverandi Kröflustöðvar, þar með talin vöktun og fjarstýring.

Áætlað er að orkugeta raforkukerfis landsins muni aukast um 960 GWh/ári með tilkomu 120 MW stækkunar. Fjöldi ársverka við framkvæmdir er áætlaður um 400. Framkvæmdartími er um 3–4 ár.

Aukning raforkuframleiðslu á Kröflusvæðinu gæti þjónað almennri orkueftirspurn eða stóriðju. Má í því sambandi benda á að verði álver Reyðaráls stækkað með byggingu 2. áfanga er m.a. fyrirhugað að afla orkunnar í jarðvarmavirkjunum í Bjarnarflagi og á Kröflusvæði.


Aðstöðumynd
- Skýringar -
Vegslóði
Borhola
Borstæði
Náma
Landsvirkjun
VGK

Fylgiskjal IV.

Þjóðhagsstofnun:

Þjóðhagsleg áhrif Noral-verkefnisins.
(Janúar 2002.)

Í þessari greinargerð er lagt mat á þjóðhagsleg áhrif 390 þúsund tonna álvers Reyðaráls og tengdra virkjanaframkvæmda (Noral-verkefnisins). Í athugun á þjóðhagslegum áhrifum er reiknað með að fyrri áfangi Reyðaráls með 260 þúsund tonna framleiðslugetu komist í gagnið árið 2006 og hinn síðari, 130 þúsund tonn, árið 2012. Í tengslum við fyrri áfanga álversins er gert ráð fyrir framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun (1. áfanga) og í tengslum við síðari áfangann framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun (2. áfanga), Bjarnarflagsvirkjun og Kröfluvirkjun. Í athuguninni er reiknað með að álvers- og virkjanaframkvæmdir standi yfir á tímabilinu 2002–2013. Framkvæmdaþungi er þó mjög mismunandi eftir árum. Framkvæmdir standa sem hæst á árunum 2004–2006 og á 60–65% af heildarfjárfestingu verkefnisins sér stað á þessu tímabili. Annar framkvæmdatoppur verður á árunum 2010 og 2011 eða sem nemur ríflega fimmtungi af heildarfjárfestingu. Einungis um 15% af heildarfjárfestingu á sér því stað utan tveggja fyrrnefndra tímabila.

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Horfur eru á að landsframleiðsla verði að meðaltali rúmlega 2% hærri og þjóðarframleiðsla 1½% hærri á framkvæmdatíma (2002–2013) en í grunndæmi án álvers og virkjana. Landsframleiðsla gæti orðið 1¼–1½% hærri til lengdar en annars og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri.
- Þegar framkvæmdir standa sem hæst árin 2004–2006 verður fjárfesting um 40% meiri en í grunndæmi og 10% meiri árin 2010–2011. Að jafnaði verður fjárfesting um 12% hærri á árunum 2002–2013 en annars.
- Vinnuaflsnotkun í framkvæmdum verður að jafnaði rétt innan við ½% af heildarframboði vinnuafls. Mest verður vinnnuaflseftirspurnin árið 2005 og gæti hún þá numið um 1¼% af vinnuaflsframboði.
- Mikið umfang framkvæmda á árunum 2004–2006 og snöggur samdráttur þeirra á árunum 2007 og 2008 gerir töluverðar kröfur til hagstjórnar. Hugsanlegt er að án mótvægisaðgerða fari verðbólga yfir þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka (4%) á þessu tímabili og er þá reiknað með að verðbólga yrði við verðbólgumarkmið bankans (2½%) ef ekki kæmi til álvers- og virkjanaframkvæmda. Jafnframt er hætta á umskiptum í þjóðarbúskapnum vegna samdráttar framkvæmda 2007 og 2008.
- Vegna innfluttra fjárfestingarvara og aukinnar eftirspurnar í þjóðarbúskapnum eru horfur á nokkurri aukningu viðskiptahalla á framkvæmdatíma, eða að jafnaði um 2% af vergri landsframleiðslu. Mest eru áhrifin árin 2005 og 2006 þegar viðskiptahalli sem hlutfall af landsframleiðslu gæti orðið 7½–8 prósentustigum meiri en í grunndæmi.
- Eftir að framkvæmdum lýkur og álverið hefur náð fullum afköstum má búast við að áhrif á viðskiptajöfnuð verði jákvæð. Miðað við óbreytt raungengi gæti útflutningur orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Erlend skulda-

staða sem hlutfall af landsframleiðslu verður þá svipuð og í grunndæmi skömmu eftir árið 2020.

Áhrif Noral-verkefnisins á helstu hagstærðir

Heildarfjárfesting vegna álvers Reyðaráls á Reyðarfirði og tengdra virkjanaframkvæmda slagar hátt í 250 milljarða króna á verðlagi ársins 2001. Miðað við þær forsendur sem hér er miðað við verður fjárfestingin mest á árunum 2004–2006 eða um 150 milljarðar króna alls. Á þessu tímabili eru horfur á að fjárfesting verði um 40% hærri en í grunndæmi sem gerir ekki ráð fyrir Noral-verkefninu. Síðan má búast við skörpum samdrætti fjárfestingar árin 2007 og 2008. Tímabilið 2004–2008 gerir því ríkar kröfur til hagstjórnar.

Þótt reikna megi með að um 60% af fjárfestingarvöru verði innflutt er engu að síður ljóst að framkvæmdir af þessari stærðargráðu valda töluverðri aukningu eftirspurnar í þjóðarbúskapnum. Þjóðhagsstofnun áætlar að árlegur hagvöxtur verði um 1½ prósentustigi meiri á árunum 2004–2005 en í grunndæmi og lands- og þjóðarframleiðsla verði hátt í 4% hærri en í grunndæmi þegar munurinn er mestur árið 2005. Vinnuaflsnotkun í framkvæmdum á sama ári er áætluð um 1¼% af heildarvinnuaflsframboði. Ekki er óvarlegt að ætla að áhrif framkvæmda til minnkunar atvinnuleysis verði ¾ prósentustig þegar þær standa sem hæst en í þessari athugun er gert ráð fyrir að um 20% af vinnuafli í framkvæmdum komi til landsins gagngert í þeim tilgangi að vinna við þær. Aukin spenna á vinnumarkaði skapar þrýsting til hækkunar verðlags. Athugunin gefur til kynna að verðbólga geti orðið 4–5% án mótvægisaðgerða við hámark framkvæmda.[1] Hér er reiknað með að verðbólga verði 2½% ef ekki kemur til framkvæmda.

Mynd 1. Fjármunamyndun
% breyting frá grunntilfelli



Mynd 2. Vinnuaflseftirspurn
hlutdeild af mannafla á vinnumarkaði



Miðað við þær áætlanir sem hér er stuðst við verður mikill samdráttur í framkvæmdum vegna Noral-verkefnisins árið 2007. Árin 2005 og 2006 er reiknað með að fjárfestingin verði

[1] Hér er gert ráð fyrir óbreyttri fjármálastefnu hins opinbera og stöðugum raunstýrivöxtum Seðlabanka.

um 60 milljarðar króna hvort ár á verðlagi ársins 2001 en um 7 milljarðar árið 2007 og lítil árið 2008. Á móti vega áhrif gangsetningar fyrri áfanga Reyðaráls en engu að síður er um nokkuð stóran neikvæðan eftirspurnarskell að ræða. Athugun þessi bendir til að árlegur hagvöxtur árin 2007 og 2008 verði 1–1½ prósentustigum minni en í grunndæmi. Þessi þróun sést glögglega í mynd 3. Hún lýsir vel þeim verkefnum sem hagstjórnaraðilar standa andspænis á framkvæmdatímabilinu. Stuðla má að sveiflujöfnun með aðhaldssamri stefnu í peningamálum og ríkisfjármálum á framkvæmdarárum fyrsta áfanga og síðan auknum slaka í hagstjórn í kjölfar þeirra framkvæmda.

Mynd 3. Þjóðarframleiðsla
% breyting frá grunntilfelli



Mynd 4. Viðskiptajöfnuður, % af VLF
breyting frá grunntilfelli *



*Brotna línan miðast við u.þ.b. óbreytt raungengi frá grunndæmi frá og með árinu 2011

Síðari áfangi Noral-verkefnisins er mun minni í sniðum en sá fyrri. Framkvæmdir áranna 2009–2012 eru þannig einungis um 40% af umfangi framkvæmda 2003–2006. Áhrif á helstu hagstærðir eru eðlilega mun minni en vegna fyrsta áfanga og jafnframt samdráttaráhrif við lok framkvæmda.

Þegar litið er yfir framkvæmdatímabilið í heild sinni, þ.e. árin 2002–2013, má reikna með að árlegur hagvöxtur verði um 0,3 prósentustigum meiri að jafnaði en í grunndæmi. Áætlað er að þjóðarframleiðsla verði að meðaltali rúmlega 1½% hærri og landsframleiðsla ríflega 2% hærri á framkvæmdatíma en í grunndæmi. Áhrif verkefnisins á hagvöxt, framleiðslustig og aðrar hagstærðir eru nokkuð mismunandi eftir árum eins og áður hefur komið fram og sjá má í töflu 1 aftast í þessari greinargerð.

Gert er ráð fyrir um 610 nýjum framtíðarstörfum í álveri Reyðaráls. Útflutningur gæti orðið um 14% hærri en í grunndæmi fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Athugun þessi gefur einnig til kynna að reikna megi með varanlegri aukningu lands- og þjóðarframleiðslu af völdum nýs álvers Reyðaráls. Áætluð varanleg hækkun þjóðarframleiðslu er um 1% en

varanleg hækkun landsframleiðslu 1¼–1½%.[2] Þjóðarframleiðsluáhrif eru metin lægri en landsframleiðsluáhrif sökum vaxtagreiðslna af erlendum lánum sem til eru komin vegna aukins viðskiptahalla á byggingartíma álvers og virkjana.

Mat á áhrifum á þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu á framkvæmdatíma notast við þjóðhagslíkan Þjóðhagsstofnunar en mat á áhrifum til lengri tíma byggir á jafnvægislíkani stofnunarinnar. Með jafnvægislíkaninu eru áætluð áhrif á framleiðslugetu hagkerfisins en litið framhjá áhrifum á framleiðslu sem rekja má til aukinnar nýtingar framleiðsluþátta hagkerfisins og reikna má með að vari einungis í skamma hríð. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að ný störf í álverunum og tengdri þjónustu leiði til fjölgunar starfa í hagkerfinu í heild heldur er reiknað með að þau komi í stað starfa sem þar eru fyrir. Einhverra áhrifa á fólksfjölda kann að gæta til frambúðar og ber þá að túlka niðurstöðurnar sem áhrif á framleiðslu á mann. Langtímaáhrifin gætu orðið eitthvað meiri ef hér ríkir slaki í þjóðarbúskapnum á framkvæmdatíma en jafnframt minni ef framkvæmdir valda verulegri röskun vegna aukinnar þenslu.

Nánari umræða um niðurstöður

Hagstjórn

Mat á þjóðhagslegum áhrifum Noral-verkefnisins miðast við að hagstjórnaraðilar grípi ekki til sérstakra mótvægisaðgerða. Greiningunni er fyrst og fremst ætlað að benda á hvenær slíkra aðgerða er þörf. Miðað við núverandi framkvæmdaáætlanir er helst hætta á þenslu árið 2005. Ef hagkerfið er nærri jafnvægi við upphaf framkvæmda gæti verðbólga árið 2005 verið um 2 prósentustigum hærri en án Noral-verkefnisins. Verðbólga mun þá að öðru óbreyttu rjúfa þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans og vera um 2 prósentustigum yfir verðbólgumarkmiðinu sjálfu. Verði aðhalds gætt hjá hinu opinbera er líklegt að Seðlabankinn gæti komið verðbólgu inn fyrir þolmörkin með tiltölulega hóflegum vaxtahækkunum. Að vísu er tæplega hægt að reikna með að mótvægisaðgerðir í formi beins samdráttar í fjárfestingu hins opinbera verði meiri en 2–3 milljarðar króna árlega. En álag á peningastefnuna má einnig minnka með því að láta tekjuauka á framkvæmdatíma ekki birtast í miklum útgjaldavexti. Ef verðbólga verður hins vegar við eða yfir þolmörkum við upphaf framkvæmda má búast við að herða þurfi stjórn peningamála verulega til að koma böndum á verðlagshækkanir og til að varðveita trúverðugleika við stjórn peningamála. Í þessu sambandi má nefna að þensluáhrif velta á ástandi hagkerfisins við upphaf framkvæmda, þ.e. áhrif framkvæmdanna til hækkunar verðbólgu verða meiri ef þensla er mikil fyrir. Lykilatriði er því að hagstjórn miði að því að jafnvægi verði í þjóðarbúskapnum þegar framkvæmdir hefjast. Frekar má draga úr hættunni á að verðbólga verði umfram markmið hagstjórnar með sértækum aðgerðum á vinnumarkaði, þ.e. með því að auðvelda framkvæmdaaðilum að ráða til sín erlent starfsfólk. Greiningin gerir reyndar þegar ráð fyrir að um fimmtungur starfa við framkvæmdir verði unninn af fólki sem kemur gagngert til landsins á vegum framkvæmdaaðila.

Annað mikilvægt verkefni hagstjórnar er að koma í veg fyrir að mjög dragi úr hagvexti við lok framkvæmda, ekki síst við lok fyrri áfanga en gert er ráð fyrir að framkvæmdir dragist mjög saman árið 2007. Í kröftugri uppsveiflu er hætta á að raunlaun hækki umfram framleiðnivöxt. Óhjákvæmileg aðlögun launa að framleiðni þegar uppsveiflu lýkur getur þá dýpkað niðursveiflu. Aðgerðir sem stuðla að jafnvægi áður en framkvæmdir hefjast og að-

---

[2] Rétt er að ítreka að hér er átt við áhrif á framleiðslustig en ekki á hagvöxt.

haldsaðgerðir á framkvæmdatíma draga bæði úr hættunni á launavexti umfram framleiðnivöxt og auka svigrúm til eftirspurnarhvetjandi aðgerða við lok framkvæmda.

Áhrif til langs tíma

Ekki er hægt að reikna með að hækkun landsframleiðslu á framkvæmdatíma verði nema að hluta varanleg. Á framkvæmdatíma á sér stað tímabundið innflæði vinnuafls og hjól efnahagslífsins snúast hraðar en fæst staðist til lengdar. Þegar til lengri tíma er litið ræðst breyting landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu fyrst og fremst af því hvort áliðnaður og stoðgreinar hans eru nógu framleiðnar til að standa undir fórnarkostnaði vinnuafls og fastafjármuna. Sá fórnarkostnaður felst annars vegar í vaxtakostnaði af aukinni erlendri lántöku og því að framleiðsluþættirnir eru teknir úr öðrum greinum. Langtímaáhrif framkvæmdanna á framleiðslu eru metin með jafnvægislíkani Þjóðhagsstofnunar. Í því er leitast við að taka tillit til ofangreinds fórnarkostnaðar. Matið felur í sér ruðningsáhrif eða m.ö.o. að aukin álframleiðsla og tengd framleiðsla ryðji að hluta burt annarri atvinnustarfsemi. Áhrif á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu eru því nokkuð minni en áætlað beint framlag áliðnaðar og stoðgreina. Ruðningsáhrifin eru gróflega áætluð á bilinu helmingur til tveir þriðju hlutar beins framlags viðkomandi greina til landsframleiðslu.

Hér hafa verið metin magnáhrif framkvæmdanna á framleiðslu. Með því er átt við breytingar í framleiðslu mældri á föstu verðlagi ársins 1990. Ekki hefur verið lagt mat á arðsemi framkvæmdanna fyrir einstaka framkvæmdaaðila. Einnig er rétt að hafa í huga að áhrif á tekjur þjóðarinnar, og þar með möguleikar hennar til varanlegrar neysluaukningar, geta verið önnur en magnbreytingarnar segja til um ekki síst ef hlutfallverð áls (raunverð áls) verður annað en á viðmiðunarárinu 1990.

Sveiflur

Vegna eignaraðildar erlendra fjárfesta í álverum hér á landi gefa sveiflur í álútflutningi mjög skekkta mynd af áhrifum greinarinnar á sveiflur í gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hingað til hafa álver starfrækt hérlendis verið í eigu erlendra aðila og því hafa sveiflur í tekjum af álútflutningi birst óverulega í tekjum Íslendinga af áliðnaði. Raunar hafa rannsóknir sýnt að áliðnaður jók að jafnaði ekki sveiflur í tekjum þjóðarbúsins á árunum 1969–1996. Ef gengið er út frá þeirri forsendu að íslensk eignaraðild í álveri Reyðaráls verði um 60% er ljóst að mikill meirihluti álframleiðslunnar hér á landi verður áfram á vegum erlendra aðila. Að teknu tilliti til viðbótar Reyðaráls við núverandi álútflutning verður álútflutningur á vegum íslenskra aðila líklega um 7% af heildarútflutningi Íslendinga eftir um áratug. Sú hlutdeild færi minnkandi með áframhaldandi vexti annars útflutnings. Reynsla undanfarinna áratuga bendir til að svipað umfang álframleiðslu og eignarhald álvera hér á landi og gert er ráð fyrir með tilkomu Reyðaráls komi ekki til með að hafa teljandi áhrif á sveiflur í gjaldeyristekjum þjóðarinnar af vöruútflutningi.

Tafla 1. Áhrif Noral-verkefnisins á helstu hagstærðir*

	2003–2006	2007–2008	2009–2012
Þjóðarframleiðsla	2,4%	0%	1,7%
Landsframleiðsla	2,3%	0,8%	2,6%
Árlegur hagvöxtur	0,7%	-1,2%	0,8%
Fjárfesting	30%	-2%	5%
Verðbólga	1,3%	-1%	-0,3%
Viðskiptajöfn. (% af VLF)	-5%	-½%	-1%
Vinnuafl sem hlutd. af heild	0,9%	0,1%	0,3%
Atvinnuleysi	-½ pr.stig	1 pr.stig	-0,2 pr.stig

Langtímaáhrif

Þjóðarframleiðsla	1%
Landsframleiðsla	1¼–1½%
Útflutningur +#	14%
Erlendar skuldir í sama horf og í grunntilfelli #	2020–2025

* Frávik frá grunntilfelli nema annað sé tekið fram.

+ Fyrsta áratug eftir lok framkvæmda.

Miðað við u.þ.b. sama raungengi og í grunndæmi frá og með árinu 2011.

Fylgiskjal V.

Samantekt um áhrif Noral-verkefnisins á samfélag á Miðausturlandi.

Hér verður leitast við að gefa í stuttu máli yfirlit um helstu samfélagsáhrif Noral-verkefnisins, þ.e. Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði á samfélag á Mið-Austurlandi. Í yfirlitinu er byggt á skýrslum sem unnar voru og gefnar út vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Annars vegar er um að ræða skýrslu sem unnin var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri[1] um samfélagsáhrif Kárahnjúkavirkjunar og hins vegar skýrslu sem unnin var af Nýsi hf. um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði.[2]

---

[1] Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (2001). Kárahnjúkavirkjun: Mat á samfélagsáhrifum. Reykjavík, Landsvirkjun; LV-2001/031.

[2] Nýsir hf. (2001). Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers í Reyðarfirði. Reykjavík, Reyðarál hf.

Forsendur.

Við mat á samfélagsáhrifum Noral-verkefnisins er gengið út frá eftirfarandi forsendum:

- Í fyrsta lagi, byggingu álvers með 240–280 þús. tonna framleiðslu á ári. Gert er ráð fyrir að vinna við byggingu álversins hefjist á árinu 2003 og að álverið hefji framleiðslu á árinu 2006.
- Í öðru lagi, stækkun álversins upp í 360–420 þúsun tonna framleiðslu á ári. Ekki hefur á þessu stigi verið tekin ákvörðun um hvenær síðari áfangi álversins verður byggður en miðað er við að hann verði tilbúinn til reksturs 6 árum á eftir fyrri áfanganum, eða árið 2012. Álverið á að rísa á iðnaðarlóð í Reyðarfirði og verður gerð höfn á iðnaðarsvæðinu.

Áformað er að rafmagn til álversins komi frá Kárahnjúkavirkjun sem Landsvirkjun er að undirbúa. Kárahnjúkavirkjun án veitu úr Jökulsá í Fljótsdal hefur um 575 MW uppsett afl sem hentar vel fyrir fyrsta áfanga álversins. Með því að nýta einnig Jökulsá í Fljótsdal eykst uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar í um það bil 690 MW og getur virkjunin þá framleitt tæpar 5.000 GWst/ári. Tvær 400 kV háspennulínur verða lagðar að álverinu frá Stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal. Til þess að fullnægja raforkuþörf álversins við stækkun þess í 360–420 þúsund tonna ársframleiðslu þarf meira rafmagn en sem nemur stækkun Kárahnjúkavirkjunar, eða tæpar 1.000 GWst/ári til viðbótar. Það rafmagn getur líklega komið frá jarðgufuvirkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi.

Noral-verkefnið mun hafa margvísleg og víðtæk áhrif á samfélag á Austurlandi. Við mat þessara áhrifa má draga þrenns konar markalínur:

- Í fyrsta lagi þarf að greina á milli framkvæmdatíma og rekstrartíma. Þegar litið er til áhrifa Noral-verkefnisins er þannig um er að ræða tvö tímabil sem í eðli sínu eru ólík. Annars vegar er framkvæmdatími sem einkennist af miklum umsvifum við byggingaframkvæmdir, einkum framanaf og vöxt þjónustu í tengslum við þær. Í þeim áætlunum sem nú er miðað við er gert ráð fyrir að þessi tími muni standa í um 12 ár. Hins vegar er svo rekstrartími sem einkennist af mun meiri stöðugleika og uppbyggingu afleiddra starfa. Þessi tímabil skarast að nokkru leyti þar sem unnt er að hefja rekstur virkjunar og álvers áður en framkvæmdum er að fullu lokið.
- Í öðru lagi þarf að greina milli mismunandi áhrifasvæða. Veigamestu langtímaáhrifin verða á svæði sem í daglegu tali er nefnt Mið-Austurland en innan þess svæðis getur fólk með góðu móti sótt vinnu í væntanlegt álver eftir að rekstur þess hefst. Á meðan á framkvæmdum stendur mun áhrifa hins vegar gæta að nokkru um allt Austurland og Norðurland eystra.
- Í þriðja lagi þarf að greina þau svið samfélagsins sem helst verða fyrir áhrifum. Áhrifa Noral-verkefnisins mun gæta mjög víða í samfélaginu en þó er ljóst að tiltekin svið samfélagsins munu verða fyrir áhrifum umfram önnur. Þessi áhrif eru háð nálægð við verkefnið í tvennum skilningi: Annars vegar eru áhrifin merkjanleg vegna landfræðilegrar nálægðar. Þessi áhrif skapast til dæmis vegna umsvifa á framkvæmdasvæðum/vinnustöðum, vegna flutnings á varningi og ferða starfsfólks til og frá vinnu. Hins vegar er um að ræða félagslega nálægð þar sem tilteknir aðilar eru í miklum samskiptum við framkvæmdaaðilana/fyrirtækin eða jafnvel beinir þátttakendur í verkefninu. Einkum verður unnt að merkja áhrif á eftirfarandi svið samfélagsins: Mannfjölda, efnahag, vinnumarkað, sveitarfélög, húsnæðismál, almenna þjónustu, opinbera þjónustu, ferðaþjónustu og á samfélag og lífsstíl fólks almennt.

Þegar rætt er um áætluð áhrif af byggingu og rekstri Kárahnjúkavirkjunar er vert að hafa í huga að fjölmargir þættir hafa áhrif á umfang og eðli þeirra. Best er að lýsa áhrif-

um framkvæmda af því tagi sem Kárahnjúkavirkjun er á þann hátt að þær feli í sér mikla möguleika til breytinga en ekki endilega eingöngu fyrirsjáanleg áhrif. Með þetta í huga skiptir afar miklu að allir þeir sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt hafi möguleika á að halda neikvæðum áhrifum þess í lágmarki en hámarka jákvæðar afleiðingar.

Núverandi staða á Austurlandi.

Þann 1. desember 2001 voru um 11.800 íbúar skráðir til heimilis á Austurlandi öllu og hafði þá aðeins fjölgað um 3.300 alla 20. öld. Á sama tíma þrefaldaðist hins vegar íbúafjöldi á landinu öllu. Sé litið til síðustu þriggja áratuga hefur orðið hægfara fólksfækkun á Austurlandi. Tímabilið 1971–1979 var vaxtarskeið og íbúum fjölgaði um 10%. Áratuginn þar á eftir, 1979–1990, tók við tímabil stöðnunar og íbúum fjölgaði mjög hægt eða aðeins um 1,5%. Frá 1990 hefur íbúum á Austurlandi hins vegar fækkað um nálega 1% á ári eða samtals um rúmlega 10%.

Fólksfækkun þarf í sjálfu sér ekki að vera neikvæð. Það á hins vegar ekki við á Austurlandi. Fólksfækkun sem nemur 1% á ári verður þannig að teljast hraðari en svo að samfélagið geti aðlagast breytingunum án þess að hætta skapist á upplausn. Í þessu sambandi skiptir miklu að fólksfækkunin á Austurlandi hefur ekki orðið jafnt í öllum aldurshópum. Sé aldursskipting íbúa á Austurlandi borin saman við aldursskiptingu Íslendinga allra vantar nokkuð upp á að hlutfall fólks á aldrinum 20–34 ára sé það sama á Austurlandi og meðal þjóðarinnar í heild. Þetta á sérstaklega við um konur. Greinilega má sjá merki um þær neikvæðu afleiðingar sem þetta getur haft til framtíðar á því að árgangar barna undir fimm ára aldri eru hlutfallslega minni á Austurlandi en meðal þjóðarinnar í heild. Sá skortur sem er á ungu fólki á aldrinum 20–30 ára á Austurlandi er augljós ógnun við mannlíf á svæðinu. Ekki síst er alvarleg sú staðreynd að ungar konur virðast flytja burt í mun ríkari mæli en eldri konur gerðu þegar þær voru á sama aldri. Þetta tengist án efa því að bestu menntunarmöguleikarnir og flest atvinnutækifærin eru á suðvesturhorni landsins eða erlendis.

Austurland hefur þannig ekki farið varhluta af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarna áratugi. Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið til vaxtarsvæði með tilheyrandi uppgangi og velmegun í efnahags- og menningarlífi sem laðað hefur til sín stóra hópa fólks, einkum yngra fólk af landsbyggðinni. Hinar dreifðu byggðir geta með engu móti keppt við þá fjölbreytni náms og starfa sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu og sem hefur leitt mörg sveitarfélög á Íslandi inn í vítahring fólksfækkunar og versnandi búsetuskilyrða. Virkjunarframkvæmdir og uppbygging stóriðju á Austurlandi er það sem helst er talið geta snúið þessari þróun við á Mið-Austurlandi.

Umræðan um hugsanlegar framkvæmdir við virkjun og stóriðju á Austurlandi hefur staðið yfir með hléum frá því snemma á áttunda áratugnum. Viðhorf og væntingar til virkjana og stóriðju á þessu landssvæði hafa verið nátengdar umræðunni um byggðaþróun. Verði ekkert af fyrirhuguðum framkvæmdum er hætta á að það hafi í för með sér neikvæð áhrif vegna fyrirætlana sem ekki hafa gengið eftir og vantrú á að unnt verði að byggja upp atvinnulíf á Austurlandi í náinni framtíð.

Ljóst er því að margvísleg tækifæri til uppbyggingar glatast ef ekkert verður af Kárahnjúkavirkjun og uppbyggingu álvers. Þar með er ekki sagt að byggð á Austurlandi standi eða falli með þessari virkjun einni. Hins vegar er nær óhugsandi að álver rísi á Reyðarfirði án byggingar virkjunarinnar.

Engin verkefni eru í sjónmáli á Austurlandi sem jafnast á við Noral-verkefnið hvað stærð eða áhrif varðar. Verði ekkert af verkefninu bendir margt til þess að fólki fækki áfram á Austurlandi og enn frekari stöðnunar/samdráttar gæti í atvinnulífinu þar. Sé tekið mið af

íbúaþróun undangenginna ára má búast við að íbúum á Austurlandi fækki um ríflega 2 þúsund frá því sem nú er og til ársins 2010. Þar með yrði íbúafjöldi á Austurlandi öllu kominn niður fyrir 10 þúsund íbúa. Verði þróunin í þessa átt er hins vegar ekki sjálfgefið að fólksfækkunin haldi áfram jafnt og þétt þar til byggð leggst af á svæðinu. Vera kann að samfélagið nái aftur einhverskonar jafnvægi þó slíkt sé ekki í sjónmáli. Í ljósi reynslu undanfarinna ára verður þó að telja ólíklegt að íbúaþróun á Austurlandi snúist við á komandi árum nema fjölbreytni náms og starfsmöguleika aukist og þjónustuþættir samfélagsins styrkist. Atvinnulíf á Austurlandi byggist enn að langstærstum hluta á landbúnaði og sjávarútvegi. Störfum í þessum atvinnugreinum hefur fækkað mikið undanfarna áratugi og fyrirsjáanlegt er að þeim muni fækka enn frekar á komandi árum. Þessa sér glögglega stað í þróun íbúafjölda á Austurlandi og ef ekki koma til ný atvinnutækifæri er sennilegast að íbúum muni fækka áfram á komandi árum með mjög alvarlegum afleiðingum fyrir byggð á svæðinu. Verði fótum kippt undan byggð til sveita og við sjávarsíðuna mun það, miðað við núverandi forsendur, einnig kippa fótum undan byggð í þéttbýlinu á Héraði sem byggir afkomu sína að verulegu leyti á þjónustu við íbúa á Austurlandi. Fækki íbúum mjög á Héraði hefur það fljótlega í för með sér versnandi þjónustu sem svo aftur getur haft neikvæð áhrif á búsetuþróun annarsstaðar á Austurlandi og svo koll af kolli.

Umfang Noral-verkefnisins á framkvæmdatíma.

Kárahnjúkavirkjun: Í áætlunum er gert ráð fyrir að vinna þurfi um 3.300 ársverk við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Til samanburðar má geta þess að vinna við byggingu Hrauneyjafossvirkjunar var um 880 ársverk og við byggingu Blönduvirkjunar um 820 ársverk. Allan samanburð fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar við fyrri virkjunarframkvæmdir ber hins vegar að taka með fyrirvara og á það ekki síst við um starfsmannaþörf, þar sem vægi einstakra verkþátta getur verið ólíkt við framkvæmdir af þessu tagi.

Álver í Reyðarfirði: Í áætlunum er miðað við að hafist verði handa við byggingu álvers í Reyðarfirði einu ári eftir upphaf virkjunarframkvæmda. Samhliða byggingu álversins verður reist rafskautaverksmiðja og byggð vöruhöfn við verksmiðjusvæðið. Bygging álvers í Reyðarfirði er langstærsta verkefnið sem áætlanir eru uppi um að ráðast í samhliða byggingu Kárahnjúkavirkjunar og er gert ráð fyrir að við byggingu beggja áfanga þess verði unnin rúmlega 2.700 ársverk, þar af um 1.100 það ár sem framkvæmdir standa hæst.

Fljótsdalslínur: Nauðsynlegt er að reisa háspennulínur til að flytja orku frá Kárahnjúkavirkjun. Í tilviki álvers í Reyðarfirði er um að ræða svokallaðar Fljótsdalslínur 3 og 4, tvær 400 kílóvolta háspennulínur. Hafist verður handa við línulögnina samhliða framkvæmdum við álverið. Reiknað er með að línulögnin taki þrjú ár og að alls verði unnin þar um 180 ársverk eða á bilinu 30–80 á ári.

Bygging atvinnuhúsnæðis: Vegna hinna miklu umsvifa sem vænta á Austurlandi í tengslum við áðurnefndar framkvæmdir má vænta þess að spurn eftir atvinnuhúsnæði aukist nokkuð. Talið að þörf fyrir nýtt atvinnuhúsnæði getu numið rúmlega 25 þúsund fermetrum á öllu framkvæmdatímabilinu sem kallar á að unnin séu um 350 ársverk eða á bilinu 15–60 á ári.

Bygging íbúðarhúsnæðis: Vegna framkvæmdanna en þó fyrst og fremst vegna reksturs álversins er gert ráð fyrir nokkurri íbúafjölgun á Austurlandi. Þar verður um að ræða allt í senn fólk sem fætt er á Austurlandi, austfirðinga sem flytja aftur á heimaslóðir og svo fólk sem fætt er annarsstaðar en á Austurlandi. Fjölgunin verður fyrirsjáanlega á tveimur vaxtarsvæðum, það er að segja á Héraði og í Fjarðabyggð. Þörf fyrir nýtt íbúðarhúsnæði er talin nema allt að 1.300 íbúðum á tímabili sem nær frá árinu 2002 til og með ársins 2013 eða

rúmlega 100 íbúðum á ári. Til að byggja þessar íbúðir þarf að vinna rúmlega 1.800 ársverk eða um 150 að meðaltali á ári.

Heildarumfang á Noral-verkefnisins á framkvæmdatíma: Vegna framkvæmda í tengslum við Noral-verkefnið þarf að inna af hendi um 5.200 ársverk til viðbótar við þau 3.300 ársverk sem gert er ráð fyrir að verði unnin við virkjunina. Samtals er þannig gert ráð fyrir að skapist um 8.500 ársverk vegna áðurnefndra framkvæmda á um 12 ára tímabili.

Við mat á áhrifum framkvæmda við álverið er gert ráð fyrir að fólk sem nú er búsett á Austurlandi muni sinna 15% af vinnu við framkvæmdir og að starfsmenn sem flytja tímabundið til Austurlands með fjölskyldur sínar á meðan á framkvæmdum stendur muni manna 15% starfa við framkvæmdirnar. Þá er gert ráð fyrir að erlent vinnuafl muni sinna 30% af vinnu við framkvæmdir og að Íslendingar sem dvelja í vinnubúðum muni vinna um 40% starfanna. Við virkjanaframkvæmdir er gert ráð fyrir að heimamenn vinni 15% ársverkanna og tímabundið aðfluttir 3%. Á meðan á framkvæmdum stendur munu auk þess verða til fjöldi óbeinna og afleiddra starfa við þjónustu á svæðinu og er talið að heimamenn muni geta mannað um helming þeirra. Þegar líður á framkvæmdatímann og vinna hefst við síðari áfanga álvers og virkjunar er gert ráð fyrir að hlutur heimamanna fari stækkandi samhliða því að reynsla og þekking verður til á svæðinu.

Umfang Noral-verkefnisins á rekstrartíma.

Kárahnjúkavirkjun: Á rekstrartíma Kárahnjúkavirkjunar skapast um 20 föst störf við rekstur og viðhald. Auk þess má gera ráð fyrir að töluverð þörf verði fyrir aðkeypta viðhaldsvinnu frá verktökum. Sé tekið tillit til afleiddra starfa má reikna með að við rekstur Kárahnjúkavirkjunar skapist alls um 33 ársverk þegar virkjunin verður komin í fullan rekstur.
Álver í Reyðarfirði: Við 240–280 þúsund tonna álver er áætlað að inna þurfi af hendi 414 heilsársstörf. Vegna orlofs, veikinda og annarra forfalla þarf að auka þann fjölda um 10%, sem þýðir í heild um 455 ársverk. Við stækkun álversins í 360–420 þúsund tonn þarf að inna af hendi um 140 heilsársstörf til viðbótar (auk um 10% til viðbótar vegna afleysinga). Þegar álverið verður fullbyggt má því gera ráð fyrir að inna þurfi af hendi alls um 610 ársverk. Þegar rekstur álversins hefst verður til þörf fyrir ýmisskonar vörur og þjónustu því til handa. Rannsóknir benda til þess að fyrir hvert starf í álverinu muni skapast um 0,65 afleidd störf á Austurlandi eða samtals um 400 störf.

Heildarumfang á Noral-verkefnisins á rekstrartíma: Eins og áður er um getið skarast framkvæmda- og rekstrartími Noral-verkefnisins nokkuð. Þetta er jákvætt vegna þess að samhliða því sem dregur úr framkvæmdum skapast atvinnutækifæri á Austurlandi í vegna reksturs álvers og virkjunar.

Yfirlit um umfang Noral-verkefnisins á rekstrartíma og á framkvæmdatíma er að finna á eftirfarandi myndum:

Ársverk við ýmsar framkvæmdir vegna Noral-verkefnisins.



Ársverk vegna reksturs virkjunar og álvers.



Helstu samfélagsáhrif Noral-verkefnisins.

Mannfjöldi: Gríðarlegur fjöldi fólks muni koma beint og óbeint að framkvæmdum í tengslum við Noral-verkefnið. Ekki er líklegt að margir muni kjósa að flytja til Austurlands gagngert til að vinna við framkvæmdirnar og má vísa til reynslu af Blönduvirkjun í þessu sambandi. Hins vegar munu framkvæmdirnar þegar frá upphafi draga nokkuð úr líkum á að fólk flytji burt frá Austurlandi. Til lengri tíma litið skiptir miklu sá grundvallarmunur sem er á Kárahnjúkavirkjun og Blönduvirkjun að strax í kjölfar virkjanaframkvæmdanna á Austurlandi verða til varanleg störf í álveri á svæðinu. Þessi störf verða fleiri en sem nemur þeim fjölda starfa við framkvæmdir sem sennilegt er að unnin verði af fólki sem nú er búsett á Austurlandi.

Mest fjölgun starfa verður að öllum líkindum í Fjarðabyggð og á Austur-Héraði og þar er því að vænta mestra áhrifa á íbúafjölda. Íbúum þéttbýlisins á Héraði hefur fjölgað hægt en örugglega síðustu áratugi og þar er orðinn til byggðakjarni þar sem þjónusta er meiri og atvinnulíf fjölbreyttara en víðast annars staðar á Austurlandi. Aukin umsvif í verslun og þjónustu á svæðinu munu því líklega verða til að styrkja þá þætti samfélagsins á Egilsstöðum og í Fellabæ sem stuðla að því að þessir staðir haldi hlut sínum betur en ella hefði verið. Sé tekið mið af íbúaþróun síðustu ára má búast við að íbúum á Mið-Austurlandi fækki um 300 á 5–6 ára tímabili. Sé hins vegar litið til áhrifa Noral-verkefnisins má búast við að íbúum svæðisins fjölgi og að þeir verði um 2.400–2.500 fleiri en ef ekkert verður að gert.

Efnahagur: Meðan á framkvæmdum stendur við Noral-verkefnið má vænta gífurlegra áhrifa á efnahag fólks og fyrirtækja á Austurlandi. Hin miklu umsvif munu leiða til tímabundinnar spennu á vinnumarkaði vegna þess að nokkur stór verkefni verða í gangi samtímis. Aukin eftirspurn eftir vinnuafli mun nær örugglega leiða til almennrar hækkunar launa, samhliða því að mörgum verður gert kleift að flytja sig í betur launuð störf við framkvæmdirnar. Á framkvæmdatímanum má jafnframt búast við miklum áhrifum á afkomu fyrirtækja í verktakageiranum og fyrirtækja á sviði verslunar, þjónustu og samgangna. Veigamestu efnahagsáhrifin koma hins vegar fram á rekstrartíma virkjunar og álvers þegar skapast munu yfir eitt þúsund ný störf á Mið-Austurlandi.

Vinnumarkaður: Áætlanir um vinnuaflsþörf á byggingartíma Kárahnjúkavirkjunar, miðast við 820 ársverk á því ári sem framkvæmdir standa sem hæst. Fáir íbúar á Austurlandi hafa starfað við fyrri virkjana- eða álversframkvæmdir en þó nokkur fjöldi hefur reynslu af annars konar framkvæmdum. Það getur verið kostnaðarsamt að sækja vinnuafl um langan veg og því er fyrirsjáanlegt að verktakar muni leggja sig fram um að ráða til sín starfsfólk sem ekki þarf að sækja vinnu fjarri heimili sínu. Í ljósi reynslu af fyrri stórframkvæmdum má gera ráð fyrir að hlutur fólks sem búsett er á Mið-Austurlandi gæti numið allt að 25% af heildarfjölda ársverka við framkvæmdir. Með hliðsjón af stærð vinnumarkaðarins í næsta nágrenni stærstu framkvæmdasvæða í Fljótsdal og Reyðarfirði er þó rétt að gera ráð fyrir mettunaráhrifum vegna þess að fjöldi þeirra sem geta og vilja starfa að framkvæmdunum verður sennilega minni en sem nemur mögulegri 20–25% hlutdeild. Áætlanir gera því ráð fyrir að um 15% af þeim ársverkum sem unnin verða við framkvæmdir í tengslum við Noral-verkefnið verði unnin af fólki sem nú er búsett á Mið-Austurlandi. Þar er þó um að ræða verulegan fjölda starfa eða á bilinu 100–300 á ári eftir umfangi framkvæmdanna. Framkvæmdirnar munu gefa mörgum Austfirðingum kost á tímabundinni viðbótarvinnu og þar með auknum tekjum. Þetta á meðal annars við um bændur sem margir hverjir hafa lágar tekjur og ekki síður námsmenn.

Varanleg fjölgun starfa á Austurlandi verður að langstærstum hluta vegna álversins þar sem verða til um 610 bein störf og um 400 afleidd störf á Austurlandi. Álverið mun notast við bestu fáanlega tækni í heiminum, bæði með tilliti til tæknigetu og mengunarvarna. Sjálfvirkni og tölvuvæðing hafa gjörbreytt álvinnslutækni og svo til upprætt hina líkamlega erfiðu vinnu sem áður einkenndi þennan iðnað. Þessi þróun hefur leitt til þess að konum sem starfa í áliðnaði hefur farið fjölgandi. Álverið verður í sterkri stöðu til að keppa við aðra atvinnustarfsemi um vinnuafl. Þannig greiða önnur álver á Íslandi hærri laun en aðrar sambærilegar starfsstéttir fá að sjómönnum undanskildum. Menntunarkröfum sem gerðar eru til starfsmanna má skipta í fimm flokka og í fyrsta áfanga verða hlutföllin milli þeirra eftirfarandi:

Störf sem ekki krefjast neinnar sérþekkingar, þ.e. ófaglært verkafólk	6%
Störf sem krefjast sérstaks iðn- eða fjölbrautanáms	72%
Störf sem krefjast tæknimenntunar	13%
Störf sem krefjast tæknimenntunar á háskólastigi	5%
Störf sem krefjast akademískrar háskólamenntunar	4%

Starfsemi sveitarfélaga: Fjarðabyggð er það sveitarfélag sem verða mun fyrir mestum áhrifum vegna Noral-verkefnisins. Á framkvæmdatímanum mun reyna mikið á sveitarfélagið vegna þess að fjárfesta þarf í mannvirkjum, veitum, götum og höfn, undirbúa nýbyggingarsvæði ásamt því að sinna auknum verkefnum vegna hinna miklu umsvifa í sveitarfélaginu. Á Héraði munu sveitarfélög einnig verða fyrir talsverðum áhrifum meðan á byggingu bæði Kárahnjúkavirkjunar og álvers stendur. Ekki verður hins vegar séð að framkvæmdirnar þurfi að valda þeim sveitarfélögum neinum teljandi kostnaði umfram það sem nú er. Ljóst er þó að þar sem líklegast er að búseta starfsmanna muni valda þenslu, á Egilsstöðum í Austur-Héraði, er staða sveitarfélagsins slík að hugsanlegar fjárfestingar í grunngerð þyrfti að fjármagna með lánum. Í hinum sveitarfélögunum eru forsendur slíks mun hagstæðari. Ber þar helst að líta til Fellahrepps sem auk Egilsstaða er líklegasti kostur til búsetu. Á móti kemur að grunngerð sveitarfélaganna í skólum er ekki fullnýtt og því talsvert svigrúm til fjölgunar nemenda án þess að til fjárfestinga komi af þeim sökum. Þetta er einkum raunin í Austur-Héraði og í Fellahreppi, þar sem helst er að vænta fjölgunar vegna virkjunarinnar. Margfeldisáhrif og auknar útsvarstekjur munu skila sér til sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra fjögurra sem næst eru framkvæmdasvæðinu.

Tekjur Fjarðabyggðar munu sjáanlega aukast talsvert vegna álversins þegar frammí sækir. Fasteignaskattur af mannvirkjum mun renna óskiptur til sveitarfélagsins. Starfsmenn munu hins vegar greiða útsvar til þess sveitarfélags sem þeir búa í. Langmestu fjárhagslegu áhrif Kárahnjúkavirkjunar verða í Fljótsdalshreppi, þar sem tekjur sveitarfélagsins munu aukast gríðarlega vegna þeirra fasteignagjalda sem greidd verða af stöðvarhúsi virkjunarinnar.

Húsnæðismál: Með Noral-verkefninu mun aukast verulega spurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsnæði á Mið-Austurlandi. Talið er að þörf verði fyrir rúmlega 900 nýjar íbúðir vegna beggja áfanga álversins. Áætlað hefur verið að 30–40% verði á Reyðarfirði og 25–40% á Egilsstöðum og u.þ.b. 15% á Eskifirði, en erfitt er að sjá fyrir um það með meiri nákvæmni því fólkið sem um ræðir velur sér sjálft búsetu og við þá ákvörðun koma fleiri þættir til álita en staðsetning álversins. Á framkvæmdatímanum verður viðbótarhúsnæðisþörf starfsmanna að langstærstum hluta leyst með vinnubúðum.

Þjónusta almennt: Áhrif Noral-verkefnisins á ýmsa þjónustuþætti samfélagsins verða fyrirsjáanlega umtalsverð, fyrst og fremst þó í Fjarðabyggð, á Egilsstöðum, og í Fellabæ. Sá mikli fjöldi sem starfandi verður á framkvæmdasvæðunum mun án efa sækjast eftir verslun og afþreyingu en auk afleiddra umsvifa við framkvæmdirnar munu verktakarnir kaupa vöru og þjónustu í stórum stíl. Óljóst er nú hversu stór hluti aðkeyptrar vöru og þjónustu verður sóttur á Hérað og hversu stór hluti annað. Augljóslega verður stærstur hluti þess sem þarf til mannvirkjagerðar fluttur beint frá útlöndum en þar fyrir utan verður um að ræða gríðarlegt magn af margs konar vöru, bæði byggingarefni og matvöru. Það þýðir hins vegar að stórir dreifingaraðilar annarsstaðar en á Austurlandi munu sækjast eftir þessum viðskiptum og keppa um þau við austfirsk fyrirtæki.

Opinber grunngerð – Kárahnjúkavirkjun: Drykkjarvatns- og fráveitumál vinnubúða verða að líkindum leyst af verktökunum sjálfum. Sama má segja um sorpurðun. Framkvæmdum munu fylgja talsverðir völuflutningar, bæði um hafnir og vegi á Austurlandi. Þannig gera

áætlanir ráð fyrir að vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun eingöngu verði flutt um 130 þúsund tonn af vörum og varningi í um 5 þúsund ferðum. Þessir þungaflutningar dreifast að mestu á um fjögurra ára tímabil. Væntanlega mun mikið af vörum, verða flutt um höfnina á Reyðarfirði. Annað verður flutt landleiðina, í flestum tilvikum frá Reykjavík. Auk vöruflutninga skapast álag vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu. Flutningar um vegi á Héraði með mannskap til og frá virkjunarsvæðinu gætu numið á bilinu 500–800 ferðum á mánuði með meiri umferðarþunga yfir sumarmánuðina. Við þetta bætist svo umferð ferðamanna sem skoða vilja umhverfið og framkvæmdirnar. Umferð um Egilsstaðaflugvöll mun aukast, sérstaklega vegna Kárahnjúkavirkjunar. Verði 500 aðkomumenn starfandi að jafnaði við framkvæmdirnar, og gefist þeim kostur á að fara heim í stutt leyfi tvisvar í mánuði, mun farþegum um Egilsstaðaflugvöll fjölga um allt að 20–30 þúsund á ári þegar umsvifin verða mest 2003–2005. Þannig gæti umferð um flugvöllinn aukist um 30–40% frá því sem var á árinu 1998. Ef þessari auknu umferð verður beint í hefðbundið áætlunarflug mun flugferðum fjölga og íbúar Austurlands þannig njóta góðs af aukinni ferðatíðni. Þetta mun einnig verða til að styrkja innanlandsflug. Þörf framkvæmdaaðila fyrir greið og örugg fjarskipti kann að stuðla að bættri þjónustu á þessu sviði og betra aðgengi íbúa á svæðinu að slíkri þjónustu. Vegna hins takmarkaða fjölda samtalsrása í NMT-450 farsímakerfinu má búast við að settir verði upp GSM-sendar í námunda við helstu athafnasvæði virkjunaraðilans sem þýðir að GSM-símasamband mun verða víða á hálendinu norðan Vatnajökuls til öryggis og hagsbóta fyrir ferðamenn.

Opinber grunngerð – álverið: Uppbygging þeirrar grunngerðar sem nauðsynleg er vegna byggingar álversins og almennt á byggingartíma þess er í nokkrum tilvikum verkefni sveitarfélagsins, í sumum tilvikum verkefni ríkisins og jafnvel samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir því að í einhverjum tilvikum verði gert samkomulag milli Reyðaráls hf. og hins opinbera um uppbyggingu vissra þátta í grunngerð. Með grunngerð er hér einkum átt við vatnsveitu, fráveitu, dreifikerfi rafmagns, vegi, höfn, flugvöll og fjarskiptakerfi.

Þjónusta við atvinnulífið er af margvíslegum toga. Í sumum tilvikum er hún verkefni ríkisins, í öðrum tilvikum verkefni sveitarfélaga og í nokkrum tilvikum er um að ræða aðkomu bæði ríkis og sveitarfélaga. Hér má nefna sorpeyðingu, brunavarnir og eldvarnaeftirlit, skipulag, byggingareftirlit, vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit. Þessi þjónusta er öll til staðar á Mið-Austurlandi.

Svipaða sögu er að segja af þjónustu við íbúana, til dæmis á sviði skólamála, félags- og heilbrigðismála, íþrótta- og tómstundamála og menningarmála. Þessi þjónusta er öll til staðar á Mið-Austurlandi og er annað hvort á ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaganna, eða samstarfsverkefni þeirra.

Ferðaþjónusta: Veigamestu áhrif Noral-verkefnisins á ferðaþjónustu verða vegna Kárahnjúkavirkjunar. Bygging virkjunarinnar mun hafa veruleg áhrif á ferðaþjónustu á Austurlandi, fyrst og fremst þó á hálendinu norðaustan Vatnajökuls. Framkvæmdasvæðið teygir sig nokkuð víða um hálendið og ekki verður hjá því komist að ferðamenn verði varir við þessar umfangsmiklu framkvæmdir þar sem hundruð manna verða að störfum og fjöldi stórvirkra vinnuvéla. Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á ferðamennsku eru einkum tvíþætt. Annars vegar breytir virkjunin ásýnd landsins og veldur þannig bæði sjónrænum og hugrænum áhrifum. Hins vegar breytir virkjunin aðgengi ferðamanna að tilteknum svæðum, vegir batna og svæði, sem áður voru aðskilin, tengjast saman. Þessi áhrif koma að hluta til fram á framkvæmdatímanum en eru til frambúðar.

Samfélag og lífsstíll: Noral-verkefnið getur haft víðtæk og margvísleg áhrif á mannlíf á Austurlandi á þeim tíma sem áætlað er að framkvæmdir standi. Þessara áhrifa gætir fyrst og fremst í næsta nágrenni virkjunarinnar, á Héraði og svo í fjarðabyggð í tengslum við álverið. Umsvif munu aukast og hraði samfélagsins verða meiri þegar verkefni sem beint eða óbeint stafa af virkjuninni bætast við það sem fyrir er. Þessi áhrif verða mismikil eftir nálægð við framkvæmdirnar í að minnsta kosti tvennum skilningi. Í fyrsta lagi eru áhrifin mismunandi í atvinnulegu tilliti. Þannig verða áhrifin að jafnaði mest hjá þeim sem ýmist vinna beint við framkvæmdirnar eða sinna þjónustu við verktaka. Í öðru lagi eru áhrifin mismunandi eftir fjarlægð frá helstu athafnasvæðum verktakanna. Í fyrra tilvikinu, þar sem oftast er um að ræða aukin verkefni og umsvif í atvinnulegu tilliti, verða viðhorf viðkomandi líklegast jákvæð. Í síðara tilvikinu getur verið um er að ræða rask og ónæði og vísast munu ekki allir taka því jafn fagnandi.

Áhrif Noral-verkefnisins í hnotskurn.

Fyrirhugaðar virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi munu með beinum, óbeinum og afleiddum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta á Mið-Austurlandi. Með Noral-verkefninu verður til ný atvinnugrein á svæðinu sem hafa mun jákvæð áhrif á margar aðrar atvinnugreinar er átt geta viðskipti við álverið og starfsfólk þess. Noral-verkefnið mun hafa áhrif á ferðamannaþjónustu og landbúnað. Í fyrra tilvikinu mun aukinn íbúafjöldi, viðskipti tengd framkvæmdum, bættar samgöngur og bættur hagur fólks auka eftirspurn eftir margvíslegri hótel- og veitingaþjónustu, útivist og afþreyingu sem aðilar í ferðaþjónustu njóta góðs af. Atvinna tengd álverinu mun einnig auka möguleika fólks sem starfar í ferðaþjónustu og landbúnaði á viðbótartekjum en atvinna í þessum tveimur greinum gefur almennt lágar tekjur og er árstíðabundin.

Fólksfækkun á síðustu árum hefur aðallega átt rætur sínar að rekja til þess að ungt fólk sækir burt til náms og í leit að áhugaverðum og vel launuðum störfum. Bein, óbein og afleidd áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki sem á rætur á Mið-Austurlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Skoðanakönnunin sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi fyrir Reyðarál hf. sýnir að 40% 18–28 ára fólks á Mið-Austurlandi hefur örugglega eða líklega áhuga á að starfa í álverinu og að 17% brottfluttra Austfirðinga 25–49 ára telur líklegt að þeir muni flytja aftur til Austurlands ef álver rís á Reyðarfirði.

Fyrirhugað álver og tengd starfsemi mun leiða til samgöngubóta, bættrar grunngerðar og aukinnar þjónustu, til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins. Bætt afkoma fólks og fjölgun íbúa mun leiða til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu og styrkja starfsemi stofnana, samtaka, félaga og hópa sem starfa á þessu sviði.

Ef verkefnið verður framkvæmt eins og áformað er mun verða til samfélag á Mið-Austurlandi sem byggir afkomu sína á tveimur meginstoðum, það er álframleiðslu og sjávarútvegi. Mikilvægast er hins vegar að verkefnið mun leiða til þess að samfélag sem nú einkennist af stöðnun og samdrætti í atvinnulífi mun eiga þess kost að breytast í samfélag uppgangs og athafnasemi.

Fylgiskjal VI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Tilgangur frumvarpsins er að Landsvirkjun fái lagaheimildir til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun og stækka Kröfluvirkjun vegna stóriðjuframkvæmda sem hugsanlegt er að ráðist verði í á næstu árum. Samkvæmt 1. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Ríkissjóður á 50% eignarhluta í fyrirtækinu, Reykjavíkurborg 44,525% og Akureyrarbær 5,475%. Hver eigandi um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins en um innbyrðis skiptingu á ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Af þessum sökum tekur ríkissjóður á sig aukna ábyrgð skuldbindinga sem Landsvirkjun kann að takast á hendur vegna verkefnisins. Með frumvarpinu er lögð fram skýrsla Þjóðhagsstofnunar um efnahagslegan ávinning af verkefninu. Samkvæmt henni eykst landsframleiðsla um rúmlega 2% á framkvæmdatímanum 2002–2013 og gæti orðið 1¼–1½% hærri til lengri tíma litið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það muni leiða til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

796. Frumvarp til laga [504. mál]

um varnir gegn landbroti.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Tilgangur, skilgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna.

2. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Fyrirhleðsla*: Mannvirki til varnar gegn landbroti, svo sem til að hafa áhrif á rennsli vatna eða verja land og mannvirki fyrir ágangi vatna með öðrum hætti.
2. *Landbrot:* Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi sjávar eða vatna.
3. *Landkostir:* Auðlindir sem felast í gróðri, jarðvegi og vistkerfum landsins.
4. *Nytjaland:* Land sem tekið hefur verið til sérstakra nytja, svo sem þaulræktar eða skógræktar.

5. *Umráðahafi lands:* Sá telst umráðahafi lands sem hefur lögmætan rétt til að ráðstafa nýtingu þess.

3. gr.

Yfirstjórn.

Landgræðslan fer fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

II. KAFLI
Framkvæmd.

4. gr.

Hlutverk Landgræðslunnar – forgangsröðun.

Landgræðslan metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.

Við forgangsröðun verkefna skal höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar. Nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skulu jafnan njóta forgangs við röðun verkefna.

Landgræðslan telst ávallt vera framkvæmdaraðili þegar unnið er að fyrirhleðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Hlutverk umráðahafa lands og skráning Landgræðslunnar.

Verði umráðahafi lands var við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hann tilkynna það til Landgræðslunnar. Hún heldur skrá yfir landbrot eða staði þar sem hætta er á landbroti og metur hvar þörf á fyrirhleðslum er brýnust.

6. gr.

Samráð um fyrirhleðslur.

Landgræðslan skal hafa samráð við eiganda/umráðahafa mannvirkja eða lands sem fyrirhleðslu er ætlað að verja. Ef framkvæmd kann að hafa áhrif á veiði eða fiskrækt skal tilkynna það stjórn viðkomandi veiðifélags, sbr. lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Vilji landeigandi eða veiðifélag gera athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd skal hún vera skrifleg og berast Landgræðslunni innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar.

Landgræðslan skal hafa samráð við viðkomandi búnaðarsamband eða héraðsráðunauta um forgangsröðun fyrirhleðsluverkefna. Hún getur einnig haft samráð við þessa aðila um eftirlit með framkvæmdum og viðhald fyrirhleðslna.

7. gr.

Framkvæmdir við fyrirhleðslur.

Þegar fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við fyrirhleðslur skal Vegagerðin, sbr. vegalög, nr. 45/1994, annast verkfræðilegan undirbúning og framkvæmdir í samráði við Landgræðsluna. Landgræðslan telst þó ávallt framkvæmdaraðili fyrirhleðslna samkvæmt lögunum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Kostnaður við fyrirhleðslur.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar opinberum mannvirkjum, í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem samgöngumannvirkjum, raflínum eða öðrum dreifikerfum í hættu, og greiðir þá viðkomandi stjórnsýsluaðili allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir viðkomandi stjórnsýsluaðili að fullu kostnað við framkvæmdir sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerð, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr farvegi o.s.frv.

Þegar fyrirhleðslu er bæði ætlað að verja samgöngu- og/eða veitumannvirki og land skal kostnaður við framkvæmdirnar og undirbúning þeirra skiptast milli Landgræðslunnar og þess stjórnsýsluaðila sem viðkomandi mannvirki heyra undir, eftir nánara samkomulagi þeirra á milli. Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu þessa kostnaðar skal landbúnaðarráðherra skera úr.

Landgræðslunni er heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka styrki á opinberum vettvangi þar sem fram koma skilyrði þau sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta hlotið styrk, sem og hámarksfjárhæð styrks.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara er greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Bætur fyrir tjón af völdum fyrirhleðslna.

Ef framkvæmdir við fyrirhleðslur valda bótaskyldu tjóni skal greiða skaðabætur í samræmi við lög og almennar venjur. Við undirbúning verks skulu áætlaðar skaðabætur, ef einhverjar eru, taldar með til kostnaðar við verkið.

10. gr.

Heimild til útgáfu reglugerða.

Landbúnaðarráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

11. gr.

Ágreiningsmál og kærur.

Ef ágreiningur rís um framkvæmd þessara laga sker landbúnaðarráðherra úr. Sú málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, hefur látið semja meðfylgjandi frumvarp til laga um varnir gegn landbroti. Um þetta efni er nú fjallað í lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Ljóst má vera hversu þýðingarmikið er að vinna gegn

landeyðingu og gróðurskemmdum sem ágangur vatna getur valdið. Því er mikilvægt að unnt sé að bregðast skjótt við og ótvírætt hver hafi það hlutverk að stýra aðgerðum til að hefta landbrot. Í frumvarpinu, eins og í gildandi lögum, er Landgræðslunni falið þetta hlutverk. Hér er lagt til að Landgræðsla ríkisins nefnist Landgræðslan til samræmis við frumvarp til laga um landgræðslu sem einnig er lagt fram á þessu löggjafarþingi. Við meiri háttar framkvæmdir er sem fyrr gert ráð fyrir aðkomu Vegagerðarinnar. Í frumvarpinu er að finna það nýmæli að Landgræðslan skal einnig hafa yfirsýn yfir það hvar helst er þörf á að bregðast við ágangi vatna, þannig að áætlanagerð og stefnumörkun í þessum málaflokki verður ljósari en verið hefur.

Með frumvarpinu er leitast við að einfalda það ferli sem felst í undirbúningi og aðgerðum til að hefta landbrot af völdum vatna. Í gildandi lögum eru t.d. ákvæði um sérstakar matsnefndir í hverri sýslu. Á undanförnum árum hafa þær aðeins í fáum tilfellum verið virkar. Einnig eru þar ítarleg ákvæði um skiptingu kostnaðar við slíkar framkvæmdir, en í reynd hefur reynst erfitt að fara eftir þeim ákvæðum. Í frumvarpinu er gengið út frá þeirri meginreglu að sá beri kostnaðinn sem á samgöngumannvirkið eða veitumannvirkið sem verið er að vernda. Þetta á ávallt að vera sú viðmiðun sem litið er til þegar varnirnar beinast að landi eða mannvirkjum í eigu ríkis og sveitarfélaga. Aftur á móti er augljóst að einstaklingar hafa almennt ekki tök á að leggja út í slíkan kostnað. Því er gert ráð fyrir að Landgræðslan geti kostað framkvæmdirnar í slíkum tilvikum. Er það að mestu í samræmi við núgildandi lög og þær venjur sem mótast hafa við framkvæmd gildandi laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök lagafrumvarpsins sem kunna að þarfnast sérstakra skýringa. Ekki er ástæða til að skýra þessi hugtök nánar hér, nema fyrirhleðsluhugtakið.

Með fyrirhleðslu er m.a. átt við mannvirki sem er ætlað að verja land fyrir straumvatni með því að breyta t.d. rennslisátt. Hugtakið nær líka til mannvirkja sem sett eru með bökkum lóna eða straumvatns, án þess að breyta rennslisátt vatnsins eða vatnshæð yfirborðs, en slík mannvirki hafa einnig verið nefnd bakkavarnir eða rofvarnir. Til einföldunar er hugtakið fyrirhleðsla látið ná yfir hvers konar mannvirki sem gert er, í samræmi við þetta frumvarp, til að hindra landbrot.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er það Landgræðslan sem fer með framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðuneytið er æðsta stjórnvald í þeim málum sem lögin taka til.

Um 4. gr.

Í greininni er almenn lýsing á hlutverki Landgræðslunnar samkvæmt lögunum. Stofnunin metur hvar og hvenær þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot. Í eldri lögum var þetta í höndum sérstakra matsnefnda, en er nú einfaldað og sett í hendur Landgræðslunnar. Stofnunin skal halda skrá yfir hvar landbrot á sér stað eða er yfirvofandi.

Landgræðslan skal meta hversu fyrirhleðslur eru áríðandi og raða verkefnum í forgangsröð. Þetta mat skal einkum miðast við verðmæti þess lands eða mannvirkja sem landbrot

ógnar og fyrirhleðslan mun verja. Í greininni segir enn fremur að nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skuli almennt njóta forgangs og er þetta eins konar vísiregla. Engu að síður er það verðmætið sem skiptir mestu við forgangsröðunina.

Vert er að árétta að Landgræðslan telst ávallt vera framkvæmdaraðili þegar unnið er að fyrirhleðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta getur t.d. skipt máli þegar litið er til löggjafar sem fjallar um skipulag eða mat á umhverfisáhrifum.

Um 5. gr.

Umráðahafi lands skal tilkynna Landgræðslunni ef hann verður var við landbrot eða yfirvofandi hættu á landbroti. Með þessu er leitast við auka ábyrgð þeirra sem mestra hagsmuna hafa að gæta og tryggja að Landgræðslan hafi sem besta vitneskju um umfang landbrots.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um samráð sem haft er við undirbúning fyrirhleðslna. Auk þess gilda að sjálfsögðu um þetta önnur viðeigandi lög eftir atvikum, svo sem löggjöf um skipulagsmál og um mat á umhverfisáhrifum.

Landgræðslunni ber ávallt að tilkynna eiganda eða umráðahafa viðkomandi mannvirkja eða lands, sem fyrirhleðslu er ætlað að verja, um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Í reynd hefur það nær alltaf verið svo að frumkvæði að fyrirhleðslum hefur komið frá landeigendum sjálfum eða umráðahöfum lands. Þá er auðvitað óþarft að Landgræðslan tilkynni viðkomandi um fyrirhleðsluna. Tilkynningarskylda er aftur á móti ávallt fyrir hendi ef fyrirhleðslan er talin hafa áhrif á veiði eða fiskræktarmöguleika og skal tilkynningin þá berast viðkomandi veiðifélagi. Landeigendur og veiðifélög, sem fengið hafa tilkynningu samkvæmt þessari grein, hafa fjórar vikur frá dagsetningu tilkynningar til að koma skriflegum athugasemdum sínum á framfæri við Landgræðsluna. Um þetta ferli gilda að öðru leyti stjórnsýslulög.

Í tíð eldri laga um fyrirhleðslur hafa héraðsráðunautar búnaðarsambandanna gegnt mikilvægu hlutverki við eftirlit og viðhald eldri mannvirkja og undirbúning og ákvarðanatöku um nýjar fyrirhleðslur. Gert er ráð fyrir að þetta samráð haldi áfram og Landgræðslan eigi farsælt samstarf við héraðsráðunautana við mat á því hvar mest þörf er á fyrirhleðslum og við eftirlit með fyrirhleðslum. Það er engu að síður alfarið á valdi Landgræðslunnar að ákveða forgangsröðunina.

Um 7. gr.

Þegar umfangsmiklar eða vandasamar fyrirhleðsluframkvæmdir eru fyrirhugaðar er það í höndum Vegagerðarinnar að annast verkið, þ.e. verkfræðilegan undirbúning, útboð svo og framkvæmdirnar sjálfar. Þetta er í samræmi við núgildandi lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975. Vegagerðin skal þó ávallt hafa eðlilegt samráð við Landgræðsluna, sem telst framkvæmdaraðili verksins og ber ábyrgð sem slíkur.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um hver beri kostnaðinn af fyrirhleðslum. Augljóslega getur hann verið mjög mismikill. Í fjárlögum hverju sinni skal ákveðið hversu hátt framlag Landgræðslan fær til slíkra framkvæmda.

Við framkvæmdir sem Vegagerðin annast, sbr. 7. gr., á sú stofnun rétt á að fá framkvæmdakostnaðinn greiddan í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Sé fyrirhleðsla gerð til að vernda mannvirki í eigu ríkisins eða sveitarfélaga er meginreglan sú að sá stjórnsýsluaðili sem mannvirkið heyrir undir greiði kostnaðinn. Þannig verða t.d. fyrirhleðslur til varnar þjóðvegum eða brúm greiddar af Vegagerðinni. Við fyrirhleðslu til varnar landi ber Landgræðslan almennt kostnaðinn, en annars sá stjórnsýsluaðili sem landið heyrir undir. Enn fremur er gert ráð fyrir að kostnaður skiptist milli Landgræðslunnar og hlutaðeigandi stjórnsýsluaðila þegar svo háttar til að vötn ógna í senn landi og samgöngu- og/eða veitumannvirkjum.

Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu kostnaðar fer landbúnaðarráðherra með úrskurðarvald þar um.

Nú háttar oft svo til að bíða þarf mjög lengi eftir framkvæmdafé til minni háttar framkvæmda. Í ljósi þess að oftast nær er einkaaðilum um megn að bera þennan kostnað er gert ráð fyrir að Landgræðslan geti styrkt slíkar framkvæmdir, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Gera má ráð fyrir að lítið sem ekkert verði um fyrirhleðsluframkvæmdir á vegum einkaaðila, nema slíkir styrkir komi til.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um skaðabótaábyrgð ef framkvæmdir við fyrirhleðslur valda eða leiða til tjóns. Þetta getur t.d. gerst með því að vötn brjóti land í einkaeigu. Tjónið skal þá bætt í samræmi við lög og almennar reglur skaðabótaréttar. Ljóst er að hér getur reynt á bótaákvæði vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 10.–12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn landbroti.

Frumvarpið er lagt fram með það að markmiði að draga úr eða koma í veg fyrir tjón af ágangi vatna. Frumvarpið tekur yfir lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975. Helsta breyting frá gildandi lögum er að skilgreiningar og reglur eru færðar í nútímalegra form. Leitast er við að einfalda ferlið sem felst í undirbúningi og framkvæmd aðgerða með því að skilgreina betur ábyrgðarsvið og kostnaðarþátttöku. Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Vegagerðin annist verkfræðilegan undirbúning og framkvæmdir í samráði við Landgræðsluna. Verður að ætla að Landgræðslan og landeigendur greiði þann kostnað, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Í 8. gr. er kveðið á um að kostnaður við fyrirhleðslur greiðist af þeim aðila sem verður fyrir tjóni en í gildandi lögum var kveðið á um að ríkissjóður greiddi ⅞ kostnaðar en sá sem bar hag af aðgerðinni ⅛. Ekki er ljóst hvaða áhrif 8. gr. frumvarpsins hefur á kostnað ríkisins, en ætla má að landeigendur og eigendur mannvirkja beri hærri kostnað en nú er.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

797. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 2,50 kr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: 3,46 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, er lagt fram í því skyni að hækka fjárhæð gjalds sem innheimt er vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum.

Heimildin til innheimtu gjaldsins varð fyrst til með lögum nr. 160/1994, um breytingu á 5. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Fram að þeim tíma greiddu sláturleyfishafar eftirlitsaðila beint fyrir kostnaðinn við eftirlitið. Nauðsynlegt var talið að breyta lögunum á þann veg að eftirlit í sláturhúsum og þar með innheimta gjaldsins yrði framvegis á hendi opinberra aðila til þess að viðhalda heimild til útflutnings sláturafurða frá íslenskum sláturhúsum til Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Gjaldinu er ætlað að standa straum af raunkostnaði við heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum og greiðist af sláturleyfishöfum samkvæmt áætlun sem byggð er á innvegnu magni kjöts í afurðastöð. Endanlegt uppgjör gjaldsins fer síðan fram fyrir 20. febrúar ár hvert í samræmi við rauntölur innvegins magns kjöts í afurðastöð á gjaldárinu samkvæmt upplýsingum Bændasamtaka Íslands.

Gjaldið rennur í svonefndan Eftirlitssjóð sem er í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Fjárhagsstaða sjóðsins er mjög erfið og hefur hann á undanförnum árum verið rekinn með miklum halla. Ástæður þess eru margar. T.d. hafa tekjur sjóðsins orðið minni en upphaflega mátti gera ráð fyrir. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/1966, sbr. 1. gr. laga nr. 160/1994, var heimild til gjaldtökunnar miðuð við að innheimta mætti allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts og skyldi sú fjárhæð hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1995. Heimildin hefur hins vegar aldrei verið fullnýtt. Á árinu 1995 var innheimta gjaldsins miðuð við 2 kr. á hvert kíló kjöts, á árunum 1996–1997 við 2,25 kr. og á árinu 1998 við 2,40 kr. Í lögum nr. 96/1997, sem felldu úr gildi lög nr. 30/1966, með síðari breytingum, var fjárhæðin óbreytt, þ.e. 2,50 kr. á hvert kíló kjöts án vísitölutryggingar. Þá hafa útgjöld Eftirlitssjóðsins orðið mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og stafar það aðallega af hækkunum á gjaldskrá dýralækna fyrir eftirlitið en hún er staðfest af landbúnaðarráðuneytinu.

Með vísan til framanritaðs er talið nauðsynlegt að hækka fjárhæð eftirlitsgjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum í sláturhúsum skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997. Einnig er nauðsynlegt að gera þá breytingu að ákveða fasta fjárhæð gjaldsins með lögum í stað þess að hún er nú valkvæð og miðast við allt að 2,50 kr.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum hækki úr 2,50 kr. í 3,46 kr. Útreikningur á nýrri fjárhæð gjaldsins er miðaður við að unnt verði að

mæta verðhækkun kostnaðarliða og öðrum fyrirsjáanlegum gjöldum vegna rekstrar og starfsemi sjóðsins. Fjárhæð gjaldsins er miðuð við kostnaðarverð og reiknuð með þeim hætti að miðað er við innvegið heildarmagn kjöts annars vegar og gjaldfærðan kostnað við kjötskoðun hins vegar á árinu 2000. Innvegið heildarmagn kjöts á árinu 2000 var alls 21.090.345 kíló en gjaldfærður kostnaður við kjötskoðun á árinu 2000 62.920.053 kr. Einnig er hér tekið tillit til þess að hluti starfa héraðsdýralækna er við kjötskoðun og miðað við 30% starfshlutfall hjá 10 héraðsdýralæknum sem eingöngu er reiknað af grunnlaunum og launatengdum gjöldum þeirra, samtals 10.000.000 kr. Enn fremur er hér miðað við að gjaldfjárhæðin sé föst fjárhæð í stað þess að hún var áður valkvæð og miðuð við allt að 2,50 kr. en með því er komið í veg fyrir að fjárhæð gjaldsins verði háð ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að hækka gjald vegna heilbrigðiseftirlits sláturafurða úr 2,50 kr. í 3,46 kr. fyrir hvert innvegið kíló kjöts í sláturhús. Miðað við sama innvegið heildarmagn kjöts og á árinu 2000 eykst álagning um 20 m.kr. Eftir hækkunina verður álagningin um 73 m.kr. sem innheimt verður af sláturleyfishöfum. Ástæða hækkunarinnar er aukinn kostnaður, en núverandi gjaldtaka stendur ekki undir kostnaði og hefur af þeim sökum myndast halli á liðnum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi að öðru leyti áhrif á ríkissjóð.

798. Tillaga til þingsályktunar [506. mál]

um samninga við lággjaldaflugfélög.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna hvort unnt sé að semja við lággjaldaflugfélög um flugferðir til Akureyrar eða Egilsstaða.

Greinargerð.

Árið 2000 hóf lággjaldaflugfélagið GO reglubundnar flugferðir um Keflavíkurflugvöll. Með því gafst efnalitlum ferðamönnum kostur á að komast til Íslands og jafnframt bauðst íslenskum ferðamönnum að fljúga ódýrt til meginlands Evrópu. Með tilkomu nýs ferðamannahóps hér á landi efldist þjónusta við efnalitla ferðamenn, svo sem ódýr gisting. Það

segir sig sjálft að með brotthvarfi flugfélagsins GO minnkar grundvöllur fyrir þjónustu af því tagi umtalsvert. Auk þess hlýtur að teljast bagalegt fyrir íslenska ferðamenn að geta ekki lengur nýtt sér þjónustu lággjaldaflugfélags.

Á Akureyri og Egilsstöðum eru alþjóðaflugvellir. Betri nýting þeirra væri ferðaþjónustunni í landinu tvímælalaust til mikilla hagsbóta.

Með tillögu þessari er lagt til að samgönguráðherra kanni til fulls hvort semja megi við lággjaldaflugfélag um að lenda á Akureyri eða Egilsstöðum þar sem kostnaður flugfélaga vegna umferðar um vellina þar yrði mun lægri en á Keflavíkurflugvelli.

799. Tillaga til þingsályktunar [507. mál]

um að kanna leiðir til að jafna lífskjör fólks og rekstrar- og samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni.

Flm.: Kristján L. Möller, Margrét Frímannsdóttir, Karl V. Matthíasson, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Gunnlaugur Stefánsson, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að leita leiða í skattamálum sem gætu jafnað lífskjör og aðstöðu fólks eftir búsetu, svo og samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði fyrirtækja. Nefndin verði skipuð einum fulltrúa sérhvers þingflokks, en auk þess skipi forsætisráðherra einn fulltrúa sem jafnframt verði formaður og fari með oddaatkvæði.

Nefndin skili Alþingi skýrslu og tillögum eigi síðar en 15. janúar 2003.

Greinargerð.

Flutningsmenn álíta jöfnun lífskjara eitt brýnasta úrlausnarefni á sviði byggðamála eigi árangur að nást í þeim málaflokki. Í nágrannalöndum okkar er jöfnun lífskjara talin mikilvæg til að sporna gegn frekari byggðaröskun og er skattkerfið m.a. notað í þessu skyni. Flutningsmenn eru sannfærðir um að með jöfnun lífskjara í gegnum skattkerfið megi snúa þjóðhagslega hættulegri byggðaröskun við á næstu árum og jafna rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Höfuðborg Íslands þarf á sterkri og öflugri landsbyggð að halda og landsbyggðin þarf sterka og öfluga höfuðborg. Byggðaröskun undanfarinna ára er þjóðhagslega óhagkvæm. Hún hefur m.a. valdið þenslu á höfuðborgarsvæðinu þar sem þurft hefur að byggja upp mikið íbúðarhúsnæði og ýmsa aðra opinbera þjónustu fyrir nýja íbúa. Á sama tíma er mikið af vannýttu húsnæði á landsbyggðinni. Þetta allt saman hefur leitt til mikillar hækkunar á húsnæðisþætti vísitölu neysluverðs, sem aftur hefur leitt til verðbólgu og hækkunar allra lána jafnt hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu sem íbúum landsbyggðarinnar. Sveitarfélögum á landsbyggðinni gengur æ verr að halda uppi margvíslegri þjónustu sem krafist er í nútíma sveitarfélögum, þar sem gjaldendum útsvars fækkar. Íbúar sveitarfélaga á landsbyggðinni sætta sig illa við skerta þjónustu miðað við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu sambandi má einnig benda á að hið opinbera er sífellt að samþykkja auknar álögur og skyldur á sveitarfélögin.

Lífskjaramismunur.

Lífskjaramismunur þessi kemur fram á ótal sviðum hins daglega lífs og á án nokkurs vafa einn stærstan hlut í byggðaröskun undanfarinna ára, ásamt með miklum atvinnuháttabreytingum, einkum á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar. Benda má m.a. á eftirfarandi atriði í þessu sambandi: Hærra vöruverð, hærri flutningsgjöld, meiri kostnað við menntun barna, meiri orkukostnað (með nokkrum undantekningum þó), svo og mikinn mun á sölu- og kaupverði húsnæðis. Flutningsgjöld í landinu hafa stórhækkað á undanförnum árum og eru án nokkurs vafa stærsti einstaki þátturinn í hærra vöruverði víðast hvar á landsbyggðinni, auk þess sem hinn mikli flutningskostnaður íþyngir mjög allri atvinnustarfsemi og dregur úr þrótti atvinnurekenda til frekari starfsemi. Flutningsmenn vilja vekja sérstaka athygli á hinum mikla flutningskostnaði í sambandi við fiskflutninga milli landshluta, sem hafa stóraukist hin síðari ár, vegna breytinga hjá útvegsfyrirtækjum landsmanna.

Í fylgiskjali I er birt verðskrá flutningsfyrirtækisins Flytjanda.

Hækkun gjalda í strandsiglingum.

Nýlegar gjaldskrárbreytingar í strandsiglingum Eimskips íþyngja einnig allri atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og hafa flutningsgjöld stórhækkað á síðustu mánuðum og óttast flutningsmenn að fleiri hækkanir eigi eftir að koma fram í strandsiglingum. Slíkar hækkanir yrðu enn eitt áfallið fyrir atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er því að finna úrræði til að lækka flutningskostnað í strandsiglingum.

Síhækkandi flugkostnaður.

Rekstrarerfiðleikar flugfélaga sem stunda innanlandsflug eru miklir og hafa farið vaxandi, þrátt fyrir mikla hækkun fargjalda. Ýmsir þættir hafa valdið þessari hækkun fluggjalda, svo sem miklar launahækkanir, hátt orkuverð og ýmsir opinberir skattar og þjónustugjöld. Flutningsmenn leggja til að þessi þáttur verði einnig kannaður þar sem hann er snar þáttur í rekstrarútgjöldum fjölda fólks og fyrirtækja á landsbyggðinni.

Flutningsmenn telja ýmsar aðgerðir í skattamálum koma til álita og leggja til að eftirfarandi leiðir verði kannaðar sérstaklega í þessari allsherjarúttekt til lífskjarajöfnunar hér á landi.

Tuttugu og ein leið til að jafna lífskjör fólks og samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni.

1. Hærri persónuafsláttur.

Kannað verði með misháan persónuafslátt, íbúar ákveðinna landsvæða fái með öðrum orðum sérstakan persónuafslátt í staðgreiðslu til viðbótar þeim persónuafslætti sem almennt gildir, t.d. 150–250 þús. kr. á ári. Flutningsmenn telja þessa leið ef til vill best fallna til að jafna lífskjör í landinu. Í raun yrði framkvæmdin þannig að búsetu- og lífsskilyrði yrðu metin í hverju byggðarlagi eða landsvæði og aukinn persónuafsláttur metinn í framhaldi af því.

2. Lægri tekjuskattur.

Kannað verði með lægri tekjuskattsprósentu fyrir íbúa tiltekinna svæða. Slíkt má gera í eftiráálagningu í skattkerfinu líkt og er með álagningu hátekjuskatts. Hér yrði einnig að leggja mat á búsetu- og lífsskilyði í hverju byggðarlagi/landsvæði.

3. Álagning hátekjuskatts.
Kannað verði hvort leggja megi hátekjuskatt niður í ákveðnum byggðarlögum eða láta hann renna óskiptan til viðkomandi sveitarfélags. Hátekjuskattur er lagður á eftir á. Flutningsmenn telja það form sem notað er í skattkerfinu við eftiráálagningu hátekjuskatts hentugt form til lífskjarajöfnunar í gegnum skattkerfið.

4. Ónýttur persónuafsláttur barna.
Foreldrar nemenda í framhaldsskólum fjarri heimili fái að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna.

5. Framhaldsskólakostnaður.
Tekið verði tillit til kostnaðar foreldra vegna náms barna við framhaldsskóla fjarri heimili. Athugað verði hvort þetta megi gera í gegnum skattframtal (skattskýrslu) líkt og er með kaup á hlutabréfum, þar sem kaupandi fær eftir á greiddan frádrátt samkvæmt gildandi reglum.

6. Vinna fjarri lögheimili.
Tekið verði tillit til kostnaðar við akstur milli heimilis og vinnustaðar. Skattalög leyfa ekki slíkan frádrátt nú en í löggjöf nágrannaríkja okkar er að finna slíkar heimildir.

7. Tvö heimili vegna vinnu.
Tekið verði tillit til þess ef fólk þarf að halda tvö heimili vegna vinnu sinnar.

8. Afsláttur á námslánum.
Athugað verði með lægri endurgreiðsluhluta námslána hjá því fólki sem starfar á landsbyggðinni, sbr. tillögu svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra frá því í október 1998.

9. Hærri barnabætur.
Kannað verði hvort unnt sé að taka upp aukabarnabætur fyrir íbúa landsbyggðarinnar líkt og gert er í Norður-Noregi.

10. Eignarskattar.
Við útreikning á eignarskatti verði tekið tillit til tekna en áður fyrr var slíka heimild að finna í skattalögum. Bændur mundu einkum njóta þessa hagræðis þar sem talsverðar eignir eru bundnar í byggingum til rekstrarins en tekjur eru yfirleitt lágar.

11. Skattar á flug.
Skattheimta af flugumferð innan lands verði tekin til endurskoðunar, t.d. hvað varðar eldsneyti og flugvallarskatta.

12. Virðisaukaskattur.
Hugað verði að jöfnun aðstöðumunar íbúa dreifbýlis og þéttbýlis með innheimtu mismunandi virðisaukaskatts.

13. Tryggingagjald.
Alþingi samþykkti nýlega almenna hækkun tryggingagjalds. Þessi breyting kemur mjög illa út fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni (sbr. úttekt ríkisskattstjóra) þar sem skattalegur ávinningur af lækkun tekju- og eignarskatta er lítill sem enginn fyrir fyrirtæki landsbyggðarinnar (sjá töflu í fylgiskjali II). Lækkun eða lægra tryggingagjald á fyrirtæki landsbyggðarinnar

jafnar því rekstrarumhverfi fyrirtækja og kemur á móti ýmsum öðrum kostnaði sem er hærri hjá landsbyggðarfyrirtækjum en sambærilegum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi aðferð er vel þekkt, t.d. í Noregi, og er lík hærri persónuafslætti til almennings.

Flutningsmenn telja þessa leið ef til vill auðveldustu aðferð til að jafna samkeppnishæfni atvinnurekstrar á landsbyggðinni, þar sem hvert fyrirtæki fyrir sig reiknar út þetta gjald mánaðarlega, aðeins þarf að breyta álagningarprósentu eftir staðsetningu fyrirtækisins. Eftirlit skattyfirvalda er einnig auðvelt og einfalt.

14. Flýtiafskriftir.

Athugað verði með flýtiafskriftir hjá nýjum fyrirtækjum og þeim fyrirtækjum sem hæfu nýja atvinnustarfsemi á landsbyggðinni á ákveðnum árafjölda þessa átaksverkefnis.

15. Húshitunarkostnaður.

Gerð verði allsherjarúttekt á húshitunarkostnaði og hann jafnaður enn meira en gert er, sbr. tillögur svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra frá því í október 1998. Sérstaklega verði kannað með möguleika á undanþágu/endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna orkunotkunar heimila og fyrirtækja sem búa við hæst orkuverð.

16. Opinber eftirlitsgjöld.

Kannað verði með niðurfellingu eða verulega afslætti á ýmsum eftirlitsgjöldum sem atvinnurekstri á landsbyggðinni ber að greiða til ríkisins.

17. Misjöfn skipting tekjuskatts.

Hugað verði að misjafnri skiptingu tekjuskatts á milli ríkis og sveitarfélaga, einkum hjá þeim sveitarfélögum sem orðið hafa fyrir hvað mestum búsifjum vegna brottflutnings íbúa undanfarin ár.

18. Atvinnuleysisbætur.

Réttur sjálfstæðra atvinnurekenda, t.d. bænda og smábátaútgerðarmanna, til atvinnuleysisbóta verði aukinn og ekki gert upp á milli rekstrarforma fyrirtækja.

19. Þungaskattur.

Álagning þungaskatts og bifreiðagjalda verði endurskoðuð sem liður í lækkun flutningsgjalda og kannað hvort taka megi upp eins konar flutningastyrki, t.d. í gegnum bókhald fyrirtækja.

Fyrsti flutningsmaður o.fl. hafa lagt fram þingsályktunartillögu svipaðs efnis (þskj. 311, 266. mál).

20. Heilbrigðismál.

Án nokkurs vafa er aðgengi að ýmislegri sérfræðiþjónustu lækna mikilvægt atriði þegar borin eru saman lífskjör fólks á landsbyggðinni annars vegar og höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Flutningsmenn telja brýnt að hugað verði að þessu atriði. Slíkan mismun má jafna í gegnum skattkerfið. Benda má á tillögur svokallaðs byggðahóps forsætisráðherra frá 1998.

21. Stofnstyrkir.

Flutningsmenn benda á þingsályktunartillögu frá Svanfríði Jónasdóttur o.fl. í þessu sambandi (þskj. 43, 43. mál), svo og greinargerð með henni.

Fylgiskjal I.

Gjaldskrá flutningafyrirtækisins Flytjanda.

(M. vsk. Gildir frá 20. júní 2001.)

	PAKKASENDINGAR							VÖRUSENDINGAR														
Afgreiðslustaður / Dreifingarsvæði kg.	0	1	5 kg.	10 kg.	15 kg.	20 kg.	25 kg.	30-39	40-49	50-59	60-69	70-79	80-89	90-99	100-119	120-139	140-159	160-179	180-199	200-219	220-239	240-259	260-279	280-299	Kr/kg
	Þyngdarflokkar							Þyngdarflokkar																	
SUÐURNES	350	405	505	595	800	845	980																		
Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður								1124	1153	1184	1217	1244	1290	1349	1409	1470	1548	1604	1680	1753	1828	1873			6,30
VESTURLAND	350	405	505	595	800	845	980																		
Akranes								1175	1221	1268	1313	1360	1407	1452	1547	1624	1698	1793	1885	1979	2071	2132			7,24
Borgarnes								1088	1132	1173	1218	1260	1302	1344	1431	1517	1588	1689	1773	1860	1945	2003			6,83
Borgarfjörður								1109	1152	1198	1253	1312	1400	1459	1561	1707	1807	1924	2027	2129	2231	2333			8,13
SNÆFELLSNES, DALIR	375	460	530	660	860	1005	1190																		
Grundarfjörður, Snæfellsbær								1459	1526	1594	1662	1745	1894	2031	2188	2316	2453	2603	2740	2889	3012	3079			10,48
Stykkishólmur								1638	1728	1802	1892	1982	2059	2209	2343	2494	2630	2765	2930	3094	3244	3321			11,26
Buðardalur, Skriðuland								1380	1431	1503	1574	1645	1761	1874	2003	2132	2261	2389	2518	2648	2775	2890			9,74
Reykhólar, Króksfjarðarnes								1360	1431	1503	1574	1645	1789	1945	2103	2261	2419	2578	2775	2977	3177	3383			11,45
VESTFIRÐIR	405	545	760	925	1100	1250	1475																		
Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur								1868	2023	2164	2319	2489	2800	3112	3502	3813	4202	4512	4903	5369	5757	5961			20,31
Bolungarvík, Suðavík								1900	2140	2380	2593	2835	3216	3671	4124	4549	5016	5484	6037	6575	7185	7498			25,48
Ísafjarðarbær								1900	2140	2380	2593	2835	3216	3671	4124	4549	5016	5484	6037	6575	7185	7498			25,48
STRANDIR, NORÐURLAND VESTRA	375	460	530	660	860	1005	1190																		
Borðeyri, Ospakseyri								1331	1389	1447	1873	1574	1716	1832	1945	2060	2147	2261	2432	2576	2748	2861			9,74
Hólmavík, Drangsnes								1344	1417	1487	1603	1716	1860	2003	2218	2448	2690	2917	3147	3433	3691	3949			13,61
Norðurfjörður								1360	1431	1574	1716	1860	2147	2432	2719	3004	3290	3577	3935	4292	4650	4993			16,96
Hvammstangi								1331	1389	1447	1503	1574	1716	1832	1945	2060	2147	2261	2432	2576	2748	2861			9,74
Blönduós, Skagaströnd								1396	1472	1548	1663	1782	1916	2079	2303	2525	2749	2970	3193	3416	3653	3891			13,32
Sauðárkrókur								1444	1560	1663	1738	1857	2035	2287	2525	2761	3018	3252	3550	3847	4084	4307			14,72
Siglufjörður, Hofsós								1635	1782	1931	2079	2228	2451	2749	3045	3343	3640	3938	4307	4679	5050	5422			18,57
NORÐURLAND EYSTRA	405	545	760	925	1100	1250	1475																		
Akureyri								1752	1933	2074	2270	2423	2648	2970	3278	3600	3908	4216	4622	5002	5379	5687			19,39
Grenivík								1769	1953	2094	2291	2489	2786	3097	3409	3762	4072	4368	4851	5220	5586	5896			20,25
Dalvík, Ólafsfjörður								1769	1953	2094	2291	2489	2786	3097	3409	3762	4072	4368	4851	5652	5586	5896			20,25
Húsavík								1865	2098	2287	2462	2651	2928	3306	3673	4034	4517	4983	5275	6295	6207	6542			22,12
Kópasker								1938	2155	2378	2578	2797	3133	3571	4006	4443	4896	5317	5871	6614	6933	7390			25,08
Raufarhöfn								1938	2171	2405	2637	2870	3235	3700	4153	4618	5068	5522	6162	7297	7458	7779			26,46
Þórshöfn								1967	2230	2490	2769	3029	3409	3962	4472	5039	5550	6060	6714	8950	7867	8479			29,03
AUSTURLAND	405	545	760	925	1100	1250	1500																		
Bakkafjörður, Vopnafjörður								1995	2287	2593	2913	3235	3715	4167	4662	5214	5770	6323	6977	7485	8274	8900			30,44
Egilsstaðir								1883	2107	2347	2646	2871	3252	3777	4313	4837	5374	5896	6590	7101	7652	8230			28,01
Borgarfjörður eystri								2140	2394	2668	3006	3263	3695	4293	4901	5496	6106	6700	7489	8069	8695	9353			31,83
Neskaupstaður, Seyðisfjörður								1883	2134	2377	2673	2970	3523	3947	4385	4937	5487	5968	6603	7198	7791	8287			28,14
Reyðarfjörður, Eskifjörður								1883	2107	2347	2646	2871	3252	3762	4230	4766	5304	5812	6491	7002	7568	8104			27,57
Breiðdalsvík, Stöðvarfjörður, Fáskrúðsfjörður								1878	2130	2351	2602	2841	3209	3667	4139	4597	5089	5574	6181	6714	7244	7822			26,77
SUÐAUSTURLAND	375	460	530	660	890	1065	1290																		
Djúpivogur								1779	2099	2326	2555	2752	3088	3497	3925	4350	4792	5234	5750	6268	6662	7147			24,31
Höfn								1642	1860	2085	2246	2404	2695	3021	3391	3747	4085	4411	4829	5231	5645	5970			20,26
Fagurhólsmýri								1628	1768	1922	2061	2173	2386	2588	2837	3101	3364	3628	3949	4290	4597	4921			16,83
Kirkjubæjarklaustur								1548	1629	1709	1789	1870	1999	2135	2289	2441	2595	2740	2933	3094	3255	3418			11,61
Vík								1399	1472	1547	1606	1663	1786	1870	1988	2104	2223	2341	2457	2576	2695	2811			9,57
SUÐURLAND	350	405	505	595	800	845	980																		
Hella, Hvolsvöllur								1078	1201	1225	1322	1367	1442	1519	1592	1667	1742	1819	1910	1999	2089	2149			7,30
Biskupstungur, Flúðir								1117	1161	1230	1264	1307	1366	1418	1507	1598	1685	1775	1871	1961	2035	2096			7,08
Árborg, Selfoss, Hveragerði, Þorlákshöfn								1106	1159	1241	1268	1308	1383	1427	1491	1554	1618	1683	1731	1811	1874	1940			6,11
Vestmannaeyjar								1132	1225	1335	1487	1577	1759	1939	2155	2366	2577	2786	3021	3244	3485	3711			12,77

Fylgiskjal II.

Áhrif skattalagabreytinga.
(Úr nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar í 114. máli, þskj. 464.)

	Skattbreytingar (millj.kr.)				
Rekstrarform	**Fjöldi félaga**	**Eignar-skattar**	**Tekju-skattur**	**Trygginga-gjald**	**Heildarbreyting skatta**
Reykjavík	11.502	-861	-2.504	1.728	-1.637
Reykjanes	4.540	-259	-1.266	493	-1.032
Vesturland	1.360	-59	-62	118	-4
Vestfirðir	816	-21	-54	64	-12
Norðurland vestra	725	-37	-44	78	-2
Norðurland eystra	1.733	-55	-139	201	6
Austurland	985	-17	-40	89	33
Suðurland	1.827	-74	-131	92	-114
Vestmannaeyjar	314	-12	-11	43	19
Lögaðilar samtals	**23.802**	**-1.396**	**-4.253**	**2.907**	**-2.742**

800. Skýrsla [508. mál]

um stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á tollframkvæmd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Með vísan til 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin tekið til skoðunar stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á tollframkvæmd. Úttektin beindist einkum að árunum 1998–2000 og var gerð í því skyni að kanna hversu samræmd tollafgreiðslan væri hjá ólíkum tollembættum, fyrirkomulag tollendurskoðunar, tollgæslu og annarra eftirlitsaðgerða tollembætta og hversu algengt það væri að upp kæmu ágreiningsmál við framkvæmd tollamála, hvers eðlis þau væru og hvernig þau væru afgreidd. Úttektin var takmörkuð við þrjú embætti, þ.e. embætti tollstjórans í Reykjavík og sýslumannsembættin í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Jón Loft Björnsson frá Ríkisendurskoðun, Snorra Olsen, tollstjóra í Reykjavík, og Jónu Björk Guðnadóttur og Lilju Sturludóttur frá fjármálaráðuneyti.

I.

Á undanförnum árum hafa umtalsverðar breytingar orðið á starfsumhverfi og starfsháttum tollyfirvalda. Tollar og vörugjöld hafa almennt lækkað og vægi tolla og annarra innflutningsgjalda er orðið hlutfallslega minna í tekjuöflun ríkisins en áður var. Þá hafa tollyfirvöld beitt sér fyrir því að innleiða rafræn og pappírslaus viðskipti við inn- og útflytjendur og er nú yfir-

gnæfandi meiri hluti aðflutningsskýrslna afgreiddur sjálfkrafa í tölvukerfum tollyfirvalda. Fá mál eru kærð til tollstjóra og síðan til ríkistollanefndar vegna tollframkvæmdar sem gefur vísbendingu um að hún sé að mestu leyti ásættanleg.

II.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að rafræn tollafgreiðsla hefur leitt til mikils hagræðis fyrir tollyfirvöld og orðið til þess að hraða og samræma tollafgreiðslu og einfalda samskipti inn- og útflytjenda við tollyfirvöld vegna afgreiðslu tollskjala til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á eftirfarandi atriði í tollframkvæmd í úttekt sinni:

- Með rafrænni tollafgreiðslu hefur dregið úr eftirliti tollyfirvalda með inn- og útflutningi. Eftir að tollafgreiðsla varð rafræn fylgja tollskýrslum ekki lengur nein skrifleg gögn, heldur er kallað eftir þeim ef ástæða þykir til eða bókhald viðkomandi aðila skoðað í heimsókn til hans. Eftirlitinu er því sinnt með úrtaksathugunum og segir Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni að á árinu 2000 hafi einungis u.þ.b. 2% af heildarskýrslufjölda ársins verið skoðuð nánar.
- Ríkisendurskoðun bendir einnig á að tollyfirvöld hafa ekki sett sér samræmd markmið um hversu umfangsmikið tolleftirlit þurfi að vera og hversu stóran hluta tollskýrslna eigi að endurskoða. Greina þurfi áhættu varðandi tollsvik eftir vöruflokkum og innflytjendum og haga eftirliti í samræmi við niðurstöðu þeirrar greiningar. Jafnframt telur Ríkisendurskoðun að skrá þurfi upplýsingar um árangur eftirlitsaðgerða til að skipuleggja megi tollgæsluna á þann veg að hún skili hámarksárangri.
- Í skýrslunni kemur enn fremur fram að hjá stærsta tollembættinu, embætti tollstjórans í Reykjavík, sem annast um 75% af öllum tollafgreiðslum á landinu, hafi um 1% bögglasendinga og stærri bréfasendinga frá útlöndum verið tollskoðaðar. Minna sé um tollskoðun sendinga í fraktflutningum. Þá var embættið langt frá að ná því markmiði að tollskoða 1% gámaeininga sem koma til landsins og tollafgreiddar eru hjá embættinu, en Ríkisendurskoðun telur þetta markmið hafa verið óraunhæft. Ekki lágu fyrir sambærilegar upplýsingar um tollskoðanir annarra embætta sem úttektin náði til.

III.

Eftir að hafa farið yfir skýrsluna telur nefndin að tollframkvæmd hér á landi sé í öllum aðalatriðum með ágætum og telur þá afstöðu tollyfirvalda, sem fram kom í máli gesta sem nefndin fékk á fund sinn, að þau hafi þjónustuhlutverk með höndum til fyrirmyndar. Þó telur nefndin að bæta megi skilvirkni tolleftirlitsins frá því sem nú er og lítur svo á að nokkur atriði sem þarfnast úrbóta standi upp úr. Þar er helst að nefna eftirfarandi:

- Nefndin lítur svo á að nauðsynlegt sé að áhættugreiningu á tollframkvæmd ljúki sem fyrst og verði hrint í framkvæmd eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að tollyfirvöld setji sér samræmd markmið um hvaða flokka eigi að skoða og hvernig skoðunin eigi að fara fram. Þetta skiptir miklu bæði hvað varðar rétta tollflokkun vöru og viðbrögð við tollsvikum. Í þessu sambandi telur nefndin æskilegt að litið verði til reynslu þeirra nágrannalanda sem náð hafa hvað bestum árangri í tolleftirliti og allri framkvæmd, svo sem Bretlands og Finnlands. Þá telur nefndin að stefna skuli að því að gera tolleftirlit hér á landi sambærilegt því sem þekkist í fyrrgreindum löndum.
- Nefndin telur jafnframt mjög brýnt að allra leiða verði leitað til að sporna við ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins. Fylgjast þarf vel með nýjum innflutningsleiðum og efla tollgæslu með þetta atriði í huga.

- Nefndin telur mikilvægt að með tilliti til breytts rekstrarumhverfis hjá tollinum með upptöku rafrænnar afgreiðslu verði lögð áhersla á endurmenntun starfsmanna á því sviði.
- Jafnframt bendir nefndin á að ótækt er að tollakerfi hins opinbera geti ekki reiknað vexti vegna of- eða vangoldinna aðflutningsgjalda. Nefndin hvetur til þess að fé verði veitt til að lagfæra kerfið svo að það ráði við útreikning dráttar- og inneignarvaxta og ekki þurfi að gera leiðréttingar vegna þessara atriða handvirkt hverju sinni. Nýtt tölvukerfi er jafnframt lykiltæki til að gera eftirlitið markvissara, þ.e. nýrri áhættugreiningu og stjórn eftirlits verður tæpast komið við nema með nýju tölvukerfi. Í þessu sambandi bendir nefndin jafnframt á að tölvukerfi tollsins er nú elst stóru kerfanna hjá ríkinu.

801. Skýrsla [509. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2001.

1. Inngangur.

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Stofnun Atlantshafsbandalagsins (NATO) árið 1949 skyggði nokkuð á starfsemi VES en með breyttri skipan öryggis- og varnarmála í kjölfar endaloka kalda stríðsins jókst mikilvægi stofnunarinnar til muna. Með Maastricht-sáttmálanum árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu Evrópusambandsins (ESB). Næstu ár efldist VES verulega og gegndi æ stærra hlutverki í öryggismálum Evrópu. Auk þess sem sambandinu var ætlað að annast framkvæmd á fyrirhuguðum varnarmálahluta ESB átti það að gegna hlutverki Evrópustoðar NATO. Af þessum sökum var litið á VES sem hlekkinn á milli NATO og utanríkis- og varnarmála ESB.

VES-þingið kom fyrst saman árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Á VES-þinginu koma saman þjóðkjörnir þingmenn frá aðildarríkjum sambandsins, en þau eru nú tíu talsins, þ.e. öll aðildarríki ESB og NATO. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, þ.e. Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga þau ESB-ríki sem fylgt hafa hlutleysisstefnu í utanríkismálum, auk Danmerkur. Loks hafa sjö ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES. Eftirfarandi ríki eiga aðild að þinginu: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Aukaaðildarríkin eru: Ísland, Noregur, Pólland, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland. Áheyrnaraðild hafa: Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Þá eru samstarfsríkin sjö talsins: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin

á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna 4–5 fundi á ári utan þingfundanna.

2. Íslandsdeild VES-þingsins árið 2001.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæðis- eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Fulltrúar aukaaðildarríkja hafa ekki heldur rétt til að tala á móðurmáli sínu á fundum þingsins. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á þær tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Aðalmenn Íslandsdeildar VES-þingsins á árinu voru eftirtaldir: Kristján Pálsson formaður og Katrín Fjeldsted varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Þá voru varamenn: Einar Oddur Kristjánsson og Hjálmar Jónsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Eftir að Hjálmar Jónsson lét af þingmennsku 3. október tók Sigríður Ingvarsdóttir sæti hans sem varamaður í Íslandsdeild VES-þingsins.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildar VES-þingsins.

Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2001 var eftirfarandi:

Forsætisnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnarnefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Katrín Fjeldsted.
Stjórnmálanefnd:	Kristján Pálsson.
Til vara:	Einar Oddur Kristjánsson.
Varnarmálanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.
Nefnd um almannatengsl:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Tækni- og geimvísindanefnd:	Lúðvík Bergvinsson.
Til vara:	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Fjármála- og stjórnsýslunefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.
Þingskapanefnd:	Katrín Fjeldsted.
Til vara:	Sigríður Ingvarsdóttir.

3. Breytt staða VES og áhrif þess á VES-þingið.

Árið 2001 voru framtíðarhorfur VES-þingsins sjálfs efst á baugi í umræðum auk þess sem þær snerust að töluverðu leyti um stofnanatengsl Vestur-Evrópusambandsins við Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið en síðustu ár hafa miklar breytingar átt sér stað á sviði öryggis- og varnarmála í Evrópu. Forsögu þessa má rekja til leiðtogafundar Bretlands og Frakklands í St. Malo í desember 1998 er öryggismálum álfunnar var beint inn á ótroðnar slóðir. Þar var ákveðið að ESB kæmi sér upp sjálfstæðum hernaðarmætti og í framhaldinu var ákveðið á leiðtogafundum ESB í Köln árið 1999 að stefna bæri að því að ESB tæki við flestum verkefnum VES fyrir árslok árið 2000. Á fundi leiðtoga aðildarríkja ESB í Helsinki síðar sama ár urðu leiðtogarnir sammála um að NATO yrði áfram grundvöllur sameiginlegra varna ríkja sambandsins, en jafnframt að nauðsynlegt væri að koma á nýjum pólitískum og hernaðarlegum stofnunum er gerðu Evrópuríkjunum kleift að efna til hernaðaraðgerða undir forustu ESB þegar bregðast þyrfti við alþjóðlegum vanda. Samkæmt ákvörðunum leiðtoga aðildarríkja ESB hefur nauðsynlegum stofnunum þegar verið komið á fót innan „annarrar stoðar“ ESB og auk þess hefur hernaðarlegum markmiðum sambandsins þegar verið ýtt úr vör en stefnt er að því að það hafi á að skipa 50–60.000 manna evrópsku herliði sem brugðist geti skjótt við er hættuástand skapast. Ákvarðanir nokkurra leiðtogafunda ESB og yfirlýsing leiðtogafundar NATO í Washington lágu til grundvallar beinu sambandi milli NATO og ESB í þessum málum og hefur þróunin í átt að sjálfstæðum hernaðarmætti ESB í kjölfarið gert það að verkum að hlutverk VES í öryggis- og varnarmálum álfunnar er nokkru minna en áður í ljósi þess að stofnanir öryggis- og varnarmála álfunnar hefur færst á ábyrgð ESB. Jafnframt var í yfirlýsingu leiðtogafundar NATO kveðið á um mikilvægi þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna utan ESB í öryggis- og varnarsamstarfi á vegum ESB og að NATO-ríkin utan ESB fengju aðgang að búnaði NATO. Því er ljóst að nauðsynlegt er að Ísland tengist VES nánari böndum og gæti þannig að stöðu landsins í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

VES-þingið hefur verið mikilvægur þátttakandi í umræðunni um hvernig staðið verði að evrópsku þingi er hafi öryggis- og varnarmál til umfjöllunar. VES-þingið hefur lagt til að komið verði á fót öryggis- og varnarmálaþingi Evrópu þar sem þjóðkjörnir þingmenn hefðu eftirlit með starfsemi stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Þá hefur verið lagt til að nýja þingið yrði grundvallað á ESB-sáttmálanum og að þingmenn þjóðþinga ESB-ríkjanna 15 tækju þar sæti, auk þjóðkjörinna þingmanna evrópsku aðildarríkja NATO sem eru ekki aðilar að ESB. Þá var ákveðið að VES-þingið tæki upp viðbótarheitið: Tímabundið öryggis- og varnarmálaþing Evrópu (The Interim European Security and Defence Assembly).

Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt áherslu á mikilvægi þess að núverandi aukaaðildarríki VES geti tekið þátt í þróun öryggis- og varnarmálasamstarfs álfunnar, sem og framkvæmd þeirrar stefnu sem á endanum verður mótuð. Þá hefur Íslandsdeildin lagt áherslu á mikilvægi lýðræðislegs eftirlits þingmannasamkundu eins og VES-þingsins.

4. Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfsemi VES-þingsins á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

a. Fyrri hluti 47. fundar VES-þingsins.

Dagana 18.–20. júní var fyrri hluti 47. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk ritara. Að venju bar hin öra þróun á skipan Evrópusamstarfs í

öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) síðustu missiri hátt á fundi þingsins. Einna mest var fjallað um niðurstöður leiðtogafundar ESB í Nice fyrr á árinu og hvernig ákvarðanir þess fundar snertu við hlutverki VES og VES-þingsins. Í umræðum á þinginu var stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum fagnað og einnig því að Evrópusambandið hefði einsett sér að stefna að því að vera fært um að takast á við Petersberg-verkefnin svonefndu. Ályktun þingsins um framhald þróunar öryggis- og varnarmála álfunnar eftir Nice-fundinn kvað hins vegar á um að ESB yrði hið allra fyrsta að leita leiða til að koma þessum málaflokki í fastan farveg bæði með hliðsjón af hernaðarmætti ESB og þingræðislegri yfirsýn. Er jafnframt ályktað í þá veru að harmað sé að niðurstaða leiðtogafundarins í Nice hafi ekki getað leyst úr því að hin ýmsu verkefni á sviði öryggis- og varnarmála, sbr. sameiginlegar varnir og hættuástandsstjórnun, séu í verkahring óskyldra, sam-evrópskra stofnana, sem margar hverjar hafa ekki sömu aðildarríki innanborðs. Í þeirri ályktun þingsins og fleirum var ítrekað að afar mikilvægt væri að tryggja náið samráð við aukaaðildarríki, líkt og Ísland, auk áheyrnarríkja, hvað öryggis- og varnarstefnu ESB varðar. Þá var mælst til þess við ráðherraráð VES að aukin áhersla yrði lögð á að styðja VES-þingið í hlutverki sínu sem breiður umræðugrundvöllur fyrir öryggis- og varnarmál í álfunni. Á þinginu var m.a. samþykkt ályktun er varðaði stöðu aðildarríkja og þingræðislega umfjöllun um öryggis- og varnarmálastefnu ESB þar sem þjóðþingin voru hvött til þess að tryggja að þingmenn gerðu sér grein fyrir nauðsyn þess að fjalla um þennan málaflokk, einkum með tilliti til þess hve hnattræn málefni á borð við alþjóðlega glæpastarfsemi og alþjóðleg viðskipti hefðu mikil áhrif á öryggis- og varnarmál álfunnar.

Í upphafi þingfundar ávarpaði Klaus Bühler, forseti VES-þingsins, þingmannasamkunduna og sagði meðal annars að ef áform ESB gengju eftir á næstu mánuðum mundi Evrópusambandið hafa lokið við að setja á fót viðeigandi stofnanir sem gerðu því kleift að taka við verkefnum og skyldum VES á sviði hættuástandsstjórnunar fyrir lok ársins. Þá ræddi hann nokkuð um niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar á Írlandi um staðfestingu Nice-sáttmála ESB og sagði hana vera pólitískt skref aftur á bak og að allar afleiðingar atkvæðagreiðslunnar yrði ekki unnt að meta fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum. Nefndi hann afstöðu danskra kjósenda í þessu sambandi og taldi það vera hryggilegt ef annað ESB-ríki setti fyrirvara við sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Ástandið í Makedóníu gerði lýðum ljóst hve mikilvægt það væri að ESB hefði viðeigandi styrk á sviði hættuástandsstjórnunar, þ.m.t. hernaðarstyrk. Þá vék hann og máli sínu að NATO-ríkjunum sex sem standa utan Evrópusambandsins og sagði afar mikilvægt að leiða til lykta hvernig samskiptum NATO og ESB verði háttað með tilliti til þessara ríkja. Nefndi hann Tyrkland sérstaklega í þessu sambandi og minnti á að í hinu evrópska öryggiskerfi sem ríkt hefði, hefðu Tyrkir verið þátttakendur á jafningjagrundvelli. Sagði hann það vera óásættanlega afstöðu að hin fjölmörgu evrópsku NATO-ríki og aðildarríki ESB sem stæðu utan ESB yrðu að bíða fullrar aðildar að ESB uns þau gætu orðið þátttakendur í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Af öðrum málum sem Bühler vék að í ræðu sinni má nefna umræðuna um eldflaugavarnir Bandaríkjastjórnar og hvernig sú umræða hefði áhrif á öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: Björn von Sydow, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2001; Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og æðsti yfirmaður utanríkis- og öryggismála hjá ESB; Jozias Van Aartzen, utanríkisráðherra Hollands, sem fór með formennsku í ráðherraráði VES fyrri hluta árs 2001; og André Flahaut, varnarmálaráðherra Belgíu, sem fer með formennsku í VES og ESB seinni hluta ársins 2001.

Í ávarpi Javier Solana kom fram að ráðherraráð ESB tækist á hendur allar þær skuldbindingar sem VES-þingið hefði lagt áherslu á undanfarin missiri. Lagði hann áherslu á að þrátt fyrir að þátttaka ríkja sem ekki væru með fulla aðild að VES í ákvörðunartöku innan ráðherraráðsins mundi minnka, þá yrði formleg staða þeirra tryggð með sama hætti og áður. Sagði hann það vera ætlun sína að setja oforáherslu á að viðhalda góðum samskiptum við VES-þingið.

André Flahaut sagði í ávarpi sínu að það væri eitt af forgangsverkefnum Belga í formennskutíð sinni að auka vitund almennings í Evrópu um nauðsyn sameiginlegs öryggis og varna. Sagði hann að þjóðþingin væru einn mikilvægasti hlekkurinn í þessari umræðu og því væri VES-þingið, þar sem sæti eiga þingmenn þjóðþinga ríkja ESB, afar vel til þess fallið að leiða þessa umræðu.

Í umræðum í kjölfar ávarps ráðherrans sagði Kristján Pálsson að ljóst væri af umræðum á þinginu að áhrif VES verði hverfandi og að þess vegna muni áhrif VES-þingsins hverfa á komandi missirum. En jafnframt því hefðu ekki komið fram neinir aðrir raunverulegir úrkostir af hendi Evrópusambandsins. Sagði hann að á undanförnum áratugum hefði mikil þekking og reynsla safnast fyrir hjá VES-þinginu og að sú umræða sem þar hefði farið fram hefði gagnast aukaaðildarríkjum líkt og Íslandi afar vel. Lýsti hann þá yfir áhyggjum af því ef mál þróast með þeim hætti að Evrópusambandið sjálft tæki að sér þingræðislega umfjöllun um öryggis- og varnarmál álfunnar.

Ráðherrann svaraði spurningum Kristjáns Pálssonar með nokkuð almennum hætti en sagði meðal annars að afar mikilvægt væri að hin þingræðislega vídd yrði tryggð. Slíkt væri trygging fyrir lýðræðislegri umfjöllun um öryggis- og varnarmál. Sagði hann að frumforsenda þess að Evrópusambandið hefði haldið inn á braut sameiginlegrar stefnu um öryggis- og varnarmál væri einmitt til að slá skjaldborg um þessi sam-evrópsku gildi. Hvað varðaði samskipti VES og NATO sagði ráðherrann að það væri framar öllu að tryggja farsælt samband milli stofnananna og lagði áherslu á að stefna ESB í öryggis- og varnarmálum væri ekki mörkuð þeirri forsendu að NATO-ríkjunum yrði haldið fyrir utan. Lykillinn að árangri væri að hvor stofnun fyrir sig bæti það upp sem hina vantar.

b. Síðari hluti 47. fundar VES-þingsins.

Dagana 3.–6. desember var seinni hluti 47. fundar VES-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Kristján Pálsson formaður, Katrín Fjeldsted varaformaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir, auk ritara. Sem fyrr bar hin öra þróun á skipan Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) síðustu missiri hátt á fundi þingsins. Þá var fjallað um afleiðingar hinna hörmulegu atburða í Bandaríkjunum 11. september, stríðið í Afganistan og stöðuna í Evrópu með tilliti til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Hvatti þingheimur til þess að efnt yrði til leiðtogafunda á næstu missirum þar sem fjallað yrði um getu Evrópuríkja til að sporna gegn ógn af hugsanlegum árásum hryðjuverkamanna sem hefðu gereyðingarvopn undir höndum. Hvatti þingið jafnframt til þess að Evrópuríkin leituðu allra leiða til að verja íbúa sína fyrir árásum af þessu tagi og að aðildarríki VES legðust á eitt við að eyða efnavopnabirgðum sínum hið fyrsta. Nokkrar umræður urðu um afleiðingar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum og þá sérstaklega um viðbúnað öryggis- og varnarmálaarms Evrópusambandsins í þessu tilliti. Í málflutningi margra þingmanna komu glögglega fram áhyggjur af úrræðaleysi Evrópuríkjanna á þessu sviði sem og ósætti innan ráðherraráðs ESB um afstöðu til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Var jafnframt varað við því að afstöðuleysi ESB kynni að veikja samstöðuna innan Atlantshafsbandalagsins.

Fyrr á árinu hafði ráðherraráð VES ákveðið að óska ekki eftir fjárframlögum aukaaðildarríkja VES líkt og gert hafði verið um árabil og jafnframt hafði fjármálanefnd ráðherraráðsins gert ráð fyrir yfir 25% niðurskurði til VES-þingsins árið 2002. Ollu þessar ákvarðanir ráðherraráðs VES afar mikilli gremju meðal þingmanna sem gagnrýndu þessar ráðstafanir harkalega á fundinum. Var gripið til þess ráðs að efna til utandagskrárumræðu um málið þar sem fjölmargir þingmenn tóku til máls. Klaus Bühler, sem var endurkjörinn sem forseti VES-þingsins á fundinum, sagði í umræðunum um fjármál þingsins að VES-þingið væri að sjálfsögðu reiðubúið að taka á sig nokkurn niðurskurð líkt og aðrar stofnanir en að því færi fjarri að réttlætanlegt væri að draga svo mjög úr fjárframlögum að komið væri í veg fyrir að þingið gæti sinnt skyldum sínum. Þá sagði hann að ákvörðun ráðherraráðsins um að óska ekki eftir fjárframlögum aukaaðildarríkja væri röng pólitískt og að gjáin milli aðildarríkja og aukaaðila breikkaði í kjölfarið. Taldi Bühler að slík ráðstöfun væri afar óábyrg. Formenn allra landsdeilda aukaaðildarríkjanna voru fylgjandi því að greiða framlög sín áfram sem endranær. Þá voru allir flokkahópar sem á þinginu starfa á einu máli um gagnrýni á tillögur ráðherraráðsins um niðurskurð í fjárveitingum til VES-þingsins.

Nokkrar umræður urðu um leiðtogafund ESB sem haldinn var í Laeken í Belgíu síðar í mánuðinum og voru leiðtogar aðildarríkja ESB hvattir til að tryggja þingræðislegt aðhald með sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Á þinginu var samþykkt ályktun belgíska þingmannsins Mark Eyskens, fyrir hönd stjórnmálanefndar VES-þingsins, þess efnis að ráðherraráð VES hvetti leiðtoga ESB til að taka á þeim vanda sem stafar af skorti á þingræðislegu aðhaldi í þessum málaflokki og er einkum til kominn af því að þjóðþing Evrópuríkja hafa ekki bein áhrif á sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Var hvatt til þess að á leiðtogafundinum yrði lagður grunnur að varanlegri lausn sem fæli í sér sameiginlegt hlutverk Evrópuþingsins og þjóðþinga Evrópuríkja í þessum málum og að þeirri lausn yrði unnt að hrinda í framkvæmd árið 2004 á næstu ríkjaráðstefnu ESB. Ályktunin gerði enn fremur ráð fyrir að ákveðið yrði að efna til reglulegra funda fulltrúa Evrópuþingsins, VES-þingsins og ESB þar sem málefni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB yrðu rædd. Þá kvað ályktunin einnig á um að tveir áheyrnarfulltrúar VES-þingsins sætu fundi nefndar sem legði drög að hlutverki þjóðþinganna í þessum málaflokki. Var ítrekað að sú framtíðarlausn sem rík þörf væri á að finna hið fyrsta fæli ekki í sér skert þingræðislegt aðhald miðað við það aðhald sem VES-þingið hefur veitt stjórnvöldum til skamms tíma.

Eftirtaldir ávörpuðu fundinn og svöruðu spurningum þingmanna: André Flahaut, varnarmálaráðherra Belgíu, sem fer með formennsku í ráðherraráði VES og ESB síðari hluta ársins 2002; Armand de Decker, forseti öldungadeildar belgíska þingsins; Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og yfirmaður utanríkis- og öryggismála framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins; og Borís Trajkovskí, forseti fyrrum Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu.

Kristján Pálsson beindi þeirri spurningu til André Flahauts hver væri ástæða þess að framlags Íslands og annarra aukaaðildarríkja VES væri ekki vænst frá og með árinu 2002. Sagði Kristján að aukaaðild Íslands að VES hefði reynst afar mikilvæg, ekki síst til að efla samstöðuna innan Atlantshafsbandalagsins. Margir þingmenn urðu til að spyrja ráðherrann um framlög aukaaðildarríkjanna til VES og gagnrýndu ákvörðun ráðherraráðsins. Flahaut sagðist eingöngu hafa heyrt af ákvörðun þessari samdægurs og sagðist mundu leita eftir svörum hjá ráðinu.

Kristján Pálsson hélt ræðu í umræðunum um áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og hernaðarins í Afganistan á varnar- og öryggismál í Evrópu. Í ræðu sinni sagðist Kristján hafa miklar áhyggjur af þróun mála á alþjóðavettvangi og jafnframt því að samstaðan innan Atlantshafsbandalagsins kynni að vera í hættu. Í fyrsta lagi ítrekaði Kristján að finna yrði hið

fyrsta varanlega lausn á stöðu NATO-ríkjanna sex sem stæðu utan Evrópusambandsins hvað hina sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnu ESB varðaði. Afar mikilvægt væri að áhrif þessara ríkja minnkuðu ekki innan VES. Þá hefðu öll ríkin lýst yfir óánægju sinni með að VES skyldi verða leyst upp. Kristján vék því næst máli sínu að afleiðingum hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og ákvörðun NATO um að hrinda 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans í framkvæmd. Sagði Kristján það valda talsverðum áhyggjum að aðildarríki ESB sem einnig væru í NATO hefðu margsinnis fundað sín í milli án þess að efna til funda þessara ríkja með utanríkisráðherrum þeirra Evrópuríkja sem stæðu utan ESB. Sagði Kristján að slíkar ráðstafanir bæru þess merki að ekki væri mikill vilji til að halda í þá samstöðu sem í fyrri tíð hefði skapast á vettvangi VES. Þá sagði Kristján að afstaða hlutlausu ríkjanna innan ESB til málefna sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins flækti þessa stöðu enn frekar. Niðurstaðan væri sú að ráðherraráð Evrópusambandsins hefði ekki getað sammælst um eina afstöðu hvað viðbrögð við alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi varðar. Benti Kristján jafnframt á að hvorki ESB né NATO ættu beinan þátt að hernaðaraðgerðunum í Afganistan heldur hefði niðurstaðan orðið sú að að þeim stóðu aðeins Bandaríkin og Bretland. Í þessu samhengi varpaði Kristján þeirri spurningu fram hvort það væri ekki áhyggjuefni að ef Bandaríkin og Bretland stæðu ein að aðgerðunum gegn hryðjuverkamönnum í Afganistan, án raunverulegrar þátttöku NATO og ESB, þá væri hætta á að ríkin tvö einangruðust þegar til lengri tíma væri litið.

c. Nefndafundir.

Forsætisnefnd Alþingis veitti formanni Íslandsdeildar VES-þingsins takmarkaða aukafjárveitingu til að sækja fund forsætisnefndar sem haldinn var í Stokkhólmi í mars. Þá fóru Svíar með formennsku í ráðherranefnd VES. Á fundinum ávörpuðu fulltrúar forusturíkja VES og ESB nefndina og lýstu viðhorfum sínum til framtíðarþróunar öryggis- og varnarmála álfunnar og breytts hlutverks VES og VES-þingsins auk þess sem farið var yfir getu ESB á sviði hættuástandsstjórnunar.

Alþingi, 20. jan. 2002.

Kristján Pálsson, form.	Katrín Fjeldsted, varaform.	Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli VES-þingsins árið 2001.

Fyrri hluti 47. þingfundar, 18.–20. júní:

1. Tilmæli nr. 685, um endurskilgreiningu öryggishugtaksins í Evrópu – ný viðbrögð við nýjum ógnum.
2. Tilmæli nr. 692, um Miðausturlönd og öryggi í Evrópu.
3. Tilmæli nr. 686, um framfylgd ákvarðana Nice-fundarins í sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum.
4. Tilmæli nr. 687, um framlag þeirra ríkja sem standa utan ESB til hernaðarlegrar hættuástandsstjórnunar í Evrópu.

5. Tilmæli 688, um afvopnunarsamninga á sviði hefðbundinna vopna – CFE-sáttmálann og áhrif hans á stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum.
6. Tilmæli nr. 689, um horfur á þátttöku áheyrnaraðildarríkja í sameiginlegri vopnaframleiðslu í álfunni.
7. Tilmæli nr. 691, um sameiginlega stefnu Evrópuríkja í geimvísindum: þættir á sviði öryggis- og varnarmála.
8. Tilmæli nr. 690, um evrópskar eldflaugavarnir og hlutverk Rússlands.
9. Álit nr. 38, um fjárlög og fjárveitingar til VES-þingsins.
10. Tilmæli nr. 687, um stöðu aðildarríkja VES innan framtíðarfyrirkomulags þingræðislegrar umræðu innan hinnar nýju öryggis- og varnarmálastefnu ESB.
11. Ályktun nr. 106, um svæðisbundnar fjölþjóðastofnanir í Norður-Evrópu.

Síðari hluti 47. þingfundar, 3.–6. desember:

1. Fyrirmæli 116, um þingræðislegt aðhald sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB.
2. Tilmæli 693, um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.
3. Tilmæli 694, um öryggismál í Evrópu í ljósi alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi.
4. Tilmæli 695, um öryggismál í Evrópu í ljósi alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi – svar við ársskýrslu ráðherraráðs VES.
5. Tilmæli 696, um þingræðislegt aðhald sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB – tillögur fyrir leiðtogafundinn í Laeken.
6. Ályktun 107, um sama mál.
7. Tilmæli 697, um þróun mála í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.
8. Tilmæli 698, um fjárhagsáætlun ráðherraráðs VES fyrir fjárhagsárið 2001.
9. Tilmæli 700, um hernaðarlega loftflutningagetu Evrópuríkja – svar við ársskýrslu ráðherraráðs VES.
10. Tilmæli 701, um hættur og hömlur á sviði efna- og lífefnavopna.
11. Tilmæli 702, um hergögn vegna hættuástandsstjórnunar á vegum Evrópuríkja – svar við ársskýrslu ráðherraráðs VES.
12. Tilmæli 703, um eldflaugavarnir og áhrif þeirra á hergagnaframleiðslu í Evrópu.
13. Tilmæli 704, um öryggismál á Balkanskaga.
14. Tilmæli 705, um nýjustu þróun mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.
15. Ályktun 108, um þingræðislegt aðhald íhlutunar í alþjóðlegum hernaðaraðgerðum og tilsvarandi lagasetningu.

802. Svar [393. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útdrátt og endurgreiðslu húsbréfa.

1. *Hversu mörg húsbréf hefur Íbúðalánasjóður innleyst og endurgreitt frá upphafi og hvað nema endurgreiðslurnar háum fjárhæðum?*

Frá upphafi húsbréfakerfisins hafa 143.538 húsbréf verið innleyst. Heildarinnlausnarverð þeirra bréfa er 70.737.665.540 kr.

2. *Hversu mörg útdregin húsbréf hafa ekki verið innleyst af eigendum frá stofnun húsbréfakerfisins, hve hátt hlutfall er það af útdregnum húsbréfum frá upphafi og hver er samanlögð fjárhæð þeirra, uppfærð til núgildandi verðlags?*

Alls eru 2.204 húsbréf óinnleyst og er innlausnarverð þeirra samtals 794.674.481 kr. eða sem nemur 847.738.834 kr. á verðlagi nú í janúar 2002. Óinnleyst húsbréf eru 1,51% af heildarfjölda útdreginna bréfa en innlausnarverð þeirra er 1,1% af heildarinnlausnarverði útdreginna bréfa.

3. *Hvernig hefur það fé verið varðveitt, hve há er ávöxtun þess, ef um hana er að ræða, og hvert hefur hún runnið?*

Fjármagn þetta er hluti af lausu fé Íbúðalánasjóðs (áður Húsnæðisstofnunar ríkisins) og hefur verið ávaxtað með sama hætti og það. Þegar húsbréfakerfið var sett á laggirnar 1989 var Húsnæðisstofnun ríkisins skylduð til að geyma allt laust fé sitt hjá Seðlabanka Íslands og naut þar einungis sömu vaxta og almennt gerðist á innlánsreikningum viðskiptastofnana. Var sú ávöxtun yfirleitt þónokkuð undir verðbólgu hverju sinni. Með breytingalögum nr. 12/1994, á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, var stofnuninni heimilað að varðveita fé sitt á annan tryggan hátt að fengnu samþykki félagsmálaráðherra. Á árinu 1996 heimilaði félagsmálaráðherra Húsnæðisstofnun ríkisins að ávaxta hluta af lausu fé sínu með kaupum á skammtímaríkisvíxlum og jókst þá ávöxtunin þónokkuð. Þegar Íbúðalánasjóður tók til starfa voru engin ákvæði í lögum um að sjóðnum væri skylt að geyma laust fé sitt á ákveðnum stað. Síðan hefur sjóðurinn leitast við að fá sem besta ávöxtun fyrir þetta fé hverju sinni. Ávöxtunin hefur verið nokkuð misjöfn og hefur farið eftir því til hversu langs tíma sjóðurinn hefur getað bundið féð og hvernig aðstæður hafa verið á markaði hverju sinni. Hefur ávöxtun fjárins verið sem hér segir: 1999 var ávöxtunin um 9,3% sem samsvarar um 3,5% raunvöxtum, 2000 var ávöxtunin um 11,7% sem samsvarar um 7,2% raunvöxtum og 2001 var ávöxtunin um 13,4% sem samsvarar um 4,4% raunvöxtum. Ávöxtun þessa fjár er hluti af tekjum Íbúðalánasjóðs og kemur fram í afkomu hans.

4. *Hve mikið er vaxtatap þeirra sem ekki hafa innleyst útdregin húsbréf miðað við meðalávöxtun húsbréfa, sundurliðað eftir árum útdreginna húsbréfa og vaxtafært frá útdrætti til 1. janúar 2002?*

Áætlað vaxtatap þeirra sem eiga þau húsbréf sem eru óinnleyst kemur fram í töflunni, að teknu tilliti til verðbóta.

Innleysanlegt á árinu	**Áætlað vaxtatap, millj. kr.**
1991	0,005
1992	1,2
1993	2,7
1994	0,773
1995	1,4
1996	2,2
1997	21,5
1998	4,0
1999	5,5
2000	5,4
2001	9,8
Alls áætlað vaxtatap	**54,478**

5. *Hversu hátt hlutfall útgefinna húsbréfa (utan rafrænna bréfa) er í vörslu fyrirtækja sem annast viðskipti með húsbréf?*

Þar sem öll fyrirtæki sem annast viðskipti með húsbréf falla undir reglur um þagnarskyldu varðandi umsýslu með fjármuni viðskiptavina er ómögulegt að segja til um þetta. Leiða má þó að því líkur að stór hluti húsbréfanna sé í vörslu þeirra.

6. *Hvernig hafa Íbúðalánasjóður eða ráðuneytið vakið athygli á útdregnum, óinnleystum húsbréfum og stendur til að bæta eða breyta aðferðum sem beitt hefur verið?*

Kynning númera útdreginna bréfa hefur frá upphafi húsbréfakerfisins verið á þann veg að númerin eru auglýst þegar þau hafa verið dregin út. Þar að auki hafa númerin verið send í tölvutæku formi til allra fjármálafyrirtækja og reiknistofa, sem annast hafa tölvumál lífeyrissjóða, þannig að fyrirtækin hafa getað borið númer útdreginna bréfa vélrænt saman við númer þeirra bréfa sem þau hafa umsjón með. Enda hefur komið í ljós við nýlega rafvæðingu húsbréfaflokka sem gefnir voru út á pappír að mjög sjaldgæft er að óinnleyst útdregin húsbréf séu í umsjón fjármálafyrirtækja. Auk þessarar kynningar á útdregnum númerum húsbréfa eru númer óinnleystra áður útdreginna húsbréfa auglýst á sama tíma í viðkomandi flokkum. Númer allra óinnleystra áður útdreginna húsbréfa eru send í tölvutæku formi til fjármálafyrirtækja mánaðarlega þannig að hægt sé að bera númerin saman við bréf sem fyrirtækin hafa í vörslu sinni.

Fyrir utan þessa auglýsingu hefur Íbúðalánasjóður (áður Húsnæðisstofnun ríkisins) notað hvert tækifæri sem gefist hefur, bæði í viðtölum og blaðagreinum, til að vekja athygli á óinnleystum húsbréfum og hvernig menn geti nálgast upplýsingar um númer þessara bréfa og jafnframt hvaða þýðingu það hefur að menn vitji ekki útdreginna húsbréfa.

Í byrjun síðasta árs var tekin ákvörðun um að í framtíðinni yrðu allir flokkar húsbréfa gefnir út eignarskráðir í rafrænu formi. Jafnframt var ákveðið að gera rafræna eignarskrá þriggja stærstu flokka húsbréfa, sem áður höfðu verið gefnir út á pappír og eru þessir þrír flokkar um helmingur þeirra húsbréfa sem útgefin hafa verið frá upphafi. Það að húsbréf eru rafvædd hefur í för með sér að eigendur bréfanna eru þekktir og þar af leiðandi er andvirði bréfanna lagt beint inn á bankareikning viðkomandi eiganda en ef bankareikningurinn er ekki þekktur er eigendum sent bréf um útdráttinn með leiðbeiningum um það hvernig þeir geti nálgast féð. Þetta gerist án þess að eigendur bréfanna þurfi að hafa fyrir því að fylgjast með útdrættinum. Óinnleyst útdregin húsbréf ættu því varla að vera til í framtíðinni og ætti þeim að fækka verulega á næstunni.

Varðandi flokka sem ekki hefur verið ákveðið að taka í rafræna eignarskráningu er beðið með ákvörðun eftir áliti nefndar sem fjármálaráðherra skipaði en hlutverk hennar er að skoða form og tilhögun á verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs með tilliti til endurskipulagningar á verðbréfaútgáfum ríkissjóðs. Í ljósi þess að lítil sem engin viðskipti eru með þessa flokka á verðbréfamarkaðnum þótti rétt að bíða með ákvörðun þar til álitið lægi fyrir, þannig að ekki væri lagt í kostnað sem síðan nýttist ekki ef hugmyndir nefndarinnar fela í sér einhverjar breytingar í verðbréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs.

803. Skýrsla [510. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2001.

1. Inngangur.

Árið 2001 var tímamótaár. Hugtökin ógnir, öryggi og varnir tóku á sig áður óþekkta mynd að morgni dags 11. september þegar liðsmenn hryðjuverkasamtaka gerðu fólskulega árás á New York og Washington D.C. þar sem þúsundir saklausra borgara létu lífið. Árásirnar á Bandaríkin vógu að hjarta hins frjálsa og lýðræðislega samfélags þjóðanna og þar með að öllum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, meginstoðar öryggis og varna Atlantshafssamfélagsins. Viðbrögð öryggis- og varnarkerfis vestrænna þjóða, undir forustu Bandaríkjanna, einkenndust af yfirvegun. Nokkrum dögum eftir árásirnar var söguleg ákvörðun tekin á fundi Norður-Atlantshafsráðsins er 5. gr. stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins var beitt í fyrsta sinn í 52 ára sögu þess, en hún kveður á um að vopnuð árás á eitt aðildarríki í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þau öll. Yfirlýsing Norður-Atlantshafsráðsins markaði straumhvörf í hálfrar aldar farsælli sögu bandalagsins. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum, hernaður Bandaríkjamanna og Breta í Afganistan, hin alþjóðlega barátta gegn hryðjuverkastarfsemi og hin breytta heimsmynd eftir hryðjuverkaárásirnar höfðu óhjákvæmilega mikil áhrif á öll alþjóðasamskipti og þar með talið starf NATO-þingsins seinni hluta ársins 2001. Sýnt þykir að áhrif þessi verði til langframa og hefur NATO-þingið þegar skipulagt nefndarstörf sín með það að markmiði að fjalla með heildrænum hætti um alla þætti hinnar umfangsmiklu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Af öðrum málefnum sem bar hátt á árinu má nefna hin nýju verkefni á sviði Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum en áframhald varð á gagngerri umfjöllun NATO-þingsins í þeim málaflokki. Sem fyrr hefur Íslandsdeild NATO-þingsins lagt áherslu á sem ríkasta þátttöku Íslands og annarra evrópskra aðildarríkja NATO sem standa utan Evrópusambandsins í Petersberg-verkefnunum svonefndu og hefur áréttað hagsmuni Íslands á því málefnasviði. Stækkun NATO til austurs bar enn fremur hátt í störfum NATO-þingsins á árinu. Fyrir liggur að á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag haustið 2002 mun verða tekin ákvörðun um næstu lotu stækkunar til austurs. Eystrasaltsríkin þrjú binda miklar vonir við að gerast aðildarríki í næstu stækkun og hefur Íslandsdeild NATO-þingsins lagt ríka áherslu á það í málflutningi sínum að Eistlandi, Lettlandi og Litháen verði boðin formleg aðild. Áframhald varð á umræðum nefnda NATO-þingsins um eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar og stöðu mála í suðausturhluta Evrópu, einkum þó í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Segja má þó að málefni Balkanskaga, sem borið hafa hátt á dagskrá þingsins undanfarin missiri, hafi fallið í skugga annarra verkefna og nýrra ógna á árinu. Að hluta til má eigna þá þróun þeim umbótum sem fram hafa farið í ríkjum og héruðum gömlu Júgóslavíu frá því að Slobodan Milosevic var komið frá völdum.

2. Íslandsdeild NATO-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar NATO-þingsins árið 2001 voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks. Í kjölfar þess að Jón Kristjánsson tók við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 14. apríl tók Jónína Bjartmarz sæti hans í Íslandsdeildinni 26. apríl. Magnús Stefánsson tók þá sæti sem varamaður.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þess. Smæð Íslands takmarkar atkvæðisrétt ríkisins við þrjár nefndir, auk stjórnarnefndar. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir árið 2001 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Tómas Ingi Olrich.
Til vara:	Jónína Bjartmarz.
Stjórnmálanefnd:	Tómas Ingi Olrich.
Til vara:	Árni R. Árnason.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jónína Bjartmarz.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Félagsmálanefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Efnahagsnefnd:	Jónína Bjartmarz.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Vísinda- og tæknínefnd:	Guðmundur Árni Stefánsson.
Til vara:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Miðjarðarhafshópur:	Tómas Ingi Olrich og
	Guðmundur Árni Stefánsson.

3. Fundir sem Íslandsdeildin sótti á árinu.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Auk þess fundar stjórnarnefnd sérstaklega ár hvert, ýmist í mars eða apríl. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Nefndir og undirnefndir þingsins halda reglulega námsstefnur og fundi á milli þingfunda. Jafnframt stendur varnar- og öryggismálanefnd árlega fyrir kynnisferð til eins eða fleiri aðildarríkja bandalagsins til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Á árinu voru haldnar þrjár Rose-Roth námsstefnur (sjá fylgiskjal II, b-lið).

Árið 2001 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Rómaborg, vor- og ársfundum þingsins í Vilníus og Ottawa, auk átta nefndafunda utan þingfundi.

a. Febrúarfundir.

Dagana 20.–22. febrúar voru febrúarfundir NATO-þingsins haldnir í Brussel. Að venju var um að ræða sameiginlegan fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar annars vegar, og fund stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Auk funda með fulltrúum NATO áttu fulltrúar NATO-þingsins fundi með fulltrúum ráðherraráðs Evrópusambandsins, tímabundinnar herstjórnar Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Aukaaðilar NATO-þingsins hafa ekki seturétt á fundum og hefur mikilvægi þeirra aukist mjög á undanförnum árum, ekki síst í ljósi þess að þar gefst fulltrúum aðildarríkja bandalagsins færi til að ræða einir saman. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sátu Tómas Ingi Olrich formaður og Jón Kristjánsson fundina, auk ritara. Helstu umræðuefni voru þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum, áætlanir Bandaríkjamanna um að koma á fót tak-

mörkuðu eldflaugavarnakerfi og ástand mála á Balkanskaga. Þess utan var rætt um viðskipti Evrópu og Bandaríkjanna á fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB.

Fund stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins ávarpaði aðstoðarframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Klaus-Peter Klaiber, sem fer fyrir stjórnmáladeildinni. Þá hélt dr. Edgar Buckley aðstoðarforstöðumaður varnarmáladeildarinnar erindi. Svöruðu þeir spurningum fundarmanna. Þá var efnt til hringborðsumræðna um notkun rýrðs úrans í átökunum í Kosovo-stríðinu þar sem þeir Daniel V. Speckhard, aðstoðarframkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, og Mark Laity, aðstoðartalsmaður Atlantshafsbandalagsins, svöruðu spurningum fulltrúa NATO-þingsins.

Rafael Estrella, nýkjörinn forseti NATO-þingsins, hóf almennar umræður og lagði áherslu á að tryggja samvinnu og samstöðu innan NATO þegar málefni líkt og Evrópusamstarfið í öryggis- og varnarmálum og eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar bæri á góma. Í máli Klaus-Peters Klaibers kom fram mat hans á meginforsendum Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum. Taldi hann að umfangsmikil samrunaþróun Evrópusambandsins, nauðsyn þess að Evrópuríkin öxluðu auknar hernaðarlegar byrðar og breytingar á eðli hernaðarátaka á síðasta áratug væru þær ástæður sem vægju þyngst á metunum. Sagði Klaiber jafnframt þróunina í átt að auknum hernaðarmætti ESB-ríkja hafa verið jákvæða og að árangur hefði náðst á mörgum sviðum. Lagði hann áherslu á að NATO hefði einnig lagt sitt af mörkum og hefði hafist handa við starf sem miðaði að því að skilgreina þörfina á aðstoð við Evrópuríkin. Þá ræddi hann einnig um afstöðu NATO-ríkjanna utan ESB og þær spurningar sem þau hefðu varpað fram. Í umræðum kom fram að þau málefni er lytu að þátttöku NATO-ríkjanna sex utan ESB væru mest aðkallandi í þessu tilliti.

Á fundi fulltrúa NATO-þingsins með Cristoph Heusgen, yfirmanni stefnumótunardeildar ráðherraráðs ESB, var rætt um helstu forsendur Evrópusamstarfsins í öryggis- og varnarmálum. Í máli sínu vék Heusgen að mikilvægi hlutverks Javiers Solanas, sem fer með þennan málaflokk í framkvæmdastjórn ESB, og vék því næst að þeim stofnanalegu breytingum sem nú hefðu átt sér stað innan ESB, og þá sérstaklega stjórnmála- og öryggismálanefndinni. Þá gerði Heusgen samskiptin við NATO að umtalsefni og lagði áherslu á að ESB mundi eingöngu grípa til aðgerða þegar fyrirséð væri að aðgerð yrði ekki í verkahring NATO og vísaði þar með til Petersberg-verkefnanna. Fullyrti hann að ESB ætlaði sér ekki að byggja upp aðskildan hernaðarmátt og taldi að treysta þyrfti nánara samband milli ESB og NATO. Lagði hann og áherslu á að ESB ætlaði sér ekki að sjá um hættuástandsstjórnun eitt síns liðs heldur kæmu þar einnig til framtíðaraðildarríki ESB og önnur samstarfsríki. Í umræðum spurði Tómas Ingi Olrich um hinar sívaxandi ábyrgðir sem ESB tæki á sig og vísaði til þess að aðildarríkin væru ekki samstíga í fyrirhuguðu samstarfi. Gerði hann t.d. afstöðu Danmerkur og afstöðu Bretlands til Schengen-samstarfsins að umtalsefni og benti á undanþáguákvæði sem væru þessu samfara. Til samanburðar vék Tómas Ingi máli sínu að stöðu NATO-ríkjanna sex utan ESB og hlutverki þeirra í Evrópusamstarfinu í öryggis- og varnarmálum. Sagði hann að þeim hefði verið gert að fallast á skilyrði ESB sem komið hefðu fram á leiðtogafundinum í Nice. Af því mætti draga þá ályktun að sveigjanleiki ætti greinilega við um ESB og aðildarríki þess en að ESB væri fremur ósveigjanlegt með tilliti til öryggis- og varnarmála þegar NATO-ríkin sex væru annars vegar.

Á fundi stjórnarnefndar með Norður-Atlantshafsráðinu var að mestu fjallað um Evrópusamstarfið í öryggis- og varnarmálum og kom fram í máli framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins að nauðsynlegt væri að efla Evrópusamstarfið en jafnframt yrði að finna lausn á spurningunni um þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna sex sem stæðu utan ESB og að sú lausn yrði að vera ásættanleg bæði fyrir NATO og ESB. Nokkuð var rætt um hættuna á því

að evrópsku NATO-ríkin sex utan ESB yrðu útilokuð frá Evrópusamstarfinu í öryggis- og varnarmálum. Fastafulltrúi Frakklands ræddi um að svo virtist sem ekki væri sami skilningur á þátttöku NATO-ríkjanna sex utan ESB og Evrópusambandsins sjálfs. Að undanförnu hefði verið reynt að finna lægsta samnefnara milli umræddra ríkja og ESB og sagði hann jafnframt að sambandið hefði verið gagnrýnt fyrir þá viðleitni sína. Taldi hann að leiðtogafundurinn í Nice hefði sýnt fram á að ekki væri verið að útiloka ríkin frá Evrópusamstarfinu á sviði öryggis- og varnarmála og taldi að tillögur ESB væru réttmætar og sanngjarnar. Vék hann einnig að því að NATO gengi ekki nægilega langt í samvinnuátt. Í umræðum sagðist Tómas Ingi Olrich fagna niðurstöðu fundarins í Nice en jafnframt að þróunin væri skammt á veg komin. Vék hann að þátttökurétti evrópsku NATO-ríkjanna sex utan ESB og sagði að enn væri mörgum spurningum ósvarað. Þá lagði Tómas Ingi áherslu á að ekki mætti missa sjónar á einingunni innan NATO og minnti í því samhengi á yfirlýsingar leiðtoga aðildarríkja NATO á Washington-fundinum árið 1999.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Laugardaginn 31. apríl fundaði stjórnarnefnd NATO-þingsins í Rómaborg. Fundinn sat af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich formaður, auk ritara. Á fundinum var m.a. rætt um skipulag starfsemi þingsins og stöðu mála í Júgóslavíu og Hvíta-Rússlandi.

Í upphafi fundar voru formönnum sendinefndanna kynntar hugmyndir um að auka tengsl bandarísku þingmannanna á NATO-þinginu og þeirra evrópsku með því að efna til ráðstefnu í Washington D.C. í desembermánuði sem bæri nafnið „Transatlantic Forum". Megininntak ráðstefnunnar væri fyrir fulltrúa að skiptast á skoðunum um málefni þau sem hæst bæru í Atlantshafssamskiptunum, svo sem eldflaugavarnir, viðskipti og orkumál, auk þess að heyra framlag bandarískra embættismanna. Stjórnarnefndarmenn tóku allir vel í tillögur þessar og lýstu yfir þeirri von sinni að ráðstefnan yrði að árlegum viðburði. Þá var rætt um tengsl NATO-þingsins við rússnesku Dúmuna en á árinu 2000 höfðu samskipti NATO og Rússlands batnað mikið eftir um eins árs hlé í kjölfar stríðsins í Kosovo. Stjórnarnefndarmenn fögnuðu hinum auknu samskiptum og því að þingmenn Dúmunnar hugðust sækja vorfundinn í Vilníus og ársfundinn í Ottawa. Fögnuðu þingmenn einnig fyrirhuguðum sameiginlegum nefndafundi stjórnmálanefndar, varnar- og öryggismálanefndar og félagsmálanefndar með þingmönnum Dúmunnar í marsmánuði. Mikill áhugi virtist vera á þeim fundi meðal fulltrúa á NATO-þinginu en alls höfðu 80 þingmenn skráð sig til þátttöku.

Fyrsta dagskrármálið á fundinum voru samskipti NATO-þingsins við Sambandsríkið Júgóslavíu annars vegar og Hvíta-Rússland hins vegar. Stjórnarnefndarmenn fögnuðu lýðræðisþróuninni í Júgóslavíu og þótt ekki hefði verið talið tímabært að ræða hugsanlega aukaaðild Júgóslavíu var ákveðið að bjóða fulltrúum júgóslavneska þingsins til vissra nefndafunda á vegum NATO-þingsins. NATO-þingið ákvað árið 1997 að slíta tengslum sínum við hið nýkjörna hvít-rússneska þing eftir þingkosningar sem brutu í bága við alþjóðlega staðla um frjálsar og lýðræðislegar kosningar. Fulltrúum þrettánda Sovétsins (hins eldra þings) var áfram boðið að senda fulltrúa á fundi NATO-þingsins en nú bar svo við að upprunalegt kjörtímabil þeirra var útrunnið og þar af leiddi að ekki var unnt að bjóða neinum réttmætum þjóðkjörnum fulltrúum Hvít-Rússa. Rétt fyrir stjórnarnefndarfundinn hafði sérlegur starfshópur NATO-þingsins, undir forsæti Markus Meckels, haldið til Hvíta-Rússlands með það að markmiði að reyna að koma á tengslum NATO-þingsins við fulltrúa frá landinu. Miklar umræður spruttu um tillögur þær sem starfshópurinn lagði fyrir stjórnarnefndarfundinn en þær kváðu á um, í fyrsta lagi, að formlegri stöðu Hvíta-Rússlands fyrir utan NATO-þingið skyldi viðhaldið að svo komnu máli, og í öðru lagi, að NATO-þingið skyldi

bjóða þremur hvít-rússneskum fulltrúum til vorfundarins í Vilníus til skoðanaskipta. Nokkur ágreiningur var um hvaða fulltrúum ætti að bjóða og varð niðurstaðan sú að bjóða fjórum fulltrúum frá landinu en enginn þeirra mætti þó vera fulltrúi þings þess sem kjörið var til í síðustu kosningum.

Í umræðum um starfsemi þingsins var vikið að reglum um afgreiðslu tilmæla á nefndarfundum og þingfundum og rætt um að forðast bæri að mismunandi nefndir legðu fram tilmæli um sömu mál. Slíkt hefði komið fyrir á ársfundinum í Berlín árið 2000 og voru stjórnarnefndarmenn sammála um að starfsfólk nefndanna þyrfti að hafa vakandi auga með því að þær tækju ekki sömu mál til umfjöllunar. Fyrir fundinum lágu tillögur frá forseta þingsins, Rafael Estrella, um að einfalda reglur er varða breytingartillögur við tilmæli þingsins sem tekin væru fyrir á þingfundum. Sagði forsetinn að brögð hefðu verið að því á undanförnum missirum að mikill fjöldi smávægilegra breytingartillagna, sem oftar en ekki væru lagðar fram í nafni sömu þingmannanna, hefði tafið mikið fyrir störfum þingfundarins sem alla jafna væri efnt til á lokadegi, vorfundar og ársfundar NATO-þingsins. Stjórnarnefndarmenn lýstu sig almennt afar fylgjandi tillögunum sem gerðu ráð fyrir að til að breytingartillögur væru tækar þyrfti undirritun fimm þingmanna frá þremur þjóðríkjum ellegar undirritun formanns landsdeildar fyrir hönd landsdeildarinnar allrar. Þær reglur sem áður giltu kváðu á um að aðeins þyrfti undirritun þriggja þingmanna frá þremur þjóðríkjum. Tómas Ingi Olrich kvaðst í umræðum um tillögurnar vera afar fylgjandi boðuðum breytingum enda væri mikil nauðsyn, ekki síst í tilfelli smárra ríkja eins og Íslands sem hefði aðeins þrjú atkvæði á þinginu, að formaður landsdeildar gæti lagt fram breytingartillögur þegar nauðsyn krefði og þjóðarhagsmunir væru í húfi. Niðurstaða fundarins var sú að tillögurnar voru samþykktar til reynslu, án þess þó að breyta þingsköpum NATO-þingsins. Þá var ákveðið að við breytingartillögur sem lagðar væru fram í nefndum þyrfti undirritun þriggja þingmanna frá þremur þjóðríkjum ellegar undirritun formanns landsdeildar.

c. Vorfundur.

Dagana 27.–31. maí var vorfundur NATO-þingsins haldinn í Vilníus í Litháen. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jónína Bjartmarz, auk ritara. Að vanda var vorfundurinn skipulagður sem eins konar undirbúningsfundur fyrir ársfund þingsins í Ottawa í Kanada 6.–9. október. Í málefnanefndum voru til umræðu skýrslu- og ályktanadrög sem átti að samþykkja í Ottawa, auk þess sem ýmsir góðir gestir ávörpuðu fundi nefndanna og svöruðu spurningum þingmanna. Það sem hæst bar á fundinum í Vilníus var næsta lota stækkunar Atlantshafsbandalagsins (NATO) í austurátt, stefna Evrópusambandsins (ESB) í öryggis- og varnarmálum og samband ESB við NATO.

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur um lykilatriðin í framtíð varnarsamstarfs NATO-ríkja og öryggi Evrópu; stækkun Atlantshafsbandalagsins; og eldflaugavarnir og stefna Evrópusambandsins (ESB) á sviði öryggis- og varnarmála. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Antanas Valionis, utanríkisráðherra Litháens, og Cristopher Hill, sendiherra Bandaríkjanna í Póllandi. Utanríkisráðherrann fjallaði um stefnumið litháískra stjórnvalda í öryggis- og varnarmálum og lagði áherslu á það í ræðu sinni að mikilvægt væri að Eystrasaltsríkin þrjú fengju skýrar vísbendingar um framtíðaraðild og nefndi í því sambandi næsta leiðtogafund NATO sem haldinn verður í Prag 2002. Cristopher Hill fjallaði um stefnumið nýrrar ríkisstjórnar Bandaríkjanna í öryggismálum Evró-Atlantshafssvæðisins og nefndi að þau fjögur málefni sem hæst mundi bera á þeim vettvangi á næstu missirum væru öryggis- og varnarmálastefna ESB, eldflaugavarnir, stækkun NATO og staða mála á Balkanskaga.

Hvað öryggis- og varnarmálastefnu ESB varðaði lagði sendiherrann mikla áherslu á þau stefnumið Bandaríkjastjórnar að tryggt yrði að evrópsku NATO-ríkin sex sem stæðu utan ESB fengju sem ríkust áhrif á stefnumótun innan ESB en sagði jafnframt að þróunin hefði hingað til verið afar jákvæð. Í framsögu sinni um lykilatriðin í framtíð varnarsamstarfs NATO-ríkja og öryggi Evrópu, fagnaði skýrsluhöfundurinn, Þjóðverjinn Markus Meckel, því m.a. að Evrópuríkin öxluðu auknar byrðar hvað öryggismál í álfunni varðaði og lagði út af því að NATO-þinginu bæri að auka tengsl sín og samskipti við Evrópuþingið. Þá sagði hann að stækkunarferli NATO væri eitt af mikilvægari atriðum á dagskrá næstu missira og lagði áherslu á að aðildaráætlun NATO (e. Membership Action Plan) yrði að styrkja í ljósi þess að þau ríki sem óska aðildar yrðu að auka hernaðargetu sína ef af aðild ætti að verða. Bert Koenders, höfundur skýrslunnar um stækkun NATO, sagði í framsögu sinni að í aðildarríkjum NATO yrði að fara fram mun heildstæðari umræða um stækkun bandalagsins og sagði mikilvægt að fullur stuðningur við stækkun í austurátt kæmi fram á leiðtogafundinum í Prag 2002. Þá lagði hann áherslu á að koma yrði í veg fyrir að óskyld málefni, líkt og fyrirhuguð eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar og stækkun NATO, yrðu tengd með beinum hætti. Í umræðum um skýrsludrögin sagði Tómas Ingi Olrich að tryggja bæri þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna sex sem standa utan ESB í stefnumótun ESB í öryggis- og varnarmálum. Sagði hann að í skýrslu Markus Meckels gætti þess misskilnings að ríkin hefðu farið fram á fulla þátttöku þegar staðreyndin væri að enginn hefði farið þess á leit. Þá gagnrýndi Tómas Ingi söguleg efnistök skýrsluhöfundar á því hvernig innlimun Eystrasaltsríkjanna undir Sovétríkin bar að. Tómas Ingi gerði einnig athugasemd við að í skýrslunni væri ekki greint frá yfirlýstum stuðningi íslenskra stjórnvalda við aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO, heldur aðeins Danmerkur, Noregs og Bandaríkjanna. Hét skýrsluhöfundur að lagfæra það. Fleiri voru til þess að gagnrýna efnistök í skýrslunni og sagði t.a.m. Carolyn Parrish, formaður kanadísku landsdeildarinnar, að of mikið væri gert úr stefnumiðum ESB miðað við að um skýrslu NATO-þingsins væri að ræða.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um eldflaugavarnir og áhrif þeirra á einingunа innan NATO; hlutverk NATO í hermálaumbótum; og NATO og stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Linas Linkevicius, varnarmálaráðherra Litháens, og Jonas Kronkaitis, hershöfðingi og yfirmaður herafla Litháens. Fjölluðu þeir um árangur Litháens við umbætur í hermálum landsins samkvæmt aðildaráætlun NATO.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um borgaraleg áhrif á öryggismál í Evrópu; horfur á lýðræðisumbótum í Sambandsríkinu Júgóslavíu, Hvíta-Rússlandi og Kaliningrad; og suðausturhluta Evrópu, horfur á varanlegum friði og stöðugleika. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Vytautas Markevicius, innanríkisráðherra Litháens, sem fjallaði um baráttu stjórnvalda gegn skipulegri glæpastarfsemi; Alexander Feduta, forstöðumaður vísindastofnunarinnar í Minsk í Hvíta-Rússlandi, sem fjallaði um stjórnmálaástandið í landinu og komandi forsetakosningar; og Zoran Zivkovic, innanríkisráðherra Sambandsríkisins Júgóslavíu, sem fjallaði um lýðræðisumbæturnar í Júgóslavíu eftir valdaskiptin.

Í efnahagsnefnd voru til umræðu skýrslur um samspil orku- og öryggismála og mikilvægi orku í öryggiskerfi Evró-Atlantshafssvæðisins; hagkerfi Serbíu, uppbyggingarstarf og þrengingar eftir valdatíð Milosevic; stöðugleika og hagsæld í Evrópu, horfur á stækkun ESB; og stofnanalegar og pólitískar forsendur fyrir viðskiptatengslum Bandaríkjanna og ESB. Fundinn ávörpuðu þeir Petras Austervicius, formaður Evrópunefndar ríkisstjórnar Litháens og aðalsamningamaður stjórnvalda í aðildarviðræðum við ESB, og Nerijus Eidukevicius, aðstoðarfjármálaráðherra Litháens. Fjölluðu þeir um víðtækar efnahagsumbætur í landinu

og gang aðildarviðræðna við ESB. Tómas Ingi Olrich tók til máls í umræðum um orkumál og ræddi þar hve mikilvægt væri að þau málefni væru rædd á vettvangi NATO-þingsins. Í máli sínu vék Tómas Ingi að stefnu Vesturlanda í orkumálum en þau hefðu á undanförnum árum lagt of ríka áherslu á skammtímasjónarmið og að slíkt skapaði mikinn vanda á næstu áratugum. Orka væri ein grundvallarforsenda hins hnattræna hagkerfis og aðgengi að tryggu framboði orku væri afar mikilvægt fyrir öryggis- og varnarmál í NATO-ríkjum. Þá benti Tómas Ingi á umhverfislegar afleiðingar notkunar á olíu, gasi og kolum, helstu orkugjöfum Vesturlanda, og enn fremur á þann pólitíska óstöðugleika sem einkenndi þau svæði er geymdu helstu orkuforðabúr jarðar – svæði sem gegndu æ mikilvægara hlutverki í orkumálum Vesturlanda. Tómas Ingi sagði að gefnar forsendur bentu til þess að vestrænar þjóðir yrðu að móta stefnu til lengri tíma litið þar sem hugað væri bæði að tryggu framboði orku og sjónarmiðum um umhverfisvernd. Taldi hann að þótt í skýrslunni væri gerð grein fyrir hversu Vesturlönd væru háð innflutningi á olíu þá skorti í hana umfjöllun um efnahagslegar, pólitískar og umhverfislegar afleiðingar þessa. Fyrirséð væri að á næstu áratugum yrðu Vesturlönd enn háðari Miðausturlöndum í orkumálum. Þá vakti Tómas Ingi athygli á því að verðmyndunin tengdist þessari þróun með beinum hætti. Flestar spár bentu til að hámarki olíuframleiðslu yrði náð eftir 15–20 ár og samtímis mundi eftirspurn aukast stórlega ef fram færi sem horfði. Að öllum líkindum mundi því verð hækka umtalsvert á þessu tímabili. Vesturlönd yrðu að taka á þessum vanda og því bersýnilegt að skýrsla efnahagsnefndarinnar yrði sömuleiðis að fjalla um hann. Þá sagði Tómas Ingi að í skýrslunni væri ekki tekið nægilegt tillit til aukins mikilvægis kjarnorku sem framtíðarorkugjafa og færði rök fyrir því að kjarnorkan væri eini hugsanlegi orkugjafinn sem nýta mætti til að koma til móts við framtíðareftirspurn eftir orku án þess að valda umhverfisspjöllum. Ekki yrði unnt að minnka olíunotkun án þess að auka nýtingu kjarnorku og enn sem stendur væru afar takmarkaðar fjárfestingar í nýjungum í kjarnorkuvinnslu, en núverandi orkuvinnsla væri óviðunandi vegna geislavirkra úrgangsefna. Þá vék Tómas Ingi máli sínu að Kyoto-bókun loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og benti á veikleika hennar, einkum hvað áhrærði annars vegar þróunarríkin og losunarkvóta þeirra og hins vegar ESB sem í þessu tiltekna máli kæmi ýmist fram sem ríkjasamband eða samstarfsvettvangur sjálfstæðra ríkja eftir því hvað hentaði hverju sinni. Að lokum sagðist Tómas Ingi vonast til þess að Vesturlönd hygðu að nýrri stefnu í þessum afar mikilvæga málaflokki og að langtímahagsmunir verði þar ríkjandi. Innleggi Tómasar Inga í umræðuna um orkumálin var vel tekið og tóku margir fundarmanna undir orð hans. Þá hét skýrsluhöfundur, Lúxemborgarbúinn Paul Helminger, að bæta athugasemdum Tómasar Inga í skýrsluna áður en hún yrði lögð fram til samþykktar á haustfundinum í Ottawa í október.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um eftirlit með kjarnorkumannvirkjum í ríkjum gömlu Sovétríkjanna; hryðjuverk og útbreiðslu gereyðingarvopna; notkun rýrðs úrans í hernaðarlegum tilgangi í suðaustanverðri Evrópu; tækninýjungar og áhrif þeirra á afvopnunarsamninga og hömlur á útbreiðslu kjarnavopna; og kjarnorkuöryggismál í Mið- og Austur-Evrópu. Fund nefndarinnar ávarpaði Pekka Haavisto, formaður umhverfisnefndar Sameinuðu þjóðanna og sérfræðingur í notkun rýrðs úrans í hernaði. Fjallaði hann um hernaðarnotkun rýrðs úrans á Balkanskaga.

Á fundi stjórnarnefndarinnar var ákveðið að áhersla þingfundarins í Vilnius yrði á yfirlýsingu NATO-þingsins um stöðu mála í suðaustanverðri Evrópu þar sem ástandið í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu væri til umfjöllunar. Ljóst væri að nokkrar breytingartillögur yrðu lagðar fram og mundi reglubreyting sú sem ákveðin hefði verið á stjórnarfundinum í Rómaborg fyrr á árinu því koma til framkvæmda. Í Róm var ákveðið að breytingar-

tillögur við þingmál sem tekin væru fyrir á þingfundi NATO-þingsins yrði að leggja fram með þeim skilyrðum að annaðhvort undirrituðu hana fimm þingmenn frá þremur ríkjum eða formaður landsdeildar fyrir hönd hennar. Þá var ákveðið að NATO-þingið gæfi út yfirlýsingu um stækkun NATO og að sú yfirlýsing yrði í samræmi við ályktun haustfundarins í Berlín 2000. Þá var vikið að málefnum Rússlands en sendinefnd rússneska þingsins hafði ákveðið að hunsa vorfundinn í Vilnius en að mati Dúmunnar gæti þátttaka sendinefndarinnar verið túlkuð sem samþykki fyrir aðild Eystrasaltsríkjanna að NATO. Þó hefði komið fram í máli forustumanna Dúmunnar að þeir vildu ekki að þetta yrði til þess að skaða samskiptin við NATO. Framkvæmdastjóri þingsins, Simon Lunn, sagði að samskiptin við Rússa hefðu tekið miklum framförum á undanförnum missirum og benti á góðan árangur af sameiginlegum nefndarfundi NATO-þingsins í Moskvu fyrr á árinu. Sagði Lunn að fundir þessir yrðu gerðir að föstum lið í dagskrá stjórnmálanefndar, varnar- og öryggismálanefndar og félagsmálanefndar þingsins. Urðu nokkrir þingmenn til þess að mótmæla ákvörðun Dúmunnar um að senda enga þingmenn til Vilnius.

Þá var vikið að málefnum Aserbaídsjan en ríkið sótti um aukaaðild að NATO-þinginu árið 1999. Aðildarumsókninni var hafnað en þess í stað var þingi Aserbaídsjan veitt áheyrnaraðild. Nokkrar umræður urðu um hvernig móta bæri afstöðu þingsins gagnvart Aserbaídsjan og voru flestir á því máli að miðað við ríkjandi ástand í stjórnarfari landsins, sem t.a.m. hefði bersýnilega komið í ljós í þingkosningunum 2000, væri engin ástæða til að veita ríkinu aukaaðild. Nefndu nokkrir þingmenn, þar á meðal Tómas Ingi Olrich, Evrópuráðsþingið í þessu samhengi en Armeníu og Aserbaídsjan var veitt full aðild að Evrópuráðinu í ársbyrjun. Þótti þeim þingmönnum sem til máls tóku miður að sú stofnun hefði ákveðið að veita ríkjunum aðild og vildu ekki að NATO-þingið færi sömu leið. Þá var einnig rætt um líklega aukaaðildarumsókn Bosníu og Hersegóvínu.

Nokkur umræða fór fram um nefndastarf þingsins og þá aðallega hvaða ráðum mætti beita til að koma í veg fyrir að tvær eða fleiri nefndir ályktí um sömu mál, en sú staða hafði komið upp á haustfundinum í Berlín árinu áður. Almennt álit var að ekki væri unnt að koma í veg fyrir að málefnanefndir tækju mál til umræðu enda margar hliðar á hverju máli. Hins vegar yrði að gæta ákveðins greinarmunar og í því ljósi þótti fundarmönnum að öryggis- og varnarmálastefna ESB ætti heldur heima í stjórnmálanefnd og eldflaugavarnir í varnar- og öryggismálanefnd svo að dæmi séu nefnd. Stjórnarnefnd þingsins yrði að gæta að því að málefnanefndirnar ályktuðu ekki um sömu mál með ólíkum hætti.

Á þingfundinum var samþykkt ályktun um stöðu mála í suðaustanverðri Evrópu og ályktun um stækkun NATO. Litháíski þingmaðurinn Rasa Jukneviciene flutti breytingartillögu við ályktun þingsins um stækkun NATO sem kvað á um að öll evrópsk lýðræðisríki gætu sótt um aðild að Atlantshafsbandalaginu og að réttur þeirra til þessa sætti ekki neitunarvaldi þriðja aðila. Íslenska sendinefndin studdi breytingartillöguna og var hún samþykkt. Fundinn ávörpuðu Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, George Robertson lávarður, framkvæmdastjóri NATO og formaður Norður-Atlantshafsráðsins, og Rolandas Paksas, forsætisráðherra Litháens. Robertson lávarður og Rolandas Paksas svöruðu jafnframt spurningum þingmanna.

d. Ársfundur.

Dagana 6.–9. október var 47. haustfundur NATO-þingsins haldinn í Ottawa. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Tómas Ingi Olrich formaður, Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður og Jónína Bjartmarz, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Tómas Ingi Olrich sat fundi

stjórnarnefndar og stjórnmálanefndar. Guðmundur Árni Stefánsson sat fundi félagsmálanefndar og Jónína Bjartmarz sat fundi varnar- og öryggismálanefndar.

Haustfundurinn í Ottawa var haldinn í skugga hryðjuverkanna í New York og Washington D.C. þann 11. september og bar samkoman merki þeirra atburða en stuttu áður hafði Atlantshafsbandalagið (NATO) samþykkt að fólskuleg árás hryðjuverkamanna á Bandaríkin jafngilti árás á öll aðildarríki bandalagsins. Yfirlýsing NATO markaði straumhvörf í hálfrar aldar sögu bandalagsins í ljósi þess að ákvæði 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans, sem kveður á um sameiginlegar varnir, komu til framkvæmda í fyrsta skipti. Meðan á haustfundinum stóð hófust hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta í Afganistan sem beint var gegn þeim sem taldir voru sekir um hryðjuverkin í Bandaríkjunum. Atburðir þessir höfðu óhjákvæmilega mikil áhrif á haustfundinn í Ottawa og voru málefni alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi og hinnar breyttu heimsmyndar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum rædd í öllum málefnanefndum þingsins. Var jafnframt ákveðið í stjórnarnefnd þingsins að umræðan um hryðjuverk skyldi tekin upp í öllum nefndum NATO-þingsins og er ljóst að á komandi starfsári munu pólitísk, efnahagsleg, tæknileg og samfélagsleg viðbrögð við alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi bera hátt í störfum þingsins. Af öðrum málefnum sem rædd voru á þinginu bar hæst umræðuna um stækkun NATO til austurs. Þá var þróun Evrópusamstarfs í öryggis- og varnarmálum til umræðu í stjórnmálanefnd og í öryggis- og varnarmálanefnd. Í báðum málaflokkum gerðu íslensku þingmennirnir grein fyrir sjónarmiðum Íslands.

Í stjórnmálanefnd voru til umræðu skýrslur um lykilatriðin í framtíð varnarsamstarfs NATO-ríkja og öryggi Evrópu; stækkun Atlantshafsbandalagsins; og eldflaugavarnir og stefnu Evrópusambandsins (ESB) á sviði öryggis- og varnarmála. Þá ályktaði nefndin um stækkun NATO til austurs; eldflaugavarnir og stefnu ESB á sviði öryggis- og varnarmála; og ástand mála í suðaustanverðri Evrópu. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Gaetan Lavertu, aðstoðarutanríkisráðherra Kanada; dr. Jeffrery Simon, frá National Defence University í Montreal; dr. Allen Sens, formaður alþjóðasamskiptadeildar háskólans í Bresku-Kólumbíu; og Stanley Sloan, forstöðumaður Atlantic Community-stofnunarinnar og gestakennari við Middlebury-háskólann í Kanada.

Í upphafi fundar stjórnmálanefndarinnar var efnt til opinnar umræðu um áhrif hryðjuverkanna í Bandaríkjunum og tóku margir þingmenn til máls og lýstu yfir samúð með bandarísku þjóðinni og fullum stuðningi við aðgerðir Bandaríkjastjórnar. Fundurinn hófst á því að bandarískí þingmaðurinn Porter Goss, varaformaður nefndarinnar, þakkaði fyrir þann stuðning sem bandaríska þjóðin hefði fengið á síðustu vikum og ítrekaði mikilvægi þess að allar þjóðir störfuðu saman í baráttunni gegn hryðjuverkum. Þá las formaður slóvakísku sendinefndarinnar, Frantisek Sebej, upp sameiginlega stuðningsyfirlýsingu landsdeilda tíu aukaaðildarríkja í Mið- og Austur-Evrópu og Tyrkinn Kamran Inan vakti athygli á því að hryðjuverkaváin væri ekki nýtilkomin, Tyrkir hefðu t.a.m. þurft að berjast gegn slíkum ógnum í árabil. Í umræðunum lýsti Tómas Ingi Olrich yfir fullum stuðningi við Bandaríkjastjórn og sagði að fyrstu viðbrögð hennar eftir árásirnar hefðu einkennst af ákveðnum, yfirveguðum og ábyrgum viðbrögðum við áður óþekktum aðstæðum. Sagði Tómas Ingi að með árásunum á Bandaríkin þann 11. september hefði í raun verið vegið að hinu frjálsa og lýðræðislega samfélagi ríkjanna og þar með öllum aðildarríkjum NATO. Bandaríkin gætu því reitt sig á stuðning þjóðþinga aðildarríkjanna. Í máli Tómasar Inga kom fram að hryðjuverkin hefðu ófyrirséðar afleiðingar á mörgum sviðum og að NATO yrði að taka á mörgum álitamálum og hrinda sameiginlegum aðgerðum í framkvæmd. Í fyrsta lagi benti Tómas Ingi á hve mikið áfall hryðjuverkin hefðu verið fyrir leyniþjónustur þar sem ekki hefði verið unnt

að sjá fyrir í hvað stefndi og bregðast við í tæka tíð. Í þessu tilliti taldi hann afar mikilvægt að þjóðþing aðildarríkja NATO yrðu í auknum mæli að axla þá ábyrgð að koma almenningi í skilning um mikilvægi samstilltrar baráttu gegn hryðjuverkum og að þjóðaröryggi til lengri tíma litið vægi þyngra en skammtímasjónarmið. Þá vakti Tómas Ingi máls á því að viðsjárvert væri hve efnahagslega háð Bandaríkin og önnur vestræn ríki væru Miðausturlöndum hvað orkuframboð varðar. Svæðið fyrir botni Miðjarðarhafs einkenndist oftar en ekki af pólitískum óstöðugleika og hin nýja heimsmynd sem skapaðist eftir hryðjuverkin 11. september gæfi öfgaöflum sem andsnúin væru lýðræði og frelsi markaðarins aukið vægi ef litið væri til orkuforðans sem Miðausturlönd hefðu að geyma. Hvatti Tómas Ingi jafnframt til þess að ráðamenn hygðu að þeim leiðum sem væru færar til að snúa þessari þróun við, ella stæðu Vesturlönd berskjölduð frammi fyrir miklum vanda.

Í umræðum nefndarinnar var tekin fyrir skýrslan um lykilatriðin í framtíð varnarsamstarfs NATO-ríkja og öryggi Evrópu, svo sem þróun stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum, stækkun NATO, samskipti NATO og Rússlands og eldflaugavarnir. Kom fram nokkur gagnrýni á skýrsluna, sem fjölda fundarmanna þótti m.a. draga taum Evrópusambandsins í of ríkum mæli. Niðurstaða umræðunnar varð sú að skýrsludrögum var vísað aftur til höfundarins, Markus Meckels, í stað þess að verða gerð að skýrslu stjórnmálanefndar. Miklar umræður urðu um skýrslu Hollendingsins Bert Koenders um stækkun Atlantshafsbandalagsins og þá sérstaklega ályktunardrögin sem henni fylgdu. Þau nýmæli voru gerð við framlögn ályktunardraganna að tvær málsgreinar, og hluti þeirrar þriðju, voru lagðar fram, aðeins í nafni Markus Meckels, sem var meðhöfundur ályktunardraganna ásamt Bert Koenders. Greinar þessar gerðu ráð fyrir að tengja stækkunarferli NATO og ESB með því að nefna að öll aðildarríki ESB gætu gerst aðilar að NATO ef þess yrði óskað, að uppfylltum hernaðarlegum skilyrðum; og yfirlýsingu þess efnis að ákvörðun um næstu lotu stækkunar NATO verði tekin eigi síðar en 2005. Þá vildi Meckel að í málsgrein sem kvað á um aðildarviðræður eftir leiðtogafundinn í Prag 2002, stæði að aðildarviðræður hæfust við öll þau ríki sem uppfylltu skilyrði bandalagsins, þ.m.t. Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen. Fjölmargar breytingartillögur höfðu verið lagðar fram og mikil skoðanaskipti urðu um ályktunardrögin og þá sérstaklega þær klausur sem Meckel lagði fram. Tómas Ingi Olrich gerði athugasemd við að nöfn Eystrasaltsríkjanna væru nefnd sérstaklega í ályktuninni. Ekki þyrfti að taka það sérstaklega fram að samningaviðræður gætu hafist við Eystrasaltsríkin eftir Prag-fundinn þar eð slíkt orðalag væri aðeins til þess fallið að veikja stöðu þeirra. Fulltrúar Eystrasaltsríkjanna sem fundinn sátu voru á sama máli og töldu óþarft að nefna ríkin sérstaklega og fjölmargir fundarmenn, þ.m.t. fulltrúar Bandaríkjanna og Tyrklands, voru sammála og töldu orðalagið villandi. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar um breytingartillögurnar varð sú að allar viðbætur Meckels í ályktunardrögunum voru teknar úr textanum.

Í varnar- og öryggismálanefnd voru til umræðu skýrslur um eldflaugavarnir og áhrif þeirra á einingunа innan NATO; hlutverk NATO í hermálaumbótum; og NATO og stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Þá ályktaði nefndin um Evrópusamstarf í öryggis- og varnarmálum annars vegar og um eldflaugavarnir og afvopnunarsáttmála hins vegar. Fund nefndarinnar ávörpuðu þeir Raymond Henault, yfirmaður herráðs Kanada; Theodore Postol, frá alþjóðastjórnmáladeild Tækniháskólans í Massachusetts (MIT); og Raymond Askew, frá geimvísindadeild A&M háskólans í Texas. Nokkrar umræður urðu um hryðjuverkin í Bandaríkjunum og ákvörðun NATO um að hrinda 5. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans í framkvæmd. Var það álit nefndarmanna að Atlantshafssamfélagið stæði á miklum tímamótum og hvöttu nokkrir þingmenn til þess að NATO tæki meira tillit til hryðjuverkavárinnar í hernaðaráætlunum sínum í náinni framtíð. Á fundinum tóku fulltrúar rússnesku landsdeildarinnar

undir mikilvægi alþjóðlegar samstöðu um baráttuna gegn hryðjuverkum líkt og á fundum annarra málefnanefnda. Tveir gestafyrirlesara á fundi nefndarinnar, Theodore Postol og Raymond Askew, fjölluðu um eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar og gáfu nokkuð ólíka mynd af gagnsemi hennar. Í umræðum um áætlunina lagði formaður frönsku landsdeildarinnar, Jean-Michel Boucheron, áherslu á að fyrirætlanir Bandaríkjastjórnar á sviði eldflaugavarna væru gagnslitlar eftir atburðina þann 11. september þar eð brýnna væri að ríki hygðu að öðrum öryggisþáttum. Douglas Bereuter, formaður bandarísku landsdeildarinnar, benti hins vegar á að ef hryðjuverkahópar réðu yfir gereyðingarvopnum og langdrægum eldflaugum kynnu þeir að valda enn meiri skaða en þeim hefði hingað til tekist og sú hætta réttlætti framgang áætlana bandarískra stjórnvalda. Í umræðum um öryggis- og varnarmálastefnu ESB lagði skýrsluhöfundurinn, hollenski þingmaðurinn Wim van Eekelen, m.a. áherslu á nauðsyn þess að leiða til lykta hvert hlutverk þeirra sex aðildarríkja NATO sem standa utan ESB verði í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins. Tahir Köse, formaður tyrknesku landsdeildarinnar, tók undir þetta sjónarmið og vildi að fastar yrði kveðið að orði í skýrslunni um hlutverk ríkjanna sex enda væri enn með öllu óljóst hvort og með hvaða hætti ríkin hefðu áhrif á mótun ákvarðana ESB um að beita hraðliði sínu og búnaði NATO, jafnvel þótt hættuástand ríki á eigin landsvæði.

Í félagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um borgaraleg áhrif á öryggismál í Evrópu; horfur á lýðræðisumbótum í Sambandsríkinu Júgóslavíu, Hvíta-Rússlandi og Kaliningrad; og suðausturhluta Evrópu, horfur á varanlegum friði og stöðugleika. Þá ályktaði nefndin um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi. Fund félagsmálanefndarinnar ávörpuðu þau Houchang Hassan-Yari, deildarforseti stjórnmála- og hagfræðideildar Konunglega hermálaskólans í Kanada, sem fjallaði um stöðu mála fyrir botni Miðjarðarhafs í ljósi síðustu atburða; Carolyn M. McAskie, aðstoðarforstöðumaður skrifstofu mannúðarmála hjá Sameinuðu þjóðunum, sem fjallaði um samband mannúðarstarfs og hernaðaríhlutunar; David Collenette, samgöngumálaráðherra Kanada, sem fjallaði um flugumferðarmál í Kanada eftir árásirnar 11. september; og Gwyn McClure, aðstoðardeildarstjóri INTERPOL, sem fjallaði um skipulega glæpastarfsemi á Balkanskaga og í Mið- og Austur-Evrópu.

Í efnahagsmálanefnd voru til umræðu skýrslur um samspil orku- og öryggismála og mikilvægi orku í öryggiskerfi Evró-Atlantshafssvæðisins; hagkerfi Serbíu, uppbyggingarstarf og þrengingar eftir valdatíð Milosevic; stöðugleika og hagsæld í Evrópu, horfur á stækkun ESB; og stofnanalegar og pólitískar forsendur fyrir viðskiptatengslum Bandaríkjanna og ESB. Þá ályktaði nefndin um orkumál. Fundinn ávörpuðu þeir William Dymond, forstöðumaður laga- og viðskiptastofnunar Carleton-háskóla, sem fjallaði um viðskipti á Evró-Atlantshafssvæðinu; og Francis S. Bradley, aðstoðarforstjóri Orkuveitu Kanada, sem fjallaði um tengsl orku og öryggis.

Í vísinda- og tækninefnd voru til umræðu skýrslur um eftirlit með kjarnorkumannvirkjum í ríkjum Sovétríkjanna gömlu; hryðjuverk og útbreiðslu gereyðingarvopna; notkun rýrðs úrans í hernaðarlegum tilgangi í suðaustanverðri Evrópu; tækninýjungar og áhrif þeirra á afvopnunarsamninga og hömlur á útbreiðslu kjarnavopna; og kjarnorkuöryggismál í Mið- og Austur-Evrópu. Þá ályktaði nefndin um eftirlit með kjarnorkumannvirkjum í ríkjum Sovétríkjanna gömlu. Fundinn ávörpuðu þeir William Kelly, fyrrum öldungadeildarþingmaður frá Kanada, sem fjallaði um breytta heimsmynd í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum; David Stapley, framkvæmdastjóri DRS Technologies Canada Inc., sem fjallaði um tækninýjungar í hergagnaiðnaði; og dr. George Lewis, aðstoðarforstöðumaður alþjóðasamskiptadeildar Tækniháskólans í Massachusetts (MIT), sem fjallaði um eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar.

Á fundi stjórnarnefndar var m.a. fjallað um þau verkefni sem tekin verða fyrir hjá málefnanefndum NATO-þingsins á næsta starfsári. Fyrirséð er að framhald verði á starfi þingsins á sviði öryggis- og varnarmálastefnu ESB og eldflaugavarnaáætlun Bandaríkjastjórnar svo og stöðu mála í suðausturhluta Evrópu. Umræður um störf þingsins snerust að þessu sinni að miklu leyti um hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og hvernig þingmannasamkundan gæti fjallað um málefni hryðjuverka með sem bestum hætti. Breski þingmaðurinn Donald Anderson stakk upp á því að ný málefnanefnd yrði sett á laggirnar og að hún mundi eingöngu beina sjónum sínum að málefnum hryðjuverka. Þá stakk José Maria Robles, formaður spænsku landsdeildarinnar, upp á því að málaflokkurinn yrði í verkahring einnar undirnefndar stjórnmálanefndarinnar. Allmargir þingmenn voru mótfallnir slíkum breytingum á störfum þingsins. Þeirra á meðal var Tómas Ingi Olrich sem sagði að þrátt fyrir að allir væru sammála um að atburðirnir í Bandaríkjunum breyttu mörgu í alþjóðasamskiptum og að NATO-þingið yrði að takast á við nýja heimsmynd þá væri jafnljóst að ein málefnanefnd þingsins væri ekki fær um að taka á hinum marghliða málefnum hryðjuverka með heildrænum hætti. Sagði hann þær málefnanefndir sem þegar væru að störfum væru best til þess fallnar að fjalla um allar víddir þessa málaflokks. Margir nefndarmanna voru á sama máli og lýstu yfir efasemdum um gagnsemi þess að ein nefnd fjallaði um þessi mál og varð niðurstaðan sú að hrófla ekki við ríkjandi skipulagi. Á fundinum var hins vegar ákveðið að á næsta starfsári mundu málefnanefndirnar fimm fjalla um málefni hryðjuverka og skipta með sér sviðum með eftirfarandi hætti: Stjórnmálanefndin mun fjalla um hvernig NATO sé best í stakk búið að berjast gegn hryðjuverkum; varnar- og öryggismálanefndin mun einbeita sér að þeim leiðum sem færar eru til að verjast hryðjuverkum; félagsmálanefndin mun beina sjónum sínum að orsökum hryðjuverkastarfsemi; efnahagsmálanefndin mun fjalla um áhrif hryðjuverka á viðskipti og hagkerfi Evró-Atlantshafssvæðisins; og vísinda- og tækninefndin mun meta hættuna sem stafar af útbreiðslu gereyðingarvopna m.t.t. hryðjuverkastarfsemi. Þá kynnti forsetinn drög sín að ályktun NATO-þingsins um baráttuna gegn hryðjuverkum.

Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins, vakti athygli á því að fulltrúar Evrópuþingsins, sem hafa áheyrnaraðild á þinginu, hefðu sótt fast að fá rétt til þess að leggja fram breytingartillögur í umræðum um ályktanir NATO-þingsins og sóttust eftir skoðunum nefndarmanna við málaleitunum Evrópuþingsmanna. Í umræðum um það mál minnti Tómas Ingi Olrich nefndarmenn á svarbréf sitt til forseta NATO-þingsins á síðasta ári þar sem fjallað var efnislega um þessa spurningu og vikið að því að jafnræði verði að gilda í samskiptum NATO-þingsins og Evrópuþingsins og litlar líkur væru á því að NATO-þingmenn fengju rétt til þess að leggja fram breytingartillögur á Evrópuþinginu. Lýstu margir fundarmenn, þar á meðal formaður þýsku, tyrknesku og bandarísku landsdeildarinnar yfir miklum efasemdum við þessum óskum fulltrúa Evrópuþingsins. Hét Estrella því að koma þeim skilaboðum áleiðis. Þá lagði gjaldkeri þingsins, Sir Geoffrey Johnson Smith, fram fjárlagadrög fyrir árið 2002, og voru þau samþykkt einróma. Sir Johnson Smith lét af störfum sínum fyrir þingið í kjölfar haustfundarins sökum aldurs og í hans stað var kjörinn Þjóðverjinn Lothar Ibrügger.

Þingfundinn ávörpuðu þeir Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins; Jean Chrétien, forsætisráðherra Kanada; George Robertson lávarður, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins; Marc Grossman, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna; Klaus Bühler, forseti VES-þingsins; Dennis Hastert, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings; og Douglas Bereuter, formaður landsdeildar Bandaríkjanna við NATO-þingið. Ályktun Rafaels Estrella, forseta þingsins, um baráttuna gegn hryðjuverkum var rædd og samþykkt. Þá voru ályktanir málefnanefndanna ræddar og samþykktar, sem og fjárlagadrögin fyrir árið 2002.

e. Nefndafundir.

Alls tóku fulltrúar Íslandsdeildarinnar þátt í níu nefndafundum utan venjubundinna þingfundi NATO-þingsins og febrúarfundanna svonefndu. Tómas Ingi Olrich tók þátt í hinni árlegu kynningarferð NATO-þingsins en að þessu sinni var haldið til Póllands. Þá hélt hann ásamt Jónínu Bjartmarz og Guðmundi Árna Stefánssyni til Kænugarðs í Úkraínu þar sem sameiginlegur nefndafundur stjórnmálanefndar, félagsmálanefndar og varnar- og öryggismálanefndar fór fram í nóvember. Tómas Ingi hélt enn fremur til Möltu þar sem fram fór fundur Miðjarðarhafshópsins og Washington D.C. þar sem efnt var til ráðstefnu um öryggismál á Atlantshafssvæðinu á vegum NATO-þingsins. Auk fundarins í Kænugarði sótti Guðmundur Árni Stefánsson sameiginlegan fund stjórnmálanefndar, félagsmálanefndar og varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins í Moskvu í mars og fund Miðjarðarhafshópsins í Alsír í aprílmánuði. Jón Kristjánsson sótti febrúarfundina svonefndu í Brussel og Jónína Bjartmarz sótti hinn sameiginlega nefndafund í Kænugarði í nóvember.

Alþingi, 25. jan. 2002.

Tómas Ingi Olrich, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Jónína Bjartmarz.

Fylgiskjal I.

Yfirlýsingar og ályktanir NATO-þingsins árið 2001.

Vorfundur, 27.–31. maí:

1. Yfirlýsing um stöðu mála í suðausturhluta Evrópu samþykkt.
2. Yfirlýsing um stækkun Atlantshafsbandalagsins samþykkt.

Ársfundur 6.–9. október:

1. Yfirlýsing um hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkum.
2. Ályktun nr. 307, um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi.
3. Ályktun nr. 308, um sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu ESB.
4. Ályktun nr. 309, um eldflaugavarnir og afvopnunarsamninga.
5. Ályktun nr. 310, um orkumál.
6. Ályktun nr. 311, um stöðu mála í suðaustanverðri Evrópu.
7. Ályktun nr. 312, um stækkun Atlantshafsbandalagsins.
8. Ályktun nr. 313, um eftirlit með kjarnorkumannvirkjum í ríkjum Sovétríkjanna gömlu; hryðjuverk og útbreiðslu gereyðingarvopna.

Fylgiskjal II.

Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Undanfarin ár hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum fjölgað á þinginu og starfssvið þess verið

víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Þrettán ný lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá nánar í b-lið).

a. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings Atlantshafsbandalaginu (NATO). Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að upplýsa þingmenn og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins, og nú einnig þingmönnum ríkja Mið- og Austur-Evrópu, kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á viðhorfum í ýmsum löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum með aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Þar endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, félagsmálanefnd, efnahagsnefnd, og vísinda- og tækninefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli getur hún kosið undirnefnd eða komið á fót vinnuhópi til að afla um það upplýsinga. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð Atlantshafsbandalaginu hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra bandalagsins á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn bandalagsins og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi forustumanna í þinginu og Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

b. Samskiptin við ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og Atlantshafsbandalagið sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum. NATO-þingið (þá Norður-Atlantshafsþingið) hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékklands og Slóvakíu), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú

Rússlands) fengu aukaaðild að þinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Georgíu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu, Sviss, Úkraínu og Króatíu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum nýju lýðræðisríkjanna tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins.

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum er varða Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum og nú fyrrverandi forsetum Norður-Atlantshafsþingsins, þeim Charlie Rose og William V. Roth Jr., beinir NATO-þingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu. Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt mikið af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölþjóðlegur umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og taka ákvörðun um fjárveitingar til varnarmála og herafla. NATO-þingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttrar rannsóknardvalar (í þrjá til sex mánuði) á skrifstofu þingsins í Brussel. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til að starfslið þjóðþinganna geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi NATO-þingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd við hefðbundið hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

c. Fulltrúar á NATO-þinginu og embættismenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 214 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Sendinefndir Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands skipa 18 þingmenn hverja. Kanada, Pólland, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert ríki. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi, Portúgal, Tékklandi og Ungverjalandi koma sjö frá hverju ríki. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort ríki og Ísland og Lúxemborg þrjá. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndafundum og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár af stjórnarnefndinni. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn.

d. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig framlag til þingsins ár hvert.

Fylgiskjal III.

<table>
<tr><td colspan="3">NATO-ÞINGIÐ
Kemur saman á þingfundi tvisvar á ári, á vorfundi og ársfundi</td></tr>
<tr><td colspan="2">Sendinefndir aðildarríkja
19 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
214 þingmenn
Fjöldi þingsæta er í hlutfalli við fólksfjölda</td><td>Aukaaðilar
Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Georgíu, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litháen, Moldavíu, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Sviss, Úkraínu og Króatía
Hafa ekki atkvæðisrétt</td></tr>
<tr><td>Framkvæmdastjórn
Kosin árlega
Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri</td><td>Stjórnarnefnd
Formenn sendinefnda
Formenn nefnda
Hvert land hefur eitt atkvæði
Kemur saman þrisvar á ári</td><td></td></tr>
<tr><td>Nefndafundir
Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tæknínefnd
Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir
Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga</td><td>Þingfundir
Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og um fjárhagsáætlun
Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi
Hlýða á ávörp gesta
Með þátttöku auka- og áheyrnaraðila</td><td>Önnur starfsemi
Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað
Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar</td></tr>
</table>

804. Fyrirspurn [511. mál]

til dómsmálaráðherra um umferð á Reykjanesbraut.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hefur orðið mælanleg breyting á umferðarhraða og tíðni umferðaróhappa á Reykjanesbraut eftir að embætti sýslumanna í Hafnarfirði, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli hófu markvisst eftirlit á brautinni?

Skriflegt svar óskast.

805. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór S. Kristjánsson frá samgönguráðuneyti, Gústaf Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Einar Þorsteinsson frá Íslands-

pósti hf., Jón Jarl Þorgrímsson frá Póstdreifingu hf. og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun. Jafnframt bárust nefndinni umsagnir um málið frá Póst- og fjarskiptastofnun, Byggðastofnun, Póstdreifingu hf., Íslandspósti hf., Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Póstmannafélagi Íslands, Íslandspósti, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélag og Samkeppnisstofnun.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um póstþjónustu. Helsta nýmæli frumvarpsins felst í því að tekið er upp hugtakið alþjónusta í stað hugtaksins grunnpóstþjónusta sem notað er í núgildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu ber íslenska ríkinu að tryggja öllum landsmönnum aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu á jafnræðisgrundvelli. Þetta ber ríkinu að gera á grundvelli alþjónustukvaða sem því er heimilt að leggja á rekstrarleyfishafa samkvæmt frumvarpinu. Í samræmi við þetta eru í frumvarpinu skýrari ákvæði um jöfnunarsjóð alþjónustu. Í jöfnunarsjóð alþjónustu getur rekstrarleyfishafi sótt um fjárframlag ef honum er gert skylt að starfrækja alþjónustu sem er óarðbær. Gert er ráð fyrir að jöfnunarsjóðurinn verði fjármagnaður með jöfnunargjaldi sem rekstrarleyfishafar greiða í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Hér er um að ræða svipað fyrirkomulag og í fjarskiptalögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir tvenns konar heimildum til að stunda póstþjónustu, annars vegar almennri heimild og hins vegar rekstrarleyfi. Alþjónustukvaðir verða einungis lagðar á rekstrarleyfishafa. Samkvæmt frumvarpinu er handhafa almenns leyfis heimilt að stunda þá póstþjónustu sem ekki telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. frumvarpsins, en til alþjónustu teljast allar póstsendingar með utanáskrift upp að tiltekinni þyngd. Þetta felur í sér að almenn heimild samkvæmt frumvarpinu nægir til dreifingar á pósti án utanáskriftar.

Þá er í frumvarpinu kveðið á um gæðakröfur sem póstþjónusta verður að uppfylla. Gerð er sú lágmarkskrafa að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag og einnig að póstur sé borinn út alls staðar á landinu alla virka daga, nema sérstakar aðstæður hindri það. Auk þessa skal Póst- og fjarskiptastofnun setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða, lágmarksopnunartíma, fjölda tæminga póstkassa á dag, öryggismál á afgreiðslustöðum o.fl. Það er álit meiri hlutans að gæðakröfur sem þessar séu til þess fallnar að tryggja að allir landsmenn eigi aðgang að póstþjónustu á jafnræðisgrundvelli.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á einkarétti ríkisins frá því sem nú er. Ekki er enn ljóst hver þróunin verður í Evrópu hvað þetta varðar og má telja eðlilegt að beðið sé eftir því að línur skýrist á þeim vettvangi áður en næstu skref eru stigin hér á landi í átt til frekari takmörkunar einkaréttarins. Þess má geta að þyngdarmörk bréfa sem falla innan einkaréttarins hér á landi eru nokkuð lægri en núgildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins segir til um. Meiri hlutinn leggur áherslu á að fylgst verði vel með þróun mála í Evrópu þannig að Ísland verði ávallt í fararbroddi í átt til aukins frelsis á þessu sviði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að notað verði orðið ákvörðunarstaður um endanlegan áfangastað póstsendingar í stað orðsins viðtökustaður eins og gert er í frumvarpinu. Þessi breyting er í samræmi við málvenju í póstþjónustu.
2. Lögð er til smávægileg breyting á skilgreiningu frumvarpsins á póstsendingu í 4. gr. Í skilgreiningunni er talað um rekstrarleyfishafa og má misskilja það á þann veg að einungis þær sendingar sem rekstrarleyfishafar flytja teljist til póstsendinga samkvæmt frumvarpinu. Það er ekki ætlunin og er því lagt til að notað verði orðið póstrekandi í stað

rekstrarleyfishafa en það orð nær til allra aðila sem veita póstþjónustu samkvæmt frumvarpinu.

3. Lögð er til breyting á 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Breytingin hefur þann tilgang að skilgreina nákvæmar hvað fellur undir alþjónustu samkvæmt frumvarpinu en það eru póstsendingar með utanáskrift upp að tiltekinni þyngd og er markpóstur þar meðtalinn.
4. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins getur einkaleyfishafi ekki fengið fjárframlag úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu sem hann veitir, jafnvel þótt alþjónustan falli utan einkaleyfis hans. Regla sem þessi getur þegar fram líða stundir skekkt samkeppnisstöðu einkaleyfishafa á þeim hluta markaðarins sem fellur utan einkaréttar hans. Af þessari ástæðu leggur meiri hlutinn til þá breytingu að rekstrarleyfishafi sem jafnframt er einkaleyfishafi geti eins og aðrir rekstrarleyfishafar sótt um fjárframlög úr jöfnunarsjóði vegna alþjónustu sem hann sinnir og fellur utan við einkaleyfið.
5. Samkvæmt frumvarpinu skal jöfnunargjald ákveðið árlega með lögum. Telja verður óþarft að gera kröfu um árlega lagasetningu enda getur sú staða verið uppi að hvorki reynist ástæða til að hækka eða lækka gjaldið. Eigi að síður er mikilvægt að gjaldið sé endurskoðað á hverju ári þannig að tryggt sé að sjóðurinn hafi ávallt það fjármagn sem nauðsynlegt er og jafnframt til að tryggja að af rekstrarleyfishafa sé ekki innheimt meira en fjárþörf sjóðsins segir til um. Meiri hlutinn leggur því til að áskilnaður um árlega lögfestingu á gjaldhlutfalli jöfnunargjaldsins verði felldur brott en Póst- og fjarskiptastofnun verði eftir sem áður gert að endurskoða hlutfallstölu gjaldsins árlega og jafnframt gert að skila tillögum um breytt gjaldhlutfall, ef ástæða þykir, til samgönguráðherra. Það er síðan á ábyrgð ráðherra að leggja fram frumvarp um breytta hlutfallstölu jöfnunargjalds ef á þarf að halda.
6. Lagt er til að í stað hugtaksins vanskilasendingar í 32. gr. verði talað um óskilasendingar. Þetta er í samræmi við málvenju í póstþjónustu.
7. Jafnframt er lögð til sú breyting á 32. gr. að í stað þess að gera áskilnað um nærveru fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar þegar nauðsynlegt reynist að opna óskilasendingar er lagt til að ráðherra setji sérstakar reglur um hvernig það skuli gert. Ljóst er að póstsendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar, enda er það svo að póstsendingar njóta sérstakrar verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um friðhelgi einkalífsins. Samkvæmt ákvæðinu má ekki framkvæma rannsókn á póstsendingu nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Því er nauðsynlegt að um þetta gildi skýrar reglur. Meiri hlutinn leggur því til að ráðherra fái umsögn Persónuverndar áður en reglurnar eru settar. Þá er í breytingartillögum meiri hlutans lögð áhersla á að við gerð og beitingu reglnanna skuli þess ávallt gætt að póstsending geti innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Alþingi, 13. febr. 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

Kristján L. Möller, með fyrirvara.

806. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, MS, ArnbS, ÞKG, SI, LB, KLM).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „flutning og skil“ komi: flutningi og skilum.
2. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðunum „árituðum viðtakanda“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd.
   b. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: ákvörðunarstað.
   c. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 17. mgr. komi: póstrekandi.
   d. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 21. mgr. komi: ákvörðunarstað.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „og prentuðu innihaldi sem er að öllu leyti eins, dagblaða, vikublaða og tímarita, bóka og verðlista“ í 3. mgr. komi: markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift.
4. Við 27. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.
5. Við 28. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.
6. Við 31. gr. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 5. mgr. komi: ákvörðunarstað.
7. Við 32. gr.
   a. Í stað orðanna „að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í 3. mgr. komi: í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Óskilasendingar.*
8. Við 47. gr.
   a. Í stað orðanna „viðurvist fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: samræmi við reglur sem ráðherra setur.
   b. Í stað orðanna „og án viðurvistar fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í lokamálslið 1. mgr. komi: í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.
9. Við 54. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

807. Tillaga til þingsályktunar [512. mál]

um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða. Sérstaklega verði hugað að breytingum á álögum hins opinbera, svo sem tollum, vörugjöldum og þungaskatti, í þeim tilgangi að auka notkun dísil- og fjórhjóladrifsbifreiða og draga úr notkun nagladekkja.

Greinargerð.

Drjúgur kostnaður og margs konar vandamál hljótast af mikilli umferð bifreiða hér á landi sem fer síst minnkandi. Mest kveður að þessum vanda í þéttbýli og því þarf að vinna að þessu máli í náinni samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu.

Mengun af völdum bifreiða er mikil en þó hafa stjórnvöld ekki beitt hagrænum aðgerðum til að draga úr henni. Notkun dísilbifreiða sem eyða mun minna eldsneyti og menga minna en bensínbifreiðar gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun. Stefna stjórnvalda hvað varðar þungaskatt hefur ekki ýtt undir að bifreiðaeigendur kaupi frekar slíkar bifreiðar. Þvert á móti hafa stjórnvöld með óréttlátum þungaskatti á dísilbíla komið í veg fyrir kaup á þeim. Bensínbílar eru skattlagðir á hvern lítra sem þeir eyða en dísilbílar með þungaskatti sem beitt er þannig að hagkvæmara er að kaupa bensínbíla þó að þeir eyði 25–50% meira eldsneyti. Dísilbílum hefur fjölgað mun meira í nágrannalöndum okkar. Þannig voru þeir einungis 13,6% af innfluttum bílum á Íslandi árið 2001 en í nágrannalöndum okkar var markaðshlutdeild þeirra um 32% árið 2000 og verður væntanlega um 40% árið 2004.

Allan síðasta áratug lýsti fjármálaráðherra því ítrekað yfir að til stæði að breyta þungaskattskerfinu. Þær fyrirætlanir snúast um allan bílaflotann en mikill og almennur stuðningur er um þær meðal þingmanna. Ekkert hefur þó miðað í málinu. Því er kominn tími til að Alþingi setji ríkisstjórninni fyrir að ljúka því verkefni á kjörtímabilinu. Þessi tillaga boðar ekki byltingu en mundi sýna ef samþykkt verður jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Hún miðar að því að stefna stjórnvalda verði endurskoðuð á þessu ári og m.a. fundin leið sem í er falin hvatning til kaupa og notkunar dísilbifreiða í þeim tilgangi að draga úr mengun.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og rykmengun af þeim völdum einnig. Ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist en draga um leið úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna er mikið í húfi.

Stjórnvöld hafa ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða þó að vitað sé að slíkar bifreiðar eru mun öruggari í hálku og erfiðum akstursaðstæðum en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bíla sannað.

Bifreið á góðum vetrardekkjum, þótt ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri vetrarfærð í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með lækkun á þungaskatti eða sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Einnig þarf að hvetja eigendur slíkra bifreiða til að nota frekar góð ónegld dekk en nagladekk. Það mætti t.d. gera með

sérstökum afslætti af þungaskatti. Með samræmdum aðgerðum sem hafa að markmiði að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiðaumferðar mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Þetta ætti alls ekki að valda aukinni slysahættu því mjög sterk rök eru fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs. Þvert á móti ætti fjölgun slíkra bifreiða að auka öryggi í umferðinni.

Flutningsmenn leggja til að skoðað verði vandlega hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu þrjú ár með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri borgum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðar en í tengslum við slíka breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það gæti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

808. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Jón Múla Jónasson og Guðmund Jóhannesson frá Fiskistofu og Sigurjón Arason frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Hafrannsóknastofnun, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Þjóðhagsstofnun, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Verslunarráði Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins og Landssambandi smábátaeigenda.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild núgildandi laga til að varpa fyrir borð afla sem er sýktur, selbitinn eða skemmdur á annan hátt verði felld brott. Þess í stað er lagt til að kveðið verði skýrt á um að hirða skuli og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur þó með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í fiskiskipum. Auk þessa er það nýmæli að finna í frumvarpinu að ráðherra er heimilt að ákveða að sýktur, selbitinn og skemmdur afli reiknist ekki til aflamarks skips. Frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkum afla sé haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann megi einungis nýta til bræðslu.

Nefndin telur að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu til þess fallnar að auðvelda allt eftirlit með brottkasti afla sem aftur ætti að draga úr því þegar fram í sækir.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að orðið „sýktur“ í 3. efnismgr. 1. gr. verði fellt brott þar sem ekki þykir ástæða til að nefna sýktan fisk sérstaklega þar sem hann hlýtur að flokkast til skemmds afla. Í öðru er lagt til að óundanþægt ákvæði frumvarpsins um að aðeins sé heimilt að nýta selbitinn og skemmdan afla til bræðslu verði fellt brott en þess í stað verði ráðherra gert að setja reglur um leyfilega nýtingu aflans. Ekki þykir rétt að kveða á um að þessi afli skuli í öllum tilvikum bræddur þar sem verið getur að í sumum tilvikum megi nýta hann á arðbærari hátt.

Nefndin fjallaði nokkuð um möguleika á vinnslu aukaafurða um borð í fiskiskipum. Nefndin hvetur til þess að áfram verði unnið að því að finna hagkvæmar leiðir til að nýta svokallaðar aukaafurðir um borð í fiskiskipum. Nokkuð hefur áunnist hvað þetta varðar og

má t.d. nefna að útflutningsverðmæti þurrkaðra þorskhausa hefur aukist verulega á síðustu árum og ljóst að enn má gera betur ef markaðsaðstæður verða hagstæðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 13. febr. 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	

809. Breytingartillögur [286. mál]

við frv. til. l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. Orðið „sýktur“ í 1. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
b. 3. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
c. 4. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.

810. Svar [474. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin fjarvinnsluverkefni voru flutt út á land árið 2001 á vegum ráðuneytisins eða stofnana og fyrirtækja þess. Hins vegar voru nokkur störf flutt frá Reykjavík og ákveðið að ráða í ný störf á landsbyggðinni.

Sveitarfélög og sýslumannsembætti eru sjálfstæð stjórnvöld sem skrá í Landskrá fasteigna. Í ársbyrjun 2001 gengu í gildi lög er marka stofnun Landskrár fasteigna og hófst þá uppbygging þjónustu vegna skrárinnar á Akureyri. Ráðið var í þrjú ný störf á skrifstofu stofnunarinnar þar til þess að annast upplýsingaþjónustu og landsupplýsingakerfi, auk þess að í kjölfar útboðs var undirritaður samningur við ANZA hf. um að hýsa gagnagrunnsþjón og um tengda þjónustu á Akureyri. Má ætla að sú starfsemi krefjist 2–3 starfa og skapi auk þess möguleika fyrir fyrirtækið til að hasla sér völl í eðlislíkum verkefnum.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald, er kveðið á um að embætti ríkisskattstjóra skuli hafa eftirlit með starfsemi framleiðenda áfengis hér á landi. Eftirlitið tekur m.a. til framleiðslutækja og búnaðar, átöppunar áfengis, geymslu þess, töku rannsóknarsýna og förgunar skemmdrar vöru. Í ársbyrjun 2001 var ákveðið að fela skattstofunni á Norðurlandi eystra að annast eftirlit með áfengisframleiðslu í umdæminu. Um er að ræða eitt stöðugildi.

811. Fyrirspurn [513. mál]

til sjávarútvegsráðherra um kræklingarækt.

Frá Karli V. Matthíassyni.

1. Hversu víða er kræklingarækt stunduð á Íslandi og í hve miklum mæli?
2. Hvernig hefur kræklingarækt verið styrkt og efld af opinberum aðilum?
3. Hver er framtíðarsýn sjávarútvegsráðuneytisins í þessum efnum?
4. Hafa opinberir aðilar áform um að efla á einhvern hátt kræklingarækt við strendur landsins?

812. Fyrirspurn [514. mál]

til umhverfisráðherra um skipan matvælaeftirlits.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið skoðuð sérstaklega og metin hagkvæmni þess að flytja allt matvælaeftirlit á vettvangi til stofnana sveitarfélaganna en sameina stjórnsýsluþátt málaflokksins í eina matvælastofnun? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar athugunar? Ef ekki, mun ráðherra í samstarfi við sveitarfélögin beita sér fyrir því að hagkvæmni slíks fyrirkomulags verði athuguð?

813. Fyrirspurn [515. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur vistheimilisins að Gunnarsholti.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hefur verið mótuð framtíðarstefna hvað varðar rekstur vistheimilisins að Gunnarsholti? Ef svo er, hvað felst í henni? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að það verði gert?

814. Fyrirspurn [516. mál]

til menntamálaráðherra um aðstöðu til fjarnáms.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að komið verði upp fullnægjandi aðstöðu til fjarnáms í Vestmannaeyjum?

815. Fyrirspurn [517. mál]

til viðskiptaráðherra um vöruverð í dreifbýli.

Frá Karli V. Matthíassyni.

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að vöruverð í dreifbýli lækki og samkeppnis- og rekstrarskilyrði dreifbýlisverslunarinnar verði bætt?

816. Fyrirspurn [518. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir í skattamálum til styrktar landsbyggðinni.

Frá Karli V. Matthíassyni.

Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstökum aðgerðum í skattamálum til þess að styrkja búsetu og lífskjör á landsbyggðinni?

817. Skýrsla [519. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2001.

Inngangur.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Undanfarin ár og missiri hefur framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu og friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði verið langveigamestu verkefni ÖSE, en á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðla og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar. Þá hefur ÖSE tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi 10. júní 1999 og ÖSE á aðild að, einkum þeim hluta framkvæmdar sáttmálans er snýr að mannréttindum og lýðræðisþróun en jafnframt í öryggismálahlutanum. Umsvif ÖSE í Kosovo-héraði eru afar fyrirferðarmikil í starfi stofnunarinnar en hlutverk ÖSE þar hefur aðallega miðast að lýðræðisþróun, góðri stjórnsýslu, framkvæmd kosninga og kosningaeftirliti, og stuðningi við frjálsa fjölmiðla. Af öðrum verkefnum bar kosningaeftirlit að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu. Þema ársfundarins sem haldinn var í París í júlí var umfjöllun um öryggismál og hættuástandsstjórnun í Evrópu og hlutverk ÖSE í þessum málaflokki á nýrri öld.

Fram að árinu 2000 hafði Júgóslavíu ekki staðið til boða að taka þátt í störfum þingsins síðan þátttaka þess í starfi ÖSE var felld niður árið 1992. En í kjölfar sigurs lýðræðisaflanna í landinu í forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningunum árið 2000 og handtöku Slobodans Milosevics, fyrrverandi Júgóslavíuforseta, var stjórnvöldum Júgóslavíu boðin þátttaka á ný. Sendinefnd þings Júgóslavíu tók því sæti sitt á ÖSE-þinginu. Kraftar ÖSE hafa einkum beinst að málefnum Balkanskaga í kjölfar mikils umróts á svæðinu. Pólitískur órói og vopnuð átök milli stjórnarhers fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu og skæruliðasveita albanska minni hlutans í landinu ógnuðu mjög stöðugleika í þessum hluta álfunnar framan af árinu. ÖSE átti stóran þátt í því, ásamt NATO og Evrópusambandinu (ESB), að koma í veg fyrir að umfangsmikil átök brytust út milli þjóðernishópanna sem landið byggja. Í lok ársins hafði stofnunin aukið mjög við viðbúnað sinn í landinu og sinnti þar eftirlitsverkefnum á borð við m.a. afvopnun skæruliða og réttindi minnihlutahópa. Af öðrum málefnum sem báru hátt í störfum ÖSE á árinu má nefna stöðu mála í Norður-Kákasushéraðinu og lýðræðisþróunina í Hvíta-Rússlandi. Þá höfðu afleiðingar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í septembermánuði mikil áhrif á störf ÖSE líkt og annarra samevrópskra stofnana og á fundum ráðherranefndar og ÖSE-þingsins var lýst yfir eindregnum stuðningi við hina alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 2001:

Fram til 26. apríl voru aðalmenn Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Jónína Bjartmarz, þingflokki Framsóknarflokks, varaformaður, og Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingar. Varamenn voru Pétur Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar, og Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks.

Í kjölfar þess að Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðismálaráðherra lét af þingmennsku tók Magnús Stefánsson sæti hennar á Alþingi og jafnframt varaformannssæti það í Íslandsdeildinni sem Jónína Bjartmarz hafði skipað.

Kosið var í nýja Íslandsdeild í upphafi 127. þings. Fulltrúar í Íslandsdeild voru hinir sömu og á afstöðnu þingi en 10. október tók Magnús Stefánsson við formennsku af Guðjóni Guðmundssyni og Ásta R. Jóhannesdóttir tók við sem varaformaður. Frá og með 10. október voru aðalmenn Íslandsdeildarinnar því Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks, formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingar, varaformaður, og Guðjón Guðmundsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Pétur H. Blöndal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ísólfur Gylfi Pálmason, þingflokki Framsóknarflokks, og Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar.

Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Starfsemi á árinu 2001.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 22.–23. febrúar sl. fundaði stjórnarnefnd ÖSE-þingsins í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar Guðjón Guðmundsson formaður, auk ritara. Helsta málefni fundarins voru fyrirhugaðar breytingar á starfsreglum ÖSE-þingsins en fyrir fundinn höfðu verið lögð fyrir drög að umfangsmiklum breytingum sem m.a. gerðu ráð fyrir að auka umfang starfs þingsins með þeim hætti að breyta hinum árlegu stjórnarnefndarfundum í febrúarmánuði í þingfund þar sem stjórnarnefndin og allar málefnanefndir þingsins kæmu saman og ræddu brennandi mál og ættu þann kost að geta lagt spurningar fyrir embættismenn ÖSE.

Þá fluttu embættismenn ÖSE framsögur þar sem farið var yfir árangur starfs stofnunarinnar í nokkrum aðildarríkjum, svo sem kosningaeftirlit í Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu, og á hinum ýmsu málefnasviðum, svo sem fjölmiðlun og mannréttindum. Á fundinum var og talsvert rætt um þá ógn sem stafaði af starfsemi skipulegra skæruliðahópa í Suðaustur-Evrópu.

Staða sendinefndar Hvíta-Rússlands hafði verið í nokkru uppnámi innan ÖSE-þingsins (og annarra alþjóðlegra þingmannasamtaka) allt síðan í þingkosningum þar í landi í október 2000. Síðan þá höfðu fulltrúar tveggja „þingdeilda“ gert tilkall til þess að vera lögmætir fulltrúar kjósenda í landinu. Annars vegar var um að ræða fulltrúa sem kosnir voru til hvítrússneska þingsins árið 1996 og neituðu að hverfa af þingi eftir að úrslit kosninganna 2000 voru kunngerð og hins vegar þeir sem kosnir voru árið 2000. Hefur þessi harðvítuga deila þingdeildanna borist inn á borð alþjóðaþingmannasamtaka líkt og ÖSE-þingsins. Vitað var fyrir fundinn að tvær sendinefndir þingmanna frá Hvíta-Rússlandi mundu mæta til Vínarborgar og var því skipuð sérstök nefnd til að álykta um hvor sendinefndin hefði réttmætt kjörbréf. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hvorug sendinefndin tók sæti Hvíta-Rússlands á fundinum. Taldi nefndin annars vegar að kosningarnar í október hefðu ekki uppfyllt alþjóðleg skilyrði um frjálsar kosningar og hins vegar að kjörtímabil gamla þingsins væri útrunnið. Ætti sæti Hvíta-Rússlands því að vera autt þar til lýðræðiskröfum væri fullnægt. Rússar og Armenar lýstu sig mótfallna þessu en samkvæmt samstöðureglu ÖSE-þingsins eru tvö mótatkvæði nægileg til að fella mál. Margir urðu til þess að gagnrýna afstöðu Rússa, þar á meðal formaður bandarísku sendinefndarinnar sem sagði að niðurstaða nefndarinnar væri sú eina færa að svo komnu máli. Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins, kvað upp úr um að sæti Hvíta-Rússlands yrði autt þar til á ársfundinum í París 6.–10. júlí en þá yrði málið tekið til endurskoðunar.

Eftirfarandi aðilar héldu framsögur og svöruðu spurningum fundarmanna: Jan Kubiš sendiherra, framkvæmdastjóri ÖSE; Max van der Stoel; yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með málefni minnihlutahópa; Freimut Duve, sérlegur fulltrúi ÖSE um frelsi fjölmiðla; Thomas Price, sem fer með samræmingu á starfi ÖSE í efnahags- og umhverfismálum; rúmenski sendiherrann Liviu Aurelian Botam, formaður fastanefndar ÖSE; dr. Heinz Fischer, forseti austurríska þingsins; Mircea Dan Geoana, utanríkisráðherra Rúmeníu, sem er í forsæti ÖSE 2001; og Russel-Johnston lávarður, forseti Evrópuráðsþingsins.

Í framsögu sinni ræddi Jan Kubiš um mikilvægi ÖSE-þingsins og taldi mikla nauðsyn á því að auka tengslin milli stofnunarinnar og þingmannasamkundunnar. Fór hann yfir helstu málefni ÖSE á undangengnu ári og ræddi sérstaklega þann mikla árangur sem náðst hefði af miðstöð fyrir hættuástandsstjórnun sem komið hefði verið upp hjá höfuðstöðvum ÖSE í Vínarborg árinu áður. Þá vék Kubiš að auknum tengslum ÖSE við aðrar alþjóðastofnanir sem störfuðu á svipuðum vettvangi og mikilvægi aðgreiningar verkefna. Taldi hann að hinn mikli fjöldi sendinefnda sem ÖSE héldi úti, t.d. á Balkanskaga og í Mið-Asíu, hefði skilað ríkum árangri þrátt fyrir að um afar kostnaðarmikla starfsemi væri að ræða.

Max van der Stoel hefur starfað ötullega að því að afla ÖSE mikillar virðingar á alþjóðavettvangi undanfarin ár og missiri og hefur átt ríkan þátt í að leysa úr fjölda átakamála innan aðildarríkja stofnunarinnar á undanförnum árum. Van der Stoel lét af störfum á árinu og var það því í síðasta sinn á stjórnarnefndarfundinum sem hann ávarpaði þingmenn ÖSE-þingsins. Í framsögu sinni vék hann að þeim árangri sem ÖSE hefði náð á Balkanskaga og þá einkum í fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu þar sem, fyrir milligöngu stofnunar þeirrar sem van der Stoel veitir forstöðu, hafði náðst samkomulag milli stjórnvalda og albanska minni hlutans um breytta löggjöf landsins sem gerði það kleift að stofna albanskan háskóla. Þá ræddi van der Stoel um þróunina í Króatíu en þar náðist samkomulag um nýtt stjórnarskrárákvæði um stöðu minnihlutahópa fyrr á árinu. Í lok framsögunnar þakkaði Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins, Max van der Stoel fyrir afar vel unnin störf á vettvangi ÖSE fyrir hönd ÖSE-þingsins.

Freimut Duve ræddi um samstarf ÖSE og Evrópuráðsins á sviði fjölmiðlunar og sagði það vera afar farsælt og sýndi fram á að með fjölþjóðastofnunum sem starfi á svipuðum sviðum þyrfti ekki endilega að vera samkeppni. Í máli hans kom fram að fjölmiðlafólki væru miklar skorður settar í mörgum aðildarríkjum ÖSE og hvatti til þess að ÖSE-þingið hefði frumkvæði að ályktun um óhindruð störf frétta- og blaðamanna. Þá ræddi hann um erfiðar starfsaðstæður *fréttamanna í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og hversu stofnuninni væri þröngur stakkur skorinn* hvað varðar vernd til handa fjölmiðlafólki. Nefndi hann sem dæmi að samkvæmt starfsreglum ÖSE gæti stofnunin ekki samið við aðra aðila en stjórnvöld og því væri víða erfitt að tryggja vernd fjölmiðlafólki til handa.

Í máli Thomas Price kom fram að ekki væri nægileg tenging milli starfsins sem fram færi hjá ÖSE-þinginu og stofnuninni sjálfri. Taldi hann að ályktanir þingsins næðu alls ekki eyrum ráðherraráðsins og því bæri að efla þingið. Þá taldi hann að mun meira mætti koma til hjá fastanefndum ríkja hjá ÖSE og hjá embættismönnum ÖSE með það að markmiði að auka vægi þingsins. Þingmenn voru sammála um að fyrirhugaðir vetrarfundir ÖSE-þingsins gætu orðið til þess að auka veg þess innan stofnunarinnar. Price sagði jafnframt að ÖSE væri á miklum krossgötum nú um stundir og mikil endurskoðun á starfsháttum stofnunarinnar væri í bígerð. Formaður bandarísku sendinefndarinnar tók undir þessi sjónarmið og sagði mikla þörf á að auka gagnsæi stofnunarinnar. Í því augnamiði taldi hann rétt að fundir fastanefndarinnar færu fram fyrir opnum tjöldum.

Mircea Dan Geoana, utanríkisráðherra Rúmeníu, sagðist í ávarpi sínu þess fullviss að áhrif ÖSE væru ekki jafnmikil og raun bæri vitni ef þingmannasamkundunnar nyti ekki við. Ráðherrann ræddi þá um helstu stefnumálin í formennskutíð Rúmeníu í ÖSE. Mikilvægi lýðræðisþróunarinnar í Suðaustur-Evrópu bar þar einna hæst og sagði hann að á yfirstandandi ári mundi ÖSE leita allra leiða til að sporna við óstöðugleika á svæðinu og leysa úr ágreiningsmálum þjóðarbrota. Þá ræddi hann um mikilvægi stöðugleikasáttmála Evrópu og kvað hann þarfnast endurnýjunar ef árangur ætti að nást. Sagði hann jafnframt að kosningaeftirlit ÖSE hefði reynst afar vel árið 2000 og ræddi m.a. um niðurstöður kosninganna í Aserbaídsjan, Serbíu og Moldavíu. Þá vék hann að málefnum Hvíta-Rússlands og sagði brýna þörf á að leysa úr þeim pólitíska vanda sem þar hefði skapast.

Á fundinum greindi Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins, stjórnarnefndinni frá áhersluatriðum sínum og lagði mikla áherslu á að taka yrði starfsemi þingsins til gagngerrar endurskoðunar þar sem grundvallarspurningum líkt og hvert hlutverk þess ætti að vera yrði svarað. Þá taldi hann að mun meira yrði að gera til að tengja ályktanir ÖSE-þingsins við löggjöf í aðildarríkjum ÖSE meðal annars með þeim hætti að á þjóðþingum inntu þingmenn ráðherra eftir svörum um málefni sem falla undir verksvið ÖSE. Sagðist hann og binda miklar vonir við að með breytingum á starfsháttum þingsins styrktist starf þess til muna.

Þá voru ræddar skýrslur um kosningaeftirlit í Serbíu, Bosníu og Hersegóvínu, Hvíta-Rússlandi, Moldavíu og Kosovo-héraði. Í flestum tilfellum var það niðurstaða eftirlitsnefnda ÖSE-þingsins að nokkuð vantaði á að alþjóðleg skilyrði um frjálsar og lýðræðislegar kosningar hefðu verið uppfyllt. Nokkur umræða varð um yfirstaðnar kosningar í Hvíta-Rússlandi og lýstu menn yfir áhyggjum sínum af ástandinu þar. Þema þingfundarins árið 2001 var einnig rætt, en aðeins ein tillaga hafði verið borin upp. Að frumkvæði Adrians Severins, forseta þingsins, var tillagan „Öryggismál og hættuástandsstjórnun í Evrópu: Hlutverk ÖSE á 21. öld" lögð fram og samþykkt mótatkvæðalaust.

Fyrir fundinn höfðu verið lagðar fram umfangsmiklar breytingartillögur framkvæmdastjórnar við starfsreglur þingsins og voru þær samþykktar samhljóða á stjórnarnefndarfundinum. Ákveðið var að efna til sérstakra vetrarfunda þar sem hinar þrjár málefnanefndir þingsins kæmu saman auk hinna hefðbundnu stjórnarnefndarfunda. Fundir þessir yrðu í Vínarborg og stæðu ekki lengur en þrjá daga í senn. Megintilgangur fundanna yrði að ræða og meta starf ÖSE á því tímabili sem liðið er frá ársfundinum og væri ætlunin að fundahöldin yrðu til þess að styrkja tengsl stofnunarinnar og þingsins. Þá ákvað stjórnarnefndin að breyta starfsreglum um breytingartillögur og utandagskrárumræður. Var ákveðið að breytingartillögur við ályktanadrög yrðu lagðar fram 14 dögum fyrir ársfund og að tillögur að utandagskrármálum yrðu lagðar fram 21 degi fyrir ársfund. Var það mat embættismanna ÖSE-þingsins að samkvæmt tímamörkum þeim sem áður giltu hefði starfsfólk þingsins verið ófært um að afgreiða skjöl í tæka tíð. Einnig var ákveðið að samstöðureglunni (consensus-minus-one) yrði breytt á þann hátt að frá og með 2001 yrði stuðst við afbrigði hennar (consensus-minus-two) sem í raun segði að til að fella mál væru mótatkvæði þriggja eða fleiri ríkja nægjanleg í stað tveggja eða fleiri áður. Þá var enn fremur samþykkt að fulltrúar á ÖSE-þinginu gætu hvenær sem væri sent formanni ráðherraráðsins eða öðrum fulltrúum þess allt að þrjár fyrirspurnir árlega.

b. 9. ársfundur ÖSE-þingsins.

Dagana 6.–10. júlí var tíundi ársfundur ÖSE-þingsins haldinn í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðjón Guðmundsson formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir varaformaður og Magnús Stefánsson, auk ritara. Þema fundarins var evrópsk öryggismál og hættuástands-

stjórnun og hlutverk ÖSE á nýrri öld og tóku skýrslur og ályktanir nefndanna þriggja mið af meginþemanu, þar sem fjallað var m.a. um öryggis- og varnarmál Evrópu, samspili efnahagsþátta og umhverfisþátta í öryggismálum álfunnar og stöðu minnihlutahópa í aðildarríkjum ÖSE.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Þátttaka Íslandsdeildarinnar var sem hér segir:

1. nefnd um stjórnmál og öryggismál: Guðjón Guðmundsson.
2. nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál: Magnús Stefánsson.
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Á fundinum samþykktu þingmenn aðildarríkjanna samhljóða ályktun, sem lögð var fram að frumkvæði Adrians Severins, forseta ÖSE-þingsins, sem kvað á um að stefna bæri að því að styrkja gagnsæi og skilvirkni stofnunarinnar. Í ályktuninni kom fram að áður en ÖSE tæki mikilvægar ákvarðanir mundu ályktanir ÖSE-þingsins liggja til grundvallar og að skýrt yrði fyrir þinginu hvernig ákvörðunum yrði fylgt eftir. Þá mæltist ÖSE-þingið til þess að svo fremi sem ÖSE starfaði eftir samstöðureglunni (consensus rule) þá yrði ógerlegt fyrir ríki að taka þátt í ákvörðunartökuferlinu með leynilegum hætti og að fyrirvara sem tiltekin ríki gerðu yrði að kunngera fyrir fundi. Ályktunin kvað jafnframt á um að þingið yrði upplýst um fjármál stofnunarinnar og að fundir fastanefndar ÖSE í Vínarborg yrðu opnir almenningi. Í þessu augnamiði hefur ÖSE-þingið samþykkt að koma á fót nefnd sem hefur gagnsæi og skilvirkni í sínum verkahring og mun hún starfa náið með embættismönnum ÖSE.

Ályktanir Parísarfundarins voru sameinaðar í eina stóra ályktun, Parísar-yfirlýsingu ÖSE-þingsins, sem samþykkt var á þingfundi 10. júlí. Auk ályktana málefnanefndanna þriggja innihélt Parísar-yfirlýsingin ályktanir um afnám dauðarefsingar, bann við notkun pyntinga, leiðir til að stemma stigu við mansali, baráttuna gegn alþjóðlegri skipulegri glæpastarfsemi og fjölmiðlafrelsi. Í yfirlýsingunni var enn fremur vikið að aðstæðum og þeim vanda sem steðjar að í Suðaustur-Evrópu, Norður-Kákasushéraðinu, Moldavíu og Úkraínu.

Í fyrstu nefnd (nefnd um stjórnmál og öryggismál) var fjallað um skýrslu ungverska þingmannsins András Bársonys um öryggis- og varnarmál álfunnar og hlutverk ÖSE. Í ályktuninni var hvatt til þess að hugað yrði að því að ÖSE og jafnvel Sameinuðu þjóðunum yrði gert kleift að nýta getu Evrópusambandsins (ESB) í öryggis- og varnarmálum, sbr. friðargæslu, hættuástandsstjórnun og framfylgd friðar. Nokkur umræða varð á nefndarfundum um inntak skýrslunnar og kom m.a. fram nokkur gagnrýni hjá formanni nefndarinnar á fyrirætlanir ESB í þessum málaflokki. Ræddi hann sérstaklega um stöðu þeirra sex aðildarríkja NATO sem stæðu utan ESB, þ.m.t. Íslands. Þá var einnig vikið að mikilvægi þess að öryggis- og varnarmálastefna ESB lyti þingræðislegri stjórn og var fast kveðið á um að sú stjórn heyrði undir þjóðþing aðildarríkja ESB. Í ályktuninni var einnig kveðið á um að leitað yrði ýtrustu leiða til að styrkja eftirlit með viðskiptum með léttvopn. Þá urðu miklar umræður um fyrirætlanir Bandaríkjastjórnar í eldflaugavörnum en í ályktunardrögum fyrstu nefndar voru aðildarríki ÖSE hvött til að brjóta ekki í bága við ABM-sáttmálann, sem kveður á um bann við gagneldflaugum. Meginhluti bandarísku sendinefndarinnar sat hjá við atkvæðagreiðslu um greinina.

Í annarri nefnd (nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál) var fjallað um skýrslu svissneska þingmannsins Barböru Haering um efnahagslega þætti öryggis- og varnarmála í álfunni. Í ályktuninni var hvatt til þess að aðildarríki ÖSE hygðu frekar að samspili umhverfislegra og efnahagslegra þátta við öryggi í Evrópu. Var kveðið sérstaklega á um að

ríkari þjóðir Evrópu styddu við bakið á fátækari þjóðum Mið- og Austur-Evrópu með það fyrir augum að þau tækju fullan þátt í hinu hnattræna hagkerfi á jafnræðisgrundvelli. Var lögð sérstök áhersla á að hugað yrði sérstaklega að eflingu smárra og meðalstórra fyrirtækja og lagt til að alþjóðleg fjármagnsaðstoð tæki mið af þessum markmiðum. Þá var lagt til að löggjöf ríkja yrði löguð að forsendum kvenna og þeim gert unnt að stunda viðskipti til jafns á við karla. Enn fremur var vikið að alþjóðlegri glæpastarfsemi og mansali og aðildarríkin hvött til þess að gera sitt ýtrasta til að sporna við þeirri þróun. Jafnframt var ÖSE hvött til að efla samstarf við NATO, ESB, Sameinuðu þjóðirnar og frjáls félagasamtök til að ná þessum markmiðum.

Í þriðju nefnd (nefnd um lýðræði og mannréttindamál) var fjallað um skýrslu rússneska þingmannsins Elönu Mizulina um stöðu minnihlutahópa í Evrópu. Í ályktuninni voru stjórnvöld þeirra aðildarríkja ÖSE sem enn hafa ekki breytt löggjöf sinni um ríkisborgararétt og dvalarleyfi til samræmis við alþjóðlega staðla um vernd einstaklingsins og minnihlutahópa, að gera það hið fyrsta. Var þar sérstaklega vikið að lagasetningu um forsendur þess að einstaklingar fengju ríkisborgararétt eða missi rétt til ríkisfangs. Í ályktun annarrar nefndar var enn fremur vikið að því að ÖSE bæri að styrkja úrbætur í dómskerfum aðildarríkja í Mið- og Austur-Evrópu og hvatt til þess að stofnunin styrkti enn fremur samstarf sitt við Evrópuráðið í þessum málaflokki. Þá var enn fremur hvatt til þess að öll aðildarríki ÖSE hrintu skuldbindingum sínum um fjölmiðlafrelsi og málfrelsi í framkvæmd hið fyrsta og styddu sjálfstæði fjölmiðla og fjölræði. Ásta R. Jóhannesdóttir var meðflutningsmaður nokkurra breytingartillagna í nefndinni og bar tvær þeirra fram á nefndarfundi. Voru þær samþykktar samhljóða.

Í Parísar-yfirlýsingunni var ályktað um stöðu mála í Suðaustur-Evrópu og þar fordæmdi ÖSE-þingið ofbeldisverk albanskra skæruliðahópa í fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu, Kosovo-héraði og suðurhluta Serbíu. Hvatti þingheimur til þess að lögmætir pólitískir fulltrúar slavneskra og albanskra íbúa Makedóníu, auk fulltrúa annarra minnihlutahópa, settust að samningaborði hið allra fyrsta og greiddu þannig fyrir úrlausn hinnar afar brýnu ágreiningsefna þjóðernishópanna sem staðið hefðu friðarferlinu fyrir þrifum. Þá vék ályktunin einnig að mikilvægi stöðugleikasáttmálans fyrir frið, hagsæld og stöðugleika í þessum hluta álfunnar. Í ályktun þingsins um stöðu mála í Norður-Kákasushéraðinu voru hlutaðeigandi aðilar hvattir til þess að virða landamæri og leita allra leiða til að komast hjá svæðisbundnum óstöðugleika. Fagnaði þingið því að sendinefnd ÖSE í Tsjetsjeníu skyldi hafa snúið aftur til héraðsins og voru vonir bundnar við að það gæti orðið til friðsamlegrar úrlausnar mála. Í ályktun þingsins um Úkraínu var lýst yfir áhyggjum um þróun og úrbætur í lýðræðis- og efnahagsmálum landsins og stjórnvöld landsins hvött sérstaklega til að upplýsa hvarf úkraínska blaðamannsins Georgiy Gongadze hið allra fyrsta.

Þingfundinn ávörpuðu m.a. eftirtaldir: Adrian Severin, forseti ÖSE-þingsins; Raymond Forni, forseti fulltrúadeildar franska þingsins; Christian Poncelet, forseti öldungadeildar franska þingsins; Hubert Védrine, utanríkisráðherra Frakklands; Mircea Geoana, utanríkisráðherra Rúmeníu og formaður ráðherraráðs Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu; Jan Kubiš, framkvæmdastjóri ÖSE; Rafael Estrella, forseti NATO-þingsins; Russel-Johnston lávarður, forseti Evrópuráðsþingsins; Svend-Erik Hovmand, forseti Norðurlandaráðs; og Klaus Bühler, forseti VES-þingsins.

Á þingfundinum voru blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins veitt í sjötta sinn. Að þessu sinni var ákveðið að veita verðlaununum til spænska blaðamannsins José Luis López de Lacalle og úkraínska blaðamannsins Georgyi Gongadze, en báðir létu þeir lífið vegna starfa sinna við að upplýsa almenning um spillingu og hryðjuverk. De Lacalle var myrtur í

sprengjutilræði Aðskilnaðarhreyfingar Baska (ETA) eftir að hafa gagnrýnt ofbeldisverk samtakanna. Gongadze hvarf sporlaust á síðasta ári eftir að hafa gagnrýnt stjórnvöld í Úkraínu harðlega og er talið að hann hafi verið myrtur af útsendurum stjórnvalda. Eftirlifandi eiginkonur blaðamannanna veittu verðlaununum viðtöku.

Á lokadeginum var Adrian Severin endurkjörinn forseti ÖSE-þingsins og mun hann gegna stöðunni til næsta þingfundar sem haldinn verður í Berlín í júlí 2002. þá var kosið í þrjár stöður varaforseta þingsins. Flest atkvæði hlutu bandarískí þingmaðurinn Alcee Hastings, finnski þingmaðurinn Kimmo Kiljunen og tyrkneski þingmaðurinn Ahmet Tan. Alls voru sex í framboði.

Loks héldu þingkonur sérstakan fund þar sem m.a. var fjallað um stöðu kvenna innan þingsins. Fram kom að konur væru einungis í um helmingi landsdeildanna og voru konur sérstaklega hvattar til að gefa kost á sér í laus embætti innan þingsins. Á fundinum vakti Ásta R. Jóhannesdóttir athygli á átaksverkefni því sem íslensk stjórnvöld stóðu fyrir árið 1995 og miðaði að því að auka hluta kvenna í stjórnmálum. Átakið vakti mikla athygli fundarmanna.

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið hefur frá upphafi tekið virkan þátt í kosningaeftirliti og lagt áherslu á mikilvægi þess að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til að sinna þessu starfi. Árið 2001 tók ÖSE-þingið m.a. þátt í kosningaeftirliti í Serbíu, Kosovo-héraði, Aserbaídsjan og Svartfjallalandi.

Íslandsdeildin tók þátt í kosningaeftirliti ÖSE-þingsins í Svartfjallalandi á árinu er Jónína Bjartmarz hélt til Podgorica, höfuðborgar landsins, dagana 17.–24. apríl. Alls voru 15 þingmenn í eftirlitsnefnd ÖSE-þingsins auk fjölmargra eftirlitsaðila frá Evrópuráðinu og öðrum alþjóðastofnunum. ÖSE lagði það mat á framkvæmd kosninganna að þær hefðu uppfyllt alþjóðleg skilyrði um lýðræðislegar kosningar.

d. Annað.

Forseti ÖSE-þingsins hefur á árinu setið fundi fyrrverandi, núverandi og verðandi formanna ráðherraráðsins, auk þess að heimsækja nokkur aðildarríki ÖSE. Þá stóð ÖSE-þingið fyrir málþingi um mansal og skipulagða glæpastarfsemi í Portúgal dagana 4.–5. október 2001 í samvinnu við portúgalska þingið. Var stjórnarnefndarfundur haldinn jafnhliða málþinginu og var þar samþykkt einróma ályktun um stuðning við Bandaríkjastjórn í viðleitni sinni að uppræta alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Í ályktuninni voru ríkisstjórnir allra aðildarríkja ÖSE jafnframt hvattar til að leggja sitt af mörkum í þessari baráttu.

Alþingi, 20. jan. 2002.

Magnús Stefánsson, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Guðjón Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er því ætlað að:

1. meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr ágreiningi,
4. stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er miðað við að þau ríki sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 eigi aðild að þinginu og að þau taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Nú eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglur ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Þá er gert ráð fyrir að málefnanefndir komi saman í Vínarborg ár hvert og hlýði þar á framlag embættismanna ÖSE. Auk þingfundar er miðað við að innan þingsins starfi þrjár fastanefndir sem fjalli um mál á afmörkuðu sviði. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok þingfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár í samráði við formann og varaformann. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar eru nefnd um stjórnmál og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (3. nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetunum níu, gjaldkera, formönnum málefnanefndanna þriggja og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Samkvæmt þingsköpum ÖSE-þingsins skal þingið og framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skulu teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri samstöðureglu (consensus rule) sem gildir á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins lýtur svokallaðri consensus minus two reglu sem felur í sér að þrjú eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á ársfundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem unnið er að hjá stofnuninni. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans sem mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins. Opinber tungumál þingsins eru sex, enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er túlkað jafnharðan.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litháen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Vatíkanið getur sent allt að tveimur áheyrnarfulltrúum á fundi ÖSE-þingsins.

818. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að taka gjald til að standa straum af rekstrarkostnaði fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr., greiningu vegna inn- og útflutnings á dýrum og plöntum sem heyra undir samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, eftirlit vegna rannsókna og nýtingar á hveraörverum samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, leyfisveitingar vegna útflutnings á náttúruminjum og fyrir greiningar á náttúrusýnum. Ráðherra getur að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands sett gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem að framan er talin.

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við upphæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar, sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi.

5. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Stjórn náttúrustofu skal skipuð að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa þrjá menn í stjórn og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

6. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf á verksviði stofunnar, sbr. d-lið 11. gr.

7. gr.

Orðin „með ríkisaðild“ í 16. gr. laganna falla brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal fyrir 1. ágúst 2002 gera samning, sbr. 9. gr., við sveitarfélög sem standa að þeim náttúrustofum sem eru starfandi við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra með bréfi dagsettu 9. júní 2000. Í nefndinni áttu sæti: Sigríður Auður Arnardóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Jón Kristjánsson, alþingismaður og stjórnarmaður í náttúrustofu Austurlands, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ragna Ívarsdóttir, formaður stjórnar náttúrustofu Vesturlands, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmaður nefndarinnar var Hersir Gíslason, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að nefndin hafi það hlutverk að gera tillögur um framtíðarstöðu og hlutverk náttúrustofa í kjördæmum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Nefndin skyldi hafa hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi náttúrustofa og hafa það að leiðarljósi að starfsemi þeirra styrki sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála. Var nefndinni falið að huga sérstaklega að tengslum náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og starfsemi náttúrustofa í því sambandi. Þá var nefndinni ætlað að huga að verðandi breytingu á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmda þegar næst verður kosið til Alþingis. Við samningu frumvarpsins fékk nefndin á fundi sína forstöðumenn þeirra fimm náttúrustofa sem starfandi voru á þeim tíma. Haustið 2000 var sett á fót náttúrustofa Reykjaness og eru því nú starfræktar sex náttúrustofur á landinu öllu. Þeir forstöðumenn sem nefndin ræddi við eru Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður náttúrustofu Austurlands, Þorsteinn Sæmundsson, forstöðumaður náttúrustofu Norðurlands vestra, Ármann Höskuldsson, forstöðumaður náttúrustofu Suðurlands, Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður náttúrustofu Vestfjarða, og Jón Baldur Sigurðsson, þáverandi forstöðumaður náttúrustofu Vesturlands. Nefndin lagði fyrir framangreinda forstöðumenn spurningalista þar sem óskað var eftir skriflegum svörum um ýmis grundvallaratriði er varða starfsemi náttúrustofa. Nefndin fékk jafnframt á fund sinn Árna Bragason, forstjóra Náttúruverndar ríkisins. Með bréfum dagsettum 17. október 2000 sendi nefndin drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til umsagnar stjórna þeirra sex náttúrustofa sem taldar voru upp hér að framan auk þeirra sveitarfélaga sem að náttúrustofum standa. Jafnframt voru Náttúruvernd ríkisins send drögin til umsagnar. Nefndin gerði nokkrar breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim athugasemdum sem gerðar voru.

Full samstaða var í nefndinni um þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu. Hér verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem felast í frumvarpinu:

Lagt er til að gjaldtökuheimild Náttúrufræðistofnunar Íslands verði skýrari og stofnuninni veitt heimild til að taka gjald fyrir tilgreinda þjónustu og verkefni sem óskað er eftir af henni. Einnig er lagt til að náttúrustofum verði veitt heimild til að taka gjald fyrir þau verkefni sem talin eru upp í 6. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að starfræksla náttúrustofa sé alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs skal miðast við upphæð sem nemur launum forstöðumanns náttúrustofu í fullu starfi og að auki skal koma til allt að jafnhátt framlag til reksturs stofunnar. Á fjárlagaárinu 2001 er fast framlag ríkissjóðs til hverrar náttúrustofu 5,2 millj. kr. Heildarframlag ríkissjóðs á fjárlagaárinu 2001 til náttúrustofa nemur 39,7 millj. kr. en náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík og náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað fengu tímabundið viðbótarframlag. Fast framlag ríkissjóðs til náttúrustofa skiptist þannig á fjárlagaárinu 2001 að 3,6 millj. kr. voru vegna launa forstöðumanns en 1,6 millj. kr. vegna stofnkostnaðar. Lagt er til að framlag ríkissjóðs sé háð því skilyrði að sveitarfélögin leggi að lágmarki fram fjárhæð sem nemur 30% af framlagi ríkisins, jafnframt að fyrir liggi samningur milli umhverfisráðherra og þeirra sveitarfélaga sem starfrækja náttúrustofu um viðkomandi náttúrustofu. Eins og rakið er hér að framan eru náttúrustofurnar nú sex talsins, þ.e. náttúrustofa Reykjaness sem starfandi er í Sandgerði en Sandgerðisbær og Grindavíkurkaupstaður standa að henni, Fjarðabyggð rekur náttúrustofu Austurlands sem hefur aðsetur í Neskaupstað, Vestmannaeyjabær rekur náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum, náttúrustofa Vesturlands er í Stykkishólmi og stendur Stykkishólmsbær að baki henni, náttúrustofa Vestfjarða hefur aðsetur í Bolungarvík en Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður reka hana og að lokum er náttúrustofa Norðurlands vestra rekin af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir að gerðir verði nýir samningar um þessar stofur, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Þá er gert ráð fyrir að verkefni náttúrustofa verði aukin og þau skilgreind með skýrari hætti. Að lokum er lagt til að gerð verði breyting á skipan stjórnar þannig að formaður stjórnar verði skipaður af þeim sveitarfélögum sem standa að stofunni í stað umhverfisráðherra áður. Fulltrúar í stjórn koma því eingöngu frá sveitarfélögunum sjálfum en ekki er gert ráð fyrir að ríkið eigi fulltrúa í stjórn náttúrustofa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um gjaldtökuheimild til handa Náttúrufræðistofnun Íslands vegna þeirra verkefna sem talin eru upp í greininni. Með ákvæðinu er kveðið á um það með skýrum hætti fyrir hvaða verkefni og þjónustu Náttúrufræðistofnun Íslands hefur heimild til að taka gjald. Gjöld þau sem hér um ræðir eru svokölluð þjónustugjöld er taka mið af kostnaði við framkvæmd einstakra verkefna og mega gjöldin ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði. Með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, var Náttúrufræðistofnun Íslands falið eftirlitshlutverk í tengslum við rannsóknir og nýtingu á hveraörverum. Ekki er að finna gjaldtökuheimild í lögunum í tengslum við þessi verkefni og er hér bætt úr því. Með lögum nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, var staðfest aðild Íslands að CITES-samningnum og hefur Náttúrufræðistofnun Íslands ráðgjafarhlutverki að gegna vegna samningsins gagnvart ýmsum aðilum. Þegar um er að ræða gjaldtöku Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna verkefna þar sem stofnunin er í samkeppnisrekstri er almennt litið svo á að þar sé um að ræða verkefni sem ekki er heimilt að kveða á um gjaldtöku fyrir í lögum.

Lagt er til að stofnunin hafi heimild til að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum. Breytingin sem hér er lögð til er gerð til að gæta samræmis við það sem gildir um aðrar stofnanir sem heyra undir ráðuneytið en Náttúrufræðistofnun Íslands. Sambærilegt ákvæði og 2. mgr. 5. gr. er ekki að finna í löggjöf þeirri sem gildir um þær stofnanir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa sem starfa á vegum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar milli þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu og ráðherra um rekstur náttúrustofu og er í 3. gr. kveðið nánar á um efni samningsins. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa með sér samvinnu eins og er í gildandi lögum, sbr. 3. og 6. gr. laganna. Lagt er til að tekin sé ákvörðun hverju sinni um það hvernig samvinnu þessari skuli háttað.

Lögð er til sú breyting á 9. gr. laganna að staðsetning náttúrustofa verði ekki bundin sérstaklega við kjördæmaskipan. Með lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, var gerð breyting á kjördæmaskipan landsins sem kemur til framkvæmdar á árinu 2003 og fækkar þá kjördæmum úr átta í sex. Ekki þykir rétt að binda í lög staðsetningu náttúrustofa við tiltekið landsvæði en æskilegast væri að náttúrustofur dreifðust jafnt um land allt þannig að öll sveitarfélög hefðu greiðan aðgang að einhverri náttúrustofu. Lagt er til að stofurnar verði ekki fleiri en átta talsins. Þar sem stofurnar eru nú sex er gert ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að leyfa starfrækslu tveggja nýrra náttúrustofa. Miðað við núverandi dreifingu náttúrustofa væri æskilegt að nýjar stofur yrðu á Norðausturlandi og Suðausturlandi.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að starfsemi náttúrustofu verði alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem standa að henni en með stuðningi ríkisins. Þannig er rekstur og eignarhald stofanna á ábyrgð sveitarfélaganna. Eitt eða fleiri sveitarfélög geta starfrækt náttúrustofu en aðrir aðilar hafa ekki heimild til þess. Þegar náttúrustofa er sett á fót skal gerður samningur milli viðkomandi sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu og ráðherra og skal ríkissjóður leggja fram ákveðið framlag til náttúrustofunnar sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Framlag ríkissjóðs skal miðast við laun forstöðumanns í fullu starfi eins og er í gildandi lögum að viðbættri allt að jafnhárri upphæð til reksturs náttúrustofu eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Framlag ríkissjóðs er háð því að sveitarfélög sem reka viðkomandi stofu leggi til stofunnar 30% af framlagi ríkisins. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu veitir ríkissjóður 5,2 millj. kr. til hverrar stofu á fjárlagaárinu 2001. Framlag ríkissjóðs til hverrar náttúrustofu er m.a. vegna hins nýja verkefnis náttúrustofa að styrkja starf náttúruverndarnefnda, sbr. c-lið 4. gr., og til að styrkja starfsemi náttúrustofa þannig að þær geti betur sinnt því hlutverki sem þeim hefur verið falið.

Í samningi ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að viðkomandi stofu skal m.a. kveðið á um staðsetningu náttúrustofu og á hvaða svæði henni er einkum ætlað að starfa. Jafnframt skal kveðið á um í samningi um framangreinda fjárhagsskuldbindingu sveitarfélaga og framlag ríkissjóðs til reksturs náttúrustofu. Gert er því ráð fyrir að stofurnar hafi skyldubundnu hlutverki að gegna gagnvart þeim sveitarfélögum sem standa að stofunni.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni náttúrustofa og eru þau talin upp í fimm liðum. Hlutverk náttúrustofu samkvæmt a-lið er nær óbreytt frá því sem segir í a-lið 1. mgr. 11. gr. gild-

andi laga. Náttúrustofum er einkum ætlað að sinna staðbundnum rannsóknum en nauðsynlegt getur þó verið í einhverjum tilvikum að rannsóknir sem þær stunda nái út fyrir það landsvæði sem viðkomandi náttúrustofa þjónar. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 60/1992 að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands. Þannig sinnir stofnunin rannsóknum á landinu öllu en líta má á rannsóknir náttúrustofa sem framhald af þeirri starfsemi.

Í b-lið er mælt fyrir um að náttúrustofur skuli stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd auk þess sem þeim ber að veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga. Sú fræðsla yrði ýmist veitt almenningi, svo sem í skólum, eða einkaaðilum. Þetta hlutverk náttúrustofa er það sama og þær hafa nú, sbr. b- og c-lið 11. gr. laganna.

Lagt er til í c-lið að náttúrustofa veiti náttúruverndarnefndum á starfssvæði sínu upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar. Hér er um nýmæli að ræða þar sem náttúrustofur hafa ekki haft þetta verkefni áður. Þar sem verkefni þessi geta verið umfangsmikil og tímafrek er lagt til að stjórn náttúrustofu taki ákvörðun um það hverju sinni hvaða verkefni náttúrustofa skuli taka að sér svo að stofurnar geti sinnt því hlutverki sem þeim er falið. Þar sem starfssvæði náttúrustofu kemur fram í samningi og náttúrustofur starfa fyrir þær náttúruverndarnefndir sem eru á viðkomandi svæði er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tilgreindar í samningi. Þannig er skýrt fyrir hvaða náttúruverndarnefndir stofurnar starfa. Náttúruverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga eða héraðsnefnda og eru þær sveitarstjórnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál, sbr. 11. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Náttúruverndarnefndir hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir sem gætu haft áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur m.a. til sveitarstjórna. Hlutverk náttúrustofa fellur vel að þessu hlutverki náttúruverndarnefnda og gætu því náttúrustofur styrkt starfsemi náttúruverndarnefnda með þeirri sérfræðiþekkingu sem þær búa yfir. Dæmi um verkefni sem náttúrustofur gætu veitt náttúruverndarnefndum er ráðgjöf vegna lögbundins umsagnarhlutverks náttúruverndarnefnda, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 44/1999. Nái frumvarp þetta fram að ganga mun starfsemi náttúrustofa því styrkja sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Í d-lið er náttúrustofum veitt heimild til að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun á verksviði sínu að beiðni ýmissa aðila. Um slíkt þarf að gera samning þar sem m.a. yrði kveðið á um gjaldtöku á grundvelli gjaldskrár náttúrustofa. Dæmi um verkefni sem hægt væri að fela náttúrustofum eru rannsóknir og vöktun að beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Slík verkefni væru í beinu framhaldi af verkefnum náttúrustofa samkvæmt a-lið. Vöktun er hluti af starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og fer vel á því að slík verkefni séu unnin af náttúrustofum vegna nálægðar við verkefnið og þekkingar á viðkomandi svæði. Enn fremur má nefna að Náttúruvernd ríkisins gæti falið náttúrustofum verkefni vegna vinnu við náttúruverndaráætlun, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 44/1999.

Þá er lagt til það nýmæli í e-lið að náttúrustofur annist almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta sem náttúrustofa þjónar samkvæmt samningi Náttúruverndar ríkisins og viðkomandi náttúrustofu. Dæmi um slíkt eftirlit er umsjón með friðlöndum og landvarsla, en Náttúruvernd ríkisins heldur uppi landvörslu á tólf stöðum og hefur umsjón með rúmlega 80 friðlöndum. Ákvæðið tekur mið af 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, en þar segir að Náttúruvernd ríkisins sé heimilt að fela náttúrustofum almennt eftirlit með náttúru landsins og ber að gera um það samning sem ráðherra staðfestir.

Lagt er til að náttúrustofur skili fyrir lok apríl ár hvert skýrslu um starfsemi sína til ráðherra. Ákvæðið er nýmæli en rétt þykir að náttúrustofur geri árlega grein fyrir starfsemi nátt-

úrustofu vegna líðandi árs þannig að yfirlit fáist um þau störf sem unnin eru á vegum náttúrustofa.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skipun stjórnar náttúrustofa. Sú breyting er lögð til á 12. gr. laganna að ekki er gert ráð fyrir að ráðherra skipi í stjórn stofnunarinnar heldur skuli það sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa samtals þrjá menn í stjórn náttúrustofa. Stjórn náttúrustofa verður því alfarið á ábyrgð framangreindra aðila.

Um 6. gr.

Hér er mælt fyrir um heimild til stjórnar náttúrustofu að setja gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf sem óskað er eftir af henni, sbr. d-lið 4. gr. Ekki er gerð krafa um að ráðherra staðfesti þær gjaldskrár sem náttúrustofur gefa út enda starfa náttúrustofur á ábyrgð sveitarfélaganna.

Um 7. gr.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru til samræmis við breytingar skv. 2. gr. og 5. gr. að sveitarfélög eitt eða fleiri beri ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofa og að ráðherra skipi ekki lengur í stjórn náttúrustofa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ef frumvarp þetta verður að lögum ber ráðherra að gera samning fyrir 1. ágúst 2002 við þau sveitarfélög sem standa að þeim sex náttúrustofum sem nú starfa, enda er framlag ríkissjóðs háð því að fyrir liggi slíkur samningur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er einkum að skilgreina betur hlutverk og stöðu náttúrustofa og skýra gjaldtökuheimildir Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Gildandi lög kveða á um að framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkist við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Í 3. gr. frumvarpsins er framlag ríkissjóðs skilgreint upp á nýtt, þannig: Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við upphæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri upphæð sem er allt að jafnhá þeirri upphæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

819. Svar [395. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfslokasamninga hjá Landssímanum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru þau starfskjör sem samið var um í ráðningarsamningi við fyrrverandi forstjóra Landssímans, sem lét af störfum í desember sl., til hve langs tíma var starfslokasamningurinn og hvernig sundurliðast greiðslur og kjör milli launa og annarra fríðinda? Hvert er mat ráðherra á þessum samningi?*
2. *Eru laun og önnur starfskjör sem samið var um í starfslokasamningnum greidd óháð því hvort forstjórinn fyrrverandi tekur við öðru starfi á gildistíma starfslokasamningsins sem færir honum sambærileg eða hærri laun en starfslokasamningurinn kveður á um?*
3. *Var hafinn undirbúningur að sölu Landssímans þegar framangreindur starfslokasamningur, sbr. 1. tölul., var gerður?*
4. *Var starfslokasamningurinn gerður með vitund og vilja annars vegar ráðherra og hins vegar stjórnar Landssímans og hver ber ábyrgð á gerð þessa samnings?*
5. *Hvað kostar þessi starfslokasamningur og aðrir þeir starfslokasamningar sem í gildi eru og gerðir hafa verið við fyrrverandi forstjóra Landssímans, hve langur var gildistími þeirra samninga og hverjar voru greiðslur og önnur kjör samkvæmt þeim samningum?*
6. *Hafa verið gerðir ráðningarsamningar við aðra yfirmenn eða stjórnendur Landssímans sem fela í sér sérkjör við starfslok umfram hefðbundinn rétt samkvæmt starfsmannalögum á sl. átta árum? Ef svo er, við hverja hafa slíkir samningar verið gerðir og hverjir þeirra hafa þegar komið til framkvæmda?*

Hinn 1. janúar 1997 tók til starfa hlutafélagið Póstur og sími á grundvelli laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Með stofnun Pósts og síma hf. rofnuðu öll stjórnsýslutengsl milli ráðuneytis og félagsins sem áður voru milli ráðuneytis og Póst- og símamálastofnunar og hefur ráðuneytið nú ekki skipunarvald í málefnum Landssíma Íslands hf. Engu breytir þótt meiri hluti hlutafjár sé í eigu íslenska ríkisins og samgönguráðherra fari með eignaraðild ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

Í meginniðurstöðum skýrslu forsætisráðherra um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins sem lögð var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98 kemur eftirfarandi fram:

1. Réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nær aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber. Löggjöfin kveður nánar á um það hvaða málefni eru opinber. Líkur eru fyrir því að málefni sé opinbert þegar stjórnsýsluaðilar taka ákvarðanir í skjóli opinbers valds lögum samkvæmt, sbr. IV. og VI. kafla.
2. Ríkishlutafélög teljast aðilar að einkarétti. Um þau gilda sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Réttur alþingismanna fyrir tilstilli Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga um eða veita svör við fyrirspurnum um þau er undir því kominn hvort upplýsingarnar eiga að vera opinberar lögum samkvæmt. Það kemur helst til greina samkvæmt ákvæðum ársreikningslaga, sbr. X. kafla.
3. Ráðherra getur átt rétt á veigamiklum upplýsingum um hlutafélög sem eru í ríkiseign. Sá réttur er virkastur ef ráðherra fer með hagsmuni ríkissjóðs sem eini hluthafinn eða sem meirihlutaeigandi í viðkomandi hlutafélagi. Rétturinn byggist í því tilviki á almenn-

um hlutafélagalögum og/eða heimildarlögum um viðkomandi hlutafélag. Ráðherra sem fengið hefur upplýsingar með þessum hætti ber hins vegar trúnaðarskyldu gagnvart viðkomandi hlutafélagi sem gengur einkum út á það að hann má ekki veita upplýsingar sem hann hefur fengið með þessum hætti ef þær geta skaðað hagsmuni félagsins. Honum er því óheimilt gagnvart félaginu að gefa alþingismönnum eða öðrum upplýsingar sem slík trúnaðarskylda hvílir á, sbr. nánar IX. kafla.

4. Almenna reglan er að allar upplýsingar um hlutafélög sem skráðar eru hjá hlutafélagaskrá eru öllum aðgengilegar.
5. Þær upplýsingar sem fram eiga að koma í ársreikningum hlutafélaga teljast opinberar, sbr. nánar X. kafla. Því er almennur aðgangur að þessum upplýsingum. Af því leiðir m.a. að ráðherra væri skylt að svara fyrirspurnum sem lúta að þeim upplýsingum sem fram koma í ársreikningi og gefa skýringar á þeim. Enn fremur verður að telja að þær upplýsingar og skýringar á reikningum ríkishlutafélaga sem fram koma í ríkisreikningi séu opinberar upplýsingar með sama hætti og lýst hefur verið. Skylda ráðherra nær hins vegar ekki lengra en þetta. Honum er því óskylt að gefa upplýsingar um ríkishlutafélag sem ekki kæmu fram í ársreikningi. Hér má t.d. nefna sundurliðaðar fjárhæðir um launakjör eða aðrar greiðslur til einstakra starfsmanna. Ráðherra er einnig óheimilt að gefa slíkar upplýsingar samkvæmt þeim meginreglum sem raktar eru í IX. og X. kafla.
6. Stjórnir hlutafélaga sem eru að öllu leyti eða að meiri hluta í eigu ríkisins eða hluthafafundur þeirra (eftir atvikum viðkomandi ráðherra ef ríkið er einn eigandi og ákveðið er í lögum að hann fari með eignaraðild ríkissjóðs) ákveða hvaða málefni það eru sem talist geta viðskiptaleyndarmál og eiga að fara leynt. Ákvörðun um þetta ber að taka með hagsmuni félagsins að leiðarljósi, sbr. 7. tölul. Þetta gildir þó ekki um þær upplýsingar sem fram koma í ársreikningi viðkomandi hlutafélags, sbr. 5. tölul.
7. Þeir sem taka ákvarðanir fyrir hönd hlutafélags í ríkiseign eru bundnir trúnaði gagnvart því. Þetta á við um ráðherra hvort sem hann situr í stjórn slíks félags eða tekur ákvarðanir fyrir þess hönd sem eini hluthafi á hluthafafundi eða hluthafi sem fer þar með meiri hluta ef þær yrðu gerðar opinberar. Alþingi á ekki heimtingu á því að ráðherra gefi upplýsingar um slík málefni á grundvelli 54. gr. stjórnarskrárinnar eða annarra lagaákvæða.
8. Varðandi málefni Pósts og síma hf. sérstaklega skal tekið fram að Alþingi hefur sjálft falið samgönguráðherra að fara með eignaraðild ríkissjóðs varðandi málefni fyrirtækisins. Samgönguráðherra er því skylt að gæta hagsmuna fyrirtækisins samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda í slíkum tilvikum sem lýst hefur verið. Honum er ekki skylt og honum er jafnframt óheimilt gagnvart félaginu að gefa Alþingi upplýsingar sem hann telur að leynt eigi að fara og ekki geta talist til þeirra upplýsinga sem um er rætt í 2. tölul.

Með vísan til þessara niðurstaðna og þess að umbeðnar upplýsingar í fyrirspurninni teljast ekki vera upplýsingar sem eiga að vera opinberar lögum samkvæmt er samgönguráðherra hvorki skylt né heimilt gagnvart Landssíma Íslands hf. að svara fyrirspurn á þskj. 652.

820. Lög [185. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot gegn börnum).

(Afgreidd frá Alþingi 18. febr.)

Samhljóða þskj. 192.

821. Lög [203. mál]

um breyting á lögum um samningsbundna gerðardóma, nr. 53 24. maí 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 18. febr.)

Samhljóða þskj. 228.

822. Lög [314. mál]

um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. febr.)

Samhljóða þskj. 390.

823. Frumvarp til laga [521. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna bætist: þar með talið málefni sameignar- eða hlutafélaga sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 49. gr. laganna orðast svo: Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr., gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi og á 125. og 126. löggjafarþingi en hefur ekki fengið fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú. Umræða liðinna missira hefur enn undirstrikað mikilvægi þess að tekin séu af öll tvímæli í þeim efnum sem hér um ræðir, þar sem kveðið er á um rétt alþingismanna til upplýsinga varðandi málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira.

Flutningsmönnum þykir efni frumvarps þessa enn brýnna nú en nokkru sinni áður. Nýleg tíðindi af málefnum Landssímans hf. sýna berlega nauðsyn þess að fyrirtæki sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins hafi skyldur gagnvart Alþingi varðandi upplýsingagjöf o.fl. Mörgum sinnum hefur það gerst á liðnum árum, allt frá því að Póst- og símamálastofnun var breytt í hlutafélag, að Alþingi hafi verið neitað um upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins, m.a. varðandi æðstu stjórnendur og annað það sem eðlilegt er að Alþingi vilji fylgjast með, sem stjórnarskrárvarinn eftirlitsaðili með framkvæmdarvaldinu. Jafnan hefur því verið borið við að málefni fyrirtækisins teljist ekki lengur opinber eftir að því hefur verið breytt í hlutafélag.

Ljóst er af nýlegum tíðindum af ráðningarsamningi fyrrverandi forstjóra og upplýsingum um óhófleg kjör hans og ríflegan starfslokasamning að Alþingi hefði betur haft tækifæri til þess að veita ráðamönnum þar á bæ aðhald. Samþykkt frumvarps þessa er því löngu tímabær.

Nú þykir einsýnt að ekki verði af sölu Landssímans hf. á næstu mánuðum eða missirum. Það er því mikilvægt að frumvarp þetta fái skjóta afgreiðslu þingsins.

Sem stendur eru 14 fyrirtæki í eigu ríkisstjóðs að hálfu eða meira, það eru: Landsvirkjun, Skráningarstofan hf., Búnaðarbanki Íslands hf., Hitaveita Hjaltadals, Landssími Íslands hf., Hæðarlönd ehf., Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., Sementsverksmiðjan hf., Íslandspóstur hf., Landsbanki Íslands hf., Herjólfur hf., Flugkerfi hf., Breiðafjarðarferjan Baldur ehf. og Apótek Landspítalans, Fossvogi.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi þessu þegar það var lagt fram á 126. löggjafarþingi koma fram upplýsingar um sögulega þróun upplýsingagjafar framkvæmdarvaldsins til Alþingis. Sú greinargerð er að mestu óbreytt hér á eftir.

Á 125. löggjafarþingi var skilað ítarlegri skýrslu nefndar sem fjallaði um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. Um skýrslu þessa var fjallað í umræðum á Alþingi 21. febrúar 2000. Þar er m.a. kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga og segir um þau efni í kafla 3.9.7: „Til þess að rækja eftirlitshlutverk sitt og veita ríkisstjórn aðhald hefur Alþingi stjórnarskrárvarinn rétt til að afla upplýsinga frá ráðherra.“ Síðar í sama kafla segir: „Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar. Annað mál er að hægt er að hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga við túlkun 54. gr. stjórnarskrárinnar. Æskilegt er að tekið verði til athugunar hvort ástæða þykir til að setja nánari ákvæði í þingskapalög um slíkar fyrirspurnir.“

Á 121. löggjafarþingi fór fram umræða utan dagskrár um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Í kjölfar hennar lét forsætisráðuneytið vinna sérstaka óháða lögfræðilega álitsgerð um þetta efni sem lögð var fram í skýrsluformi á 122. löggjafarþingi (þskj. 25, 25. mál). Niðurstaða hennar var m.a. sú að réttur einstakra alþingismanna með leyfi Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber, en það sé síðan löggjöfin sem kveður nánar á um hvaða málefni eru opinber. Þá kemur fram í niðurstöðum að ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti og um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Um þessa niðurstöðu er þó ekki samstaða meðal fræðimanna.

Með breytingu á 54. gr. stjórnarskrárinnar á 113. löggjafarþingi, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var kveðið á um að alþingismönnum væri heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast skýrslu um það. Var hér um að ræða orðalagsbreytingu frá eldra ákvæði þar sem sagði að heimilt væri hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild sem hann ætti sæti í ef hún leyfði það og beiðast um það skýrslu ráðherra. Í greinargerð með framangreindri breytingu sagði einungis að með greininni væri verið að staðfesta framkvæmd á meðferð fyrirspurna og skýrslna á Alþingi. Í þingsköpum frá árinu 1874 er hins vegar að finna ákvæði um heimild þingmanna til að bera upp í annarri hvorri þingdeildinni opinbert málefni og beiðast skýrslu landshöfðingja en án frekari skýringa. Ákvæði þingskapa um fyrirspurnir tók síðan breytingum í tímans rás og í þingskapalögum frá 1915 er að finna ákvæði um fyrirspurnir um alþjóðleg málefni sem breyttist árið 1936 í fyrirspurnir um landsmál. Enn tók ákvæðið breytingum árið 1946 og var þá skilgreiningin miðuð við fyrirspurnir í sameinuðu þingi um einstök atriði eða mál. Það var hins vegar með lögum nr. 54/1972, sem breyttu þágildandi þingskapalögum frá 1936, að skilgreiningin miðaðist að nýju við opinbert málefni. Í greinargerð með síðastgreindum lögum var kveðið á um að fyrirspurn skyldi fjalla um opinber málefni sem ráðherra bæri ábyrgð á. Það væri gert til að leggja áherslu á að einungis ætti að spyrja um slík málefni. Ekki er í framangreindum lögum eða lögskýringargögnum að finna nánari skilgreiningu á því hvað telst opinbert málefni, enda er það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri álitsgerð um að það sé löggjöfin sem ákveði hvaða málefni teljist opinber.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að upplýsingar um sameignar- og hlutafélög sem gerð er grein fyrir í E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira teljist upplýsingar um opinbert málefni og því eigi þingmenn sama rétt til slíkra upplýsinga og um þau fyrirtæki sem gerð er grein fyrir t.d. í B-hluta ríkisreiknings. Frumvarpið er lagt fram þar sem komið hefur í ljós að það orkar tvímælis hvernig túlka skal stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að óska skýrslu eða upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni, en eins og að framan greinir er sá réttur nánar útfærður í lögum um þingsköp Alþingis.

Þá er þess að geta að í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þar segir m.a. að eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi eða sameignarfélagi, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skuli gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Í 9. gr. er tekið fram að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þótt öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá má enn fremur geta þess að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er ráð fyrir því gert að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði fjárreiður fjármálastofn-

ana og hlutafélaga með meiri hluta eignaraðild ríkisins skýrðar, en fram að þeim tíma er þau lög tóku gildi var ekki gerð grein fyrir þessum aðilum í ríkisreikningi. Það er því augljós vilji löggjafans að farið sé með málefni er lúta að hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkisins sem opinber málefni. Tilgreind dæmi af ríkisreikningi og hlutverki Ríkisendurskoðunar í þessu efni kveða skýrt á um þetta. Því er álitamál hvort niðurstaða hinnar lögfræðilegu úttektar af hálfu forsætisráðherra standist þegar grannt er skoðað. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að úr því fáist skorið með skýlausum hætti hvaða málefni teljast „opinber málefni“ og hver ekki og þar með hver sé réttur þingmanna þegar kemur að eftirlitsskyldu þings með framkvæmdarvaldinu. Í frumvarpinu er reynt að bæta úr einu tilteknu atriði í þessum efnum, en ekki gerð tilraun til altækrar skilgreiningar á hugtakinu „opinbert málefni“.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga hafi skýrar heimildir í lögum, sbr. ákvæði stjórnarskrárinnar, til að hafa eftirlit með því að farið sé að settum lögum af hálfu framkvæmdarvaldsins og meðferð fjármuna og aðrir rekstrarþættir í opinberri stjórnsýslu séu þannig að eðlilegt geti talist. Stjórnarskráin kveður á um þetta og nægir að vísa til 39. gr. hennar þar sem segir að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er varða almenning og geti veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, af embættismönnum og einstökum mönnum. Þá má enn fremur vísa til 43. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Hlutafélög í eigu ríkisins, stórfyrirtæki á borð við Íslandspóst hf. og Landssíma Íslands hf. og viðskiptabankar í eigu ríkisins, eiga ekki að vera undanþegin slíku eftirliti af hálfu Alþingis. Þar er sannanlega um að ræða fyrirtæki í eigu ríkisins þar sem miklu skiptir fyrir almannahag hvernig opinberri stjórnsýslu vindur fram. Gildir einu hvort fyrirtækin eru hlutafélög að meiri hluta í eigu ríkissjóðs eða héfðbundin ríkisfyrirtæki.

Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum er frumvarp þetta lagt fram.

824. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Var það síðan endurflutt á 125. og 126. löggjafarþingi en hefur þó ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu. Það er nú flutt enn á ný samhliða frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis, þskj. 823 521. mál, og er í greinargerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkomlega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvarinn rétt alþingismanna til að hafa eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. mál, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skylt að gefa alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri en sá réttur sem almenningi er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr. álit nefndar um „starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.

825. Fyrirspurn [523. mál]

til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hvar er statt frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins sem nefnd á vegum ráðherra vann og skilaði af sér í árslok 2000?
2. Hefur frumvarpið verið lagt fyrir ríkisstjórn?
3. Var frumvarpið unnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið?

Skriflegt svar óskast.

826. Fyrirspurn [524. mál]

til menntamálaráðherra um markað fyrir íslenska tónlist erlendis.

Frá Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkum sjóði verði komið á laggirnar eða hefur hann aðrar hugmyndir um aðgerðir til að vinna markaði fyrir íslenska tónlist erlendis? Ef svo er, í hverju felast þær hugmyndir?

Skriflegt svar óskast.

827. Fyrirspurn [525. mál]

til samgönguráðherra um fjárfestingar Landssíma Íslands hf.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Í hve mörgum fyrirtækjum hefur Landssími Íslands hf. keypt hluti, eða keypt að fullu, síðan rekstri fyrirtækisins var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins?
2. Hve miklum fjármunum hefur Landssíminn varið til kaupa í öðrum fyrirtækjum síðan rekstri hans var breytt í hlutafélag?
3. Í hvaða fyrirtækjum á Landssíminn hluti núna og hve stóra? Hverjir eru meðeigendur í þeim fyrirtækjum?
4. Hversu miklum fjármunum hefur Landssími Íslands hf. varið til kaupa á þróunarverkefnum eða þróunarvinnu af eigin fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem hann á hluti í? Af hvaða fyrirtækjum sem eru í eigu Landssímans hefur slík vinna verið keypt?

Skriflegt svar óskast.

828. Frumvarp til laga [526. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: Fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjármálaráðuneytið fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Það orkar tvímælis að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki og setji jafnframt almennar leikreglur fyrir öll fyrirtæki sem starfa í viðkomandi grein. Þannig háttar nú með samgönguráðherra sem fer með hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. og hefur jafnframt reglugerðarvald á þessu sviði og setur leikreglur fyrir markaðinn og fyrirtæki sem á honum starfa.

Þó að umsvif hins opinbera í samkeppnisrekstri hafi minnkað eru þau enn umtalsverð. Því er full ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvaða breytingar er eðlilegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri einstakra fyrirtækja nær ekki að jafna þann mun sem er á aðstöðu opinbers fyrirtækis og einkafyrirtækis á markaði, einkum ef sami ráðherra hefur með höndum yfirstjórn fyrirtækis og setur jafnframt almennar reglur fyrir fyrirtæki á markaði. Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjármálaráðuneytið fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verður þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög fari viðkomandi fagráðherra áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Ef til stendur að selja hlut ríkisins getur komið upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein. Samkvæmt lögum er samgönguráðherra yfirmaður fjarskiptamála í landinu. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og á samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að vinna að sölu fyrirtækisins. Hann verður því að gæta þess að viðhalda virði fyrirtækisins hvað sem líður tæknibreytingum eða breytingum á markaðinum. Slíkt hlýtur að leiða til tortryggni og í einhverjum tilfellum til kæra á grundvelli samkeppnislaga.

Betra er fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og að opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum séu ekki gagnrýnd fyrir að njóta þess sérstaklega að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji jafnframt leikreglur fyrir markaðinn almennt.

Frumvarp þetta var áður flutt á 125. þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum.

829. Frumvarp til laga [527. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjármálaráðuneytið fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Undanfarið hefur þeirrar tilhneigingar hins vegar gætt þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög að fagráðherra fari áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Það getur leitt til þess að þegar selja skal hlut ríkisins komi upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein.

Undir viðskiptaráðherra heyra m.a. bankamál, samkeppnismál og mál er varða óréttmæta viðskiptahætti. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og verður því að viðhalda virði þeirra.

Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjármálaráðuneytið fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verði þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Það er betra bæði fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum sæti ekki þeirri gagnrýni að þau njóti þess að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji að auki leikreglur fyrir markaðinn almennt.

Frumvarp þetta var áður flutt á 125. þingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

830. Tillaga til þingsályktunar [528. mál]

um stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi á sviði landverndar.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á hnignun lands, jarðvegsrofi og endurheimt landgæða. Rannsóknamiðstöðin hafi jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu á þessu sviði, m.a. til vísindamanna frá þróunarlöndum.

Greinargerð.

Ísland hefur þá sérstöðu að fáar ríkar þjóðir hafa glatað jafnstórum hluta af þeim auðlindum sem felast í gróðri og jarðvegi. Íslendingar eiga sér jafnframt óvenjulanga sögu hvað varðar stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landgæða. Landgræðsla ríkisins er elsta stofnun heims á þessu sviði, en skipuleg barátta gegn uppblæstri lands hófst hér á landi árið 1907, áratugum á undan öðrum löndum. Mikil þekking og reynsla hefur safnast saman um leiðir til að stöðva jarðvegsrof og endurreisa landkosti. Við eigum því miklu að miðla til annarra þjóða á þessum sviðum. Það kom m.a. vel í ljós þegar verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um rannsóknir á jarðvegsrofi og leiðir til að „lesa landið“ fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1998.

Hnignun landgæða er gríðarlegt vandamál í heiminum. Þessi vandi vex stöðugt og mun hafa mikil áhrif á ástand heimsmála næstu árin ef ekki tekst að efla varnir gegn eyðingaröflunum og vinna af meiri krafti að landbótum. Vandamálin eru erfiðust þar sem hagur íbúanna er bágastur, á jaðarsvæðum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Vegna aðstæðna hér á landi hafa Íslendingar óvenjugóðar aðstæður til að rannsaka landhnignun og leiðir til úrbóta miðað við t.d. aðrar Evrópuþjóðir. Ísland staðfesti sáttmálann um varnir gegn eyðimerkurmyndun árið 1997. Íslendingar hafa samt sem áður ekki tekið nægjanlega virkan þátt í slíku starfi á alþjóðavettvangi sem er í mótsögn við mikla þekkingu okkar á þessu sviði. Íslendingar eru öflugir þátttakendur í alþjóðlegu starfi á öðrum sviðum þar sem sérstaða landsins er mikil, t.d. í tengslum við eldvirkni, jarðhita og fiskveiðar. Þetta samstarf veitir bæði hvatningu og leiðsögn um það hvernig unnt er að nýta sérstöðu Íslands hvað varðar vernd og endurreisn landkosta í alþjóðlegu samstarfi. Mikils er um vert að búa svo að faglegu landgræðslustarfi á Íslandi að unnt sé að taka þátt í öflugu alþjóðlegu vísindasamstarfi á þessu sviði. Einkum er mikilvægt að hingað geti komið sérfræðingar frá þróunarlöndunum til að afla sér þekkingar og nýrra viðhorfa á sviði endurheimtar landgæða.

Til þess að svo megi verða þarf að auka og samræma faglegt starf við verndun og endurreisn landkosta á Íslandi með áherslu á alþjóðlegt samstarf. Því er hér lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri rannsóknamiðstöð á þessu sviði. Rannsóknamiðstöðin hefði m.a. bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Slík miðstöð gæti lagt mikla þekkingu af mörkum til þjóða sem berjast gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs.

831. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um póstþjónustu.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Komið hefur fram mikil gagnrýni á framkvæmd póstþjónustunnar í landinu síðan hún var hlutafélagavædd og fyrirtækið Íslandspóstur hf. stofnað. Fréttir um lokun pósthúsa og niðurskurð þjónustu vítt og breitt um landið hafa verið reglulega í fjölmiðlum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað tekið málefni póstþjónustunnar til umræðu á Alþingi og mótmælt skerðingu á þjónustu, lokun pósthúsa og uppsögnum starfsfólks.

Almenningur víða um land sem hefur mátt þola lokanir á pósthúsum sínum hefur sent mótmælabréf til Íslandspósts og samgönguráðherra en ekki fengið nein svör.

Í ársbyrjun 2001 hafði starfsemi á pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman og var þá um 60% af því sem hún var 1999. Bókhald og stjórnun sem var 15% úti á landi 1999 var í ársbyrjun 2001 einungis 3%.

Þetta lagafrumvarp felur ekki í sér breytingar sem snúa þessari stefnu og þróun við. Með því er frekar opnað fyrir auknar lagalegar heimildir til víðtækari einkavæðingar en áður var og samdráttar í póstþjónustu. Sérstaklega á þetta við um þá þjónustu sem pósthúsin hafa veitt um áratugi.

Íslandspóstur hf. hefur nú framselt til óviðkomandi aðila stóran hluta af þeirri póstþjónustu sem snýr að neytendum, einkum hvað viðvíkur móttöku og afhendingu pósts. Ráðning á póstþjónustufólki og aðbúnaður er ekki lengur á beinni ábyrgð Íslandspósts og rekstrar- og þjónustuskilmálar eru nú skilgreindir sem viðskiptaleyndarmál sem bæði þingmönnum og almenningi er neitað um aðgengi að. Í þessu lagafrumvarpi hefðu þurft að vera ákvæði sem tækju á þessari tegund einkavæðingar póstþjónustunnar úr því að hún á að viðgangast. Marka hefði þurft skýrari reglur um skyldur, fagþekkingu, aðbúnað og þjónustustig. Kveða þyrfti á um að þær reglur væru opnar almenningi til upplýsingar og eftirlits. Hér er verið að fjalla um trúnaðarmál og persónulegar sendingar fólks en ekki almenna vörusölu og því á neytandinn, almenningur, eigandi sendingarinnar, rétt á fullu aðgengi að öllum þáttum sem snúa að þessari þjónustu og framkvæmd hennar. Mikið skortir á að svo sé.

Póst- og fjarskiptastofnun báðum megin við borðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er falið fjölþætt hlutverk í póstmálum. Hún er einn aðalhöfundur lagafrumvarpsins. Hún hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Hún veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu. Hún skilgreinir gæða- og þjónustukröfur til póstþjónustunnar og annast eftirlit með því að þeim kröfum sé framfylgt. Sé í einhverju ábótavant gerir Póst- og fjarskiptastofnun athugasemdir og beitir viðurlögum. Jafnframt hefur stofnunin það hlutverk að sannreyna þörf og samþykkja breytingar á gjaldskrám og sömuleiðis kröfur um framlag jöfnunargjalds. Póst- og fjarskiptastofnun heyrir beint undir samgönguráðherra, svo og póstþjónustan sjálf. Gefur auga leið að mikil hætta er á að þegar ein og sama stofnun fer með öll þessi hlutverk geti hagsmunir og sjónarmið skarast. Ábyrgð hennar og afskipti geta auðveldlega orðið ótrúverðug af þeim sökum. Ekki auðveldar það eftirlitið þegar þjónustuskyldur sem inna ber af hendi eru allt í einu orðnar viðskiptaleyndarmál, sbr. bréfaskipti þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Íslandspósts hf. (Sjá fylgiskjal II með nefndarálitinu.)

Í gildandi lögum um póstþjónustu og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eru ákvæði um að setja skuli skilgreindar gæðakröfur um póstþjónustu og einnig er kveðið á um eftirlitsskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar. Að mati minni hlutans hefði stofnunin getað fylgt eftirlitsskyldu sinni mun betur eftir í þeim miklu breytingum sem orðið hafa á póstþjónustunni síðustu missirin. Hin mikla gagnrýni neytenda á póstþjónustuna hefði átt að gefa fullt tilefni til þess. Það er kostur við lagafrumvarpið að Póst- og fjarskiptastofnun fær auknar heimildir til eftirlits og aðgerða, en hætt er við að erfitt reynist að hækka þjónustustigið á ný þar sem þjónustan hefur þegar verið skorin niður.

Orðskýringar og nýyrðasmíð.

Ekki fengust upplýsingar um hvort ráðuneytið hefði leitað til Íslenskar málnefndar eða annarra opinberra málfarsaðila um leiðsögn í nýyrðasmíð í frumvarpinu en mikilvægt er að ekki séu lögfestar nýjar orðskýringar eða nýyrði án þess að það sé samræmt annarri slíkri vinnu og almennri málvitund. Sem dæmi má nefna nýyrðið *alþjónusta* sem er í lagafrumvarpinu skilgreint sem sú „póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli“. Að áliti minni hlutans er það ófullnægjandi skilgreining. Orðið alþjónusta felur í sér alla þjónustu sem í boði er en ekki einhverja afmarkaða lágmarksþjónustu. Betra væri að nota hér orðið *grunnpóstþjónusta* og er lögð fram breytingartillaga þess efnis. Nefna má fleiri dæmi um óskýra eða brenglaða hugtakanotkun í frumvarpinu.

Minni hlutinn vill vekja athygli á að orðið *pósthús* er hvergi nefnt í frumvarpinu og því síður skilgreining á því hvaða þjónusta skuli fara þar fram. Er það mjög sérstakt að samin skuli heildarlög um póstþjónustu án þess að orðið pósthús komi þar fyrir. Er það ef til vill dæmigert fyrir þá niðurlægingu sem þessi almannaþjónusta hefur mátt þola á síðustu missirum af hálfu stjórnvalda.

Er verið að fara fram á aukna lagaheimild til að skera niður þjónustu?

Í 6. gr. sem fjallar um alþjónustu segir að „öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta“. Þessi liður kveður á um að flokka eigi Íslendinga „eftir aðstæðum“ og þjónusta þá eftir því. Vissulega geta verið einstök tilvik þar sem ekki er hægt að veita þjónustu á algildan hátt en það á að vera undantekning en ekki samkvæmt flokkun í lögum. Orðin „sem búa við sambærilegar aðstæður“ ættu því að falla brott og er lagt til að svo verði. Póstþjónustu á að veita öllum landsmönnum, þjónustu á jafnræðisgrunni, og mikilvægt að lögin taki af öll tvímæli um að svo skuli gert.

Eðlilegt hefði verið að þjónustustig á pósthúsum vítt og breitt um landið hefði verið skilgreint í lögum. Þá hefðu lögin enn fremur átt að fjalla um tollpóstþjónustu og kveða skýrt á um að slík þjónusta væri skilgreindur hluti af almennri starfsemi pósthúsa. En öll sú starfsemi er að langmestu leyti orðin miðlæg í Reykjavík og afgreiðsla slíkra sendinga orðin þunglamalegri og seinvirkari en áður var, einkum úti á landi.

Í frumvarpinu er stöðugt vísað til að í reglugerð verði nánar kveðið á um allar skilgreiningar á póstþjónustu, gæðakröfur og þjónustustig. Í ljósi mikillar gagnrýni á póstþjónustuna í landnu á síðustu mánuðum og árum hefði verið æskilegt að drög að reglugerð hefðu fylgt frumvarpinu til nefndarinnar. Í kjölfar hlutafélagavæðingar Póstsins og aukinnar einkavæðingar einstakra þátta þjónustunnar hefur pósthúsum verið lokað unnvörpum hringinn í kringum landið og þjónusta við íbúana til bæjar og sveita verið skert. Þeirri lágmarksþjónustu sem eftir er hefur verið komið fyrir í nærliggjandi verslun eða banka.

Póstþjónusta sem hluti fjölþættrar opinberrar almannaþjónustu.

Í frumvarpinu hefðu einnig átt að vera ákvæði sem tækju til þess að póstflutninga mætti skipuleggja sem þátt í samræmdum almenningssamgöngum hvort sem væri í lofti, láði og á legi. Að slíta póstflutningana frá annarri slíkri almannaþjónustu hefur þegar orðið til óbætanlegs tjóns fyrir almannasamgöngur í landinu og bitnar það harðast á íbúum hinna dreifðu byggða. Áætlunarferðir sem áður nutu stuðnings póstflutninganna hafa víða lagst af eða berjast í bökkum. Því hefðu póstflutningar átt að vera hluti af hinni samræmdu opinberu samgönguáætlun og lögin um póstþjónustu hefðu átt að kveða á um að svo skyldi verða.

Lokaorð.

„Hvar er pósthúsið mitt?“, verður spurning almennings á næstu árum.

Tekið er undir lokaorð í umsögn Póstmannafélagsins um frumvarpið: „Félagið hefur af því áhyggjur að verði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum í óbreyttri mynd mun það enn þrengja að rekstrarstöðu fyrirtækisins og greiðslustöðu þess. Nú þegar hefur fyrirtækið framkvæmt ýmsar aðhaldsaðgerðir sem þýtt hefur niðurlagningu starfa og atvinnumissi fyrir félagsmenn, einkum á landsbyggðinni. Frumvarpsdrögin gefa á engan hátt til kynna að þeirri þróun verði snúið við.“

Alþingi, 19. febr. 2002.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréfaskipti sveitarfélagsins Skagafjarðar og Póst- og fjarskiptastofnunar, svo og bréf til sveitarstjórnar Skagafjarðar frá Byggðasafni Skagfirðinga.
II. Bréfaskipti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og forstjóra Íslandspósts.

832. Svar [396. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfslokasamninga.

1. *Hve margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á vegum einstakra ráðuneyta, stofnana eða fyrirtækja sem ríkið á meiri hluta í á árunum 1995–2002:*
   a. *starfslokasamningar við þá sem hætta störfum fyrir 67 ára aldur en fela í sér greiðslur til lengri tíma en hefðbundins þriggja mánaða uppsagnarfrests,*
   b. *starfslokasamningar vegna niðurlagningar á störfum,*
   c. *starfslokasamningar við stjórnendur, en þar verði tilgreind lengd starfslokasamninga og greiðslur og kjör í heild og hverju tilviki fyrir sig?*

Leitað hefur verið til allra ráðuneyta um svör við framangreindum spurningum og hefur hvert ráðueyti jafnframt leitað til undirstofnana sinna og þeirra hlutafélaga, sem þau fara með eignarhluta ríkisins í, um svör við spurningunum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem forsætisráðuneytinu hafa borist hafa verið gerðir 285 starfslokasamningar við starfsmenn ráðuneyta, stofnana ríkisins og hlutafélaga, sem ríkið á meiri hluta í, á árunum 1995–2002. Þar af voru 14 starfslokasamningar gerðir við starfsmenn ráðuneyta, 140 við starfsmenn stofnana ríkisins og 131 við starfsmenn hlutafélaga. Síðastnefnda talan er háð fyrirvara um að ekki er tryggt að fyrirspurnin hafi náð til allra hlutafélaga sem ríkið á hlut í og þeim gefist ráðrúm til að svara henni, innan þeirra tímamarka sem leitast var við að virða við gerð svars þessa.

Benda má á að tæpur helmingur framangreindra starfslokasamninga tengist breytingu á rekstrarformi ríkisstofnana og að Íslandspóstur hf. er aðili að ríflega þriðjungi af framangreindum 285 samningum.

a. Varðandi fjölda „starfslokasamninga við þá sem hætta störfum fyrir 67 ára aldur en fela í sér greiðslur til lengri tíma en heföbundins þriggja mánaða uppsagnarfrests“ er rétt að nefna að réttur starfsmanna ríkisins og hlutafélaga í eigu þess við starfslok getur verið mismunandi eftir því hvert tilefni eða ástæða starfslokanna er, eftir starfsaldri og áunnum réttindum viðkomandi starfsmanns og eftir því hvaða kjarasamningar gilda í hverju einstöku tilviki.

   Almennur gagnkvæmur uppsagnarfrestur í kjarasamningum starfsmanna ríkisins er þrír mánuðir að jafnaði, en í einstaka kjarasamningi er gert ráð fyrir lengri fresti og fer þá eftir starfsaldri. Sem dæmi má nefna að samkvæmt kjarasamningum bankamanna, sem m.a. starfsmenn nokkurra ríkisstofnana hafa starfað eftir, lengist uppsagnarfrestur í sex mánuði við tíu ára starf í banka eða 45 ára lífaldur.

   Samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, skulu embættismenn, sem ekki eru skipaðir að nýju í embætti, halda launum sínum í þrjá mánuði frá því að þeir láta af störfum hafi þeir gegnt starfinu skemur en í 15 ár, en í sex mánuði ella, sbr. 35. gr. laganna. Biðlaun embættismanna við niðurlagningu embætta eru samkvæmt 34. gr. laganna í sex mánuði frá því að látið er af starfi ef viðkomandi hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði.

   Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er biðlaunaréttur þeirra sem skipaðir voru í starf eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna og féllu undir lög nr. 38/1954 óskertur við niðurlagningu starfs, þ.e. sex mánuðir, hafi starfsmaður verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella tólf mánuðir.

   Réttur starfsmanna hlutafélaga er misjafn og fer þar eftir kjarasamningum sem við eiga eða þeim sérstöku samningum sem í gildi kunna að vera í einstökum tilvikum.

   Samkvæmt þeim gögnum, sem ráðuneytin hafa látið í té og svörin að framan byggjast á, fela 77 þeirra 285 samninga sem gerðir hafa verið í sér greiðslur umfram það sem kveðið er á um í lögum um starfsmenn ríkisins eða í kjarasamningum.

b. Miðað við framangreint og þær upplýsingar sem svar þetta byggist á hafa verið gerðir 227 starfslokasamningar vegna niðurlagningar á störfum. Það segir hins vegar ekki að aðeins hafi verið lögð niður 227 störf því fjöldi starfa hefur verið lagður niður án þess að gerður hafi verið um það sérstakur starfslokasamningur, sbr. svar við 2. tölul.

   Ekki liggja fyrir heildartölur um fjölda þeirra sem látið hafa af störfum vegna niðurlagningar starfs eða af sambærilegum ástæðum.

c. Af þeim 285 starfslokasamningum, sem gerðir hafa verið með aðild ráðuneyta, stofnana og hlutafélaga á því tímabili sem svarið tekur til, hafa 23 samningar verið gerðir við einstaklinga sem teljast gegna stöðu yfirmanna eða stjórnenda. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytanna kveða starfslokasamningarnir á um eftirfarandi greiðslur og kjör:

Forsætisráðuneytið gerði árið 1996 samning við forstöðumann stofnunar við niðurlagningu hennar. Samkvæmt samningnum skyldi viðkomandi einstaklingur fá greidd biðlaun í tólf mánuði frá 1. janúar 1997, lögum samkvæmt, auk þess sem greidd skyldi tiltekin fjárhæð fyrir ráðgjafarstörf er numið gætu allt að 15 klst. í hverjum mánuði frá því að biðlaunagreiðslum lýkur og fram til 5. júlí 2002.

Fjármálaráðuneytið gerði samning við tvo stjórnendur á um ræddu tímabili:

1. Við starfslok yfirmanns undirstofnunar ráðuneytisins í árslok 2000 var viðkomandi einstaklingi falið að sinna ráðgjöf og verkefnum samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins til septemberloka 2001, eða í níu mánuði.
2. Við niðurlagningu stöðu aðstoðarforstjóra í undirstofnun ráðuneytisins var gerður starfslokasamningur sem kvað á um að þeim sem gegnt hafði stöðunni skyldu greidd biðlaun í tólf mánuði samkvæmt þeim starfskjörum sem um stöðuna giltu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert sjö starfslokasamninga á því tímabili sem spurt er um:

1. Við niðurlagningu starfs hjúkrunarforstjóra var gert samkomulag um að viðkomandi einstaklingi skyldu greidd biðlaun, auk uppsafnaðs orlofs.
2. Framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar voru greidd föst laun í þrjá mánuði eftir að tímabundinni ráðningu lauk. Orlof er meðtalið.
3. Við niðurlagningu stöðu framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnunar var gert samkomulag um að viðkomandi einstaklingi skyldu greidd föst laun í níu mánuði eftir að tímabundinni ráðningu lauk.
4. Við niðurlagningu stöðu yfirlæknis sjúkrahúss var gert samkomulag um að viðkomandi skyldu greidd laun í þrjá mánuði og 20 daga umfram biðlaunarétt, eða þar til 67 ára aldri var náð. Orlof og ótekin leyfi eru meðtalin.
5. Við niðurlagningu stöðu yfirlæknis sjúkrahúss var gert samkomulag um að viðkomandi skyldu greidd laun í 11 mánuði eftir starfslok, þar til eftirlaunarétti var náð. Orlof og ótekin leyfi eru meðtalin.
6. Framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar, er starfað hafði í 50% starfi, voru greidd laun í tólf mánuði eftir starfslok. Orlof er meðtalið.
7. Forstjóra voru greidd föst laun í átta mánuði eftir starfslok. Orlof er meðtalið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hafa gert þrjá starfslokasamninga við stjórnendur á umræddu tímabili:

1. Við niðurlagningu undirstofnunar iðnaðarráðuneytisins var gert samkomulag við forstöðumann hennar um að hann skyldi njóta fastra launa í tólf mánuði frá starfslokum, í stað biðlauna, og að hann mundi veita ráðuneytinu ráðgjöf að því tímabili loknu. Fyrir vinnuframlag hans komu greiðslur.
2. Við niðurlagningu undirstofnunar viðskiptaráðuneytisins var gert samkomulag um að forstjóri hennar skyldi fá greidd föst laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar í tólf mánuði.
3. Við flutning undirstofnunar iðnaðarráðuneytisins var gert samkomulag við fyrrverandi forstjóra hennar um að hann sinnti verkefnum í tengslum við flutning stofnunarinnar um tólf mánaða skeið og að hann nyti óskertra launa á meðan.

Samgönguráðuneytið hefur enga starfslokasamninga gert við stjórnendur er starfa á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess. Tveir starfslokasamningar hafa verið gerðir við stjórnendur í hlutafélögum þar sem samgönguráðherra fer með eignarhluta ríkisins, en ráðuneytið telur óheimilt að veita upplýsingar um efni þeirra, sbr. svar samgöngu-

ráðuneytis við fyrirspurn til samgönguráðherra um starfslokasamninga hjá Landssímanum (395. mál, 127. löggjafarþing, 2001–2002).

Menntamálaráðuneytið hefur gert þrjá starfslokasamninga við stjórnendur á því tímabili sem spurt er um:

1. Gert var samkomulag við forstöðumann undirstofnunar ráðuneytisins þegar hún var lögð niður um greiðslu launa í tíu mánuði, fram að niðurlagningu stofnunar, og greiðslu biðlauna samkvæmt lögbundnum réttindum viðkomandi í tólf mánuði frá niðurlagningu starfsins.
2. Gert var samkomulag við forstöðumann undirstofnunar er hann lét af störfum. Samkvæmt því skyldi viðkomandi njóta launagreiðslna í tvö ár, gegn vinnuframlagi tengdu þeirri stofnun sem hann áður veitti forstöðu.
3. Gert var samkomulag við forstöðumann stofnunar um að hann nyti óskertra launa í 19 mánuði eftir að hann lét af starfi sínu og kom til starfa á ný eftir veikindi. Á móti kemur vinnuframlag við ráðgjöf er tengist starfsreynslu viðkomandi einstaklings.

Landbúnaðarráðuneytið hefur gert þrjá starfslokasamninga við stjórnendur á því tímabili sem spurt er um:

1. Gert var samkomulag við fyrrverandi stjórnanda á aðalskrifstofu í ráðuneytinu um að hann skyldi áfram inna af hendi fimm daga vinnu í mánuði og hljóta á móti laun er svöruðu til 20% þeirra launa er hann hafði áður gegnt. Samkomulagið gilti í 16 mánuði, til 31. desember 2001.
2. Gert var samkomulag við fyrrverandi stjórnanda á aðalskrifstofu í ráðuneytinu þegar hann lét af störfum og gilti það frá 1. janúar 1995 til 30. september 1997. Samkvæmt samkomulaginu voru viðkomandi einstaklingi greidd laun samkvæmt tilteknum launaflokki, auk yfirvinnu og þóknunareininga samkvæmt nánara samkomulagi. Þá fékk viðkomandi einnig greitt fyrir afnot af eigin bifreið er svaraði til 4.000 km á ári og fastagjald af síma.
3. Gert var samkomulag við stjórnanda einnar af undirstofnunum ráðuneytisins um flutning í stöðu skrifstofustjóra á aðalskrifstofu ráðuneytisins, en kjör skyldu vera óbreytt. Samningurinn gildir ótímabundið til starfsloka eða til ársins 2011.

Stjórn einnar undirstofnunar *sjávarútvegsráðuneytisins* hefur, með vitund og samþykki ráðuneytisins, gert samkomulag um starfslok við stjórnanda. Fól það í sér að viðkomandi skyldi sinna sérverkefnum í 15 mánuði gegn greiðslu fastra mánaðarlauna og launatengdra gjalda, en að greiðslur féllu niður ef viðkomandi tæki sér annað launað aðalstarf. Samningurinn gildir til 31. desember 2002.

Ein undirstofnana *umhverfisráðuneytisins* hefur gert samkomulag um starfslok við stjórnanda. Samningurinn var að gerður árið 2000 til þriggja ára. Í samningnum er kveðið á um 250 þús. kr. heildargreiðslu á mánuði til viðkomandi gegn skilgreindu vinnuframlagi.

2. *Hve margir af framangreindum samningum eru í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og heföbundinn biðlaunarétt samkvæmt þeim lögum?*

Vísað er til svars við 1. tölul. Við almennar kringumstæður er ástæðulaust að gera sérstaka samninga við starfsmenn sem láta af störfum og gert er upp við samkvæmt ákvæðum laga eða kjarasamninga. Þannig hafa t.d. verið lagðar niður 25 stöður í undirstofnunum félagsmálaráðuneytis á því tímabili sem spurt er um, án þess að gerðir hafi verið sérstakir starfslokasamningar við einstaka starfsmenn heldur fengu þeir greiðslur í samræmi við lögbundin og samningsbundin réttindi sín.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytin hafa látið forsætisráðuneytinu í té hefur verið gerður nokkur fjöldi starfslokasamninga við starfsmenn sem eingöngu hafa kveðið á um að starfsmaður njóti þeirra réttinda sem honum ber að lögum eða samkvæmt kjarasamningi. Líkt og áður segir í svari þessu kveða 77 af 285 samningum sem gerðir hafa verið á um réttindi umfram þau sem leiðir af lögum eða kjarasamningum. Samkvæmt því fela 208 af þessum 285 samningum ekki í sér réttindi umfram þau sem leiðir af lögum eða kjarasamningum.

3. *Hve margir framangreindra samninga, sbr. 1. tölul., eru einstaklingsbundnir starfslokasamningar þar sem samið hefur verið um sérréttindi til yfirmanna eða stjórnenda umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum og hvaða heimildir hafa einstök ráðuneyti, stofnanir eða stjórnir fyrirtækja sem ríkið á meiri hluta í til að gera einstaklingsbundna samninga umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum?*

Spurning þessi er tvíþætt. Í fyrsta lagi er spurt hve margir framangreindra samninga, sbr. svar við 1. tölul. fyrirspurnarinnar, eru einstaklingsbundnir starfslokasamningar þar sem samið hefur verið um sérréttindi til yfirmanna eða stjórnenda umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum. Í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar kemur fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem forsætisráðuneytinu hafa verið látnar í té hafa alls verið gerðir 285 starfslokasamningar með aðild ráðuneyta, stofnana og hlutafélaga á því tímabili sem svarið tekur til. Alls hafa 23 þessara samninga verið gerðir við einstaklinga sem teljast gegna stöðu yfirmanna eða stjórnenda. Þar af voru tveir starfsmenn ráðuneyta, nítján starfsmenn stofnana og tveir starfsmenn hlutafélaga sem ríkið á meiri hluta í.

Í öðru lagi er spurt um heimildir sem einstök ráðuneyti, stofnanir og stjórnir hlutafélaga sem ríkið á meiri hluta í hafa til að gera einstaklingsbundna starfslokasamninga umfram biðlaunarétt í starfsmannalögum. Í samræmi við almennar stjórnunarheimildir verður að telja að ríkið, líkt og aðrir vinnuveitendur, geti gripið til þess úrræðis að semja um starfslok við einstaka starfsmenn sína, einkum og sér í lagi þegar ekki er unnt að beita þeim sérstöku úrræðum sem almennt er kveðið á um í lögum og kjarasamningum, eða þegar upp koma aðstæður sem lög og kjarasamningar mæla ekki fyrir um hvernig brugðist skuli við. Á þetta við hvort heldur um ræðir ráðuneyti, stofnanir ríkisins eða hlutafélög.

Samkvæmt upplýsingum sem svar þetta byggist á er ástæða þess að gerður er starfslokasamningur oftast sú að verið er að leggja niður viðkomandi starf. Aðeins 58 af þeim 285 samningum sem gerðir hafa verið og getið er um í svari þessu eru komnir til af öðrum ástæðum. Vert er að nefna að þótt efndir starfslokasamninga feli í sér kostnað fyrir vinnuveitanda geta slíkir samningar verið hagfelldir í fjárhagslegu tilliti þegar til lengri tíma er litið.

4. *Hve margir starfslokasamningar hafa verið gerðir á fyrrgreindu tímabili sem enn hafa ekki komið til framkvæmda hjá einstökum ráðuneytum, stofnunum eða fyrirtækjum sem fela í sér sérkjör vegna starfsloka í ráðningarsamningum umfram hefðbundin starfslokakjör í starfsmannalögum?*

Aðeins einn þeirra samninga sem greinir að framan er ekki kominn til framkvæmda.

5. *Telur ráðherra rétt og mun hann beita sér fyrir því að settar verði lagareglur um starfslokasamninga eða leiðbeinandi samræmdar reglur þar að lútandi?*

Æskilegt er samningum um starfslok verði settar skorður, t.d. varðandi það hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að rétt sé að gera starfslokasamning við starfsmann og hvaða greiðslur og réttindi slíkir samningar geti kveðið á um. Á hinn bóginn er ljóst að það er nauð-

synlegt að til séu úrræði til að leysa úr vandamálum sem upp koma og að hæfilegt svigrúm þarf að gefast til að mæta aðstæðum hverju sinni.

Í fjármálaráðuneytinu liggja fyrir hugmyndir að ákveðnu verklagi varðandi gerð starfslokasamninga, þar sem m.a. kemur til álita að veitingarvaldshöfum verði gert að leita eftir leiðbeiningum ráðuneytisins áður en gengið er frá samningum um starfslok. Er það mál í athugun ráðuneytisins.

6. *Telur ráðherra réttlætanlegt að einstakar stjórnir fyrirtækja eða stofnana geti samið um sérkjör vegna starfsloka í ráðningarsamningi stjórnenda eða yfirmanna eða við starfslok þeirra, þar sem lengd starfslokasamnings og starfskjör er langt umfram það sem almennt gerist hjá hinu opinbera?*

Almennt verður að telja æskilegt að samræmi sé í þeim samningum sem gerðir eru um starfslok starfsmanna í þjónustu ríkisins, þ.e. starfsmanna sem falla undir gildissvið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Starfsmenn hlutafélaga og annars konar félaga einkaréttarlegs eðlis, sem eru í eigu ríkisins að einhverju eða öllu leyti, falla ekki undir gildissvið fyrrnefndra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Við gerð starfslokasamninga í slíkum tilvikum er eðlilegt að líta til þess sem tíðkast á markaði í viðkomandi starfsgrein og þeim hagsmunum sem í húfi eru í viðkomandi fyrirtæki.

833. Fyrirspurn [529. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um breytingu á reglugerð nr. 68/1996.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu háum fjárhæðum er áætlað að útgáfa læknisvottorða skili heilsugæslunni eða heilbrigðisstofnunum eftir breytingar á reglugerð nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi 1. janúar sl.?
2. Hvað er áætlað að tekjur heilsugæslulækna skerðist mikið við þessar breytingar og er ætlunin að bæta þeim tekjuskerðinguna með einhverju móti?
3. Hyggjast heilsugæslulæknar láta af störfum vegna breytinganna? Ef svo er, hve margir hyggjast hætta og hvernig ætlar ráðuneytið að bregðast við því?

834. Fyrirspurn [530. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver er staðan hvað varðar fyrirhugaðar framkvæmdir við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi?
2. Hvenær má vænta þess að starfsemi Ljósheima, öldrunardeildar sjúkrahússins, verði færð í annað húsnæði?

835. Fyrirspurn [531. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skiptingu stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Eru fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu hvað varðar skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á stofnkostnaði og kostnaði við meiri háttar viðhald heilbrigðisstofnana? Ef svo er, hvenær er þeirra að vænta?

836. Fyrirspurn [532. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi öldungadeilda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Við hve marga framhaldsskóla voru starfræktar öldungadeildir fyrir fimm árum? Hver hefur þróunin verið og hve margar eru slíkar deildir nú?
2. Hver er heildarfjöldi nemenda sem skráðir hafa verið í nám í öldungadeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?
3. Hver er þróun framlaga ríkisins á hvern innritaðan nemanda í öldungadeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?
4. Eru fyrirhugaðar aðgerðir til þess að styrkja nám í öldungadeildum sérstaklega? Ef svo er, hvenær er þeirra að vænta?

Skriflegt svar óskast.

837. Fyrirspurn [533. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur farið fram athugun á húsnæði framhaldsskólans í Vestmannaeyjum með tilliti til
   a. nemendafjölda skólans,
   b. viðhalds húsnæðisins,
   c. þarfar á viðbótarhúsnæði?
2. Ef svo er, hver var niðurstaða könnunarinnar, og ef úrbóta er þörf, hvaða áætlanir hafa verið gerðar til að mæta þeim?

Skriflegt svar óskast.

838. Fyrirspurn [534. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur foreldra með sameiginlegt forræði barna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru áform um að breyta lögum í þá veru að foreldrar, sem hafa sameiginlegt forræði yfir barni eða börnum sínum sem ekki eru með lögheimili hjá þeim, geti fengið hærri húsaleigubætur í samræmi við fjölda barna þeirra?

839. Fyrirspurn [535. mál]

til heilbrigðisráðherra um snemmskimun.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margar verðandi mæður hafa fengið snemmskimun á kvennadeild Landspítalans og FSA á undanförnum tveimur árum og hversu hátt hlutfall eru þær af verðandi mæðrum á hvorum stað? Á hvaða aldri voru þær?
2. Hvenær mun öllum verðandi mæðrum verða boðið upp á snemmskimun hér á landi? Verður slík skimun foreldrum að kostnaðarlausu?

840. Svar [464. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um meint óeðlileg innherjaviðskipti.

1. *Er ráðherra sammála Verðbréfaþingi Íslands um að ekki sé nauðsynlegt að aðhafast neitt varðandi kaup tíu stjórnenda Kaupþings hf. á hlutabréfum í Kaupþingi fyrir um 480 millj. kr. í tengslum við kaup fyrirtækisins á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon?*

Viðskiptaráðherra hefur ekki aðrar upplýsingar um þetta mál en fram hafa komið opinberlega og getur ekki á grunni þeirra metið hvort um innherjasvik hafi verið að ræða. Ástæða er til að árétta að Verðbréfaþing Íslands hf. er hlutafélag sem hefur ekki einkarétt til kauphallarstarfsemi.

2. *Hvaða rök lágu að baki því að Verðbréfaþing taldi ekki nauðsynlegt að gera athugasemdir við kaupin eða aðhafast neitt í málinu?*

Viðskiptaráðherra hefur ekki aðrar upplýsingar um aðgerðir Verðbréfaþings í máli þessu en fram hafa komið opinberlega og hefur ekki heimild til að krefjast frekari upplýsinga.

3. *Hvaða heimild hefur Verðbréfaþing Íslands til að láta fara fram sjálfstæða rannsókn þegar um meint óeðlileg fruminnherjaviðskipti er að ræða og hvaða úrræði hefur það þegar um slík tilvik er að ræða? Er eðlilegt að orð þeirra sem grunaðir eru um óeðlileg innherjaviðskipti séu forsenda þess að mál sé látið niður falla hjá Verðbréfaþingi?*

Í 11. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, er hlutverk kauphallar afmarkað. Eitt af hlutverkum kauphallar er að hafa eftirlit með því að útgefendur skráðra verðbréfa og kauphallaraðilar starfi eftir lögum, reglum og samþykktum sem um kauphöllina gilda.

Verðbréfaþing hefur fyrst og fremst eftirlit með reglum sínum sem útgefendur og kauphallaraðilar (þingaðilar) hafa með samningum skuldbundið sig til að fylgja. Í 9. gr. laga nr. 34/1998 segir þó að kauphöllum beri að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins verði þær þess áskynja að lög um kauphallir eða önnur lög sem um starfsemina gilda, reglugerðir settar samkvæmt þeim eða reglur sem settar hafa verið og gilda fyrir kauphöll eða tilboðsmarkað hafi verið brotnar. Í frumvarpi því sem síðar varð að kauphallarlögum segir í athugasemdum við 9. gr.: „Ljóst er að starfsmenn í kauphöll og/eða skipulegum tilboðsmörkuðum kunna oft í starfi sínu að fá vitneskju eða grun um að markaðsaðili hafi brotið gildandi lög um viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði. Á þeim aðilum, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, hvílir sú ótvíræða skylda að hafa vakandi auga með þeim viðskiptum sem þar fara fram. Hafi brot á reglum eða lögum verið framin fer það síðan eftir eðli og alvarleika brotsins hvort beitt verði viðurlögum á grundvelli þeirra ákvæða sem er að finna í frumvarpi þessu eða öðrum lögum, eftir því sem við getur átt. Jafnframt er rétt að í samþykktum og aðildarsamningum komi fram hvaða viðurlögum sé eðlilegt að beita til að knýja markaðsaðila til þess að fara eftir settum reglum ef þess gerist þörf. Einnig kann að vera að brot séu svo alvarleg að stjórn kauphallar ákveði að fella einhliða úr gildi aðildarsamning, sbr. heimild í 16. gr. frumvarpsins."

Í þeim tilvikum sem Verðbréfaþing telur ástæðu til að skoðað verði hvort lagaákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun hafi verið brotin óskar það iðulega eftir upplýsingum frá kauphallaraðilum um aðila viðskipta. Ávallt er t.d. skoðað mögulegt samhengi á milli stórtíðinda á borð við fyrirhugaðan samruna við annað félag og hugsanlegra undangenginna innherjaviðskipta. Að þessum upplýsingum fengnum metur þingið hvort ástæða sé til að senda málið formlega til Fjármálaeftirlitsins. Í þeim tilvikum sem slík mál eru ekki send Fjármálaeftirlitinu formlega er eftirlitinu þó oftast gerð grein fyrir því að álitaefnið hafi vaknað. Slík upplýsingagjöf fer þá fram í gegnum síma eða á reglulegum fundum þeirra aðila innan Verðbréfaþings og Fjármálaeftirlits sem sinna markaðseftirliti.

Vakin skal athygli á því að Verðbréfaþing hefur ekki heimildir til þess að krefjast gagna frá öðrum en kauphallaraðilum og útgefendum og takmarkar það möguleika Verðbréfaþings á rannsókn mála er tengjast viðskiptum innherja. Skv. 6. mgr. 63. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, getur Fjármálaeftirlitið hins vegar krafið einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar máls, enda hafi það rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun. Skv. 35. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða hefur Fjármálaeftirlitið sams konar heimildir vegna mála er tengjast yfirtökutilboðum og flöggun.

Fjármálaeftirlitið getur tekið mál til athugunar á verðbréfamarkaði að eigin frumkvæði. Að undanförnu hefur verið byggð upp markaðsvakt hjá Fjármálaeftirlitinu sem fylgist stöðugt með viðskiptum á markaði. Sakir nálægðar við markaðinn er Verðbréfaþingið hins vegar vel í stakk búið að fylgjast með einstökum viðskiptum og bregðast við ef grunsemdir vakna um að lög eða reglur á verðbréfamarkaði hafi verið brotin.

4. *Hversu mikið hefur gengi hlutabréfa í Kaupþingi breyst frá því að fyrrgreindir stjórnendur fyrirtækisins áttu viðskiptin og hversu mikið hafa þeir hagnast á kaupunum miðað við það?*

Þann 27. desember sl. birti Kaupþing hf. tilkynningu á Verðbréfaþingi Íslands þess efnis að 21. desember hefðu tíu stjórnendur hjá Kaupþingi keypt hlutabréf í félaginu að nafnvirði 3–8 millj. kr. hver á genginu 12,2. Gengi bréfa í Kaupþingi var 13,0 þann 12. febrúar, sem er 6,5% hækkun. Viðskiptaráðherra hefur ekki upplýsingar um skilmála samninganna sem Kaupþing gerði við starfsmenn sína og getur því ekki metið hvort viðkomandi starfsmenn hafi hagnast á kaupunum frá því að samningarnir voru gerðir.

5. *Er ástæða til að herða enn frekar á ákvæðum laga um innherjaviðskipti að mati ráðherra?*

Þróun skipulegs verðbréfamarkaðar hér á landi og aukin viðskipti með verðbréf hefur á undanförnum árum leitt til endurskoðunar á ákvæðum um innherjaviðskipti. Síðasta endurskoðunin var gerð með lögum nr. 163/2000, um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti þar sem tekin eru af öll tvímæli um að gáleysi sé nægileg forsenda refsinæmis í innherjaviðskiptum.

Við skoðun á því hvort um ólögleg innherjaviðskipti sé að ræða verður ávallt að meta hvort fruminnherji hafi búið yfir trúnaðarupplýsingum þegar viðskiptin áttu sér stað. Þær upplýsingar sem fram hafa komið opinberlega um viðskipti stjórnenda hjá Kaupþingi benda ekki til þess að ákvæði laga hindri rannsókn málsins og telur ráðherra því ekki að málið kalli á endurskoðun laga.

6. *Hversu mörg mál um meint óeðlileg innherjaviðskipti hafa Verðbréfaþing Íslands og Fjármálaeftirlitið tekið til athugunar á ári undanfarin þrjú ár og í hve mörgum tilvikum hefur málum verið vísað áfram til ríkislögreglustjóra vegna meintra brota á ákvæðum laga um innherjaviðskipti og fruminnherjaviðskipti? Svar óskast sundurgreint eftir atvinnugreinum.*

Verðbréfaþing hefur sent mál tengd átta félögum til Fjármálaeftirlitsins með formlegum hætti frá 1. janúar 1999. Í allnokkrum fleiri málum hefur athygli Fjármálaeftirlitsins verið vakin á málum með óformlegum hætti.

Á sama tíma hefur Fjármálaeftirlitið tekið ellefu mál um meint innherjasvik til formlegrar rannsóknar. Markaðsvakt Fjármálaeftirlitsins hefur einnig athugað fleiri innherjaviðskipti óformlega og án þess að leita formlega eftir gögnum frá þeim sem athugun beindist að. Af ellefu málum hefur þremur verið vísað áfram til ríkislögreglustjóra. Tvö mál eru enn í vinnslu Fjármálaeftirlitsins. Af útgefendum verðbréfa sem rannsókn hefur beinst að eru fjórir í framleiðslu, fjórir í verslun, tveir í fjármálaþjónustu og einn í sjávarútvegi.

841. Fyrirspurn [536. mál]

til iðnaðarráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

842. Fyrirspurn [537. mál]

til forsætisráðherra um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

843. Tillaga til þingsályktunar [538. mál]

um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.
b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.
c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.
d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo

og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera þeim kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt 7. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 106/1999, skal iðnaðarráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir hvert fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Byggðaáætlun skal unnin í samvinnu við Byggðastofnun og við gerð hennar skal iðnaðarráðherra hafa samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Með erindisbréfi, dags. 13. júní 2001, skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra sex manna verkefnisstjórn, auk þriggja starfshópa, til að vinna að undirbúningi og gerð tillögu um fjögurra ára byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005. Í skipunarbréfi verkefnisstjórnar segir: „Fjallað verði um tengingu byggðaáætlunar við aðra áætlanagerð á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Jafnframt verði sérstaklega fjallað um aðkomu sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga að byggðaáætlun. Þá verði fjallað um aðgerðir sem geti orðið til þess að bæta almenn skilyrði til búsetu á landsbyggðinni. Í vinnu sinni skal verkefnisstjórnin og starfshóparnir taka mið af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, megináherslum ráðherra byggðamála 2001–2003, þeirri reynslu sem fengist hefur við framkvæmd gildandi byggðaáætlunar og reynslu annarra þjóða.“

Í verkefnisstjórn áttu sæti:

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, formaður.
Björg Ágústsdóttir sveitarstjóri.
Finnbogi Jónsson verkfræðingur.
Guðjón Guðmundsson alþingismaður.
Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður.
Sigfús Jónsson ráðgjafi.

Starfshópunum þremur var falið að undirbúa sérstakar tillögur á sviði alþjóðasamskipta, atvinnumála og fjarskipta- og upplýsingatækni.

Í starfshópi um alþjóðasamvinnu áttu sæti:

Elísabet Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri Þróunarstofu Austurlands, formaður.
Andrés Magnússon, forstöðumaður Impru.
Ingunn H. Bjarnadóttir, starfsmaður Byggðastofnunar.
Margrét María Sigurðardóttir lögfræðingur.
Orri Hlöðversson, framkvæmdastjóri Fjárvaka.

Í starfshópi um atvinnumál áttu sæti:

Ingi Björnsson, útibússtjóri Íslandsbanka, formaður.
Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri.
Daníel Árnason framkvæmdastjóri.
Guðmundur Guðmundsson, starfsmaður Byggðastofnunar.
Róbert Jónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.
Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Í starfshópi um upplýsinga- og fjarskiptamál áttu sæti:
Ingvar Kristinsson, Gopro Landsteinum Group hf., formaður.
Dagný Sveinbjörnsdóttir, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.
Helga Waage, OZ hf.
Stefán Jóhannesson, Þekkingu hf.
Sveinn Þorgrímsson iðnaðarráðuneyti.
Sæmundur Þorsteinsson, Landssímanum hf.
Þórarinn Sólmundsson, starfsmaður Byggðastofnunar.

Starfsmaður verkefnisstjórnar og starfshópanna var Jón Kalmansson. Enn fremur starfaði Halldór Árnason framkvæmdastjóri með atvinnumálahópnum.

Verkefnisstjórn hélt alls 15 fundi. Hún hélt fundi með starfshópunum og auk þess tvo fundi með formönnum þeirra, hinn síðari 26. október, er starfshóparnir luku störfum og skiluðu tillögum sínum til verkefnisstjórnar. Enn fremur fékk hún aðra aðila á sinn fund, m.a. Hallgeir Aalbu, forstjóra norrænu byggðamálastofnunarinnar (Nordregio). Þá fékk verkefnisstjórnin nokkra sérfróða aðila til að vinna greinargerðir og tillögur á tilteknum sviðum.

Starfshóparnir fengu til fundar við sig ýmsa sérfróða aðila. Þá efndi atvinnumálahópurinn til tveggja svokallaðra hugarflugsfunda, til fyrri fundarins með fólki víða að af landinu og til hins síðari með ungu fólki frá ýmsum stöðum á landinu, þar sem leitað var eftir framtíðarsýn þátttakenda til þróunar þjóðfélagsins og hugmyndum um hvernig stefna stjórnvalda í byggðamálum geti tekið mið af þeirri þróun. Alls tóku hátt í þrjátíu manns þátt í þessum fundum.

Í vinnu við mótun tillagna sinna naut verkefnisstjórnin aðstoðar og ráðgjafar ýmissa aðila, m.a. formanna starfshópanna og starfsmanna Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga. Verkefnisstjórnin skilaði tillögum sínum til iðnaðarráðherra í byrjun janúar. Í framhaldi af því voru tillögurnar teknar til umfjöllunar í ríkisstjórn og þá átti iðnaðarráðherra fundi með einstökum ráðherrum þar sem farið var yfir tillögur verkefnisstjórnarinnar. Eftir þá yfirferð voru gerðar nokkrar breytingar og viðbætur við tillögur verkefnisstjórnarinnar.

I.

Lagt er til að aðgerðir sem beitt verður til að ná fram meginmarkmiðum áætlunarinnar byggist á eftirtöldum fimm meginstoðum:

1. Traust og fjölbreytt atvinnulíf.

Starfsskilyrði atvinnuveganna eru nokkuð mismunandi eftir byggðarlögum og landshlutum. Mikilvægt er að byggðarlögum og fyrirtækjum á landsbyggðinni sé sköpuð aðstaða til að nýta atvinnukosti sína sem best, að starfsskilyrði fyrirtækja séu sem jöfnust og að til sé öflugt stuðningskerfi fyrir fyrirtæki og fólk sem vill byggja upp atvinnurekstur. Stuðla þarf að fjölbreytni í atvinnulífi með aukinni þekkingu og nýsköpun í hefðbundnum greinum og nýjum atvinnugreinum og með því móti fjölga sérhæfðum störfum. Þá er nauðsynlegt að stefna stjórnvalda í atvinnugreinum sem eru þýðingarmiklar á landsbyggðinni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, dragi ekki úr nýliðun, frumkvæði og fjárfestingum í fámennum byggðarlögum þar sem fárra annarra atvinnukosta er völ.

2. Öflug byggðarlög.

Byggðarlögin og sveitarfélögin marka umgjörðina um daglegt líf og athafnir fólks og eru vettvangur íbúanna til samstarfs og sameiginlegra ákvarðana um staðbundna uppbyggingu, samfélagsþjónustu og önnur hagsmunamál. Kröfur fólks til heimabyggðar sinnar eru sífellt

að aukast hvað varðar atvinnukosti, samgöngur, fjölbreytni í þjónustu, menningu, afþreyingu o.fl. Æ vandasamara er fyrir byggðarlög á landsbyggðinni að uppfylla þær kröfur sem fólk gerir nú á tímum. Því er mikilvægt að treysta þær meginstoðir samfélagsins sem eru byggðarlögin og sveitarfélögin sem fólkið býr í og tryggja þeim tekjur til að standa undir nauðsynlegum verkefnum. Staða atvinnulífs og fjölbreytni þjónustu í einstökum byggðarlögum, ásamt framtíðarhorfum, hafa afgerandi áhrif á það hvar fólk kýs að búa.

3. Aukin þekking og hæfni.

Aukin þekking og hæfni fólks á ýmsum sviðum er undirstaða þess að byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni geti eflst og dafnað. Kröfur atvinnulífsins um menntun og þekkingu starfsfólks eru sífellt að aukast, svo og kröfur til atvinnurekenda. Menntun íbúa á landsbyggðinni er almennt lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að draga úr þessum mismun með fjölgun starfa og auknum viðskiptatækifærum fyrir sérhæft og menntað fólk, jafnframt því að vinna markvisst að eflingu menntunar á landsbyggðinni. Meginmarkmið menntakerfisins er að börn og ungmenni hvar sem er á landinu hafi sambærilega möguleika til menntunar og þroska, og að fólk búi ekki við lakari menntunarskilyrði vegna búsetu.

4. Bættar samgöngur.

Góðar samgöngur eru algjör nauðsyn fyrir fólk og fyrirtæki og grundvöllur traustrar byggðar í landinu. Fólk sættir sig almennt ekki lengur við að búa í byggðarlögum þar sem ekki eru greiðar og öruggar samgöngur og nútímalegur atvinnurekstur þrífst ekki án góðra samgangna. Lögð hefur verið fram tólf ára samgönguáætlun um áframhaldandi uppbyggingu samgöngukerfisins. Til að stuðla að góðum búsetuskilyrðum og starfsskilyrðum atvinnulífs á landsbyggðinni er lögð áhersla á áframhaldandi uppbyggingu vegakerfisins og að jarðgangagerð verði hraðað, m.a. með því að taka upp vegtolla í meira mæli en verið hefur. Þá þarf að leggja sérstaka áherslu á uppbyggingu vega að fjölsóttum ferðamannastöðum og innan þjóðgarða og friðlýstra svæða.

5. Áhersla á sjálfbæra þróun.

Byggðin, atvinnulífið og náttúra eru ekki andstæður heldur samverkandi þættir. Sjálfbær þróun miðar að því að samþætta efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg markmið. Markmið sjálfbærrar þróunar og byggðastefnu eru mörg þau sömu. Lögð er áhersla á að opinberar aðgerðir sem ætlað er að efla atvinnulíf og að treysta byggð í landinu stuðli jafnframt að sjálfbærri þróun samfélagsins.

Lagt er til að ný byggðastefna taki til tólf stefnumarkandi áherslusviða sem myndi megininntak hennar. Auk þess eru nokkrir málaflokkar sem miklu máli skipta fyrir byggðaþróun í landinu en eru á ábyrgð einstakra fagráðuneyta og bundnir stefnumörkun og áætlanagerð á þeirra vegum sem ekki þykir ástæða til að taka sérstaklega upp í stefnumótandi byggðaáætlun að þessu sinni. Það eru heilbrigðismál, húsnæðismál og orkumál.

II.

Lagt er til að í stefnumótandi áætlun um byggðamál fyrir árin 2002–2005 verði eftirfarandi tólf stefnumarkandi áherslusvið:

- Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.
- Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum.
- Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs.
- Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu.

- Efling sveitarfélaga.
- Búsetuskilyrði.
- Starfsskilyrði atvinnuveganna.
- Mikilvægi menningar.
- Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.
- Bættar samgöngur.
- Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.
- Aukið alþjóðlegt samstarf.

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi.

Sóknarfæri landsbyggðarinnar í atvinnumálum virðast liggja helst á eftirfarandi sviðum: ferðaþjónusta, fiskeldi, líftækni, menningarstarfsemi, mennta- og rannsóknastofnanir, nýjar búgreinar, opinber þjónusta og orkufrekur iðnaður. Mikilvægt er að sköpuð verði góð starfsskilyrði og stutt eftir megni við uppbyggingu þessara greina svo að fyrirtæki og fólk í atvinnurekstri geti nýtt vel þessi sóknarfæri og aðra möguleika sem kunna að skapast.

- *Ferðaþjónusta.* Þjónusta við ferðamenn er vaxandi atvinnugrein. Hún hefur byggst á tveimur meginstoðum, íslenskri náttúru og menningu, svo og mikilli þekkingu atvinnurekenda og starfsfólks í ferðaþjónustu. Bylting í vegasamgöngum, bætt gisti- og veitingaþjónusta, fjölgun sumarhúsa (sem mörg eru nýtt allt árið) og aukið framboð á hvers kyns afþreyingu og menningarstarfsemi eru þættir sem hafa stutt þessa þróun, auk bættra lífskjara í Evrópu og Norður-Ameríku, þaðan sem flestir erlendir ferðamenn koma. Uppbygging greinarinnar á landsbyggðinni hefur takmarkast nokkuð af því hversu árstíðabundin hún er og rekstrarerfiðleikar hafa hrjáð sum fyrirtæki í greininni. Þrátt fyrir þetta eru miklir vaxtarmöguleikar í ferðaþjónustu sem nýta þarf sem best. Búist er við verulegri aukningu erlendra ferðamanna hingað til lands á næstu árum, auk þess sem ferðir Íslendinga innan lands aukast stöðugt. Lykillinn að velgengni í ferðaþjónustu er aukin menntun og stöðug þjálfun þeirra sem starfa í greininni. Við stefnumótun í ferðaþjónustu þarf að leggja áherslu á sérkenni hvers landshluta og skipuleggja vaxtarsvæði.
- *Fiskeldi* í heiminum hefur vaxið um 10% á ári síðustu árin á meðan veiddur afli úr sjó og ferskvatni hefur staðið í stað. Árið 1999 var þriðjungur alls fisks í heiminum sem ætlaður var til manneldis eldisfiskur. Fyrirsjáanlegt er að eftirspurn eftir sjávarafurðum muni aukast í framtíðinni og þeirri eftirspurn verður aðeins svarað með auknu fiskeldi. Ef svo heldur fram sem horfir mun meiri hluti fisks til manneldis koma frá fiskeldi fyrir árið 2030. Íslendingar hafa mikla möguleika á því að taka þátt í þessari þróun vegna sterkrar stöðu á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir, víðtækrar þekkingar á framleiðslu fiskafurða og ágætra skilyrða til fiskeldis hér á landi. Mikil sóknarfæri eru til þess að byggja upp margs konar fiskeldi víða um land vegna hagstæðra náttúrulegra skilyrða og vegna þess að fiskeldi fellur mjög vel að atvinnuumhverfi í dreifbýli. Fiskeldi er því atvinnugrein hinna dreifðu byggða. Jafnframt krefst þessi atvinnuvegur þekkingar, rannsókna, markaðsstarfs, fjármagns og alþjóðlegs samstarfs sem verður til þess að fjölga sérhæfðum störfum á landsbyggðinni.
- *Líftækni.* Notkun lífvera og aðferða sem hafa þróast með líffræðilegum rannsóknum hafa lengi tíðkast í iðnaði. Má þar nefna brauðgerð, ostagerð og víngerð. Líftækni hefur hins vegar þróast mjög ört undanfarin ár og verið hagnýtt í auknum mæli, m.a. við lyfjagerð, nýtingu á lífrænum úrgangi úr landbúnaði, sjávarútvegi og fiskeldi og hitakærum örverum, svo og í þekkingargreinum eins og erfðafræði. Spáð er mjög örum vexti líftæknifyrirtækja í heiminum á næstu árum. Hagnýting líftækni byggist á sérhæfðri þekkingu

þess fólks sem við hana starfar og krefst þar að auki mikils fjármagns og rannsókna. Líftæknifyrirtæki hafa vaxið ört á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Telja verður að nokkrir möguleikar séu til uppbyggingar líftæknifyrirtækja á landsbyggðinni en til þess að svo megi verða þarf öflugar rannsóknir, öfluga fjárfesta og vel menntað starfsfólk.

- *Menningarstarfsemi.* Þróun í þessum atvinnuvegi er ör, störfum fjölgar og velta hans eykst. Hlutur fjölmiðlunar og menningar í landsframleiðslu er yfir 2% og ársverk á bilinu 3.500–4.000. Undanfarin ár hefur íslensk menning notið vaxandi athygli á alþjóðlegum vettvangi og á það jafnt við um dægurmenningu, svo sem kvikmyndir og popptónlist, miðaldamenningu okkar, svo sem sagnahefðina, og íslenskar nútímabókmenntir og samtímalist. Á landsbyggðinni er að finna menningarminjar og sögulega arfleifð sem á komandi áratugum verður að varðveita, rannsaka og kynna, þannig að úr verði menningarverðmæti. Í menningararfinum felast því mikil tækifæri til atvinnu- og listsköpunar, sem skipa munu æ stærri sess á komandi árum, ekki síst með hliðsjón af menningartengdri ferðaþjónustu og útflutningi íslenskrar menningar. Mikilvægt er í þessu sambandi að efla kennslu í listgreinum á landsbyggðinni og byggja upp góða aðstöðu fyrir listsýningar og listviðburði, svo og að efla starfsemi þeirra safna sem fyrir eru.
- *Mennta- og rannsóknastofnanir.* Uppbygging menntastofnana á framhaldsskóla- og háskólastigi er þýðingarmikill hluti byggðastefnu stjórnvalda. Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu framhaldsskóla í landinu og miða við að sem flest ungmenni geti sótt skóla daglega frá heimili sínu, a.m.k. til 18 ára aldurs. Einnig er mikilvægt að nýta tækifæri til að byggja upp menntastofnanir sem þjóna öllu landinu á þéttbýlissvæðum, t.d. Akureyri. Með samþykkt nýrra laga um búnaðarfræðslu árið 1999 og stofnun landbúnaðarháskóla á Hvanneyri var stigið mikilvægt skref til eflingar búnaðarmenntunar og rannsókna og fræðastarfa á sviði landbúnaðar. Brýnt er að efla starf landbúnaðarháskólans, m.a. með samstarfsverkefnum við erlendar systurstofnanir og innlenda háskóla. Skoða þarf ýmis rekstrarform minni skóla á háskólastigi á landsbyggðinni til þess að tryggja betur möguleika þeirra til að vaxa í nýju starfsumhverfi og ráða starfsfólk á breyttum forsendum. Starfsemi þeirra byggist orðið mikið á öðrum verkefnum en hefðbundinni kennslu, m.a. námskeiðum, símenntun, fjarkennslu, þátttöku í Evrópuverkefnum, rannsóknar- og þróunarstarfi í samstarfi við atvinnulífið, ráðgjöf og sölu á sérfræðiþekkingu.
- *Nýjar búgreinar.* Vaxtarmöguleikar í hefðbundnum búgreinum eru takmarkaðir og innan þeirra er frekari hagræðing og fækkun starfa fyrirsjáanleg. Ýmsir möguleikar hafa komið fram á síðustu árum í nýjum búgreinum sem stunda má á bújörðum þótt hefðbundinni framleiðslu sé hætt eða stunda til hliðar við hefðbundna framleiðslu. Má þar nefna ferðaþjónustu, raforkuframleiðslu, skógrækt, lífræna framleiðslu, loðdýrarækt, smáiðnað og bleikjueldi. Þessar greinar geta einnig hentað sem stuðningsgreinar við hefðbundna framleiðslu, svo sem sauðfjárrækt og hrossarækt, sem að stórum hluta eru nú stundaðar jafnframt annarri atvinnu. Hagnýting þessara atvinnukosta krefst bæði þekkingar og fjármagns og er mikilvægt að bændur verði áfram studdir til að hasla sér völl í nýjum greinum.
- *Opinber þjónusta.* Í mörgum nágrannalöndum hefur verið tekið tillit til byggðasjónarmiða við uppbyggingu opinberrar þjónustu. Þannig hefur stofnunum sem þjóna öllu landinu verið valinn staður annars staðar en í höfuðborginni. Þessari aðferð þarf að beita hér á landi í meira mæli en gert hefur verið. Í því sambandi skyldi fyrst og fremst horft til helstu byggðakjarna á landsbyggðinni. Þetta má gera t.d. með eflingu þeirra stofnana sem fyrir eru og í tengslum við endurskipulagningu stofnana, við stofnun nýrra stofnana, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja og hugsanlega með flutningi

stofnana. Lögð er áhersla á að störfum og verkefnum í opinberri þjónustu verði fjölgað utan höfuðborgarsvæðisins með markvissu átaki næstu árin og að við hagræðingaraðgerðir í opinberum rekstri, sem m.a. leiða til fækkunar starfa í útibúum og svæðisskrifstofum, verði þess gætt að byggja þar í staðinn upp starfsemi sem þjónar öllu landinu.
- *Orkufrekur iðnaður.* Landið er auðugt af orkulindum og býr því yfir ýmsum tækifærum til frekari uppbyggingar orkufreks iðnaðar. Almennt er góð reynsla af þeim orkufreka iðnaði sem nú þegar er í landinu. Frekari uppbygging orkufreks iðnaðar er mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Ýmis áform eru uppi um verkefni á þessu sviði, t.d. um byggingu álvers og virkjana á Austurlandi og stækkun álvers á Grundartanga og í Straumsvík. Þá er á vegum iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar í samvinnu við heimamenn unnið að athugun á stóriðjukostum á Norðausturlandi. Vinna verður áfram að uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu í samræmi við meginhugmyndir um sjálfbæra þróun.

2. Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum.

Innleiða þarf nýja hugsun í byggðaþróunarstarfi um allt land. Til þess að þróunarstarf sé árangursríkt þarf það að tengja saman sem flesta þætti samfélagsins, svo sem atvinnulíf, menntun og þekkingu, samfélagslega þjónustu, fjarskipti, orkumál og samgöngur. Þá er mikilvægt að forustuhlutverk í þróunarstarfi sé í höndum heimamanna á hverju svæði, en að jafnframt sé til staðar á landsvísu aðili sem vinnur að samræmingu, veitir faglegan stuðning, hefur forustu um alþjóðlegt samstarf í byggðamálum og skipuleggur fjármögnun starfseminnar af hálfu ríkisins.

Einnig má benda á að margbrotið stoðkerfi atvinnulífsins, sem hefur verið nokkuð fastbundið atvinnugreinum, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu, og rígbundin verkaskipting milli ráðuneyta hefur hamlað viðleitni hins opinbera til að styðja nýsköpun í atvinnulífinu. Atvinnugreinar eins og líftækni, hugbúnaðargerð, fiskeldi og ferðaþjónusta falla ekki vel að þessari skiptingu milli ráðuneyta. Í mörgum nágrannalöndunum er þessi skipting milli atvinnugreina að hverfa í stuðningskerfum hins opinbera. Má í því sambandi benda á Noreg, Skotland, Írland og Nýfundnaland.

Nauðsynlegt er að endurskipuleggja allt þróunarstarf á landsbyggðinni með það að markmiði að gera það skilvirkara, þ.e. að þeir fjármunir sem til þess fara verði nýttir betur og að árangur hvað nýsköpun í atvinnulífinu varðar aukist. Í því sambandi verði haft að leiðarljósi að sameina krafta opinberra aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Áhersla verði lögð á að örva frumkvæði og þróun nýrra viðskiptahugmynda er geti orðið til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Sérstök áhersla verði lögð á ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft.

Lögð er áhersla á að árangur af starfsemi þessari byggist á því að tryggt verði nægilegt fjármagn til þess að á vegum hennar verði staðið fyrir og unnið að margvíslegum samstarfsverkefnum í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla, svæðisbundin félög og aðra.

3. Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs.

Opinberir sjóðir sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til uppbyggingar atvinnulífs á landsbyggðinni eru Byggðastofnun, Ferðamálasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður landbúnaðarins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, auk þess sem átak til atvinnusköpunar í iðnaðarráðuneytinu er af hliðstæðum toga. Fjárhagslegur styrkur hvers og eins er ekki nægur og sumir þeirra eru of bundnir atvinnugreinum. Mikilvægt er að Byggða-

stofnun hafi forustu um að auka samvinnu og samstarf opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

4. Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu.

Stefnumörkun hins opinbera í málefnum atvinnugreina hefur töluverð áhrif á byggðaþróun í landinu, einkum í sjávarútvegi, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Við þá stefnumörkun þarf sérstaklega að taka tillit til fámennra byggða sem eiga í vök að verjast og byggja afkomu sína á útgerð smábáta eða sauðfjárrækt.

a. *Landbúnaður.* Stjórn landbúnaðarmála í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu byggist í meginatriðum á samningum til nokkurra ára í senn milli ríkisins og bænda um stuðning ríkisins við framleiðslu tiltekins magns afurða fyrir innlendan markað. Framleiðsla umfram það er að mestu flutt úr landi á ábyrgð bænda sjálfra. Stefnumörkun í málefnum þessara greina er einnig fólgin í samningi ríkisins og samtaka bænda um framlög ríkisins samkvæmt búnaðarlögum til leiðbeiningarstarfsemi og þróunarverkefna á sviði jarðabóta og búfjárræktar og til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna atvinnuuppbyggingar í sveitum og verkefna sem stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum landbúnaði. Stuðningur ríkisins samkvæmt framangreindum samningum mun í framtíðinni í auknum mæli mótast af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og skilgreiningu þeirra á fyrirkomulagi styrkja. Vegna framleiðslutakmarkana í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt og lágs verðs fyrir framleiðslu umfram kvóta hafa margir bændur ekki séð sér hag í því að fullnýta framleiðslugetu búa sinna. Í mjólkurframleiðslu hefur framseljanlegur framleiðsluréttur þó leitt til þess að einingarnar hafa stækkað og hagræðing aukist.

   Slíkan hvata til hagræðingar hefur vantað í sauðfjárframleiðslunni. Þegar sauðfjárgreiðslumark verður framseljanlegt, væntanlega í lok ársins 2002, er líklegt að sauðfjárrækt eflist í þeim héruðum þar sem landkostir henta best til slíkrar framleiðslu.

b. *Sjávarútvegur* er langmikilvægasta atvinnugrein landsbyggðarinnar. Samkvæmt lögum beinist stjórn fiskveiða í meginatriðum að þremur markmiðum, þ.e. að vernda fiskistofnana, að stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Brýnt er fyrir útgerðarfyrirtækin og útgerðarstaðina að stöðugleiki ríki í stjórn fiskveiða og ekki sé sífellt verið að breyta lögum og reglum. Huga þarf að stöðu nokkurra fámennra byggðarlaga sem eru háð útgerð smábáta og viðkvæm eru fyrir áhrifum af flutningi aflamarks milli byggðarlaga. Við endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða er mikilvægt að tryggja þessum byggðarlögum áfram aðgang að aflamarki sem hefur verið til ráðstöfunar fyrir staðbundna útgerð og fiskvinnslu. Slíkt aflamark á að vera tímabundið, óframseljanlegt og endurnýjun þess þarf að tengjast frammistöðu. Auk þess er áríðandi að reglur um takmarkanir á stærð smábáta verði rýmkaðar til að tryggja betur öryggi og rekstrargrundvöll þeirra.

5. Efling sveitarfélaga.

Ein árangursríkasta leiðin til að efla byggðarlögin í landinu er að styrkja sveitarstjórnarstigið þannig að sveitarfélögin verði öflugar stjórnsýslueiningar, að verkaskipting þeirra og ríkisins verði skýr og að þeim verði tryggðar tekjur til að standa undir verkefnum sem þeim eru falin að lögum.

a. *Stækkun sveitarfélaga.* Til að treysta sjálfsforræði byggðarlaga, gera stjórnsýslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði er nauðsynlegt að stækka sveitarfélögin. Lagt er til að ríkisvaldið vinni að þessu markmiði í samstarfi við Sam-

band íslenskra sveitarfélaga á næstu árum og í því sambandi hækka lágmarksíbúatölu þeirra lögum samkvæmt.

b. *Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.* Þýðingarmikið er að verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé skýr þannig að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð hjá hvoru stjórnsýslustigi um sig. Einkum er mikilvægt að breyta verkaskiptingunni á þann veg að framhaldsskólar, heilbrigðisþjónusta, heilbrigðiseftirlit og framhaldsnám við tónlistarskóla verði verkefni ríkisins. Þá er mikilvægt að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í öldrunarmálum, hafnamálum, menningarmálum og ferðamálum skýrari en nú er. Lagt er til að ríkisvaldið vinni að þessum breytingum í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

c. *Tekjur sveitarfélaga.* Tekjustofnakerfi sveitarfélaga er stöðugum breytingum háð. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögunum tekjustofna til að standa undir verkefnum sem þeim eru falin að lögum og að þeir skerði ekki sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórna. Þá er lögð áhersla á að þegar lögum er breytt á Alþingi, eða ný lög sett, sem hafa bein eða óbein áhrif á tekjur sveitarfélaga sé þess gætt að sveitarfélögin verði ekki fyrir tekjumissi og þeim séu tryggðar tekjur til að standa undir verkefnum og skyldum. Einnig er þýðingarmikið að reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sveitarfélaga verði rýmkaðar, bæði vegna kaupa á búnaði og vegna aðkeyptrar þjónustu. Núverandi reglur skerða möguleika sveitarfélaga til hagræðingar í rekstri og til endurnýjunar á búnaði.

d. *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.* Í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er árlega ráðstafað til sveitarfélaganna u.þ.b. 7 milljörðum kr. vegna margvíslegra jöfnunargreiðslna. Mikilvægt er að reglur um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga séu þannig að framlög úr sjóðnum séu fyrst og fremst til tekjujöfnunar sveitarfélaga og til að styðja sveitarfélög þar sem kostnaður við að veita lögbundna þjónustu er hár, svo sem vegna fámennis, mjög dreifðrar byggðar eða óhagstæðrar aldurssamsetningar íbúanna. Í því sambandi þarf að taka mið af eftirfarandi sjónarmiðum:
   - Reglur sjóðsins byggist í eins miklum mæli og kostur er á almennum viðmiðunum og framlög verði í minna mæli háð því hvernig verkefni eru framkvæmd.
   - Reglur sjóðsins virki ekki letjandi á stækkun sveitarfélaga.

e. *Lánasjóður sveitarfélaga* hefur gegnt sérstöku hlutverki og fjármagnað uppbyggingu þýðingarmikilla mannvirkja í sveitarfélögum um allt land síðustu 30–40 árin. Sjóðurinn er fjárhagslega sterkur. Mikilvægt er að sjóðurinn nýtist áfram til að efla uppbyggingu í sveitarfélögum í landinu.

6. Búsetuskilyrði.

Þótt almennt sé nokkur munur í búsetuskilyrðum fólks milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar er líka töluverður munur á byggðarlögum á landsbyggðinni. Þessi mismunur kemur m.a. fram hjá íbúunum í lægra kaup- og söluverði húsnæðis, hærri flutningsgjöldum, hærra vöruverði, meiri kostnaði við menntun barna, sums staðar hærri húshitunarkostnaði og oft minni möguleikum á áhugaverðum störfum.

Ýmsar greiðslur og styrkir til fólks og sveitarfélaga sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu snerta hagsmuni og sjónarmið margra ólíkra hópa. Má þar nefna samtök atvinnurekenda og launafólks, samtök sveitarfélaga, flutningafyrirtæki, orkufyrirtæki og skattyfirvöld. Nauðsynlegt er því að fram fari heildarathugun á opinberum aðgerðum sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu að höfðu samráði við alla þá aðila sem málið snertir. Brýnt er að í tengslum við lagasetningu Alþingis sé jafnan hugað að búsetuáhrifum.

7. Starfsskilyrði atvinnuveganna.

Almennt eru starfsskilyrði atvinnuvega, annarra en landbúnaðar og sjávarútvegs, nokkru lakari á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Má þar nefna að rekstrareiningar eru yfirleitt minni, svo og hagnaður fyrirtækja, framboð á sérhæfðu og menntuðu starfsfólki minna og markaður í heimabyggð oft mjög smár. Fyrirtæki á landsbyggðinni þurfa að greiða hærri flutningskostnað, mismunandi eftir því hvar á landinu þau eru staðsett, bæði á aðföngum og afurðum. Í því sambandi hefur álagning þungaskatts nokkur áhrif. Í mörgum tilvikum þurfa fyrirtæki á landsbyggðinni að greiða hærra orkuverð en á höfuðborgarsvæðinu. Þá er veðhæfni atvinnuhúsnæðis almennt minni á landsbyggðinni og þar af leiðandi verður fjármagnskostnaður fyrirtækja hærri en á þar.

Kanna verður áhrif þungaskatts, tryggingagjalds og virðisaukaskatts á starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni og hvaða leiðir eru færar til að draga úr þeim mun sem virðist vera á stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu hvað þetta varðar. Athugað verði sérstaklega hvaða takmarkanir á hugsanlegum aðgerðum felast í EES-samningnum.

8. Mikilvægi menningar.

Menning er allt það sem mennirnir taka sér fyrir hendur og skapa, sem einstaklingar og í samfélaginu, einkum í því skyni að gera líf sitt betra, fegurra og tilgangsríkara. Með menningu er einnig átt við sögulegan arf í formi bókmennta, fornleifa eða menningarminja, og siða og lífshátta. Þá er menning einnig tengd ýmiss konar starfsemi og atvinnurekstri, svo sem söfnum, leikhúsum og nú í vaxandi mæli menningartengdri ferðaþjónustu. Stjórnvöld hafa hlutverki að gegna á öllum þessum sviðum, m.a. með því að stuðla að varðveislu og miðlun menningararfsins, og að örva menningartengdar rannsóknir og atvinnustarfsemi. Lögð er áhersla á að stjórnvöld stuðli að uppbyggingu menningartengdrar starfsemi á landsbyggðinni með því að efla stofnanir sem sinna vörslu, rannsóknum og kynningu á menningarminjum og sögu. Jafnframt þarf að horfa sérstaklega til menningartengdrar ferðamennsku í stuðningi stjórnvalda við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu. Hér má hafa í huga að Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að árið 2002 verði helgað varðveislu menningarverðmæta. Skýrsla um menningartengda ferðaþjónustu sem unnin var á vegum samgönguráðuneytisins verður lögð til grundvallar sérstakri aðgerðaáætlun í menningartengdri ferðaþjónustu.

Víða um land eru minjar um búsetu og menningarsögu sem hafa menningarlegt gildi fyrir þjóðina og eru þýðingarmiklar fyrir ferðaþjónustuna. Má þar nefna gömul hús, hleðslur, varir, sjóvarnagarða, götur og önnur mannvirki. Leggja þarf áherslu á varðveislu þessara minja, fræðslu um þær og gott aðgengi fyrir fólk.

9. Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland.

Byggðakjarni við Eyjafjörð með a.m.k. 40–50 þús. manns mundi bæta umtalsvert búsetuskilyrði í nærliggjandi héruðum á Norðurlandi og Austurlandi á svipaðan hátt og bæir af þessari stærð gera, t.d. Tromsö í Noregi, Rovaniemi í Finnlandi, Inverness í Skotlandi og Corner Brook á Nýfundnalandi. Ef svo öflugur þéttbýlisstaður er innan t.d. 2–3 klst. akstursfjarlægðar fá íbúar á grannsvæðum betri aðgang að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með batna búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batna líka vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst.

Sérstök tillaga er gerð um eflingu Eyjafjarðarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu, atvinnulífið, samtök launafólks og fleiri aðila. Framlag ríkisvaldsins verði efling Akureyrar sem skólabæjar á framhaldsskóla- og háskólastigi, flutningur starfa og verkefna

í opinberri þjónustu til Akureyrar, m.a. á sviði sjávarútvegs, og stuðningur við eflingu ferðaþjónustu og þekkingarstarfsemi á svæðinu.

10. Bættar samgöngur.

Árið 1999 ákvað samgönguráðherra að unnið skyldi að gerð samgönguáætlunar sem tekur yfir flugmálaáætlun, hafnaáætlun, vegáætlun og langtímaáætlun í vegagerð. Hefur sérstakur stýrihópur unnið að þessu verkefni. Frumvarp til laga um samgönguáætlunin var nýlega lagt fram í ríkisstjórn og áformað er að leggja fram þingsályktunartillögu um áætlun í samgöngumálum þjóðarinnar til tólf ára. Samgönguáætlunin verður annars vegar stefnumarkandi yfirlýsing og hins vegar útfærsla stefnunnar með ráðstöfun fjármuna til framkvæmda og aðgerða.

Til að treysta búsetu og efla atvinnulíf á landsbyggðinni er lögð áhersla á greiðar samgöngur. Tengja verður alla þéttbýliskjarna og fjölsótta ferðamannastaði meginsamgöngukerfinu. Ýmsar mikilvægar samgöngubætur þola ekki 10–15 ára bið eftir að röðin komi að þeim á vegáætlun. Mörg dæmi eru um það í byggðasögu landsins að samgöngubætur hafi komið of seint og því í raun verið sóun á fjármunum. Mikil verðmæti eru fólgin í því að samgöngubætur séu gerðar í tíma og því geta þeir sem njóta þeirra greitt hóflegt gjald í formi vegtolla. Sem dæmi um göng þar sem vegtollar gætu staðið undir nokkrum hluta fjárfestingar má nefna jarðgöng undir Vaðlaheiði og Almannaskarð og ný göng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar.

11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.

Aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni skiptir æ meira máli fyrir almenna borgara, atvinnulífið og opinberar stofnanir. Hann verður sífellt mikilvægari þáttur í almennum lífsskilyrðum fólks, svo sem aðstöðu þess til að afla sér upplýsinga, hafa áhrif á samfélag sitt, menntast og eiga samskipti við aðra. Slíkur aðgangur hefur einnig áhrif á möguleika á stofnun fyrirtækja og eflir starfsemi þeirra sem fyrir eru. Síðast en ekki síst skiptir aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni meginmáli fyrir opinberar stofnanir á borð við skóla, rannsóknasetur, bókasöfn og stjórnsýslustofnanir.

Nýting fjarskipta- og upplýsingatækni felur jafnframt í sér einstaka möguleika til að jafna aðstöðumun milli borgaranna sem m.a. getur skapast vegna fjarlægðar á milli staða og strjálbýlis. Svo dæmi sé tekið skapar hún forsendur fyrir því að íbúar í öllum landshlutum geti aflað sér háskólamenntunar án þess að þurfa að flytja búferlum. Með fjarlækningum má í mörgum tilvikum bjóða sérhæfðari og fullkomnari heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Atvinnukostir fólks í dreifbýli aukast, m.a. með fjarvinnslu og með því að gefa fyrirtækjum á landsbyggðinni, sem reiða sig á upplýsingatækni og fjarskipti, tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli við sambærileg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Nýting fjarskipta- og upplýsingatækni er því mikilvægur liður í því að jafna almenn búsetuskilyrði.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu upplýsingakerfis sem þjóna á öllum bókasöfnum í landinu. Nýja upplýsingakerfið mun gjörbreyta starfsumhverfi bókasafna. Almenningur mun hafa aðgang að kerfinu í gegnum veraldarvefinn. Menntamálaráðuneytið hefur einnig samið um landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, en það er mikilvægt skref í þá átt að jafna aðstöðu landsmanna til náms, rannsókna og starfa í þekkingarþjóðfélagi. Slíkur aðgangur gerir einnig fyrirtækjum sem starfa í þekkingariðnaði kleift að setja starfsstöðvar sínar niður á landsbyggðinni og möguleikar sérfræðinga til að búa á landsbyggðinni og starfa þar í fjarvinnslu aukast. Þá hefur kennslu og námsefni í æ ríkari mæli verið miðlað um netið. Fyrir liggja tillögur um að koma á fjarkennsluneti sem tengi saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar.

Lagt er til að meginmarkmið, hvað fjarskipta- og upplýsingamál varðar, verði eftirfarandi:

a. Allir landsmenn hafi fullan og jafnan aðgang að þeim kostum sem standa til boða á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni.
b. Fjarskipta- og upplýsingatækni verði markvisst nýtt til að bæta aðgengi og gæði grunnþjónustu á landsbyggðinni, svo sem á sviði menntunar- og heilbrigðisþjónustu.
c. Fjarskipta- og upplýsingatækni verði hagnýtt til að skapa ný tækifæri í atvinnulífi á landsbyggðinni.

12. Aukið alþjóðlegt samstarf.

Reynslan sýnir að fámennar þjóðir á afskekktum stöðum eins og Íslendingar hafa notið góðs af alþjóðlegu samstarfi á sviði menningar- og atvinnulífs. Svo dæmi sé tekið hefur Íslendingum að jafnaði gengið vel að nýta sér þau tækifæri sem þeim hafa boðist á þessu sviði, t.d. með þátttöku í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins. Er þá ekki einungis átt við að Íslendingum hafi tekist að sækja fé í slíkar áætlanir umfram það sem þeir hafa lagt til þeirra heldur hefur þátttaka í þeim skilað sér ríkulega í ýmsum nýjungum í atvinnulífi og þjóðlífi, auk þekkingar og kunnáttu einstaklinga sem nýtist samfélaginu nú og í framtíðinni.

Þennan góða árangur Íslendinga á undanförnum árum í alþjóðlegum samstarfs- og rannsóknarverkefnum má á hinn bóginn einkum rekja til þátttöku fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Þátttaka fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni í slíkum verkefnum hefur verið hlutfallslega minni en búast mætti við. Brýnt er að bregðast við þessu með því að auka markvisst þátttöku atvinnulífs og stofnana á landsbyggðinni í alþjóðlegum samvinnuverkefnum. Vinna þarf að þessu markmiði, m.a. með því að efla rannsóknastofnanir á landsbyggðinni og auka stuðning hins opinbera við alþjóðlegt samstarf fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

III.
TILLÖGUR UM AÐGERÐIR

Hér á eftir eru lagðar fram tillögur um beinar aðgerðir til að ná fram markmiðum áætlunar um stefnumótandi aðgerðir í byggðamálum 2002–2005. Tillögurnar eru byggðar á þeim tólf stefnumarkandi áherslusviðum sem mynda megininntak byggðastefnunnar og rakin voru í kaflanum hér á undan.

Tillögurnar ná ekki til allra þeirra viðfangsefna sem fjallað er um í stefnumarkandi áherslusviðum, heldur fyrst og fremst til beinna aðgerða sem lagt er til að ráðist verði í samkvæmt áætlun þessari.

Í tillögunum er kveðið á um það hvaða ráðuneyti eða stofnanir beri ábyrgð á framkvæmd viðkomandi tillögu. Til þess að tryggja sem best framgang samþykktrar byggðaáætlunar er áríðandi að sérstök verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með framkvæmd hennar. Slík verkefnisstjórn yrði skipuð fulltrúum allra þeirra ráðuneyta sem áætlunin snertir, en formaður hennar yrði skipaður af iðnaðarráðherra.

Tillögur að aðgerðum eru eftirfarandi:

1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Meginhugmynd	Að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sameiningu atvinnuþróunarstarfs á vegum iðnaðarráðuneytisins. Lagt er til að nýsköpunarmiðstöð, sbr. frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, verði falið að samræma þessa starfsemi á landsvísu og að veita henni faglegan stuðning. Gert er ráð fyrir að starfsemi nýsköpunarmiðstöðvar verði komið fyrir í fyrirhuguðu Rannsóknar- og nýsköpunarhúsi við Háskólann á Akureyri.
Markmið	Að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og hafa frumkvæði að þróun viðskiptahugmynda. Nýsköpunarmiðstöðinni verði tryggt fjármagn til að þróa verkefni í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, háskóla og/eða aðra. Þannig verði meginmarkmið starfseminnar að auka fjölbreytni í atvinnulífi á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verði lögð á að þróa ný atvinnutækifæri í minni byggðarlögum þar sem atvinnulíf er einhæft. Áherslur í starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar taki mið af byggðaáætlun og áherslum Vísinda- og tækniráðs Íslands. Með þessu fyrirkomulagi verður atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni fært að nýskipan vísinda- og tæknimála.
Ábyrgð á framkvæmd	Iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög, Byggðastofnun, Iðntæknistofnun, félagsmálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, Bændasamtök Íslands og háskólar.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Lagt er til að auk þeirra fjárveitinga sem nýsköpunarmiðstöð verða ætlaðar á fjárlögum til almenns rekstrar leggi ríkissjóður 1.000 millj. kr. til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni á árunum 2002–2005.
Annað	Ætla má að þær 300–400 millj. kr. sem varið er til atvinnuþróunarstarfsemi í landinu á ýmsum sviðum nýtist betur með frekari samvinnu og sameiningu þróunarstarfs á landsbyggðinni. Nauðsynlegt er að fram fari reglubundið mat á árangrinum af starfsemi nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.

Meginhugmynd	Að auka samvinnu þeirra opinberu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og uppbyggingar atvinnulífs, þ.e. Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, lánastarfsemi Byggðastofnunar og átaks til atvinnusköpunar.
Markmið	Að samþætta krafta opinberra sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, stofnstyrki, áhættulán og verkefnafjármögnun.
Ábyrgð á framkvæmd	Byggðastofnun.
Aðrir þátttakendur	Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Lánasjóður landbúnaðarins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Byggðastofnun, Ferðamálasjóður og iðnaðarráðuneytið.
Tímaáætlun	2002–2005.

3. Stækkun og efling sveitarfélaga.

Meginhugmynd	Að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að stækka sveitarfélögin í landinu á næstu árum. Þetta verði m.a. gert með hækkun á lágmarksíbúatölu samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Jafnhliða verði reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga breytt til að þær stuðli markvisst að þessari þróun. Má þar nefna að tekjuhá sveitarfélög greiði til sjóðsins, einnig að framlög úr sjóðnum verði byggð á almennum reglum en í minna mæli á því hvernig sveitarfélögin leysa verkefnin af hendi. Samhliða þessu verði undir forustu félagsmálaráðuneytisins unnið áfram að því að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga markvissari og breyta tekjustofnum sveitarfélaga til samræmis við breytt verkefni.
Markmið	Að efla sveitarstjórnarstigið, treysta sjálfsforræði og sjálfsmynd byggðarlaga, gera stjórnsýslu þeirra markvissa, tryggja gæði þjónustu og efla staðbundið lýðræði. Stækkun sveitarfélaga og efling sveitarstjórnarstigsins er mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu byggðarlaga hvar sem er á landinu.
Ábyrgð á framkvæmd	Félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Kostnaður verði greiddur af félagsmálaráðuneytinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og sveitarfélögunum. Til lengri tíma litið mun þessi aðgerð leiða til þess að sveitarfélögin nýti fjármuni sína betur og hagræðing verði í rekstri og fjárfestingum.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Meginhugmynd	Að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru, í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja, þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana.
Markmið	Að efla stærstu byggðarlögin á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta eru endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari. Að opinberar stofnanir á landsbyggðinni hafi ekki aðeins svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur verði stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.
Ábyrgð á framkvæmd	Forsætisráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Önnur ráðuneyti.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Óviss.

5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Meginhugmynd	Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Jafnframt verði lagt mat á áhrif þeirra opinberu aðgerða sem hafa það að markmiði að jafna búsetuskilyrði í landinu og lagðar fram tillögur um breytingar ef þurfa þykir. Í því sambandi verði m.a. horft til reynslu nágrannaþjóða.
Markmið	Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.
Ábyrgð á framkvæmd	Iðnaðarráðuneyti.

Aðrir þátttakendur	Félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímaáætlun	2002–2003.
Kostnaður	Undirbúningskostnaður getur orðið allt að 10 millj. kr. en síðan þarf að leggja kostnaðarmat á þær tillögur um breytingar sem fram kunna að koma.
Annað	Mikilvægt er að horfa til þess hvernig nýta megi á árangursríkari hátt þær fjárhæðir sem nú þegar er varið til jöfnunargreiðslna með það að markmiði að jafna búsetuskilyrði.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Meginhugmynd	Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Skoðaðar verði sérstaklega skattalegar aðgerðir og í því sambandi horft til reynslu nágrannaþjóða. Á grundvelli rannsóknar verði lagðar fram tillögur um aðgerðir.
Markmið	Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.
Ábyrgð á framkvæmd	Iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Fjármálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs-ráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, Byggðastofnun og Samtök atvinnulífsins.
Tímaáætlun	2002–2003.
Kostnaður	Undirbúningskostnaður er áætlaður að hámarki 10 millj. kr., en kostnaður við framkvæmd tillagna kemur fram síðar.
Annað	Mikilvægt er að kanna líka áhrif EES-samningsins á aðgerðir. Mismunandi tryggingagjald eftir svæðum í Noregi hefur til dæmis verið talið brjóta í bága við samninginn, en jöfnun á flutningskostnaði ekki. Benda má á reynslu Kanadamanna og Bandaríkjamanna af því að veita skattafslátt á völdum svæðum vegna fjárfestingarverkefna, stofnunar nýrra fyrirtækja, þjálfunar og menntunar starfsfólks og vegna rannsóknar- og þróunarstarfs.

7. Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginhugmynd	Að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig megi styrkja byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar á næstu árum um a.m.k. 2–3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist. Unnið verði að eflingu Akureyrar sem skólabæjar og menningarmiðstöðvar, svo og að eflingu ferðaþjónustu, fiskeldis og fleiri atvinnugreina á svæðinu. Einnig verði unnið að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins, t.d. á sviði sjávarútvegs í tengslum við uppbyggingu rannsókna- og nýsköpunarhúss við Háskólann á Akureyri. Þá felast margvísleg sóknarfæri í að efla starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.
Markmið	Að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins og styrkja þannig jafnframt byggð á Mið-Norðurlandi. Mikilvægt er í því sambandi að horfa ekki eingöngu til uppbyggingar atvinnulífs heldur stefna líka að því að efla hvers kyns þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi og annað það sem bætir mannlíf á staðnum og dregur fólk að.
Ábyrgð á framkvæmd	Iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir við Eyjafjörð og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Kostnaður við gerð byggðaáætlunar er áætlaður 20 millj. kr. en ekki er hægt á þessu stigi að áætla kostnað við aðgerðir sem koma í kjölfarið.
Annað	Áhrifa af eflingu Eyjafjarðarsvæðisins mun gæta mun víðar á Norðurlandi og jafnvel á Austurlandi.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Meginhugmynd	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri var stofnaður árið 1999. Skólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi á sviði landbúnaðar sem veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði er miðast við að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans. Nauðsynlegt er að treysta forustuhlutverk skólans á sviði fræðslu og rannsókna í þágu landbúnaðarins í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi. Með markvissu samstarfi öðlast þessar stofnanir meiri burði til þess að sinna hlutverki sínu á sviði rannsókna og fræðslu og keppa um innlent og erlent rannsóknafé og hæfustu starfskrafta en nú er. Nauðsynlegt getur verið að huga að breytingum á rekstrarformi skólanna sem geri þeim kleift að afla sérstekna með sölu þjónustu og samstarfi við fyrirtæki, samtök o.fl. aðila.
Markmið	Að sameina krafta rannsókna- og fræðslustofnana landbúnaðarins í öflugu átaki til eflingar landbúnaði og atvinnulífi í sveitum almennt.
Ábyrgð á framkvæmd	Landbúnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Hólaskóli og Garðyrkjuskóli ríkisins.
Tímaáætlun	2002–2003.
Kostnaður	Óviss.

9. Efling fiskeldis.

Meginhugmynd	Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu fiskeldis í landinu þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, fræðslu og meiri fjárhagslegan stuðning við þróunar- og markaðsstarf í greininni. Áhersla verði lögð á að byggja upp seiðaeldi á þorski.
Markmið	Að tryggja áfram sterka stöðu Íslendinga á alþjóðlegum mörkuðum fyrir sjávarafurðir þar sem samkeppni við eldisafurðir fer vaxandi. Að nýta þau sóknarfæri sem eru í uppbyggingu þessarar atvinnugreinar á Íslandi, m.a. með nýtingu jarðhita og aðgangi að sjó og fersku vatni. Að efla atvinnugrein sem hentar vel til uppbyggingar í dreifbýli, en mun byggjast mjög hægt upp ef ekki kemur til öflugur stuðningur hins opinbera við rannsóknir og markaðsþróun.
Ábyrgð á framkvæmd	Sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Fiskeldisfyrirtæki og mennta- og rannsóknastofnanir.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis.
Annað	Lögð er áhersla á alþjóðlegt samstarf um þessa uppbyggingu.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Meginhugmynd	Skipaður verði starfshópur á árinu 2002 er fjalli um fjarskiptamál í dreifbýli. Skal starfshópurinn kanna möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli. Telji hann slíka framkvæmd fýsilega skal hann setja fram áætlun um hvernig þetta skuli gert, hvenær og hve mikið framkvæmdin kosti. Skal starfshópurinn skila af sér fyrir lok ársins 2002.
Markmið	Að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Með slíkum ljósleiðara er hægt að bjóða alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal stafrænt sjónvarp og útvarp. Með ljósleiðaravæðingu fæst góð lausn fyrir fjarskiptatengingar bæði heimila og fyrirtækja. Ljósleiðarar geta borið nærri ótakmarkaðan gagnaflaum, takmörkin eru einungis í búnaðinum sem tengdur er við ljósleiðara. Ljósleiðarar eru ódýrir en endabúnaðurinn er dýr og dýrt er að leggja ljósleiðara langar vegalengdir. Tækniframfarir í ljósleiðaratækni eru stórstígar nú og búnaður lækkar óðum í verði.
Ábyrgð á framkvæmd	Samgönguráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Íbúar í sveitum.
Tímaáætlun	2002.
Kostnaður	Ljóst er að um mjög dýra framkvæmd er að ræða en þó er tímabært að gefa þessari lausn gaum.
Annað	Fordæmi eru fyrir því erlendis að bændur og aðrir húseigendur í sveitum plægi sjálfir fyrir ljósleiðaralögnum og taki þannig þátt í hluta kostnaðar.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Meginhugmynd	Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu.
Markmið	Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabil. Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar.
Ábyrgð á framkvæmd	Samgönguráðuneyti.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Um mikinn kostnað er að ræða.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Meginhugmynd	Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að stefnumörkun á sviði „rafrænnar“ menntunar, auk þess sem margt hefur áunnist í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur markað. Í því sambandi er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarstöðva verði efld með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.
Markmið	Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförnum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu.
Ábyrgð á framkvæmd	Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur	Símenntunarstöðvar og skólastofnanir.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Óviss.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd	Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.
Markmið	Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjarvinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförnum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtalsverðan hluta vinnumarkaðarins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipulagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðiskostnað.
Ábyrgð á framkvæmd	Fjármálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Ráðuneyti og opinberar stofnanir.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Undirbúningskostnaður er einhver. Fjarvinnsla á ekki að auka kostnað af starfsemi hins opinbera en er hagkvæm fyrir þjóðarbúið. Þó þarf að gera ráð fyrir stofnkostnaði.

14. Verkefnið „rafrænt samfélag“.

Meginhugmynd	Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt“ samfélag, sem felur í sér að bjóða 2–3 framsæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið.
Markmið	Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig einstaklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þáttur í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu „upplýsingasamfélagsins“ úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynsluverkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um land.
Ábyrgð á framkvæmd	Byggðastofnun.
Aðrir þátttakendur	Samband íslenskra sveitarfélaga og þau 2–3 byggðarlög sem valin verða til þátttöku í verkefninu.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	30–40 millj. kr. á ári í 3–4 ár.
Annað	Hliðstætt verkefni hefur gefið góða raun í Kanada.

15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Meginhugmynd	Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er. Í því sambandi er lagt til að stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum og að Ísland taki þátt í Northern Periphery verkefninu.
Markmið	Að auka þátttöku landsbyggðarfyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga í alþjóðlegu samstarfi, en hún hefur verið fremur lítil. Þátttaka Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefur aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar EES-samningsins. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri á sumum sviðum alþjóðlegs samstarfs, einkum með þátttöku í rammaáætlunum Evrópusambandsins. Þá þurfa Íslendingar að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og nýta sér þær hugmyndir sem líklegar eru til að geta gagnast í þeim málaflokkum hér á landi. Mikilvægt er að samþætta ólíkar aðgerðir stjórnvalda í byggðamálum, svo sem í samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, félagsmálum og umhverfismálum. Í því sambandi er gagnlegt að draga lærdóm af reynslu annarra þjóða af samræmdri byggðastefnu.
Ábyrgð á framkvæmd	Iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Byggðastofnun, sveitarfélög, fyrirtæki og Byggðarannsóknastofnun.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	30 millj. kr. á ári úr ríkissjóði árin 2002–2005, auk mótframlaga þátttakenda.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Meginhugmynd	Að ríkisvaldið láti gera áætlun um hvernig hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og fiskeldis með sérstakri áherslu á nýtingu aukaafurða. Gert verði yfirlit yfir allar þær aukaafurðir sem ekki eru nýttar og sett fram áætlun um hvernig hægt verði að nýta þær í framtíðinni. Stuðlað verði að samstarfi sjávarútvegsfyrirtækja, háskóla, sjóða og rannsóknastofnana um rannsóknir og frumkvöðlastarf á þessu sviði með sérstakri áherslu á líftækni og nýjar vinnsluleiðir.
Markmið	Að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í sjávarútvegi og fiskeldi og stuðla þannig að sterkari stöðu til sjávar og sveita.
Ábyrgð á framkvæmd	Sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Sjávarútvegsfyrirtæki, fiskeldisfyrirtæki, háskólar, rannsóknastofnanir og sjóðir.
Tímaáætlun	Samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis.
Kostnaður	Lögð er áhersla á alþjóðlegt samstarf um rannsóknir.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu.

Meginhugmynd	Að landsstefna verði mótuð fyrir þjóðmenningarstofnanir til að bæta þjónustu þeirra við landsbyggðina. Þetta er nauðsynlegt skref í kjölfar lagasetningar t.d. á sviði minjavörslu, samninga ríkis og sveitarfélaga, nýrra leiða í rekstri og fjármögnun menningarmála, samninga um árangursstjórnun við stofnanir og átaks í upplýsingatækni. Nýleg lög, samningar og reglugerðir gera ráð fyrir miklum skipulagsbreytingum, m.a. með tilkomu nýrra stofnana. Verkefni á sviði rannsókna, varðveislu og miðlunar menningar eru orðin mjög aðkallandi. Því er brýnt að stofnanir og einstaklingar sem starfa á þessu sviði stilli saman strengi við nýjar aðstæður.
Markmið	Að þjóðmenningarstofnanir bæti og efli samstarf og þjónustu við landið allt með því að taka faglega forustu um stefnumótun í menningarmálum sem geti orðið grundvöllur frekari samninga- og áætlanagerðar stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila sem starfa að menningarmálum á landsbyggðinni.
Ábyrgð á framkvæmd	Menntamálaráðuneyti.

Aðrir þátttakendur	Höfuðsöfn, þ.e. Landsbókasafn, Listasafn Íslands, Náttúrufræðistofnun, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn og safnaráð, og þjóðmenningarstofnanir, þ.e. Fornleifavernd ríkisins, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	8 millj. kr.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Meginhugmynd	Að stofnað verði til skipulegs samstarfs við háskólastofnanir undir forsjá miðstöðvanna og á grundvelli óska þeirra.
Markmið	Að bæta möguleika fólks á Vestfjörðum og Austurlandi til að afla sér háskólamenntunar og skapa þar um leið forsendur fyrir fjölbreytilegra atvinnulífi og sérhæfðari störfum. Að efla fræðslu- og rannsóknasamstarf háskólastofnana og heimamanna í þessum landshlutum og vera nemendum og kennurum þeirra hvatning til að efna til og efla samstarf við fyrirtæki og stofnanir í landshlutunum.
Ábyrgð á framkvæmd	Menntamálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Símenntunarmiðstöðvar, háskólar, sveitarfélög og fyrirtæki á Vestfjörðum og Austurlandi.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Kostnaður er óviss.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Meginhugmynd	Að ríkisvaldið geri sérstaka áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem lögð verði áhersla á rannsókna- og þróunarstarf, tengsl við skipulagsvinnu sveitarfélaga og markaðssetningu ferðaþjónustu í dreifbýli. Jafnframt verði stóraukin fræðsla og starfsmenntun í greininni. Þetta verði gert með fjárhagslegum stuðningi við þróunar- og markaðsstarf. Lögð sé áhersla á að uppbygging sé háð getu hvers svæðis til að þróa ferðaþjónustu án þess að það komi niður á umhverfislegum, félagslegum eða menningarlegum þáttum svæðisins.
Markmið	Að tryggja markvissa uppbyggingu og sjálfbæra þróun greinarinnar, bæta arðsemi fjárfestinga hins opinbera og einkaaðila og auka samkeppnishæfi einstakra svæða á landsbyggðinni og efla þar með íslenska ferðaþjónustu almennt.
Ábyrgð á framkvæmd	Samgönguráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög og rannsókna- og menntastofnanir á sviði ferðamála.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

20. Endurgreiðsla námslána.

Meginhugmynd	Að bjóða ungu fólki sem sest að á svæðum þar sem skortur er á fólki með háskólamenntun tímabundinn afslátt af endurgreiðslu námslána.
Markmið	Að hvetja ungt fólk með menntun á háskólastigi til að setjast að og starfa úti á landi, og taka þannig þátt í uppbyggingu byggðarlaga þar sem menntað fólk vantar til starfa, og til að byggja upp ný fyrirtæki.
Ábyrgð á framkvæmd	Fjármálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Annað	Við útfærslu á reglum um lægri endurgreiðslu námslána verði höfð hliðsjón af góðri reynslu Norðmanna af þessari aðgerð í fylkjunum Nordland, Troms og Finnmörk. Einnig þarf að huga að því að slík aðgerð brjóti ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Meginhugmynd	Að efla umhverfisstarfsemi sveitarfélaga með áherslu á framkvæmd Staðardagskrár 21, jafnframt því að mynda stuðningsnet fyrir umhverfisnefndir og þá sem vinna að umhverfismálum hjá sveitarfélögum.
Markmið	Að efla sveitarstjórnir og starfsmenn þeirra og að fylgja eftir hugmyndum um sjálfbæra þróun.
Ábyrgð á framkvæmd	Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Samband íslenskra sveitarfélaga, verkefnið Staðardagskrá 21 og sveitarfélög.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	Óverulegur.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Meginhugmynd	Að sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins verði gert kleift að nýta sér í vaxandi mæli landupplýsingakerfi í stjórnsýslu. Jafnframt geti þau nýtt sér kosti landupplýsingakerfa við ákvarðanatöku, samþættingu á skráðum upplýsingum og við að auðvelda aðkomu almennings að athöfnum stjórnsýslunnar.
Markmið	Að bæta grundvöll ákvarðanatöku sveitarfélaga og auka aðgengi almennings að upplýsingum.
Ábyrgð á framkvæmd	Umhverfisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.
Aðrir þátttakendur	Landmælingar Íslands, Fasteignamat ríkisins (Landskrá fasteigna), LÍSA og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Tímaáætlun	2002–2005.
Kostnaður	5 millj. kr. í fyrstu en síðar með sérstökum ákvörðunum umtalsverðar fjárhæðir til tilraunaverkefna.
Annað	Á vegum umhverfisráðuneytis starfar samráðsnefnd um þróun landupplýsingakerfa með þátttöku fjármálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis auk Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.

IV.
ÁSTAND OG HORFUR Í ÞRÓUN BYGGÐAR Í LANDINU

1. Íbúaþróun.

Á árunum 1991–2001 fjölgaði landsmönnum um 10,3% eða tæplega 27 þús. manns. Sé aðeins horft til síðustu fimm ára, þ.e. 1996–2001, varð nokkur breyting frá fyrra fimm ára tímabili, 1991–1996. Íbúum landsins fjölgaði að meðaltali um 0,77% á ári 1991–1996 en 1,2% á ári 1996–2001 því flutningur fólks til landsins jókst milli þessara fimm ára tímabila. Á Suðvesturlandi, þ.e. frá Árnessýslu og upp í Borgarfjörð, búa nú um 215 þús. manns eða um 75% þjóðarinnar.

Breytingar á íbúafjölda 1991–2001 voru mjög mismunandi eftir landshlutum og má skipta landinu í fjóra flokka í því sambandi. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúunum um 19,1%, á grannsvæði þess (Suðurnesjum, Akranesi, Árborg, Hveragerði og Ölfushreppi) um 10,2%, á Akureyri um 8,3% en á öðrum landsvæðum fækkaði fólki samtals um 9%.

Framangreind skipting landsins í fjóra flokka gefur aðeins heildarmynd af þróuninni. Sé horft nánar til síðastnefnda flokksins blasir mjög mismunandi mynd við. Fólksfjölgun hefur verið í uppsveitum Árnessýslu, Borgarbyggð og á norðanverðu Snæfellsnesi. Fólki fækkaði mest í Dalabyggð, á Vestfjörðum, á Siglufirði og Ólafsfirði, á svæðinu milli Kópaskers og Vopnafjarðar, á útgerðarstöðunum á Miðausturlandi og í Skaftárhreppi.

Í mannfjöldaspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að íbúum landsins fjölgi úr 280 þús. árið 2000 í 317 þús. árið 2025. Er þá reiknað með jöfnum fjölda þeirra sem flytja til landsins og þeirra sem flytja frá því. Framreikningur mannfjöldans sýnir einnig að vænta má mikilla breytinga í aldurssamsetningu þjóðarinnar. Ef áhrif búferlaflutninga til og frá landinu eru ekki tekin með mun landsmönnum 50 ára og eldri fjölga úr 70 þús. árið 2000 í 112 þús. árið 2025, en landsmönnum 0–49 ára fækka úr 210 þús. árið 2000 í 205 þús. árið 2025. Mest áberandi er þó fjölgunin í aldurshópnum 60–79 ára en fjöldi fólks á því aldursskeiði mun tvöfaldast á þessum tíma.

Vegna áhrifa búferlaflutninga er erfitt að meta líklegar breytingar á aldurssamsetningu íbúa einstakra landshluta umfram þá þróun sem á sér stað á landinu öllu. Búferlaflutningar eru stærsti óvissuþátturinn í mannfjöldaþróuninni næstu árin. Þannig hefur aðflutningur erlendra ríkisborgara, sem margir eru á aldrinum 20–35 ára, skapað ákveðið jafnvægi í aldursdreifingu margra sjávarbyggða, en íbúar á þessum aldri eru einmitt stærsti hópurinn sem flytur á brott. Þá vekur athygli að flutningur fólks frá útlöndum hefur upp á síðkastið vegið þyngra í íbúafjölgun höfuðborgarsvæðisins en flutningur fólks af landsbyggðinni.

Á höfuðborgarsvæðinu eru konur um 2.500 fleiri en karlar. Á hinn bóginn eru fleiri karlar á landsbyggðinni. Þetta skýrist m.a. af því að atvinnumöguleikar kvenna eru mun fjölbreyttari á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, einkum í þjónustu- og þekkingargreinum sem 80% kvenna starfa við. Konur hafa almennt betri möguleika til framfærslu og félagslífs á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Nýbúum hefur fjölgað á Íslandi undanfarin ár. Þetta er fólk sem komið hefur víða að úr heiminum. Vegna mikils framboðs á atvinnu og góðu samfélagslegu stuðningskerfi má búast við að nýbúum haldi áfram að fjölga á næstu árum.

Á landsbyggðinni er mikið um erlent vinnuafl í fiskvinnslu og nokkur dæmi eru um að yfir 10% íbúanna séu erlendir ríkisborgarar, t.d. á Tálknafirði og Bakkafirði. Athygli vekur líka að aldursskipting erlendra ríkisborgara hér á landi er frábrugðin því sem gildir um þjóðina alla, auk þess sem konur eru nokkru fleiri en karlar. Þannig eru um 8% kvenna á aldrinum 20–29 ára erlendir ríkisborgarar.

2. Atvinnu- og samfélagsþróun.

Samfélagið hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Á síðustu 5–6 árum hefur mikill hagvöxtur verið í landinu og kaupmáttur fólks aukist töluvert. Á sama tíma hefur störfum fjölgað og atvinnuleysi minnkað. Markaðsumbætur, aukin samkeppni og skýrari leikreglur eru taldar hafa leitt af sér aukna framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífi. Í þessu umhverfi hafa nýjar þekkingargreinar eflst. Má þar nefna fjármálaþjónustu og umsýslu, hugbúnaðargerð, sérfræðiþjónustu, fjölmiðlun, margmiðlun, líftækni, lyfjaframleiðslu og fjarskiptaþjónustu. Sem dæmi um umsvif þessara greina hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að velta í upplýsingatæknigreinum á árinu 2001 hafi verið um 70 milljarðar kr. og um 20 milljarðar kr. í síma- og fjarskiptaþjónustu.

Þá hefur aukin þekking og tæknivæðing verið innleidd í hefðbundnar greinar eins og sjávarútveg og matvælaiðnað. „Nýja hagkerfið“ hefur sett svip sinn á hagþróunina og virðast Íslendingar standa framarlega á því sviði. Einnig hefur verið nokkur vöxtur í framleiðslu áls

og ferðaþjónustu. Á árinu 2000 fjölgaði ferðamönnum sem komu til Íslands um 15%. Þá hafa Íslendingar verið að hasla sér völl erlendis í ríkara mæli en áður, ekki síst á sviði hugbúnaðar, sjávarútvegs og fjármálaþjónustu.

Nýju þekkingargreinarnar hafa fest sig nokkuð í sessi á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess en í mjög takmörkuðum mæli á landsbyggðinni. Utan höfuðborgarsvæðisins er sjávarútvegur langþýðingarmesta atvinnugreinin og verður ekki annað séð en að svo verði áfram. Meðallaun í fiskveiðum eru mun hærri en í öllum öðrum atvinnugreinum á landsbyggðinni, bein og óbein atvinnusköpun sjávarútvegs er mikil og útsvarstekjur sveitarfélaga við sjávarsíðuna eru mun hærri en í sveitum og þéttbýlisstöðum inn til landsins.

Alþjóðlegir straumar hafa haft aukin áhrif á þróun samfélagsins hér á landi. Má þar nefna aukna hnattvæðingu í efnahagslífi og viðskiptum, auk hnattvæðingar hugarfarsins, byltingu í upplýsingatækni, meiri umhverfishyggju, aukna markaðshyggju og alþjóðlega samkeppni, auk víðtækra áhrifa frá samrunaþróuninni í Evrópu. Margt af því sem hið opinbera sinnti áður hefur á síðustu árum verið að færast í hendur einkafyrirtækja, bæði í nágrannalöndunum og hér á landi.

Atvinnuleysi er mjög lítið hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Sé horft til síðustu ára má segja að stór hluti fólks sem hefur verið atvinnulaust til lengri tíma hafi verið fólk sem hefur ekki næga þekkingu eða líkamlegt atgervi til að vinna þau störf sem í boði eru. Þess vegna hefur orðið að flytja inn vinnuafl. Tölulegar upplýsingar gefa ekki til kynna að fólk hafi í miklum mæli þurft að flytja búferlum frá landsbyggðinni vegna atvinnuleysis. Hins vegar er vitað að vegna einhæfni atvinnulífs víða á landsbyggðinni og mikils fjölda starfa á höfuðborgarsvæðinu flytja margir búferlum fremur en að verða atvinnulausir.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur orðið mikill munur á tekjuþróun eftir búsetu undanfarin ár. Meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu hafa hækkað meira en á landsbyggðinni. Á tekjuárinu 2000 var vísitala atvinnutekna á höfuðborgarsvæðinu 104 en var 101 árið 1995. Á landsbyggðinni var vísitala atvinnutekna 92 árið 2000 en var 99 árið 1995. Á landsbyggðinni lækkaði vísitala atvinnutekna í öllum skattumdæmum. Langmest var lækkunin á Vestfjörðum eða úr 111 árið 1995 í 92 árið 2000. Ljóst er að á höfuðborgarsvæðinu er hátt hlutfall tekjuhárra atvinnugreina og að innan margra atvinnugreina eru tekjur þar hærri en á landsbyggðinni, svo sem í opinberri þjónustu, verslun, viðskiptum og ýmsum þjónustugreinum sem einkaaðilar starfrækja.

Tekju- og eignabil milli manna virðist hafa aukist í þjóðfélaginu. Í hinum nýju þekkingargreinum, sem hafa vaxið hratt að undanförnu, er mikið framboð af áhugaverðum og vel launuðum störfum fyrir ungt menntað fólk. Þessi unga kynslóð nýtur nú betri lífskjara og hefur fleiri tækifæri til að efnast en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Þá hefur ör þróun á fjármagnsmarkaði m.a. stuðlað að því að margir einstaklingar hafa getað selt hlut sinn í fyrirtækjum, t.d. í sjávarútvegi, og ávaxtað fé sitt á markaði. Atvinnutekjur eru því ekki lengur sami mælikvarði á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og áður var. Til hefur orðið á nokkrum árum hópur fólks sem á miklar eignir sem það getur nýtt til fjárfestinga eða tekjuauka. Margt bendir til að tekju- og eignabilið í þjóðfélaginu muni halda áfram að aukast á næstu árum. Það eykur hættuna á að þjóðfélagslegt misrétti aukist og að ýmis þjóðfélagsleg vandamál verði erfiðari úrlausnar. Meðal annars eykur þetta bilið milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar þar sem eignarhald á fyrirtækjum og hlutabréfum þjappast í æ ríkari mæli saman á fyrrnefnda svæðinu. Fyrirtæki á landsbyggðinni eru nú í mun meira mæli en áður í eigu annarra en heimamanna. Þetta er nú m.a. orðið mjög áberandi á Akureyri og í sjávarútvegi víða um allt land. Eignaskiptingin í landinu tengist orðið æ meira búsetu. Þeir eignameiri búa flestir á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldugerð er svipuð hér á landi og í öðrum vestrænum ríkjum. Þeim sem búa í kjarnafjölskyldu fer fækkandi og æ fleiri kjósa að búa þar sem fjöldi í heimili er aðeins einn eða tveir. Þegar þjóðin eldist fjölgar þeim sem misst hafa maka sinn, unga fólkið hefur sambúð og eignast börn seinna en það gerði fyrir 10–20 árum, m.a. vegna lengri skólagöngu. Skilnaðir eða sambúðarslit eru algeng, einstæðir foreldrar eru margir og töluvert er um að fólk á miðjum aldri sé ógift. Einnig fer fæðingartíðni lækkandi. Breytingar í fjölskyldugerð hafa áhrif á þróun byggðar. Í sveitum, þorpum og minni bæjum á landsbyggðinni eru fjölskyldutengsl oft sterk og þessar byggðir eru gjarnan samfélög fjölskyldna. Þeir sem búa einir og njóta mikilla félagslegra tengsla utan nánustu fjölskyldu virðast almennt njóta sín betur á höfuðborgarsvæðinu.

Menntunarstig þjóðarinnar fer stöðugt hækkandi, þátttaka kvenna í atvinnulífinu breytist hratt og hlutur þeirra í stjórnunar- og sérfræðistörfum fer vaxandi, orkunotkun á mann eykst stöðugt, neysluvenjur fólks eru sífellt að breytast með aukinni hagsæld, bifreiðaeign og bifreiðanotkun er að aukast og samgöngur innan og á milli landshluta verða sífellt greiðari, upplýsingatækninni fleygir fram, gildismat í þjóðfélaginu breytist hratt, fólk verður sífellt kröfuharðara sem neytendur og tæknibreytingar eru örar.

3. Samanburður við önnur lönd.

Við nánari athugun á byggðaþróun hér á landi síðustu árin og á aðgerðum hins opinbera sem ætlað hefur verið að hafa áhrif á þessa þróun er gagnlegt að leita samanburðar við önnur sambærileg svæði við norðanvert Atlantshaf. Má í því sambandi nefna Norður-Noreg, vesturströnd Írlands, Wales, Hálönd Skotlands og eyjarnar, Færeyjar, Nýfundnaland, Nova Scotia og Prince Edward Island í Kanada, og Maine í Bandaríkjunum.

Í samanburði við fyrrgreind svæði má segja að almennt skeri Ísland sig úr hvað varðar þróun efnahags- og atvinnulífs og almenna velmegun. Síðustu áratugi hefur fólksfjölgun verið hlutfallslega meiri hér á landi, hagvöxtur meiri, atvinnuleysi minna og meðaltekjur hærri. Öll þessi svæði, að Íslandi undanskildu, njóta margvíslegra utanaðkomandi styrkja, svo sem frá viðkomandi ríkisstjórnum eða Evrópusambandinu. Ísland sker sig einnig úr að því leyti að ekkert borgarsvæði í hinum löndunum hefur vaxið jafnhratt og Reykjavíkursvæðið né boðið upp á sambærileg tækifæri fyrir fólk úr strjálbýli hvað snertir atvinnu og tekjuöflun. Þrándheimur, Bergen og Ósló hafa ekki vaxið eins hratt og Reykjavík, ekki heldur Dublin, Cork eða Galway á Írlandi, né heldur Aberdeen, Dublin, Edinborg og Glasgow í Skotlandi. Svipaða sögu er að segja vestan hafs. St. Johns á Nýfundnalandi, Halifax í Nova Scotia, Charlottetown á Prince Edward Island og Bangor og Portland í Maine eru allt borgir sem hafa vaxið hægt í samanburði við höfuðborgarsvæðið hér á landi. Flestar þessara borga hafa um áratugaskeið haft minna aðdráttarafl fyrir fólk búsett í dreifbýli en hefur verið reyndin hér á landi. Þess vegna eru sum héruð í dreifbýli í nágrannalöndunum ofsetin fólki miðað við þá atvinnustarfsemi sem þar er í boði og atvinnuleysi alvarlegt. Einkum er þetta áberandi í Atlantshafsfylkjum Kanada. Styrkur íslensks atvinnulífs í samanburði við áðurnefnd svæði er eftirfarandi:

- Íslenskur sjávarútvegur býr við mun auðugri fiskimið og er að því er virðist tæknivæddari og almennt arðbærari en á hinum svæðunum.
- Ísland býr yfir verðmætum orkulindum í jarðhita og fallvötnum, en ekkert af þeim jaðarsvæðum sem áður voru nefnd á sambærilegar orkulindir.
- Ísland er fullvalda ríki og getur skipulagt efnahagsstarfsemi sína eins og best hentar undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Þau jaðarsvæði í öðrum löndum sem hér eru til

samanburðar þurfa gjarnan að sæta því að þeirra hagsmunir, t.d. í sjávarútvegsmálum, víki fyrir öðrum mikilvægari hagsmunum þjóðar sinnar.
- Íslendingar eru almennt vel menntaðir og hafa í mun meira mæli en þekkist á hinum svæðunum sótt háskólamenntun til annarra landa. Þetta háa menntastig og alþjóðleg þekking stuðlar að vexti nýrra þekkingargreina hér á landi, svo og að hagnýtingu nýrrar tækni og alþjóðlegrar þekkingar í hefðbundnum greinum sem eru mikilvægar á landsbyggðinni.

Hagsaga Evrópu og Norður-Ameríku sýnir að breytingin úr sjálfsþurftarbúskap í markaðshagkerfi leiddi yfirleitt til mikillar samþjöppunar fólks, fjármagns og atvinnustarfsemi úr dreifbýli í þéttbýli, eftir því sem markaðshagkerfið efldist. Fólk og fjármagn eru hreyfanlegir framleiðsluþættir sem leita gjarnan þangað sem tækifæri gefast. Breyttir atvinnuhagir kalla á búsetubreytingar fólks.

Hinn öri vöxtur Reykjavíkur á 20. öld dró til sín fólk af landsbyggðinni, jafnframt því sem atvinnulífið þar fékk tækifæri til endurskipulagningar samfara fólksfækkun. Eftir því sem tækninni fleygði fram þurfti færra fólk til starfa í landbúnaði eða sjávarútvegi. Mörg önnur sambærileg svæði í nágrannalöndum höfðu ekki sömu tækifæri þannig að íbúarnir sátu eftir, atvinnulitlir og tekjulágir, og atvinnuvegirnir voru ofsetnir fólki. Við slíkar aðstæður er kallað á aðgerðir stjórnvalda til að hægja á tækniframförum og hagræðingu. Dæmi um slíkt eru alkunn úr sjávarútvegi á austurströnd Kanada, í Norður-Noregi og í landbúnaði á Írlandi.

4. Horfur og væntingar.

Horfur og framtíðarmöguleikar eru mismunandi eftir landshlutum, héruðum og byggðarlögum og verður fjallað stuttlega um þá helstu hér á eftir. Ítrekað skal að ekki er nóg að ýmsir atvinnukostir og sóknarfæri séu fyrir hendi ef ekki er til staðar áræði, þekking, fólk og fjármagn til að nýta þá.

a. *Suðvesturland utan höfuðborgarsvæðisins.* Helstu kostir þessa svæðis eru nálægð við höfuðborgarsvæðið sem nýta má til eflingar byggð á Suðurnesjum og í Árnessýslu, auk Akraness og Borgarbyggðar. Suðvesturland, allt frá Árnessýslu til Borgarfjarðar, er smám saman að verða eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Íbúar á svæðinu hafa góðan aðgang að allri þeirri þjónustu og þekkingarstarfsemi sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu og samgöngur eru greiðar um svæðið. Vænta má að byggðarlög á þessu svæði haldi áfram að eflast á næstu árum.
b. *Eyjafjörður.* Í Eyjafirði hefur fólksfjölgun verið lítil síðustu 10–20 árin. Hún hefur verið nokkur á Akureyri eða 0,8% á ári. Hins vegar fækkaði fólki í flestum öðrum sveitarfélögum, einkum út með firði. Störfum í iðnaði fækkaði mjög, sjávarútvegur efldist verulega en störfum fjölgað fyrst og fremst í þekkingar- og þjónustugreinum. Í Eyjafirði búa nú u.þ.b. 20 þúsund manns. Þetta er fjölmennasta og öflugasta þéttbýlissvæðið á landsbyggðinni og það svæði utan Suðvesturlands sem líklegast er að laði til sín fólk og fyrirtæki í samkeppni við höfuðborgarsvæðið.

   Sérstök tillaga er um að gerð verði byggðaáætlun um eflingu Eyjafjarðarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu, atvinnulífið, samtök launafólks o.fl. aðila. Framlag ríkisvaldsins verði efling Akureyrar sem skólabæjar á framhaldsskóla- og háskólastigi, flutningur starfa og verkefna í opinberri þjónustu til Akureyrar, m.a. á sviði sjávarútvegs, og stuðningur við eflingu ferðaþjónustu og þekkingarstarfsemi á svæðinu.
c. *Vesturland.* Byggðin á Akranesi, við norðanverðan Hvalfjörð og í Borgarbyggð, hefur vaxið og atvinnulíf eflst. Tilkoma Hvalfjarðarganga og uppbygging orkufreks iðnaðar á Grundartanga hefur haft þar mikil áhrif. Þá hefur ferðaþjónusta eflst, svo og mennta-

stofnanir á svæðinu. Þar má einkum nefna Viðskiptaháskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og starfsemi Kennaraháskóla Íslands á Varmalandi. Telja verður að horfur séu almennt góðar fyrir byggð á þessu svæði, einkum þéttbýlið, vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið, vaxandi umferðar, fjölgunar ferðafólks og góðra horfa á áframhaldandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Grundartanga.

Snæfellsnes liggur vel við samgöngum til og frá Reykjavík og hafa Hvalfjarðargöng haft mikil áhrif í því sambandi, auk almennra vegabóta. Á þéttbýlisstöðunum á norðanverðu nesinu er atvinnuástand almennt gott, en þó fremur einhæft. Sjávarútvegur er fjölbreyttur og byggist mjög á sókn á nálæg fiskimið. Ferðamannaþjónusta er vaxandi á nesinu, m.a. vegna fjölbreyttrar náttúru, góðra samgangna allan ársins hring og aðdráttarafls Breiðafjarðar. Nýta má svæðið enn betur fyrir sumarhúsabyggð og til ferðaþjónustu, m.a. mun Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sem stofnaður var í lok júní árið 2001 skapa ný sóknarfæri. Þá liggja nokkrir möguleikar í fiskeldi og frekari nýtingu jarðhita á svæðinu.

Í Dalabyggð og Reykhólahreppi hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í landbúnaði. Þetta svæði þyrfti verulegan stuðning af opinberri hálfu einungis til þess að treysta þá búsetu sem þar er nú fyrir hendi. Nefna má sem dæmi möguleika á uppbyggingu ferðaþjónustu sem byggist á sögulegri arfleifð í Dalasýslu og hugsanleg tækifæri til frekari uppbyggingar Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum.

d. *Vestfirðir.* Á norðanverðum Vestfjörðum er eðlilegt að horfa til Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur sem eins þéttbýlissvæðis sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi og þjónustu við íbúana. Næg atvinna hefur verið á svæðinu en störfin fremur fábreytt. Flytja hefur þurft inn vinnuafl í fiskvinnslu. Nokkrir möguleikar eru þar á uppbyggingu fiskeldis og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Markaðssetning svæðisins hefur vakið athygli, t.d. hlutu Vestfirðir Scandinavian Travel Award fyrir árið 2001. Brýnt er að efla háskólamenntun á svæðinu.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur fólki fækkað mikið undanfarin ár. Atvinnuástand hefur verið þokkalegt á svæðinu og jafnvel hefur þurft að flytja inn erlent vinnuafl til starfa í fiskvinnslu. Atvinnulífið er fremur einhæft og byggist aðallega á sjávarútvegi. Svæðið er afskekkt og því áríðandi að bæta samgöngur að og frá svæðinu, m.a. með heilsársamgöngum við norðanverða Vestfirði. Helstu sóknarfæri auk sjávarútvegs eru talin vera í ferðaþjónustu og fiskeldi.

Í Strandasýslu stendur byggð höllum fæti og þar hefur fólki fækkað stöðugt. Byggðin er mjög dreifð og hefur atvinnulífið fyrst og fremst byggst á landbúnaði í sveitum og sjávarútvegi á Hólmavík og Drangsnesi. Atvinnuástand hefur verið nokkuð gott á Hólmavík og Drangsnesi en atvinnulífið er einhæft.

Opinberar aðgerðir þurfa fyrst og fremst að beinast að því að bæta búsetuskilyrðin til að treysta byggðina, m.a. með samgöngubótum, eflingu menntunar og þekkingar og stuðningi við framfarir í atvinnulífi.

e. *Norðurland vestra.* Fólki hefur fækkað mikið í Húnaþingi undanfarin ár og atvinna dregist saman, jafnt í þéttbýli sem sveitum. Tekjur á þessu svæði eru almennt lágar nema á Skagaströnd, en þar hefur fólksfækkun verið minnst. Atvinnulífið byggist upp á landbúnaði, sjávarútvegi og þjónustu. Ekki er útlit fyrir annað en að fólki muni halda áfram að fækka á svæðinu nema eitthvað nýtt komi til. Á Blönduósi er mögulegt að byggja upp þjónustu- og verslunarmiðstöð við þjóðveginn.

Atvinnulíf í Skagafirði, einkum á Sauðárkróki, er tiltölulega fjölbreytt og stærstu fyrirtækin á staðnum standa nokkuð traustum fótum, m.a. Fiskiðjan Skagfirðingur, kaup-

félagið og steinullarverksmiðjan. Þá er opinber þjónusta þar í góðu horfi. Tækifæri til uppbyggingar menningartengdrar ferðaþjónustu hafa verið nýtt í nokkrum mæli en þau má nýta betur. Einnig eru fyrir hendi töluverðir möguleikar í fiskeldi og nýjum búgreinum í Skagafirði, t.d. tengdir hrossarækt. Hólaskóli hefur eflst á undanförnum árum sem þekkingarmiðstöð í héraðinu. Nýr vegur yfir Þverárfjall mun auka hlutverk bæjarins sem þjónustumiðstöðvar á Norðurlandi vestra og styrkja tengslin milli Sauðárkróks, Blönduóss og Skagastrandar.

Fólki á Siglufirði hefur fækkað um helming á sl. 40 árum. Ástæður þess eru m.a. lega staðarins og einhæfni í atvinnulífi. Með nýjum jarðgöngum munu tengsl staðarins við Eyjafjarðarsvæðið styrkjast.

f. *Þingeyjarsýslur.* Atvinnulíf á Húsavík hefur átt undir högg að sækja og rekstrarerfiðleikar verið hjá fyrirtækjum. Þó hefur ferðaþjónusta þar verið í sókn. Áríðandi er að styrkja stoðir atvinnulífs á staðnum, m.a. í sjávarútvegi, til að treysta byggðina Staðurinn hefur töluverða möguleika til að nýta jarðhita til iðnaðar og fiskeldis, svo og til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að áfram verði haldið rannsóknum á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum.

Byggð stendur mjög höllum fæti í Norður-Þingeyjarsýslu. Fólki hefur fækkað mjög í héraðinu undanfarin ár. Samgöngur við svæðið eru erfiðar og það er úr alfaraleið. Atvinnulífið er einhæft og tekjur lágar. Þurft hefur að flytja inn erlent vinnuafl til starfa í fiskvinnslu á Raufarhöfn og Þórshöfn. Héraðið hentar vel til eflingar sauðfjárræktar og árstíðabundinnar ferðaþjónustu. Mikilvægt er að bæta vegasamgöngur við svæðið.

g. *Austurland.* Á Miðausturlandi eru áform um uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu norðan Vatnajökuls og orkufreks iðnaðar í Reyðarfirði, svo og um eflingu fiskeldis, allt frá Berufirði til Seyðisfjarðar. Þá eru nokkur sóknarfæri í nýjum búgreinum, einkum á Fljótsdalshéraði. Talsverðir möguleikar eru í frekari uppbyggingu ferðaþjónustu, m.a. í tengslum við millilandaflugvöll á Egilsstöðum og ferjusiglinga til Seyðisfjarðar.

Uppbygging orkufreks iðnaðar er mjög þýðingarmikil fyrir byggð á Austurlandi. Áríðandi er að ríkið ásamt sveitarfélögunum á svæðinu standi skipulega og tímanlega að öllum undirbúningi verkefnisins svo að uppbyggingin verði til sem mestra hagsbóta fyrir svæðið. Í því sambandi þarf m.a. að huga að byggingu íbúðarhúsnæðis og menntastofnana, opinberri þjónustu og samgöngum, svo og að styðja fyrirtæki á Austurlandi við að nýta þau viðskiptatækifæri sem munu skapast í framkvæmdum og þjónustu.

Mikilvægt er að bæta samgöngur til Vopnafjarðar með nýjum vegi um Hofsárdal. Það háir byggðinni á Vopnafirði hve afskekkt hún er. Atvinna hefur verið nokkuð góð á staðnum, en fábreytt, og hefur hún byggist að verulegu leyti á sjávarútvegi. Ef áform um uppbyggingu virkjana á Austurlandi ná fram að ganga munu einstaklingar og fyrirtæki á Vopnafirði njóta þess í auknum viðskipta- og starfstækifærum.

Nokkurrar stöðnunar hefur gætt í atvinnulífi á Hornafirði undanfarin ár eftir mikla uppbyggingu síðustu 2–3 áratugi, m.a. vegna hagræðingar og samdráttar í sjávarútvegi og landbúnaði. Hornafjörður hefur vegna legu sinnar og nálægðar við Vatnajökul möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu, auk þess sem sjávarútvegur í bænum stendur nokkuð traustum fótum. Á staðnum er framhaldsskóli og verið er að byggja upp Nýheima, þróunar- og menntasetur staðarins.

h. *Suðurland.* Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í Árnessýslu og atvinnulíf eflst. Ekki er að sjá annað en að sú jákvæða þróun haldi áfram. Það er m.a. vegna góðra landkosta, þéttbýlis og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Selfoss gegnir miklu hlutverki sem þjónustumiðstöð alls Suðurlands. Byggð í Rangárþingi og Vestur-Skaftafellssýslu hefur ekki

vaxið að sama skapi og byggð í Árnessýslu og reyndar hefur orðið mikil fækkun í Skaftárhreppi. Sóknarfærin þar liggja helst í nýjum búgreinum, matvælaiðnaði og ferðaþjónustu.

i. *Vestmannaeyjar.* Í Vestmannaeyjum hefur byggðin átt í vök að verjast undanfarin ár og fólki fækkað. Vestmannaeyjar hafa mikla sérstöðu hér á landi vegna legu sinnar, mikilvægis sjávarútvegs, sérstakrar náttúru og sögu og eyjasamfélagsins. Leita þarf allra leiða til að bæta samgöngur milli lands og Eyja. Greiðar samgöngur eru forsenda þess að hægt sé að auka fjölbreytni í atvinnulífi og treysta byggðina.

5. Nýir áhrifaþættir í þróun byggðar; áhersla á byggðakjarna.

Á undanförnum árum hefur höfuðborgarsvæðið verið langöflugasta vaxtarsvæðið á landinu og raunar það svæði sem hlutfallslega hefur vaxið örast á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað í Evrópu og Norður-Ameríku. Mestur vöxtur hefur verið þar, einkum í þekkingargreinum, þjónustugreinum og fjárfestingum. Hinn öri vöxtur og fjölbreytni í atvinnu og þjónustu hefur laðað fjölda nýrra íbúa til svæðisins af landsbyggðinni og í auknum mæli erlendis frá. Ekkert bendir til annars en að höfuðborgarsvæðið verði áfram helsta vaxtarsvæði landsins.

Nauðsynlegt er að taka raunsætt mið af yfirburðarstærð og vægi höfuðborgarsvæðisins í íslensku samfélagi við stefnumótun stjórnvalda í byggðamálum. Annars vegar er höfuðborgarsvæðið alþjóðlega samkeppnishæft borgarsvæði sem þjónar öllu landinu. Það gegnir lykilhlutverki fyrir smáþjóð á borð við Ísland sem vill bjóða landsmönnum sambærileg lífsskilyrði, atvinnukosti, menntun, menningu og þjónustu og eru meðal stórþjóða. Á hinn bóginn er aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins fyrir fólk, fyrirtæki og fjármagn svo sterkt að önnur byggðarlög í landinu eiga í erfiðleikum með að halda sínum hlut í samkeppninni, einkum þau sem ekki njóta nálægðar við það.

Nú á tímum er sú byggðastefna líklegust til árangurs hér á landi sem eflir þau byggðarlög er fjölmennust eru og eiga mesta möguleika til vaxtar í samkeppni við höfuðborgarsvæðið. Fjölbreytni í atvinnulífi, menningu og opinberri þjónustu þrífst fyrst og fremst á fjölmennum þéttbýlisstöðum. Stærstu byggðarlögin hafa því að jafnaði mest aðdráttarafl fyrir fólk og geta jafnframt virkað sem þjónustukjarnar og þekkingarmiðstöðvar fyrir heila landshluta. Uppbygging öflugra byggðakjarna er þó ekki á kostnað fámennari byggðarlaga. Þvert á móti sýnir reynslan að nálægð við fjölmenna og vaxandi þéttbýlisstaði hefur mjög jákvæð áhrif fyrir sveitir og minni þéttbýlisstaði. Má þar nefna sem dæmi Eyjafjarðarsveit og uppsveitir Árnessýslu.

Eftir því sem höfuðborgarsvæðið stækkar og samgöngur batna verða áhrif þess á byggð í næstu héruðum meiri og ná smám saman lengra. Horfur eru á að allt svæðið frá Rangárþingi til Snæfellsness verði smám saman að einni öflugri heild þar sem byggðin mun standa traustum fótum. Þótt Akureyri vaxi jafnt og þétt er bærinn enn það fámennur að áhrif hans á byggðarlög utan Eyjafjarðar eru fremur takmörkuð, þó meiri til austurs en vesturs.

Mikil samþjöppun byggðar á Suðvesturlandi undanfarna áratugi er alveg hliðstæð þróun við það sem hefur gerst í nágrannalöndunum. Fámenn afskekkt byggðarlög eiga almennt undir högg að sækja, en byggðir nálægt fjölmennum þéttbýlisstöðum eflast. Margir kjósa gjarnan að búa í fámennu byggðarlagi ef þeir geta jafnframt notið atvinnukosta og þjónustu borgarsamfélagsins. Samþjöppun byggðar er ferli sem verður ekki stöðvað. Það er verkefni stjórnvalda að taka þátt í þeirri þróun og beina henni í skynsamlegan farveg en ekki að berjast gegn henni.

V.
UM BYGGÐASTEFNU

Hvað er byggðastefna?

Stjórnvöld í flestum ríkjum Evrópu og Norður-Ameríku hafa um áratugaskeið beitt byggðastefnu í einni eða annarri mynd. Vegna þess hve byggðaþróun er í eðli sínu flókið og síbreytilegt viðfangsefni er byggðastefna sífelldum breytingum undiropin. Aðstæður til að beita henni eru líka mjög mismunandi eftir löndum.

Byggðastefna er hugtak sem ekki hefur alveg skýra merkingu. Í hugtakinu felst þó jafnan að það sé *skipuleg viðleitni* stjórnvalda til að hafa áhrif á þróun byggðar í tilteknum landshlutum, héruðum eða byggðarlögum. Það er samheiti yfir margvíslegar opinberar aðgerðir sem ætlað er að styðja þau byggðarlög, héruð eða landshluta þar sem búsetuskilyrði fólks og starfsskilyrði atvinnuvega eru lakari en í landshlutum þar sem byggð dafnar, atvinnulíf gengur vel og mannfjöldi er mestur. Í byggðastefnu einstakra landa og svæða eru mismunandi áherslur. Þannig er byggðastefna Evrópusambandsins með öðrum áherslum en byggðastefna Norðmanna svo dæmi sé tekið.

Byggðastefna tekur til fjölda málaflokka og varðar ýmsa þætti í stefnumörkun stjórnvalda; hún byggist m.a. á því að samræma og samhæfa framkvæmdir og starfsemi á ýmsum sviðum hins opinbera. Þær opinberu aðgerðir sem eru liður í byggðastefnu geta verið af ýmsu tagi. Má þar nefna:

Beinar lán- og styrkveitingar til brýnna verkefna; stuðning við rannsóknir, ráðgjöf, nýsköpun og uppbyggingarstarf í atvinnulífinu; stefnumótun innan atvinnugreina sem mikilvægar eru á landsbyggðinni, t.d. landbúnaðar og sjávarútvegs; uppbyggingu samgöngu-, orku- og fjarskiptakerfa; stjórnsýslulega valddreifingu, t.d. með eflingu sveitarfélaga; skattaívilnanir, og svo mætti áfram telja.

Þótt framkvæmd byggðastefnu sé á ábyrgð eins ráðuneytis snertir hún starfsemi flestra þeirra með einum eða öðrum hætti.

Byggðastefna er í senn pólitískt og faglegt viðfangsefni. Í rökræðu um byggðastefnu hafa tekist á ólík pólitísk sjónarmið, svo sem um ríkisforsjá og markaðshyggju, um það hversu langt eigi að ganga í jöfnunaraðgerðum milli svæða, um valddreifingu milli stjórnsýslustiga og um það hversu mikla áherslu eigi að leggja á að byggja upp kjarnasvæði og hve mikla áherslu eigi að leggja á að viðhalda byggðum sem eru fámennar, afskekktar og hnignandi. Á hinn bóginn er það faglegt úrlausnarefni að greina þróun byggðarinnar, orsakir hennar og árangursríkastu leiðirnar til treysta byggðir í landinu. Stuðningsaðgerðir hins opinbera þurfa að vera hagkvæmar og árangursríkar og forðast ber handahófskenndar og dýrar stuðningsaðgerðir sem gagnast fáum og eru aðeins til skamms tíma. Jafnframt þarf sífellt að leita leiða til að meta árangur af framkvæmd stuðningsaðgerða svo að þær séu á hverjum tíma í sem bestu samræmi við aðstæður og þarfir einstaklinga, byggðarlaga og atvinnulífs.

Hvers vegna er þörf fyrir byggðastefnu?

Segja má að byggðastefna eigi að vera liður í því almenna hlutverki hins opinbera að skipuleggja samfélagið og hafa áhrif á þróun þess til heilla fyrir borgarana. Rökin fyrir því að hið opinbera hafi áhrif á þróun byggðar í landinu má í megindráttum flokka í fernt og kenna við menningu, nýtingu auðlinda, jafnrétti borgaranna og aðlögun byggðar.

Menning þjóða þrífst á fjölbreytileika í lífsháttum og siðum, náttúru og sögulegum arfi. Hún dafnar best þegar hver einstaklingur og hvert hópur hefur skilyrði til að þroska eðli sitt og sérstöðu og gagnast með því sjálfum sér og um leið samfélaginu í heild. Á tímum þegar

ákveðin ógn steðjar að fjölbreytileika í heiminum, hvort sem er á sviði náttúru eða menningar, er það brýnna en áður að varðveita ólíka menningu, sögu og lífshætti og stuðla að sjálfbærri þróun lífríkis og byggðar. Hvert byggðarlag á Íslandi hefur ákveðna sérstöðu í náttúru, menningu og sögu og atvinnu- og lífsháttum sem hefur gildi fyrir þjóðina og auðgar hana sem eina heild. Það er því eftirsóknarvert fyrir Íslendinga sem sjálfstæða þjóð að mannlíf og menning dafni um allt landið. Með því ávaxtar þjóðin menningu sína og sögu og varðveitir best sjálfsmynd sína og tilfinningu fyrir því hver hún er. Menning tengist jafnframt þeim þáttum sem hér koma á eftir, þ.e. nýtingu náttúruauðlinda, jafnrétti borgaranna og aðlögun byggðar.

Nýting auðlinda. Náttúruauðlindir þjóðarinnar er að finna um allt landið, auk fiskimiða. Það stuðlar að hagkvæmri nýtingu margra þessara náttúruauðlinda að landið sé í byggð. Þrátt fyrir að tækniframfarir og samgöngubætur geri að verkum að byggð þurfi ekki að vera eins dreifð og áður, t.d. vegna öflugri og hraðskreiðari fiskiskipa, stóraukinna landflutninga og tæknivæðingar og hagræðingar í landbúnaði, er eigi að síður mikilvægt fyrir nýtingu auðlindanna að landið sé í byggð. Forsenda þess að nýjar atvinnugreinar á borð við ferðaþjónustu, fiskeldi og orkufrekan iðnað geti áfram byggst upp á Íslandi er enn fremur sú að þar séu blómlegar byggðir sem geta skapað þau skilyrði sem þessar greinar þurfa á að halda. Þá eru þeir sem á landinu búa og byggja afkomu sína á gæðum þess jafnan best til þess fallnir að hafa umsjón með auðlindum landsins og nytja þær af skynsemi.

Íbúar landsins eru bestu vörslumenn þess. Síðast en ekki síst er þjóðinni nauðsyn að virkja þá auðlind sem býr í fólkinu í landinu, þekkingu þess, hæfni og starfsorku. Atvinnuuppbygging og hagvöxtur á Íslandi, sem og annars staðar mun í vaxandi mæli byggjast á því að finna nýjar leiðir við að nýta það sem landið og fólkið gefur af sér. Byggðastefna á að stuðla að því að þetta markmið náist.

Jafnrétti borgaranna. Meginhlutverk hins opinbera er að skapa öllum borgurum sem hagstæðust skilyrði til þroska og enn fremur sem jöfnust tækifæri til að nýta hæfileika sína og taka þátt í samfélaginu. Þetta hlutverk felur sér í ákveðnar skyldur stjórnvalda til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir jafnrétti borgaranna sem t.d. skapast vegna búsetu. Líta má á byggðastefnu sem lið í þeirri viðleitni stjórnvalda að tryggja öllum borgurunum, að ákveðnu marki, jafnan rétt og jöfn tækifæri í lífinu. Þannig á búseta t.d. ekki að hafa áhrif á möguleika barna og ungmenna til að afla sér haldgóðrar menntunar. Þá er mikilvægt að stjórnvöld virði þau sterku tengsl sem fólk myndar við heimabyggð sína, átthaga og umhverfi. Byggðastefna á að vera liður í viðleitni stjórnvalda til að gera fólki, sem t.d. vegna aldurs eða veikinda þarf á vissri opinberri þjónustu að halda, kleift að búa áfram í sinni heimabyggð.

Aðlögun byggðar. Í þjóðfélagi sem einkennist af örum breytingum á flestum sviðum eru breytingar á byggð óhjákvæmilegar og oft æskilegar. Hagur einstaklinga og þjóða byggist í vaxandi mæli á hæfni þeirra til að laga sig að nýjum aðstæðum og nýta sér þau tækifæri sem þær hafa í för með sér. Sveiganleiki í búsetu er einn þáttur í þessari nauðsynlegu aðlögunarhæfni. Á hinn bóginn geta skyndilegar og róttækar breytingar í aðstæðum byggðarlaga haft óæskilegar afleiðingar í för með sér fyrir þau og íbúa þeirra. Svo mjög getur grafið undan grundvelli byggðarinnar að einstaklingar og fyrirtæki flosna upp án þess að fá sanngjarnt verð fyrir eigur sínar og eftir standa verðlitlar og vannýttar fasteignir og fjárfestingar. Þróun af þessu tagi er íþyngjandi fyrir einstaklinga, byggðarlög og þjóðina í heild. Það er því mikilvægt að hið opinbera aðstoði byggðarlög eftir megni við að laga sig að breyttum aðstæðum, svo sem með samgöngubótum, aðstoð við umsköpun í atvinnulífi og aðgangi að ráðgjöf og þekkingaröflun.

Byggðastefna hér á landi.

Stjórnvöld hér á landi hafa um áratugaskeið beitt margvíslegum aðgerðum í nafni byggðastefnu í því skyni að hafa áhrif á þróun byggðar í landinu. Einkum hefur henni verið beitt í þágu byggðarlaga þar sem fólki hefur fækkað, tekjur eru lágar, atvinnulíf er ótraust og fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og atvinnufyrirtækjum hafa verið takmarkaðar.

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda í byggðamálum má rekja allt aftur til kreppuáranna. „Stjórn hinna vinnandi stétta“ kom t.d. á fót skipulagsnefnd atvinnumála árið 1934. Nefndin hafði mjög víðtækt valdsvið og verkefni, m.a. til að útrýma atvinnuleysi. Margar aðgerðir nýsköpunarstjórnarinnar 1944–1947 báru einnig keim af byggðasjónarmiðum, m.a. kaup á nýsköpunartogurum og Svíþjóðarbátum og uppbygging síldarverksmiðja og hraðfrystihúsa. Sérstakri stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, var komið á fót 1972, m.a. til að vinna að framkvæmd byggðastefnu, en þar á undan var það eitt af hlutverkum Efnahagsstofnunar. Árið 1985 var Byggðastofnun komið á fót. Á áttunda og níunda áratugnum var miklu varið af opinberum fjármunum til stuðnings atvinnulífi á landsbyggðinni, mest með lánsfé á lágum vöxtum. Einkum var það sjávarútvegur sem naut slíks stuðnings. Á níunda og tíunda áratugnum urðu miklar breytingar í starfsumhverfi sjávarútvegs á landsbyggðinni sem höfðu mikil áhrif í ýmsum sjávarbyggðum.

Samkvæmt lögum um Byggðastofnun, sem fyrst voru sett 1985 en hefur síðan verið breytt, er tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára lögð fyrir Alþingi. Það var fyrst gert 1993, síðan 1997 og nú í þriðja sinn. Þótt í stefnumótandi byggðaáætlun felist áætlun um margvíslegar opinberar aðgerðir sem hafa það að markmiði að treysta búsetu á landsbyggðinni má segja að fjölmargar aðrar aðgerðir hins opinbera hafi ekki síður áhrif á þróun byggðar í landinu. Má þar nefna stefnu í sveitarstjórnarmálum, landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum, samgöngumálum og umhverfismálum.

Almenn búsetuskilyrði.

Byggðastefna snýst um fólk, þarfir þess og óskir um lífsskilyrði. Hún byggist á þekkingu á því hverjar þessar þarfir og óskir eru og á raunhæfum leiðum til að bregðast við þeim. Rannsóknir sýna að afstaða fólks til byggðarlaga og búsetu tekur mið af atvinnukostum þar sem gerðar eru sífellt meiri kröfur um fjölbreytni í starfsvali, áhugaverð og krefjandi störf og góð starfskjör, auk krafna um ýmsa aðra þætti tengda þjónustu og umhverfi. Byggðastefna þarf því að styrkja marga búsetuþætti í senn. Hér er hlutverk ríkisins þýðingarmikið, bæði vegna þess að það ber ábyrgð á skipulagi og rekstri opinberrar þjónustu og vegna þess að það getur með stefnumörkun og lagasetningu í ýmsum málaflokkum, opinberum framkvæmdum og ýmsum aðgerðum haft áhrif á almenn búsetuskilyrði fólks.

Aukin menntun og nýjar atvinnugreinar sem byggjast í vaxandi mæli á þekkingu, útivinna beggja foreldra, meiri hreyfanleiki og vaxandi velmegun er meðal þess sem veldur því að almenningur gerir nú kröfur um fjölbreytilegri atvinnukosti og betri þjónustu en áður var. Flest bendir til að áhersla á góða menntun og fjölbreytni í atvinnulífi og þjónustu muni að öllum líkindum halda áfram að aukast á komandi árum.

Auknar kröfur eru gerðar til sveitarfélaga um að skapa góð og nokkuð örugg búsetuskilyrði sem laða að fólk og fyrirtæki. Hætt er við að sveitarfélög sem ekki geta boðið upp á góð búsetuskilyrði eigi í vök að verjast. Þó er rétt að hafa í huga að alls ekki er víst að þetta muni eiga við alls staðar. Fjölbreytt atvinnulíf og þjónusta er ekki það eina sem gerir byggðarlög áhugaverð og eftirsóknarverð til búsetu. Áfram munu verða á Íslandi mörg tiltölulega fámenn og frekar afskekkt byggðarlög þar sem afkoma fólks byggist nær eingöngu á sjávarútvegi eða landbúnaði sem geta, eðli máls samkvæmt, ekki boðið upp á mikla fjölbreytni í

atvinnulífi og þjónustu. Með því að nýta sér vel undirstöðuauðlindir þjóðarinnar geta mörg þeirra staðið undir góðu mannlífi og íbúarnir notið nærveru við náttúru landsins. Byggðarlög af þessu tagi hafa upp á margt að bjóða til dæmis fyrir þá sem vilja lifa kyrrlátara lífi í nánu sambýli við náttúruna. Tilvist slíkra byggðarlaga eykur í reynd fjölbreytileika þjóðlífsins og skapar tækifæri fyrir fólk til ólíkra lífshátta. Mestu skiptir að slíkum byggðarlögum sé með einhverju móti tryggður aðgangur að náttúruauðlindunum, þar sé góð og örugg grunnþjónusta og samgöngur og fjarskipti séu greið.

Á hinn bóginn er útlit fyrir að almennt fækki störfum í hefðbundnum landbúnaði á komandi árum og ef til vill einnig að einhverju marki í sjávarútvegi. Þetta setur mörg byggðarlög í vanda sem ljóst er að bregðast verður við með því að byggja upp atvinnu og þjónustu á öðrum sviðum. Byggðarlög sem ætla sér að vaxa og dafna þurfa að geta boðið upp á skilyrði sem gera það áhugavert fyrir ungt fólk að setjast þar að og ný fyrirtæki að hefja starfsemi. Þau þurfa að geta boðið upp á góða, aðgengilega og stöðuga uppeldis- og velferðarþjónustu, öflugt atvinnulíf, hæft og menntað fólk og fjölþætta atvinnumöguleika, verslun og þjónustu. Þau þurfa enn fremur að vera vakandi fyrir breytingum í samfélaginu og geta brugðist við nýjum aðstæðum í atvinnulífi eða nýjum kröfum einstaklinga og fyrirtækja um þjónustu, samgöngur, fjarskipti o.fl.

844. Frumvarp til laga [539. mál]

um Vísinda- og tækniráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

2. gr.

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum skal mótuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun þess á hvoru sviði um sig skal undirbúin af vísindanefnd og tækninefnd.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

a. fjóra samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,
b. tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
c. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
d. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,
e. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,
f. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,
g. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,

h. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
i. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga sæti í ráðinu og skal forsætisráðherra vera formaður þess.

4. gr.

Úr hópi þeirra sem skipaðir eru skv. 1. mgr. 3. gr. tilnefnir Vísinda- og tækniráð sjö menn í vísindanefnd og jafnmarga til vara, sem menntamálaráðherra skipar. Ráðherra skipar jafnframt formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti.

Nefndirnar skulu hafa með sér samráð um þau atriði sem máli skipta fyrir stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.

5. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs. Sama á við um menntamálaráðherra vegna vísindanefndar og iðnaðarráðherra vegna tækninefndar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ný viðhorf á sviði vísinda og tækni.

Á undanförnum áratug hafa blásið nýir vindar í íslensku atvinnulífi. Miklar skipulagbreytingar hafa orðið við aukið frelsi á fjármálamarkaði og einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Fyrirtæki í hefðbundnum greinum hafa sameinast og nýir frumkvöðlar tekið forustu í þeim. Þá hafa sprottið upp fyrirtæki sem byggð eru á nýrri þekkingu og innlendum rannsóknum og þróunarstarfi, m.a. á sviði matvælatækni, upplýsingatækni, heilbrigðistækni og líftækni. Þau hafa látið að sér kveða á alþjóðlegum markaði og sum hver orðið leiðandi á sínu sviði. Fjárfesting í menntun, vísindarannsóknum og tækniþróun skilar þannig sýnilegum árangri, m.a. umtalsverðum og vaxandi tekjum í útflutningi á hátæknivörum og þjónustu sem byggð er á háþróaðri þekkingu og rannsóknum.

Þessi þróun ber að mörgu leyti sömu einkenni og gerist í öðrum löndum og kennd eru við „þekkingarþjóðfélagið". Í mati á samkeppnisstöðu þjóða er þáttur menntunar og frammistöðu á sviði vísindarannsókna og stuðningsumhverfi við nýsköpun hátt metinn. Þetta endurspeglast m.a. í nýlegum ályktunum ráðherraráðs Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD) þar sem bent er á að menntun, rannsóknir, nýsköpun og framtakssemi séu drifafl hagvaxtar í þekkingarþjóðfélaginu. Aðildarríkin eru hvött til að efla stuðning við vísindi og rannsóknir og skapa hagstæð skilyrði til nýsköpunar á grundvelli nýrrar þekkingar.

Að undanförnu hefur farið fram samanburður milli þjóða á frammistöðu á ýmsum sviðum, ekki síst á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Hafa einstök ríki, OECD og Evrópusambandið staðið að slíkum samanburði. Samanburður þessi hefur m.a. beint sjónum að þætti stjórnvalda, þ.e. hvernig staðið er að stefnumótun, fjármögnun og ákvörðunum (forgangsröðun) um stuðning við rannsóknir, verndun hugverkaréttinda og skipulagningu á hvetjandi efnahagsumhverfi fyrir framtaksfjárfesta. Margar þjóðir hafa lagt sérstaka áherslu á þessa þætti og náð athyglisverðum árangri. Þar má sérstaklega nefna smærri þjóðir eins og Íra,

Finna, Dani og Ástrali sem hafa á skömmum tíma náð mjög langt í tæknigreinum og með því aukið framleiðni og hagvöxt. Hafa Finnar og Írar t.d. náð að breyta hagkerfum sínum og ná sér upp úr verulegum efnahagserfiðleikum á tiltölulega skömmum tíma, ekki síst með fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun á sviði upplýsingatækni.

Íslenskar aðstæður.

Ísland hefur á síðustu árum staðið sig allvel í alþjóðlegum samanburði. Hafa orðið umtalsverðar breytingar frá því sem áður var að þjóðin varði hlutfallslega litlum fjármunum til vísindarannsókna og umhverfi til nýsköpunar var óhagstætt fyrir aðrar greinar en sjávarútveg. Nokkuð vel hefur tekist til um fjárfestingu í samskiptatækni og tölvu- og upplýsingatækni og búa Íslendingar við hagstæð skilyrði að þessu leyti og aðgangur að tölvum og interneti má heita almennur og þjónustugjöld með lægsta móti. Þjóðin hefur reynst móttækileg fyrir nýrri tækni og fljót að tileinka sér nýjungar á flestum sviðum. Verulegur vöxtur hefur orðið í nokkrum hátæknigreinum þar sem byggt er á innlendum rannsóknum og sérstöðu.

Þótt framsækni nýrra fyrirtækja á nýjum sviðum veki mesta athygli má ekki gleyma því að hefðbundnir atvinnuvegir byggja einnig á nýrri þekkingu sem fæst með rannsóknum og þróunarstarfi og aðgangi að menntuðu fólki sem tryggt getur endurnýjun á þekkingarinnviðum fyrirtækja og stofnana. Þörf fyrir vísindalega þekkingu og þjálfun fer vaxandi á öllum sviðum þjóðlífsins, ekki síst í mörgum þjónustugreinum, bæði á vegum hins opinbera og í einkageiranum.

Þörf á nýskipan vísinda- og tæknimála.

Ábyrgð á málum rannsókna og þróunar í þágu atvinnulífsins hefur um langt skeið hvílt á herðum einstakra fagráðuneyta, að mestu án heildarsamræmingar þeirra í milli. Þannig hefur skipan rannsóknastofnana atvinnuveganna að mestu verið óbreytt í 37 ár. Fjárveitingar til stofnana og viðfangsefna hinna hefðbundnu atvinnugreina hafa verið í fremur föstum skorðum. Þetta var m.a. gagnrýnt í úttekt OECD á vísinda-, tækni- og nýsköpunarstefnu á Íslandi árið 1992. Þar var reyndar lagt til að stofnuð yrði ráðherranefnd um vísinda- og tæknimál til að fjalla um þessi mál innan ríkisstjórnar. Af því varð þó ekki.

Rannsóknarráð Íslands hefur frá 1994, eftir sameiningu Rannsóknaráðs ríkisins og Vísindaráðs, gegnt vissu samræmingarhlutverki, annast alþjóðatengsl, safnað upplýsingum um framlög til rannsókna og lagt áherslu á samstarf opinberra rannsóknastofnana, háskóla og atvinnulífs. Hefur náðst margvíslegur árangur með styrkveitingum úr sjóðum sem ráðinu var falið að varðveita og úthluta. Hefur ráðið á grundvelli laganna frá 1994 m.a. komið upp vönduðu kerfi til að meta umsóknir um styrki á helstu sviðum vísinda, tækni og fræða. Virðist það eiga nokkurn þátt í vaxandi metnaði og samkeppnishæfni íslenskra vísindamanna í alþjóðlegum samanburði ef marka má aukna tíðni birtingar á vísindalegum greinum og þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda á síðustu árum. Auk þess hefur ráðið annast og samræmt kynningu og framkvæmd á þátttöku Íslands í evrópsku samstarfi á sviði vísinda. Hefur hún tekist vel ef marka má sóknarárangur Íslendinga í rammaáætlun Evrópusambandsins, þar sem samkeppni er allhörð.

Með hliðsjón af framangreindri alþjóðlegri og heimafenginni reynslu og vaxandi mikilvægis þessa málaflokks þykir nú tímabært að færa samræmda umfjöllun um málefni vísinda og tækni á efsta stig stjórnsýslunnar. Ljóst er að framlög atvinnulífsins til rannsókna fara ört vaxandi og jafnframt eykst metnaður vísindasamfélagsins í réttu hlutfalli við góðan árangur þess. Þótt framlög ríkisins til mennta- og vísindamála hafi lengst af verið hlutfallslega mikil miðað við framlög atvinnuveganna má nú búast við að kröfur til stjórnvalda um aukin fram-

lög til vísinda og tækni og til stuðnings við nýsköpun aukist á næstu árum. Því verður æ mikilvægara að ákvarðanir séu teknar með heildarsýn í fyrirrúmi á grundvelli stefnu sem mörkuð er af stjórnvöldum. Taka þarf mið af þörfum sem varða starfssvið margra ráðuneyta því vísindaframfarir og ný þekking nýtist þvert á þá skipan. Ljóst er að skipan opinberra rannsóknastofnana þarfnast endurskoðunar og örar breytingar eru að verða á verkaskiptingu milli opinberra aðila og einkageirans á sviði rannsókna og þróunar um þessar mundir. Þá breytast viðhorf á sviði vísinda og tækni sem og atvinnulífsins mjög hratt og mikilvægt að stjórnvöld séu vel upplýst og í aðstöðu til að bregðast við með breyttum áherslum.

Nýtt skipulag.

Aukin samkeppni, breyttar aðstæður og ytri skilyrði gera kröfu til þess að fjármunir sem varið er til vísindarannsókna og tækniþróunar séu nýttir á markvissari hátt en áður og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut. Með markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu og samhæfingu rannsóknastofnana og skýrri verkaskiptingu þeirra er hægt að nýta betur opinbert fjármagn sem rennur til rannsókna og þróunar og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Við gerð þessa frumvarps hefur verið haft til hliðsjónar að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji ótvíræðan svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Erfitt getur verið fyrir Ísland að halda stöðu sinni í fremstu röð þjóða nema málaflokkurinn fái þann sess sem honum ber í stefnumótun stjórnvalda hverju sinni.

Lög um Rannsóknarráð Íslands tóku gildi 1. júlí 1994. Samkvæmt þeim bar að endurskoða þau innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Hefur sú endurskoðun farið fram á undanförnum missirum á vegum menntamálaráðuneytisins í nánu samstarfi við ýmsa aðila sem þekkja starfssvið Rannsóknarráðs og þær breytingar sem orðið hafa á rannsóknaumhverfinu á síðustu árum. Jafnframt var leitað eftir hugmyndum um hvaða breytingar helstu rannsóknastofnanir í landinu teldu helst þörf á og skiluðu margir inn athugasemdum sínum í upphafi endurskoðunarstarfsins. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er sú að samin hafa verið þrjú lagafrumvörp, sem fela í sér verulegar breytingar á stjórnskipulagi Rannsóknarráðs og tengdra aðila. Í fyrsta lagi frumvarp þetta til laga um Vísinda- og tækniráð, sem lagt er fram af forsætisráðherra, í öðru lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem lagt er fram af menntamálaráðherra, og í þriðja lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífs, sem lagt er fram af iðnaðarráðherra.

Samkvæmt frumvörpunum þremur er gert ráð fyrir því að stefnumótun í málefnum vísindarannsókna og tækniþróunar fari fram í Vísinda- og tækniráði. Vægi málaflokksins er aukið með því að stefnumótun fer fram í ráði sem fjórir ráðherrar eiga sæti í og starfar undir stjórn forsætisráðherra. Þar koma ráðherrar, vísindamenn og fulltrúar atvinnulífs saman til stefnumótunar í málefnum rannsókna og þróunar. Er þetta nýlunda á Íslandi. Oft hefur verið bent á að það hafi staðið málaflokknum fyrir þrifum að heyra undir mörg ráðuneyti. Það hafi byrgt heildarsýn og hindrað markvissar aðgerðir. Víst er að í þeim löndum sem mesta athygli hafa vakið fyrir stefnumótun í vísindum og tækni hafa oddvitar ríkisstjórna komið að málum og staðið fyrir aðgerðum.

Úthlutun styrkja verður samkvæmt frumvörpunum þremur á vegum tveggja sjóða, Rannsóknasjóðs sem heyrir undir menntamálaráðherra og Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Sjóðirnir starfi samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs og lúti sérstökum stjórnum og ráðinu er ætlað að tryggja nauðsynlega samhæfingu í starfi sjóðanna. Í núverandi skipulagi sjóða í vörslu Rannsóknarráðs eru mörkin dregin milli grunnrannsókna annars vegar og hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna hins vegar. Þessi skilgreining er

hefðbundin en að margra mati úrelt. Einkum hafa hugtökin grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir nálgast mjög í hugum þeirra sem fást við rannsóknir. Það er til dæmis tímanna tákn að rannsóknir á ýmsum sviðum hátækni og líftækni eru oftar en ekki grunnrannsóknir í þeim skilningi að aflað er nýrrar þekkingar á meginundirstöðum fyrirbæra, þótt þær séu hagnýtar í þeim skilningi að þeim er beint að sérstökum hagnýtum markmiðum. Mörkin eru einnig óljós í jarðvísindum svo annað dæmi sé tekið. Markmið tækniþróunar og nýsköpunar lýtur hins vegar fyrst og fremst að hagnýtingu vísindalegrar þekkingar til að skapa nýjar afurðir og aðferðir eða bæta þær sem fyrir eru. Í samræmi við þetta er Rannsóknasjóði ætlað að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir en Tækniþróunasjóði tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Markmið þessa frumvarps er að finna hentugt fyrirkomulag til að samhæfa starfsemi hins opinbera og sameina þá þætti sem hagkvæmt virðist. Einnig þarf að samræma sjónarmið opinberra aðila og einkaaðila varðandi stefnu í mennta-, vísinda- og tæknimálum.

Við gerð frumvarpsins var víða leitað fanga. Skoðuð var skipan rannsóknamála í helstu nágrannalöndum okkar. Að fengnu áliti sérfróðra aðila var ákveðið að hafa skipulag rannsóknamála í Finnlandi að nokkru til hliðsjónar við gerð frumvarpsins. Finnar hafa náð góðum árangri á þessu sviði á skömmum tíma og er talið að það megi rekja til þess vægis sem málaflokknum hefur verið gefið og einnig til skipulags vísinda- og tæknimála þar í landi.

Þótt greina megi á Íslandi flesta þætti sem Finnar hafa í sínu kerfi til stuðnings við vísindi, tækni og nýsköpun er ljóst að nokkuð skortir á yfirsýn og samræmingu hér á landi. Þótt tekið sé mið af finnska vísinda- og tæknikerfinu þá er það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvörpunum þremur miðað við íslenskar aðstæður.

Í aðalatriðum má lýsa nýju skipulagi með eftirfarandi skipuriti.



Samkvæmt skipuritinu mun Vísinda- og tækniráð vinna að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar og tækniþróunar og móta stefnu fyrir opinbera aðila í vísinda- og tæknimálum. Vísinda- og tækniráðið starfar undir forustu forsætisráðherra og þar sitja jafnframt fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra. Auk þess tilnefna sjávarútvegs-

ráðherra, landbúnaðarráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og umhverfisráðherra í ráðið, svo og aðilar vinnumarkaðarins og háskólar. Í ráðinu sitja samtals 18 menn. Milli funda starfar Vísinda- og tækniráð í tveimur nefndum, vísindanefnd, sem heyrir undir menntamálaráðuneyti, og tækninefnd, sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti. Gert er ráð fyrir að nefndirnar hafi með sér náið samráð og vinni tillögur að stefnu í málaflokkum sem undir þær heyra. Menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd.

Undir menntamálaráðuneyti heyra sjálfstæðir styrktarsjóðir, Rannsóknasjóður (núverandi Vísindasjóður og Tæknisjóður), Tækjasjóður og Rannsóknarnámssjóður. Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára. Formaður vísindanefndar skal jafnframt vera formaður stjórnar Rannsóknasjóðs. Stjórn Rannsóknasjóðs fer með stjórn Tækjasjóðs. Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Rannsóknarnámssjóðs til þriggja ára í senn. Stjórnir sjóðanna taka endanlega ákvarðanir um úthlutun styrkja. Þjónustumiðstöð vísindarannsókna heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið og er henni meðal annars ætlað að annast umsýslu sjóða. Nánar er fjallað um hlutverk hennar í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Undir iðnaðarráðherra heyrir Tækniþróunarsjóður. Hlutverk hans er að fjármagna verkefni sem tengjast nýsköpun í atvinnulífinu og standa nærri markaði. Stjórn sjóðsins er ætlað að endurspegla þetta og er uppbygging stjórnarinnar í grundvallaratriðum þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglegt umhverfi sitt og þekkingarlega breidd. Gert er ráð fyrir að tveir stjórnarmenn af fimm tengist tækninefnd Vísinda- og tækniráði. Tveir tengist nýsköpunarstarfsemi, sem unnin er í þágu atvinnulísins, þar af er annar tilnefndur af rannsóknastofnunum atvinnulífsins og hinn af Samtökum iðnaðarins. Þá skipar iðnaðarráðherra fimmta stjórnarmanninn án tilnefningar. Nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er önnur lykilstarfsemi sem nýsköpunarferlið byggist á. Hlutverk hennar er fyrst og fremst miðlun vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins og aðstoð við frumkvöðla og fyrirtæki sem takast á við frumstig nýsköpunarinnar og þarfnast leiðsagnar til að ná tilætluðum árangri. Nánar er fjallað um þetta í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Í Vísinda- og tækniráði mætast einstaklingar frá ólíkum stofnunum og mismunandi stjórnsýslusviðum og einstaklingar sem þekkingu hafa úr atvinnulífinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að þessir aðilar móti stefnuna í málaflokknum. Með þessu fyrirkomulagi er honum gefið aukið vægi auk þess sem stefnumótandi ráð af þessu tagi er líklegra til þess að ná árangri í því að samræma aðgerðir opinberra aðila í vísinda- og tæknimálum en það Rannsóknarráð sem nú starfar. Hér er um metnaðarfulla hugmynd að ræða sem byggist á því að þekkingarauður þjóðarinnar sé ein helsta auðlind hennar og öðru fremur líkleg til þess að stuðla að auknum hagvexti og bættum lífskjörum í framtíðinni.

Krafan um að vel sé fylgst með nýtingu opinbers fjár felur í sér að skilgreina verður hlut ríkisins í stuðningi við vísindi og tækni með skarpari hætti en gert hefur verið. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að á sviði menntamálaráðuneytisins verði höfuðáherslan lögð á að styrkja og styðja við bakið á vísindarannsóknum, án tillits til þess hvort þær megi flokka undir grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir, jafnframt því að stuðla að menntun ungra vísindamanna. Hlutverk ríkisins á þessu sviði verður samkvæmt því annars vegar að fjármagna öfluga sjóði til þess að styrkja vísindarannsóknir og hins vegar að stuðla að meistara- og doktorsnámi á háskólastigi. Aðrir þættir þróunar og nýsköpunar heyri undir iðnaðarráðuneytið að mestu leyti og hvíli á herðum sjóða eða einkaaðila, sem veita fé til vöruþróunar, nýsköpunar og áhættufjárfestinga.

Hugtök á sviði rannsókna og þróunar.

Í frumvarpinu gegna fjögur hugtök lykilhlutverki en þau eru: Vísindi og rannsóknir annars vegar og þróun og tækni hins vegar. Öll geta þessi hugtök tengst með ýmsum hætti en í frumvarpinu eru hugtökin vísindi og rannsóknir tengd saman annars vegar og hugtökin þróun og tækni hins vegar. Þetta er gert fyrst og fremst til hægðarauka og til þess að skilgreina styrkveitingar til vísindarannsókna og til fjármögnunar tækniþróunar. Orðið vísindarannsóknir er notað yfir allar tegundir vísindarannsókna án tillits til þess hvort um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir. Við gerð frumvarpsins var ákveðið að fara þá leið að fjalla um hugtökin í athugasemdum en ekki skilgreina þau í lagatexta. Vísinda- og tækniráði og nefndum þess er ætlað að sjá til þess að opinber stefna og stuðningur nái til allra þessara þátta og tengi þá saman.

Í frumvarpinu er jafnframt stuðst við þrjú grunnhugtök: Grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir og þróun. Fyrstu tvö hugtökin hafa ekki skýr mörk og eru því nefnd einu nafni rannsóknir í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru eftirfarandi hugtök lögð til grundvallar:

- *Grunnrannsóknir* fela í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem innt er af hendi með það í huga að afla nýrrar þekkingar á undirstöðum fyrirbæra og atburða, oft án þess að hafa nokkra tiltekna hagnýtingu í huga. Meiri hluta slíkra rannsókna er samt sem áður beint að sviðum sem eru áhugaverð fyrir þann sem greiðir fyrir rannsóknirnar.
- *Hagnýtar rannsóknir* fela einnig í sér tilraunir eða fræðilega vinnu sem fer fram með það í huga að afla nýrrar þekkingar. Þeim er hins vegar oftast beint að sérstökum hagnýtum stefnumiðum eða markmiðum.
- *Þróun* felur í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu, sem miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki; að setja upp ný ferli, kerfi og þjónustu; eða að bæta verulega þessa þætti þar sem þeir eru fyrir.

Tölulegar staðreyndir.

Umtalsverð aukning hefur orðið á útgjöldum til rannsókna og þróunar á Íslandi á síðustu árum. Upplýsingar um þessi útgjöld á Norðurlöndunum frá 1999 sýna t.d. að Ísland var með hæstu árlegu raunaukningu á Norðurlöndum á síðasta áratug eða um 12,6%.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að auka veg menntunar og rannsókna sem eru forsenda fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Af því tilefni hefur frá árinu 2000 verið fjallað sérstaklega um útgjöld til rannsóknar- og þróunarmála í fjárlagafrumvarpi í þeim tilgangi fá heildaryfirsýn yfir þessi útgjöld á vegum ráðuneyta til að geta betur samræmt og samhæft aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2002 voru þessi útgjöld hjá öllum ráðuneytunum áætluð um 8,9 milljarðar kr. og er þá miðað við fjárframlög til stofnana ásamt sjálfsaflafé þeirra og önnur verkefni. Ef einungis er litið til áætlaðra framlaga ríkisins nemur sú upphæð um 7 milljörðum kr.[1] Áætluð skipting framlaga milli ráðuneyta sést á mynd 1. Þar kemur fram að menntamálaráðuneytið er umsvifamest. Framlög þess til rannsókna er um 4 milljarðar kr. árið 2002 sem er 57% af framlögum ríkisins til þessara mála. Næst umsvifamesta ráðuneytið er sjávarútvegsráðuneytið með 1,4 milljarð kr. til rannsókna 2002 sem er 21% af framlögum ríkisins til rannsóknarmála (sjá mynd 1).

Mynd 2 sýnir áætlaða skiptingu framlaga til rannsóknamála á fjárlögum árið 2002. Framlög til menntastofnana eru rúmir 2,4 milljarðar kr. eða um 35% af heildarframlagi ríkisins.

---

[1] Samkvæmt gögnum Rannsóknarráðs Íslands.

Framlög til rannsókna atvinnuveganna eru um 1,8 milljarðar kr. eða um 26%. Opinberar rannsóknastofnanir eru svo þriðju í röðinni með 1,3 milljarð kr., eða 18,8%. Framlög til Rannsóknarráðs Íslands og ýmissa sjóða, þ.m.t. sjóða í vörslu þess, eru um 650 millj. kr. eða um 9,2% af heild. Til ýmissa áætlana og verkefna renna um 7,3% af framlögum til rannsóknarmála og í erlent rannsóknastarf um 4,3%.

Mynd 1. Opinber framlög til rannsókna og þróunar árið 2002, eftir uppruna.



Mynd 2. Opinber framlög árið 2002, eftir móttakendum.



Eins og sést á mynd 2 er hlutfall ýmissa sjóða sem leggja fé til rannsókna og þróunar um 9% eða um 650 millj. kr. af heildarframlögum ríkisins til þessara mála. Þó að hlutfall samkeppnissjóða sem Rannsóknarráð hefur yfir að ráða sé ekki hærra en raun ber vitni er mikilvægi þeirra ótvírætt. Þar fer fram ítarlegt faglegt mat á umsóknum þar sem gæði og árangur verkefna hafa mest að segja. Sjóðirnir eru nánast eina opinbera fjármagnið hérlendis þar sem efnt er til samkeppni milli umsókna um styrki. Vægi þeirra er því meira en upphæðir gefa til kynna.

Mikilvægt er að samhæfing náist milli þeirra ráðuneyta sem hafa með rannsóknarmál að gera. Umhverfi vísinda- og rannsóknastarfsemi hefur breyst ört á síðustu árum, m.a. með aukinni þátttöku fyrirtækja, alþjóðavæðingu og tilkomu áhættufjármagnssjóða. Breytt mynd kallar á skýrari stefnu og aukna samhæfingu og samráð þeirra sem fara með fjármagn ríkisins í þessum málaflokki. Þessi staðreynd er grunnurinn að þeirri hugmynd að myndað verði Vísinda- og tækniráð með þátttöku þeirra sem bera ábyrgð á rannsókna- og þróunarmálum, hverra á sínu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um meginmarkmið frumvarpsins og sérstök áhersla lögð á mikilvægi þeirra fyrir menningu þjóðarinnar og atvinnuvegina. Gert er ráð fyrir að stefna stjórnvalda, sbr. 2. gr., verði mörkuð í samræmi við þessi markmið.

Um 2. gr.

Hér er lagt að stefnumótun í vísinda- og tæknimálum verði í höndum Vísinda- og tækniráðs, sem skipað er skv. 3. gr., og umfjöllun ráðsins á hvoru sviði um sig undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar, sem skipaðar eru skv. 4. gr. Gert er ráð fyrir að stefnan verði hverju sinni mótuð til jafnlangs tíma og ráðið og nefndirnar eru skipaðar eða til þriggja ára í senn.

Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi opinberra rannsóknastofnana og opinberra úthlutunarsjóða, áherslur á sviði vísinda og tækni, þ.m.t. vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun. Þannig er gert ráð fyrir að umfjöllun ráðsins taki til almennrar þróunar á sviði vísinda og tækni, samhæfingar opinberra stofnana á sviði vísindarannsókna, aðgerða sem miða að þróun tækni og aukinnar nýtingar hennar og skiptingar fjármuna ríkisins til vísinda- og tæknimála.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um skipan Vísinda- og tækniráðs. Til að starfsemi þess fái þá pólitísku athygli sem viðfangsefnið verðskuldar er lagt til að fjórir ráðherrar eigi þar föst sæti, en auk þeirra verði ráðið skipað 14 fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífsins og vísindasamfélagsins.

Gert er ráð fyrir að ráðið komi saman undir forsæti forsætisráðherra, en skipti að öðru leyti sjálft með sér verkum, ákveði starfshætti og skipuleggi starfsemi sína, að svo miklu leyti sem um það er ekki mælt í reglugerð sem forsætisráðherra setur, sbr. 5. gr.

Um 4. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stefnumótun Vísinda- og tækniráðs verði undirbúin af vísindanefnd annars vegar og tækninefnd hins vegar og taki mið af tillögum þeirra. Vísindanefnd fjallar þá um mál er varða vísindi og rannsóknir, en tækninefnd um mál er

varða tækni og þróun. Til að tryggja samfellu og samræmi í störfum nefndanna og ráðsins er hér lagt til að nefndirnar verði skipaðar ráðsmönnunum sjálfum og varamönnum þeirra til jafnlangs tíma og ráðið er skipað. Hvor ráðherra um sig ber ábyrgð á að búa nefndunum viðunandi starfsskilyrði og aðstöðu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að forsætisráðherra geti sett nánari ákvæði um starfsemi vísinda- og tækniráðs, eftir því sem þörf er á, og sama eigi við um menntamálaráðherra vegna vísindanefndar og iðnaðarráðherra vegna tækninefndar.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi við birtingu, en vitaskuld hljóta bæði ráðið og nefndirnar í upphafi að haga störfum sínum í takt við aðrar skipulagsbreytingar á þessu sviði, sbr. bráðabirgðaákvæði við frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnsýslu vísindamála. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífs.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að stofnað verði vísinda- og tækniráð á vegum forsætisráðherra sem taki við hluta af stefnumótunarverkefnum Rannsóknarráðs Íslands sem jafnframt er lagt niður, ásamt því að fá aukið hlutverk á sviði stefnumótunar.

Lagt er til að forsætisráðherra skipi samkvæmt tilnefningu fjórtán aðalfulltrúa og varamenn þeirra í ráðið, auk þess sem fjórir ráðherrar skulu eiga sæti í ráðinu. Menntamálaráðherra skipar síðan úr hópi aðal- og varafulltrúa sjö menn í vísindanefnd og jafnmarga til vara og iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti. Þar sem ekki liggur fyrir hvernig nýtt ráð og nefndir munu starfa eru ekki forsendur til að meta útgjöld sem leiðir af nýju skipulagi. Af þessum sökum er gengið út frá því að í heildina hafi breytingin ekki áhrif á útgjöld ríkisins þótt þau muni augljóslega skiptast öðruvísi en verið hefur.

845. Frumvarp til laga [540. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Sverrir Hermannsson.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og framsal.

1. gr.

Lög þessi gilda um:

a. samninga og viðskiptabréf, þar með talda tékka og víxla, þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara,
b. samninga og viðskiptabréf þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum aðalskuldara.

Lög þessi ganga framar ákvæðum annarra laga sem kveða á um ábyrgðarmenn eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð undanþegið samninga og viðskiptabréf ef nafnvirði fjárhæðar þeirra nær ekki 300.000 kr., auk þess sem lögin gilda ekki um framsal tékka við innlausn hans í fjármálastofnun.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirtalin orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Einstaklingur sem skuldbindur sig persónulega eða með eigum sínum gagnvart öðrum til tryggingar efndum fjárskuldbindinga þriðja aðila.

Aðalskuldari: Sá sem gengist er í ábyrgð fyrir.

Kröfuhafi: Eigandi eða handhafi kröfu sem ábyrgðarmaður hefur ábyrgst.

Framsalshafi: Sá er fær kröfu framselda til sín.

3. gr.

Við framsal kröfu sem ábyrgðarmaður er í ábyrgð fyrir eða hefur veðsett eigur sínar til tryggingar efndum á gilda ákvæði þessara laga um samband framsalshafa og ábyrgðarmanns. Framsalshafi skal án tafar tilkynna ábyrgðarmanni um framsalið. Framsalshafi ber ábyrgð á því tjóni sem af því kann að hljótast að tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur.

Ábyrgðarsamningur sem ekki kveður skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara er ógildur. Enn fremur er ábyrgðarsamningur ógildur ef hann kveður á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast í framtíðinni.

Skilyrði sem ekki kemur fram í ábyrgðarsamningi er ekki bindandi fyrir ábyrgðarmann nema lög kveði á um annað.

5. gr.

Áður en ábyrgðarmaður undirritar ábyrgðarsamning skal kröfuhafi upplýsa hann skriflega um hvers konar ábyrgð um er að ræða og hversu víðtæk hún er. Kröfuhafi skal enn fremur upplýsa ábyrgðarmann um hverju það geti varðað falli ábyrgðin að öllu leyti eða að hluta á hann með tilliti til fjárhags ábyrgðarmanns.

Auk þess skal kröfuhafi upplýsa ábyrgðarmann um:

a. kröfu þá sem ábyrgðarmaður vill ábyrgjast, auk upplýsinga um þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfu, fyrningarreglur, hlutfall ábyrgðar eða hæstu fjárhæð sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast og kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna vanefnda aðalskuldara,
b. veð og tryggingar sem auk ábyrgðarloforðs er ætlað að standa til tryggingar efndum kröfu, þar með talið virði eigna sem aðalskuldari hefur sett til tryggingar efndum,
c. aðrar skuldir aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og hvort þær eru í vanskilum enda liggi samþykki aðalskuldara fyrir um veitingu slíkra upplýsinga; hafni aðalskuldari því að ábyrgðarmanni verði veittar þessar upplýsingar skal ábyrgðarmanni tilkynnt um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Ábyrgðarmanni skal afhent eintak af lánssamningi og ábyrgðarsamningi auk annarra skriflegra upplýsinga sem skylt er að veita honum.

III. KAFLI
Réttarsamband kröfuhafa og ábyrgðarmanns.

6. gr.

Kröfuhafi skal tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um vanefndir aðalskuldara. Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum kostnaði sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var send tilkynning um vanefndir aðalskuldara. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni ef veð eða aðrar tryggingaráðstafanir eru ekki lengur tiltækar. Jafnframt skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um lát aðalskuldara eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Kröfuhafi skal, fyrir hver áramót, tilkynna ábyrgðarmanni skriflega um hvaða kröfum hann er í ábyrgðum fyrir, hverjar eftirstöðvar þeirra eru, hvort þær eru í vanskilum og hversu mikil vanskil eru, ef um þau er að ræða.

Vanefni kröfuhafi tilkynningarskyldu sína ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess.

7. gr.

Kröfuhafi getur ekki gert fyrirvara um það í ábyrgðarsamningi að hann geti einhliða breytt skilmálum samnings í óhag fyrir ábyrgðarmann. Breyting á upphaflegum lánssamningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur engin áhrif á ábyrgðarsamning nema samhliða sé gerð á honum sams konar breyting. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt samningi við aðalskuldara.

Ákvæði í samningi um að ábyrgðarmaður afsali sér rétti til að gera kröfur á hendur lánveitanda vegna vanefnda á skyldum hans gagnvart ábyrgðarmanni eru ógild.

8. gr.

Vanefni aðalskuldari skyldur sínar þannig að kröfuhafi gjaldfellir kröfu ásamt vöxtum og kostnaði gildir sú gjaldfelling ekki gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið tilkynnt um vanefnd aðalskuldara og jafnframt gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ábyrgðar-

maður verður ekki krafinn um dráttarvexti eða kostnað vegna innheimtu eða annarra fullnustuaðgerða nema honum hafi áður verið gefinn kostur á að greiða kröfuna. Ef ábyrgðarmaður ákveður að greiða kröfuna eða koma henni í skil skal hann tilkynna kröfuhafa og aðalskuldara um það um leið og greiðsla hefur átt sér stað.

9. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs enda hafi ábyrgðarmaður ekki haft hag af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

Kröfuhafi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða eða ábyrgðarmaður hafi haft ávinning af lánveitingunni eða stofnun kröfunnar.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

10. gr.

Hafi kröfuhafi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls aðalskuldara og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á kröfuna.

Ef kröfuhafi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú aðalskuldara lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi aðalskuldara.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur aðalskuldara hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingaráðstafana.

11. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðaryfirlýsingu hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingaráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild.

12. gr.

Viðskiptaráðherra skal setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I. og II. kafla laga þessara.

VII. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nú flutt í fimmta sinn. Frumvarpið er óbreytt frá 126. löggjafarþingi nema hvað birt er sem fylgiskjal bréf laganefndar Neytendasamtakanna um frumvarpið frá 6. desember sl.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga. Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Ekki hefur tekist að finna nýrri upplýsingar um stöðu þessara mála hér en fátt bendir til þess að verulegar breytingar hafi orðið á þessu sviði þrátt fyrir vilja fjármálastofnana til þess. Því bendir flest til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu viðskiptaráðuneytisins, *Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga,* að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist m.a. í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra (lánastofnana) hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda (kröfuhafa), auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningnum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka sína áhættu. Þessu er frumvarpinu, verði það að lögum, ætlað að breyta.

Þá er það eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum hefur verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið. Í reynd eru flestir ábyrgðarsamningar skriflegir og því mun þetta ákvæði ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess að afhending svokallaðra tryggingarvíxla, sem er sérístenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Finna má mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi um að forsenda þess að samningar tókust hafi verið að þriðji aðili, einstaklingur, gekkst í ábyrgð á efndum. Dæmi eru að samningur hafi komist á þrátt fyrir að samningsaðilum hafi verið ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samninginn. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig hefur verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Því er í 9. gr. kveðið á um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns, sem hann býr í, ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, auk þess sem þar er að finna ákvæði þess efnis að krafa um gjaldþrotaskipti verði ekki höfð uppi vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings. 9. gr. á sér sumpart fyrirmynd í reglu sem hefur verið lögfest víða í Bandaríkjunum, svokallaðri „Homestead exemption“-reglu (Homestead exemption for the house in which the debtor lives, þ.e. „homestead“ merkir heimili skuldara). Í öllum samanburði við þessa reglu er rétt að hafa í huga að bandaríska reglan á við um gjaldþrotaskipti, en hér er ætlunin að setja almennar reglur um ábyrgðarmenn. „Homestead exemption“-reglan kveður á um að heimili skuldara renni ekki inn í gjaldþrotabú við skipti. Rökin fyrir henni eru þau að það þjóni ekki hagsmunum samfélagsins að reka einstaklinga og fjölskyldur á dyr í kjölfar gjaldþrots heldur auki það aðeins á vandann í stað þess að leysa hann. Þá er og sagt að samfélagsleg vandamál vegna sundraðra heimila vegi þyngra en hagsmunir einstakra kröfuhafa af því að geta leitað efnda kröfu með því að selja hús ofan af skuldaranum. Tilvist reglunnar leiðir sjálfkrafa af sér að ríkar kröfur eru gerðar til samningsaðilanna sjálfra um

fagleg vinnubrögð við samningsgerð. Sú staðreynd að gagnaðili eigi fasteign undanþiggur ekki viðsemjanda hans frá því að sýna ýtrustu aðgæslu við samningsgerð. Reglan sem er almenn tekur jafnt til aðalskuldara og ábyrgðarmanna og gengur því mjög langt í því að vernda fjölskylduna, mun lengra en hér er gert, enda gildir þetta frumvarp aðeins um ábyrgðarmenn. Þessa hugsun er ætlunin að færa inn í íslenskan rétt með lögfestingu frumvarpsins.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins, einkanlega 9. gr., sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu enda er hér aðeins verið að standa gegn því að gert verði fjárnám í heimilum þeirra sem gangast í persónulega ábyrgð fyrir þriðja aðila, án þess að þeir hafi persónulegan hag af lánveitingunni. Eftir sem áður geta einstaklingar í frjálsum samningum veðsett eigur sínar að vild. Flutningsmenn telja að samningsfrelsi sé og verði ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt eðlilegar undantekningar geti verið á þeirri reglu sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í frumvarpinu eru skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara vegna fjárskuldbindinga, auk þess sem ábyrgðarkrafa er færð skör neðar, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er heimilt.

Rökin fyrir þeim reglum sem hér er lagt til að verði lögfestar eru markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi á fjölda ábyrgðarmanna sé óviðunandi, eins og áðurnefnd skýrsla viðskiptaráðherra ber með sér. Enn fremur er í frumvarpinu gerð sú krafa til kröfuhafa að þeir sendi um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir hafa gengist í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utan um þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir það í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má sem dæmi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en löngum hefur tíðkast að samstúdentar skrifi upp á lán hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa næga yfirsýn yfir hvaða ábyrgðir þeir hafa skrifað upp á.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarp þetta lagt fram fimmta sinni þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni munu lögin gilda um samninga og skuldabréf þar sem einstaklingur hefur skuldbundið sig persónulega eða fyrir hönd einkafirma til að tryggja efndir peningakröfu. Enn fremur er þeim ætlað að gilda um sams konar samninga þar sem einstaklingar hafa veðsett eigur sínar til tryggingar efndum peningakröfu á hendur aðalskuldara. Lögin munu gilda um alla samninga einstaklinga þar sem þeir hafa ákveðið að gangast í ábyrgð gagnvart þriðja aðila og breytir engu hvort ábyrgðin er in solidum, pro rata, einföld eða annars konar ábyrgð. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin taka til gerningsins er hvort einstaklingur gengst í ábyrgð þar sem aðalskylda aðalskuldara er greiðsla peninga. Lögin munu einnig taka til tilvika þegar einstaklingar taka á sig persónulega ábyrgð í gegnum einkafirma sitt. Aðalatriðið við mat á því hvort lögin eigi við er hvort einstaklingur verði persónulega ábyrgur falli niður greiðsla af hálfu aðalskuldara.

Lögin munu taka til allra einstaklinga í tilvikum þar sem fleiri en einn hefur undirritað ábyrgðarsamning. Réttarsamband hvers og eins er því sjálfstætt gagnvart kröfuhafa.

Ætlunin er að lögin gangi framar gildandi lögum sem fjalla um ábyrgðarmenn, þ.e. þeim er ætlað að taka til allra samskipta kröfuhafa og ábyrgðarmanna.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðir sem ekki ná tiltekinni fjárhæð. Viðskiptaráðherra setur nánari reglur um þá fjárhæð en hún má ekki vera hærri en 300.000 kr. Viðmiðunin er heildarfjárhæð sem ábyrgst er gagnvart ákveðnum kröfuhafa. Því verður ekki komist fram hjá þessum reglum með því að gera fleiri samninga en einn við sama lánveitanda. Meginástæða þess að flutningsmenn vilja takmarka ábyrgðir við ákveðna fjárhæð er að reglunum er ekki ætlað að hefta viðskipti. Það væri þó hugsanleg niðurstaða ef reglunum væri ætlað að taka til allra viðskipta, hversu smávægileg sem þau kynnu að vera.

Lögunum er ekki ætlað að gilda um ábyrgðaryfirlýsingar vegna verk- og/eða vinnusamninga eða aðra samninga þar sem kveðið er á um aðra aðalskyldu aðalskuldara en greiðslu peninga. Aðalskuldari getur verið hvort heldur sem er einstaklingur eða lögaðili.

Lögin munu taka til allra réttarsambanda þar sem þriðji maður hefur gengist í persónulega ábyrgð fyrir greiðslu peningakröfu. Þeim er ekki ætlað að vera afturvirk, en á hinn bóginn munu þau gilda um réttarsambönd sem þegar hefur verið komið á og hefur ekki verið lokið. Má þar nefna upplýsingaskyldu kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmanni, réttarstöðu við lýsingu krafna í þrotabú og annað þótt lögin taki ekki til stofnunar ábyrgðarsamnings sem þegar hefur verið stofnað til.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að við framsal kröfu taki framsalshafi við réttindum og skyldum hins upphaflega kröfuhafa eins og þær eru. Framsalshafi ber ábyrgð á því tjóni sem kann að hljótast af því eða verður rekið til þess að ábyrgðarmanni var ekki tilkynnt um framsalið og gat því ekki af þeim sökum tryggt hagsmuni sína.

Um 4. gr.

Í þessari grein kemur fram það formskilyrði fyrir gildi ábyrgðarsamnings að hann sé skriflegur. Í ábyrgðarsamningi á að koma fram hvaða upplýsingar lágu fyrir við samningsgerðina. Enn fremur skal koma fram hvaða réttindi kröfuhafi áskilur sér gagnvart ábyrgðarmanni umfram það sem leiðir af lögum og venjum, ef einhver eru, því að ábyrgðarmaður er ekki bundinn af öðrum skilyrðum en þeim sem fram koma í samningum nema lög eða venjur kveði á um annað. Ákvæðið nær einnig til handhafabréfa.

Í 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarsamningur er ógildur ef ekki kemur skýrt fram hver er höfuðstóll kröfu á hendur aðalskuldara. Jafnframt er óheimilt að kveða á um afhendingu viðskiptabréfs með ábyrgðarmönnum til tryggingar óákveðinni kröfu. Þetta ákvæði hefur í för með sér að óheimilt er að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum í því skyni að tryggja kröfu sem kann að stofnast á hendur aðalskuldara í óskilgreindri framtíð. Sem dæmi má nefna að bankar, lánastofnanir eða greiðslukortafyrirtæki gætu ekki lengur krafist þess að einstaklingur legði fram viðskiptabréf, t.d. tryggingarvíxil, með ábyrgðarmönnum áður en umbeðin fyrirgreiðsla fengist. Slíkur samningur væri ógildur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu kröfuhafa við samningsgerð. Vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa ábyrgðarmann um atriði sem talin eru upp í greininni geta leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð samkvæmt samn-

ingi. Í vafatilvikum hvílir sönnunarbyrðin um vanrækslu kröfuhafa á upplýsingagjöf á honum sjálfum. Markmiðið með þessu ákvæði er að ábyrgðarmanni sé ljós sú fjárhagslega áhætta sem hann tekur með undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort kröfuhafi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína lýtur að því hvort öll atriði sem gátu varpað ljósi á áhættu ábyrgðarmanns hafi legið fyrir við undirritun. Vanræksla kröfuhafa við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarloforðið sé ógildanlegt, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Samkvæmt a-lið 2. mgr. skal upplýsa ábyrgðarmann um kröfu sem hann ábyrgist, hvort tímamörk eru á ábyrgðinni, fyrningarreglur og hvernig henni verði slitið, höfuðstól kröfu, greiðslubyrði aðalskuldara, hlutfall ábyrgðar, kostnað sem ábyrgðarmanni er ætlað að ábyrgjast vegna innheimtu og fullnustugerða o.s.frv.

Í b-lið 2. mgr. kemur fram að upplýsa skuli ábyrgðarmann um hvaða tryggingar hafa verið settar til að tryggja efndir aðalskuldara og hvers virði þær séu. Þar þarf að liggja til grundvallar mat á markaðsvirði eigna.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í c-lið 2. mgr. kemur fram að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá að vita um aðrar skuldbindingar aðalskuldara hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra. Þessar upplýsingar verða þó ekki veittar nema að fengnu samþykki aðalskuldara. Ef hann veitir ekki samþykki sitt á ábyrgðarmaður á hinn bóginn rétt á því að fá að vita um það áður en hann undirritar ábyrgðarsamning.

Að lokum er kveðið á um að ábyrgðarmaður eigi rétt á því að fá afhent eintök af láns- og ábyrgðarsamningum sínum.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara auk þess sem kveðið er á um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega ef veð eða aðrar tryggingar sem kunna að hafa áhrif á réttarstöðu hans eru ekki lengur tiltækar eða líklegt er að þær fari forgörðum á einhvern hátt. Þá skal kröfuhafi tilkynna ábyrgðarmanni um gjaldþrot eða andlát aðalskuldara verði hann þess vís.

Hér er sú kvöð lögð á kröfuhafa að hann verði að tilkynna ábyrgðarmanni um vanefndir aðalskuldara ætli hann að innheimta dráttarvexti hjá ábyrgðarmanni eða annan kostnað vegna vanefndanna. Hér liggur að baki sú hugsun að ábyrgðarmaður geti alltaf gripið inn í og greitt gjaldfallna afborgun/greiðslu eins og hún var á gjalddaga.

Í 2. mgr. er kröfuhafa gert skylt að tilkynna ábyrgðarmönnum um hver áramót um stöðu þeirra krafna sem þeir eru í ábyrgðum fyrir og ef vanskil eru, hversu mikil þau séu. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum telja flutningsmenn nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á landi að ábyrgðarmenn fái a.m.k. einu sinni á ári yfirlit yfir ábyrgðir sem þeir hafa gengist í. Vanræki kröfuhafi að sinna þessari tilkynningarskyldu ber hann ábyrgð á því tjóni sem ábyrgðarmaður kann að verða fyrir vegna þess. Kröfuhafi skal tryggja sér sönnur á því að hann hafi uppfyllt þessa tilkynningarskyldu. Þetta á, að breyttu breytanda, við um aðrar greinar frumvarpsins þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu kröfuhafa.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að kröfuhafi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar leiða til tjóns fyrir ábyrgðarmann. Þetta á þó ekki við um eðlilegar breytingar sem leiðir af upphaflega samningnum milli aðalskuldara og

kröfuhafa, eins og breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum kostnaði sem kröfuhafi hafði í upphaflegum samningi við aðalskuldara áskilið sér rétt til að breyta. Hér er enn fremur hnykkt á sjálfstæði réttarsambands ábyrgðarmanns og kröfuhafa og tekið fram að breyting á upphaflegum samningi kröfuhafa og aðalskuldara hefur ekki sjálfkrafa áhrif á ábyrgðarsamning. Þá er kröfuhafa óheimilt að fara fram á yfirlýsingu þess efnis að ábyrgðarmaður afsali sér til frambúðar rétti á því að krefjast bóta vegna vanrækslu kröfuhafa á að uppfylla kröfur sem ákvæði laga þessa gera til hans. Slík ákvæði eru ógild.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu ábyrgðarmanns þegar kröfuhafi hefur gjaldfellt kröfu. Gjaldfelling kröfunnar hefur ekki áhrif gagnvart ábyrgðarmanni nema honum hafi áður verið gefinn kostur á því að koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Í tilkynningunni skal greina skilmerkilega frá fjárhæðum sem ábyrgðarmaður þarf að greiða hyggist hann koma kröfunni í skil eða greiða hana upp. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna reglur sem þrengja efni ábyrgðarloforðs frá því sem nú er. Í fyrsta lagi verður ekki gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns sem hann býr í eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Undantekning er þó frá þessari reglu í þeim tilvikum þegar ábyrgðarmaður hefur haft persónulegan hag af lánveitingunni.

Markmiðið með þessu ákvæði er að undanskilja heimili ábyrgðarmanns aðför vegna krafna sem eiga rætur að rekja til ábyrgðarsamnings. Engu breytir hvort einn eða fleiri eru í ábyrgð, reglan gildir um alla.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geymir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði. Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, sbr. lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til ábyrgðarsamnings. Hins vegar, ef til gjaldþrotaskipta kemur á búi ábyrgðarmanns, njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti. Reglan takmarkar ekki möguleika kröfuhafa á að ganga að veði ef ábyrgðarsamningur er í formi veðsetningar á eign ábyrgðarmanns.

Markmiðið með þessari reglu er að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar missi algerlega fótanna í sinni efnahagslegu tilveru vegna þess eins að þeir hafi ábyrgst skuldbindingar annarra sem síðar hafi fallið á þá.

Hér er ekki að mati flutningsmanna verið að vega að meginreglunni um samningsfrelsi enda geta einstaklingar áfram sem hingað til veðsett eigur sínar eins og samningar takast um. Kjarninn í þessari grein er sá að ekki verður gert fjárnám í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs. Í núgildandi aðfararlögum, nr. 90/1989, er víða að finna ákvæði sama efnis, þ.e. að tiltekin verðmæti skuli undanþegin aðför, m.a. í

VI. kafla. Þar kemur m.a. fram í 43. gr. að ekki skuli gert fjárnám í hlutum sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili.

Um 10. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að kröfuhafi eigi ekki að geta fengið kröfu sína tvígreidda vegna tilvistar ábyrgðarmanns. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað annars staðar að kröfuhafar geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda aðalskuldara.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er alfarið á herðum kröfuhafa og hann ber hallann af því vanræki hann að lýsa kröfu sinni í búið.

Geri kröfuhafi samning við aðalskuldara um að hann greiði aðeins hluta kröfu hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins skuld aðalskuldara eins og hún er hverju sinni gagnvart kröfuhafa þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi kröfuhafa og aðalskuldara.

Um 11. gr.

Ljóst er að ábyrgðarmaður getur aldrei orðið ábyrgur hafi aðalskuldari aldrei orðið skuldbundinn samkvæmt samningnum. Sem dæmi um slíkt má nefna að geti aðalskuldari ekki skuldbundið sjálfan sig vegna lögræðisskorts verður ábyrgðarmaður ekki bundinn við efndir samningsins. Með öðrum orðum felst í yfirlýsingu ábyrgðarmanns að hann ábyrgist efndir aðalskuldara gagnvart kröfuhafa en ekki gildi samningsins sjálfs.

Ef kröfuhafi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingaráðstöfunum sem gera stöðu ábyrgðarmanns verri en ella er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Við skýringu á þessu ákvæði verður þó að hafa til hliðsjónar reglur kröfuréttarins um brostnar forsendur.

Veiti kröfuhafi aðalskuldara einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu nema kröfuhafi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu aðalskuldara á upphaflegum gjalddaga.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að reglugerðarheimild viðskiptaráðherra nær aðeins til setningar nánari ákvæða og reglna að því er varðar I. og II. kafla laganna. Heimildin nær ekki til setningar reglna eða nánari ákvæða að því er varðar aðra kafla.

Fylgiskjal.

Bréf laganefndar Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um ábyrgðarmenn.

(Reykjavík 6. desember 2001.)

Laganefnd Neytendasamtakanna þakkar bréf þitt dags. 15. nóv. sl. Laganefndin fjallaði um bréf þitt á fundum sínum þ. 20.11. sl. og 29. 11. sl. og vill af þessu gefna tilefni taka fram eftirfarandi:

Laganefnd Neytendasamtakanna leggur áherslu á að þú leggir fram frumvarp þitt um ábyrgðarmenn á nýjan leik. Laganefnd Neytendasamtakanna telur að með samþykkt þess yrði

eytt ákveðinni réttaróvissu varðandi stöðu ábyrgðarmanna auk þess sem að þá væri tryggilega kveðið á um upplýsingaskyldu og annað sem kveðið var á um í frumvarpinu og horfir til mikilla bóta á þessum vettvangi viðskiptalífsins. Einnig má á það benda að mikilvægir aðilar sem stunda lánaviðskipti svo sem tryggingarfélög höfnuðu aðild að samkomulaginu sem Neytendasamtökin gerðu við fjármálafyrirtæki.

Með því að gera samning við fjármálastofnanir svo sem Neytendasamtökin gerðu var fyrst og fremst verið að reyna að koma betri skipan á mál sem varðar ábyrgðarmenn en formaður Neytendasamtakanna tók það ítrekað fram við gerð samkomulagsins og undirskrift þess að það væri skoðun Neytendasamtakanna að lagasetning væri nauðsynleg. Það er auk heldur einróma skoðun laganefndar Neytendasamtakanna að samkomulag Neytendasamtakanna og fjármálafyrirtækja dragi ekki úr þörf lagasetningar á þessu sviði en með samkomulaginu er verið að reyna að þróa samskipti aðila til betri vegar. Eins og bent er á hér að ofan eru ýmsir stórir lánveitendur eins og t.d. tryggingafélögin sem lána mikið t.d. vegna bifreiðaviðskipta ekki aðilar að samkomulaginu og höfnuðu að vera það, en það eitt út af fyrir sig sýnir að full þörf er á að aðilar á lánamarkaðnum séu bundnir við lágmarksreglur eins og þær sem að kveðið var á um í frumvarpi þínu um ábyrgðarmenn.

Laganefnd Neytendasamtakanna telur ljóst að réttarstaða neytanda er ekki sú sama á grundvelli umræddS samkomulags og væri um sett lög að ræða. Samkomulag Neytendasamtakanna og fjármálafyrirtækja hefur ekki sama skuldbindingagildi og þegar um sett lög er að ræða. Líta verður á samkomulagið sem viljayfirlýsingu um að fara að ákveðnum grundvallarreglum sem um er fjallað í samkomulaginu og er það af hinu góða en er ekki skuldbindandi á sama hátt fyrir aðila og sett lög.

Þrátt fyrir það að atriði sem þessi séu ekki skuldbindandi fyrir aðila svo sem sett lög þá ber að taka það fram að reynslan af samstarfi sem þessu hefur almennt verið góð. Þannig hafa seljendur sjaldan brotið gegn samkomulagi sem við þá er gert af Neytendasamtökum en þau atriði eru fyrst og fremst eins og að framan getur til að þróa viðskiptahætti til betri vegar en geta ekki komið í stað lagasetningar um mikilvægar réttarbætur fyrir neytendur. Fjölmörg dæmi eru hins vegar til um að samningar heildarsamtaka neytenda og seljanda hafi síðan leitt til lagasetningar eins og æskilegt væri að yrði í því tilviki sem hér ræðir um.

Af ofangreindum ástæðum hvetur laganefnd Neytendasamtakanna þig eindregið virðulegi þingmaður til að leggja fram á nýjan leik frumvarp þitt um ábyrgðarmenn.

Tekið skal fram að ofangreint er einróma afstaða laganefndar Neytendasamtakanna.

Virðingarfyllst,

Jón Magnússon hrl.,
formaður laganefndar Neytendasamtakanna.

846. Fyrirspurn [541. mál]

til fjármálaráðherra um innkaup ríkisspítala.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hversu hátt hlutfall, tiltekið í prósentum eða krónum af heildarfjárhæð, af innkaupum ríkisspítalanna eru samkvæmt útboði?

847. Fyrirspurn [542. mál]

til samgönguráðherra um skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvenær er von á að skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árin 1998, 1999, 2000 og 2001 komi út?

848. Skýrsla [543. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2001.

I. Inngangur.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarfið á vettvangi norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila í þessum löndum og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis- og auðlindamál, aukið menningarsamstarf landanna og skóla- og íþróttasamvinnu, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu um einstakan málaflokk og getur auk þess skipað sérstakar vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landstjórna, með virkri þátttöku í norrænu samstarfi, samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

II. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í byrjun árs 2001 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Einar K. Guðfinnsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðrún Ögmundsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón

A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, og Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Í ágúst sl. urðu þær breytingar á skipan Íslandsdeildar að Árni Johnsen sagði af sér þingmennsku og tók þá Hjálmar Árnason tímabundið við formennsku í deildinni. Frá og með 8. október sl. tók Einar Oddur Kristjánsson við formennsku og Hjálmar Árnason við varaformennsku, auk þess sem Kjartan Ólafsson tók sæti aðalmanns af hálfu þingflokks Sjálfstæðisflokks. Jóhanna H. Halldórsdóttir var ritari Íslandsdeildar til 31. mars, Stígur Stefánsson gegndi þá starfi ritara tímabundið þar til í byrjun ágúst en þá tók Guðfríður Lilja Grétarsdóttir við starfinu.

III. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Fyrri hluta árs bar hæst skipulagningu og innlegg Íslandsdeildar til ráðstefnu Vestnorræna ráðsins um veiðimennsku Vestur-Norðurlanda, en ráðstefnan var haldin á Akureyri dagana 11.–14. júní. Íslandsdeildin tók virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og ræddi ýmsar tillögur að dagskrá, fyrirlesurum og erindum. Auk þess hafði deildin náið samráð við sérfræðinga hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Akureyrarbæ til að gera ráðstefnuna sem best úr garði. Í þessu sambandi má nefna að Akureyrarbær hefur á ýmsan hátt sýnt áhuga á að skipa sér sess sem eins konar miðstöð fyrir vestnorræna samvinnu og m.a. útbúið tillögur að vestnorrænum samstarfsverkefnum sem Íslandsdeild hefur tekið til skoðunar.

Á fundum sínum hefur Íslandsdeild einnig lagt fram tillögur um aukið samstarf landsdeildanna á vefnum og hvernig nýta megi tölvutæknina betur til að styrkja samstarf og upplýsingaflæði landanna þriggja á milli. Í samráði við framkvæmdastjóra vann deildin auk þess að tillögum um hvernig heimasíða ráðsins yrði betrumbætt og uppfærð, en sú vinna er enn í fullum gangi.

Íslandsdeild lagði metnað sinn í að ígrunda vel tillögur að ályktunum fyrir ársfund, en ályktanir þær sem samþykktar eru á ársfundi Vestnorræna ráðsins eru í kjölfarið lagðar fyrir Alþingi af hálfu Íslandsdeildar í formi þingsályktunartillagna. Deildin var sammála um að nauðsynlegt væri að fylgjast betur með afdrifum ályktana ráðsins og að tryggja þyrfti skilvirkara upplýsingaflæði og eftirfylgni við framkvæmd þessara ályktana. Nauðsynlegt væri að hafa skýra yfirsýn yfir hvar á vegi hinar ýmsu ályktanir væru staddar innan ráðuneytanna og tilgangslaust væri að eyða orku og tíma í samningu og samþykkt ályktana sem aldrei yrðu að veruleika. Í þeim efnum var sérstaklega veitt athygli drögum að yfirlýsingu þar sem samstarfsráðherrar landanna skuldbinda sig til að hafa yfirsýn yfir þessi mál og halda landsdeildum Vestnorræna ráðsins upplýstum um gang mála. Íslandsdeild studdi undirskrift slíkrar yfirlýsingar samstarfsráðherranna eindregið á ársfundi ráðsins í september sl. og málið er nú í vænlegum farvegi.

Fyrir ársfund útbjó Íslandsdeild sérstaka ályktun til samþykktar um stofnun sameiginlegrar auðlindanefndar landanna þriggja þar sem bent var sérstaklega á að hver þjóð um sig hefði dýrmæta reynslu á tilteknum sviðum auðlindanýtingar sem aðrar þjóðir gætu lært af. Íslandsdeild ræddi auk þess tillögur að ýmsum verkefnum sem auka eiga samstarf og þekkingu almennings á vestnorrænu löndunum, en nánari útfærsla og framkvæmd þessara tillagna er í vinnslu.

IV. Ráðstefna um veiðimennsku.

Ráðstefnan um veiðimennsku sem haldin var á Akureyri dagana 11.–14. júní. sl. var vel sótt og þótti einkar vel heppnuð. Við skipulagningu ráðstefnunnar kappkostaði Íslandsdeild, forsætisnefnd og framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins að fá gesti úr sem flestum áttum til

að sækja ráðstefnuna og flytja erindi. Veiðimenn, vísindamenn, náttúruverndarsinnar, stjórnmálamenn og aðrir sem sinna veiði og nýtingu lífríkis landanna voru sérstaklega boðnir svo að opin og gagnrýnin umræða mætti skapast ólíkra hópa á milli. Þrjú stór mál voru tekin fyrir á ráðstefnunni. Í fyrsta lagi var fjallað um framtíðarhorfur hins vestnorræna veiðimannasamfélags og stað þess í nútímanum, í öðru lagi var fjallað um tengsl veiðimennsku og ferðamannaiðnaðar og í þriðja lagi um alþjóðlegar umhverfisstofnanir og náttúruvernd og tengsl þeirra við vestnorrænan veruleika. Fjölmargir fyrirlesarar frá löndunum öllum tóku til máls og gerðu grein fyrir viðhorfum sínum.

Veiði hefur ætíð skipað stóran sess á Vestur-Norðurlöndum og hefðir og lifnaðarhættir veiðimennsku einkenna löndin öll. Veiðimennska landanna er merki um þau nánu tengsl manns og náttúru sem þar ríkja og í löndunum hefur þróast veiðimenning sem sker sig á ýmsan hátt úr á alþjóðlegum vettvangi. Þessi menning snýr ekki eingöngu að þeim háttum, aðferðum og tækni sem einkennt hafa vestnorræna veiðimenn að störfum um aldir, heldur nær til mun víðtækari menningarlegra þátta eins og t.d. fjölbreytilegrar notkunar skinna og matargerðarlistar. Það er því sérstakt áhersluatriði landanna allra að varðveita vitneskju og auka þekkingu umheimsins á veiðimennsku og veiðimenningu. Ráðstefnan á Akureyri var einn liður í að halda á lofti þessu sérstæða einkenni Vestur-Norðurlanda, en fleiri viðburðir eru ráðgerðir á næsta ári til að ljá málinu lið.

V. Ársfundur Vestnorræna ráðsins.

Ársfundur ráðsins var haldinn í Nuuk dagana 10.–14. september. Þá var kosin ný forsætisnefnd ráðsins. Hana skipa Hjálmar Árnason, formaður Vestnorræna ráðsins og varaformaður Íslandsdeildar, Jógvan Durhuus, fyrsti varaformaður, og Ole Lynge, annar varaformaður. Sem nýkjörinn formaður ráðsins lagði Hjálmar Árnason í ræðu sinni sérstaka áherslu á að samkomulag samstarfsráðherra Vestur-Norðurlanda um eftirfylgni og upplýsingaflæði varðandi ályktanir ráðsins yrði undirritað sem fyrst. Auk þess fjallaði hann um ýmsa þætti vestnorrænnar samvinnu og leiðir til að efla þá vinnu, einkum á sviði menningarmála, íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Sérstakir gestir fundarins voru Klaus Nygaard, vísindamaður hjá náttúrufræðistofnuninni í Nuuk, Jonathan Motzfeldt, formaður grænlensku landstjórnarinnar og Amalie Jessen, embættismaður heimastjórnarinnar í umhverfismálum, og voru líflegar umræður um erindi þeirra.

Á ársfundinum voru allar framlagðar tillögur, þrjár samtals, samþykktar sem ályktanir. Í fyrstu ályktun er skorað á ríkis- og landstjórnir landanna að halda alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum. Þátttakendur ráðstefnunnar skulu koma úr mismunandi áttum, þar á meðal verði stjórnmálamenn, vísindamenn, leikmenn og ólík hagsmunasamtök, svo sem dýra- og náttúruverndarsamtök. Í annarri ályktun er skorað á ríkis- og landstjórnir landanna að efna til samstarfs um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda svo að þekking á þessari sameiginlegu arfleifð gleymist ekki. Í þriðju ályktun er skorað á ríkis- og landstjórnir landanna að koma á fót níu manna vestnorrænni samstarfsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda, með þremur fulltrúum frá hverju landi, þar sem löndin skiptast á upplýsingum og læra af reynslu hvers annars á mismunandi sviðum auðlindanýtingar. Ályktanirnar voru allar samþykktar samhljóða og liggja nú fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögur.

Fundurinn fagnaði nýfenginni áheyrnaraðild Vestnorræna ráðsins að þingmannanefnd um norðurskautsmál, en sú aðild var samþykkt á fundi þingmannanefndarinnar á Akureyri í ágúst sl. Ljóst er að málefni Vestur-Norðurlanda og málefni annarra ríkja við norðurskaut skarast á margvíslegan hátt og því ætti náið samstarf að vera beggja hagur.

Það setti svip sinn á setningu fundarins hinn 11. september sl. að fréttir höfðu þá nýlega borist af hryðjuverkunum í Bandaríkjunum. Upphafi fundar var frestað um tvo klukkutíma og síðar var hinna látnu minnst með þögn fundargesta. Að auki samþykkti fundurinn að senda sérstakt bréf til forseta Bandaríkjanna þar sem Vestnorræna ráðið vottaði Bandaríkjamönnum hryggð sína og hlutdeild.

VI. Fundir forsætisnefndar með ráðherrum Vestur-Norðurlanda og forstöðumönnum Norrænu húsanna.

Fundir forsætisnefndar með ráðherrum Vestur-Norðurlanda þóttu einkar árangursríkir að þessu sinni og gáfu tækifæri til að fylgja á eftir ýmsum áhersluatriðum sem rædd höfðu verið á ársfundi ráðsins. Hjálmar Árnason sótti fundina sem formaður Vestnorræna ráðsins.

Af fundunum mætti fyrst nefna að samstarfsráðherrar landanna samþykktu að skrifa undir yfirlýsingu sem tryggja á betra upplýsingaflæði og eftirlit með framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins. Áður en skrifað verður undir vildu ráðherrarnir þó fínkemba orðalag samkomulagsins og því er formleg undirskrift ráðgerð síðar á þessu ári. Eins og komið hefur fram er þetta mál sem Íslandsdeild hefur lagt sérstaka áherslu á.

Á fundi með menntamálaráðherrum landanna lýstu ráðherrar yfir stuðningi sínum við vestnorræn bókmenntaverðlaun fyrir barna- og unglingabækur, en Vestnorræna ráðið samþykkti árið 1999 að efna til slíkra verðlauna. Verðlaunin skulu veitt annað hvert ár og ein bók er útnefnd í hverju landi. Ráðuneyti landanna ábyrgðust að sjá um og borga allar þýðingar á verkunum sem tilnefnd væru. Menntamálaráðherrarnir sögðu einnig frá ýmiss konar ánægjulegu samstarfi, svo sem í tölvumálum grunnskóla, íþróttamótum, ráðstefnu vestnorrænna ungmennahreyfinga og öðru slíku. Þeir sögðu margt vera að gerast á þessu sviði og væri það ekki síst ályktunum Vestnorræna ráðsins að þakka.

Fundur með félagsmála- og heilbrigðisráðherrum landanna var einnig vel heppnaður. Samstarf landanna þriggja á þessu sviði hefur nokkuð aukist frá því á kvennaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn og sögðust ráðherrarnir stefna að meiri samvinnu í framtíðinni.

Á sérstökum fundi með forstöðumönnum Norrænu húsanna var farið yfir stöðu mála varðandi veiðimenningarsýningu sem opnuð verður á vegum Vestnorræna ráðsins hinn 15. júní 2002 í Þórshöfn. Undirbúningur gengur mjög vel og tölvulíkan af sýningunni mæltist vel fyrir. Ráðgert er að sýningin verði sett upp í ýmsum norðlægum löndum og margir hafa sýnt verkefninu áhuga og stuðning. Sýningin er þegar bókuð á öllum Norðurlöndum, sem og á Írlandi, Skotlandi og víðar. Eystrasaltsríkin hafa einnig veitt sýningunni athygli en enn er ekki ljóst hvort af uppsetningu verður þar.

Að lokum má nefna að samhliða fundum efndi forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins til blaðamannafundar vegna útgáfu bókarinnar „Viljen til Vestnorden". Í þessari stuttu og handhægu bók, undir ritstjórn Ole Lindboe og Ernst Olsen, er að finna margvíslegar ritgerðir og vangaveltur um vestnorrænu löndin og einkenni þeirra. Bókinni er ætlað að vekja athygli á sameiginlegum einkennum vestnorrænu landanna og vekja umræðu um stöðu þeirra. Forsætisnefnd og Ole Lindboe sátu fyrir svörum á vel sóttum blaðamannafundi um bókina, en bókinni hefur m.a. verið dreift til bókasafna og skóla hérlendis.

VII. Verkefni Vestnorræna ráðsins 2002.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins verður haldin í Þórshöfn dagana 13.–14. júní nk. og mun að þessu sinni verða fjallað um samgöngumál landanna. Samgöngur landanna á milli eru, eins og vitað er, bæði dýrar og stopular og ráðstefnunni er ætlað að kanna frá sem flestum sjónarhornum hvaða úrbætur koma til greina í þessum málaflokki. Íslandsdeild hefur

þegar hafið undirbúning að framlagi Íslands til ráðstefnunnar og hafið viðræður við ýmsa aðila hérlendis sem lagt gætu málefninu lið. Veiðimenningarsýning ráðsins verður svo sett við hátíðlega athöfn í Þórshöfn hinn 15. júní nk.

Eins og fram hefur komið samþykkti Vestnorræna ráðið fyrir nokkrum árum að efna til verðlauna fyrir barna- og unglingabækur og í ár verða verðlaunin veitt í fyrsta sinn. Verðlaunin eru að upphæð 60.000 danskar krónur og meginmarkmið þeirra er að styðja við bókmenntahefð Vestur-Norðurlanda og hvetja barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu, og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í fræðslu- og skólastarfi landanna. Fyrirhugað er að veita verðlaunin við hátíðlega athöfn á ársfundi Vestnorræna ráðsins hérlendis í ágúst komandi, en Íslandsdeild vinnur nú að undirbúningi fundarins.

VIII. Yfirlit yfir ályktanir sem Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í Nuuk, Grænlandi, 10.–14. september 2001.

- Ályktun um að halda alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.
- Ályktun um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.
- Ályktun um að koma á fót vestnorrænni samstarfsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda.

Alþingi, 15. febr. 2002.

Einar Oddur Kristjánsson, form.	Hjálmar Árnason, varaform.	Guðmundur Hallvarðsson.
Gísli S. Einarsson.	Svanfríður Jónasdóttir.	Kjartan Ólafsson.

849. Skýrsla [544. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2001.

I. Inngangur.

Þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) var stofnuð árið 1977 og hafði það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Umsvif og starfsemi nefndarinnar jukust til muna þegar viðræður hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi hinn 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í þau fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þau þrjú aðildarríki EFTA sem heyra undir EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-hluta nefndarinnar eingöngu eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessi tvö andlit þingmannanefndar EFTA sem eina heild.

Eins og þing annarra aðildarríkja á Alþingi fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA. Nefndin heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári auk þess sem hún fundar tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, málefni EES og Evrópusambandsins (ESB), gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og efnahags- og viðskiptamál almennt. Nefndin á einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við (t.d. ríki í Mið- og Austur-Evrópu, á Miðjarðarhafssvæðinu og í Suður-Ameríku). Þessi þáttur í starfi EFTA eykst stöðugt og eru fríverslunarsamningar við fleiri lönd og svæði í bígerð.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar hittist fyrir hvern fund og undirbýr starf nefndarinnar, hefur umsjón með verkefnum og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Í samvinnu við Evrópuþingið vann þingmannanefnd EFTA ötullega að því á sínum tíma að í EES-samningnum væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd EES (95. gr. samningsins). Í sameiginlegu þingmannanefnd EES eru nú 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá hinum þremur EES-aðildarríkjum EFTA (EFTA-hluti sameiginlegu þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þegar í upphafi hafði sameiginlega þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vildi skoða sérstaklega. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn (rapporteurs), einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingmanna. Á grundvelli þessara skýrslna leggja þingmennirnir jafnframt fram drög að ályktunum sem bornar eru undir atkvæði. Ályktanirnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og utanríkisviðskiptanefndar þess og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Bæði ráðherraráðið og sameiginlega EES-nefndin gera athugasemdir við ályktanir þingmannanefndarinnar. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig þau mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún málin upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Við gagnaöflun og undirbúningsvinnu leitar þingmannanefndin upplýsinga hjá ráðherraráði EFTA og embættismönnum stofnana EFTA og ESB og kemur skoðunum og áherslum þingmanna á framfæri við þessa aðila.

II. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Árið 2001 skipuðu Íslandsdeildina Vilhjálmur Egilsson formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Gunnar Birgisson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Fjeldsted, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingar-

innar – græns framboðs. Í október sl. tók Magnús Stefánsson sæti Jóns Kristjánssonar sem varamaður. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson. Fulltrúi Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EES var Vilhjálmur Egilsson. Jóhanna Helga Halldórsdóttir var ritari Íslandsdeildar til 31. mars, Belinda Theriault gegndi starfinu til 8. ágúst en þá tók Guðfríður Lilja Grétarsdóttir við.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES árið 2001.

Starfsemi nefndanna var með reglulegum hætti á árinu. Þingmannanefnd EES hélt tvo fundi og þingmannanefnd EFTA þrjá auk tveggja funda með ráðherraráði EFTA. Þingmannanefnd EFTA hélt einnig fjölsótta ráðstefnu um stækkun ESB. Þá má geta þess að þingmannanefnd EFTA átti sérstakan fund með ráðgjafanefnd EFTA, en samstarf nefndanna hefur í seinni tíð verið að styrkjast. Vilhjálmur Egilsson gegndi formennsku bæði í þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES á árinu og í heild var Íslandsdeildin mjög virk í störfum beggja nefnda. Fulltrúar Íslandsdeildar báru upp flestar fyrirspurnir innan nefndanna og knúðu á um meiri og ítarlegri umræðu um ýmis mál.

Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Skýrslurnar fjölluðu um nefndafræði ESB, ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2000, breytingar á stjórnarháttum ESB og nýjar reglur í samkeppnismálum. Vilhjálmur Egilsson kynnti auk þess vinnuskýrslu um áhrif EMU á EFTA/EES þar sem hann fjallaði m.a. um áhrif þess á íslenska gengið ef nágrannalöndin tækju upp evruna. Vilhjálmur var einnig annar höfunda vinnuskýrslu um Nice-sáttmálann. Þorgerður K. Gunnarsdóttir var annar höfunda skýrslu um samkeppnismál og flutti framsögu um þau mál auk þess að svara fyrirspurnum.

Venja er að Íslandsdeildin fundi með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan ESB, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Á þessum fundum kynnir Íslandsdeildin helstu þætti EFTA/EES. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Íslands og þær skuldbindingar sem ESB hefur gagnvart EFTA/EES-ríkjunum, auk þess sem rætt er um helstu áhersluatriði viðkomandi ríkja í væntanlegri forsætistíð þeirra. Á síðari hluta árs hélt Íslandsdeild því fund með fulltrúum Evrópunefndar spænska þingsins, en Spánverjar tóku við forsæti í ráðherraráði ESB í ársbyrjun 2002.

IV. Nokkur málefni í EFTA- og EES-samstarfi sem Íslandsdeild vill vekja athygli á.

Evrópusambandið hefur tekið miklum breytingum síðan EES-samningurinn var undirritaður og í hverjum mánuði bætast við nýjar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á EES-löndin. Ör þróun hefur orðið á Rómarsamningnum (stofnsáttmála ESB) bæði með ríkjaráðstefnunni í Maastricht og Amsterdam og nú síðast í Nice. Margar þessara breytinga verða ekki hluti af EES-samningnum en hafa þrátt fyrir það mikil áhrif á framkvæmd hans. Þetta getur leitt til ósamræmis í túlkun reglna innan ESB annars vegar og EFTA/EES hins vegar.

a. Stækkun ESB.

Stækkun ESB kallar á gífurlegar breytingar í evrópsku samstarfi. Þrettán ríki hafa formlega verið viðurkennd sem umsóknarríki og sérhvert nýtt ESB-ríki verður einnig aðili að EES-samningnum. Mikilvægt er að EFTA/EES-ríkin fylgist vel með samningaviðræðunum, sérstaklega þegar samið verður um aðlögunartíma ríkjanna í einstaka málum þar sem laga þarf EES-samninginn að undanþágum og breytingum. Þingmannanefnd EFTA og Íslandsdeildin hafa ítrekað minnt á mikilvægi þess að EFTA/EES-ríkin séu upplýst um gang

samningaviðræðna og séu höfð með í ráðum þegar samið verður um aðlögunartíma og önnur mikilvæg mál.

Möguleikar EFTA-ríkjanna til að hafa áhrif á ákvarðanaferlið og stefnumótun innan ESB og EES minnka væntanlega við stækkun ESB. Kerfið verður enn þyngra í vöfum en áður og tilkall EFTA-ríkjanna til sérstöðu minnkar í samræmi við það. Fyrirsjáanlegt er að ESB fari fram á það við EFTA-ríkin að þau auki fjárframlög í þróunarsjóði og styrki innan vébanda sambandsins. Spurningin er þá hvort EFTA-ríkin gangi þegjandi og hljóðalaust að þessum kröfum ESB eða fari fram á eitthvað í staðinn.

Í þessu samhengi er ekki úr vegi að minna á þau áhrif sem stækkun ESB hefur á fríverslun EFTA við önnur ríki. Tvíhliða fríverslunarsamningar EFTA við hin nýju aðildarríki munu falla úr gildi um leið og ríkin ganga í ESB. Við munu taka samningsskilyrði sem kalla á tolla fyrir sjávarafurðir frá EFTA vegna viðskipta við nýju aðildarríkin. Fulltrúar Íslandsdeildar hafa bent á að EFTA eigi að fara fram á bætur fyrir þetta. Auk þess hefur verið bent á að slíkar bætur ætti að reikna með hliðsjón af mikilvægi þeirra markaða og viðskipta sem EFTA verður af með niðurfellingu núgildandi samninga, en miklir vaxtarmöguleikar eru á þessum mörkuðum.

Ef marka má orð sem dr. Gerhard Sabathil, sendiherra ESB á Íslandi og í Noregi, lét falla á ráðstefnu EFTA um stækkun ESB sl. haust mun ekki verða hlaupið að því fyrir EFTA að semja um slíkar bætur eða önnur bætt skilyrði EFTA gagnvart ESB. Sabathil taldi að EFTA-ríkin gætu ekki gert kröfur um bætur á grundvelli reglna um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Sabathil lýsti EES-samningnum sem „biðsal" sem við stækkun ESB yrði enn fjær rás viðburðanna í Evrópu en nú væri. EFTA-ríkin yrðu að gera sér grein fyrir því að annaðhvort væru þau hluti af ESB eða ekki og mun minna tillit væri tekið til hagsmuna þeirra sem væru í „biðsalnum" heldur en þeirra ríkja sem komin væru inn fyrir dyr. Það virðist því ljóst að róður EFTA til að ná eyrum ESB reynist þungur.

b. Áhrif EFTA/EES á ákvarðanatöku og nefndavinnu.

Ísland innleiðir nú um 80% af gerðum ESB um innri markaðinn í lög sín. Vald Evrópuþingsins hefur aukist mjög síðan skrifað var undir EES-samninginn og fara framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið nú með sameiginlegt löggjafarvald í flestum málum. Þar eð EFTA/EES-ríkin hafa samkvæmt samningnum engan formlegan aðgang að Evrópuþinginu hefur áhrifavald EFTA við mótun ákvarðana minnkað enn frekar en áður. Á fundum þingmannanefnda EFTA og EES hefur verið bent á mikilvægi þess að lagagerðir og ákvæði sem eru í deiglunni innan ESB fái pólitíska umræðu í EFTA-ríkjunum áður en ákvarðanir eru endanlega teknar. Einnig hefur verið bent á mikilvægi þess að sérfræðingar EFTA fái meiri aðgang að nefndum og geti aflað sér upplýsinga um þau mál sem eru í deiglunni, ekki síst svo hægt sé að verja hagsmuni EFTA-ríkjanna í málum sem eru enn á mótunarstigi. Þá hefur líka verið bent á að EFTA-ríkin virðast ekki nýta sér til fulls þau tækifæri til nefndasetu sem EES-samningurinn gefur kost á. Á fundum þingmannanefnda EFTA og EES hefur það einnig verið rætt að hvetja eigi þegna EFTA/EES-landanna til að draga þingmenn til ábyrgðar fyrir þau margþættu áhrif sem þróun EES-samningsins hefur á þjóðlíf og lýðræði heima fyrir.

c. Endurskoðun EES-samningsins.

Miklar umræður spunnust á fundum þingmannanefndanna um hugsanlega endurskoðun og uppfærslu EES-samningsins og möguleika EFTA-ríkjanna til að tryggja betur aðkomu sína að ákvarðanaferli og nefndasetu innan ESB. Mikið var rætt um hversu langt slík endurskoðun ætti að ganga og fulltrúar þingmannanefndar EFTA báðu um svör við því hjá ráð-

herraráði EFTA hvenær skýr skilgreining á slíku ferli ætti að liggja fyrir. Spurt var hvenær vænta mætti samræmdrar afstöðu EFTA-ríkjanna um hvernig endurskoðun skyldi háttað, en nokkurs misræmis gætti í áherslum og afstöðu ríkjanna til málsins. Ráðherrar svöruðu því til að samræmd afstaða ríkjanna ætti að liggja fyrir snemma árs 2002. Um tíma leit út fyrir að ESB væri nokkuð jákvætt í afstöðu sinni til uppfærslu á samningnum, en nú virðist vilji til slíks takmarkaður.

d. Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Frammistöðumat ESA um innleiðingu gerða í EES-löndunum bar nokkuð á góma á fundum þingmannanefndanna beggja. Á fundum fyrri hluta árs kom fram gagnrýni á EFTA/EES-ríkin fyrir að verma síðustu sæti EES-landanna á lista ESA yfir frammistöðu við innleiðingu og upptöku gerða. Formaður hvatti til þess að EFTA-ríkin legðu metnað sinn í að vera á meðal efstu ríkja hvað þetta varðaði. Slíkt væri nauðsynlegt til að styrkja innri markaðinn og auk þess mikilvægt fyrir EFTA-ríkin til að standa betur að vígi við stækkun ESB. Við frammistöðumat ESA sem gefið var út í nóvember sl. höfðu bæði Noregur og Ísland tekið sig allverulega á og bætt stöðu sína til muna. Næsta frammistöðumat sker betur úr um hvernig túlka megi frammistöðu Íslands.

e. Þriðju ríki – þróun fríverslunarsamninga.

Samskipti við þriðju ríki eru ekki hluti af EES-samningnum. Hins vegar hefur stefna EFTA verið sú að gera fríverslunarsamninga við sömu ríki og ESB hefur samið við og koma þannig í veg fyrir mismunun af hálfu þessara ríkja gagnvart fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum. Í byrjun gerði EFTA fjölda samninga við ríki í Mið- og Austur-Evrópu og Miðjarðarhafsríki. Á sl. árum hefur EFTA verið að færa út kvíarnar til annarra heimsálfa og lauk m.a. samningi við Mexíkó árið 2000. Á liðnu ári lauk EFTA svo viðræðum um víðtækan samning við Singapúr. Þetta er fyrsti samningur sem EFTA gerir við ríki í Austur-Asíu og er þess vænst að skrifað verði undir á miðju þessu ári. Eftir miklar tafir virðast viðræður um fríverslunarsamning við Kanada vera á lokastigi og viðræður standa sömuleiðis yfir við Chile. Íslandsdeildin hefur bent á nauðsyn þess að uppfæra fríverslunarsamninga sem EFTA hefur gert og tryggja viðhald þeirra, enda sé slíkt nánast jafnmikilvægt og gerð nýrra samninga.

V. Frásagnir af fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

Hér verður gerð stuttlega grein fyrir helstu málum sem komu til umræðu á fundum þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu.

61./29. fundur þingmannanefndar EFTA í Brussel 27. febrúar 2001.

Framkvæmd Lissabon-áætlunarinnar var í brennidepli á fundinum sem og aðgangur EFTA-sérfræðinga að nefndum ESB, en hvort tveggja hefur mikil áhrif á EES-samstarfið. Sérfræðingar EFTA fullyrtu að það væri eingöngu undir pólitískum vilja komið hvort EFTA-ríkin nýttu sér þær nýju aðferðir og stefnubreytingar sem felast í Lissabon-áætlun ESB. Ef EFTA-ríkin gerðu það ekki væri hins vegar hætta á að misræmi mundi í auknum mæli fara að gæta á innri markaðnum. Spurt var hvaða viðbragða mætti vænta við nýlegri útilokun sérfræðinga EFTA frá einni af nefndum ESB og sagðist yfirstjórn EFTA vera að skoða málið og meta hvort ástæða væri til alvarlegra pólitískra viðbragða. Að auki var fjallað um 111. gr. EES-samningsins sem tekur til deilna um túlkun og notkun samningsins. Ef deilumál koma upp sem varða EFTA/EES-ríki skal ESA, og hugsanlega EFTA-dómstóllinn, úrskurða í málinu áður en 111. gr. samningsins er gerð virk. Í tveimur málum sem upp höfðu komið

hafði framkvæmdastjórn ESB hins vegar hafið aðgerðir skv. 111. gr. áður en ESA hafði úrskurðað um málin. Var mál manna að hér væri framkvæmdastjórnin að skipta sér af störfum ESA og vanvirða það vald sem ESA hefur samkvæmt EES-samningnum.

16. fundur þingmannanefndar EES, 62./30. fundur þingmannanefndar EFTA og 24. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA dagana 19.–22. júní 2001 í Vaduz, Liechtenstein.

Á fundi þingmannanefndar EES voru tvær skýrslur teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Annars vegar var tekin fyrir greinargerð um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir árið 2000 og hins vegar skýrsla um nefndafræði ESB. Vilhjálmur Egilsson benti á seinagang við lögleiðingu EES-gerða og sagði brýnt að EFTA-ríkin stæðu skil á sínu í þeim efnum og bættu stöðu sína í frammistöðumati ESA. Ögmundur Jónasson lagði áherslu á að þingmönnum yrði gert kleift að ræða lagagerðir á undirbúningsstigi og varaði við þeirri þróun að umræða færi þá fyrst fram eftir að gerðirnar væru komnar á lokastig úrvinnslu. Össur Skarphéðinsson ítrekaði nauðsyn þess að finna framtíðarlausn á þeim vanda sem blasti við vegna áhrifaleysis EFTA/EES-ríkjanna í nefndum ESB.

Í ályktun fundarins var bent á að einsleitni innri markaðar EFTA/EES væri ábótavant og slíkt gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þegar ESB stækkar. Þá voru EFTA/EES-ríkin eindregið hvött til að leita leiða til að verða virkari þátttakendur í ákvarðanatöku ESB og þá helst á frumstigi lagasetningarferlisins. Í ályktun um nefndafræði ESB ítrekaði fundurinn gagnsemi þess að EFTA/EES-ríki tækju virkan þátt í ESB-nefndum og hvatti eindregið til að fundin yrði lausn á aðild EFTA/EES að fleiri mikilvægum nefndum ESB.

Þá voru tvær vinnuskýrslur formanns og varaformanns kynntar til umræðu. Vilhjálmur Egilsson talaði fyrir vinnuskýrslu um áhrif EMU á EFTA/EES og fjallaði m.a. um margþætt áhrif þess á íslenska gengið ef nágrannalöndin tækju upp evruna. Vinnuskýrsla formanns og varaformanns um Nice-sáttmálann var einnig mikið rædd. Vald Evrópuþings á sviði lagasetningar hefur aukist mjög síðan EES-samningurinn var gerður og fara framkvæmdastjórn og þingið nú með sameiginlegt löggjafarvald í flestum málum. Þar eð EFTA hefur engan formlegan aðgang að Evrópuþinginu minnkar áhrifavald EFTA-ríkja við mótun ákvarðana. Geta EFTA-ríkjanna til að koma að ákvarðana- og lagasetningarferlinu minnkar væntanlega enn til muna við stækkun ESB, sem og bolmagn þeirra til að æskja breytinga. Þorgerður K. Gunnarsdóttir vakti í þessu sambandi athygli á vaxandi samvinnu í dóms- og löggæslumálum innan ESB með stofnun „Eurojust“ og spurði hvort hugsanlegt væri að auka samvinnu við ESB á þessu sviði. Svör voru á þá leið að slíkt væri eftirsóknarvert en erfitt mundi reynast fyrir EFTA-ríki að koma formlega að slíku samstarfi.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var aðallega fjallað um stöðu fríverslunarsamninga við „þriðju ríki“ og nýjustu þróun í þeim efnum. Össur Skarphéðinsson hvatti til þess að fríverslunarsamningur við Kanada yrði afgreiddur sem allra fyrst og sagði samningaviðræður hafa dregist fram úr hófi. Hann velti jafnframt upp þeirri spurningu hvort EFTA ætti ekki í framtíðinni að efla betur samskipti sín við lönd í Asíu, t.d. Japan. Á fundi þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA var fyrst og fremst rætt um vandkvæði við yfirtöku EES-gerða og Vilhjálmur Egilsson ítrekaði nauðsyn þess að taka á þessum vanda sem fyrst til að samræma og styrkja innri markaðinn. Ögmundur Jónasson taldi að hér væri ekki bara um tæknilega örðugleika að ræða heldur væri einnig mikilvægur pólitískur áherslumunur á milli EFTA/EES og ESB. Ögmundur sagði að ekki mætti ganga fram hjá lýðræðislegu valdi einstakra ríkja í þessum efnum. Vilhjálmur Egilsson lagði að lokum áherslu á aukna þekkingu á löndum sem sækja nú um aðild að ESB og sagði mikilvægt að nota embættismannafundi

til að efna til pólitískrar umræðu þar sem þingmenn geta skipst á skoðunum um stöðu mála. Að lokum fögnuðu ráðherrar og þingmenn sögulegri undirritun nýs EFTA-sáttmála.

63./31. fundur þingmannanefndar EFTA og 17. fundur þingmannanefndar EES í Brussel 15.–16. október 2001.

Á fundi þingmannanefndar EES var lögð áhersla á að tryggja betri aðgang EFTA/EES-ríkjanna að upplýsingum um þau mál sem eru í deiglunni innan ESB og varað var við því að ónægt upplýsingaflæði ylli töfum og vandkvæðum, m.a. varðandi innleiðingu EES-gerða. Ákvarðanaferli og nefndaskipan ESB var aftur gert að umtalsefni og Vilhjálmur Egilsson benti m.a. á að ákvarðanir ESB um ríkisstyrki til flugfélaga hefðu bein áhrif á EFTA/EES-löndin. EFTA/EES-ríkin hefðu hins vegar engin áhrif á ákvarðanaferlið innan ESB og finna þyrfti lausnir sem tryggðu betri aðgang að nefndum sambandsins.

Mikið var rætt um hugsanlega uppfærslu á EES-samningnum og nauðsyn þess að huga að skilgreiningu á væntanlegu ferli breytinga. Össur Skarphéðinsson ýtti á um skýr svör í þessum efnum og spurði hvort einungis yrði farið fram á þröngar „tæknilegar“ eða víðtækar efnislegar breytingar á samningnum. Af svörum Gunnars Snorra Gunnarssonar, sendiherra og fulltrúa Sameiginlegu EES-nefndarinnar, mátti ráða að það væri langur listi breytinga sem EFTA/EES-löndin vildu gjarnan ná fram, ferlið væri hins vegar langt og flókið og erfitt að gefa skýr svör í bráð. Fulltrúi ESB, Matthias Brinkmann, lýsti því yfir að allar breytingar á samningnum, ef einhverjar yrðu, mundu einungis verða tæknilegar og ættu að lúta að því að tryggja betur einsleitni innri markaðarins. Hann sagði jafnframt að halda þyrfti EES-svæðinu betur lagalega samræmdu og sagði eftirliti með slíku ábótavant. Bernd Hammermann, fulltrúi ESA, gerði frammistöðumat ESA að umtalsefni og Vilhjálmur Egilsson benti í því sambandi á að EFTA/EES-ríkin virtust vera að taka sig á í þeim efnum. Þá vakti Össur Skarphéðinsson athygli á því að við stækkun ESB féllu úr gildi fríverslunarsamningar EFTA við hin nýju aðildarlönd ESB og meta þyrfti þær bætur sem EFTA fengi í staðinn. Hann sagði mikilvægt að meta slíkar bætur á grundvelli þeirra framtíðarmöguleika sem markaðirnir bjóða upp á en ekki bara út frá núgildandi viðskiptatölum. Ögmundur Jónasson gagnrýndi fulltrúa ESB fyrir að sýna EFTA/EES-löndunum vanvirðingu og hroka í tilsvörum. Hann ítrekaði að samningurinn væri lagaleg samþykkt tveggja aðila sem báðir hefðu skyldum að gegna hvor gagnvart öðrum. Fulltrúar ESB fjölluðu hins vegar á stundum um samninginn og EFTA/EES eins og um miskunnsemi af þeirra hálfu væri að ræða.

Tvær skýrslur voru teknar til umfjöllunar og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Annars vegar var tekin fyrir greinargerð um nýja stjórnunarhætti innan ESB og hins vegar skýrsla um nýjar reglur í samkeppnismálum. Lýðræðislegri stjórnarhættir eru eitt af fjórum helstu markmiðum framkvæmdastjórnar ESB í fyrirhuguðum umbótum í innra starfi sambandsins. Lagt er til að ákvarðanaferlið verði mun opnara og lýðræðislegra, fleiri þegnar og samtök fengin til að vera þátttakendur, hlutur þjóðþinga aukinn og skilin skerpt á milli löggjafar- og framkvæmdarvaldsins. Sérstök áhersla er lögð á hlutverk stjórnmálamanna í framtíðarþróun sambandsins og að hvetja þurfi þegna til að krefjast ábyrgðar af kjörnum fulltrúum sínum fyrir þær ákvarðanir sem ESB tekur. Í greinargerðinni eru EFTA-ríkin eindregið hvött til að auka þekkingu og skilning almennings, dómstóla og lögfræðinga á stofnunum, lögum og reglugerðum ESB.

Þá var tekin fyrir skýrsla um nýjar samkeppnisreglur sem Þorgerður K. Gunnarsdóttir mælti fyrir. Hinar fyrirhuguðu breytingar í samkeppnismálum lúta einnig að lýðræðislegri stjórnarháttum, en gert er ráð fyrir að valddreifing verði nú mun meiri en áður. Hingað til hefur einungis framkvæmdastjórn ESB haft vald til að veita undanþágur frá þeim ákvæðum

Evrópusáttmálans sem kveða á um bann við samningum og viðskiptaháttum sem gætu hindrað samkeppni. Með hinum nýju reglugerðum verður vald til að veita slíkar undanþágur ekki einungis í höndum framkvæmdastjórnarinnar heldur einnig hjá dómstólum og samkeppnisstofnunum hvers ríkis fyrir sig. Tilgangurinn með þessum breytingum er að auka enn frekar eftirlit með að samkeppnisreglur séu ekki brotnar, vernda hag neytenda, skapa jafnari leikreglur og draga úr óþarfa skriffinnsku í viðskiptum. Þorgerður benti sérstaklega á þær breytingar sem þetta hefur í för með sér fyrir EFTA/EES-löndin og mikilvægi þess að ríkin beiti sér fyrir aðgengi að hinu fyrirhugaða evrópska samstarfi samkeppnisstofnana. Kom fram að þarft væri að koma ákvæðum þessu að lútandi inn í EES-samninginn og einnig ætti að huga að hlutverki ESA. Í ályktunum fundarins er það brýnt fyrir EFTA/EES-löndum að innleiða hinar nýju samkeppnisreglur og ríkin eru jafnframt hvött til að taka fullan þátt í samstarfi á þessu sviði.

Á fundi þingmannanefndar EFTA vakti framkvæmdastjóri EFTA, William Rossier, sérstaka athygli á hinum svokölluðu „mjúku" leiðum samkomulags og ákvarðana sem ætlað er að koma í stað laga- og reglugerða ESB í tilteknum málum. Aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA, Per Mannes, minnti á að EFTA/EES-ríkin hefðu engan aðgang að mikilvægum nefndum ESB og að laga- og reglugerðir sem tækju til verndunar gagnvart félagslegri mismunun stæðu einnig fyrir utan samninginn. Mannes taldi afar brýnt að leggja áherslu á að uppfæra EES-samninginn. Vilhjálmur Egilsson og Össur Skarphéðinsson ítrekuðu spurningar um skýra áætlun varðandi endurskoðun samningsins og skilgreiningar á þeim sviðum þar sem beðið yrði um breytingar.

Geir Bekkevold, forstöðumaður hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel, hélt erindi þar sem hann fjallaði m.a. um innleiðingu gerða í EFTA/EES-ríkjunum. Hann lagði áherslu á að ríkin gætu, ef þau gengju nógu fast eftir því, haft meiri áhrif innan nefnda ESB en þau gerðu nú. Tækifærin sem fyrir lægju væru ekki fullnýtt. Hann kallaði á betra innra skipulag og pólitíska umræðu sem knýði á um að EFTA/EES-ríkin legðu sig meira fram um að hafa áhrif. Bekkevold sagði jafnframt að þróun innri markaðarins væri svo yfirgripsmikil og hefði svo víðtæk áhrif á líf þegna og þjóðríkja að ómögulegt væri að tala bara um tæknileg atriði í þessu sambandi. Hann sagði að nauðsynlegt væri að halda uppi mun sterkari pólitískum viðbrögðum og almennri umræðu um stöðu samningsins í þjóðríkjunum en gert hefði verið hingað til. Ef slíkt væri ekki gert væru embættismönnum EFTA-ríkjanna, að sögn Bekkevold, stöðugt færð völd í hendur sem einungis þjóðkjörnir fulltrúar ríkjanna ættu að hafa.

64./32. fundur þingmannanefndar EFTA og 25. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA í Genf 13. desember 2001.

Fund þingmannanefndar EFTA ávörpuðu Alain Frank, forstöðumaður hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), og Harald E. Nybölet, forstöðumaður hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel.

Frank fjallaði um þróun mála hjá WTO á síðustu mánuðum og beindi sjónum sínum einkum að ráðherrastefnunni í Katar. Hann sagði það vera stefnu WTO að auka hlutverk þjóðþinga og þingmanna og gera stjórnarhætti stofnunarinnar lýðræðislegri og gagnsærri. Ögmundur Jónasson dró í efa lýðræðislega hætti WTO og benti í því sambandi á hversu mörgum verkalýðshreyfingum og félagasamtökum hefði verið neitað um þátttöku í Katar. Hann spurði einnig hvort einkavæðing á félagslegri þjónustu væri á dagskrá. Frank sagði það eingöngu hafa verið af praktískum ástæðum að ómögulegt reyndist að bjóða fleiri samtökum til Katar og allt hefði verið gert til að halda stöðugu upplýsingaflæði til allra aðila. Hann sagði WTO ekki hafa í hyggju að einkavæða félagslega þjónustu. Þorgerður K. Gunnarsdóttir

spurði um aðild Kína að WTO og helstu breytingar sem svo stórvægilegt skref hefði í för með sér. Frank sagði ljóst að Kína yrði að opna markaði sína mun meira en nú væri og að í framhaldinu mundi reyna á hvort Kínverjar gætu raunverulega staðið við skuldbindingar sínar. Hann sagði að ýmsar raddir hefðu verið uppi um að ekki ætti að veita Kína aðild vegna brota á mannréttindum, en auðveldara mundi reynast að hafa áhrif á kínversku stjórnina í þessum efnum ef Kínverjar væru hluti af WTO.

Harald Nybölet hélt tölu um hugsanlega uppfærslu EES-samningsins, viðræður við ESB og hina ýmsu vankanta á samningnum í núverandi mynd. Hann skoraði á þingmenn að knýja betur á um hver stefna EFTA-ráðherranna væri varðandi uppfærslu og hversu metnaðarfull takmörk EFTA/EES-ríkin ættu að setja sér varðandi hugsanlegar breytingar á samningnum. Hann sagðist ekki hafa trú á að ESB mundi snúa baki við EFTA og EES þótt fastar væri gengið á eftir breytingum. Ríkin ættu ekki að vera hrædd við að ræða samninginn með „opnum huga", ESB hefði skýrum lagalegum skyldum að gegna gagnvart EFTA/EES-ríkjum. Það væri hins vegar nauðsynlegt að embættismönnum og öðrum yrði gert ljóst hver stefna EFTA væri og hvað t.d. „tæknileg uppfærsla" á EES-samningnum fæli í sér. EFTA-ríkin hlytu öll að vilja einarða stefnumótun í svo áríðandi máli.

Margar spurningar voru bornar upp eftir tölu Nybölet bæði frá norsku og íslensku þingmannanefndinni. Vilhjálmur Egilsson spurði Nybölet hvað hann teldi mögulegt að gera til að auka áhrif EFTA-ríkjanna á ákvarðanaferlið innan þess ramma sem þau ný byggju við. Hann ítrekaði að ESB færi líklega fram á að gjöld EFTA til þróunarsjóða ESB yrðu hækkuð til muna og spurði hvort EFTA væri nógu vel undirbúið til að biðja um eitthvað í staðinn. Nybölet sagði að EFTA-ríkin þyrftu að vera mun aðgangsharðari hvað varðaði aðgang að nefndum og annars konar upplýsingaflæði sem þau ættu rétt á en nýttu sér ekki til fullnustu. Hann sagði einnig að síðast þegar ESB hefði farið fram á fjárframlög til þróunarsjóða hefðu EFTA-ríkin einfaldlega gengið að því án þess að fara fram á nokkuð í kaupbæti. Spurningin væri hvort slíkt ætti að endurtaka sig. Össur Skarphéðinsson knúði á um ítarlegri lýsingu á mismunandi mati EFTA-ríkjanna á uppfærslu samningsins og bað um skýringar á því hvað stæði í vegi fyrir sameiginlegri afstöðu ríkjanna allra. Nybölet sagðist vilja fara varlega í að lýsa ólíkum áhersluatriðum en að almennt mætti segja að Íslendingar væru metnaðarfyllstir og vildu ganga lengst en Norðmenn vildu sem minnst hreyfa við málum.

Fundur þingmannanefndar með ráðherraráði EFTA snerist fyrst og fremst um innleiðingu EES-gerða, stöðu EES-samningsins og stækkun ESB. Í byrjun kynnti Vilhjálmur Egilsson helstu umræðuatriði. Hann benti á að þrátt fyrir að EFTA/EES-löndin hefðu sótt í sig veðrið í síðasta frammistöðumati ESA þá væri innri markaðurinn enn nokkuð brotakenndur. Slíkt væri íþyngjandi fyrir alla viðskiptaaðila. Hann sagði einnig mikilvægt að ráðherrarnir gerðu skýra grein fyrir afstöðu sinni til hugsanlegrar uppfærslu samningsins og minnti á þau orð G. Sabathil, sendiherra ESB á Íslandi og í Noregi, sem hann lét falla á ráðstefnu EFTA um stækkun ESB, að EES væri „biðsalur". Vilhjálmur sagði að nokkur málefni a.m.k. yrðu að vera sérstaklega skýr hvað uppfærslu varðaði, eins og fjárframlög EFTA til þróunarsjóða ESB, aðgangur að mörkuðum nýrra aðildarríkja og landbúnaðarmál. Hann minnti einnig á að fulltrúar ESB hefðu látið þau orð falla á fundum að engin ástæða væri til að EFTA yrði bættur sá skaði sem fælist í niðurfellingu núgildandi fríverslunarsamninga við væntanleg ný aðildarríki ESB.

Formaður ráðherranefndarinnar, Gabrielsen, sagði að ástæður þess að EFTA-ríkin stæðu sig ekki betur í frammistöðumati ESA væru tæknilegar en ekki af pólitískum toga. Hvað uppfærslu varðaði sagði hann enn ekki ljóst hvernig hún væri skilgreind. Halldór Ásgrímsson sagði að tæknileg uppfærsla ætti a.m.k. að taka til nokkurra meginþátta. Þannig mætti nefna

aukið vægi EFTA-ríkjanna við ákvarðanatöku og undirbúning lagasetningar, sem þörf væri á m.a. vegna breytinga á uppbyggingu og stjórn ESB frá því að samningurinn var fyrst samþykktur, aðgengi að mörkuðum nýrra aðildarríkja, breytingar á ýmiss konar þjónustu og nýjar gerðir um félagsleg málefni. Önnur erfiðari mál gætu hins vegar einnig verið á dagskrá, eins og bókun 9. Hann sagði nefndina enn ekki hafa tekið ákvörðun um hvort EFTA ætti að fara sameiginlega til umræðna við ESB eða hvort einstök lönd vildu gera sérsamninga. Össur Skarphéðinsson lýsti yfir vonbrigðum sínum með að engin sameiginleg niðurstaða lægi fyrir og knúði á um svör hvenær slíks væri að vænta. Össur sagði helsta styrk EFTA vera hina sameiginlegu rödd landanna allra og nú væri sérlega mikilvægt að knýja á um breytingar gagnvart ESB. Staða EFTA/EES-landanna væri stöðugt að veikjast og tími væri til að vera metnaðarfullir og kröfuharðir. Að lokum spurði Vilhjálmur Egilsson um stöðu nýja EFTA-sáttmálans í einstaka ríkjum. Allir ráðherrar sögðu málið vera í góðu horfi og engra vandkvæða að vænta í því sambandi.

VI. Helstu verkefni þingmannanefndar EFTA á árinu 2002.

Þingmannanefndin mun fylgjast vel með áframhaldandi þróun ESB, sérstaklega stækkunarferlinu, og þróun EES-samningsins. Nefndin mun einnig fylgjast grannt með framkvæmd Lissabon-áætlunar ESB og aðgerðum EFTA/EES-ríkjanna til að tengjast henni. Þá mun nefndin einnig knýja á um að EES-samningurinn verði sem best kynntur fyrir fulltrúum hinna nýju aðildarríkja ESB.

Alþingi, 21. febr. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Kristinn H. Gunnarsson, varaform.	Ögmundur Jónasson.
Össur Skarphéðinsson.		Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

850. Svar [481. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Engin fjarvinnsluverkefni eða störf á vegum menntamálaráðuneytisins voru flutt út á land á árinu 2001. Hins vegar hefur menntamálaráðuneytið stuðlað að fjarkennslu víða um land og í því sambandi hafa verið settar á stofn símenntunarmiðstöðvar víða á landsbyggðinni. Segja má að með þessu fyrirkomulagi hafi starfsemi menntastofnana færst í vaxandi mæli út á landsbyggðina. Þannig er Símenntunarmiðstöð Vesturlands í Borgarnesi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði, Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð símenntunar á Sauðárkróki,

Fræðslunet Austurlands á Neskaupstað, Fræðslunet Suðurlands á Selfossi, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í Reykjanesbæ, Fræðslumiðstöð Þingeyinga á Húsavík, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Menntasmiðjan á Akureyri. Þá er stunduð fjarkennsla og fjarnám á vegum háskóla og framhaldsskóla um allt land.

Í tilefni af fyrirspurninni var óskað eftir upplýsingum frá undirstofnunum ráðuneytisins vegna ársins 2001 og byggist eftirfarandi á þeim upplýsingum sem borist hafa.

Þjóðminjasafn Íslands fékk tímabundið 15 millj. kr. framlag 2001 til kaupa á skráningu gagnasafna sinna í upplýsingakerfið Sarp í fjarvinnslu. Gerður var samningur við Landvist á Húsavík fyrir 10 millj. kr., en Landvist hafði unnið sams konar verkefni fyrir safnið árið 2000. Voru tveir starfsmenn Landvistar, og á tímabili þrír, í vinnu við innslátt upplýsinga fyrir safnið. Skrár frá myndadeild, munadeild, Nesstofusafni og þjóðháttadeild voru skráðar í Sarp. Þá var gerður samningur við Forsvar á Hvammstanga um sams konar verkefni fyrir 4 millj. kr., en ekki hefur áður verið samið við það fyrirtæki. Þar voru tveir starfsmenn hluta úr ári við innslátt á skrám myndadeildar í Sarp.

Á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur verið stofnað til svokallaðs varaeintakasafns íslenskra rita í Reykholti í Borgarfirði. Ekki er um eiginlegt fjarvinnsluverkefni að ræða, en þrír starfsmenn í samtals tveimur stöðugildum, allir úr héraðinu, unnu frá því í júní og út árið 2001 að því að skrá ritin og koma þeim fyrir í gamla skólahúsinu í Reykholti. Um tímabundið verkefni er að ræða sem taka mun tvö til þrjú ár.

Tveir minjaverðir hófu störf á árinu 2001, þ.e. annar fyrir Norðurland vestra sem hefur aðsetur í Glaumbæ í Skagafirði og hinn fyrir Norðurland eystra, með aðsetur á Akureyri. Minjaverðirnir starfa samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 107/2001.

851. Svar [451. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um undirbúning og þátttöku Íslands í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg.

1. *Hvernig verður háttað þátttöku Íslands í heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2.–11. september nk.?*

Fundurinn ber yfirskriftina Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (e. World Summit on Sustainable Development). Gert er ráð fyrir að forsætisráðherra og umhverfisráðherra sæki hann fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Ekki hefur þó verið gengið formlega frá ákvörðun um sendinefnd Íslands á þessu stigi.

2. *Taka íslensk stjórnvöld þátt í undirbúningsfundunum (PrepCom) sem haldnir eru í aðdraganda ráðstefnunnar eða í samstarfi Evrópuríkja (ECE Regional meeting)?*

Íslensk stjórnvöld hafa tekið virkan þátt í tveimur undirbúningsfundum (PrepCom) sem haldnir hafa verið hingað til fyrir leiðtogafundinn. Fulltrúar Íslands sóttu einnig svæðisbundinn undirbúningsfund ríkja Evrópu og Norður-Ameríku, sem haldinn var í Genf í október–nóvember 2001. Sett hefur verið á laggirnar sérstök undirbúningsnefnd til að sjá um og skipuleggja þátttöku íslenskra stjórnvalda á leiðtogafundinum og undirbúningsferli hans. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þriggja ráðuneyta, forsætisráðuneytis, umhverfisráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Fulltrúar sjávarútvegsráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis hafa einnig tekið þátt í þessu starfi. Íslensk stjórnvöld gengust ásamt Norðmönnum og Matvæla-

og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) fyrir fundi um skynsamlega nýtingu auðlinda sjávar, sem lið í undirbúningsferli fundarins í Jóhannesarborg í september 2001. Þeim fundi lauk með samþykkt svokallaðrar Reykjavíkur-yfirlýsingar um ábyrga nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Reykjavíkur-yfirlýsingin var sérstaklega kynnt á öðrum undirbúningsfundi leiðtogafundarins í New York um mánaðamótin janúar–febrúar 2002 og er vísað til hennar í drögum að einu af meginskjölum fundarins í Jóhannesarborg.

3. *Hafa íslensk stjórnvöld haft milligöngu um eða hvatt til þátttöku sveitarstjórna, frjálsra félagasamtaka eða samtaka atvinnulífsins í verkefnum sem tengjast ráðstefnunni eða undirbúningsferli hennar, svo sem veggspjaldasamkeppni barna og ritgerðasamkeppni um sýn til sjálfbærrar framtíðar?*

Íslensk stjórnvöld hafa til þessa ekki haft milligöngu um þátttöku sveitarstjórna eða aðila utan stjórnkerfisins í verkefnum tengdum leiðtogafundinum í Jóhannesarborg eins og þeim sem um er getið í fyrirspurninni. Leiðtogafundurinn og undirbúningur hans hefur verið kynntur við nokkur tækifæri, m.a. á reglulegum samráðsfundum umhverfisráðuneytisins og félagasamtaka. Í samstarfsyfirlýsingu ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka er ákvæði um að ráðuneytið muni veita umhverfissamtökum fjárhagslegan stuðning til þátttöku í stefnumarkandi alþjóðlegum fundum um umhverfismál samkvæmt nánara samkomulagi. Verið er að ganga frá nánari útfærslu á fjárhagslegum stuðningi ráðuneytisins við félagasamtök.

4. *Er að vænta skýrslu frá íslenskum stjórnvöldum fyrir ráðstefnuna um árangur af áætlun um sjálfbæra þróun sem þjóðir heims skuldbundu sig til að framkvæma samkvæmt sáttmálum heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiro 1992?*

Íslensk stjórnvöld hafa reglulega gefið skýrslu um framkvæmd Íslands á ákvæðum Dagskrár 21 til Nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD) á undanförnum árum. Í tilefni leiðtogafundarins óskaði skrifstofa CSD eftir því að ríkin uppfærðu þessar upplýsingar, sem sumar voru fimm ára gamlar eða eldri, þannig að fyrir lægi yfirgripsmikið og uppfært yfirlit yfir framkvæmd Dagskrár 21 í hverju landi. Íslensk stjórnvöld sendu skrifstofunni þessar upplýsingar í nóvember 2001. Að auki vinna íslensk stjórnvöld að nýrri stefnumörkun um sjálfbæra þróun, sem ætlunin er að ljúka fyrir fundinn í Jóhannesarborg.

5. *Hvers vænta íslensk stjórnvöld af ráðstefnunni í Jóhannesarborg?*

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó árið 1992 markaði tímamót. Áherslan í Jóhannesarborg verður einkum á að efla Ríó-ferlið og sýna pólitískan vilja til þess að hrinda nýjum verkefnum í framkvæmd og beina kröftunum að nokkrum forgangsverkefnum í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í heiminum frá Ríó-ráðstefnunni. Setja á meginniðurstöður fundarins í Jóhannesarborg fram í þremur skjölum: 1. pólitískri yfirlýsingu leiðtoganna, 2. skjali um eflingu á framkvæmd Dagskrár 21, 3. lista yfir ný fjölþjóðleg samvinnuverkefni sem einstök ríki og stofnanir skuldbinda sig til þess að vinna að á næstu árum. Einnig er búist við því að fundurinn skoði alþjóðlegt stjórnkerfi umhverfismála og sjálfbærrar þróunar og leggi til umbætur á því. Á undirbúningsfundum hafa fulltrúar ríkja heims lagt áherslu á að ekki sé ástæða til þess að endurskoða samþykktir Ríó-ráðstefnunnar, heldur eigi fremur að efla framkvæmd þeirra og leggja línurnar um forgangsmál á næsta áratug í ljósi reynslunnar.

Íslensk stjórnvöld telja að fundurinn í Jóhannesarborg sé ákaflega mikilvægur í því skyni að efla framkvæmd sjálfbærrar þróunar á heimsvísu. Margt hefur áunnist frá því í Ríó, ekki síst það að lagður hefur verið grunnur að yfirgripsmikilli samvinnu þjóða heims í glímunni

við hnattræn umhverfisvandamál, svo sem á sviði loftslagsbreytinga, líffræðilegrar fjölbreytni og mengunar hafsins. Á síðastnefnda sviðinu hafa á undanförnum árum verið samþykktir samningar og framkvæmdaáætlanir sem íslensk stjórnvöld hafa lengi barist fyrir. Nægir þar að nefna Stokkhólmssamninginn um bann við losun þrávirkra lífrænna efna og Washington-áætlunina um aðgerðir gegn mengun hafsins frá landi. Það háir þó þessum og öðrum samningum á sviði umhverfismála að ónógt fjármagn er veitt til þess að hrinda þeim í framkvæmd. Fundurinn í Jóhannesarborg getur ráðið miklu um það hvort framkvæmdir á þessum sviðum verða efldar eða ekki og hvort baráttan gegn fátækt í heiminum verður efld, en sú barátta er óaðskiljanleg baráttunni fyrir verndun náttúrunnar og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Meðal þeirra mála sem íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á í undirbúningsferlinu er skynsamleg nýting lifandi auðlinda hafsins, m.a. sem liður í baráttu gegn fátækt. Einnig hafa íslensk stjórnvöld lagt til að gerð verði heildarúttekt á mengun hafsins og afleiðingum hennar. Þá hafa fulltrúar Íslands lagt áherslu á mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa í því skyni að aftengja efnahagsvöxt og neikvæð umhverfisáhrif og að veita hreinni og öruggri orku til þeirra tveggja milljarða manna sem ekki búa við rafmagn eða aðra nútímaorkuveitu.

852. Svar [487. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi.

1. *Hversu mörg kaupskip annast þau 65% sjóflutninga fyrir Bandaríkjaher sem féllu í hlut Íslendinga eftir síðasta útboð? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?*

Samkvæmt upplýsingum Bandaríkjamanna annast skipið Radeplein 65% flutninganna sem féllu í hlut íslenskra skipafélaga í síðasta útboði. Skipið er skráð í Hollandi. Yfirmenn eru frá Hollandi en áhöfn að mestu frá Filippseyjum.

2. *Hversu mörg skip annast þau 35% sjóflutninganna sem féllu í hlut Bandaríkjamanna? Undir hvaða fána sigla þessi skip og hverrar þjóðar eru áhafnirnar?*

Samkvæmt upplýsingum Bandaríkjamanna annast bandaríska skipið Geysir 35% sjóflutninganna sem féllu í hlut Bandaríkjamanna í seinasta útboði. Skipið siglir undir bandarískum fána. Skipstjórinn er bandarískur og áhöfnin að mestu bandarísk.

3. *Fellur það fyrirtæki sem nú annast íslenska hluta sjóflutninganna fyrir Bandaríkjaher undir ákvæði l-liðar 1. gr. laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, þ.e. telst það til íslenskrar útgerðar?*

Lög um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, nr. 82/2000, voru meðal annars sett til að koma í veg fyrir að fyrirtæki undir stjórn og forræði erlendra aðila önnuðust viðskipti við varnarlið Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli sem íslenskum fyrirtækjum eru áskilin í samningum milli ríkjanna. Þess vegna eru ákvæði þess efnis að þegar íslensk stjórnvöld tilnefni fyrirtæki til samninga við varnarliðið, eins og samningar og venja kveða á um, séu þau bundin af því að tilnefna fyrirtæki sem teljast íslensk fyrirtæki. Lögin skilgreina hugtakið íslensk fyrirtæki til að tryggja að fyrirtæki sem tilnefnd

eru hafi fullnægjandi tengsl við Ísland og íslenskt efnahagslíf, hafi höfuðstöðvar sínar á Íslandi og lúti stjórn manna búsettra á Íslandi.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 82/2000 er heimild íslenskra aðila til samningsgerðar við Bandaríkjaher bundin því skilyrði að þeir hljóti tilnefningu utanríkisráðuneytisins sem samningsaðilar, í samræmi við ákvæði gildandi milliríkjasamninga. Skv. 2. mgr. sömu greinar eru samningar sem gerðir eru án tilnefningar skv. 1. mgr. ógildir. Sama gildir ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma eða ef tilnefnd fyrirtæki brjóta gegn ákvæðum 3. mgr. 8. gr. Utanríkisráðherra úrskurðar um gildi samninga að þessu leyti skv. 3. mgr. 4. gr.

Samningur Atlantsskipa ehf. við Bandaríkjaher, sem gerður var án undanfarandi tilnefningar af hálfu íslenskra stjórnvalda, er frá september 1998. Lög nr. 82/2000 öðluðust gildi 23. maí 2000 en gildistöku þeirra ákvæða sem máli skipta í þessu sambandi var frestað til 1. maí 2001. Í samræmi við meginreglur laga og ítrekuð ummæli utanríkisráðherra við meðferð frumvarpsins á Alþingi er ákvæði 4. gr. laganna ekki afturvirkt og tekur því ekki til samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku laganna. Utanríkisráðuneytið hefur því hvorki lagaheimildir né gögn til þess að leggja sérstakt mat á hvort Atlantsskip ehf. uppfyllir skilyrði laga nr. 82/2000 fyrir því að teljast íslenskt fyrirtæki. Slíkt mat getur einungis átt sér stað við formlega forvalsmeðferð vegna tilnefningar fyrirtækis til samninga við varnarliðið og í framhaldi af henni. Hins vegar ber þess að geta að utanríkisráðuneytið hefur oft lýst þeirri afstöðu, á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir við samningsgerð Bandaríkjahers við Atlantsskip ehf. árið 1998, að Atlantsskip ehf. hafi þá ekki getað talist íslenskt skipafélag í skilningi sjóflutningasamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1986.

Af hálfu íslenskra og bandarískra stjórnvalda hefur verið samstaða um að unnið verði að því að leysa úr þeim álitamálum sem upp hafa komið um framkvæmd sjóflutningasamningsins, áður en flutningasamningurinn verður boðinn út að nýju.

853. Frumvarp til laga [545. mál]

um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og leggja til þess allar eignir þeirra og skuldir, réttindi og skuldbindingar.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hið nýja félag að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við stofnun skulu öll hlutabréf í hlutafélaginu vera eign ríkissjóðs.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

4. gr.

Tilgangur hlutafélagsins skal vera að framleiða, flytja, dreifa og selja raforku og varmaorku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Hlutafélaginu skal heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum skv. 1. mgr. á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal félaginu heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum.

Tilgangi og verkefnum hlutafélagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Hlutafélagið tekur við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eða rafveitu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna.

Í samræmi við 1. gr. yfirtekur hlutafélagið allar virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins og þau réttindi og skyldur sem Rafmagnsveiturnar hafa samkvæmt lögum eða stjórnvaldsákvörðunum vegna virkjunarframkvæmda og reksturs virkjana.

6. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingarblaði.

7. gr.

Halda skal ársfund á vegum hlutafélagsins fyrir júnílok ár hvert. Rétt til setu á ársfundinum hafa eftirtaldir aðilar:

1. Stjórn hlutafélagsins.
2. Aðrir fulltrúar hlutafélagsins valdir af forstjóra þess.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðherra.
4. Einn fulltrúi tilnefndur að fjármálaráðherra
5. Einn fulltrúi frá hverri héraðsnefnd á orkuveitusvæði hlutafélagsins.
6. Einn fulltrúi frá hverri bæjarstjórn þeirra kaupstaða á orkuveitusvæði hlutafélagsins sem ekki eru aðilar að héraðsnefndum.
7. Einn fulltúi frá hverri almenningsveitu sem kaupir orku af hlutafélaginu.
8. Aðrir gestir valdir sem stjórn félagsins býður til fundarins.

Á fundinum skal kynna í meginatriðum þjónustu félagsins við orkukaupendur, markaðsmál og önnur mál sem varða samskipti þess og orkukaupenda, og ræða þau atriði.

8. gr.

Hlutafélagið er undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

9. gr.

Við niðurlagningu Rafmagnsveitna ríkisins, sbr. 13. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, eftir því sem við á.

Fastráðinn starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem lög nr. 1/1997 greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.

10. gr.

Stofna skal hlutafélagið á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. september 2002.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins greiðist af hlutafélaginu.

Iðnaðarráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna, þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi, til að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins og leggja mat á hvert hlutafé hlutafélagsins skuli vera. Nefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn hennar veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í ágúst 2002.

11. gr.

Hlutafélagið skal taka til starfa eigi síðar en 1. janúar 2003 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. IX. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Rafmagnsveitur ríkisins, fellur úr gildi þegar hlutafélagið tekur til starfa, sbr. ákvæði 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum 2. apríl 1946, en lögin komu til framkvæmda frá og með 1. janúar 1947. Þá voru felld úr gildi flest eldri lög um raforkumál nema vatnalögin frá 1923 sem fengu að standa óbreytt að mestu leyti. Rafmagnsveitur ríkisins tóku til starfa 1. janúar 1947.

Árið 1965 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins og Rafmagnsveitnanna með setningu laga um Landsvirkjun. Á árinu 1967 voru síðan raforkulögin endurskoðuð við samþykkt orkulaga á Alþingi. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar á stórum þáttum í raforkulögunum, sérstaklega þeim sem tengdust rannsóknum, framkvæmdum í virkjunarmálum og hagnýtingu jarðhita. Með orkulögunum var einnig gerð sú breyting að Rafmagnsveitur

ríkisins og Héraðsrafmagnsveiturnar voru sameinaðar í eitt fyrirtæki. Það var gert að sjálfstæðu fyrirtæki sem heyrði undir stjórn þess ráðherra sem færi með raforkumál.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins skiptist nú í fimm rekstrarsvæði. Þau afmarkast að mestu af gömlu kjördæmamörkunum. Umdæmisskrifstofur eru í Stykkishólmi fyrir Vesturland, á Blönduósi fyrir Norðurland vestra, Akureyri fyrir Norðurland eystra, á Egilsstöðum fyrir Austurland og á Hvolsvelli fyrir Suðurland, en aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík. Á árinu 1978 tók Orkubú Vestfjarða við rekstri Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi.

Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins búa um 48.000 manns sem njóta þjónustu fyrirtækisins. Að auki selja Rafmagnsveiturnar raforku í heildsölu, þar á meðal til sex rafveitna í eigu sveitarfélaga.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka háspennukerfi sem er um 8.500 km að lengd. Hér er um að ræða rúmlega 6.500 km af dreifilínum á 11 og 19 kV sem byggðar hafa verið upp í sveitum landsins, ásamt um 700 km af 11 og 19 kV jarðstrengjum til sveita. Einnig er um að ræða stofnlínur á 33, 66 og 132 kV, svo og sæstrengi og jarðstrengi. Enn fremur eiga og reka Rafmagnsveiturnar dreifikerfi í um 50 þéttbýlisstöðum og um 60 aðveitustöðvar. Stofnlínukerfi og dreifikerfi í þéttbýli hafa hins vegar verið fjármögnuð að mestu af rekstrartekjum fyrirtækisins sjálfs.

Rafmagnsveiturnar eiga níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri, flestar fremur litlar. Þær eru samtals um 19 MW og er Lagarfossvirkjun þeirra stærst, um 7,5 MW, en Skeiðsfossvirkjun næststærst, um 5 MW.

Þá eiga Rafmagnsveiturnar um 30 dísilaflstöðvar með samtals um 40 MW afli auk tveggja kyndistöðva þar sem framleitt er heitt vatn með rafskautskötlum og 5 MW varaafl er til staðar.

Raforkuöflun fer fram með tvennum hætti, annars vegar með orkukaupum af Landsvirkjun og nokkrum smærri aðilum og hins vegar með eigin framleiðslu í vatnsaflsvirkjunum og varmaafls- og kyndistöðvum. Eigin raforkuframleiðsla er um 14% af allri raforkuöflun.

Á árunum 1972–1984 byggðu Rafmagnsveiturnar 132 kV byggðalínur, samtals 1.057 km að lengd, ásamt tólf aðveitustöðvum. Með byggðalínukerfinu voru öll raforkuveitusvæði landsins tengd saman í eitt landskerfi sem aukið hefur öryggi raforkunotenda landsbyggðarinnar verulega. Þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi yfirtekið byggðalínukerfið til eignar og reksturs frá 1. janúar 1983 hafa Rafmagnsveiturnar séð um rekstur og viðhald þess að hluta til.

Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur, sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þær eru eftirfarandi:

1991	Hitaveita Hafnar í Hornafirði
1991	Rafveita og Hitaveita Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun
1992	Hitaveita Seyðisfjarðar
1995	Rafveita Borgarness
2000	Rafveita Hveragerðis

Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar Rafmagnsveitunum heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli.

Árið 1999 stofnuðu Rafmagnsveiturnar hlutafélagið Héraðsvötn ehf. ásamt heimamönnum í Skagafirði í þeim tilgangi að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Þetta var unnt eftir að Alþingi samþykkti á vorþingi 1999 að heimila Rafmagnsveitunum að gerast aðilar að hlutafélögum í orkurekstri og eiga þær 75% hlutafjár í Héraðsvötnum ehf.

Þá stofnuðu Rafmagnsveiturnar einnig á sama ári hlutafélagið Sunnlenska orku ehf. ásamt Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi í þeim tilgangi að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal. Eignarhluti RARIK er 90%.

Starfsmenn Rafmagnsveitnanna voru 217 talsins í lok ársins 2000. Iðnaðarráðherra skipar sjö manna stjórn Rafmagnsveitnanna. Heildarorkusala Rafmagnsveitna ríkisins nam rúmlega 995 GWst á árinu 2000. Smásala raforku nam 692 GWst, heildsala raforku 304 GWst og sala á heitu vatni 46 GWst.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er traust og nam eigið fé fyrirtækisins í árslok 2000 rúmlega 10,7 milljörðum kr. Árið 2000 var veltan 5.070,9 millj. kr. Rekstrargjöld vegna orkukaupa námu 2.734 millj. kr. en almenn rekstrargjöld 1.332 millj. kr. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.005 millj. kr. Handbært fé frá rekstri var 845 millj. kr. og fjárfestingahreyfingar námu 845 millj. kr. Rekstrarhalli nam 210 millj. kr. eftir að afskrifaðar höfðu verið um 959 millj. kr.

Sveitakerfin sem fjármögnuð voru af ríkissjóði eru talin með í afskriftagrunni fyrirtækisins þannig að rekstrarreikningurinn endurspeglar tekjuþörf vegna endurnýjunar þessara kerfa. Styrking og endurnýjun hefur hin síðari ár eingöngu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það valdið viðvarandi hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Ef fjármögnun þessa félagslega þáttar í starfsemi Rafmagnsveitnanna er leyst hefur hið nýja hlutafélag öflugan fjárhagslegan grunn og góðar horfur eru á að unnt sé að skila nauðsynlegu fé úr rekstri til áframhaldandi uppbyggingar fyrirtækisins og viðunandi arðsemi.

Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutafélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutafélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutafélaginu. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutafélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar.
2. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutafjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.
3. Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutafélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutafélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.
4. Vilji ríkissjóður ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutfallinu í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé. Með því móti verður komist hjá því að ríkissjóður taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu hans þurfa að ráðast í framkvæmdir.
5. Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutafélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutafélagsformið því sérstaklega viðeigandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild ríkisstjórnarinnar til að standa að stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og hlutafélög taki til þess, nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra annist undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

Um 2. gr.

Í greininni eru nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga, m.a. með tilliti til þess að ríkissjóður er eini stofnandi og hluthafi félagsins í upphafi. Að öðru leyti en fram kemur í greininni skulu ákvæði hlutafjárlaga gilda um hlutafélagið.

Um 3. gr.

Öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess. Skv. 29. gr. laga nr. 8/1997, um fjárreiður ríkisins, skulu ríkisaðilar í A-hluta hverju sinni afla heimildar í lögum, m.a. til að selja eignarhluti í félögum. Af þessum sökum getur ekki komið til sölu á hlutum ríkisins í hlutafélaginu nema með sérstakri heimild Alþingis.

Um 4. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt henni er það tilgangur félagsins að framleiða, flytja, dreifa og selja raforku og varmaorku. Hlutverk félagsins tekur til alls orkuiðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tekið skal fram að ákvæði greinarinnar undanþiggja ekki hið nýja félag frá lögum og reglum um opinber innkaup sem gilda um starfsemi þess eftir því sem við á.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að hlutafélagið taki yfir einkarétt þann sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa til starfrækslu hita- og /eða rafveitu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna. Fær félagið að þessu leyti sömu stöðu og Rafmagnsveiturnar hafa nú.

Í 2. mgr. er sérstaklega áréttað að virkjanir og virkjunarréttur Rafmagnsveitna ríkisins færist yfir til hlutafélagsins og að það hafi jafnframt sömu skyldur vegna virkjana og Rafmagnsveiturnar hafi haft.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og lagt til að við gerð gjaldskrár skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gildistaka gjaldskrár er háð samþykki iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Sambærilegt ákvæði er að finna í í lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nr. 10/2001 og lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.

Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið haldi á hverju ári ársfund þar sem fulltrúum orkukaupenda er gefin kostur á því að ræða við forsvarsmenn fyrirtækisins þau mál sem varða þjónustu við orkukaupendur, markaðsmál og önnur mál sem varða samskipti fyrirtækisins við orkukaupendur. Er fundur af þessu tagi tvímælalaust til þess fallinn að auðvelda og bæta samskiptin milli hlutafélagsins og orkukaupenda og gefur fulltrúum orkukaupenda tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Um 8. gr.

Í 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, eru Rafmagnsveitur ríksins undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til hún hefur farið fram.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að við niðurlagningu stofnunarinnar Rafmagnsveitna ríkisins fari um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í því felst m.a. að engum starfsmanni verður sagt upp vegna yfirtöku hlutafélagsins á starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Starfsmenn sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996 fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þótt þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu. Rétt er þó að taka fram að hvers konar launatekjur á biðlaunatíma koma til frádráttar biðlaunagreiðslum.

Síðari málsgrein greinarinnar gerir ráð fyrir að starfsmaður hjá félaginu sé eins settur gagnvart töku lífeyris eins og hann starfaði áfram hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þó þannig að ef hann hefur notið stöðuhækkunar eftir að hann réðst til starfa hjá félaginu hafi sú hækkun ekki áhrif til hækkunar vegna réttinda sem starfsmaður hafði áunnið sér hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Um 10. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við að stofnfundur skuli haldinn eigi síðar en 1. september 2002. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

Um 11. gr

Í frumvarpinu er lagt til að hlutafélagið yfirtaki Rafmagnsveitur ríkisins eigi síðar en 1. janúar 2003. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Jafnframt fellur umboð stjórnar Rafmagnsveitnanna niður frá og með sama degi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli hlutafélagið RARIK á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. september 2002. Í 13. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa eigi síðar en 1. janúar 2003 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitnanna. Þetta er gert svo að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna hlutafélagsins áður en það tekur við rekstri Rafmagnsveitnanna. Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að kosin sé stjórn á stofnfundi félagsins og að hún starfi þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið tekur til starfa. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríksins með ráðningu framkvæmdastjóra og starfsfólks og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að fela ríkisstjórninni að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækja renni til hins nýja hlutafélags, RARIK hf. Þar á meðal eru taldar lífeyrisskuldbindingar sem verði greiddar LSR með skuldabréfi. Skv. 11. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Einnig mun RARIK hf. taka við einkarétti Rafmagnssveitna ríkisins til starfrækslu hita- og rafveitna á orkusvæði Rafmagnsveitnanna. Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða arð í ríkissjóð, sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis mun arðgreiðsla, til ríkissjóðs nema 214 m.kr. árið 2002. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitum ríkisins 139 m.kr. eða 65% til endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis til veitna og 5% eða 11 m.kr. til rannsókna- og þróunarverkefna. Skv. 10. gr. frumvarpsins verður RARIK hf. undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. RARIK hefur verið rekið með tapi undanfarin ár og hefur því tvisvar á sl. fimmtán árum verið mætt með yfirtöku ríkissjóðs á hlut af skuldum fyrirtækisins. Í sjóðstreymisáætlun er gert ráð fyrir að taka þurfi 480 m.kr. rekstrarlán árið 2002 og 415 m.kr. lán árið 2003 vegna taprekstur fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til raforkulaga verði lagt til að tapi vegna óarðbærs reksturs verði mætt með sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu til almenningsnota. Samkvæmt sjóðstreymisáætlunum RARIK er gert ráð fyrir 500 m.kr. rekrarframlagi úr ríkissjóði frá og með árinu 2003, sem komi af væntanlegu gjaldi á orkuvinnslu. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að í tengslum við breytingar á skipulagi raforkumála verði skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Huganlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Einnig er gert ráð fyrir að í ljósi nýs skipulags raforkumála og nýs rekstrarforms verði hafin endurskoðun á formi arðgreiðslna til ríkisins. Hugsanlegt er að þessi athugun leiði til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Samkvæmt rekstraruppgjöri RARIKs fyrir árið 2001 eru

langtímaskuldir fyrirtækisins rúmlega 3,2 milljarðar kr.; annars vegar skuldabréf vegna lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð rúmlega 1,5 milljarðar kr. og hins vegar sjö lán hjá NIB að fjárhæð tæplega 1,7 milljarðar kr. sem voru tekin með ríkisábyrgð. Til stendur að taka 780 m.kr. langtímalán sem mun einnig vera með ríkisábyrgð. Allar nýjar skuldbindingar munu alfarið verða á ábyrgð RARIK hf.

854. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, 3.–5. mgr., sem orðast svo:

Einkahlutafélög mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félögin skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Við umreikning úr íslenskum krónum í annan gjaldmiðil eða annan umreikning skal miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á fyrsta degi þess mánaðar þegar ákvörðun um breytingu á gjaldmiðli er tekin, eða næsta skráningardegi þar á undan sé gengið ekki skráð á þeim degi.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

2. gr.

Við 2. tölul. 127. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta tengist frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli). Það frumvarp var samið í viðskiptaráðuneytinu í kjölfar þess að ábendingar bárust úr atvinnulífinu um að æskilegt væri að unnt

yrði að skrá hlutafé í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli. Nánari athugasemdir um bakgrunn málsins er að finna í því frumvarpi. Benda má á að í fjármálaráðuneytinu hefur verið unnið að því að fá breytt löggjöf þannig að færa megi bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli og liggur frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Gert ráð fyrir strangari reglum um einkahlutafélög en þau hlutafélög, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, til að geta ákveðið hlutafé í erlendum gjaldmiðli. Einkahlutafélögin, sem voru um 15.000 í árslok 2001, þurfa með öðrum orðum að hafa fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og fullnægja ýmsum skilyrðum í því sambandi. Skráð hlutafélög, önnur hlutafélög og einkahlutafélög þurfa að halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum. Þar eð heimild ársreikningaskrár er grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli í einkahlutafélögum fela ákvæði frumvarpsins í sér að íslensk einkahlutafélög þurfa að byrja með hlutafé í íslenskum krónum.

Auk íslensku krónunnar má samkvæmt frumvarpinu ákveða hlutafé í átta erlendum gjaldmiðlum, þ.e. evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Kveðið er á um að í ákvörðun hluthafafundar skuli greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli og jafnframt er kveðið á um umreikning milli gjaldmiðla.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram. Þá er kveðið á um refsingu við broti á reglum. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júní 2002.

Breytingar hér á landi, m.a. á löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, eru taldar geta aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga gagnvart fyrirtækjum í evrulöndunum og öðrum ESB-löndum en búast má við að í þeim ESB-löndum, sem eru utan evrusvæðisins, verði unnt að færa ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Jafnframt eru breytingarnar taldar geta komið í veg fyrir vissar hindranir á starfsemi fyrirtækja hér á landi og þar með laðað að fjárfestingu erlendra aðila. Auðveldara getur verið fyrir erlenda fjárfesta að meta félög á Íslandi vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í þeim. Þá geta líkurnar á því aukist að alþjóðafyrirtæki, sem vinna á grundvelli evrunnar, fjárfesti hér á landi með því að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi án þess að breyta um gjaldmiðil. Auðveldara getur orðið fyrir íslensk félög að afla fjár á hinu stóra evrusvæði eða frá öðrum ESB-löndum. Félögin geta jafnvel fengið ódýrara fjármagn. Erlendir aðilar geta á einfaldari hátt metið stöðu félaganna vegna lánveitinga. Loks gætu breytingarnar jafnvel greitt fyrir fjárfestingu íslenskra félaga í útlöndum.

Samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög hér á landi eru sett skilyrði um lágmarkshlutafé í íslenskum krónum. Til að unnt sé að tilgreina hlutafé í erlendum gjaldmiðli þarf að breyta lögunum. Þar eð Ísland er ekki bundið evrunni eins og danska krónan þykir rétt að tilgreina möguleika á fleiri gjaldmiðlum en evru einni í lögunum sjálfum. Hinn löglegi gjaldmiðill hér á landi yrði áfram íslensk króna.

Félögin yrðu ekki skylduð til að færa ársreikninga í erlendum gjaldmiðli eða hafa hlutafé í erlendum gjaldmiðli heldur hafa þau val um það. Ekki er því verið að leggja sérstakar byrðar á þau með löggjöf.

Ekki er víst að mörg félög muni notfæra sér þetta valfrelsi en sum geta verið í slíkri starfsemi að mikilvægt teljist að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Þótt einhver kostnaður geti hlotist af hjá félögum kemur hagræði á móti svo sem áður segir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tillaga í a-lið um breytingu er gerð þar eð evran tók við af evrópskum mynteiningum, Evrópumyntinni, 1. janúar 1999.

Í b-lið er lagt til að unnt sé að breyta hlutafé úr íslenskum krónum í nánar tilgreinda gjaldmiðla. Valdir hafa verið nokkrir tryggir gjaldmiðlar sem tengjast gengiskörfu. Síðar kunna frekari breytingar á gjaldmiðlum að eiga sér stað.

Ef breyta á tilgreiningu hlutafjár í hlutafélagi úr krónum í erlendan gjaldmiðil þarf að breyta samþykktum í samræmi við ákvæði laganna. Ákvörðunina skal taka á hluthafafundi. Í tengslum við breytinguna kann að vera nauðsynlegt að hækka eða lækka hlutafé vegna umreiknings þannig að tölur séu jafnaðar. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli en slíkt getur verið til hagsbóta fyrir hluthafa. Jafnframt er kveðið á um það í greininni við hvaða gengi á að miða umreikning.

Gert er ráð fyrir að félag geti sjálft ákveðið að hlutafé skuli breyta í erlendan gjaldmiðil eða að færa skuli hlutaféð aftur í íslenskar krónur eða annan gjaldmiðil. Setja má skilyrði um breytingu í nýjan gjaldmiðil, m.a. um tímamörk sem miðað sé við, sbr. heimildir ráðherra til að setja reglur skv. 3. mgr. 1. gr. Það kann að vekja tortryggni ef félag breytir um gjaldmiðil með stuttu millibili þar eð erfiðara verður þá að meta félagið fjárhagslega og bera saman stöðu þess frá einu tímabili til annars. Gæta skal þó ákvæðisins um fimm ára lágmark.

Ákvæði frumvarpsins fela í sér að fyrst þurfa einkahlutafélög að ákveða hlutafé sitt í íslenskum krónum þar eð heimild ársreikningaskrár er grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir refsiákvæði ef eigi er farið eftir reglum þeim er ráðherra kann að setja, sbr. b-lið 1. gr. frumvarps þessa.

Um 3. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir aðlögunartíma vegna breytinga á tölvukerfi hlutafélagaskrár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að gefa einkahlutafélögum sem hafa fengið heimild ársreikningaskrár kost á að færa hlutafé sitt, bókhald og ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

855. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, 4.–6. mgr., sem orðast svo:

Hlutafélög, sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði, mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög, enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félög skv. 1. og 2. málsl. skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Við umreikning úr íslenskum krónum í annan gjaldmiðil eða annan umreikning skal miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á fyrsta degi þess mánaðar þegar ákvörðun um breytingu á gjaldmiðli er tekin, eða næsta skráningardegi þar á undan sé gengið ekki skráð á þeim degi.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

2. gr.

Í stað orðanna „lög um rafræna skráningu verðbréfa“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Í hlutafélögum skal við breytingu á gjaldmiðli hlutafjár innkalla útgefin hlutabréf og gefa ný út í stað þeirra í nýjum gjaldmiðli. Gera skal sambærilegar breytingar sé um rafræna skráningu að ræða.

3. gr.

Við 2. tölul. 153. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu í kjölfar þess að ábendingar bárust úr atvinnulífinu um að æskilegt væri að unnt yrði að skrá hlutafé í íslenskum hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli. Í því sambandi má benda á að í fjármálaráðuneyt-

inu hefur verið unnið að því að fá breytt löggjöf þannig að færa megi bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli og liggur frumvarp þess efnis fyrir Alþingi.

Í Danmörku var þessi leið farin 1998, þ.e. ýmsum lögum var breytt, m.a. lögum um ársreikninga og ýmis gjöld, svo og lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Ákvæði laganna um hlutafélög og einkahlutafélög þar í landi gengu síðar í gildi en ákvæði laganna um ársreikninga og annarra laga. Í sumum lögum var einungis um það að ræða að tilgreiningu í evrópskum mynteiningum eða Evrópumynt (European currency units – ECU) var breytt í evru.

Hreyfing komst á þessi mál í Danmörku og víðar í Evrópusambandinu vegna upptöku sameiginlegs nýs gjaldmiðils, evrunnar, í flestum ESB-ríkjanna 1. janúar 1999 en evran kemur í staðinn fyrir gjaldmiðla viðkomandi Evrópusambandslanda og í stað evrópskra mynteininga, Evrópumyntar. Um áramótin 2001–2002 standa aðeins þrjú Evrópusambandslönd utan við evruna, þ.e. Bretland, Danmörk og Svíþjóð, og halda þau gjaldmiðlum sínum. Danska krónan er þó tengd evrunni. Töldu Danir að athuguðu máli að rétt væri að gera ýmsar nauðsynlegar breytingar á sinni löggjöf en aðalbreytingarnar voru fólgnar í því að félög fengu heimild til að færa ársreikninga í evrum og tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Færi var gefið á tilgreiningu í öðrum gjaldmiðlum samkvæmt nánari reglum þar að lútandi.

Við samningu frumvarps þessa var í upphafi gert ráð fyrir að hafa ætti íslensk lagaákvæði um hlutafé í erlendum gjaldmiðli svipuð og í Danmörku, þ.e. að heimild væri á valdi félaganna. Að fengnum athugasemdum var þó talið rétt við samningu frumvarps þessa að hafa heimildirnar misvíðtækar. Frjálslegri reglur gildi um hlutafélög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.e. í kauphöll (71 félag í árslok 2001) og á skipulegum tilboðsmarkaði (þrjú á sama tíma). Um önnur hlutafélög, sem voru innan við 1.000 á sama tíma, er gert ráð fyrir strangari reglum til að geta ákveðið hlutafé í erlendum gjaldmiðli. Þessi félög þurfa með öðrum orðum að hafa fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum og fullnægja ýmsum skilyrðum í því sambandi. Bæði skráð hlutafélög og önnur hlutafélög þurfa að halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum. Þar eð grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli er samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði eða heimild ársreikningaskrár fela ákvæði frumvarpsins í sér að íslensk hlutafélög þurfa að byrja með hlutafé í íslenskum krónum. Hér má nefna að hlutafélög fá ekki skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði fyrr en eftir nánar tiltekinn starfstíma.

Auk íslensku krónunnar má samkvæmt frumvarpinu ákveða hlutafé í átta erlendum gjaldmiðlum, þ.e. evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Kveðið er á um að í ákvörðun hluthafafundar skuli greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli og jafnframt er kveðið á um umreikning milli gjaldmiðla.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram. Þá er kveðið á um að innkalla skuli útgefin hlutabréf og gefa önnur út í stað þeirra í nýja gjaldmiðlinum. Sambærilegar breytingar skal gera sé um rafræna skráningu að ræða. Þá er kveðið á um refsingu við broti á reglum. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. júní 2002.

Breytingar hér á landi, m.a. á löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög, eru taldar geta aukið samkeppnishæfni íslenskra félaga gagnvart fyrirtækjum í evrulöndunum og öðrum ESB-löndum en búast má við að í þeim ESB-löndum, sem eru utan evrusvæðisins, verði unnt að færa ársreikninga í evrum og jafnframt tilgreina hlutafé í þeirri mynt. Jafnframt eru breyt-

ingarnar taldar geta komið í veg fyrir vissar hindranir á starfsemi fyrirtækja hér á landi og þar með laðað að fjárfestingu erlendra aðila. Auðveldara getur verið fyrir erlenda fjárfesta að meta félög á Íslandi vegna fyrirhugaðra fjárfestinga í þeim. Þá geta líkurnar á því aukist að alþjóðafyrirtæki, sem vinna á grundvelli evrunnar, fjárfesti hér á landi með því að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi án þess að breyta um gjaldmiðil. Auðveldara getur orðið fyrir íslensk félög að afla fjár á hinu stóra evrusvæði eða frá öðrum ESB-löndum. Félögin geta jafnvel fengið ódýrara fjármagn. Ná má m.a. í fjármagn með útgáfu verðbréfa á þeim markaði og lán frá erlendum aðilum sem geta á einfaldari hátt metið stöðu félaganna. Loks gætu breytingarnar jafnvel greitt fyrir fjárfestingu íslenskra félaga í útlöndum.

Samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög hér á landi eru sett skilyrði um lágmarkshlutafé í íslenskum krónum. Til að unnt sé að tilgreina hlutafé í erlendum gjaldmiðli þarf að breyta lögunum. Þar eð Ísland er ekki bundið evrunni eins og danska krónan þykir rétt að tilgreina möguleika á fleiri gjaldmiðlum en evru einni í lögunum sjálfum. Hinn löglegi gjaldmiðill hér á landi yrði áfram íslensk króna.

Félögin yrðu ekki skylduð til að færa ársreikninga í erlendum gjaldmiðli eða hafa hlutafé í erlendum gjaldmiðli heldur hafa þau val um það. Ekki er því verið að leggja sérstakar byrðar á þau með löggjöf.

Ekki er víst að mörg félög muni notfæra sér þetta valfrelsi en sum geta verið í slíkri starfsemi að mikilvægt teljist að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Þótt einhver kostnaður geti hlotist af hjá félögum kemur hagræði á móti svo sem áður segir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tillaga í a-lið um breytingu er gerð þar eð evran tók við af evrópskum mynteiningum, Evrópumyntinni, 1. janúar 1999.

Í b-lið er lagt til að unnt sé að breyta hlutafé úr íslenskum krónum í nánar tilgreinda gjaldmiðla. Valdir hafa verið nokkrir tryggir gjaldmiðlar sem tengjast gengiskörfu. Síðar kunna frekari breytingar á gjaldmiðlum að eiga sér stað.

Sérákvæði laga, t.d. í 4. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög varðandi lágmark hlutafjár í tengslum við eigin hluti, gilda að breyttu breytanda í hlutafélögum með hlutafé í erlendum gjaldmiðli.

Ef breyta á tilgreiningu hlutafjár í hlutafélagi úr krónum í erlendan gjaldmiðil þarf að breyta samþykktum í samræmi við ákvæði laganna. Ákvörðunina skal taka á hluthafafundi. Í tengslum við breytinguna kann að vera nauðsynlegt að hækka eða lækka hlutafé vegna umreiknings þannig að tölur séu jafnaðar. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnvirði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli en slíkt getur verið til hagsbóta fyrir hluthafa. Jafnframt er kveðið á um það í greininni við hvaða gengi á að miða umreikning.

Gert er ráð fyrir að félag geti sjálft ákveðið að hlutafé skuli breyta í erlendan gjaldmiðil eða að færa skuli hlutaféð aftur í íslenskar krónur eða annan gjaldmiðil. Setja má skilyrði um breytingu í nýjan gjaldmiðil, m.a. um tímamörk sem miðað sé við, sbr. heimildir ráðherra til að setja reglur skv. 4. mgr. 1. gr. Það kann að vekja tortryggni ef félag breytir um gjaldmiðil með stuttu millibili þar eð erfiðara verður þá að meta félagið fjárhagslega og bera saman stöðu þess frá einu tímabili til annars. Gæta skal þó ákvæðisins um fimm ára lágmark um öll hlutafélög, bæði þau sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og önnur hlutafélög.

Ákvæði frumvarpsins fela í sér að fyrst þurfa hlutafélög að ákveða hlutafé sitt í íslenskum krónum þar eð grundvallarskilyrði fyrir erlendum gjaldmiðli er annars vegar samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði eða hins vegar heimild ársreikningaskrár. Því má

bæta við að hlutafélög fá ekki skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði fyrr en eftir nánar tiltekinn starfstíma.

Um 2. gr.

Í greininni er nafn á tilgreindum lögum leiðrétt og kveðið á um innköllun útgefinna hlutabréfa og útgáfu nýrra bréfa í þeirra stað í nýjum gjaldmiðli. Gera skal sambærilegar breytingar sé um rafræna skráningu á hlutum að ræða. Gert er ráð fyrir að hlutaskrá verði breytt með tilliti til nýja gjaldmiðilsins.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir refsiákvæði ef eigi er farið eftir reglum þeim er ráðherra kann að setja, sbr. b-lið 1. gr. frumvarps þessa.

Um 4. gr.

Grein þessi geymir gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir aðlögunartíma vegna breytinga á tölvukerfi hlutafélagaskrár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að gefa hlutafélögum sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði kost á að færa hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög sem hafa fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

856. Frumvarp til laga [548. mál]

um líftækniiðnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til líftækniiðnaðar sem er atvinnustarfsemi er byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og notkun líftækni. Starfsemin felur í sér sýnatöku og rannsóknir á erfðaefni úr lífverum í náttúru Íslands og nýtingu erfðaefnis eða einstakra efnasambanda úr þeim í

atvinnuskyni samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Lög þessi taka ekki til lífsýna úr vefjum manna eða almennra náttúrufræðilegra rannsókna.

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögum þessum gilda einnig lög um erfðabreyttar lífverur, náttúruverndarlög, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og önnur lög og reglugerðir sem varða rannsóknir og nýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Líffræðilegar erfðaauðlindir*: Erfðaefni (DNA- og RNA-kjarnsýrur) sem finna má í hvers konar lífverum og veirum, öðrum en mönnum, og hefur raunverulegt eða mögulegt verðmæti.
2. *Erfðaefni:* Hvers konar efni sem rekja má til jurta, dýra, örvera eða annars uppruna og hefur að geyma virkar erfðaeiningar.
3. *Líftækni:* Hvers konar tæknileg breyting þar sem notuð eru líffræðileg kerfi, lifandi lífverur eða úrefni þeirra til að búa til eða breyta framleiðsluvörum eða ferlum í hagnýtum tilgangi.
4. *Rannsóknarleyfi*: Annars vegar almennt leyfi eins eða fleiri aðila til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni á tilteknum líffræðilegum erfðaauðlindum án þess að um sérleyfi sé að ræða, hins vegar tímabundið sérleyfi eins aðila til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni á tilteknum líffræðilegum erfðaauðlindum.
5. *Nýtingarleyfi:* Leyfi til að hagnýta tiltekin erfðaefni eða efnasambönd úr líffræðilegum erfðaauðlindum í framleiðslu og/eða til sölu.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

3. gr.

Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Rannsóknar- og nýtingarleyfi.

Leyfi iðnaðarráðherra þarf til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni á líffræðilegum erfðaauðlindum í náttúru Íslands.

Hvers konar rannsóknir á örverum á jarðhitasvæðum, aðrar en almennar náttúrufræðilegar rannsóknir, eru háðar leyfi iðnaðarráðherra.

Leyfi iðnaðarráðherra þarf til nýtingar líffræðilegra erfðaauðlinda úr náttúru Íslands í atvinnuskyni. Heimilt er að veita nýtingarleyfi á grundvelli rannsókna sem leyfi hefur verið veitt fyrir eða samtímis veitingu slíks leyfis, enda liggi fyrir samkomulag við eiganda auðlindarinnar um endurgjald fyrir notin, sbr. 7. gr.

Áður en rannsóknar- og nýtingarleyfi eru veitt skal leita álits umhverfisráðherra. Við töku sýna úr hafinu skal leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar áður en leyfi er veitt.

5. gr.

Sérleyfi.

Iðnaðarráðherra er heimilt á grundvelli umsóknar að veita tímabundið sérleyfi til rannsókna skv. 1. mgr. 4. gr. enda sé sýnt fram á fjárhagslega og tæknilega getu til að stunda viðkomandi rannsóknir. Sérleyfi er heimilt að veita til allt að fimm ára og framlengja þau allt að tvisvar sinnum um allt að þrjú ár í senn gefi framgangur rannsókna tilefni til þess.

6. gr.

Umsókn.

Í umsóknum um rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi skv. 4. og 5. gr. skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun rannsóknar- og nýtingarleyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar rannsóknir og nýtingu eftir nánari ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Endurgjald fyrir nýtingu.

Ef líffræðileg erfðaauðlind er háð eignar- eða umráðarétti þarf umsækjandi nýtingarleyfis að framvísa samkomulagi við eiganda eða þann sem fer með umráð líffræðilegrar erfðaauðlindar um nýtingu hennar og endurgjald fyrir hana.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á líffræðilegum erfðaauðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Um samninga um endurgjald fyrir líffræðilegar auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta slíkar auðlindir í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

8. gr.

Efni rannsóknar- og nýtingarleyfis.

Í rannsóknar- og nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Gildistíma leyfis auk ákvæða um hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
2. Til hvaða líffræðilegu erfðaauðlindar leyfið nær.
3. Afmörkun svæðis sem leyfi nær til, ef við á.
4. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á skráningargögnum um sýnatökur og hvernig hún skuli innt af hendi.

9. gr.

Afturköllun leyfis.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og getur þá ráðherra veitt honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun getur ráðherra afturkallað leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

10. gr.
Eftirlit.

Iðnaðarráðherra annast eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Iðnaðarráðherra getur með reglugerð falið öðrum aðilum að fara með eftirlitið í heild eða að hluta undir yfirumsjón hans.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.
Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

12. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.
Refsingar.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram hefur að geyma reglur um stjórnsýslu og eftirlit með líftækniiðnaði hér á landi. Frumvarpið felur í sér endurskoðun á 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en endurskoðunin er í samræmi við fyrirmæli 3. mgr. 36. gr. laganna þar sem segir að endurskoða skuli ákvæði 34. gr. fyrir 1. janúar 2001. Ákvæði 34. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi taka eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögum þessum. Leyfi samkvæmt þessari grein skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands fer með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt þessari grein.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar í samráði við umhverfisráðherra.

Með örverum er átt við örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis.“

Ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1998 kom inn í frumvarp til þeirra laga við meðferð þess á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98. Í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarpið sagði m.a. að brýna nauðsyn bæri til að setja á næstu árum heildarlöggjöf um hag-

nýtingu lífrænna verðmæta. Mótun slíkrar löggjafar tæki þó nokkurn tíma. Því væri lagt til að bætt yrði inn í frumvarpið ákvæði um rannsóknir og nýtingu örvera á jarðhitasvæðum, en sú aðferðafræði sem frumvarpið styddist við um rannsóknir og nýtingu félli vel að verndun þeirrar auðlindar sem í örverum fælist. Ríó-sáttmálinn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem Ísland hefði staðfest (Samningur um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992 og öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 11. desember 1994, sjá C-deild Stjórnartíðinda 1995, bls. 169 o.áfr.), bæri það með sér að viðurkennt væri að þau verðmæti sem finna megi í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og utanaðkomandi aðilum sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis og eftirlits viðkomandi lands. Ekki hafi verið sett lög á Íslandi sem hafi beinlínis þann tilgang að tryggja markmið Ríósáttmálans að þessu leyti eins og gert hefði verið í sumum öðrum löndum. Væri því lagt til að bætt yrði úr brýnni þörf og rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum felldar undir meginefni frumvarpsins í ljósi þess að heildarlöggjöf um hagnýtingu lífrænna verðmæta skorti. Með þessu ætti að tryggja að aðgangur að þeim auðlindum sem fólgnar eru í íslenskum hverum sé háður stjórn og eftirliti með sama hætti og aðgangur að öðrum auðlindum í jörðu sem frumvarpið næði til.

Af framangreindri umfjöllun í nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar má ráða að við það var miðað, er ákvæði 34. gr. var sett inn í frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 57/1998, að tekið væri á hagnýtingu lífrænna verðmæta á heildstæðan hátt. Þó að rannsóknir og nýting örvera á hverasvæðum falli ágætlega að lögum nr. 57/1998 verður ekki sagt að rannsóknir og hagnýting á ýmsum öðrum líffræðilegum erfðaauðlindum falli með sama hætti vel að ákvæðum laganna. Ákvæði laga nr. 57/1998 eru sniðin að þeim auðlindum sem finna má í jörðu. Þær líffræðilegu erfðaauðlindir sem unnið er með í líftækniiðnaði eru miklu fjölbreyttari og eiga m.a. uppruna sinn að rekja til annarra lífvera svo sem dýra og plantna. Af þessu leiðir að frumvarp það sem hér er lagt fram verður að ná til líftækniiðnaðarins í heild án tillits til þess hvar hinar líffræðilegu erfðaauðlindir eiga uppruna sinn.

Samkvæmt framansögðu er ástæða til að fella niður þá takmörkun sem felst í 34. gr. laga nr. 57/1998 að lögin taki eingöngu til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Sú takmörkun átti rætur að rekja til þess að rannsóknir á örverum sem eiga náttúruleg heimkynni á jarðhitasvæðum höfðu verið stundaðar á Iðntæknistofnun allt frá árinu 1985 og voru rannsóknir á þeim komnar nokkuð lengra en sambærilegar rannsóknir í líftækni með annað erfðaefni. Aðgangur vísindamanna og fyrirtækja hvaðanæva úr heiminum að jarðhitasvæðunum hafði verið óheftur með öllu og lítil vitneskja var til um hvar sýni hefðu verið tekin, hvar þau hefðu verið rannsökuð erlendis eða hvers konar rannsóknir hefðu verið stundaðar á þeim. Þó var vitað að afurðir örvera sem teknar höfðu verið á íslenskum jarðhitasvæðum voru orðnar að söluvöru í alþjóðaviðskiptum, án þess að nokkur arður af viðskiptunum félli Íslendingum í skaut. Í þessu sambandi skal þess getið að samkvæmt Ríósáttmálanum hafa ríki fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegum auðlindum. Frumvarp þetta lýtur m.a. að því að tryggja að hagsmuna Íslands sé gætt að þessu leyti.

Þróun líftækninnar hefur verið mjög ör hin síðari ár. Líftækniiðnaðurinn er orðinn þverfaglegur í þeim skilningi að ekki skiptir sérstöku máli hvaðan erfðaefnið er upprunnið. Það er því andstætt hagsmunum líftækniiðnaðarins að afmarka eða flokka hann eftir hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu, eins og að binda hann við t.d. sjávarútveg eða landbúnað. Nýr hátækniiðnaður sem byggist á samtvinnun líftækni og upplýsingatækni er í miklum vexti um allan heim, m.a. hér á landi. Hagnýting erfðavísinda vex hröðum skrefum með aukinni þekkingu á starfsemi lífvera og byggist það á örri tækniþróun á raðgreiningu hvers kyns erfðaefnis og fjölþættri tölvuúrvinnslu erfðaupplýsinga.

Frumvarp þetta er annað tveggja samstæðra frumvarpa um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru. Á vegum umhverfisráðherra er unnið að gerð frumvarps um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt er að gæta við nýtingu erfðaauðlindanna.

II. Stjórnsýsla.

Því frumvarpi sem hér er lagt fram er ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækni heldur er í frumvarpinu fyrst og fremst mælt fyrir um stjórnsýslu á sviði líftækniiðnaðar. Brýnt þykir að mæla fyrir um að líftækniiðnaðurinn lúti eftirliti iðnaðarráðherra og sækja þurfi um viðeigandi leyfi til ráðherra. Þá mun iðnaðarráðherra fá það hlutverk að gæta hagsmuna iðnaðarins á innlendum og erlendum vettvangi. Í samræmi við þá skipan sem verið hefur er í frumvarpinu mælt fyrir um að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins.

Í 1. gr. Ríó-sáttmálans er bæði vikið að vernd og notkun þeirra lífvera sem samningurinn tekur til. Eðlilegt er að iðnaðarráðuneytið fari með þann þátt sem snýr að nýtingu þessara auðlinda en að umhverfisráðuneytið hafi með höndum þá hlið sem snýr að vernd lífveranna eins og verið hefur. Þannig er ekki hróflað við því fyrirkomulagi að iðnaðarráðuneytið veiti leyfi til nýtingar auðlinda í þessum iðnaði. Áður en iðnaðarráðuneytið veitir leyfi til nýtingar auðlindarinnar er tryggð aðkoma umhverfisráðuneytis að málinu eða þeirra stofnana sem undir það heyra.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu milli iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis við veitingu leyfa til starfsemi á sviði líftækniiðnaðar. Í þessu sambandi skal þess getið að umhverfisráðuneytið hefur m.a. á verksviði sínu lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur; reglugerð nr. 330/1997, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera; reglugerð nr. 68/1998, um ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur; lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Samkvæmt tilvitnuðum lögum og reglugerðum þarf ýmis leyfi umhverfisráðuneytisins fyrir mismunandi þáttum sem snúa að nýtingu þeirra lífvera sem hér um ræðir. Verður því um ákveðna verkaskiptingu milli stjórnvalda að ræða.

Frumvarpið styrkir önnur lög sem hafa að markmiði að vernda náttúru landsins, vistkerfi þess og heilsu manna og dýra. Í því sambandi má m.a. benda á að fyrirtæki í líftækniiðnaði þurfa eftir sem áður að afla starfsleyfis á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um erfðabreyttar lífverur þegar um slíka starfsemi er að ræða, en þar er tekið á verndarsjónarmiðum umhverfis og náttúru auk öryggissjónarmiða sem tengjast meðhöndlun erfðabreyttra lífvera. Núgildandi lög tengjast þó ekki atvinnustarfseminni sjálfri þótt þau bindi ytri umgjörð þeirra hvað varðar framangreind verndarsjónarmið.

III. Eðli lífrænna erfðaauðlinda – skipting hagnaðar.

Þegar fjallað er um líftækniiðnað verður að hafa í huga að auðlindin sem slík felst fyrst og fremst í framleiðslu sem verður til vegna þekkingar á þeirri lífrænu erfðaauðlind sem í hlut á. Það varðar því aðila miklu máli að þeir hafi leyfi lögum samkvæmt, t.d. varðandi skiptingu þess hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda og einkaleyfisumsóknir.

Á síðustu árum hefur fengist alþjóðleg viðurkenning á því að erfðaauðlindir náttúrunnar séu í grundvallaratriðum eins og aðrar náttúruauðlindir og teljist eign ríkjanna þar sem þær er að finna. Þetta er staðfest með samþykkt Ríó-sáttmálans frá 1992, sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1994. Markmið hans er m.a. að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda. Með því að óskoraður réttur einstakra ríkja yfir náttúruauðlindunum hefur verið viðurkenndur er aðgangur að erfðaauðlindunum aðeins háður löggjöf ríkjanna. Brýnt er að slík löggjöf verði sett og á framangreint endurskoðunar-

ákvæði 36. gr. laga nr. 57/1998 m.a. rætur að rekja til þess. Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er einungis mælt fyrir um nýtingarþáttinn en öðrum þáttum er haldið fyrir utan.

Með Ríó-sáttmálanum er nú viðurkennt að erfðaauðlindir skuli meðhöndla eins og aðrar náttúruauðlindir sem séu á forræði viðkomandi ríkja. Nokkur eðlismunur er þó á milli mismunandi náttúruauðlinda og þarf því að aðlaga þær venjur sem skapast hafa um nýtingu hefðbundinna náttúruauðlinda að nýjum auðlindum. Þetta tengist m.a. því að þrátt fyrir að uppsprettur erfðaauðlinda geti verið staðbundnar, t.d. við hverasvæði, er nýtingin alfarið óháð uppruna stað og þarf oft ekki nema örlítið sýni til að vinna úr því verðmætar erfðaupplýsingar. Til að tryggja að erfðaauðlindirnar séu íslenskum þegnum til sem mestra hagsbóta er því nauðsynlegt að setja reglur um aðgang þeirra sem hyggjast safna sýnum og nýta erfðaauðlindirnar sér til efnahagslegs ávinnings. Á þessu hefur þegar verið tekið til bráðabirgða fyrir örverur á jarðhitasvæðum en nauðsynlegt er að taka á þessu heildstætt fyrir allar erfðaauðlindir í náttúru Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins. Í 1. mgr. er lagt til grundvallar að frumvarpið taki til líftækniiðnaðar sem er atvinnustarfsemi sem byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og felur í sér sýnatöku úr lífverum og nýtingu erfðaefnis eða efnasambanda úr þeim í atvinnuskyni. Með líftækniafurð er átt við afurð sem er unnin úr erfðaauðlindum með því að beita líftækni. Utan gildissviðs frumvarpsins falla því grunnrannsóknir og annars konar starfsemi sem ekki getur talist til líftækniiðnaðar, t.d. rannsóknir á náttúrufari Íslands. Þá skal áréttað að utan gildissviðs frumvarpsins falla hagnýtar rannsóknir sem miða að hefðbundnum kynbótum í landbúnaði og hefðbundnar rannsóknir á lífríki sjávar. Í því felst m.a. að frumvarpinu er ekki ætlað að breyta gildandi lögum hvað varðar nýtingu og rannsóknir á hefðbundnum nytjastofnum sjávar, sbr. 2. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sem falla samkvæmt því undir sjávarútvegsráðuneytið.

Í lokamálsl. 1. mgr. kemur fram að frumvarpið tekur ekki til lífsýna úr vefjum manna. Er þetta gert til áréttingar því að frumvarpið tekur ekki til þeirrar lífsýnatöku sem fram fer á heilbrigðissviðinu. Reglum frumvarpsins er ætlað að taka til hvers konar rannsókna á örverum á jarðhitasvæðum, sbr. 2. mgr. 4. gr., óháð því hvort um er að ræða grunnrannsóknir eða rannsóknir í hagnýtum tilgangi.

Í 2. mgr. segir að um rannsóknir og nýtingu gildi einnig lög um erfðabreyttar lífverur, náttúruverndarlög, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, og önnur lög og reglugerðir sem varða rannsóknir og nýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum. Upptalningin er ekki tæmandi heldur einungis í dæmaskyni, en líftækniiðnaðurinn verður að sjálfsögðu að taka mið af þeim lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda á hverjum tíma. Eins og um margar aðrar atvinnugreinar verður að gæta sérstaklega að kröfum sem eru af umhverfisréttarlegum toga og er tekið tillit til þess í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í 1. tölul. eru líffræðilegar erfðaauðlindir skilgreindar sem erfðaefni (DNA- og RNA-kjarnsýrur) sem finna má í hvers konar lífverum og veirum, öðrum en mönnum. Skilgreiningin felur í sér þá afmörkun gagnvart töku lífsýna úr mönnum sem ráð er fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins.

Í 3. tölul. er hugtakið líftækni skilgreint með sama hætti í 3. mgr. 2. gr. Ríó-sáttmálans.

Í 4. tölul. er hugtakið rannsóknarleyfi skilgreint. Þess er að vænta að í langflestum til-

fellum verði sóst eftir almennum rannsóknarleyfum, sem felur í sér að fjöldi þeirra sem taka vilja sýni úr tilteknum upprunastað og stunda rannsóknir á þeim verður ekki takmarkaður. Rannsóknarleyfi getur einnig verið tímabundið sérleyfi til sýnatöku og hagnýtra rannsókna til handa einum aðila. Sérleyfi þarfa að tengjast sérstökum aðstæðum eða hagsmunum umsækjanda og eru á móti gerðar meiri kröfur til hans en þeirra sem fá almennt rannsóknarleyfi. Þó skal áréttað að sérleyfi til hagnýtra rannsókna kemur ekki í veg fyrir grunnrannsóknir í vísindaskyni á viðkomandi líffræðilegum erfðaauðlindum.

Í þeim tilvikum þar sem upprunastaður er á náttúruminjaskrá samkvæmt náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, skal gæta ákvæða þeirra laga.

Í 5. tölul. er hugtakið nýtingarleyfi skilgreint sem leyfi til að hagnýta tilteknar líffræðilegar erfðaauðlindir í framleiðslu og/eða til sölu.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um það að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn málaflokksins. Eins og greinir í almennum athugasemdum við frumvarpið er við það miðað að iðnaðarráðuneytið fari með þann þátt sem snýr að rannsóknum og nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda en umhverfisráðuneytið hafi með höndum vernd lífveranna. Gert er ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu milli ráðuneytanna en skv. 4. gr. skal leita umsagnar umhverfisráðherra áður en rannsóknar- og nýtingarleyfi er veitt samkvæmt frumvarpinu.

Um 4. gr.

Tvær fyrstu málsgreinarnar fjalla um rannsóknarleyfi og sú þriðja um nýtingarleyfi. Skv. 1. mgr. veitir iðnaðarráðherra leyfi til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni, þ.e. þegar tilgangur starfseminnar lýtur að hagnýtingu og efnahagslegum ávinningi. Í þessu felst m.a. að grunnrannsóknir falla utan þessarar leyfiskröfu. Skilin milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna eru hins vegar oft óljós og slíkar rannsóknir geta skarast. Markmið grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna eru þó ólík og rannsóknarferlið er skilgreint á mismunandi hátt. Þeim sem er ábyrgur fyrir rannsóknum ætti þó að vera ljóst hvenær þær geta leitt til hagnýts gildis.

Í 2. mgr. er fjallað um rannsóknir á örverum á jarðhitasvæðum, sem hafa sérstöðu vegna jarðfræðilegra og afleiddra líffræðilegra aðstæðna á Íslandi. Af þeim sökum þykir ástæða til að gæta sérstaklega að þessum hagsmunum og eru hvers konar rannsóknir á örverum á jarðhitasvæðum háðar leyfi ráðherra. Því er ekki breytt gildandi ákvæðum hvað varðar örverur á jarðhitasvæðum. Þetta ákvæði tekur m.a. mið af því að alþekkt er að sýni af örverum á íslenskum jarðhitasvæðum hafa verið tekin eftirlitslaust um árabil og flutt til útlanda til rannsókna og hagnýtingar. Eins og fram kemur í 1. gr. tekur gildissvið frumvarpsins ekki til almennra náttúrufræðilegra rannsókna og á það einnig við um örverur sem finna má á jarðhitasvæðum.

3. mgr. fjallar um hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna, en leyfi ráðherra þarf til nýtingar þeirra. Hér er um að ræða leyfi sem veitt verður í framhaldi af hagnýtum rannsóknum eða grunnrannsóknum sem leitt hafa til hagnýtra nota. Þær aðstæður sem leiða til verðmætrar nýtingar erfðaauðlinda eru meira háðar eðli og niðurstöðum rannsókna en upprunastað lífveranna sem erfðaefnið er sótt í. Erfðaefni er í sjálfu sér ótakmörkuð auðlind eftir að það hefur verið fundið og hugsanleg hagnýting þess skilgreind, enda þarf að jafnaði ekki endurtekna sýnatöku til nýtingar þess. Því er eðlilegt að veiting nýtingarleyfis sé einungis formsatriði ef umsækjandi hefur uppfyllt ákvæði rannsóknarleyfisins eða sýnt fram á að erfðaefnisins hafi verið aflað með öðrum löglegum hætti. Á grundvelli þessa er gert ráð fyrir

að unnt verði að veita nýtingarleyfi samtímis rannsóknarleyfi enda hamli eignarhald er tengist upprunalegri erfðaauðlind því ekki. Gera má ráð fyrir að í flestum tilfellum verði unnt að veita þessi leyfi samtímis, sem er til verulegs hægðarauka. Nýtingarleyfi hafa markaðslega þýðingu fyrir líftækniiðnaðinn. Líftækniiðnaðurinn þarf að geta lagt fram nýtingarleyfi þegar líftækniafurðir eru markaðssettar, m.a. til þess að sýna fram á rekjanleika og til að sýna að erfðaefnisins hafi verið aflað með lögmætum hætti.

Um 5. gr.

Líftækniiðnaður er vaxandi atvinnugrein sem krefst mikilla fjárfestinga til að ná árangri. Á grundvelli veigamikilla rannsókna- og fjárhagslegra hagsmuna getur komið til greina að veita tilteknum aðila tímabundið sérleyfi til rannsókna á ákveðnum auðlindum. Veiting sérleyfa er mjög vandmeðfarin og þarf m.a. að gæta að því að almennir vísindalegir hagsmunir verði ekki fyrir borð bornir með því að hefta aðgang þeirra sem stunda grunnrannsóknir. Gera þarf ríka kröfu til þeirra sem eftir slíku sérleyfi sækjast um vísindalega þekkingu og tæknilega getu til að ná rannsóknarmarkmiðum sínum og um fjárhagslegan styrk til að hrinda þeim í framkvæmd. Jafnframt er mikilvægt að takmarka tímalengd sérleyfa og í því sambandi að taka mið af rannsóknaráætlunum og umfangi. Hæfilegt þykir að sérleyfi sé unnt að veita til allt að fimm ára og framlengja þau tvisvar sinnum í tvö ár í senn. Í þessu felst að við upphaf rannsókna og endurnýjun sérleyfa þarf viðkomandi að leggja fram rannsóknaráætlanir með rökstuðningi um nauðsyn sérleyfis.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar meginlínur um þær grunnupplýsingar sem umsækjendur um rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi þurfa að leggja fram. Ekki er ólíklegt að þessar grunnkröfur þurfi að útfæra nánar síðar til þess að umsóknar- og matsferlið verði eins gegnsætt og nútímastjórnsýsluhættir krefjast. Reglugerðarheimild ráðherra sem tillaga er gerð um í 12. gr. gerir slíka útfærslu mögulega.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um endurgjald fyrir afnot auðlindar. Gert er að skilyrði að sé líffræðileg erfðaauðlind háð eignar- eða umráðarétti þurfi umsækjandi nýtingarleyfis að framvísa samkomulagi við eiganda eða þann sem fer með umráð líffræðilegrar erfðaauðlindar um nýtingu hennar og endurgjald fyrir nýtinguna.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra fái heimild til að semja við leyfishafa um endurgjald fyrir nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda í eignarlöndum ríkisins og í 3. mgr. er tekið á nýtingu þeirra í þjóðlendum. Hér er efnislega fylgt ákvæðum 31. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um samninga um endurgjald fyrir erfðaauðlindir sem kunna að finnast í þjóðlendum fer eftir lögum um þjóðlendur og ákvörðun eignarmarka, þjóðlendna og afrétta.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um þau efnisatriði rannsóknar- og nýtingarleyfis sem þurfa að koma fram í leyfi. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um heimildir ráðherra til afturköllunar leyfis. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um 10. gr.

Í þessari frumvarpsgrein kemur fram að iðnaðarráðherra fer með eftirlit samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þó er ljóst að hér er um að ræða starfsemi þar sem ýmis önnur stjórnvöld fara með afmarkaða þætti starfseminnar, t.d. á sviði umhverfismála, en þessi grein raskar ekki því fyrirkomulagi. Í greininni er jafnframt ráð fyrir því gert að ráðherra geti falið öðrum aðilum að fara með hluta eftirlitsins undir yfirumsjón hans. Þetta þykir hentugt, sérstaklega þar sem nauðsyn er á sérfræðiþekkingu eftirlitsaðilans.

Um 11. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða hægt sé að setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum.

Um 12.–14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um líftækniiðnað.

Frumvarpið er lagt fram til að skilgreina reglur, ábyrgð, stjórnsýslu og eftirlit sem gilda eiga um líftækniiðnað. Samkvæmt frumvarpinu þarf leyfi iðnaðarráðherra til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni á líffræðilegum erfðaauðlindum í náttúru Íslands. Einnig er í frumvarpinu veitt heimild til innheimtu endurgjalds fyrir nýtingarleyfi á erfðaauðlindum sem háðar eru eignar- eða umráðarétti. Fer iðnaðarráðherra með heimild til að semja um endurgjald fyrir nýtingu líffræðilegra erfðaauðlinda í eignarlöndum ríkisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

857. Frumvarp til laga [549. mál]

um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.

II. KAFLI
Úthlutunarsjóðir.

2. gr.
Rannsóknasjóður og Tækjasjóður.

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli ítarlegs faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna og færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar. Samningur um styrkveitingu er bundinn við rannsóknir ákveðinna einstaklinga, hvort sem þeir, eða fyrirtæki eða stofnanir sem þeir starfa hjá, eru formlegir umsækjendur eða aðilar samnings.

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma.

Rannsóknasjóður tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem nú starfa samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994, en Tækjasjóður tekur við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum. Eignir og skuldbindingar Vísindasjóðs og Tæknisjóðs falla til Rannsóknasjóðs en eignir og skuldbindingar Bygginga- og tækjasjóðs falla til Tækjasjóðs.

3. gr.
Tekjur Rannsóknasjóðs.

Tekjur Rannsóknasjóðs eru:

1. Fjárveiting á fjárlögum ár hvert.
2. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins.
3. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
4. Önnur framlög.

Tekjur Tækjasjóðs eru:

1. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar sambærilegar tekjur.
2. Önnur framlög.

4. gr.
Stjórn Rannsóknasjóðs.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára í senn. Stjórnina skipa eftirtaldir: Formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, fjórir einstaklingar sem hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og fimm til vara. Formaður velur varaformann sjóðstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn Rannsóknasjóðs skal jafnframt fara með stjórn Tækjasjóðs.

Stjórnin metur umsóknir um styrk úr Rannsóknasjóði að fengnum umsögnum fagráða sem skipuð eru skv. 5. gr. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir að mati stjórnarinnar. Fagráð skipað formönnum fagráða Rannsóknasjóðs metur umsóknir í Tækjasjóð áður en stjórn sjóðsins tekur þær til afgreiðslu.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Rannsóknasjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs um styrkveitingar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við mat á umsóknum og við störf stjórnar Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Stjórn Rannsóknasjóðs er heimilt að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs.

5. gr.

Fagráð Rannsóknasjóðs.

Stjórn Rannsóknasjóðs skipar fagráð til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn Rannsóknasjóðs við úthlutanir úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skipar formenn fagráða sérstaklega og eru þeir jafnframt ráðgefandi fyrir stjórn Tækjasjóðs skv. 3. mgr. 4. gr.

Fagráð skulu vera skipuð allt að sjö einstaklingum með víðtæka reynslu af rannsóknum. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn Rannsóknasjóðs. Fagráð metur umsóknir út frá færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess. Jafnframt skal lagt mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á.

Stjórn Rannsóknasjóðs setur fagráðum erindisbréf.

6. gr.

Rannsóknarnámssjóður.

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að styrkja rannsóknatengt framhaldsnám við innlendar háskólastofnanir að loknu grunnnámi við háskóla.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Í sjóðstjórn skulu eiga sæti fulltrúi tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður stjórnar sjóðsins. Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

Ákvarðanir stjórnar Rannsóknarnámssjóðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

7. gr.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs.

Tekjur Rannsóknarnámssjóðs eru framlög á fjárlögum ár hvert og framlög samstarfsaðila um rannsóknatengt framhaldsnám.

Heimilt er stjórn Rannsóknarnámssjóðs að efna til samstarfs við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir um fjármögnun sérstakra styrkja til rannsóknatengds framhaldsnáms á afmörkuðum sviðum rannsókna.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Stjórn Rannsóknasjóðs gefur út úthlutunarreglur sjóða sem eru í vörslu stjórnarinnar. Reglurnar skulu gefnar út eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs hverju sinni.

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs gefur út úthlutunarreglur fyrir sjóðinn eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests.

Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði og Rannsóknarnámssjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið.

9. gr.
Önnur verkefni.

Menntamálaráðherra getur falið stjórnum Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um.

III. KAFLI
Þjónustumiðstöð vísindarannsókna.

10. gr.
Hlutverk.

Þjónustumiðstöð vísindarannsókna er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Hlutverk hennar er að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs, Rannsóknarnámssjóðs og annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra. Undir þetta fellur skrifstofuþjónusta við stjórn og fagráð viðkomandi sjóða.
2. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð. Í því felst meðal annars að:
   a. annast söfnun og úrvinnslu upplýsinga um vísindarannsóknir í landinu, svo sem um mannafla, fjármagn, viðfangsefni og árangur,
   b. gangast fyrir mati á árangri rannsóknastarfs með reglulegum hætti,
   c. veita Vísinda- og tækniráði og nefndum þess upplýsingar um stöðu vísindarannsókna í landinu þegar þess er óskað,
   d. annast kynningu á rannsóknastarfsemi,
   e. annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki á styrkjum og rannsóknarverkefnum innan lands og utan,
   f. hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur.
3. Sinna öðrum verkefnum sem Vísinda- og tækniráð eða menntamálaráðherra felur stofnuninni.

11. gr.
Forstöðumaður.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Menntamálaráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, með síðari breytingum.

13. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Í stað orðanna „Rannsóknarráðs Íslands“ í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, kemur: stjórnar Rannsóknasjóðs.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara skal eftirfarandi gilda:

Þeir sem þegið hafa styrk samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.

Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal vinna að undirbúningi tillagna að úthlutunarreglum skv. 8. gr. laga þessara, um styrkveitingar á árinu 2003, þó eigi lengur en til 1. september 2002.

Núverandi stjórn Rannsóknarnámssjóðs sem skipuð var samkvæmt lögum nr. 61/1994 skal halda umboði sínu og starfa í samræmi við ákvæði laga þessara út skipunartímabil sitt.

Samningar við þá sem ráðnir hafa verið í tímbundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr. 61/1994 halda gildi sínu í samræmi við ákvæði þeirra.

II.

Skipað skal í embætti forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna skv. 11. gr. laga þessara eigi síðar en 1. júlí 2002.

Skipað skal í stjórn Rannsóknasjóðs samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 1. september 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um Rannsóknarráð Íslands tóku gildi 1. júlí 1994. Samkvæmt þeim bar að endurskoða þau innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Á undanförnum missirum hafa starfsmenn menntamálaráðuneytisins unnið að endurskoðun laganna. Leiddi sú endurskoðun til þess að lögð eru fram þrjú frumvörp sem taka til vísindarannsókna og nýsköpunar atvinnulífsins á Íslandi. Í fyrsta lagi er frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð sem lagt er fram af forsætisráðherra, í öðru lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir sem lagt er fram af menntamálaráðherra og í þriðja lagi frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins sem lagt er fram af iðnaðarráðherra.

Í frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð er gert ráð fyrir að ráðið fjalli bæði um vísindarannsóknir og tækniþróun. Vísindarannsóknir heyri undir menntamálaráðherra en tækniþróun og nýsköpun undir iðnaðarráðherra. Frumvarp þetta fjallar um opinberan stuðning við vísindarannsóknir í samræmi við framangreinda skiptingu og er háð því að frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð verði að lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

Lagt er til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994. Stjórn Rannsóknasjóðs tekur við hlutverki því sem úthlutunarnefndir höfðu áður. Þá er lagt til að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs samkvæmt sömu lögum. Einnig er lagt til að Þjónustumiðstöð vísindarannsókna taki við meginhluta þeirrar starfsemi sem nú er unnin af skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands samkvæmt sömu lögum. Hins vegar er lagt til að Rannsóknarnámssjóður starfi áfram.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir heyri áfram undir menntamálaráðuneytið. Rannsóknasjóður mun gegna lykilhlutverki varðandi styrkveitingar til vísindarannsókna. Sjóðurinn mun styrkja rannsóknir samkvæmt skýrum kröfum um vísindalegan framgang, birtingu og skil á vísindalegum niðurstöðum, hvort sem tilgangur er hagnýtur eða ekki. Hin óþörfu mörk milli sjóðanna sem hindrað hafa samanburð umsókna vegna mismunandi uppruna þeirra munu hverfa. Áhersla verður lögð á að rannsóknir séu styrktar eftir gæðum sem metin verða samkvæmt faglegum kröfum á viðkomandi sviði. Með þessu er verið að tryggja að sambærileg viðmið gildi við mat á umsóknum um styrki, hvort sem um er að ræða grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

Gert ráð fyrir að Tækjasjóður taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Lagt er til að hlutverk Tækjasjóðs verði að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Það er nýlunda í þessu frumvarpi að sömu aðilar sitji í stjórn Rannsóknasjóðs og stjórn Tækjasjóðs og úthluti styrkjum á þann hátt sem hér er lagt til. Með því að hafa sömu stjórn í báðum sjóðunum er leitast við að samþætta úthlutanir Tækjasjóðs við úthlutanir úr Rannsóknasjóði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Rannsóknarnámssjóður styrki rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- eða doktorsgráðu við íslenska skóla á háskólastigi sem bjóða framhaldsnám og stunda vísindalegar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að einungis nemendur sem stunda framhaldsnám við íslenska háskóla geti fengið styrk úr sjóðnum. Þetta er nýlunda. Í núverandi reglum um Rannsóknarnámssjóð nr. 974/2000 er unnt fyrir nemanda að fá styrk úr sjóðnum þó að hann stundi nám í erlendum háskóla, svo framarlega sem rannsóknarverkefnið fjallar um íslenskt viðfangsefni. Framboð framhaldsnáms í háskólum hefur aukist mjög frá því að Rannsóknarnámssjóðurinn var settur á fót árið 1995 og mun fleiri stunda framhaldsnám hérlendis en áður. Mikilvægt er að styrkir Rannsóknarnámssjóðs nýtist til að efla framhaldsnám á Íslandi. Þessi skilyrði hindra ekki að nemendur geti tekið hluta af námi sínu við erlenda háskóla, enda sé nemandinn skráður í háskóla hér á landi.

Í frumvarpinu er lagt til að Þjónustumiðstöð vísindarannsókna taki að mestu leyti við hlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands en taki þó ekki þátt í stefnumótunarstarfi Vísinda- og tækniráðs á annan hátt en að veita ráðgjöf og upplýsingar, sé eftir því óskað. Er það í samræmi við markmið endurskoðunar á lögum nr. 61/1994 sem byggist á því að skýrari mörk verði dregin á milli stefnumótunar á sviði rannsókna annars vegar og úthlutunar styrkja og þjónustu við rannsóknaaðila hins vegar. Meðal helstu þátta starfseminnar verða vistun og þjónusta vegna Rannsóknasjóðs, Tækjasjóðs, Rannsóknarnámssjóðs og annarra sjóða sem menntamálaráðherra og Vísinda- og tækniráð fela stjórn Rannsóknasjóðs að fara með. Að auki er um að ræða þjónustu sem leiðir af þátttöku Íslands í rannsóknasamstarfi vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu, Norðurlandasamstarfi og öðru alþjóðlegu samstarfi og söfnun hagtalna um rannsóknir og þróun auk úttekta á sviði rannsóknamála og kynningar á rannsóknastarfsemi í landinu. Í því sambandi mun stofnunin sérstaklega veita Vísinda- og tækniráði og nefndum þess upplýsingar um vísindarannsóknir í landinu. Það er ljóst að samtvinnun þessara þátta á einum stað gefur veruleg samlegðaráhrif og hagkvæmni.

Í samræmi við framangreint er gert ráð fyrir að Þjónustumiðstöð vísindarannsókna sinni gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð, en að ekki verði um aðra umsýslu að ræða af hennar hálfu. Í stað þess munu menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið annast umsýslu fyrir vísindanefnd og tækninefnd, svo sem að annast undirbúning og boðun funda og ritun fundargerða. Er þetta í anda þess megintilgangs lagafrumvarps um Vísinda- og tækniráð að aðgreina stefnumótun stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum frá fjármögnun rannsóknarverkefna og þjónustu vegna rannsókna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um markmið með opinberum rannsóknasjóðum. Þar er lögð áhersla á vísindarannsóknir og vísindamenntun á sviði grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Áhersla er lögð á að tryggja gæði upplýsinga um vísindarannsóknir.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs. Rannsóknasjóði er ætlað að efla vísindarannsóknir samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreindar rannsóknir einstaklinga, rannsóknahópa, fyrirtækja og rannsóknarstofnana. Í öllum tilvikum er gerð sú krafa að rannsóknir séu samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs. Rannsóknarhópar geta ýmist verið sjálfstæðir eða starfað undir heildstæðri yfirstjórn í háskólum, fyrirtækjum eða rannsóknastofnunum. Í orðunum „skilgreind rannsóknarverkefni“ felst m.a., þegar fyrirtæki og stofnanir eiga í hlut, að styrkir eiga ekki að renna til almenns rekstrar, heldur einvörðungu til hinna skilgreindu rannsóknarverkefna.

Umsækjendur eiga styrkveitingu undir ítarlegu faglegu mati, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða rannsóknahóp sem vinnur sameiginlega að rannsóknarverkefni. Þannig er það hæfni rannsóknahópsins til að leysa verkefnin samkvæmt mati á færni þeirra sem hann skipa, reynslu og fyrra árangri, ásamt gæðum umsókna og aðstöðu umsækjenda til að ná settu marki, sem liggur ávallt til grundvallar mati á umsóknum. Þetta á einnig við þegar rannsóknirnar eru unnar undir heildstæðri yfirstjórn innan einnar eða fleiri opinberra rannsóknastofnana eða fyrirtækja.

Rannsóknasjóður gerir samning um styrkveitingu við styrkþega og fyrirtæki eða stofnanir sem veita rannsóknaaðstöðuna. Samninginn skal endurskoða verði breytingar á forsendum hans á styrktímabilinu. Tilkynna skal sjóðnum ef breyting verður á rannsóknahópnum sem metinn var við umsókn og skal stjórn hans þá meta hvort þörf sé á að gera nýjan samning. Hið sama gildir ef aðstaða styrkþega til rannsóknanna versnar, til dæmis ef einstakir aðilar hætta samstarfi. Þetta gerir þá kröfu til stofnana og fyrirtækja að skilgreind sé aðkoma þeirra að viðkomandi rannsóknarverkefni. Þannig er gert ráð fyrir að samningar séu gerðir á milli vísindamannanna og stofnunar eða fyrirtækis þeirra eða að stofnunin/fyrirtækið samþykki fyrir sitt leyti þátttöku í viðkomandi rannsóknarverkefni og umsamin mótframlög við styrk Rannsóknasjóðs til þess. Sama máli gegnir um verkefni sem byggist á samstarfi fleiri en einnar rannsóknastofnunar eða fyrirtækis. Þegar um samstarf um rannsóknir er að ræða er gert ráð fyrir að þátttakendur geri samninga sín á milli um eignar- og nýtingarrétt á niðurstöðum. Sjóðurinn tekur við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 61/1994. Sjóðurinn getur veitt styrki til umfangsmeiri verkefna að undangengnu ítarlegu mati á raunhæfni verk-, kostnaðar- og fjármögnunaráætlunar vekefnisins eða styrki að fastri fjárhæð til annarra umfangsminni verkefna. Sjóðurinn getur veitt styrki til allt að þriggja ára í senn.

Í greininni er einnig fjallað um hlutverk Tækjasjóðs sem tekur við hlutverki Byggingaog tækjasjóðs sem starfar samkvæmt lögum nr. 61/1994. Hlutverk Tækjasjóðs er að veita opinberum rannsóknastofnunum og sjálfseignarstofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði vegna rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal áhersla lögð á tækjabúnað sem eflir rannsóknir í landinu. Með því að hafa sömu stjórn í Tækjasjóði og Rannsóknasjóði er leitast við að samhæfa úthlutanir úr sjóðunum til verkefna sem skara fram úr. Þá er um að ræða stærri rannsóknatæki sem hafa mikla þýðingu fyrir tilteknar rannsóknir eða heilar vís-

indagreinar. Umsóknir með samstarfi rannsóknaraðila og samfjármögnun tækjakaupa skulu að öðru jöfnu hafa forgang.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að Rannsóknasjóður njóti áfram árlegrar fjárveitingar á fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir tekjum Rannsóknasjóðs af einkaleyfum. Hér er átt við tilvik sem svo háttar um að styrkþegi Rannsóknasjóðs telur ástæðu til að vernda niðurstöður verkefnis með einkaleyfi. Þegar svo ber undir þarf að gæta hagsmuna Rannsóknasjóðs vegna þátttöku í fjármögnun verkefnis sem gefur af sér tekjur í framhaldi af því að einkaleyfi er veitt.

Varðandi tekjur Tækjasjóðs er gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi sömu tekjur og Bygginga- og tækjasjóður hafði áður samkvæmt lögum nr. 61/1994.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um stjórn Rannsóknasjóðs en stjórnin skal jafnframt fara með stjórn Tækjasjóðs. Í stjórninni sitja fimm einstaklingar. Þar af eru fjórir sérstaklega tilnefndir af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs en lagt er til að formaður vísindanefndar sé jafnframt formaður sjóðstjórnar Rannsóknasjóðs. Með því að sami einstaklingur sé formaður vísindanefndar og formaður stjórnar Rannsóknasjóðs er leitast við að halda tengslum milli Vísinda- og tækniráðs og vinnunefndar þess um vísindi og stjórnar sjóðsins. Tryggir það að áherslur í stefnumótun komi fram í úthlutun Rannsóknasjóðs.

Gera ber strangar kröfur um hæfni þeirra einstaklinga sem sitja í stjórn Rannsóknasjóðs. Þeir skulu hafa reynslu af eða þekkingu á vísindarannsóknum sem standast alþjóðlegar kröfur á sviði grunnrannsókna eða hagnýtra rannsókna. Leitast skal við að hafa jafnvægi í stjórninni milli sjónarmiða grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, annars vegar, og sjónarmiða háskólastigs, rannsóknastofnana og einkaaðila hins vegar.

Ákvæði um að ákvörðun stjórnar Rannsóknasjóðs sé endanleg og verði ekki áfrýjað er nýlunda. Í framkvæmd er reyndar litið svo á að ákvarðanir um styrkveitingar samkvæmt lögum nr. 61/1994 séu ekki kæranlegar til menntamálaráðuneytisins og var sá skilningur meðal annars staðfestur í áliti umboðsmanns Alþingis sem tók kvörtun vegna styrkveitinga samkvæmt lögunum til meðferðar, án þess að þeim hafði áður verið skotið til menntamálaráðuneytisins. Hér er lagt til að lögfest verði með skýrum hætti að ákvarðanir stjórnar Rannsóknasjóðs um styrkveitingar verði ekki kæranlegar.

Um 5. gr.

Stjórn Rannsóknasjóðs er ætlað að skipa 5–7 manna fagráð til tveggja ára á helstu sviðum vísinda. Fagráðum er ætlað að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Skipan í fagráð til tveggja ára veitir möguleika á að endurnýja þau reglulega. Þau fagráð sem vænta má að stjórn Rannsóknasjóðs skipi fjalla um hug- og félagsvísindi, líf- og læknisfræði, raunvísindi og verkfræði. Stjórn Rannsóknasjóðs setur fagráðum erindisbréf.

Gert er ráð fyrir að stjórn Rannsóknasjóðs hafi almennar áherslur Vísinda- og tækniráðs til viðmiðunar við úthlutun jafnhliða faglegu mati. Þær gætu til dæmis falið í sér áherslur á tiltekin rannsóknasvið, mikilvægi rannsóknanna fyrir íslenskt þjóðlíf, menntun ungra vísindamanna eða ákvæði um mótframlag. Hlutverk fagráða er hins vegar að meta umsóknir samkvæmt færni umsækjenda til að framkvæma verkið og aðstöðu þeirra til þess auk vísindagildis verkefnisins á alþjóðlegan mælikvarða eða skráningar einkaleyfis eða hugverkaréttinda.

Stjórn Rannsóknasjóðs og fagráðum er heimilt að leita umsagnar sérfróðra aðila um einstakar umsóknir. Stjórn Rannsóknasjóðs ber að gera grein fyrir áherslum sínum við úthlutun ef þær fela í sér frávik frá tillögum fagráða. Ákvæði um að sömu menn sitji ekki í fagráðum og Vísinda- og tækniráði eða stjórn Rannsóknasjóðs á að tryggja sjálfstæði fagráða og er hliðstætt þeirri skipan sem gilt hefur um Rannsóknarráð Íslands.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um hlutverk Rannsóknarnámssjóðs. Honum er ætlað að efla vísindamenntun á Íslandi. Sjóðurinn hefur sérstaka stjórn. Rannsóknarnámssjóður heldur þannig sérstöðu sinni enda er meginmarkmið hans að styrkja nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi en ekki einstök rannsóknarverkefni. Sjóðurinn styrkir rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- eða doktorsgráðu við íslenska skóla á háskólastigi sem bjóða framhaldsnám og stunda vísindalegar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að einungis nemendur sem stunda nám við íslenska háskóla geti fengið styrk úr sjóðnum. Breytingar hafa orðið í framhaldsmenntun frá því að Rannsóknarnámssjóði var komið á fót. Framhaldsnám við íslenska háskóla hefur aukist jafnt og þétt og mikilvægt er að þessir styrkir nýtist til að efla framhaldsnám á Íslandi. Þessi skilyrði hindra ekki að nemendur geti tekið hluta af námi sínu við erlenda háskóla. Að auki ber að geta þess að íslenskir nemendur sem stunda rannsóknanám við erlenda háskóla hafa oft möguleika á styrkjum frá þeim skólum.

Hvað varðar endanlegt úrskurðarvald Rannsóknarnámssjóðs gildir það sama og um Rannsóknasjóð og Tækjasjóð, sbr. athugasemd við 4. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Tekjur Rannsóknanámssjóðs eru framlög á fjárlögum ár hvert. Jafnframt er hvatt til þess að sjóðurinn efni til samstarfs við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir eins og tíðkast hefur.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stjórn Rannsóknasjóðs birti árlega úthlutunarreglur sjóða í vörslu stjórnarinnar. Hið sama gildir um Rannsóknarnámssjóð. Áhersla er lögð á að úthlutunarreglur séu skýrar þannig að viðmið hverju sinni séu umsækjendum ljós. Kostnaður við mat umsókna og úthlutun styrkja skal greiðast af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna. Gert er ráð fyrir að stjórnir sjóðanna geri samning við Þjónustumiðstöð vísindarannsókna um umsýslu. Með þeim hætti verður betur ljóst í hverju slíkur kostnaður felst.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra geti falið stjórnum sjóða að sjá um úthlutun annarra sjóða sem stofnað er til, t.d. Launasjóðs fræðiritahöfunda sem skrifstofa Rannsóknarráðs hefur umsýslu með. Einnig má nefna markáætlanir, öndvegisstyrki og tímabundnar rannsóknastöður. Þannig geta stjórnvöld boðið tímabundna verkefnastyrki, eftir almennum áherslum og markmiðum Vísinda- og tækniráðs hverju sinni. Þeir geta verið af ýmsum toga, til dæmis öndvegisstyrkir, þar sem lögð er áhersla á ákveðin fræðasvið eða rannsóknastofnanir, eða tímabundnar markáætlanir á einstökum fræðasviðum eða þverfaglegum fræðasviðum. Með þessu yrði m.a. stefnt að því að Íslendingar yrðu gjaldgengir í samstarfi á Norðurlöndum og innan rammaáætlunar ESB um „Centres of Excellence“ eða „Networks of Excellence“. Einnig gæti þetta skapað forsendur til öflugra samstarfs við bandarískar og kanadískar stofnanir. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að stofna tímabundnar rannsóknastöður. Þessum stöðum má líkja við tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr.

61/1994 sem lagðar verða niður samkvæmt frumvarpinu að lokinni samningsbundinni ráðningu þeirra sem nú skipa þessar stöður. Sú leið er valin hér að nefna hvorki markáætlanir, öndvegisstyrki né tímabundnar rannsóknastöður í lagatextanum sjálfum, en halda opnum þeim möguleika að stjórnvöld hverju sinni skilgreini áherslur í þeim efnum.

Um 10. gr.

Þjónustuhlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands fyrir stjórnvöld og vísindasamfélagið verður komið fyrir í sérstakri stofnun, Þjónustumiðstöð vísindarannsókna, sem heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneytið. Hlutverk þjónustumiðstöðvarinnar er skilgreint með skýrari hætti en hlutverk skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands er skilgreint í lögum nr. 61/1994. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er gerð grein fyrir helstu þáttum í fyrirhugaðri starfsemi Þjónustumiðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnunin geri sérstaka samninga við stjórnir sjóðanna um umsýslu þeirra. Jafnframt er gert ráð fyrir að stofnunin geri þjónustusamning við menntamálaráðuneytið um þau verkefni sem ráðuneytið felur henni. Þjónustumiðstöð vísindarannsókna getur gert þjónustusamninga við önnur ráðuneyti eða aðra aðila um svipuð verkefni sem mikilvægt er og hagkvæmt að safna á eina hendi.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um skipun forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna, hæfniskröfur og starfssvið. Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Samkvæmt lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, tilnefnir Rannsóknarráð Íslands einn mann í stjórn bókasafnsins, en gert er ráð fyrir að stjórn Rannsóknasjóðs geri það verði frumvarp þetta að lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Áréttað er að þeir sem þegið hafa styrk samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, haldi óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum verði frumvarp þetta að lögum.

Þá gerir ákvæðið ráð fyrir að núverandi Rannsóknarráð Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 starfi áfram að undirbúningi tillagna að úthlutunarreglum skv. 8. gr. frumvarpsins, verði það að lögum, um styrkveitingar á árinu 2003, þó eigi lengur en til 1. september 2002. Er það talið nauðsynlegt til að tryggja samfellu í úthlutunarstarfi sjóðanna samkvæmt frumvarpi þessu og koma til móts við tímaramma umsóknarferlis í nýjan Rannsóknasjóð.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að núverandi stjórn Rannsóknarnámssjóðs samkvæmt lögum nr. 61/1994 haldi umboði sínu verði frumvarp þetta að lögum.

Samningar við þá sem ráðnir hafa verið í tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt lögum nr. 61/1994 halda gildi sínu í samræmi við ákvæði þeirra. Sérstakir samningar voru gerðir um þessar stöður og því talið eðlilegt að ráðning þeirra standi þar til ráðningarsamningar renna út.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Gert er ráð fyrir að ný stofnun, Þjónustumiðstöð vísindarannsókna, komi til sögunnar verði frumvarp þetta að lögum. Skipað skal í embætti forstöðumanns Þjónustumiðstöðvar vísindarannsókna skv. 11. gr. eigi síðar en 1. júlí 2002, en hann tekur síðan ákvörðun um nýtt skipulag og mannaráðningar til hinnar nýju stofnunar. Embætti framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands samkvæmt lögum nr. 61/1994 og störf á skrifstofu þess verða lögð niður um leið og lögin falla úr gildi skv. 12. gr. Um niðurlagninguna fer eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Þá þykir rétt að taka það sérstaklega fram að skipað skuli í stjórn Rannsóknasjóðs eigi síðar en 1. september 2002 til að tryggja að verði frumvarp þetta að lögum komi þau til framkvæmda eigi síðar en á þeim tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Í frumvarpinu eru gerðar ýmsar breytingar á stjórnsýslu sjóða og stofnana sem fjalla um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Það er flutt samhliða frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð og frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, en saman mynda þessi þrjú frumvörp eina heild.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að Rannsóknarráð Íslands verði lagt niður sem vettvangur fyrir stefnumörkun í rannsóknarmálum. Í frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð er lagt til að samnefnt ráð taki við þessu hlutverki og heyri það undir forsætisráðuneytið en njóti aðstoðar bæði menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Í Rannsóknarráði Íslands sitja ellefu einstaklingar og eru varamenn þeirra jafnmargir, en gert er ráð fyrir að í Vísinda- og tækniráði sitji fjórir ráðherrar auk fjórtán annarra fulltrúa og verði varamenn fjórtán. Áætlað er að útgjöld vegna aðal- og varamanna í Rannsóknarráði Íslands og aðstoð við störf þeirra hafi numið 13–15 m.kr. á síðasta ári. Ekki liggur fyrir hvernig þau útgjöld skiptast milli vinnu við stefnumörkun og við önnur viðfangsefni. Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið feli ekki í sér aðra breytingu á útgjöldum ríkisins vegna stefnumörkunar í rannsóknarmálum en þá að þau færist til innan ríkisins.

Í öðru lagi er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs og að nýr sjóður, Tækjasjóður, taki við hlutverki Bygginga- og tækjasjóðs. Tekjustofnar sjóðanna breytast ekki og engin fyrirheit eru gefin um framlög til þeirra úr ríkissjóði í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að í stjórn Rannsóknasjóðs sitji fimm menn sem ákveði styrkveitingar á grundvelli umsagna nokkurra fagráða og sitji allt að sjö manns í hverju þeirra. Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk Rannsóknarráðs Íslands að úthluta styrkjum á grundvelli tillagna fimm manna úthlutunarnefndar fyrir hvorn sjóð, Tæknisjóð og Vísindasjóð. Úthlutunarnefndirnar byggja tillögur sínar á umsögnum ráðgefandi fagráða. Bygginga- og tækjasjóður hefur einnig verið undir stjórn Rannsóknarráðs Íslands og menntamálaráðherra hefur staðfest tillögur um úthlutun úr honum. Áætlað er að útgjöld vegna þjónustu skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands við sjóðina hafi numið tæpum 40 m.kr. á síðasta ári. Ætla verður að fækkun þeirra sem koma að úthlutun lækki kostnað við stjórn sjóðanna, en ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að áætla fjárhæðir í þessu sambandi.

Í þriðja lagi er lagt til að stofnuð verði þjónustumiðstöð vísindarannsókna er taki við meginhluta þeirrar starfsemi sem nú er unnin af skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands. Sú formbreyting er lögð til í frumvarpinu að forstöðumaður verði skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn í stað þess að vera ráðinn af Rannsóknarráði til jafnmargra ára. Jafnframt fellur niður upptalning í lögum á ýmsum verkefnum sem Rannsóknarráð sinnir nú. Gera má ráð fyrir að flest þeirra verði unnin áfram, ýmist í ráðuneytum menntamála og iðnaðar eða hjá þjónustumiðstöðinni gegn samningum við þessi ráðuneyti. Áætlað er að útgjöld Rannsóknarráðs við alþjóðasamstarf, almenna stjórn, upplýsingasöfnun og kynningarstarf hafi numið tæpum um 50 m.kr. á síðasta ári. Talið er að breytt fyrirkomulag muni lækka stjórnsýslukostnað eitthvað, en ekki eru forsendur til að áætla fjárhæðir.

Í fjórða lagi er lagt til í bráðabirgðaákvæði að störf framkvæmdastjóra Rannsóknarráðs Íslands og önnur störf á skrifstofu ráðsins verði lögð niður við gildistöku laganna. Gera má ráð fyrir að af þeim sökum geti hlotist allt að 13,5 m.kr. biðlaunakostnaður og þar af gætu allt að 8–9 m.kr. fallið til á yfirstandandi ári.

Í fimmta lagi er lagt til í bráðabirgðaákvæði að tímabundnar stöður rannsóknarprófessora samkvæmt gildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands verði lagðar niður að lokinni samningsbundinni ráðningu þeirra sem nú skipa þær. Um er að ræða fimm störf hjá Háskóla Íslands og er áætlað að kostnaður við hvert starf hafi numið 5,7 m.kr. á árinu 2001 eða alls 28,5 m.kr. samkvæmt upplýsingum skólans.

Þegar allt er talið telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið muni leiða til lægri stjórnsýslukostnaðar verði það að lögum þótt ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að meta fjárhæðir í því sambandi. Þá mun frumvarpið leiða til 28,5 m.kr. árlegs sparnaðar eftir að stöður rannsóknarprófessora hafa verði lagðar niður. Á móti koma allt að 13,5 m.kr. tímabundin útgjöld vegna biðlauna.

858. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason, Þóru Óskarsdóttur og Karítas Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Elínu S. Kristinsdóttur frá Ríkisútvarpinu, Þórdísi Þórarinsdóttur, Svövu Friðgeirsdóttur og Ólöfu Benediktsdóttur frá Upplýsingu – félagi bókasafns- og upplýsingafræða og Bjarna Þórðarson og Kristjönu Kristinsdóttur frá Þjóðskjalasafni.

Frumvarp þetta var lagt fram á 125. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá bárust umsagnir frá Blindrafélaginu, Þjóðskjalasafni Íslands, Ríkisútvarpinu, Samtökum iðnaðarins og Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Kvikmyndasafni Íslands, Framleiðendafélaginu SÍK, Upplýsingu – félagi bókasafns- og upplýsingafræða og Erlu S. Árnadóttur hrl. Frumvarpið var lagt fram á ný á 126. löggjafarþingi eftir endurskoðun í ljósi þeirra athugasemda sem menntamálanefnd bárust. Þá bárust umsagnir frá Amtsbókasafninu á Akureyri, Kvikmyndasafni Íslands, Ríkisútvarpinu, Samtökum iðnaðarins, Landsbókasafni – Háskólabókasafni og Upplýsingu – félagi bókasafns- og upplýsingafræða. Málið varð ekki útrætt á þinginu og var því enn á ný lagt fram síðasta haust og smá-

vægilegar breytingar gerðar í samræmi við umsagnir sem bárust menntamálanefnd. Athugasemdir bárust frá Blindrabókasafni Íslands og upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu.

Með frumvarpi þessu eru gerðar ýmsar breytingar á skylduskilum til safna, einkum til samræmis við þróun er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti frá því að gildandi lög, nr. 43/1977, voru sett.

Tilgangur löggjafar um skylduskil er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist fyrir komandi kynslóðir, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar. Sé litið til alþjóðlegra viðmiðana er það hlutverk þjóðbókasafna að safna skráðri menningarsögu þjóðar sinnar. Þjóðbókasafnið ber ábyrgð á því að efnið sé vel skipulagt og ávallt til reiðu til rannsókna og skoðunar. Flest bókasöfn hafa byggt upp innlendan safnkost með skylduskilum. Skylduskil í flestum löndum hafa lengst af takmarkast við prentuð verk vegna þeirrar aldagömlu hefðar að öll útgáfa hefur verið prentuð á pappír. Ný tækni hefur rutt sér til rúms, svo sem að framan greinir, og því hafa þjóðir hver af annarri endurskoðað lög sín um skylduskil í því skyni að þau taki til nýrra útgáfumiðla. Viðtekin skoðun hefur verið að hafa lögin rammalög svo að þau geti átt við sem flesta útgáfumiðla sem kunna að verða til í framtíðinni.

Núgildandi lög um skylduskil til safna, nr. 43/1977, kveða á um skylduskil á prentuðum og fjölfölduðum texta og myndefni. Einnig eru hljómplötur og aðrar tón- og talupptökur skilaskyldar. Aðrar tegundir hugverka en hér hafa verið taldar eru ekki skilaskyldar samkvæmt gildandi lögum um skylduskil til safna en ákvæði eru um slík skil í ýmsum sérlögum. Með fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að skilaskylda taki nú einnig til kvikmynda, útvarpsefnis, efnis á rafrænum miðlum, auk örgagna og myndefnis á skyggnum. Lagt er til að útgáfa og birting verka verði notuð sem viðmiðun um skilaskyldu en í gildandi lögum er miðað við fjölföldun á texta og myndefni og útgáfu hljóðrita. Þá er lagt til að afnumið verði ákvæði um ríkisstyrkta útgáfu, kveðið er á um hverjir beri kostnað af skilunum, tiltekinn er fjöldi þeirra eintaka sem skylt verður að skila í öllum tilvikum og að lokum er lagt til að frestir til afhendingar efnis verði ákveðnir í reglugerð, auk þess sem lögfest er regla um skil á frumeintaki kvikmyndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fékk m.a. viðbótarupplýsingar vegna kostnaðarmats fjármálaráðuneytisins þar sem fram kom að ógerlegt væri að ákvarða þessar upphæðir nánar vegna fjölmargra óþekktra stærða.

Ný löggjöf um skylduskil til safna leggur ríkari skyldur á hlutaðeigandi stofnanir. Mikilvægt er að við fjárlagagerð verði tekið tillit til þess viðbótarkostnaðar sem af þessu leiðir þannig að hin metnaðarfullu markmið frumvarpsins nái tilgangi sínum.

Í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins er fjallað um undanþágur frá skylduskilum og þar upptalinn prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Í 2. mgr. 19. gr. er kveðið á um að heimilt sé í reglugerð að mæla fyrir um frekari undanþágur frá skylduskilum. Skv. 40. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. 77. gr. stjórnarskrárinnar var breytt árið 1995 og hljóðar greinin svo: „Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Í greinargerð segir svo um framangreinda breytingu: „Í 15. gr., þar sem eru tillögur um 77. gr. stjórnarskrárinnar, eru öllu ítarlegri reglur um skattamál en eru nú í sömu grein. Nánar tiltekið er í núgildandi 77. gr. eingöngu mælt fyrir um að skattamálum skuli skipa með lögum, en í þessu ákvæði frumvarpsins, sem hefst með sömu reglu, er bætt við reglum um tvennt sem ekki er vikið að í núverandi ákvæði. Annars vegar er lagt til með síðari málslið 1. mgr. að beinlínis verði tekið

fram að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum verði breytt eða hann verði afnuminn. Efnislega er þessi regla nokkuð skyld þeirri sem kemur fram í upphafsmálslið 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er mælt fyrir um að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema með lögum. Dómstólar hafi orðið að leysa úr því í allnokkrum málum, hvort eða hvernig þau fyrirmæli útiloki eða takmarki heimildir löggjafans til að framselja með lögum ákvörðunarvald um þessi atriði til stjórnvalda. Með orðalaginu í þessu ákvæði frumvarpsins er leitast við að taka af skarið með miklu ákveðnari hætti en er gert í 40. gr. stjórnarskrárinnar um að löggjafinn megi ekki framselja til framkvæmdarvaldsins ákvörðunarrétt um fyrrnefnd atriði, heldur verði að taka afstöðu til þeirra í settum lögum.“ Í bókinni *Skattaréttur I* eftir Ásmund G. Vilhjálmsson (Reykjavík, september 1994, bls. 11–12) kemur m.a. fram að skatt megi skilgreina sem almenna greiðslu sem óákveðinn fjöldi einkaaðila er þvingaður til að greiða hinu opinbera án þess að eiga rétt á beinu endurgjaldi í staðinn. Þá segir jafnframt að skattar séu almenn greiðsla sem venjulega felast í greiðslu á peningum nema stjórnvöld samþykki eða lög heimili annan greiðslumáta. Áður fyrr var algengt að skattar væru lagðir á með öðrum verðmætum, t.d. vinnuskyldu eða eignum, en nú hefur slíkur álagningarmáti að mestu verið aflagður. Í dæmaskyni er síðan m.a. tekið fram að enn séu þó í gildi lög um skylduafhendingu á bókum til bókasafna. Það er þannig álit nefndarinnar að frumvarp til laga um skylduskil til safna verði, sbr. framangreint, að teljast fela í sér skattheimtu og samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar verður skattur einungis ákveðinn með lögum. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild til að tilgreina frekari undanþágur frá skylduskilum í reglugerð hefur því hæpna lagastoð og því leggur nefndin til þá breytingu að í ákvæðinu verði tæmandi talning þeirra tilvika sem undanþegin verða skilaskyldu.

Skilgreiningar frumvarpsins koma flestar fram í athugasemdum við einstakar greinar þess. Sem dæmi má nefna skilgreiningu á samsettum verkum í athugasemdum við 9. gr., og í athugasemdum við 11. gr. skilgreiningu á orðunum kvikmynd, íslensk kvikmynd og íslenskur framleiðandi. Eðlilegra þykir, svo gætt sé lagasamræmis, að skilgreiningar á hugtökum í lögum séu í lögunum sjálfum en ekki í greinargerð með lögunum eða í athugasemdum við einstakar greinar og því leggur nefndin til breytingar á þessu enda eru greinargerðir ekki prentaðar með lögunum og hafa ekki lagagildi sem slíkar.

Rétt er að benda á að í niðurlagi athugasemda við 8. gr. frumvarpsins er vísað til 2. mgr. greinarinnar en þar er átt við 3. mgr. sömu greinar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 6. gr. þannig að skilgreining á orðinu hljóðrit komi fram í lögunum sjálfum en verði ekki aðeins í greinargerð þar sem greinargerðir eru ekki prentaðar með lögum og hafa ekki lagagildi sem slíkar. Svo sem fram kemur í greinargerð um skýringu á orðinu hljóðrit getur verið um að ræða hljómplötur, hljóðsnældur eða geisladiska (CD). Hljóðútgáfur í formi hljóðbóka og hljóðblaða, þ.e. textar sem eru talaðir inn á hljómband, verða líka skilaskyldar. Þá kemur fram að hafi hljóðupptökur verið gefnar út á fleiri en einum miðli (plötur, diskar, snældur) eru allar gerðirnar skilaskyldar.
2. Lögð er til breyting á 9. gr. þannig að skilgreining á orðunum samsettar útgáfur verði í lögunum sjálfum en ekki í greinargerð, sbr. framangreind rök. Í greinargerð kemur fram að með samsettum útgáfum er átt við útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi. Algengast er að prentuðu máli fylgi efni á myndböndum, hljóðsnældum, skyggnum, tölvudiskum eða geisladiskum (t.d. CD-ROM). Þá kemur

fram að einnig geti verið um annars konar samsett verk að ræða, svo sem skyggnuflokka með hljóði.

3. Lögð er til breyting á 11. gr. þannig að við greinina bætast þrjár skilgreiningar. Í fyrsta lagi skilgreining á orðinu kvikmynd. Skyldan nær jafnt til kvikmynda sem teknar eru upp á filmu, myndbönd eða á rafrænt form. Hér er t.d. um að ræða bíómyndir, heimildarmyndir, tilraunamyndir (e. experimental films) og auglýsingar. Margt af því efni sem framleitt er fyrir sjónvarp, svo sem fréttir, fréttaskýringar og ýmsir umræðu- og spurningaþættir, mundu hins vegar ekki teljast til heildstæðra kvikmyndaverka í skilningi frumvarpsins. Slíkt efni er skilaskylt skv. 10. gr. um útvarpsefni. Í öðru lagi er lagt til að við bætist skilgreining á orðunum íslensk kvikmynd. Kvikmynd með erlendu tali getur talist íslensk ef til hennar er lagt verulegt íslenskt framlag, listrænt eða tæknilegt, og myndin er hluti af íslenskri kvikmyndamenningu. Að lokum er lagt til að við bætist skilgreining á íslenskum framleiðanda og skýrir hún sig sjálf.
4. Lögð er til breyting á 19. gr. Það er mat nefndarinnar að frumvarp til laga um skylduskil til safna teljist fela í sér skattheimtu og samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar verður skattur einungis ákveðinn með lögum. Ákvæði 2. mgr. 19. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild til að tilgreina undanþágur frá skylduskilum í reglugerð hefur því hæpna lagastoð og því er lögð til sú breyting að í greininni verði tæmandi talning þeirra tilvika sem falla ekki undir skylduskil til safna.

Kjartan Ólafsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Einar Már Sigurðarson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.
	Sigríður Ingvarsdóttir.	

859. Breytingartillögur [228. mál]

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Hljóðrit merkir í lögum þessum hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.
2. Við 9. gr. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
   Samsettar útgáfur merkja í lögum þessum útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi.

3. Við 11. gr. Við bætist þrjár nýjar málsgreinar, 1., 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
   Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.
   Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.
   Íslenskur framleiðandi í skilningi laga þessara er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.
4. Eftirfarandi breytingar verði á 19. gr.:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um ýmislegt smáprent, svo sem eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki er ritstýrt og eru án texta.
   b. 2. mgr. falli brott.

860. Svar [478. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Eftirtaldar stofnanir ráðuneytisins fluttu störf út á land á árinu 2001:

Veðurstofa Íslands: Starf sviðsstjóra á jarðeðlissviði var flutt til Eyjafjarðar.

Náttúrufræðistofnun Íslands: Starf grasafræðings var flutt til seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Einnig var hlutastarf (1/12) fært á Akureyrarsetrið en starfið felst í umsjón með rannsóknum á hveraörverum (sbr. lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu).

Fjarvinnsluverkefni voru ekki unnin fyrir ráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2001.

Árið 2001 var stofnað embætti þjóðgarðsvarðar í þjóðgarðinum Snæfellsjökli og býr nýráðinn þjóðgarðsvörður í Snæfellsbæ.

Ráðuneytið vill jafnframt minna á að fjórar stofnanir ráðuneytisins eru staðsettar á landsbyggðinni. Það eru Landmælingar Íslands, Rannsóknarstöðin við Mývatn, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Veiðistjóraembættið. Auk þess er Náttúrufræðistofnun Íslands með setur á Akureyri. Starfsmannafjöldi í þessum stofnunum var um síðustu áramót 55. Þá starfa og fjórir fastráðnir starfsmenn Náttúruverndar ríkisins í fullu starfi við landvörslu og 13 starfsmenn Veðurstofu Íslands starfa í fullu starfi á landsbyggðinni. Þannig eru starfandi alls 72 fastráðnir starfsmenn á vegum ráðuneytisins og stofnana þess úti á landi. Starfsmenn ráðuneytisins og stofnana þess eru alls um 317, þar af 72 á landsbyggðinni eða tæp 23%.

Auk þess starfar fjöldi starfsmanna við veðurathuganir, snjóaeftirlit og landvörslu á vegum Veðurstofu Íslands og Náttúruverndar ríkisins. Á árinu 2001 störfuðu 156 manns utan höfuðborgarsvæðisins við veðurathuganir og snjóaeftirlit og 43 landverðir störfuðu í hlutastörfum á vegum Náttúruverndar ríkisins á landsbyggðinni.

861. Breytingartillaga [252. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998.

Frá Kristjáni L. Möller og Lúðvík Bergvinssyni.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Öll gjöld sem innheimt hafa verið á grundvelli 4. mgr. 71. gr. a laga nr. 60/1998, frá því að lög nr. 74/2000 tóku gildi, skulu endurgreidd án ástæðulauss dráttar frá gildistöku laga þessara.

862. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um póstþjónustu.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Í stað orðsins „alþjónusta“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi beygingarmynd: grunnpóstþjónusta.
2. Orðin „sem búa við sambærilegar aðstæður“ í 2. lið 2. mgr. 6. gr. falli brott.

863. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir orðunum „þrjú ár samfellt fyrir kjördag“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

2. gr.

Orðin „og staðfest af sveitarstjórn“ í 7. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „danskt, finnskt, norskt eða sænskt“ í 3. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er gerð krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.
c. Í stað orðanna „færri en 500“ í a-lið 2. mgr. kemur: 101–500.
d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

6. gr.

Við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælandi neins þeirra.

7. gr.

Við 1. málsl. 36. gr. laganna bætist: a.m.k. 125 g/m^2 að þyngd.

8. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp tilkynningu um framboðslista í sveitarfélaginu, þegar um bundna hlutfallskosningu er að ræða, þar sem fram koma heiti stjórnmálasamtaka, listabókstafir og nöfn frambjóðenda í sömu röð og á kjörseðli. Á sama hátt skal festa þar upp kosningaleiðbeiningar er félagsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

9. gr.

Við 48. gr. laganna bætist: nema varamaður sé tiltækur.

10. gr.

50. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú hefur kjörstjórn borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrár þær sem fylgja, sbr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Skal kjörstjórnin síðan opna sendiumslagið og kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæðið til greina, sbr. 68. gr. Ef taka skal atkvæðið til greina skal setja sérstakt merki til bráðabirgða við nafn kjósandans í kjörskránni, en kjörseðilsumslagið óopnað ásamt fylgibréfinu skal lagt á ný í sendiumslagið og það lagt til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Ef ekki skal taka utankjörfundaratkvæðið til greina skal ganga frá kjörseðilsumslaginu og fylgibréfinu og varðveita á sama hátt, en rita skal ástæðu þess að atkvæðið verður ekki tekið til greina á sendiumslagið.

Atkvæðisbréf, sem kjörstjórn kunna að hafa borist eða berast meðan á atkvæðagreiðslu stendur, skal tölusetja í áframhaldandi röð og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni. Skal fara með þau atkvæði svo sem greinir í 1. mgr.

Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin kanna hvar kjósandi er á kjörskrá og ef unnt er koma atkvæðisbréfinu í rétta kjördeild, ella skal bréfið varðveitt þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Í sveitarfélagi, þar sem kosin er sérstök yfirkjörstjórn, er kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða skv. 1. mgr. daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag.

11. gr.

52. gr. laganna verður svohljóðandi:

Oddviti kjörstjórnar og annar meðkjörstjóranna skulu hafa fyrir sér hvor sitt eintak kjörskrárinnar. Skulu þeir gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

12. gr.

Í stað orðanna „Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann“ í 53. gr. laganna kemur: Áður en atkvæðagreiðsla hefst.

13. gr.

54. gr. laganna verður svohljóðandi:

Kjósendur skulu greiða atkvæði í þeirri röð sem þeir gefa sig fram.

Kjörstjórn getur ákveðið að í kjörfundarstofu séu ekki, auk þeirra sem starfa við framkvæmd kosninganna, aðrir en kjósendur sem ætla að greiða atkvæði. Kjörstjórnin getur auk þess takmarkað fjölda kjósenda í kjörfundarstofu ef þörf þykir til að halda uppi reglu.

Kjörstjórn skal að öðru leyti sjá til þess að á kjörstað og í næsta nágrenni hans fari hvorki fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

14. gr.

Á eftir orðinu „kjörklefann“ í 1. mgr. 57. gr. laganna kemur: þar sem kjósandinn má einn vera.

15. gr.

62. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar kjósandi hefur gengið frá kjörseðlinum samkvæmt framansögðu brýtur hann seðilinn í sama brot og hann var í þegar hann tók við honum, gengur út úr klefanum og að atkvæðakassanum og leggur seðilinn í kassann í viðurvist fulltrúa kjörstjórnar. Kjósandi skal gæta þess að enginn geti séð hvernig hann greiddi atkvæði.

16. gr.

Á undan lokamálslið 63. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Aðstoð skal því aðeins veita að kjósandi geti sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvírætt frá því hvernig hann vill verja atkvæði sínu.

17. gr.

Orðin „vegna ráðgerðra forfalla sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi“ í 65. gr. laganna falla brott.

18. gr.

67. gr. laganna verður svohljóðandi:

Að atkvæðagreiðslu lokinni kannar kjörstjórn á ný, í viðurvist umboðsmanna lista, þau utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórninni hafa borist og ekki hafa verið aftur heimt.

Ef sá sem atkvæðið er frá stendur á kjörskrá og á rétt á að greiða atkvæði og hefur ekki greitt atkvæði á kjörfundi skal kjörstjórnin setja merki við nafn kjósandans á kjörskránni.

Ef atkvæðisbréf verður ekki tekið til greina, sbr. 68. gr., skal það áritað eins og segir í 1. mgr. 50. gr.

Ef kjósandi, sem sent hefur frá sér utankjörfundaratkvæði, er ekki á kjörskrá í kjördeildinni skal kjörstjórnin geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík atkvæðisbréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

19. gr.

68. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ekki skal taka til greina utankjörfundaratkvæði ef:

a. sendandinn er ekki á kjörskrá,
b. sendandinn er búinn að greiða atkvæði,
c. sendandinn hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild, sbr. 51. gr.,
d. sendandinn hefur látist fyrir kjördag,
e. í sendiumslaginu er meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag,
f. sjáanlegt er að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera,
g. ekki hefur verið farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða
h. atkvæðið hefur ekki verið greitt á þeim tíma sem greinir í 57. gr. og 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá sama kjósanda sem geta komið til greina og skal þá aðeins hið síðastgreidda atkvæði koma til greina.

20. gr.

71. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þegar atkvæðagreiðslu er slitið og gild kjörseðilsumslög hafa verið látin í atkvæðakassann skal oddviti jafnskjótt ganga frá í sérstöku umslagi öllum þeim seðlum sem ónýst hafa, sbr. 64. gr., í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um, sbr. 69. gr., og í hinu þriðja öllum þeim ónotuðu seðlum sem afgangs eru. Þegar umslögunum hefur verið lokað skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni.

Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, svo og utankjörfundaratkvæðum sem fara eiga í aðra kjördeild, sbr. 4. mgr. 67. gr., í umbúðum innsigluðum af kjörstjórn og er umboðsmönnum heimilt að setja innsigli sín á umbúðirnar. Gögnin skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað á öruggan hátt. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur þannig gengið frá kjörgögnum mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama manns.

21. gr.

72. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis má kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendir hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar.

22. gr.

Við 78. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ef í umslagi með utankjörfundarseðli er annað eða meira en einn kjörseðill.

23. gr.

81. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils skal afl atkvæða ráða úrslitum. Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda og í hitt þá seðla sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna færir yfirkjörstjórn niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru. Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í sveitarfélaginu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneyti. Flest ákvæða frumvarpsins miða að því að tryggja að ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna verði í samræmi við ákvæði nýrra laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Lög um kosningar til sveitarstjórna byggðust að verulegu leyti á eldri lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, og er eðlilegt að breytt verði ýmsum ákvæðum er varða framkvæmd laganna til að samræmis sé gætt. Engu að síður hafa sveitarstjórnarkosningar ákveðna sérstöðu svo að full ástæða er til að hafa í gildi sérstök lög um þær kosningar.

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Skv. 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga njóta einungis danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar kosningarréttar í sveitarstjórnarkosningum, enda hafi þeir átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands uppfylltu alls 880 einstaklingar þetta skilyrði um kosningarrétt 1. desember 2001. Samkvæmt sömu upplýsingum, sem miðaðar eru við alla erlenda ríkisborgara sem átt höfðu lögheimili hér á landi samfleytt frá 1.

desember 1998 til 1. desember 2001, hefði þessi breyting í för með sér fjölgun sem nemur 1.332 kosningarbærum mönnum. Yrðu það alls 2.212 erlendir ríkisborgarar sem nýtt gætu sér kosningarrétt ef þetta ákvæði frumvarpsins nær fram að ganga. Með auknum fjölda útlendinga í íslensku samfélagi hafa þær raddir orðið æ háværari sem kallað hafa á aukin réttindi fyrir þennan hóp. Verður að telja að aukin pólitísk réttindi séu til þess fallin að auðvelda aðlögun erlendra ríkisborgara og er lagt til í frumvarpinu að stigið verði stórt skref í þá átt að bjóða þennan hóp velkominn til þátttöku í íslensku samfélagi.

Miðað er við það í frumvarpinu að sömu skilyrði verði gerð til allra erlendra ríkisborgara, annarra en danskra, finnskra, norskra og sænskra ríkisborgara, um dvalartíma, þ.e. að viðkomandi hafi átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt. Hins vegar er gert ráð fyrir að áfram gildi skilyrði um þriggja ára samfellda búsetu norrænna ríkisborgara. Rétt er að taka fram að í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð gildir sú regla að ríkisborgarar annarra Norðurlanda og ESB-landa hafa kosningarrétt og kjörgengi sem miðast við sömu búsetuskilyrði og innlendir ríkisborgarar. Sama regla gildir í Noregi varðandi norræna ríkisborgara. Kosningarréttur og kjörgengi annarra erlendra ríkisborgara í Danmörku, Noregi og Svíþjóð miðast við að þeir hafi dvalið í landinu í þrjú ár en í Finnlandi er gerð krafa um tveggja ára búsetu þessa hóps.

Önnur nýmæli í frumvarpinu byggjast að mestu á ákvæðum nýrra laga um kosningar til Alþingis, eins og áður hefur verið nefnt. Þó skal þess getið að í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki verði gerð krafa um meðmælendur með framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag njóti hér kosningarréttar. Verði ákvæðið að lögum er jafnframt uppfyllt lágmarksskilyrði sáttmála Evrópuráðsins frá 1992 um þátttöku útlendinga í opinberu lífi á sveitarstjórnarstigi (Convention on the Participation of Foreigners in Public Life at Local Level – ETS no. 144). Átta aðildarríki hafa undirritað sáttmálann og er stefnt að því að Ísland bætist í þann hóp innan skamms tíma. Í 6. gr. sáttmálans er kveðið á um að aðildarríki veiti öllum erlendum ríkisborgurum kosningarrétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum eftir fimm ára löglega búsetu. Aðildarríkjum er þó heimilt að takmarka beitingu ákvæðisins við kosningarréttinn einvörðungu. Jafnframt er aðildarríkjum heimilt að miða við styttri búsetutíma en fimm ár, sbr. 7. gr. sáttmálans.

Af 3. gr. laganna leiðir að þeir sem eiga kosningarrétt í sveitarfélagi teljast einnig kjörgengir í sveitarstjórn. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sama regla gildi um erlenda og innlenda ríkisborgara, þ.e. að kjörgengi miðist við að einstaklingur eigi kosningarrétt í viðkomandi sveitarfélagi. Er sú regla í samræmi við gildandi lög að því er varðar norræna ríkisborgara.

Samkvæmt 7. mgr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna um atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga, eftir því sem við getur átt. Í 6. mgr. 104. gr. sömu laga er vísað til meginreglna laga um kosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt. Telja verður ótvírætt að allir þeir sem uppfylla skilyrði 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna eigi einnig rétt til að greiða atkvæði við atkvæðagreiðslur sem haldnar eru á grundvelli tilvitnaðra ákvæða, svo og við könnun um viðhorf íbúa til breytingar á nafni sveitarfélags, sbr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 2. gr.

Lagt er til í greininni að orðalag 7. gr. laganna verði fært til samræmis við 2. mgr. 24. gr. laga um kosningar til Alþingis. Eftir sem áður er það á ábyrgð sveitarstjórnar að yfirfara kjörskrárstofn, sbr. 4. gr. laganna.

Um 3. gr.

Lagt er til að felld verði brott upptalning úr núgildandi ákvæði, til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ekki er kveðið á um það í lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, hvort eða með hvaða hætti yfirkjörstjórn skuli auglýsa aðsetur sitt og hvar og hvenær hún taki við framboðslistum. Um þetta er hins vegar að finna ákvæði í 2. mgr. 13. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sem er svohljóðandi: „Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.“

Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna. Áður giltu ákvæði III. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, um sveitarstjórnarkosningar, en í 12. gr. þeirra laga var tekið fram að lög um kosningar til Alþingis giltu um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við átti, með þeim frávikum sem lögin ákváðu. Samkvæmt því verður að telja að venja leiði til þess að ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 24/2000 gildi um auglýsingu frá yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi, en ástæða þykir til að taka það fram með skýrum hætti í lögum nr. 5/1998. Ekki er kveðið á um hvað teljist „nægur fyrirvari“ en ætla má að nægilegt sé að auglýsing birtist u.þ.b. viku áður en framboðsfrestur rennur út og að birting sé með þeim hætti sem almennt tíðkast í viðkomandi sveitarfélagi.

Um 5. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á núgildandi ákvæði 22. gr. laganna.

Í a-lið er lögð til breyting til samræmis við 1. mgr. 32. gr. laga um kosningar til Alþingis, þess efnis að meðmælendum verði gert að tilgreina sig.

Í b-lið er felld brott krafa um meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Algengast er að í svo fámennum sveitarfélögum sé viðhöfð óbundin kosning og eru þá allir kjörgengir íbúar sveitarfélagsins í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því, sbr. b-lið 19. gr. laganna. Þess eru hins vegar dæmi að sjálfkjörið hafi orðið í fámennum sveitarfélögum þegar fram hefur komið einn framboðslisti og kann raunar að vera útilokað að finna nægilega marga kosningarbæra menn til að mæla með lista, jafnvel þótt vilji sé fyrir hendi til mótframboðs. Samkvæmt núgildandi lögum þarf 10 meðmælendur hið fæsta, en að auki skulu vera að minnsta kosti jafnmörg nöfn frambjóðenda á lista og kjósa á sem aðalmenn á lista í hvert skipti. Til að unnt sé að bjóða fram tvo framboðslista í sveitarfélagi þurfa því hið fæsta fimmtán kjósendur að styðja hvorn lista. Til að koma í veg fyrir að sjálfkjörið verði í fámennustu sveitarfélögum landsins er talið réttlætanlegt að falla frá kröfu um meðmælendur í þessum sveitarfélögum.

Sú breyting sem lögð er til í c-lið miðast við að ekki verði lengur þörf fyrir meðmælendur í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri.

Í d-lið eru ákvæði samsvarandi 35. gr. laga um kosningar til Alþingis. Er þar mælt fyrir um að frambjóðandi geti afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að

skila framboðum rennur út. Gildir þessi regla enda þótt framboðslista hafi þegar verið skilað til yfirkjörstjórnar. Gagnstæða reglu er að finna í ákvæðinu varðandi meðmælendur með framboðslista.

Um 6. gr.

Lagt er til í ákvæðinu að tekin verði upp regla samsvarandi 3. mgr. 34. gr. laga um kosningar til Alþingis. Skv. 1. mgr. 22. gr. laganna má hver kjósandi einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar.

Um 7. gr.

Í 50. gr. laga um kosningar til Alþingis var tekin upp sú nýbreytni að kveðið er á um lágmarksþyngd pappírs sem kjörseðlar skulu gerðir úr. Þykir eðlilegt að gera sömu kröfur til kjörseðla við sveitarstjórnarkosningar.

Um 8. gr.

Greinin samsvarar 1. mgr. 77. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 9. gr.

Greinin er til samræmis við niðurlag 71. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 10. gr.

Greinin samsvarar 73. gr. laga um kosningar til Alþingis og hefur að geyma ítarlegri ákvæði um meðferð utankjörfundaratkvæða en 50. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin samsvarar 75. gr. laga um kosningar til Alþingis. Með þeim lögum var horfið frá því fyrirkomulagi að allir kjörstjórnarmenn skyldu hafa eintak kjörskrár og segir í athugasemdum með frumvarpinu að svo hafi ekki tíðkast í reynd. Ekki verður talin þörf á að gera strangari kröfur hvað þetta varðar en gert er við alþingiskosningar.

Um 12. gr.

Greinin felur ekki í sér efnislega breytingu en orðalagi er breytt til samræmis við 76. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. laga um kosningar til Alþingis og felur meðal annars í sér að ekki verður lengur skylt að skipa sérstakan dyravörð við hverja kjördeild. Er kjörstjórn ábyrg fyrir því að kosning fari fram í samræmi við lögin en bent skal á að með þeirri breytingu sem lögð er til í 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sami kjörstjórnarmaður geti sinnt dyravörslu og fylgst með því að kjósandi leggi kjörseðil í atkvæðakassa. Ef aðstæður á kjörstað eru með þeim hætti að kjörstjórn telur þörf á að skipa sérstakan dyravörð er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að svo verði gert.

Um 14. gr.

Greinin felur ekki í sér efnislega breytingu en orðalagi er breytt til samræmis við 1. mgr. 81. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 85. gr. laga um kosningar til Alþingis. Má gera ráð fyrir að kosning geti gengið nokkru greiðar vegna þeirrar breytingar að þess er ekki lengur krafist að atkvæðakassi standi á borði kjörstjórnar og að nægilegt er að kjörstjórnarmaður fylgist með þegar atkvæði er lagt í kassann, sbr. athugasemd með 12. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Það nýmæli er að finna í 86. gr. laga um kosningar til Alþingis að kjörstjórnarmönnum er því aðeins heimilt að veita kjósanda aðstoð sína að kjósandi geti sjálfur skýrt ótvírætt frá því hvernig hann vill greiða atkvæði. Í athugasemdum við greinina kemur fram að ákvæðið er samhljóða texta sem gilt hafði um aðstoð við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Þykir rétt að sama regla gildi um aðstoð sem veitt er á kjörstað við kosningar til sveitarstjórnar.

Um 17. gr.

Sú breyting sem lögð er til í greininni er til samræmis við 88. gr. laga um kosningar til Alþingis. Kemur fram í skýringum við ákvæðið að ástæða þess að felld var brott tilvísun um ráðgerð forföll hafi verið sú að sérstök forföll eru ekki lengur skilyrði þess að greiða megi atkvæði utan kjörfundar.

Um 18. gr.

Greinin er nær samhljóða 90. gr. laga um kosningar til Alþingis. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að flokkun og könnun utankjörfundaratkvæða hafi þegar farið fram en atkvæðin lögð til hliðar og varðveitt meðan atkvæðagreiðslan fer fram. Endanleg afstaða til utankjörfundaratkvæða verður hins vegar ekki tekin fyrr en eftir lok kjörfundar.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 91. gr. laga um kosningar til Alþingis. Breytingin hefur það í för með sér að tvær nýjar ógildingarástæður bætast við varðandi utankjörfundaratkvæði. Er þar um að ræða skilyrði e-liðar, um að ekki má vera meira en eitt fylgibréf og eitt kjörseðilsumslag í sendiumslagi, og h-liðar, um að atkvæði má ekki hafa verið greitt utan þess tíma sem heimilt er að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 57. gr. og 5. mgr. 58. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Um 20. gr.

Greinin er nær samhljóða 95. gr. laga um kosningar til Alþingis. Hefur hún að geyma mun ítarlegri fyrirmæli til kjörstjórnar en núgildandi 71. gr.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 96. gr. laga um kosningar til Alþingis en felur ekki í sér efnislega breytingu frá ákvæðum núgildandi 72. gr.

Um 22. gr.

Greinin er til samræmis við e-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis. Er um að ræða tilvik sem eru sambærileg við d-lið 78. gr. og verður að telja þau til þess fallin að vekja athygli á kjörseðli.

Um 23. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 103. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í athugasemdum við það ákvæði kemur fram að í samræmi við breytt vinnulag við talningu atkvæða sé fellt brott ákvæði þess efnis að talningu skuli stöðva meðan úrskurðað er um ágreiningsseðla. Hins vegar er bætt við ákvæði um að bóka skuli fjölda ógildra atkvæða, svo og um ástæður þess. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna til samræmis við ákvæði nýrra laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Þá er lagt til það nýmæli að allir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag muni framvegis njóta kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Önnur nýmæli í frumvarpinu byggjast að mestu á ákvæðum nýrra laga um kosningar til Alþingis eins og áður hefur verið nefnt.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

864. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu sem undirritaður var í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fríverslunarsamtök Evrópu (European Free Trade Association, EFTA) voru stofnuð með svokölluðum Stokkhólmssamningi, sem undirritaður var í Stokkhólmi 4. janúar 1960. Stofnaðilar voru Austurríki, Danmörk, Noregur, Portúgal, Svíþjóð, Sviss og Bretland en síðar bættust Finnland, Ísland og Liechtenstein í hóp aðildarríkja samtakanna. Stokkhólmssamningurinn gilti aðeins um fríverslun með vörur og aðra samvinnu milli aðildarríkjanna henni tengda.

Eins og kunnugt er eru EFTA-ríkin aðeins fjögur í dag, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss. Hin ríkin hafa orðið aðilar að Evrópusambandinu (ESB). EFTA-ríkin fjögur hafa hins vegar með mismunandi hætti víðtæka samvinnu við ESB. Á grundvelli samningsins um

Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins) hafa Ísland, Liechtenstein og Noregur víðtæka samvinnu við ESB og aðildarríki þess, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Sviss er ekki aðili að EES-samningnum en hefur hins vegar gert sjö samninga við ESB sem eru áþekkir EES-samningnum að efni til á þeim sviðum sem þeir ná yfir.

Þetta hefur í för með sér að ýmsar grundvallarreglur gilda á milli allra EFTA-ríkjanna og ESB en eining er ekki að þessu leytinu á milli þeirra innbyrðis. Af þessum sökum þótti ástæða m.a. til að endurskoða Stokkhólmssamninginn til að tryggja að sömu reglur giltu á milli Sviss annars vegar og EES/EFTA-ríkjanna hins vegar og giltu á milli þeirra og ESB.

Í öðru lagi voru í kjölfar samninga um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gerðir nokkrir fjölþjóðaviðskiptasamningar á ýmsum sviðum, t.d. um þjónustu, hugverkarétt og opinber innkaup. EFTA-ríkin töldu að grundvallarákvæði þessara samninga ættu að koma fram í Stokkhólmssamningnum og yrðu þannig til að auka samvinnu aðildarríkjanna á þessum mikilvægum sviðum.

Í þriðja lagi hefur EFTA á síðastliðnum tíu árum gert fríverslunarsamninga við öll ríki Mið- og Austur-Evrópu, Tyrkland, Ísrael, Palestínu og nú síðast við Mexíkó og Jórdaníu. Nú standa yfir viðræður um fríverslunarsamninga við Chíle, Egyptaland, Túnis, Kýpur og Singapúr. Gildissvið þeirra fríverslunarsamninga sem gerðir hafa verið á síðustu árum nær til fleiri sviða en fríverslunar. Varð sú staðreynd til að vekja athygli á því að EFTA-ríkjunum var nauðsynlegt að hafa sameiginlega stefnuskrá einnig hvað varðar þessi nýju atriði. Stokkhólmssamningurinn endurspeglar ekki lengur hin víðtæku viðskiptatengsl sem samtökin hafa komið á við ríki víðs vegar um heiminn.

Á fundi EFTA-ráðherra aðildarríkjanna í júní 1999 var ákveðið að hefja endurskoðun Stokkhólmssamningsins. Sérstökum stýrihópi skipuðum fulltrúum allra EFTA-ríkjanna var komið á laggirnar sem og sérstökum nefndum og sérfræðingahópum. Drög að nýjum samningi voru lögð fram í lokaskýrslu stýrihópsins í febrúar 2001. Samningaviðræður fóru síðan fram á milli aðildarríkjanna 2.–6. apríl 2001 í Genf og lauk þeim með gerð sérstaks samkomulags um breytingar á Stokkhólmssamningnum. Á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna 21. júní 2001 í Vaduz í Liechtenstein var hinn nýi stofnsamningur undirritaður (Vaduz-samningurinn).

Breytingarnar, sem gerðar voru með Vaduz-samningnum, eru mjög yfirgripsmiklar. Stokkhólmssamningurinn tók aðeins til fríverslunar með vörur og geymdi auk þess ákvæði um ríkisaðstoð, opinber fyrirtæki og einkasölur, undirboð og samkeppnisreglur. Með Vaduz-samningnum hafa ákvæði um þessi atriði verið endurskoðuð og bætt við ákvæðum um tæknilegar hindranir, hugverkavernd, frelsi fólks til flutninga, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup auk þess sem stofnanaþátturinn hefur verið endurskoðaður.

Þrátt fyrir hin nýju efnissvið Vaduz-samningsins ber að hafa í huga að Ísland, Liechtenstein og Noregur höfðu sem aðilar að EES-samningnum þegar komið á sín í millum þeim reglum sem samningurinn geymir. Sviss og ESB höfðu einnig samið um sömu reglur.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu nýjungum og breytingum sem samningurinn hefur að geyma.

Fullgilding samningsins mun leiða til nokkurra breytinga á ýmsum lögum, einkanlega í þá veru að sams konar réttindi nái til samskipta við Sviss eins og nú eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstakt frumvarp þar að lútandi er í undirbúningi og fyrirhugað er að leggja það fyrir yfirstandandi þing.

Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Nýjungar.

Samræmismat.

Bæði EES-samningurinn og tvíhliða samningarnir á milli ESB og Sviss geyma sambærileg ákvæði um sameiginlega viðurkenningu á samræmismati á milli EFTA-ríkjanna og ESB. Þessar reglur voru felldar inn í Vaduz-samninginn og gildir því gagnkvæm viðurkenning á milli EFTA-ríkjanna á skýrslum, vottorðum, leyfum, samræmismerkjum og yfirlýsingum framleiðenda.

Bókun 12 við EES-samninginn og tvíhliða samkomulag á milli Sviss og ESB gerir ráð fyrir að ESB sjái um viðræður við þriðju ríki um sameiginlega viðurkenningu á staðlaðri vottun með það fyrir augum að gagnkvæmt samkomulag náist á milli ESB og EFTA-ríkjanna og ESB annars vegar og þriðju ríkjanna hins vegar. Vaduz-samningurinn gerir einnig ráð fyrir þessari tilhögun.

Eftirfarandi vörur og þjónusta fellur undir Vaduz-samninginn að því er varðar viðurkenningu á samræmismati:

- Vélar
- Persónuhlífar
- Leikföng
- Lækningatæki
- Gashylki og katlar
- Þrýstihylki
- Endabúnaður til fjarskipta
- Búnaður og öryggiskerfi til notkunar á sprengihættusvæðum
- Rafföng og rafsegulsviðssamhæfi
- Byggingarsvæði og búnaður
- Mælitæki og tilbúnar pakkningar
- Vélknúin ökutæki
- Landbúnaðar- og skógræktardráttarvélar
- Eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir og vottun framleiðslulota vegna lyfjavara.

Hugverkaréttindi.

Samkvæmt Vaduz-samningnum munu EFTA-ríkin framvegis veita hvert öðru nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda, þ.m.t. eru ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu. Hugverkaréttindi taka til höfundarréttar og skyldra réttinda, þ.m.t. eru tölvuforrit og gagnagrunnar, vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, landfræðilegar merkingar, m.a. upprunaheiti fyrir vörur og þjónustu, iðnhönnun, einkaleyfi, yrkisréttur, svæðislýsingar smárása og trúnaðarupplýsingar.

EFTA-ríkin veita ríkisborgurum hvert annars eigi lakari vernd á hugverkaréttindum þeirra en þau veita eigin ríkisborgurum (landskjarameðferð) og þeim verður heldur ekki veitt lakari vernd en veitt eru ríkisborgurum þriðju ríkja (bestukjarameðferð). Undanþágur frá þessum almennu reglum verða aðeins veittar í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum („TRIPS-samningurinn“).

Ákvæðin um hugverkarétt í Vaduz-samningnum eru annars grundvölluð á eftirfarandi samningum:

- Parísarsamþykkt frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð, 1967).

- Bernarsáttmálanum frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð, 1971).
- Alþjóðasamningi frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningnum).
- Samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) frá 15. apríl 1994 um hugverkarétt í viðskiptum („TRIPS-samningnum").
- Genfargerðinni (1999) um Haagsamninginn um alþjóðlega skráningu iðnhönnunar.
- Samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) um höfundarrétt (Genf 1966).
- Samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) um flutning og hljóðritanir (Genf 1996).

Varðandi uppfinningar á öllum tæknisviðum skal verndin miðuð við þá vernd sem um getur í Evrópusamningi um einkaleyfi frá 5. október 1973 eins og hann kemur til framkvæmda í landsrétti þessara ríkja. Á Íslandi og í Noregi skal verndin vera sambærileg þeirri sem um getur í EES-samningnum eins og hann kemur til framkvæmda í landsrétti þessara ríkja.

Frjáls för fólks, almannatryggingar og gagnkvæm viðurkenning prófskírteina.

Með Vaduz-samningnum eru innleidd ákvæði í áföngum um frjálsa för launþega á milli aðildarríkjanna. Svissneskir ríkisborgarar fá heimild til frjálsrar farar til Noregs og Íslands um leið og samningurinn öðlast gildi en frjáls för ríkisborgara annarra EFTA-ríkja til Sviss er háð allt að fimm ára aðlögunartíma. Sviss hefur heimild á þessu tímabili til að setja sérstaka kvóta fyrir fjölda ríkisborgara EFTA-ríkjanna. EFTA-ráðið hefur hins vegar heimild til þess að taka þá til endurskoðunar ef þeir reynast ófullnægjandi. Sérstakar reglur gilda hins vegar um kaup ríkisborgara Íslands, Liechtensteins og Noregs á fasteignum í Sviss. Þeir munu engu að síður njóta sömu réttinda og svissneskir ríkisborgarar njóta í Sviss.

Liechtenstein mun einnig smátt og smátt draga úr hindrunum sem gilda um frjálsa för svissneskra borgara til ríkisins til samræmis við þau skilyrði sem nú eru í gildi samkvæmt EES-samningnum og kveðið er á um í sérstakri bókun við samninginn.

Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna hafa full atvinnuréttindi, komu- og brottfararfrelsi, búsetuheimild, staðfesturétt og sömuleiðis rétt til að bjóða fram þjónustu sína í allt að 90 daga og á jafnréttisgrundvelli. Rétt er að taka fram að sambærileg ákvæði eru í gildi samkvæmt EES-samningnum hvað varðar rétt ríkisborgara Íslands, Liechtensteins og Noregs til frjálsrar ferðar á milli þessara ríkja. Með Vaduz-samningnum bætist Sviss í þann hóp.

Réttinum til frjálsrar farar fylgir einnig almannatryggingaréttur. Stefnt er að því að samræma almannatryggingakerfin í aðildarríkjunum til að koma í veg fyrir að mismunandi lagaákvæði aðildarríkjanna hindri frjálsa för þeirra sem rétt eiga til hennar til samræmis við félagsleg réttindi innan EES og á milli Sviss og ESB. Samræmdu reglurnar miða að eftirfarandi markmiðum:

- Einstaklingurinn lýtur löggjöf þess ríkis sem hann dvelur í (meginregla).
- Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna njóta jafnræðis á við ríkisborgara þess EFTA-ríkis sem þeir dveljast í.
- Aðildarríki verða að taka tillit til skyldugreiðslna í öðru aðildarríki þegar bótagreiðslur eru ákveðnar.
- Réttur til bótagreiðslna helst óbreyttur þótt bótaþegi flytjist til annars aðildarríkis.

Þessar grundvallarreglur gilda um eftirfarandi réttindi innan almannatryggingakerfisins: Veikindi og fæðingarorlof, vinnuslys, atvinnusjúkdóma, örorkubætur, ellilaun, makabætur, dánarbætur, atvinnuleysisbætur og fjölskyldubætur.

Vaduz-samningurinn gerir einnig ráð fyrir gagnkvæmri viðurkenningu prófskírteina sem auðvelda mun launþegum að flytja á milli aðildarríkjanna. Auk þess munu prófskírteini, sem aflað er í eftirfarandi greinum við æðri menntastofnun í einu EFTA-ríkjanna, framvegis verða viðurkennd í eftirfarandi starfsemi í hinum EFTA-ríkjunum:

- lögfræðistörf,
- lækningar og skyld störf,
- byggingalist,
- verslunar- og milliliðastarfsemi.

Fjárfesting og þjónusta.

Vaduz-samningurinn hefur að geyma yfirgripsmikil ákvæði sem ætlað er að auka frjálsræði til fjárfestinga og þjónustuviðskipta milli aðildarríkjanna. Þó munu ýmsar hömlur gilda enn um sinn. Er þar einkum um að ræða margvíslega fyrirvara sem einstök aðildarríki gerðu þegar samningurinn var gerður. Gert er ráð fyrir að þeir verði endurskoðaðir í því augnamiði að leggja þá niður. Ísland, Liechtenstein og Noregur sem aðildarríki EES-samningsins hafa að sjálfsögðu aflétt flestum af þessum takmörkunum á fjárfestingum og þjónustuviðskiptum sín í millum og gagnvart aðildarríkjum ESB. Hvað Sviss varðar er hins vegar ekki um slíkt að ræða gagnvart hinum EFTA-ríkjunum.

Fyrirtæki eða félag sem stofnað er í samræmi við lög eins EFTA-ríkis getur stofnað til og rekið viðskipti í öðru EFTA-ríki án nokkurra takmarkana að því tilskildu að engir fyrirvarar hafi verið gerðir um þessa atvinnustarfsemi af hálfu viðkomandi aðildarríkis. EFTA-ríkin hafa jafnframt samið um að leggja ekki á neinar nýjar takmarkanir í þessa veru. EFTA-ríkjunum ber að veita fyrirtækjum sem stofnuð eru í öðrum EFTA-ríkjum bæði landskjarameðferð og bestukjarameðferð en þó með vissum fyrirvörum.

Um stofnun einkafyrirtækja gilda sérreglur sem og um stofnun félaga og fyrirtækja sem munu annast flug- og láðflutninga.

Fjármagnsflutningar verða háðir takmörkunum, þó ekki hvað varðar staðfesturétt. Gert er ráð fyrir að reglur þessar verði teknar til endurskoðunar innan tveggja ára í þeim tilgangi að afnema allar hömlur á fjármagnsflutningum.

Samkvæmt Vaduz-samningnum geta ríkisborgarar EFTA-ríkjanna sótt aðföng og þjónustu til annars ríkis með vissum minni háttar takmörkunum. Hið sama gildir um þjónustu sem ríkisborgari EFTA-ríkis býður í öðru aðildarríki. Takmarkanir þessar verða einnig endurskoðaðar á næstu tveimur árum. Aðildarríkin hafa einnig í þessum efnum samþykkt kyrrstöðuákvæði um að ekki skuli komið á fyrri takmörkunum á þjónustu eða nýjar settar á.

Með Vaduz-samningnum skuldbinda EFTA-ríkin sig til að veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja bestukjarameðferð eins og gildir um fjárfestingar. Aðildarríkin hafa einnig samið um að ívilnanir varðandi viðskipti með þjónustu sem aðildarríki kann að veita ESB munu einnig gilda fyrir aðildarríkin. Þetta er mikilvægt atriði, einkum ef Sviss skyldi semja við ESB um ný atriði í ljósi sameiginlegrar yfirlýsingar Sviss og ESB þegar hinir sjö samstarfssamningar þeirra voru undirritaðir.

Flestar þær takmarkanir sem eru á viðskiptum með þjónustu í samningnum eru í samræmi við ákvæði hins almenna samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þjónustuviðskipti („GATS-samningsins"). Ísland mun þó veita Sviss að flestu leyti sömu kjör og er að finna um viðskipti með þjónustu í EES-samningnum með þeirri einu undantekningu að svissneskum ríkisborgurum verður óheimilt að fjárfesta í íslenskum flugfélögum. Þessar takmarkanir verða þó endurskoðaðar innan tveggja ára.

Flutningar á vegum, með járnbrautum og í lofti.

Svo sem áður segir gilda sérstakar reglur um flutningaþjónustu. Mikilvægir þættir í tvíhliða samningi ESB og Sviss hafa verið teknir inn í samninginn, þar á meðal ákvæði úr EB-rétti sem varða flutninga á vegum, eftir járnbrautum og með flugvélum.

Hvað varðar vega- og járnbrautaflutninga gerir Vaduz-samningurinn ráð fyrir gagnkvæmri opnun markaða á milli EFTA-ríkjanna. Ákvæðin í samningnum um þessi efni eru byggð á reglum ESB og eru orðin hluti af EES-samningnum og varða m.a.:

- aðgengi að störfum og markaði,
- félagslega og tæknilega staðla,
- reglur um alþjóðlega farm- og fólksflutninga með bifreiðum og aðgengi að járnbrautarkerfum,
- skilyrði fyrir veitingu til reksturs járnbrauta og úthlutun á teinaslóðum,
- landskvóta sem Sviss úthlutar Íslandi, Liechtenstein og Noregi fyrir vissar tegundir flutningavagna yfir svissnesku Alpana. Þessir kvótar eru háðir bráðabirgðafyrirkomulagi til ársins 2004 og greiðslu vegatolla í Sviss.

Ákvæðin í samningnum um flug geyma skilyrði þess að flugfélög frá EFTA-ríkjunum fái að aðgang að mörkuðum hvert annars. Þetta snertir í raun aðeins flug á milli Sviss annars vegar og Íslands, Liechtenstein, Noregs hins vegar þar sem síðastnefndu þrjú EFTA-ríkin hafa nú þegar aðgang að öllum flugmarkaði EES sem einnig nær til lofthelgi ESB-ríkjanna. Auk þess munu allir núgildandi tvíhliða loftferðasamningar halda gildi sínu að því leyti sem ákvæði þeirra snerta ekki ákvæði samningsins og þau fela ekki í sér mismunun á grundvelli þjóðernis og raska ekki samkeppni.

Sú meginregla gildir samkvæmt Vaduz-samningnum að réttur til að stofna flugfélög er óhindraður nema hvað varðar rétt ríkisborgara Sviss til að eiga hlut í flugfélögum á Íslandi. Önnur ákvæði samningsins miða að því að skapa opin og sömu skilyrði á flugmarkaði EFTA-ríkjanna hvað varðar veitingu og eftirlit með ríkisaðstoð, fargjöldum og verðlagningu þjónustu, tilhögun rafrænna bókunarkerfa, reglur um umhverfisvernd, veitingu flugrekstrarleyfa, lendingarleyfi, aðgang að flughlöðum, ábyrgð flugrekstraraðila, tæknilegar samræmingaraðgerðir og loftferðaöryggi.

Opinber innkaup.

Kaflinn um opinber innkaup í Vaduz-samningnum er grundvallaður á ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup en öll EFTA-ríkin eru aðilar að honum. Aðgangur birgja er hins vegar víðtækari samkvæmt Vaduz-samningnum og gildir um aðgang birgja og þjónustuveitenda að kaupum á vöru og þjónustu, meðal annars byggingarþjónustu, járnbrautarfyrirtækja, stofnana á sviði orkumála (að frátöldum rafmagnsveitum) og einkarekinna þjónustustofnana á sviði vatnsveitu, raforku, samgangna í þéttbýli, hafna og flughafna aðildarríkjanna. Skylda er að bjóða út vöru og þjónustu þegar viðmiðunarmörk fara yfir 400.000 evrur og 5.000.000 evrur þegar um verkframkvæmdir er að ræða.

Aukinn réttur verktaka í EFTA-ríkjunum til að taka þátt í útboðum vegna opinberra framkvæmda í öllum EFTA-ríkjum mun leiða til aukinnar samkeppni og lægri verkefna- og aðfangakostnaðar.

Breytingar.

Þeir kaflar sem voru í Stokkhólmssamningnum hafa flestir verið endurskoðaðir en sætt mismiklum efnislegum breytingum.

Vörukaup.

Kaflinn um vörukaup hefur einnig verið endurskoðaður, einkum varðandi landbúnaðarvörur. Ákvæðin hafa verið gerð neytendavænni en jafnframt hefur tillit verið tekið til sérstöðu landbúnaðar. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á ákvæðum um unnar kjötvörur. Möguleikar eru til staðar eftir því sem áður til álagningar á innflutningstollum, niðurgreiðslum innanlands og útflutningsbótum. Meginreglunni um bestukjarameðferð sem veitt er ESB-ríki, þriðja ríki og EFTA-ríki er einnig viðhaldið.

EFTA-ríkin eru sammála um að gera ýmsar breytingar til að auðvelda viðskipti með landbúnaðarvörur sín í millum. Í fyrsta lagi hafa núgildandi tollaívilnanir á algengustu landbúnaðarvörum verið felldar inn í samninginn en hefur áður verið að finna í gagnkvæmum samningum á milli aðildarríkjanna. Í öðru lagi hafa einstök aðildarríki gert sín í millum viðbótarsamkomulag um ívilnanir fyrir algengar landbúnaðarafurðir eins og t.d. osta, ýmsar grænmetistegundir (salat, agúrkur), hross á fæti, kinda- og geitakjöt.

Auk þess munu viðskipti með sáðvörur og lífrænt ræktaðar vörur verða auðveldari með því að dregið hefur verið úr ýmsum tæknilegum hindrunum eða þær felldar niður í samræmi við ákvæði EES-samningsins og samning Sviss og ESB um landbúnaðarafurðir.

Samræmdar reglur varðandi heilbrigði dýra og plantna eru í samningnum og byggjast þær á ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofunarinnar um heilbrigði dýra og plantna. Ekki er hins vegar útilokað að nákvæmari reglur verði settar um þetta efni síðar í ljósi þeirrar þróunar sem kann að verða á vettvangi EES-samningsins.

Opinber fyrirtæki og einkasölur.

Almenn ákvæði um opinber fyrirtæki og einkasölur hafa verið endurskoðuð en eru efnislega samhljóða þeim ákvæðum sem er að finna í Stokkhólmssamningnum.

Ríkisstyrkir.

Ákvæðin um ríkisstyrki hafa að verulegu leyti verið aðlöguð ákvæðum XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.

Öryggisákvæði.

Núverandi ákvæði er leyst af hólmi með samsvarandi ákvæði og er að finna í EES-samningnum en þó með ákvæði um gerðardómsmeðferð komi til ágreinings.

Undirboð.

Þessum ákvæðum hefur verið breytt í ljósi aðildar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Stofnanaþáttur.

Þessar breytingar eru helstar varðandi stofnanaþátt samningsins:

- upptalning á verkefnum EFTA-ráðsins;
- nákvæm upptalning á nefndum og ráðum sem EFTA-ráðið hefur komið á fót;
- sérstök ákvæði um lausn deilumála, þar á meðal um gerðardómsmeðferð er leysir af hólmi núverandi ákvæði um viðræðu og sáttaumleitanir;

- almenn ákvæði um verndun réttinda og skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum, á grundvelli norrænnar samvinnu og tollabandalags Liechtenstein og Sviss;
- ákvæði um samstarf varðandi fjármála- og peningamálastefnu;
- almennt ákvæði um að aðildarríkjunum beri að viðhafa gegnsæi gagnvart þegnum varðandi upplýsingar um ákvarðanir sem teknar hafa verið í tengslum við samninginn;
- almenn ákvæði um að starfsmönnum samtakanna beri að virða trúnað og þagnarskyldu um störf sín;
- ákvæði um að nýjum aðildarríkjum beri að gerast aðilar að fríverslunarsamningum þeim sem gerðir hafa verið af hálfu samtakanna;
- úrsögn úr samtökunum hefur verið gerð einfaldari;
- skýrari reglur um fullgildingu á breytingum á samningnum.

Stofnun nýrra nefnda.

Flestum nýju nefndanna verður komið fót vegna réttarreglna ESB til að tryggja að nýju svið Vaduz-samningsins fái viðeigandi vettvang, sérstaklega hvað varðar sáðvörur, lífrænan landbúnað, gagnkvæmt samræmismat, flutninga í lofti, á vegum og með járnbrautum og opinberar framkvæmdir. Þó þessum nefndum hafi verið komið á fót með ákvörðun ráðsins á vettvangi EES-samningsins er þess þó vænst að starfslið það sem sinnir EES-samningnum nýtist einnig sem stuðningur við verkefni og störf þessara nýju EFTA-nefnda.

Endurskoðun.

Vaduz-samningurinn mun framvegis verða í stöðugri endurskoðun. Sú fyrsta fer fram þremur mánuðum eftir að samningurinn tekur gildi.

Vaduz-samningurinn geymir einnig nokkur endurskoðunarákvæði sem gerir kleift að þróa samstarf EFTA-ríkjanna enn frekar á ýmsum sviðum, t.d. að láta ákvæði um ríkisstyrki, opinber fyrirtæki og einkasölur einnig ná til þjónustu eða í þeim tilgangi að fjarlægja stig af stigi þær takmarkanir sem enn eru á viðskiptafrelsinu, einkum varðandi fjárfestingar og þjónustuviðskipti. Á öðrum sviðum kann vernd að verða aukin, t.d. varðandi hugverkarétt. Einnig verða endurskoðaðar reglur um aðlögunartíma og kvóta fyrir flutninga á vegum og með járnbrautum og frjálsa för fólks.

Athugasemdir við einstaka kafla samningsins.

Formáli.

Í formálsorðum er gerð grein fyrir sögulegri þróun EFTA og ástæðum þess að Stokkhólmssamningurinn var endurskoðaður eins og vikið var hér að framan. Enn fremur er vikið að markmiðum samtakanna en um þau er frekar fjallað í 1. kafla samningsins.

Þá er minnt á aðild EFTA-ríkjanna að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og að stuðst sé við grundvallarákvæði þeirrar stofnunar. Þess sér meðal annars stað í þeim ákvæðum formálsorðanna að aðildarríkin geri sér ljóst að stefnur þeirra á sviði viðskipta og umhverfismálastefna þurfi að styðja hver við aðra til þess að unnt sé að ná markmiðinu um sjálfbæra þróun. Efnislega sambærilegt ákvæði er einmitt að finna í formálsorðum að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

I. kafli: Markmið (1.–2. gr.).

Kafli þessi hefur að geyma hefðbundin upphafsákvæði samninga alþjóðastofnana og alþjóðasamtaka. Í 1. gr. er gerð grein fyrir heiti samtakanna og í 2. gr. eru markmið þeirra rakin.

Markmiðin eru talin upp í sjö liðum. Þau markmið sem nefnd eru í a) um efnahagssamvinnu til að stuðla að áframhaldandi þróun í viðskiptum og efnahagstengslum, í b) um frjáls vöruskipti og í e) um að sanngjörn skilyrði ríki í viðskiptum milli aðildarríkjanna eru efnislega áþekk upphaflegum markmiðum stofnsamningsins. Ákvæðin í c) og d) um að auka í áföngum frjálsa för fólks og frelsi í viðskiptum með þjónustu og í fjárfestingum og í f) og g) um opnun markaða á sviði opinberra innkaupa og að veita hugverkaréttindum viðeigandi vernd í samræmi við ströngustu alþjóðlega staðla eru hins vegar ný af nálinni.

Markmið þessi marka um leið efnislegt gildissvið samningsins. Nánari útfærslu þeirra er að finna í einstökum köflum samningsins eins og vikið verður að hér á eftir. Samningurinn tekur til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna. Í viðauka U eru sérákvæði um Svalbarða en þar segir að við fullgildingu samningsins hafi Noregur rétt til að undanþiggja Svalbarðasvæðið frá ákvæðum samningsins nema að því er varðar vöruviðskipti. Áþekkt ákvæði er að finna í fríverslunarsamningum á milli EFTA og þriðju ríkja.

II. kafli: Frjálsir vöruflutningar (3.–13. gr., viðaukar A–G).

Ákvæði 3. gr. um bann við inn- og útflutningstollum, 4. gr. um bann við álagningu beinna sem óbeinna skatta á vöru aðildarríkja umfram það sem lagt er beint eða óbeint á samsvarandi innlendar framleiðsluvörur og ákvæði 7. gr. um bann við magntakmörkunum á inn- og útflutning eða ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif eru samhljóða grundvallarreglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og eiga sér hliðstæðu í ákvæðum EES-samningsins. Þessar reglur eru meginreglur sem sæta vissum undantekningum í öðrum ákvæðum í þessum kafla.

Hvað magntakmarkanir varðar sérstaklega er ákvæði að finna í 13. gr. þar sem aðildarríkjunum er veitt heimild til að beita magntakmörkunum sem réttlætast kunna af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra, gróður- eða umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi eða verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slíkt bann eða takmarkanir mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar takmarkanir séu lagðar á viðskipti milli aðildarríkjanna.

Um upprunareglur er fjallað í 5. gr. og nánari útfærslu þeirra er að finna í viðauka A. Þessar reglur eru í samræmi við upprunareglur þær sem er að finna í fríverslunarsamningum þeim sem EFTA hefur gert við þriðju ríki. Sambærilegar reglur er einnig að finna í EES-samningnum. Skv. 3. mgr. 53. gr. Vaduz-samningsins er EFTA-ráðinu heimilt að breyta þessum viðauka.

Í 6. gr. er að finna almenn ákvæði um gagnkvæma aðstoð aðildarríkjanna í tollamálum og gildir sú samvinna hvort sem viðkomandi vörutegund fellur undir gildissvið Vaduz-samningsins eða ekki. Skyldur stjórnvalda í þessum efnum eru nánar útfærðar í viðauka B við samninginn.

Um landbúnaðarvörur eru ákvæði í 8. og 9. gr. og í viðauka C. Þær eru flokkaðar í þrennt í I.–III. hluta viðauka C þar sem þær eru tilgreindar með tollskrárnúmerum. Efnisleg ákvæði um þessa flokka er aftur á móti að finna í 8. og 9. gr. samningsins.

Í I. flokki eru vörur sem aðildarríkjunum ber að leyfa skilyrðislausan innflutning á en þeim er hins vegar heimilt skv. 9. gr. að setja á þessar vörutegundir fastan toll, beita innlendum verðjöfnunarráðstöfunum og grípa til ráðstafana vegna útflutnings.

Aðeins fáein tollskrárnúmer í I. hluta fjalla um viðskipti með landbúnaðarvörur er varða Ísland. Á vörum í þessum tollskrárnúmerum eru ekki innflutningstollar nema á ávaxtasafa undir vörulið nr. 2009 þar sem um er að ræða 20% toll. Með þessari eftirgjöf á tolli nýtur því Sviss sem EFTA-ríki sömu tolla á innflutningi og ríkin sem aðild eiga að EES-samningnum.

Í II. hluta eru vörur sem aðildarríkin mega undanþiggja gildissviði samningsins hvað varðar frjálsan innflutning, álagningu tolla, sérstakan skatt og heimild til að beita magntakmörkunum. Í III. hluta eru aftur á móti ákvæði þar sem aðildarríkin lýsa vilja sínum til að ýta undir samræmda þróun í viðskiptum eftir því sem unnt er innan ramma stefnu þeirra í landbúnaðarmálum.

EFTA-ráðið hefur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 53. gr. Vaduz-samningsins heimild til að breyta ákvæðunum í viðauka C.

Þær ívilnanir sem aðildarríkin eru reiðubúin til að veita varðandi landbúnaðarvörur upprunnar í hinum aðildarríkjunum er að finna í töflum 1–3 í viðauka D. Hlut Íslands í þessum efnum er að finna í töflu 1 og tekur hann til fjögurra tollskrárnúmera. Ekki er þörf að breyta íslenskri löggjöf vegna þessara ákvæða.

Varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir tekur 10. gr. sérstaklega fram að ákvæðum Vaduz-samningsins skuli beita um þær vörutegundir. Frjáls viðskipti gilda því um þessar vörutegundir á milli EFTA-ríkjanna eins og verið hefur.

Sérreglur gilda enn fremur um sáðvörur og er þær að finna í viðauka E. Í viðauka F er hins vegar að finna sérreglur um lífrænan landbúnað. Þessi ákvæði eiga sér hliðstæðu í ákvæðum EES-samningsins og slík ákvæði er einnig að finna í almennum lögum, sbr. lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Ákvæði þetta er því í samræmi við íslensk lög að þessu leyti.

Loks er að nefna viðauka G um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna sem kveður á um að gilda skuli meðal EFTA-ríkjanna ákvæði samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

III. kafli: Tæknilegar viðskiptahindranir (14.–15. gr., viðaukar H–I).

EES-samningurinn og samningar Sviss og ESB hafa að geyma sambærileg ákvæði um tæknilegar hindranir. Þessar reglur eru teknar upp í Vaduz-samningnum í 14. og 15. gr. og viðauka H. Greinar þessar leysa af hólmi ákvæði um tæknilegar hindranir sem er að finna í 10.–12. gr. Stokkhólmssamningsins.

Helstu breytingarnar frá Stokkhólmssamningnum eru að ákvæði 14. gr. og viðauki H taka til þjónustuviðskipta („öll þjónusta í upplýsingasamfélagi...“, sbr. 2. mgr. 1. gr. viðaukans). Um er að ræða þjónustu gegn endurgjaldi, sem veitt er með rafrænum aðferðum eftir sérstakri beiðni, sbr. 2. mgr. 1. gr. Af þessu leiðir að allar reglur í viðauka H um tæknilegar viðskiptahindranir, sem hingað til hafa einungis átt við um vörur, ná nú til þjónustuviðskipta. Sem dæmi má nefna að í 2. mgr. 3. gr. viðaukans kemur nú fram að fresta skuli formlegri setningu reglna um fjarþjónustu í fjóra mánuði frá þeim degi sem tilkynnt var um fyrirhugaða setningu reglnanna, samkvæmt nánari ákvæðum greinarinnar. EFTA-ráðið hefur heimild til að breyta viðaukanum, sbr. 3. mgr. 53. gr. samningsins.

Þá fjallar 15. gr. samningsins og viðauki I um gagnkvæma viðurkenningu með tilliti til samræmismats, þ.e. viðurkenningu annars vegar af hálfu Íslands, Liechtensteins og Noregs og hins vegar af hálfu Sviss. Vegna ákvæða í viðbæti 1 og 2 við viðauka I um lyf og lækningatæki er nauðsynlegt að breyta ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994, og laga um lækningatæki, nr. 16/2001. Frumvarp þar að lútandi verður lagt fram á yfirstandandi þingi.

IV. kafli: Ríkisaðstoð (16. gr.).

Stokkhólmssamningurinn hefur að geyma ákvæði um ríkisaðstoð, sbr. 13. gr. hans. Þau ákvæði hafa verið endurskoðuð og Vaduz-samningurinn gerir nú ráð fyrir að um réttindi og skyldur aðildarríkjanna varðandi ríkisaðstoð fari eftir reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinn-

ar, sbr. XVII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning stofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir nema annað segi í viðauka Q um flutninga í lofti. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin endurskoði gildissvið þessa kafla með það í huga að láta verklagsreglur um ríkisaðstoð ná til þjónustustarfsemi að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á þessu sviði og skal endurskoðunin fara fram á árs fresti.

V. kafli: Opinber fyrirtæki og einkasala (17. gr.).

Ákvæði 17. gr. Vaduz-samningsins eru um margt efnislega samhljóða 14. gr. Stokkhólmssamningsins. Í 17. gr. er sérstaklega tekið fram að ákvæði viðauka Q um flutninga í lofti skuli einnig gilda um opinber fyrirtæki og einkasölu.

VI. kafli: Samkeppnisreglur (18. gr.).

Ákvæði 18. gr. Vaduz-samningsins um samkeppni, þar sem kveðið er á um samninga milli fyrirtækja sem raska samkeppni og misnotkun fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu, fela ekki í sér efnislega breytingu frá gildandi ákvæðum 15. gr. Stokkhólmssamningsins og eru efnislega samhljóða 53. og 54. gr. EES-samningsins, þ.e. samkeppnisgreinunum, nema hvað ákvæðin beinast að ríkjum sem samþykkja að tiltekin hegðun sé óásættanleg og getur þá ríkið brugðist við með því að óska eftir viðræðum við hin aðildarríkin.

VII. kafli: Hugverkavernd (19. gr., viðauki J).

Í Stokkhólmssamningnum voru engin ákvæði um hugverkaréttindi. Nú er gert ráð fyrir ákvæðum um þessi réttindi í VII. kafla Vaduz-samningsins, þ.e. 19. gr., og viðauka J sem geymir sjö greinar.

Í 1. gr. viðaukans eru talin upp þau ýmsu réttarsvið sem falla undir hugverkaréttindi. Þessum réttindum er oft skipt upp í annars vegar höfundarrétt og hins vegar hugverkarétt á sviði iðnaðar. Bæði þessi réttarsvið falla undir gildissvið viðaukans.

Samkvæmt 1. lið 2. gr. viðaukans staðfesta aðildarríkin að þeim sé skylt að fylgja þargreindum alþjóðasamningum. Ísland hefur verið aðili að öllum þessum samningum um nokkurt skeið og staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þeim.

Í 2. lið 2. gr. eru taldir upp þeir alþjóðasamningar sem aðildarríkin skuldbinda sig til að vera eða gerast aðilar að fyrir 1. janúar 2005. Ísland er þegar aðili að Genfarsamningnum frá 1999 um breytingu á Haag-samningnum um alþjóðlega skráningu hönnunar. Ísland er hins vegar hvorki aðili að samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt né samningi sömu stofnunar um flutning og hljóðritanir. Unnið er nú að lagabreytingum til að gera það mögulegt að Ísland geti orðið aðili að þessum samningum fyrir 1. janúar 2005 eins og kveðið er á um í viðaukanum.

Samkvæmt 3. lið 2. gr. ætla aðildarríkin að sjá til þess að sérfræðingar ráðfæri sig um mál er snerta þá alþjóðasamninga sem aðildarríkin eru aðilar að eða samninga sem þau munu gerast aðilar að. Í 3. gr. skuldbinda ríkin sig aftur á móti til þess að sjá til þess að lög þeirra tryggi ákveðna lágmarksvernd á sviði einkaleyfa.

Með ákvæði 4. gr. skuldbinda ríkin sig hins vegar til þess að lög þeirra tryggi fullnægjandi vernd fyrir hönnun, m.a. með því að veita fimm ára vernd frá umsóknardegi með möguleika á endurnýjun verndar í a.m.k. fjögur skipti.

Í 5. gr. skuldbinda ríkin sig til að tryggja fullnægjandi leiðir til að vernda landfræðilegar tilvísanir, þ.á m. upprunamerkingar varðandi alla vöru og þjónustu.

Ákvæði 6. gr. varða öflun og viðhald hugverkaréttinda. Samkvæmt ákvæðinu eiga aðildarríkin að sjá til þess að meðferð við veitingu eða skráningu réttinda sé í samræmi við þá með-

ferð sem kveðið er á um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningnum) sem er hluti af samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, WTO-samningum. Skv. 7. gr. eiga aðildarríkin að hafa í sinni löggjöf ákvæði um réttarrúræði og viðurlög sem svara til slíkra ákvæða í TRIPS-samningnum.

Ákvæðin í 19. gr. Vaduz-samningsins skylda hins vegar aðildarríki til að gera ráðstafanir til að veita árangursríka og örugga vernd hugverkaréttinda. Í þessum efnum ber aðildarríkjunum að veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja ekki lakari vernd en þau veita eigin ríkisborgurum og jafnframt að veita ríkisborgurum annarra ríkja eigi lakari vernd en veitt er ríkisborgurum þriðju ríkja nema heimildir séu til þess í 3.–5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum.

VIII. kafli. Frjáls för fólks (20.–22. gr., viðauki K).

Bæði EES-samningurinn og samningarnir á milli Sviss og ESB geyma ákvæði um frjálsa för fólks á milli aðildarríkjanna. Ákvæðin í þessum samningum eru sambærileg og þau er nú að finna í 20. gr. Vaduz-samningsins og viðauka K með vissum undantekningum varðandi Sviss.

Ákvæði Vaduz-samningsins taka til launafólks, sjálfstætt starfandi einstaklinga og fólks sem er ekki á vinnumarkaði en er sjálfu sér nægt fjárhagslega, svo og fjölskyldumeðlima, að uppfylltum nánar greindum skilyrðum. Þessir einstaklingar öðlast samkvæmt Vaduz-samningnum rétt til atvinnu, frjálsrar farar milli EFTA-ríkjanna, rétt til að koma á fót eigin fyrirtæki og dvalar í móttökuríki, rétt til að veita þjónustu í allt að 90 daga á ári og rétt til jafnræðis.

Varðandi Sviss gilda hins vegar eftirfarandi sérákvæði:

- Ákvæði um frjálsa för svissneskra ríkisborgara til Íslands og Noregs tekur gildi um leið og samningur þessi. Hins vegar er veittur allt að fimm ára aðlögunartími varðandi rétt ríkisborgara annarra EFTA-ríkja til og frá Sviss.
- Frá gildistöku Vaduz-samningsins veitir Sviss sérstaka kvóta fyrir fjölda íbúa annarra EFTA-ríkja sem mega flytjast til Sviss. Þessum kvótum má breyta samkvæmt ákvörðun EFTA-ráðsins og að liðnum fimm árum falla allar slíkar fjöldatakmarkanir úr gildi.
- Liechtenstein dregur í áföngum úr fjöldatakmörkunum á frjálsri för svissneskra borgara þar til náð er stigi sambærilegu ákvæðum EES-samningsins.
- Sérreglur gilda um fólk sem býr rétt handan landamæra og starfar í Sviss, sem og varðandi þjónustu og rétt til að eignast fasteignir í Sviss. Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna sem búsettir eru í Sviss munu hins vegar öðlast sömu réttindi og svissneskir ríkisborgarar.

Samræming almannatryggingakerfa á milli EES/EFTA-ríkjanna og ríkja ESB er tryggð á grundvelli ákvæða EES-samningsins. Sambærileg ákvæði er einnig að finna í samningum Sviss og ESB. Skv. 21. gr. Vaduz-samningsins og viðauka K gilda þessi sömu samræmingarákvæði á milli aðildarríkja EFTA-samningsins.

Sömu athugasemdir eiga einnig við um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og hæfni sem er að finna í 22. gr. Vaduz-samningsins og viðauka K. Sambærileg ákvæði er bæði að finna í EES-samningnum og samningunum á milli Sviss og ESB.

Ákvæði þessi krefjast lagabreytinga og er fyrirhugað að leggja fram frumvarp þar að lútandi á yfirstandandi löggjafarþingi.

IX. kafli: Fjárfestingar og X. kafli: Þjónustuviðskipti
(23.– 35. gr., viðaukar L–Q).

Ákvæði Stokkhólmssamningsins um fjárfestingar voru afar takmörkuð. Í 16. gr. voru ákvæði sem nær einvörðungu voru sniðin að fjárfestingarráðstöfunum sem áhrif kynnu að hafa á viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja.

Í 23.–27. gr. Vaduz-samningsins er nú að finna ákvæði um stofnsetningarrétt, um framsetningu fyrirvara einstakra aðildarríkja og afnám þeirra í áföngum, um landskjararéttindi, um rétt aðildarríkjanna til þess að beita ráðstöfunum til verndar fjármálakerfum sínum og um fjármagnsflutninga á milli ríkja. Reglur þessar eru grundvallaðar á ákvæðum EES-samningsins og gilda nú þegar í samskiptum EES/EFTA-ríkjanna.

Ákvæði um þjónustuviðskipti er nýjung í Vaduz-samningnum. Ákvæði þessi eru grundvölluð á ákvæðum hins almenna samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þjónustuviðskipti en öll EFTA-ríkin eru aðilar að þeim samningi með aðild sinni að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Í viðaukum L–O er að finna fyrirvara sem einstaka aðildarríki gerðu um rétt til fjárfestingar. Fyrirvara Íslands er að finna í viðauka L, fyrirvara Liechtenstein er að finna í M, fyrirvarar Noregs eru í viðauka N og fyrirvarar Sviss í viðauka O. EES/EFTA-ríkin eru sín á milli bundin af ákvæðum EES-samningsins og því gilda fyrirvarar þeirra á grundvelli Vaduz-samningsins einvörðungu gagnvart Sviss. Fyrirvarar Sviss hafa hins vegar gildi gagnvart hinum aðildarríkjunum.

Samkvæmt viðauka L takmarkar Ísland einvörðungu rétt svissneskra ríkisborgara til að fjárfesta í íslenskum flugfélögum. Að öðru leyti njóta svissneskir ríkisborgarar sama réttar og ríkisborgarar hinna EFTA-ríkjanna til að fjárfesta á Íslandi.

Aðildarríkin urðu ásátt um að endurskoða fyrirvara um flutninga í lofti innan tveggja ára frá gildistöku Vaduz-samningsins með það að leiðarljósi að afnema þær hömlur sem enn eru við lýði á flutningum í lofti eins og fram kemur í viðauka Q. Sambærileg ákvæði um flutninga á vegum er að finna í viðauka P.

Nauðsynlegt er að breyta lögum til að tryggja ríkisborgurum Sviss þessi réttindi og verður lagafrumvarp þar að lútandi lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Ákvæði 35. gr. samningsins og viðaukar P og Q fjalla sérstaklega um flutninga með vörur og farþega milli tveggja eða fleiri ríkja. Í viðauka P er fjallað um flutninga á landi, það er á vegum og með járnbrautum, en í viðauka Q um flutninga í lofti.

Með því að gera samning um flutninga á landi er verið að færa samskipti Sviss og hinna EFTA-ríkjanna til nútímalegra horfs. Ísland og Sviss hafa ekki gert samning um landsamgöngur en Sviss hefur haft sérstakan samning við Liechtenstein um þessi mál og í gildi hefur verið samningur milli Noregs og Sviss.

Landfræðileg staða Íslands og það að Vaduz-samningurinn er ekki um innanlandsflutninga, veldur því að áhrif hans á íslenska hagsmuni eru mjög takmörkuð. Eftir gildistöku hans geta íslenskir flutningsaðilar, sem stunda landflutninga í Evrópu, farið í gegnum Sviss. Gert er ráð fyrir að EFTA-ríkin fái úthlutað kvótum til flutninga sem byggðir eru á akstri (tkm) síðustu þriggja ára, sbr. 26. gr. viðauka P. Kvótinn fyrir Ísland er hærri en hægt var að sýna fram á vegna fyrri aksturs íslenskra aðila um svæðið. Með þessari breytingu fá EES/EFTA-ríkin ákveðinn fjölda leyfa í sinn hlut frá Sviss, til að ferðast gegnum landið.

Ákvæði Vaduz-samningsins á sviði flugsamgangna hafa engar breytingar í för með sér á milli EES/EFTA-ríkjanna þar sem ákvæðið gengur ekki lengra en ákvæði EES-samningsins hvað flugsamgöngur varðar. Með samningnum er fyrst og fremst verið að tryggja að EFTA-ríkin hafi ekki lakari samninga sín á milli en einstök þeirra hafa við þriðju ríki.

Í tvíhliða samningi sem Sviss gerði við Evrópusambandið voru teknar inn gerðir sem gilda á flugsviðinu innan Evrópusambandsins og jafnframt Evrópska efnahagssvæðinu. Allar viðkomandi gerðir sem teknar eru upp í viðauka eru hluti EES-samningsins sem nú verður hluti Vaduz-samningsins. Til þessara gerða er vísað í viðauka Q.

Fram til þessa hefur ekki verið í gildi tvíhliða loftferðasamningur á milli Íslands og Sviss og því hefur flug milli ríkjanna verið háð sérstökum leyfum. Breytingarnar fyrir Ísland og íslenska hagsmuni eftir fullgildingu Vaduz-samningsins eru að íslensk flugfélög geta hafið flug til Sviss og byrjað starfsemi þar vegna tryggðs staðfesturéttar og sama gildir um svissneska flugrekendur hér á landi.

XI. kafli: Undirboð (36. gr.).

Ákvæðin um undirboð í 36. gr. Vaduz-samningsins hafa verið einfölduð frá 17. gr. Stokkhólmssamningsins. Þess ber að geta að öll aðildarríki samtakanna eru aðilar að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboð og undirboðstolla þar sem er að finna fyllri ákvæði um undirboð.

XII. kafli: Opinber innkaup (37. gr., viðauki R).

Ákvæði 37. gr. og viðauki R byggjast á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup en ganga þó lengra þar sem gildissvið Vaduz-samningsins er víðtækara. Opnað er fyrir opinber innkaup hjá fleiri aðilum en verið hefur, t.d. orkufyrirtækjum og vatnsveitum. Ákvæðin taka því til sömu starfsemi og gert er í ákvæðum EES-samningsins um opinber innkaup. Sú skylda er lögð á aðildarríkin að tryggja gegnsæjan og gagnkvæman aðgang, án mismununar, að mörkuðum sínum á sviði opinberra innkaupa og tryggja þannig opna og virka samkeppni á því sviði, byggða á jafnræðissjónarmiðum. Tilgangur kaflans er frekari opnun markaða á sviði opinberra innkaupa en verið hefur. Þá leiðir það af Vaduz-samningnum að Sviss mun opna innkaupamarkaði sína á sveitarstjórnarstigi fyrir fyrirtækjum frá EFTA-ríkjunum.

Kaflinn kallar ekki á lagabreytingu þar sem í lögum um opinber innkaup, nr. 94/2001, er gert ráð fyrir því að birgjar fái þau réttindi sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum, sbr. 8. gr. laganna.

XIII. kafli: Peningagreiðslur (38. gr.).

Ákvæði þetta er sett til áréttingar og fyllingar á ákvæðum um frjálsa för fólks og frjálst flæði vöru og þjónustu. Án frjálsrar tilfærslu á peningum væru réttindi þessi harla lítils virði.

XIV. kafli: Undantekningar og öryggisráðstafanir (39.–41. gr.).

Í þessum kafla er aðildarríkjunum veitt heimild til að gera ráðstafanir vegna öryggishagsmuna, ráðstafanir vegna innanlandsátaka, stríðs og styrjaldarástands sem og ráðstafanir sem snerta framleiðslu á vopnum eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur eða þjónustu, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur eða þjónustu sem er ekki sérstaklega ætluð til hernaðarþarfa eins og nánar er rakið í 39. gr.

Ákvæði 40. gr. heimila hins vegar ríkjum að grípa til sérstakra ráðstafana ef hætta er á alvarlegum efnahagslegum eða þjóðfélagslegum erfiðleikum eða erfiðleikum í umhverfismálum að því er varðar sérstakar atvinnugreinar eða sérstök svæði sem líklegt er að verði viðvar-

andi. Aðgerðir þessar skulu vera takmarkaðar, bæði er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu.

Fyrrnefndu ráðstafananna geta aðildarríkin gripið til einhliða en þær síðarnefndu ber að tilkynna EFTA-ráðinu. Í kjölfar þess fer í gang samráðsferli eins og nánar er lýst í 41. gr. samningsins.

XV. kafli: Samvinna um stefnu í efnahags- og peningamálum (42. gr.).

Grein þessi á samsvörun í 30. gr. Stokkhólmssamningsins en hefur í hinni endurskoðuðu útgáfu verið einfölduð. Í 42. gr. Vaduz-samningsins er gert ráð fyrir að aðildarríkin hafi með sér almennan samráðsvettvang um stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum enda kunna þau mál að hafa bein áhrif á framkvæmd samningsins. Lokaákvæði 42. gr. árétta að hér sé einvörðungu um að ræða skipti á skoðunum og upplýsingum sem fari fram án nokkurra skuldbindinga.

XVI. kafli: stofnanaákvæði (43.–45. gr., viðauki S).

EFTA-ráðið hefur í reynd sinnt ýmsum verkefnum fram yfir það sem kveðið er á um í 32. gr. Stokkhólmssamningsins. Þessi verkefni eru nú upptalin í 43. gr. Vaduz-samningsins. Nefndir og ráð á vegum EFTA-ráðsins eru nú tilgreind í viðauka S en ráðinu er eftir sem áður heimilt að ákveða þá skipan mála eins og það telur hagfelldast. Að öðru leyti eru ekki neinar efnisbreytingar á stofnanaþáttum samningsins.

XVII. kafli Samráð og lausn deilumála (46.–48. gr., viðauki T).

Stokkhólmssamningur hafði í 31. gr. að geyma ákvæði um viðræður um ágreining. Vaduz-samningurinn geymir nú markvissari ákvæði en áður og gerir nú ráð fyrir lausn deilumála með gerðardómi ef þörf krefur.

Á aðildarríkjunum hvílir sú skylda að gera sitt ýtrasta til að ná samkomulagi um túlkun og beitingu Vaduz-samningsins og á grundvelli samvinnu og samráðs að finna lausn á deilumálum sem allir aðilar geta sætt sig við. Ráðið er í þessum efnum sá vettvangur þar sem slíkur ágreiningur skal leystur.

Komi til þess að ekki finnist lausn á ágreiningi getur eitt þeirra aðildarríkja sem aðild á að deilunni vísað henni til meðferðar gerðardóms. Það aðildarríki sem vísar deilunni til gerðardóms skal tilnefna einn gerðarmann en önnur ríki deilunnar skuli tilnefna annan. Komi til þess að gagnaðilinn láti fyrirfarast að skipa gerðarmann skal leita til forseta Alþjóðadómstólsins með tilnefningu á gerðarmanni í stað þess sem gagnaðilar skyldu hafa skipað.

Sameiginlega skulu aðilar deilunnar koma sér saman um formann gerðardómsins. Sá skal hins vegar hvorki vera ríkisborgari deiluaðila né hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði þeirra. Ná deiluaðilar ekki samkomulagi um skipun formannsins skal leita til forseta Alþjóðadómstólsins um skipun hans eins og nánar er kveðið á um í 1. gr. viðauka T.

Þótt úrskurðir gerðardómsins séu endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila og þeim skuli fullnægt án tafar er engu að síður gert ráð fyrir að deiluaðilar ræði niðurstöðu gerðardómsins og reyni enn á grundvelli hennar að ná samkomulagi. Gerist það hins vegar ekki og ekki hefur verið gerð nein ráðstöfun til að framkvæma úrskurðinn er kæruríkinu eða kæruríkjunum heimilt að leita eftir samkomulagi við aðildarríki, sem kæra beinist gegn, um greiðslu bóta eða fresta ávinningi sem hefur samsvarandi áhrif til handa aðildarríkinu sem kæra beinist gegn þar til deiluaðilar hafa komið sér saman um lausn deilunnar.

XVII. kafli: Almenn ákvæði (49.–59. gr., viðauki U).

Í þessum kafla eru margvísleg ákvæði almenns eðlis sem varða samninginn í heild sinni. Flest þessara ákvæða eru hefðbundin ákvæði alþjóðasamnings eins og um fullgildingu (54. gr.), gildistöku (55. gr.), aðild nýrra ríkja (56. gr.), uppsögn (57. gr.) og breytingar (59. gr.).

Vaduz-samningurinn hefur engin áhrif á skyldur aðildarríkjanna samkvæmt samningnum við þriðju ríki eða marghliða samninga sem þau kunna að vera aðilar að. Í 49. gr. eru sérstök ákvæði um að Vaduz-samningurinn er með fyrirvara um þær reglur sem gilda um aðildarríkin samkvæmt EES-samningnum um grundvöll norrænnar samvinnu og innan svæðisbandalags Sviss og Liechtenstein.

Aðildarríkin skulu sömuleiðis gera bæði almennar og sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir og viðhafa sjónarmið um gagnsæi í samskiptum við almenning í ríkjum sínum varðandi birtingu laga, aðgang að reglum um málsmeðferð og stjórnsýsluúrskurðum og dómúrskurðum sem hafa almenna skírskotun. Hið sama gildir um alþjóðasamninga sem haft gætu áhrif á framkvæmd samningsins eins og lýst er í 51. gr. samningsins.

Í 52. gr. er lögð trúnaðarskylda á fulltrúa, sendimenn og sérfræðinga aðildarríkjanna svo og að aðrir starfsmenn skulu bundnir þagnarskyldu einnig eftir að þeir láta af störfum um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

Um viðauka (53. gr.) og landfræðilegt gildissvið (58. gr. og viðauki U) hefur verið fjallað áður í athugasemdum þessum.

Í fylgiskjali með tillögunni var samningurinn ásamt viðaukum prentaður á íslensku og ensku.

Alþjóðasamningar og samningar við erlend ríki birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

865. Svar [524. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um markað fyrir íslenska tónlist erlendis.

1. *Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins?*

Þróunarsjóður tónlistar, sem hefði að markmiði að efla íslenska tónlistarstarfsemi inn á við og út á við, gegndi mikilvægu hlutverki.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkum sjóði verði komið á laggirnar eða hefur hann aðrar hugmyndir um aðgerðir til að vinna markaði fyrir íslenska tónlist erlendis? Ef svo er, í hverju felast þær hugmyndir?*

Mikilvægt er að sjóðurinn starfi á menningarlegum forsendum til að hann standist kröfur um frjáls alþjóðaviðskipti. Sjóðurinn kemur ekki til sögunnar án atbeina Alþingis bæði að því er varðar lagasetnignu og fjárveitingar.

Af því fé sem menntamálaráðuneytið hefur til styrkveitinga eru árlega veittir styrkir til að stuðla að sókn íslenskra tónlistarmanna erlendis. Menntamálaráðuneytið hefur hafið smíði almennra tónlistarlaga til að lögfesta reglur um stuðning við tónlistarstarfsemi, þar með kynningu, flutning og markaðssetningu á íslenskri tónlist erlendis. Í slíkri löggjöf verða mótaðar reglur um það hvernig staðið verði að því að úthluta fé á fjárlögum til tónlistarmanna og mætti í því efni hafa leiklistarlöggjöfina að leiðarljósi.

866. Frumvarp til laga [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Eftir 2. umr., 25. febr.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

867. Fyrirspurn [552. mál]

til forsætisráðherra um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög frá ríkisstjórnarskiptum 1991?
2. Hver þeirra hafa verið seld að hluta eða öllu leyti frá því að breytingin átti sér stað?
3. Hver þeirra er fyrirhugað að selja á næstunni?
4. Hver hefur verið beinn kostnaður af breytingu á rekstrarformi ríkisfyrirtækja á ári hverju reiknað á núvirði (svo sem söluþóknun, greiðsla til ráðgjafarfyrirtækja, kynning innan lands og utan, auglýsingar og ferðakostnaður)? Svarið óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum og helstu útgjaldatilefnum.
5. Eru enn einhver ríkisfyrirtæki sem ríkisstjórnin hyggst breyta í hlutafélög og selja síðan?

Skriflegt svar óskast.

868. Frumvarp til laga [553. mál]

um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að byggja upp tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla til að takast á við tækniþróun og rannsóknir er henni tengjast sem leiða til nýsköpunar í íslensku atvinnulífi. Jafnframt er ætlunin að efla samvinnu þeirra sem vinna að nýsköpun atvinnulífsins.

2. gr.
Nýsköpunarmiðstöð.

Á vegum Iðntæknistofnunar Íslands er rekin nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöðin þjónar öllum íslenskum atvinnugreinum í samræmi við hlutverk sitt. Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra nýsköpunarmiðstöðvarinnar í samræmi við 7. gr. laga um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978. Framkvæmdastjórinn heyrir undir forstjóra Iðntæknistofnunar.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk nýsköpunarmiðstöðvarinnar er að:

a. hafa frumkvæði um samstarf þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi atvinnulífsins,
b. leiða mótun sértækra stuðningsverkefna sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðal-

stórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,
c. starfrækja frumkvöðlasetur til að styðja framgang nýrra hugmynda í samræmi við reglur sem iðnaðarráðherra samþykkir,
d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,
e. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
f. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tæknilegar nýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
g. beita sér fyrir hagnýtingu nýrrar vísindalegrar þekkingar,
h. aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi,
i. eiga aðild að sprotafyrirtækjum sem stofnunin hefur tekið þátt í að þróa,
j. annast samstarf við erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki vegna samstarfsverkefna og til að miðla þekkingu í samræmi við markmið 1. gr.,
k. sinna öðrum verkefnum sem iðnaðarráðherra felur henni.

4. gr.

Tækniþróunarsjóður.

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi og tengdar rannsóknir. Iðnaðarráðherra getur gert þjónustusamning við óháðan aðila um daglega umsýslu og rekstur sjóðsins.

Tækniþróunarsjóður stuðlar að fjármögnun nýsköpunarverkefna í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðsins með því að:
a. styrkja tækniþróun í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla og fyrirtæki,
b. eiga aðild að sprotafyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar,
c. fjármagna sérstök átaksverkefni til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að vera atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi.

Iðnaðarráðherra getur kveðið nánar á um starfsemi Tækniþróunarsjóðs í reglugerð.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrkveitingar sæta ekki stjórnsýslukæru.

5. gr.

Tekjur Tækniþróunarsjóðs.

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:
a. fjárveitingar á fjárlögum ár hvert,
b. tekjur af sölu hlutdeilda í sprotafyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast aðild að,
c. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
d. önnur framlög.

6. gr.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs.

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja fimm menn sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð:

a. formanni tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og öðrum úr ráðinu til vara,
b. einum samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs og einum til vara; skulu þeir ekki eiga sæti í nefndinni,
c. einum samkvæmt tilnefningu rannsóknastofnana atvinnulífsins og einum til vara,
d. einum samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins og einum til vara,
e. einum án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar sjóðsins; iðnaðarráðherra velur varaformann sjóðstjórnar úr hópi annarra stjórnarmanna.

7. gr.

Hlutverk stjórnar Tækniþróunarsjóðs.

Hlutverk stjórnar Tækniþróunarsjóðs er að:

a. gera tillögur til iðnaðarráðherra um reglur um úthlutun styrkja og aðra fjármögnun sem sjóðurinn stendur að; þær skulu vera í samræmi við stefnu og áherslur Vísinda- og tækniráðs,
b. taka ákvarðanir um fjármögnun einstakra verkefna að undangengnu faglegu mati á nýnæmi þeirra, líklegri arðsemi og heildarávinningi,
c. taka ákvarðanir um samvinnu við aðra, þ.m.t. framtaksfjárfesta, um fjármögnun samstarfsverkefna sem lúta að nýsköpun í atvinnulífi.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er hluti af þeirri nýskipan vísinda og rannsókna sem grunnur er lagður að í frumvarpi forsætisráðherra til laga um Vísinda- og tækniráð. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að til verði nýtt ráð, Vísinda- og tækniráð, sem starfi undir yfirstjórn forsætisráðherra og fari með heildarstefnumótun um málefni sem tengjast vísindarannsóknum og tækniþróun. Ávinningur þess er einkum sá að vægi málaflokksins eykst og að stefnumótun og framkvæmd hennar verður markvissari en áður. Eitt helsta inntak þessarar nýskipunar er að stefnumótun í vísindarannsóknum og tækniþróun byggist á stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum á hverjum tíma. Þetta getur leitt til þess að ný fræðasvið í nánum tengslum við atvinnulífið gefa fyrr en ella af sér efnahagslegan ávinning fyrir þjóðina.

Vísinda- og tækniráði er ætlað að fjalla bæði um vísindarannsóknir og nýsköpun. Vísindarannsóknir heyri undir menntamálaráðherra en nýsköpun, tækniþróun og rannsóknir henni tengdar falli undir iðnaðarráðherra, sbr. frumvarp þetta. Vísindarannsóknir og nýsköpun tengjast öllum þáttum þjóðlífsins enda er veigamikið samhengi á milli vísindarannsókna, nýsköpunar í atvinnulífi og efnahagslegra og félagslegra framfara í þjóðfélaginu. Á sama hátt er mikilvægt að gæta sérstaklega að samspili háskóla, opinberra rannsóknastofnana og atvinnufyrirtækja við sköpun þekkingar og hagnýtingu hennar við lausn hinna fjölmörgu og margbreytilegu hagnýtu viðfangsefna sem efnahagsþróunin lýtur. Gagnvirkt samstarf þessara aðila þarf að vera virkt og vakandi yfir síbreytilegum aðstæðum og örum framförum í vísindum og tækni. Sú nýskipan sem hér er lagt upp með á að hafa að leiðarljósi að koma á og viðhalda samstarfi vísindasamfélagsins, opinberra aðila og atvinnulífsins innan afmarkaðra þróunarklasa og með netsamstarfi fyrirtækja og stofnana sem geta miðlað þekkingu sín á milli. Þessi og önnur álíka samstarfsform eru mikilvæg fyrir öfluga vísinda- og tæknistefnu.

Sá þáttur þessarar nýskipunar er heyrir undir menntamálaráðherra er frumvarp til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Markmið þess er fyrst og fremst að styrkja stoðir grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna og tryggja gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir. Þar er lagt til að nýr sjóður, Rannsóknasjóður, taki við hlutverki Vísindasjóðs og Tæknisjóðs, samkvæmt núgildandi lögum um Rannsóknarráð Íslands, nr. 61/1994. Sjóðurinn mun veita styrki til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Þá er í frumvarpinu lagt til að Þjónustumiðstöð vísindarannsókna taki við hlutverki núverandi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands.

Í frumvarpi þessu, til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, er lagður grunnur að þeim breytingum sem iðnaðarráðherra er ætlað að koma á við nýskipan vísinda og tækniþróunar. Hér er um að ræða hlekkinn á milli vísindasamfélagsins og atvinnulífsins, þar sem nýsköpun atvinnulífsins fer fram og þar sem gagnvirk tengsl eru á milli vísindalegrar þekkingar og þeirra sem hagnýta hana. Þessi hópur er stór og með margvíslegar þarfir. Sameiginleg er þó viðvarandi þörf þeirra fyrir nýja þekkingu til að geta þróast áfram í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi viðskiptanna.

Tengslin sem hér um ræðir og nefna má miðlun vísinda- og tækniþekkingar má skýra með miðjuhlekknum á eftirfarandi mynd. Þessi þekkingarmiðlun er grundvöllur þess að hin vísindalega þekking geti leitt til nýsköpunar í atvinnulífinu og efnahagslegs og félagslegs ávinnings fyrir samfélagið.



Þrír meginhlekkir nýsköpunarkeðjunnar

Þekkingarmiðlunin er gagnkvæm því hún á einnig að miðla reynslu markaðarins og fyrirtækjanna til vísindasamfélagsins. Hlutverk ríksins er að móta samstarfinu milli þeirra sem vinna að efnahags- og atvinnuþróuninni stefnu og tryggja framgang hennar, m.a. með fjárhagslegum stuðningi við þekkingaröflun vísindasamfélagsins og við hagnýtingu hennar í atvinnulífinu, einkum á þeim sviðum þar sem markaðsöflin eru ekki nægilega virk. Að þessu gefnu má líta á myndina sem einfaldað yfirlit um íslenska nýsköpunarkerfið. Frumvörpin þrjú sem sameiginlega mynda nýskipan vísindarannsókna og tækniþróunar eru hornsteinar þess kerfis.

Miðlun vísinda- og tækniþekkingar hefur verið megininntakið í nýsköpunarstefnu iðnaðarráðuneytisins um nokkurra ára skeið og árið 1999 var sett á stofn þjónustumiðstöð fyrir fyrirtæki og frumkvöðla til að sinna þessu starfi. Hún þjónar öllum atvinnugreinum og hefur gengið undir nafninu IMPRA. Þótt miðstöðin hafi ekki starfað lengi hefur hún gegnt veiga-

miklu hlutverki við að hjálpa frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum að gera viðskiptahugmyndir að veruleika. Mikilvægur þáttur í starfsemi IMPRU er að starfrækja frumkvöðlasetur þar sem frumkvöðlar fá aðstöðu í frjóu rannsóknaumhverfi og njóta aðstoðar sérfræðinga Iðntæknistofnunar við að vinna að framgangi nýrra hugmynda. Í frumvarpinu er þessi starfsemi Iðntæknistofnunar fest í sessi og fær víðtækt hlutverk við að breyta þekkingu í söluhæfar afurðir, vörur eða þjónustu.

Ýmis skil á milli atvinnugreina hafa smátt og smátt verið að hverfa með tilkomu nýrrar vísindalegrar þekkingar og atvinnugreina sem á henni hafa byggst. Augljós dæmi eru fræðasvið á borð við líftækni og upplýsingatækni, sem telja má að verði meginstoðir atvinnu- og efnahagsþróunar á næstu árum. Nýjar tæknigreinar eru í örri þróun og búast má við að áhrif þeirra verði mikil er fram líða stundir. Þessi þróun kallar á ný viðhorf í stuðningi við atvinnulífið þar sem beitt er nýjum aðferðum sem skila miklum árangri á skömmum tíma. Starfræksla nýsköpunarmiðstöðvar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er því í víðum skilningi þverfagleg.

Annað mikilvægt nýmæli í frumvarpi þessu er að lagt er til að nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, fái það hlutverk að fjármagna verkefni sem mikilvæg eru til að ná markmiðum Vísinda- og tækniráðs og falla undir verksvið tækninefndar ráðsins og lög þessi. Áherslur Vísinda- og tækniráðsins á hverjum tíma verða ráðandi í starfseminni en mikilvægt er að ráðið geti tryggt það að vísindaþekkingin fái eðlilega útrás og leiði í reynd til eflingar atvinnulífsins og efnahagslegra framfara fyrir þjóðina. Sjóðnum er ætlað að brúa bilið milli Rannsóknasjóðs, samkvæmt frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og framtaksfjárfesta sem vilja koma að nýjum nýsköpunarverkefnum. Mjög hefur skort á opinberan stuðning við þetta frumstig nýsköpunarinnar. Verkefnið *Átak til atvinnusköpunar*, sem rekið hefur verið á vegum iðnaðarráðuneytisins í nokkur ár, hefur gegnt veigamiklu hlutverki en það hefur hvergi nærri dugað.

Í þeim tilgangi að skýra á einfaldan hátt hvernig hugmynd þróast og verður arðbær afurð er eftirfarandi mynd sett fram. Gæta ber að því að þekkingin flæðir ekki svona línulega fram og í reynd eru engin greinileg skil á milli mismunandi þróunarstiga, þótt svo sé sýnt á myndinni.

Nýsköpunarstigið hefst er hillir undir lok hagnýtra rannsókna þegar í ljós kemur að niðurstöður rannsóknanna geta leitt til efnahagslegs ávinnings fyrir frumkvöðulinn. Þá hefjast rannsóknir sem m.a. lúta að gerð frumgerðar og framleiðslutengdum aðgerðum sem eru oft ráðandi um það hvort líklegt sé að afurðin sé arðvænleg. Rannsóknir á þessu stigi þurfa einnig að taka mið af markaðsaðstæðum og þjónustu, t.d. hvort unnt sé að veita viðhaldsþjónustu um netið. Nýsköpunarstiginu lýkur svo þegar afurðin er komin í framleiðslu og sölu á markaði. Opinber stuðningur við nýsköpun í atvinnulífinu felst m.a. í að stuðla að því að vísindaleg þekking komist á það stig að fjárfestar geti metið arðsemi hennar.

Þróunarstig	Grunn-rannsóknir	Hagnýtar rannsóknir	Tækni-þróun	Prófun frumgerða og markaðs-athuganir	Markaðssetning	Vöxtur, framleiðsla og sala
Fjármögnunarstig	Rannsóknarsjóður Evrópubandalagsins – rammaáætlanir o.fl.		Tækniþróunarsjóður		Nýsköpunar-sjóður atvinnu-lífsins	Framtaks-fjárfestar
Hagsmunaaðilar	<— Vísindasamfélagið —>		<— Sprotafyrirtæki —>		Framleiðslufyrirtæki	

Fjármagn sem varið er til nýsköpunar er flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram og því er almennt skipt í eftirfarandi þrjá flokka eftir áhættu:

a. Þróunarfjármagn eða hugmyndafé er lagt til rannsókna og þróunar á viðskiptahugmynd sem oft verður til á grunni nýrrar vísindalegrar þekkingar. Fjármagninu er varið til að gera frumáætlanir og rannsóknir sem eru undanfarar vöruþróunar og forkönnunar á mörkuðum.
b. Byrjunarfjármagn eða upphafsfé fer til að ljúka rannsóknum og tækniþróun, gera frumgerð afurðarinnar, prófanir og til að hefja markaðsstarfsemi.
c. Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé fer til að útvíkka starfsemina að aflokinni þróun og til að afla markaða.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (sbr. lög nr. 61/1997) segir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs muni aðallega falla að þriðja flokknum, þ.e. fjármögnun vaxtar. Þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi teygt sig framar í nýsköpunarferlið er ljóst að eftir stendur óbrúað bil á frumstigi nýsköpunar sem Tækniþróunarsjóði er einkum ætlað að beina kröftum sínum að.

Sú nýskipan vísinda og tækniþróunar sem felst í framangreindum þremur frumvörpum fellur vel að þeirri þróun sem er í málaflokknum í Norður-Evrópu og víðar. Nýsköpun í atvinnulífinu þarf að vera í takt við vísindalegar framfarir enda er nýsköpunin ein meginforsenda framfara á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Aðkoma ríkisins að vísindum og tækniþróun mun því fyrst og fremst taka mið af almennri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er markmið laganna skilgreint, sem er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samkeppnishæfnin byggist á fjölmörgum þáttum sem snerta flesta þætti stjórnmála og opinberrar stjórnsýslu, t.d. stefnu í menntamálum og skattlagningu fyrirtækja. Hér er markmið laganna takmarkað við þann þátt er lýtur að aðstoð við tækniyfirfærslu, rannsóknir og þróunarstarf sem leitt getur til nýsköpunar íslensks atvinnulífs. Einnig snýr veigamikill þáttur frumvarpsins að því að skapa vettvang fyrir samvinnu þeirra mörgu og ólíku aðila sem vinna að, eða gætu unnið að, nýsköpun í atvinnulífinu.

Frumvarpið hverfist um þá grundvallarhugmynd að hlúa að frumstigi nýsköpunarinnar með markvissri yfirfærslu vísindalegrar þekkingar til atvinnulífsins, en í því felst að byggja upp tæknilega getu fyrirtækja og frumkvöðla til nýsköpunar.

Um 2. gr.

Frá vormánuðum 1999 hefur Iðntæknistofnun Íslands, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið, rekið þverfaglega þjónustumiðstöð fyrir frumkvöðla og fyrirtæki undir heitinu IMPRA. Þessi starfsemi, sem í upphafi var þróunarverkefni, hefur nú þegar sannað ágæti sitt og fest í sessi. Hér er þessi starfsemi lögbundin í samræmi við markmið frumvarpsins.

Nýsköpunarmiðstöðin er hluti af Iðntæknistofnun Íslands sem fer með rekstur hennar og veitir henni nauðsynlega stoðþjónustu. Ábyrgð á rekstrinum fellur því á forstjóra Iðntæknistofnunar en daglegur rekstur nýsköpunarmiðstöðvarinnar er á hendi framkvæmdastjóra. Um ráðningu framkvæmdastjóra fer skv. 7. gr. laga um Iðntæknistofnun Íslands, nr. 41/1978, en þar segir að stjórn stofnunarinnar ráði framkvæmdastjóra aðaldeilda til fjögurra ára í senn.

Um 3. gr.

Hér eru meginhlutverk nýsköpunarmiðstöðvar Iðntæknistofnunar Íslands tilgreind. Til grundvallar liggur margbrotin þjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki sem stunda nýsköpun og einnig það hlutverk sem henni er ætlað að gegna við að miðla þekkingu milli vísindasamfélagsins og atvinnulífsins.

Hlutverkið tengist frumstigi nýsköpunar og vaxtarbroddum atvinnulífsins og mikilvægt er að koma á virku samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi atvinnulífsins. Hér er um að ræða aðila innan háskóla, stofnana og þeirra sem reka sérhæfðari stoðþjónustu. Enginn einn hefur treyst sér til að hafa frumkvæði um slíkt samstarf þótt Rannís hafi mælt með því um árabil. Hér er þetta hlutverk lagt á herðar nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

Nýsköpunarmiðstöðinni er ætlað að hafa frumkvæði um fleiri verkefni þar sem slíkt hefur vantað. Hún á að leiða mótun og taka þátt í rekstri sértækra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að bæta rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, auka framleiðni þeirra og styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni. Slík verkefni breytast og fylgja þróun atvinnulífsins og þörfum þess hverju sinni.

Einnig á miðstöðin að stuðla að framgangi nýrra hugmynda, sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknastarfsemi háskóla og stofnana. Þessir aðilar geta leitað til nýsköpunarmiðstöðvarinnar með viðskiptahugmyndir sem sprottnar eru af niðurstöðum rannsókna þeirra og fengið leiðsögn um þróun þeirra.

Veigamikill þáttur í þessari þróun er rekstur frumkvöðlaseturs, en þar fá frumkvöðlar aðstöðu til að þróa hugmyndir sínar í markaðshæfar afurðir.

Þekking á tækni og vísindum helst ekki ætíð í hendur við þekkingu á stofnun og rekstri fyrirtækja eða þekkingu á markaðssetningu. Því er mikilvægt að fyrirtæki og frumkvöðlar geti á einum stað fengið nauðsynlegar grunnupplýsingar um stofnun fyrirtækja og það helsta er varðar rekstur þeirra. Nýsköpunarmiðstöðin verður alhliða upplýsingaveita fyrir þá sem leita að farvegi fyrir hugmyndir sínar. Henni er einnig ætlað að hafa nokkurt frumkvæði að tengslum við vísindasamfélagið og hvetja til hagnýtingar þeirra rannsókna sem þar fara fram.

Miðlun nýrrar þekkingar til fyrirtækja er forsenda þess að þau geti fylgst með alþjóðlegri þróun og staðist aukna samkeppni á alþjóðamarkaði. Miðlunin getur verið með ýmsu móti, bæði að eigin frumkvæði stofnunarinnar og að beiðni viðkomandi hagsmunaaðila. Í þessu sambandi er lögð sérstök áhersla á fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á nýjum tæknisviðum og m.a. kæmi til greina að sprotafyrirtæki í slíkum greinum gengi fyrir í vistun á frumkvöðlasetri.

Sprotafyrirtæki vantar ætíð fjármagn og framtaksfjárfestar eru á sama hátt á höttunum eftir arðvænlegum hugmyndum. Nýsköpunarmiðstöðin stendur nær báðum en flestir aðrir og er í lykilaðstöðu til að leiða frumkvöðla og fjárfesta saman. Henni er því ætlað að aðstoða við öflun framtaksfjármagns til verkefna sem stuðla að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Þegar fjárþörf er umfram framboð getur sú staða komið upp að ef vænleg hugmynd á að verða að veruleika þurfi nýsköpunarmiðstöðin að leggja henni flest til án þess að á móti komi peningaleg greiðsla. Lagt er til að slík aðstoð verði heimil og að sem endurgjald fái stofnunin að eignast, og selja síðar, aðild að sprotafyrirtækjum sem hún hefur tekið þátt í að þróa.

Erlent samstarf verður sífellt mikilvægara og er ávinningur Íslands af því almennt meiri en framlagið. Ljóst er að með þeirri nýskipan sem nú er stefnt að mun nýsköpunarmiðstöðin þurfa að annast slík samskipti, t.d. við Evrópusambandið vegna nýsköpunaráætlana þess.

Um 4. gr.

Tækniþróunarsjóður er nýr sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Honum er ætlað að vera drifkraftur þeirra aðgerða sem leiðir af markmiðum frumvarps þessa. Hann kemur að þróun nýsköpunarverkefna í samræmi við þá meginstefnu sem mótuð verður á vegum Vísinda- og tækniráðs. Gert er ráð fyrir að það verði með fernum hætti.

Í fyrsta lagi er Tækniþróunarsjóði ætlað að taka þátt í að fjármagna tækniþróun nýsköpunarverkefna, sem byggjast á nýrri þekkingu. Mikið af vísindalegri þekkingu sem til verður í háskólum og stofnunum nær ekki að verða að söluhæfum afurðum eða þjónustu vegna þess að ekki er til farvegur til að fjármagna lokarannsóknir og tækniþróun þeirra. Jafnframt beinni fjármögnun Tækniþróunarsjóðs munu þessi verkefni geta fengið aðstoð og leiðsögn nýsköpunarmiðstöðvar, sbr. 3. gr., til að auka líkurnar á að þau skili árangri. Þessi tvö atriði, þróunarfjármagn og leiðsögn, eru lykilatriði á frumstigi nýsköpunarinnar.

Í öðru lagi mun sjóðurinn geta átt aðild að sprotafyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn komi að fjármögnun sprotafyrirtækja á grundvelli álitlegra viðskiptahugmynda. Margar góðar hugmyndir ná ekki þroska vegna vanmáttar frumkvöðla til að kosta gerð viðskiptaáætlana og annarrar nauðsynlegrar frumvinnu. Fáeinar slíkar hugmyndir hafa átt kost á takmörkuðum styrkjum úr opinberum sjóðum, t.d. frá *Átaki til atvinnusköpunar*. Framtaksfjárfestar hafa veitt áhættufé í viðskiptahugmyndir á þessu frumstigi en til þess að auka framboð fjármagns þar þarf opinbert fé að koma til. Afstaða frumkvöðla til opinbers fjár hefur breyst mikið á síðustu missirum og nú er almennt viðurkennt að framlag ríkisins til verkefna á frumstigi nýsköpunarinnar sé veitt gegn eignaraðild. Fjárfestingar á þessu stigi eru mjög áhættusamar og framboð framtaksfjárfesta er almennt of lítið og að auki mjög sveiflukennt. Segja má að frá lokum fyrsta ársfjórðungs 2000 hafi nær alveg tekið fyrir framboð áhættufjár á frumstig nýsköpunar, sem voru mikil umskipti frá árinu 1999 þegar framboðið var meira en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi er mikilvægt að unnt sé að fjármagna sérstök átaksverkefni. Þetta geta verið verkefni sem tengjast aukinni framleiðni fyrirtækja, umhverfisstjórnun fyrirtækja eða endurbótum á innri gerð þeirra, svo eitthvað sé nefnt. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni verði ekki sniðin að þörfum tiltekinnar atvinnugreinar heldur séu þau þverfagleg, þ.e. að þau nýtist breiðum hópi fyrirtækja. Átaksverkefni sem þessi eru alþekkt í Vestur-Evrópu og hafa nokkur verið rekin hér á landi um alllangt skeið eins og verkefnin *Brautargengi*, sem hefur að markmiði að hvetja konur til framgangs í íslensku viðskiptalífi og stuðla að jafnvægi í fyrirtækjarekstri milli karla og kvenna, og *Skrefi framar*, sem er ætlað að auðvelda stjórnendum minni fyrirtækja að afla sér ráðgjafar í markaðsmálum, fjármálum, umhverfisúttektum, framleiðslustjórnun og skipulagningu, með það að markmiði að auka veltu fyrirtækjanna og arðsemi.

Í fjórða lagi verður unnt að styrkja lítil verkefni einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi. Komið hefur í ljós að veruleg þörf er á því að styðja slík verkefni sem mörg hver eru tengd smáiðnaði á landsbyggðinni. Þessir styrkir hafa verið óafturkræf framlög, en áfangaskipt, og síðari greiðslur hafa byggst á tilskyldum árangri fyrri áfanga.

Um 5. gr.

Til að standa undir þeim verkefnum sem frumvarp þetta mælir fyrir um er gert ráð fyrir að Tækniþróunarsjóður njóti árlegra fjárveitinga úr ríkissjóði. Slíkar fjárveitingar verða, eðli málsins samkvæmt, í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs hverju sinni. Gert er ráð fyrir að einnig geti orðið til tekjur við sölu eignarhluta í sprotafyrirtækjum sem stutt hefur

verið við bakið á þegar þau voru á mótunarstigi. Þá er reiknað með að Tækniþróunarsjóðurinn geti tekið þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem gætu notið fjármögnunar frá samstarfsaðilum, t.d. erlendum áætlunum.

Um 6. gr.

Tækniþróunarsjóði er ætlað að fjármagna verkefni sem tengjast nýsköpun í atvinnulífinu og standa nærri markaði. Stjórn sjóðsins þarf að endurspegla þetta og gera þarf þær kröfur til stjórnarmanna að þeir hafi þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk sjóðsins. Í stjórninni sitja fimm einstaklingar sem iðnaðarráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Uppbygging stjórnar sjóðsins er í grundvallaratriðum þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglega umhverfi sitt og víðfeðma þekkingu. Gert er ráð fyrir að tveir stjórnarmenn af fimm tengist tækninefnd Vísinda- og tækniráðs. Það er með skírskotun til mikilvægis þess að sjóðurinn geti m.a. haft góð tengsl við vísindasamfélag háskólanna.

Einn stjórnarmaður verður tilnefndur af rannsóknastofnunum atvinnulífsins en þær hafa til skamms tíma verið mikilvirkastar þeirra sem miðla þekkingar til nýsköpunar í atvinnulífinu, hver á sínu sviði. Hér er helst um að ræða Hafrannsóknastofnunina, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Einn stjórnarmaður verður tilnefndur af Samtökum iðnaðarins sem ötullega hafa beitt sér fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Þá skipar ráðherra einn sérfróðan einstakling á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar í stjórnina án tilnefningar annarra. Hann verður jafnframt formaður stjórnarinnar.

Um 7. gr.

Stjórn Tækniþróunarsjóðs er ætlað að gera tillögur um úthlutunarreglur, þ.m.t. matsreglur, fyrir sjóðinn. Iðnaðarráðherra samþykkir reglur sjóðsins, en þær munu eðli málsins samkvæmt byggjast á áherslum tækninefndar Vísinda- og tækniráðs. Þessar reglur verða birtar almenningi svo starfsemi sjóðsins verði sem gegnsæjust.

Stjórn sjóðsins er ætlað að taka ákvarðanir um fjármögnun einstakra verkefna í samræmi við úthlutunarreglur og út frá árangurslíkum þeirra, nýnæmi og efnahags- eða félagslegum ávinningi þeirra.

Þeir sem stutt hafa við nýsköpun í atvinnulífinu leita í auknum mæli eftir samstarfi sín á milli um mat og dreifingu áhættu. Stjórn Tækniþróunarsjóðs er ætlað að vaka yfir þessum möguleika og ákveða hvenær til slíks samstarfs skuli stofnað.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.

Markmið frumvarpsins er að efla samkeppnishæfi og nýsköpun íslensks atvinnulífs. Það er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og frumvarpi til laga um Vísinda- og tækniráð.

Í 2. gr. frumvarpsins er ákvæði um nýsköpunarmiðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Slík miðstöð var opnuð árið 1999 undir yfirstjórn Iðntæknistofnunar undir heitinu IMPRA. Í fjárlögum ársins 2002 eru veittar 10 m.kr. í rekstur miðstöðvarinnar. Ekki var veitt sérstakt framlag á fjárlögum til IMPRU fyrir árið 2001, en þess má geta að iðnaðarráðuneytið lagði til stofnunarinnar um 20 m.kr. af viðfanginu Átaki til atvinnusköpunar. Að auki hefur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stutt við rekstur IMPRU með sérstökum þjónustusamningi. Samtals nam stuðningur Átaks til atvinnusköpunar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um 40 m.kr. á árinu 2001.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofnaður verði nýr sjóður, Tækniþróunarsjóður, og er hlutverk sjóðsins að styðja við tækniþróun, nýsköpun og rannsóknir sem tengist nýsköpunarstarfinu. Í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að aðkoma sjóðsins verði á frumstigi nýsköpunarferlisins, áður en framtaksfjárfestar eins og Nýsköpunarsjóður koma inn í ferlið. Þess má geta að sérstök 80 m.kr. fjárveiting í umsjón iðnaðarráðuneytis undir nafninu Átak til atvinnusköpunar hefur stutt við verkefni á frumstigi nýsköpunar sem Tækniþróunarsjóði er ætlað að sinna.

Frekari framlög til nýsköpunarmiðstöðvar og Tækniþróunarsjóðs verða háð tækni- og vísindaþróunarstefnumörkun fyrirhugaðs Vísinda- og tækniráðs, ríkisstjórnarinnar og ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi áhrif kostnað ríkissjóðs.

869. Nefndarálit [316. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ernu Hjaltested frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Samtökum verslunarinnar, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og ríkisskattstjóra.

Í frumvarpinu er lagt til að það gjald sem ríkisskattstjóri tekur fyrir útgáfu bindandi álita verði hækkað úr 10.000 kr. í 50.000 kr. og að ákvæði um hámarksgjald að upphæð 40.000 kr. verði afnumið.

Nefndin bendir á að reynslan sýnir að nánast eingöngu lögaðilar óska eftir slíkum álitum og þau mál þar sem óskað er bindandi álita eru bæði flókin og sérhæfð og taka mikinn tíma í vinnslu. Eðlilegt er að þeir sem óska eftir bindandi álitum standi undir einhverjum hluta kostnaðar við vinnslu þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Birgisson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	

870. Nefndarálit [370. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Telmu Halldórsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpið er til komið vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og er ætlað að koma þeirri skipan á að endurskoðendafyrirtæki hafi nöfn og heimilisföng félagsmanna og hluthafa fyrirtækisins aðgengileg almenningi.

Þar sem gert var ráð fyrir að frumvarpið yrði að lögum fyrir áramótin 2001–2002 er nauðsynlegt að breyta gildistökuákvæði þess og gerir nefndin breytingartillögu þess efnis. Þá er gerð breytingartillaga til að gæta samræmis í lagatexta þannig að alls staðar verði notað orðið „endurskoðunarfyrirtæki“ eins og nú er í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Birgisson.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	

871. Breytingartillögur [370. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Í stað orðsins „Endurskoðendafyrirtæki“ í efnismálsgrein 1. gr. komi: Endurskoðunarfyrirtæki.
2. Í stað orðanna „og öðlast gildi 1. janúar 2002“ í 2. gr. komi: og öðlast þegar gildi.

872. Tillaga til þingsályktunar [554. mál]

um skipun rannsóknarnefndar skv. 39. gr stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, til að rannsaka embættisfærslu samgönguráðherra og forsætisráðherra í málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar og meinta óeðlilega rekstrar- og viðskiptahætti stjórnenda fyrirtækisins.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa níu manna rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Rannsóknarnefndin hafi það hlutverk að rannsaka fjárhagsleg málefni, viðskiptahætti og embættisgjörðir fulltrúa eigenda og stjórnenda Landssímans auk tengdra mála er varða sölu fyrirtækisins og hagsmuni almennings.

Nefndin taki eftirfarandi þætti einkum til athugunar:

1. Tildrög starfslokasamnings fyrrverandi forstjóra Landssímans og ábyrgð ráðherra og stjórnar fyrirtækisins á þeim samningi. Sérstaklega skal rannsaka orsakir þess að fyrrverandi forstjóri fékk tugi milljóna króna greidda þrátt fyrir að ráðherra hafi lýst því yfir að orsök uppsagnarinnar hafi verið trúnaðarbrestur. Þá skal kanna í hverju trúnaðarbresturinn sem ráðherra vísar til fólst og hvort, og hversu mikið, hann hafi skaðað fyrirtækið. Upplýsa skal um öll kjör, hlunnindi og annað sem samningnum tengist. Upplýsa skal einnig um aðra starfslokasamninga sem í gildi eru við aðra fyrrverandi og núverandi stjórnendur fyrirtækisins.
2. Hvernig staðið var að ráðningu fyrrverandi forstjóra, hver tók ákvörðun um ráðningu hans og hverjar voru ástæður þess að forstjórinn var leystur frá störfum.
3. Hvort eðlilega hafi verið staðið að undirbúningi einkavæðingar fyrirtækisins af hálfu einkavæðingarnefndar og hvernig samskiptum einkavæðingarnefndar, einkum formanns nefndarinnar, forsætisráðherra og stjórnenda fyrirtækisins var háttað varðandi allan einkavæðingarferilinn. Sérstaklega skal kanna ástæður þess að formaður einkavæðingarnefndar sagði af sér störfum. Þá skal nefndin kanna áhrif þess að formaður nefndarinnar sat í stjórnum annarra fyrirtækja samhliða störfum sínum fyrir einkavæðingarnefnd.

4. Hvort hluthafar í fyrirtækinu hafi skaðast vegna söluferilsins, fjárhagsmálefna sem tengjast stjórnendum og trúnaðarbrests milli eigenda, einkavæðingarnefndar og stjórnenda fyrirtækisins og hvort ástæða sé til að ætla að þessir þættir hafi leitt til þess að ekki hefur tekist að selja fyrirtækið.
5. Meinta hagsmunaárekstra sem tengjast fjárfestingu Landssímans og persónulegri fjárfestingu fyrrverandi forstjóra. Jafnframt skal kanna hvort, og þá hvernig, stjórnendur fyrirtækisins hafi notfært sér aðstöðu sína í fyrirtækinu til persónulegs ávinnings. Sérstaklega skal kanna ummæli formanns einkavæðingarnefndar þess efnis að fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins hafi rekið fyrirtækið eins og hlutabréfasjóð.
6. Hverjir tóku ákvörðun um áhættufjárfestingar Landssímans, eins og fjárfestingu í @IPbell þar sem fyrirtækið tapaði hundruðum milljóna króna? Voru þessar fjárfestingar bornar undir stjórn fyrirtækisins og voru þær gerðar með vitund og vilja fulltrúa eigenda fyrirtækisins?
7. Sérstaklega skal kanna ummæli formanns einkavæðingarnefndar um að stjórnun fyrirtækisins hafi verið stórlega áfátt og hvort, og þá hvenær, hann hafi gert formanni ráðherranefndar um einkavæðingu uppskátt um þau viðhorf sín og á hverju þau byggðust. Í tengslum við það skal jafnframt kanna hvað olli því að meint vitneskja formanns einkavæðingarnefndar um brotalamir í stjórnun fyrirtækisins kom ekki fram í útboðslýsingu og hvort háttsemi formannsins hafi í því efni verið í samræmi við lög. Jafnframt skal kanna hvort sú háttsemi hans hafi bakað ríkinu skaðabótaskyldu.
8. Hvort yfirlýsing einkavæðingarnefndar frá 8. desember sl. um bindandi tilboð í Landssímann hafi átt við rök að styðjast eða hvort nefndin hafi gefið rangar upplýsingar um stöðu mála. Ef svo er skal nefndin kanna hvort röng upplýsingagjöf hafi skaðað aðila á markaði og hugsanlega valdið ríkinu skaðabótaábyrgð. Sömuleiðis skal þá kanna hvort yfirlýsingar nefndarinnar frá 26. nóvember og 8. desember sl., þar sem rætt er um bindandi tilboð í Landssímann, stangist á við lög.
9. Kaup Landssímans á þjónustu ráðgjafarfyrirtækis í eigu stjórnarformanns fyrirtækisins. Sérstaklega skal kanna til hvers þessi óeðlilegu hagsmunatengsl leiddu, hvort réttarreglur hafi verið brotnar og hver hlutur samgönguráðherra í þessari ákvarðanatöku hafi verið.
10. Bein og óbein afskipti forsætisráðherra af ákvörðunum er varða málefni Landssímans, svo sem af ráðningu og brottrekstri forstjóra og vali stjórnarformanns.
11. Hugsanlega skörun á verkefnum og ábyrgð stjórnar Landssímans og einkavæðingarnefndar.

Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til.

Nefndin hefur rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og fá skýrslur, munnlegar og skriflegar, frá embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum og ráða sér til aðstoðar sérfróða aðila sé þess þörf.

Nefndinni er heimilt að láta rannsóknina eða einstaka þætti hennar fara fram fyrir opnum tjöldum.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og skila niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. október 2002.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er skoðun Samfylkingarinnar að mjög brýnt sé að skipa rannsóknarnefnd skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka embættisfærslur samgönguráðherra og forsætisráðherra í

málefnum Landssímans og einkavæðingarnefndar og meinta óeðlilega rekstrar- og viðskiptahætti stjórnenda fyrirtækisins. Í tengslum við það þarf að skoða allan söluferil einkavæðingarnefndar á Símanum, en fyrrverandi formaður nefndarinnar hefur sagt að stjórnun fyrirtækisins hafi verið stórlega áfátt.

Ljóst er að málið allt og einstakir þættir þess hafa stórskaðað fyrirtækið og rýrt verðmæti þess og trúverðugleika. Eigendur fyrirtækisins, en 95% þess eru í eigu allra landsmanna og 5% í eigu þeirra sem keypt hafa hlutafé í því, eiga kröfu á því að allt verði gert til að endurheimta traust og trúverðugleika þess.

Vandlega þarf að skoða aðkomu samgönguráðherra sem fulltrúa eigenda fyrirtækisins og forsætisráðherra, sem ábyrgð ber á einkavæðingarnefnd, auk þess að vera formaður ráðherranefndar um einkavæðingu. Þeir sem meginábyrgðina bera á því öngstræti sem fyrirtækið er komið í hafa allir starfað á ábyrgð þessara ráðherra.

Brýnt er að skilgreina hvar ábyrgðin liggur í öllum þáttum málsins sem upp hafa komið og skilgreina þá meintu misbeitingu á valdi og hagsmunaárekstra sem skaðað hafa fyrirtækið og leitt til trúnaðarbrests milli þjóðarinnar og valdhafa. Sömuleiðis þarf að fara yfir hvernig eftirlitskerfið hefur brugðist og hvort og þá hvaða réttarreglur hafi verið brotnar, þannig að hægt sé að taka eðlilega á málinu í samræmi við lög og reglur.

Það er megintilgangur þessarar tillögu að öll stjórnsýsla stjórnenda fyrirtækisins, einkavæðingarnefndar og valdhafa sem ábyrgð bera á málinu verði rannsökuð og brotin til mergjar. Það er eina leiðin til að endurreisa fyrirtækið og skapa á ný traust milli þess og þjóðarinnar. Það er forsenda fyrir þeim trúverðugleika sem fyrirtækið þarf að byggjast á til að rekstur þess geti gengið eðlilega.

873. Tillaga til þingsályktunar [555. mál]

um landgræðsluáætlun 2003–2014.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að á næstu 12 árum skuli fjármagn veitt til landgræðslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Fjármagni þessu skal varið til landgræðsluaðgerða samkvæmt eftirfarandi áætlun:

I. Áætlun um fjáröflun.

(Fjárhæðir í millj. kr. á áætluðu meðalverði árið 2002.)

Tímabil	Ríkisframlag	Sértekjur	Samtals
1. 2003–2006	1.930	140	2.070
2. 2007–2010	2.050	150	2.200
3. 2011–2014	2.100	160	2.260
Samtals 2003–2014	**6.080**	**450**	**6.530**

II. Kostnaðaráætlun.
(Fjárhæðir í millj. kr.)

A. Kostnaðaráætlun 2003–2014

	2003–06	2007–10	2011–14	Samtals
1. Almennur rekstur	615	630	640	1.885
2. Uppgræðsluverkefni	995	1.050	1.070	3.115
3. Verkefnið *Bændur græða landið*	170	190	200	560
4. Landbótasjóður	90	110	120	320
5. Fyrirhleðslur	200	220	230	650
Samtals gjöld	**2.070**	**2.200**	**2.260**	**6.530**
Sértekjur	-140	-150	-160	-450
Gjöld umfram sértekjur	**1.930**	**2.050**	**2.100**	**6.080**

B. Kostnaðaráætlun 2003–2006

	2003	2004	2005–06	Samtals
1. Almennur rekstur	150	155	310	615
2. Uppgræðsluverkefni	235	240	520	995
3. Verkefnið *Bændur græða landið*	40	40	90	170
4. Landbótasjóður	5	20	65	90
5. Fyrirhleðslur	45	50	105	200
Samtals gjöld	**475**	**505**	**1.090**	**2.070**
Sértekjur	-35	-35	-70	-140
Gjöld umfram sértekjur	**440**	**470**	**1.020**	**2.930**

III. Sundurliðuð kostnaðaráætlun 2003–2006.
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	2003	2004	2005–06	Samtals
1. Almennur rekstur	**150**	**155**	**310**	**615**
1.1. Yfirstjórn	15	15	30	60
1.2. Stoðþættir	135	140	280	555
2. Uppgræðsluverkefni	**235**	**240**	**520**	**995**
2.1. Vesturland	20	21	42	83
2.2. Norðurland	85	86	190	361
2.3. Austurland	25	26	50	101
2.4. Suðurland	105	107	238	450
3. Bændur græða landið	**40**	**40**	**90**	**170**
4. Landbótasjóður	**5**	**20**	**65**	**90**
5. Fyrirhleðslur	**45**	**50**	**105**	**200**
5.1. Vesturland	2	3	6	11
5.2. Norðurland	9	9	20	38
5.3. Austurland	6	9	20	35
5.4. Suðurland	25	26	59	110
5.5. Heildarúttekt	3	3	0	6
Samtals gjöld	**475**	**505**	**1.090**	**2.070**
Sértekjur	-35	-35	-70	-140
Gjöld umfram sértekjur	**440**	**470**	**1.020**	**1.930**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. Inngangur.

Landgræðsla ríkisins hefur unnið árangursríkt landgræðslustarf í áratugi. Þrátt fyrir það á sér enn stað mikið jarðvegsrof og ástand jarðvegs og gróðurs er víða í ósamræmi við mögu-

leg gróðurskilyrði. Tryggja þarf að landnýting verði alls staðar sjálfbær, þ.e. að ekki verði gengið á gæði landsins.

Landgræðsluáætlunin mótar ramma um landbætur og verndun landkosta til ársins 2014. Markaðar eru áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun. Áætlunin felur í sér aukna landgræðslu sem mun veita atvinnu og bæta landkosti víða um land. Árangurinn byggist á samstarfi við fjölmarga aðila, ekki síst bændur og aðra íbúa á viðkomandi svæðum. Stór hluti landgræðsluverkefna tekur langan tíma og mörg þeirra þurfa nokkurn aðdraganda vegna undirbúnings og samninga um beitarstjórn. Landgræðsluaðgerðir þurfa einnig að falla að gildandi stefnu í skipulagsmálum og náttúruvernd. Landgræðslustarf það sem áætlunin tekur til miðar jafnframt að því að uppfylla alþjóðasamninga sem Íslendingar eru aðilar að. Landgræðsla er hagkvæm leið til að binda kolefni og hjálpar á þann hátt til að mæta hluta af skuldbindingum Íslands gagnvart loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna. Stöðvun jarðvegsrofs og uppgræðsla lands getur einnig stuðlað að líffræðilegum fjölbreytileika.

Gert er ráð fyrir að áætlun þessi verði endurskoðuð fyrir árslok 2005.

1.1. Landgræðsla ríkisins.

Landgræðsla ríkisins starfar eftir lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, og ber að vinna að stöðvun gróðureyðingar og jarðvegsrofs, gróðureftirliti, gróðurvernd og landbótum. Landgræðslan var stofnuð árið 1907 og hét þá Sandgræðsla Íslands. Hún hefur höfuðstöðvar í Gunnarsholti á Rangárvöllum en starfrækir auk þess sex héraðssetur, í Árnesi, Reykjavík, Hvanneyri, Hólum, Húsavík og Kirkjubæjarklaustri. Einnig starfa landgræðsluverðir víða um land. Landgræðslan fer einnig með fyrirhleðslur samkvæmt lögum nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.



Fjárveitingar ríkisins til landgræðslu jukust verulega eftir samþykkt „þjóðargjafarinnar" 1974. Þær fóru síðan stöðugt lækkandi til ársins 1997 en þá hófst átak í landgræðslu vegna aðildar Íslands að rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Framlög ríkisins til varnar landbroti af völdum fallvatna voru hæst rétt fyrir þjóðargjöfina en hafa síðan farið lækkandi.

1.2. Landgræðslustarfið.

Starfsemin er mjög fjölþætt og víðfeðm og hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Fjölmörg verkefni hafa verið færð til bænda og annarra verktaka. Stöðvun jarðvegsrofs og sandfoks, verndun gróðurs, ræktun beitilanda og bætt ásýnd lands eru dæmi um mismunandi tilgang landgræðslustarfsins. Rík áhersla er lögð á samstarf við landnotendur um sjálfbæra landnotkun. Frá árinu 1907 hefur Landgræðslan girt af alls um 160 svæði. Um 65 uppgrædd svæði hafa verið afhent fyrri eigendum. Nú eru um 304.000 ha innan landgræðslugirðinga. Þá hafa fyrirhleðslur á undanförnum árum og áratugum ekki aðeins bjargað hundruðum eða jafnvel þúsundum hektara gróins lands heldur hafa einnig gróið upp þúsundir hektara af gróðurvana landi í skjóli þeirra varnargarða sem gerðir hafa verið, t.d. í Austur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu.

1.3. Alþjóðlegir sáttmálar.

Með aðild að erlendum sáttmálum um umhverfismál, sem Íslendingar hafa staðfest, eru þeir skuldbundnir til að vinna að þeim markmiðum sem sáttmálarnir kveða á um. Slíkir sáttmálar sem tengjast landgræðslustarfinu eru:

Sáttmáli um varnir gegn myndun eyðimarka sem var samþykktur 1994 og tók gildi hér á landi snemma árs 1997. Eitt helsta markmið hans er að bæta landnýtingu og koma í veg fyrir uppblástur og gróðureyðingu. Kveðið er á um að aðildarríki starfi eftir sérstökum landgræðsluáætlunum sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Rammasamningur um loftslagsbreytingar. Á umhverfisráðstefnunni í Ríó 1992 var gerður rammasamningur um loftslagsbreytingar sem Ísland staðfesti 1993. Samningurinn tók gildi 1994. Markmið hans er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda innan hættumarka svo að áhrif manna á loftslag jarðar verði sem minnst. Landgræðsluaðgerðir er ein þeirra leiða sem færar eru til að minnka koltvísýring í andrúmslofti og draga þannig úr gróðurhúsaáhrifum.

Sáttmáli um líffræðilega fjölbreytni stuðlar að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, stöðvun jarðvegsrofs og verndun vistkerfa. Hann var samþykktur 1992 og tók gildi hér á landi 1994.

1.4. Markmið.

Meginmarkmið landgræðslustarfsins eru:

- Að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll.
- Að byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf.
- Að öll landnýting verði sjálfbær.
- Að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda.

Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt:

- Að auka þekkingu á þeim vandamálum sem við er að etja og leita hagkvæmustu leiða við lausn þeirra.
- Að veita fræðslu og ráðgjöf til að efla skilning á verndun og sjálfbærri landnýtingu og auka þátttöku í landgræðslustarfinu.
- Að allir notendur og eigendur lands axli ábyrgð á meðferð gróðurs og jarðvegs.
- Að lög og reglugerðir sem snerta verndun gróðurs og jarðvegs verði samræmd, gerð markvissari og felld að áðurgreindum markmiðum.
- Að fjárveitingar til landgræðslu verði auknar verulega.

1.5. Áherslur til 2014.

Forgangsröðun landgræðsluverkefna byggist m.a. á úttekt og kortlagningu á jarðvegsrofi á öllu landinu og markmiðum um vistfræðilega sjálfbæra landnýtingu. (Sjá nánar ritið Jarðvegsrof á Íslandi 1997.) Land með rofeinkunn 0–2 er jafnan í góðu eða ásættanlegu ástandi með tilliti til jarðvegsrofs. Svæði á láglendi með rofeinkunn 3 er víða unnt að bæta með uppgræðslu og beitarstjórn til að ná markmiðum sjálfbærrar landnýtingar. Svæði með rofeinkunnir 4 og 5 þarfnast yfirleitt mikilla landgræðsluaðgerða.

Kortlagning á jarðvegsrofi.

		%	km²
Rofeinkunn 0–2	(Lítið eða ekkert rof)	37	38.501
Rofeinkunn 3	(Talsvert rof)	23	23.669
Rofeinkunn 4	(Mikið rof)	11	10.872
Rofeinkunn 5	(Mjög mikið rof)	6	6.641
Jöklar, vötn og hæstu fjöll		22	22.210
Ókortlagt		1	1.129
	Samtals:	**100**	**103.022**

Gróðurskilyrði versna yfirleitt eftir því sem land hækkar og kostnaður við landgræðslu eykst að sama skapi. Því er gert ráð fyrir að landgræðsluverkefni til 2013 verði að mestu neðan við 500 m y.s. Ekki er því gert ráð fyrir uppgræðslu á hálendi nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminjum.

Svæði í rofflokkum 4 og 5 neðan við 200 m y.s. eru að langstærstum hluta sjávarsandar. Á hæðarbilinu 200–500 m eru hins vegar yfir 4.300 km² með rofeinkunn 4 og 5 sem er um 4% af heildarflatarmáli landsins. Svo mikið jarðvegsrof á þessu hæðarbili sýnir glöggt hversu alvarlegt ástandið er. Svæði neðan við 500 m y.s. sem fá rofeinkunnina 3 eru 10.800 km², það er meira en 10% af heildarflatarmáli landsins. Stöðugt þarf að fylgjast með ástandi og framvindu gróðurs og jarðvegs. Góð stjórn landnýtingar er forsenda þess að árangur náist en víða þarf að grípa til beinna uppgræðsluaðgerða til þess að flýta fyrir árangri.

Í landgræðsluáætlun til 2014 er lögð megináhersla á eftirfarandi:

- *Stöðvun hraðfara jarðvegseyðingar,* einkum þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur ógnar mannvirkjum. Til 2006 verði einkum unnið á láglendi þar sem aðgerða er brýn þörf.
- *Gróðurvernd og stjórn landnýtingar.* Stefnt er að því að öll landnýting verði sjálfbær. Gerðar verði gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir þá afrétti sem verst eru farnir og unnið að samkomulagi við landnotendur um framkvæmd þeirra. Einnig verði unnið að samningum um beitarstjórn þar sem ofbeit er í heimalöndum. Til 2006 verði komið á vöktunarkerfi og kerfi til að votta sjálfbæra landnýtingu. Einnig að veita ráðgjöf og aðstoð við gerð landnýtingaráætlana einkum fyrir jarðir í verkefninu *Bændur græða landið.*
- *Uppgræðslu lands, einkum á láglendi.* Til 2006 verði stuðlað að auknu frumkvæði og þátttöku heimamanna í landgræðslu. Stofnaður verði sérstakur sjóður, Landbótasjóður, í þessu skyni og samstarfsverkefnið *Bændur græða landið* verði eflt enn frekar.

- *Heftingu landbrots.* Gerð verði heildarúttekt á þörfinni og verkefnum forgangsraðað. Til 2006 verði auk heildarúttektar einkum unnið að brýnu viðhaldi eldri mannvirkja og nýverkefnum við Skaftá, Jökulsá á Dal, Héraðsvötn og Markarfljót.
- *Upplýsingaaðflun.* Haldið verði áfram kortlagningu landgræðslusvæða og uppbyggingu landupplýsingakerfis. Til 2006 verði lokið við að kortleggja landsvæði í umsjá Landgræðslunnar og öllum gögnum komið í samræmdan gagnagrunn sem starfsmenn hafi aðgang að hvar sem er á landinu.
- *Rannsóknir og þróun* til að auka hagkvæmni og bæta árangur í landgræðslustarfinu. Stefnt er að því að fjölga úrræðum við landbætur, m.a. með aukinni notkun innlendra tegunda. Til 2006 verði lögð áhersla á að bæta árangur uppgræðslu, þróa aðferðir við mat á ástandi lands og árangri aðgerða og rannsaka framvindu landgræðslusvæða, m.a. með tilliti til bindingar kolefnis og líffjölbreytileika.
- *Fræðslu og ráðgjöf.* Unnið verður áfram að fræðslu um landgræðslustarfið og landnýtingu í sátt við landið svo og aukinni ráðgjöf fyrir umsjónarmenn lands. Til 2006 verði einkum unnið að gerð fræðsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla, og fræðsluefnis fyrir landnotendur, m.a. á vefsíðu Landgræðslunnar.

1.6. Binding kolefnis með landgræðslu.

Markmið loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna sem sett voru á umhverfisráðstefnunni í Ríó 1992 eru að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum innan hættumarka svo að áhrif manna á loftslag jarðar verði sem minnst. Umbreyting koltvísýrings úr andrúmslofti í lífræn efni í gróðri og jarðvegi vinnur að þessu markmiði og gerir sama gagn og að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Landgræðsla er bæði gagnleg og örugg leið til að binda koltvísýring í gróðri og jarðvegi á hagkvæman hátt.

Árangur af átaksverkefni ríkisstjórnarinnar í bindingu koltvísýrings með landgræðslu og skógrækt var mjög góður. Það markmið, að auka árlega bindingu um 100 þúsund tonn af koltvísýringi (liðlega 27 þúsund tonn af kolefni) umfram það sem var árið 1990, náðist árið 2000 eins og stefnt var að. Þar af náðist að binda 17.500 tonn af koltvísýringi á nýjum landgræðslusvæðum sem er mun meira en vænst var. Þrátt fyrir að átaksverkefninu sé formlega lokið er lögð rík áhersla á að halda áfram aðgerðum til að auka bindingu kolefnis. Hingað til hefur verið unnið á 19 skilgreindum svæðum í þessu skyni og er aðgerðum á nokkrum þeirra lokið.

Hér á landi eru sérstaklega góðar aðstæður til að binda kolefni með uppgræðslu vegna þess hve mikið er af ógrónu landi með litlum kolefnisforða en jafnframt viðunandi aðstæðum til að græða það upp. Þá er hér ríkjandi eldfjallajarðvegur sem bindur meira kolefni en nokkur annar þurrlendisjarðvegur. Mikilvægt er að skoða vel þá möguleika sem felast í aukinni landgræðslu og skógrækt til að breyta koltvísýringi andrúmsloftsins í lífræn efni til hagsbóta fyrir land og þjóð. Meta þarf kolefnisbindingu landgræðsluaðgerða og þróa aðferðir til þess. Aukin kolefnisbinding mundi einnig auka frjósemi landsins og til lengri tíma litið styrkja búsetuskilyrði þjóðarinnar.

1.7. Þátttaka og frumkvæði heimamanna.

Landgræðsla ríkisins leggur ríka áherslu á að sú þróun haldi áfram að verkefni hennar verði unnin meira af heimamönnum í hverju héraði. Búið er að leggja grunn að slíku starfi með samstarfsverkefninu „Bændur græða landið“ (BGL). Þó eru miklir möguleikar á enn meira samstarfi, t.d. er uppgræðsla á afréttum í umsjón heimamanna vænleg til árangurs. Þeir þekkja landið best og eiga yfirleitt þau tæki sem þarf til uppgræðslu. Byggð mun styrkjast

með því að auka þátttöku og áhrif heimamanna á þennan hátt, t.d. sem verktakar Landgræðslunnar. Þar sem landgæði aukast verður auðveldara að bæta beitarstýringu og létta beit af þeim svæðum sem eru verst farin og færa hana á nýuppgrædd beitarsvæði. Með betri beitarstýringu fást meiri afurðir og með lífrænni eða vistvænni framleiðslu fæst væntanlega hærra afurðaverð og betri lífskjör. Auk þess binda uppgræðsluaðgerðir kolefni í gróðri og jarðvegi og stuðla þannig að minni gróðurhúsaáhrifum í anda loftlagssáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Héraðssetur Landgræðslunnar eru víða um land og hafa héraðsfulltrúar umsjón með verkefnum Landgræðslunnar í héraðinu. Efling setranna mun skila sér í bættum tengslum Landgræðslunnar og íbúa héraðanna.

Komið verður á landgræðsluráði í hverjum landshluta sem verði stuðningsaðili héraðssetranna, og umræðuvettvangur um aðgerðir. Ráðinu er ætlað að beita sér fyrir aukinni landgræðslu í landshlutanum og framlögum til landgræðsluverkefna.

1.8. Samstarf við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess.

Ákveðnir þættir landgræðsluáætlunar tengjast verkefnum umhverfisráðuneytisins og stofnana þess, svo sem Náttúrverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skipulagsstofnunar. Þar sem svo háttar mun Landgræðslan hafa náið samstarf við umhverfisráðuneytið við undirbúning framkvæmda þar sem gætt verði laga um náttúruverndar- og skipulagsmál.

II. Verkefni og aðgerðir.
Helstu verkefni til 2006.

1. Almennur rekstur.

1.1. Yfirstjórn.

Höfuðstöðvar Landgræðslunnar eru í Gunnarsholti og annast aðalskrifstofan skipulag, samhæfingu og stjórn landgræðslustarfsins. Héraðssetur Landgræðslunnar verða efld til að gegna mikilvægu hlutverki við að auka þátttöku heimaaðila. Þátttaka Landgræðslunnar í erlendu samstarfi um umhverfismál er mikilvæg og skilar árangri heima fyrir. Þá getur íslensk reynsla nýst á erlendum vettvangi enda höfum við hvað lengsta reynslu allra þjóða af landgræðslu.

Helstu verkefni:

- Efla starf héraðssetra og koma á fót héraðssetri á Austurlandi.
- Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi vegna alþjóðlegra sáttmála er varða landgræðslu.

1.2. Stoðverkefni.

Í stoðverkefnum felast verkefni við fræöflun, sjálfbæra landnýtingu, gagnaöflun, áætlanagerð, rannsóknir, þróun, fræðslu og ráðgjöf.

a. Fræöflun.

Fræ af helstu landgræðslutegundum fæst ekki á alþjóðamarkaði og verður Landgræðslan því að treysta á innlenda fræöflun. Til að mæta aukinni fræþörf verður leitað í auknum mæli til bænda og annarra aðila um framleiðslu á fræi til landgræðslu m.a. til að dreifa ræktuninni um landið og minnka þannig staðbundna áhættu. Jafnframt verður þróuð frærækt af nýjum landgræðslutegundum.

Helstu verkefni:
- Auka fræframleiðslu af landgræðsluplöntum með því að stækka fræakra og bæta afrakstur þeirra.
- Auka samstarf við bændur um fræframleiðslu.
- Þróa aðferðir við öflun og meðferð fræs af landgræðslutegundum.
- Auka gæðastjórnun og bæta frægæði og aðferðir við frærækt og hreinsun og húðun á fræi.

b. Sjálfbær landnýting.

Eitt meginhlutverk Landgræðslunnar er að fylgjast með ástandi og nýtingu lands, koma í veg fyrir hnignun þess og stuðla að eðlilegri gróðurframvindu. Æskilegt er að færa eftirlit með beitilöndum í auknum mæli til sveitarfélaga. Búfjáreftirlitsmenn sinni eftirliti með beit og fóðrun búfjár árið um kring. Unnið verður með sveitarstjórnum að því að tryggja sjálfbæra nýtingu á afréttum landsins. Víða er nýting afrétta í samræmi við landgæði, annars staðar þarf að girða góð beitarsvæði frá auðnum. Brýnt er að gera samkomulag um beitarstjórn á þeim svæðum sem verst eru farin, einkum svæðum á hálendinu með mikið rof.

Skipulegt mat á árangri verður aukið til að tryggja sem bestan árangur landgræðsluaðgerða. Allir sem vinna að landgræðslu þurfa að geta metið árangur verka sinna.

Helstu verkefni:
- Koma á vöktunarkerfi fyrir ástand og nýtingu beitilanda, bæði heimalanda og afrétta.
- Vinna að úrbótum þar sem nýting skerðir landgæði eða tefur framvindu gróðurs.
- Vinna að mati á árangri aðgerða við mismunandi aðstæður.
- Veita bændum og samtökum búfjáreigenda aðstoð og ráðgjöf við beitarskipulag og mat á hóflegri nýtingu lands svo og aðrar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að land spillist vegna nýtingar.

c. Gagnaöflun og áætlanagerð.

Mikilvægur hluti landgræðslustarfsins er öflun upplýsinga um vistkerfið, kortlagning til að geta unnið áætlanir um uppgræðslu og landnýtingu, eftirlit með ástandi og nýtingu lands og mat á árangri aðgerða. Mörg verkefni á þessu sviði eru langtímaverkefni þar sem afla þarf upplýsinga reglulega til að meta breytingar og endurskoða áætlanir. Upplýsingar um jarðvegsrof eru forsenda forgangsröðunar verkefna, áætlanagerðar og áhættuflokkunar lands varðandi nýtingu. Samræma þarf upplýsingar frá ýmsum aðilum, svo sem um landgæði og álagsþol afrétta og annarra beitilanda til að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og vinna landnýtingaráætlanir. Afla þarf upplýsinga um svæði sem Landgræðslunni er ætlað að gefa umsögn um, m.a. vegna skipulagsmála. Þá er nauðsynlegt að hafa góða skrá um öll svæði Landgræðslunnar og verkefni sem unnin eru á hennar vegum í gagnagrunni sem verði aðgengilegur starfsmönnum og almenningi. Nauðsynlegt er að halda greinagott og trúverðugt bókhald um bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, m.a. vegna skuldbindinga Íslands um að minnka magn kolefnis í andrúmslofti.

Helstu verkefni:
- Byggja upp samræmdan gagnagrunn um vistkerfi, ástand lands og landgræðslustarfið, í samstarfi við aðrar stofnanir landbúnaðarins.
- Gera áætlanir um úrbætur og forvarnir í kjölfar könnunar á ástandi bithaga.
- Gera áætlanir um aðgerðir á landgræðslusvæðum.

- Gera gróður- og jarðvegsverndaráætlanir fyrir þá afrétti sem verst eru farnir.
- Veita ráðgjöf við gerð landnýtingaráætlana fyrir einstakar jarðir.

d. Rannsóknir og þróun.

Landgræðslustarfið þarf að byggjast á traustum faglegum grunni. Ein af undirstöðum þess er öflugt og fjölþætt rannsóknar- og þróunarstarf. Unnið verður að rannsóknum og þróun á sviði uppgræðslu, vistheimtar og ástandi lands. Landgræðslurannsóknir eru í eðli sínu þverfaglegar og verða þær unnar í samstarfi við aðra rannsóknarhópa á sviði landbúnaðar-, umhverfis- og náttúrufræða, innan lands og utan. Lögð verður áhersla á að rannsóknarverkefni séu í samræmi við þarfir og forgangsröðun landgræðslustarfsins og niðurstöðurnar nýtist fljótt og vel.

Helstu verkefni:

- Rannsaka eiginleika, ræktunaraðferðir og notkunarmöguleika tegunda til landgræðslu með áherslu á innlendar tegundir.
- Þróa uppgræðslutækni til að bæta árangur og draga úr kostnaði við uppgræðslu, m.a. örva sjálfgræðslu og gróðurframvindu.
- Þróa aðferðir við mat á ástandi gróðurs og jarðvegs og árangri landgræðsluaðgerða, þ.m.t. kolefnisbindingu.
- Rannsaka áhrif beitar á gróður og jarðveg.
- Hefja uppsetningu reitakerfis til langtímarannsókna á gróðurfari og ástandi gróðurs.
- Rannsaka forsendur sjálfbærrar landnýtingar og tækni við beitarstjórn.
- Þátttaka í vísindastarfi Evrópusambandsins á sviði landgræðslu og gróðureyðingar.

e. Fræðsla og ráðgjöf.

Fræðslustarf Landgræðslunnar miðar að því að efla skilning á nauðsyn þess að stöðva landeyðingu og vernda gróður og jarðveg. Enn fremur að efla skilning á því hvað felst í sjálfbærri nýtingu lands og miðla þekkingu á aðferðum til að græða upp landið og bæta illa farin vistkerfi þess. Fræðsla og ráðgjöf eru skilvirkustu leiðir til að efla þátttöku almennings í landgræðslustarfi og stuðla að verndun og sjálfbærri landnýtingu.

Helstu verkefni:

- Gerð fræðsluefnis um landgræðslustarfið og verndun vistkerfa og koma því efni á framfæri.
- Samstarf við skóla og aðra aðila um gerð fræðsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla um landgræðslu og gróðurvernd. Enn fremur leiðsögn fyrir kennara um notkun þess.
- Námskeið um landlæsi og beitarstjórn fyrir landnotendur o.fl.
- Samstarf við menntastofnanir landbúnaðarins um fræðslu á sviði landgræðslu og landnýtingar.

2. Uppgræðsluverkefni.

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun fyrir verkefni sem ráðast þarf í á næstu árum. Við endurskoðun landgræðsluáætlunar þarf að huga að landgræðslu á fleiri svæðum en hér eru talin.

2.1. Vesturland.

Gróðurfar er víðast hvar gott á Vesturlandi, sérstaklega í lágsveitum. Þó er talsvert rof sem m.a. endurspeglar mikla útbreiðslu mela og hnignaðs gróðurfars. Á Reykjanesskaga eru

slæm rofsvæði einkum í Krísuvík. Jarðsil er ein algengasta rofmyndin en helstu aðgerðir á slíkum svæðum væri beitarstjórn. Stærstu rofsvæðin, með mikið eða mjög mikið rof, eru umhverfis Langjökul. Þar eru sandar og rofabörð ríkjandi rofmyndir.

Nokkur smærri rofsvæði eru á Vesturlandi þar sem rofabörð og sandfok frá sjávarströnd er algengast.

Á Vestfjörðum er hálendi með bröttum hlíðum og rýrum heiðarlöndum. Þar er víða talsvert rof mest jarðsil, vatnsrof og brattar ógrónar urðir. Á Vesturlandi eru rúmlega 3.500 km^2 (um 3,5% af flatarmáli alls landsins) af söndum og melum, neðan 400 m y.s. og mikið af þeim henta mjög vel til uppgræðslu.



Helstu verkefni:

- Í **Krísuvík** á Reykjanesi eru stór rofsvæði. Haldið verður áfram uppgræðslu þar.
- Á **Hafnarmelum** í Borgarfirði eru stór svæði í slæmu ástandi. Brýnt er að stöðva jarðvegsrof og vernda þær skógarleifar sem enn tóra og græða örfoka land. Uppgræðslu þar verður haldið áfram.
- **Vesturbyggð.** Unnið verður að varnaraðgerðum á nokkrum sjávarsandsvæðum með áfoksgeirum í Breiðavík, Kollsvík og Sauðlauksdal. Aðgerða er þörf á fleiri svæðum.
- Sveitarfélögum á Reykjanesi verður veitt aðstoð við að takmarka lausagöngu búfjár, einkum með uppgræðslu í beitarhólfum, og fjölþættu samstarfi um landbætur.
- Unnið verður að heftingu sandfoks í Sandvíkum á Reykjanesi.
- Unnið verður að samkomulagi um beitarstjórn á Oddsstaðaafrétti, Hallmundarhrauni og austasta hluta Arnarvatnsheiðar.

- Hítardalur er eitt stærsta rofsvæðið á Miðvesturlandi. Botn dalsins að utanverðu er örfoka hraun og einnig er mikið jarðvegsrof í hlíðum dalsins. Unnið verður með landeigendum að uppgræðslu dalsins og beitarstjórn.

2.2. Norðurland.

Á vesturhluta Norðurlands eru láglendi og heiðarlönd yfirleitt vel gróin og lítið um jarðvegsrof. Landnýting er þó sums staðar í ósamræmi við landkosti. Mikið er um ofbeit af völdum hrossa í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og ofbeittum hrossahögum fer fjölgandi austar í fjórðungnum. Láglendi Eyjafjarðarsvæðisins er vel gróið og lítið um jarðvegsrof en á afréttum sunnan til eru auðnir alls ráðandi. Í Þingeyjarsýslum eru svæði þar sem rof er hvað minnst á landinu en einnig eru þar stærstu samfelldu rofsvæði landsins og örasta gróðureyðingin. Neðan 400 m y.s. eru um 1.550 km^2 af melum og söndum sem henta til uppgræðslu heimalanda.



Á Tjörnesi er land víða illa farið og brýnt að ná betri tökum á landnýtingunni og styrkja enn frekar uppgræðslu heimalanda. Gerð verður heildstæð landgræðsluáætlun fyrir hreppinn. Á Vaðlaheiði eru stór rofsvæði, aðallega rofabörð og vatnsrásir. Aukin beitarstjórn og uppgræðsla á vegum heimaaðila verða helstu aðgerðir. Á Reykjaheiði er víðáttumikið rofabarðasvæði. Unnið verður að því að koma á beitarstjórn og samhliða því styrkja uppgræðslu bænda í heimalöndum. Á Grjóthálsi og í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum er víða mikið jarðvegsrof sem gengur á gróið land og gæti ógnað náttúruperlum þjóðgarðsins. Landið er friðað fyrir beit og unnið verður að stöðvun rofs og uppgræðslu í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins. Á Öxarfjarðarheiði er víða hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðing. Þar þarf að bæta beitarstjórn og auka uppgræðslu á vegum bænda.

Helstu verkefni:

- Í **Bárðdælahreppi** er mikið jarðvegsrof á ásunum beggja vegna dalsins. Unnin verður heildaráætlun um landnýtingu og uppgræðslustörf bænda styrkt.
- Í **Aðaldal** eru tæplega 1.000 ha sandfokssvæði frá Skjálfandafljóti og austur að Laxá. Landið er friðað en sandur sækir á gróið land. Landgræðslugirðing verði stækkuð til suðvesturs til að friða birkiskóg fyrir sandágangi.



- **Hólasandur** er stórt sandsvæði með miklu jarðvegsrofi á jöðrum svæðisins. Landið er friðað en mikið land ógrætt. Unnið verður að alhliða landgræðslu samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.
- Á **Mývatnsöræfum** er stærsta rofsvæði landsins. Á öræfunum frá Skjálfandafljóti austur að Jökulsá á Fjöllum verður unnið að samkomulagi um að girða vel gróin svæði af til beitar frá auðnum öræfanna. Sáð verður í verstu sandfokssvæðin.
- **Kelduhverfi/Öxarfjörður.** Þar eru sandfokssvæði við sjó og meðfram Jökulsá á Fjöllum. Unnið verður áfram að heftingu sandfoks.
- **Hólsfjöll** eru annað stærsta rofsvæði landsins. Svæðið er friðað fyrir búfjárbeit og mikið hefur verið unnið þar síðustu ár. Þörf er umfangsmikilla aðgerða til að stöðva hraðfara jarðvegsrof og verður unnið að því.
- Landgræðslan mun vinna að bættri landnýtingu í Skagafirði í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
- Gert verði samkomulag um bætta landnýtingu fyrir syðstu hluta afrétta Austur-Húnavatnssýslu og einnig afrétti frá Eyvindarstaðaheiði austur að Jökulsá á Fjöllum.
- Gerðar verði landgræðslu- og landnýtingaráætlanir fyrir stór samfelld svæði svo sem Tjörnes, Vaðlaheiði, Reykjaheiði og Öxarfjarðarheiði.

2.3. Austurland.

Landgæði eru mismikil á Austurlandi. Í byggð er víðast vel gróið og lítið jarðvegsrof á sléttlendi en mikið í hlíðum og öðru brattlendi þar sem gróðurfar er víða rýrt. Afréttir eru sums staðar mjög illa farnir, sérstaklega afréttir Vopnfirðinga, Jökuldalsheiði og Brúaröræfi.



Einnig eru þar afréttir í góðu ástandi og með lítið jarðvegsrof, svo sem á Hofteigsheiði og suður yfir Fljótsdalsheiði, að hálendinu við Vatnajökul. Suðurhluti fjórðungsins er víða brattlendur og því hætt við jarðvegsrofi. Fjalllendið einkennist af bröttum, ógrónum urðarhlíðum sem margar voru grónar áður fyrr. Í Austur-Skaftafellssýslu er mikið af sandsvæðum, þar er nú ör gróðurframför í kjölfar ýmissa aðgerða og breyttra búskaparhátta á undanförnum árum. Melar og sandar neðan 400 m y.s. eru rúmlega 1.200 km^2. Stór hluti þeirra hentar vel til uppgræðslu.



Helstu verkefni:

- **Héraðssandur.** Milli Selfljóts og Jökulsárhlíðar eru víðáttumikil sandfokssvæði friðuð að hluta. Unnið verður áfram að sáningu og styrkingu gróðurs.
- **Skógey** er stórt friðað sandsvæði. Þar hefur uppgræðsla gengið mjög vel. Haldið verður áfram uppgræðslu til að stöðva sandfokið varanlega.
- Í **Öræfasveit** verður aðallega unnið ofan Fagurhólsmýrar og að heftingu sandfoks við Ingólfshöfða.
- Eflt verði samstarf um uppgræðslu heimalanda einkum í Vopnafirði, Jökuldal, Skriðdal og Álftafirði. Samhliða þarf víða að bæta beitarstjórn.
- Gert verði samkomulag um friðun öræfanna milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú. Einnig afréttarlanda upp af Vopnafirði svo og Lónsöræfa.

2.4. Suðurland.

Suðurlandsundirlendið er víðast vel gróið. Þar hefur verið mikið uppgræðslustarf og sjálfgræðsla á undanförnum áratugum. Á láglendi er lítið um svæði með miklu rofi að frátöldum sandfokssvæðum með ströndinni og meðfram nokkrum jökulám en svæði með talsverðu rofi eru nokkuð algeng. Afréttir eru flestir illa farnir, rofabörð og sandsvæði eru algengar rofmyndir og laus sandur og gjóska herjar á gróðurleifar. Neðan 400 m y.s. eru rúmlega 1.100 km^2 af melum og söndum sem henta vel til uppgræðslu. Ofbeit hrossa hefur farið vaxandi á Suðurlandi.



Helstu verkefni:



- Í **Skaftárhreppi** verður unnið að því hefta sandfok út frá farvegum Skaftár og Hverfisfljóts þar sem sandur fýkur á gróið land. Aðgerðir eru brýnar á mörgum svæðum. Við Atley verða grædd upp stór moldarflög sem eru að eyðast.
- **Mýrdalssandur.** Sandfok hamlar oft umferð um sandinn. Unnið verður áfram í samvinnu við Vegagerðina að uppgræðslu í samræmi við áætlun frá 2000.
- **Land- og Árskógar** í ofanverðri Rangárvallasýslu. Haldið verður áfram uppgræðslu þar og bætt við nýjum svæðum.
- **Tunguheiði.** Unnið verður áfram að uppgræðslu í samstarfi við Landgræðslufélag Biskupstungna.
- **Haukadalsheiði** hefur verið eitt mesta uppblásturssvæði landsins á þessari öld. Svæðið er friðað fyrir beit. Miklar landgræðsluframkvæmdir hafa verið á heiðinni og verður þeim haldið áfram í samræmi við landgræðsluáætlun um heiðina.
- Í **Þorlákshöfn** verður unnið að því að fyrirbyggja sandfok inn í kauptúnið. Græða verður upp helstu sandfokssvæðin. Unnið verður eftir áætlun um svæðið frá 1996.
- Efla samstarf um uppgræðslu á láglendi, í hálendisjaðrinum og á nokkrum stöðum á afréttum.
- Undirbúa örfoka land til skógræktar með uppgræðslu í samvinnu við Suðurlandsskóga og fleiri aðila.
- Vakta landbrot af völdum sjávar við Vík í Mýrdal einkum með tilliti til sandfoks á þorpið.
- Landeyjasandar er stórt sandfokssvæði við ströndina. Landið er friðað en gífurleg verkefni eru fram undan við stöðvun sandfoks. Að þeim verði unnið
- Rangárvallaafréttur er sá afréttur landsins sem hvað verst er farinn. Unnið verður að samkomulagi um friðun afréttarins og sáningu á verstu svæðunum.
- Á „Hafinu“ og sunnanverðum Gnúpverjaafrétti eru mikil jarðvegsrofsvæði. Þar verður uppgræðslu haldið áfram.
- Hagavatnssvæði. Útfall Hagavatns hefur færst til við hopun jökla. Vatnið hefur minnkað og verulegt jarðvegsrof er á öllu svæðinu sunnan og vestan Langjökuls. Ört gengur á þær gróðurleifar sem enn eru eftir. Verið er að leita leiða til að leysa þennan vanda.

3. Samstarfsverkefnið *Bændur græða landið.*

Formlegt samstarf Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalanda hefur staðið í 12 ár. Samstarfsverkefni þetta nefnist *Bændur græða landið* (BGL). Þátttakendum hefur fjölgað ár frá ári og voru nær 600 árið 2000. Þátttaka landnotenda í landgræðslustörfum ýtir undir frumkvæði og ábyrgð þeirra í gróðurvernd og stuðlar að sjálfbærri landnýtingu. Áhugi bænda á uppgræðslu er mikill en fjárskortur kemur í veg fyrir enn meira uppgræðslustarf á

þeirra vegum. Landgræðslan hefur umsjón og eftirlit með verkefninu, veitir ráðgjöf, styrkir bændur við áburðarkaup á uppgræðslusvæðin og lætur í té fræ þar sem þess er þörf. BGL hefur verið styrkt verulega af umhverfislið búvörusamnings um sauðfjárafurðir og einnig hafa nokkur sveitarfélög styrkt það. Efla þarf BGL og gera samninga við þátttakendur þar sem kveðið verði á um gagnkvæmt hlutverk og skyldur.

Helstu verkefni:

- Veita bændum ráðgjöf og stuðning við uppgræðslu heimalanda gegn mótframlagi þeirra.

4. Landbótasjóður.

Stofnaður verður sérstakur sjóður – Landbótasjóður – sem landeigendur og aðrir umsjónaraðilar lands geta sótt um styrk úr til landbóta. Markmið sjóðsins er að færa verkefni heim í héruð og að bændur, landgræðslufélög og önnur grasrótarfélög geti fengið greitt að verulegu leyti fyrir vinnu, tæki og hráefni en leggi jafnframt að mörkum hluta af heildarkostnaði aðgerðanna. Verkefnin verða undir forsjá og ábyrgð heimaaðila en Landgræðslan veitir ráðgjöf og fjármagn og hafi eftirlit með verkefnunum. Auglýst verður eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Forgangsröðun umsókna falli að markmiðum og áherslum þessarar áætlunar, þá njóti þeir aðilar sem unnið hafa landgræðslu- og landnýtingaráætlanir fyrir aðgerðasvæði að öðru jöfnu forgangs.

Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og fjárhagslegur stuðningur við landgræðsluverkefni.
- Styrkja landgræðslustörf áhugafólks.

5. Fyrirhleðslur.

Unnið verður að ítarlegri heildarúttekt á landbroti og þörf fyrir fyrirhleðslur og verkefnum forgangsraðað. Slík úttekt er kostnaðarsöm. Vegagerðin hefur gert kostnaðaráætlanir fyrir varnaraðgerðir við nokkur af stærstu fallvötnunum. Unnið er að varnaraðgerðum á 30–40 stöðum á landinu. Brýnustu verkefni eru við Markarfljót, Héraðsvötn, Jökulsá á Dal og Skaftá en þörf er aðgerða á miklu fleiri stöðum.

Helstu verkefni:

- **Vesturland.** Allmörg verkefni eru vegna viðhalds eldri mannvirkja. Ný verkefni eru helst við Hvítá, Norðurá og margar ár í Dalasýslu.
- **Norðurland.** Viðhald eldri mannvirkja er mikið einkum í vestari hluta fjórðungsins. Ný verkefni eru fjölmörg. Þau helstu eru við Miðfjarðará, Víðidalsá, Vatnsdalsá, Blöndu, Svartá, Héraðsvötn, Hörgá, Fnjóská, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum. Verulegt landbrot er einnig við mörg smærri vatnsföll.
- **Austurland.** Við ár á Austurlandi bíða mörg verkefni við viðhald eldri mannvirkja, sérstaklega við Hornafjarðarfljót. Ný verkefni eru helst við Jökulsá á Dal, Jökulsá í Lóni, Djúpá, og Kotá. Einnig bíða mörg smærri verkefni við flestar ár í fjórðungnum.
- **Suðurland.** Landbrot af völdum fallvatna er mest á Suðurlandi. Þörf er á viðhaldi eldri mannvirkja við nær öll stærri vatnsföll þó sérstaklega í austurhluta fjórðungsins. Stærstu verkefni eru við Skaftá, Kúðafljót, Markarfljót, Þjórsá og Hvítá. Þá bíða verkefni við nær öll vatnsföll í Skaftárhreppi, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppi og enn fremur víða í uppsveitum Árnessýslu.

874. Skýrsla [556. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2001.

1. Inngangur.

Evrópuráðsþingið er þingræðislegur vettvangur 43 aðildarríkja Evrópuráðsins og gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi þess, enda hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 602 fulltrúar sem skiptast til helminga, í aðalmenn og varamenn. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar. Þingið kemur saman fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september. Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

- eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
- hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og
- vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og -samtök. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/ 1994.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem menn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru því mikilvægir, ekki síst fyrir nýfrjáls ríki Mið- og Austur-Evrópu. Reynslan hefur sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

2. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildarinnar á árinu voru Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Hinn 3. október tók Kristján L. Möller, þingflokki Samfylkingarinnar, sæti Bryndísar Hlöðversdóttur sem varamaður Margrétar Frímannsdóttur.

Ritari Íslandsdeildarinnar var Andri Lúthersson.

3. Helstu málefni Evrópuráðsþingsins árið 2001.

Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, meðal annars með efnahags-, laga- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört og eru þau nú fjörutíu og þrjú talsins, auk þess sem fjöldi ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár.

Átökin í Tsjetsjeníu bar hátt á dagskrá Evrópuráðsþingsins árið 2001, líkt og árið áður, og á fyrsta þingfundi Evrópuráðsþingsins í janúar var efnt til sérstakrar umræðu um stöðu rússnesku sendinefndarinnar vegna stríðsins í Tsjetsjeníu. Var ákveðið að veita rússnesku sendinefndinni aftur atkvæðisrétt sinn á þinginu þrátt fyrir að ástand mála í Tsjetsjeníu væri langt frá því að vera ásættanlegt en Evrópuráðsþingið taldi að samvinna við rússnesku Dúmuna væri farsælust til að ná fram því markmiði þingsins að bæta stöðuna í héraðinu. Af lýðræðis- og réttarfarsmálum má nefna að staðan í Júgóslavíu, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi var ofarlega á baugi á þinginu og samkundan hvatti ráðherraráð Evrópuráðsins til að nýta allar færar leiðir til að leysa úr þeim vanda sem skapast hefði í þessum ríkjum á undanförnum árum. Auk umræðunnar um átökin og ástand mála í Tsjetsjeníu kom hinn pólitíski órói sem einkenndi suðurhluta Balkanskaga mjög til umræðu á þinginu á árinu. Vopnuð átök albanskra skæruliðaafla í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu og í suðurhluta Serbíu stefndu, framan af árinu, í voða þeim stöðugleika sem náðst hafði á svæðinu á undanförnum missirum. Í ályktunum sínum beitti Evrópuráðsþingið sér fyrir skjótri úrlausn mála og samningaviðræðum stríðandi aðila, auk þess sem það lagði mikla áherslu á að úrbætur yrðu gerðar á stöðu albanska minni hlutans í Makedóníu, m.a. með breytingum á stjórnarskrá landsins. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hörðnuðu mjög verulega á seinni hluta ársins og var fjallað um þau sérstaklega á þinginu og ofbeldisverk öfgafullra afla meðal Ísraela og Palestínumanna harðlega fordæmd.

Evrópubúar fóru ekki varhluta af afleiðingum hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin í septembermánuði. Efnt var til utandagskrárumræðu á Evrópuráðsþinginu um afleiðingar hryðjuverkanna á evrópskt samfélag og í ályktun þingsins og umræðum þingmanna var áhersla lögð á að hinni nýju ógn hryðjuverka þyrftu að fylgja breytt viðbrögð. Þingheimur sammæltist um að ríkt nauðsyn væri á því að þjóðir Evrópu tækju sig saman til að ráða niðurlögum alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi en jafnframt að ráðast yrði að rótum vandans með auknum skilningi á félagslegum, efnahagslegum og trúarlegum forsendum hans. Aðildarríki Evrópuráðsins voru jafnframt hvött til þess að undirrita þá samninga sem taka til hryðjuverkastarfsemi og þegar væru til svo sem alþjóðlegan sáttmála um bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Hér á eftir fara ítarlegri upplýsingar um starfsemi Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins árið 2001.

4. Þingfundur Evrópuráðsþingsins 2001.

a. Fyrsti hluti þingsins.

Dagana 22.–26. apríl var fyrsti hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk ritara. Aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgaði um tvö 25. janúar þegar fáni Armeníu og Aserbaídjsan var dreginn að húni fyrir utan Evrópuráðshöllina í Strassborg. Ríkin urðu þar með 42. og 43. aðildarríki stofnunarinnar. Meðal þess sem tekið var til umræðu á þinginu voru skuldbindingar Lettlands á vettvangi Evrópuráðsins. Í ályktun Evrópuráðsþingsins var gerð grein fyrir því að miklar framfarir hefðu orðið hvað varðar lýðræði og félagslegan samruna en jafnframt lýst yfir nokkrum

áhyggjum af því hve mikill fjöldi íbúa í landinu væru án ríkisfangs. Í ályktuninni kom fram að umfangsmiklar athuganir eftirlitsnefndar Evrópuráðsþingsins hefðu leitt í ljós að framfarir í landinu væru það miklar að rétt væri að hætta formlegu eftirlitsferli nefndarinnar. Var ályktunin samþykkt.

Málefni Júgóslavíu voru á meðal þess sem hæst bar á fundinum. Í ályktun stjórnmálanefndar var því fagnað að stjórnarandstöðuöflin í Serbíu hefðu unnið afgerandi sigur í þingkosningunum og stuðningi lýst yfir við lýðræðisöflin í landinu. Jafnframt var minnt á að uppbyggingarstarfið sem fram yrði að fara í landinu á næstunni væri gríðarlegt að umfangi og að alþjóðasamfélaginu bæri að sýna lýðræðisþróuninni í landinu stuðning sinn í verki. Þá var áréttað að stjórnvöld í Júgóslavíu yrðu að sýna Alþjóðastríðsglæpadómstólnum í Haag fulla samvinnu. Jafnframt voru vopnaðar árásir Albana á fólk af serbnesku bergi brotið í Kosovohéraði fordæmdar harðlega í ályktuninni. Var mælst til þess við ráðherranefndina að hún beitti sér fyrir fjárhagslegum og tæknilegum stuðningi við uppbyggingu lýðræðisstofnana og þróun mannréttindalöggjafar og óháðra dómstóla í Júgóslavíu.

Málefni evrunnar, hins sameiginlega gjaldmiðils tólf ríkja Myntbandalags Evrópu, voru tekin til umfjöllunar á þinginu á vegum efnahagsnefndar og var sjónum beint að þróun gengis evrunnar frá því að gjaldmiðlinum var hleypt af stokkunum. Þá var rætt um stöðu mála í Úkraínu og lýst yfir áhyggjum af ofbeldisverkum og hótunum í garð fjölmiðlafólks og þá sérstaklega vegna morðsins á úkraínska blaðamanninum Heorhiy Gongadze á síðasta ári. Í ályktun þingsins var rannsókn máls Gongadze sögð vera mikilvægur prófsteinn á tjáningarfrelsið í landinu og virkni lýðræðislegra stofnana. Voru úkraínsk stjórnvöld hvött til þess að hrinda í framkvæmd umfangsmiklum úrbótum á starfsumhverfi fjölmiðla. Þá mæltist Evrópuráðsþingið til þess við ráðherranefndina að hún hvetti stjórnvöld í Úkraínu til að hrinda úrbótum í framkvæmd hið fyrsta auk þess sem mælst var til þess að ráðherranefndin aðstoðaði Úkraínu við lýðræðisuppbyggingu í landinu.

Málefni Tsjetsjeníu voru tekin til umræðu og voru rússnesk stjórnvöld gagnrýnd fyrir að hafa ekki tekið nægilegt tillit til ályktana Evrópuráðsþingsins hvað varðar hernaðaraðgerðir rússneska hersins í héraðinu. Voru fyrri ályktanir ítrekaðar og rússnesk stjórnvöld eindregið hvött til að virða mannréttindi og alþjóðleg lög um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum. Kjörbréf rússnesku sendinefndarinnar við Evrópuráðsþingið var tekið fyrir í tengslum við umræðuna um stöðu mála í Tsjetsjeníu og ályktaði þingið í þá veru að þrátt fyrir að staðan í Tsjetsjeníu væri afar alvarleg og litlar umbætur hefðu orðið í héraðinu þrátt fyrir tilmæli Evrópuráðsins þá ætti sendinefndin skilið að fá annað tækifæri til að sýna og sanna vilja sinn til að hafa áhrif á stjórnvöld í þá veru að bæta úr ástandi mannréttindamála í héraðinu. Ályktunin var samþykkt og tók rússneska sendinefndin því sæti sitt á þinginu að nýju eftir nokkurra missira hlé.

Að venju var kosið að nýju til embætta þingsins og málefnanefnda þess á fundinum og lét þar með Lára Margrét Ragnarsdóttir af embætti varaforseta þingsins. Lára Margrét var kjörinn formaður félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Vaira Vike Freiberga, forseti Lettlands; Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins; Adrian Nastase, forsætisráðherra Rúmeníu; Wim Duisenberg, bankastjóri Seðlabanka Evrópu; Tarja Halonen, forseti Finnlands; Robert Kocharian, forseti Armeníu; Heydar Aliev, forseti Aserbaídsjan; og Indulis Berzins, utanríkisráðherra Lettlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Ólafur Örn Haraldsson tók til máls í sameiginlegri umræðu um kosningaeftirlit á vegum Evrópuráðsins og í máli sínu vék hann að nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum í Kosovohéraði og hrósaði íbúum héraðsins fyrir þátttöku sína. Lagði hann áherslu á að kosningarnar

hefðu verið stórt skref í þekkingar- og þróunarferli því sem færi fram meðal íbúa héraðsins, sem áratugum saman hefðu sætt kúgun stjórnvalda í Belgrad. Fagnaði hann því hve kosningarnar fóru friðsamlega fram og sagði að úrslit þeirra styrktu það starf sem alþjóðasamfélagið hefði tekist á hendur í héraðinu. Því næst vék hann máli sínu að úrslitum þingkosninganna í Aserbaídsjan og gagnrýndi framkvæmd þeirra í ljósi umsagna eftirlitsaðila kosninganna, m.a. Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Sagði hann að fordæma bæri framkomu stjórnvalda í garð stjórnarandstöðunnar í aðdraganda kosninganna auk þess sem kosningarnar sjálfar uppfylltu alls ekki alþjóðlega staðla.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók til máls í umræðu þingsins um átökin í Tsjetsjeníu og sagðist harma hversu lítið hefði áunnist í því að koma mannréttindamálum til betri vegar. Í ræðu sinni hvatti hún rússnesk stjórnvöld til að leita tafarlaust allra leiða til að finna varanlega lausn mála í héraðinu. Lagði hún áherslu á að úrbóta væri sérstaklega þörf við eftirlitsstöðvar rússneska hersins þar sem almennir borgarar hefðu sætt misþyrmingum. Sagði Lára Margrét slíkt algerlega óásættanlegt. Þá vék hún tali sínu að hjálparstarfi í héraðinu sem hafði legið að mestu leyti niðri vegna ótryggs öryggisástands. Sagði hún að rússnesk stjórnvöld yrðu að gera allt sem í þeirra valdi stæði til að tryggja aðgang hjálparstofnana til íbúa Tsjetsjeníu. Þá ítrekaði hún að áform Evrópuráðsþingsins um að setja á stofn sérstakan vinnuhóp um málefni Tsjetsjeníu mættu ekki verða til þess að koma á vantrausti milli þingsins og fulltrúa rússnesku sendinefndarinnar. Þvert á móti bæri að skilja stofnun vinnuhópsins sem traustsyfirlýsingu við sendinefndina.

b. Annar hluti þingsins.

Dagana 23.–27. apríl var annar hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk ritara. Meðal þess sem tekið var fyrir á þingfundinum var ástand mála í Kosovo-héraði tæpum tveimur árum eftir að átökum Júgóslavíu og Atlantshafsbandalagsins lauk. Evrópuráðsþingið lýsti yfir fullum stuðningi við varanlega pólitíska lausn á málefnum héraðsins og fordæmdi jafnframt þau ofbeldisverk sem höfðu verið unnin af fulltrúum öfgahópa þjóðernishópanna sem héraðið byggja. Í málflutningi þingmanna var lýst yfir miklum áhyggjum af því að viðvarandi skærur og átök í Kosovo-héraði kynnu að breiðast út til grannríkisins Makedóníu þar sem fjölmennur minnihlutahópur fólks af albönskum ættum býr í norðvesturhluta landsins. Lýsti þingið jafnframt yfir þungum áhyggjum af langtímaáhrifum átakanna á stöðu barna og unglinga í Kosovo, ekki síst í ljósi þess að menntun þeirra hefur verið þröngur stakkur skorinn allt frá lokum átakanna. Þá var ályktað í þá veru að málefni flóttamanna sem flúið hefðu héraðið í átökunum og eftir þau yrðu leidd til lykta hið fyrsta en mörgum þeirra hefur ekki verið auðið að snúa aftur til heimkynna sinna vegna viðvarandi átaka og þjóðernishaturs. Mæltist þingið til þess að ráðherranefndin beitti sér fyrir auknum pólitískum og fjárhagslegum stuðningi við skrifstofu Evrópuráðsins í Pristina, höfuðstað Kosovo-héraðs. Þá mæltist þingið til þess að ráðherranefndin styddi með öllum ráðum stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag og beitti sér fyrir því að endurbætur færu fram á kosningalöggjöf héraðsins.

Af öðrum málefnum sem tekin voru til umræðu á þinginu má nefna umræður um nauðsyn alþjóðlegrar samstöðu um Kyoto-bókunina. Í umræðum var afstaða Bandaríkjastjórnar til bókunarinnar harðlega gagnrýnd og í ályktun þingsins, sem var samþykkt samhljóða af þingheimi, var sagt að Bandaríkin vægju að Kyoto-áætluninni og bæru ábyrgð á því að fæla önnur ríki frá því að takast á hendur þær pólitísku skuldbindingar sem í bókuninni fælust. Var Bandaríkjastjórn hvött til að endurskoða afstöðu sína hið allra fyrsta og voru stjórnvöld

aðildarríkja Evrópuráðsins enn fremur hvött til að þrýsta á Bandaríkjastjórn um að gangast við skuldbindingum sínum hvað Kyoto-bókunina varðar.

Málefni Úkraínu hafa ítrekað verið tekin til umfjöllunar á Evrópuráðsþinginu og á fundinum í apríl var þar engin breyting á. Í tilmælum vegna skuldbindinga Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins sem samþykkt voru á fundinum kom fram að þingið teldi að forseta landsins, ríkisstjórn hans og úkraínska þinginu hefði ekki tekist að standa við skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins. Var farið þess á leit að ríkisstjórn landsins og landsdeild úkraínska þingsins á Evrópuráðsþinginu beitti sér fyrir skjótum úrbótum á sviði mannréttinda, endurbótum á löggjöf, sérstaklega með tilliti til glæpamála, og úrbótum á starfssviði ríkissaksóknara Úkraínu. Fordæmdi þingið sérstaklega aðför stjórnvalda að fjölmiðlafrelsi í landinu. Þá var mælst til þess að ráðherranefnd Evrópuráðsins fylgdist afar grannt með þróun mála í Úkraínu. Ef úrbætur hefðu ekki orðið fyrir þriðja þingfund Evrópuráðsþingsins í júní þá skyldi landinu verða vikið úr Evrópuráðinu skv. 8. gr. Evrópuráðssáttmálans. Loks má geta þess að ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs var tekið til umræðu á þingfundinum. Í ályktun þingsins voru aðgerðir öfgafullra afla meðal Ísraela og Palestínumanna fordæmdar og hvatt til þess að stríðandi fylkingar settust að samningaborði og að forustumenn Ísraelsstjórnar og Palestínumanna sýndu fulla ábyrgð í friðarumleitunum sínum. Var Ísraelsstjórn sérstaklega hvött til að losa um takmarkanir á ferðafrelsi Palestínumanna og að sama skapi var heimastjórn Palestínu hvött til að stemmu stigu við hryðjuverkum harðlínuafla og fordæma slíkar aðgerðir.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Stojan Andov, forseti þings fyrrum Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu; Alvaro Gil-Robles, erindreki Evrópuráðsins á sviði mannréttindamála; Mircea Geoana, utanríkisráðherra Rúmeníu og formaður ráðherraráðs Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE); og Indulis Berzins, utanríkisráðherra Lettlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Ólafur Örn Haraldsson tók til máls í umræðum um stöðu mála í Kosovo-héraði og grannríkjum þess og lýsti yfir miklum áhyggjum af ófriðvænlegu ástandi í héraðinu. Sagði hann að alþjóðasamfélagið hefði vaknað upp við vondan draum er hópar skæruliða ollu því að átök tóku að magnast í norðvesturhluta Makedóníu fyrr á árinu. Í því tilliti yrði að árétta að einn lykillinn að farsælli lausn mála væri að fulltrúar stjórnvalda í Júgóslavíu, Makedóníu og ábyrgir stjórnmálamenn í Kosovo-héraði hæfu viðræður þar eð stöðugleiki í Kosovo-héraði væri afar mikilvæg forsenda friðar í grannríkjunum. Lagði hann áherslu á að íbúar Makedóníu, hvort sem þeir væru af albönsku eða slavnesku bergi brotnir, yrðu að svara því hvort þeir væru reiðubúnir til að búa í sátt með grönnum sínum. Þá tók hann undir með öðrum ræðumönnum er hann lagði áherslu á að hlúa bæri að menntun ungmenna í Kosovo-héraði. Bæri einnig að líta til þess að til lengri tíma litið gætu áhrif menntunarskorts verið einn orsakavaldur að viðvarandi spennu á svæðinu.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók til máls í umræðu um verndun erfðamengis mannsins og sagði að rannsóknaráætlanir um kortlagningu erfðamengis mannsins væru eitt stærsta framþróunarskref í nútímalæknavísindum. Varaði hún þó við hugsanlegum neikvæðum afleiðingum slíkra rannsókna og hvatti til þess að hugað yrði gaumgæfilega að öryggisþáttum svo komið yrði í veg fyrir að óprúttnir aðilar högnuðust á niðurstöðum rannsókna. Sagði Lára Margrét það vera algert frumskilyrði að örugglega yrði staðið að geymslu upplýsinga er vörðuðu erfðamengi mannsins og að eingöngu viðurkenndir vísindamenn sem störfuðu að rannsóknaráætluninni hefðu aðgang að þeim. Slíkar aðgerðir væru til þess fallnar að vernda grundvallarmannréttindi.

Lára Margrét tók einnig til máls í umræðunni um þróun mála við Tsjernóbýl-kjarnorkuverið og sagði í ræðu sinni að greinilegt væri að lítið hefði þokast í framfaraátt á þeim átta árum sem liðin væru frá því að hún lagði fram skýrslu félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar þingsins um heilsufarsvandann sem fylgdi Tsjérnóbýl-slysinu. Sagði hún jafnframt að svo virtist sem kjarnorka væri eina færa leiðin hvað varðar orkuveitu í Úkraínu og í ljósi þessa yrði að tryggja að örugglega yrði staðið að byggingu og rekstri kjarnorkuvera í landinu. Lára Margrét sagði einnig einkar mikilvægt að Úkraínumönnum yrði veitt nokkur aðstoð við að tryggja öryggi reksturs kjarnorkuvera sinna en varaði jafnframt við því að þarlend stjórnvöld yrðu of háð erlendu fjármagni.

Á þinginu tók Lára Margrét Ragnarsdóttir sæti flokkahóps hægrimanna í vinnuhópi Evrópuráðsþingsins um málefni Tsjetsjeníu. Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum allra flokkahópa innan Evrópuráðsþingsins og þingmönnum úr Dúmunni, neðri deild rússneska þingsins.

c. Þriðji hluti þingsins.

Dagana 25.–29. júní var þriðji hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk ritara. Á fundinum var m.a. mikil umræða um ástand mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu þar sem stjórnarher og skæruliðasveitir skipaðar mönnum úr albanska minni hlutanum höfðu eldað saman grátt silfur á undangengnum vikum með þeim afleiðingum að tugir manna, þar á meðal saklausir borgarar, höfðu fallið í valinn. Í ályktun sinni fordæmdi Evrópuráðsþingið aðgerðir öfgafullra afla meðal albanska minni hlutans í landinu og hvatti til þess að þeir aðilar sem stæðu að baki skæruliðahernaði létu vopn sín tafarlaust af hendi þar eð átökin gerðu Albönum í landinu erfiðara fyrir í baráttu sinni fyrir auknum lýðréttindum. Þá var ályktað í þá veru að hefndarárásir stjórnarhersins á byggðir Albana væru óásættanlegar og var jafnframt hvatt til þess að fulltrúar stríðandi aðila sættust á vopnahlé með því markmiði að setja saman þjóðstjórn með fulltrúum allra þjóðernishópa er landið byggja. Þá var ítrekað að stjórnvöldum í Makedóníu bæri, hið allra fyrsta, að tryggja bætta aðstöðu Albana í landinu.

Þá var tekin fyrir skýrsla jafnréttisnefndar þingsins, sem Margrét Frímannsdóttir á sæti í, um heimilisþrældóm eða það sem nefndin nefnir nútímaþrældóm og birst hafi með ýmsum hætti í álfunni undanfarin ár og áratugi. Er þar átt við einstaklinga, oftlega flóttafólk frá ríkjum Afríku, Suðaustur-Evrópu eða Austurlöndum nær og fjær, sem gert er að starfa á heimilum efnaðs fólks án greiðslu. Samkvæmt rannsóknum viðgangist slík starfsemi í auknum mæli í stærri borgum álfunnar og ekki síst á heimilum stjórnarerindreka og embættismanna fjölþjóðastofnana. Ályktað var í þá veru að aðildarríki Evrópuráðsins ættu að skilgreina heimilisþrældóm sem glæp og að í slíkum tilfellum, sem skilgreindust sem einkamál tjónvalda, yrðu stjórnarerindrekar á erlendri grund sviptir friðhelgi.

Þá var tekin til umræðu skýrsla laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins um afnám dauðadóms í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins. Mæltist þingið til þess að ráðherraráðið hæfi þegar í stað viðræður við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Japan um úrbætur með það fyrir augum að í náinni framtíð verði dauðadómar afnumdir í báðum ríkjum. Þá mæltist þingið til þess að ráðherraráðið veitti aðeins þeim ríkjum áheyrnaraðild sem tækju í gildi tímabundið bann við fullnustu dauðadóma eða hefðu þegar afnumið dauðarefsingar. Skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins voru teknar til umræðu á þingfundinum og fagnaði þingið þeim framförum sem orðið hefðu á undanförnum missirum hvað varðar m.a. stjórnarskrárbreytingar, bættar starfsaðferðir lögregluyfirvalda og aukin mannréttindi. Hins

vegar var ályktað í þá veru að enn væri fjölmörgum endurbótum á stjórnkerfi landsins ólokið, þ.m.t. stjórnarskrárbreytingum sem gerðu ráð fyrir þingræðislegri stjórn á öryggisráði landsins, vernd lýðréttinda, svo sem tjáningarfrelsis, afnámi dauðarefsingar og að fullt félagafrelsi yrði tryggt, svo nokkuð sé nefnt. Mæltist Evrópuráðsþingið til þess við ráðherraráðið að það legði meiri áherslu á að aðstoða Tyrklandsstjórn við úrbætur sem enn hafa ekki komið til framkvæmda í landinu.

Ernst Walch, utanríkisráðherra Liechtenstein og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, svaraði fyrirspurnum þingmanna. Lagði Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar og formaður félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar þingsins, spurningu fyrir Walch er varðaði Evrópusáttmálann um félagslegt öryggi. Aðeins átján aðildarríki Evrópuráðsins hafa staðfest sáttmálann og óskaði Lára Margrét eftir svörum við því hvers vegna svo fá ríki hefðu staðfest sáttmálann og hvað ráðherranefndin hygðist gera til að auka fjöldann. Ernst Walch svaraði því til að Evrópusáttmálinn um félagslegt öryggi væri einn af hornsteinum Evrópuráðsins og að nokkur fjöldi ríkja Mið- og Austur-Evrópu hygðist undirrita sáttmálann og staðfesta hann á næstu missirum. Þrátt fyrir það ættu fjölmörg aðildarríki í Vestur-Evrópu enn eftir að undirrita og staðfesta sáttmálann og vonaðist ráðherrann til að úr því yrði bætt hið fyrsta.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Nicola Fontaine, forseti Evrópuþingsins; Wolfgang Thierse, forseti þýska sambandsþingsins; Jean Lemierre, forseti bankaráðs Fjárfestingarbanka Evrópu (EBRD); Kari Nars, stjórnarformaður Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB); Borut Pahor, forseti slóvenska þingsins; Ruud Lubbers, sérlegur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna; Vladimir Voronin, forseti Moldóvu; Ernst Walch, utanríkisráðherra Liechtenstein og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins; og Walter Schwimmer, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók þátt í umræðum um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu og sagði í ræðu sinni að það væri hryggilegt að átök hefðu brotist út þar eð miklar vonir hefðu verið bundnar við að átök undangenginna ára á Balkanskaga næðu ekki að hrófla við friðnum í landinu. Sagði hún að stjórnvöld í landinu yrðu að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að bæta úr stöðu albanska minni hlutans og fagnaði þess vegna myndun þjóðstjórnar með fulltrúum allra þjóðarbrotanna í landinu. Þá fordæmdi Lára Margrét eindregið uppgang harðlínuafla úr röðum Serba og sagðist vona að stjórnvöld tækju á árásum á óbreytta borgara af albönskum ættum af fullum þunga. Jafnframt sagði hún að harðlínuöfl meðal albanska minni hlutans gerðu lítið annað en að eyðileggja réttmætan málstað Albana í landinu með vopnaskaki sínu og lagði áherslu á að forðast bæri að skipta landinu upp í tvo stjórnskipunarlega hluta eftir þjóðerni. Sambandsríki sem mótað væri á þeim forsendum setti afar hættulegt fordæmi og drægi úr líkum á varanlegum friði í landinu.

Ólafur Örn Haraldsson sagði í innleggi sínu í umræðum um stöðu mála í Makedóníu að alþjóðasamfélagið yrði að gera sér grein fyrir því að þrátt fyrir að það hefði látið mikið fé af hendi rakna til að treysta frið í landinu virtist margt benda til þess að sá friður kynni að vera úti. Sagði hann að þetta væri hryggileg þróun og jafnframt hættuleg þar eð mikil hætta væri á því að ófriður í Makedóníu breiddist út til grannsvæða. Ólafur Örn sagði að félagslegur kostnaður slíkra átaka yrði mikill, ekki síst í ljósi þess að samfélagsgerðin öll mundi riðlast á skömmum tíma. Tók hann til þess að allt þar til nýverið hefði almennt verið álitið að Makedónía væri blessunarlega laus við þau innbyrðis átök sem leikið hefðu nágrannaríkin grátt. Þá sagði hann það vera skyldu alþjóðasamfélagsins að fylgjast náið með málum í Makedóníu og hvetja til friðsamlegrar lausnar. Taldi hann átökin nú vera pólitísks eðlis og þess vegna mundu hernaðarleg viðbrögð aðeins frysta vandann í stað þess að leysa hann.

Þess má geta að fyrir fund fastanefndar var lögð tillaga að ályktun, að frumkvæði Láru Margrétar Ragnarsdóttur, um hjúkrunarmeðferð þeirra sem orðið hafa fyrir mænuskaða. Tillagan, sem var undirrituð af á sjötta tug þingmanna, var samþykkt á fundi fastanefndarinnar og verður tekin fyrir á vettvangi félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndar Evrópuráðsþingsins á næsta ári.

d. Fjórði hluti þingsins.

Dagana 24.–28. september var fjórði hluti þingfundar Evrópuráðsþingsins haldinn í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður og Margrét Frímannsdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Þingfundurinn í Strassborg var að þessu sinni haldinn í skugga hryðjuverkanna í New York og Washington D.C. í Bandaríkjunum og settu þessir atburðir sitt mark á fundinn. Ákveðið hafði verið, nokkrum dögum fyrir þingfundinn, að taka umræðu um hryðjuverk á málefnadagskrá fundarins en henni hafði þó ekki verið fundinn staður og stund áður en þingfundur hófst. Ákveðið var, að frumkvæði bresku sendinefndarinnar og formanna allra flokkahópa, á þingfundi mánudaginn 24. september að umræðunni skyldi fundin stund þriðjudaginn 25. september og var það samþykkt einróma. Við þetta riðlaðist áður auglýst dagskrá nokkuð og var ein afleiðing þessa að afgreiðslu nokkurra skýrslna og tilmæla sem taka átti fyrir samkvæmt fyrri dagskrá var frestað til fundar stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins sem halda átti 8. nóvember, eða þá til næsta þingfundar, í janúarlok 2002. Terry Davis, formaður stjórnmálanefndar Evrópuráðsþingsins, var höfundur skýrslunnar um ógnina sem lýðræðisríkjum stafar af hryðjuverkum og kynnti hana á fundi stjórnmálanefndarinnar. Í ályktunardrögunum var megináherslan lögð á það að hinni nýju ógn hryðjuverka þyrftu að fylgja ný viðbrögð þar eð hætturnar sem stafa af einbeittum hryðjuverkahópum þekki engin landamæri. Nauðsyn væri því á alþjóðlegum viðbrögðum og ætti eitt markmiða alþjóðasamfélagsins að vera að ráðast að rótum vandans með auknum skilningi á félagslegum, efnahagslegum og trúarlegum forsendum hans. Í ályktunardrögunum var hvatt til þess að komið yrði á alþjóðlegum sáttmála um leiðir til að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi þar sem alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi yrði jafnframt skýrt skilgreind og kveðið yrði á um tilteknar skuldbindingar ríkja til að koma í veg fyrir hryðjuverk. Aðildarríki Evrópuráðsins voru jafnframt hvött til þess að undirrita þá samninga sem taka til hryðjuverkastarfsemi og þegar væru til svo sem alþjóðlegan sáttmála um bann við fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Á tíunda tug þingmanna Evrópuráðsþingsins skráðu sig á mælendaskrá í umræðum um ógnina sem lýðræðisríkjum stafar af hryðjuverkastarfsemi og komst aðeins hluti þeirra að. Allir sem tóku til máls fordæmdu hryðjuverkin harðlega og hvöttu til þess að Evrópuráðið sem og aðrar fjölþjóðlegar stofnanir settu baráttuna gegn hryðjuverkum á oddinn á komandi missirum. Þá urðu nokkrar umræður um Rómarsáttmálann sem kveður á um stofnun alþjóðlega glæpadómstólsins og hlutverk hans í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Ályktun og tilmæli stjórnmálanefndarinnar voru samþykkt samhljóða.

Af öðrum málefnum sem bar hæst á þingfundinum má nefna stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu með tilliti til friðarferlisins þar í landi. Nokkrum vikum áður en þingfundurinn var haldinn höfðu fulltrúar stjórnvalda í Makedóníu og skæruliðahópa undirritað friðarsamkomulag, að frumkvæði Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins, sem kvað á um aukin réttindi albanska minni hlutans í landinu og afvopnun skæruliðahópa. Í ályktunardrögum slóvenska þingmannsins Roman Jakic var hvatt til þess að þjóðarbrotin sem landið búa gerðu sitt ýtrasta til að tryggja friðinn og leggja niður vopn. Mikið væri í húfi enda ylti varanlegur friður í Suðaustur-Evrópu að hluta til á farsælli lausn mála í Makedóníu.

Í tilmælum var hvatt til þess að ráðherraráð Evrópuráðsins beitti sér til lausnar þeim vanda sem uppi væri og að Evrópuráðið mundi, í samstarfi við hinar fjölmörgu fjölþjóðastofnanir sem í landinu starfa, veita aðstoð við menntun ungmenna, aðstoða við endurbætur á löggjöf landsins, sérstaklega með tilliti til sveitarstjórnarstigsins, og beita sér fyrir því að flóttafólki yrði gert kleift að snúa aftur til síns heima.

Vinnuhópur Evrópuráðsþingsins um málefni Norður-Kákasushéraðsins, sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, formaður Íslandsdeildarinnar, á sæti í, skilaði áfangaskýrslu sinni á þinginu og urðu nokkrar umræður um hana og stöðu mála í Tsjetsjeníu. Vinnuhópurinn hafði nýlega lokið heimsókn sinni til Moskvu þar sem hann átti viðræður við þarlenda ráðamenn. Þá hafði verið efnt til funda í Strassborg með ýmsum fulltrúum frá Tsjetsjeníu. Þeir sem tóku til máls í umræðum um áfangaskýrsluna lýstu yfir ánægju sinni með að svo margir fulltrúar frá Tsjetsjeníu hefðu séð sér fært að sækja fundina í Strassborg jafnvel þótt fulltrúar sumra hópa hefðu tekið þá ákvörðun að mæta ekki. Slíkt bæri þess merki að menn væru reiðubúnir að ræða saman um lausn aðsteðjandi vanda. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum höfðu áhrif á umræðuna um málefni Norður-Kákasus en nokkrum dögum fyrir umræðuna hafði borist yfirlýsing frá Vladimír Pútín, forseta Rússlands, þess efnis að skæruliðum í Tsjetsjeníu yrði gefinn frestur til að koma á vopnahléi. Var yfirlýsingin sett fram í anda alþjóðlegrar baráttu gegn hryðjuverkum. Á sama tíma barst yfirlýsing frá Mashkadov, leiðtoga aðskilnaðarsinna í Tsjetsjeníu, þar sem hvatt var til þess að friðarviðræður hæfust hið fyrsta. Á þingfundinum ríkti nokkur von til þess að frumkvæði forseta Rússlands, viðbrögð Tsjetsjena og hin breytta heimsmynd í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum gæti stuðlað að lausn mála í Tsjetsjeníu.

Fundinn ávörpuðu eftirtaldir: Klaus Wanger, forseti þings Liechtenstein; Daniel Vaillant, innanríkisráðherra Frakklands; Demetris Christofias, forseti fulltrúadeildar kýpverska þingsins; Donald Johnston, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD); og Ernst Walch, utanríkisráðherra Liechtenstein og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Í innleggi Láru Margrétar Ragnarsdóttur um ógnina sem lýðræðisríkjum stafar af hryðjuverkastarfsemi kom fram að þrátt fyrir þá reiði og angist sem ríki eftir árásirnar og framdar hefðu verið af huglausum mönnum mætti ekki ráðast í skjótar aðgerðir nema að vel yfirlögðu ráði. Ræddi Lára Margrét um þróun öryggishugtaksins á undangengnum árum og áratugum og nauðsyn þess að endurskilgreina það með tilliti til hryðjuverkanna. Taldi hún að aðeins með samstilltu átaki á alþjóðavettvangi tækist að koma í veg fyrir þá ógn sem stafar af hryðjuverkastarfsemi. Í máli hennar kom fram að í allt of mörgum tilfellum sprytti hryðjuverkastarfsemi upp í jarðvegi fátæktar, eymdar og óréttlætis og bæri alþjóðasamfélaginu að takast á við slíkan vanda. Þá lagði Lára Margrét áherslu á að ekki bæri að líta á baráttuna gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem árekstur tveggja menningarheima og jafnframt hvatti hún ríki heims til þess að leggjast á eitt og sameinast um að sporna við þessari nútímaógn.

Lára Margrét Ragnarsdóttir tók einnig til máls í umræðum um áfangaskýrslu Evrópuráðsþingsins um stöðu mála í Norður-Kákasushéraðinu og sagðist fagna frumkvæði Rússlandsforseta til lausnar hinum mannskæðu átökum í Tsjetsjeníu. Sagði hún að ekki væri unnt að horfa á stöðuna í Tsjetsjeníu án þess að líta til ógnarinnar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem ekki þekkti nein landamæri. Sagðist hún telja að möguleiki væri á raunverulegri lausn mála í hinu stríðshrjáða héraði og með það að markmiði bæri Evrópuráðsþinginu að halda starfi sínu áfram sem milligönguaðili til lausnar málsins.

5. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Forsætisnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnarnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Ólafur Örn Haraldsson
Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Laga- og mannréttindanefnd:	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:	Kristján L. Möller
Jafnréttisnefnd:	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:	Kristján L. Möller
Efnahagsnefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Mennta- og vísindanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Til vara:	Tómas Ingi Olrich
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Margrét Frímannsdóttir
Til vara:	Kristján L. Möller

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg eða París eða einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í hátt á annan tug slíkra funda á árinu 2001 og var það einungis lítið brot af þeim fundum sem haldnir voru. Alls stjórnaði Lára Margrét Ragnarsdóttir sex fundum félags-, heilbrigðis- og fjölskyldumálanefndarinnar á árinu. Þá sótti hún þrjá fundi í stjórnmálanefnd þingsins og tvo fundi stjórnarnefndar. Þá stýrði hún, sem formaður félagsmálanefndarinnar, fundum á ráðstefnu umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar um lífshætti á nýju árþúsundi, sem haldin var á grísku eyjunni Santorini. Auk þessa var Láru Margréti boðið í heimsókn til Króatíu í júní sem formaður félagsmálanefndarinnar. Sérlegur starfshópur Evrópuráðsþingsins í málefnum Tsjetsjeníu hélt í tvígang til Rússlands eftir að Lára Margrét tók sæti í honum, í september og í desember. Auk ferðanna tveggja var efnt til þriggja samráðsfunda með fulltrúum Tsjetsjena í Strassborg og Prag.

Ólafur Örn Haraldsson sótti einn fund í eftirlitsnefnd Evrópuráðsþingsins sem haldinn var í Strassborg í nóvember. Þá sótti hann einnig ráðstefnu umhverfis- og landbúnaðarnefndarinnar um lífshætti á nýju árþúsundi sem haldin var á Santorini.

Margrét Frímannsdóttir sótti einn fund í laga- og mannréttindanefnd Evrópuráðsþingsins sem fram fór í París í marsmánuði. Þá tók hún þátt í tveimur fundum jafnréttisnefndarinnar sem báðir voru haldnir í París. Einnig tók Margrét þátt í fundi flóttamannanefndar þingsins í Genf í septembermánuði. Samhliða nefndarfundinum sóttu fulltrúar nefndarinnar skrifstofur alþjóðaráðs Rauða krossins og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna heim.

Alþingi, 17. jan. 2002.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Ólafur Örn Haraldsson, varaform.	Margrét Frímannsdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2001.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum Evrópuráðsþingsins árið 2001:

Fyrsti hluti þingfundar 22.–26. janúar:

1. tilmæli nr. 1489, um fólksflutninga í Mið- og Austur-Evrópu,
2. tilmæli nr. 1490, um skuldbindingar Lettlands á vettvangi Evrópuráðsins,
3. ályktun nr. 1236, um skuldbindingar Lettlands á vettvangi Evrópuráðsins,
4. ályktun nr. 1491 og 1492, um þróun mála í sambandsríkinu Júgóslavíu,
5. ályktun nr. 1492, um málefni þjóðernisminnihlutahópa,
6. ályktun nr. 1496, um stöðu og hlutverk sjálfboðaliða á alþjóðlegu ári sjálfboðaliðans,
7. ályktun nr. 1238, um evruna og þjóðríki Evrópu suðausturhluta Evrópu,
8. ályktun nr. 1494, um tæknilegar forsendur enduruppbyggingar og efnahagsþróunar í suðausturhluta Evrópu,
9. tilmæli nr. 1495, um umhverfisleg áhrif stríðsins í Júgóslavíu,
10. tilmæli nr. 1498, um stöðu mála í Tsjetsjeníu,
11. tilmæli nr. 1499, um stöðu flóttamanna innan og utan Tsjetsjeníu,
12. ályktun nr. 1239, um málfrelsi og lýðræðislega stjórnarhætti í Úkraínu,
13. ályktun nr. 1240, um stöðu mála í Tsjetsjeníu,
14. ályktun nr. 1241, um kjörbréf rússnesku sendinefndarinnar,
15. tilmæli nr. 1497, um málfrelsi og lýðræðislega stjórnarhætti í Úkraínu,
16. ályktun nr. 1242, um samvinnu við Miðjarðarhaf og við vatnasvæði Svartahafs,
17. tilmæli nr. 1500, um þátttöku innflytjenda og erlendra ríkisborgara í stjórnmálum aðildarríkja Evrópuráðsins,
18. tilmæli nr. 1501, um menntun barna og ábyrgð foreldra og kennara, og
19. tilmæli nr. 1502, um samvinnu við Miðjarðarhaf og við vatnasvæði Svartahafs.

Stjórnarnefndarfundur 14. mars:

1. álit nr. 223, um evrópskan sáttmála um siðferðisreglur löggæslumanna,
2. skipun nr. 571, um bættan hag úthverfa stórborga,
3. skipun nr. 570, um landvistarleyfi innflytjenda,
4. tilmæli nr. 1505, um bættan hag úthverfa stórborga,
5. tilmæli nr. 1503, um heilsufar innflytjenda og flóttamanna í Evrópu.

Annar hluti þingfundar 23.–27. apríl:

1. ályktun nr. 1212, um ofbeldisverk gegn konum í hernaðarátökum,
2. álit nr. 224, um fjárhag og fjárlög Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2002,
3. álit nr. 225, um útgjöld Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2002,
4. tilmæli nr. 1506, um tjáningarfrelsi og upplýsingastefnu í Evrópu,
5. tilmæli nr. 1507, um baráttu Evrópuríkja gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi,
6. álit nr. 225, um drög að sáttmála um glæpi á veraldarvefnum,
7. tilmæli nr. 1508, stöðu mála í Kosovo-héraði og nágrannaríkjum,
8. skipun nr. 572, um mannréttindi og réttarríki í Kosovo-héraði,
9. skipun nr. 573, um stöðu flóttamanna frá Kosovo-héraði,
10. tilmæli nr. 1509, um mannréttindi og réttarríki í Kosovo-héraði,
11. tilmæli nr. 1511, um stöðu menningarmála í Kosovo-héraði,
12. tilmæli nr. 1512, um verndun erfðamengis mannsins,
13. álit nr. 227, um drög að bókun við sáttmála Evrópuráðsins um mannréttindi og líftækni,
14. ályktun nr. 1243, um Kyoto-bókunina og hnattræna umhverfisvernd,
15. tilmæli nr. 1510, um stöðu flóttamanna frá Kosovo-héraði,
16. tilmæli nr. 1513, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins,
17. ályktun nr. 1244, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins,
18. tilmæli nr. 1514, um átökin fyrir botni Miðjarðarhafs,
19. ályktun nr. 1245, um átökin fyrir botni Miðjarðarhafs,
20. ályktun nr. 1246, um þróun mála síðustu fimmtán ár við Tsjérnóbýl-kjarnorkuverið, og
21. tilmæli nr. 1515, um lýðfræðilegar breytingar og sjálfbæra þróun.

Stjórnarnefndarfundur 22. maí:

1. tilmæli nr. 1247, um umskurð kvenna,
2. ályktun nr. 1516, um fjármál stjórnmálaflokka,
3. ályktun nr. 1252, um flutningstækni og samrunaferlið í Evrópu,
4. ályktun nr. 1251, um þátt EFTA í hinu evrópska og hnattræna hagkerfi,
5. ályktun nr. 1250, um tæknilegar forsendur Kyoto-bókunarinar,
6. ályktun nr. 1249, um samvinnu á sviði mannréttindasáttmála Evrópu og réttindaskrá samveldis fullvalda ríkja,
7. ályktun nr. 1248, um nefnd Evrópuráðsins gegn pyndingum,
8. tilmæli nr. 1520, um tæknilegar forsendur Kyoto-bókunarinnar,
9. ályktun nr. 1519, um samvinnu á sviði mannréttindasáttmála Evrópu og réttindaskrá samveldis fullvalda ríkja,
10. álit nr. 229, um drög að sáttmála um lögfræðilega aðstoð,
11. álit nr. 228, um drög að sáttmála um upplýsingar og samvinnu á sviði upplýsinga-samfélagsins,

12. tilmæli nr. 1518, um rétt einstaklinga til að hafna herskyldu,
13. tilmæli, nr. 1517, um starfshætti nefndar Evrópuráðsins gegn pyndingum, og
14. tilmæli nr. 1521, um stöðu Csango-þjóðernisbrotsins í Rúmeníu.

Þriðji hluti þingfundar, 25.–29. júní:

1. tilmæli nr. 1522, um afnám dauðarefsinga í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins,
2. ályktun nr. 1253, um afnám dauðarefsinga í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins,
3. skipun nr. 574, um afnám dauðarefsinga í áheyrnaraðildarríkjum Evrópuráðsins,
4. skipun nr. 575, um heimilisþrældóm,
5. tilmæli nr. 1523, um heimilisþrældóm,
6. ályktun nr. 1254, um Fjárfestingarbanka Evrópu og stöðu mála í Mið- og Austur-Evrópu,
7. tilmæli nr. 1524, um stjórn Fjárfestingarbanka Evrópu,
8. tilmæli nr. 1527, um framkvæmd Evrópusáttmála um tilflutning sakamanna,
9. tilmæli nr. 1526, um baráttuna gegn mansali og sölu barna,
10. tilmæli nr. 1525, um Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og 50 ára afmæli Genfar-sáttmálanna,
11. tilmæli nr. 1528, um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu,
12. ályktun nr. 1255, um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu,
13. tilmæli nr. 1529, um skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins,
14. ályktun nr. 1256, um skuldbindingar Tyrklands á vettvangi Evrópuráðsins,
15. álit nr. 230, um drög að Evrópusáttmála um verndun einkaréttar á hljóð- og myndmáli,
16. álit nr. 231, um drög að sáttmála um samvinnu í löggæslumálum, og
17. tilmæli nr. 1530, um stöðu og framtíðarhorfur ungs fólks á þéttbýlissvæðum.

Fjórði hluti þingfundar 24.–28. september:

1. skipun nr. 576, um öryggi og löggæslu í borgum Evrópu,
2. tilmæli nr. 1532, um félagsmálastefnu á sviði barna og unglinga í bæjum og borgum Evrópu,
3. tilmæli nr. 1531, um öryggi og löggæslu í borgum Evrópu,
4. tilmæli nr. 1533, um skuldbindingar Georgíu á vettvangi Evrópuráðsins,
5. ályktun nr. 1257, um skuldbindingar Georgíu á vettvangi Evrópuráðsins,
6. tilmæli nr. 1536, um eftirlitshlutverk Evrópuráðsþingsins,
7. tilmæli nr. 1534, um viðbrögð við hryðjuverkaógninni,
8. ályktun nr. 1258, um viðbrögð við hryðjuverkaógninni,
9. skipun nr. 577, um stöðu Mannréttindadómstóls Evrópu,
10. tilmæli nr. 1535, um stöðu Mannréttindadómstóls Evrópu,
11. skipun nr. 578, um eftirlitsstörf Evrópuráðsþingsins,
12. ályktun nr. 1260, um eftirlitsstörf Evrópuráðsþingsins,
13. ályktun nr. 1259, um Efnahags- og framfarastofun Evrópu og hið hnattræna hagkerfi,
14. tilmæli nr. 1537, um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu,
15. ályktun nr. 1261, um stöðu mála í fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu,
16. tilmæli nr. 1538, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins,
17. ályktun nr. 1262, um skuldbindingar Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins,
18. tilmæli nr. 1541, um unga vísindamenn í Evrópu,
19. tilmæli nr. 1539, um hið evrópska tungumálaár,

20. ályktun nr. 1263, um framþróun vísinda- og tæknimála í Mið- og Austur-Evrópu, og
21. tilmæli nr. 1540, um æðri menntun í suðausturhluta Evrópu.

Stjórnarnefndarfundur 8. nóvember:

1. ályktun nr. 1266, um einföldun kosningareglna Evrópuráðsþingsins,
2. ályktun nr. 1265, um hlutverk svæðisbundinna stofnana á sviði landbúnaðar,
3. ályktun nr. 1264, um vinnureglur í kosningum,
4. tilmæli nr. 1544, um propiska-kerfið og málefni flóttamanna og innflytjenda í aðildarríkjum Evrópuráðsins,
5. tilmæli nr. 1543, um kynþáttafordóma á veraldarvefnum,
6. tilmæli nr. 1542, um skipun Evrópunefndar um lög og lýðræðismál, og
7. álit nr. 232, um þátttöku borgara í sveitarstjórnarmálum.

875. Frumvarp til laga [168. mál]

um póstþjónustu.

(Eftir 2. umr., 26. febr.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um póstþjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og skilum á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga um póstþjónustu er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu.

3. gr.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

II. KAFLI

Orðaskýringar.

4. gr.

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

Almenn heimild: Heimild til að veita póstþjónustu aðra en alþjónustu.

Alþjónusta: Póstþjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

Ábyrgðarsending: Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt

beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum ákvörðunarstað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

Blindrasending: Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

Bréf: Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

Einkaréttarþjónusta: Póstþjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekandi í umboði þess.

Endastöðvagjöld: Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

Fjármunasending: Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta.

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir póstþjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND".

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi póstþjónustu.

Grunnkröfur: Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um póstþjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi póstflutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og, þar sem réttlætanlegt er, verndun gagna, verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

Markpóstur: Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðskynningu eða almennu kynningarefni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakenda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

Póstkassi: Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í póstþjónustu.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

Póstsending: Sending með eða án áritunar á umbúðir sem póstrekandi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

Póstþjónusta: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

Tryggð sending: Þjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

Útburður: Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu pósts í póstmiðstöð og lýkur með afhendingu hans á ákvörðunarstað.

III. KAFLI
Yfirstjórn póstmála.

5. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu póstþjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Alþjónusta.

6. gr.

Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir póstþjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfssvæði sínu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

a. Að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,
b. að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,
c. að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórnmálalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
d. að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,
e. að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafgreiðslu og póstþjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skylt er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um póstþjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

V. KAFLI
Einkaréttur ríkisins.

7. gr.

Einkaréttur á póstþjónustu.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstþjónustu vegna eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa án tillits til innihalds allt að 250 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en fimm sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.
2. Ábyrgðarbréfa sem notuð eru til að koma til viðtakenda birtingu á stefnum sem og opinberum tilkynningum stjórnvalda.

8. gr.

Útgáfa frímerkja.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins á þessu sviði, skal gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Hann skal taka frá a.m.k. 500 eintök af hverju nýju frímerki. Safn þetta skal vera í vörslu rekstrarleyfishafans en í eigu íslenska ríkisins. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins til útgáfu íslenskra frímerkja, skal senda samsvarandi aðilum erlendis, sem meðlimir eru í alþjóðapóstsambandinu, nýjar útgáfur íslenskra frímerkja og annast vörslu frímerkja sem erlend ríki senda til landsins á sama hátt. Íslenska ríkið telst eigandi allra frímerkja sem erlend ríki senda hingað samkvæmt þessu.

9. gr.

Uppsetning póstkassa.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri. Póst- og fjarskiptastofnun er þó heimilt að veita öðrum rekstrarleyfishöfum en falinn er einkaréttur ríkisins leyfi til uppsetningar póstkassa á almannafæri enda séu þeir greinilega merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp.

10. gr.

Auðkenni.

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á póstþjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, getur heimilað aðilum sem starfa í þágu hans að nota auðkennið.

11. gr.

Framsal á einkarétti ríkisins.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins samkvæmt þessum kafla. Við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt.

VI. KAFLI

Heimildir til að starfrækja póstþjónustu.

12. gr.

Tegundir heimilda.

Óheimilt er að starfrækja póstþjónustu án almennrar heimildar eða rekstrarleyfis nema þegar um er að ræða póstsendingar innan fyrirtækis, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja póstþjónustu. Heimildir skulu vera tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur póstþjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. Almennum heimildum fylgja ekki sérréttindi. Þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn.

Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska

efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð.

Við veitingu heimilda skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal vera gegnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

Óheimilt er að framselja heimildir hvort sem þær eru í formi almennra heimilda eða rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi ef viðkomandi aðili verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn skilmálum almennrar heimildar eða rekstrarleyfis. Í síðasttalda tilfellinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar heimildar kemur.

13. gr.

Almennar heimildir.

Aðilar sem hyggjast starfrækja póstþjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun þjónustunnar um fyrirætlan sína. Tilkynna skal stofnuninni um það hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu aðilans og hver sé fyrirhuguð þjónusta. Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort krafist verður að sótt sé um rekstrarleyfi en að öðrum kosti skrá aðila sem póstrekanda með almenna heimild. Hefji póstrekandi að veita póstþjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemina þangað til að úr hefur verið bætt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

14. gr.

Rekstrarleyfi.

Póstrekendur sem hyggjast veita alþjónustu skv. 6. gr. skulu sækja um rekstrarleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsóknum skal skýrt frá því hverjir eiga aðild að umsókninni, eignarhlutföllum þeirra, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð þjónusta og þjónustusvæði. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

15. gr.

Skilyrði rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa skv. 14. gr. Skilyrðin skulu vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal rekstrarleyfishafa. Skilyrði rekstrarleyfa geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. Að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að alþjónustu,
b. að rekstrarleyfishafi taki að sér skyldur ríkisins sem fylgja einkarétti þess,
c. að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir þjónustu sem er í einkarétti sé háð samþykki hennar,
d. að rekstrarleyfishafi hagi bókhaldi sínu í samræmi við 18. gr. og veiti Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um bókhaldið og aðgang að því,

e. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, sbr. VIII. kafla,
f. að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
h. að alþjóðasamningar á sviði póstmála sem ríkið hefur gert séu virtir,
i. að uppfylltar séu kröfur skv. 2. mgr. 6. gr.,
j. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum rekstrarleyfa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig gert að skilyrði að rekstrarleyfishafi, sem falin er alþjónusta, tryggi að almenningi á ákveðnum stöðum sé veittur aðgangur að póstþjónustu í samræmi við reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða sem Póst- og fjarskiptastofnun skal setja með hliðsjón af þörfum almennings.

VII. KAFLI
Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

16. gr.
Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

Póstrekendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum rekstrarleyfa þegar það á við.

Rekstrarleyfishafar skulu í skilmálum sínum setja ákvæði um eftirlit með notkun frímerkingavéla. Tekið skal fram með hvaða hætti áfylling á vélarnar fari fram og hvaða öryggisráðstafana er krafist til að koma í veg fyrir misnotkun.

Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir gildistöku.

Póstsendingar sem ekki bera gjald samkvæmt alþjóðasamningum skulu einnig vera gjaldfrjálsar innan lands.

17. gr.
Gjöld fyrir alþjónustu milli landa.

Við gerð samninga um endastöðvagjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu rekstrarleyfishafar hafa til viðmiðunar eftirtaldar grundvallarreglur:

1. Endastöðvagjöld skulu taka mið af kostnaði við póstmeðferð, þ.m.t. útburð.
2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.
3. Endastöðvagjöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

18. gr.

Fyrirkomulag bókhalds.

Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annarri þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekendur sem stunda einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna póststarfsemi sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.

Samgönguráðherra skal setja reglugerð um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu kostnaðar og fjárhagslegan aðskilnað milli póstþjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu, alþjónustu og annarrar þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerðinni og skal það staðfest opinberlega.

19. gr.

Gerð og birting ársreikninga.

Ársreikningar rekstrarleyfishafa skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

VIII. KAFLI

Kröfur um þjónustu og gæði.

20. gr.

Móttaka pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag.

21. gr.

Útburður pósts.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

22. gr.

Gæðakröfur.

Póst- og fjarskiptastofnun skal að því er varðar alþjónustu setja kröfur um gæði. Í slíkum reglum skal m.a. kveða á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundraðshluta, lágmarksopnunartíma póstafgreiðslustaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka með þessum lögum. Gæðakröfur fyrir póstþjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa. Póst- og fjar-

skiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum í einstökum tilfellum vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna dreifingarnets rekstrarleyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar. Stofnunin skal árlega gera könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

23. gr.

Tæknistaðlar.

Rekstrarleyfishafar skulu hafa að leiðarljósi tæknistaðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB, einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 22. gr.

24. gr.

Öryggi póstsendinga.

Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga. Þegar um er að ræða ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar skulu póstrekendur gera sérstakar ráðstafanir til þess að geyma þær á öruggum stað meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um öryggismál á póstafgreiðslum.

IX. KAFLI
Póstflutningar.

25. gr.

Skylda til að flytja póstsendingar.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar rekstrarleyfishafa milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

26. gr.

Öryggi í flutningum.

Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

X. KAFLI
Jöfnunarsjóður alþjónustu.

27. gr.

Umsóknir um fjárframlög.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 14. og 15. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir. Umsóknir um framlög skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.

Við móttöku umsóknar um fjárframlag skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort þjónustan falli innan ramma 6. gr. og ef svo er hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Ef það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þjónustan verði ekki aflögð, ef mæta á markmiðum 2. gr., og ekki reynist mögulegt að veita þjónustuna á hagkvæmari hátt skal stofnunin tryggja rekstrarleyfishafa fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að fylgjast með notkun fjárframlaga.

Með umsókn rekstrarleyfishafa um fjárframlög til alþjónustu skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um það hvert sé heildarrekstrartap af alþjónustu rekstrarleyfishafa á viðkomandi svæði og hvernig tapið sundurliðast. Sem hluta af vinnslu umsóknar getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildartekjur og kostnað umsækjanda af alþjónustu. Einnig getur stofnunin krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu umsækjanda á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur krafist aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með því hvernig framlögum er varið. Í lok hvers árs skal rekstrarleyfishafi sem hlotið hefur framlag úr jöfnunarsjóði gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins.

Þegar hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa er háður fjárframlögum úr jöfnunarsjóði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.

Fjárframlög eru veitt til eins árs í senn og skal endurnýja umsóknir um fjárframlög fyrir settan tíma. Samgönguráðherra setur nánari reglur um umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði og afgreiðslu þeirra í reglugerð um alþjónustu, sbr. 6. gr.

28. gr.

Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Jöfnunargjaldið skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við heildarrekstrartekjur sem viðkomandi rekstrarleyfishafi hefur af póststarfsemi sem fellur undir ákvæði um alþjónustu.

Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

XI. KAFLI

Samningar um sértæka póstþjónustu.

29. gr.

Sértæk póstþjónusta.

Óski samgönguráðherra eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka póstþjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekanda í kjölfar útboðs.

30. gr.

Fjármögnun sértækrar póstþjónustu.

Kostnaður vegna sértækra framkvæmda eða póstþjónustu skv. 29. gr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

XII. KAFLI
Reglur um póstmeðferð.

31. gr.
Móttaka og afhending póstsendinga.

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstþjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimpill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfakassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekanda ný fyrirmæli um póstmeðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

32. gr.
Óskilasendingar.

Póstrekendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakenda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekandi endursenda til sendanda.

Póstrekendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekanda.

33. gr.

Óheimilar póstsendingar.

Óheimilt er að afhenda póstrekanda sendingar með innihaldi sem er ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir móttakanda.

Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólögmætt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólögmætt innihald póstsendinga og skulu póstrekendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóstsambandinu listann yfir ólögmætt innihald. Sömuleiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólögmætt í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripi eða hliðstæð verðmæti.

34. gr.

Umbúðir póstsendinga.

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekendum í umbúðum. Póstrekendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekandans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lifræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni. Í reglugerð sem samgönguráðherra setur um framkvæmd póstþjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrannalöndunum um samsvarandi hluti.

35. gr.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu.

Nánari reglur um framkvæmd póstþjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal samgönguráðherra setja í reglugerð um alþjónustu.

XIII. KAFLI
Upplýsingaskylda póstrekenda.

36. gr.

Upplýsingar um rekstur.

Póstrekendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstlagðra

sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdarflokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

Rekstrarleyfishafar skulu veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Rekstrarleyfishafi, sem fer með einkarétt ríkisins, skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og fjárhag sem nauðsynlegar eru að mati Póst- og fjarskiptastofnunar við endurskoðun á gjaldskrá hans. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

Rekstrarleyfishafar skulu láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 22. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

XIV. KAFLI
Skaðabætur.

37. gr.
Bætur vegna seinkana.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki.

38. gr.
Almennar sendingar.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

39. gr.
Ábyrgðarsendingar og bögglar.

Sendandi ábyrgðarsendinga og böggla skal eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekenda. Skaðabætur skulu miðast við verðmæti sendinganna. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendum ber að taka á sig í þessu sambandi.

40. gr.
Tryggðar sendingar.

Sendandi tryggðrar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekenda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

41. gr.
Fjármunasendingar.

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við sem fjármunasendingu og skal standa sendanda full skil á verðmæti slíkrar sendingar glatist hún.

42. gr.
Óbeint tjón.

Skaðabótaskylda skv. 39.–41. gr. nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekanda. Ekki er skylt að bæta

fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

43. gr.

Póstsendingar milli landa.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

44. gr.

Sérstök tilvik.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

45. gr.

Fyrning skaðabótakröfu.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

XV. KAFLI

Póstleynd og undanþágur.

46. gr.

Póstleynd og íhlutun starfsmanna.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstþjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstþjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

48. gr.

Ólögmæt háttsemi.

Starfsmönnum við póstþjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

49. gr.

Skylda að upplýsa starfsfólk.

Póstrekendur skulu kynna starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við póstþjónustu ákvæði þessa kafla.

XVI. KAFLI
Milliríkjasamningar.

50. gr.

Póstþjónusta við önnur lönd.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

51. gr.

Þátttaka rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að rekstrarleyfishafar skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

XVII. KAFLI
Viðurlög.

52. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á lögum þessum varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn XV. kafla laganna, um póstleynd og ólögmæta háttsemi, varða sektum eða fangelsi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

XVIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

53. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

54. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Jafnframt falla úr gildi lög um póstþjónustu, nr. 142/1996, með síðari breytingum.

VIÐAUKI
Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstmeðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjölda virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun pósts á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

876. Lög [286. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 866.

877. Fyrirspurn [557. mál]

til dómsmálaráðherra um aukið lögreglueftirlit.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra kanna hvort þörf sé á frekara lögreglueftirliti í íbúðarhverfum Reykjavíkur?
2. Mun jafnframt verða könnuð þörf á frekara lögreglueftirliti í nágrannabæjum Reykjavíkur?
3. Hvenær mun niðurstaða liggja fyrir?

878. Fyrirspurn [558. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

Frá Ástu Möller.

1. Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs og sveitarfélaga, auk frjálsra framlaga til húsafriðunarsjóðs 1991–2001, sbr. III. kafla laga um húsafriðun, nr. 104/2001?
2. Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1991–2001, skipt eftir verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

879. Fyrirspurn [559. mál]

til sjávarútvegsráðherra um reglur um úthlutun „byggðakvóta“.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hefur ráðherra sett reglur um framkvæmd ákvæða 9. gr. laga um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 129 20. desember 2001, um sérstaka úthlutun til krókaaflamarksbáta „sem gerðir eru út frá sjávarbyggðum sem að verulegu leyti eru háðar veiðum krókaaflamarksbáta“?
2. Hverjar eru þær reglur, hve margir bátar fá slíka viðbótarúthlutun, hvaðan eru þeir gerðir út og hvar eru þeir skráðir?
3. Hve mikið kemur í hlut þeirra sem mest fá?
4. Hvaða skilyrði setur ráðherra fyrir framsali aflamarks sem úthlutað er á þennan hátt?

Skriflegt svar óskast.

880. Fyrirspurn [560. mál]

til fjármálaráðherra um störf þóknananefndar.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig er hlutverk þóknananefndar ríkisins skilgreint?
2. Hvað er lagt til grundvallar í mati þóknananefndar á greiðslum fyrir setu í starfsnefndum, stjórnum og ráðum?
3. Hefur verið greitt fyrir þessa vinnu samkvæmt reikningi eða á annan hátt en þóknananefnd kveður á um?

4. Hver ákveður annað greiðsluform og hvaða forsendur eru þá lagðar til grundvallar þóknun?
5. Hvaða nefndir, stjórnir eða ráð eiga í hlut ef greitt hefur verið með öðrum hætti en samkvæmt mati þóknananefndar?
6. Hvaða fjárhæðir er um að ræða annars vegar samkvæmt mati þóknananefndar og hins vegar samkvæmt öðrum ákvörðunum, sundurliðað eftir nefndum og ráðum og fjölda nefndarmanna?
7. Hverjar eru heildargreiðslur á árinu 2001 annars vegar fyrir stjórnir og ráð og hins vegar fyrir starfsnefndir?

Skriflegt svar óskast.

881. Fyrirspurn [561. mál]

til landbúnaðarráðherra um endurskoðun jarðalaga.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Er fyrirhuguð endurskoðun jarðalaga með tilliti til ákvæða stjórnarskrár um jafnræði þegnanna og eignarrétt?

882. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar fellur ekki undir ákvæði laga þessara.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Orðin „og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

4. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

5. gr.

Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.

6. gr.

11. gr. a laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	Hámarksaflahlutdeild
Þorskur	12%
Ýsa	50%
Ufsi	50%
Karfi	50%
Grálúða	50%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo:
   Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.
2. Orðin „fyrir fram“ í 2. mgr. falla brott.
3. Orðin „í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess“ í 1. málsl. 7. mgr. falla brott.
4. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.
5. Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 8. mgr. kemur: 15 brúttótonnum.

8. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 20. gr.

10. gr.

Á eftir IV. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, V. kafli, **Þorskígildi,** með einni nýrri grein, 21. gr., og VI. kafli, **Veiðigjald,** með fjórum nýjum greinum, 22.–25. gr., svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 22. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

b. (22. gr.)

Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 24. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

c. (23. gr.)

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 22. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

1. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.001 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
2. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 15.391 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
3. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 40% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 21. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. málsl. í krónum á þorskígildiskílógramm.

d. (24. gr.)

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 23. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.

e. (25. gr.)

Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert 1. september, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um, þó aldrei umfram það sem þegar hefur verið greitt.

11. gr.

7. og 8. málsl. 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða í lögunum orðast svo: Verði breytingar á skipakosti útgerðar er útgerð heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari málsgrein yfir á annan bát í sinni eign. Tilkynna skal um slíkan flutning til Fiskistofu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2002.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. taka ákvæði 10. gr. laganna gildi 1. september 2004.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 23. gr. skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða V í lögum nr. 1/1999, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd hinn 28. september 1999 sem skyldi endurskoða fiskveiðistjórnarlögin. Í skipunarbréfi nefndarinnar komu fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni og tillögum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Í skipunarbréfinu segir:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.

Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“

Síðastliðið haust skilaði nefndin skýrslu sinni til ráðherra. Meginumfjöllunarefni nefndarinnar var hvort leggja skyldi auðlindagjald á sjávarútveginn og í hvaða formi slíkt gjald ætti þá að verða. Ræddi nefndin nokkra kosti við álagningu greiðslna fyrir afnotarétt af nytjastofnum sjávar. Þær leiðir sem auðlindanefnd taldi koma til greina og kenndar eru við veiðigjald og fyrningu voru ræddar ítarlega, en einnig var skoðuð sú leið sem kennd hefur verið við samninga og lýst er í skýrslu nefndarinnar.

Meiri hlutinn taldi og mikilvægt að deilur um eignarhald og afnotarétt á nytjastofnum sjávar yrðu settar niður og til þess skyldi farin sú leið sem auðlindanefnd lagði til, þ.e. að greiðsla kæmi fyrir afnotaréttinn með hliðsjón af afkomu fiskveiða. Þessi niðurstaða meiri hlutans byggðist þó á því að sjávarútvegurinn fengi aukið svigrúm og yrði gert kleift að treysta stöðu sína, greiða niður skuldir og auka hagnað. Til að svo megi verða skiptir mestu að frjálsræði verði aukið í sjávarútvegi og langtímastefnumótun og festa í lagaumhverfi og framkvæmd laga á sviði greinarinnar verði haft í öndvegi.

Við útfærslu tillagna sinna um veiðigjald lagði meiri hlutinn til að veiðigjaldið yrði tvískipt; annars vegar fastur hluti sem tæki mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnunar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem tengdist afkomu í greininni. Á móti gjaldtökunni lagði nefndin til að niður féllu ýmis gjöld sem útgerðin ber nú enda taldi nefndin afkomu í sjávarútveginum ekki gefa tilefni til frekari sérstakrar gjaldtöku og því bæri einnig að hafa rúman aðlögunartíma að veiðigjaldinu.

Í frumvarpinu eru tillögur nefndarinnar um veiðigjald útfærðar, þó þannig að um eitt gjald er að ræða sem bæði er magn- og afkomutengt.

Samkvæmt frumvarpinu ber ráðherra að ákvarða fyrir 15. júlí ár hvert veiðigjald sem til álagningar kemur á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september sama ár fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

Veiðigjaldið samkvæmt frumvarpinu er fundið út með þeim hætti að frá aflaverðmæti tímabils sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl er dreginn reiknaður olíukostnaður, launakostnaður og annar rekstrarkostnaður sama tímabils. Þeirri tölu sem eftir stendur úr þessum útreikningum skal síðan deilt upp í þorskígildi sama tímabils og nefnt er hér að ofan. Með þessu stendur eftir ákveðin fjárhæð á hverju þorskígildi og skal veiðigjald næsta árs vera 9,5% af þeirri fjárhæð reiknað í krónum fyrir hvert þorskígildiskílógramm komandi fiskveiðiárs. Samkvæmt frumvarpinu skal Fiskistofa leggja þannig reiknað veiðigjald á hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda, eins og fyrir er mælt í 24. gr. frumvarpsins á komandi fiskveiðiári. Innheimta gjaldsins er einnig í höndum Fiskistofu.

Til að koma móts við óvissuna sem óhjákvæmilega er fyrir hendi í rekstrargrundvelli sjávarútvegsins er mikilvægt að hafa veiðigjaldið afkomutengt. Það er í frumvarpinu gert með því að miða gjaldið við reiknaða afkomu síðasta árs og tengja gjaldið við það magn veiðiheimilda í þorskígildum talið sem úthlutað er á næsta fiskveiðiári. Með þessu móti næst fram hvort tveggja í senn, tenging við afkomu og magn veiðiheimilda hverju sinni.

Afkomutengingin sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er útfærð þannig að miðað er við að frá heildaraflaverðmæti ákveðins liðins tímabils séu dregnir stærstu kostnaðarliðir útgerðarinnar, þ.e. reiknuð laun, olíukostnaður og annar rekstrarkostnaður. Þær tekjur sem eftir standa þegar þessi kostnaður hefur verið greiddur verða notaðar sem grundvöllur gjaldtökunnar á komandi fiskveiðiári. Með þessu móti er tekið tillit til þeirra þátta sem mest áhrif hafa á afkomu útgerðarinnar, þ.e. sveiflna í aflaverðmæti sem stafað geta af verðbreytingum

og/eða breytingum á aflamagni, breytingum á olíuverði og öðrum rekstrarkostnaði auk þess sem tillit er tekið til launakostnaðar.

Magntenging gjaldsins samkvæmt frumvarpinu kemur til með tvennu móti. Annars vegar sem hluti af afkomutengingunni þar sem aflamagn mun hafa mikil áhrif og hins vegar við álagningu gjaldsins þar sem miðað er við að fast gjald sé lagt á hvert þorskígildiskílógramm. Með þessu er tryggt að álagning gjaldsins taki tillit til magnbreytinga sem kunna að verða í veiðum úr nytjastofnum sjávar.

Í töflu hér að aftan má sjá þá upphæð sem lögð hefði verið á sem veiðigjald nokkur undanfarin ár.

Millj. kr.	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Aflaverðmæti	51.698	53.592	57.523	56.544	59.483	60.729	61.321	69.000	78.000
Reiknaður olíuliður	2.938	2.929	3.627	3.568	2.399	3.400	6.001	6.342	5.880
Reiknaður annar kostnaður	14.620	14.861	15.199	15.472	15.733	16.273	17.063	18.155	18.599
Áætlaður launakostnaður	20.679	21.437	23.009	22.618	23.793	24.292	24.528	27.600	31.200
Aflaverðmæti að frádregnum reiknuðum kostnaði	13.461	14.365	15.688	14.887	17.558	16.764	13.729	16.903	22.321
Veiðigjald 9,5%	1.279	1.365	1.490	1.414	1.668	1.593	1.304	1.606	2.121
Framlegð %	19,1	21,7	21,0	17,9	20,8	19,6	21,2	24,9	27,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun, sjávarútvegsráðuneytið.
Á árunum 1994–2000 eru tölur um aflaverðmæti rauntölur. Upplýsingar um olíu-, launa- og annan rekstrarkostnað á árunum 1994–1999 eru byggðar á reiknireglum frumvarpsins en á rauntölum á árinu 2000. Aflaverðmæti ársins 2001 er byggt á áætlun en reiknireglum frumvarpsins er beitt á kostnaðarliði. Árið 2002 er byggt á áætluðu aflaverðmæti frá 1. maí 2001 til 30. apríl 2002, jafnframt er reiknireglum frumvarpsins beitt á aðra kostnaðarliði.

Þannig er sýnt að verði frumvarpið að lögum hefur það auknar álögur á útveginn í för með sér. Það sýnist vera í samræmi við fyrirliggjandi stefnumótun, bæði auðlinda- og endurskoðunarnefndar, sem m.a. styðst við þann skilning að almenningi beri sýnileg hlutdeild í hagnaði af nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Jafnframt kemur þar til sá skilningur að atvinnugreinunum ber hverri fyrir sig að taka aukinn þátt í útgjöldum sem hljótast beint af starfsemi þeirra. Það atriði er mikilsvert til að draga úr útgjöldum hins opinbera.

Í skýrslu auðlindanefndar kemur fram að „nefndin er þeirrar skoðunar að rétt sé að stefna að greiðslu fyrir afnotarétt af öllum auðlindum sem eru í eigu ríkis eða þjóðar af tvennum ástæðum: annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind, hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframarði (auðlindarentu) sem nýting hennar skapar“. Í skýrslu endurskoðunarnefndar leggur meiri hluti hennar til að gjaldið verði tvískipt, annars vegar breytilegur hluti sem tengist afkomu greinarinnar og hins vegar fastur hluti sem miðist við kostnað ríkisins vegna stjórnar fiskveiða. Í því sambandi leggur nefndin til að við ákvörðun gjaldsins verði horft til árlegs kostnaðar vegna þess hluta Fiskistofu sem snýr að fiskveiðum (um 400 millj. kr.), rekstrar Hafrannsóknastofnunarinnar, um 940 millj. kr., og afskrifta og fyrirsjáanlegs kostnaðar við fjárfestingar í hafrannsóknaskipum (150–200 millj. kr.). Samtals nemur þessi kostnaður um 1.490–1.540 millj. kr. á ári.

Til að einfalda sem mest útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjaldsins var ákveðið að leggja til í frumvarpi þessu að veiðigjald yrði lagt á útgerðina í einu gjaldi og veiðigjaldið yrði ekki tvískipt, annars vegar kostnaðargjald og hins vegar afkomutengt gjald. Þrátt fyrir það var við ákvörðun og útfærslu gjaldsins í frumvarpinu horft til þess og við það miðað að útgerð stæði undir kostnaði sem ríkið hefur af nýtingu auðlindarinnar.

Jafnframt er rétt að hafa í huga að gera má ráð fyrir að auka þurfi ráðstöfunarfé Hafrannsóknastofnunarinnar á næstu árum um 600 millj. kr. á ári til að skapa stofnuninni rými til að stunda auknar haf- og fiskirannsóknir á næstu árum svo að hún geti tekist á við nauðsynleg verkefni. Í því felast auknar rannsóknir á afrakstursgetu helstu nytjastofna við Ísland og á vannýttum tegundum, einkum á djúpslóð. Einnig rannsóknir á áhrifum veiða á vistkerfi sjávar og lífríki hafsbotnsins, auk rannsókna á veiðarfærum og kjörhæfni þeirra. Þá er nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnunin leggi aukna áherslu á rannsóknir sem varða eldi sjávardýra auk rannsókna sem varða veðurfarsbreytingar og sveiflur í lífríki og umhverfisþáttum.

Gangi frumvarp þetta eftir og veiðigjaldið skili þeim tekjum sem við er búist í lok aðlögunartímans þegar það er komið til fullra framkvæmda má gera ráð fyrir að það geti staðið undir ¾ hluta af núverandi rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunarinnar að viðbættum þeim kostnaði sem hlýst af þeim auknu rannsóknum sem að framan greinir. Að auki er gert ráð fyrir að veiðigjaldið geti staðið undir þeim kostnaði Fiskistofu sem snýr að fiskveiðistjórnun og eftirliti.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að útgerðin greiði samtals um 850 millj. kr. í veiðieftirlitsgjald og til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Í tillögum endurskoðunarnefndarinnar var gert ráð fyrir að þessi gjöld féllu niður þegar kæmi til greiðslu veiðigjalds og við það er miðað.

Rétt er og að hafa í huga að vegna nýrra hafnalaga geta útgjöld fiskiskipaútgerða aukist verulega, ef frumvarp samgönguráðherra sem lagt hefur verið fram á Alþingi nær fram að ganga og yrði það viðbót við þær auknu álögur sem lagðar eru til í þessu frumvarpi.

Í skýrslu nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða eru gerðar tillögur um fjölmarga þætti aðra er snerta stjórn fiskveiða. Lagði meiri hluti nefndarinnar til að núverandi aflamarkskerfi yrði áfram meginstoð fiskveiðistjórnar hér á landi enda hefði það í meginatriðum náð því markmiði að stuðla að hagkvæmum fiskveiðum. Gerir frumvarpið ekki heldur ráð fyrir að horfið verði af þeirri braut sem mörkuð hefur verið um stjórn fiskveiða.

Tillögum nefndarinnar um stjórnun veiða krókabáta hefur flestum þegar verið hrundið í framkvæmd með lagabreytingum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögfest verði ein tillaga nefndarinnar enn er varðar krókabáta. Þannig er lagt til að takmarkanir á stærð krókabáta verði rýmkaðar úr 6 brl. eða 6 brúttótonnum eins og nú er í 15 brúttótonn.

Þá er í frumvarpinu lagt til að tillögum meiri hluta nefndarinnar um hámarksaflahlutdeild verði fylgt, en meiri hlutinn taldi ákvæði 11. gr. laga um stjórn fiskveiða óþarflega þröng hvað þetta varðar. Að mati meiri hlutans koma þessar reglur í veg fyrir að hagkvæmni stærðarinnar sé nýtt og hamla sérhæfingu fyrirtækja. Er því lagt til að hámarkshlutdeild einstakra aðila í þorski verði 12%, en hámarkshlutdeild í öðrum bolfiskstegundum verði 50%. Enn fremur er lagt til að samanlögð aflahlutdeild einstakra aðila verði 12% óháð því hvort fyrirtækin eru í dreifðri eignaraðild.

Í frumvarpinu er lagt til að settar verði ákveðnar reglur um hvenær unnt er að flytja aflamark milli skipa. Samkvæmt tillögum frumvarpsins er það fyrst unnt þegar aflamarkinu hefur verið úthlutað og lýkur fresti til þess 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur. Þá er lagt til að heimild til flutnings sé takmörkuð þannig að aflaheimildir séu ekki bersýnilega umfram veiðigetu skipsins og er það í samræmi við þá takmörkun sem er á flutningi aflahlutdeildar. Þykir ekki síður ástæða til að setja takmarkanir á flutning aflamarks. Einnig er lagt til að heimild til flutnings miðist ekki eingöngu við það aflamark sem úthlutað er í upphafi árs. Aflamarki í ýmsum tegundum er ekki úthlutað í upphafi fiskveiðiárs heldur á öðrum tíma, t.d. aflamarki í úthafskarfa. Enn fremur byggist aflamark ekki í öllum tilvikum á aflahlutdeild

skipsins, t.d. varðandi uppbætur ýmiss konar, og þykir ekki ástæða til að hafa sérstakar þrengri reglur um flutning á slíku aflamarki.

Gerðar eru tillögur um breytingar á þeim reglum sem nú heimila Fiskistofu að samþykkja að vikið sé frá takmörkun á heimild til flutnings aflamarks. Samkvæmt gildandi ákvæði er heimilt að víkja frá takmörkun á heimild til flutnings aflamarks þegar um breytingu á skipakosti útgerðar er að ræða enda sé aflahlutdeildin jafnframt flutt milli viðkomandi skipa. Orðalag greinarinnar er nokkuð óljóst og má segja að með henni hafi ekki náðst sá tilgangur er að var stefnt. Nauðsynlegt er að leyfa rýmri flutning aflamarks við endurnýjun skips eða þegar skip hverfur úr rekstri t.d. vegna sjótjóns eða bilana. Hins vegar er ljóst að ekki er unnt að tilgreina í lagaákvæði nákvæmar reglur um öll þau tilvik sem þannig geta komið upp og er því lagt til að frekari reglur verði settar í reglugerð.

Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra geti að höfðu samráði við Byggðastofnun ráðstafað allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Er gert ráð fyrir að þessar 1.500 lestir verði teknar af þeim heimildum sem ráðherra hefur nú, sbr. 9. gr. laganna um stjórn fiskveiða, til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að tryggður verði lagagrundvöllur fyrir því að Hafrannsóknastofnunin geti stundað rannsóknir á nytjastofnum sjávar með veiðum á þeim án þess að reglur laganna um aflahlutdeild og aflamark eigi við um þær veiðar. Með þessu er lagt til að staðfesta í lögum þá framkvæmd sem verið hefur við lýði hingað til, en umboðsmaður Alþingis hefur gert við það athugasemdir að lagagrunn skorti hvað þetta varðar.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að felldir verði út hlutar málsliða sem ekki þjóna lengur tilgangi í lögunum í kjölfar eldri breytinga laganna. Hafa breytingar samkvæmt greininni því ekki efnislega þýðingu fyrir framkvæmd laganna, en gera texta þeirra skýrari.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að eiganda skips sem aflareynsla er bundin við vegna veiða á viðmiðunartímabili 1. mgr. 8. gr. verði heimilað að ráðstafa hlutdeildinni sem skip hans hefði fengið við úthlutun á það skip sem hann kýs, hafi skip hans horfið úr rekstri áður en til úthlutunar kemur. Er lagt til að aflareynslan renni í þessum tilvikum til síðasta eiganda skipsins áður en það hverfur úr rekstri. Er með þessu lagt til að núverandi framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða og laganna um veiðar utan lögsögu verði nánar staðfest í lögum.

Um 4. gr.

Í fyrri málslið 1. efnismgr. er óbreytt það ákvæði 9. gr. laganna sem segir að ráðherra skuli hafa til ráðstöfunar allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Heimild þessi hefur aðeins verið nýtt að hluta og einkum vegna skerðingar í innfjarðarækjuveiðum. Í síðari málslið er lögð til sú breyting að ráðherra verði heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af þessum 12.000 lestum til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Í 2. efnismgr. greinarinnar segir að ráðherra skuli í reglugerð ákveða ráðstöfun aflaheim-

ilda samkvæmt þessari grein og þar á meðal um hvaða fisktegundir komi til úthlutunar samkvæmt greininni. Það er breyting frá gildandi ákvæði síðari málsliðar 1. mgr., en þar segir að aflaheimildunum skuli skipt á allar botnfisktegundir í samræmi við leyfilegan heildarafla og verðmætastuðla þeirra. Þykir heppilegra að ráðherra ákveði hvaða tegundir komi til úthlutunar hverju sinni samkvæmt þessari grein því að augljóslega eru aðstæður mismunandi og er ekki heppilegt að úthluta bátum heimildum í tegundum sem þeir eiga ekki kost á að veiða.

Þá er lagt til að 3. mgr. falli niður enda er hún óþörf þegar litið er til 3. tölul. 7. gr.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að takmarka beri stærð krókaaflamarksbáta við 15 brúttótonn í stað 6 brl. eða 6 brúttótonna eins og gert er í núgildandi lögum. Þykir 6 brl. eða 6 brúttótonna takmörkunin of þröng, m.a. af öryggisástæðum. Er þetta í samræmi við tillögur meiri hluta nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Þetta ákvæði á þannig einungis við krókaaflamarksbáta og gildir ekki um dagabáta.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 11. gr. a laga um stjórn fiskveiða um hámarksaflahlutdeild verði rýmkuð. Núgildandi lög kveða á um að hámarksheildaraflahlutdeild einstakra aðila eða tengdra aðila í einstökum tegundum sé 20% nema í þorski og ýsu þar sem mörkin eru 10%. Enn fremur heimila núgildandi lög að samanlögð hlutdeild einstakra aðila eða tengdra aðila nemi allt að 8% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla. Þó má samanlögð hlutdeild ná allt að 12% ef fyrirtæki er í dreifðri eignaraðild, en með því er átt við að enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar eigi meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila og að engar hömlur séu á viðskiptum með eignarhlut í viðkomandi lögaðila.

Meiri hluti nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða taldi ákvæði laga um stjórn fiskveiða óþarflega þröng hvað þetta varðar. Að mati meiri hlutans koma þessar reglur í veg fyrir að hagkvæmni stærðarinnar sé nýtt og hamla sérhæfingu fyrirtækja.

Er í frumvarpinu lagt til að samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila megi aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild þorsks en 12% og ekki hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild ýsu, ufsa, karfa eða grálúðu en 50%. Þá er lagt til að þetta hlutfall verði ekki umfram 20% í síld, loðnu eða úthafsrækju né í öðrum tegundum sem sæti ákvörðun um leyfilegan heildarafla samkvæmt lögunum. Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda hærra hlutfalli en 2% af heildaraflaverðmæti aflamarks allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfilegan heildarafla skal 20% reglan einnig gilda.

Þá er lagt til að samanlögð hlutdeild einstakra aðila eða tengdra aðila geti numið allt að 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla óháð eignaraðild. Af þessum sökum félli úr gildi sérregla núgildandi laga um samanlagða hámarkshlutdeild aðila í dreifðri eignaraðild.

Að öðru leyti er ekki um að ræða tillögur til breytinga á núgildandi 11. gr.

Um 7. gr.

Með greininni eru lagðar til nokkrar breytingar á 12. gr. laganna og eru þær í fimm liðum.

Í a-lið felast tvær breytingar. Í fyrsta lagi eru settar ákveðnar reglur um hvenær unnt er að flytja aflamark milli skipa. Samkvæmt þessari málsgrein er það fyrst unnt þegar aflamarkinu

hefur verið úthlutað og lýkur fresti til þess 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur. Þykir nauðsynlegt að setja heimild til flutnings tímamörk með þessum hætti. Þá er lagt til að heimild til flutnings sé takmörkuð þannig að aflaheimildir séu ekki bersýnilega umfram veiðigetu skipsins og er það í samræmi við þá takmörkun sem er á flutningi aflahlutdeildar. Þykir ekki síður ástæða til að setja takmarkanir á flutning aflamarks.

Í b-lið eru orðin „fyrir fram“ felld niður og er það gert til samræmis við þá breytingu sem felst í a-lið.

Í c-lið er lagt til að heimild til flutnings miðist ekki eingöngu við það aflamark sem úthlutað er í upphafi árs. Aflamarki í ýmsum tegundum er ekki úthlutað í upphafi fiskveiðiárs heldur á öðrum tíma, t.d. aflamarki í úthafskarfa. Enn fremur byggist aflamark ekki í öllum tilvikum á aflahlutdeild skipsins, t.d. varðandi uppbætur ýmiss konar, og þykir ekki ástæða til að hafa sérstakar þrengri reglur um flutning á slíku aflamarki.

Í d-lið er lagt til að orðalagi þessa málsliðar verði breytt nokkuð. Samkvæmt gildandi ákvæði er heimilt að víkja frá takmörkun á heimild til flutnings aflamarks þegar um breytingu á skipakosti útgerðar er að ræða enda sé aflahlutdeildin jafnframt flutt milli viðkomandi skipa. Orðalag greinarinnar er nokkuð óljóst og má segja að með henni hafi ekki náðst sá tilgangur er að var stefnt. Nauðsynlegt er að leyfa rýmri flutning aflamarks þegar um endurnýjun skips er að ræða eða þegar skip hverfur úr rekstri, t.d. vegna sjótjóns eða bilana. Hins vegar er ljóst að ekki er unnt að tilgreina í lagaákvæði nákvæmar reglur um öll þau tilvik sem þannig geta komið upp og er því lagt til að frekari reglur verði settar í reglugerð.

Í e-lið er lagt til að flutningur aflamarks til krókaaflamarksbáta miðist við 15 brúttótonn og er það í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 5. gr.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að 14. gr. laganna verði felld úr gildi. Í 14. gr. segir að sérstök samráðsnefnd sem skipuð skuli einum fulltrúa sjómanna, einum fulltrúa útgerðar auk formanns, sem skipaður sé af ráðherra, skuli fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi og úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða ákvæði reglugerðar frá árinu 1984 þegar aflamarkskerfinu var komið á og hefur síðan verið efnislega óbreytt, fyrst í reglugerðum og síðar í lögum um stjórn fiskveiða.

Álita- og ágreiningsmál þau sem áður fyrr byggðust á matskenndum forsendum, eins og nefndinni var fyrst og fremst ætlað að leysa, eru nú að mestu úr sögunni þar sem núgildandi lög kveða með skýrum hætti á um forsendur úthlutunar veiðileyfa, aflamarks og aflahlutdeildar. Þá kemur hér einnig til að stofnun Fiskistofu í september 1992 hefur mjög breytt forsendum fyrir starfi slíkrar nefndar. Fiskistofu var falið vald til að taka ákvarðanir um þau einstaklingsbundnu álita- og ágreiningsefni sem upp kæmu og ráðuneytið fjallaði um áður. Jafnframt varð til málskotsréttur til ráðuneytisins sem æðra stjórnvalds vegna einstakra ákvarðana Fiskistofu í þessum efnum. Þá voru á árinu 1993 sett almenn stjórnsýslulög þar sem settar voru almennar reglur varðandi ákvarðanir stjórnvalda, rökstuðning stjórnvalda, málskot og fleira. Því má segja að starf nefndarinnar falli illa að stjórnsýslunni eins og hún tíðkast nú. Þessi þróun hefur leitt til þess að nefndin hefur lítt eða ekkert komið saman síðan Fiskistofu var komið á laggirnar og þykir því rétt að fella þessa grein niður.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að gert verði að skyldu að tilkynna Fiskistofu um eigendaskipti að fiskiskipi eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni. Er gert

ráð fyrir að slík tilkynning berist innan 15 daga frá undirritun samnings. Samkvæmt frumvarpinu skulu bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki, þegar um leigu er að ræða, sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu skal hvíla á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Loks er gert ráð fyrir að vanefndir á tilkynningarskyldu geti varðað viðurlögum skv. 20. gr. laganna.

Ljóst má vera að í fiskveiðistjórnarkerfi þar sem byggt er á úthlutun tiltekinna og takmarkaðra veiðiheimilda til einstakra fiskiskipa er mikilvægt að jafnan liggi fyrir hver beri ábyrgð á útgerð einstakra skipa. Þótt talsvert hafi áunnist í því að bæta fiskiskipaskrá Fiskistofu hvað varðar upplýsingar um útgerðaraðila er hætt við að skráin verði aldrei nákvæm nema skylda hvíli á kaupendum, seljendum og leigutökum skipa um að senda Fiskistofu tilkynningu um breytingar á útgerðaraðild. Er því lagt til að gerð verði krafa um slíka tilkynningu til að gera Fiskistofu betur kleift að gegna því eftirliti sem stofnuninni er ætlað að hafa með þeim sem veiðar stunda hér við land.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um álagningu og innheimtu veiðigjalds auk útreikninga á þorskígildum í tveimur nýjum köflum sem eru samtals fimm nýjar greinar. Gert er ráð fyrir að greinarnar verði 21.–25. gr. laga um stjórn fiskveiða verði frumvarp þetta að lögum.

Um a-lið (21. gr.).

Hér er gert ráð fyrir að reglur um útreikning þorskígilda sem nú standa í lögunum um veiðieftirlitsgjald verði teknar óbreyttar upp í lögin um stjórn fiskveiða. Útreikningur þorskígilda er nauðsynlegur við álagningu veiðigjalds og er því nauðsynlegt að reglur þessar séu teknar upp hér, enda er gert ráð fyrir að sá hluti laganna um veiðieftirlitsgjald sem varðar þorskígildi falli niður er ákvæðin um veiðigjald taka gildi.

Þá er nauðsynlegt að ákvæðið um útreikning þorskígilda verði áfram við lýði þar sem þorskígildi eru víða notuð í lögum er fjalla um stjórn fiskveiða.

Um b-lið (22. gr.).

Gert er ráð fyrir að lagt verði á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þeirra reglna sem lögin setja um veiðigjald. Kann setning slíkrar reglugerðar að vera nauðsynleg til að útfæra nánar reglur frumvarpsins.

Um c-lið (23. gr.)

Samkvæmt greininni er ráðherra falið að ákvarða fyrir 15. júlí ár hvert veiðigjald komandi fiskveiðiárs sem hefst 1. september. Til grundvallar veiðigjaldinu skal samkvæmt frumvarpinu leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

Greinin gerir ráð fyrir að Fiskistofa reikni aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 22. gr., og miðast í því sambandi við tímabilið sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Um er að ræða útreikninga sem byggjast upplýsingum um aflamagn og verð sem Fiskistofa ber ábyrgð á að safna saman. Miðað er við tímabil sem lýkur

30. apríl þannig að öruggt sé að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir, en þó þannig að þær séu sem nýjastar.

Samkvæmt greininni skal draga frá aflaverðmætinu reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.001 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði, frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals áðurgreinds tímabils. Fjárhæðin sem miðað er við er raunverulegur olíukostnaður útgerðarinnar árið 2000 og skal hann framreiknaður miðað við breytingar sem verða á skráðu verði á gasolíu. Frumvarpið gerir í þessu sambandi ráð fyrir að notuð séu sömu viðmið um breytingar á olíuverði og gert er í samningum útvegsmanna og sjómanna, þ.e. verð á gasolíu á Rotterdammarkaði og skal miða við gasolíu 0,2 fyrir barges fob á tonn og cargoes fob á tonn samkvæmt verðskráningu Platt's.

Þá skal samkvæmt frumvarpinu draga frá aflaverðmæti reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 15.391 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals sama tímabils og nefnt er hér að framan. Eins og varðandi olíukostnaðinn er fjárhæð annars kostnaðar hér miðuð við raunverulegan annan kostnað útgerðarinnar árið 2000.

Loks skal samkvæmt greininni draga frá aflaverðmætinu reiknaðan launakostnað. Er gert ráð fyrir því að launakostnaður sé 40% af aflaverðmætinu.

Aflaverðmæti að frádregnum olíukostnaði, öðrum rekstrarkostnaði og launakostnaði skal síðan skipt jafnt á aflamagn sama tímabils og áður er um rætt. Skal það gert með því að jafna fjárhæðinni á þorskígildi tímabilsins miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af þeirri fjárhæð reiknað í krónur á þorskígildiskílógramm. Þannig reiknað gjald leggst á hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðs eða landaðs afla á næsta fiskveiðiári.

Um d-lið (24. gr.).

Greinin gerir ráð fyrir að Fiskistofa sjái um álagningu gjaldsins. Eigendur skipa skulu samkvæmt greininni greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda. Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal samkvæmt greininni við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum, sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í, en sæta ákvörðun um heildarafla. Greinin gerir þó ráð fyrir að gjald á hvert skip verði aldrei lægra en 5.000 kr.

Um e-lið (25. gr.).

Í greininni er fjallað um innheimtu veiðigjaldsins og er Fiskistofu falið að annast hana. Er í 1. mgr. gert ráð fyrir að gjaldið falli í gjalddaga með jöfnum greiðslum ár hvert 1. september, 1. janúar og 1. maí. Þó er gert ráð fyrir að þegar úthlutun veiðiheimilda taki gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst falli kostnaðargjaldið í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gerir greinin ekki ráð fyrir að gjaldið sé afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Eindagi er samkvæmt greininni 15 dögum eftir gjalddaga. Gert er ráð fyrir að fella beri úr gildi veiðileyfi skips hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Eru þessar reglur í samræmi við þær reglur sem nú gilda um innheimtu veiðileyfagjalds. Ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga er gert ráð fyrir að dráttarvextir reiknist af fjárhæð gjaldanna frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa samkvæmt frumvarpsgreininni endurgreiða eiganda skips hluta veiðigjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um, þó aldrei umfram það sem þegar hefur verið greitt.

Um 11. gr.

Lagt er til að 7. og 8. málsl. 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða, sem heimilar takmarkaðan flutning á rétti til úthlutunar skv. 1. mgr. ákvæðisins, verði breytt. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að endurnýi útgerð bát sem á rétt á úthlutun samkvæmt málsgreininni, með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát, skuli úthluta til þess báts er í staðinn komi enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát.

Ákvæði þetta felur í sér heimild til flutnings á umræddum úthlutunarrétti milli skipa í eigu sama aðila með tilteknum þröngum skilyrðum. Hafa þessi skilyrði leitt til erfiðleika í framkvæmd sem þörf er á að leyst verði úr.

Gert er ráð fyrir að ákvæðinu verði breytt þannig að útgerðum verði heimilað að flytja umrædd réttindi yfir á annan bát í sinni eigu sé um að ræða breytingar á skipakosti hjá útgerðinni. Þannig yrðu felld út þau sértæku skilyrði að um endurnýjun með nýsmíði eða kaupum á öðrum bát þurfi að vera að ræða til að flytja megi rétt til úthlutunar, en um leið viðhaldið þeirri grunnreglu að einungis megi flytja réttindin milli báta innan sömu útgerðar. Með orðalagi frumvarpsgreinarinnar er því sem fyrr komið í veg fyrir viðskipti með þessar sérstöku heimildir.

Um 12. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þó er lagt til að þau ákvæði laganna er varða veiðigjald taki ekki gildi fyrr en 1. september 2004. Með þessu yrði veittur aðlögunarfrestur að gjaldtökunni í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Til að veita frekari aðlögunarfrest er lagt til að álagningu gjalda skv. 4. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 24. gr., verði komið á í jöfnum þrepum frá 2004 til 2009. Þannig verði veiðigjald miðað við 6% í stað 9,5% árið 2004 og hækki síðan í jöfnum þrepum árlega og endi í 9,5% árið 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að leggja á gjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Um er að ræða veiðigjald sem innheimt yrði frá 1. september árið 2004.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra skuli fá til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Þar af er ráðherra heimilt í samráði við Byggðastofnun að veita allt að 1.500 lestir til byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Miðað við meðalverð þorskígilda árið 2001 er aflaverðmæti 1.500 lesta um 170 m.kr.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um veiðigjald. Við ákvörðun veiðigjalds er gert ráð fyrir því að lagðar verði til grundvallar aflatekjur að fráteknum reiknuðum kostnaði skv. 23. gr. og skal gjaldið lagt á eigendur fiskiskipa miðað við úthlutaðar veiðiheimildir eða landaðan afla er komi í hlut skipa þeirra. Hlutfallið verður 6,0% fyrir árið 2004, 6,6% fyrir árið 2005, 7,3% fyrir árið 2006, 8,0% fyrir árið 2007, 8,7% fyrir árið 2008 og 9,5% frá og með árinu 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ekki gerðar breytingar á tekjustofnum Fiskistofu og Þróunarsjóðs sjávarútvegsins má gera ráð fyrir að gjald fyrir veiðiheimildir hækki í áföngum til ársins 2009, en þá geti gjaldið skilað ríkissjóði um 1,8–2 milljörðum kr. í tekjur á verðlagi ársins í ár.

Gert er ráð fyrir að veiðigjald verði frádráttarbært frá tekjuskatti og lækkar tekjuskattsstofn fyrirtækjanna sem nemur gjaldinu að öðru óbreyttu. Ríkissjóður verður því af þeim tekjum, en tekjuskattar fyrirtækja í fiskveiðum námu samtals um 300 m.kr. árið 2001 samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra. Er þar um að ræða félög sem heyra undir atvinnugreinanúmer 05.01, eða fiskveiðar, en hluti útgerðarfélaga er einnig í fiskvinnslu og gæti flokkast þar. Ef miðað er við að innheimtu veiðieftirlitsgjalds Fiskistofu og þróunarsjóðsgjalds á skip og aflamark verði hætt, eða alls um 850 m.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2002, verða áhrifin á tekjuskatt minni og nettótekjur ríkisins af gjaldinu aukast um 1–1,2 milljarða kr. þegar gjaldið verður að fullu komið til framkvæmda.

Í greinargerð með frumvarpinu er ráðgert að hluti af veiðigjaldi renni til reksturs Fiskistofu og til Hafrannsóknastofnunarinnar og er það í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og auðlindanefndar. Ætla má að kostnaður ríkissjóðs lækki sem nemur núverandi framlögum af almennum sköttum til stofnananna.

Miðað við frumvarpið eins og það stendur eitt og sér verða tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi 1,1–1,2 milljarðar kr. árið 2004 og hækka í áföngum og verða 1,8–2,1 milljarður kr. árið 2009. Á móti lækka tekjuskattar á útgerðarfyrirtæki um 18% af því sem tekjuskattsstofninn lækkar hjá þeim fyrirtækjum sem greiða tekjuskatt.

883. Frumvarp til laga [563. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

1. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða annan hátt. Siglingastofnun er heimilt að veita skipverja tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Greiða skal gjald fyrir veittan frest og skulu þau gjöld standa undir raunkostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu hans. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.
2. 2. mgr. orðast svo:
   Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef

eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6.–7. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt. Siglingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að frestur sjómanna til að sækja öryggisfræðslu við Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila verði bundinn við þá dagsetningu sem sjómaður er skráður á námskeið hjá skólanum.

Árið 1997 var lögfest það skilyrði í lögum um lögskráningu sjómanna að til að fá lögskráningu yrði viðkomandi að hafa sótt námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum sambærilegum viðurkenndum aðila. Jafnframt var sett ákvæði til bráðabirgða þar sem veittur var frestur til að gefa mönnum tíma til að sækja slíkt námskeið. Þessi frestur hefur verið framlengdur í tvígang. Reynslan er sú að menn hafa gengið á lagið og frestað því að sækja námskeið á meðan lögin veittu svigrúm til þess.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að sá sem sækir um lögskráningu og hefur ekki sótt tilskilið öryggisfræðslunámskeið fái einn frest fram að þeim tíma sem hann er skráður á námskeið. Sæki hann ekki það námskeið sem honum hefur verið úthlutað fær hann ekki lögskráningu eftir það tímamark fyrr en hann hefur lokið námskeiðinu.

Hinn 1. apríl árið 2001 rann út sá frestur sem sjómönnum hafði verið gefinn til að sækja öryggisfræðslu við Slysavarnaskóla sjómanna. Þrátt fyrir að nokkur fjöldi manna hefði verið skráður til námskeiðahalds fram að þeim tíma gekk mjög illa að fá menn á námskeið. Tveimur námskeiðum hafði verið aflýst á fyrstu þremur mánuðum ársins 2001 vegna þess að ekki náðist tilskilinn lágmarksfjöldi nemenda (10) á námskeið. Á árinu 2000 var ástandið ekkert ósvipað og mikil afföll urðu á nemendum þrátt fyrir vitneskju manna um að fresturinn rynni út í byrjun apríl 2001. Við samantekt á námskeiðum frá ársbyrjun 2000 til loka mars 2001 voru nærri 200 námskeiðspláss sem ekki tókst að fylla. Eftir að fresturinn rann út fengu sjómenn lögskráningu hjá lögskráningarstjórum svo fremi að þeir væru þegar skráðir á námskeið við skólann. Þrátt fyrir að fullskráð væri á öll námskeið og nemendur væru skráðir á biðlista gekk erfiðlega að fá nemendur til að mæta á námskeið. Var svo komið að menn frestuðu aftur og aftur að koma á námskeið. Þegar lögskráningarumdæmin hófu síðan að framfylgja ákvæðum laganna í byrjun ársins 2002 fór svo að sjómenn skráðu sig í auknum mæli á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna og biðlistar hafa hrannast upp. Nú er svo komið að verið er að skrá nemendur á námskeið í desember á þessu ári. Hér eru að stærstum hluta einstaklingar sem hafa í gegnum árin dregið að koma á námskeið en þó eru einnig dæmi um menn sem eru að hefja sjómennsku á ný eftir að hafa verið í landi einhvern tíma. Ljóst er af þessu að ef lögunum yrði breytt á þann veg að framlengja almennt frestinn til tiltekins tíma yrði afleiðingin sú að þessi hópur færðist til um þann tíma. Með frumvarpi þessu er því valin sú leið að hver og einn sjómaður verður að sækja um undanþágu til Siglingastofnunar Íslands sem gengur úr skugga um að skilyrðum undanþágu sé fullnægt og skráir undanþáguna í lögskráningarkerfi sjómanna. Allir lögskráningarstjórar á landinu hafa aðgang að því kerfi og geta þar séð hverjir hafi slíka undanþágu og til hve langs tíma.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að sams konar frestur sé veittur nýliðum á sjó til að gangast undir öryggisfræðslunámskeið. Sá sem er að fara á sjó í fyrsta sinn verður því að skrá sig áður á öryggisfræðslunámskeið sjómanna en fær lögskráningu þar til námskeiðið er haldið. Í gildandi lögum er miðað við að nýliðar hafi sex mánaða frest til að sækja námskeið.

Eðlilegt er að sams konar regla gildi fyrir alla sjómenn að þessu leyti og þurfa nýliðar ekki síður að fara á öryggisfræðslunámskeið en reyndir sjómenn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að annaðhvort viðkomandi einstaklingur eða útgerð sú sem hann starfar hjá sæki um undanþágu til Siglingastofnunar Íslands til að fá lögskráningu án þess að viðkomandi hafi gengist undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Séu skilyrði uppfyllt getur Siglingastofnun veitt skipverjanum tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á námskeið. Greiða skal fyrir veittan frest vegna kostnaðar Siglingastofnunar og á að ákveða gjaldið í gjaldskrá stofnunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að þrengja það svigrúm sem verið hefur í lögum um að veita skipverjum sem sækja um lögskráningu á skip undanþágu til að sækja öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að sá sem sæki um lögskráningu og ekki hefur sótt tilskilið öryggisfræðslunámskeið fái einn frest til lögskráningar, fram að þeim tíma sem hann er skráður á námskeiðið.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

884. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

6.–9. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „héraðsins (umdæmisins)“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: svæðisins.

3. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Kveðið skal á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð. Þar skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „svo sem rakið er í 14. gr.“ í 16. gr. laganna kemur: sbr. 15. gr.

6. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Landspítali – háskólasjúkrahús skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn spítalans að öðru leyti falin sjö manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig að starfsmannaráð spítalans, sbr. 3. mgr. 32. gr., tilnefnir tvo menn, Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Forstjóri spítalans skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt stjórnskipulagi spítalans. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri spítalans í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað orðsins „ríkisspítalanna“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss.

d. Í stað orðsins „ríkisspítala“ í 3. málsl. 6. mgr. og 4. málsl. 7. mgr. kemur: Landspítala – háskólasjúkrahúss.

e. Orðin „heilbrigðismálaráðum til samþykktar og“ í 3. málsl. 7. mgr. falla brott.

f. Í stað 1. málsl. 8. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo:

Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Heimilt er að ráða þá yfirmenn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt hafa á hendi starf kennara við Háskóla Íslands tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára.

10. gr.

Orðið „héraðslækna“ í 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

1. Orðin „14. og“ í 1. málsl. falla brott.
2. Orðin „heilbrigðismálaráð héraðanna og“ í 2. málsl. falla brott.

12. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð“ í 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: og menntamálaráðuneyti.

13. gr.

41. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

14. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

15. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í fyrri málslið 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu.

IV. KAFLI
Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækna“ í 3. mgr. kemur: yfirlækna heilsugæslu.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða yfirlæknar heilsugæslu skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis.
c. Í stað orðsins „Héraðslæknar“ í 5. mgr. kemur: Yfirlæknar heilsugæslu, sbr. 4. mgr.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „viðkomandi héraðslækni eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni“ í 3. mgr. kemur: sóttvarnalækni og yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

18. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 10. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

20. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
c. Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 3. mgr. kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

22. gr.

Á eftir orðunum „náttúruhamfarir“ í síðari málslið 18. gr. laganna kemur: og aðra vá.

V. KAFLI
Breytingar á lögum um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998.

23. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til yfirlæknis heilsugæslu sem ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

24. gr.

Orðin „í læknishéruðum landsins“ í 4. tölul. 2. gr. laganna falla brott.

25. gr.

2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.

26. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 5. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

VII. KAFLI
Breytingar á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

27. gr.

1. og 2. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal sjá um að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemmst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af eftirlitsaðilum samkvæmt lögum um matvæli. Skulu þeir segja til um það hvort

nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði er eftirlitsaðilar setja.

VIII. KAFLI

Breytingar á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „borgarlæknir“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: yfirlæknir heilsugæslunnar í Reykjavík.
b. Orðin „héraðs- eða“ í 3. málsl. 2. mgr. falla brott.

IX. KAFLI

Breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

29. gr.

Orðin „og héraðslæknis“ í fyrri málslið 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

30. gr.

Orðið „héraðslækni“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

31. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 4. málsl. 46. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu í umdæminu.

32. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknir“ í 1. tölul. og fyrri og síðari málslið 2. tölul. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu.

X. KAFLI

Breytingar á lögum um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955, með síðari breytingum.

33. gr.

Orðið „Héraðslæknar“ í 26. gr. laganna fellur brott.

XI. KAFLI

Breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

34. gr.

11. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

35. gr.

3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Jafnframt skal landlæknir tilnefna einn fulltrúa úr hópi yfirlækna heilsugæslu á svæðinu.

36. gr.

Í stað orðsins „héraðslækna“ í 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: heilsugæslu.

XIII. KAFLI
Breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

37. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu hefur umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og lítur eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að embætti héraðslækna verði fellt niður, en meginákvæðin um skipun og verkefni þeirra eru í II. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Auk þess er kveðið á um verkefni héraðslækna í 13 öðrum lögum og eru lagðar til breytingar á 12 þeirra í frumvarpi þessu. Fyrirhugað er að tillögur til breytinga á 14. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem kveður á um hlutverk héraðslæknis í heilbrigðisnefndum, fylgi frumvarpi umhverfisráðherra um breytingu á þeim lögum.

Mörg lagaákvæði um verkefni héraðslækna og tengd málefni, t.d. héraðshjúkrunarfræðinga, heilbrigðismálaráð og læknishéraðasjóð, eru þegar orðin úrelt. Þau verkefni, sem enn eru í höndum héraðslækna, eru til dæmis sóttvarnir undir stjórn sóttvarnalæknis, seta í svæðisráði fatlaðra og almannavarnanefnd og umsjón með heilsuvernd í framhaldsskólum. Lagt er til að þau færist að mestu leyti yfir til yfirlækna heilsugæslunnar. Með yfirlæknum heilsugæslu er átt við yfirlækna heilsugæslustöðva, yfirlækni (lækningaforstjóra) heilsugæslunnar í Reykjavík og yfirlækna heilsugæslu í heilbrigðisstofnunum. Til einföldunar eru þeir nefndir einu nafni yfirlæknar heilsugæslu.

Af niðurfellingu á embætti héraðslækna leiðir að skipting landsins í læknishéruð verður óþörf og því er lagt til að hún verði felld niður. Er lagt til að landinu verði eingöngu skipt í heilsugæsluumdæmi og að það verði gert með reglugerð. Þá er lagt til að læknishéraðasjóður verði lagður niður og það fé, sem merkt er sjóðnum, renni til uppbyggingar heilsugæslu í landinu eins og verið hefur.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á orðalagi nokkurra ákvæða í lögum um heilbrigðisþjónustu vegna sameiningar Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur í Landspítala – háskólasjúkrahús.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að 6.–9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, falli brott en þar er kveðið á um skiptingu landsins í læknishéruð, um skipun héraðslæknis og héraðshjúkrunarfræðings og um skipan og hlutverk heilbrigðismálaráða. Ekki er lengur þörf á að skipta landinu í læknishéruð þegar embætti héraðslækna verða afnumin. Heimild til að skipa héraðshjúkrunarfræðinga hefur nær ekkert verið notuð og enginn héraðshjúkrunarfræðingur er nú

starfandi. Þá hafa heilbrigðismálaráð skv. 7. gr. laganna mjög lítið starfað á undanförnum árum og þykir því rétt að leggja þau niður.

Um 2. gr.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 12. gr. laganna til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins.

Um 3.–5. gr.

Lagt er til að 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu verði felld brott en í núgildandi ákvæði er, fyrir utan upptalningu á læknishéruðum, ítarleg upptalning á skiptingu læknishéraða í heilsugæsluumdæmi, hvaða heilsugæslustöðvar skuli starfa þar og hvert sé þeirra starfssvæði. Í 15. gr. laganna er síðan heimild til þess að breyta þessu með reglugerð. Er lagt til að eingöngu verði kveðið á um þetta í reglugerð.

Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á 15. og 16. gr. laganna til samræmis við framangreinda tillögu.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavíkurhéraði í 3. mgr. 21. gr. verði fellt niður, en slíkt sérákvæði er nú óþarft.

Um 7.–12. gr.

Í 7. og 9. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu um samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og stjórn Ríkisspítala vegna sameiningar Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur í Landspítala – háskólasjúkrahús (LSH), sbr. reglugerð nr. 127/2000 um sameiningu heilbrigðisstofnana.

Enn fremur er lagt til að við 8. mgr. 30. gr. laganna, þar sem kveðið er á um ráðningu annars starfsfólks sjúkrahúsa ríkisins en forstjóra LSH og framkvæmdastjóra sjúkrahúsa, bætist við heimild til að ráða yfirmenn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sem jafnframt hafa á hendi starf kennara við Háskóla Íslands, tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára. Er þetta lagt til í samræmi við ósk frá LSH sem hefur bent á að æskilegt geti verið að hafa heimild til að ráða yfirmenn á stofnuninni tímabundinni ráðningu í tilvikum þar sem um er að ræða stöður einstaklinga sem hafa starfsskyldur yfirmanna á spítalanum en hafa jafnframt á hendi starf kennara við Háskóla Íslands. Í slíkum tilvikum getur verið um náin starfstengsl að ræða og mismunandi form ráðningar, þar sem ráðið er tímabundið í kennarastarfið en ótímabundið í yfirmannsstarfið, getur valdið vandkvæðum.

Breytingar sem lagðar eru til í öðrum greinum þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Lagt er til að 41. gr. laga um heilbrigðisþjónustu um læknishéraðasjóð verði fellt brott. Þar er tilvísun til laga um læknishéraðasjóði, nr. 82/1970, en þau voru felld úr gildi með lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, sem fallin eru úr gildi. Engin önnur lagaákvæði eru því í gildi um sjóðinn. Ekki hafa verið veitt lán eða styrkir úr sjóðnum um árabil. Það fé, sem sjóðurinn hefur fengið á fjárlögum, hefur verið notað til uppbyggingar heilsugæslu í landinu og er lagt til að svo verði áfram.

Um 14. gr.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 3. gr. ljósmæðralaga, nr. 67/1984, falli brott. Þar er kveðið

á um skyldu ljósmóður, sem stundar fæðingarhjálp í heimahúsum á eigin vegum, til að tilkynna um það til héraðslæknis.

Um 15. gr.

Lagt er til að yfirlæknir heilsugæslu í viðkomandi heilsugæsluumdæmi taki við hlutverki héraðslæknis skv. 28. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994. Hann mun, ásamt lyfsala, gera tillögu að lista yfir staðlaðar lyfjapakkningar sem lyfjatæknir má afgreiða frá lyfjaútibúi, sem staðfestur er af Lyfjastofnun.

Um 16.–22. gr.

Í 16.–22. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum. Lagt er til að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða yfirlæknar heilsugæslunnar verði ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn héraðslæknis. Nauðsynlegt er að sóttvarnalæknir hafi tiltekna tengiliði um landið sem eru ábyrgir hver á sínu svæði.

Enn fremur er í 17. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 1. mgr. 9. gr. laganna þannig að læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hafi smitast af tilkynningarskyldum smitsjúkdómi, geti einungis tilkynnt um slíkt til sóttvarnalæknis. Er þetta í samræmi við það sem tíðkast í framkvæmd. Auk þess er hér um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða sem best þykir að hafa á fárra vitorði. Þá er í 20. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting á 12. gr. laganna að heimild til að beita sóttvarnaráðstöfunum til bráðabirgða sé einungis hjá sóttvarnalækni.

Í 22. gr. frumvarpsins er síðan lagt til að heimild til að grípa til sérstakra ráðstafana nái einnig til annarrar vár en ekki einungis til náttúruhamfara eins og nú er. Er þetta lagt til í ljósi hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 og þeirra atburða er fylgdu í kjölfarið.

Aðrar greinar þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Lagt er til að við óvænt dauðsföll, eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni, skuli tilkynna andlát til yfirlæknis heilsugæslu í umdæminu. Með orðinu „umdæminu“ er átt við viðkomandi heilsugæsluumdæmi samkvæmt reglugerð þar um, sbr. breytingu þá sem lögð er til á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, í 4. gr. frumvarpsins. Með orðinu „heilsugæsla“ er sem annars staðar í frumvarpi þessu átt við heilsugæslustöðvar, heilsugæsluna í Reykjavík og heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana. Reiknað er með að yfirlæknar (í Reykjavík lækningaforstjóri) heilsugæslunnar geti falið öðrum heilsugæslulæknum að sinna því eins og tíðkast hefur í sumum heilsugæsluumdæmum.

Um 24.–26. gr.

Lögð er til sú breyting á 7. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, að í stað héraðslæknis tilnefni yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu í umdæminu fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra. Aðrar breytingar þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Hér er lögð til breyting á 14. gr. laga um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, en þar er kveðið á um að héraðslæknir rannsaki matvæli og drykkjarföng sem skemmst hafa við strand. Eðlilegra þykir að eftirlitsaðilar samkvæmt lögum um matvæli rannsaki þetta, en það eru Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralæknir eða Fiskistofa, sbr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að yfirlæknir heilsugæslunnar í Reykjavík eigi sæti í almannavarnanefnd borgarinnar. Í öðrum bæjum og kaupstöðum verði það heilsugæslulæknir eins og verið hefur.

Um 29.–32. gr.

Lagt er til að yfirlæknir (lækningaforstjóri) heilsugæslu í umdæminu taki við flestum verkefnum héraðslæknis samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum. Með orðinu „umdæminu“ er átt við viðkomandi heilsugæsluumdæmi samkvæmt reglugerð þar um, sbr. breytingu þá sem lögð er til á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, í 4. gr. frumvarpsins.

Um 33. og 34. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, þess efnis að landlæknir tilnefnir fulltrúa úr hópi yfirlækna heilsugæsla á svæðinu til setu í svæðisráði í stað héraðslæknis.

Um 36. gr.

Lögð er til sú breyting á 12. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, að svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra hafi samstarf og samráð við heilsugæsluna í stað héraðslæknis.

Um 37. gr.

Lagt er til að heilsuvernd í framhaldsskólum, sbr. 13. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum, sé í umsjón yfirlæknis viðkomandi heilsugæslu. Sé fleiri en ein heilsugæslustöð í því umdæmi sem skólinn tilheyrir er eðlilegt að höfð sé hliðsjón af staðsetningu skólans miðað við staðsetningu heilsugæslustöðvarinnar. Í Reykjavík er eðlilegt að heilsugæslan í Reykjavík skipti þessu verkefni niður á heilsugæslustöðvar.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Í frumvarpi þessu er lagt til að embætti héraðslækna verði lögð niður en meginákvæði um skipun og verkefni þeirra eru í II. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990. Auk þess er kveðið á um verkefni héraðslækna í fjölmörgum öðrum lögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði breytt með einni undantekningu. Það eru ákvæði um héraðslækna í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, en flutt verður um það sérstakt frumvarp af

hálfu umhverfisráðherra. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipting landsins í læknishéruð verði felld niður og að verkefni héraðslækna verði færð undir yfirlækna og lækningaforstjóra heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra verði ákveðin með reglugerð. Þá er lagt til að læknishéraðasjóður verði lagður niður og það fé, sem merkt er sjóðnum, renni til uppbyggingar heilsugæslu í landinu eins og verið hefur.

Í fjárlögum ársins 2002 er framlag til héraðslæknisins í Reykjavík lækkað um 9,5 m.kr. til að ná aðhaldsmarkmiðum og verður það 13,7 m.kr. Framlag til héraðslæknisins á Norðurlandi eystra lækkar um 5,5 m.kr. af sama tilefni og verður 8 m.kr. Samanlögð framlög embættanna tveggja á árinu 2002 eru því 21,7 m.kr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti gerir ráð fyrir að á árinu 2002 flytjist 13,7 m.kr. framlag og verkefni héraðslæknisins í Reykjavík til heilsugæslunnar í Reykjavík auk 3,2 m.kr. sem flytjist frá héraðslæknisembættinu á Norðurlandi eystra. Á árinu 2003 gerir ráðuneytið ráð fyrir að 4,8 m.kr. flytjist frá héraðslæknisembættinu á Norðurlandi eystra til heilsugæslunnar á Akureyri. Að öllu framansögðu lækka útgjöld ríkisins um 15 m.kr. og aukið hagræði verður í rekstri heilsugæslunnar verði frumvarpið að lögum. Í fjárlögum árið 2002 hefur verið gert ráð fyrir framangreindri lækkun.

885. Svar [532. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um starfsemi öldungadeilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Við hve marga framhaldsskóla voru starfræktar öldungadeildir fyrir fimm árum? Hver hefur þróunin verið og hve margar eru slíkar deildir nú?*
2. *Hver er heildarfjöldi nemenda sem skráðir hafa verið í nám í öldungadeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?*
3. *Hver er þróun framlaga ríkisins á hvern innritaðan nemanda í öldungadeildum síðustu fimm ár, sundurliðað eftir skólum og árum?*
4. *Eru fyrirhugaðar aðgerðir til þess að styrkja nám í öldungadeildum sérstaklega? Ef svo er, hvenær er þeirra að vænta?*

Árið 1998 voru öldungadeildir strarfræktar við 14 framhaldsskóla og 2002 við 11 framhaldsskóla. Þróunin sést í töflunni hér á eftir.

Svör við 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar koma fram í töflunni.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á öldungadeildum framhaldsskólanna. Framboð á námi í öldungadeildum ræðst að mestu leyti af eftirspurn og að undanförnu hafa komið til fjarkennsla og dreifmenntun sem vafalítið höfða talsvert til fullorðinna og hafa áhrif á aðsókn að öldungadeildum framhaldsskólanna.

Áætlaður fjöldi nemenda í forsendum fjárlaga og áætluð framlög samkvæmt því (án verðlagsuppfærslu fjármálaráðuneytis) 1998–2002. Nemendatölur Hagstofu / skólanna 1998–2001 fylgja.

		1998			1999			2000			2001			2002		1998	1999	2000	2001	2002
Fjlnr.	Skóli	Nem.	Hagst.	Millj. kr.	Nem.	Hagst.	Millj. kr.	Nem.	Hagst.	Millj. kr.	Nem.	Hagst.	Millj. kr.	Nem.	Millj. kr.	Þús. kr. á áætlaðan nemanda				
301	MR																			
302	MA																			
303	ML																			
304	MH	450	517	13,24	450	566	18,24	385	499	16,78	385	502	17,42	236	16,32	29.423	40.544	43.581	45.236	69.167
305	MS																			
306	FVÍ	25	60	1,18	25	33	1,18	14	64	1,25	14	65	1,25	32	2,51	47.333	47.333	89.238	89.238	78.340
307	ME	25	52	1,18	50	60	2,04	18	66	1,23	18	46	1,23	56	4,01	47.333	40.738	68.074	68.074	71.645
308	MK	115	208	3,47	150	154	6,50	200	132	9,37	200	156	9,85	220	16,29	30.189	43.321	46.865	49.272	74.032
309	KVSK																			
350	FB	725	891	23,25	750	890	32,98	636	883	30,02	636	828	32,88	520	40,46	32.067	43.967	47.198	51.692	77.803
351	FÁ																			
352	FLB	90	91	2,74	90	109	3,64	66		3,26						30.480	40.420	49.456		
353	FS	100	229	3,36	250	218	11,04	118	185	5,52	132	157	6,44	100	7,36	33.568	44.156	46.774	48.821	73.623
354	FVA	25	18	1,18	25	13	1,18	10		1,27	10		1,27			47.333	47.333	127.333	127.333	
355	FÍV	25		1,18	25	15	1,18	4		1,31		76				47.333	47.333	327.333		
356	FNV					16								40	3,02					75.450
357	FSU	75	75	2,49	75	73	3,31	26	37	1,26	26		1,34	40	3,10	33.207	44.160	48.393	51.478	77.454
358	VA	21	21	1,21	21	13	1,21	10	13	1,27	10	28	1,27	20	2,07	57.492	57.492	127.333	127.333	103.296
359	VMA	150	101	5,33	150	77	6,88	152	67	7,84	152	40	8,01			35.545	45.851	51.579	52.692	
360	FG																			
361	FAS				20		1,21	10		1,27	10		1,27				60.667	127.333	127.333	
362	FSH		16		20		1,21	2		1,32							60.667	660.667		
363	FL																			
365	BHS	50	114	2,17	50	115	2,73	70	83	4,02	70	83	4,08	70	5,90	43.324	54.560	57.440	58.268	84.319
506	VÉLSK											19								
507	STÝR				30		1,88	20		1,28	20	1	1,24				62.569	64.036	62.055	
514	IR	250	426	11,37	300	400	17,79	300	429	19,32	300	410	20,01	360	35,69	45.487	59.313	64.385	66.687	99.146
516	IH		15			13														
		2.126	2.834	73	2.481	2.765	114	2.041	2.458	108	1.983	2.411	108	1.694	137					

886. Tillaga til þingsályktunar [565. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Króatíu.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu, sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Frá árinu 1989 hafa EFTA-ríkin lokið gerð fríverslunarsamninga við 18 ríki. Ferli þetta hófst við lok kalda stríðsins 1989 með gerð fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu og við Tyrkland og Ísrael. Á síðustu árum hafa EFTA-ríkin einbeitt sér m.a. að gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Afríku og Miðausturlanda. Samningar eru á lokastigi við Singapúr auk þess sem viðræður hafa staðið yfir við Kanada, Túnis og Chile og gert er ráð fyrir að viðræður hefjist innan tíðar við Suður-Afríku. Jafnframt hafa farið fram könnunarviðræður við lýðveldið Júgóslavíu.

Fríverslunarsamningurinn er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Króatíu sem undirrituð var í Zürich 19. júní 2000 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Króatíu og á Balkanskaga í heild.

Fríverslunarsamningurinn við Króatíu er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Samningurinn, eins og aðrir fríverslunarsamningar, fjallar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar, svo það helsta sé nefnt.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Króatíu með iðnaðarvörur sem taldar eru upp í 25.–97. kafla tollskrárinnar. Samningurinn felur í sér að frá og með gildistöku hans fella EFTA-ríkin og Króatía niður alla innflutningstolla og gjöld á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í aðildarríkjum samningsins. Undantekning er gerð frá þessu varðandi vörur sem upprunnar eru í EFTA-ríkjunum og taldar eru upp í viðauka V við samninginn. Tollar og gjöld á þessar iðnaðarvörur falla hins vegar niður í áföngum til 1. janúar 2007.

Í viðauka II við fríverslunarsamninginn skuldbinda EFTA-ríkin og Króatía sig til að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðir frá og með gildistöku samningsins. Þó hefur Króatía aðlögunartíma til 1. janúar 2009 til að fella niður tolla á fisktegundum sem nánar eru taldar upp í viðaukanum.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Króatíu. Bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Króatíu fylgir samningnum. Skv. 8. gr. bókunarinnar öðlast hún gildi sama dag og samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli EFTA-ríkjanna
og lýðveldisins Króatíu

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (sem nefnast hér á eftir EFTA-ríkin) annars vegar,

og lýðveldið Króatía (sem nefnist hér á eftir Króatía) hins vegar,

sem nefnast hér á eftir einu nafni samningsaðilar:

sem vísa til þess ásetnings síns að stuðla á virkan hátt efnahagslegum samruna í Evrópu og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

sem hafa í huga mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkjanna og Króatíu, einkum yfirlýsinguna um samvinnu sem var undirrituð í Zürich 19. júní 2000, og eiga þá ósk sameiginlega að styrkja þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

sem árétta skuldbindingu EFTA-ríkjanna og Króatíu og vilja þeirra til að styðja samning um stöðugleika í Suðaustur-Evrópu,

sem árétta stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á réttarreglum, mannréttindum, þar með talið réttindum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum, og grundvallarfrelsi og vísa til meginreglna sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

sem æskja þess að skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnræðis, gagnkvæms ávinnings, reglunnar um bann við mismunun og þjóðaréttar,

sem byggja á réttindum sínum og skyldum samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (hér á eftir nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)) og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

sem eru staðráðnir í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

sem lýsa sig reiðubúna til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til, möguleika á að þróa og efla efnahagsleg samskipti sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

AGREEMENT
between the EFTA States
and the Republic of Croatia

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter called the EFTA States), on the one part,

and the Republic of Croatia (hereinafter called Croatia), on the other,

hereinafter collectively referred to as the Parties:

Recalling their intention to participate actively in the process of economic integration in Europe and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process;

Considering the importance of the links existing between the EFTA States and Croatia, in particular the Declaration on Co-operation signed in Zurich 19 June 2000, and recognising the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations;

Reaffirming the EFTA States' and Croatia's commitment and readiness to support the Stability Pact for South Eastern Europe;

Reaffirming their commitment to pluralistic democracy based on the rule of law, human rights, including rights of persons belonging to minorities, and fundamental freedoms, and recalling the principles of the United Nations Charter;

Desiring to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

Building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization (hereinafter referred to as "the WTO") and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

Determined to implement this Agreement with the objectives to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principles of sustainable development;

Declaring their readiness to examine, in the light of any relevant factor, the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement;

sem eru sannfærðir um að þessi samningur skapi skilyrði sem stuðli að samskiptum þeirra á sviði efnahagsmála, viðskiptamála og fjárfestingu,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við framangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur samningurinn):

1. gr.
Markmið

1. EFTA-ríkin og Króatía koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa og á meginreglum lýðræðis og því að mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagslegra samskipta EFTA-ríkjanna og Króatíu og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjunum og Króatíu, að framþróun efnahagsmála, betri lífs- og atvinnuskilyrðum og aukinni framleiðni og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna;

c) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahafta, að efnahagslegum samruna í Evrópu og samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta.

2. gr.
Gildissvið

1. Samningurinn tekur til:

a) framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni (ST), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka;

b) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka;

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Króatíu.

2. Króatía og hvert einstakt EFTA-ríki hafa gert með sér tvíhliða samninga um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Þessir samningar eru hluti af gerningum um myndun fríverslunarsvæðis EFTA-ríkjanna og Króatíu.

3. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í III. viðauka er að finna ákvæði um upprunareglur og samvinnu stjórnvalda.

2. Í IV. viðauka er að finna reglur um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í tollamálum.

Convinced that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them;

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called this Agreement):

Article 1
Objectives

1. The EFTA States and Croatia shall establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of the economic relations between the EFTA States and Croatia and thus to foster in the EFTA States and in Croatia the advance of economic activity, the improvement of living and employment conditions, and increased productivity and financial stability;

(b) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties;

(c) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to European economic integration and to the harmonious development and expansion of world trade.

Article 2
Scope

1. This Agreement shall apply:

(a) to products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;

(b) to fish and other marine products as provided for in Annex II,

originating in an EFTA State or Croatia.

2. Croatia and each individual EFTA State have concluded agreements on trade in agricultural products on a bilateral basis. These agreements form part of the instruments establishing a free trade area between the EFTA States and Croatia.

Article 3
Rules of origin and co-operation in customs administration

1. Annex III lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.

2. Annex IV lays down the rules for mutual administrative assistance in customs matters.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.
2. Frá og með gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum, sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Króatíu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins og kveðið er á um í V. viðauka.

5. gr.
Grunntollar

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi, skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. janúar 2001.
2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, m.a. lækkanir í samræmi við skuldbindingar sem leiða af marghliða viðræðum á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá þeim tíma sem lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.

3. Reikna skal lækkuðu tollana í samræmi við V. viðauka með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Fjáröflunartollar

Ákvæði 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla.

7. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.
2. Samningsaðilar skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla útflutningstolla á framleiðsluvörum, sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Króatíu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

8. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning eða útflutning né ráðstafanir gerðar sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.

Article 4
Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duties on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Croatia.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports and any charges having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Croatia, except as provided for in Annex V.

Article 5
Basic duties

1. For each product the basic duty, to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied, shall be the most-favoured-nation rate of duty (MFN rate) applied on 1 January 2001.
2. If, before, by or after entry into force of this Agreement, any tariff reduction is applied on an erga omnes basis, in particular reductions in accordance with commitments resulting from multilateral negotiations under the WTO, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date when such reductions are applied, or from the entry into force of this Agreement if this is later.
3. The reduced duties calculated in accordance with Annex V shall be applied rounded to the first decimal place or, in case of specific duties, to the second decimal place.

Article 6
Customs duties of a fiscal nature

The provisions of Article 4 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

Article 7
Customs duties on exports and charges having equivalent effect

1. No new customs duties on exports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Croatia.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on exports and any charges having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Croatia.

Article 8
Quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect

1. No new quantitative restrictions on imports or exports or measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Croatia.

2. Samningsaðilar skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi framleiðsluvöru sem er upprunnin í EFTA-ríki eða í Króatíu og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

9. gr.
Ríkiseinkasala

1. EFTA-ríkin og Króatía skulu tryggja aðlögun á ríkiseinkasölu í viðskiptum með þeim undanþágum sem er mælt fyrir um í VI. viðauka þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkja og Króatíu verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum við gildistöku þessa samnings. Þessar vörur skulu keyptar og markaðssettar á viðskiptalegum forsendum.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um alla aðila sem eru þar til bærum yfirvöldum samningsaðilanna til aðstoðar, að lögum eða í reynd, beint eða óbeint, við að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðilanna. Þessi ákvæði skulu einnig gilda um rétt til einkasölu sem ríkið hefur veitt öðrum aðilum.

10. gr.
Tæknilegar reglur

1. Samningsaðilar skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknilegra reglna, stöðlunar og samræmismats og stuðla að lausnum sem nýtast hvarvetna í Evrópu með viðeigandi ráðstöfunum. Sameiginlega nefndin skal taka saman viðmiðunarreglur vegna framkvæmdar þessarar málsgreinar.
2. Samningsaðilar samþykkja að hafa tafarlaust samráð innan sameiginlegu nefndarinnar til að finna viðeigandi lausn telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað tæknilega hindrun í viðskiptum.

3. Farið skal með skuldbindingar samningsaðilana, um að tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum, í samræmi við ákvæði í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

11. gr.
Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

1. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti og heilbirgði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti óþarflega.
2. Beita skal meginreglunum í 1. mgr. í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbirgði dýra og plantna.

2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement quantitative restrictions on imports and exports and measures having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Croatia.

Article 9
State monopolies

1. The EFTA States and Croatia shall ensure that any state monopoly of a commercial character be adjusted, with the exceptions laid down in Annex VI, so that with the entry into force of this Agreement no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed will exist between nationals of the EFTA States and of Croatia. These goods shall be procured and marketed in accordance with commercial considerations.
2. The provisions of this Article shall apply to any body through which the competent authorities of the Parties, in law or in fact, either directly or indirectly supervise, determine or appreciably influence imports or exports between the Parties. These provisions shall likewise apply to monopolies delegated by the State to other bodies.

Article 10
Technical regulations

1. The Parties shall co-operate in the field of technical regulations, standards and conformity assessment; and through appropriate measures promote in particular Europe-wide solutions. The Joint Committee shall establish guidelines for the implementation of this paragraph.
2. The Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee in case a Party considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, a technical obstacle to trade, in order to find an appropriate solution.
3. The Parties' obligations to notify draft technical regulations shall be governed by the provisions of the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

Article 11
Sanitary and phytosanitary measures

1. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.
2. The principles set out in paragraph 1 shall be applied in accordance with the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures.

12. gr.
Innlendir skattar og reglur

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í samræmi við III. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“) og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum og óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

Article 12
Internal taxation and regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (hereinafter referred to as "the GATT 1994") and other relevant WTO Agreements.
2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxation in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

13. gr.
Greiðslur og yfirfærslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Króatíu eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.
2. Samningsaðilar skulu forðast að takmarka veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi á yfirráðasvæði samningsaðila á hlut að, með því að setja höft á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum sem leiða til takmörkunar.
3. Ekki skal gera takmarkandi ráðstafanir vegna yfirfærslna í tengslum við fjárfestingar, sérstaklega ekki vegna heimsendingar fjárhæða sem hafa verið notaðar til fjárfestingar eða endurfjárfestingar og hvers konar tekna af þeim.

Article 13
Payments and Transfers

1. Payments relating to trade between an EFTA State and Croatia and the transfer of such payments to the territory of the Party where the creditor resides, shall be free from any restrictions.
2. The Parties shall refrain from any currency exchange or administrative restrictions on the grant, repayment or acceptance of short and medium-term credits covering commercial transactions in which a resident participates.

3. No restrictive measures shall apply to transfers related to investments and in particular to the repatriation of amounts invested or reinvested and of any kind of revenues stemming therefrom.

14. gr.
Hugverkavernd

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttar án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, VII. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þau veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. gr. samningsins Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (sem nefnist hér á eftir TRIPS-samningurinn).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Í samræmi við d-lið 4. gr. TRIPS-samningsins er undanþegið þessari skuldbindingu hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi, sem tilkomin er vegna gildandi alþjóðasamninga við gildistöku þessa samnings og hinum samningsaðilunum

Article 14
Protection of intellectual property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex VII to this Agreement and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter referred to as "the TRIPS Agreement").
3. The Parties shall grant to each others' nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. In accordance with Article 4, paragraph (d) of the TRIPS Agreement, any advantage, favour, privilege or immunity deriving from international agreements in force before this Agreement and notified to the other Parties at

er tilkynnt um eigi síðar er sex mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, að því tilskildu að slíkt valdi ekki geðþóttabundinni eða óréttlætanlegri mismunun gagnvart ríkisborgurum hinna samningsaðilanna. Samningsaðilar eru undanþegnir kröfu um tilkynningu ef þeir hafa þegar sent TRIPS-ráðinu slíka tilkynningu. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsaðilarnir samþykkja, að beiðni samningsaðila, að endurskoða ákvæði þessarar greinar og VII. viðauka um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er núna.

15. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsaðilar telja það ófrávíkjanlegt markmið samnings þessa að auka frelsi á opinberum innkaupamörkuðum sínum án allrar mismununar og á grundvelli gagnkvæmni.
2. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna að því er varðar opinber innkaup í samræmi við samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup þegar allir samningsaðilar hafa gerst aðilar að honum. Samningsaðilarnir skulu starfa með sameiginlegu nefndinni að því að auka frelsi á mörkuðum fyrir opinber innkaup umfram það sem krafist er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup.
3. Ef Króatía gerist ekki aðili að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup fyrir 1. janúar 2004 skulu samningsaðilarnir móta reglur um opinber innkaup innan ramma sameiginlegu nefndarinnar. Reglurnar skulu byggjast á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup. Króatía skal kappkosta að gerast aðili að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup eins fljótt og unnt er.

16. gr.
Þjónusta og fjárfestingar

1. Samningsaðilar viðurkenna vaxandi mikilvægi þjónustuviðskipta og fjárfestinga í efnahagskerfum sínum. Í viðleitni sinni til að þróa smám saman og víkka samstarf sitt munu þeir vinna saman að því að auka fjárfestingar og auka smám saman frelsi og opna markaði sína hver fyrir öðrum í þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af starfsemi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

the latest six months after the entry into force of this Agreement, shall be exempted from this obligation, provided that it does not constitute an arbitrary or unjustifiable discrimination of nationals of the other Parties. The Parties shall be exempted from the notification if they have already made such notification to the TRIPS Council. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.
4. The Parties agree, upon request of any Party, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex VII, with a view to further improving the levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

Article 15
Public procurement

1. The Parties consider the effective liberalisation of their respective public procurement markets on the basis of non-discrimination and reciprocity, as an integral objective of this Agreement.
2. The rights and obligations of the Parties in respect of public procurement shall be governed by the WTO Agreement on Government Procurement upon all the Parties' accession. The Parties shall co-operate in the Joint Committee, with the aim of achieving liberalisation of public procurement markets beyond the level of the WTO Agreement on Public Procurement.

3. If Croatia has not acceded to the WTO Agreement on Government Procurement by 1 January 2004, the Parties shall elaborate rules on public procurement within the framework of the Joint Committee. These rules shall be based on the WTO Agreement on Government Procurement. Croatia shall endeavour to accede to the WTO Agreement on Government Procurement as soon as possible.

Article 16
Services and investments

1. The Parties recognise the increasing importance of trade in services and investment in their economies. In their efforts to gradually develop and broaden their co-operation, they will co-operate with the aim of creating the most favourable conditions for expanding investment between them and achieving further liberalisation and additional mutual opening of markets for trade in services, taking into account on-going work under the auspices of the WTO.

2. Ef samningsaðili gerir fríverslunarsamning við þriðja land eða landahóp, eftir gildistöku þessa samnings, með ákvæðum um meðferð með tilliti til ráðstafana í þjónustuviðskiptum eða að því er varðar fjárfesta og fjárfestingar þeirra sem er betri en sú meðferð sem öðrum samningsaðila býðst skal hann, að beiðni annars samningsaðila, veita hinum samningsaðilanum sama tækifæri til að hefja viðræður með því fyrir augum að veita honum sambærilega meðferð.
3. Samningsaðili skal veita upplýsingar sem annar samningsaðili biður um varðandi ráðstafanir sem haft gætu áhrif á þjónustuviðskipti eða fjárfestingar.

4. Samningsaðilarnir skulu hvetja viðeigandi stofnanir á yfirráðasvæðum sínum til að hafa með sér samstarf með það fyrir augum að viðurkenna með gagnkvæmum hætti leyfi og vottorð fagaðila á sviði þjónustuveitingar.
5. EFTA-ríkin og Króatía munu endurskoða þróun á sviði fjárfestinga og þjónustuviðskipta á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar með það fyrir augum að þróa og styrkja tengsl sín á þessum sviðum samkvæmt þessum samningi.

17. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi bönn eða takmarkanir á innflutning, útflutning eða umflutning vöru sem réttlætist af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra, gróður- eða umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglum um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, séu slíkar ráðstafanir gerðar í tengslum við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innan lands. Slík bönn eða takmarkanir mega þó ekki leiða til geðþóttabundinnar mismununar eða til þess að duldar takmarkanir séu lagðar á viðskipti milli samningsaðilanna.

18. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:
a) til að koma í veg fyrir að gefnar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum þess,
b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína eða standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu

2. If, after the entry into force of this Agreement, a Party concludes a free trade agreement with any third country or group of countries that contains provisions providing for a better treatment with respect to any measure affecting trade in services or investors and their investments than the treatment granted to another Party, that Party shall, upon request by another Party, provide adequate opportunity for that Party to enter into negotiation with a view to obtaining equivalent treatment.
3. Upon request of a Party, the requested Party shall endeavour to provide information on measures that may have an impact on trade in services or investment.
4. The Parties shall encourage the relevant bodies in their respective territories to co-operate with a view to achieving mutual recognition for licensing and certification of professional service providers.

5. The EFTA States and Croatia will, in the Joint Committee, review developments related to investments and trade in services with a view to developing and deepening their relations under this Agreement in these fields.

Article 17
General exceptions

This Agreement shall not preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security; the protection of health and life of humans, animals or plants and the environment; the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value; the protection of intellectual property; rules relating to gold or silver; or the conservation of exhaustible natural resources, if such measures are made effective in conjunction with restrictions on domestic production or consumption. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between the Parties.

Article 18
Security exceptions

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which it considers necessary:
(a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;

(b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn, að því tilskildu að ráðstafanirnar raski ekki samkeppnisstöðu að því er snertir framleiðsluvörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar, og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem er beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) varðandi bann við dreifingu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengna, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

19. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Króatíu:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsaðilar hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki túlkuð á þannig að í þeim felist nýjar skuldbindingar fyrir fyrirtæki.

4. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. skulu hlutaðeigandi samningsaðilar aðstoða sameiginlegu nefndina á hvern þann hátt sem nauðsynlegur telst við rannsókn málsins og, ef við á, í því skyni að komi í veg fyrir það athæfi sem andmælt er. Ef hlutaðeigandi samningsaðili stöðvar ekki það athæfi, sem andmælt er, innan þeirra tímamarka sem sameiginlega nefndin setur eða ef sameiginlega nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð, eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til samráðsfundar, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á þeim erfiðleikum sem athæfið hefur í för með sér. Í 28. gr. er að finna ákvæði um beitingu og afnám slíkra ráðstafana.

(i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes, and to such traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or

(ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or

(iii) taken in time of war or other serious international tension.

Article 19

Rules of competition concerning undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Croatia:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not be construed such as to create any direct obligations for undertakings.

4. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party in question fails to put an end to the practice objected to within the period fixed by the Joint Committee or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the Party concerned may adopt the appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question. The application and removal of such measures shall be governed by Article 28.

20. gr.
Styrkir

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.
2. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að ráðstafanir, sem felast í styrkjum, séu gagnsæjar með því að tilkynna þær til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skv. 1. mgr. XVI. gr. í GATT-samningnum frá 1994 og samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.
3. Áður en EFTA-ríki eða Króatía, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Króatíu eða EFTA-ríki og áhrif þess eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir skal sá samningsaðili sem hyggst hefja rannsókn tilkynna þá skriflega þeim samningsaðila sem sætir rannsókn á vörum sínum tilkynningu um það og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðili fer fram á það innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

Article 20
Subsidies

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Article XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as otherwise provided for in this Article.
2. The Parties shall ensure transparency of subsidies by exchanging their most recent notifications to the WTO pursuant to Article XVI:1 of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.

3. Before an EFTA State or Croatia, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Croatia, or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 30 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 10 days from the receipt of the notification.

21. gr.
Undirboð

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðila að því er varðar beitingu ráðstafana gegn undirboðum í samræmi við VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samninginn um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994.
2. Ef EFTA-ríki eða Króatía, eftir því sem við á, fær erindi sem er nægilega vel stutt rituðum heimildum og áður en rannsókn hefst samkvæmt ákvæðum samningsins, sem um getur í 1. mgr., skal samningsaðilinn tilkynna það skriflega til þess samningsaðila sem talið er að bjóði fram vörur sínar með undirboðskjörum og gefa tveggja daga frest til samráðs til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við. Tilkynna skal öðrum samningsaðilum um niðurstöður samráðsins.
3. Samningsaðilarnir skulu, að fenginni beiðni frá samningsaðila, hittast í sameiginlegu nefndinni til þess að endurskoða efni þessarar greinar.

Article 21
Anti-dumping

1. The rights and obligations of the Parties in respect of the application of anti-dumping measures shall be governed by Article VI of the GATT 1994 and the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994.
2. After an EFTA State or Croatia, as the case may be, receives a properly documented application and before initiation of an investigation under the provisions of the Agreement referred to in paragraph 1, that Party shall notify in writing the Party whose goods are allegedly being dumped and allow for consultations with a view to finding a mutually acceptable solution. The outcome of the consultations shall be communicated to the other Parties.

3. The Parties shall, upon request of any Party, meet in the Joint Committee to review the contents of this Article.

22. gr.
Erfiðleikar í einstökum atvinnugreinum og á einstökum svæðum

1. Þegar innflutningur tiltekinna framleiðsluvara samningsaðila, samkvæmt þessum samningi, eykst svo mjög inn á yfirráðasvæði annars samningsaðila

Article 22
Sectoral and regional difficulties

1. Where any product of a Party, as a result of this Agreement, is being imported into the territory of the other Party in such increased quantities and

eða á sér stað við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið:

a) alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans sem flytur inn; eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum svæðum samningsaðilans sem flytur inn,

er samningsaðilanum, sem flytur inn, heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Slíkar ráðstafanir skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt telst til að ráða bót á þeim erfiðleikum sem upp hafa komið og í þeim skal allajafna felast frestun á frekari lækkun gildandi tolla, sem kveðið er á um samkvæmt þessum samningi, á viðkomandi framleiðsluvörur eða hækkun tolla fyrir þá framleiðsluvöru, þó ekki umfram þá tolla sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi á þeim degi sem aðgerðin á sér stað eða þá tolla sem fást í bestukjarameðferð og eru í gildi næsta dag á undan gildistöku þessa samnings og skal miðað við þá tolla sem lægri eru.

3. Í þeim ráðstöfunum skal koma skýrt fram að þær verði smám saman afnumdar og felldar úr gildi innan eins árs. Við mjög óvenjulegar aðstæður er heimilt að gera ráðstafanir til þriggja ára að hámarki. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum vegna innflutnings framleiðsluvöru sem ráðstöfun hefur áður verið beitt gegn að minnsta kosti næstu þrjú árin eftir að ráðstöfunin fellur úr gildi.

4. Samningsaðili, sem hyggst beita ráðstöfunum samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það og jafnframt bjóða hinum samningsaðilunum á sama tíma bætur, sem eru í megindráttum jafngildar, í formi aukins frelsis í viðskiptum í tengslum við innflutning frá hinum samningsaðilunum.

5. Sameiginlega nefndin skal kanna þá erfiðleika sem upp koma vegna aðstæðna sem um getur í þessari grein og henni er heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir til að binda enda á erfiðleikana. Ef sameiginlega nefndin hefur ekki tekið ákvörðun um að binda enda á erfiðleikana innan 30 daga frá því að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er samningsaðilanum, sem flytur inn, heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á vandanum og samningsaðilanum, sem ræður yfir þeirri framleiðsluvöru sem fyrirhugað er að beita þessari ráðstöfun, er heimilt að grípa til jöfnunaraðgerða. Tilkynna skal þegar í stað um ráðstafanir og jöfnun-

under such conditions as to cause or threaten to cause:

(a) serious injury to the domestic industry of like or directly competitive products in the territory of the importing Party; or

(b) serious disturbances in any sector of the economy or difficulties which could bring about serious deterioration in the economic situation of a region of the importing Party,

the importing Party may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in this Article.

2. Such measures shall not exceed what is necessary to remedy the difficulties which have arisen and shall consist of the suspension of the further reduction of any applicable rate of duty provided for under this Agreement for the product concerned or the increase of the rate of duty for that product to a level not to exceed the lesser of the most-favoured nation (MFN) rate of duty in effect at the time the action is taken, or the MFN applied rate of duty in effect on the day immediately preceding the day of the entry into force of this Agreement.

3. Such measures shall contain clear elements progressively leading to their elimination during a period not exceeding one year. In very exceptional circumstances, measures may be taken up to a total maximum period of three years. No such measures shall be applied to the import of a product, which has previously been subject to such a measure for a period of, at least, three years since the expiry of the measure.

4. The Party intending to take measures under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof and simultaneously offer the other Parties compensation in the form of substantially equivalent trade liberalisation in relation to the imports from the other Parties.

5. The Joint Committee shall examine the difficulties and may take any decisions needed to put an end to such difficulties. In the absence of such a decision within 30 days of the matter being referred to the Joint Committee, the importing Party may adopt the appropriate measures to remedy the problem, and, in absence of mutually agreed compensation, the Party against whose product the measure is taken may take compensatory action. The measures and the compensatory action shall be immediately notified to the Joint Committee. The compensatory action shall consist of concessions having substantially equivalent trade effects or concessions substantially

araðgerðir til sameiginlegu nefndarinnar. Jöfnunaraðgerðir skulu fela í sér ívilnanir sem hafa í megindráttum jafngild áhrif á viðskipti eða ívilnanir sem í megindráttum jafngilda viðbótartolli sem búist er við að leiði af neyðaraðgerðinni. Val á forgangsráðstöfunum skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings.

6. Ef óvenjulegar og alvarlegar aðstæður, sem kalla á tafarlausar aðgerðir, koma í veg fyrir að unnt sé að gefa upplýsingar eða hefja rannsókn fyrir fram er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að grípa þegar í stað til nauðsynlegra bráðabirgðaráðstafana til að bæta ástandið og skal hann veita hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni upplýsingar um það án tafar.

7. Efna skal til reglubundins samráðs innan sameiginlegu nefndarinnar um ráðstafanirnar og jöfnunaraðgerðirnar hætti með það fyrir augum að setja fram áætlun um afnám þeirra um leið og aðstæður leyfa.

23. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

1. Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 8. gr. til þess að:

a) framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, hefur beitt magntakmörkunum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða
b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á vöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og þar sem ofangreindar ástæður valda eða gætu valdið samningsaðilanum sem flytur úr alvarlegum erfiðleikum er þeim samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

2. Samningsaðili, sem hyggst beita ráðstöfunum samkvæmt þessari grein, skal þegar í stað tilkynna hinum samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um það. Sameiginlega nefndin skal kanna ástandið og taka nauðsynlegar ákvarðanir til að binda enda á erfiðleikana. Ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um málið, sem vísað er til sameiginlegu nefndarinnar, innan 30 daga er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á vandanum. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíkar ráðstafanir. Val á forgangsráðstöfunum skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings.

3. Ef óvenjulegar og alvarlegar aðstæður, sem kalla á tafarlausar aðgerðir, koma í veg fyrir að unnt sé að gefa upplýsingar eða hefja rannsókn fyrir fram er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að grípa þegar

equivalent to the value of the additional duties expected to result from the emergency action. In the selection of measures and compensatory action, priority must be given to the action which least disturb the functioning of the arrangements in this Agreement.

6. Where exceptional and critical circumstances requiring immediate action make prior information or examination, as the case may be, impossible, the Party concerned may forthwith apply temporary measures necessary to deal with the situation and shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee thereof.

7. The measures and the compensatory action taken shall be the subject of periodic consultations within the Joint Committee with a view to establishing a timetable for their elimination as soon as circumstances permit.

Article 23

Re-export and serious shortage

1. Where compliance with the provisions of Articles 7 and 8 leads to:

(a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product concerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or

(b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures.

2. The Party intending to take measures under this Article shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof. The Joint Committee shall examine the situation and may take any decisions needed to put an end to it. In the absence of such a decision within 30 days of the matter being referred to the Joint Committee, the Party concerned adopt the appropriate measures to remedy the problem. The measures shall be immediately notified to the Joint Committee. In the selection of measures priority must be given to the action which least disturbs the functioning of this Agreement.

3. Where exceptional and critical circumstances requiring immediate action make prior information or examination, as the case may be, impossible, the Party concerned may forthwith apply temporary

í stað til nauðsynlegra bráðabirgðaráðstafana til að bæta ástandið og skal hann veita hinum samningsaðilanum og sameiginlegu nefndinni upplýsingar um það án tafar.
4. Samráðsfundir um ráðstafanirnar sem gerðar voru skulu haldnir reglubundið í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að afnema þær um leið og aðstæður leyfa.

measures necessary to deal with the situation and shall immediately inform the other Parties and the Joint Committee thereof.

4. The measures taken shall be the subject of periodic consultations within the Joint Committee with a view to their elimination as soon as circumstances permit.

24. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar
1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða yfirvofandi hætta er á því er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru GATT-samningnum frá 1994 og samkomulaginu um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Viðeigandi ákvæði í XV. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 eiga við um slíkar ráðstafanir.

Article 24
Balance of payments difficulties
1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.
2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the Understanding on the Balance-of-Payments Provisions thereof, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation. The application of such measures shall be governed by the respective provisions of Article XV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994.

25. gr.
Sameiginlega nefndin
1. Sameiginleg nefnd skal hafa umsjón með og annast framkvæmd þessa samnings og skal hún jafnframt starfa samkvæmt yfirlýsingunni sem var undirrituð í Zürich í júní 2000. Hver samningsaðili skal eiga fulltrúa í nefndinni.
2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríkin skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsríkis, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal af og til kanna frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

Article 25
The Joint Committee
1. The implementation of this Agreement shall be supervised and administered by a Joint Committee which shall simultaneously act under the Declaration signed in Zurich in June 2000. Each Party shall be represented in the Joint Committee.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Croatia.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

26. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar
1. Til að annast framkvæmd þessa samnings eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman, að beiðni samningsaðila, eins oft og nauðsyn ber til en allajafna annað hvert ár.
2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.

Article 26
Procedures of the Joint Committee
1. For the proper implementation of this Agreement the Joint Committee shall, upon request of any Party, meet whenever necessary but normally every two years.
2. The Joint Committee shall act by common agreement.

3. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
4. Samkvæmt þessum samningi setur sameiginlega nefndin sér starfsreglur er kveða meðal annars á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

27. gr.

Uppfylling skuldbindinga og samráð

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið þessa samnings náist. Komi í ljós að túlkun og beiting þessa samnings er með mismunandi hætti skulu samningsaðilarnir, á grundvelli samvinnu og samráðs, gera sitt ýtrasta til að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.
2. Samningsaðila er heimilt að setja fram skriflega beiðni um samráð við annan samningsaðila varðandi gildandi eða fyrirhugaða ráðstöfun eða hvert það málefni annað sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðilanum sem fer fram á samráðið skal á sama tíma tilkynna hinum samningsaðilunum um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Samráðið skal eiga sér stað á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar ef samningsaðili fer fram á það innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.

28. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Telji EFTA-ríki að Króatía hafi ekki eða telji Króatía að EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt þessum samningi og hafi sameiginlega nefndin ekki fundið lausn innan þriggja mánaða sem allir aðilar geta sætt sig við er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera bráðnauðsynlegar og viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að jafnvægi komist aftur á. Reynt skal að beita ráðstöfunum sem valda sem minnstri röskun á framkvæmd samningsins. Tilkynna skal samningsaðilunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanirnar þegar í stað og skal efnt til reglubundins samráðs á vettvangi nefndarinnar og leitað leiða til að afnema þær. Ráðstafanirnar skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki

3. If a representative in the Joint Committee of a Party has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date the lifting of the reservation is notified.
4. For the purpose of this Agreement the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his/her term of office.
5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties, as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

Article 27

Fulfilment of obligations and consultations

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the fulfilment of their obligations under this Agreement. Should any divergency with respect to the interpretation and application of this Agreement arise, the Parties shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so request within 10 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to find a commonly acceptable solution.

Article 28

Provisional measures

If an EFTA State considers that Croatia has, or if Croatia considers that an EFTA State has failed to fulfil an obligation under this Agreement and the Joint Committee has failed to arrive at a commonly acceptable solution within 3 months, the Party concerned may take such provisional rebalancing measures as are appropriate and strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of the Agreement. The measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee, which shall hold regular consultations with a view to their abolition. The measures shall be abolished when conditions no longer justify their maintenance,

lengur eða, ef deilunni hefur verið vísað í gerðardóm, þegar úrskurður gerðardóms er fallinn og honum verið framfylgt.

29. gr.
Gerðardómur

1. Heimilt er að vísa deilum samningsaðilanna, er lúta að túlkun á réttindum og skyldum samningsaðilanna og hafa ekki verið leystar með viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan níutíu daga frá viðtöku beiðnar um samráð, til gerðardóms með skriflegri tilkynningu sem deiluaðili stílar á hinn deiluaðilann. Senda skal afrit af tilkynningunni til allra samningsaðilanna. Ef fleiri samningsaðilar en einn leggja deilumálið í gerðardóm og fleiri en einn aðili tengist sama máli skal koma á fót einum gerðardómi til að taka deilumálin til umfjöllunar þegar það er gerlegt.

2. Fjallað er um stofnun og starfsemi gerðardómsins í VIII. viðauka. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

30. gr.
Þróunarákvæði

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og láta hana ná til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan möguleika og leggja fram tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

31. gr.
Tæknileg aðstoð

Til að auðvelda framkvæmd þessa samnings skulu samningsaðilarnir samþykkja heppilegt skipulag um tækniaðstoð og samvinnu yfirvalda sinna, einkum á sviði hugverkaréttar, tollamála og tækni-

or if the dispute is submitted to arbitration when an arbitral award has been rendered and complied with.

Article 29
Arbitration

1. Disputes between the Parties to this Agreement, relating to the interpretation of rights and obligations under this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by any Party to the dispute by means of a written notification addressed to the other Party to the dispute. A copy of this notification shall be communicated to all Parties to this Agreement. Where more than one Party requests the submission to an arbitral tribunal of a dispute with the same Party relating to the same question a single arbitral tribunal should be established to consider such disputes whenever feasible.

2. The constitution and functioning of the arbitral tribunal shall be governed by Annex VIII. The award of the arbitral tribunal shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

Article 30
Evolutionary clause

1. The Parties undertake to review the present Agreement in light of further developments in international economic relations, i.a. in the framework of the WTO and to examine in this context, and in the light of any relevant factor, the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

Article 31
Technical assistance

In order to facilitate the implementation of this Agreement the Parties shall agree upon appropriate modalities for technical assistance and co-operation of their respective authorities, in particular in the

legra reglna. Til að ná þessum markmiðum skulu þau vinna með hlutaðeigandi alþjóðastofnunum.

32. gr.
Viðaukar

Viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukum.

33. gr.
Breytingar

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi, aðrar en þær sem um getur í 32. gr., skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
2. Breytingarnar skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjali um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu, nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjölum um staðfestingu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

34. gr.
Viðskiptasambönd sem falla undir þennan samning

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Króatíu hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

35. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í IX. viðauka.

36. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði, landamæraviðskipti og aðrir fríðindasamningar

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í þessum samningi.

37. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem er aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, að því tilskildu að sameiginlega nefndin ákveði að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun, enda

fields of intellectual property, customs matters and technical regulations. To this end, they shall coordinate efforts with relevant international organisations.

Article 32
Annexes

The Annexes to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes.

Article 33
Amendments

1. Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 32 shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for ratification, acceptance or approval.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

Article 34
Trade relations governed by this Agreement

This Agreement applies to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Croatia, but not to the trade relations between individual EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

Article 35
Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Annex IX.

Article 36
Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do not negatively affect the trade regime provided for by this Agreement.

Article 37
Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, to be negotiated between the acceding State and the Parties concerned, on such terms and

semji inngönguríkið um aðildina við hlutaðeigandi samningsaðila. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.
2. Að því er varðar inngönguríki skal samningur þessi taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjali þess hefur verið afhent til vörslu.

38. gr.
Uppsögn og niðurfelling samningsins
1. Sérhver samningsaðili getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega eftir diplómatískum leiðum. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.
2. Dragi Króatía aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn.
3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum niður af þeim sökum sama dag og uppsögnin tekur gildi.

39. gr.
Gildistaka
1. Samningur þessi öðlast gildi 1. júní 2002 gagnvart þeim undirritunaraðilum, sem hafa komið skjölum sínum um fullgildingu eða staðfestingu til vörsluaðilans, að því tilskildu að Króatía hafi afhent skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu.

2. Þegar um er að ræða undirritunaraðila sem afhendir skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu eftir 1. janúar 2002 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalinu hefur verið afhent til vörslu, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi hjá Króatíu eigi síðar en þann dag.

3. Samningsaðili getur, ef stjórnskipuleg skilyrði hans leyfa það, beitt þessum samningi til bráðabirgða til að byrja með á tímabili sem hefst 1. janúar 2002 að því tilskildu að þessi samningur hafi þegar öðlast gildi gagnvart Króatíu eða Króatía beiti honum til bráðabirgða eigi síðar en frá og með þeim degi. Tilkynna skal um beitingu þessa samnings til bráðabirgða til vörsluaðilans.

40. gr.
Vörsluaðili
Ríkisstjórn Noregs gegnir hlutverki vörsluaðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

conditions as may be set out in that decision. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

Article 38
Withdrawal and expiration
1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification through diplomatic channels to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Croatia withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall ipso facto, on the same day as the withdrawal takes effect, cease to be a Party to this Agreement.

Article 39
Entry into force
1. This Agreement shall enter into force on 1 January 2002 in relation to those Signatories which by then have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary, provided that Croatia has deposited its instrument of ratification or acceptance.
2. In relation to a Signatory depositing its instrument of ratification or acceptance after 1 January 2002, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument, provided that in relation to Croatia this Agreement enters into force at the latest on the same date.
3. Any Party may, if its constitutional requirements permit, apply this Agreement provisionally during an initial period starting on 1 January 2002, provided that in relation to Croatia this Agreement has entered into force or is provisionally applied at the latest as of the same date. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary.

Article 40
Depositary
The Government of Norway shall act as Depositary.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

GJÖRT í Vaduz 21. júní 2001 í einu frumriti á ensku og skal því komið í vörslu hjá ríkisstjórn Noregs.

Done at Vaduz, this 21st day of June 2001, in a single original in the English language, which shall be deposited with the Government of Norway.

887. Tillaga til þingsályktunar [566. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Makedóníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Makedóníu sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Makedóníu, sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000. Samningurinn í íslenskri þýðingu og frumtextinn á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Viðaukar og bókanir sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Frá árinu 1989 hafa EFTA-ríkin lokið gerð fríverslunarsamninga við 18 ríki. Ferli þetta hófst við lok kalda stríðsins 1989 með gerð fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu og við Tyrkland og Ísrael. Á síðustu árum hafa EFTA-ríkin m.a. einbeitt sér að gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Afríku og Miðausturlanda. Samningar eru á lokastigi við Singapúr auk þess sem viðræður hafa staðið yfir við Kanada, Túnis og Chile og gert er ráð fyrir að viðræður hefjist innan tíðar við Suður-Afríku. Jafnframt hafa farið fram könnunarviðræður við lýðveldið Júgóslavíu.

Fríverslunarsamningurinn er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Makedóníu sem undirrituð var í Vaduz í mars 1996 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Makedóníu og á Balkanskaga í heild.

Fríverslunarsamningurinn við Makedóníu er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Samningurinn, eins og aðrir fríverslunarsamningar, fjallar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar, svo það helsta sé nefnt.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu með iðnaðarvörur sem taldar eru upp í 25.–97. kafla tollskrárinnar. Samningurinn felur í sér að frá og með gildistöku hans fella EFTA-ríkin og Makedónía niður alla innflutningstolla og gjöld á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í aðildarríkjum samningsins. Undantekning er gerð frá þessu varðandi vörur sem upprunnar eru í EFTA-ríkjunum og taldar eru upp í viðauka III við

samninginn. Tollar og gjöld á þessar iðnaðarvörur falla hins vegar niður í áföngum á allt að níu árum frá gildistöku samningsins.

Í viðauka II við fríverslunarsamninginn skuldbinda EFTA-ríkin og Makedónía sig til að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðir frá og með gildistöku samningsins. Þó hefur Makedónía aðlögunartíma í eitt til sjö ár til að fella niður tolla á fisktegundum sem nánar eru taldar upp í viðaukanum.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Makedóníu. Bókun um landbúnaðarmál milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Makedóníu fylgir samningnum. Skv. 7. gr. bókunarinnar öðlast hún gildi sama dag og samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.

Fylgiskjal.

FRÍVERSLUNARSAMNINGUR milli EFTA-ríkjanna og lýðveldisins Makedóníu

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir nefnd EFTA-ríkin) og lýðveldið Makedónía (hér á eftir nefnt Makedónía),

sem vísa til þess ásetnings síns að stuðla á virkan hátt efnahagslegum samruna í Evrópu og lýsa sig reiðubúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá þróun,

sem hafa í huga mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu, einkum yfirlýsinguna um samvinnu sem var undirrituð í Vaduz í mars 1996, og eiga þá ósk sameiginlega að styrkja þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

sem árétta skuldbindingu EFTA-ríkjanna og Makedóníu og vilja þeirra til að styðja samning um stöðugleika í Suðaustur-Evrópu,

sem eru meðvituð um mikilvægi þess að öll ákvæði og meginreglur ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE), einkum lokabókun Helsinki-ráðstefnunnar og Parísarsáttmálans um hina nýju Evrópu, ásamt lokaskjali Bonn-ráðstefnunnar um efnahagssamvinnu í Evrópu,

sem árétta stuðning sinn við fjölflokkalýðræði er byggist á lögum, mannréttindum, þar með talið réttindum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum, og grundvallarfrelsi og vísa til meginreglna sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

FREE TRADE AGREEMENT between the EFTA states and the Republic of Macedonia

PREAMBLE

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter called the EFTA States) and the Republic of Macedonia (hereinafter called Macedonia),

Recalling their intention to participate actively in the process of economic integration in Europe and expressing their preparedness to co-operate in seeking ways and means to strengthen this process,

Considering the importance of the links existing between the EFTA States and Macedonia, in particular the Declaration on Co-operation signed in Vaduz in March 1996, and recognising the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations,

Reaffirming the EFTA States' and Macedonia's commitment and readiness to support the Stability Pact for South Eastern Europe,

Aware of the importance of giving full effect to all the provisions and principles of the CSCE/OSCE process, in particular the Helsinki Final Act and the Charter of Paris for a new Europe, as well as the final document of the Bonn Conference on economic co-operation in Europe,

Reaffirming their commitment to pluralistic democracy based on the rule of law, human rights, including rights of persons belonging to minorities, and fundamental freedoms, and recalling the principles of the United Nations Charter,

sem æskja þess að skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem samningsaðilarnir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnræðis, gagnkvæms ávinnings, reglunnar um bann við mismunun og þjóðaréttar,

sem vísa til aðildar EFTA-ríkjanna að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og skuldbindingar þeirra um að framfylgja réttindum og skyldum sem leiðir af Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að meðtöldum meginreglunum um bestukjarameðferð og innlenda meðferð, og vísa jafnframt til þess markmiðs makedónskra yfirvalda að gerast aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni,

sem einsetja sér að stuðla að eflingu fjölþjóðaviðskiptakerfis og þróa frjálsari viðskipti sín á milli í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar,

sem hafa í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina,

sem eru staðráðin í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu auðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

sem eru þess fullviss að samningur þessi muni stuðla að stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og vera mikilvægt framlag til samruna í Evrópu,

sem lýsa sig reiðubúin til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til, möguleika á að þróa og efla efnahagsleg samskipti sín svo að þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

sem eru sannfærð um að þessi samningur myndi viðeigandi ramma fyrir upplýsinga- og skoðanaskipti um þróun efnahagsmála og viðskipti og skyld málefni,

sem eru enn fremur sannfærð um að þessi samningur skapi skilyrði sem stuðli að samskiptum þeirra á sviði efnahagsmála, viðskiptamála og fjárfestingu,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við framangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur samningurinn):

1. gr.

Markmið

1. EFTA-ríkin og Makedónía skulu á 10 ára aðlögunartímabili, sem hefst þann dag sem þessi samning-

Desiring to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law,

Recalling the membership of the EFTA States in the World Trade Organisation (hereinafter referred to as "the WTO") and their commitment to comply with the rights and obligations arising from the Marrakesh Agreement establishing the WTO, including the principles of most-favoured-nation and of national treatment, and mindful of Macedonia's objective to become a Member of WTO,

Resolved to contribute to the strengthening of the multilateral trading system and to develop their relations towards free trade in compliance with WTO rules,

Considering that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the Parties from their obligations under other international agreements, especially the WTO,

Determined to implement this Agreement with the objective to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development,

Firmly convinced that this Agreement will contribute to the creation and strengthening of an enlarged and harmonious free trade area within Europe, thus constituting an important contribution to European integration,

Declaring their readiness to examine, in the light of any relevant factor, the possibility of developing and deepening their economic relations in order to extend them to fields not covered by this Agreement,

Convinced that this Agreement provides an appropriate framework for exchange of information and views on economic developments and trade as well as related matters,

Also convinced that this Agreement will create conditions encouraging economic, trade and investment relations between them,

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called this Agreement):

ARTICLE 1

Objectives

1. The EFTA States and Macedonia shall during a transitional period of 10 years, starting from the date

ur öðlast gildi, koma á fót fríverslunarsvæði, í áföngum, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa og því að lýðræði og mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagslegra samskipta EFTA-ríkjanna og Makedóníu og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjunum og Makedóníu, að framþróun efnahagsmála, betri lífs- og atvinnuskilyrðum og aukinni framleiðni og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna;

c) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahafta, að efnahagslegum samruna í Evrópu og samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) framleiðsluvara sem heyra undir 25.– 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni (ST), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka;

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun;

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka;

sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Makedóníu.

3. gr.
Upprunareglur
og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsaðilarnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda, til að tryggja að ákvæði 4. gr. (Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif), 6. gr. (Fjáröflunartollar), 7. gr. (Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif), 8. gr. (Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif), 13. gr. (Innlendir skattar og reglur) og 22. gr. (Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur) samningsins og bókunar B séu framkvæmd á samræmdan og skilvirkan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim

of entry into force of this Agreement, gradually establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of the economic relations between the EFTA States and Macedonia and thus to foster in the EFTA States and in Macedonia the advance of economic activity, the improvement of living and employment conditions, and increased productivity and financial stability;

(b) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties;

(c) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to European economic integration and to the harmonious development and expansion of world trade.

ARTICLE 2
Scope

This Agreement shall apply:

(a) to products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;

(b) to products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;

(c) to fish and other marine products as provided for in Annex II;

originating in an EFTA State or Macedonia.

ARTICLE 3
Rules of origin
and co-operation in customs administration

1. Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.

2. The Parties shall take appropriate measures, including reviews by the Joint Committee and arrangements for administrative co-operation, to ensure that the provisions of Articles 4 (Customs duties on imports and charges having equivalent effect), 6 (Customs duties of a fiscal nature), 7 (Customs duties on exports and charges having equivalent effect), 8 (Quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect), 13 (Internal taxation and regulations) and 22 (Re-export and serious shortage) of this Agreement and Protocol B are effectively and harmoniously applied, and to reduce, as far as possible, the formalities imposed on trade, and to achieve mutually satisfactory solutions to any

vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir þannig að allir geti vel við unað.
3. Á grundvelli endurskoðana sem um getur í 2. mgr. skulu samningsaðilarnir taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir.

4. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.
2. Frá og með gildistöku samningsins skulu samningsaðilar afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum, sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Makedóníu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins og kveðið er á um í III. viðauka.

5. gr.
Grunntollar

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi, skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 1. janúar 2000.
2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, m.a. lækkanir í samræmi við skuldbindingar marghliða viðræðna á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá þeim tíma sem lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.

3. Reikna skal lækkuðu tollana í samræmi við 2. mgr. 4. gr. (Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif) með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.
Fjáröflunartollar

Ákvæði 4. gr. (Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif) gilda þar að auki um fjáröflunartolla.

7. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.
2. Samningsaðilar skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla útflutningstolla á framdifficulties arising from the operation of those provisions.
3. On the basis of the reviews referred to in paragraph 2, the Parties shall decide on the appropriate measures to be taken.

ARTICLE 4
Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duties on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Macedonia.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports and any charges having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Macedonia, except as provided for in Annex III.

ARTICLE 5
Basic duties

1. For each product the basic duty, to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied, shall be the most-favoured-nation rate of duty (MFN rate) applied on 1 January 2000.
2. If, before, by or after entry into force of this Agreement, any tariff reduction is applied on an erga omnes basis, in particular reductions in accordance with commitments resulting from multilateral negotiations under the WTO, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date when such reductions are applied, or from the entry into force of this Agreement if this is later.
3. The reduced duties calculated in accordance with Article 4(2) (Customs duties on imports and charges having equivalent effect) shall be applied rounded to the first decimal place or, in case of specific duties, to the second decimal place.

ARTICLE 6
Customs duties of a fiscal nature

The provisions of Article 4 (Customs duties on imports and charges having equivalent effect) shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 7
Customs duties on exports and charges having equivalent effect

1. No new customs duties on exports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Macedonia.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on ex-

leiðsluvörum, sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Makedóníu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

8. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning eða útflutning né ráðstafanir gerðar sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.
2. Samningsaðilar skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins og kveðið er á um í IV. viðauka.

9. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi bönn eða takmarkanir á innflutning, útflutning eða umflutning vöru sem réttlætist af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra, gróður- eða umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglum um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, séu slíkar ráðstafanir gerðar í tengslum við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innan lands. Slík bönn eða takmarkanir mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar takmarkanir séu lagðar á viðskipti milli samningsaðilanna.

10. gr.
Ríkiseinkaréttur

1. EFTA-ríkin og Makedónía skulu tryggja aðlögun á ríkiseinkarétti í viðskiptum með þeim undanþágum sem er mælt fyrir um í bókun C þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkja og Makedóníu verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum við gildistöku þessa samnings. Þessar vörur skulu keyptar og markaðssettar á viðskiptalegum forsendum.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um alla aðila sem eru þar til bærum yfirvöldum samningsaðilanna til aðstoðar samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, við að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðilanna. Þessi ákvæði skulu einnig gilda um einkarétt sem ríkið hefur veitt öðrum aðilum

ports and any charges having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Macedonia.

ARTICLE 8
Quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect

1. No new quantitative restrictions on imports or exports or measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Macedonia.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement quantitative restrictions on imports and exports and measures having equivalent effect on products originating in an EFTA State or Macedonia, except as provided for in Annex IV.

ARTICLE 9
General exceptions

This Agreement shall not preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security; the protection of health and life of humans, animals or plants and the environment; the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value; the protection of intellectual property; rules relating to gold or silver; or the conservation of exhaustible natural resources, if such measures are made effective in conjunction with restrictions on domestic production or consumption. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between the Parties.

ARTICLE 10
State monopolies

1. The EFTA States and Macedonia shall ensure that any state monopoly of a commercial character be adjusted, with the exceptions laid down in Protocol C, so that with the entry into force of this Agreement no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed will exist between nationals of the EFTA States and of Macedonia. These goods shall be procured and marketed in accordance with commercial considerations.
2. The provisions of this Article shall apply to any body through which the competent authorities of the Parties, in law or in fact, either directly or indirectly supervise, determine or appreciably influence imports or exports between the Parties. These provisions shall likewise apply to monopolies delegated by the State to other bodies.

11. gr.
Tæknilegar reglur

1. Samningsaðilarnir skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknilegra reglna, stöðlunar og samræmismats og stuðla að lausnum sem nýtast hvarvetna í Evrópu með viðeigandi ráðstöfunum. Sameiginlega nefndin skal taka saman viðmiðunarreglur vegna framkvæmdar þessarar málsgreinar.
2. Samningsaðilar samþykkja að hafa tafarlaust samráð innan sameiginlegu nefndarinnar til að finna viðeigandi lausn telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað tæknilega hindrun í viðskiptum.

3. Farið skal með skuldbindingar samningsaðilana, um að tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum, í samræmi við ákvæði í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir. EFTA-ríkin skulu veita Makedóníu aðgang að tilkynningum sínum um drög að tæknilegum reglum. Makedónía skal senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar sínar um drög að tæknilegum reglum sem tekur að sér að senda þær til annarra samningsaðila.

ARTICLE 11
Technical regulations

1. The Parties shall co-operate in the field of technical regulations, standards and conformity assessment; and through appropriate measures promote in particular European-wide solutions. The Joint Committee shall establish guidelines for the implementation of this paragraph.
2. The Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee in case a Party considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, a technical obstacle to trade, in order to find an appropriate solution.
3. The extent of the Parties' obligations to notify draft technical regulations shall be governed by the provisions of the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade. The EFTA States will make their notifications of draft technical regulations to the WTO available to Macedonia. Macedonia shall notify draft technical regulations to the EFTA Secretariat, which shall distribute them to the other Parties.

12. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.
2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Makedóníu um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.
3. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti eða plöntuheilbrigði án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti óþarflega.

ARTICLE 12
Trade in agricultural products

1. The Parties declare their readiness to foster, in so far as their agricultural policies allow, harmonious development of trade in agricultural products.

2. In pursuance of this objective each individual EFTA State and Macedonia concluded a bilateral arrangement providing for measures to facilitate trade in agricultural products.
3. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.

13. gr.
Innlendir skattar og reglur

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í samræmi við III. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT 1994“) og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum og óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

ARTICLE 13
Internal taxation and regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (hereinafter referred to as "the GATT 1994") and other relevant WTO Agreements.
2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxation in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

14. gr.
Greiðslur og yfirfærslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Makedóníu eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.
2. Samningsaðilar skulu forðast að takmarka, með höftum í gjaldeyrisviðskiptum eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi á yfirráðasvæði samningsaðila á hlut að.
3. Ekki skal gera takmarkandi ráðstafanir vegna yfirfærslna í tengslum við fjárfestingar, sérstaklega ekki vegna heimsendingar fjárhæða sem hafa verið notaðar til fjárfestingar eða endurfjárfestingar og hvers konar tekna af þeim.

ARTICLE 14
Payments and Transfers

1. Payments relating to trade between an EFTA State and Macedonia and the transfer of such payments to the territory of the Party where the creditor resides, shall be free from any restrictions.
2. The Parties shall refrain from any currency exchange or administrative restrictions on the grant, repayment or acceptance of short and medium-term credits covering commercial transactions in which a resident participates.
3. No restrictive measures shall apply to transfers related to investments and in particular to the repatriation of amounts invested or reinvested and of any kind of revenues stemming therefrom.

15. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsaðilar telja það ófrávíkjanlegt markmið samnings þessa að auka frjálsræði á opinberum innkaupamörkuðum sínum án allrar mismununar og á grundvelli gagnkvæmni.
2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar setja reglur innan ramma sameiginlegu nefndarinnar. Reglurnar skulu einkum byggjast á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup.
3. Hlutaðeigandi samningsríki skulu leitast við að gerast aðilar að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup og auka frjálsræði á opinberum innkaupamörkuðum sínum.

ARTICLE 15
Public procurement

1. The Parties consider the effective liberalisation of their respective public procurement markets on the basis of non-discrimination and reciprocity, as an integral objective of this Agreement.
2. To this effect, the Parties shall elaborate rules within the framework of the Joint Committee. The rules shall in particular be based on the WTO Agreement on Government Procurement.
3. The Parties concerned shall endeavour to accede to the WTO Agreement of Government Procurement and to further liberalise access to their respective public procurement markets.

16. gr.
Hugverkavernd

1. Samningsríkjunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttar án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, V. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsríkja lakari kjör en þau veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari kvöð skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. gr. TRIPS-samningsins.
3. Samningsríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsríkja lakari kjör en veitt eru ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari kvöð skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr. Í samræmi við d-lið 4. gr. TRIPS-samningsins er undanþegið þessari skuldbindingu hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi, sem tilkomin er vegna gildandi alþjóða-

ARTICLE 16
Protection of intellectual property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex V to this Agreement and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the WTO TRIPS Agreement.
3. The Parties shall grant to each others' nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. In accordance with Article 4, paragraph (d) of the TRIPS Agreement, any advantage, favour, privilege or immunity deriving from international agreements in force before this Agreement and notified to the other Parties at the latest six months after the entry into force of this

samninga við gildistöku þessa samnings og hinum samningsríkjunum er tilkynnt um eigi síðar er sex mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða órétt-lætanlegri mismunun gagnvart ríkisborgurum hinna samningsríkjanna. Samningsaðilar eru undanþegnir kröfu um tilkynningu ef þeir hafa þegar sent TRIPS-ráðinu slíka tilkynningu. Undanþágur frá þessari kvöð skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr.

4. Samningsríkin samþykkja, að beiðni samningsríkis, að endurskoða ákvæði þessarar greinar og V. viðauka um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er núna.

17. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Makedóníu:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsaðilar hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.

3. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr. er honum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem er mælt er fyrir um í 24. gr. (Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana).

18. gr.

Ríkisaðstoð

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi ríkisaðstoð og ráðstafanir til jöfnunar í samræmi við XVI. gr. GATT 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

2. Farið skal með skyldur samningsaðilanna varðandi gagnsæi í meðferð ríkisaðstoðar í samræmi við

Agreement, shall be exempted from this obligation, provided that it does not constitute an arbitrary or unjustifiable discrimination of nationals of the other Parties. The Parties shall be exempted from the notification if they have already made such notification to the TRIPS Council. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. The Parties agree, upon request of any Party, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex V, with a view to further improving the levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

ARTICLE 17

Rules of competition concerning undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Macedonia:

(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.

3. If a Party considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2, it may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 24 (Procedure for the application of safeguard measures).

ARTICLE 18

Subsidies

1. The rights and obligations of the Parties relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Article XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as otherwise provided for in this Article.

2. The extent of the Parties' obligations to ensure transparency of subsidy measures shall be governed

viðmiðanir í 1. mgr. XVI. gr. GATT 1994 og 25. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir. EFTA-ríkin skulu senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar sínar um ríkisaðstoð til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem verða þar tiltækar Makedóníu. Makedónía skal senda aðalskrifstofu EFTA tilkynningar um ríkisaðstoð sína og hún sendir þær til annarra samningsaðila.

3. Áður en EFTA-ríki eða Makedónía, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti ríkisaðstoð er veitt í Makedóníu eða EFTA-ríki og áhrif þess eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir skal sá samningsaðili sem hyggst hefja rannsókn tilkynna þá skriflega þeim samningsaðila sem sætir rannsókn á vörum sínum tilkynningu um það og veita 30 daga frest til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðili fer fram á það innan 10 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

by the criteria set out in Article XVI:1 of the GATT 1994 and Article 25 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures. The EFTA States will make their notifications on subsidies to the WTO available to Macedonia. Macedonia shall notify its subsidies to the EFTA Secretariat, which shall distribute them to the other Parties.

3. Before an EFTA State or Macedonia, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Macedonia, or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 30 day period with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee if any Party so requests within 10 days from the receipt of the notification.

19. gr.
Undirboð

Komist EFTA-ríki að raun um að undirboðum, í skilningi VI. gr. GATT 1994, sé beitt í viðskiptum við Makedóníu eða verði Makedónía vart við að undirboðum í þessum skilningi sé beitt í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. gr. GATT 1994 og þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 24. gr. (Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana).

ARTICLE 19
Dumping

If an EFTA State finds that dumping within the meaning of Article VI of the GATT 1994 is taking place in trade with Macedonia, or if Macedonia finds that dumping within this meaning is taking place in trade with an EFTA State, the Party concerned may take appropriate measures against this practice in accordance with the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 and with the procedure laid down in Article 24 (Procedure for the application of safeguard measures).

20. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinna framleiðsluvara

Þegar innflutningur tiltekinna framleiðsluvara eykst svo mjög eða á sér stað við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans sem flytur inn, eða
b) alvarlegri röskun í skyldri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum yfirráðasvæðum,

er viðkomandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 24. gr. (Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana).

ARTICLE 20
Emergency action on imports of particular products

Where any product is being imported in such increased quantities and under such conditions as to cause, or threaten to cause:

(a) serious injury to domestic producers of like or directly competitive products in the territory of the importing Party, or

(b) serious disturbances in any related sector of the economy or difficulties which could bring about serious deterioration in the economic situation of a region,

the Party concerned may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedure laid down in Article 24 (Procedure for the application of safeguard measures).

21. gr.
Endurskipulagning

1. Makedóníu er heimilt, í takmarkaðan tíma, að gera sérstakar ráðstafanir í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr. (Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif).

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda nýjan iðnað eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar erfiðleikarnir skapa mikil félagsleg vandamál.

3. Heildarverðtollar sem kunna að vera lagðir á innflutning frá EFTA-ríkjum til Makedóníu mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti, eftir að ráðstafanirnar eru komnar til framkvæmda, og skulu framleiðsluvörur upprunnar í EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Þeir mega ekki vera hærri en tollar sem eru lagðir á innflutning svipaðra vara til Makedóníu frá öðrum löndum. Verðmæti varanna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í a-lið 2. gr. og samkvæmt nýjustu hagtölum.

4. Makedóníu ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst beita og, að beiðni EFTA-ríkjanna, hafa samráð um þær og málefni viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar Makedónía gerir slíkar ráðstafanir ber því að afhenda sameiginlegu nefndinni áætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í áætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á, nema sameiginlega nefndin ákveði aðra áætlun.

5. Beiting sérstakra ráðstafana, sem tilgreindar eru í þessari grein, skal ekki vara lengur en þrjú ár. Allar undanþágur frá endurskipulagningu falla úr gildi í síðasta lagi níu árum eftir gildistöku þessa samnings. Sameiginlega nefndin getur ákveðið önnur tímabil en tilgreint er í þessari málsgrein.

22. gr.
Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 7. gr. (Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif) og 8. gr. (Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif) til þess að:

a) framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, hefur beitt

ARTICLE 21
Structural adjustment

1. Exceptional measures of limited duration in the form of increased customs duties which derogate from the provisions of Article 4 (Customs duties on imports and charges having equivalent effect) may be taken by Macedonia.

2. These measures may only concern infant industries, or certain sectors undergoing restructuring or facing serious difficulties, particularly where these difficulties produce important social problems.

3. Customs duties on imports applicable in Macedonia to products originating in the EFTA States introduced by these measures may, after the introduction of these measures, not exceed in total 25% ad valorem and shall maintain an element of preference for products originating in the EFTA States. They may not exceed customs duties levied on imports to Macedonia of similar goods from any other country. The total value of imports of the products which are subject to these measures may not exceed 15% of total imports of industrial products from the EFTA States as defined in Article 2 (a) during the last year for which statistics are available.

4. Macedonia shall inform the Joint Committee of any exceptional measures it intends to take and, at the request of the EFTA States, consultations shall be held in the Joint Committee on such measures and the sectors to which they apply before they are implemented. When taking such measures Macedonia shall provide the Joint Committee with a schedule for the elimination of the customs duties introduced under this Article. This schedule shall provide for a phasing out of these duties at equal annual rates starting at the latest 2 years after their introduction, unless the Joint Committee decides on a different schedule.

5. The application of exceptional measures specified in this Article shall not exceed 3 years. All exceptional measures regarding structural adjustment shall cease to apply 9 years after the entry into force of this Agreement. The Joint Committee may decide on different time periods than those specified in this paragraph.

ARTICLE 22
Re-export and serious shortage

Where compliance with the provisions of Articles 7 (Customs duties on exports and charges having equivalent effect) and 8 (Quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect) leads to:

(a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product con-

magntakmörkunum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á vöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og þar sem ofangreindar ástæður valda eða gætu valdið samningsaðilanum sem flytur úr alvarlegum erfiðleikum er þeim samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 24. gr. (Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana). Þessar ráðstafanir skulu vera án mismununar og skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

23. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða yfirvofandi hætta er á því er honum, eftir því sem við á, heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru GATT 1994 og samkomulaginu um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Ráðstafanir sem hafa áhrif á vöruverð skulu njóta ívilnana og skal aflétta þeim smám saman eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. Samningsaðila, sem grípur til takmarkandi ráðstafana af þessu tagi, ber að tilkynna öðrum samningsaðilum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíkar ráðstafanir, helst áður en þær eru gerðar, og leggja fram eins fljótt og unnt er tímaáætlun um afnám þeirra. Sameiginlega nefndin skal kanna, fari einhver samningsaðilanna fram á það, hvort þörf er á að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið.

24. gr.

Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim verndarráðstöfunum, sem tilgreindar eru í þessari grein, skulu samningsaðilarnir leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsaðilum þar um.

2. Með fyrirvara um 6. mgr. þessarar greinar ber samningsaðila, sem íhugar að beita verndarráðstöfunum, að tilkynna öðrum samningsaðilum og samcerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or

(b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 24 (Procedure for the application of safeguard measures). The measures shall be non-discriminatory and be eliminated when conditions no longer justify their maintenance.

ARTICLE 23

Balance of payments difficulties

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.

2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the Understanding on the Balance-of-Payments Provisions thereof, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation. Preference shall be given to price-based measures which shall be progressively relaxed as balance of payments conditions improve and eliminated when conditions no longer justify their maintenance. The Party introducing restrictive measures shall inform the other Parties and the Joint Committee forthwith, preferably prior to their introduction and shall as soon as possible provide a time schedule for their removal. The Joint Committee shall, upon request of any other Party, examine the need for maintaining the measures taken.

ARTICLE 24

Procedure for the application of safeguard measures

1. Before initiating the procedure for the application of safeguard measures set out in this Article, the Parties shall endeavour to solve any differences between them through direct consultations, and inform the other Parties thereof.

2. Without prejudice to paragraph 6, a Party which considers resorting to safeguard measures shall promptly notify the other Parties and the Joint Com-

eiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem málið varða. Samningsaðilarnir skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 17. gr. (Reglur um samkeppni fyrirtækja) skulu samningsaðilarnir sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsaðilinn sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tíma sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að leysa erfiðleikana sem stafa af viðkomandi athæfi.

b) Að því er varðar 19. gr. (Undirboð), 20. gr. (Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru) og 22. gr. (Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur) skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsaðili hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 32. gr. (Uppfylling skuldbindinga) skal hlutaðeigandi samningsaðili láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem máli skipta við nákvæma rannsókn málsins til að leita lausnar sem allir aðilar geta sætt sig við. Finni sameiginlega nefndin ekki lausn eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsaðilum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um verndarráðstafanir sem gerðar eru. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu þær ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal að beita ráðstöfunum sem valda sem minnstri röskun á framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Makedónía gerir vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis hafa áhrif á viðskipti við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða EFTA-ríkjum, sem hafa í viðskiptum orðið fyrir áhrifum af aðgerðum

mittee thereof and supply all relevant information. Consultations between the Parties shall take place without delay in the Joint Committee with a view to finding a commonly acceptable solution.

3. (a) As regards Article 17 (Rules of competition concerning undertakings), the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party in question fails to put an end to the practice objected to within the period fixed by the Joint Committee or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the Party concerned may adopt the appropriate measures to deal with the difficulties resulting from the practice in question.

(b) As regards Articles 19 (Dumping), 20 (Emergency action on imports of particular products) and 22 (Re-export and serious shortage), the Joint Committee shall examine the case or the situation and may take any decision needed to put an end to the difficulties notified by the Party concerned. In the absence of such a decision within thirty days of the matter being referred to the Joint Committee, the Party concerned may adopt the measures necessary in order to remedy the situation.

(c) As regards Article 32 (Fulfilment of obligations), the Party concerned shall supply the Joint Committee with all relevant information required for a thorough examination of the situation with a view to seeking a commonly acceptable solution. If the Joint Committee fails to reach such a solution or if a period of three months has elapsed from the date of notification, the Party concerned may take appropriate measures.

4. The safeguard measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee. They shall be restricted with regard to their extent and to their duration to what is strictly necessary in order to rectify the situation giving rise to their application and shall not be in excess of the injury caused by the practice or the difficulty in question. Priority shall be given to such measures that will least disturb the functioning of this Agreement. The measures taken by Macedonia against an action or an omission of an EFTA State may only affect the trade with that State. The measures taken against an action or omission of Macedonia may be only taken

eða aðgerðaleysi Makedóníu, er heimilt að gera ráðstafanir sem beinast gegn slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.
5. Efna skal til reglubundins samráðs um verndarráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að slaka á þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrir fram getur viðkomandi samningsaðili, í tilvikum sem um ræðir í 19. gr. (Undirboð), 20. gr. (Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru) og 22. gr. (Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur) og þegar ríkisaðstoð hefur bein og tafarlaus áhrif á viðskipti milli samningsaðila, gripið strax til varúðar- og bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta ástandið. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna sem fyrst til samráðs milli samningsaðila innan sameiginlegu nefndarinnar.

by that or those EFTA States the trade of which is affected by the said action or omission.

5. The safeguard measures taken shall be the object of regular consultations within the Joint Committee with a view to their relaxation, substitution or abolition, when conditions no longer justify their maintenance.
6. Where exceptional circumstances requiring immediate action make prior examination impossible, the Party concerned may, in the cases of Articles 19 (Dumping), 20 (Emergency action on imports of particular products) and 22 (Re-export and serious shortage), apply forthwith the precautionary and provisional measures strictly necessary to remedy the situation. The measures shall be notified without delay and consultations between the Parties shall take place as soon as possible within the Joint Committee.

25. gr.
Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:
a) til að koma í veg fyrir að gefnar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum þess,
b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína eða standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu
   i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn, að því tilskildu að ráðstafanirnar raski ekki samkeppnisstöðu að því er snertir framleiðsluvörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar, og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem er beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða
   ii) varðandi bann við dreifingu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengna, eða
   iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

ARTICLE 25
Security exceptions

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which it considers necessary:
(a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;

(b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies
   (i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes, and to such traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or
   (ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or
   (iii) taken in time of war or other serious international tension.

26. gr.
Þróunarákvæði

1. Samningsríkin skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofn-

ARTICLE 26
Evolutionary clause

1. The Parties undertake to review the present Agreement in light of further developments in international economic relations, i.a. in the framework of the WTO and to examine in this context, and in the light of any relevant factor, the possibility of further developing and deepening the co-operation under

að með þessum samningi og láta hana ná til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan möguleika og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.
2. Samningar, sem kunna að verða gerðir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru háðar fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

27. gr.
Þjónusta og fjárfestingar

1. Samningsaðilarnir viðurkenna vaxandi mikilvægi þjónustu og fjárfestinga. Í viðleitni sinni til að þróa smám saman og víkka samstarf sitt, einkum með hliðsjón af samruna Evrópu, munu þeir vinna saman að því markmiði að auka fjárfestingar og auka smám saman frjálsræði og opna markaði sína gagnkvæmt í þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af starfsemi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

2. EFTA-ríkin og Makedónía skulu endurskoða þróun á sviði þjónustu með það fyrir augum að skoða möguleika á auknu frjálsræði sín á milli.

3. EFTA-ríkin og Makedónía skulu ræða þessa samvinnu í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að þróa og styrkja tengsl sín samkvæmt samningnum.

28. gr.
Tæknileg aðstoð

Til að auðvelda framkvæmd þessa samnings skulu samningsaðilarnir samþykkja heppilegt skipulag um tækniaðstoð og samvinnu yfirvalda aðilanna á sviði hugverkaréttar, tollamála og tæknilegra reglna. Til að ná þessum markmiðum skulu þau vinna með hlutaðeigandi alþjóðastofnunum.

29. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginleg nefnd skal hafa umsjón með og annast framkvæmd samningsins og skal hún jafnframt starfa samkvæmt yfirlýsingunni sem var undirrituð í Vaduz í mars 1996. Hver samningsaðili skal eiga fulltrúa í nefndinni.
2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríkin skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsríkis, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal af og til kanna frekari möguleika á að fjarlægja þær hindr-

this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

ARTICLE 27
Services and Investments

1. The Parties recognise the growing importance of services and investments. In their efforts to gradually develop and broaden their co-operation, in particular in the context of European integration, they will co-operate with the aim of further promoting investments and achieving a gradual liberalisation and mutual opening of markets for trade in services, taking into account on-going work under the auspices of the WTO.
2. The EFTA States and Macedonia shall review developments in the services sectors with a view to considering liberalisation measures between the Parties.
3. The EFTA States and Macedonia will discuss this co-operation in the Joint Committee with the aim of developing and deepening their relations under this Agreement.

ARTICLE 28
Technical assistance

In order to facilitate the implementation of this Agreement the Parties shall agree upon appropriate modalities for technical assistance and co-operation of their respective authorities, in particular in the fields of intellectual property, customs matters and technical regulations. To this end, they shall co-ordinate efforts with relevant international organisations.

ARTICLE 29
The Joint Committee

1. The implementation of this Agreement shall be supervised and administered by a Joint Committee which shall simultaneously act under the Declaration signed in Vaduz in March 1996. Each Party shall be represented in the Joint Committee.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of

anir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Makedóníu.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

further removal of the obstacles to trade between the EFTA States and Macedonia.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

30. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til en allajafna einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að óska eftir fundi.
2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.
3. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
4. Samkvæmt þessum samningi setur sameiginlega nefndin sér starfsreglur er kveða meðal annars á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

ARTICLE 30
Procedures of the Joint Committee

1. For the proper implementation of this Agreement the Joint Committee shall meet whenever necessary but normally once a year. Each Party may request that a meeting be held.
2. The Joint Committee shall act by common agreement.
3. If a representative in the Joint Committee of a Party has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date the lifting of the reservation is notified.
4. For the purpose of this Agreement the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his/her term of office.
5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

31. gr.
Málsmeðferð fyrir gerðardómi

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ýtrasta á grundvelli samvinnu og samráðs til að ályktа með þeim hætti sem allir aðilar geta sætt sig við um hvert það málefni sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um raunverulegar eða fyrirhugaðar ráðstafanir eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðili sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna öðrum samningsaðilum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan tíu daga frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.
4. Heimilt er að vísa deilum samningsaðilanna, er lúta að túlkun á réttindum og skyldum samningsaðilanna og hafa ekki verið leystar með viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan níutíu daga frá viðtöku

ARTICLE 31
Dispute Settlement Procedure

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so request within 10 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to find a commonly acceptable solution.
4. Disputes between the Parties to this Agreement, relating to the interpretation of rights and obligations of the Parties to this Agreement, which have not been settled through direct consultations or in the

beiðnar um samráð, til gerðardóms með skriflegri tilkynningu sem deiluaðili stílar á hinn deiluaðilann. Senda skal afrit af tilkynningunni til allra samningsaðilanna.

5. Fjallað er um stofnun og starfsemi gerðardómstólsins í VI. viðauka.
6. Gerðardómurinn skal leysa deilur í samræmi við ákvæði þessa samnings sem eru túlkaðar og þeim beitt í samræmi við viðeigandi reglur um túlkun þjóðaréttar.
7. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

32. gr.
Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
2. Telji EFTA-ríki að Makedónía hafi ekki eða telji Makedónía að EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 24. gr. (Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana).

33. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukum og bókunum.

34. gr.
Viðskiptasambönd sem falla undir þennan samning

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Makedóníu hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

35. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í bókun D.

36. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði, landamæraviðskipti og aðrir fríðindasamningar

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi

Joint Committee within 90 days from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by any Party to the dispute by means of a written notification addressed to the other Party to the dispute. A copy of this notification shall be communicated to all Parties to this Agreement.
5. The constitution and functioning of the arbitral tribunal is governed by Annex VI.
6. The arbitral tribunal shall settle the dispute in accordance with the provisions of this Agreement, interpreted and applied in accordance with the customary rules of interpretation of public international law.
7. The award of the arbitral tribunal shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

ARTICLE 32
Fulfilment of obligations

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the achievement of the objectives of this Agreement and the fulfilment of their obligations under this Agreement.
2. If an EFTA State considers that Macedonia has, or if Macedonia considers that an EFTA State has failed to fulfil an obligation under this Agreement, the Party concerned may take the appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 24 (Procedure for the application of safeguard measures).

ARTICLE 33
Annexes and Protocols

The Annexes and the Protocols to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols.

ARTICLE 34
Trade relations governed by this Agreement

This Agreement applies to trade relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Macedonia, but not to the trade relations between individual EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 35
Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Protocol D.

ARTICLE 36
Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do

það hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í þessum samningi.

37. gr.
Breytingar

Breytingar á samningnum, aðrar en þær sem um getur í 33. gr. (Viðaukar og bókanir), sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsaðilana til staðfestingar og öðlast gildi þegar allir samningsaðilar hafa staðfest þær. Breytingartextum og staðfestingarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

38. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, ákveði sameiginlega nefndin að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun, enda semji umsóknarríkið um aðildina við hlutaðeigandi samningsaðila. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki sem gerist aðili skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjali þess hefur verið komið í vörslu.

39. gr.
Uppsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhver samningsaðili getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.

2. Dragi Makedónía aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn.
3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

40. gr.
Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. júní 1999 gagnvart samningsríkjum, sem þá hafa komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans, að því tilskildu að Makedónía hafi komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Þegar um er að ræða aðila sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir 1. janúar 2001 öðlast samnot negatively affect the trade regime provided for by this Agreement.

ARTICLE 37
Amendments

Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 33 (Annexes and Protocols) which are approved by the Joint Committee shall be submitted to the Parties for acceptance and shall enter into force when they have been accepted by all the Parties. The text of the amendments as well as the instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 38
Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, to be negotiated between the acceding State and the Parties concerned, on such terms and conditions as may be set out in that decision. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

ARTICLE 39
Withdrawal and expiration

1. Each Party may withdraw from this Agreement by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Macedonia withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period.
3. Any EFTA State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.

ARTICLE 40
Entry into force

1. This Agreement shall enter into force on 1 January 2001 in relation to those Signatories which by then have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary, provided that Macedonia has deposited its instrument of ratification or acceptance.
2. In relation to a Signatory depositing its instrument of ratification or acceptance after 1 January 2001, this Agreement shall enter into force on the

ingurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið til vörsluaðila, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi hjá Makedóníu eigi síðar en þann dag.
3. Samningsaðili getur, ef stjórnskipuleg skilyrði hans leyfa það, beitt þessum samningi til bráðabirgða til að byrja með á tímabili sem hefst 1. janúar 2001 að því tilskildu að þessi samningurinn hafi þegar öðlast gildi gagnvart Makedóníu eða Makedónía beiti honum til bráðabirgða eigi síðar en frá og með þeim degi. Tilkynna skal um beitingu þessa samnings til bráðabirgða til vörsluaðilans.

41. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, skal tilkynna öllum samningsaðilum, sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, um afhendingu skjala er varða fullgildingu eða aðild eða staðfestingu á breytingum skv. 37. gr. (Breytingar) og einnig gildistöku samningsins og breytingar á honum samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í 37. gr. (Breytingar), niðurfellingu hans eða uppsögn á honum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Zürich á nítjánda degi júnímánaðar 2000 í einu frumriti á ensku og skal því komið í vörslu hjá ríkisstjórn Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum aðilum sem undirritað hafa samninginn og aðilum, sem gerast aðilar að honum, staðfest afrit.

first day of the third month following the deposit of its instrument, provided that in relation to Macedonia this Agreement enters into force at the latest on the same date.
3. Any Party may, if its constitutional requirements permit, apply this Agreement provisionally during an initial period starting on 1 January 2001, provided that in relation to Macedonia this Agreement has entered into force or is provisionally applied at the latest as of the same date. Provisional application of this Agreement shall be notified to the Depositary.

ARTICLE 41
Depositary

The Government of Norway, acting as Depositary, shall notify all States that have signed or acceded to this Agreement of the deposit of any instrument of ratification or accession or of acceptance of amendments under Article 37 (Amendments) as well as of the entry into force of this Agreement and amendments thereto made under the procedure laid down in Article 37 (Amendments), of its expiration or of any withdrawal therefrom.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed the present Agreement.

Done at Zurich, this 19 th day of June 2000, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States, and States acceding to this Agreement.

888. Tillaga til þingsályktunar [567. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Jórdaníu.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu, sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn í íslenskri þýðingu ásamt frumtextan-

um á ensku er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Bókanir og viðaukar sem fylgja samningnum munu liggja frammi á lestrarsal Alþingis.

Frá árinu 1989 hafa EFTA-ríkin lokið gerð fríverslunarsamninga við 18 ríki. Ferli þetta hófst við lok kalda stríðsins 1989 með gerð fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu og við Tyrkland og Ísrael. Á síðustu árum hafa EFTA-ríkin m.a. einbeitt sér að gerð fríverslunarsamninga við ríki Norður-Afríku og Miðausturlanda. Samningar eru á lokastigi við Singapúr auk þess sem viðræður hafa staðið yfir við Kanada, Túnis og Chile og gert er ráð fyrir að viðræður hefjist innan tíðar við Suður-Afríku. Jafnframt hafa farið fram könnunarviðræður við lýðveldið Júgóslavíu.

EFTA-ríkin gera fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópu á grundvelli ákvörðunar sem tekin var á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna í Bergen í júní 1995. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun ráðherrafundarins var að tryggja að fyrirtæki í EFTA-ríkjunum yrðu ekki verr sett en fyrirtæki í ríkjum Evrópusambandsins í viðskiptum sínum við fyrirtæki í viðkomandi landi.

Viðræður við Jórdaníu hófust í kjölfar undirritunar samstarfsyfirlýsingar við Jórdaníu á ráðherrafundi EFTA-ríkjanna sem haldinn var í Genf í Sviss í júní 1997. Tilgangurinn með gerð fríverslunarsamningsins við Jórdaníu er að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við Jórdaníu. Evrópusambandið og Jórdanía hafa lokið gerð samnings um fríverslun sín á milli. EFTA-ríkin vilja taka þátt í þeirri viðleitni Evrópusambandsins að stuðla að viðskiptatengslum landa norðausturstrandar Miðjarðarhafs og Miðausturlanda við Evrópu og þróun í átt til fríverslunar um þetta svæði allt.

Fríverslunarsamningurinn við Jórdaníu er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Samningurinn, eins og aðrir fríverslunarsamningar, fjallar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar, svo það helsta sé nefnt.

Samningurinn kveður á um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Jórdanía með iðnaðarvörur sem taldar eru upp í 25.–97. kafla tollskrárinnar. Samningurinn felur í sér að frá og með gildistöku hans fella EFTA-ríkin og Jórdanía niður alla innflutningstolla og gjöld á iðnaðarvörum sem upprunnar eru í aðildarríkjum samningsins. Undantekning er gerð frá þessu varðandi vörur sem upprunnar eru í EFTA-ríkjunum og taldar eru upp í viðauka III við samninginn. Tollar og gjöld á þessar iðnaðarvörur falla hins vegar niður í áföngum á allt að tólf árum eftir gildistöku samningsins.

Í viðauka II við fríverslunarsamninginn skuldbinda EFTA-ríkin og Jórdanía sig til að fella niður alla tolla og samsvarandi gjöld á sjávarafurðir frá og með gildistöku samningsins. Þó hefur Jórdanía aðlögunartíma í eitt til þrjú ár til að fella niður tolla á fisktegundum sem nánar eru taldar upp í viðaukanum.

Varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir semur hvert EFTA-ríki tvíhliða við Jórdaníu. Bókun um landbúnaðarmál milli Íslands og Jórdaníu fylgir samningnum. Skv. 7. gr. bókunarinnar öðlast hún gildi sama dag og samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli EFTA-ríkjanna og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu.

FORMÁLSORÐ

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (sem nefnast hér á eftir EFTA-ríkin) annars vegar,

og

Hasjemíska konungsríkið Jórdanía (sem nefnist hér á eftir Jórdanía) hins vegar, er nefnast hér á eftir einu nafni samningsaðilar:

sem hafa í huga mikilvægi þeirra tengsla sem eru milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu, einkum yfirlýsinguna um samvinnu sem var undirrituð í Genf í júní 1997, og eiga þá ósk sameiginlega að styrkja þessi tengsl og koma þannig á nánum og varanlegum samskiptum,

sem árétta stuðning sinn við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum fjölflokkalýðræði er byggist á réttarreglum og frelsi í stjórnmálum og atvinnulífi og virðingu fyrir mannréttindum, þar með talið réttindum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum,

sem hafa hugfastan þann ásetning sinn að stuðla á virkan hátt efnahagslegum samruna svæðisins sem Evrópa og Miðjarðarhafssvæðið mynda,

sem eru meðvituð um að þeir þurfa að leggjast á eitt um að efla pólitíska stöðugleika og efnahagsþróun á svæðinu með því að hvetja til tvíhliða samvinnu og samvinnu milli svæða,

sem eru þess fullvissir að samningur þessi muni skapa og styrkja stækkað og samstillt fríverslunarsvæði Evrópu og Miðjarðarhafslandanna og vera þannig mikilvægt framlag til samruna þessara svæða,

sem hafa í huga þróun í stjórnmálum og efnahagsþróun sem átt hefur sér stað í Evrópu og í Austurlöndum nær á undanförnum árum, einkum friðarferlið í Austurlöndum nær,

sem hafa í huga að efnahagsþróun hefur verið með mismunandi hætti í Jórdaníu og í EFTA-ríkjunum,

sem æskja þess að skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnræðis, gagnkvæms ávinnings, reglunnar um bann við mismunun og þjóðaréttar,

AGREEMENT
between the EFTA States and the Hashemite Kingdom of Jordan

PREAMBLE

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Swiss Confederation (hereinafter called the EFTA States), on the one part,

and

the Hashemite Kingdom of Jordan (hereinafter called Jordan), on the other, hereinafter referred to collectively as the Parties:

Considering the importance of the links existing between the EFTA States and Jordan, in particular the Declaration on Co-operation signed in Geneva in June 1997, and recognising the common wish to strengthen these links, thus establishing close and lasting relations,

Reaffirming their commitment to the principles of the United Nations Charter, in particular pluralistic democracy based on the rule of law and political and economic freedoms and observance of human rights, including rights of persons belonging to minorities,

Recalling their intention to participate actively in the process of economic integration in the Euro-Mediterranean region,

Conscious of the need to associate their efforts to strengthen political stability and economic development in the region through the encouragement of bilateral and regional co-operation,

Firmly convinced that this Agreement will contribute to the creation and strengthening of an enlarged and harmonious free trade area between European and Mediterranean countries, thus constituting an important contribution to Euro-Mediterranean integration,

Considering the political and economic developments, which have taken place in Europe and in the Middle East in the past years, in particular the Middle East peace process,

Considering disparities in economic development between Jordan and the EFTA States,

Desiring to create favourable conditions for the development and diversification of trade between them and for the promotion of commercial and economic co-operation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law,

sem hafa í huga skuldbindingu EFTA-ríkjanna og Jórdaníu um fríverslun er byggist á réttindum og skyldum hvers þeirra um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (sem nefnist hér á eftir „WTO“) og samkvæmt öðrum marghliða, svæðisbundnum og tvíhliða gerningum um samvinnu,

sem eru staðráðin í að beita þessum samningi með það að markmiði að varðveita og vernda umhverfið og tryggja hagkvæmustu nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun,

sem eru enn fremur sannfærð um að þessi samningur muni skapa skilyrði sem stuðli að samskiptum þeirra á sviði efnahagsmála, viðskiptamála og fjárfestinga með því að sett verði skilyrði um að auka smám saman frelsi í vöruviðskiptum og gefa frelsi í þjónustuviðskiptum,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við framangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning (hér á eftir nefndur samningurinn):

1. gr.
Markmið

1. EFTA-ríkin og Jórdanía koma hér með á fót fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Samningur þessi, sem byggist á viðskiptasamböndum milli markaðshagkerfa og á meginreglum lýðræðis og því að mannréttindi séu virt, miðar að því:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagslegra samskipta EFTA-ríkjanna og Jórdaníu og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjunum og Jórdaníu, að framþróun efnahagsmála, betri lífs- og atvinnuskilyrðum og aukinni framleiðni og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlileg samkeppnisskilyrði í viðskiptum milli samningsaðilanna;

c) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahafta, að efnahagssamruna Evrópu og Miðjarðarhafslanda og samfelldri þróun og aukningu alþjóðaviðskipta;

d) að stuðla að þróun jafnvægra efnahagstengsla milli samningsaðilanna á grundvelli samvinnu.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vöruheitaskránni

Considering the commitment of the EFTA States and Jordan to free trade, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization, (hereinafter referred to as "the WTO"), and under other multilateral, regional and bilateral instruments of co-operation,

Determined to implement this Agreement with the objective to preserve and protect the environment and to ensure an optimal use of natural resources in accordance with the principle of sustainable development,

Also convinced that this Agreement will by establishing the conditions for the progressive liberalisation of trade in goods and eventual liberalisation of trade in services, encourage economic, trade and investment relations between them,

HAVE DECIDED, in pursuit of the above, to conclude the following Agreement (hereinafter called "this Agreement"):

ARTICLE 1
Objectives

1. The EFTA States and Jordan shall establish a free trade area in accordance with the provisions of the present Agreement.

2. The objectives of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect of democratic principles and human rights, are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of the economic relations between the EFTA States and Jordan and thus to foster in the EFTA States and in Jordan the advance of economic activity, the improvement of living and employment conditions, and increased productivity and financial stability;

(b) to provide fair conditions of competition for trade between the Parties;

(c) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to Euro-Mediterranean economic integration and to the harmonious development and expansion of world trade;

(d) to foster the development of balanced economic relations between the parties through co-operation.

ARTICLE 2
Scope

This Agreement shall apply:

(a) to products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and

(ST), að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka;
b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun;
c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka;
sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í Jórdaníu.

3. gr.
Samvinna á sviði efnahagsmála og tæknileg og fjárhagsleg aðstoð

1. Samningsaðilarnir lýsa sig reiðubúna til að hafa með sér samvinnu á sviði efnahagsmála, í samræmi við innlend stefnumið, þar sem sérstök áhersla er lögð á þær atvinnugreinar sem eiga í erfiðleikum í Jórdaníu í kjölfar endurskipulagningar á því með hvaða hætti frelsi í atvinnulífinu eru aukið.
2. Samningsaðilarnir skulu, í því skyni að greiða fyrir framkvæmd þessa samnings, samþykkja viðeigandi aðferðir við að veita tæknilega og fjárhagslega aðstoð og samvinnu viðeigandi yfirvalda sinna, einkum að því er varðar hugverk, í tollamál, tæknilegar reglur og önnur svið eftir því sem þurfa þykir. Með þetta að markmiði skulu þeir samræma aðgerðir sínar og viðeigandi alþjóðastofnana.

4. gr.
Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.
2. Samningsaðilarnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda, til að tryggja að ákvæði 5., 7., 8., 9., 14. og 23. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd á samræmdan og skilvirkan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir þannig að allir geti vel við unað
3. Á grundvelli endurskoðana sem um getur í 2. mgr. skulu samningsaðilarnir taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir.

5. gr.
Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.
2. Frá og með gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum, sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða í

Coding System (HS), excluding the products listed in Annex I;
(b) to products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;
(c) to fish and other marine products as provided for in Annex II;
originating in an EFTA State or Jordan.

ARTICLE 3
Economic co-operation and technical and financial assistance

1. The Parties declare their readiness to foster economic co-operation, in accordance with national policy objectives, noting that particular attention should be given to sectors facing difficulties in Jordan's process of structural adjustment to the liberalisation of its economy.
2. In order to facilitate the implementation of this Agreement the Parties shall agree upon appropriate modalities for technical and financial assistance and co-operation of their respective authorities in particular in the field of intellectual property, customs matters, technical regulations and other fields, where the necessity arises. To this end, they shall co-ordinate efforts with relevant international organisations.

ARTICLE 4
Rules of origin and co-operation in customs administration

1. Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.
2. The Parties shall take appropriate measures, including reviews by the Joint Committee and arrangements for administrative co-operation, to ensure that the provisions of Articles 5, 7 , 8 , 9 , 14 and 23 of this Agreement and Protocol B are effectively and harmoniously applied, and to reduce, as far as possible, the formalities imposed in trade, and to achieve mutually satisfactory solutions to any difficulties arising from the operation of those provisions.
3. On the basis of the reviews referred to in paragraph 2, the Parties shall decide on the appropriate measures to be taken.

ARTICLE 5
Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on imports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Jordan.
2. The Parties shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on imports and any charges having equivalent effect on

Jórdaníu, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins og kveðið er á um í III. viðauka.

6. gr.
Grunntollar

1. Grunntollur á hverja framleiðsluvöru, sem á að fara stiglækkandi samkvæmt þessum samningi, skal samsvara bestukjaratollinum sem í gildi var 2. apríl 2000.
2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda fyrir, við eða eftir gildistöku þessa samnings, m.a. lækkanir í samræmi við skuldbindingar sem leiða af Úrúgvæ-viðræðunum og aðild Jórdaníu að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, skulu lækkuðu tollarnir koma í stað grunntolla, sem um getur í 1. mgr., frá þeim tíma sem lækkanirnar koma til framkvæmda eða frá og með gildistöku þessa samnings, verði hún síðar.

3. Reikna skal lækkuðu tollana í samræmi við III. viðauka með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

7. gr.
Fjáröflunartollar

Ákvæði 5. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla.

8. gr.
Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.
2. EFTA-ríkin og Jórdanía skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema alla útflutningstolla á framleiðsluvörum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins kveðið er á um í IV. viðauka.

9. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir skulu settar á innflutning eða útflutning né ráðstafanir gerðar sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.
2. EFTA-ríkin og Jórdanía skulu, frá og með gildistöku þessa samnings, afnema magntakmarkanir á innflutningi eða útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, nema eins og kveðið er á um í V. viðauka.

products originating in an EFTA State or Jordan, except as provided for in Annex III.

ARTICLE 6
Basic duties

1. For each product the basic duty to which the successive reductions set out in this Agreement are to be applied, shall be the most-favoured-nation rate of duty applied on 2 April 2000.
2. If, before, by or after entry into force of this Agreement, any tariff reduction is applied on an erga omnes basis, in particular reductions in accordance with the commitments resulting from the Uruguay Round and from the accession of Jordan to the WTO, such reduced duties shall replace the basic duties referred to in paragraph 1 as from the date when such reductions are applied, or from the date of entry into force of this Agreement if this is later.
3. The reduced duties calculated in accordance with Annex III shall be applied rounded to the first decimal place or, in case of specific duties, to the second decimal place.

ARTICLE 7
Customs duties of a fiscal nature

The provisions of Article 5 shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

ARTICLE 8
Customs duties on exports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on exports or charges having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Jordan.
2. The EFTA States and Jordan shall abolish on the date of entry into force of this Agreement all customs duties on exports and any charges having equivalent effect, except as provided for in Annex IV.

ARTICLE 9
Quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect

1. No new quantitative restriction on imports or exports and measures having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Jordan.
2. The EFTA States and Jordan shall abolish on the date of entry into force of this Agreement quantitative restrictions on imports or exports and measures having equivalent effect, except as provided for in Annex V.

10. gr.
Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi bönn eða takmarkanir á innflutning, útflutning eða umflutning vöru sem réttlætist af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra, gróður- eða umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglum um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, séu slíkar ráðstafanir gerðar í tengslum við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innan lands. Slík bönn eða takmarkanir mega þó ekki leiða til geðþóttabundinnar mismununar eða til þess að duldar takmarkanir séu lagðar á viðskipti milli samningsaðilanna.

ARTICLE 10
General exceptions

This Agreement shall not preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality, public policy or public security; the protection of health and life of humans, animals or plants and the environment; the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value; the protection of intellectual property; rules relating to gold or silver; or the conservation of exhaustible natural resources, if such measures are made effective in conjunction with restrictions on domestic production or consumption. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between the Parties.

11. gr.
Ríkiseinkasala

EFTA-ríkin og Jórdanía skulu tryggja í áföngum aðlögun á ríkiseinkasölu í viðskiptum, með þeim undanþágum sem er mælt fyrir um í bókun C og með fyrirvara um Hinn almenna samning um tolla og viðskipti frá 1994 (hér á eftir nefndur „GATT-samningurinn frá 1994“,) þannig að ríkisborgurum EFTA-ríkja og Jórdaníu verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar á vörum við lok fimmta ársins frá gildistöku þessa samnings. Senda skal sameiginlegu nefndinni upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru samþykktar til að koma þessu markmiði í framkvæmd.

ARTICLE 11
State monopolies

The EFTA States and Jordan shall progressively adjust, with the exceptions laid down in Protocol C, without prejudice to their commitments respectively taken or to be taken under the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (hereinafter "the GATT 1994"), any state monopolies of a commercial character, so as to ensure that, by the end of the fifth year following the entry into force of this Agreement, no discrimination regarding the conditions under which goods are procured and marketed exists between nationals of the EFTA States and Jordan. The Joint Committee will be informed about the measures adopted to implement this objective.

12. gr.
Tæknilegar reglur

1. Samningsaðilar skulu hafa með sér samvinnu á sviði tæknilegra reglna, stöðlunar og samræmismats og stuðla að lausnum sem nýtast hvarvetna á alþjóðavettvangi með viðeigandi ráðstöfunum. Sameiginlega nefndin skal taka saman viðmiðunarreglur vegna framkvæmdar þessarar málsgreinar.
2. Samningsaðilar samþykkja að hafa tafarlaust samráð innan sameiginlegu nefndarinnar til að finna viðeigandi lausn telji samningsaðili að annar samningsaðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað tæknilega hindrun í viðskiptum, eins og skilgreint er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.
3. Farið skal með skuldbindingar samningsaðila, um að tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum, í samræmi við ákvæði í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

ARTICLE 12
Technical regulations

1. The Parties shall co-operate in the field of technical regulations, standards and conformity assessment; and through appropriate measures promote international solutions. The Joint Committee shall establish guidelines for the implementation of this paragraph.
2. The Parties agree to hold immediate consultations in the framework of the Joint Committee in case a Party considers that another Party has taken measures which are likely to create, or have created, a technical obstacle to trade as defined in the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade, in order to find an appropriate solution.
3. The Parties' obligations to notify technical regulations shall be governed by the provisions of the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade.

13. gr.
Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.
2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Jórdaníu um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.
3. Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um hollustuhætti eða heilbrigði dýra og plantna án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti með ótilhlýðilegum hætti.

ARTICLE 13
Trade in agricultural products

1. The Parties declare their readiness to foster, in so far as their agricultural policies allow, harmonious development of trade in agricultural products.

2. In pursuance of this objective each individual EFTA State and Jordan concluded a bilateral arrangement providing for measures to facilitate trade in agricultural products.
3. The Parties shall apply their regulations in sanitary and phytosanitary matters in a non-discriminatory fashion and shall not introduce any new measures that have the effect of unduly obstructing trade.

14. gr.
Innlendir skattar og reglur

1. Samningsaðilar skulu leggja á innlenda skatta og önnur gjöld og beita innlendum reglum í samræmi við III. gr. GATT-samningsins frá 1994 og aðra viðeigandi samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. Útflytjendur skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum og óbeinum sköttum á framleiðsluvörur sem eru fluttar út til yfirráðasvæðis samningsaðila.

ARTICLE 14
Internal taxation and regulations

1. The Parties commit themselves to apply any internal taxes and other charges and regulations in accordance with Article III of the GATT 1994 and other relevant WTO Agreements.
2. Exporters may not benefit from repayment of internal taxation in excess of the amount of direct or indirect taxation imposed on products exported to the territory of one of the Parties.

15. gr.
Greiðslur og yfirfærslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Jórdaníu eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til yfirráðasvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.
2. Samningsaðilar skulu forðast að takmarka veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi á yfirráðasvæði samningsaðila á hlut að, með því að setja höft á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum sem leiða til takmörkunar.
3. Ekki skal gera takmarkandi ráðstafanir vegna yfirfærslna í tengslum við fjárfestingar, sérstaklega ekki vegna heimsendingar fjárhæða sem hafa verið notaðar til fjárfestingar eða endurfjárfestingar og hvers konar tekna af þeim.

ARTICLE 15
Payments and Transfers

1. Payments relating to trade between an EFTA State and Jordan and the transfer of such payments to the territory of the Party where the creditor resides, shall be free from any restrictions.
2. The Parties shall refrain from any currency exchange or administrative restrictions on the grant, repayment or acceptance of short and medium-term credits covering commercial transactions in which a resident participates.

3. No restrictive measures shall apply to transfers related to investments and in particular to the repatriation of amounts invested or reinvested and of any kind of revenues stemming therefrom.

16. gr.
Opinber innkaup

1. Samningsaðilar telja það ófrávíkjanlegt markmið samnings þessa að auka frelsi á opinberum innkaupamörkuðum sínum án allrar mismununar og á grundvelli gagnkvæmni.
2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar setja reglur innan ramma sameiginlegu nefndarinnar með það í huga að tryggja slíkt frelsi. Taka skal tilhlýðilegt tillit til þróunar sem á sér stað á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

ARTICLE 16
Public procurement

1. The Parties consider the effective liberalisation of their respective public procurement markets on the basis of non-discrimination and reciprocity, as an integral objective of this Agreement.
2. To this effect, the Parties shall elaborate rules within the framework of the Joint Committee with a view to ensuring such liberalisation. Due account shall be given to developments under the auspices of the WTO.

3. Hlutaðeigandi samningsaðilar skulu leitast við að gerast aðilar að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup.

17. gr.
Hugverkavernd

1. Samningsaðilunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttar án mismununar, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, VI. viðauka við þennan samning og þá alþjóðasamninga sem um getur í honum.
2. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en þeir veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. gr. samningsins Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (sem nefnist hér á eftir TRIPS-samningurinn).
3. Samningsaðilarnir skulu ekki veita ríkisborgurum annarra samningsaðila lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr. Í samræmi við d-lið 4. gr. TRIPS-samningsins er undanþegið þessari skuldbindingu hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi, sem tilkomin er vegna gildandi alþjóðasamninga við gildistöku þessa samnings og hinum samningsaðilunum er tilkynnt um eigi síðar er sex mánuðum eftir gildistöku þessa samnings, að því tilskildu að slíkt valdi ekki geðþóttabundinni eða óréttlætanlegri mismunun gagnvart ríkisborgurum hinna samningsaðilanna. Samningsaðilar eru undanþegnir kröfu um tilkynningu ef þeir hafa þegar sent TRIPS-ráðinu slíka tilkynningu. Undanþágur frá þessari skuldbindingu skulu vera í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr.
4. Samningsaðilarnir samþykkja, að beiðni samningsaðila, að endurskoða ákvæði þessarar greinar og VI. viðauka um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er núna.

18. gr.
Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd þessa samnings að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Jórdaníu:
a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja

3. The Parties concerned shall endeavour to accede to the WTO Agreement on Government Procurement.

ARTICLE 17
Protection of intellectual property

1. The Parties shall grant and ensure adequate, effective and non-discriminatory protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex VI to this Agreement and the international agreements referred to therein.
2. The Parties shall accord to each others' nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (hereinafter "the TRIPS Agreement").
3. The Parties shall grant to each others' nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. In accordance with Article 4, paragraph (d) of the TRIPS Agreement, any advantage, favour, privilege or immunity deriving from international agreements in force before this Agreement and notified to the other Parties at the latest six months after the entry into force of this Agreement, shall be exempted from this obligation, provided that it does not constitute an arbitrary or unjustifiable discrimination of nationals of the other Parties. The Parties shall be exempted from the notification if they have already made such notification to the TRIPS Council. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. The Parties agree, upon request of any Party, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article and in Annex VI, with a view to further improve levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

ARTICLE 18
Rules of competition concerning undertakings

1. The following are incompatible with the proper functioning of this Agreement in so far as they may affect trade between an EFTA State and Jordan:
(a) all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted

sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á yfirráðasvæðum samningsaðila í heild eða á verulegum hluta þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsaðilar hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.

3. Telji samningsaðili fimm árum eftir gildistöku þessa samnings að tiltekið athæfi, sem um getur í 1. og 2. mgr., skaði eða geti skaðað hagsmuni hans alvarlega eða valdið innlendum iðnaði hans umtalsverðum skaða er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt skilyrðunum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr.

4. Sameiginlega nefndin skal með hliðsjón af efnahagsástandinu í Jórdaníu ákveða hvort rétt sé að framlengja tímabilið, sem um getur í 3. mgr., um önnur fimm ár.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. og að loknu því tímabili sem tíundað er í 3. mgr. er samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem er mælt er fyrir um í 25. gr. telji hann að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. og 2. mgr.

practices between undertakings which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Parties as a whole or in a substantial part thereof.

2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings for which the Parties grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular tasks assigned to them.

3. If a Party, within five years after the date of entry into force of this Agreement, considers that a given practice referred to in paragraphs 1 and 2 causes, or threatens to cause, serious prejudice to its interest or material injury to its domestic industry, it may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 25.

4. The Joint Committee shall, taking into account the economic situation of Jordan, decide whether the period referred to in paragraph 3 should be extended for further periods of five years.

5. Without prejudice to paragraph 4, following the expiry of the period set out in paragraph 3, a Party that considers that a given practice is incompatible with the provisions of paragraphs 1 and 2 may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 25.

19. gr.
Styrkir

1. Farið skal með réttindi og skyldur samningsaðilanna varðandi styrki og jöfnunarráðstafanir í samræmi við XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir, nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

2. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að ráðstafanir sem felast í styrkjum séu gagnsæjar með því að tilkynna þær til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skv. 1. mgr. XVI. gr. í GATT-samningnum frá 1994 og 25. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um styrki og jöfnunarráðstafanir.

3. Áður en EFTA-ríki eða Jórdanía, eftir því sem við á, hefur rannsókn í því skyni að ákvarða hvort og að hve miklu leyti styrkir eru veittir í Jórdaníu eða EFTA-ríki og áhrif þess eins og kveðið er á um í 11. gr. samningsins um styrki og jöfnunarráðstafanir skal sá samningsaðili sem hyggst hefja rannsókn tilkynna þá skriflega þeim samningsaðila sem sætir rannsókn á vörum sínum tilkynningu um það og veita 45 daga frest til samráðs, frá móttöku tilkynn-

ARTICLE 19
Subsidies

1. The rights and obligations of the Parties' relating to subsidies and countervailing measures shall be governed by Article XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, except as otherwise provided in this Article.

2. The Parties shall ensure transparency of subsidy measures by exchanging their annual notifications to the WTO pursuant to Article XVI:1 of the GATT 1994 and Article 25 of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures.

3. Before an EFTA State or Jordan, as the case may be, initiates an investigation to determine the existence, degree and effect of any alleged subsidy in Jordan, or in an EFTA State, as provided for in Article 11 of the Agreement on subsidies and countervailing measures, the Party considering initiating an investigation shall notify in writing the Party whose goods are subject to investigation and allow for a 45 day period of consultations from the receipt of noti-

ingarinnar, til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við. Samráð skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef samningsaðili fer fram á það innan 20 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

20. gr.
Undirboð

Komist EFTA-ríki að raun um að undirboðum, í skilningi VI. gr. GATT-samningsins frá 1994, sé beitt í viðskiptum við Jórdaníu eða verði Jórdanía vart við að undirboðum í þessum skilningi sé beitt í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr.

21. gr.
Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinna framleiðsluvara

Þegar innflutningur tiltekinna framleiðsluvara eykst svo mjög eða á sér stað við slík skilyrði að það veldur eða gæti valdið:

a) alvarlegum skaða fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á yfirráðasvæði samningsaðilans sem flytur inn, eða
b) alvarlegri röskun í einstökum greinum atvinnulífsins,

er viðkomandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr.

22. gr.
Endurskipulagning

1. Jórdaníu er heimilt, í takmarkaðan tíma, að gera sérstakar ráðstafanir, sem víkja frá ákvæðum 4. gr., í formi tollahækkunar eða endurupptöku tolla.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda nýjan iðnað eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar erfiðleikarnir skapa mikil félagsleg vandamál.
3. Heildarverðtollar og gjöld vegna endurskipulagningar sem kunna að vera lögð á upprunavörur frá EFTA-ríkjunum í Jórdaníu mega ekki fara yfir 25% eftir að ráðstafanirnar eru komnar til framkvæmda og skulu vörur upprunnar í EFTA-ríkjunum njóta að einhverju leyti fríðinda umfram aðrar vörur. Árlegt heildarverðmæti innfluttra vara, sem þessar ráðstafanir taka til, skal ekki fara yfir 20% af árlegu heildarverðmæti innfluttra iðnaðarvara í EFTA-ríkjunum á síðustu þremur árum sem hagtölur eru til fyrir.

fication with a view to finding a mutually acceptable solution. The consultations shall take place in the Joint Committee, if any Party so requests, within 20 days from the receipt of the notification.

ARTICLE 20
Dumping

If an EFTA State finds that dumping within the meaning of Article VI of the GATT 1994 is taking place in trade with Jordan, or if Jordan finds that dumping within this meaning is taking place in trade with an EFTA State, the Party concerned may take appropriate measures against this practice in accordance with the Agreement on Implementation of Article VI of the GATT 1994 and with the procedure laid down in Article 25.

ARTICLE 21
Emergency action on imports of particular products

Where any product is being imported in such increased quantities and under such conditions as to cause, or threaten to cause:

(a) serious injury to domestic producers of like or directly competitive products in all or part of the territory of one of the Parties, or

(b) serious disturbances in any sector of the economy,

the Party concerned may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedure laid down in Article 25.

ARTICLE 22
Structural adjustment

1. Exceptional measures of limited duration which derogate from the provisions of Article 4 may be taken by Jordan in the form of an increase or reintroduction of customs duties.
2. These measures may only concern infant industries, or certain sectors undergoing restructuring or facing serious difficulties, particularly where these difficulties produce major social problems.

3. After the introduction of these measures, the total ad valorem customs duties applicable in Jordan to products originating in the EFTA States may not exceed 25% and shall maintain an element of preference for products originating in the EFTA States. The total yearly average value of imports of the products which are subject to these measures may not exceed 20% of the total yearly average value of imports of industrial products originating in the EFTA States during the last three years for which statistics are available.

4. Beita má þessum ráðstöfunum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær skulu ekki gilda lengur en til loka 12 ára aðlögunartímabils.

5. Ekki er heimilt að gera slíkar ráðstafanir vegna framleiðsluvara ef lengri tími en fjögur ár er liðinn frá því að allir tollar voru felldir niður svo og magntakmarkanir eða gjöld eða ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á framleiðsluvöruna.
6. Jórdaníu ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst beita og, að beiðni EFTA-ríkjanna, hafa samráð um þær og málefni viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Ef Jórdanía gerir slíkar ráðstafanir ber því að afhenda sameiginlegu nefndinni áætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í áætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á, nema sameiginlega nefndin ákveði aðra áætlun.
7. Þrátt fyrir 5. mgr. þessarar greinar er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera undantekningu og heimila Jórdaníu að viðhalda ráðstöfunum, sem hafa áður verið gerðar skv. 1. mgr., í allt að þrjú ár umfram 12 ára aðlögunartímabilið í því skyni að taka tillit til erfiðleika við að koma á fót nýjum iðnaði og ef verið er að endurskipuleggja tilteknar atvinnugreinar eða sérstakir erfiðleikar steðja að þeim.

23. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 8. og 9. gr. til þess að:

a) framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsaðilinn, sem flytur út, hefur beitt magntakmörkunum á útflutning, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða
b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á vöru sem er nauðsynleg fyrir samningsaðila sem flytur út,

og þar sem ofangreindar aðstæður valda eða gætu valdið samningsaðilanum sem flytur úr alvarlegum erfiðleikum er þeim samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr. Þessar ráðstafanir skulu vera án mismununar og skulu afnumdar þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

4. These measures shall be applied for a period not exceeding five years unless a longer duration is authorized by the Joint Committee. They shall cease to apply at the latest on the expiry of the maximum transitional period of twelve years.
5. No such measures may be introduced in respect of a product if more than four years have elapsed since the elimination of all duties and quantitative restrictions or charges or measures having equivalent effect concerning that product.
6. Jordan shall inform the Joint Committee of any exceptional measures it intends to take and, at the request of the EFTA States, consultations shall be held on such measures and the sectors to which they apply before they are implemented. When taking such measures Jordan shall provide the Joint Committee with a timetable for the elimination of the customs duties introduced under this Article. This timetable shall provide for a phasing out of these duties in equal annual instalments starting at the latest two years after their introduction. The Joint Committee may decide on a different timetable.
7. By way of derogation from paragraph 5 of this Article, the Joint Committee may exceptionally, in order to take account of the difficulties involved in setting up a new industry and when certain sectors are undergoing restructuring or facing serious difficulties, authorize Jordan to maintain the measures already taken pursuant to paragraph 1 for a maximum period of three years beyond the twelve-year transitional period.

ARTICLE 23

Re-export and serious shortage

Where compliance with the provisions of Articles 8 and 9 leads to:

(a) re-export to a third country against which the exporting Party maintains, for the product concerned, quantitative export restrictions, export duties or measures or charges having equivalent effect; or

(b) a serious shortage, or threat thereof, of a product essential to the exporting Party;

and where the situations referred to above give rise or are likely to give rise to major difficulties for the exporting Party, that Party may take appropriate measures under the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 25. The measures shall be non-discriminatory and be eliminated when conditions no longer justify their maintenance.

24. gr.
Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Samningsaðilar skulu reyna að forðast að gera takmarkandi ráðstafanir vegna greiðslujafnaðar.

2. Eigi samningsaðili í alvarlegum erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða yfirvofandi hætta er á því er honum heimilt að gera takmarkandi ráðstafanir í viðskiptum, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru í GATT-samningnum frá 1994 og samkomulaginu um ákvæði um greiðslujöfnuð í GATT-samningnum frá 1994, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og vera án mismununar og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leysa erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Ráðstafanir sem hafa áhrif á vöruverð skulu hafa forgang og skal aflétta þeim smám saman eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkjunum eða Jórdaníu, eftir því sem við á, ber að tilkynna öðrum samningsaðilum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um slíkar ráðstafanir, helst áður en þær eru gerðar, og leggja fram eins fljótt og unnt er tímaáætlun um afnám þeirra. Sameiginlega nefndin skal kanna, fari einhver samningsaðilanna fram á það, hvort þörf er á að viðhalda ráðstöfunum sem gerðar hafa verið.

ARTICLE 24
Balance of payments difficulties

1. The Parties shall endeavour to avoid the imposition of restrictive measures for balance of payments purposes.

2. A Party in serious balance of payments difficulties, or under imminent threat thereof, may, in accordance with the conditions established under the GATT 1994 and the Understanding on the Balance-of-Payments Provisions of the GATT 1994, adopt trade restrictive measures, which shall be of limited duration and non-discriminatory, and may not go beyond what is necessary to remedy the balance of payments situation. Preference shall be given to price-based measures which shall be progressively relaxed as balance of payments conditions improve and eliminated when conditions no longer justify their maintenance. The EFTA State or Jordan, as the case may be, shall inform the other Parties and the Joint Committee forthwith, if possible, prior to their introduction and shall provide a time schedule for their removal. The Joint Committee shall, upon the request of any other Party, examine the need for maintaining the measures taken.

25. gr.
Málsmeðferð við beitingu verndarráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim verndarráðstöfunum, sem tilgreindar eru í eftirfarandi málsgreinum, skulu samningsaðilarnir leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsaðilum þar um.

2. Með fyrirvara um 6. mgr. þessarar greinar ber samningsaðila, sem íhugar að beita verndarráðstöfunum, að tilkynna öðrum samningsaðilum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem málið varða. Samningsaðilarnir skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem allir samningsaðilar geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 18. gr. skulu samningsaðilarnir sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, ef við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsaðilinn sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tíma sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur

ARTICLE 25
Procedure for the application of safeguard measures

1. Before initiating the procedure for the application of safeguard measures set out in the following paragraphs, the Parties shall endeavour to solve any differences between them through direct consultations, and inform the other Parties thereof.

2. Without prejudice to paragraph 6, a Party which considers resorting to safeguard measures shall promptly notify the other Parties and the Joint Committee thereof and supply all relevant information. Consultations between the Parties shall take place without delay in the Joint Committee with a view to finding a commonly acceptable solution.

3. (a) As regards Articles 18 the Parties concerned shall give to the Joint Committee all the assistance required in order to examine the case and, where appropriate, eliminate the practice objected to. If the Party in question fails to put an end to the practice objected to within the period fixed by the Joint Committee or if the Joint Committee fails to reach an agreement after consultations, or after thirty days following referral for such consultations, the Party concerned may adopt the appropriate measures to

nauðsynlegar til að leysa erfiðleikana sem stafa af viðkomandi athæfi.

b) Að því er varðar 20. gr. skal samningsaðilinn, sem flytur út, fá upplýsingar um undirboð um leið og yfirvöld í landi innflutningsaðila hefja rannsókn. Hafi undirboðum í skilningi VI. gr. GATT-samningsins frá 1994 ekki verið hætt eða önnur viðeigandi lausn fundist innan 30 daga frá því tilkynningin barst er innflutningsaðilanum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

c) Að því er varðar 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsaðili hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að bæta úr ástandinu.

d) Að því er varðar 32. gr. skal hlutaðeigandi samningsaðili láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem máli skipta við nákvæma rannsókn málsins til að leita lausnar sem allir aðilar geta sætt sig við. Finni sameiginlega nefndin enga lausn eða ef níutíu dagar eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsaðilum og sameiginlegu nefndinni þegar í stað um verndarráðstafanir sem gerðar eru. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu þær ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Val á forgangsráðstöfunum skal miðast við að raska sem minnst framkvæmd þessa samnings. Ráðstafanir sem Jórdanía gerir vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis hafa áhrif á viðskipti við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða EFTA-ríkjum, sem hafa í viðskiptum orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Jórdaníu, er heimilt að gera ráðstafanir sem beinast gegn slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um verndarráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að slaka á þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

6. Ef óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrir fram getur viðkomandi samningsaðili, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr. gripið strax til varúðar- og bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta

deal with the difficulties resulting from the practice in question.

(b) As regards Article 20, the exporting Party shall be informed of the dumping case as soon as the authorities of the importing Party have initiated an investigation. Where no end has been put to the dumping within the meaning of Article VI of the GATT 1994 or no other satisfactory solution has been reached within 30 days of the notification being made, the importing Party may adopt appropriate measures.

(c) As regards Article 21 and 23, the Joint Committee shall examine the case or the situation and may take any decision needed to put an end to the difficulties notified by the Party concerned. In the absence of such a decision within thirty days of the matter being referred to the Joint Committee, the Party concerned may adopt the measures necessary in order to remedy the situation.

(d) As regards Article 32, the Party concerned shall supply the Joint Committee with all relevant information required for a thorough examination of the situation with a view to seeking a commonly acceptable solution. If the Joint Committee fails to reach such a solution or if a period of ninety days has elapsed from the date of notification, the Party concerned may take appropriate measures.

4. The safeguard measures taken shall be notified immediately to the Parties and to the Joint Committee. They shall be restricted with regard to their extent and to their duration to what is strictly necessary in order to rectify the situation giving rise to their application and shall not be in excess of the injury caused by the practice or the difficulty in question. Priority shall be given to such measures that will least disturb the functioning of this Agreement. The measures taken by Jordan against an action or an omission of an EFTA State may only affect the trade with that State. The measures taken against an action or omission of Jordan may only be taken by that or those EFTA States the trade of which is affected by the said action or omission.

5. The safeguard measures taken shall be the object of regular consultations within the Joint Committee with a view to their relaxation, substitution or abolition, when conditions no longer justify their maintenance.

6. Where exceptional circumstances requiring immediate action make prior examination impossible, the Party concerned may, in the cases of Articles 20, 21 and 23 apply forthwith the precautionary and provisional measures strictly

ástandið. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna sem fyrst til samráðs milli samningsaðila innan sameiginlegu nefndarinnar.

26. gr.
Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í þessum samningi kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir að gefnar séu upplýsingar sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum hans,
b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína eða standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu
   i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn, að því tilskildu að ráðstafanirnar raski ekki samkeppnisstöðu að því er snertir framleiðsluvörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar, og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem er beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða
   ii) varðandi bann við dreifingu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengna, eða
   iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum

27. gr.
Þróunarákvæði

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að endurskoða þennan samning í ljósi frekari þróunar efnahagslegra samskipta á alþjóðavettvangi, svo sem innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og kanna, í ljósi þeirra þátta sem máli skipta, möguleika á að þróa og styrkja frekar þá samvinnu sem til hefur verið stofnað með þessum samningi og láta hana ná til sviða sem hann tekur ekki til. Samningsaðilar geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna þennan möguleika og leggja fram tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og gert er ráð fyrir í málsmeðferðarreglum þeirra.

28. gr.
Þjónusta og fjárfestingar

1. Samningsaðilarnir viðurkenna vaxandi mikilvægi tiltekinna greina, svo sem á sviði þjónustu og fjár-

necessary to remedy the situation. The measures shall be notified without delay and consultations between the Parties shall take place as soon as possible within the Joint Committee.

ARTICLE 26
Security exceptions

Nothing in this Agreement shall prevent a Party from taking any measures which it considers necessary:

(a) to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;

(b) for the protection of its essential security interests or for the implementation of international obligations or national policies
   (i) relating to the traffic in arms, ammunition and implements of war, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products not intended for specifically military purposes, and to such traffic in other goods, materials and services as is carried on directly or indirectly for the purpose of supplying a military establishment; or
   (ii) relating to the non-proliferation of biological and chemical weapons, nuclear weapons or other nuclear explosive devices; or
   (iii) taken in time of war or other serious international tension.

ARTICLE 27
Evolutionary clause

1. The Parties undertake to review the present Agreement in light of further developments in international economic relations, i.a. in the framework of the WTO and to examine in this context, and in the light of any relevant factor, the possibility of further developing and deepening the co-operation under this Agreement and to extend it to areas not covered therein. The Parties may instruct the Joint Committee to examine this possibility and, where appropriate, to make recommendations to them, particularly with a view to opening up negotiations.

2. Agreements resulting from the procedure referred to in paragraph 1 will be subject to ratification or approval by the Parties in accordance with their own procedures.

ARTICLE 28
Services and Investments

1. The Parties recognise the growing importance of certain areas, such as services and investments. In

festinga. Í viðleitni sinni til að þróa smám saman og víkka samstarf sitt, einkum með hliðsjón af samruna Evrópu og Miðjarðarhagssvæðisins, munu þeir vinna saman að því markmiði að auka fjárfestingar og auka smám saman frelsi og opna markaði sína hver fyrir öðrum í þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af starfsemi á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
2. EFTA-ríkin og Jórdanía skulu endurskoða þróun á sviði þjónustu með það fyrir augum að skoða möguleika á auknu frelsi sín á milli.
3. EFTA-ríkin og Jórdanía skulu ræða þessa samvinnu í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að þróa og styrkja tengsl sín samkvæmt samningnum.

29. gr.
Sameiginlega nefndin

1. Sameiginleg nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar samningsaðilanna, skal hafa umsjón með og annast framkvæmd þessa samnings og skal hún jafnframt starfa samkvæmt yfirlýsingunni sem var undirrituð í Genf í júní 1997.
2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilarnir skiptast á upplýsingum og, að beiðni samningsaðila, efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni. Sameiginlega nefndin skal af og til kanna frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.
3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í þessum samningi. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

30. gr.
Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd þessa samnings eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til en allajafna einu sinni á ári. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að óska eftir fundi.
2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu samþykktar samhljóða.
3. Hafi fulltrúi samningsaðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, ef ekki er kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.
4. Samkvæmt þessum samningi setur sameiginlega nefndin sér starfsreglur er kveða meðal annars á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

their efforts to gradually develop and broaden their co-operation, in particular in the context of Euro-Mediterranean integration, they will co-operate with the aim of further promoting investments and achieving a gradual liberalization and mutual opening of markets for trade in services, taking into account on-going work under the auspices of the WTO.
2. The EFTA States and Jordan shall review developments in the services sectors with a view to considering liberalisation measures between the parties.
3. The EFTA States and Jordan will discuss this co-operation in the Joint Committee with the aim of developing and deepening their relations under this Agreement.

ARTICLE 29
The Joint Committee

1. The implementation of this Agreement shall be supervised and administered by a Joint Committee, consisting of the representatives of the Parties, which shall simultaneously act under the Declaration signed in Geneva in June 1997.
2. For the purpose of the proper implementation of this Agreement, the Parties shall exchange information and, at the request of any Party, shall hold consultations within the Joint Committee. The Joint Committee shall keep under review the possibility of further removal of the obstacles to trade and further cooperation under this Agreement.
3. The Joint Committee may take decisions in the cases provided for in this Agreement. On other matters the Joint Committee may make recommendations.

ARTICLE 30
Procedures of the Joint Committee

1. For the proper implementation of this Agreement the Joint Committee shall meet whenever necessary but normally once a year. Each Party may request that a meeting be held.

2. The Joint Committee shall act by common agreement.
3. If a representative in the Joint Committee of a Party has accepted a decision subject to the fulfilment of constitutional requirements, the decision shall enter into force, if no later date is contained therein, on the date the lifting of the reservation is notified.
4. For the purpose of this Agreement the Joint Committee shall adopt its rules of procedure which shall, inter alia, contain provisions for convening meetings and for the designation of the Chairman and his/her term of office.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

31. gr.
Málsmeðferð við lausn deilumála

1. Samningsaðilar skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ýtrasta á grundvelli samvinnu og samráðs til að álykta með þeim hætti sem allir aðilar geta sætt sig við um hvert það málefni sem getur haft áhrif á framkvæmd hans.
2. Samningsaðili getur, með skriflegum hætti, farið fram á samráð við annan samningsaðila um raunverulegar eða fyrirhugaðar ráðstafanir eða önnur málefni sem hann telur að haft geti áhrif á framkvæmd þessa samnings. Samningsaðili sem fer fram á samráð skal jafnframt tilkynna öðrum samningsaðilum skriflega um það og veita allar viðeigandi upplýsingar.
3. Samráðið skal fara fram í sameiginlegu nefndinni ef einhver samningsaðilanna fer fram á það innan tuttugu daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í 2. mgr., með það í huga að finna lausn sem allir aðilar geta sætt sig við.
4. Heimilt er að einn eða fleiri aðilar að deilum, er lúta að túlkun á réttindum og skyldum samningsaðilanna og hafa ekki verið leystar með beinum viðræðum í sameiginlegu nefndinni innan níutíu daga frá viðtöku beiðnar um samráð, vísi deilunni til gerðardóms með skriflegri tilkynningu sem deiluaðili stílar á deiluaðilann sem kæran beinist gegn. Senda skal afrit af tilkynningunni til allra samningsaðilanna.

5. Fjallað er um stofnun og starfsemi gerðardómsins í VII. viðauka.
6. Gerðardómurinn skal leysa deilur í samræmi við ákvæði þessa samnings sem eru túlkuð og þeim beitt í samræmi við viðeigandi reglur um túlkun þjóðaréttar.

7. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og bindandi fyrir deiluaðila.

32. gr.
Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsaðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið þessa samnings náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
2. Telji EFTA-ríki að Jórdanía hafi ekki eða telji Jórdanía að EFTA-ríki hafi ekki uppfyllt skuldbindingu samkvæmt þessum samningi getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt

5. The Joint Committee may decide to set up such sub-committees and working parties as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks.

ARTICLE 31
Dispute Settlement Procedure

1. The Parties shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Agreement, and shall make every attempt through co-operation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.
2. Any Party may request in writing consultations with any other Party regarding any actual or proposed measure or any other matter that it considers might affect the operation of this Agreement. The Party requesting consultations shall at the same time notify the other Parties in writing thereof and supply all relevant information.

3. The consultations shall take place in the Joint Committee if any of the Parties so request within 20 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, with a view to find a commonly acceptable solution.
4. Disputes between the Parties, relating to the interpretation of rights and obligations of the Parties, which have not been settled through direct consultations or in the Joint Committee within 90 days, from the date of the receipt of the request for consultations, may be referred to arbitration by one or more Parties to the dispute by means of a written notification addressed to the Party complained against. A copy of this notification shall be communicated to all Parties.
5. The constitution and functioning of the arbitral tribunal is governed by Annex VII.
6. The arbitral tribunal shall settle the dispute in accordance with the provisions of this Agreement, interpreted and applied in accordance with the customary rules of interpretation of public international law.
7. The award of the arbitral tribunal shall be final and binding upon the Parties to the dispute.

ARTICLE 32
Fulfilment of obligations

1. The Parties shall take all necessary measures to ensure the achievement of the objectives of this Agreement and the fulfilment of their obligations under this Agreement.
2. If an EFTA State considers that Jordan has, or if Jordan considers that an EFTA State has failed to fulfil an obligation under this Agreement, the Party concerned may take the appropriate measures under

þeim skilmálum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 25. gr.

33. gr.
Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að gera breytingar á viðaukum og bókunum.

34. gr.
Viðskiptasambönd sem falla undir þennan samning

Samningur þessi gildir um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Jórdaníu hins vegar en ekki um viðskiptasambönd milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í þessum samningi.

35. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða samningsaðila, nema kveðið sé á um annað í bókun D.

36. gr.
Tollabandalög, fríverslunarsvæði, landamæraviðskipti og aðrir fríðindasamningar

Samningur þessi skal ekki koma í veg fyrir að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum, samningum um landamæraviðskipti og öðrum fríðindasamningum verði haldið við eða til þeirra stofnað, svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í þessum samningi.

37. gr.
Breytingar

1. Þegar sameiginlega nefndin hefur samþykkt breytingar á þessum samningi, aðrar en þær sem um getur í 33. gr., skulu þær lagðar fyrir samningsaðila til staðfestingar, fullgildingar eða samþykkis.
2. Breytingarnar skulu öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta skjalinu um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið komið í vörslu, nema sameiginlega nefndin ákveði annað.
3. Texta breytinga og skjölum um staðfestingu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

38. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningi þessum, ákveði sameiginlega nefndin að samþykkja aðild þess með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna

the conditions and in accordance with the procedures laid down in Article 25.

ARTICLE 33
Annexes and Protocols

The Annexes and the Protocols to this Agreement are an integral part of it. The Joint Committee may decide to amend the Annexes and Protocols.

ARTICLE 34
Trade and economic relations governed by this Agreement

This Agreement applies to trade and economic relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Jordan, but not to the trade relations between individual EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 35
Territorial application

This Agreement shall apply to the territories of the Parties except as provided for in Protocol D.

ARTICLE 36
Customs unions, free trade areas, frontier trade and other preferential agreements

This Agreement shall not prevent the maintenance or establishment of customs unions, free trade areas, arrangements for frontier trade and other preferential agreements to the extent that these do not negatively affect the trade regime provided for by this Agreement.

ARTICLE 37
Amendments

1. Amendments to this Agreement other than those referred to in Article 33 shall, after approval by the Joint Committee, be submitted to the Parties for acceptance, ratification or approval.
2. Unless otherwise agreed by the Parties, amendments shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval.
3. The text of the amendments as well as the instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary.

ARTICLE 38
Accession

1. Any State, Member of the European Free Trade Association, may accede to this Agreement, provided that the Joint Committee decides to approve its accession, to be negotiated between the acceding

að verða í þeirri ákvörðun, enda semji inngönguríkið um aðildina við hlutaðeigandi samningsaðila. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar inngönguríki skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjali þess hefur verið afhent til vörslu.

39. gr.
Uppsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhver samningsaðili getur dregið til baka aðild sína með því að tilkynna vörsluaðila það skriflega. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að tilkynningin berst vörsluaðila.
2. Dragi Jórdanía aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríkin draga aðild sína til baka fellur þessi samningur úr gildi við lok síðasta uppsagnarfrests.
3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður sama dag og uppsögnin tekur gildi.

40. gr.
Gildistaka

1. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 gagnvart þeim undirritunaraðilum, sem hafa komið skjölum sínum um fullgildingu og staðfestingu til vörsluaðilans, að því tilskildu að Jórdanía hafi afhent skjöl sín um fullgildingu og staðfestingu sínum til vörslu.

2. Þegar um er að ræða undirritunaraðila sem afhendir skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu til vörslu eftir 1. janúar 2002 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að skjalinu hefur verið afhent til vörslu, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi gagnvart Jórdaníu eigi síðar en þann dag.
3. Undirritunaraðili getur, þegar við undirritun, lýst því yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart honum 1. janúar 2002 muni hann fyrst í stað beita ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða. Beiting til bráðabirgða kemur því aðeins til greina fyrir EFTA-ríki að samningurinn hafi tekið gildi gagnvart Jórdaníu eða að Jórdanía beiti ákvæðum samningsins til bráðabirgða.

41. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Noregs gegnir hlutverki vörsluaðila.

State and the Parties concerned, on such terms and conditions as may be set out in that decision. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary.
2. In relation to an acceding State, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument of accession.

ARTICLE 39
Withdrawal and expiration

1. Each Party may withdraw therefrom by means of a written notification to the Depositary. The withdrawal shall take effect six months after the date on which the notification is received by the Depositary.
2. If Jordan withdraws, this Agreement shall expire at the end of the notice period, and if all EFTA States withdraw it shall expire at the end of the latest notice period.

3. Any EFTA Member State which withdraws from the Convention establishing the European Free Trade Association shall ipso facto on the same day as the withdrawal takes effect cease to be a Party to this Agreement.

ARTICLE 40
Entry into force

1. This Agreement shall enter into force on 1 January 2002 in relation to those Signatories which by then have deposited their instruments of ratification or acceptance with the Depositary, provided that Jordan has deposited its instrument of ratification or acceptance.
2. In relation to a Signatory depositing its instrument of ratification or acceptance after 1 January 2002, this Agreement shall enter into force on the first day of the third month following the deposit of its instrument, provided that in relation to Jordan this Agreement enters into force at the latest on the same date.
3. Any Signatory may already at the time of signature declare that, during an initial phase, it shall apply this Agreement provisionally, if this Agreement cannot enter into force in relation to that Signatory by 1 January 2002. For an EFTA State provisional application is only possible provided that in relation to Jordan this Agreement has entered into force, or that Jordan is applying this Agreement provisionally.

ARTICLE 41
Depositary

The Government of Norway shall act as Depositary.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Vadus 21. júní 2001 í einu fullgiltu eintaki á ensku og skal það afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn og inngönguríkjum staðfest afrit.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed the present Agreement.

Done at Vaduz, this 21st of June 2001, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Norway. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States, and States acceding to this Agreement.

889. Nefndarálit [406. mál]

um till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Skjaldarson og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd tvo alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum. Annars vegar er það alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 15. desember 1997 og hins vegar alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York 9. desember 1999.

Markmið alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkasprengingum og stefnir að því að refsiviðurlögum verði komið yfir þá sem fremja hryðjuverk með sprengingum eða öðrum lífshættulegum aðferðum, t.d. útbreiðslu eiturefna eða smitandi sjúkdóma, geislavirkni og öðrum áþekkum aðferðum.

Markmið alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi er að efla alþjóðlega samvinnu um varnir gegn hryðjuverkum og fjölga úrræðum til þess að unnt verði að koma fram refsiviðurlögum gagnvart þeim sem fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Fullgilding samninganna kallar á lagabreytingar á Íslandi. Fyrir nefndina hefur verið lagt frumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á almennum hegningarlögum sem ætlað er að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningunum (þskj. 687, 427. mál). Nefndin vekur athygli á því að svo virðist sem b-liður 2. gr. frumvarpsins gangi lengra en 2. gr. alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem birtur er sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögunni. Skv. 2. gr. samningsins er skilyrði refsinæmis að ásetningur þess sem leggur fram fé til samtaka hafi staðið til að styrkja afbrotastarfsemi þeirra. Hins vegar virðist í frumvarpinu gert ráð fyrir að refsivert geti talist að leggja fram fé til samtaka án þess að ásetningur hafi staðið til að styrkja tiltekna brotastarfsemi. Mælist nefndin til að þetta verði skoðað nánar við meðferð málsins í allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 21. febr. 2002.

Tómas Ingi Olrich, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Kristján Pálsson.	Jónína Bjartmarz.

890. Fyrirspurn [568. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu á réttargeðdeildinni að Sogni.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Mun ráðherra beita sér fyrir því að kennsla geti hafist að nýju nú þegar á réttargeðdeildinni að Sogni?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að gert verði ráð fyrir því í fjárlögum fyrir árið 2003 að kennsla á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands geti farið fram á réttargeðdeildinni að Sogni?

891. Fyrirspurn [569. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutun listamannalauna árin 2000, 2001 og 2002.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvaða listamenn nutu launa og/eða styrkja úr launasjóðum listamanna árin 2000 og 2001 og hvernig skiptust þeir eftir listgreinum?
2. Hvaða listamenn njóta launa og/eða styrkja úr launasjóðum listamanna árið 2002 og hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?
3. Hvernig var skipting umsókna eftir listgreinum á árunum 2000–2002 og hver var skiptingin eftir kyni umsækjenda, aldri og búsetu?
4. Hversu margir listamenn hafa sótt um en ekki fengið starfslaun á árunum 2000–2002? Hvernig skiptast þeir með tilliti til búsetu og hver er aldursskipting þeirra (20–30 ára, 31–40 ára, 41–50 ára, eldri en 50 ára)? Eru í þessum hópi dæmi um listamenn sem sótt hafa um á hverju ári (síðan 1999) en ekki hlotið starfslaun og ef svo er, hversu mörg dæmi finnast um slíkt?
5. Hverjir hafa átt sæti í úthlutunarnefndum launasjóða listamanna á umræddu tímabili, hverjir hafa tilnefnt fulltrúa í nefndirnar og til hversu langs tíma nær skipunin?

6. Starfa stjórnir launasjóða listamanna eftir sérstökum úthlutunarreglum og ef svo er, hver setur reglurnar og hvar eru þær aðgengilegar þeim sem vilja kynna sér þær?

Skriflegt svar óskast.

892. Fyrirspurn [570. mál]

til iðnaðarráðherra um verð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hvert verður samningsbundið upphafsverð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun til Reyðaráls ef af framkvæmdum verður?
2. Hvert verður áætlað meðalverð á raforku á samningstímanum og á hvaða forsendum er það mat byggt hvað varðar þróun álverðs og aðra þætti sem máli skipta?

Skriflegt svar óskast.

893. Svar [421. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um einhverf börn.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Svar hennar barst ráðuneytinu 14. febrúar sl. með bréfi dags. 12. febrúar. Svar ráðuneytisins er byggt á upplýsingum stöðvarinnar.

1. Hve margir hafa greinst með einhverfu á ári sl. áratug?

Samkvæmt skrá Greiningarstöðvar greindust 196 einstaklingar með einhverfu eða skyldar raskanir á tímabilinu 1992–2001, þar af 54 á tímabilinu 1992–1996 og 142 tímabilið 1997–2001. Hópur sá sem hér um ræðir skiptist í fjóra mismunandi flokka, þ.e. þá sem eru ýmist með það sem kallað er dæmigerð einhverfa, ódæmigerð einhverfa, Asperger-heilkenni eða aðrar gagntækar þroskaraskanir. Í þessum hópi voru 100 (51%) með dæmigerða einhverfu sem er alvarlegasta stigið á svokölluðu einhverfurófi, sem segir til um alvarleika einkennanna. Þeir sem voru með ódæmigerða einhverfu voru 42 (21,2%). Samanlagt eru því 142 (72,4%) með dæmigerða og ódæmigerða einhverfu. Af þeim sem þá eru eftir voru 15 (7,1%) með Asperger-heilkenni og 40 (20%) með svokallaðar aðrar gagntækar þroskaraskanir. Þeir einstaklingar sem hér um ræðir fæddust á árunum 1981–2000. Aldur við greiningu var frá því að vera innan tveggja ára og fram á efri unglingsár. Drengir eru fleiri en stúlkur eða um fjórir á móti einni stúlku.

2. *Hvert er mat Greiningarstöðvar ríkisins á þróun einhverfu? Hver er skýring stöðvarinnar á fjölgun tilvika, ef sú er raunin, og er ástæða til sérstakra viðbragða eða aðgerða?*

Flokkar einhverfu, þ.e. dæmigerð einhverfa, ódæmigerð einhverfa og Asperger-heilkenni, leiða oftast af sér fötlun til lífstíðar. Auk þess breytast einkenni með aldri sem leiðir enn frekar af sér kröfu um heildstæða þjónustu á öllum aldursstigum. Horfur eru því bundnar taugasálfræðilegum styrkleikum og veikleikum, alvarleika einhverfueinkennanna, læknisfræðilegum þáttum (flogaveiki og fleiri heilsufarslegum þáttum) og hvernig staðið er að þjónustu við einstaklinginn og fjölskyldu hans.

Tíðni einhverfu er að breytast og virðist þróunin vera svipuð hér og annars staðar á Vesturlöndum. Haldbærar skýringar á fjölgun einhverfu eru ekki til staðar en þó er bent á ýmsar skýringartilgátur, t.d. hafa skilgreiningar á einhverfu víkkað og þekking á henni aukist. Í svari Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er bent á að reikna megi með að 20 börn í hverjum árgangi þurfi á mismiklum stuðningi að halda en sú tala var reiknuð 9–10 börn á árinu 1999.

Ráðuneytið telur ljóst að frekari skoðun á þjónustuþörfum þessara barna sé nauðsynleg, jafnframt því sem hlutverk þeirra sem veitt hafa þjónustu við einhverfa verði betur skilgreint.

3. *Hvernig er nú búið að einhverfum börnum og aðstandendum þeirra? Er sérstök þörf úrbóta á stöðu þeirra?*

Ljóst er að verulegur árangur hefur náðst á undanförnum árum í þá átt að búa einhverfum börnum og aðstandendum þeirra þau lífsgæði sem þau óska eftir. Sérstakt svið um einhverfu og málhömlun var stofnað 1997 við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hafa því 2,5 stöðugildi bæst við þau sem þar voru fyrir. Mikil aukning hefur orðið á tilboðum um alls konar fræðslu og þekkingu til þeirra starfsmanna sem veita einhverfum þjónustu í leikskólakerfinu. Fjórar sérdeildir fyrir einhverfa nemendur eru nú starfræktar í grunnskólakerfinu. Á framhaldsskólastiginu eru starfandi tvær sérdeildir fyrir einhverfa nemendur.

Fjögur sambýli fyrir einhverft fólk eru nú starfrækt á höfuðborgarsvæðinu og njóta þeir sem þar búa mismunandi þjónustutilboða á sviði hæfingar, verndaðrar vinnu og stuðnings á almennum vinnumarkaði eftir því sem við á. Sérhæfð stuðningsúrræði eins og þjónusta stuðningsfjölskyldna, skammtímavistun og sérfræðiaðstoð er einnig aðgengileg einhverfum börnum og fullorðnum ásamt fjölskyldum þeirra.

Þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum má alltaf gera betur. Helst má benda á nauðsyn þess að skoða nánar hvaða áhrif aukin tíðni einhverfu hefur á frekari uppbyggingu þeirra úrræða sem nú eru til staðar og þeirra sem bæta þarf við í áætlanagerð ráðuneytisins á næstu árum.

Það er einnig nauðsynlegt að skýra betur ábyrgð og samstarfsfleti í samvinnu ríkis og sveitarfélaga varðandi þjónustu við einhverfa. Í þessu sambandi má benda á nauðsyn þess að þjónusta við einhverfa verði eins samfelld og markviss og kostur er og ríki og sveitarfélög geri áætlanir um það hvernig þjónustunni skuli vera háttað frá greiningu til fullorðinsára.

Síðast en ekki síst má nefna ábyrgð samfélagsins alls gagnvart því að breyta þeim neikvæðu viðhorfum sem oft ríkja til þeirra sem eru einhverfir.

894. Fyrirspurn [571. mál]

til samgönguráðherra um fjarskiptasamband á Hólmavík og í nærsveitum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hyggst ráðherra bregðast við vanda sem upp er kominn í öryggismálum á Hólmavík og ef til vill víðar þar sem boðkerfið sem áður var notað til boðskipta, t.d. milli lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkrabíla, hefur verið lagt niður án þess að fullnægjandi eða aukið öryggi í boðsendingum komi í staðinn?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að SMS-boðkerfið verði einnig sett inn á NMT-fjarskiptakerfið?
3. Hverjar eru áætlanir um að styrkja GSM-símasambandið norður Strandir, um Hólmavík, Drangsnes og yfir Steingrímsfjarðarheiði?

895. Svar [455. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um mótvægisaðgerðir vegna efnahagslegra áhrifa Noral-verkefnisins.

Forsætisráðuneytið leitaði til Seðlabanka Íslands um svör við fyrirspurninni, enda lúta flestar spurninganna að stefnu Seðlabankans. Svör bankans fara hér á eftir. Í almennum inngangsorðum bankans segir að spurningarnar séu afar umfangsmiklar og ekki sé mögulegt að svara þeim til fullnustu á þeim skamma tíma sem sé til stefnu. Ekki hafi tekist að fá í tíma aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg eru til að leggja sjálfstætt mat á áhrif verkefnisins og því byggist álit bankans í veigamiklum atriðum á athugunum Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagslegum áhrifum Noral-verkefnisins. Seðlabankinn leggur á þessu stigi ekkert mat á þessar niðurstöður. Hann tekur þær einfaldlega sem gefnar sem undirstöðu undir mat hans á því hvaða áhrif verkefnið kann að hafa á peningastefnuna, vexti, gengi og aðra þá þætti sem snerta bankann mest.

Þar sem líkur hafa aukist að undanförnu á að Noral-verkefnið geti orðið að veruleika hyggst bankinn leggja ítarlegra mat á áhrif þess á peningastefnuna og væntanlega birta í riti sínu *Peningamál* á næstunni. Úttekt á efnahagsáhrifum er forsenda slíks mats og því verður hugsanlega bætt úr annmörkum á eftirfarandi svörum þegar og ef þetta efni birtist.

1. *Hvaða áhrif hefur Noral-verkefnið á möguleika Seðlabanka Íslands til að ná yfirlýstu verðbólgumarkmiði sínu meðan á framkvæmdum stendur?*

Á heildina litið mun verðbólguþrýstingur aukast af völdum Noral-verkefnisins. Seðlabankinn getur eftir sem áður náð yfirlýstu verðbólgumarkmiði, en til þess mun peningastefnan þurfa að vera töluvert aðhaldssamari en ella. Þó má búast við að verkefnið leiði til hækkunar á gengi krónunnar í aðdraganda og á fyrstu stigum framkvæmdanna og hafi þannig tímabundin áhrif til að lækka verðbólgu. Þessi gengishækkunaráhrif eru því meiri sem erlend fjármögnun er meiri en því minni sem innflutt aðföng, þ.m.t. erlent vinnuafl, vega þyngra.

2. *Telur Seðlabankinn koma til greina að hækka verðbólgumarkmið um tíma og/eða víkka þolmörk peningamálastefnunnar meðan á framkvæmdum stendur? Hvaða áhrif má ætla að slík ráðstöfun hafi á langtímaþróun vaxta, kaupmáttar og hagvaxtar að mati ráðherra og Seðlabankans?*

Seðlabankinn telur alls ekki koma til greina að hækka verðbólgumarkmið bankans vegna þessara framkvæmda eða hnika þolmörkum peningastefnunnar. Slíkt mundi grafa undan trúverðugleika verðbólgumarkmiðsins og leiða til þess að áhættuálag vaxta hækkaði í langan tíma á eftir. Afleiðingin yrði sú að mun erfiðara yrði að ná verðbólgumarkmiði bankans á ný sem mundi ásamt hærri vöxtum hafa neikvæð áhrif á hagvöxt og kaupmátt. Leiði framkvæmdirnar til mikillar spennu á vöru- og vinnumarkaði gæti víxlverkun launa og verðlags orðið hröð ef ekki kemur til mótvægisaðgerða í formi aukins aðhalds í ríkisfjármálum og peningamálum. Því er afar mikilvægt að leitast við að halda verðbólgu niðri á framkvæmdatímanum.

Þolmörk verðbólgumarkmiðsins hafa fyrst og fremst það hlutverk að kalla á ítarlega úttekt — ef þau eru rofin — á ástæðum fráviks frá verðbólgumarkmiði, horfum á að verðbólga verði aftur innan þolmarkanna og til hvaða aðgerða þarf að grípa svo að markmið bankans náist. Ástæður slíkrar úttektar eru síst veigaminni þegar framkvæmdir standa yfir sem hafa mikil áhrif á þjóðarbúskapinn. Fari svo að verðbólgan rjúfi þolmörkin mun Seðlabankinn, eins og samkomulag ríkisstjórnarinnar og bankans frá 27. mars 2001 kveður á um, gera ríkisstjórninni grein fyrir því hvenær hann telji að verðbólgan verði á ný komin inn fyrir þolmörkin og hvaða aðgerðir hann telji nauðsynlegar til þess að ná markmiði bankans eins fljótt og auðið er.

3. *Hvaða áhrif telur Seðlabankinn að Noral-verkefnið muni hafa á innlenda vexti, skulda- og hlutabréfamarkað og gengisþróun krónunnar ef ekki verður gripið til mótvægisaðgerða? Hvert er mat ráðherra á þessu?*

Þessi áhrif er almennt erfitt að sjá fyrir og sérstaklega áður en fyrir liggur hvernig verkefnið verður fjármagnað. Þó er ljóst að verulegur hluti fjármagnsins mun koma erlendis frá, í formi láns- og hlutafjár. Því verður að telja líklegt að gengi krónunnar styrkist umtalsvert á einhverju tímabili framkvæmdanna, jafnvel þótt mikill innflutningur vegi á móti. Það mun um hríð leiða til minni verðbólgu og meiri kaupmáttar en ella. Áhrif verkefnisins á innlenda vexti og fjármagnsmarkað geta orðið eftir nokkrum leiðum:

i. Verði verkefnið að einhverju leyti fjármagnað á innlendum markaði mun það leiða til ákveðinnar samkeppni um innlent lánsfé og hækkunar vaxta. Flest mælir þó með að lánsfé komi að mestu milliliðalaust erlendis frá. Samkeppni við innlend fyrirtæki um erlent lánsfé ætti ekki að vera teljandi, enda að jafnaði ekki um sömu lánveitendur að ræða og nægt framboð erlends lánsfjár til traustra aðila á borð við Landsvirkjun.
ii. Íslenskum lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum hefur verið boðið að taka þátt í fjármögnun verkefnisins. Verkefnið keppir því við aðra innlenda og erlenda fjárfestingarkosti en þar með teljast minni fjárfestingar lífeyrissjóða í erlendum verðbréfum. Verði viðbrögðin jákvæð kann það að draga úr eftirspurn eftir öðrum innlendum verðbréfum og stuðla að lægra verði þeirra en ella, þ.e. hærri vöxtum.
iii. Verkefnið kann einnig að hafa neikvæð áhrif á verð innlendra hlutabréfa ef raungengi krónunnar hækkar umtalsvert og samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja versnar.
iv. Verkefnið mun auka innlenda heildareftirspurn, sem að öðru óbreyttu leiðir til hærri vaxta, bæði beint og fyrir tilstilli aðhaldssamrar peningastefnu.

v. Búast má við að hluti áhrifanna komi fram fyrir tilstilli væntinga. Uppsveifla í væntingum kann að magna enn frekar innlenda eftirspurn og þar með leiða til enn hærri vaxta, en á móti koma áhrif þess að fjármagnsinnstreymi eykst hugsanlega.

4. *Ef tekið er mið af verðbólgumarkmiði Seðlabankans og þeirri forsendu að kaupmáttur launa skerðist ekki á framkvæmdatímanum, hversu umfangsmiklar þurfa mótvægisaðgerðir ríkisvaldsins og Seðlabanka að vera? Með umfangi er átt við:*
   a. *aðhald í opinberum rekstri og framkvæmdum sem hlutfall af VLF,*
   b. *vaxtastig, þ.e. vexti skuldabréfa umfram grunndæmi (stuttra og langra verðtryggðra ríkisskuldabréfa).*

Noral-verkefnið mun valda þenslu á vinnumarkaði og því er líklegt að það þrýsti launum upp á við. Ekki er því líklegt að kaupmáttur launa skerðist að óbreyttu vegna þess. Hér á eftir er því ekki tekið sérstaklega mið af þeirri forsendu spurningarinnar að kaupmáttur skerðist ekki. Þá er rétt að hafa í huga að innflutningur vinnuafls gæti dregið úr þeirri þenslu sem ella mundi verða á vinnumarkaði.

a. Ekki tókst í tíma að fá aðgang að nauðsynlegum gögnum frá Landsvirkjun og Reyðaráli til þess að leggja mat á þörf fyrir aðhald í opinberum rekstri sem mundi vega á móti áhrifum Noral-verkefnisins. Ekki verður því unnt að svara þessari spurningu nú.
b. Leggja verður ríka áherslu á að það mat sem hér fer á eftir er afar mikilli óvissu háð og aðeins til viðmiðunar. Áhrifin geta að verulegu leyti ráðist af ástandi þjóðarbúskaparins þegar framkvæmdir hefjast og öðrum ytri áhrifum sem þjóðarbúið verður fyrir meðan á þeim stendur. Ef umtalsverð spenna verður á vinnu- og vörumarkaði þegar framkvæmdir hefjast gætu áhrifin á launaþróun orðið mun meiri en ella. Það ræðst þó að verulegu leyti af því í hve miklum mæli aðflutt vinnuafl gæti komið í stað innlends. Einnig ríkir mjög mikil óvissa um áhrif á væntingar sem gætu leitt til stigmögnunar eftirspurnar. Há skuldastaða heimila um þessar mundir mun þó að öðru óbreyttu draga úr uppsveiflu einkaneyslu. Einn stærsti óvissuþátturinn sem tengist framkvæmdunum er áhrif þeirra á gengi krónunnar. Í þeim framreikningi Þjóðhagsstofnunar sem hér er stuðst við er reiknað með óbreyttu gengi krónunnar. Allar niðurstöður hér á eftir verður að skoða í ljósi þess. Sennilegt er að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna þótt erfitt sé að sjá þær nákvæmlega fyrir, hvað þá að tímasetja þær. Gengi krónunnar gæti t.d. hækkað verulega snemma á framkvæmdatímanum og lækkað aftur síðar. Þessar gengissveiflur hefðu umtalsverð áhrif á verðbólguþróunina og veruleg áhrif á raungengi og samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Á móti kemur að hugsanlegt er að Seðlabankinn muni draga úr þessum sveiflum með inngripum á gjaldeyrismarkaði. Þannig er vel líklegt að tækifærið yrði notað til að efla gjaldeyrisforðann með kaupum á gjaldeyri ef gengið virðist ætla að styrkjast umtalsvert af þessum sökum.

   Seðlabankinn mun vinna að því að verðbólga verði sem næst 2,5% á ári. Noral-verkefnið mun því krefjast aukins aðhalds áður en og á meðan framkvæmdir eru sem mestar. Búast má við að áhrif á vexti séu mest við eða fyrir upphaf framkvæmda, en síðan dragi úr þeim. Núverandi framkvæmdaáætlanir gera ráð fyrir að mestur þungi verði í framkvæmdum árin 2003–2006 og að þær verði einnig töluvert miklar árin 2009–2012. Ef reiknað er með að áhrif vaxtabreytinga komi fram u.þ.b. 0,5–2 árum eftir að vöxtum er breytt er ekki ósennilegt að á árabilinu 2002–2005 þurfi stýrivextir að jafnaði að vera 1–2,5 prósentustigum hærri en ella vegna verkefnisins og um 2,5 prósentustigum hærri við upphaf tímabilsins. Í jafnvægi þar sem framleiðsluspenna/slaki er engin og verð-

bólga er í samræmi við verðbólgumarkmið Seðlabankans má ætla að stýrivextir hans séu á bilinu 5,5–6,5%. Miðað við að grunndæmið feli í sér slíkt jafnvægi gætu nafnvextir bankans orðið 7–9% á tímabilinu. Þetta felur í sér að raunstýrivextir Seðlabankans hækka um 2% frá grunndæmi. Er þá gengið út frá því að aðhald í opinberum rekstri sé ekki aukið sérstaklega. Á sama hátt má gera ráð fyrir að á árunum 2006–2007 verði vextir allt að 0,5 prósentustigum lægri en ef ekki væri farið út í verkefnið. Árin 2008–2011 má reikna með að verkefnið leiði að jafnaði til 0,5–1 prósentustigs hækkunar á stýrivöxtum, eða 0,5–1,5 prósentustiga hækkunar raunstýrivaxta.

Áhrif stýrivaxta á skammtímavexti koma jafnan fljótt fram og fylgja stýrivöxtum eftir. Áhrif á langtímavexti eru ekki eins ljós. Þar sem ætla má að langtímavextir séu því sem næst vegið meðaltal skammtímavaxta sem vænt er er líklegt að þeir hreyfist í sömu átt og skammtímavextir en ekki jafnmikið. Að svo miklu leyti sem vaxtahækkun leiðir til væntinga um minni verðbólgu, og þar með lægri nafnvaxta, er ekki útilokað að langtímavextir hreyfist í gagnstæða átt við skammtímavexti. Ekki er við því að búast að framkvæmdin hafi varanleg áhrif á raunvexti.

5. *Hvaða þýðingu hefur það fyrir aðrar innlendar fjárfestingar á tímabilinu að lánsfé til virkjanaframkvæmda er með ábyrgð ríkis, Reykjavíkur og Akureyrarbæjar og að fjármagnskostnaður er því minni en ella?*

Það hefur engin eða hverfandi áhrif á aðra innlenda fjárfestingu að lánsfé til virkjanaframkvæmda er með ábyrgð ríkisins. Landsvirkjun tekur aðeins að litlu leyti lán hjá sömu lánveitendum og innlendir bankar, fjármálastofnanir eða einkaaðilar. Hafi lántökur Landsvirkjunar einhver ruðningsáhrif (neikvæð áhrif) á aðra innlenda lántakendur ætti það helst við um ríkið. Þess sjást ekki merki og ekki er líklegt að lántökur sem nauðsynlegar eru vegna Kárahnjúkavirkjunar hafi slík áhrif.

Óvíst er hvort ríkisábyrgð hefur nokkur áhrif á aðrar fjárfestingar. Hugsanlegt er að jaðarfjármagnskostnaður í landinu verði lægri en ella vegna ríkisábyrgðar á lánum til Landsvirkjunar og ruðningsáhrif því minni. Einnig er hugsanlegt að ríkisábyrgð ráði úrslitum um það hvort ráðist verður í verkefnið. Í því tilfelli hefur ríkisábyrgð mikla þýðingu.

6. *Hver er mismunur á framkvæmdakostnaði með og án ábyrgðar ríkis og kemur til greina að veita slíkar ábyrgðir til fleiri áhættuframkvæmda, t.d. byggingar iðnaðarhúsnæðis í eigu einstaklinga?*

Hafa verður í huga að Landsvirkjun og aðrir sem taka lán með ríkisábyrgð greiða árlega 0,25% ábyrgðargjald á höfuðstól lánsins á hverjum tíma. Landsvirkjun hefur að undanförnu notið lánskjara sem eru LIBOR-vextir án álags á skammtímalánum. Til samanburðar tók Íslandsbanki nýlega lán að upphæð 375 milljónir evra með LIBOR-vöxtum að viðbættum 0,25%. Hvað eldri útistandandi lán áhrærir til 2,5–3,5 ára bera lán Landsvirkjunar LIBOR-vexti að viðbættum 0,35%, en lán Íslandsbanka bera vexti sem eru með 0,22% álag á LIBOR-vexti. Nýleg lengri tíma lán Landsvirkjunar bera LIBOR-vexti með 0,06–0,08% álagi en lán ríkissjóðs til lengri tíma hafa verið með 0,05% álagi á LIBOR-vexti. Ekki verður því séð að Landsvirkjun njóti betri kjara en bankar þegar tekið er tillit til ábyrgðargjaldsins. Hins vegar má færa rök fyrir því að ríkisábyrgð á lánum Landsvirkjunar og gott lánshæfismat (sem m.a. leiðir af ríkisábyrgð) auðveldi henni lánsfjáröflun erlendis vegna þess að fleiri lánveitendur koma til greina eftir því sem lánshæfi batnar.

Seðlabankinn telur að almennt sé ríkisábyrgð á lánum óheppileg. Bankinn telur því að frekari ríkisábyrgðir til áhættuframkvæmda væru óheppilegar, þ.m.t. vegna byggingar iðnað-

arhúsnæðis í eigu einstaklinga, eins og spurt er um. Slíkar ábyrgðir skekkja áhættumat fjárfestinga og geta skekkt samkeppnisstöðu. Á þessu eru þó alltaf undantekningar sem meta verður í hverju tilfelli, sbr. ríkisábyrgð sem veitt var tímabundið vegna ábyrgðartryggingar á flugflota landsmanna.

896. Svar [479. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Árið 2001 voru engin störf í ráðuneytinu eða stofnunum sem undir það heyra flutt út á land. Hafrannsóknastofnunin hefur á hinn bóginn fjölgað starfsmönnum tveggja útibúa á landsbyggðinni í því skyni að efla starfsemi stofnunarinnar þar en ekki var um eiginlegan flutning starfa eða verkefna að ræða. Þannig var stöðugildum útibúsins í Ólafsvík fjölgað úr 1,5 í 2,5 á árinu en störf starfsmanna þar felast í gagnasöfnun, þátttöku í ýmsum leiðöngrum stofnunarinnar, fiskmerkingum, rannsóknum á göngum og atferli skarkola, sjófuglarannsóknum, rannsóknum á skelfiski og kynningu á starfsemi stofnunarinnar.

Hjá útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði var starfsmönnum fjölgað úr einum í tvo. Störf þeirra felast í eftirliti og gagnasöfnun vegna stofnstærðarmats nytjafiska auk ýmissa tilraunaveiða, til dæmis á skrápflúru og langlúru í Ísafjarðardjúpi. Vikulega eru útbúin aflayfirlit yfir rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og þeim miðlað til vinnslustöðva og sjómanna.

897. Svar [473. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Árið 2001 voru engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum utanríkisráðuneytisins flutt út á land. Ráðuneytið vann hins vegar að athugun á því hvort til greina gæti komið að færa hluta af starfsemi þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins út á land eða gefa fólki úti á landi færi á að vinna að þýðingum á vegum ráðuneytisins. Iðntæknistofnun var fengin til að

kanna þetta. Niðurstaða hennar var á þá leið að til greina gæti komið að fá einstaklinga úti á landi til að vinna að þýðingum en forsenda þess væri að þýðingamiðstöðin færi að nota svokallað þýðingaminni, hugbúnað sem stuðlar að samræmdum og vönduðum þýðingum. Þýðingamiðstöðin hefur undanfarið unnið að uppbyggingu gagnagrunns fyrir þýðingaminni og síðar á þessu ári verður hægt að meta að hve miklu leyti grunnurinn gæti nýst við fjarvinnslu þýðinga.

898. Svar [438. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið af innstæðum banka og sparisjóða var í eigu einstaklinga 31. janúar sl.?*
2. *Hversu mikið af sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum var á innlánsreikningum með 1% vöxtum, 2% vöxtum o.s.frv., flokkað eftir vaxtastigi, 31. janúar sl.?*
3. *Hversu mikið af sparifé í bönkum og sparisjóðum var í eigu fólks 65 ára og eldra, flokkað eftir vaxtaflokkum, og hvaða raunvextir voru af þessu sparifé sl. ár?*
4. *Hversu mikið sparifé einstaklinga í bönkum og sparisjóðum var á neikvæðum vöxtum undanfarið ár?*

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) um svör við fyrirspurninni. Í svari sínu segja SBV að þar sem fyrirspurnin beinist að einkamálefnum viðkomandi félaga telji samtökin sig ekki vera í aðstöðu til að verða við beiðni ráðherra. Allar opinberar upplýsingar um félagsrekstur fjármálafyrirtækja sem heyri til SBV séu birtar í ársskýrslum þeirra á hefðbundinn hátt. Fjármálafyrirtæki veiti jafnframt Fjármálaeftirlitinu reglulega upplýsingar, eftir því sem óskað er lögum samkvæmt. Að öðru leyti hvíli ekki upplýsingaskylda á fjármálafyrirtækjum gagnvart öðrum en hluthöfum sínum.

Ekki liggja ekki fyrir aðgengilegar opinberar upplýsingar sem nýst geta ráðuneytinu til svara við fyrirspurninni. Hagtölur sem Seðlabanki Íslands tekur saman og birtir opinberlega um innlánsstofnanir geta þó gefið vísbendingu um það efni sem spurt er um. Þar er m.a. að finna eftirfarandi flokkun innstæðna í innlánsstofnunum.

Innstæður í innlánsstofnunum 31. desember 2001.

	Millj. kr.	Hlutfall
Hlaupareikningar o.fl.	65.278	19,4%
Almennar bækur	8.985	2,7%
Annað óbundið sparifé	35.124	10,4%
Verðtryggðar innstæður	96.508	28,6%
Annað bundið sparifé	98.041	29,1%
Gjaldeyrisreikningar	31.229	9,3%
Gengisbundnir krónureikningar	26	0,0%
Innlán vegna lífeyrissparnaðar	1.825	0,5%
Innstæður alls	337.016	100,0%

Til skýringar á hugtökum skal þess getið að:
- Almennar bækur eru hinar „gömlu“ hefðbundnu sparisjóðsbækur.
- Annað óbundið sparifé er innlánsform sem hefur engin ákvæði um bindingu eða uppsögn innstæðna en gera má ráð fyrir að það njóti hærri ávöxtunar en sparisjóðsbækur.
- Verðtryggðar innstæður eru bundnar í tiltekinn lágmarkstíma og breytast í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu.
- Annað bundið sparifé er háð uppsögn eða bundið í tiltekinn tíma en er ekki verðtryggt. Undir þennan lið falla t.d. svokallaðir peningamarkaðsreikningar.
- Innstæður á gjaldeyrisreikningum eru tilgreindar í erlendri mynt og krónufjárhæð þeirra breytist í samræmi við breytingar á gengi viðkomandi gjaldmiðils gagnvart krónunni.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands eru innlánsvextir nú sem hér segir:

Innlánsvextir banka og sparisjóða í %.

	Landsbanki	Íslandsbanki	Búnaðarbanki	Sparisjóðir
Almennar sparisjóðsbækur	1,50	1,10	1,10	1,50
Almennir tékkareikningar	0,75	0,35	0,80	1,00
Sértékkareikningar	1,50	0,70	1,10	1,50
Peningamarkaðsreikningar	9,55	10,36	9,70	10,00
Vísitölubundnir reikningar				
36 mánaða	5,55	5,45	5,30	5,40
48 mánaða		5,90	5,90	5,90
60 mánaða	6,05	6,00		6,00
Orlofsreikningar	4,75	4,75	4,75	4,75
Viðbótarlífeyrissparnaður	6,40	6,35	6,25	6,40
Sérstakar verðbætur				
Vísitölubundnir reikningar	2,00	1,00	6,00	2,00
Gengisbundnir reikningar	2,00	1,00	6,00	2,00
Innlendir óbundnir gjaldeyrisreikningar				
Bandaríkjadalir (USD)	0,25	0,55	0,40	0,30
Sterlingspund (GBP)	2,00	2,05	2,15	2,25
Danskar krónur (DKK)	1,25	1,70	1,65	1,90
Norskar krónur (NOK)	5,00	4,55	5,00	5,25
Sænskar krónur (SEK)	2,00	1,90	1,85	2,00
Svissneskir frankar (CHF)	0,50	0,50	0,40	0,45
Japönsk jen (JPY)	0,05	0,05	0,05	0,05
Evrur (EUR)	1,00	1,50	1,35	1,60

899. Fyrirspurn [572. mál]

til samgönguráðherra um útboð og samninga um verkefni við vegagerð.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve mörg verkefni í vegagerð voru unnin á vegum Vegagerðar ríkisins síðustu þrjú ár og það sem af er þessu ári og hver var heildarkostnaður þeirra, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?
2. Hve mörg verkefni voru boðin út í opnum útboðum á þessum tíma og hver var heildarfjárhæð þeirra, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?
3. Hve mörg verkefni voru boðin út í lokuðum útboðum á sama tíma og hvaða aðilar fengu að taka þátt í þeim, hverjir fengu slík verkefni eftir lokuð útboð og hverjar voru upphæðir þeirra samninga sem gerðir voru, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?
4. Hvaða reglur gilda hjá Vegagerðinni þegar verktakar eru valdir til að taka þátt í lokuðu útboði eða beinum samningum um verk?
5. Um hve mörg verkefni sem kostuðu 1 millj. kr. eða meira var samið án útboðs á umræddu tímabili, við hvaða aðila var samið um 1 millj. kr. eða meira og hver var fjárhæðin, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?
6. Hvað er lagt til grundvallar við ákvörðun um hvort útboð eru höfð opin eða lokuð eða samið er beint við verktaka?

Skriflegt svar óskast.

900. Fyrirspurn [573. mál]

til umhverfisráðherra um takmarkanir á tóbaksreykingum.

Frá Þuríði Backman.

1. Var heilbrigðisnefndum falið að gera sérstakt átak eftir 1. ágúst 2001 til að framfylgja ákvæðum II. kafla laga um tóbaksvarnir um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks?
2. Var heilbrigðisnefndum falið að gera sérstakt átak skv. III. kafla sömu laga um takmörkun og verndun gegn tóbaksreyk?
3. Hve hátt hlutfall er þetta eftirlit af venjubundnum eftirlitsstörfum heilbrigðisfulltrúanna?
4. Hefur heilbrigðisfulltrúum verið fjölgað vegna þessa eftirlits?
5. Hefur verið gerð úttekt á veitinga- og skemmtistöðum og öðru húsnæði sem lögin taka til? Ef ekki, stendur til að gera slíka úttekt?
6. Hve margir staðir falla undir eftirlitsskyldu heilbrigðisnefndanna?
7. Hve margir staðir hafa staðist úttekt heilbrigðisfulltrúa?
8. Hvaða athugasemdir eru algengastar
   a. hjá heilbrigðisfulltrúum,
   b. frá neytendum?

9. Hefur komið til kæru vegna brota á þeim ákvæðum laganna sem snúa að hollustuvernd?

Skriflegt svar óskast.

901. Fyrirspurn [574. mál]

til iðnaðarráðherra um fjármögnun vetnisrannsókna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvernig er háttað aðild ríkisins að rannsóknum vegna hugsanlegrar vetnisframleiðslu hérlendis?
2. Hversu miklu fé hefur ríkisstjórnin veitt til rannsókna eða verkefna til að kanna vetnisvæðingu bifreiða- og skipaflota?
3. Hvaða styrkir hafa fengist til þessara verkefna og hvernig er þeim styrkveitingum varið?

Skriflegt svar óskast.

902. Frumvarp til laga [575. mál]

um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „farþegaskipa og flutningaskipa“ í 1. og 2. mgr. kemur: skipa.
b. 3. mgr. orðast svo:

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á kaupskipum (STCW) frá 1978, með síðari breytingum, alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F) frá 1995 og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo: *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978, með síðari breytingum, og alþjóða-

samþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum (STCW–F) frá 1995.

b. Við bætast fjórir nýir töluliðir, 5.–8. tölul., svohljóðandi:
   5. *Fiskiskip* er hvert það skip sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða nýta aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
   6. *Varðskip* er hvert það skip sem er skrásett sem varðskip og notað til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
   7. *Skemmtibátur* er hvert það skip sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið. Leiki vafi á hvort skip teljist skemmtibátur sker Siglingastofnun Íslands úr um það.
   8. *Önnur skip* er hvert það skip sem er notað í atvinnuskyni og fellur ekki undir 3.–7. tölul. Skal Siglingastofnun Íslands skera úr um undir hvaða ákvæði slík skip falla samkvæmt lögum þessum að teknu tilliti til eðlis þeirrar starfsemi sem skipið á að sinna og á hvaða farsviði það er notað.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skv. 11. gr. laganna“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: samkvæmt lögum þessum.
b. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Umsækjandi skírteinis skal hafa að baki siglingatíma sem áskilinn er samkvæmt lögum þessum. Ráðherra getur með reglugerð vikið frá kröfum laga þessara og gert vægari kröfur um siglingatíma.

4. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra skal setja í samræmi við skyldur íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna.

5. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna skal öðlast rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi 50 brúttótonna eða minna í innanlandssiglingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Skilgreiningin „Stjórnunarsvið“ í 2. mgr. verður svohljóðandi:

Stýrimaður	≤50 brúttótonn í innanlandssiglingum	18	F.
Skipstjóri	≤50 brúttótonn í innanlandssiglingum	18	G.
Stýrimaður	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	A.
Skipstjóri	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	B.
Skipstjóri	<500 brúttótonn	20	B.
Yfirstýrimaður	<3.000 brúttótonn	20	C.
Skipstjóri	<3.000 brúttótonn	20	C.

Yfirstýrimaður	engar	20	B.
Skipstjóri	engar	20	C.

b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir stafliðir, F- og G-liður, svohljóðandi:
F. 18 mánaða siglingatími sem háseti á skipi.
G. 6 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi.

7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Farþegaskip og flutningaskip.**

8. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli, **Fiskiskip, varðskip, skemmtibátar og önnur skip,** með sex nýjum greinum, svohljóðandi:

a. (13. gr.)

Skírteini áhafnar fiskiskips.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til að starfa við skipstjórn eða vélstjórn um borð í fiskiskipum.

Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	**Takmarkanir**	**Aldur**	**Siglinga-tími**
Skipstjóri/stýrimaður	≤50 brúttótonn í innanlandssiglingum	18	A.
Stýrimaður	<500 brúttótonn í innanlandssiglingum	20	B.
Skipstjóri	<500 brúttótonn í innanlandssiglingum	20	C.
Stýrimaður	engar	20	D.
Yfirstýrimaður	engar	20	E.
Skipstjóri	engar	20	F.

Siglingatími:

A. 18 mánuðir sem háseti á skipi.
B. 24 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum stærri en 50 brúttótonn. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 20 brúttótonna skipum og minni.
C. 12 mánuðir sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi yfir 50 brúttótonnum.
D. Verður að vera handhafi skírteinis sem stýrimaður á 500 brúttótonna fiskiskipum í innanlandssiglingum.
E. 27 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum yfir 150 brúttótonnum.
F. Skipstjóra- eða stýrimannstími: 24 mánuðir sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi stærra en 50 brúttótonn, þar af a.m.k. 6 mánuðir á skipum yfir 150 brúttótonnum.

Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	**Takmarkanir**	**Aldur**	**Siglingatími**
Vélstjóri	≤375 kW	18	
Vélstjóri	<750 kW	18	A.
1. vélstjóri	<3.000 kW	20	B.
Yfirvélstjóri	<3.000 kW	20	C.
2. vélstjóri	engar	20	B.
1. vélstjóri	engar	20	B.
Yfirvélstjóri	engar	20	C.

Siglingatími:

A. 14 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi ≤ 375kW.
B. 18 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW.
C. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW, þar af 18 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.

b. (14. gr.)

Lágmarksföldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum.

Sérhvert íslenskt fiskiskip skal svo mannað að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé öllum lögum og reglum um verndun umhverfis og þá sérstaklega reglum er varða mengunarvarnir sjávar og lífríkis.

Á hverju fiskiskipi skal vera skipstjóri. Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:

a. Á skipum 50 brúttótonna og minni: einn stýrimaður. Þó er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera slíks skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.
b. Á skipum stærri en 50 brúttótonn og allt að 500 brúttótonnum: einn stýrimaður.
c. Siglingastofnun Íslands ákveður lágmarksfjölda stýrimanna á fiskiskipum 500 brúttótonna og stærri og gefur út öryggisskírteini um lágmarksmönnun fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda stýrimanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr. til fjölgunar eða fækkunar skipstjórnarmanna ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Skal við þá ákvörðun taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér. Siglingastofnun getur heimilað tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem hún setur, þó aldrei lengur en 6 mánuði í senn.

c. (15. gr.)

Lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum.

Lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna skal vera sem hér segir:

a. Á fiskiskipi með aðalvél 75–375 kW skal vera vélstjóri, sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 30 brúttótonnum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem Siglingastofnun Íslands setur er ekki er skylt að vélstjóri sé í áhöfn skips undir 20 brúttótonnum ef gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.
b. Á skipi með aðalvél 376–750 kW skal vera vélstjóri. Sé útivera skips lengri en 36 klst. og skip er stærra en 50 brúttótonn skulu vélstjórar vera tveir, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
c. Siglingastofnun Íslands ákveður lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum með 750 kW vél og stærri og gefur út öryggisskírteini um lágmarksmönnun fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður.

Siglingastofnun Íslands hefur heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr. til fjölgunar eða fækkunar vélstjórnarmanna ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Skal við þá ákvörðun taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér. Siglingastofnun getur heimilað

tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem hún setur, þó aldrei lengur en 6 mánuði í senn.

d. (16. gr.)

Varðskip.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til að starfa við skipstjórn eða vélstjórn um borð í varðskipum.

Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar á varðskipum skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	**Takmarkanir**	**Aldur**	**Siglingatími**
Stýrimaður	engar	18	A.
Yfirstýrimaður	engar	20	B.
Skipstjóri	engar	20	C.

Siglingatími:

A. 27 mánuðir, þar af a.m.k. 12 mánuðir háseti á skipum yfir 150 brúttótonnum.
B. 36 mánuðir, þar af a.m.k. 18 mánuðir háseti á skipi yfir 150 brúttótonnum.
C. 30 mánaða stýrimannstími á skipum yfir 150 brúttótonnum, þar af a.m.k. 6 mánuðir sem yfirstýrimaður á varðskipi.

Um skírteini til vélstjórnar á varðskipum fer eftir sömu reglum og tilgreindar eru í 3. mgr. 11. gr. laganna.

Á hverju varðskipi skal vera skipstjóri og yfirvélstjóri, en fjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna skal að öðru leyti vera sem hér segir:

a. Á varðskipum allt að 900 brúttótonnum: tveir stýrimenn,
b. Á varðskipum 900 brúttótonna og stærri: þrír stýrimenn,
c. Um fjölda vélstjórnarmanna á varðskipum fer skv. 15. gr.

e. (17. gr.)

Skemmtibátar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis hefur rétt til að annast stjórn skemmtibáts.

Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar á skemmtibátum skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	**Takmarkanir**	**Aldur**
Skipstjóri	≤50 brúttótonn	16
Skipstjóri	<500 brúttótonn	20

Þeir sem annast kennslu til réttinda á skemmtibáta skulu kenna samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um skemmtibáta, þar á meðal um menntun og þjálfun skipstjóra, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.

f. (18. gr.)

Önnur skip.

Önnur skip eru hver þau skip sem eru notuð í atvinnuskyni og ekki teljast farþegaskip, flutningaskip, fiskiskip, varðskip eða skemmtibátar. Um önnur skip fer með sama hætti og fiskiskip og sá einn sem er lögmætur handhafi skírteinis til skipstjórnar eða vélstjórnar á fiskiskipum skv. 13. gr. getur farið með skipstjórn og vélstjórn á öðrum skipum.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum fer eftir ákvörðun Siglingastofnunar Íslands.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um önnur skip, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafnar, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.

9. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sá sem hefur lokið námskeiði í vélgæslu við gildistöku laga þessara sem veitir rétt til að vera vélgæslumaður á skipum að 30 brúttótonnum og með aðalvél 375 kW og minni hefur rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélstjóri á skipum með aðalvél 375 kW og minni að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Sá sem hefur hafið eða lokið námi 1. stigs vélskóla við gildistöku laga þessara sem veitir rétt til að vera yfirvélstjóri á skipum með aðalvél 375 kW og minni hefur rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til vera vélstjóri á skipum með aðalvél 750 kW og minni að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem Vélskóli Íslands skipuleggur, þó ekki lengur en til 1. júlí 2003.

Sá sem hefur hafið eða lokið námi 3. stigs vélskóla við gildistöku laga þessara sem veitir rétt til að vera vélstjóri á skipum með aðalvél 1.500 kW og minni hefur rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélstjóri á skipum með aðalvél minni en 3.000 kW að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem Vélskóli Íslands skipuleggur, þó ekki lengur en til 1. júlí 2003.

10. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um áhafnir íslenskra skipa.**

11. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002. Ákvæði 17. gr. um skemmtibáta öðlast gildi 1. janúar 2004. Fyrir þann tíma skulu viðkomandi afla sér tilskilinna skírteina.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um áhafnir íslenskra skipa sem ætlað var að taka til áhafna allra íslenskra skipa. Við meðferð frumvarpsins ákvað samgöngunefnd Alþingis að beiðni samgönguráðherra að takmarka gildissvið frumvarpsins við farþegaskip og flutningaskip. Ástæður þess voru einkum þær að því var haldið fram að ákvæði í frumvarpinu sem fjölluðu um lágmarksfjölda í áhöfn fiskiskipa hefðu áhrif á gang viðræðna í kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum sem þá stóð sem hæst. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi, þ.e. lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

Markmið þessa frumvarps er að setja ein almenn lög um áhafnir allra íslenskra skipa og efla með því öryggi áhafna, farþega og íslenskra skipa og auka varnir gegn mengun sjávar. Lagt er til að frumvarpið nái til allra skipa og er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og fram komu í frumvarpi til laga um áhafnir íslenskra skipa sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að gildissvið laganna verði rýmkað svo að þau taki til allra skipa sem skráð eru hér á landi, en ekki einungis til farþegaskipa og flutningaskipa.

Jafnframt er lagt til að Ísland hagi löggjöf sinni til samræmis við alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum, svokallaða STCW–F samþykkt frá árinu 1995 sem tekur til áhafna fiskiskipa. Samhliða þessu frumvarpi mun utanríkisráðuneytið leggja fram tillögu til þingsályktunar um að Ísland fullgildi þessa samþykkt. Á síðasta löggjafarþingi lagði utanríkisráðherra fram tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á STCW-F. Tillagan var lögð fram samhliða frumvarpi samgönguráðherra um áhafnir íslenskra skipa þar sem m.a. var gerð tillaga um lagabreytingar vegna fullgildingar á þessum alþjóðasamningi. Vegna kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum síðastliðið vor ákvað samgönguráðherra að fresta þeim hluta frumvarpsins sem fjallaði um fiskiskip, en hluti frumvarpsins varð að lögum nr. 76/2001, um farþegaskip og flutningaskip. Tillaga utanríkisráðherra fékk þá ekki frekari umfjöllun. Þetta mál kom til umfjöllunar í hringborðsumræðum hagsmunaaðila í sjávarútvegi á alþjóðasiglingadeginum í haust og þar var eftirfarandi bókað:

„Þátttakendur í hringborðsumræðunum eru jafnframt sammála um að stefna beri að fullgildingu Íslands á STCW-F samþykktinni. Þar er að finna lágmarkskröfur um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa."

Með lögum nr. 76/2001 var íslensk löggjöf færð til samræmis við alþjóðasamþykktina STCW sem tekur til áhafna farþegaskipa og flutningaskipa. Markmiðið með báðum þessum samþykktum er að bæta menntun og þjálfun sjómanna og treysta öryggi þeirra, farþeganna, skipanna og auka verndun gegn mengun sjávar. Jafnframt er í greininni lagt til að íslensk löggjöf verði löguð að tilskipun sem gildir samkvæmt EES-samningnum, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna, sem tekið hefur við af tilskipunum 94/58/EB og 98/35/EB.

Um 2. gr.

Með breytingunni í a-lið er kveðið á um að með tilvísun til alþjóðasamþykktarinnar í lögunum felist jafnframt tilvísun til fiskiskipasamþykktarinnar (STCW–F).

Í b-lið er bætt við skilgreiningum á hugtökum sem notuð er í nýjum kafla laganna, sbr. 8. gr. frumvarpsins, og fjalla um fiskiskip, varðskip, skemmtibáta og önnur skip.

Um 3. gr.

Þar sem frumvarpið felur í sér umtalsverðar breytingar á lögunum, sbr. 8. gr. frumvarpsins, er nauðsynlegt að leiðrétta tilvísanir í einstakar greinar, enda er lagt til að fjallað verði um kröfur til siglingatíma í fleiri greinum laganna en 11. gr.

Um 4. gr.

Lagt er til að vísað verði til nýrrar tilskipunar sem gildir samkvæmt EES-samningnum, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna, sem tekið hefur við af tilskipunum 94/58/EB og 98/35/EB.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að þeir sem hafa réttindi til skipstjórnar á 30 rúmlesta skipum og minni við gildistöku frumvarpsins fái réttindi til skipstjórnarstarfa á skipum sem eru 50 brúttótonn eða minni í innanlandssiglingum. Í núgildandi lögum er miðað við 65 brúttótonn í þessu efni. Nefnd

sú er samdi frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi var sammála um að með upptöku brúttótonnaviðmiðunar réttinda skipstjórnarmanna í stað rúmlesta væru ekki efni til að miða minnstu réttindi skipstjórnarmanna við hærri mörk en 50 brúttótonn. Í meðförum frumvarpsins á Alþingi lagði samgöngunefnd til að miða við 65 brúttótonn, en eins og áður sagði er lagt til að því verði breytt og miðað við 50 brúttótonn. Með 9. gr. laganna á að vera tryggt að enginn glati atvinnuréttindum vegna viðmiðunar réttindanna við brúttótonn.

Um 6. gr.

Í a-lið er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að bæta við einum flokki skírteinis, þ.e. réttindum til að vera skipstjóri á skipum minni en 500 brúttótonn með ótakmarkað farsvið, og skírteinum vegna skipa 50 brúttótonna og minni.

Í b-lið er fjallað um kröfur um siglingatíma vegna þeirra skírteina sem bætt er við með frumvarpsgreininni.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Með þessari grein er bætt inn nýjum kafla í lögin í því skyni að setja reglur um nánar tilgreind skip með sama hætti og verið hefur um farþegaskip og flutningaskip.

Um a-lið (13. gr.).

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns á fiskiskipum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð.

Um b-lið (14. gr.).

Með greininni eru gerðar nokkrar breytingar frá því sem nú gildir um fjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum, sbr. 3. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum. Þessar breytingar eru m.a. fólgnar í því að breytt er viðmiðun atvinnuskírteina í brúttótonn í stað brúttórúmlesta. Lagt er til að lægstu atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði miðuð við 50 brúttótonn í stað 30 brúttórúmlesta. Skv. 7. gr. laga nr. 112/1984 hefur sá sem lokið hefur prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna, sbr. reglugerð um nám til skipstjóraréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna nr. 531/2001. Skráð fiskiskip á íslenskri skipaskrá 12. desember 2001 eru alls 2.017 skip. Af þeim eru 1.636 fiskiskip 30 brúttórúmlestir og minni. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni er 1.656. Gera má því ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda til skipstjórnar öðlist réttindi á um 20 fleiri fiskiskip. Jafnframt felast eftirfarandi breytingar í greininni:

a. Lagt er til að á skipum 50 brúttótonn og minni sé ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn skips ef útivera slíks skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan. Breytingar frá gildandi lögum felast í því að lagt er til að miðað verði við skip 50 brúttótonn og minni í stað skipa 20 brúttórúmlestir og minni sem skilyrði þess að stýrimaður þurfi ekki að vera um borð ef útivera skips fer ekki fram úr tilgreindu marki. Skráð fiskiskip á íslenskri skipaskrá 12. desember 2001 eru alls 2.017. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni er 1.656 og fjöldi skipa 20 brúttórúmlestir og minni er 1.580 og

má því gera ráð fyrir að þessi heimild taki til allt að 76 fleiri skipa verði frumvarpið að lögum.

b. Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði krafa um einn stýrimann á fiskiskipum sem eru stærri en 50 brúttótonn og allt að 500 brúttótonnum óháð útivist skipsins. Skráð fiskiskip á íslenskri skipaskrá 12. desember 2001 eru alls 2.017. Fjöldi fiskiskipa 50 brúttótonn og minni er 1.656 og fjöldi skipa 500 brúttótonn og minni er 1.897 og má því gera ráð fyrir að þetta ákvæði laganna taki til 241 skips verði frumvarpið að lögum.

c. Lagt er til að Siglingastofnun Íslands ákveði lágmarksfjölda stýrimanna á fiskiskipum 500 brúttótonna og stærri og gefi út öryggisskírteini um lágmarksmönnun fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda stýrimanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður. Samkvæmt gildandi lögum er gerð krafa um tvo stýrimenn á fiskiskipum stærri en 301 rúmlest, sbr. 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum. Siglingastofnun ákveður öryggismönnun farþegaskipa og flutningaskipa, sbr. 12. gr. laganna. Siglingastofnun hefur ákveðið mönnun farþegaskipa síðan 1998 með lögum nr. 74/1998, um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og mönnun flutningaskipa frá 1. júlí 2001, en mönnunarnefnd kaupskipa hafði það verkefni áður með höndum. Sú nefnd var lögð niður 1. júlí 2001 með gildistöku þessara laga. Skráð fiskiskip á íslenskri skipaskrá 12. desember 2001 eru alls 2.017. Fjöldi fiskiskipa sem eru 500 brúttótonn og stærri er 120 og nær þetta ákvæði laganna til þeirra skipa. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar.

Með 3. mgr. greinarinnar er Siglingastofnun veitt heimild til þess að ákveða frávik frá a- og b-lið 2. mgr. hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar á skipstjórnarmönnum ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Siglingastofnun er jafnframt heimilt að heimila tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem stofnunin setur. Slíkur reynslutími skal þó aldrei vera lengri en 6 mánuðir í senn. Þetta ákvæði er sambærilegt við gildandi ákvæði 19. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að Siglingastofnun Íslands hefur tekið við hlutverki sérstakrar mönnunarnefndar.

Í Danmörku er kveðið á um í lögum um mönnun skipa, nr. 15/1997, að á fiskiskipum sem eru 20–500 brúttótonn skuli vera skipstjóri og stýrimaður. Siglingastofnun Danmerkur ákveður mönnun á fiskiskipum sem eru stærri en 500 brúttótonn. Í slíkum tilvikum þarf eigandi fiskiskips að leggja inn umsókn til Siglingastofnunar Danmerkur um mönnun þess og gera tillögu um mönnunina. Umsóknin er síðan send til umsagnar viðeigandi samtaka sjómanna og skipaeigenda og gefinn mánaðarfrestur til svara. Á grundvelli þessara umsagna er fjöldi skipstjórnarmanna ákveðinn af Siglingastofnun. Þeirri ákvörðun má skjóta til mönnunarnefndar sem skipuð er fulltrúum frá samtökum skipaeigenda og sjómanna og er ákvörðun hennar endanleg á stjórnsýslustigi. Í framkvæmd hefur verið miðað við að þegar fiskiskip er minna en 3.000 brúttótonn þurfi að vera á því skipstjóri með skírteini sem „Fiskeskipper af 1. grad“ og einn eða tveir stýrimenn með skírteini sem „Styrmand af 1. grad i fiskeskibe“.

Í Noregi eru ekki ákvæði í lögum um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á fiskiskipum, utan þess að kveðið er á um að ætli fiskiskip að vera á veiðum lengur en 12 klst. skuli tveir skipstjórnarmenn vera um borð, þ.e. skipstjóri og yfirstýrimaður.

Í Færeyjum er gerð krafa um að á fiskiskipum innan fiskveiðilögsögunnar séu skipstjóri og stýrimaður ef skipið er minna en 800 brúttótonn, en skipstjóri og tveir stýrimenn ef skipið er stærra en 800 brúttótonn. Á fiskiskipum utan lögsögunnar er miðað við að á skipum sem eru 100–800 brúttótonn séu skipstjóri og stýrimaður, en skipstjóri og tveir stýrimenn ef skipið er stærra en 800 brúttótonn.

Um c-lið (15. gr.).

Með greininni eru gerðar nokkrar breytingar frá því sem nú gildir um lágmarksfjölda vélstjóra á fiskiskipum, sbr. 2. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Í greininni er kveðið á um að vélstjóri skuli vera á skipum með aðalvél 75–375 kW. Í greininni er kveðið á um að á skipi með 75–375 kW vél megi vélstjóri vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 30 brúttótonnum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst., nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útivera má vera allt að 36 klst. Þetta er sams konar ákvæði og nú er í 3. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 76/2001. Þær breytingar sem þá voru gerðar fólust í því að miðað er við 375 kW sem hámarksvélarstærð skips í stað 220 kW og skip 30 brúttótonn og minni í stað skipa minni en 20 rúmlestir sem skilyrði þessi að skipstjóri gegni jafnframt vélstjórnarstörfum um borð. 12. desember 2001 voru skráð fiskiskip 30 brúttótonn og minni og með aðalvél minni en 375 kW á skipaskrá 1.619, en fjöldi fiskiskipa minni en 20 rúmlestir og með aðalvél minni en 220 kW á skipaskrá er 1.506. Í frumvarpinu felst því að þessi heimild skipstjóra til að vera jafnframt vélstjóri tekur til 113 fleiri skipa. Þá er það nýmæli að ekki sé skylt að vélstjóri sé í áhöfn skips ef hægt er að stjórna vél úr stýrishúsi og gerður hefur verið þjónustusamningur við þjónustuaðila um viðhald vélar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

Með frumvarpi þessu er miðað við að starfsheitið vélgæslumaður verði lagt niður og tekið verði upp starfsheitið vélstjóri. Miðað er við að í reglugerð, sbr. 3. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, verði nánar kveðið á um lengd og efni námskeiðs til að öðlast slík réttindi. Gert er ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér réttinda til að gegna starfi vélgæslumanns eða vélavarðar fái réttindi til að gegna starfi vélstjóra á skipum með aðalvél minni en 375 kW en þeir sem hefja nám eftir gildistöku laganna falla undir breytta tilhögun náms.

Samkvæmt gildandi lögum hefur sá sem lokið hefur 1. stigi vélskóla rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með aðalvél minni en 375 kW. Skráð fiskiskip með aðalvél 75–375 kW eru 1.029. Með frumvarpi þessu er miðað við að starfsheitið vélavörður verði lagt niður og tekið verði upp starfsheitið vélstjóri á skipum með aðalvél minni en 750 kW. Miðað er við að í reglugerð verði nánar kveðið á um lengd og efni náms til að öðlast slík réttindi. Gert er ráð fyrir að þeir sem þegar hafa aflað sér réttinda til að gegna starfi yfirvélstjóra á skipi með aðalvél minni en 375 kW fái réttindi til að gegna starfi vélstjóra á skipum með aðalvél minni en 750 kW en þeir sem hefja nám eftir gildistöku laganna falla undir breytta tilhögun náms. 12. desember 2001 voru skráð fiskiskip með aðalvél 75–750 kW 1.201. Lagt er til að þegar útivera skips er lengri en 36 klst. og skipið stærra en 50 brúttótonn skuli vélstjórar vera tveir, þ.e. yfirvélstjóri og 1. vélstjóri. Með þessu er verið að gera auknar kröfur um fjölda vélstjórnarmanna miðað við frumvarp um áhafnir íslenskra skipa sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi, og lagt er til að tveir vélstjórnarmenn skuli vera um borð þegar útivera skips er lengri en 30 klst. og skipið er stærra en 50 brúttótonn. Ef skip stærra en 50 brúttótonn er í veiðiferð sem tekur innan við 30 klst. þarf einn vélstjóra um borð. Hér er verið að gera misjafnar kröfur eftir því hvort um er að ræða línueða netabát í dagróðrum, skelfiskbát í 10–12 tíma veiðum og skip sem eru að veiðum í allt að 8–10 daga. Fjöldi fiskiskipa með aðalvél 375–750 kW eru 167 skip og eru tvö þeirra undir 50 brúttótonnum og 165 stærri en 50 brúttótonn.

Með frumvarpinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands ákveði lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum með 750 kW vél og stærri og gefi út öryggisskírteini um lágmarksmönnun þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna í áhöfn og skírteini fyrir einstakar stöður. Samkvæmt skipaskrá 12. desember 2001 eru skráð fiskiskip alls 2.017. Af þeim eru 132

með 750 kW vél og stærri og 1.885 undir þeirri stærð. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Siglingastofnun hefur þegar fengið þetta verkefni hvað varðar farþegaskip og flutningaskip, sbr. 12. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001. Siglingastofnun hefur ákveðið mönnun farþegaskipa síðan 1998 með lögum nr. 74/1998, um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, og mönnun flutningaskipa frá 1. júlí 2001, en mönnunarnefnd kaupskipa hafði það verkefni áður með höndum. Sú nefnd var lögð niður 1. júlí 2001 með gildistöku laga nr. 76/2001.

Með 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er Siglingastofnun Íslands veitt heimild til þess að ákveða frávik frá ákvæðum a- og b-liðar 1. mgr. hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar á vélstjórnarmönnum ef tilefni gefst til að mati stofnunarinnar, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips. Siglingastofnun er jafnframt heimilt að heimila tímabundna mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem stofnunin setur. Slíkur reynslutími skal þó aldrei vera lengri en 6 mánuðir í senn. Þetta ákvæði er sambærilegt við gildandi ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum, að öðru leyti en því að Siglingastofnun Íslands hefur tekið við hlutverki sérstakrar mönnunarnefndar.

Í Danmörku er kveðið á um í lögum um mönnun skipa, nr. 15/1997, að á fiskiskipum í strandsiglingum stærri en 20 brúttótonn, með aðalvél 100–750 kW, og þegar hægt er að stjórna vél úr stýrishúsi skuli vera einn vélavörður (duelighedsbevis i motorpasning), en tveir vélaverðir utan strandsiglinga. Siglingastofnun Danmerkur ákveður mönnun vélstjórnarmanna á öðrum fiskiskipum sem eru stærri en 20 brúttótonn og með aðalvél stærri en 100 kW. Í slíkum tilvikum þarf eigandi fiskiskips að leggja fram umsókn til Siglingastofnunar um mönnun þess og gera tillögu um mönnunina. Umsóknin er síðan send til umsagnar viðeigandi samtaka sjómanna og skipaeigenda og gefinn mánaðarfrestur til svara. Á grundvelli þessara umsagna er mönnun vélstjórnarmanna ákveðin af Siglingastofnun Danmerkur. Þeirri ákvörðun má skjóta til mönnunarnefndar sem er skipuð fulltrúum frá samtökum skipaeigenda og sjómanna og er ákvörðun hennar endanleg á stjórnsýslustigi.

Í Færeyjum eru gerðar eftirfarandi kröfur um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum:

1. 100–449 kW: einn vélstjórnarmaður með „duelighedsbevis í motorpasning“ (160 klst. nám og siglingatími).
2. 450–749 kW: einn vélstjórnarmaður með „motorpasser“ (5 mánaða námskeið og siglingatími).
3. 750–1499 kW: yfirvélstjóri, sem uppfyllir kröfu STCW–III/3, og 2. vélstjóri sem uppfyllir kröfu STCW–III/3.
4. 1500–3000 kW: sama og skv. 3. tölul., en þar að auki einn vélstjórnarmaður sem er „skibsmaskinist af 1. grad i nærfart“.
5. Yfir 3000 kW: yfirvélstjóri, sem uppfyllir kröfu STCW–III/2, 2. vélstjóri sem uppfyllir kröfu STCW–III/2 og einn vélstjórnarmaður sem uppfyllir kröfu STCW–III/1.

Um d-lið (16. gr.).

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns á íslenskum varðskipum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð. Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum er ákvæði í 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er lagt til að á hverju varðskipi skuli vera skipherra og yfirvélstjóri. Fjöldi stýrimanna miðast við 900 brúttótonn í stað 400 rúmlesta samkvæmt gildandi lögum. Flest varðskipanna eru stærri

en 900 brúttótonn og þurfa því þrjá stýrimenn og vélar þeirra eru stærri en 3000 kW og þarf því þrjá vélstjórnarmenn um borð, sbr. c-lið 8. gr. frumvarpsins.

Um e-lið (17. gr.).

Hér er fjallað um skemmtibáta, en skv. 2. gr. frumvarpsins er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenskri skipaskrá um 230 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um sama svæði sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Þeir þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti. Stjórnendur skemmtibáta verða að kunna að haga sér í samræmi við siglingareglur á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Aukin hætta er á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking getur valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki. Það tjón sem hlýst af mistökum eða vanþekkingu ber síðan tryggingafélag bátsins.

Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til stjórnenda skemmtibáta á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til að stjórna skemmtibáti. Gert er ráð fyrir að 17. gr. taki gildi 1. janúar 2004. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 17. gr. gerir kröfu um.

Um f-lið (18. gr.).

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns á öðrum skipum en nefnd eru sérstaklega í lögunum. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð. Hér getur verið um að ræða sanddæluskip, dráttarbáta, hafnsögubáta, vinnubáta og björgunarskip.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt þar sem í frumvarpinu felst að það tekur til fleiri skipa en farþegaskipa og flutningaskipa, þ.e. allra skipa á íslenskri skipaskrá.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki gildi 1. júlí 2002. Hins vegar er lagt til að ákvæði um skemmtibáta taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2004. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skírteinis sem gerð er krafa um.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/2000, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Tilgangur frumvarpsins er að víkka gildissvið laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og láta þau ná til allra skipa á skipaskrá. Á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um áhafnir íslenskra skipa sem ætlað var að tæki til áhafna allra íslenskra skipa. Í meðförum Alþingis takmarkaðist gildissvið frumvarpsins við farþegaskip og flutningaskip og var það samþykkt sem lög frá Alþingi. Verði þetta frumvarp að lögum falla niður gildandi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984. Jafnframt er tilgangur frumvarpsins að aðlaga íslenska löggjöf að alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa frá 1978 (STCW) og sömu atriða hjá sjómönnum á fiskiskipum (STCW–F).

Samkvæmt núgildandi lögum eru að störfum mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sem veitir undanþágur frá atvinnuréttindum vélstjórnar- og skipstjórnarmanna. Gert er ráð fyrir að þessar nefndir verði lagðar niður og verkefni þeirra færð til Siglingastofnunnar. Kostnaður af nefndunum hefur verið 1,5–1,8 m.kr. á ári og lækka útgjöld samgönguráðuneytisins sem því nemur. Siglingastofnun er einnig ætlað að fylgjast með að menntun sjómanna uppfylli STCW og STCW–F samþykktirnar. Að öllu meðtöldu er áætlaður kostnaður Siglingastofnunar 5 m.kr. Í fjárlögum 2001 var gert ráð fyrir þessari útgjaldaaukningu hjá Siglingastofnun.

Samkvæmt mati Siglingastofnunar aukast tekjur stofnunarinnar af útgáfu mönnunarskírteina og veitingar á undanþágum um 3 m.kr. frá því sem nú er.

903. Frumvarp til laga [576. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 6. gr. A laganna orðast svo: Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skuli vera 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90 hundraðshlutar af þeim verð- og/eða magntolli sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 6. gr. A í tollalögum er veitir landbúnaðarráðherra aukið svigrúm við ákvörðun um tollvernd grænmetis sem tilgreint er í viðaukum IVA og B við tollalög.

Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er byggð á tillögum starfshóps um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta sem skipaður var af landbúnaðarráðherra á fyrri hluta ársins 2001 og skilaði lokatillögum til ráðherra í janúar 2002. Í áfangatillögu starfshópsins til landbúnaðarráðherra frá 30. apríl 2001 var lagt til að tollar á afurðir í 7. kafla tollskrár, sem ekki eru framleiddar hér á landi, yrðu felldir niður. Með reglugerð nr. 439/2001 kom þessi tillaga til framkvæmda með niðurfellingu á 30% verðtolli sem lagður var á þessar afurðir auk nokkurra magntolla. Lokatillaga starfshópsins gerir ráð fyrir að 30% verðtollur verði felldur niður af öllum grænmetistegundum 7. kafla tollskrár með setningu nýrrar reglugerðar þess efnis. Þá er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra geti áfram stjórnað álagningu magntolls með setningu reglugerða. Núverandi lagarammi er með þeim hætti að verð- og/eða magntollur getur verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en ráðherra er heimilt að hreyfa við tollinum í 25% þrepum, þ.e. unnt er að lækka hann eða hækka þannig að hann nemi 0, 25, 50 eða 75% af þeim verð- og/eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá. Samkvæmt þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpi þessu getur tollurinn verið hæstur eins og hann er tilgreindur í tollskrá en heimilt er að lækka hann eða hækka í minni þrepum en áður þannig að hann nemi 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80 eða 90% af verð- og/eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá, eftir því hvað hentar hverju sinni til að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu.

Verði frumvarp þetta að lögum gilda sömu lagareglur og áður um þau sjónarmið sem landbúnaðarráðherra skal hafa til hliðsjónar við beitingu ákvæðisins. Við ákvörðun sína verður ráðherra áfram bundinn af 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. A þar sem segir: „Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkun tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hverrar vöru skulu vera hærri eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.“ Tollur skal m.ö.o. ekki mynda umframvernd fyrir framleiðendur sem kann að leiða til tímabundinna hækkana á verði innan lands sé um ónógt framboð á viðkomandi vöru að ræða eins og getur orðið í byrjun eða í lok framleiðslutímabils. Skal landbúnaðarráðherra tryggja að tollur verði ákveðinn á þann hátt að hann skapi sanngjarnt verðlagsaðhald og möguleika á samkeppni. Á þetta einkum við um framleiðsluvörur þar sem fákeppni ríkir í framleiðslu og markaðssetningu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að veita landbúnaðarráðherra heimild til þess að breyta tollum á grænmeti í minni þrepum en nú er.

Fer það eftir ákvörðun ráðherra hverju sinni hver áhrif breytingin hefur á tekjur ríkissjóðs.

904. Tillaga til þingsályktunar [577. mál]

um miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson, Helga Guðrún Jónasdóttir, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum er hafi það hlutverk að standa fyrir og efla rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við háskóla- og rannsóknastofnanir. Verði starfsemi rannsóknastofnana á svæðinu efld í því skyni.

Greinargerð.

Athyglisverðar tilraunir hafa staðið yfir á áframeldi þorsks hér við land á undanförnum árum. Ljóst er að þær geta falið í sér margvíslega möguleika á næstu árum. Til þess að svo geti orðið þarf á hinn bóginn að fara fram mikil þróunar- og rannsóknarvinna, að frumkvæði atvinnulífsins en með öflugum stuðningi hins opinbera. Er mikilvægt að vel verði að málum staðið og þess gætt að rasa ekki um ráð fram. Forsenda þess er að skipulega verði unnið að þróunar- og vísindastarfi og að sú vinna sé samhæfð sem mest og best til þess að hún skili sem mestum, bestum og skjótustum árangri. Er með tillögu þessari lagt til að þessi samhæfing verði fyrir tilstuðlan sérstakrar miðstöðvar atferlis- og eldisrannsókna á Vestfjörðum.

Möguleikar á fiskeldi.

Þessi hugmynd var sett fram opinberlega af Kristjáni G. Jóakimssyni, vinnslu- og markaðsstjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar, á ráðstefnu um þorskeldi sem fór fram á Ísafirði 27. febrúar sl.

Margvísleg rök hníga að því að þessi miðstöð verði sett niður á Vestfjörðum.

Í nýrri tillögu að byggðaáætlun er einmitt vikið að því að möguleikar séu á Vestfjörðum á uppbyggingu fiskeldis og eru það orð að sönnu. Þegar hafa menn hafist þar handa hvað varðar lax- og bleikjueldi. Og langmestur hluti þess eldisþorsks sem komið hefur til slátrunar hér á landi er alinn í kvíum á Vestfjörðum, sbr. fylgiskjal. Fyrir því eru þess vegna augljós rök að vel sé að þessum vaxtarbroddi hlúð.

Staðarkostir.

Fram kom á fyrrgreindri ráðstefnu um þorskeldi á Vestfjörðum að afar þýðingarmikið væri að þorskeldisstöðvar lægju nærri gjöfulum fiskimiðum. Gilti það um áframeldi þorksins en einnig ef menn reyndu að afla þorskseiða, þar sem flutningur á fiski og seiðum frá veiðislóð að kvíum væri dýr. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þessar aðstæður eru allar fyrir hendi á Vestfjörðum og eiga örugglega sinn þátt í því frumkvæði sem Vestfirðingar hafa sannarlega sýnt í þessum efnum. Þess vegna er skynsamlegt að byggja á þeirri dýrmætu þekkingu sem orðið hefur til á þessum slóðum og koma upp miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski á Vestfjörðum.

Það gerir þorskeldi líka fýsilegra á Vestfjörðum, og raunar víðar, að fiskurinn vex við kaldara hitastig en til dæmis laxinn. Af þessum ástæðum er hægt að koma við þorskeldi á svæðum þar sem erfiðara er að stunda laxeldi.

Samstarf fyrirtækja og stofnana.

Þann veg hefur verið staðið að þorskeldi á Vestfjörðum að fyrirtæki og einstaklingar hafa haft að því frumkvæði og leitað aðstoðar vísindamanna og annarra sérfræðinga á þessu sviði. Á undanförnum árum hefur þess verið freistað að byggja upp á Vestfjörðum öflugra þróunarstarf. Má í því sambandi nefna að starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Þróunarsetrinu á Ísafirði hefur verið efld og enn fremur hefur Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík mjög vaxið fiskur um hrygg. Hafa starfsmenn þessara stofnana mjög komið að starfinu við þorskeldið og notið atbeina Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Þetta starf þarf að þróa áfram og virkja það mikla frumkvæði sem fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt. Hlutur þeirra í þessu starfi verður því að vera stór.

Áhersla á rannsóknir og umhverfisþætti.

Ljóst er að forsenda framfara í þorskeldi er aukin áhersla á rannsóknir. Í því sambandi þarf að hyggja að sjúkdómavörnum, þótt talið sé að sjúkdómahætta við þorskeldi sé ekki yfirvofandi. Engu að síður þarf að efla viðbúnað takist okkur að auka umsvif þorskeldisins. Enn fremur er mjög brýnt að ná tökum á kynbótum í eldisþorski, líkt og menn hafa gert í öðru fiskeldi. Er það talin einhver mikilvægasta forsenda þess að okkur auðnist að draga úr kostnaði við framleiðslu á eldisþorski og gera hana arðbæra. Hefur verið áætlað að með skipulegum kynbótum megi jafnvel lækka framleiðslukostnað um 1–3% á ári, sem er verulegur árangur.

Eitt af því sem menn hafa gert frá byrjun við þorskeldi á Vestfjörðum er að hyggja vel að umhverfisþáttum málsins. Þetta er mikilvægt, eins og vel kom fram í máli forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða, dr. Þorleifs Eirikssonar, á þorskeldisráðstefnunni á Ísafirði. Þar lagði hann meðal annars áherslu á eftirtalin atriði:

- Til að fiskeldi (þorskeldi) fái að þróast sem mikilvæg atvinnugrein verður að taka á umhverfismálum jafnhliða.
- Í þróun fiskeldis á Vestfjörðum hafa stofnanir og einkaaðilar sameinað krafta sína við uppbyggingu greinarinnar.
- Umhverfismál hafa verið á dagskrá frá byrjun og er það viðurkennt að best sé að leysa þau fyrst.

Miðstöð þorskeldisrannsókna.

Í ræðu Kristjáns G. Jóakimssonar, sem fyrr er vitnað til, víkur hann að því að heildarmagn slátraðs eldisþorsks sé enn sem komið er ekki mikið. Og síðan bætir hann við:

„En ég get auðveldlega séð fyrir mér að á næstu þrjú til fimm árin geti þetta magn tvö- til þrefaldast á ári. Sem þýðir að innan fárra ára gæti heildarmagn slátraðs eldisþorsks á Vestfjörðum numið þúsundum tonna.

Til þess að það gangi eftir þurfa einstaklingar og fyrirtæki að hafa ákveðið áræði og fjárhagslegt úthald. Þá þarf einnig stóraukna og markvissa uppbyggingu í rannsóknum og opinberri þjónustu. Það er ekki síður mikilvægt fyrir rannsóknarvinnuna að hún sé unnin í sem mestri nálægð við atvinnustarfsemina sjálfa sem og að uppbygging eldisins sé í nálægð við rannsóknaumhverfið.

Mín framtíðarsýn er því einnig sú að samfara uppbyggingu þorskeldis hér á Vestfjörðum verði jafnframt tekin sú pólitíska ákvörðun að á Vestfjörðum verði miðstöð atferlis- og eldisrannsókna á þorski. Það rannsóknaumhverfi verði byggt upp með því að efla starfsemi Hafró og Rf á svæðinu og með því að efla frekari tengingar við háskólana í landinu.

Ef við lítum á aðrar eldistegundir þá hefur rannsókna- og kynbótastöð fyrir lax verið komið fyrir í Kollafirði. Þróunarstöð fyrir bleikju í Skagafirði og miðstöð lúðueldis í Eyjafirði. Markvissar rannsóknir eru nú stundaðar á heitsjávartegundunum sandhverfu og sæeyrum í Grindavík sem og þorskseiðarannsóknir eins og fram hefur komið. Þá eru hafnar rannsóknir á hlýraeldi í Neskaupstað sem er vel. Í þessu samhengi færi vel á að miðstöð þorskeldis yrði á Vestfjörðum, enda búið að marka slíkar tillögur með ákveðnum hætti í tillögum að nýrri byggðaáætlun fyrir Vestfirði, en þar eru möguleikar Vestfjarða metnir góðir innan fiskeldis.

Eins og fram hefur komið hér á undan hefur ákveðið frumkvæði verið tekið í tilraunum á áframeldi þorski hér á Vestfjörðum af einstaklingum og fyrirtækjum ásamt útibússtjórum Hafró og Rf í góðum tengslum við háskóla fyrir norðan og sunnan ásamt þátttöku þjónustufyrirtækja í fjórðungnum. Áratuga löng reynsla er fyrir eldi á laxi og silungi á svæðinu, sérstaklega á Tálknafirði en einnig víðar á suðursvæði Vestfjarða og Ísafjarðardjúpi. Auk þessa hefur Náttúrustofa Vestfjarða hafið ákveðið starf og er þátttakandi í norrænu verkefni er snýr m.a. að umhverfismálum og fiskeldi.

Heföbundinn sjávarútvegur á svæðinu sem býr yfir mikilli fagþekkingu á veiðum og vinnslu er einnig kjörinn jarðvegur til að fóstra uppbyggingu þorskeldis. Hér eru því að mínu mati kjörin sóknarfæri í atvinnulífi okkar Vestfirðinga. Hér er líka kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að ná fram lögbundnum markmiðum í byggðamálum með almennum aðgerðum sem felast í uppbyggingu rannsókna- og þróunarstarfsemi hér á Vestfjörðum, starfsemi sem jafnframt getur þjónað landinu öllu, en starfað hér við kjöraðstæður í þessari grein.“

Góð tækifæri.

Allt hnígur þetta að hinu sama. Möguleikarnir eru vissulega góðir. Afar óráðlegt er þó að líta svo á að þorskeldi sé í hendi. Mjög margt er ógert áður en svo verður. Skipuleg rannsóknarstarfsemi, öflugt frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja og markviss opinber stuðningur þarf að fara saman svo að vel takist til. Í því skyni er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir eldisstaði og magn.

Staður	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Samtals, tonn
Skutulsfjörður		3,0	7,6	11,1	0,5			9,0	7,6	38,8
Patreksfjörður		11,5								11,5
Tálknafjörður (2 stöðvar)		20,0						2,2	23,3	45,5
Dýrafjörður		2,5	2,4	3,5						8,4
Drangsnes		0,7		3,1						3,8
Álftafjörður við Súðavík			1,1						31,0	32,1
Súgandafjörður				0,2	slapp					0,2
Stöðvarfjörður (3 stöðvar)	0,7	6,0	12,1							18,8
Norðfjörður		1,7	11,6	10,0						23,3
Seyðisfjörður				9,0						9,0
Berufjörður					slapp					0,0
Eskifjörður					slapp					0,0
Eyjafjörður (2 stöðvar)					lítið				4,0	4,0
Siglufjörður									4,0	4,0
Samtals, tonn	**0,7**	**45,4**	**34,8**	**36,9**	**0,5**	**0,0**	**0,0**	**11,2**	**69,9**	**199,4**

905. Fyrirspurn [578. mál]

til forsætisráðherra um þjóðareign náttúruauðlinda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Hvað líður framkvæmd þeirrar megintillögu auðlindanefndar að ákvæði um þjóðareign náttúruauðlinda og landsréttinda sem ekki eru háð einkaeignarrétti verði sett í stjórnarskrá?

906. Frumvarp til laga [579. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Flm.: Kristján Pálsson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Það telst fullvinnsla í þessu sambandi ef flökun eða flatning botnfisks og flökun uppsjávarfisks er þáttur í vinnslunni.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Skipum, sem leyfi hafa til fullvinnslu afla um borð, er óheimilt að fleygja fiski, fiskhlutum

eða fiskúrgangi fyrir borð. Er skylt að koma með að landi allan afla þessara skipa, þar á meðal það sem til fellur við vinnsluna, svo sem hryggi, afskurð, hausa og innyfli eða afurðir unnar úr þeim. Er óheimilt að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um fullvinnslu uppsjávar- og botnfiskafla um borð í veiðiskipum.**

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipum, sem hafið hafa fullvinnslu botnfiskafla fyrir gildistöku laga þessara, skal veittur frestur til að fullnægja kröfum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Er fresturinn við það miðaður að innan hans sé heimilt að halda áfram fullvinnslu botnfisks með svipuðum hætti og hafin var fyrir gildistöku laganna. Skal fresturinn vera til 1. janúar 2006 en ráðherra getur með reglugerð ákveðið að tilteknum kröfum um nýtingu skuli fullnægt fyrr. Þar er um að ræða nýtingu hausa og hryggja sem til falla við framleiðsluna og hefur verið varpað fyrir borð fram að þessu. Þetta ákvæði tekur einnig til nýrra fullvinnsluskipa sem ekki var samið um smíði eða kaup á með bindandi hætti fyrir 1. júní 2001.

Greinargerð.

Í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð (þskj. 732 á yfirstandandi löggjafarþingi) kemur fram að 29 skip hafa leyfi til fullvinnslu og 31 skip þar fyrir utan er með einhverja vinnslu á afla um borð. Fjöldi skipa sem vinna afla um borð er því samtals 60. Heildarafli þessara skipa upp úr sjó fiskveiðiárið 2000–2001 var 157.816 tonn. Þar af var 92.432 tonnum landað sem afurðum. Á fiskveiðiárinu var því ríflega 60.000 tonnum hent í sjóinn. Af þessum afla eru 42.262 tonn þorskur sem með 44% nýtingu gefa 18.590 tonn í afurðum. Af þessu þorskmagni upp úr sjó eru 11.000 tonn af hausum, 6.000 tonn af hryggjum og 330 tonn af gellum sem allt fer í hafið á síðasta fiskveiðiári utan 678 tonna sem landað var af hausum. Lauslega áætlað er verðmæti í þorskhausum sem hent er 600 millj. kr., í gellum 180 millj. kr. og hryggjum 180 millj. kr. Samtals er því hent í hafið þorskafurðum fyrir um 1 milljarð kr. árlega af vinnsluskipunum. Þá er eftir að verðleggja þau 40 þús. tonn til viðbótar sem hent er fyrir borð. Sá hluti telst vart eins verðmætur og þorskhausinn og hryggurinn. Þó skal það ekki fullyrt því að ekki hefur reynt á hvað hægt væri að fá fyrir þann afla. Við mjölvinnslu fengjust um það bil 500 millj. kr. fyrir þau 8.000 tonn sem áætla má að fengjust úr 40 þús. tonnum af úrgangi. Við fyrrnefnda nýtingu alls þess sem hent er af fullvinnsluskipum í sjóinn miðað við fiskveiðiárið 2000–2001 fengjust því verðmæti upp á 1,5 milljarð kr.

Með lögum nr. 58/1996 féll úr gildi sú skylda að koma með allan afla að landi. Þegar þær breytingar voru lagðar fram til 1. umræðu í þinginu kom fram veruleg andstaða gegn þeim og var bent á þá hættu sem fylgdi svo víðtækri heimild. Komið hefur á daginn að hún hefur valdið gegndarlausri sóun á verðmætum eins og komið hefur fram í umræðunni um brottkast.

Það var vegna mikils kostnaðar útgerðarinnar við stækkun skipa sem afráðið var að hverfa frá áformum um að allur veiddur fiskur yrði að koma að landi vegna þess að kaupa þurfti úreldingu dýrum dómum. Ekki þarf lengur að kaupa slíka úreldingu og því ástæðulaust að

leggjast gegn tilgangi frumvarpsins þess vegna. Flutningsmenn telja ekki ástæðu til þess að blanda því saman að svo stöddu hvort beinn peningalegur hagnaður sé af einstaka afurð vegna þess ásetnings að veiddur afli verði nýttur. Enda er það svo hjá landvinnslunni að þar er allur afli nýttur og ekki spurt um arðsemi.

Aðeins eitt skip, Þerney, er með mjölvinnslu um borð af þeim fullvinnsluskipum sem hafa leyfi.

Orðalag þeirra breytinga sem boðaðar eru með þessu frumvarpi er mikið til óbreytt frá upphaflegu frumvarpi frá árinu 1991 á 115. löggjafarþingi, 125. mál. Hugmyndin er einnig sú sama, að nýta allan veiddan afla á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 54/1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

Heiti laganna er breytt svo að þau nái til allra vinnsluskipa en ekki aðeins skipa sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla þannig að í stað laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum komi fullvinnsla uppsjávar- og botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr. nær til allra veiðiskipa sem fullvinna afla um borð.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Fylgiskjal IV með svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um nýtingu afla af fullvinnsluskipum og öðrum skipum sem vinna aflann um borð. (Sjá þskj. 732, 411. mál.)

907. Nefndarálit [347. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Guðmund Guðbjarnason, Jón Guðmundsson og Telmu Halldórsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Vilhjálm Bjarnason og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhann Unnsteinsson frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Örn Klemensson og Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Þorvarð Gunnarsson frá Deloitte & Touche hf., Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra, Völu Valtýsdóttur frá Taxis hf., Ernu Bryndísi Halldórsdóttur endurskoðanda og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Þjóðhagsstofnun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Ernu Bryndísi Halldórsdóttur, Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Seðlabanka Íslands, Deloitte & Touche hf., ríkisskattstjóra, Lögmannafélagi Íslands, Ríkisendurskoðun, Lögmannsstofunni Taxis hf. og reikningsskilaráði.

Frumvarpinu er ætlað að heimila íslenskum félögum sem uppfylla ákveðin skilyrði að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli. Miðað er við að þau félög sem fá þessa heimild notfæri sér hana í að minnsta kosti fimm ár nema þau hætti á einhverjum tíma að uppfylla skilyrðin fyrir notkun hennar. Þetta fyrirkomulag er lagt til svo að jafnvægi náist

og skammtímahagsmunir ráði ekki ferðinni við samningu ársreiknings hverju sinni. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir breytingum á skattalögum til þess að tryggja að skattstofn þeirra félaga sem nýta sér heimildina verði áfram í íslenskum krónum.

Nefndin leggur til töluverðar breytingar á frumvarpinu. Þær eru sem hér segir:

1. Lagt er til að í stað þess að skylt verði að færa bókhald bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli vegna skattskila verði heimilt að færa það eingöngu í erlendum gjaldmiðli, en nokkur gagnrýni kom fram á þetta skilyrði í umfjöllun nefndarinnar um málið. Eftir stendur að félögum er frjálst að velja hvort þau færa áfram samhliða bókhald í íslenskum krónum vegna skattskila. Hins vegar verður að gera þá kröfu að félög haldi launabókhald, skrá um afdrátt opinberra gjalda, útskrift reikninga vegna virðisaukaskattsskyldrar sölu á vörum og þjónustu, svo og innskatt vegna kaupa á virðisaukaskattsskyldum aðföngum og öðrum upplýsingum er varða upplýsingagjöf til skattyfirvalda í íslenskum krónum, sbr. tillögu um breytingar á 8. gr. frumvarpsins og frumvarps sem nefndin flytur um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og tryggingagjald.
2. Lagt er til að orðin „á starfsstöð“ í 1. málsl. efnismálsgreinar a-liðar 3. gr. frumvarpsins falli brott til að fyrirbyggja allan misskilning. Ákvæðið heimilar félögum að geyma bókhald og bókhaldsgögn sín erlendis. Hér er átt við félög skráð hérlendis, t.d. dótturfélög erlendra félaga eða útibú þeirra sem eru því bókhaldsskyld hér á landi en bókhald gæti verið fært á starfsstöð eigenda erlendis. Ákvæðið nær ekki til samsvarandi félaga í eigu íslenskra félaga sem skráð eru erlendis enda eru þau bókhaldsskyld samkvæmt þarlendum lögum. Því er lagt til að niður falli orðin „á starfsstöð“ þar sem þau eru til þess fallin að valda misskilningi.
3. Þá er lagt til að í stað orðanna „í erlendri mynt“ í lokamálslið 4. gr. frumvarpsins komi orðin „í erlendum gjaldmiðli“, en þetta er gert til að gæta samræmis í orðanotkun.
4. Til skýringar er einnig lögð til orðalagsbreyting við 5. gr. frumvarpsins til að ljóst sé að átt er við viðskipti móðurfélags sem er hér á landi við erlent dótturfélag og að viðskipti móðurfélagsins séu svo til eingöngu við dótturfélagið.
5. Nefndin leggur jafnframt til breytingar á 6. gr. frumvarpsins þess efnis að félög sem taka upp færslu bókhalds í erlendum gjaldmiðli hafi í upphafi val um það hvort þau umreikni fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs samkvæmt lokagengi þess árs eða umreikni efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, þ.e. fastafjármuni og eignarhluti í félögum, með því gengi sem gilti við kaup eignanna, þ.e. sögulegu gengi. Þá verður heimilt að umreikna innborgað hlutafé og stofnfé, þ.m.t. innborgað yfirverð, á því gengi sem gilti þegar innborganir hlutafjár og yfirverðs þess fóru fram. Lögbundinn varasjóður hlutafélaga skal þó vera sama hlutfall af nafnverði hlutafjár í erlendum gjaldmiðli og það er í reikningsskilum fyrir umreikning. Nefndin bendir á að gera megi ráð fyrir því að það verði einkum eldri félög sem muni umreikna eignir sínar og skuldir með lokagengi reikningsársins en yngri félög og þau sem þegar hafi lagt fram ársreikninga sína, bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli, nýti sér valmöguleika við umreikninginn.
6. Lagt er til að frestur í 7. gr. frumvarpsins verði framlengdur um tvo mánuði, til 30. apríl 2002, þar sem frumvarpið var ekki afgreitt fyrir áramót eins og upphaflega var stefnt að.
7. Loks gerir nefndin tillögur um viðamiklar breytingar á 8. gr. frumvarpsins og leggur til þá meginreglu í 1. mgr. að umreikna skuli fjárhæðir úr starfrækslugjaldmiðlinum í íslenskar krónur og ákvarða skattstofna samkvæmt því. Umreikningsaðferðin sem hér er lögð til er almennt viðurkennd í reikningsskilum þegar verið er að umreikna fjárhæðir úr starfrækslugjaldmiðli í annan gjaldmiðil og er hún tiltölulega auðveld í notkun. Hún

gefur þó ekki eins nákvæma niðurstöðu og hefðbundin framtalsskil sem byggjast á niðurstöðum úr bókhaldi sem fært er í íslenskum krónum. Kemur það til af því að verið er að umreikna fjárhæðir úr starfrækslugjaldmiðli yfir í íslenskar krónur sem áður hafa jafnvel verið umreiknaðar á árinu úr íslenskum krónum á öðru gengi. Enn fremur er um innbyggt endurmat fjárhæða að ræða vegna breytinga á gengi milli reikningstímabila, t.d. á fastafjármunum og fyrningarfjárhæðum þeirra.

Í 2. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að tekjur og gjöld verði umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi. Rekstrarliðir ársreiknings sem nauðsynlegt er að breyta til samræmis við ákvæði skattalaga verða því einnig umreiknaðir á meðalgengi reikningstímabilsins nema annað leiði af lögunum, sbr. umfjöllun um frestaðan söluhagnað og tap.

Þá er lögð til sú meginregla að eignir og skuldir verði umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok viðkomandi reikningsárs. Efnahagsliðir ársreiknings sem nauðsynlegt er að breyta til samræmis við ákvæði skattalaga verða því einnig umreiknaðir á lokagengi reikningsársins nema annað leiði af lögunum, sbr. ákvæði um eignamat vegna tiltekinna eigna, þ.e. fasteigna og eignarhluta í félögum.

Jafnframt er tekið fram að sá gengismunur sem myndast við það að ekki er notað sama gengi við umreikning rekstrarliða annars vegar og efnahagsliða hins vegar skuli ekki hafa áhrif á skattskyldar tekjur eins og þær ákvarðast skv. a-lið 2. mgr. 8. gr. eins og lagt er til að henni verði breytt.

Í 3. mgr. er nánar kveðið á um ákvörðun tekjuskattsstofns og eignarskattsstofns félaga sem semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Kveðið er á um að umreikna skuli fjárhæðir á fyrningaskýrslu, stofnverð og fengnar fyrningar, svo og stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki eru í fyrnanlegu ástandi í lok viðkomandi reikningsárs með lokagengi við umreikning yfir í erlendan gjaldmiðil. Með þessu ákvæði er verið að viðhalda hlutfalli fyrningarverðs og fenginna fyrninga við yfirfærslu í erlendan gjaldmiðil og er óháð þeirri aðferð sem notuð er við yfirfærslu þessara fjárhæða skv. 6. gr. frumvarpsins. Söluhagnaður eða sölutap í íslenskum krónum fer eftir a-lið 2. mgr. eins og lagt er til að henni verði breytt.

Þá er lagt til að um söluhagnað á eignarhlutum fari eftir ákvæðum 17. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þegar um hlutabréf er að ræða en 18. gr. sömu laga þegar um eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum er að ræða. Hér er um frávik að ræða frá ákvæðum a-liðar 2. mgr., eins og lagt er til að henni verði breytt, þar sem stofnverð þessara eigna og söluverð í íslenskum krónum er ákvarðað á sama hátt og hjá félögum sem semja skattskil á grundvelli ársreiknings í íslenskum krónum. Sérstakar reglur gilda um ákvörðun söluhagnaðar eftir því hvort eignarhluti var í eigu seljanda eða ekki í árslok 1996 vegna afnáms verðleiðréttra reikningsskila og skattskila á síðasta ári. Einnig er lagt til að fasteignir skuli telja fram á fasteignamati og eignarhlutar í félögum á nafnverði í íslenskum krónum eins og lögin kveða á um varðandi önnur félög, sbr. 74. gr. laganna, en þær fjárhæðir færast til eigna í stað umreiknings skv. b-lið 2. mgr. eins og lagt er til að henni verði breytt. Þá er lagt til að hlutafé félags skuli færast til frádráttar eignum skv. 77. gr. laganna samkvæmt skráðu nafnverði þess í íslenskum krónum og að þegar söluhagnaður ákvarðaður í íslenskar krónur í greinargerð skv. 1. mgr., eins og lagt er til að henni verði breytt, er ekki skattlagður á söluári en skattlagningu frestað samkvæmt heimild í lögunum komi fjárhæð hans til tekna óbreytt eins og við skattskil fyrirtækja í íslenskum krónum. Á sama hátt skal rekstrartap eins og það er ákvarðað í íslenskum krónum í greinargerð færast til frádráttar rekstrartekjum í

óbreyttri krónufjárhæð eins og við skattskil fyrirtækja í íslenskum krónum. Um söluhagnað og rekstrartap sem myndaðist reikningsárið 2001 og fyrr fer eftir bráðabirgðaákvæði C- og D-liðar b-liðar í 41. gr. laga nr. 133/2001, sem breyttu lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Loks er lagt til varðandi 3. mgr. að um skattskil lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli fari að öðru leyti en að framan greinir eftir sömu reglum og gilda um skattskil lögaðila í íslenskum krónum. Þetta varðar bæði ákvörðun um hvenær og hvernig tekjur eru færðar til tekna og gjöld til frádráttar, svo og um eignir og skuldir.

Þá leggur nefndin til að í 4. mgr. verði þeim aðilum sem færa bókhald sitt jafnframt í íslenskum krónum heimilað að byggja greinargerð sína skv. 1. mgr., eins og lagt er til að henni verði breytt, til ákvörðunar á tekjuskattsstofni og eignarskattsstofni á grundvelli þess bókhalds í stað umreiknings. Það er þó áskilið að þeirri aðferð verði viðhaldið í a.m.k. fimm ár, en eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er þessi möguleiki fyrir hendi í bókhaldshugbúnaði og fyrir liggja upplýsingar um að íslensk félög noti slíkan hugbúnað.

8. Nefndin leggur einnig til að við frumvarpið bætist ný grein, 9. gr., þess efnis að upplýsingar til skattyfirvalda sem skylt er að gefa skv. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, varðandi þriðja aðila, svo sem upplýsingar um launagreiðslur, verktakagreiðslur, hlutafé og arðgreiðslur og aðrar slíkar upplýsingar, skuli vera í íslenskum krónum eins og þær voru ákvarðaðar við greiðslu. Þar sem um er að ræða íslensk félög sem skráð eru hér á landi og eru skattskyld af starfsemi sinni hér á landi fara greiðslur oftast nær fram hérlendis í íslenskum krónum, t.d. laun. Staðgreiðsla reiknast samkvæmt því og er skilað í ríkissjóð, svo og tryggingagjald sem reiknast af launagreiðslum. Sama fjárhæð verður svo gjaldandi að gefa upp á skattskýrslu sinni og greidda staðgreiðslu af henni. Í undantekningartilvikum kann að vera að launagreiðsla fari fram í erlendum gjaldmiðli en þá er hin almenna regla um færslu erlendra viðskipta í bókhaldi sem ákvarðar fjárhæðina samkvæmt viðskiptagengi greiðsludagsins. Sama má segja um virðisaukaskatt. Öll virðisaukaskattsskyld viðskipti fara fram innan lands og reikningar milli íslenskra fyrirtækja verða að vera áfram í íslenskum krónum að uppruna til og greiðslur í íslenskum krónum. Annars verða viðskiptaaðilar að taka á sig gengisáhættu eingöngu vegna þess að annar aðilinn hefur heimild til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli. Innskattur annars aðilans í viðskiptum verður að vera í samræmi við útskatt hins aðilans og skil skattsins til ríkissjóðs. Fyrirtækin verða því að halda utan um allar slíkar greiðslur sem skylt er að gera skattyfirvöldum grein fyrir sem og þriðja aðila. Það verður því ekki hjá því komist að félög haldi utan um ýmsar greiðslur í íslenskum krónum þrátt fyrir að bókhaldsbækurnar séu færðar í erlendum gjaldmiðli.
9. Loks gerir nefndin breytingartillögu við gildistökuákvæði frumvarpsins þess efnis að lögin öðlist þegar gildi en komi til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

Samhliða afgreiðslu málsins úr nefndinni og þeim breytingartillögum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan flytur nefndin sjálfstætt frumvarp til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 13/1990, um tryggingagjald, en það er nauðsynlegt vegna þeirra breytinga sem nefndin leggur til á frumvarpinu, sbr. 8. lið hér að framan.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

908. Breytingartillögur [347. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 3. efnismgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „á starfsstöð“ í 1. málsl. efnismálsgreinar a-liðar falli brott.
   b. Inngangsmálsliður b-liðar orðist svo: 2. mgr. sem verður 3. mgr. orðast svo.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „í erlendri mynt“ í lokamálslið komi: í erlendum gjaldmiðli.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „og meginstarfsemi þeirra er erlendis“ í 2. tölul. 1. efnismgr. a-liðar (11. gr. A) komi: og meginviðskipti eru við þessi félög.
   b. Orðið „laganna“ í 4. tölul. 1. efnismgr. a-liðar (11. gr. A) falli brott.
5. *Við 6. gr. Greinin orðist svo:*
   90. gr. laganna orðast svo:
   Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A, skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gilti þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.
6. Við 7. gr. Í stað dagsetningarinnar „28. febrúar 2002“ komi: 30. apríl 2002.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein, 91. gr. A, svohljóðandi:
   Skýrslu lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A laga um ársreikninga, skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð, sbr. 1. mgr. 91. gr., um skatt-

stofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum.

Fjárhæðir í greinargerð skv. 1. mgr. skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á eftirfarandi hátt:

a. Tekjur og gjöld á árinu, þ.m.t. fyrningar, skulu umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi reikningsársins.
b. Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi í lok viðkomandi reikningsárs.
c. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skv. a- og b-liðum skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

Við umreikning í starfrækslugjaldmiðil skal umreikna fyrningargrunn eigna og fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun á lokagengi þess reikningsárs og skal skattalegt stofnverð ákvarðast í samræmi við þann umreikning. Við sölu á eignarhlutum í félögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við ákvæði 2. málsl. 4. mgr. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eftir því sem við á í íslenskum krónum en söluverðið skal umreikna í íslenskar krónur á daggengi við sölu. Við sölu eignarhluta í félögum sem seljandi hefur eignast eftir 1996 skal stofnverð þeirra ákvarðað í íslenskum krónum miðað við daggengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við daggengi við sölu. Fasteignir skal telja til eignar skv. 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. og eignarhlutir í félögum skulu færðir til eignar skv. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. Hlutafé félags, sbr. 77. gr., skal fært á nafnverði í íslenskum krónum. Þegar frestaður hluti söluhagnaðar er skattlagður skal fjárhæð hans færð til tekna óbreytt í krónum talið frá því ári sem hann myndaðist. Rekstrartap frá fyrri árum skv. 8. tölul. 31. gr. skal fært til frádráttar rekstrarhagnaði ársins óbreytt í krónum talið frá því sem fram kemur í greinargerðum skv. 1. mgr. á þeim rekstrarárum er tapið myndaðist. Um skattskil lögaðila, sem byggð eru á bókhaldi og ársreikningi í erlendum gjaldmiðli, gilda að öðru leyti sömu reglur og gilda um skattskil lögaðila í íslenskum krónum.

Heimilt er lögaðila, sem færir bókhald sitt í íslenskum krónum auk bókhalds í starfrækslugjaldmiðli, að byggja greinargerð sína skv. 1. mgr. á bókhaldi í íslenskum krónum, en þá skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár.

8. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum á daggengi.

9. Við 9. gr. sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

909. Frumvarp til laga [580. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukaskattsskýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við 347. mál á yfirstandandi löggjafarþingi þar sem lagt er til að félögum verði veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Vegna þeirra breytinga sem efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að gerðar verði á því máli er nauðsynlegt að breyta einnig á lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald til að taka af allan vafa um að virðisaukaskattsskýrslur og launaframtöl félaga sem nýta sér heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skuli engu síður byggjast á upprunalegum fjárhæðum þeirra í íslenskum krónum. Launaframtal félaga má þó einnig byggjast á umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

910. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

1. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókara“ í 5. gr. laganna kemur: fjársýslustjóra.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Fjársýslu ríkisins er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent Fjársýslu ríkisins og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Fjársýsla ríkisins getur framlengt skilafrestinn um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem um getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókari“ í 47. gr. laganna kemur: fjársýslustjóri.

4. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir Fjársýslu ríkisins forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Hún skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Fjársýsla ríkisins skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Fjársýsla ríkisins annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og þær ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins.

Fjársýsla ríkisins skal annast gerð ríkisreiknings.

5. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhalds“ í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982.

6. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhaldið“ í 9. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

8. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

V. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldi“ í 53. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

11. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

VII. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, fer fjármálaráðuneytið meðal annars með mál sem varða ríkisféhirslu og ríkisbókhald. Ráðuneytið hefur ákveðið breytta tilhögun ríkisféhirslu frá 1. mars 2002 og verða ríkisbókhaldi falin þau verkefni sem ríkisfjárhirslan hefur haft með höndum. Þetta er gert í framhaldi af úttekt ráðuneytisins á starfsemi ríkisfjárhirslunnar og ríkisbókhalds á síðasta ári. Niðurstaða hennar var m.a. að ná mætti auknu hagræði með sameiningu verkefna stofnana. Hagræðingin kemur m.a. fram í einfaldari ferli skjala, bættu greiðslufyrirkomulagi og auðveldara uppgjöri bókhalds. Nýtt fjárhags- og mannauðskerfi sem tekið verður í notkun hjá ríkissjóði, ráðuneytum og ríkisstofnunum á næsta ári ýtir enn frekar undir þessa hagræðingu.

Þessi tilfærsla verkefna ein og sér gerir ekki kröfu til lagabreytinga. Í áðurnefndri auglýsingu um Stjórnarráðið er einungis kveðið á um verkefni ríkisféhirslu, en um hana gilda ekki sérstök lög. Hins vegar hafa verkefni og hlutverk ríkisbókhalds tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum. Þannig var afgreiðsla launa flutt frá fjármálaráðuneytinu til ríkisbókhalds árið 1998 og með þessari ákvörðun tekur stofnunin yfir verkefni ríkisfjárhirslu. Í lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er kveðið á um stöðu og hlutverk ríkisbókhalds og þykir í ljósi nefndra breytinga rétt að skýra betur hlutverk þess. Jafnframt þykir núgildandi nafn stofnunarinnar hafa of þrönga skírskotun miðað við breytt hlutverk. Er því lagt til heitið Fjársýsla ríkisins og að forstöðumaður hennar gegni heitinu fjársýslustjóri.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum fjárreiðulaga um hlutverk Fjársýslu ríkisins með vísan til þess sem að framan greinir og nauðsynlegar breytingar aðrar sem leiðir af nafnbreytingunni. Í I. kafla þessa lagafrumvarps eru ákvæði sem snúa að breytingum á einstökum greinum laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Í II.–VI. kafla eru lagðar til óhjákvæmilegar breytingar á öðrum lögum sem leiðir af nafnbreytingunni. Loks eru gildistökuákvæði í VII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. núgildandi laga um fjárreiður ríkisins er mælt fyrir um að ríkisreikningi skuli fylgja áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að vísað verði til fjársýslustjóra sem gegnir hlutverki forstöðumanns Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókara.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 20. gr. núgildandi laga um fjárreiður ríkisins að öðru leyti en því að í stað tilvísana til ríkisbókhalds er vísað til Fjársýslu ríkisins.

Um 3. gr.

Í 47. gr. núgildandi laga um fjárreiður ríkisins er fjallað um skipun ríkisreikningsnefndar. Ríkisbókari á sæti í nefndinni. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að vísað verði til fjársýslustjóra í stað ríkisbókara.

Um 4. gr.

1.–3. mgr. og 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 48. gr. núgildandi laga um fjárreiður ríkisins að öðru leyti en því að í stað tilvísana til ríkisbókhalds í núgildandi lögum er vísað til Fjársýslu ríkisins. Lagt er til að nýrri málsgrein, 4. mgr., verði bætt inn í greinina þar sem kveðið yrði á um að Fjársýsla ríkisins annist féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins.

Um 5. gr.

Í 49. gr. núgildandi laga um fjárreiður ríkisins er mælt fyrir um að forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila beri ábyrgð á að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Einnig segir að þeir beri ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og að staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að vísað verði til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 6. gr.

Í 9. gr. núgildandi laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands segir að heimilt sé að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að vísað verði til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 7. gr.

Í núgildandi lögum um sóknargjöld o.fl. segir að Þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög og Háskólasjóður skuli eiga ákveðna hlutdeild í álögðum tekjuskatti. Í 4. gr. laganna er mælt fyrir um að ríkisbókhaldið annist skiptingu þessa gjalds. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að vísað verði til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 8. gr.

Í 4. mgr. 5. gr. núgildandi laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna segir að bókhaldi sjóðsins skuli hagað samkvæmt fyrirmælum ríkisbókhalds. Lögð er til sú breyting að vísað verði til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 9. gr.

Í 53. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra segir að sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka, sem reknar eru samkvæmt lögunum og njóta framlaga úr ríkissjóði, skuli skila félagsmálaráðuneyti, viðkomandi svæðisráði, ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársreikningi undirrituðum af löggiltum endurskoðanda ásamt skýrslu um starfsemi liðins árs. Lögð er til sú breyting á núgildandi lagagrein að vísað verði til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 10.–11. gr.

Í 4. mgr. 39. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu segir að hver kirkjugarður eigi rétt á gjaldi af óskiptum tekjuskatti fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri eftir ákveðnum reglum. Í greininni segir að ríkisbókhaldið annist skiptingu gjaldsins.

Í 2. mgr. 40. gr. sömu laga segir að ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skuli standa stjórn Kirkjugarðasjóðs skil á ákveðnu hluta kirkjugarðsgjalda.

Lögð er til sú breyting að í báðum þessum lagagreinunum verði vísað til Fjársýslu ríkisins í stað ríkisbókhalds.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins og fleiri lögum í tengslum við áform um að ríkisbókhaldi verði falin þau verkefni sem ríkisfjárhirslan

hefur haft með höndum og að heiti stofnunarinnar verði breytt í Fjársýslu ríkisins. Markmiðið með sameiningunni er að ná fram hagræðingu og samhæfa betur vinnuferli skyldra verkefna. Eftir þessa breytingu er gert ráð fyrir að störfum fækki um eitt þar sem ekki verður þá endurráðið í starf ríkisféhirðis. Reiknað er með sparnaði í útgjöldum málaflokksins við þessa breytingu.

911. Frumvarp til laga [582. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til stofns telst enn fremur endurgjald sem ber að reikna manni sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun skattstjóra skv. 2. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir orðunum „sjálfstæða starfsemi“ í 6. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „(OECD)“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og Liechtenstein.
b. Á eftir orðinu „OECD“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða Liechtenstein.
c. Á eftir orðinu „OECD“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: eða Liechtenstein.

IV. KAFLI
Gildistaka laganna.
5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum þrennra laga. Ástæður þess að breytingar þessar eru sameinaðar í eitt frumvarp til framlagningar á Alþingi eru tvenns konar: Annars vegar að lög þau sem breytingar eru lagðar til á snerta öll þær breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, með lögum nr. 133/2001 síðasta haust. Þær breytingar miðuðu m.a. að því að styrkja þá framkvæmd að maður sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skuli reikna sér endurgjald. Hins vegar er ástæðan sú að einstakar breytingar eru hvorki flóknar né umfangsmiklar. Af þessum sökum þykir sameining þeirra í eitt frumvarp vera til þess fallin að einfalda meðferð þeirra á Alþingi.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til í frumvarpinu: Í fyrsta lagi er lagt til að í lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, verði kveðið skýrar á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar myndi stofn til tryggingagjalds. Í öðru lagi er lagt til að í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, verði afdráttarlaust kveðið á um að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar myndi stofn til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Einnig er lagt til að í þeim lögum verði heimild fyrir lífeyrissjóði til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechtenstein, eða eftir atvikum eru gefin út af aðilum í Liechteinstein, eins og ef þau væru skráð á skipulögðum markaði innan OECD eða gefin út af aðilum innan OECD. Í þriðja lagi er lagt til að í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, verði kveðið á um kæruheimild til ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu. Um nánari skýringar og rök fyrir einstökum breytingum vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt o.fl., sem voru samþykkt á Alþingi 12. desember 2001, kemur fram að nauðsynlegt er að styrkja þá framkvæmd að vinna manns í atvinnurekstri lögaðila, sem hann eða fjölskylda hans á eignar- eða stjórnunaraðild að, verði skattlögð með sambærilegum hætti og vinna hans í eigin rekstri. Í samræmi við þessa stefnumörkun lúta þær breytingar sem hér eru lagðar til að því að skýra betur í lögum um tryggingagjald hvernig farið skuli með reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Yfirskattanefnd hefur í úrskurðum sínum komist að þeirri niðurstöðu að sú hækkun sem gerð er á reiknuðu endurgjaldi manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar sé frádráttarbær frá tekjum hlutafélagsins og sé jafnframt gjaldstofn félagsins til tryggingagjalds, líkt og um hverja aðra launagreiðslu væri að ræða.

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvörðun skattstjóra um fjárhæð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu verði kæranleg til ríkisskattstjóra. Ákvörðun reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu er bráðabirgðaákvörðun þar sem ákvörðun um fjárhæð reiknaðs endurgjalds verður ekki endanleg fyrr en við álagningu. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að kæra ákvörðun skattstjóra um fjárhæð reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu til yfirskattanefndar, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum. Málsmeðferð hjá yfirskattanefnd tekur hins vegar oft langan tíma og því er hagkvæmara fyrir gjaldandann að eiga kost á skjótvirkara réttarúrræði þar sem um tímabundna ákvörðun er að ræða.

Um 3. gr.

Lagt er til að reiknað endurgjald manns er vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar myndi stofn til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs líkt og reiknað endurgjald manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða í sjálfstæðri starfsemi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 1. gr.

Um 4. gr.

Með greininni er lögð til breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem leiðir af samningsskuldbindingum okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Hún felst í því að tryggja lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru eða eftir atvikum gefin út af aðilum í Liechtenstein með sama hætti og aðilum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Í 36. gr. laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 56/2000, er lífeyrissjóðum veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði innan aðildarríkja OECD og óskráðum verðbréfum sem gefin eru út af aðilum innan OECD. Sökum þess að Liechtenstein er ekki aðili að OECD nær heimild lífeyrissjóðanna ekki til verðbréfa sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechtenstein né heldur til óskráðra bréfa sem gefin eru út af aðilum í Liechtenstein. Það er í ósamræmi við samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og því er lagt til að 36. gr. laganna verði breytt þannig að lífeyrissjóðirnir hafi sömu heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechteinstein, eða eftir atvikum eru gefin út af aðilum í Liechteinstein, eins og ef þau væru skráð á skipulögðum markaði innan OECD eða gefin út af aðilum innan OECD.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fyrir í framhaldi af breytingum sem gerðar voru síðastliðið haust á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en þær miðuðu að því að styrkja þá framkvæmd að þeir sem vinna við atvinnurekstur lögaðila og hafa ráðandi eignar- og stjórnunaraðild reikni sér endurgjald. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem ætlað er að kveða skýrar á um að slíkt reiknað endurgjald myndi stofn til tryggingagjalds og lífeyrisiðgjalds. Þá er lagt til að heimilt verði að kæra ákvarðanir skattstjóra um reiknað endurgjald til ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

912. Frumvarp til laga [583. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „75.000“ í 2. mgr. 139. gr. laganna kemur: 300.000.

2. gr.

A-tollur tollskrárnúmersins 9401.2002 í viðauka I við lögin verður 0%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tollalögum og tollskrá. Annars vegar er um að ræða hækkun sektarheimilda tollstjóra og hins vegar niðurfellingu á tolli á barnabílstólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Núverandi ákvæði 2. mgr. 139. gr. tollalaga heimilar tollstjóra að ljúka máli með sektarboði ef brot er skýlaust sannað og það varðar ekki hærri sekt en kr. 75.000. Lagt er til að heimilað verði sektarboð tollstjóra allt að 300.000 kr. til þess að samræmi ríki annars vegar milli sektarheimilda tollstjóra samkvæmt tollalögum og hins vegar lögreglustjóra skv. 115.

gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Með áðurgreindri breytingu næst samræmi milli þessara tveggja lagabálka þar sem í reglugerð nr. 569/1998, sbr. reglugerð um breytingu á henni, nr. 980/2000, var heimild lögreglustjóra til að ljúka málum með lögreglustjórasátt rýmkuð þannig að lögreglustjóra er heimilt að ljúka máli með lögreglustjórasátt telji hann fjárhæð sektar ekki fara fram úr 300.000 kr.

Um 2. gr.

Í greininnni er lagt til að almennur tollur (A-tollur) af barnabílstólum, sem eru viðurkenndir og E-merktir samkvæmt ECE-reglum nr. 44.03, sem eru reglur Evrópusambandsins, eða viðurkenndir samkvæmt viðeigandi FMVSS- eða CMVSS-stöðlum, sem eru bandarískir og kanadískir staðlar, verði lækkaður úr 10% í 0%. Um er að ræða vörur sem eru mjög tengdar öryggisbeltum en barnabílstólar eru ýmist búnir öryggisbeltum eða eru notaðir með öryggisbeltum í bifreiðum. Öryggisbelti bera hins vegar ekki A-toll. Kveðið er á um það í umferðarlögum, nr. 50/1987, að börn skuli nota slíka stóla auk þess sem um nauðsynlegan öryggisbúnað er að ræða þegar börn eru farþegar í bifreiðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að tollstjórum verði heimilt að ljúka málum með sektarboði sem nemi allt að 300.000 kr. í stað 75.000 kr. áður. Í öðru lagi er lagt til að 10% tollur af barnabílstólum sem viðurkenndir eru samkvæmt tilteknum stöðlum verði felldur niður. Hvorug þessara breytinga er talin hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs og aðeins óveruleg áhrif á tekjur.

913. Frumvarp til laga [584. mál]

um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Tilgangur, skilgreiningar og yfirstjórn landgræðslumála.

1. gr.

Tilgangur laganna.

Tilgangur laga þessara er að vernda, endurheimta og auka þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í jarðvegi og gróðri landsins og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Afréttur:* Það skulu vera afréttir sem ákveðnir hafa verið í samræmi við lög nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
2. *Ástand lands:* Eiginleikar og samsetning gróðurs og jarðvegs í vistkerfi viðkomandi landsvæðis, í samanburði við það sem telja má eðlilegt miðað við náttúrulegar aðstæður og hóflega landnýtingu.
3. *Gróðurvernd:* Aðgerðir sem vernda og efla gróður og auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu.
4. *Jarðvegsrof:* Losun og flutningur yfirborðsefna sem spillir gróðri eða dregur úr líkum á endurheimt vistkerfa, þ.m.t. vindrof og vatnsrof.
5. *Landgræðsla:* Samheiti yfir alla þá starfsemi og aðgerðir sem mælt er fyrir um í lögum þessum eða samræmast tilgangi laganna.
6. *Landgræðslusvæði:* Landsvæði þar sem unnið er að landgræðslu.
7. *Landkostir:* Auðlindir sem felast í gróðri, jarðvegi og vistkerfum landsins.
8. *Landspjöll:* Umtalsverð óæskileg áhrif á landkosti af manna völdum.
9. *Sjálfbær landnýting:* Nýting á gróðri eða jarðvegi sem hvorki gengur á höfuðstól náttúrunnar né hamlar eðlilegri gróðurframvindu til lengri tíma litið.
10. *Umráðahafi lands:* Sá telst umráðahafi lands sem hefur lögmætan rétt til að ráðstafa nýtingu þess. Á afréttum er viðkomandi sveitarfélag umráðahafi landsins í skilningi laga þessara. Sama á við um öll önnur beitilönd sem notuð eru, með líkum hætti og afréttir, til upprekstrar eða sem sameiginlegur bithagi.
11. *Uppgræðsla:* Framkvæmdir í þeim tilgangi að auka gróðurþekju eða flýta fyrir endurheimt landkosta.
12. *Úrbótaáætlun:* Bindandi gjörningur um bætta landnýtingu eða landbætur.
13. *Vistheimt:* Endurmyndun horfinna náttúrulegra vistkerfa.
14. *Vöktun:* Reglubundið eftirlit með ástandi gróðurs og jarðvegs.

3. gr.

Yfirstjórn landgræðslumála.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála.

Landgræðslan er ríkisstofnun sem fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum. Höfuðstöðvar Landgræðslunnar eru í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Yfirmaður Landgræðslunnar nefnist landgræðslustjóri. Hann er skipaður af landbúnaðarráðherra til fimm ára í senn. Landgræðslustjóri skal hafa háskólamenntun í landgræðslu.

Landgræðslunni er heimilt að starfrækja héraðssetur eftir því sem tilefni eru til.

II. KAFLI
Landgræðsluverkefni.

4. gr.

Verkefni Landgræðslunnar.

Verkefni Landgræðslunnar eru eftirfarandi:

1. Að vinna að verndun og endurheimt landkosta, þ.m.t. stöðvun jarðvegsrofs, gróðurvernd, uppgræðslu lands, vistheimt og sjálfbærri landnýtingu, á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.
2. Að veita upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf um landgræðslu.

3. Að meta ástand lands.
4. Að annast vöktun og eftirlit með ástandi og framvindu gróðurs og jarðvegs ásamt Náttúruvernd ríkisins, sbr. lög nr. 44/1999, og byggja upp gagnagrunn þar að lútandi.
5. Að hafa eftirlit með landnýtingu, staðfesta sjálfbæra landnýtingu og reyna að hindra ósjálfbæra landnýtingu.
6. Að gera landgræðsluáætlanir og veita ráðgjöf við gerð héraðsáætlana um landgræðslu.
7. Að taka þátt í og veita umsagnir við skipulagsgerð og veita umsagnir við mat á umhverfisáhrifum.
8. Að stunda rannsókna- og þróunarstarf í því skyni að efla landgræðslu og bæta landnýtingu.
9. Að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði landgræðslumála.
10. Að vinna önnur landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Verkefni sveitarfélaga.

Sveitarfélög skulu stuðla að landgræðslu innan stjórnsýsluumdæma sinna og hafa eftirlit með að landnýting og ástand lands samrýmist lögum þessum. Sveitarstjórnir fara með réttindi og skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnir skulu fela nefnd á vegum sveitarfélagsins að fjalla um landgræðslumálefni. Sveitarstjórnir skulu senda Landgræðslunni skriflega tilkynningu um það hvaða nefnd í sveitarfélaginu fer með þau málefni.

Sveitarstjórnum er heimilt að ráða, einar sér eða sameiginlega, landgræðslufulltrúa til að fylgja eftir verkefnum sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnir skulu gera tillögur og áætlanir um landgræðsluverkefni í sveitarfélagi sínu og leita álits Landgræðslunnar á þeim. Sveitarstjórnir geta óskað þess að Landgræðslan sé þeim til faglegrar aðstoðar við landgræðslumálefni og er stofnuninni heimilt að veita slíka aðstoð. Landgræðsluverkefni á vegum sveitarfélaga greiðast úr sveitarsjóði nema annað sé ákveðið í lögum.

Sveitarstjórnum er heimilt að annast vöktun á ástandi og nýtingu lands í samráði við Landgræðsluna, sbr. 8. gr. Sveitarstjórnir skulu fylgjast með notkun afrétta á starfssvæði sínu í samráði við stjórnir fjallskiladeilda, sbr. lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

6. gr.

Landgræðsluáætlun.

Landgræðslan skal í samráði við landbúnaðarráðherra gera tillögu um landgræðsluáætlun til tólf ára í senn sem nær til landsins alls. Í áætluninni skal kveða á um helstu framkvæmdir og verkefni á sviði landgræðslu á tímabilinu og raða þeim í forgangsröð.

Í landgræðsluáætlun skal m.a. fjalla um áform á sviði gróður- og jarðvegsverndar, landnýtingar, upplýsingaöflunar, ráðgjafar, fræðslu, kynningar, rannsókna og þróunar.

Sveitarstjórnir skulu koma ábendingum til Landgræðslunnar um það hvaða landgræðsluverkefni þau telja mikilvægust innan sinna stjórnsýslumarka. Hafa skal hliðsjón af þeim ábendingum við gerð landgræðsluáætlunar.

Landbúnaðarráðherra leggur tillögu um landgræðsluáætlun fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Landgræðsluáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Tillögu um endurskoðaða áætlun skal fylgja yfirlit yfir stöðu verkefna og árangur landgræðslustarfsins.

7. gr.

Héraðsáætlanir um landgræðslu.

Sveitarstjórnir, hver um sig eða fleiri saman, skulu gera héraðsáætlanir um landgræðslu í sveitarfélögum sínum til fjögurra ára í senn. Héraðsáætlanir um landgræðslu skulu samrýmast landgræðsluáætlun, sbr. 6. gr.

Landgræðslunni er heimilt að taka þátt í gerð héraðsáætlana um landgræðslu. Viðkomandi sveitarstjórn og Landgræðslan skulu þá semja um skiptingu kostnaðar við gerð héraðsáætlunar.

8. gr.

Vöktun.

Landgræðslan annast vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs á landsvísu. Vöktunin skal ná til ástands lands og framvindu og nýtingar gróðurs og jarðvegs.

Við vöktun samkvæmt þessari grein skal litið til laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Landgræðslunni er heimilt að fela sveitarstjórnum eða öðrum aðilum að annast vöktun á afmörkuðum svæðum. Um slíka vöktun skal gera skriflega samninga þar sem kveðið er á um greiðslur fyrir vöktunina, menntun starfsmanna, skýrslugerð og annað sem máli skiptir.

Starfsmönnum vöktunaraðila og Landgræðslunnar er heimilt að fara um land til að sinna störfum sínum. Umráðahöfum lands skal tilkynnt um niðurstöður vöktunar.

Gefi niðurstöður vöktunar tilefni til aðgerða ákveður Landgræðslan þær. Komi í ljós að landnýting sé ekki sjálfbær skal farið með þau mál skv. III. kafla.

9. gr.

Samstarfsverkefni.

Landgræðslunni er heimilt að taka þátt í og styðja landgræðsluframkvæmdir eða -verkefni sem eru á ábyrgð bænda eða annarra einstaklinga, landgræðslufélaga, sveitarfélaga, fyrirtækja eða annarra. Landgræðslunni er heimilt að hafa frumkvæði að slíkum verkefnum og taka þátt í stofnun félaga í þeim tilgangi.

Gera skal skriflega samninga um samstarfsverkefni samkvæmt þessari grein þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur og réttindi aðila. Þinglýsa skal slíkum samningum eftir atvikum.

Þegar Landgræðslan hyggst fjármagna samstarfsverkefni, að heild eða hluta, skal stofnunin auglýsa á opinberum vettvangi eftir samstarfsaðilum og umsóknum um stuðning. Í auglýsingu skulu koma fram helstu reglur sem gilda um meðferð umsókna og skilyrði fyrir móttöku styrks eða annars framlags af hálfu Landgræðslunnar.

10. gr.

Samningar um friðun lands.

Landgræðslunni er heimilt að taka landsvæði til uppgræðslu, friðunar eða annarra landgræðsluframkvæmda þegar það samrýmist tilgangi laga þessara.

Þegar landgræðsla á vegum stofnunarinnar er fyrirhuguð á svæðum sem ekki eru í hennar umráðum skal Landgræðslan leitast við að ná samningum við umráðahafa viðkomandi landsvæðis um landgræðsluframkvæmdir.

Landgræðslunni er heimilt að semja við umráðahafa lands um uppgræðslu lands, beitarfriðun eða aðrar landgræðsluframkvæmdir. Henni er m.a. heimilt að gera samninga við eigendur beitarréttar um friðun afrétta fyrir búfjárbeit.

Þegar slíkir samningar eru gerðir um friðun lands er Landgræðslunni heimilt að kosta landgræðsluframkvæmdir á landinu án undangenginnar auglýsingar, þrátt fyrir 9. gr.

Samningar um friðun lands skulu ávallt vera skriflegir og þeim skal þinglýst. Í samningunum, sem kveða á um umráð Landgræðslunnar yfir viðkomandi svæði, skulu tilgreind skilyrði fyrir því að fyrri umráðahafi fái landið afhent að nýju.

Náist samningar um friðun lands ekki innan eðlilegra tímamarka og ástand landsins er með þeim hætti að Landgræðslan telur nauðsynlegt að landið sé friðað er stofnuninni heimilt að ákveða úrbætur, sbr. 20. gr., án frekara samráðs við umráðahafa, eða beita eignarnámi, sbr. 27. gr.

11. gr.

Afhending og sala landgræðslusvæða.

Þegar land sem Landgræðslan hefur umráð yfir er svo vel gróið að mati stofnunarinnar að eigi er ástæða til frekari aðgerða af hendi Landgræðslunnar er heimilt að afhenda landið til nytja.

Landgræðslunni er heimilt að binda afhendingu landsins skilyrðum um meðferð og nýtingu þess. Þegar landgræðslusvæði er afhent, í heild eða hluta, skal ávallt gerður skriflegur samningur milli Landgræðslunnar og viðtakanda landsins þar sem kveðið er á um endurgjald, uppsetningu og viðhald girðinga og um meðferð og nýtingu landsins. Slíkum samningum skal þinglýst.

Við sölu landgræðslusvæða í eigu Landgræðslunnar er stofnuninni heimilt að láta þinglýsa kvöð á landið um meðferð þess eða takmarkanir á landnýtingu.

12. gr.

Forkaupsréttur að landgræðslusvæðum.

Eigandi jarðar á forkaupsrétt að landgræðslusvæði sem selt er hafi það svæði verið hluti af viðkomandi jörð áður en Landgræðslan fékk umráð yfir svæðinu.

13. gr.

Skyldur viðtakenda landgræðslusvæða.

Ef vanræksla umráðahafa lands sem Landgræðslan hefur afhent honum eða selt, sbr. 11. eða 12. gr., veldur því að gróðureyðing eða jarðvegsrof hefst að nýju á svæðinu er umráðahafa skylt að græða það aftur á sinn kostnað.

Vanræki umráðahafi lands nauðsynlegar aðgerðir eftir aðvörun frá Landgræðslunni er stofnuninni heimilt að ákveða úrbætur, sbr. 21. gr., án frekara samráðs við hann. Heimilt er Landgræðslunni að láta vinna nauðsynlegar landgræðsluframkvæmdir á kostnað umráðahafa landsins.

14. gr.

Umferð um landgræðslusvæði.

Ávallt þegar farið er um landgræðslusvæði skal þess gætt í hvívetna að spilla ekki gróðri eða landi.

Öll umferð búfjár innan landgræðslusvæða er óheimil nema með leyfi Landgræðslunnar.

Landgræðslunni er heimilt að takmarka eða banna umferð velknúinna ökutækja innan landgræðslusvæða í umráðum stofnunarinnar ef það er talið nauðsynlegt að hennar mati og landbúnaðarráðherra hefur veitt samþykki sitt. Ráðuneytið birtir þá auglýsingu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda og opinberum fjölmiðli með a.m.k. viku fyrirvara.

15. gr.

Friðun landgræðslusvæða fyrir búfjárbeit.

Búfjárbeit er bönnuð innan landgræðslusvæða í umráðum Landgræðslunnar nema stofnunin ákveði annað. Girðingar umhverfis landgræðslusvæði skulu uppfylla ákvæði girðingarlaga, nr. 135/2001.

Komist búfé inn á landgræðslusvæði er Landgræðslunni heimilt að fjarlægja féð. Ef landgræðslusvæðið er afgirt skal eigandi viðkomandi búfjár greiða kostnað sem til fellur vegna fjárins, bæði vegna smölunar þess og fóðrunar, svo og skaðabætur ef búféð hefur valdið tjóni innan landgræðslusvæðisins.

Landgræðslan skal tilkynna eiganda um búfé sem smalað hefur verið af landgræðslusvæði, ef vitað er hver eigandinn er, og gefa honum kost á að leysa til sín búféð innan hæfilegs frests, gegn greiðslu kostnaðar og bóta fyrir tjón, sbr. 2. mgr.

Sé ekki vitað hver eigandi búfjárins er eða hann lætur hjá líða að greiða kostnað af smölun og fóðrun fjárins er Landgræðslunni heimilt að krefjast nauðungarsölu á búfénu samkvæmt lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991. Kostnaði af smölun og fóðrun ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi búfé.

III. KAFLI

Landnýting og úrræði til verndar landkostum.

16. gr.

Ábyrgð á landnýtingu.

Land skal nytja svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Umráðahafi lands ber ábyrgð á að landið sé nýtt með sjálfbærum hætti.

Ef landnýting rýrir landkosti, hamlar umtalsvert framvindu gróðurs eða veldur landspjöllum að mati Landgræðslunnar er umráðahafa lands skylt að breyta landnýtingunni svo að hún samrýmist lögunum. Umráðahafa lands er skylt að kosta landbætur til að bæta fyrir landspjöll eða rýrnun landkosta af hans völdum.

Sá sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt er skyldur að bæta þau. Landgræðslan metur hvað teljast hæfilegar bætur fyrir landspjöll. Stofnunin getur heimilað að landbætur eigi sér stað á öðrum stað en þeim er landspjöllin voru unnin á.

17. gr.

Fyrstu viðbrögð.

Komi fram ábending til sveitarfélags um að landnýting samrýmist ekki lögum þessum skal viðkomandi sveitarstjórn láta kanna hvort tilefni er til afskipta af málinu.

Eigi slík ábending við um landsvæði sem er í umráðum sveitarfélagsins sjálfs, þ.e. þegar sveitarstjórn telst umráðahafi landsins í skilningi laga þessara, skal ábendingin framsend til Landgræðslunnar og fer framhald málsins þá eftir ákvæðum 22. gr.

18. gr.

Farið fram á úrbætur.

Telji sveitarstjórn athugun sína skv. 17. gr. gefa tilefni til frekari afskipta skal tilkynna umráðahafa lands um það skriflega, gefa honum kost á andmælum og óska eftir tillögu hans um aðgerðir til úrbóta. Í bréfinu skal umráðahafa bent á tilgang laga þessara og mikilvægi þess að landnýting sé sjálfbær. Sveitarstjórn skal samtímis senda afrit af tilkynningunni til Landgræðslunnar.

Umráðahafi skal leggja fram skriflegar úrbótatillögur innan tveggja vikna frá því að tilkynningin var send honum, en fyrr ef sveitarstjórn telur brýnt að bregðast tafarlaust við.

19. gr.

Úrbótaáætlun.

Berist úrbótatillaga frá umráðahafa lands innan tilskilins frests skal sveitarstjórn meta hvort hún sé viðunandi. Teljist svo vera skal umráðahafa lands og Landgræðslunni send tilkynning þess efnis og er þá komin á úrbótaáætlun.

Komi ekki fram viðunandi úrbótatillaga frá umráðahafa lands innan tilskilins frests skal sveitarstjórn leggja fram skriflega tillögu til úrbóta innan viku frá því að frestur umráðahafa rann út.

Úrbótatillaga af hálfu sveitarstjórnar skal send umráðahafa lands í ábyrgðarpósti. Umráðahafa landsins skal veittur viku frestur til að staðfesta úrbótatillöguna með undirskrift sinni og senda hana til sveitarstjórnar. Er þá komin á úrbótaáætlun.

Í úrbótaáætlun sem samin er af hálfu sveitarfélags skulu vera skýr ákvæði um til hvaða aðgerða umráðahafi lands skuli grípa. Í áætluninni skal mælt fyrir um tímafresti og gildistíma. Einnig skal þar vera ákvæði um skyldu sveitarfélags til að tilkynna brot á úrbótaáætlun til Landgræðslunnar.

Um leið og úrbótaáætlun samkvæmt þessari grein kemur fram skal viðkomandi sveitarstjórn senda afrit af úrbótaáætluninni til Landgræðslunnar.

20. gr.

Ákvörðun Landgræðslunnar um úrbætur.

Berist staðfest úrbótaáætlun ekki frá umráðahafa lands innan tilskilins frests eða ef sveitarstjórn telur umráðahafa hafa brotið gegn úrbótaáætlun skal hún án tafar senda Landgræðslunni tilkynningu þar um. Skal þá Landgræðslan ákveða úrbætur og leggja fram skriflega úrbótaáætlun, sbr. nánar 21. gr.

Úrbótaáætlun Landgræðslunnar tekur þegar gildi. Senda skal frumrit af úrbótaáætlun til umráðahafa lands í ábyrgðarpósti og afrit til viðkomandi sveitarstjórnar. Landgræðslan skal veita umráðahafa lands hæfilegan aðlögunartíma til að framfylgja úrbótaáætlun.

Úrbótaáætlun sem Landgræðslan ákveður skal þinglýst.

21. gr.

Efni úrbótaáætlunar Landgræðslunnar.

Í úrbótaáætlun Landgræðslunnar, sbr. 20. gr., skal koma fram með hvaða hætti Landgræðslan telur landnýtingu á viðkomandi landi ósamrýmanlega lögum þessum. Jafnframt skal í úrbótaáætlun lýst hvernig haga beri landnýtingu og vinna að landbótum.

Úrbótaáætlun skal við það miðuð að land sé nýtt með sjálfbærum hætti og tekið tillit til áhættu vegna sveiflna í árferði. Heimilt er að í úrbótaáætlun sé kveðið á um tilteknar aðgerðir til landbóta af hálfu umráðahafa lands og að hún skuli framkvæmd innan tiltekinna tímamarka. Heimilt er að í úrbótaáætlun sé kveðið á um friðun lands fyrir beit.

Í úrbótaáætlun skal ávallt koma fram að hún falli úr gildi í síðasta lagi tólf árum frá dagsetningu hennar.

22. gr.

Inngrip Landgræðslunnar.

Telji Landgræðslan að sveitarfélag hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum ber stofnuninni að beina skriflegum athugasemdum til viðkomandi sveitarstjórnar þess

efnis að hún virði lögin og ræki hlutverk sitt samkvæmt þeim. Athugasemdir skulu sendar í ábyrgðarpósti.

Sveitarstjórn skal bregðast við athugasemdum Landgræðslunnar innan tveggja vikna frá því að þær voru sendar og skýra stofnuninni skriflega frá því hvernig verði staðið að úrbótum.

Telji Landgræðslan sveitarfélag enn ekki hafa uppfyllt skyldur sínar að framangreindum tveggja vikna fresti liðnum er stofnuninni heimilt að ákveða úrbætur í samræmi við 20. og 21. gr. eða grípa til annarra viðeigandi aðgerða svo að tilgangi laga þessara verði náð, án frekara samráðs við sveitarfélagið. Heimild Landgræðslunnar til að ákveða úrbætur nær til alls lands sem sveitarstjórnir hafa umráð yfir, þar á meðal eignarlanda sveitarfélaga, afrétta og annarra sameiginlegra beitilanda.

23. gr.

Endurskoðun á úrbótaáætlun.

Umráðahafa viðkomandi lands, viðkomandi sveitarstjórn eða Landgræðslunni er heimilt að fara fram á endurskoðun úrbótaáætlunar þegar liðin eru fjögur ár frá gildistöku hennar, enda séu fram komin rök fyrir slíkri endurskoðun. Úrbótaáætlun skal þá tekin til endurskoðunar.

Úrbótaáætlun skal tekin til endurskoðunar ekki síðar en tólf árum frá því að hún tók gildi. Verði ekki af endurskoðun fellur úrbótaáætlun úr gildi.

24. gr.

Brot gegn úrbótaáætlun.

Landgræðslan eða vöktunaraðili í hennar umboði skal fylgjast með því að umráðahafi lands fylgi úrbótaáætlun sem gerð hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara. Brjóti umráðahafi lands gegn því sem í úrbótaáætlun segir varðar það refsingu, sbr. 31. gr.

Telji Landgræðslan að brotið hafi verið gegn úrbótaáætlun ber stofnuninni að beina kæru þess efnis til viðkomandi lögreglustjóra. Landgræðslunni er þá einnig heimilt að beita dagsektum, sbr. 26. gr.

25. gr.

Kæra vegna ákvörðunar um úrbætur.

Ef umráðahafi lands unir ekki ákvörðun Landgræðslunnar um úrbótaáætlun er honum heimilt að kæra ákvörðunina til landbúnaðarráðherra, sbr. 28. gr.

Landbúnaðarráðherra getur endurskoðað eða fellt úr gildi hina kærðu úrbótaáætlun ef hann telur verulega formlega eða efnislega vankanta á henni. Að öðrum kosti staðfestir hann úrbótaáætlunina óbreytta.

Kæra vegna úrbótaáætlunar frestar ekki gildistöku áætlunar nema Landgræðslan ákveði annað.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Dagsektir.

Landgræðslunni er heimilt að beita dagsektum í því skyni að knýja umráðahafa lands til að gera ráðstafanir sem honum ber skylda til að mati Landgræðslunnar samkvæmt lögum þessum eða til að láta af atferli sem Landgræðslan telur andstætt lögunum. Dagsektir geta

numið frá 5.000–25.000 kr. á dag. Dagsektir samkvæmt þessari grein má innheimta með aðför, sbr. lög um aðför, nr. 90/1989, án undangengins dóms eða sáttar. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

27. gr.

Eignarnám.

Landgræðslunni er heimilt að taka land eignarnámi ef stofnunin álítur það nauðsynlegt með hliðsjón af tilgangi laga þessara. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

28. gr.

Kærur.

Landbúnaðarráðherra úrskurðar í ágreiningsefnum sem kunna að rísa á grundvelli laganna og kærð hafa verið.

Kæra skal berast landbúnaðarráðuneytinu skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

29. gr.

Heimild til stofnunar hlutafélags.

Landgræðslunni er heimilt að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra að eiga aðild að og/eða stofna rannsóknar- og þróunarfyrirtæki er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

30. gr.

Heimild til útgáfu reglugerða.

Landbúnaðarráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Refsiábyrgð.

Hver sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektir skulu renna í ríkissjóð.

Með brot á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

32. gr.

Kostnaður við framkvæmd laganna.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara skal greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Landgræðslunni er heimilt að afla sér tekna með sölu á efni eða þjónustu vegna landgræðslu eða innheimtu eðlilegra þjónustugjalda fyrir afgreiðslu gagna. Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir og skal birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldskrá fyrir vörur, aðrar en þær sem njóta höfundar- eða einkaleyfaréttar, skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal gjald þá ekki vera hærra en nemur þeim kostnaði. Sé um að ræða gjaldtöku þar sem Landgræðslan er í samkeppnisrekstri skal stofnunin gefa gjaldskrána út.

33. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir samningar sem Landgræðsla ríkisins og áður Sandgræðsla Íslands hafa gert fyrir gildistöku laganna skulu að fullu halda gildi sínu og tekur Landgræðslan við réttindum og skyldum Landgræðslu ríkisins og Sandgræðslu Íslands samkvæmt slíkum samningum. Sama á við um samninga sem landbúnaðarráðherra hefur gert vegna Landgræðslu ríkisins eða Sandgræðslu Íslands.

Ákvarðanir um ítölu, sem í gildi eru, falla úr gildi þegar fjögur ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi landgræðslulög eru að stofni til frá árinu 1965. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og löngu er orðið tímabært að endurskoða landgræðslulöggjöfina. Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að löggjafinn fjallaði um verndun auðlinda sem felast í gróðri og jarðvegi. Upphaf landgræðslulöggjafar hér á landi má rekja allt aftur til ársins 1907, en þá áttu enn eftir að líða áratugir þar til aðrar þjóðir tóku að setja sér slíka löggjöf. Á þeim tæpu fjórum áratugum sem Landgræðsla ríkins hefur starfað, sbr. lög um landgræðslu, nr. 17/1965, hafa orðið gríðarlegar breytingar á öllum sviðum starfseminnar.

Landgræðsla er samheiti yfir aðgerðir til að vernda og bæta gróður og jarðveg. Tilgangur landgræðslu getur verið mismunandi. Sums staðar hefur þurft að stöðva öra landeyðingu, sem hefur ógnað forsendum byggðar. Annars staðar er markmið landgræðslu að gróður verði öflugri en hann hefur verið, en víða er framleiðsla vistkerfa langtum minni en náttúrufar gefur tilefni til. Enn annar tilgangur landgræðslu er að stefna að tilteknu gróðurfari á landsvæðum, allt eftir því til hvers á að nota þau. Þar getur verið um að ræða tún eða beitiland til landbúnaðar, útivistarsvæði ýmiss konar eða varðveislu fágæts náttúrufars.

Landgræðsla undanfarinna áratuga hefur tvímælalaust skilað miklum árangri. Stórar landspildur sem áður voru örfoka eru nú þaktar gróðri. Fjölmargir vinna að því að bæta landkosti. Enn er þó langt í að náðst hafi markmið gildandi landgræðslulaga um að stöðva jarðvegseyðingu og koma í veg fyrir að gróður eyðist. Til að þau megi nást er m.a. nauðsynlegt að efla rannsóknir á landgræðslu, virkja betur landnotendur og umráðahafa lands og koma á skilvirkara eftirliti með landnýtingu. Landeyðing og uppblástur verður enn þá víða um land og það allt of víða. Þrátt fyrir árangursríka landgræðslu og mikinn áhuga landsmanna á henni eru gríðarleg vandamál tengd jarðvegsrofi og gróðureyðingu. Ofbeit er enn vandamál og skort hefur úrræði til að bregðast við þessari alvarlegu orsök gróður- og jarðvegseyðingar. Þau úrræði sem hafa verið fyrir hendi hafa verið meingölluð og af þeim sökum óvirk. Þetta hefur m.a. mjög neikvæð áhrif á möguleika á fæðuframleiðslu. Mikilvægt er að lagaramminn um landgræðsluna og fjárlög miðist við að tryggja enn betri árangur í landgræðslustarfinu og taki mið af breyttum vinnubrögðum í stjórnsýslunni á síðustu árum.

Í kjölfar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, árið 1992, var samþykktur alþjóðlegur samningur um baráttu gegn eyðimerkurmyndun og nú er unnið að sérstökum samningi um jarðvegsvernd. Ýmsar þjóðir hafa á síðustu árum stigið stór skref í þá átt að bæta árangur af landgræðslu og endurskoða löggjöf um hana. Þar má t.d. nefna Bandaríkin,

Ástralíu og Nýja-Sjáland. Hér á landi hefur þróunin á sviði umhverfismála og bættrar landnýtingar m.a. leitt af sér ný lög um náttúruvernd, nýja skipulagslöggjöf og lög um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki síður mikilvægt að endurskoða landgræðslulöggjöfina. Mikilvægt er að efla ný viðhorf um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda sem felast í jarðvegi og gróðri. Enda þótt starf Landgræðslunnar hafi haft sjálfbæra nýtingu landsins að leiðarljósi frá upphafi var það hugtak ekki til þegar núgildandi lög um þennan málaflokk voru samin. Í dag eru flestir sammála um að þennan hugsunarhátt eigi að taka upp í allri umgengni við landið og auðlindir jarðar.

Meðfylgjandi frumvarp er að stofni til samið af nefnd sem Guðmundur Bjarnason, þáverandi landbúnaðarráðherra, skipaði síðla árs 1998 til að gera tillögur um langtímastefnu í landgræðslu og gróðurvernd. Í nefndinni sátu Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur, formaður, Gunnar Sæmundsson, bóndi í Hrútatungu, Hugi Ólafsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, Níels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Snorri Björn Sigurðsson, sveitarstjóri í Skagafirði, og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Nefndin skilaði skýrslu sinni til landbúnaðarráðherra í október 1999 og hefur ráðuneytið gefið hana út undir nafninu „Í sátt við landið“. Frumvarpið hefur þó tekið allnokkrum breytingum í meðförum ráðuneytisins samkvæmt tillögum frá Landgræðslu ríkisins.

Enda þótt frumvarpið sé að verulegu leyti í anda gildandi landgræðslulaga er ýmis nýmæli að finna í því. Þar má nefna að skýrar er kveðið á um verkaskiptingu en nú og það á að vera alveg ljóst hver ber ábyrgð á landi. Frumvarpið mun leiða til skýrari stefnumótunar í landgræðslu og felur í sér úrræðaferli sem á að stuðla betur að sjálfbærri landnýtingu en núverandi lög gera. Því er ætlað að endurspegla þá þróun sem orðið hefur í umhverfismálum á síðustu áratugum og efla landgræðslu á Íslandi. Leitast var við að hafa frumvarpið stutt, hnitmiðað og auðskiljanlegt. Það er samtals 33 greinar auk bráðabirgðaákvæða og er skipt niður í fjóra kafla:

- Í I. kafla (1.–3. gr.) er fjallað um tilgang laganna og helstu hugtök skilgreind sem notuð eru í frumvarpinu og talin er ástæða til að skýra sérstaklega. Þar er einnig mælt fyrir um skipulag landgræðslumála innan stjórnsýslunnar.
- Í II. kafla (4.–15. gr.) er fjallað um landgræðsluverkefni. Þar er að finna yfirlit yfir verkefni Landgræðslunnar og nánari lýsingu á þeim helstu. Einnig er fjallað um hlutverk sveitarfélaga í landgræðslu og hvernig einkaaðilar geta komið að landgræðsluverkefnum í samstarfi við hið opinbera.
- Í III. kafla (16.–25. gr.) er fjallað um ábyrgð á landnýtingu og því lýst hvernig unnt sé að bregðast við illri meðferð á landi. Einn helsti gallinn við núgildandi lög um landgræðslu, nr. 17/1965, er að í þeim eru ekki nægjanlega skýr lagaleg úrræði til að hægt sé að bregðast við þegar land hefur verið ofbeitt og umráðahafi landsins hefur ekki viljað draga úr beitarálaginu. Lögin hafa heldur ekki veitt viðunandi úrræði til að bregðast við þegar búfé hefur ítrekað verið sleppt inn á afgirt landgræðslusvæði með tilheyrandi tjóni. Þó svo að umræddd tilvik séu ekki mjög mörg eru þau engu að síður alvarleg. Skortur á úrræðum hefur m.a. leitt til þess að Landgræðsla ríkisins hefur ekki getað sinnt gróðurverndarhlutverki sínu sem skyldi. Einnig er bagalegt að þeir landnotendur sem leggja metnað í bætta landnýtingu, en staðhættir valda því að erfitt er að setja upp gripheldar girðingar, hafa orðið fyrir miklum ágangi búfjár af ofbeittu landi. Eðlilega leitar búfénaður af ofbeittu landi yfir á grösugri svæði. Við þessum vandamálum, þ.e. ofbeitinni eða ósjálfbærri landnýtingu, er brugðist í III. kafla frumvarpsins. Þess er vænst að það muni nánast heyra til undantekninga að beita þurfi úrræðaákvæðunum. En þau þurfa engu að síður að vera fyrir hendi og kveða á um ferli sem er eins skýrt og mögulegt er

til þess að leysa megi þau vandamál sem upp kunna að koma vegna ofbeitar eða annarrar slæmrar meðferðar á landi. Ástæða kann að vera til að huga að endurskoðun lagaákvæða um ágang búfjár í lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en um það er ekki fjallað í þessu frumvarpi. Ekki er heldur í þessu frumvarpi hróflað við vörsluákvæðum laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991.

- Í IV. kafla (26.–33. gr.) eru tekin saman ýmis ákvæði. Þar er m.a. að finna ákvæði um kostnað við framkvæmd laganna, um útgáfu reglugerða og um stjórnsýslukæru til landbúnaðarráðherra. Síðast en ekki síst er þarna að finna heimildir fyrir Landgræðsluna til að leggja á dagsektir og til eignarnáms. Þetta eru úrræði sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögunum, þótt ólíklegt sé að oft þurfi að grípa til þeirra.
- Aftast eru bráðabirgðaákvæði vegna samninga sem Landgræðsla ríkisins (og áður Landgræðsla Íslands) hafa gert og ákvæði vegna ákvarðana um ítölu sem kunna að vera í gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna. Þar er að meginstefnu haldið í þann tilgang sem kveðið er á um í gildandi lögum um landgræðslu (sjá 1. gr. laga nr. 17/1965). Tilgangur laganna samkvæmt frumvarpinu er fjórþættur:

1. Að *vernda* gróður og jarðveg. Þetta vísar til þess gróðurs og jarðvegs sem er til staðar hverju sinni.
2. Að *endurheimta* gróður og jarðveg. Átt er við að endurheimta skuli eftir föngum þann gróður og jarðveg sem eyðst hefur, með öðrum orðum að græða upp eydd svæði.
3. Að *auka* gróður og jarðveg. Það gerist t.d. með uppgræðslu vangróinna svæða.
4. Að *stuðla að sjálfbærri landnýtingu*. Sjálfbær landnýting er ávallt lykilatriði til að unnt sé að vernda og auka gróður og jarðveg.

Byggt er á því meginsjónarmiði að gróður og jarðvegur séu meðal helstu náttúruauðlinda þjóðarinnar. Hafa ber í huga hversu náið samspil er milli gróðurs og jarðvegs. Gróður hindrar jarðvegsrof og jarðvegsrof (þ.m.t. uppblástur) veldur gróðureyðingu. Tilgangi laganna verður ekki náð nema bæði sé lögð áhersla á gróðurvernd og jarðvegsvernd.

Við framkvæmd laganna skal ávallt höfð hliðsjón af tilgangi þeirra. Stefnt skal að því að gróðurfar sé í sem bestu samræmi við náttúruleg skilyrði og fjölþætta þörf þjóðarinnar fyrir land til ýmissa nota.

Um 2. gr.

Í greininni eru skilgreind ýmis mikilvæg hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakaskilgreiningarnar skýra sig að mestu sjálfar og um fæstar er ástæða til að fjalla sérstaklega. Þess skal getið að um vöktun er fjallað sérstaklega í athugasemdum um 8. gr. frumvarpsins.

Hugtakið „afréttur“ er skilgreint með hliðsjón af skilgreiningu afrétta í lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Afréttir eru ekki alltaf landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hafa verið notuð til sumarbeitar fyrir búfé því oft er landsvæði sem ekki er afréttur notað þannig og því er of víðtækt að skilgreina afrétti á þá vegu. Hins vegar hafa afréttalönd tekið breytingum í gegnum tíðina og því er lagt til að fellt verði út „sem að fornu hafa verið“, sem er í skilgreiningu afrétta í lögum nr. 6/1986.

Hugtakið „ástand lands“ hefur mikla þýðingu. Til að unnt sé að meta hvernig tekst að ná tilgangi laganna þarf t.d. að meta hvort land sé í góðu eða slæmu ástandi. Með samanburði á núverandi eiginleikum landsvæðis við mögulega og æskilega eiginleika er unnt að lýsa

ástandi landsins. Skal þá einkum litið til gróðurþekju og plöntusamfélaga á viðkomandi svæði, jarðvegseiginleika, umfangs jarðvegsrofs og fjölbreytileika lífríkis á svæðinu. Þetta eru þeir þættir sem fyrst og fremst hafa áhrif á ástand lands. Til að leggja mat á þá þarf að koma til sérfræðiþekking og mikilvægt er að matið sé ávallt byggt á bestu fyrirliggjandi gögnum hverju sinni. Eðlilegt er að við það sé tekið tillit til svokallaðrar varúðarreglu umhverfisréttar.

Hugtakið „sjálfbær landnýting“ hefur til þessa ekki verið að finna í íslenskum lögum. Þótt orðið landnýting sé auðskilið er ekki augljóst hvað átt er við með sjálfbærri landnýtingu. Í lögfræðilegri merkingu felast í þessu hugtaki takmarkanir á rétti eigenda eða annarra umráðahafa lands til að nýta viðkomandi landsvæði hvernig sem er. Samkvæmt alþjóðlegum umhverfisrétti merkir sjálfbær nýting þjóðréttarlega skyldu ríkis til að sjá til þess að hver kynslóð umgangist vistkerfi landsins þannig að komandi kynslóðir geti einnig notið þeirra líffræðilegu auðlinda sem í vistkerfunum felast. Mat á því hvort landnýting telst sjálfbær eða ekki er samkvæmt frumvarpinu í höndum Landgræðslunnar.

Hugtakið „umráðahafi lands“ er einnig mjög þýðingarmikið, t.d. ber umráðahafi lands ábyrgð á landnýtingunni, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Umráðahafinn er sá sem hefur lögmætan rétt til að ráðstafa nýtingu landsins. Hann getur t.d. verið eigandi þess, ábúandi, leigutaki eða handhafi beitarréttar. Þegar um afrétti er að ræða er viðkomandi sveitarfélag umráðahafi landsins. Eftir því sem við getur átt skal sama skipan eiga við um önnur beitilönd sem notuð eru með líkum hætti og afréttir, svo og um sameiginlega bithaga. Sveitarfélög eru því umráðahafar slíkra landsvæða. Þetta er sams konar skipan og nú þegar er mælt fyrir um í 12. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Sveitarfélög eru einnig umráðahafar allra almenninga innan stjórnsýslumarka viðkomandi sveitarfélaga.

Hugtakið „úrbótaáætlun“ merkir bindandi gjörning um bætta landnýtingu og landbætur eins og nánar er skilgreint í III. kafla frumvarpsins. Úrbótaáætlun kemur til vegna ófullnægjandi landnýtingar, annaðhvort vegna aðkomu sveitarfélags eða vegna aðkomu Landgræðslunnar. Úrbótaáætlun er skuldbindandi löggerningur sem miðar að því að landnýting á því svæði, sem áætlunin tekur til, verði sjálfbær.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um yfirstjórn landgræðslumála innan stjórnkerfis ríkisins.

Samkvæmt. 1. mgr. er landbúnaðarráðherra æðsta stjórnvald í þeim málefnum sem snúa að landgræðslu á vegum ríkisins.

Samkvæmt 2. mgr. skal ríkið starfrækja stofnun (Landgræðsluna) til þess að annast landgræðslumál líkt og verið hefur um margra áratuga skeið. Nafni Landgræðslu ríkisins er breytt í „Landgræðslan“. Í greininni er fastsett að höfuðstöðvar Landgræðslunnar skuli vera í Gunnarsholti á Rangárvöllum og staðsetningunni verður því ekki breytt nema með lögum. Þess má geta að höfuðstöðvar landgræðslu hér á landi hafa frá upphafi verið í Gunnarsholti.

Samkvæmt 3. mgr. nefnist yfirmaður Landgræðslunnar landgræðslustjóri. Landbúnaðarráðherra ræður landgræðslustjóra til fimm ára í senn sem er í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Gert er ráð fyrir að þetta komi fyrst til framkvæmda þegar núverandi landgræðslustjóri lætur af störfum.

Greinin setur það skilyrði að landgræðslustjóri hafi háskólamenntun í landgræðslu, enda mikilvægt að landgræðslustjóri sé nægjanlega sérfróður um hana. Landgræðslustjóri stjórnar Landgræðslunni, ber ábyrgð á rekstri hennar og ræður til hennar starfsfólk.

Í 4. mgr. er Landgræðslunni heimilað að reka héraðssetur þar sem tilefni er til. Nú eru nokkur héraðssetur starfrækt á vegum Landgræðslu ríkisins og ætla má að fjöldi þeirra breyt-

ist lítið á næstu árum. Þótt ekki sé nauðsynlegt að mæla fyrir um þessa heimild til að reka héraðssetur í lögum, er það gert til að árétta mikilvægi þess að Landgræðslan haldi góðu sambandi við fólk í héraði.

Um 4. gr.

Í greininni eru verkefni Landgræðslunnar talin upp en þeim er svo lýst nánar síðar í frumvarpinu. Athuga ber að eitt mikilvægasta hlutverk Landgræðslunnar er fyrirbyggjandi starf, sbr. ákvæði í 2. tölulið greinarinnar um upplýsingagjöf, fræðslu og ráðgjöf. Lýtur þetta m.a. að landnýtingu og beitarstýringu.

Meðal verkefna Landgræðslunnar er að meta ástand lands og ákveða hvort landnýting telst sjálfbær. Landgræðsla ríkisins hefur þróað flokkunarkerfi sem nýtist við þetta mat og gert er ráð fyrir því að Landgræðslan haldi áfram að þróa það.

Tekið skal fram að Náttúruvernd ríkisins hefur ásamt Landgræðslunni hlutverki að gegna við gróðureftirlit, sbr. lög um náttúruvernd, nr. 44/1999. Einnig ber hér að geta laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975. Með frumvarpinu er ekki hróflað við þessum lögum en þau skulu skýrð til samræmis við frumvarp þetta verði það að lögum.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um skipan landgræðslumála á vettvangi sveitarfélaga. Sveitarfélögum er hér falið mikilvægt hlutverk enda æskilegt að heimamenn hafi sem mest frumkvæði að landgræðslu í héraði. Sveitarfélögum er þó að mestu í sjálfsvald sett hversu mikla áherslu þau leggja á landgræðsluhlutverk sitt. Sveitarfélög eru mjög misstór og misjafnt er hversu mikla burði þau hafa til að sinna landgræðslu.

Í 1. mgr. er áhersla lögð á mikilvægi þess að sveitarfélög stuðli af fremsta megni að landgræðslu og hafi eftirlit með því að landnýting innan sinna stjórnsýslumarka sé í samræmi við lögin. Eðlilega eru það sveitarstjórnir sem eru fulltrúar sveitarfélaga og framfylgja verkefnum þeirra. Þær geta að sjálfsögðu falið starfsfólki sínu að sinna þeim samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Í 2. mgr. kemur fram að sveitarfélög ákveða sjálf hvar þau skipa landgræðslu innan stjórnkerfis síns, en gert er ráð fyrir þeirri skyldu að sérstök nefnd á vegum sveitarfélagsins fjalli um þau málefni. Þetta getur verið sérstök landgræðslunefnd en einnig má hugsa sér að t.d. umhverfisnefnd sinni þessu. Ávallt skal tilkynna Landgræðslunni hvaða nefnd fer með málefni landgræðslu og ber sveitarstjórn ábyrgð á að koma slíkri tilkynningu til skila. Vitneskja Landgræðslunnar um þetta er mikilvæg svo að stofnunin geti ræktað gott samstarf við sveitarfélög.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimild sveitarstjórna til að ráða landgræðslufulltrúa til að fylgja eftir landgræðslustarfi á vegum sveitarfélaga. Þótt ekki sé nauðsynlegt að taka þetta fram í lögum er það talið æskilegt, þó ekki sé til annars en benda sveitarstjórnum á þetta. Vel má hugsa sér að starf landgræðslufulltrúa sé samræmt starfi búfjáreftirlitsmanns, sbr. lög um búfjárhald, fóðagæslu o.fl., nr. 46/1991.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að vinna tillögur og áætlanir um landgræðsluverkefni. Þetta ákvæði ber að skoða í samhengi við 7. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er ákvæði sem ætlað er að minna sveitarstjórnir á eftirlitsskyldu þeirra vegna landnýtingar á afréttum, sem fjallað er um í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Einnig er í þessari málsgrein ákvæði um heimild sveitarstjórna til að annast vöktun, en um hana er nánar fjallað í 8. gr. frumvarpsins. Með því að taka þetta fram er lögð áhersla

á að árangur landgræðslustarfs ræðst mjög af áhuga heimamanna. Mikilvægt er að sveitarfélög sýni gott fordæmi og eigi farsælt samstarf við Landgræðsluna.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um landgræðsluáætlun, sem er áætlun á landsvísu, sbr. 1. mgr. Það er hlutverk Landgræðslunnar að gera landgræðsluáætlun, en hafa skal samráð við landbúnaðarráðherra (landbúnaðarráðuneytið), enda er það landbúnaðarráðherra sem leggur áætlunina fyrir Alþingi. Landgræðslan leggur m.a. tillögur fyrir ráðherra um helstu verkefni og forgangsröðun. Þar á meðal geta verið tillögur um þau landsvæði sem að mati Landgræðslunnar er talið nauðsynlegt að friða fyrir búfjárbeit. Athuga ber að landgræðsluáætlanir munu þó ekki fela í sér tæmandi upptalningu á fyrirhuguðum verkefnum. Nauðsynlegt er að Landgræðslan grípi til landgræðsluframkvæmda þegar mikið liggur við þó svo ekki sé sérstaklega mælt fyrir um framkvæmdirnar í gildandi landgræðsluáætlun.

Um innihald landgræðsluáætlunar segir nánar í 2. mgr. Eðlilegt er að við gerð landgræðsluáætlunar sé tekið tillit til ábendinga sveitarfélaga um hvaða landgræðsluverkefni þau telja mikilvægust innan sinna stjórnsýslumarka, sbr. 3. mgr.

Landgræðsluáætlun skal hverju sinni gerð til tólf ára og vera endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Alþingi mun því á fjögurra ára fresti fá til umfjöllunar greinargerð um stöðu landgræðslumála og framtíðaráform stjórnvalda á þessu sviði næstu tólf árin.

Um 7. gr.

Í þessari grein er sveitarfélögum gert skylt að gera héraðsáætlanir um landgræðslu til fjögurra ára í senn. Þeim er heimilt að sameinast um gerð héraðsáætlana og Landgræðslunni er heimilt að taka þátt í gerð þeirra, en þá skal stofnunin semja við viðkomandi sveitarfélag um skiptingu kostnaðarins. Gert er ráð fyrir að héraðsáætlanir verði fremur einfaldar í sniðum, en hvetji sveitarfélög til að sinna landgræðsluhlutverki sínu, sem kveðið er á um í upphafi 5. gr.

Í greininni er tekið fram að þessum áætlunum er ætlað að falla að landsáætlun á sviði landgræðslu, sbr. 6. gr., enda mikilvægt að samræmi sé þarna á milli.

Sveitarfélag þarf svigrúm til að gera fyrstu héraðsáætlun sína. Það ræðst af afgreiðslu þessa frumvarps hvenær héraðsáætlanir samkvæmt þessari grein verða tilbúnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um þann þátt í eftirliti Landgræðslunnar með ástandi gróðurs og jarðvegs sem nefndur er vöktun. Munurinn á vöktun og almennu eftirliti Landgræðslunnar með landnýtingu felst í því að með vöktun er átt við reglubundna skoðun á afmörkuðum landsvæðum. Gert er ráð fyrir að niðurstöðurnar séu skráðar skipulega þannig að vöktunin nýtist í rannsókna- og þróunarstarfi. Almennt eftirlit felst aftur á móti fremur í daglegri starfsemi með heimsóknum til umráðahafa lands, ráðgjöf og þess háttar.

Við vöktunina skal tekið eðlilegt tillit til 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en þar er mælt fyrir um gróðureftirlit Náttúruverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.

Samkvæmt 3. mgr. er Landgræðslunni heimilt að semja við sveitarfélög eða aðra um að sinna vöktun. Þótt óþarft kunni að vera að taka þetta fram í lögum er það talið æskilegt til að alveg ljóst sé að þessi heimild er fyrir hendi.

Í greininni er vöktunaraðila gefin afdráttarlaus heimild til að fara um land til að sinna störfum sínum. Umráðahöfum lands er því skylt að leyfa starfsmönnum Landgræðslunnar

eða annars vöktunaraðila að fara um land sitt. Eðlilega skulu viðkomandi forðast í hvívetna að valda spjöllum á landinu eða óþarfa truflunum.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir því að Landgræðslan ákveði aðgerðir ef niðurstöður vöktunar gefa tilefni til og að þær skuli vera skv. III. kafla laganna.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um landgræðsluverkefni sem Landgræðslan tekur þátt í. Miðað er við að þessi þáttur starfseminnar fari vaxandi. Greinin leggur engar hömlur á það með hverjum stofnunin vinnur og frumkvæðið má bæði koma frá stofnuninni sjálfri og utanaðkomandi aðilum.

Þegar fyrirhuguð eru samstarfsverkefni, sem fela í sér útgjöld af hálfu Landgræðslunnar, skal Landgræðslan almennt auglýsa opinberlega eftir umsóknum um þátttöku í þeim, sbr. 3. mgr. Þetta ákvæði er áminning um að gæta jafnræðis í samræmi við almennar reglur stjórnsýsluréttarins. Einnig ber að hafa í huga að mikilvægt er að kostnaðaráætlun liggi fyrir áður en ráðist er í samstarfsverkefni af þessu tagi.

Samkvæmt greininni er Landgræðslunni heimilt að styðja landgræðslu á vegum bænda, enda eru verkefnin „Bændur græða landið“ og „Betra bú“ einhver árangursríkustu samstarfsverkefni sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið þátt í. Landgræðslunni er einnig heimilt að taka þátt í samstarfsverkefnum sem eru þess eðlis að fyrirtæki eða einstaklingar styrkja stofnunina gegn því að mega t.d. vísa til hennar í markaðssetningu. „Græðum landið með OLÍS“ er dæmi um slíkt verkefni. Samstarfsverkefni geta einnig falist í þátttöku eða styrkjum frá Landgræðslunni vegna girðinga eða sáninga, svo dæmi séu nefnd. Landgræðslan verður þó, sem fyrr segir, að gæta þess að virða jafnræðisreglu. Sem dæmi um samstarfsverkefni má einnig nefna að Landgræðslan getur samið við eigendur beitarréttar um friðun afrétta fyrir búfjárbeit. Landgræðslunni er heimilt að láta þá sem fengið hafa staðfestingu á sjálfbærri landnýtingu njóta forgangs að samstarfsverkefnum. Í greininni er gert ráð fyrir að samningum um samstarfsverkefni sé eftir atvikum þinglýst.

Í núgildandi landgræðslulögum, nr. 17/1965, eru ítarleg ákvæði um landgræðslufélög. Reynslan hefur sýnt að algerlega óþarft er að löggjafinn setji svo nákvæmar reglur. Aðalatriðið er að þau samstarfsverkefni sem Landgræðslan tekur þátt í séu í samræmi við heildarmarkmið í landgræðslu.

Um 10. gr.

Í þessari grein segir að Landgræðslunni sé ávallt heimilt að taka landsvæði til uppgræðslu, friðunar eða annarra landgræðsluframkvæmda þegar það samrýmist tilgangi laganna, sbr. 1. mgr. Landgræðslunni er líka ávallt heimilt að semja við umráðahafa lands um beitarfriðun eða aðrar landgræðsluaðgerðir, sbr. 3. mgr., og hafa slíkir samningar m.a. verið gerðir um friðun afrétta. Almennt geta slíkir samningar fallið undir 9. gr. frumvarpsins, en athuga ber að skv. 4. mgr. má Landgræðslan semja um friðun lands án undangenginnar auglýsingar.

Heimild Landgræðslunnar til að taka land til uppgræðslu eða annarra landgræðsluframkvæmda, sbr. 1. mgr., er allvíðtæk. Athuga ber að alltaf þegar landsvæði, sem landgræðsla er fyrirhuguð á, er í umráðum annarra en Landgræðslunnar skal stofnunin leitast við að ná samningum um landgræðsluna við umráðahafa landsins. Þetta er áréttað í 2. mgr. Í viðkomandi samningi skal mælt fyrir um tiltekin skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt áður en umráðahafi landsins fær það afhent að nýju, sbr. 5. mgr. Samningar af þessu tagi skulu vera skriflegir og þeim skal þinglýst, en það er mjög mikilvægt ef aðilaskipti verða að landinu.

Þegar samningar nást ekki við umráðahafa landsins og um er að ræða landsvæði sem brýnt er að græða upp, þarf Landgræðslan að geta tekið landið til landgræðslu þrátt fyrir ónógan samstarfsvilja umráðahafa. Því er í 6. mgr. mælt fyrir um heimild Landgræðslunnar til að ákveða úrbætur eða gera eignarnám. Komi til þess reynir eftir atvikum á 20. gr. eða 27. gr. frumvarpsins. Ákvæði 6. mgr. er til komið af illri nauðsyn; ekki er gert ráð fyrir að á það reyni nema í undantekningartilvikum.

Um 11. gr.

Þegar landgræðslu er lokið af hálfu Landgræðslunnar er almennt ekki ástæða til að stofnunin hafi lengur umráð yfir landgræðslusvæðinu. Í greininni er henni heimilað að afhenda slík svæði til nytja sem getur t.d. gerst með leigu eða sölu. Tekið er fram að í þess konar samningum skuli ávallt kveðið á um endurgjald (leigu), uppsetningu og viðhald girðinga, meðferð og nýtingu landsins. Þetta er m.a. nauðsynlegt svo að unnt sé að rifta leigusamningi ef leigutakinn spillir landinu með ofnýtingu eða illri meðferð. Þinglýsa skal samningum um afhendingu lands.

Til að fyrirbyggja að gróðri taki aftur að hnigna á landsvæði, sem Landgræðslan hefur haft umráð yfir en selur, er heimilt að ráðstafa landinu með kvöðum um meðferð þess eða nýtingu. Landgræðslan skal mæla fyrir um slíkar kvaðir. Að sjálfsögðu skulu þær samrýmast tilgangi laganna.

Um 12. gr.

Talið er eðlilegt að þegar landgræðslusvæði í eigu Landgræðslunnar er selt eigi eigandi þeirrar jarðar, sem svæðið var áður hluti af, forkaupsrétt að því. Honum skal boðið að neyta forkaupsréttar með sannanlegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi.

Um 13. gr.

Þegar Landgræðslan afhendir land sem hefur verið grætt upp er mikilvægt að viðtakandinn viðhaldi árangrinum og forðist að ofnýta landið. Því er í þessari grein mælt fyrir um skyldu hans til að græða landið upp að nýju ef vanræksla hans veldur því að gróðureyðing eða jarðvegsrof hefst á ný. Greinin er sambærileg við 14. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um umferð um landgræðslusvæði sem eru í umráðum Landgræðslunnar. Umferð um önnur landgræðslusvæði fer eftir ákvörðun umráðahafa og viðkomandi löggjöf (sbr. einkum lög um náttúruvernd, nr. 44/1999).

Gangandi fólki er ávallt heimilt að fara um landgræðslusvæði í umráðum Landgræðslunnar. Sama á almennt við um vélknúin ökutæki, en þau verða ávallt að halda sig á vegum, sbr. 17. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þegar Landgræðslan telur nauðsynlegt að takmarka eða banna umferð vélknúinna ökutækja um landgræðslusvæði skal hún leggja það til við landbúnaðarráðuneytið, sem auglýsir það í B-deild Stjórnartíðinda og opinberum fjölmiðli. Með „opinberum fjölmiðli“ er í frumvarpinu átt við fjölmiðil sem rekinn er af ríkinu og hefur landsútbreiðslu, sbr. Ríkisútvarpið nú, hvort heldur er Rás 1, Rás 2 eða Sjónvarpið, og eftir atvikum aðra fjölmiðla.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um friðun landgræðslusvæða fyrir búfé, þ.e. svæða sem eru í umráðum Landgræðslunnar. Öll umferð búfjár er þar bönnuð innan afgirtra landgræðslusvæða,

nema Landgræðslan heimili beinlínis slíka umferð. Ekki er talið viðeigandi að kveða á um friðun landgræðslusvæða sem eru ekki í umráðum Landgræðslunnar. Ávallt þegar stofnunin á aðild að landgræðslu getur hún hlutast til um að svæðið sé friðað samkvæmt viðkomandi samstarfssamningi, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í íslenskum rétti eru almennt ekki lagðar ríkar skyldur á eigendur búfjár til að halda því í vörslu, enda landfræðilegar aðstæður oft þannig að slíkt er afar vandasamt. Um vörslu búfjár er nú fyrst og fremst mælt fyrir í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, en einnig eru ákvæði sem þetta varða í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Samkvæmt þessari löggjöf, ásamt girðingarlögum nr. 135/2001, er almennt gengið út frá því meginsjónarmiði að sá sem ekki unir umferð búfjár á landi sínu þurfi að girða landið af. Í girðingarlögunum eru ákvæði um skiptingu girðingarkostnaðar þegar girðing er reist á landamerkjum. Umræða um lausagöngu búfjár undanfarin misseri og ár gefur vísbendingu um að í þjóðfélaginu sé farið að gera auknar kröfur um að umráðamaður búfjár skuli bera ríkari ábyrgð en nú og tryggja vörslu búfjárins. Í þessu frumvarpi er þó ekki hróflað við núverandi skipan mála.

Landgræðslunni er að sjálfsögðu ávallt heimilt að reka búfé af landgræðslusvæði í umráðum stofnunarinnar. En til að stofnunin geti gripið til þeirra aðgerða sem lýst er í 2.–4. mgr. þarf viðkomandi landgræðslusvæði að hafa verið girt af í samræmi við ákvæði girðingarlaga, nr. 135/2001. Ákvæði greinarinnar um viðbrögð vegna búfjár sem komist hefur inn á afgirt landgræðslusvæði skýra sig að öðru leyti sjálf.

Um 16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um þá grundvallarreglu að við landnýtingu skuli þess ætíð gætt að valda ekki rýrnun eða eyðingu landkosta. Ekki er um nýmæli að ræða, ákvæðið er tekið orðrétt úr 17. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965.

Ábyrgð á því að landnýting samræmist lögunum hvílir samkvæmt þessari grein á umráðahafa landsins. Honum ber því að sjá til þess að land í hans umráðum sé ekki nýtt með ósjálfbærum hætti. Nauðsynlegt er að kveða með skýrum hætti á um það hver ber þessa ábyrgð, til að unnt sé að ná tilgangi laganna um sjálfbæra landnýtingu.

Komi í ljós að landnýting rýri landgæði, hamli umtalsvert eðlilegri eða æskilegri framvindu gróðurs eða valdi landspjöllum er umráðahafa lands skylt að breyta landnýtingunni svo að hún samrýmist lögunum. Þetta segir í 2. mgr. Umráðahafi skal einnig kosta landbætur til að bæta fyrir landspjöll eða rýrnun landkosta af hans völdum, sbr. 3. mgr. Þetta er í samræmi við ákvæði 17. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965. Landgræðslunni er falið að segja til um hvernig umráðahafi lands skuli bæta landspjöll, sem er í samræmi við 2. mgr. 18. gr. núgildandi laga um landgræðslu.

Um 17. gr.

Í 17.–24. gr. er fjallað um þau úrræði sem eru til þess fallin að tryggja framkvæmd landnýtingarákvæðanna og stuðla þannig að sjálfbærri landnýtingu. Áður en fjallað er um greinarnar hverja fyrir sig skal úrræðaferlinu til hagræðis lýst í fáeinum orðum:

1. Ef ábending kemur um slæma landnýtingu skal málið kannað óformlega (sjá 17. gr.).
2. Ef talin er ástæða til afskipta, þ.e. fótur hefur reynst fyrir ábendingunni, skal eftirlitsaðili (sveitarstjórn eða Landgræðslan) gefa umráðahafa viðkomandi lands kost á að koma að andmælum og tillögu til úrbóta (sjá 18. gr.). Ef sveitarstjórn er umráðahafi landsins er það hlutverk Landgræðslunnar að leita eftir úrbótum (sjá 22. gr.).
3. Ef engin eða óviðunandi úrbótatillaga berst frá umráðahafa landsins skal sveitarstjórn

gera tillögu um úrbætur og gefa umráðahafa landsins kost á að samþykkja hana (sjá 19. gr.). Geri hann það ekki skal sveitarfélagið fela Landgræðslunni að ákveða úrbætur (sjá 20. gr.).
4. Það er þó hlutverk Landgræðslunnar að ákveða úrbætur ef sveitarstjórn er umráðahafi viðkomandi landsvæðis (sjá 22. gr.).
5. Ákvörðun eða samningur um úrbætur nefnist úrbótaáætlun. Slíkar áætlanir skulu miðast við að land sé nýtt með sjálfbærum hætti og tillit sé tekið til sveiflna í árferði (sjá 21. gr.). Úrbótaáætlun kemur í stað ákvörðunar um ítölu, sem nú er mælt fyrir um í III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, sbr. einnig 23. gr. laga um landgræðslu, nr. 17/1965.
6. Ef sveitarfélag telur umráðahafa lands hafa brotið gegn úrbótaáætlun skal hún tilkynna Landgræðslunni það og skal Landgræðslan þá grípa til viðeigandi aðgerða (sjá 20. gr.).
7. Verði Landgræðslan vör við að brotið hafi verið gegn úrbótaáætlun skal hún ætíð kæra það til viðkomandi lögreglustjóra. Stofnuninni er þá einnig heimilt að grípa til dagsekta (sjá 24. gr.).

Nú verður vikið að 17. gr. sérstaklega. Bæði Landgræðslan og sveitarfélög hafa eftirlitshlutverki að gegna og skulu fylgjast með hvort landnýting samrýmist lögunum. Aðrir geta komið ábendingum um slæma landnýtingu til annaðhvort Landgræðslunnar eða sveitarfélaga. Almennt er það þá hlutverk sveitarstjórnar að kanna hvort ábendingin eigi við rök að styðjast. Ef ábending berst Landgræðslunni framsendir stofnunin hana til viðkomandi sveitarfélags. Eigi ábendingin við um landsvæði sem er í umráðum sveitarfélagsins sjálfs, sbr. skilgreiningu frumvarpsins á umráðahafa lands, er það þó hlutverk Landgræðslunnar en ekki sveitarstjórnar, að fylgja málinu eftir (sbr. 22. gr.). Þannig er komið í veg fyrir að sveitarfélag hafi eftirlit með sjálfu sér.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma eftir atvikum til framkvæmda að undangenginni athugun þeirri sem mælt er fyrir um í 17. gr. frumvarpsins. Alltaf þegar ástæða þykir til skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna umráðahafa lands að landnýting á viðkomandi svæði samrýmist ekki lögunum. Umráðahafa skal gefinn kostur á andmælum og jafnframt að gera tillögur um úrbætur. Hann getur óskað eftir aðstoð sveitarfélagsins og eftir atvikum landgræðslufulltrúa þess, sbr. 3. mgr. 5. gr., til að móta úrbótatillögur. Mikilvægt er að umráðahafi sjálfur fái tækifæri til að upplýsa hvernig hann ætlar að leysa vandann, og geti haft ákveðið frumkvæði að því, enda er nýting landsins á hans ábyrgð. Samkvæmt greininni fær hann almennt tvær vikur til að undirbúa tillögur og skulu þær vera skriflegar. Í undantekningartilvikum er sveitarstjórn heimilt að hafa þennan frest styttri, þ.e. ef mikið liggur við.

Um 19. gr.

Samningur eða ákvörðun um úrbætur nefnist úrbótaáætlun. Í þessari grein er fjallað um úrbótaáætlun sem verður til fyrir tilverknað sveitarstjórnar. Þær hafa allfrjálsar hendur við gerð úrbótaáætlana, en skulu þó ávallt hafa hliðsjón af tilgangi laga þessara og sjá til þess að úrbótaáætlun stuðli að sjálfbærri landnýtingu.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um þá tegund úrbótaáætlana sem eru tilkomnar vegna ákvörðunar Landgræðslunnar. Þær er hægt að gera ef:

- umráðahafi hefur brotið gegn úrbótaáætlun sem samþykkt hefur verið fyrir tilstilli sveitarstjórnar,
- engin úrbótaáætlun hefur verið samþykkt þrátt fyrir afskipti sveitarstjórnar, eða
- Landgræðslan telur sveitarstjórn hafa vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögunum og tilefni er til úrbóta (sjá nánar 22. gr. frumvarpsins).

Úrbótaáætlunum sem ákveðnar eru af Landgræðslunni skal þinglýst, enda er það mikilvægt ef aðilaskipti verða að viðkomandi jörð/landsvæði.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um það hvað skal koma fram í úrbótaáætlun sem Landgræðslan ákveður. Helsta viðmiðunin sem Landgræðslan lítur til við ákvörðun úrbóta er að landnýting verði sjálfbær. Gildistími slíkrar áætlunar er að hámarki tólf ár. Tekið skal fram að úrbótaáætlun getur t.d. gilt fyrir afmörkuð beitarsvæði, heilar jarðir, afrétti og önnur sameiginleg beitarlönd.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þó skal tekið fram að Landgræðslan getur alltaf að eigin frumkvæði farið fram á úrbætur vegna landnýtingar, sem hún telur ekki samrýmast lögunum, og gerist þetta almennt þegar Landgræðslan sinnir óformlegu eftirliti og ráðgjafarhlutverki sínu.

Um 23. gr.

Í þessari grein er fjallað um endurskoðun úrbótaáætlunar. Samkvæmt henni skal taka úrbótaáætlun til endurskoðunar ef krafa um það kemur fram frá þar til bærum aðila eftir að fjögur ár eru liðin frá gildistöku áætlunarinnar. Engu að síður geta málsaðilar alltaf komið sér saman um breytingar á úrbótaáætlun. Úrbótaáætlun gildir aldrei lengur en tólf ár.

Um 24. gr.

Í þessari grein er fjallað um viðbrögð við broti gegn úrbótaáætlun. Það er Landgræðslan sem á að fylgjast með hvort umráðahafi lands framfylgir úrbótaáætlun. Nær þetta bæði til úrbótaáætlana sem sveitarstjórn á aðild að og úrbótaáætlana sem Landgræðslan hefur ákveðið. Telji stofnunin hafa verið brotið gegn úrbótaáætlun ber henni að kæra það til viðkomandi lögreglustjóra. Í greininni eru tekin af öll tvímæli um að brot gegn úrbótaáætlun jafngildi broti gegn lögunum.

Um 25. gr.

Í þessari grein segir til um það hvað getur gerst þegar umráðahafi lands unir ekki ákvörðun Landgræðslunnar um úrbætur. Landbúnaðarráðherra úrskurðar í kærumálum sem kunna að rísa á grundvelli laganna, en um kærur er fjallað nánar í 28. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Greinin fjallar um heimild Landgræðslunnar til að ákveða dagsektir í því skyni að lögin séu virt. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að í lögum séu dagsektarákvæði af þessu tagi.

Um 27. gr.

Greinin felur í sér lagaheimild til eignarnáms, sbr. ákvæði 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um stjórnsýslukærur sem kunna að rísa á grundvelli laganna.

Um 29. gr.

Samkvæmt greininni er Landgræðslunni heimilt að eiga aðild að og/eða stofna hlutafélag. Er þessi heimild í samræmi við heimildir sem veittar hafa verið á síðustu árum til handa Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnuninni, sbr. lög nr. 64/1965, ásamt síðari breytingum, Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 8/1985, Iðntæknistofnun Íslands, sbr. lög nr. 77/1986, og Orkustofnun, sbr. lög nr. 53/1985.

Um 30. gr.

Greinin fjallar um heimild til útgáfu reglugerða og þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um refsiábyrgð. Eðlilegt er að brot á lögunum varði sektum. Fjárhæð sekta ræðst af almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, og dómvenju.

Um 32.–33. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Landgræðsla ríkisins og áður Sandgræðsla Íslands hafa gert fjölda samninga á sviði landgræðslu og skulu þeir halda gildi sínu þrátt fyrir ný lög um landgræðslu. Landgræðslan yfirtekur réttindi og skyldur Landgræðslu ríkisins samkvæmt slíkum samningum. Sama á við um aðra samninga Landgræðslu ríkisins, þar á meðal samninga vegna starfsfólks.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu.

Frumvarpið er lagt fram með það að markmiði að lögfesta tilgang, reglur og ábyrgðarsvið landgræðslu á Íslandi.

Frekari stefnumótun og forgangsröðun verkefna má sjá í landgræðsluáætlun frá 2003–2014 sem ætlað er að leggja fram til næstu 12 ára samhliða frumvarpinu, en gerð landgræðsluáætlana er lögfest skv. 6. gr. frumvarpsins. Framlög til áætlunar ákvarðast í fjárlögum hverju sinni.

914. Fyrirspurn [585. mál]

til iðnaðarráðherra um vistvænt eldsneyti.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Á hvern hátt styður iðnaðarráðuneyti rannsóknir á að nýta afgas frá stóriðju ásamt vetni til framleiðslu vistvæns eldsneytis? Hyggst ráðherra kanna mögulega samvinnu við stóriðjufyrirtækin í landinu á þessu sviði?

915. Tillaga til þingsályktunar [586. mál]

um úttekt á óhreyfðum skipum í höfnum og skipsflökum og kostnaði við hreinsun.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Gunnar Birgisson, Kristján Pálsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna fjölda óhreyfðra, úreltra skipa í höfnum landsins, svo og fjölda strandaðra skipa og skipsflaka nálægt landi, kostnað við að flytja þau burt og endurvinna brotamálm, timbur og plast úr skipsskrokkunum.

Greinargerð

Umhverfis landið, jafnt í höfnum sem annars staðar, er að finna óhreyfð skip, úrelt, ónýt og jafnvel án eigenda. Enginn vilji er fyrir því að fjarlægja úr sér gengna skipsskrokka sökum þess hve kostnaðarsamt það er talið vera.

Á síðustu árum hefur verið lögð vaxandi áhersla á þá stefnu að endurnýta, endurvinna og draga úr sóun, bæði hér og erlendis. Starf á vegum Sorpu bs. hefur verið þungt á metunum og skipt sköpum hvað endurvinnslu varðar hér á landi.

Á árinu 2000 voru tæp 36 þús. tonn af brotajárni og málmúrgangi flutt úr landi. Sama ár skiluðu 10.000 tonn af timbri sér til endurvinnslu í Sorpu. Þá tók Sorpa á móti 60 tonnum af drykkjarfernum, 5.500 tonnum af dagblöðum og Endurvinnslan hf. tók á móti 3.300 tonnum af gleri, 1.400 tonnum af plasti og 500 tonnum af málmi (áli).

Til stendur að koma á skilagjaldi á bifreiðar. Það mun gjörbreyta margra ára ófremdarástandi því að bílhræ hafa víða verið skilin eftir í reiðileysi. Hreinsun á bílflökum um allt land hefur þó skilað verulegum árangri.

Erfiðleikar hafa hins vegar skapast á mörgum stöðum á landinu hvað skipsskrokka varðar. Þannig hafa safnast saman úr sér gengin og ónýt skip í höfnum sums staðar á landinu, og geta legið þar talsverð verðmæti í málmi, timbri og plasti. Þá er skipsflök einnig að finna utan hafna auk þess sem skip hafa strandað eða sokkið nálægt landi. Ekki hefur verið lagt mat á hve verðmætt efnið í þessum skipum og bátum kynni að vera, en kostnaður við að flytja efnið í móttökustöð til endurvinnslu hefur vaxið mönnum í augum og orðið til þess að engin úrlausn hefur fundist. Þannig er um óleyst umhverfisvandamál að ræða.

Samkvæmt upplýsingum hafnarstjórans í Reykjavík eru engin ónýt skip í Reykjavíkurhöfn, en þar eru nokkur verkefnalaus skip sem þó er vel við haldið.

Umhverfisnefnd Hafnasambandsins gekkst fyrir könnun á langlegu- og reiðileysisskipum í höfnum á Íslandi 4.–7. desember árið 2000 og kemur þar fram að slík skip voru á þeim tíma talin vera 161 talsins, með brúttóþyngd alls tæp 37 þús. tonn. Þar voru m.a. 14 skuttogarar, 88 fiskibátar og 38 trillur. Í Hafnarfjarðarhöfn voru þá 17 skip, í Vestmannaeyjahöfn tíu skip og á Höfn í Hornafirði þrjú skip svo að dæmi séu nefnd. Á Mjóafirði einn skuttogari og á Reyðarfirði sömuleiðis. Í Grindavíkurhöfn voru sjö skip, þar af sex fiskibátar og ein trilla. Í Ísafjarðarhöfn voru sjö skip, þar af fimm fiskibátar, og á Siglufirði fimm skip, tveir skuttogarar og þrír fiskibátar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, er bannað að sökkva skipum í sjó og er það í samræmi við alþjóðlega samninga (OSPAR) þótt í þeim sé gert ráð fyrir að bannið taki gildi á alþjóðavísu í ársbyrjun 2005.

Tillagan gerir ráð fyrir að metið verði umfang þessa umhverfisvandamáls nú, einkum með tilliti til þess hve kostnaðarsamt yrði að leysa það. Í kjölfarið þyrfti ríkisstjórnin í samvinnu við hafnarstjórnir og sveitarfélög að ákveða til hvaða aðgerða sé rétt að grípa.

916. Svar [480. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Ellefu stofnanir heyra undir landbúnaðarráðuneytið, þar af eru sjö með höfuðstöðvar úti á landi. Tvær af þeim stofnunum landbúnaðarráðuneytisins sem eru með höfuðstöðvar í Reykjavík hafa hins vegar flutt störf út á land á sl. ári, sbr. eftirfarandi:

Veiðimálastofnun. Engin fjarvinnsluverkefni eru unnin hjá stofnuninni úti á landi. Hins vegar hafa þrjú ársverk verið flutt frá Reykjavík og í landsbyggðardeildir stofnunarinnar. Þetta var gert á árunum 2000–2001.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Engin fjarvinnsluverkefni eru unnin fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) úti á landi en á árinu 2001 voru eftirtalin störf flutt frá aðalstöðvunum í Reykjavík út á land: Starf sviðsstjóra búfjárssviðs sem fór í hálft kennslustarf hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Sviðsstjórinn er eftir sem áður búsettur í Reykjavík. Starfsmaður Fóðursviðs RALA flutti búsetu sína til Hvanneyrar og starfar sem vísindamaður við Tilraunabúið á Hesti auk þess að gegna störfum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Hann er eftir sem áður í fullu starfi hjá RALA.

Nokkrir starfsmenn RALA kenna jafnframt við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskólann í Hveragerði.

917. Frumvarp til laga [587. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins bannað innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Ráðherra getur heimilað Hollustuvernd ríkisins að veita tímabundnar undanþágur frá slíku banni í því skyni að draga smám saman úr innflutningi og framleiðslu efnisins og kveðið þar á um hvaða skilyrðum slík undanþága skuli háð.

Við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa skv. 3. mgr. er heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár. Þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnis er heimilt að hafna umsókn aðila sem hefur ekki flutt inn eða framleitt efnið áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000, um efni sem eyða ósonlaginu, ásamt breytingu á þeirri reglugerð nr. 2039/2000. Munu reglugerðir þessar taka við af reglugerð EB nr. 3093/94 sem gilt hefur hér á landi um nokkurra ára skeið. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 21. apríl 1999 í máli íslenska ríkisins gegn Vörukaupum ehf. og gagnsök þykir ljóst að gera þurfi breytingar á lögum nr. 52/1988 áður en framangreindar reglugerðir öðlast gildi hér á landi. Ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 munu koma strax til framkvæmda og því er ljóst að ekki er hægt að bíða með þessa breytingu þar til nefnd skipuð af umhverfisráðherra 13. júní 2000, sem vinnur nú að heildarendurskoðun laga nr. 52/1988, hefur lokið störfum.

Í Vínarsamningi um vernd ósonlagsins frá 22. mars 1985 og Montrealbókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, eins og henni var breytt í Lundúnum 29. júní 1990 og Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992, hefur Ísland sem einn samningsaðila tekist þá skyldu á herðar að takmarka notkun á slíkum efnum. Hafa þessir alþjóðasamningar verið fullgiltir af Íslands hálfu og auglýstir í C-deild Stjórnartíðinda, sbr. auglýsingar nr. 9/1989, 15/1993 og 1/1994.

Undanfarin ár hefur umhverfisráðherra, á grundvelli heimildar í 2. mgr. 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, sett reglur um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna. Hefur innflutningur nokkurra efna, þar á meðal klórflúorkolefna, halóna, metylbrómíða og vetnisklórflúorkolefna, verið takmarkaður eða bannaður. Hollustuvernd ríkisins hefur haft það verkefni að veita undanþágur frá slíku banni. Heildarmagn efnis sem leyft er að flytja inn á ári hefur verið ákveðið í reglugerð og Hollustuvernd ríkisins hefur úthlutað innflutningsheimildum innan þeirra marka. Reglur þessar hafa verið í samræmi við það sem kveðið er á um í reglugerðum Evrópusambandsins og gilt hafa á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í dómi Hæstaréttar frá 21. apríl 1999 í máli íslenska ríkisins gegn Vörukaupum ehf. og gagnsök þóttu lög nr. 52/1988 eða alþjóðasamningar ekki hafa veitt heimild til þess að gera

greinarmun á einstökum innflytjendum eftir því efnismagni sem þeir höfðu flutt inn á árinu 1989, eins og kveðið var á um í auglýsingu umhverfisráðherra nr. 217/1995, um tímabundna heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum. Hins vegar var talið að 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988, þrátt fyrir óskýrt orðalag, fæli í sér nægilega heimild fyrir ráðherra til að takmarka innflutning á vetnisklórflúorkolefni með reglugerð. Var höfð hliðsjón af tilgangi laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, breytingalaga nr. 51/1993, sem veittu umhverfisráðherra heimild til að setja nauðsynlegar reglur um notkun ósoneyðandi efna í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, og efnisákvæðum alþjóðasáttmála um vernd ósonlagsins. Þá var ekki talið að ráðherra hefði framselt Hollustuvernd ríkisins vald umfram það sem heimilt var þegar hann fól stofnuninni að framkvæma innflutningstakmarkanirnar.

Nú hefur verið samþykkt innan ESB að takmarka enn frekar framleiðslu og innflutning vetnisklórflúorkolefna. Í reglugerð EB nr. 2037/2000 eru hertar takmarkanir á notkun vetnisklórflúorkolefna og flýtt um fimm ár að hætta notkun þeirra, þ.e. frá 2015 fram til 2010. Reglugerðin gerir jafnframt ráð fyrir takmörkunum þannig að einungis þeir sem haft hafa leyfi til framleiðslu eða innflutnings tiltekið ár fái slíkar heimildir og dregið verði úr framleiddu eða innfluttu magni þar til notkun verður alfarið hætt árið 2010. Þetta leiðir til þess að ekki verður unnt að heimila innflutning eða framleiðslu nýrra aðila á markaði. Með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar þykir rétt að lögfesta heimild til að taka mið af markaðshlutdeild innflytjenda og framleiðenda umhverfisskaðlegra efna og heimild til að meina nýjum aðilum að koma inn á slíkan markað þar sem stefnt er að því að útrýma efnunum af markaði. Þar sem um úthlutun takmarkaðra gæða er að ræða og útrýming framangreindra efna af markaði verður mjög hröð þykir jafnframt vissara að skýrar lagaheimildir liggi fyrir um heimild umhverfisráðherra til að setja reglur um bann við innflutningi og framleiðslu umhverfisskaðlegra efna og heimildir Hollustuverndar ríkisins til að stýra innflutningi og framleiðslu slíkra efna.

Þrátt fyrir að tilefni breytingar á lögum nr. 52/1988, sem hér er lögð til, sé framangreint ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 um bann við notkun vetnisklórflúorkolefna, þá er ákvæðið orðað þannig að því megi beita um sams konar takmörkun annarra umhverfisskaðlegra efna í framtíðinni. Dæmi um efni sem hugsanlega verða takmörkuð á alþjóðavettvangi í náinni framtíð eru tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum, svo sem vetnisflúorkolefni, flúorkolefni og hexaflúorbrennisteinn. Í þessu sambandi má einnig benda á að í áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun er stefnt að því að draga verulega úr eða hætta alveg notkun efna eða efnavöru sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði og umhverfi, svo sem þungmálma, þrávirkra efna og krabbameinsvaldandi efna. Aðgerðir til þess að ná fram þeim markmiðum gætu kallað á takmarkanir af þessu tagi.

Í frumvarpinu er lagt til að umhverfisráðherra verði að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins veitt heimild til að banna innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti í reglugerð heimilað Hollustuvernd ríkisins að veita tímabundnar undanþágur frá slíku banni í því skyni að draga smám saman úr innflutningi og framleiðslu efnisins. Í slíkri reglugerð yrði jafnframt kveðið á um hvaða skilyrðum undanþágur yrðu háðar. Efni þau sem ákvæði þessu er ætlað að ná til eru yfirleitt ekki framleidd hér á landi heldur flutt inn. Þrátt fyrir það þykir rétt að miða heimildina bæði við bann við innflutningi og framleiðslu þar sem reglugerðir Evrópusambandsins á þessu sviði taka til hvors tveggja og hafa þann möguleika í lögum að banna framleiðslu efna ef aðstæður hér á landi hvað þetta varðar breytast.

Í 2. mgr. 1. gr. er lagt til að lögfest verði heimild til að taka mið af markaðshlutdeild umsækjanda undanfarin fimm ár við veitingu innflutnings- og framleiðsluleyfa, sem Hollustu-

vernd ríkisins mun veita í samræmi við ákvæði 2. málsl. 1. mgr. Þá verði jafnframt heimilt að hafna umsókn aðila sem ekki hefur flutt inn eða framleitt efnið áður þegar stefnt er að algeru banni við innflutningi og framleiðslu efnisins. Þessu ákvæði er ætlað að veita heimild til þess að takmarka úthlutun innflutnings- og framleiðsluleyfa við þá sem fyrir eru á markaði og hafna umsóknum nýrra aðila. Þykir eðlilegt að þegar stefnt er að algeru banni við notkun tiltekinna umhverfisskaðlegra efna sé þeim sem fyrir eru á markaði gefinn sanngjarn frestur til að laga sig að breytingunum, en nýir aðilar beini þá innflutningi sínum og framleiðslu að þeim efnum sem koma munu í staðinn. Ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 gera ráð fyrir þessu fyrirkomulagi. Við útreikning markaðshlutdeildar er samkvæmt ákvæðinu miðað við innflutning eða framleiðslu síðustu fimm ára til að ákvæðið nái örugglega til allra sem verið hafa á markaðinum áður en takmarkanir koma til framkvæmda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að lögfest verði heimild fyrir umhverfisráðherra að banna innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið og að við veitingu tímabundinna undanþágu frá slíku banni sé heimilt að taka mið af markaðshlutdeild umsækjenda undangengin ár.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

918. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson, Jóhann Guðmundsson og Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneyti, Helga Hallgrímsson og Gunnar Gunnarsson frá Vegagerðinni, Hauk Hauksson og Brand Guðmundsson frá Flugmálastjórn, Hilmar B. Baldursson frá flugráði, Hermann Guðjónsson og Helga Jóhannesson frá Siglingastofnun Íslands og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Flugfélaginu Jórvík, Siglingastofnun Íslands, Vegagerðinni, Póst- og fjarskiptastofnun, Akraneskaupstað, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Raufarhafnarhreppi, Landsvirkjun, Samtökum atvinnulífsins, Hollustuvernd ríkisins, Vélskóla Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar, Landvernd, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Olíudreifingu ehf., Olíufélaginu hf., Akureyrarbæ, Siglufjarðarkaupstað,

Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Hornafirði, Náttúruvernd ríkisins, Stykkishólmsbæ, Byggðastofnun, Reykjavíkurborg, Bessastaðahreppi, Umferðarráði, Dalvíkurbyggð, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Hafnasambandi sveitarfélaga, Djúpárhreppi, Kópavogsbæ, Neytendasamtökunum og Ísafjarðarbæ.

Með frumvarpinu er lagt til að samþykktur verði nýr lagarammi um gerð samgönguáætlana. Frumvarpið mælir fyrir um gerð tvenns konar áætlana, annars vegar samgönguáætlunar til tólf ára, sem skal endurskoða á fjögurra ára fresti, og hins vegar fjögurra ára áætlunar, sem skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Þessar áætlanir taka til samgangna í lofti, á láði og legi. Sjálfstæðar veg-, hafna-, sjóvarna- og flugmálaáætlanir munu því heyra sögunni til verði frumvarpið að lögum.

Tólf ára samgönguáætlun er ætlað að verða mun víðtækari en fyrri áætlanir á sviði samgöngumála. Auk framkvæmdaáætlunar og stefnumótunar er ætlunin að skilgreina í henni það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna í landinu. Þá er ætlunin að hún taki jafnframt til öryggismála, umhverfismála, almenningssamgangna, fjármögnunar samgöngukerfisins o.fl.

Fjögurra ára áætlun á hins vegar að geyma nákvæma rekstraráætlun fyrir hvert ár fyrir sig. Fjögurra ára áætlun skiptist í þrjá meginkafla, flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun, og verður uppbygging þeirra og form með svipuðum hætti og gildandi áætlanir á þessum sviðum.

Samkvæmt frumvarpinu mun svokallað samgönguráð hafa yfirumsjón með gerð beggja áætlananna en gert er ráð fyrir að grunnvinnan við gerð þeirra fari fram í stofnunum samgöngumála svo sem verið hefur með núverandi áætlanir.

Til að tryggja þátttöku hagsmunaaðila í þessari vinnu er samgönguráði gert að standa fyrir samgönguþingi við gerð hverrar samgönguáætlunar þar sem hagsmunaaðilum gefst kostur á að koma áhersluatriðum og hagsmunamálum sínum á framfæri og skiptast á skoðunum. Meiri hlutinn lítur svo á að með hagsmunaaðilum sé í frumvarpstextanum átt við alla sem telja sig hafa hagsmuni af gerð og mótun samgönguáætlana. Því telur meiri hlutinn að þeir sem óska eftir að sækja samgönguþing eigi þess kost. Með þessu ætti að vera tryggt að öll sjónarmið komi fram.

Meiri hlutinn telur að sú skipan mála sem frumvarpið mælir fyrir um sé til mikilla bóta. Með samræmdri samgönguáætlun fæst betri og heildstæðari sýn á samgöngumál í landinu og gefur hún færi á stefnumótun í samgöngumálum þar sem allir þættir samgangna eru tvinnaðir saman og metnir á grundvelli hagkvæmni, byggðasjónarmiða, umhverfisþátta o.fl.

Þá telur meiri hlutinn nauðsynlegt að litið sé til umferðaröryggismála við gerð samgönguáætlana og haft samráð við yfirvöld lögreglumála hvað það varðar.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um að umfang framkvæmda í samgöngumálum eigi að taka mið af efnahagsástandi í landinu hverju sinni og vill nefndin geta þess að framkvæmdum hefur verið frestað á grundvelli efnahagslegra sjónarmiða og svo mun vafalaust verða áfram. Samgönguáætlun ein og sér bindur ekki stjórnvöld til framtíðar hvað þetta varðar. Stjórnvöld hafa, með fulltingi Alþingis, ávallt möguleika á að bregðast við aðstæðum í efnahagsmálum með því að draga úr eða auka framkvæmdir eftir atvikum.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á ákvæði til bráðabirgða með frumvarpinu. Lagt er til að samgönguráðherra skuli í fyrsta sinn leggja fram tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2003–2014 á 128. löggjafarþingi í stað 127. löggjafarþings eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „127. löggjafarþingi“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 128. löggjafarþingi.

Alþingi, 6. mars 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Jónas Hallgrímsson.

Kristján L. Möller,
með fyrirvara.

919. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum sem varða samgönguáætlun o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin fjallaði um málið samhliða 384. máli, samgönguáætlun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga sem fjalla um flugmálaáætlun, hafnaáætlun, sjóvarnaáætlun og vegáætlun og miða þær fyrst og fremst að því að aðlaga þessi ákvæði að hinum breytta lagaramma sem lagður er til í frumvarpi til laga um samgönguáætlun.

Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á skipan flugráðs og hafnaráðs og verkefnum þeirra breytt að nokkru leyti. Helsta breytingin er í því fólgin að hagsmunaaðilar fá fulltrúa í ráðunum og er þar með tryggður vettvangur fyrir sjónarmið sín.

Meiri hlutinn leggur til smávægilega breytingu á 2. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Lokamálsliður 2. efnismgr. 2. gr. orðist svo: Fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Alþingi, 6. mars 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Jónas Hallgrímsson.

Kristján Möller,
með fyrirvara.

920. Nefndarálit [563. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að frestur sjómanna til að sækja lögboðna öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila verði bundin við þá dagsetningu sem sjómaður er skráður á námskeið í skólanum.

Námskeið í öryggisfræðslu er eitt af skilyrðum lögskráningar. Erfiðlega hefur þó gengið að fá sjómenn til að sækja þessi námskeið og hafa margir hverjir oft frestað töku þess og komist upp með það framan af svo sem rakið er í athugasemdum við frumvarpið.

Frumvarpið er lagt fram til að bregðast við því ástandi sem skapast hefur eftir að lögskráningarumdæmi fóru að synja mönnum um lögskráningu á þessum grundvelli um síðustu áramót, en síðan þá hafa orðið til miklir biðlistar.

Ljóst er að þau tilvik geta komið upp þar sem óviðráðanlegar aðstæður valda því að sjómaður sem fengið hefur frest samkvæmt frumvarpinu getur ekki sótt námskeið sem hann hefur skráð sig á. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem málið varðar bregðist við slíkum aðstæðum þannig að það valdi sem minnstri röskun á stöðu og högum viðkomandi sjómanns og mælist nefndin til þess að þetta verði haft í huga.

Nefndin leggur til smávægilega orðalagsbreytingu á 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „eða á annan hátt eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð“ í a-lið 1. gr. komi: eða öðrum viðurkenndum aðila.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. mars 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Sigríður Ingvarsdóttir.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Jónas Hallgrímsson.
Kristján Möller.		Jón Bjarnason, með fyrirvara.

921. Fyrirspurn [588. mál]

til umhverfisráðherra um úrelt skip í höfnum landsins.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við sífellt vaxandi fjölda skipa sem úreldast í höfnum landsins og nauðsynlegt er að farga?

922. Fyrirspurn [589. mál]

til fjármálaráðherra um svarta atvinnustarfsemi, skattsvik og eftirlit.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur umfang skattsvika og/eða svartrar atvinnustarfsemi verið kannað reglubundið á síðustu fimm árum? Ef svo er, hvað kom út úr þeirri könnun og hvernig var hún framkvæmd?
2. Hvert er talið vera heildarumfang svartrar atvinnustarfsemi og/eða skattsvika miðað við þjóðarframleiðslu? Hefur heildarumfangið aukist á tímabilinu?
3. Er umfang svartrar atvinnustarfsemi og/eða skattsvika mismunandi eftir atvinnugreinum og, ef svo er, í hvaða 5–10 atvinnugreinum gætir þessa mest? Hver hefur þróunin í hverri atvinnugrein orðið á síðustu fimm árum?
4. Hafa stjórnvöld skipulagt aðgerðir til þess að sporna við svartri atvinnustarfsemi og/eða skattsvikum? Ef svo er, í hverju felast þær?

Skriflegt svar óskast.

923. Fyrirspurn [590. mál]

til forsætisráðherra um viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvernig verður brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar í skýrslu embættisins um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000?

924. Fyrirspurn [591. mál]

til samgönguráðherra um Kísilveg.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hver eru áform Vegagerðarinnar um framkvæmdir á Kísilvegi (87) á næstu árum, og hvenær er áætlað að ljúka fullnaðaruppbyggingu þessa vegar með bundnu slitlagi?
2. Eru uppi áform um að auka vetrarþjónustu á þessum vegi, t.d. með snjómokstri alla daga vikunnar?

925. Fyrirspurn [592. mál]

til samgönguráðherra um Bakkaflugvöll.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að almenningssamgöngur við Bakkaflugvöll verði styrktar sérstaklega?

926. Frumvarp til laga [593. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „Landgræðsla Íslands“ í b-lið 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: Landgræðslan.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. kafla laganna:

1. Í stað 15.–30. gr. koma þrjár nýjar greinar, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:
   a. (15. gr.)
      Sveitarstjórnum er skylt að fylgjast með ástandi gróðurs og jarðvegs á afréttum og heimalöndum og skulu þær hafa um það samráð við Landgræðsluna.
   b. (16. gr.)
      Þar sem talin er þörf bættrar meðferðar afréttar og verndar á gróðri að mati Landgræðslunnar er stjórnum fjallskiladeilda heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða til að tryggja sjálfbæra landnýtingu:

a. að ákveða að fjallgöngur á hausti skulu færðar fram, eða smalað sé af tilteknum hlutum afréttar fyrir göngur,
b. að ákveða hvenær fyrst megi reka hverja búfjártegund á afrétt,
c. að láta girða sérstök svæði á afréttum eða í heimalöndum fyrir hrossabeit,
d. að banna að stóðhross séu rekin á afrétt, enda séu þau þá undanskilin fjallskilum,
e. að eiga frumkvæði að félagslegum aðgerðum til hagabóta í samráði við Landgræðsluna.

c. (17. gr.)
Sá telst bóndi sem hefur lögbýli til ábúðar.
Réttur hvers lögbýlis til upprekstrar búfjár á afrétt, í úrbótaáætlun Landgræðslunnar, skal ákveðinn af viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum þegar fleiri en eitt sveitarfélag eiga upprekstur á sama afrétt.

2. Fyrirsögn kaflans verður: **Verndun beitilanda.**

4. gr.

Orðin „og afrétta“ í 36. gr. laganna falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. eru að stofni til frá 1969. Nokkrar breytingar voru gerðar á lögunum árið 1976 og aftur 1986. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar til samræmis við frumvarp til laga um landgræðslu sem lagt er fram samhliða. Lagt til að III. kafli um verndun beitilands og um ítölu verði styttur og öll umfjöllun um ítölu verði felld úr lögunum. Það hefur reynst mun erfiðara að koma á ítölu í beitilöndum en ætlað var með setningu laganna og nær ógerlegt hefur verið að framkvæma þær ítölur sem settar hafa verið hafi þær verið íþyngjandi fyrir búfjáreigendur. Frá því lögin voru sett árið 1969 hefur verið sett ítala í um tug afréttarsvæða og hafa þær ýmissa hluta vegna ekki leitt til umbóta í gróðurvernd þeirra beitilanda, það hefur gerst eftir öðrum leiðum.

Landgræðsla ríkisins fer með gróðureftirlit samkvæmt núgildandi lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, sem nú hafa verið endurskoðuð á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Þar er gert ráð fyrir að gróðureftirlit verði áfram falið Landgræðslu ríkisins og sérstakur ferill úrbótaáætlana komi í stað ítölunnar. Sé landnýting tiltekins landsvæðis ekki talin vera sjálfbær gefst umráðahafa landsins færi á að leggja fram áætlun um úrbætur. Gangi það ekki eftir mun Landgræðsla ríkisins leggja fram slíka áætlun og lögregluyfirvöld framfylgja henni ef þörf krefur. Ekki er gert ráð fyrir að þessum aðferðum þurfi að beita oft en brýnt er að lögformlegur ferill sé til þegar á þarf að halda. Í frumvarpi um landgræðslu er ábyrgð umráðahafa lands gerð mun skýrari en er í kaflanum um ítölu og í betra samræmi við það sem tíðkast víða erlendis við sambærilegar aðstæður.

Í lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, eru einnig ákvæði um ítölu sem að hluta til hafa stangast á við III. kafla laga nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sem enn frekar kallar á endurskoðun og fyrirmæli um hvernig leysa skuli vandamál sem upp kunna að koma vegna ofnýtingar lands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki þykir samrýmast gróðurverndunarsjónarmiðum að skylda menn til að reka á afrétt.

Um 2. gr.

Landgræðsla ríkisins hefur ekki heitið Landgræðsla Íslands. Hér er því lagt er til að heiti stofnunarinnar verði breytt í samræmi við frumvarp til laga um landgræðslu sem lagt er fram samhliða og nafninu verði breytt í „Landgræðslan".

Um 3. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á ákvæðum III. kafla laganna sem fjalla um ítölu og ákvörðun hennar. Í stað 15.–30. gr. koma þrjár greinar þar sem tvær eru að mestu efnislega samhljóða núgildandi greinum. Breytingin felst í því að verið er að fella niður öll ákvæði sem fjalla um ítölu. Eðlilegt þykir að fella ekki niður ákvæði sem fjalla um sjálfbæra nýtingu afrétta. Samkvæmt nýrri 17. gr. ákveður fjallskiladeild hlutfallstölu búfjár til upprekstrar á afrétt fyrir hvert lögbýli. Til viðmiðunar skal litið til núgildandi 4. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en þar segir: „Réttur hvers lögbýlis, sem sérmetið var við fasteignamat árið 1932, skal að $^{1}/_{3}$ vera jafn, en að $^{2}/_{3}$ skal hann vera í hlutfalli við beitarþol heimalands jarðarinnar. Hafi það ekki verið metið, má leggja til grundvallar landverð jarðarinnar eftir fasteignamati að frádregnum hlunnindum og að frádregnu verðmæti þess hluta af fullræktuðu landi, sem ætla má að nota verði til heyöflunar. Taka má tillit til sérstakra búskaparhátta á jörðinni." Hér er því lagt til að sama regla gildi um hlutfallstölu búfjár og gilti um ítölu áður.

Þá er lagt til að ákvæði núgildandi laga þess efnis að bóndi teljist sá sem hefur lögbýli til ábúðar sé látið standa. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á stjórn afréttamálefna í héraði.

Um 4. gr.

Óþarfi þykir að hafa skyldu til að kveða á um vorsmölun afrétta í fjallskilasamþykkt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að samhæfa skilgreiningar og reglur gildandi laga við ákvæði frumvarps til laga um landgræðslu sem lagt verður fram samhliða þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

927. Lög [168. mál]

um póstþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 875.

928. Lög [252. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 690.

929. Frumvarp til laga [563. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Siglingastofnun er heimilt að veita skipverja tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila. Greiða skal gjald fyrir veittan frest og skulu þau gjöld standa undir raunkostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu hans. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6.–7. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt. Siglingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

930. Frumvarp til laga [228. mál]

um skylduskil til safna.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur.

Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja:

1. að unnt sé að varðveita til frambúðar þann íslenska menningararf sem skilaskylda nær til samkvæmt lögum þessum;
2. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;
3. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.

2. gr.
Varðveislusöfn.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri og Kvikmyndasafni Íslands er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við tilgang þessara laga skv. 1. gr.

II. KAFLI
Skilaskyld verk.

3. gr.
Skilaskylda.

Af verkum sem gefin eru út eða birt hér á landi skal afhenda eintök til skylduskila samkvæmt því sem kveðið er á um í 4.–11. gr.

Verk telst birt í skilningi laga þessara þegar eintök af því hafa verið löglega gefin út eða þegar það er með réttri heimild gert aðgengilegt almenningi með öðrum hætti, svo sem ef það er flutt eða sýnt opinberlega eða er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet.

Verk telst birt hér á landi þótt það sé framleitt erlendis ef það er sérstaklega ætlað til dreifingar hér á landi.

4. gr.
Verk sem gefin eru út á pappír.

Af verkum sem gefin eru út á pappír skal afhenda fjögur eintök.

Séu verk framleidd hér á landi hvílir skilaskyldan á framleiðsluaðila, þ.e. þeim sem skilar frá sér fullbúnu verki, prentsmiðju, fjölföldunarstofu eða bókbandsstofu. Sé ekki ljóst hver sá aðili er eða skil bregðast hjá honum getur móttökusafn farið fram á að útgefandi eða sá sem sér um dreifingu verkanna inni skilaskylduna af hendi.

Þegar um er að ræða verk sem framleitt er erlendis hvílir skilaskyldan á útgefanda þess.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn skal varðveita þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt eintak.

Séu afbrigði í texta, myndefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags af útgefnu verki

skal að auki afhenda eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó undanþegin þessu ákvæði. Landsbókasafn varðveitir þau eintök sem hér um ræðir.

Nýjar útgáfur af verkum eru einnig háðar skilaskyldu, enn fremur endurprentanir.

5. gr.

Örgögn og skyggnur.

Af verkum sem gefin eru út sem örgögn, á skyggnum eða á samsvarandi miðlum skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

6. gr.

Hljóðrit.

Hljóðrit merkir í lögum þessum hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.

Af útgefnum hljóðritum, þ.e. hvers konar tal- og tónupptökum, þ.m.t. hljóðbókum, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Landsbókasafn veitir hljóðritunum viðtöku og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

7. gr.

Verk útgefin á rafrænu formi.

Af verkum sem gefin eru út á geisladiski, disklingi eða sambærilegu formi skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn veitir viðtöku efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir tvö eintök en Amtsbókasafnið eitt.

8. gr.

Verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti.

Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu. Hann skal láta safninu í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stofnunin fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín eintak af verkinu.

Skylda til afhendingar skv. 1. mgr. nær ekki til tölvuforrita nema forritið sé birt ásamt verki af annarri tegund sem skilaskylda nær til.

Landsbókasafn skal varðveita verk sem birtast á rafrænu formi á neti. Safnið setur nánari reglur um afhendingu þessara gagna.

9. gr.

Samsettar útgáfur.

Samsettar útgáfur merkja í lögum þessum útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi.

Af samsettum útgáfum, svo sem prentuðu efni, skyggnum, myndböndum, hljóðritum, geisladiskum, tölvudisklingum o.fl., skal afhenda fjögur eintök. Gildir einu hvort hið afhendingarskylda birtist á tvenns konar miðlum eða fleiri tegundum miðla.

Skilaskylda hvílir á útgefanda.

Landsbókasafn veitir viðtöku verkum samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Landsbókasafn varðveitir þrjú eintök en Amtsbókasafnið eitt.

10. gr.

Útvarpsefni.

Útsendar dagskrár Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps – skal afhenda í einu eintaki. Aðrar íslenskar hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar skulu láta í té eitt eintak af þeim hlutum dagskrár sem móttökusafn kallar eftir.

Skilaskylda útvarpsefnis hvílir á rekstraraðila.

Kvikmyndasafn Íslands skal varðveita dagskrár samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er móttökusafni að gera samkomulag við Ríkisútvarpið um að það varðveiti dagskrár þess, bæði hljóðvarps og sjónvarps.

11. gr.

Kvikmyndir.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.

Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

Íslenskur framleiðandi í skilningi laga þessara er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út eða sýndar opinberlega skulu afhent tvö eintök. Skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess enda virði móttökusafnið aðgangsheimildir allra þeirra er rétt eiga á aðgangi að frumeintakinu. Hitt filmueintakið má vera notað sýningareintak. Ef kvikmynd er birt á fleiri en einu formi, til dæmis bæði á filmu og myndbandi, skal afhenda tvö eintök af hvorri/hverri gerð.

Af íslenskum kvikmyndum sem gefnar eru út á myndböndum, mynddiskum eða á öðru sambærilegu formi skal til viðbótar afhenda eitt sýningareintak.

Af erlendum kvikmyndum með íslenskum texta eða íslensku tali sem sýndar eru í kvikmyndahúsum skal afhenda eitt sýningareintak. Móttökusafni skal heimilt að varðveita einungis úrval þeirra mynda sem eru afhendingarskyldar samkvæmt þessari málsgrein.

Af erlendum kvikmyndum sem eru með íslenskum texta eða íslensku tali og dreift er til almennings á myndböndum, mynddiskum eða á öðru formi skal afhenda tvö ónotuð eintök.

Kynningarefni tengt kvikmyndum, svo sem veggspjöld, annað álíka prentefni og ljósmyndir, skal afhent í tveimur eintökum.

Sé kvikmynd tekin á filmu afhendir framleiðandi móttökusafni skriflega aðgangsheimild að frumeintaki kvikmyndarinnar innan mánaðar frá frumsýningu myndarinnar. Aðgangsheimild þessi heimilar móttökusafni að gera sýningareintök af myndinni á eigin kostnað og taka hana í sína vörslu að sjö árum liðnum eða fyrr í samráði við framleiðanda og aðra þá sem eiga aðgang að frumeintakinu.

Skilaskylda íslenskrar kvikmyndar hvílir á framleiðanda hennar. Skilaskylda erlendrar kvikmyndar hvílir á dreifingaraðila hér á landi.

Kvikmyndasafn Íslands varðveitir efni samkvæmt þessari grein og hefur eftirlit með skilum þess samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. þó 12. mgr. Þó skal eintak íslenskra kvikmynda sem kveðið er á um í 5. mgr. varðveitt í Landsbókasafni. Kvikmyndasafn Íslands varðveitir það kynningarefni sem um getur í 8. mgr.

Frumeintak af íslenskum kvikmyndum sem framleiddar eru á filmu skal afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Ef frumeintak kvikmyndar er enn í notkun að sjö árum liðnum er heimilt að varðveita frumeintak kvikmyndarinnar í framköllunarfyrirtæki í samráði við móttökusafn. Framleiðanda ber skylda til að láta móttökusafn vita um allar breytingar á vistun myndarinnar. Sýningareintak af slíkum myndum skal afhenda innan tveggja ára frá frumsýningardegi. Móttökusafni skal einnig heimilt að láta gera nýtt sýningareintak á eigin kostnað.

Íslenskar kvikmyndir sem framleiddar eru á myndbandi eða á formi sem ekki krefst þess að þjónusta sé sótt til útlanda vegna framköllunar skulu afhentar innan árs frá frumsýningu eða útgáfu.

Sé íslensk kvikmynd samframleiðsla með erlendum aðila getur hinn íslenski framleiðandi mælt fyrir um að í stað afhendingar til Kvikmyndasafns Íslands verði frumeintak varðveitt á erlendu kvikmyndasafni sem á aðild að alþjóðasamtökum kvikmyndasafna, FIAF. Í slíku tilviki skal framleiðandi tilkynna Kvikmyndasafni Íslands hvaða erlent safn varðveitir frumeintakið.

III. KAFLI
Framkvæmd skylduskila.

12. gr.
Frágangur efnis.

Skilaskyld verk skal afhenda í endanlegri gerð og á því formi sem þau birtast notendum. Skyldueintök skulu vera heil og gallalaus. Með verkunum skal afhent það efni sem er framleitt til þess að fylgja þeim við dreifingu.

Móttökusafni er heimilt að semja við skilaskyldan aðila um sérstakan frágang á efni ef þurfa þykir.

13. gr.
Innsiglun.

Það efni sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota getur útgefandi ákveðið að móttökusafn geymi innsiglað tiltekinn tíma og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu ef óskað er. Sá tími sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda má ekki fara fram úr gildistíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið að þann tíma sem prentað eða fjölfaldað efni er innsiglað séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni. Af efni sem opinber yfirvöld gera upptækt skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

14. gr.
Tæknilegar upplýsingar.

Skilaskyldum aðila ber að verða við óskum móttökusafns um að láta í té þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að verkið komi að notum. Hinn skilaskyldi getur farið fram á að þessar tæknilegu upplýsingar verði ekki látnar óviðkomandi í té.

15. gr.

Meðferð verka.

Skilaskyld verk eru aðgengileg notendum að því marki sem höfundalög heimila.

16. gr.

Skráning.

Safn skal gera skrár um þau verk sem það varðveitir samkvæmt lögum þessum. Nánar skal mælt fyrir um skráninguna í reglugerð. Útgefanda er skylt að verða við ósk móttökusafns um að veita þær upplýsingar um útgefið verk sem eru nauðsynlegar vegna skráningarinnar.

17. gr.

Kostnaður af skylduskilum.

Skilaskyldur aðili ber kostnað af skylduskilum. Þó ber útgefandi kostnað af skilum verka skv. 4. gr.

Setja má í reglugerð heimildarákvæði um að móttökusafn greiði í vissum tilvikum fyrir skilaskyld verk og afhendingu þeirra.

18. gr.

Lok reksturs hjá skilaskyldum aðila.

Falli skilaskyldur aðili frá eða verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta tekur dánar- eða þrotabúið við skyldum hans samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Undanþágur.

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki. Sama gildir um ýmislegt smáprent, svo sem eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki er ritstýrt og eru án texta.

20. gr.

Nánari ákvæði.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um framkvæmd skilaskyldu, svo sem um skilagrein er fylgja skuli efninu, hámarksfrest á skilum og þess háttar.

IV. KAFLI
Viðurlög.

21. gr.

Nú afhendir skilaskyldur aðili ekki verk innan þess frests sem ákveðinn er í lögum þessum eða reglugerð og getur þá móttökusafnið að undangenginni aðvörun lagt á hann dagsektir. Kröfu um dagsektir má innheimta með aðför.

V. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 43/1977, um skylduskil til safna. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

931. Frumvarp til laga [370. mál]

um breytingu á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurskoðunarfyrirtæki skal tryggja að nöfn og heimilisföng félagsmanna eða hluthafa fyrirtækisins séu aðgengileg almenningi.

2. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af tilskipun 84/253/EBE um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast löggilta endurskoðun bókhaldsgagna og öðlast þegar gildi.

932. Lög [563. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 929.

933. Lög [228. mál]

um skylduskil til safna.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 930.

934. Lög [316. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 392.

935. Lög [370. mál]

um breytingu á lögum um endurskoðendur, nr. 18/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. mars.)

Samhljóða þskj. 931.

936. Frumvarp til laga [594. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en tólf mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður lengur en tólf mánuði, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

2. gr.

6. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

3. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. laganna bætist: sbr. þó 6. mgr. 23. gr.

4. gr.

Við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

5. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra

18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut ellieða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

6. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi skv. 1. mgr. og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna, skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) hefur óskað eftir að gerðar verði. Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting að í settum lögum um sjóðinn sé ótvíræð lagaheimild fyrir þeirri framkvæmd stjórnar LSR að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sömu laun eru ekki tæk til viðmiðunar við greiðslu á iðgjöldum til sjóðsins, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem taka á því hvenær barna- og makalífeyrisréttur úr sjóðnum verður virkur og í tengslum við það hvernig meðhöndla beri iðgjaldagreiðslur til sjóðsins sem eru til komnar eftir andlát sjóðfélaga. Jafnframt er lögð til breyting á 2. mgr. 5. gr. laganna en um hana vísast til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að breyta ákvæði þessu til að koma til móts við þarfir kennara en algengt er að þeir taki sér launalaust leyfi sem varir í tólf mánuði. Þegar viðkomandi vill hefja greiðslur til B-deildarinnar að nýju er honum það ekki heimilt eins og ákvæðið er nú en þar segir að ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falli niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins. Algengt hefur verið að sjóðfélagar hafi lýst yfir óánægju með ákvæði þetta en með þeirri breytingu sem lögð er til í þessu frumvarpi verður sjóðfélögum heimilt að láta iðgjaldagreiðslur falla niður í allt að tólf mánuði án þess að réttur þeirra til aðildar að B-deild sjóðsins falli niður.

Um 2. gr.

Ákvæði 6. mgr. 23. gr. laganna var ætlað að koma í veg fyrir sjálfdæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum starfsmanna í LSR. Stjórn LSR hefur, með stoð í ákvæðinu, metið það svo að henni beri skylda til að ákveða viðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris þegar sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Framangreinda framkvæmd stjórnar LSR við beitingu á ákvæði 6. mgr. 23. gr. má rekja til tilgangs lög-

gjafans sem er að fela stjórn sjóðsins ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda til að koma í veg fyrir sjálfdæmi launagreiðanda við ákvörðun á lífeyrisréttindum í sjóðnum. Kemur þetta skýrt fram í athugasemdum við ákvæði d-liðar 13. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 141/1996, en til þess ákvæðis má rekja 6. mgr. 23. gr. laga nr. 1/1997. Þessum tilgangi verður ekki náð nema að ákvæðinu sé beitt jafnt fyrir ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu iðgjalda sem og við ákvörðun á viðmiðunarlaunum til greiðslu lífeyris úr sjóðnum.

Með 2. og 3. gr. frumvarpsins er verið að skjóta styrkari stoðum undir fyrrgreinda framkvæmd stjórnar LSR við ákvörðun á viðmiðunarlaunum og taka af allan vafa um að hún hafi fullnægjandi lagastoð í 6. mgr. 23. gr. laganna.

Um 3. gr.

Sjá umfjöllun um 2. gr.

Um 4. og 5. gr.

Með greinunum er lögfest sú venjuhelgaða framkvæmd stjórnar LSR að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum til eftirlifandi maka eða barna fyrr en launagreiðslur falla niður og iðgjaldagreiðslum til sjóðsins vegna viðkomandi er lokið. Í allflestum kjarasamningum sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða sveitarfélög eru aðilar að eru ákvæði þar sem kveðið er á um launagreiðslur í tiltekinn tíma eftir lát starfsmanns að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Forsögu slíkra ákvæða má rekja til ákvæðis í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, þar sem kveðið var á um launagreiðslur til maka látins starfsmanns. Af launum þessum hafa verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóðinn. Í slíkum tilvikum hefur LSR ekki greitt út lífeyri fyrr en iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið. Telja ber eðlilegt að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi sjóðfélaga og iðgjöld greidd af þeim launum til sjóðsins. Á meðan iðgjöld eru greidd í sjóðinn er enn verið að reikna réttindaávinning á sjóðfélagann. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum eftir andlát sjóðfélaga og má ætla að ekki hafi verið hugað að slíkum greiðslum við lögfestingu ákvæða um barna- og makalífeyri.

Núverandi framkvæmd styðst við áratugalanga hefð og er í fullu samræmi við þann tilgang með greiðslu barna- og makalífeyris að koma til móts við tekjutap sem aðilar verða fyrir við missi framfæranda en ekki reynir á það tekjutap fyrr en eftir að launagreiðslum lýkur. Með þessari lagabreytingu er skotið styrkari stoðum undir núverandi framkvæmd á greiðslu maka- og barnalífeyris.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. geta sjóðfélagar í þar tilgreindum tilvikum valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 23. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Þegar sjóðfélagi nýtir sér val samkvæmt þessari reglu og lífeyrir hans á samkvæmt því að taka breytingum sem verða á launum sem greidd eru fyrir viðmiðunarstarfið er ákvæðinu ætlað að taka af tvímæli um að ekki er heimilt að sækja lífeyrisviðmið til starfs sem launað er með þeim hætti að stjórninni bæri að ákveða viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af fyrir starfið skv. 6. mgr. 23. gr. laganna væru iðgjöld greidd af starfinu til deildarinnar.

Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa í þeim efnum að ekki sé lagaheimild til að miða lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við laun fyrir starf sem ekki er heimilt að greiða iðgjöld af til deildarinnar. Vilji sjóðfélagi sem á val skv. 1. mgr. 35. gr. nýta sér valið og starfið er ekki tækt til viðmiðunar á greiðslu lífeyris úr sjóðnum skal stjórn sjóðsins ákveða honum viðmiðunarlaun sem lífeyrisgreiðslur taka mið af og skulu þau þá ákveðin með sama hætti og þegar um er að ræða iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og laun fyrir það starf eru ekki samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 6. mgr. 23. gr. laganna. Ef viðmiðunarstarfinu gegnir aðili sem greiðir iðgjöld í B-deild sjóðsins og stjórn sjóðsins hefur ákveðið þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, sbr. 6. mgr. 23. gr., skal nota sama viðmið til greiðslu á lífeyri til þess sem hefur það starf til viðmiðunar á greiðslu lífeyris. Þegar ekki liggur fyrir ákvörðun skv. 6. mgr. 23. gr. um greiðslu iðgjalda til sjóðsins þarf stjórnin að taka sjálfstæða ákvörðun um viðmiðunarlaun sem greiða ber lífeyri af.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frumvarpi þessu er einkum ætlað að lögfesta ákvæði um þau viðmið sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur haft varðandi ákvörðun um laun til greiðslu lífeyris þegar sömu laun eru ekki samanburðarhæf við greiðslu iðgjalda til sjóðsins og varðandi það hvenær barna- og makalífeyrisréttur sjóðfélaga verður virkur. Þar sem um er að ræða lögfestingu á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur er ekki gert ráð fyrir breytingu á útgjöldum ríkissjóðs þótt frumvarpið verði samþykkt sem lög.

937. Frumvarp til laga [595. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut ellieða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga til samræmis við breytingar sem stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hefur óskað eftir að gerðar verði á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Lögð er til breyting sem tekur á því hvenær barna- og makalífeyrisréttur úr sjóðnum verður virkur og í tengslum við það hvernig meðhöndla beri iðgjaldagreiðslur til sjóðsins sem eru til komnar eftir andlát sjóðfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Með greinunum er lögfest sú venjuhelgaða framkvæmd stjórnar lífeyrissjóðsins að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum til eftirlifandi maka eða barna fyrr en launagreiðslur falla niður og iðgjaldagreiðslum til sjóðsins vegna viðkomandi er lokið. Í allflestum kjarasamningum sem fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða sveitafélög eru aðilar að eru ákvæði þar sem kveðið er á um launagreiðslur í tiltekinn tíma eftir lát starfsmanns að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Forsögu slíkra ákvæða má rekja til ákvæðis í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, þar sem kveðið var á um launagreiðslur til maka látins starfsmanns. Af launum þessum hafa verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóðinn. Í slíkum tilvikum hefur lífeyrissjóðurinn ekki greitt út lífeyri fyrr en iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið. Telja ber eðlilegt að greiða ekki lífeyri úr sjóðnum á sama tíma og laun eru greidd vegna viðkomandi sjóðfélaga og iðgjöld greidd af þeim launum til sjóðsins. Á meðan iðgjöld eru greidd í sjóðinn er enn verið að reikna réttindaávinning á sjóðfélagann. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir launagreiðslum eftir andlát sjóðfélaga og má ætla að ekki hafi verið hugað að slíkum greiðslum við lögfestingu ákvæða um barna- og makalífeyri.

Núverandi framkvæmd styðst við áratugalanga hefð og er í fullu samræmi við þann tilgang með greiðslu barna- og makalífeyris að koma til móts við tekjutap sem aðilar verða fyrir við missi framfæranda en ekki reynir á það tekjutap fyrr en eftir að launagreiðslum lýkur. Með þessari lagabreytingu er skotið styrkari stoðum undir núverandi framkvæmd á greiðslu maka- og barnalífeyris.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frumvarpi þessu er einkum ætlað að lögfesta ákvæði um þau viðmið sem stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hefur haft varðandi það hvenær barna- og makalífeyrisréttur sjóðfélaga verður virkur. Þar sem um er að ræða lögfestingu á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur er ekki gert ráð fyrir breytingu á útgjöldum ríkissjóðs þótt frumvarpið verði samþykkt sem lög.

938. Frumvarp til laga [596. mál]

um breyting á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „settar eru í“ í 1. mgr. kemur: bókun 3 og.
b. Á eftir orðunum „á sviði“ í 1. mgr. kemur: ríkisaðstoðar og.

2. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skal hlutaðeigandi stjórnvald, að undangenginni ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Þiggjanda aðstoðar ber að greiða vexti, sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður, af fjárhæð þeirri sem hann er endurkrafinn um. Vextir skulu reiknaðir frá þeim degi er þiggjanda var fengin aðstoðin til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Afturköllun samkvæmt málsgrein þessari skapar sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

3. gr.

2. málsl. 48. gr. laganna verður svohljóðandi: Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er verið að aðlaga XI. kafla samkeppnislaga að reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. (nú 88. gr.) EB-sáttmálans. Ákvæði 93. gr. (nú 88. gr.) EB-sáttmálans er sambærilegt 62. gr. EES-samningsins og kveður á um að stöðugt skuli fylgjast með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. EES-samningsins. Þeir sem framkvæma skulu þetta eftirlit eru annars vegar framkvæmdastjórn EB, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. (nú 88. gr.) EB-sáttmálans og hins vegar eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26 við EES-samninginn.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001 var gerð breyting á bókun 26 um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Með þeirri ákvörðun var reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. (nú 88. gr.) EB-sáttmálans felld inn í samninginn. Í stuttu máli er markmiðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 26 að tryggja eftirlitsstofnun EFTA sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB er falin með reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999. Flestar þær heimildir sem um ræðir hefur eftirlitsstofnun EFTA haft áður en í reglugerðinni er kveðið skýrar á um nokkur atriði en verið hefur. Kallar reglugerðin því á minni háttar breytingar á XI. kafla samkeppnislaga um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls fjallar um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Til að gæta samræmis við breytingu á bókun 26 við EES-samninginn var því einnig nauðsynlegt að breyta bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin byggir á 22. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 og fjallar um vettvangsskoðun. Þar sem reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 hefur verið tekin upp í bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls þykir rétt að vísa til bókunar 3 í 1. mgr. 42. gr. laganna en þar er mælt fyrir um vettvangsskoðun. Samkvæmt greininni er eftirlitsstofnun EFTA veitt heimild til vettvangsskoðunar enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Sambærilegar starfsreglur er að finna í bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 er kveðið á um að hafi eftirlitsstofnun EFTA alvarlegar athugasemdir um að ákvörðunum hennar sé hlítt skuli hún eiga þess kost að grípa til frekari úrræða sem gera henni kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að sannreyna hvort ákvörðunum hennar sé hlítt með skilvirkum hætti. Vettvangsheimsóknir í eftirlitsskyni séu viðeigandi og nothæft úrræði, einkum í tilvikum þar sem aðstoð kann að hafa verið misnotuð. Því beri að heimila eftirlitsstofnuninni að fara í vettvangsheimsóknir í eftirlitsskyni og skuli hún njóta samvinnu við lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem fyrirtæki er andvígt slíkri heimsókn.

Í því skyni að sannreyna hvort viðkomandi ákvörðun sé hlítt skulu embættismenn sem eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir hafa umboð til þess að:

a. fara inn á allt athafnasvæði og land hlutaðeigandi fyrirtækis;
b. fara fram á munnlegar skýringar á staðnum;
c. rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka afrit eða krefjast þeirra.

Um 2. gr.

Greinin byggir á 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 og kveður á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar. Reglu þessa efnis hefur verið að finna í leiðbeiningarreglum eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð. Í reglugerðinni kemur fram að endurgreiðsla ólögmætrar ríkisaðstoðar skuli fara fram án tafar og í samræmi við fyrirmæli laga hlutaðeigandi aðildarríkis. Ásamt aðstoðinni, sem ber að endurgreiða samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, skal greiða hæfilega vexti sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður. Greiða ber vexti frá þeim degi að þiggjandanum var fengin hin ólöglega aðstoð til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Hlutaðeigandi stjórnvald ber ábyrgð á því að gerðar séu ráðstafanir til að endurheimta ólögmæta aðstoð frá þiggjanda hennar í samræmi við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu.

Lokamálsliður greinarinnar er efnislega óbreyttur frá núgildandi 3. mgr. 47. gr. laganna.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra verði í stað viðskiptaráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi. Heimild fjármálaráðherra lýtur eingöngu að reglum um ríkisaðstoð en viðskiptaráðherra mun eftir sem áður fara með framkvæmd laganna að öllu öðru leyti. Er þessi breyting lögð til þar sem fjármálaráðuneytið fer með þau mál er lúta að ríkisstyrkjum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að innleiða reglugerð Evrópusambandsins nr. 659/1999 sem kveður á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Ef um ólögmæta ríkisaðstoð til fyrirtækja er að ræða ber þiggjanda aðstoðarinnar að endurgreiða hana ríkissjóði ásamt hæfilegum vöxtum. Samkvæmt reglugerðinni getur Eftirlitsstofnun EFTA krafist þess að Samkeppnisstofnun fari í vettvangsheimsóknir í eftirlitsskyni með því hvort ríkisaðstoð hafi verið misnotuð og skal hún njóta samvinnu við lögbær yfirvöld þar sem fyrirtæki er andvígt slíkri heimsókn.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs þar sem fylgt hefur verið framangreindum reglum.

939. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um geislavarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð Magnússon frá Geislavörnum ríkisins, Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar, Jónínu Guðjónsdóttur frá Félagi geislafræðinga og Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirlitinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi íslenskra röntgenlækna, Löggildingarstofunni, Persónuvernd, Samtökum verslunarinnar, Tækniskóla Íslands, Geislavörnum ríkisins, Félagi geislafræðinga, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins, Vinnueftirliti ríkisins, Læknafélagi Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, Hollustuvernd ríkisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Krabbameinsfélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um geislavarnir. Talsverðar áherslu- og viðhorfsbreytingar hafa orðið í geislavörnum í heiminum frá því að núgildandi lög voru sett. Koma þær meðal annars fram í nýjum leiðbeiningum Alþjóðageislavarnaráðsins og tveimur nýjum tilskipunum frá Evrópusambandinu um þetta efni. Rétt er að taka fram að geislavarnir innan Evrópusambandsins byggjast á svonefndum EURATOM-samningi frá 1956 en hann er ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber Íslendingum því ekki á þeim grundvelli skylda til að innleiða evrópskar reglur á þessu sviði. Engu að síður hafa heilbrigðisyfirvöld lagt á það áherslu að laga íslenska löggjöf og framkvæmd að löggjöf og framkvæmd geislavarna innan Evrópusambandsins og er það vel.

Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli og eru þau talin upp í athugasemdum við frumvarpið.

Helsta nýmæli frumvarpsins er þó fólgið í því að lagt er til að gildissvið laga um geislavarnir verði víkkað út þannig að þau taki einnig til ójónandi geislunar. Í þessu sambandi fjallaði nefndin sérstaklega um það hvort þetta hefði í för með sér skörun á milli starfssviðs Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins. Samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber Vinnueftirlitinu að hafa eftirlit með ójónandi geislun á vinnustöðum og hefur því eftirliti verið sinnt. Nefndin telur nauðsynlegt að verksvið hvors aðila sé skýrt og gerir hún breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að það eftirlit sem Vinnueftirlitið hefur haft með höndum haldist óbreytt frá því sem nú er.

Nefndin vill taka það fram að hún telur nauðsynlegt að sambærilegar reglur gildi um eftirlit og ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðlega geislun um borð í loftförum. Eins og málum er nú háttað heyrir þetta undir samgönguráðuneytið og flugmálayfirvöld. Samstarf hefur verið með aðilum um þetta eftirlit en nauðsynlegt er að mati nefndarinnar að því séu settar fastar skorður. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar fer nú fram vinna innan Evrópusambandsins og á norrænum vettvangi um setningu reglna á þessu sviði.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er lagt til að Geislavarnir ríkisins haldi skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir einstaka starfsmenn. Í 14. gr. er síðan gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þessi skráning er bundin og jafnframt tekið fram að hún skuli fara eftir lögum um persónuvernd. Þetta felur í sér að Persónuvernd getur sett frekari skilyrði fyrir skráningunni og vinnslu þeirra upplýsinga sem í skrána fara í samræmi við lög

um persónuvernd. Með þessu telur nefndin að ýtrustu aðgætni sé gætt varðandi öryggi vinnslu persónuupplýsinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt frumvarpinu nær eftirlit Geislavarna ríkisins til flutnings á geislavirkum efnum og geislatækjum. Um þetta gilda sérstakar reglur, sbr. lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nefndin leggur því til að þetta hlutverk Geislavarna ríkisins verði fellt út úr frumvarpinu.
2. Lagðar eru til breytingar sem miða að því að skerpa skilin á milli starfssviðs Geislavarna ríkisins og Vinnueftirlits ríkisins.
3. Lagt er til að nefndarmönnum í geislavarnaráði verði fækkað úr fimm í þrjá.
4. Í 7. gr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða með reglugerð að innflutningur tiltekinna flokka geislatækja sem gefa frá sér ójónandi geislun skuli háður leyfi. Innflutningur á jónandi geislatækjum er einungis tilkynningarskyldur samkvæmt frumvarpinu. Til að gæta samræmis og koma í veg fyrir að ekki gildi strangari reglur um ójónandi tæki, sem eru að jafnaði minna skaðlegri en jónandi geislatæki, leggur nefndin til að ráðherra geti einungis ákveðið að innflutningur þessara tækja skuli vera tilkynningarskyldur.
5. Í 15. gr. er fjallað um þau skilyrði sem fyrir hendi þurfa að vera til að það geti talist réttlætanlegt að beita læknisfræðilegri geislun. Lagt er til nýtt orðalag á 2. mgr. Breytingin hefur í raun ekki efnisbreytingu í för með sér, en gert er ráð fyrir að nánari skilyrði verði sett í reglugerð.

Alþingi, 7. mars 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Þuríður Backman.	Margrét Frímannsdóttir.

940. Breytingartillögur [344. mál]

við frv. til l. um geislavarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Orðið „flutning“ í 1. tölul. falli brott.
   b. Við 1. tölul. bætist: sbr. 4. mgr. 13. gr.
2. Við 5. gr. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „fimm mönnum“ komi: þremur mönnum.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „sem nýta ójónandi geislun, skuli háður leyfi“ í 4. mgr. komi: sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli tilkynningarskyldur.

5. Við 9. gr. Í stað orðanna „sem nýta“ í 2. mgr. komi: sem gefa frá sér.
6. Við 12. gr.
   a. Orðið „flutningur“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „innra eftirliti“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: eftirliti í samræmi við reglur sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 10. gr.
7. Við 13. gr. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Um ráðstafanir til að vernda starfsmenn á vinnustöðum gegn skaðlegum áhrifum af völdum ójónandi geislunar fer samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.
8. Við 15. gr.
   a. Orðið „sérhverrar“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður eða sá sem hann hefur falið framkvæmdina meta hvort notkun geislunar er réttlætanleg að teknu tilliti til markmiðs geislunarinnar, einkenna og ástands sjúklings.
9. Við 16. gr. Í stað orðsins „hópskoðun á fólki“ komi: skoðun á hópi fólks.
10. Við 17. gr.
    a. Orðið „frjáls“ í 2. mgr. falli brott.
    b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðist svo:
       Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit og gerir ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á starfsmenn vegna ójónandi geislunar í samræmi við ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur settar samkvæmt þeim.
11. Við 23. gr. Í stað orðanna „gildi 1. janúar 2002“ komi: þegar gildi.

941. Fyrirspurn [597. mál]

til forsætisráðherra um skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða nefndir, ráð og stjórnir á vegum hvaða ráðuneyta störfuðu ekkert árið 2000 og skiluðu engum árangri, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000?
2. Hvenær voru þær skipaðar og í hvaða tilgangi?
3. Hverjir áttu sæti í hverri þeirra fyrir sig?
4. Hver er ástæða þess að þær störfuðu ekkert á árinu 2000 og hver eru áform um áframhaldandi störf þeirra?
5. Þáðu nefndarmenn í þessum nefndum þóknun fyrir nefndarsetu sína á árinu 2000? Ef svo er, í hvaða nefndum var það og hve há voru nefndarlaunin?
6. Hve margir sem áttu sæti í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkisins árið 2000 voru í fleiri en einni nefnd? Í hve mörgum nefndum sat hver þeirra?
7. Hver var hæsta heildarþóknun til eins og sama aðila af þeim sem sæti áttu í þeim 910 nefndum, ráðum og stjórnum sem störfuðu á árinu 2000?
8. Telur ráðherra að breyta eigi því fyrirkomulagi að þeir sem sæti eiga í nefndum, ráðum

og stjórnum á vegum ríkisins og starfa hjá hinu opinbera fái nefndarþóknun ef nefndarstarfið fer fram í hefðbundnum vinnutíma þeirra?

Skriflegt svar óskast.

942. Frumvarp til laga [598. mál]

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul., eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1.

Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar eru í eðli sínu persónubundnar á þann hátt að þær taka til atvika sem varða viðkomandi starfsmann persónulega. Frá þessu hefur aðeins verið eitt frávik í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga þegar mál varðar yfirmann svo verulega persónulega að undirmenn hans verða jafnframt vanhæfir. Til skamms tíma höfðu hvorki þessi vanhæfisástæða né nokkrar aðrar vanhæfisástæður stjórnsýslulaga á hinn bóginn verið túlkaðar þannig að vanhæfi undirmanna gerðu yfirmann þeirra jafnframt vanhæfan. Sama átti reyndar lengst af við um vanhæfisreglur réttarfarslaga, en túlkun þeirra hefur síðan þróast með öðrum hætti en í stjórnsýslunni af ástæðum sem gerð er grein fyrir í kafla 6 hér á eftir.

Viðtekin túlkun hæfisreglna stjórnsýsluréttar tók hins vegar óvænta stefnu í dómi hæstaréttar frá 23. maí 2001 í málinu nr. 113/2001: Íslenska ríkið gegn Stjörnugrís hf. Í málinu höfðu tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins látið í té álit sitt á því hvernig lægra settu stjórnvaldi bæri að leysa úr tilteknu máli og lýst afstöðu sinni til niðurstöðu þess með nokkuð afgerandi hætti á meðan málið var þar til meðferðar. Óumdeilt var að þessi afskipti af meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi gerðu þá vanhæfa á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga til að taka þátt í meðferð þess á kærustigi þegar málinu var skotið til ráðuneytisins. Í dómi þessum var vanhæfi þessara starfsmanna hins vegar einnig talið valda vanhæfi ráðherrans sjálfs og alls starfsliðs hans og úrskurður hans í málinu á þeim grundvelli felldur úr gildi. Að öðru jöfnu hefðu afskipti starfsmanna ráðuneytisins þó ekki átt að leiða

til vanhæfis annarra en þeirra sjálfra og eftir atvikum undirmanna þeirra. Með dómi hæstaréttar var því á hinn bóginn slegið föstu að vanhæfi þeirra hafi jafnframt „smitað upp á við“ innan stjórnkerfis ráðuneytisins og þannig gert ráðherra og alla aðra starfsmenn ráðuneytisins vanhæfa til að fjalla um málið.

Þessi niðurstaða bendir til að dómstólar telji að túlka beri hæfisreglur stjórnsýslulaga til samræmis við það sem til skamms tíma hefur gilt um sérstakt hæfi dómara. Til þeirra eru þó að þessu leyti gerðar mun strangari kröfur en stjórnskipulag í stjórnsýslu ríkisins ræður almennt við og líklegt að þær grafi beinlínis undan því öryggi sem þeirri skipan er almennt ætlað að tryggja. Af ástæðum sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 4 hefur því ekki verið talið fært að beita svo ströngum reglum í stjórnsýslunni og ekkert í lögskýringargögnum við stjórnsýslulögin bendir til að það hafi staðið til heldur þvert á móti, sbr. kafla 3 hér á eftir.

Til að bregðast við framangreindum dómi hæstaréttar gaf forsætisráðuneytið út umburðarbréf til allra ráðuneyta og annarra stjórnvalda á kærustigi hinn 31. maí 2001. Þar sagði m.a. svo:

„Af þessu tilefni þykir ástæða til að árétta að leiðbeiningar til lægra settra stjórnvalda vegna mála, sem þar eru til meðferðar, ættu eingöngu að vera almenns eðlis og ekki fela í sér álit á efnislegri niðurstöðu mála, sem kæranleg eru til ráðuneytanna eða eftir atvikum annarra stjórnvalda á kærustigi. Séu leiðbeiningar veittar skriflega, ætti ávallt að gera um þetta sérstakan fyrirvara.“

Þar sem enginn varnagli var í dóminum sleginn við því hvenær hin óvenjulega túlkun hæfisreglna stjórnsýslulaga ætti við eru áhrif dómsins þó miklum mun víðtækari en svo að við þeim verði séð með þessu móti eingöngu. Niðurstaða réttarins leiðir í raun til þess að hvers kyns vanhæfi starfsmanna getur gert ráðherra vanhæfan til meðferðar máls og þar með aðra starfsmenn hans. Sérhver starfsmaður getur því — hvort heldur fyrir mistök eða af ásetningi — gert ráðherra vanhæfan til að gegna embætti sínu í einstökum málum. Á þann hátt vega áhrif dómsins því beinlínis að öryggi ríkisins og skapa réttaróvissu sem ekki verður unað við. Enginn vafi er og á því að það eru mun víðtækari áhrif en hæfisreglum stjórnsýslulaga voru ætluð og í raun engin leið til að fylgja þeim eftir af þeirri festu sem nauðsynleg er við framkvæmd slíkra reglna. Meginmarkmið frumvarps þessa er því að eyða þeirri réttaróvissu sem niðurstaða hæstaréttar hefur skapað og koma í veg fyrir þá lausung í stjórnarframkvæmd sem hún býður að öðru leyti upp á.

2.

Fjallað er um hæfisreglur í ýmsum fræðigreinum lögfræðinnar. Þar er yfirleitt um að ræða réttarreglur er varða skilyrði til þess að geta gerst aðili að réttarsambandi í víðtækustu merkingu þess orðs.

Segja má að hæfisreglur stjórnsýsluréttarins fjalli um þau lágmarksskilyrði sem starfslið stjórnsýslunnar þarf að uppfylla til þess að mega gegna opinberu starfi og fara með valdheimildir hins opinbera. Meginmarkmið reglnanna er að stuðla að því að starfslið stjórnsýslunnar sé þeim persónulegu kostum búið og hafi ekki þau tengsl við mál sem það fær til meðferðar að það geti leyst úr þeim á málefnalegan hátt.

Hæfisreglum stjórnsýsluréttarins er skipt í tvo meginflokka. Annars vegar almennar hæfisreglur og hins vegar sérstakar. Undir þessa höfuðflokka falla síðan nokkrir undirflokkar. Þannig er t.d. sérstökum hæfisreglum skipt í tvo flokka. Annars vegar sérstakar hæfisreglur sem taka til *einstaklinga* og hins vegar sérstakar hæfisreglur er taka til *lögaðila*, svo sem stofnana og embætta. II. kafli stjórnsýslulaganna hefur að geyma hæfisreglur sem eingöngu taka til *einstaklinga*. Þetta er áréttað í upphafi 3. gr. laganna með þeim orðum að „starfs-

maður eða nefndarmaður“ verði vanhæfur til meðferðar máls við ákveðnar aðstæður. Þegar hæfisreglum stjórnsýslulaga er beitt verður því að kanna hæfi hvers starfsmanns sérstaklega með tilliti til vanhæfisástæðna 3. gr. laganna. Engin ákvæði eru í íslenskum lögum um sérstakt hæfi *lögaðila* og umdeilt hefur verið hvort slíkar reglur gildi yfirleitt hér á landi á grundvelli óskráðra meginreglna.

Í dönskum rétti hafa hæfisreglur sem taka til lögaðila (d. *myndighedsinhabilitet*) verið taldar gilda á óskráðum grundvelli. Þannig hafa t.d. byggingarnefndir í sveitarfélögum verið taldar vanhæfar til þess að afgreiða umsóknir um byggingarleyfi frá sveitarfélaginu sjálfu. Á sama hátt hafa amtsyfirvöld verið talin vanhæf til þess að leysa úr því hvort veita ætti gjafsókn í máli sem fyrirhugað var að höfða gegn amtsyfirvaldinu sjálfu. Slík mál eru þá almennt framsend til æðra stjónvalds eða eftir atvikum hliðsetts stjórnvalds til úrlausnar.

Almennt er sá munur á sérstökum hæfisreglum sem lúta að starfsmönnum annars vegar og lögaðilum hins vegar að allir starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar eða embættis verða vanhæfir þegar um sérstakt hæfi lögaðila er að ræða. Þegar um sérstakt hæfi starfsmanna er að ræða verða aftur á móti aðeins þeir starfsmenn vanhæfir sem ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga taka til efni sínu samkvæmt. Aðrir starfsmenn stjórnvaldsins, sem ekki eru vanhæfir, geta þá leyst úr máli. Frá þessu er ein undantekning. Af ákvæði 5. tölul. og eftir atvikum 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga leiðir að sú vanhæfisástæða sem nefnd hefur verið undirmannavanhæfi getur leitt til þess að allir starfsmenn stjórnvalds verði vanhæfir þegar yfirmaður þess á í hlut. Þetta á t.d. við þegar hann er sjálfur aðili máls eða á sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn þess. Þá verða allir undirmenn hans vanhæfir til meðferðar málsins, nema á annan veg sé fyrir mælt í lögum.

3.

Með stjórnsýslulögum nr. 37/1993 voru í fyrsta skipti lögfestar sérstakar hæfisreglur hér á landi sem tóku til allra starfsmanna ríkisins. Fyrir gildistöku þeirra var í settum rétti einungis til að dreifa fáeinum ósamstæðum ákvæðum sem eingöngu giltu um tiltekna starfsmenn. Sökum þess hve fá og sundurleit þessi lagaákvæði voru varð ekki dregin af þeim ályktun um réttarreglu sem hafði almennt gildi fyrir stjórnsýsluna. Þá hafði heldur ekki þótt tækt að beita sérstökum hæfisreglum dómara með lögjöfnun um alla þá starfsmenn sem höfðu stjórnsýslu með höndum. Í framkvæmd var því stuðst við þá óskráðu réttarreglu, sem byggð var á meginreglum laga og eðli máls, að starfsmaður væri vanhæfur til meðferðar máls og ákvörðunar í því ef mál varðaði hann sjálfan eða nána venslamenn hans á þann hátt að ætla mætti að áhrif hefði á afstöðu hans til úrlausnarefnisins. Þar sem oft var deilt um gildissvið og efnisinntak þessarar óskráðu reglu var talið nauðsynlegt að setja í lög nákvæmari reglur um sérstakt hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar. Voru reglur um það því teknar í II. kafla stjórnsýslulaganna sem gildi tóku hinn 1. janúar 1994.

Í athugasemdum við þennan kafla frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 er tekið fram að ákvæði hans séu aðallega sniðin eftir 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Í athugasemdunum er hins vegar skýrt tekið fram að ekki hafi þótt fært að gera eins strangar hæfiskröfur til þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum og gerðar eru til dómara. Að öðru leyti hafi því hliðsjón verið höfð af hæfisreglum dönsku og norsku stjórnsýslulaganna.[1]

[1] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3285.

4.

Framangreind viðhorf um að ekki væri hægt að setja starfsliði stjórnsýslunnar jafn ströng hæfisskilyrði og dómurum eru ekki sérislensk. Á þeim er byggt annars staðar á Norðurlöndum og reyndar víðast hvar í Evrópu. Ástæðan er sú að dómarar og starfsmenn stjórnsýslunnar búa við mjög ólík starfsskilyrði, bæði vegna ólíks eðlis starfa þeirra svo og lagaumhverfis. Þannig gilda *aðrar og mun strangari réttarheimildir um hæfi dómara* en um hæfi starfsmanna stjórnsýslunnar. Nægir hér að nefna 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, 6. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögleiddur var með lögum nr. 62/1994.

Þá er einnig gerð sú krafa til dómara að hann sé sjálfstæður í störfum sínum, sbr. 59., 61. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, svo og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 12. gr. og 24. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í því skyni er dómurum t.d. tryggt betra starfsöryggi en almennt gildir um starfsmenn stjórnsýslunnar.[2] Þá eru dómarar einvörðungu bundnir af lögum í störfum sínum og er því í senn óheimilt og óskylt að taka við fyrirmælum frá öðrum. Enda þótt stjórnsýslan sé bundin af lögum og starfsmönnum hennar beri að haga störfum sínum í samræmi við lög, eru þó fæstir þeirra sjálfstæðir í störfum sínum á sama hátt og dómarar. Flestir eru þeir háðir boðvaldi yfirboðara sinna við úrlausn þeirra mála sem þeir fá til meðferðar. Þá eru lægra sett stjórnvöld almennt háð boðvaldi frá stjórnvöldum sem þeim eru æðra sett, nema annað leiði af lögum. Í sjálfstæði dómstóla felst m.a. að dómarar skulu vera sjálfstæðir gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins og þá ekki síst framkvæmdarvaldinu. Engin almenn krafa er á hinn bóginn gerð til þess að starfsmenn stjórnsýslunnar séu sjálfstæðir gagnvart öðrum handhöfum framkvæmdarvalds.

Annað einkenni á störfum dómara er að þeir skulu vera *hlutlausir*. Með hugtakinu *hlutleysi* er hér vísað til þess að a) dómarar gegna almennt ekki því hlutverki *að gæta ákveðinna hagsmuna* sem á reynir við úrlausn máls *og fylgja þeim eftir* með virkum úrræðum. b) Dómarar eiga heldur ekki *frumkvæði* að því að máli sé stefnt fyrir dómstóla. c) Málsmeðferð fyrir dómstólunum er einnig byggð á viðhorfum um *hlutleysi dómarans*. Í þessu sambandi má minna á að í athugasemdum við 8. gr. frumvarps þess er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995, og breytti 70. gr. stjórnarskrárinnar, var tekið fram að skilyrðið um óhlutdrægan dómstól feli í sér áskilnað um að dómari í máli þurfi að vera hlutlaus og að aðilar njóti jafnræðis að því leyti.[3] Þess vegna annast aðilar dómsmáls sjálfir um að láta rannsaka og undirbúa málið, setja fram kröfur sínar og þær málsástæður sem byggt er á o.s.frv. Eftir að báðir aðilar hafa þannig haft jafna möguleika á að koma á framfæri upplýsingum og viðhorfum sínum sker dómarinn úr málinu á grundvelli krafna, málsástæðna og fram kominna gagna í ljósi þeirra réttarreglna sem á reynir.

Starfsskilyrði margra starfsmanna stjórnsýslunnar eru gerólík hvað þessi þrjú atriði varðar: a) Hlutverk framkvæmdarvaldsins er að hafa á hendi framkvæmd laga. Að gæða lögin lífi krefst oftast virkra aðgerða. Í raun hafa starfsmenn stjórnsýslunnar oft það hlutverk að gæta ákveðinna og lögmæltra hagsmuna. Þannig er það t.d. hlutverk barnaverndarnefnda

---

[2] Þegar æviráðning embættismanna var, í samræmi við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, kerfisbundið afnumin með lögum nr. 83/1997, um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var í athugasemdum við frumvarpið sem varð að þeim lögum sérstaklega tekið fram að sú skipan gæti með tilliti til 61. gr. stjórnarskrárinnar ekki tekið til dómara, m.a. til að tryggja sjálfstæði þeirra gagnvart öðrum handhöfum ríkisvalds. (Alþt. 1996–1997, A-deild, bls. 1741, 1746 og 1748.)

[3] Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 2098.

að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði. Það skal gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við, sbr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, með síðari breytingum. Af þessu má ljóst vera að nefndarmenn barnaverndarnefnda hafa það hlutverk að *gæta ákveðinna hagsmuna* sem á reynir við úrlausn máls og *fylgja þeim eftir* með virkum úrræðum. b) Á sviði stjórnsýslunnar eru það ekki einvörðungu aðilar máls sem geta átt frumkvæði að því. Sum stjórnvöld geta átt *frumkvæði* að því að taka ákveðin stjórnsýslumál til meðferðar og ákvörðunar. Sem dæmi um það má nefna barnaverndarnefndir, heilbrigðisnefndir, byggingarnefndir og skattstjóra. c) Við meðferð mála hjá stjórnvöldum gilda málsforræðisreglan og sakarforræðisreglan ekki á sama hátt og hjá dómstólum. Það eru ekki einvörðungu aðilar máls sem leggja grundvöllinn að úrlausn stjórnsýslumáls. Á stjórnvöldum hvílir rannsóknarregla, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Stjórnvöld taka því oft virkan þátt í því að rannsaka mál og undirbúa grundvöllinn að ákvörðun í því. Loks er meiri hluti stjórnsýslumála þannig vaxinn að aðeins einn aðili er að málinu, en ekki tveir eins og hjá dómstólum. Fæst stjórnsýslumál varða deilu á milli tveggja aðila þar sem starfsmaður stjórnsýslunnar stendur hjá sem hlutlaus og óháður úrskurðaraðili. Þótt stjórnvöldum sé ekki ætlað að koma fram sem málsaðili eða andstæðingur þeirra sem til þeirra leita verður ekki fram hjá því litið að umgjörð stjórnsýslumála veitir starfsmönnum þeirra sjaldnast færi á að vera hlutlausir á sama hátt og dómurum er ætlað að vera við meðferð dómsmála.

Í þessu ljósi geta fæst stjórnvöld talist hlutlaus í sama skilningi og dómstólar. Á hinn bóginn er vert að hafa í huga að staða stjórnvalda að þessu leyti er ekki hin sama í öllum tilvikum. Sum stjórnvöld uppfylla ekkert af þeim skilyrðum sem um er fjallað að framan, svo sem barnaverndarnefndir, á meðan önnur stjórnvöld virðast uppfylla þau að miklu leyti, svo sem yfirskattanefnd. Á milli þeirra er síðan „litróf" af margvíslegum stjórnvöldum sem uppfylla framangreind skilyrði til að teljast hlutlaus að mismiklu leyti.

Þessi eðlismunur á starfsskilyrðum dómstóla og stjórnvalda varðandi kröfur til sjálfstæðis og hlutleysis valda því óhjákvæmilega að ólíkar hæfisreglur hljóta að gilda um dómara annars vegar og starfsmenn stjórnsýslunnar hins vegar. Þannig verður dómari t.d. vanhæfur til að fara með opinbert mál hafi hann áður unnið að því á vegum saksóknara eða lögreglu. Starfsmaður stjórnsýslunnar verður á hinn bóginn almennt ekki vanhæfur til meðferðar máls þótt hann hafi áður fjallað um sama málið í öðru opinberu starfi, nema því aðeins að um stjórnsýslusamband sé að ræða á milli starfanna þar sem undir annað starfið getur fallið að hafa eftirlit eða viðhafa endurskoðun í þágu réttaröryggis á þeim málum sem falla undir hitt starfið.

Óhjákvæmilega hefur það loks áhrif á túlkun hæfisreglna á sviði stjórnsýslunnar að almennt er lögð mun meiri áhersla á hagkvæmni og skilvirkni í stjórnsýslu en hjá dómstólunum. Að jafnaði eru því gerðar miklar kröfur til málshraða hjá stjórnvöldum, en það leiðir í raun til þess að minni kröfur eru gerðar til réttaröryggis við meðferð stjórnsýslumála en dómsmála. Hinn gífurlegi fjöldi mála sem kemur til kasta stjórnvalda krefst þess að sjónarmiðum um skilvirkni og kostnað sé ljáð umtalsvert vægi þegar þeim eru settar málsmeðferðarreglur og þær túlkaðar. Enginn vafi er á því að stjórnsýslan réði alls ekki við að afgreiða öll þau mál sem henni berast ef henni bæri að fylgja lögum um meðferð einkamála við úrlausn þeirra. Það er því ekki vafa undirorpið að réttarfarsreglur verða almennt ekki yfirfærðar óbreyttar á starfsemi stjórnvalda. Þegar ákvæði stjórnsýslulaga eiga sér hliðstæður í réttarfarslögum er sú hætta engu að síður fyrir hendi að þau séu fyrir mistök túlkuð á sama hátt.

Eins og áður segir er í athugasemdum við II. kafla frumvarps þess, er varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993, tekið fram að ákvæði kaflans séu sniðin eftir 5. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Síðan segir: „Hins vegar þykir ekki fært að gera eins strangar hæfiskröfur til þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum og gerðar eru til dómara. Er því að öðru leyti höfð hliðsjón af hæfisreglum dönsku og norsku stjórnsýslulaganna.“[4] Þessi stefnumörkun er í samræmi við þau markmið sem stjórnsýslulögin eru byggð á, þ.e. að lögin stuðli að því eða girði a.m.k. ekki fyrir „að málsmeðferð í stjórnsýslunni verði í senn einföld, hraðvirk og ódýr.“[5]

5.

Í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga er m.a. mælt svo fyrir að starfsmaður eða nefndarmaður verði vanhæfur til meðferðar máls ef málið varðar næstu yfirmenn hans persónulega. Af athugasemdum við þessa grein frumvarpsins, sem varð að stjórnsýslulögum, verður ráðið að þessi regla sé í raun stytting á vísireglunni „að eiga einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta“, en þar segir að ákvæði 5. tölul. sé nátengt 1. og 2. tölul. Þótt þeir aðilar sem þar greinir verði ekki taldir aðilar að stjórnsýslumáli geta þeir átt einstaklegra og svo verulegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins að valdið geti vanhæfi þeirra.

Á sama stað segir enn fremur að rökin að baki ákvæðinu séu þau að almennt megi búast við því að starfsmaður geti ekki verið hlutlaus og óhlutdrægur þegar yfirmaður hans á verulegra persónulegra hagsmuna að gæta þar sem starfsmaðurinn er á vissan hátt háður yfirmanni sínum.[6]

6.

Í framhaldi af umfjöllun um undirmannavanhæfi er eðlilegt að sú spurning vakni hvort yfirmaður verði vanhæfur til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni að undirmaður hans sé það. Bæði í fræðum og framkvæmd hefur hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndum verið á því byggt að yfirmaður verði *ekki* sjálfkrafa vanhæfur af þeirri ástæðu einni að undirmaður hans sé það, enda hefur undirmaður ekki sömu stjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart yfirmanni sínum og yfirmaður hefur gagnvart undirmönnum sínum. Yfirmaður er því ekki háður undirmanni sínum á sama hátt og undirmaður er háður yfirmanni sínum. Þau undirstöðurök sem undirmannavanhæfi er byggt á og vikið var stuttlega að í kafla 5 hér að framan eiga því ekki við um samband undirmanns gagnvart yfirmanni. Annað mál er að yfirmaður getur að sjálfsögðu einnig orðið vanhæfur ef aðrar vanhæfisástæður 3. gr. stjórnsýslulaganna eiga við um hann sjálfan. Það eitt að undirmaður verður vanhæfur til meðferðar máls leiðir hins vegar ekki til þess að yfirmaður hans verði það einnig.

Hér á landi var einnig lengst af byggt á þeirri reglu í *réttarfari* að dómari (dómstjóri) yrði ekki sjálfkrafa vanhæfur til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni fulltrúi hans væri það.[7] Þó má finna dóma í málum þar sem héraðsdómari hafði vikið sæti af þeirri ástæðu einni að undirmaður þeirra var aðili máls, brotaþoli eða hinn ákærði og sætti það oftar en ekki aðfinnslum í hæstarétti.[8] Eftir heimsstyrjöldina síðari virðist nokkur festa hafa skapast um þá

[4] Sbr. Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 2385.
[5] Sbr. Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3277.
[6] Sbr. Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3285.
[7] Sbr. Markús Sigurbjörnsson: Einkamálaréttarfar, 57. Reykjavík 1993.
[8] *H 1934:618.* I var sóttur til saka m.a. fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis og hafa ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu við akstur bifreiðar sinnar er hún rakst á lögreglubifreið sem lögreglumaðurinn X ók. Lögreglustjórinn í Reykjavík vék sæti í málinu þar sem rannsókn málsins átti m.a. að snúast um það hvort „einn af

framkvæmd hér á landi að dómari viki ekki sæti við meðferð máls þótt fulltrúi hans væri vanhæfur til meðferðar þess.[9] Bæði í dönskum og norskum rétti var lengst af byggt á sömu viðhorfum. Eftir að farið var að túlka hæfisreglur dómara til nánara samræmis við kröfur 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, svo og ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, risu deilur um það hvort mun strangari skýring á hæfisreglum dómara breytti þessari réttarframkvæmd. Þessar deilur kristallast í dómi hæstaréttar frá 3. júní 1996 í málinu nr. 151/1996, *H 1996:1998*. Þar voru málavextir þeir að dómarafulltrúi úrskurðaði ákærðu í gæsluvarðhald á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Samkvæmt 2. málsl. 6. gr. sömu laga er svo fyrir mælt að dómari skuli víkja sæti í máli eftir útgáfu ákæru hafi hann úrskurðað hinn ákærða í málinu í gæsluvarðhald skv. 2. mgr. 103. gr. laganna. Óumdeilt var að dómarafulltrúinn hefði verið vanhæfur til meðferðar málsins eftir útgáfu ákæru. Á hinn bóginn var um það deilt hvort héraðsdómarinn, sem dómarafulltrúinn vann í umboði fyrir, yrði einnig vanhæfur af þessum sökum. Í *atkvæði meiri hlutans* var tekið fram að í málinu lægi ekki fyrir að héraðsdómarinn hefði haft raunveruleg áhrif á störf dómarafulltrúans. Hins vegar var ekki talið óeðlilegt að ákærðu gætu haft af því beyg að sú hefði verið raunin og að héraðsdómarinn væri ekki óvilhallur vegna fyrri afskipta embættis hans af málinu. Var því talið, eins og þarna hagaði til, að sá beygur gæti út frá hlutlægu sjónarmiði verið á rökum reistur. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, og 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögleiddur var með lögum nr. 62/1994, var héraðsdómarinn talinn vanhæfur til að fara með málið. Í *sératkvæði minni hlutans* var m.a. áréttað að sú staða væri almennt ekki

undirmönnum hans [hefði] átt sök á bifreiðaslysinu eða ekki". Rannsakaði setudómari því málið og dæmdi. Um vikningu hins reglulega dómara segir m.a. svo í dómi hæstaréttar: „Þessi ástæða gat ekki í þessu máli leitt til þess, að dómarinn hefði átt að víkja sæti". *H 1936:401*. Lögreglumaður varð fyrir árás fjölda manna, við starf sitt. Skaut lögreglumaðurinn nokkrum skotum í jörð til þess að hemja árásarmennina, en við það særðust fjórir menn. Í máli sem höfðað var m.a. gegn lögreglumanninum, vék hinn reglulegi héraðsdómari sæti, en hann var jafnframt yfirmaður lögreglumannsins sem lögreglustjóri og hafði sérstaklega beðið hann um að annast löggæslu á umræddri skemmtun þar sem atburðirnir áttu sér stað. Eftir atburðina tók lögreglustjórinn við eftirliti á skemmtuninni. Í héraðsdómi eru ekki tilfærð rökin fyrir vikningunni. Um þetta atriði segir svo í dómi hæstaréttar: „Það athugast, að hinn reglulegi héraðsdómari hefir með úrskurði vikið sæti í málinu, án þess að ástæður þær, sem tilfærðar eru í úrskurðinum, réttlæti það nægilega." *H 1941:319*. Fulltrúi héraðsdómara höfðaði mál á hendur B til greiðslu þóknunar fyrir að hafa útvegað R lán. Hinn reglulegi dómari vék sæti í málinu. Í dómi hæstaréttar var sérstaklega tekið fram að „ekki [væri] ástæða til þess að hinn reglulegi dómari viki úr dómarasæti, þótt annar aðilja væri fulltrúi hans."

9 Sbr. *H 1945:226*. J var ákærður fyrir að hafa hindrað lögreglumann við löggæslustörf. J krafðist þess að sakadómari viki sæti vegna þess að dómarinn hafi ráðið lögreglumanninn Þ, en J hafði hindrað hann í starfi. J hélt því fram að umræddur lögreglumaður hefði hrint sér niður stiga. Auk þess væri lögreglumaðurinn með „biðdóm" á bakinu og hefði því verið ámælisvert að ráða hann til starfa. Gæti dómarinn því ekki talist hlutlaus í máli hans. Í héraðsdómi var sagt að jafnvel „þótt aðfinnsluvert hefði þótt, að dómarinn hefði ráðið [Þ] sem lögregluþjón, þá væri þar fyrir engin skynsamleg ástæða fyrir dómara að halda taum lögregluþjóns, er líkt stæði á fyrir, heldur jafnvel þvert á móti." Ekki var vikið að hæfi héraðsdómarans í dómi hæstaréttar. *H 1951:116*. J höfðaði mál gegn BG. Í héraðsdómi kemur fram að einn af fyrirsvarsmönnum málsaðila var dómarafulltrúi og undirmaður héraðsdómarans. Ekki var þó vikið að hæfi héraðsdómarans til meðferðar málsins í dóminum. Í dómi hæstaréttar var heldur ekki vikið að hæfi héraðsdómarans af þessu tilefni. *H 1989:1208*. Gerð var krafa um að hinn reglulegi uppboðshaldari viki sæti í málinu þar sem löglærðir fulltrúar hans hefðu á fyrri stigum málsins tekið að sér réttarvörslu fyrir uppboðsbeiðendur við fyrirtökur í þrjú skipti. Það var niðurstaða hæstaréttar að sóknaraðili hefði ekki fært fram nein haldbær rök fyrir því að hinn reglulegi uppboðshaldari ætti að víkja sæti í málinu. Í *H 1991:767* og *H 1992:247* var heldur ekki fallist á að dómari væri vanhæfur vegna afskipta fulltrúa hans af málinu.

fyrir hendi, að ákvarðanir um þær dómsathafnir sem dómarafulltrúar framkvæmdu í eigin nafni væru teknar af öðrum en þeim sjálfum. Byggðist það í senn á þeirri reynslu sem þeir byggju almennt yfir í starfi og því sjálfstæði sem þeir hefðu í reynd notið við framkvæmd starfa sinna. Jafnframt væri á það að líta að þetta sjálfstæði fulltrúanna hefði að sínu leyti helgast af því grundvallarskilyrði 1. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar að dómendur skyldu í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögunum. Þá var loks minnt á að sú meginregla gilti að vanhæfi undirmanns til starfa sem hér væri fyrir hendi, sbr. 2. málsl. 6. gr. laga nr. 19/1991, ylli ekki sjálfkrafa vanhæfi yfirmanns þegar héraðsdómarinn tæki við meðferð málsins eftir þingfestingu þess.

Framangreindur dómur þar sem héraðsdómari var talinn verða sjálfkrafa vanhæfur af þeirri ástæðu einni að dómarafulltrúi hans var vanhæfur á grundvelli 2. málsl. 6. gr. laga nr. 19/1991 er byggður á 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum réttarheimildum sem gilda almennt *ekki* um starfsmenn stjórnsýslunnar. Af þessum sökum, svo og af þeim ástæðum sem raktar eru í kafla 4 hér að framan, er einnig ljóst að sá eðlismunur sem er á kröfum um óhlutdrægni, sjálfstæði og hlutleysi dómara og starfsmanna stjórnsýslunnar veldur því, að framangreind niðurstaða verður ekki yfirfærð á starfsmenn stjórnsýslunnar. Skal hér enn áréttað að í athugasemdum við II. kafla frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 var skýrlega tekið fram að ekki þætti fært „að gera eins strangar hæfiskröfur til þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum og gerðar eru til dómara.“

7.

Hinn 23. maí 2001 gekk í hæstarétti dómur í málinu nr. 113/2001: Íslenska ríkið gegn Stjörnugrís hf. Málavextir voru þeir að hinn 3. maí 1999 keypti Stjörnugrís hf. jörðina Mela í Leirár- og Melahreppi til að reisa þar svínabú fyrir eldi um 20.000 grísa á ári. Umhverfisráðherra óskaði eftir áliti skipulagssjóra ríkisins á því hvort umrædd framkvæmd hefði í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, sbr. 6. gr. þágildandi laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstjóri lagði til að bygging og rekstur svínabús á jörðinni Melum yrði háð mati á umhverfisáhrifum. Með bréfi, dags. 30. ágúst 1999, tilkynnti umhverfisráðherra fyrirsvarsmönnum Stjörnugríss hf. að meta bæri umhverfisáhrif fyrirhugaðrar byggingar og reksturs svínabús á Melum samkvæmt lögum nr. 63/1993. Ákvörðunin var byggð á 6. gr. laganna. Þessu vildu fyrirsvarsmenn Stjörnugríss hf. ekki una og höfðuðu mál til þess að fá ákvörðuninni hnekkt. Ákvörðun umhverfisráðherra var felld úr gildi með dómi hæstaréttar frá 13. apríl 2000 þar sem talið var að Alþingi hefði framselt svo víðtækt og óheft vald til umhverfisráðherra með fyrrnefndri 6. gr. að stríddi gegn 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar ljóst var sumarið 1999 að Stjörnugrís hf. fengi ekki útgefin byggingar- og starfsleyfi fyrir svínabúi af þeirri stærð sem fyrirhugað var að byggja sótti fyrirtækið um byggingarleyfi fyrir öðru svínahúsi af tveimur sem ætlunin hafði verið að byggja. Umsókn Stjörnugríss hf. var samþykkt 13. ágúst 1999 og byggingarleyfi veitt 26. ágúst 1999. Hinn 7. ágúst 1999 sótti Stjörnugrís hf. um starfsleyfi fyrir 2.950 grísa búi og fékk það 22. desember 1999.

Daginn eftir að síðastgreindur dómur gekk í hæstarétti sótti Stjörnugrís hf. um byggingarleyfi fyrir hinu svínahúsi sínu sem í upphafi hafði verið fyrirhugað að byggja og breytingu á starfsleyfi vegna stækkunar búsins. Byggingarleyfi var gefið út hinn 15. maí 2000. Við afgreiðslu heilbrigðisnefndar Vesturlands á erindi Stjörnugríss hf. á starfsleyfi kom upp það álitamál hvort afgreiða ætti erindið eftir lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eða eftir nýsettum lögum um sama, nr. 106/2000. Þar eð ekki þurfti að meta umhverfisáhrif af

framkvæmdinni samkvæmt eldri lögunum hafði það mikla þýðingu hvernig lagaskilin voru ákveðin. Samkvæmt nýju lögunum var á hinn bóginn ljóst að þauleldi svína með stæði fyrir 3.000 alisvín eða fleiri væri ávallt háð mati.

Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands 10. ágúst 2000 var ákveðið að leita álits umhverfisráðuneytisins á því hvort breytingar á starfsleyfi Stjörnugríss hf. þyrftu að sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Fyrirspurn þessari var svarað af hálfu umhverfisráðuneytisins með bréfi, dags. 4. september 2000. Þar sagði að með úrskurði ráðuneytisins sama dag í öðru máli hefði ráðuneytið komist að þeirri niðurstöðu um lagaskil eldri og gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum að beita bæri yngri lögunum við afgreiðslu umsókna um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem undir þau félli og borist hefðu fyrir gildistöku þeirra og ekki verið afgreiddar fyrir þann dag eða 6. júní 2000. Fyrirspurnin lyti að sama álitaefninu og um hefði verið að ræða í því máli. Niðurstaða ráðuneytisins var því með vísan til þess úrskurðar að lög nr. 106/2000 skyldu gilda um breytingu á starfsleyfi fyrir svínabúið að Melum og að fyrirhuguð framkvæmd félli undir a-lið 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000, sbr. ii. lið 19. tölul. 1. viðauka sömu laga. Undir þetta bréf rituðu tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Fyrir ofan nöfn þeirra var rituð skammstöfunin „F.h.r." eins og jafnan hefur tíðkast í stjórnarráðinu að danskri fyrirmynd.

Á fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands 13. september 2000 var samþykkt að benda fyrirsvarsmönnum Stjörnugríss hf. á að áður en umsókn um starfsleyfi yrði afgreidd bæri fyrirtækinu að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd. Var í því sambandi vísað til niðurstöðu umhverfisráðuneytisins um að umbeðin breyting á starfsemi Stjörnugríss hf. félli undir a-lið 13. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Stjörnugrís hf. kærði ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar til umhverfisráðuneytisins og krafðist þess að umhverfisráðherra og allt starfslið ráðuneytisins viki sæti í málinu. Þeirri kröfu var hafnað. Á hinn bóginn var þess gætt að þeir starfsmenn sem ritað höfðu undir bréfið frá 4. september 2000 tækju ekki þátt í kærumeðferð málsins. Með úrskurði umhverfisráðherra frá 5. desember 2000 var ákvörðun heilbrigðisnefndarinnar staðfest. Kærandi undi þeim málalyktum ekki og höfðaði mál til þess að fá úrskurðinn felldan úr gildi.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. mars 2001 var á það bent að tveir nafngreindir starfsmenn umhverfisráðherra hefðu undirritað hið umdeilda bréf frá 4. september 2000 fyrir hönd ráðherra. Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar bæri ráðherra ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum og þar með þeim ákvörðunum sem teknar væru af einstökum starfsmönnum ráðuneyta í umboði hans. Fram kom að það væri mat dómsins að umhverfisráðherra hefði í umræddu bréfi frá 4. september 2000 farið út fyrir almennt leiðbeiningarhlutverk sitt gagnvart hinu lægra setta stjórnvaldi. Þótti bréf umhverfisráðherra til heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 4. september 2000 ekki verða skilið á annan veg en þann að þar kæmist ráðherra að afgerandi niðurstöðu um lagatúlkun í máli Stjörnugríss hf. meðan það var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi. Þá segir svo í dómi héraðsdóms: „Að mati dómsins skiptir því ekki máli um vanhæfi umhverfisráðherra til meðferðar kærumáls [Stjörnugríss hf.], hvort hann sjálfur eða einhverjir starfsmenn fyrir hans hönd undirrituðu umrætt bréf, þar sem álit ráðherra kom fram, eða aðrir starfsmenn en þeir, er undirrituðu bréfið, kváðu upp úrskurð í því á æðra stjórnsýslustigi." Samkvæmt þessu var það niðurstaða héraðsdóms að umhverfisráðherra hefði á framangreindan hátt tekið afstöðu í máli Stjörnugríss hf. meðan mál hans var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi, sbr. meginreglu 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Var úrskurður umhverfisráðherra því felldur úr gildi.

Í dómi hæstaréttar frá 23. maí 2001 var tekið fram að með úrskurði sínum 5. desember 2000 hefði umhverfisráðherra sem æðra sett stjórnvald staðfest ákvörðun lægra setts stjórn-

valds sem reist hefði verið á skýrri afstöðu ráðuneytisins sjálfs í þessu tiltekna máli í áðurnefndu bréfi. Það hefði verið skrifað í umboði ráðherra og yrði að líta svo á að hann hefði þannig látið í ljós álit sitt á niðurstöðu málsins á meðan það var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms var hann staðfestur.

8.

Algengt er að stjórnvöld hafi staðbundin valdmörk, sbr. t.d. umdæmi sýslumanna, skattstjóra, tollstjóra og heilbrigðisnefnda. Þar sem hætta getur verið á því að stjórnsýsluframkvæmd verði ekki samræmd á milli slíkra hliðsettra stjórnvalda er því oftast svo fyrir komið að hægt sé að fá ákvarðanir þeirra endurskoðaðar hjá æðra stjórnvaldi með stjórnsýslukæru. Niðurstaða æðri stjórnvalda um framkvæmd og túlkun réttarheimilda bindur almennt lægra sett stjórnvöld og þannig fæst samræmi í stjórnsýsluframkvæmd.

Þegar upp kemur vafi um túlkun réttarheimilda hjá staðbundnum stjórnvöldum er í ljósi framanritaðs eðlilegt að þau kanni hvort áður hafi verið tekin afstaða til sams konar vandamáls á kærustigi í úrskurði æðra stjórnvalds. Starfsmönnum æðri stjórnvalda er talið heimilt að veita upplýsingar um úrskurðarframkvæmd og eftir atvikum venjubundna túlkun á réttarheimildum. Þar sem á starfsmönnum æðra stjórnvalds hvílir almenn skylda til að varðveita hæfi sitt ber þeim að forðast að taka afstöðu til niðurstöðu til þess máls sem lægra setta stjórnvaldið hefur til meðferðar þegar slíkum fyrirspurnum er svarað. Ef starfsmaður æðra stjórnvalds brýtur þessa óskráðu reglu og tekur allt að einu beina efnislega afstöðu til málsins hefur hann verið talinn vanhæfur við meðferð málsins á kærustigi, sé ákvörðun hins lægra setta stjórnvalds kærð þangað. Þessi niðurstaða er byggð á 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga en þar segir að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 er eftirfarandi tekið fram:

„Þegar starfsmaður á lægra stjórnsýslustigi leitar t.d. símleiðis eftir leiðbeiningum frá starfsmanni á æðra stjórnsýslustigi verður sá síðarnefndi ekki vanhæfur til að fjalla um málið á kærustigi hafi hann aðeins veitt leiðbeiningar um venjubundna túlkun á lagagrundvelli máls en ekki látið í ljós álit sitt um niðurstöðu máls.“[10]

Ef starfsmaður á æðra stjórnsýslustigi veitir ekki aðeins upplýsingar um venjubundna lagatúlkun heldur lætur álit sitt á niðurstöðu máls í ljós virðist með gagnályktun frá framangreindum ummælum ekki vafa undirorpið að hann verður vanhæfur við kærumeðferð þess, sé ákvörðun hins lægra setta stjórnvalds kærð til æðra stjórnvalds.

Í máli því sem vikið var að í kafla 7 hér að framan höfðu tveir starfsmenn umhverfisráðuneytisins svarað fyrirspurn heilbrigðisnefndar Vesturlands um lagaskil á milli eldri og yngri laga um mat á umhverfisáhrifum með bréfi, dags. 4. september 2000. Í bréfinu sagði m.a. svo:

„Fyrirspurn yðar lítur að sama álitaefninu og um var að ræða í ofangreindu máli. Með vísan til framangreinds úrskurðar er það niðurstaða ráðuneytisins að lög nr. 106/2000 gildi um breytingu á starfsleyfi fyrir svínabúið að Melum. Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir a. lið 13. töluliðar 2. viðauka laga nr. 106/2000, sbr ii. lið 19. töluliðar 1. viðauka sömu laga.“

Með bréfi þessu veittu þessir starfsmenn umhverfisráðuneytisins ekki aðeins upplýsingar um úrskurðarframkvæmd og eftir atvikum venjubundna túlkun á réttarheimildum heldur varð þeim jafnframt á að taka beina efnislega afstöðu til þess úrlausnarefnis sem um var deilt á

[10] Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3287.

lægra stjórnsýslustigi. Í samræmi við þau lögskýringarviðhorf sem fram komu í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og vikið var að hér að framan, var ekki vafa undirorpið að þeir starfsmenn sem ritað höfðu bréfið voru á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga vanhæfir til þess að taka þátt í kærumeðferð málsins þegar ákvörðun heilbrigðisnefndar Vesturlands var kærð til umhverfisráðuneytisins. Um þetta var ekki deilt í fyrrnefndu dómsmáli enda var séð til þess af hálfu umhverfisráðuneytisins að umræddir starfsmenn tóku ekki þátt í meðferð kærumálsins hjá ráðuneytinu. Kjarni þeirrar deilu sem borin var undir dómstóla fólst hins vegar í því álitamáli hvort *allir* starfsmenn ráðuneytisins væru vanhæfir til meðferðar kærumálsins, þar á meðal þeir sem ekki höfðu tjáð sig um fyrirspurn heilbrigðisnefndar Vesturlands eða um hana fjallað á nokkurn hátt.

Eins og vikið var að í kafla 2 hér að framan taka hæfisreglur stjórnsýslulaga eingöngu til einstaklinga, að því tilskildu að vanhæfisástæður 3. gr. laganna eigi efni sínu samkvæmt við um þá. Þetta er í raun áréttað í upphafi 3. gr. laganna þar sem sagt er að „starfsmaður eða nefndarmaður“ verði vanhæfur við meðferð máls við þær aðstæður sem fjallað er um í 3. gr. laganna. Þetta kemur einnig glögglega fram í athugasemdum við 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarps þess er varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og vikið var að hér að framan. Þar er fjallað um það hvort tiltekinn starfsmaður verði vanhæfur til að fara síðar með kærumál ef hann veitir lægra settu stjórnvaldi leiðbeiningar þegar mál er þar til afgreiðslu. Hæfisreglur stjórnsýslulaga eru því ekki byggðar á því að ráðherra eða yfirmaður stofnunar eða embættis sé samsamaður undirmönnum sínum þannig að hann verði sjálfkrafa vanhæfur til meðferðar máls þótt undirmaður hans verði það.

Rétt er í þessu sambandi að taka fram að við flutning máls þess sem rakið er í kafla 7 hér að framan var því ekki haldið fram að umhverfisráðherra hefði haft nein afskipti af því þegar heilbrigðisnefnd Vesturlands var ritað títtnefnt bréf umhverfisráðuneytisins. Því var heldur ekki haldið fram að þeir starfsmenn sem fóru með kærumálið hefðu tekið þátt í að rita bréfið. Engu að síður var það niðurstaða dómstóla að umhverfisráðherra hefði verið vanhæfur til að fara með kærumál Stjörnugríss hf. og skera úr því. Í héraðsdómi var tekið fram að það skipti ekki máli um vanhæfi umhverfisráðherra til meðferðar kærumálsins hvort hann sjálfur eða einhverjir starfsmenn fyrir hans hönd hefðu undirritað bréfið þar sem álit ráðherra kom fram eða aðrir starfsmenn en þeir sem undirrituðu bréfið hefðu kveðið upp úrskurð í því á æðra stjórnsýslustigi. Á þessi viðhorf var fallist í dómi hæstaréttar. Þar var jafnframt tekið fram að bréf það sem starfsmenn ráðuneytisins skrifuðu hefði verið skrifað í umboði ráðherra og yrði að líta svo á að hann hefði þannig látið í ljós álit sitt á niðurstöðu málsins á meðan það var til meðferðar á lægra stjórnsýslustigi.

Sú lögskýringarleið sem valin er við túlkun hæfisreglna stjórnsýslulaga í þessum dómi veldur því að hæfisreglur stjórnsýslulaga fá í raun sömu réttaráhrif og hæfisreglur sem taka til lögaðila (stofnanavanhæfi). Eins og vikið var að í kafla 2 er sá eðlismunur á þeim hæfisreglum sem lúta að hæfi einstaklinga annars vegar og hæfi lögaðila hins vegar að þegar síðarnefndu reglurnar eiga við verða allir starfsmenn stofnunarinnar sjálfkrafa vanhæfir. Þegar um sérstakt hæfi starfsmanna er að ræða verða aftur á móti aðeins þeir starfsmenn vanhæfir, sem ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga taka til efni sínu samkvæmt. Aðrir starfsmenn stjórnvaldsins sem ekki eru vanhæfir geta þá leyst úr máli.

Þau sjónarmið sem færð eru fyrir því að velja þessa lögskýringarleið virðast vera þau að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum skv. 14. gr. stjórnarskrárinnar og þar með þeim ákvörðunum sem teknar eru af einstökum starfsmönnum ráðuneytis í umboði hans.

Á Íslandi hafa ráðherrar borið ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum gagnvart Alþingi allt frá því er stjórnarskipunarlög nr. 16 frá 3. október 1903 um breytingar á stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 tóku gildi. Fyrstu lögin sem sett voru um ráðherraábyrgð voru nr. 2/1904, um ábyrgð ráðherra Íslands, og giltu þau óbreytt allt þar til núgildandi lög nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, tóku gildi. Þrátt fyrir að ráðherrar hafi borið slíka ábyrgð gagnvart Alþingi frá árinu 1904 voru ráðherrar þó aldrei taldir verða vanhæfir á grundvelli þessara lagafyrirmæla hvorki vegna starfa undirmanna sinna né af öðrum ástæðum. Ráðherrar fóru ekki að víkja sæti vegna vanhæfis í málum fyrr en eftir gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Eins og áður segir eru hæfisreglur stjórnsýslulaga ekki byggðar á því að ráðherra eða yfirmaður embættis eða stofnunar sé samsamaður undirmönnum sínum með þeim hætti að hann verði sjálfkrafa vanhæfur til meðferðar máls ef undirmaður hans verður það, t.d. vegna mistaka við að veita leiðbeiningar til lægra settra stjórnvalda. Hæfisreglur stjórnsýslulaga eru ekki byggðar á því að ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi hafi áhrif á efnisinntak hæfisreglnanna eða það eðli þeirra að þær lúta að hæfi einstaklinga en ekki stofnana.

Sú lögskýringarleið sem beitt var í dómi hæstaréttar frá 23. maí 2001 hefur í raun þær afleiðingar að gerðar eru jafn strangar ef ekki strangari körfur til hæfis starfsmanna stjórnsýslunnar en gerðar eru til dómara á grundvelli þeirra ströngu hæfisreglna sem fram koma í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 70. gr. stjórnarskrárinnar, en í kafla 6 hér að framan var vikið að hæstaréttardómi frá 3. júní 1996 í málinu nr. 151/1996, *H 1996:1998*, þar sem héraðsdómari var talinn verða sjálfkrafa vanhæfur til meðferðar máls vegna þess að fulltrúi hans hafði úrskurðað ákærðu í gæsluvarðhald á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Skal hér áréttað að í athugasemdum við II. kafla frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, er tekið fram að ekki þætti fært að gera eins strangar hæfiskröfur til þeirra starfsmanna sem hafa stjórnsýslu með höndum og gerðar eru til dómara. Nánar er vikið að grunnrökum þessarar löggjafarstefnu í kafla 4 hér að framan.

Ef ráðherra og allir starfsmenn ráðuneytis eru samsamaðir við túlkun allra tilvika sem fallið geta undir 3. gr. stjórnsýslulaga er ljóst að hæfisreglur stjórnsýslulaga verða á mörgum sviðum ekki aðeins jafn strangar og hæfisreglur dómara heldur í sumum tilvikum mun strangari. Enginn varnagli er sleginn í dómi hæstaréttar frá 23. maí 2001 við því hvenær þessi óvenjulega túlkun á 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. hæfisreglna stjórnsýslulaga á við. Af þeim sökum skapar dómurinn óvenju víðtækt fordæmi og leiðir af sér óviðunandi réttaróvissu fyrir stjórnsýsluna. Markmið þessa frumvarps er að eyða þeirri réttaróvissu sem skapast hefur með dómi þessum með því að árétta þá löggjafarstefnu sem hæfisreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993 voru byggðar á og freista þess að öðru leyti að gera ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. skýrari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lögð til sú breyting á 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga að í stað orðsins „verulega“, sem er í ákvæðinu notað við afmörkun á þeim hagsmunum sem valda vanhæfi komi orðin „sérstakir og verulegir hagsmunir“. Eins og vikið var að í kafla 5 verður ráðið af athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess sem varð að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 að með orðinu „verulega“ sé vísað til reglunnar „að eiga einstaklegra og verulegra hagsmuna að gæta“. Sú breyting sem hér er lögð til felur því ekki í sér efnislega breytingu á ákvæðinu en gerir það mun skýrara.

Í stað orðsins „stofnun“ er lagt til að komi orðið „sjálfseignarstofnun“ enda eru aðrar stofnanir almennt ekki í einkaeigu.

Þá er lögð til sú breyting að ákvæðið um undirmannavanhæfi verði gert að sérstökum málslið í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæðið er umorðað í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til á 1. málsl. 5. tölul. Tillagan felur ekki í sér efnisbreytingu á vanhæfisástæðunni undirmannavanhæfi en er mun skýrar orðuð.

Lokamálsliður 5. tölul. er nýr. Þar segir að verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verði næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni. Eins og vikið var að í kafla 6 í almennum athugasemdum við frumvarp þetta felur ákvæðið ekki í sér nýmæli heldur er það í samræmi við þá reglu sem talin hefur verið gilda um starfsmenn stjórnsýslunnar.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Tilgangur frumvarpsins er að skýrt verði kveðið á um það í lögum að þótt starfsmaður eða nefndarmaður stjórnsýslu verði vanhæfur til meðferðar máls, verða næstu yfirmenn hans það ekki af þeirri ástæðu einni.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð.

943. Svar [533. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

1. *Hefur farið fram athugun á húsnæði framhaldsskólans í Vestmannaeyjum með tilliti til*
   a. *nemendafjölda skólans,*
   b. *viðhalds húsnæðisins,*
   c. *þarfar á viðbótarhúsnæði?*

Stöðugt er fylgst með húsnæðismálum framhaldsskóla og skólahúsum haldið í eins góðu horfi og fjárráð leyfa á hverjum tíma.

2. *Ef svo er, hver var niðurstaða könnunarinnar, og ef úrbóta er þörf, hvaða áætlanir hafa verið gerðar til að mæta þeim?*

a. Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum eru um 200 nemendur í 3.173 fermetra húsnæði þannig að nokkuð rúmt er um nemendur eða um 16 fermetrar á nemanda. Þótt húsnæðið sé rúmt í fermetrum talið nýtist það illa.

b. Á síðasta ári var varið um 11 millj. kr. til viðhalds og fyrirhugað er að verja um 16 millj. kr. til þeirra hluta á þessu ári. Unnið hefur verið að endurnýjun þaks og glugga og í

undirbúningi er uppsetning á brunaviðvörunarkerfi. Á næsta ári verður m.a. væntanlega lokið við að steina framhlið skólahússins.

c. Allmörg undanfarin ár hefur íbúum heldur fækkað í Vestmannaeyjum og því bendir ekkert til að nemendum skólans fjölgi snögglega á næstunni. Viðræður hafa farið fram um viðbótarhúsnæði og endurskipulag á núverandi húsnæði og hugmyndir verið settar fram en ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framkvæmdir.

944. Svar [496. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um kostnað við varnaðarmerkingar á tóbaki.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er árleg sala tóbaks hérlendis og hversu stór hluti hennar er sala vindlinga?*
2. *Hver er kostnaður við að merkja tóbak með aðvörun um skaðsemi þess, annars vegar árlegur heildarkostnaður og hins vegar kostnaður á einingu, t.d. einn vindlingapakka?*
3. *Hver ber kostnað af varnaðarmerkingum á tóbaki?*

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR var heildarsala tóbaks með virðisaukaskatti á árinu 1999 5.851.362 þús. kr., 5.826.738 þús. kr. á árinu 2000 og 6.151.023 þús. kr. á árinu 2001. Sala vindlinga hefur verið um 92% af heildarsölu tóbaks. Á árinu 2001 var sala vindlinga 5.665.319 þús. kr.

Innkaupasamningar ÁTVR kveða allir á um að framleiðendur merki tóbak með varnaðarmerkingum og eru merkingarnar á þeirra kostnað. Ef tóbak er hins vegar sérpantað fær ÁTVR það afhent ómerkt. Í slíkum tilfellum merkir ÁTVR tóbakið og tekur fyrir það gjald að fjárhæð 30 kr. á hverja einingu, auk virðisaukaskatts. Um lítið magn er að ræða og eru tekjur af gjaldinu um 5.000 kr. á mánuði.

945. Tillaga til þingsályktunar [599. mál]

um stefnumótun um aukið umferðaröryggi.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að á næstu ellefu árum, eða fyrir lok ársins 2012, skuli stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með ályktun um aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á 120. löggjafarþingi var stefnt að verulegri fækkun alvarlegra umferðarslysa. Sett var markmið fyrir árin 1997–2001 um 20% fækkun á alvarlega slösuðum og látnum þannig að þeir yrðu færri en 200 í lok tímabilsins, en höfðu að meðaltali verið 278 síðustu fjögur ár þar á undan. Markmiðin hafa náðst í meginatriðum þrátt fyrir að umferð hafi aukist mikið og bílum fjölgað verulega. Árið 2000 var fjöldi alvarlega slasaðra og látinna innan við 200 og bráðabirgðatölur fyrir árið 2001 gefa til kynna að heildarfjöldinn sé einnig nokkuð innan viðmiðunarmarkanna.

Ríkisstjórnin samþykkti 6. febrúar 2002 að leggja fram nýja stefnumörkun á sviði umferðaröryggismála til næstu ellefu ára. Lagt er til að á tímabilinu 2002–2012 verði markvisst unnið að því að árið 2012 verði alvarlega slasaðir og látnir færri en 120, sem þýðir fækkun um rúm 40% frá fyrri umferðaröryggisáætlun.

Starfshópur skipaður af dómsmálaráðherra lauk nýlega gerð tillögu um umferðaröryggisáætlun fyrir tímabilið 2002–2012. Í starfshópnum voru Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, Ingimundur Einarsson, varalögreglustjóri í Reykjavík, og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar. Áður hafði umferðaröryggisnefndin, sem lauk störfum í árslok 2000, skilað drögum að áætluninni sem meðal annars voru tekin til umræðu á Umferðarþingi 2000. Í nefndinni áttu sæti Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs, Georg Kr. Lárusson, forstjóri Útlendingaeftirlitsins, og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar.

Með nýrri umferðaröryggisáætlun er kominn rammi utan um starf næstu ára á sviði umferðaröryggismála. Áætlunin gefur gott yfirlit yfir aðgerðir í þágu aukins öryggis í umferðinni. Áríðandi er að hafa í huga að áætlunin þarf stöðugt að vera í endurskoðun og því er mikilvægt að benda á að þeir sem hafa tillögur og athugasemdir við hana geta ávallt komið þeim til dómsmálaráðuneytisins eða til nefndar sem mun endurskoða skýrsluna og bera fram tillögur um ný stefnumið. Mikil vinna hefur verið lögð í skýrsluna og þar er tekið á þáttum sem varða öll svið umferðar og alla sem taka þátt í þessu samræmda átaki.

Í skýrslu starfshópsins er áhersluatriðum og tillögum hans skipt í átta eftirfarandi kafla:

1. Skipan umferðaröryggisstarfsins.
2. Öruggari hraði.
3. Bílbelti – öryggisbúnaður.
4. Öruggari ökumenn – ökunám, endurmenntun og ökupróf.
5. Áfengi, lyf – þreyta.
6. Öruggari vegir, götur og umhverfi vega.
7. Auknar forvarnir – löggæsla, fullnusta og upplýsingar.
8. Aðrar tillögur starfshópsins.

Í upphafi hvers kafla eru helstu áhersluatriði og tillögur tíundað og nánar fjallað um hvert og eitt atriði í kaflanum. Aftast í hverjum kafla er að finna lista yfir tímaáætlun aðgerða, hvenær skuli ráðast í aðgerðir og hvort tillögurnar kalli á breytingar á lögum eða reglugerðum.

Helstu niðurstöður starfshópsins eru eftirfarandi:

1. Starfshópurinn leggur höfuðáherslu á að viðhorf til umferðaröryggismála breytist frá því sem nú er. Í tillögunum er því aukin vitund sett fremst í forgangsröð þeirra verkefna sem lagt er til að ráðist verði í. Viðhorfsbreyting þarf að verða á öllum sviðum og er að mati starfshópsins brýnt að umferðaröryggismál fái aukið vægi í þjóðfélagsumræðunni.
2. Starfshópurinn leggur til að stjórnsýsla umferðaröryggismála verði gerð skýrari þannig að verkaskipting einstakra ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga verði gleggri. Til að

árangur náist í starfinu þarf pólitíska forustu og frumkvæði á Alþingi, í Stjórnarráðinu og hjá sveitarfélögunum. Lagt er til að skipuð verði nefnd sem leggi fram tillögur um verkaskiptingu og ábyrgð aðila.

3. Starfshópurinn leggur til að skipuð verði umferðaröryggisnefnd á ný og að hún verði skipuð á svipaðan hátt og gert er hjá mörgum öðrum þjóðum. Nauðsynlegt er að í hana veljist þingmenn, t.d. úr allsherjar- og samgöngunefnd, sem vinni að framgangi umferðaröryggisáætlunar, ásamt mönnum með sérfræðikunnáttu í umferðaröryggismálum. Tilgangur nefndarinnar verði að leggja fram tillögu að stefnu stjórnvalda í umferðaröryggismálum sem síðan yrði tekin fyrir á Alþingi og afgreidd þaðan.
4. Umferðaröryggisáætlun til ellefu ára er metnaðarfullt markmið og verður mikilsvert stýritæki í allri umfjöllun um umferðaröryggismál á fyrstu árum 21. aldar. Starfshópurinn leggur höfuðáherslu á að víðtæk samvinna takist um áætlunina þannig að allir sem vinna að umferðaröryggismálum sameinist um að ná markmiðum hennar. Þá leggur nefndin til að skipuð verði framkvæmdanefnd sem hafi það meginverkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlun og að markmiðum Alþingis og stjórnvalda verði náð. Nefndin skili skýrslu til Alþingis í byrjun hvers árs þar sem hún geri grein fyrir hvernig til hafi tekist.
5. Starfshópurinn leggur til að rannsóknarnefnd umferðarslysa verði efld og í hana bætt manni með sérfræðikunnáttu varðandi ökutæki. Einnig verði hlutverk hennar skilgreint við gerð umferðaröryggisáætlana.
6. Þróunin meðal Evrópulanda er að sektir vegna umferðarlagabrota renni beint eða að hluta til umferðaröryggisstarfs. Starfshópurinn gerir tillögu um að sektir sem innheimtast vegna aksturs gegn rauðu ljósi, hraðaksturs og ölvunar við akstur renni í sérstakan sjóð, „eftirlits og þróunarsjóð lögreglunnar“.
7. Starfshópurinn leggur til að viðurlög við alvarlegum umferðarlagabrotum verði hert enn frekar. Er þar sérstaklega litið til ölvunaraksturs og hraðaksturs, en viðurlög við slíkum brotum eru hér mun vægari en annars staðar á Norðurlöndum, hvort sem litið er til sektarfjárhæðar eða tímalengdar ökuleyfissviptingar. Um leið verði þó hugað að öðrum úrræðum sem gætu komið í stað sekta eða hluta þeirra, svo sem uppbyggilegum námskeiðum fyrir þá sem staðnir hafa verið að slíkum brotum.
8. Vinna skal að því að bæta umferðarmannvirki með tilliti til aukins umferðaröryggis. Jafnframt þarf að bæta umhverfi vega, en ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur og þá ræður umhverfi vegarins úrslitum um hve alvarlegar afleiðingarnar verða. Grípa þarf til raunhæfra aðgerða til að eyða svartblettum á vegum og götum til að fækka slysum.
9. Hraði skiptir höfuðmáli um áhættu við akstur og leggur hópurinn því til að áhersla verði lögð á að sporna gegn hraðakstri, svo sem með áróðri og að leyfð frávik samkvæmt sektarreglugerð verði lækkuð verulega eða felld niður.
10. Starfshópurinn leggur til að þjálfun og aðhald að ungum ökumönnum verði aukið, m.a. með stigskiptu ökunámi, með endurmenntun og akstursmati. Bæta þarf kerfi æfingaaksturs með leiðbeinanda og gera það skilvirkara í ökunámi.
11. Boðið verði upp á meðferðir og námskeið sem viðurlagaúrræði fyrir endurtekin umferðarlagabrot sem tengja megi við refsipunktakerfi vegna umferðarlagabrota, sviptingar og önnur brot.
12. Gera þarf almenning betur meðvitaðan um hættur sem fylgja akstri undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna og læknislyfja. Þá leggur starfshópurinn til að metið verði hvort

lækka eigi refsimörk vegna ölvunaraksturs úr 0,5 í 0,2 prómill, eins og þegar hefur verið gert í Noregi, Svíþjóð og víðar.

13. Auka þarf vitund vegfarenda um hve miklu máli skiptir að nota tiltækan öryggisbúnað, þ.e. bílbelti, hjálma, hlífðarfatnað og öryggisbúnað fyrir börn í bílum. Aukið verði eftirlit og aðhald með notkun öryggisbúnaðar.
14. Starfshópurinn leggur til að leitað verði nýrra leiða til að gera umferðareftirlit lögreglu enn markvissara og áhrifaríkara. Meðal annars skuli setja heildstæðar verklagsreglur sem miði að því að beina kröftum lögreglu að hættulegustu stöðunum í gatna- og vegakerfinu.
15. Efla þarf samstarf allra sem starfa að umferðarmálum og er það að mati starfshópsins lykilatriði til að árangur náist. Til að tryggja það leggur starfshópurinn til að gerðir séu samstarfssamningar milli þessara aðila.

Samhliða tillögunni verður alþingismönnum afhent umrædd skýrsla starfshópsins, „Umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012 – Ísland verði fyrirmyndarland í umferðinni fyrir árið 2012“.

946. Frumvarp til laga [600. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem hljóða svo: Annist framleiðandi sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða sinna, eða annar aðili í hans nafni, er framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra. Enn fremur er heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kaupverð lífdýra, sem keypt eru til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða.

2. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Á framtali til búnaðargjalds ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum samkvæmt skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur. Enn fremur skal sundurgreina gjaldstofn eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðanda og á starfssvæði annars búnaðarsambands, sem þá skal tilgreint.

3. gr.

Í stað „2,65%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 2,55%.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. og 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002. Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum sem lögfest voru með lögum frá Alþingi 26. maí 1997, í þeim tilgangi að tryggja að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum, t.d. heildsöluverði. Jafnframt er gert ráð fyrir að búnaðargjald reiknist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef framleiðandi annast sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða sinna eða annar aðili í hans nafni sé framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi svo og kaupverð lifdýra sem keypt eru til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir að framleiðendum verði gert skylt að sundurgreina framleiðslu sína eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðandans og á starfssvæði annars búnaðarsambands. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu sé breytt á þann veg að það verði jafnt skatthlutfalli búnaðargjaldsins. Loks er í frumvarpinu að finna ákvæði um gildistöku þess við innheimtu fyrirframgreiðslu og við álagningu gjaldsins. Í framkvæmd hefur í einhverjum tilvikum orðið misbrestur á að búnaðargjald sé eingöngu lagt á framleiðslu í samræmi við tilgang laganna. Einnig hefur þess orðið vart að í einstökum búgreinum sé búnaðargjald lagt á sömu framleiðslueiningar oftar en einu sinni. Sú skylda sem lögð er á framleiðendur að sundurgreina framleiðslu sína við uppgjör til búnaðargjalds er byggð á því að nokkur dæmi eru um að framleiðendur reki starfsstöðvar á fleiri stöðum en einum og njóti þjónustu viðkomandi búnaðarsambands á hverjum stað. Eðlilegt þykir að greiðsla búnaðargjalds fari fram á sama starfssvæði og framleiðslan. Breyting á innheimtuhlutfalli búnaðargjalds í fyrirframgreiðslu til samræmis við skatthlutfall er í frumvarpinu tilkomin vegna þess að skatthlutfallið var lækkað með lögum nr. 112/1999, um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins, án þess að innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu væri breytt með sama hætti. Gildistökuákvæði frumvarpsins skýrir sig að mestu sjálft.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin tekur af öll tvímæli um, að vinnsla og/eða heildsala búvöru myndar ekki stofn til búnaðargjalds, hvort sem hún fer fram heima á búinu eða annar aðili fer með hana í umboði framleiðandans. Framkvæmdin hefur hins vegar verið misjöfn til þessa vegna mismunandi túlkunar á 2. mgr. 3. gr. laganna og mismunandi fyrirkomulags í afurðasölu. T.d. háttar þannig til með garðyrkjuafurðir að meiri hluti þeirra er seldur í umboðssölu hjá afurðafyrirtækjum. Bændur fá þá afreikning, sem sýnir heildsöluverð, en síðan er dregin frá söluþóknun, u.þ.b. 20%. Heildsöluverðið myndar síðan stofn til búnaðargjalds vegna þessa fyrirkomulags. Slík gjaldtaka er ekki tilgangur laganna og er ekki í samræmi við gjaldtöku af mjólk og kjöti, þar sem framleiðendaverðið myndar gjaldstofninn. Þar sem framleiðendur annast vinnslu eða heildsölu afurða sjálfir liggja oft ekki fyrir skýrar upplýsingar um sundurgreiningu verðmyndunar. Því er hér lagt til að farin verði sú leið að ríkisskattstjóri setji matsreglur um hámarksfjárhæð vegna vinnslu og/eða sölu afurða sem komið getur til frádráttar við ákvörðun stofns til búnaðargjalds. Við ákvörðun þeirrar fjárhæðar skal ríkisskattstjóri taka mið af markaðsverði viðkomandi þjónustu hverju sinni. Jafnframt er í greininni kveðið á um að kaup lifdýra skuli ekki mynda stofn til búnaðargjalds þegar um er að ræða áframeldi til framleiðslu búvara. Vegna mismunandi framleiðsluskipulags í eggja- og kjúklingabúskap er misjafnt hve þungt búnaðargjaldið vegur í kostnaði einstakra framleiðenda. Nokkrir smærri eggjaframleiðendur hafa þann hátt á að kaupa fullvaxta hænuunga, tilbúna til varps, af búi sem sérhæfir

sig í uppeldinu og kaupir sjálft dagsgamla unga af enn öðrum framleiðanda. Þar sem búnaðargjald leggst á sölu unganna í bæði skiptin þýðir þetta uppsöfnun, sem nemur um 1,70 kr./kg (u.þ.b. 1% af eggjaverði til framleiðenda) sem hefur leitt til hærri gjaldheimtu af smærri framleiðendum en þeim stærri sem annast allt uppeldi sjálfir. Dæmi eru um það í fleiri búgreinum að sérhæfing á mismunandi stigum framleiðslunnar valdi sams konar mismunun við álagningu búnaðargjalds. Ekki þykir rétt að fyrirkomulag álagningar búnaðargjalds hafi áhrif á þróunina að þessu leyti, og því er lagt til að kaupandi geti dregið frá stofni til búnaðargjalds kaupverð lífdýra sem keypt eru til áframeldis til búvöruframleiðslu.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að framleiðendum sem hafa starfsstöðvar víðar en á lögheimili sínu og á starfssvæðum tveggja eða fleiri búnaðarsambanda verði gert skylt að sundurgreina framleiðslu sína og búnaðargjald eftir starfsstöðvum. Dæmi eru um að fyrirtæki í alifugla- og svínarækt reki bú (starfsstöðvar) á fleiri en einum stað og jafnvel þannig að stór hluti starfseminnar fari fram á starfssvæði annars búnaðarsambands en þess sem starfar þar sem viðkomandi fyrirtæki á lögheimili. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður búnaðargjald sundurgreint eftir starfsstöðvum þannig að hvert búnaðarsamband nýtur tekna af þeim starfsstöðvum sem eru á starfssvæði þess, enda gert ráð fyrir að þessar stöðvar njóti þjónustu viðkomandi búnaðarsambanda.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að innheimtuhlutfalli fyrirframgreiðslu búnaðargjalds verði breytt á þann veg að það verði jafnt skatthlutfalli búnaðargjaldsins. Samkvæmt gildandi lögum er innheimtuhlutfallið 2,65% og því hærra en skatthlutfallið sem er 2,55%. Skatthlutfallið var 2,65% en var lækkað í 2,55% með lögum nr. 112/1999, um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Innheimtuhlutfallið var hins vegar ekki lækkað með þeim lögum. Eðlilegt þykir að innheimtuhlutfallið sé ekki hærra en skatthlutfallið og því er hér lagt til að þessi breyting verði gerð á gildandi lögum.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist þegar gildi. Jafnframt er lagt til að ákvæði 1. og 2. gr. komi til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002 og að ákvæði 3. gr. komi til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2002. Um búnaðargjald af búvöruframleiðslu fyrir þann tíma fer hins vegar eftir eldri lögum eða ákvæðum laganna eins og þau eru nú.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að taka af öll tvímæli um hvernig stofn búnaðargjalds er reiknaður og samræma innheimtuna við lög og reglur sem þegar eru í gildi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

947. Frumvarp til laga [601. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað orðanna „hafi áhrif á líkamsstarfsemi“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: lagi eða breyti líffærastarfsemi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er lyfjabúð rekin af öðrum en lyfsöluleyfishafa og veitir þá ráðherra leyfi til rekstursins. Leyfishafi rekstrarleyfis er ásamt lyfsöluleyfishafa ábyrgur fyrir því að farið sé að lögum þessum. Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Orðin „að jafnaði“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Auk þess er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá því að í lyfjabúð starfi tveir lyfjafræðingar, enda fáist ekki annar lyfjafræðingur til starfa og hætta er á að starfræksla lyfjabúðar falli niður á svæðinu.

4. gr.

Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 1. málsl. 5. mgr. 30. gr. laganna kemur: þeim sem hafa fengið leyfi til vélskömmtunar lyfja.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er orðast svo: ákveðið dagsektir.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef fyrirmælum Lyfjastofnunar er ekki sinnt innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið dagsektir sem lagðar skulu á eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum þessum. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Skal upphæð þeirra fara eftir eðli brots og fjárhagslegum styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um ákvörðun dagsekta í reglugerð.

Ef ákvörðun um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem reka lyfjabúðir og ekki eru lyfsöluleyfishafar skulu sækja um leyfi til rekstursins fyrir 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur til breytinga á nokkrum ákvæðum lyfjalaga, nr. 93/1994, með síðari breytingum, sem taldar eru nauðsynlegar til að laga lögin að þeirri þróun sem orðið hefur í rekstri og starfsemi lyfjabúða að undanförnu. Lyfjabúðum hefur fjölgað verulega á síðustu árum og opnunartími lengst. Hefur af því tilefni reynt á túlkun ákvæða lyfjalaga um fjölda starfsfólks lyfjabúða og hefur reynslan sýnt að nauðsynlegt er að gera þau skýrari, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá hefur rekstrarform lyfjabúða breyst. Í stað einstakra lyfjabúða áður er nú meginreglan sú að margar lyfjabúðir eru reknar saman af einum aðila. Er talið nauðsynlegt að mæla skýrt fyrir um að þessir aðilar beri ábyrgð samkvæmt lyfjalögum og að þeir afli sér leyfis til starfseminnar, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Þá þykir nauðsynlegt að í lyfjalögum sé heimild til að beita dagsektum. Í ljós hefur komið að Lyfjastofnun hefur takmörkuð úrræði þegar brotið er gegn lögunum. Sem dæmi má nefna að þegar lyfjabúðir hafa ekki tilskilinn fjölda starfsmanna eða þegar lyfseðilsskyld lyf eru auglýst almenningi í heimildarleysi getur Lyfjastofnun annaðhvort veitt áminningu eða stöðvað starfsemi, sbr. 1. mgr. 42. gr. lyfjalaga. Færa má fyrir því rök að hér gætu dagsektir verið áhrifaríkt úrræði og að stundum gæti verið eðlilegra að beita því fremur en stöðva starfsemi, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Heimild til að leggja á dagsektir tíðkast í lagaákvæðum um eftirlit með matvælum, lækningatækjum, rafföngum og leikföngum, sbr. ákvæði laga um matvæli, nr. 93/1995, laga um lækningatæki, nr. 16/2001, og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Má færa fyrir því gild rök að dagsektir séu ekki síður nauðsynleg réttarúrræði hvað varðar eftirlit með lyfjum.

Aðrar breytingar eru skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þau sjónarmið hafa komið fram að ákvæði 2. mgr. 13. gr. lyfjalaga, um að bannaðar séu hvers konar auglýsingar um að vara hafi áhrif á líkamsstarfsemi, sé of víðtækt. Það komi til dæmis í veg fyrir auglýsingar um að mjólk sé góð (komi í veg fyrir kalkskort) og aðrar auglýsingar í svipuðum dúr. Þótt ákvæðið hafi hingað til ekki verið túlkað með þessum hætti er lögð til breyting á því til að taka af allan vafa um að slíkar auglýsingar séu heimilar.

Lyfjastofnun hefur bent á að vafasamt geti verið að heimila í markaðssetningu náttúruvöru (almennrar vöru) fullyrðingar um að varan geti haft áhrif á líkamsstarfsemi með þeim hætti að verið sé að vekja vonir um að hún lækni tiltekna sjúkdóma. Stofnunin tekur þó undir að fullyrðingar um bætt áhrif á líkamsstarfsemi geti verið þáttur í markaðssetningu heilsuvöru. Er því stofnunin fylgjandi þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að aðilar sem sjá um rekstur lyfjabúða en eru ekki lyfsöluleyfishafar afli sér leyfis ráðherra til að mega starfa á þessu sviði og að þeim beri að fara að ákvæðum lyfjalaga. Eins og fram kemur í greinargerð hér að framan er rekstrarform lyfjabúða nú al-

mennt breytt. Eru flestar lyfjabúðir annaðhvort reknar í félagi eða reknar margar saman af einum aðila. Í þeim tilvikum er kominn nýr aðili til skjalanna sem ekki er minnst á í lyfjalögum og því óljóst hver ábyrgð hans er.

Lyfsöluleyfishafi ber faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar skv. 21. gr. lyfjalaga. Hins vegar geta verið ýmis atriði sem varða reksturinn þar sem lyfsöluleyfishafi verður að lúta fyrirmælum rekstraraðila eða þeir ákveða í sameiningu, til dæmis hve fjölmennt starfslið lyfjabúðarinnar eigi að vera. Ljóst er að í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að báðir aðilar beri skyldur samkvæmt lyfjalögum en ekki einungis lyfsöluleyfishafi.

Er því lagt til að í 21. gr. lyfjalaga verði kveðið á um að aðilar sem vilja reka lyfjabúðir og eru ekki lyfsöluleyfishafar sæki um leyfi til ráðherra og að þeir séu ásamt lyfsöluleyfishafa ábyrgir fyrir því að farið sé að ákvæðum laganna. Sækir slíkt ákvæði að vissu leyti fyrirmynd til 17. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, um rekstraraðila dagvistar og stofnunar aldraðra.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. 28. gr. lyfjalaga er kveðið á um að í lyfjabúð skuli á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum utan hans „að jafnaði vera að störfum eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu“. Eins og fram kom í almennum athugasemdum hér að framan hefur lyfjabúðum fjölgað og opnunartími er lengri en áður. Eru afleiðingar þess að erfitt hefur reynst að manna lyfjabúðirnar og reynir þá á ákvæði 1. mgr. 28. gr. Hefur því verið haldið fram að túlka eigi orðin „að jafnaði“ í ákvæðinu þannig að það eigi að vera einn til tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu, en ekki að minnsta kosti tveir.

Hingað til hefur verið litið svo á að nauðsynlegt sé að tveir lyfjafræðingar séu við afgreiðslu lyfja. Bent er á að jafnvel það geti líka reynst ófullnægjandi og eru dæmi þess að tveimur lyfjafræðingum er ætlað að sinna 103 klst. opnunartíma á viku. Slíkt býður heim mistökum í miklu annríki og eru þess dæmi að lyf hafa verið rangt afgreidd. Auk þess er framangreind túlkun ekki í samræmi við vilja löggjafans við setningu laga nr. 108/2000, sem breyttu m.a. umræddri 1. mgr. 28. gr. lyfjalaga. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 108/2000 segir um þetta í athugasemdum um 23. gr. frumvarpsins: „Hér er gerð sú krafa að almennt skuli vera tveir lyfjafræðingar samtímis að störfum í lyfjabúð. Þannig er gert ráð fyrir að nauðsynlegt kunni að vera að fleiri en tveir séu að störfum samtímis, en slíkt ræðst m.a. af umfangi starfsemi, fjölda afgreiddra lyfseðla og opnunartíma. Kröfum um lágmarksfjölda lyfjafræðinga í lyfjabúð er m.a. ætlað að fyrirbyggja mistök við afgreiðslu lyfseðla. Einnig er þeim ætlað að tryggja faglega þætti, gæði og öryggi við hvers kyns afgreiðslu og afhendingu lyfja til sjúklinga, þ.m.t. nauðsynlega lyfjaþjónustu og ráðgjöf. Því verður vart við komið nema fjöldi lyfjafræðinga endurspegli umfang starfseminnar og fjölda afgreiddra lyfjaávísana.“ (Þskj. 659 á 125. löggjafarþingi.) Er ljóst af þessum ummælum í athugasemdum að reiknað var með tveimur lyfjafræðingum að lágmarki, en hugsanlega gæti verið þörf á fleirum.

Til þess að taka af allan vafa er því lagt til í frumvarpi þessu að ákvæðið verði gert afdráttarlausara. Er það skýrara, bæði gagnvart lyfsölum og lyfjamálayfirvöldum.

Enn fremur er lögð til breyting á undanþáguákvæði 1. mgr. 28. gr. Samkvæmt því er heimilt að leyfa að aðeins einn lyfjafræðingur starfi í lyfjabúð að uppfylltum tveimur skilyrðum: Að umfang starfsemi sé lítið og að lyfjatæknar eða annað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar. Til viðbótar þessu reynist stundum óhjákvæmilegt að veita undanþágu frá kröfum um fjölda starfsfólks í lyfjabúðum úti á landi þegar ekki fást lyfjafræðingar til starfa. Hafa sumir lyfsöluleyfishafar talið að með þessu sé brotin á þeim jafnræðisregla þar

sem gerðar séu minni kröfur til fjölda starfsfólks í lyfjabúðum úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að slíkar undanþágur eru aðeins veittar í algerum undantekningartilvikum og þegar hætta er á að ella leggist þjónustan (þ.e. rekstur lyfjabúðar) niður á viðkomandi svæði.

Til þess að treysta betur lagagrunn slíkra undanþágna er lagt til að það verði beinlínis tilgreint að heimilt sé að veita tímabundna undanþágu frá skilyrðinu um fjölda lyfjafræðinga til að tryggja starfrækslu lyfjabúðar á svæðinu, enda verði áfram reynt að fá annan lyfjafræðing til starfa.

Um 4. gr.

Í 5. og 6. mgr. 30. gr. lyfjalaga eru taldir upp þeir aðilar sem lyfjaheildsalar mega selja lyf. Inn í upptalninguna vantar þá sem hafa fengið leyfi til vélskömmtunar lyfja og er hér lagt til að bætt verði úr því.

Um 5. gr.

Talið er nauðsynlegt að í lyfjalög komi dagsektarákvæði til að gera eftirlit Lyfjastofnunar skilvirkara. Auk þess getur beiting dagsekta verið eðlilegra úrræði en að stöðva starfsemi, sbr. meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Slíkt hlýtur þó að vera háð mati hverju sinni. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að dagsektarákvæði má finna í lögum um lækningatæki, nr. 16/2001, en þar er tilvísun til IV. og V. kafla laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Í 1. mgr. 25. gr. þeirra laga er dagsektarákvæði, svohljóðandi: „Sé fyrirmælum eftirlitsstjórnvalds við framkvæmd laga þessara ekki hlýtt má fylgja þeim eftir með ákvörðun viðkomandi ráðherra um dagsektir sem lagðar skulu á framleiðanda, dreifingaraðila eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 krónum á sólarhring samkvæmt nánari ákvörðun viðkomandi ráðherra. Er ákvörðunin aðfararhæf.“ Ákvæðið tekur t.d. til eftirlits með rafföngum og leikföngum, auk lækningatækja.

Einnig er dagsektarákvæði t.d. í 1. mgr. 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem kveður á um heimild heilbrigðisnefndar til að ákveða dagsektir. Hámark sektanna skal ákveðið með reglugerð. Ákvæðið tekur einnig til eftirlits með matvælum, sbr. lög um matvæli, nr. 93/1995. Loks má nefna að norsku lyfjalögin (lov om legemidler m.v., nr. 132/1992) hafa að geyma heimild til að leggja á annaðhvort stjórnvaldssekt eða dagsektir vegna brota á lögunum, sbr. 28. gr. laganna.

Með hliðsjón af heimild til að leggja á dagsektir vegna eftirlits með lækningatækjum, leikföngum, rafföngum og matvælum má leiða rök að því að hið sama eigi að gilda um lyf. Sektarhámark í 5. gr. frumvarpsins sækir fyrirmynd sína í framangreind lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Þá er síðari efnismálsgrein b-liðar 5. gr. frumvarpsins efnislega samhljóða 2. mgr. 41. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum lyfjalaga sem miða að því að laga þau að þeirri þróun sem orðið hefur í rekstri lyfjabúða. Lyfjabúðum hefur fjölgað og sami rekstraraðili rekur oft margar lyfjabúðir. Þá hefur opnunartími lyfjabúða lengst og erfiðara er að manna þær. Í ljósi þessa er talið nauðsynlegt að kveða skýrar á um einstök ákvæði, svo sem að mæla nánar fyrir um hverjir séu ábyrgir fyrir að lögum þessum sé framfylgt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef fyrirmælum Lyfjastofnunar er ekki sinnt geti hún lagt dagsektir á þá sem skyldum hafa að gegna samkvæmt lögunum. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

948. Þingsályktun [406. mál]

um fullgildingu alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar og alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 8. mars.)

Samhljóða þskj. 663.

949. Fyrirspurn [602. mál]

til heilbrigðisráðherra um Evrópusamstarf um sjaldgæfa sjúkdóma.

Frá Ástu Möller.

Á hvern hátt hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld tekið þátt í fimm ára áætlun Evrópusambandsins vegna sjaldgæfra sjúkdóma?

950. Fyrirspurn [603. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu fyrir börn með sjaldgæfa sjúkdóma.

Frá Ástu Möller.

1. Hve mörg börn hér á landi teljast hafa sjaldgæfa sjúkdóma?

2. Hvernig er sérstökum þörfum þeirra sinnt hér á landi?
3. Telur ráðherra þörf á að setja á laggirnar miðstöð vegna sjaldgæfra sjúkdóma þar sem m.a. fer fram öflun og miðlun upplýsinga sem og samhæfing á meðferð fólks með sjaldgæfa sjúkdóma?

951. Fyrirspurn [604. mál]

til menntamálaráðherra um kostun á stöðum við háskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hversu margar kennslu- eða rannsóknarstöður við háskóla landsins eru kostaðar af utanaðkomandi eða óskyldum aðilum og hver hefur þróunin verið undanfarinn áratug, sundurgreint eftir skólum, kostendum og stöðum?

Skriflegt svar óskast.

952. Frumvarp til laga [605. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

C-liður 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir orðunum „sem annast heilbrigðisþjónustu“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: heilsuvernd starfsmanna og heilsufarsskoðanir.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum. Þegar áhættumatið liggur fyrir skal atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla laga þessara.

Áhættumatið og áætlun um forvarnir skulu taka til allra þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Meta skal áhættu og lýsa hvernig henni verður mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum.

Ef áhættumat, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað krefjast færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandinn leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa. Skal atvinnurekandi upplýsa þjónustuaðila um þá þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna.

Áhættumat skal vera aðgengilegt í fyrirtækinu fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.

Endurskoða skal áhættumat þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum þess.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að gerðar séu skriflegar áætlanir um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna.

Þjónustuaðilar sem og aðrir sem koma að mati um áhættu í störfum og heilsuvernd starfsmanna skulu fara með upplýsingar tengdum heilsuverndinni sem trúnaðarmál.

Félagsmálaráðherra setur reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um áhættumat, gerð og frágang skjala sem tengjast því, skilyrði sem þjónustuaðili skv. 3. mgr. skal uppfylla til að hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins, forvarnir með hliðsjón af eðli og stærð fyrirtækja og um úrlausn ágreiningsefna.

4. gr.

Við 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nemar og lærlingar teljast einnig til starfsmanna, jafnvel þótt þeir inni af hendi vinnu án endurgjalds, enda sé vinna þeirra liður í skipulögðu námi.

5. gr.

Á eftir orðunum „eða of mikils álags“ í a-lið 38. gr. laganna kemur: eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.

6. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að setja á markað eða taka í notkun vélar, tæki eða annan búnað sem fullnægir ekki skilyrðum um öryggi og tilskildar merkingar og/eða yfirlýsingar um öryggi sem sett eru samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Félagsmálaráðherra setur reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um til hvaða vélar, tækis eða annars búnaðar slíkt bann skal ná.

Vinnueftirlit ríkisins getur lagt bann við framleiðslu, innflutningi, sölu, afhendingu, notkun og auglýsingum á sérlega hættulegum varningi.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi og heilsu fólks, húsdýra eða eigna stafi hætta af einhverri gerð véla, tækja eða annars búnaðar er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun hennar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku þó að gerðin uppfylli kröfur laga þessara og viðkomandi sérreglna.

7. gr.

2. mgr. 49. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra setur gjaldskrá, að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, um skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyftna, lyftubúnaðar, geyma, þrýstihylkja og katla, sbr. 1. mgr.

8. gr.

Á eftir 50. gr. laganna kemur ný grein, 50. gr. a, er orðast svo:

Á vinnustöðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða kunna að verða notuð í þeim mæli að við slys geti skapast víðtæk hætta fyrir fólk og umhverfi skal gera öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir slík slys. Enn fremur skal gera ráðstafanir til að bregðast við slíkum slysum í því skyni að draga úr afleiðingum þeirra.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um varnir gegn og viðbrögð við slíkum slysum á vinnustöðum. Enn fremur skal í reglugerðinni kveðið á um samstarf þeirra stjórnvalda sem að slíkum málum koma að höfðu samráði við umhverfisráðherra og dómsmálaráðherra.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með að viðeigandi skilyrðum sé fullnægt og að gerðar hafi verið nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á slysi, sbr. 1. mgr.

9. gr.

IX. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími,** orðast svo:

a. (52. gr.)

Í kafla þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Vinnutími:* Sá tími sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekanda og innir af hendi störf sín eða skyldur.
2. *Hvíldartími*: Sá tími sem telst ekki til vinnutíma.
3. *Næturvinnutími:* Tímabil sem er ekki skemmra en sjö klukkustundir og nær frá miðnætti til klukkan fimm að morgni. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
4. *Næturvinnustarfsmaður* er:
   a. starfsmaður sem venjulega vinnur a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og/eða
   b. starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.
5. *Vaktavinna:* Vinna sem skipt er niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.
6. *Vaktavinnustarfsmaður:* Starfsmaður sem vinnur vaktavinnu.

b. (52. gr. a.)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um:

1. Þá sem starfa við flutninga á vegum og falla undir reglugerð dómsmálaráðuneytis um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins,
2. lækna í starfsnámi, sbr. þó 53., 54., 57. og 58. gr.
3. æðstu stjórnendur eða aðra þá sem ráða vinnutíma sínum sjálfir,
4. sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynlegri öryggisstarfsemi og brýnum rannsóknarhagsmunum á sviði löggæslu, vinnu sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörfum vegna snjóflóðavarna.

c. (53. gr.)

Vinnutíma skal haga þannig að á hverjum 24 klukkustundum, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld.

Með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins er heimilt að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að 8 klukkustundir ef eðli starfs eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, að því marki sem nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

Sé daglegur hvíldartími styttur samkvæmt heimild 2. og 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíldartíma síðar.

d. (53. gr. a.)

Starfsmaður á rétt á hléi ef daglegur vinnutími hans er lengri en sex klukkustundir. Um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem um hve langt hléið skal vera, fer samkvæmt samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins.

e. (54. gr.)

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður fá a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma skv. 53. gr.

Sé til þess sérstök þörf vegna eðlis hlutaðeigandi starfa er heimilt með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga. Þar sem sérstakar ástæður gera slík frávik nauðsynleg má þó ákveða með samkomulagi á vinnustað að fresta vikulegum hvíldartíma þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á hverjum tveimur vikum.

Enn fremur er heimilt að fresta vikulegum frídegi þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komið.

f. (55. gr.)

Hámarksvinnutími starfsmanna á viku að yfirvinnu meðtalinni skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Heimilt er með samkomulagi milli samtaka aðila vinnumarkaðarins að reikna hámarksvinnutíma starfsmanna út frá viðmiðunartímabili sem má vera allt að sex mánuðir.

Ef fyrir liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa er samtökum aðila vinnumarkaðarins heimilt að ákveða með samningum að hámarksvinnutími starfsmanna skuli reiknaður út frá viðmiðunartímabili sem er allt að 12 mánuðir, að gættum meginreglum laga þessara um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Einungis virkur vinnutími, sbr. 1. tölul. 52. gr., skal talinn við meðaltalsútreikninga skv. 1.–3. mgr. Árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skulu ekki talin með við meðaltalsútreikningana.

g. (56. gr.)

Vinnutími næturvinnustarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Heimilt er með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur.

Um viðmiðunartímabil og viðmið við útreikning á meðalvinnutíma næturvinnustarfsmanna fer skv. 55. gr.

Næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag skulu ekki vinna lengur en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Félagsmálaráðherra skal setja reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um hvað teljist sérstaklega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag, sbr. 4. mgr.

h. (57. gr.)

Næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verður rakið til vinnutíma skulu þegar kostur er færðir til í dagvinnustörf sem henta þeim.

i. (58. gr.)

Atvinnurekendum er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara um vinnutíma, þar með taldar upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra.

10. gr.

Við 1. mgr. 62. gr. laganna bætist nýr stafliður, f-liður, sem verður svohljóðandi: Vinnu þar sem hætta er á ofbeldi nema ungmennin starfi með fullorðnum.

11. gr.

66. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skulu eiga kost á heilsufarsskoðun á kostnað atvinnurekanda áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma.

Í reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að fenginni umsögn landlæknis, skal nánar kveðið á um í hverju heilsufarsskoðun skuli fólgin, tíðni eftirlits og hvaða mælingar og aðrar rannsóknir skuli gera. Taka skal tillit til starfsumhverfis. Heimilt er að setja slíkar reglur fyrir einstakar starfsgreinar.

13. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni sem hefur sérfræðimenntun er tengist starfinu.

14. gr.

Í stað orðanna „tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: þrjá stjórnarmenn tilnefnda af Samtökum atvinnulífsins, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi háskólamanna, einn stjórnarmann tilnefndan af fjármálaráðuneyti.

15. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður af rekstri Vinnueftirlits ríkisins skal greiðast með hlutdeild í tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald.

Hlutfall þetta skal ákveðið með reglugerð til eins árs í senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins og í samráði við stjórn stofnunarinnar, ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld skv. 2. mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukaþjónustu skv. 4. mgr. 80. gr.

16. gr.

Í stað 2. mgr. 86. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Atvinnurekanda ber jafnframt að tryggja að starfsmenn geti sjálfir, ef öryggi þeirra eða annarra er stefnt í bráða hættu, gripið til viðeigandi ráðstafana til að komast hjá afleiðingum hættunnar þegar ekki er unnt að ná sambandi við yfirmann eða starfsmann sem falin hefur verið öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf.

Aðgerðir skv. 1. eða 2. mgr. gera þá aðila sem þar greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja og er óheimilt að láta þá gjalda fyrir ákvörðun sína á nokkurn hátt.

17. gr.

87. gr. laganna orðast svo:

Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Dagsektir skulu nema 10.000–100.000 kr. á sólarhring. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta skal m.a. taka tillit til þess hve aðkallandi umbæturnar eru og hversu stór og umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Dagsektir renna í ríkissjóð.

Aðili getur kært ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins um beitingu dagsekta til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins innan fjórtán daga frá því að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til félagsmálaráðherra innan fjórtán daga frá því að aðila var tilkynnt um úrskurðinn.

Ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins um dagsektir eru aðfararhæfar. Málskot til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og félagsmálaráðherra frestar aðför.

18. gr.

Orðin „sbr. þó 2. mgr. 87. gr.“ í 2. mgr. 98. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Lög þessi eru m.a. sett til innleiðingar á tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, og tilskipun nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna, sem vísað er til í 29. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 43/96.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Lagt er til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (hér eftir nefnd vinnutímatilskipunin). Þannig verði teknar upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar.

Nokkrar breytingar eru lagðar til með hliðsjón af ákvæðum í tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Í þeim felst m.a. skylda vinnuveitanda til að gera eða láta gera áhættumat sem taki til þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Enn fremur er gert ráð fyrir að þegar áhættumatið liggur fyrir skuli atvinnurekandi gera skriflega áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á ákvæðum laganna til viðbótar við það sem að framan greinir, svo sem á ákvæðum um dagsektir, stjórn Vinnueftirlits ríkisins, tekjur Vinnueftirlitsins o.fl. Þá er lögð til smávægileg breyting með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

II. Tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

1. Almennt.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 28. júní 1996 að fella vinnutímatilskipunina undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 42/96. Tilskipunin var birt í EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins 14. nóvember 1996 (51. hefti, bls. 14), og telst hluti af XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin byggist á a-lið 118. gr. Rómarsáttmálans (nú 138. gr. samkvæmt Amsterdam-sáttmálanum) sem kveður á um að Evrópusambandið skuli með útgáfu tilskipana setja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Í formála tilskipunarinnar er vísað til þessa ákvæðis og sáttmála Evrópubandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launafólks (The Community Charter of the Fundamental Social Rights of Workers) sem samþykkt var af hálfu 11 aðildarríkja þess

á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins í Strassborg 9. desember 1989. Í stofnskránni er m.a. tekið fram að innri markaður Evrópusambandsins verði að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launafólks. Því markmiði eigi m.a. að ná með umbótum sem varða lengd og skipulag vinnutíma.

Í formála vinnutímatilskipunar er einnig vísað til tilskipunar nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Sú tilskipun hefur að geyma almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf og verndun öryggis og heilsu starfsmanna við vinnu. Enn fremur segir að með fyrirmælum um lágmarkskröfur varðandi skipulag vinnutíma sé stuðlað að bættum starfsskilyrðum launafólks í Evrópusambandinu.

2. Gildissvið og meginreglur vinnutímatilskipunarinnar.

Vinnutímatilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Hún felur í sér lágmarksréttindi til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

Tilskipunin gildir um alla starfsemi, hvort sem hún er á vegum opinberra aðila eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE, sbr. þó 17. gr. tilskipunarinnar, að undanskildum loft-, járnbrautar-, vega-, sjó- og vatnaflutningum og flutningum á skipgengum vatnaleiðum, veiðum á sjó, annarri vinnu á sjó og starfsemi tengdri námi lækna. Ákvæði vinnutímatilskipunar gilda því ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem her og lögreglu, eða starfsemi almannavarna, sbr. tilvísun í 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Meginreglur vinnutímatilskipunarinnar eru þær að aðildarríkjum er skylt að tryggja starfsmönnum rétt á:

a. 11 klst. samfelldum daglegum hvíldartíma,
b. hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klst.,
c. samfelldum 24 klst. hvíldartíma í viku hverri sem tengist daglegum hvíldartíma, sbr. a-lið,
d. að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klst., að yfirvinnu meðtalinni,
e. árlegu fjögurra vikna launuðu orlofi,
f. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir 8 klst. á hverju 24 klst. tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag,
g. ókeypis heilsufarsskoðun næturvinnustarfsmanna og, sé þess kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsufarsvandamál þeirra til næturvinnu.

Tilskipunin hefur enn fremur að geyma nánari ákvæði er varða heilsuvernd og öryggi næturvinnustarfsmanna og vaktavinnustarfsmanna. Þá kveður hún á um að gera skuli viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra starfsmanna sem vinna eftir ákveðnu mynstri.

Heimilt er þó að veita undanþágur frá meginreglum vinnutímatilskipunar. Slíkar heimildir byggjast m.a. á því að skipulag vinnutíma í ákveðnum starfsgreinum er eða kann að vera með þeim hætti að æskilegt sé að heimila tiltekinn sveigjanleika við beitingu framangreindra meginreglna. Ef aðildarríki nýta þessar undanþágur ber þeim að gæta að meginreglum tilskipunarinnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna og gæta þess að starfsmenn fái samsvarandi hvíld í staðinn.

3. Undanþegnar starfsgreinar.

Nokkrar starfsgreinar eru sem fyrr segir sérstaklega undanþegnar gildissviði vinnutímatilskipunar. Þær eru:

a. flutningar á landi, sjó, í lofti, með járnbrautarlestum og á skipagengum vatnaleiðum,
b. veiðar og önnur vinna á sjó,
c. læknar í starfsnámi.

Vinnutímatilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 2000/34/EB frá 22. júní 2000 um breytingu á tilskipun nr. 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma til að ná yfir starfsgreinar sem eru undanskildar tilskipuninni. Þar voru framangreindir hópar færðir undir gildissvið hennar, að farmönnum undanskildum. Í tilskipun nr. 2000/34/EB er þó gert ráð fyrir að margvíslegar undanþáguheimildir frá reglum vinnutímatilskipunarinnar gildi enn varðandi þessa hópa. Reglur um vinnutíma farmanna er að finna í tilskipun ráðsins nr. 1999/63/EB varðandi samninginn um skipulag vinnutíma á farskipum sem gerður var af Evrópusamtökum skipaeigenda (ESCA) og Sambandi flutningaverkamanna. Auk þess gildir um þetta efni tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma á skipum sem fara um hafnir innan ríkja Evrópusambandsins. Þá má geta tilskipunar nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000 um vinnutíma í flugi, sem byggist á samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins á Evópuvísu í þessari atvinnugrein sem gerðir voru í mars 2000.

Gera má ráð fyrir að tilskipun nr. 2000/34/EB verði felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um mitt ár 2002. Verði það gert þarf að innleiða ákvæði hennar í íslenskan rétt fyrir 1. ágúst 2003 en veitt er heimild til að innleiða ákvæði um vinnutíma lækna í starfsnámi á lengri tíma.

Með hliðsjón af gildissviði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem taka almennt ekki til starfsemi á sjó og í lofti, er ekki mælt sérstaklega fyrir um undanþágur varðandi slíka starfsemi í frumvarpi þessu.

Hvað varðar flutninga á vegum er í gildi reglugerð ráðsins nr. 3820/85/EBE um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varða flutninga á vegum, sem m.a. fjallar um vinnutíma. Þessar reglur voru teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136/1995 með síðari breytingum. Dómsmálaráðherra setti reglugerðina með stoð í umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og tók hún gildi 1. maí 1995. Reglugerð nr. 3820/85/EBE er ekki einvörðungu byggð á sjónarmiðum um heilsuvernd og öryggi ökumanna heldur er markmið hennar jafnframt að stuðla að samræmdum samkeppnisskilyrðum í allri flutningastarfsemi sem og bættu umferðaröryggi.

Læknar í starfsnámi hafa ekki verið undanskildir meginreglum núgildandi laga um daglega lágmarkshvíld og vikulegan frídag sem tengist daglegum hvíldartíma og er lagt til að þær meginreglur gildi áfram um þá en að ekki verði mælt fyrir um vinnutíma þeirra að öðru leyti í frumvarpinu.

4. Áhrif vinnutímatilskipunar.

Það hefur reynst vandasamt að meta áhrif vinnutímatilskipunar á íslenskan vinnumarkað. Tilskipunin sjálf mælir ekki fyrir um hvernig vinnutími skuli mældur. Hún kveður þó á um að aðildarríkin skuli á fimm ára fresti gefa skýrslu um framkvæmd ákvæða hennar. Af því má leiða að nauðsynlegt sé fyrir aðildarríkin að mæla vinnutíma með ákveðnum hætti í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Hér á landi sér Hagstofa Íslands um að mæla vinnutíma en hún styðst við sömu aðferðir og önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þegar Ísland er borið saman við önnur ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins kemur í ljós að Íslendingar vinna lengstan vinnutíma en Hollendingar stystan. Athyglisvert er að á síðasta áratug hafa svo til engar breytingar orðið á vinnutíma launafólks hér á landi. Árið 1997 var venjulegur vinnutími á Íslandi 41,3 klst. en meðaltal í ríkjum Evrópusambandsins var þá 36,8 klst. Þá vinna yfir 40% launafólks í fullu starfi meira en 48 klst. á viku að jafnaði og rúmlega 52% meira en 46 klst. á viku. Er það talsvert hærra hlutfall en í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ýmislegt bendir því til að vinnutímatilskipunin hafi væntanlega talsverð áhrif á íslenskan vinnumarkað og mun meiri en í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þess ber þó að geta að framangreindar tölur gefa einungis vísbendingu um áhrif tilskipunarinnar.

III. Breytingar frá gildandi löggjöf um vinnutíma.

Flest ákvæði um vinnutíma hér á landi er að finna í kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins en þó eru nokkur ákvæði um þetta efni í gildandi löggjöf. Byggist löggjöf um vinnutíma einkum á því að vernda starfsmenn gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld. Helstu ákvæði um vinnutíma og hvíldartíma er að finna í IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er þar annars vegar mælt fyrir um lágmarkshvíldartíma á sólarhring og hins vegar um vikulegan frídag en jafnframt veittar ákveðnar heimildir til frávika frá þessum reglum. Með lögum nr. 52/1997 var ákvæði 52. gr. laga nr. 46/1980 breytt til samræmis við ákvæði vinnutímatilskipunarinnar um 11 klst. lágmarkshvíld á sólarhring en ákvæðið mælti áður fyrir um 10 klst. lágmarkshvíld.

Með þessu frumvarpi er í fyrsta lagi lagt til að reglur IX. kafla laga nr. 46/1980 um lágmarkshvíld og vikulegan frídag verði útfærðar með öðrum hætti en nú með hliðsjón af efni vinnutímatilskipunar. Í öðru lagi er lagt til að fleiri efnisreglum er snerta vinnutíma verði bætt við kaflann. Í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að Vinnueftirlit ríkisins veiti undanþágur frá vinnutímaákvæðunum verði nánari útfærsla þeirra, innan ramma laganna, í höndum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Gert er ráð fyrir að samtökin hafi verulegt svigrúm til samninga innan þess ramma sem vinnutímatilskipunin mælir fyrir um.

IV. Kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins og aðdragandi frumvarps.

Í a-lið 1. mgr. 18. gr. vinnutímatilskipunar er kveðið á um að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 23. nóvember 1996 eða fullvissa sig um í síðasta lagi þann dag að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

Með hliðsjón af efni tilskipunarinnar og venjum hér á landi um samráð stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins fól félagsmálaráðherra með bréfi, dags. 2. júní 1995, samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES-samráðsnefnd) að gera úttekt á áhrifum þess að tilskipunin tæki gildi hér á landi. Í nefndinni sitja fulltrúar félagsmálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 1996, skilaði nefndin ráðherra skýrslu um málið þar sem m.a. var mælt með því að samtökum aðila vinnumarkaðarins yrði gefið svigrúm til að ná sam-

komulagi sín á milli og freista þess þannig að aðlaga reglur tilskipunarinnar að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði. Félagsmálaráðherra féllst á að þessi leið yrði farin hér á landi og sömdu samtök aðila vinnumarkaðarins sín á milli um innleiðingu þessara reglna með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis, nr. 285/1997, um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Í auglýsingunni sem var birt í B-deild Stjórnartíðinda segir að ákveðið hafi verið að höfðu samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi með kjarasamningum, sbr. 1. mgr. 18. gr. tilskipunar nr. 93/104/EB. Í auglýsingunni er vísað til samninga eftirtalinna aðila um framkvæmd á efni tilskipunarinnar:

1. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands (samningur undirritaður 30. desember 1996).
2. Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasamband Íslands hins vegar (samningur undirritaður 23. janúar 1997).
3. Alþýðusamband Íslands og Vinnumálasambandið (samningur undirritaður 10. apríl 1997).

Í auglýsingunni segir jafnframt að í samræmi við 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 5. gr. laga nr. 69/1993, séu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, lágmarkskjör. Af því leiði að ákvæði vinnutímatilskipunar hafi tekið gildi með kjarasamningunum og teljist vera lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði.

Ofangreindir kjarasamningar, sem hér á eftir verða nefndir vinnutímasamningarnir, öðluðust gildi hér á landi á fyrri hluta árs 1997. Vinnutímasamningarnir þrír eru í öllum meginatriðum samhljóða. Í þeim er að finna meginreglur tilskipunarinnar um daglegan og vikulegan hvíldartíma, ákvæði um vinnutíma næturvinnustarfsmanna o.fl., auk þess sem kveðið er á um sérstakar frávikheimildir frá þessum meginreglum.

Í bréfi EES-samráðsnefndar sem fylgdi með framangreindri skýrslu nefndarinnar til ráðherra kom einnig fram að í framhaldi af samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd á efni vinnutímatilskipunar yrði rétt að huga að breytingum á vinnutímaákvæðum laga nr. 46/1980. Þetta var áréttað með erindi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til félagsmálaráðherra í upphafi árs 1998. Þar var lögð fram sú tillaga að ráðherra léti fara fram heildarendurskoðun á þeim ákvæðum laga nr. 46/1980 sem lúta að skipulagi vinnutíma með það fyrir augum að lögfesta meginreglur vinnutímatilskipunar. Jafnframt var þess óskað að með lögum yrðu staðfestar heimildir samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um frávik frá einstökum ákvæðum laganna að uppfylltum ákveðnum rammaákvæðum. Var m.a. bent á að ákvæði vinnutímatilskipunar ganga í nokkrum tilvikum lengra en lög nr. 46/1980, svo sem varðandi hvíldartíma og frítíma, auk þess sem kveðið er á um lengd vinnutíma.

Í framhaldi af ofangreindu bréfi Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins var fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins í EES-samráðsnefnd falið að gera tillögur að lagabreytingum með hliðsjón af ákvæðum vinnutímatilskipunar og gildandi kjarasamningum. Ekki náðist þó samkomulag meðal nefndarmanna en fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðuneytis lögðu þó fram sameiginlegar tillögur sem m.a. var höfð hliðsjón af við samningu frumvarps þessa.

V. Heilsuvernd starfsmanna.

Lagt er til að fyrirtæki geri skriflegt mat um áhættu í störfum ásamt skriflegri áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna. Krefjist gerð áhættumats, áætlunar um forvarnir eða ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandinn leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila. Er það skilyrði að þjónustuaðilar hafi hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins um hæfi til að annast þessa þjónustu. Markmið heilsuverndar starfsmanna er að:

a. fyrirbyggja óþægindi, sjúkdóma og slys sem rekja má til atvinnu fólks,
b. auka þekkingu atvinnurekenda og launafólks á áhættuþáttum í vinnuumhverfi,
c. draga úr fjarvistum starfsmanna og atvinnurekenda vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi, viðhalda heilsu starfsmanna á vinnustað og laga störfin að þeim starfsmönnum sem gegna þeim.

Þessum markmiðum verður helst náð með:

a. áhættumati,
b. fræðslu og ráðgjöf,
c. heilsufarsskoðun.

Áhættumat, sbr. 3. gr. frumvarpsins (13. gr. a), felur í sér greiningu og mat á vinnuumhverfi og skal taka til allra þeirra þátta í vinnuumhverfinu sem geta stofnað öryggi og heilsu starfsmanna í hættu. Það felur í sér skoðun á þáttum eins og samskiptum og stjórnunarháttum, líkamlegu og andlegu álagi, hávaða og lýsingu, innanhússlofti, öryggismálum, meðferð hættulegra efna, mengun, geislun, aðstæðum fyrir ákveðna starfshópa, svo sem ungmenni, eldri starfsmenn, barnshafandi konur o.fl. Meta skal áhættu og lýsa hvernig henni verður mætt, svo sem með skipulagi vinnunnar, fræðslu, þjálfun, vali á tækjum, efnum eða efnablöndum, notkun öryggis- eða hlífðarbúnaðar, innréttingum á vinnustað eða öðrum forvörnum.

Þegar niðurstöður áhættumatsins liggja fyrir er gerð áætlun um forgangsröðun úrbóta. Mikilvægt er að þær forvarnaráðstafanir sem gripið er til í kjölfarið tryggi starfsmönnum betri vernd og séu felldar inn í starfsemi fyrirtækis. Forvörnum er unnt að skipta niður í þrjú stig. Fyrsta stigs forvörn miðast að því að koma í veg fyrir að fólk verði fyrir heilsutjóni í vinnunni. Annars stigs forvörn er fólgin í aðgerðum sem miða að því að óþægindi eða einkenni, sem komin eru fram, ágerist ekki heldur réni og þriðja stigs forvörn miðast að því að koma í veg fyrir að heilsutjón þróist áfram og leiði til örorku eða dauða. Forvörn á þriðja stigi er að mestu á sviði heilbrigðisþjónustunnar.

Fræðsla sem hluti af heilsuvernd starfsmanna getur tekið til ýmissa atriða, svo sem mannlegra samskipta, streitustjórnunar, álagssjúkdómavarna, mengunarvarna, meðferðar hættulegra efna, hávaðavarna, lýsingar og inniloftsins, slysavarna, skyndihjálpar auk fleiri þátta. Ráðgjöfin snýr t.d. að vinnuskipulagi og hönnun vinnuumhverfis, skipulagi og framkvæmd innra starfs í fyrirtækjum, ráðgjöf um aðgerðir og úrbætur í framhaldi af greiningu og mati á vinnuumhverfi og vinnuskipulagi og um leiðir til að virkja þátttöku starfsmanna, stjórnenda og eigenda í vinnuvernd.

Heilsufarsskoðanir þurfa að taka mið af áhættumati sem og þeim reglum sem eru í gildi um þetta efni. Þær eru alfarið í höndum heilbrigðisstarfsmanna og skulu taka mið af áhættuþáttum í umhverfi. Þess ber að gæta að heilsuvernd starfsmanna á ekki að felast í almennri heilsugæslu starfsmanna vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda.

Þrátt fyrir að ákvæði laga nr. 46/1980 um heilsuvernd starfsmanna hafi ekki komið til almennrar framkvæmdar hafa ýmis fyrirtæki og stofnanir hér á landi keypt þjónustu sem

felur í sér heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Þannig hafa fyrirtæki sem kennd eru við „stóriðju", svo sem álverið í Straumsvík, Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, Kísiliðjan við Mývatn, Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki og Áburðarverksmiðjan öll haft heilsuvernd á vinnustað í einhverju formi. Ýmsir aðilar hafa veitt þessa þjónustu, þ.e. heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og sjálfstætt starfandi einstaklingar. Eftir því sem best er vitað hafa þó fáar heilsugæslustöðvar séð sér fært að sinna heilsuvernd á vinnustað með formlegum hætti. Þó er vitað um undantekningar hjá nokkrum heilsugæslustöðvum sem hafa sinnt heilsuvernd starfsmanna.

Ljóst er að hæfniskröfur til þeirra aðila sem koma að heilsuvernd starfsmanna eru aðrar og ná til fleiri en þeirra sem vinna í almennri heilbrigðisþjónustu. Er því eðlilegt að takmarka ekki þessa starfsemi við heilbrigðisstofnanir. Í því sambandi má benda á að fyrirtæki hér á landi hafa ólíkar þarfir fyrir heilsuvernd á vinnustað eftir atvinnugreinum, stærð fyrirtækja, umfangi og viðfangsefnum. Til að mæta þörfum atvinnulífsins mætti þannig sjá fyrir sér mismunandi rekstrarform heilsuverndar á vinnustað. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til geta einka- eða sameignarfyrirtæki annast hana sem og heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Hafi slík fyrirtæki ekki sérfræðinga með þekkingu á öllum fagsviðum heilsuverndar á vinnustað gætu þau haft ákveðið fagnet þannig að stjórnendur þjónustunnar tryggi að öll fagsviðin séu til staðar þegar á þarf að halda.

VI. Tilskipun nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Tilskipun ráðsins nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum er frá 12. júní 1989 og er hluti af XVIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin felur í sér auknar skyldur atvinnurekenda og starfsmanna sem miða að því að færa eftirlit með vinnuumhverfinu inn í fyrirtækin og gera það að hluta af eðlilegri starfsemi fyrirtækjanna. Markmið tilskipunarinnar er, sbr. 1. mgr. 1. gr., að gera ráðstafanir til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna á vinnustöðum verði bætt. Þau markmið falla að markmiðum laga nr. 46/1980 en þau eru, sbr. 1. gr. laganna, að tryggja:

a. öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b. skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé unnt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur og ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Í lögum nr. 46/1980 er með ýmsum hætti gert ráð fyrir að atvinnurekandi og starfsmenn hans vinni sameiginlega að öryggismálum og heilsuvernd. Í II. kafla laganna er þetta útfært með ýmsum hætti í samræmi við stærð fyrirtækja.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu fela í sér nánari útfærslu á því hvernig öryggis- og heilsuverndarstarf skuli fara fram innan fyrirtækjanna.

Tilskipun nr. 89/391/EBE gerir ráð fyrir að ráðstafanir um forvarnir sem gerðar eru í kjölfar áhættumats verði felldar inn í alla starfsemi fyrirtækisins eða stofnunarinnar á öllum þrepum og tryggi þannig starfsmönnum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu. Tilskipunin er rammatilskipun Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar og hafa margar tilskipanir sem vísa til hennar verið innleiddar hér á landi og gilda þær á sérstökum fagsviðum eða miða að vernd ákveðinna áhættuhópa. Þessar reglur eiga það sammerkt að atvinnurekandi skal láta gera áhættumat í samstarfi við þá sem annast öryggismál innan fyrirtækja. Slíkt

áhættumat miðast að því að gera ráðstafanir til þess að eyða áhættunni eða draga úr henni með skipulögðum hætti.

Tilskipuninni hefur verið innleidd að hluta hér á landi með reglugerðum samgönguráðuneytis. Er þar um að ræða reglugerð nr. 785/1998, um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, og reglugerð nr. 680/1999, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins vinnur nú að gerð reglna á grundvelli laga nr. 46/1980 sem ætlað er að tryggja fulla framkvæmd tilskipunarinnar hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ákvæði c-liðar 2. mgr. 2. gr. falli brott. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt í framkvæmd og verður að telja eðlilegt að um afmörkun þess hvort störf í heimahúsum falli undir gildissvið laganna fari eftir hugtakanotkun og markmiðum þeirra að öðru leyti, svo sem um það hverjir teljast starfsmenn og hvað telst starfsemi í skilningi þeirra.

Um 2. gr.

Þessi viðbót er í samræmi við aðrar breytingar sem felast í frumvarpi þessu. Lagt er til að ekki sé einungis að atvinnurekandi stuðli að samstarfi þeirra sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þeirra sem annast heilbrigðisþjónustu heldur einnig þeirra sem annast heilsuvernd starfsmanna og heilsufarsskoðanir, sbr. 3. gr. (13. gr. a) og 12. gr. (67. gr.) frumvarps þessa.

Um 3. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um þá meginskyldu atvinnurekanda að gera skriflegt áhættumat sem felur í sér greiningu á áhættuþáttum í starfsumhverfinu sem varða öryggi og heilsu starfsmanna, sbr. 6. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Þegar áhættumatið liggur fyrir er mikilvægt að atvinnurekandi fylgi því eftir með gerð áætlunar um forvarnir og ráðstafanir um heilsuvernd innan fyrirtækis.

Í 2. mgr. er að finna meginefni þess sem greina skal frá í áhættumatinu og áætlun um forvarnir en það er í samræmi við 6. gr. tilskipunarinnar, einkum 2. og 3. mgr. Einnig er fjallað um gerð skriflegrar áætlunar um forvarnir og ráðstafanir vegna öryggis og heilbrigðis starfsmanna á vinnustöðum. Vísast til umfjöllunar um áhættumat, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í V. kafla athugasemda við frumvarp þetta.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að atvinnurekandi skuli leita aðstoðar þar til hæfra þjónustuaðila ef áhættumat, gerð áætlunar um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna krefjast færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða, sbr. 7. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Gert er ráð fyrir að þjónustuaðilar verði að hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins um hæfi til þeirra starfa. Er það í samræmi við niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli C-49/00 (framkvæmdastjórnin gegn ítalska ríkinu) þar sem það var talið í verkahring aðildarríkjanna að kveða á um færni þjónustuaðila og starfsmanna sem hafa þessi verkefni með höndum. Viðurkenning getur eftir atvikum verið takmörkuð við ákveðna tegund starfsemi. Mikilvægt er að viðurkenning Vinnueftirlitsins sé byggð á þeim forsendum að starfsemi þjónustuaðilanna sé sjálfstæð gagnvart starfsmönnum og stjórnendum. Þá er það skilyrði að þjónustuaðilar og aðrir sem koma að heilsuvernd starfsmanna

fari með þær upplýsingar sem þeir fá í starfi sem trúnaðarmál, hvort sem um er að ræða persónubundnar upplýsingar eða upplýsingar sem lúta að fyrirtækinu sjálfu.

4. mgr. kveður á um þá skyldu að hafa áhættumatið aðgengilegt í fyrirtækinu fyrir stjórnendur fyrirtækis, starfsmenn þess og Vinnueftirlit ríkisins. Er það í samræmi við a-lið 3. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Í 5. mgr. er fjallað um endurskoðun matsins, sbr. 1. mgr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Gert er ráð fyrir að áhættumatið verði endurskoðað þegar breytingar á vinnuumhverfi breyta forsendum þess.

Samkvæmt 8. mgr. skal félagsmálaráðherra setja nánari reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um gerð áhættumats. Er gert ráð fyrir að gefnar verði út eins konar leiðbeiningareglur fyrir einstakar starfsgreinar út frá áhættunni sem í þeim felst svo að unnt verði að styðjast við þær reglur þegar unnið er að gerð áhættumats. Er ljóst að gerð áhættumats og skriflegrar áætlunar um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna verður misumfangsmikil eftir eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir í hverju tilviki. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um gerð og frágang skjala sem tengjast áhættumatinu, um skilyrði sem þjónustuaðili skv. 3. mgr. skal uppfylla til að hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins og um forvarnir. Er það í samræmi við 5. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 9. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Þá er einnig lagt til að í reglunum verði mælt fyrir um úrlausn ágreiningsefna og er þá átt við ágreining sem kann að koma upp milli atvinnurekenda, starfsmanna og þjónustuaðila. Sú breyting er lögð til að félagsmálaráðherra setji reglurnar að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Verður það að teljast viðurkennt sjónarmið að framsali lagasetningarvalds skuli vera þröngar skorður settar. Þykir eðlilegra að framsalið nái einungis til ráðherra fremur er fjölskipaðs stjórnvalds enda ber ráðherra ætíð ábyrgð á efni slíkra reglna. Er það þar með einnig gert skýrara fyrir almenningi hver ber ábyrgðina en þegar lægra settu stjórnvaldi er látin slík heimild í té er það alltaf í umboði ráðherra. Áfram er þó gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi frumkvæði að og standi að undirbúningi að reglum sem þessum enda gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur að fengnum tillögum stjórnar. Er því ekki verið að breyta hlutverki stjórnarinnar að þessu leyti en reglur þær er stjórn Vinnueftirlitsins hefur heimildir til að setja hafa verið háðar staðfestingu ráðherra.

Um 4. gr.

Samkvæmt 24. gr. laganna á orðið starfsmaður í lögunum við um hvern þann sem vinnur launuð störf í þjónustu annarra. Lagt er til að hugtakið nái einnig til nema og lærlinga án tillits til þess hvort þeir gegna launuðum störfum. Auk þess er gert ráð fyrir að starf á viðkomandi vinnustað sé liður í skipulögðu námi viðkomandi nema eða lærlings. Er þá átt við að fyrir liggi með formlegum hætti hvernig hlutaðeigandi nám tengist viðkomandi vinnustað. Breytingin byggist á ákvæði a-liðar 3. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Benda má á að í X. kafla laganna er beinlínis gert ráð fyrir að þau taki til unglinga í starfsnámi, sbr. t.d. 2. mgr. 62. gr. Mikilvægt þykir að skýrt verði að þessi hópur falli undir lögin en nemar og lærlingar eru oft í sérstakri áhættu gagnvart óhöppum á vinnustað sökum ungs aldurs og reynsluleysis.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. vinnutímatilskipunar en þar er kveðið á um að vinnuveitandi sem skipuleggur vinnu eftir ákveðnu mynstri skuli taka tillit til þeirrar

meginreglu að aðlaga skuli vinnuna að starfsmanninum. Markmið þessa er einkum að draga úr áhrifum einhæfra starfa og þeirra starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er einkum verið að vísa til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Færst hefur í vöxt að gerðir Evrópubandalagsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið fjalli um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi og heilsuvernd í tengslum við ýmsar vélar, tæki og annan búnað, svo sem um færanlegan þrýstibúnað og lyftur. Þessar gerðir falla undir svokallaðar nýaðferðargerðir (e. new approach) og er markmiðið m.a. að ná fram einsleitni innan Evrópska efnahagssvæðisins og koma í veg fyrir viðskiptahindranir. Til að tryggja að reglunum sé fylgt eftir eru sett skilyrði um að þær vélar, tæki eða annar búnaður sem um er að ræða hafi tiltekin merki og/eða yfirlýsingar um öryggi. Þarf í því skyni jafnframt að banna markaðssetningu og notkun tækja sem fullnægja ekki þeim skilyrðum sem sett hafa verið um öryggi og merkingar og/eða yfirlýsingar innan svæðisins. Er því lagt til að lögin hafi að geyma skýrt ákvæði um að óheimilt sé að markaðssetja eða taka í notkun vélar, tæki eða annan búnað sem fellur undir gildissvið laganna kveði milliríkjasamningar sem Ísland er aðili að á um slík bönn. Lagt er til að félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, verði fengin heimild til að setja reglur um til hvaða véla, tækja og/eða búnaðar slíkt bann nái. Er þessi tillaga lögð fram þar sem ætla má að tilskipunum Evrópubandalagsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eigi eftir að fjölga enda markmiðið að gera reglur á sviði öryggis og heilsuverndar á vinnustöðum sem samræmdastar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Yrði því torveldara í framkvæmd ef þyrfti að breyta lögunum í hvert sinn sem ný tilskipun væri tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Enn fremur eru þessar tilskipanir mjög tæknilegar og þarf því að útfæra þær í sérreglum svo að lögin verði ekki óhæfilega löng og flókin.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 48. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við þær öryggiskröfur sem gerðar eru í nokkrum gerðum Evrópubandalagsins um vélar, tæki og annan búnað sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, t.d. tilskipun nr. 98/37/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar og tilskipun nr. 1999/36/EB, um færanlegan þrýstibúnað. Er með þessu verið að tryggja virkt eftirlit með gerðum véla, tækja og annars búnaðar enda þótt þær hafi fengið viðurkenningu um að fullnægja þeim reglum sem um þær gilda. Getur til dæmis verið um galla að ræða í fáeinum eintökum. Hér er eingöngu heimilt að banna markaðssetningu og notkun í tiltekinn tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku þangað til úrbætur eru gerðar.

Um 7. gr.

Lagt er til að Vinnueftirliti ríkisins verði með skýrum hætti heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna skoðunar og skráningar á lyftum, kötlum, þrýstihylkjum og geymum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laganna, en áður hefur sú þjónusta verið talin til aukaþjónustu skv. 2. mgr. 80. gr. laganna. Í 2. mgr. 49. gr. gildandi laga er heimild til að setja í gjaldskrá þjónustugjöld fyrir skráningu og skoðun á farandvélum, farandvinnuvélum og búvélum.

Um 8. gr.

Ákvæðið fjallar um skyldur atvinnurekenda sem nota eða kunna að nota hættuleg efni til að viðhafa öryggisráðstafanir svo að koma megi í veg fyrir slys sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fólk og umhverfi, svo sem slys í efnaverksmiðjum. Í gildi eru reglur um

hættumat í iðnaðarstarfsemi sem eiga stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem falla undir verksvið umhverfisráðuneytis. Þykir eðlilegra að slíkar reglur falli undir lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem um er að ræða skyldur atvinnurekanda við að gæta öryggis og hollustu á vinnustöðum. Umhverfisráðuneytið hefði áfram með höndum reglur um varnir fyrir umhverfið og mat á skemmdum á byggingum og öðrum mannvirkjum sem eru afleiðingar slíkra slysa.

Um 9. gr.

Fyrirsögn IX. kafla gildandi laga er Hvíldartími og frídagar. Til samræmis við efnisinnihald breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er lagt til að orðinu hámarksvinnutími verði bætt við fyrirsögnina.

Um a-lið (52. gr.).

Í ákvæðinu er að finna upptalningu á meginhugtökum frumvarpsins og skilgreiningar þeirra í samræmi við 2. gr. vinnutímatilskipunar.

Með hugtakinu vinnutími, sbr. 1. tölul., er átt við virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma sem starfsmaður er við störf, er til taks fyrir atvinnurekandann og innir af hendi störf sín eða skyldur. Vinnuhlé þar sem ekki er krafist vinnuframlags, neysluhlé, launaður biðtími, ferðir til og frá vinnustað eða reglubundinni starfsstöð og sérstakir frídagar falla ekki undir þessa skilgreiningu á vinnutíma þótt greiðslur komi fyrir, enda er miðað við virkan vinnutíma en ekki greiddan. Sem dæmi um tíma sem ekki telst til virks vinnutíma eru kaffi- og matartímar, ferðir til og frá vinnu, jafnvel þótt sá tími sé greiddur, bakvaktir, kallvaktir, gæsluvaktir o.þ.h., svo lengi sem starfsmaður er ekki kallaður til starfa. Sé starfsmaður hins vegar kallaður til starfa skal telja þann tíma sem hann er við vinnu til virks vinnutíma.

Hugtakið hvíldartími er skv. 2. tölul. sá tími sem ekki telst til vinnutíma. Í því sambandi ber að gæta þess að starfsmenn eiga rétt á samfelldri daglegri hvíld frá störfum og starfsskyldum, sbr. c-lið (53. gr.).

Hugtakið næturvinnutími er skilgreint í 3. tölul. sem tímabil sem skal ekki vera skemmra en sjö klukkustundir og nær yfir tímabilið frá miðnætti til klukkan fimm að morgni, sbr. 3. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunar. Í því felst að næturvinnutími getur t.d. verið frá kl. 22.00 til kl. 5.00 eða kl. 24.00 til kl. 7.00. Ákvæðið gerir ráð fyrir að um nánari afmörkun tímabilsins fari samkvæmt samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Í vinnutímasamningunum hefur næturvinnutími verið skilgreindur sem tímabilið frá kl. 23.00 til kl. 6.00.

Næturvinnustarfsmaður er, sbr. 4. tölul. og í samræmi við 4. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunar, annars vegar starfsmaður sem venjulega vinnur a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutíma og hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu á næturvinnutíma, samkvæmt nánari útfærslu í samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur hugtakið næturvinnustarfsmaður verið skilgreint með þeim hætti í vinnutímasamningunum að um sé að ræða starfsmann sem venjulega vinni a.m.k. þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma sínum á næturvinnutímabili eða fastráðinn starfsmann sem unnið hefur reglulega, samkvæmt fyrir fram ákveðnu skipulagi, minnst þrjár klukkustundir á næturvinnutímabili í einn mánuð. Undir þessa skilgreiningu getur þannig fallið árstíðabundin næturvinna og vaktavinna þar sem skipst er á að vinna dag- og næturvinnu.

Í 5. tölul. er vaktavinna skilgreind, í samræmi við 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, sem vinna sem einkennist af því að henni er skipt niður samkvæmt fyrir fram ákveðnu fyrirkomulagi þar sem starfsmaður vinnur á mismunandi vöktum á tilteknu tímabili sem mælt er í dögum eða vikum.

Hugtakið vaktavinnustarfsmaður er í 6. tölul. skilgreint í samræmi við 6. mgr. 2. gr. vinnutímatilskipunar og þarfnast ekki skýringar.

Um b-lið (52. gr. a).

Ákvæðið styðst við 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunar þar sem mælt er fyrir um undanþágur frá gildissviði hennar.

Í 1. tölul. er lagt til að ákvæði IX. kafla laganna taki ekki til þeirra sem starfa við flutninga á vegum og falla nú undir ákvæði reglugerðar dóms- og kirkjumálaráðuneytis nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl., í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 2. tölul. eru læknar í starfsnámi undanþegnir gildissviði kaflans, sbr. þó 53., 54., 57. og 58. gr. Til skýringar á því um hvaða lækna er að ræða er stuðst við reglur er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur. Ekki er mælt fyrir um skyldu ráðuneytisins til samráðs en eðlilegt hlýtur að teljast að það leiti álits læknadeildar Háskóla Íslands og eftir atvikum samtaka lækna áður en það setur slíkar reglur.

Ákvæði 3. tölul. er byggt á a-lið 1. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar. Er þar kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt, með tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, að víkja frá meginreglum tilskipunarinnar þegar lengd vinnutíma verður ekki mæld og/eða fyrir fram ákveðin. Einnig vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa eða ef starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða starfsmenn sem gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem hefur umboð til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Á þessum grundvelli er lagt til að ákvæði kaflans taki ekki til æðstu stjórnenda eða annarra þeirra sem ráða vinnutíma sínum sjálfir. Er hér annars vegar átt við forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fyrirtækja sem samkvæmt skipuriti fyrirtækis taka sjálfir ákvarðanir um skipulag vinnutíma starfsmanna en eru stöðu sinnar vegna ekki bundnir af þeim reglum. Hins vegar er átt við þá starfsmenn sem stöðu sinnar vegna innan fyrirtækis ráða vinnutíma sínum sjálfir eða hafa verulegt frjálsræði varðandi skipulagningu vinnunnar, svo sem þá sem vinna störf sín heima við. Þá mundi ákvæðið í mörgum tilvikum eiga við um þá sem starfa í fjölskyldufyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar, svo sem við landbúnað.

Ákvæði 4. tölul. styðst við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE, sbr. 3. mgr. 1. gr. vinnutímatilskipunar. Hér er lagt til að ákvæði kaflans gildi ekki um sérstakar aðstæður sem tengjast tiltekinni starfsemi hins opinbera. Þar undir falla þau tilvik sem talin eru upp í 2. mgr. 1. gr. vinnutímasamningsins milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. Í samningnum eru undanskildar sérstakar aðstæður sem tengjast starfsemi hins opinbera, svo sem nauðsynleg öryggisstarfsemi og brýnir rannsóknarhagsmunir á sviði löggæslu, vinna sem tengist starfsemi almannavarna og eftirlitsstörf vegna snjóflóðavarna.

Til skýringar skal tekið fram að í 4. tölul. felst að ákvæði IX. kafla eiga ekki við þegar hlutaðeigandi starfsmaður er bundinn af þessum tilteknu starfsskyldum en þess fyrir utan gilda lögin um starfsmanninn og vinnuveitanda hans.

Um c-lið (53. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um að vinnutíma skuli haga þannig að á hverju 24 klukkustunda tímabili, þ.e. sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 11 klukkustunda samfellda hvíld. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði 1. mgr. 52. gr. laganna eins og því var breytt með 1. gr. laga nr. 52/1997. Með byrjun vinnudags í skilningi 1. mgr. er átt við venjulegt upphaf vinnu viðkomandi starfsmanns. Ef reglulegt upphaf vinnudags er t.d. kl.

8.00 skal miða við það tímamark. Hafi starfsmaður á hinn bóginn fastan vinnutíma sem hefst t.d. kl. 20.00 skal sólarhringurinn miðaður við það tímamark. Eðlileg meginregla er að hvíldin komi að jafnaði í kjölfar vinnulotu og á næturvinnutíma ef því verður við komið.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að stytta samfelldan hvíldartíma í allt að átta klukkustundir með samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins, enda byggist það á sérstöku eðli starfs eða atvinnuháttum sem gera slík frávik nauðsynleg. Undir ákvæðið mundu t.d. geta fallið þau tilvik sem greinir í sambærilegu ákvæði 52. gr. laganna, þ.e. vaktavinna, störf að landbúnaði og björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Í vinnutímasamningunum er stytting hvíldartímans heimiluð með þessum hætti við vaktaskipti á skipulegum vöktum og við björgun verðmæta frá skemmdum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að í undantekningartilvikum verði heimilt að fresta samfelldri hvíld að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir verulegt tjón og þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju. Undir það falla atvik þar sem truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna eða ófyrirséðra atburða. Er það í samræmi við núgildandi 1. mgr. 53. gr. laganna og er samsvarandi ákvæði jafnframt í vinnutímasamningunum. Þá er ákvæðið í samræmi við heimildir 2. og 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar, sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Til samræmis við skilyrði 17. gr. vinnutímatilskipunar er í 4. mgr. mælt fyrir um að starfsmaður skuli fá samsvarandi hvíld síðar ef heimildir 2. og 3. mgr. til að stytta daglegan hvíldartíma eru nýttar. Verður að telja eðlilegt að starfsmenn njóti þá hvíldar að jafnaði þegar að lokinni vinnulotu verði því við komið. Gert er ráð fyrir að um nánari útfærslu ákvæðisins fari samkvæmt kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Um d-lið (53. gr. a).

Ákvæðið er í samræmi við 4. gr. vinnutímatilskipunar sem segir að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Skv. 4. gr. tilskipunarinnar skal í samkomulagi milli samtaka aðila vinnumarkaðarins eða í innlendri löggjöf kveða nánar á um hléið, svo sem hve langt það skuli vera og við hvaða forsendur skuli miða. Í vinnutímasamningunum er ákvæðið útfært þannig að starfsmenn skuli eiga rétt á 15 mínútna hléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir. Er þetta ákvæði almennt uppfyllt með matar- og kaffitímaákvæðum kjarasamninga.

Um e-lið (54. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að í 1. mgr. verði lögfest meginregla 5. gr. vinnutímatilskipunar um að á hverju sjö daga tímabili skuli starfsmaður fá a.m.k. einn vikulegan frídag, þ.e. 24 klst., sem tengist daglegum hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunarinnar, sbr. c-lið (53. gr.). Er það í samræmi við gildandi 1. mgr. 55. gr. laganna.

Í 2. mgr. er með hliðsjón af 17. gr. tilskipunarinnar mælt fyrir um heimild samtaka aðila vinnumarkaðarins til að semja um að fresta megi vikulegum frídegi með skipulögðum hætti ef sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg. Þannig er, með hliðsjón af heimildarákvæði 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar, lagt til að í undantekningartilvikum og vegna sérstaks eðlis hlutaðeigandi starfa sé heimilt að ákveða með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að fresta vikulegum frídegi þannig að starfsmaðurinn fái samsvarandi hvíldartíma sem ávallt skal veittur innan 14 daga. Þurfa þá þau skilyrði tilskipunarinnar um að hlutlægar og tæknilegar ástæður liggi að baki að vera fyrir hendi. Þá þykir einnig nauðsynlegt að kveða á um heimild atvinnurekanda til að fresta töku vikulegs frídags að því tilskildu að fyrir liggi samkomulag á viðkomandi vinnustað. Er með því átt við samkomulag milli atvinnurekanda og hlutaðeigandi starfsmanna. Í þessu sambandi má benda á að þær

aðstæður geta komið upp á vinnustað að það henti starfsmanni betur að vinna óslitið lengur en í sjö daga samfleytt og fá síðan a.m.k. tvo samfellda frídaga. Eðlilegt er að hann geti þannig átt um það nokkurt val í samkomulagi við vinnuveitanda sinn. Þó er það ávallt skilyrði að starfsmaðurinn fái a.m.k. tvo samfellda frídaga á hverjum tveimur vikum í staðinn.

Enn fremur þykir eðlilegt að heimila frávik í undantekningartilvikum er ytri aðstæður eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur og nauðsyn er að halda uppi þjónustu eða framleiðslu. Skal atvinnurekandi þá tryggja að starfsmaður fái samsvarandi hvíldartíma síðar og eins fljótt og við verður komist. Er það í samræmi við núgildandi 4. mgr. 55. gr. laganna. Þá er ákvæðið í samræmi við heimildir 2. og 3. mgr. 17. gr. vinnutímatilskipunar, sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE.

Um f-lið (55. gr.).

Í ákvæðinu, sem er nýmæli, er lagt til að lögfest verði meginregla 6. gr. vinnutímatilskipunar um 48 klukkustunda hámarksvinnutíma á viku að yfirvinnu meðtalinni, miðað við fjögurra mánaða tímabil, sbr. 16. gr. tilskipunarinnar.

Með hliðsjón af heimildarákvæði 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar er í 2. mgr. lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum að viðmiðunartímabil við útreikning vikulegs hámarksvinnutíma geti verið allt að sex mánuðir. Þó er að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilað í 3. mgr. að í samningum sé kveðið á um 12 mánaða viðmiðunartímabil. Ef miðað er við sex mánaða viðmiðunartímabil má þannig skipta árinu upp í tvö tímabil, þ.e. fyrri og seinni árshelming, og skal þá meðalvinnuvika vera að hámarki 48 vinnustundir á hvorum árshelmingi. Skilyrði þess að heimilt verði að reikna hámarksvinnutímann út frá 12 mánaða viðmiðunartímabili er að fyrir liggi hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða að um sé að ræða sérstakt eðli viðkomandi starfa. Tilvik sem þarna geta fallið undir eru t.d. árstíðabundnir toppar eða uppgrip í vinnu og lægðir þess á milli. Einnig sveiflur í starfsemi sem orsakast af aflabrögðum, veðurfarsaðstæðum og e.t.v. markaðsaðstæðum. Þá geta atriði eins og mannfæð í fámennum byggðarlögum og erfiðleikar eða ómöguleiki við mönnun tiltekinna starfa átt undir ákvæðið. Ávallt skal þó gæta meginreglna laganna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Samningar samtaka aðila vinnumarkaðarins sem hafa verið gerðir á grundvelli hliðstæðs ákvæðis í vinnutímasamningunum eru a.m.k. fyrir hendi varðandi bráðslur og virkjanir.

Til áréttingar er sérstaklega tekið fram að aðeins virkur vinnutími skuli talinn við meðaltalsútreikninga samkvæmt ákvæðinu. Í samræmi við 16. gr. vinnutímatilskipunar er jafnframt mælt fyrir um að árlegt launað lágmarksorlof samkvæmt lögum og veikindaforföll skuli ekki talin með eða vera hlutlaus við meðaltalsútreikningana.

Um g-lið (56. gr.).

Ákvæðið, sem er nýmæli, er í samræmi við meginreglu 8. gr. vinnutímatilskipunar um vinnutíma næturvinnustarfsmanna þar sem segir í 1. mgr. að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns skuli að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins að lengja venjulegan vinnutíma næturvinnustarfsmanna þannig að hann verði að jafnaði allt að 48 vinnustundir á viku. Skal þá skipuleggja vinnuna þannig að vinnutíminn verði sem reglulegastur. Heimild þessi byggist á ákvæði 3. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. er lagt til að samtök aðila vinnumarkaðarins hafi heimild til að ákveða með samningum sex eða tólf mánaða viðmiðunartímabil við útreikning hámarksvinnutíma næturvinnustarfsmanna með sama hætti og skv. 55. gr., sbr. f-lið.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 8. gr. vinnutímatilskipunar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn, sem gegni sérstaklega áhættusömum störfum eða störfum sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag, skuli að hámarki vinna átta tíma á hverju 24 klst. tímabili sem þeir eru við næturvinnu. Samkvæmt tilskipuninni skulu áhættusöm störf eða störf sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag skilgreind í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju eða heildarsamningum eða samningum milli samtaka aðila vinnumarkaðarins, að teknu tilliti til hliðarverkana og áhættu sem fylgir næturvinnu. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að mælt verði fyrir um hvaða störf falli hér undir í reglum sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Sem dæmi um slík störf má nefna erfið umönnunarstörf, vinnu við sprengiefni og önnur hættuleg efni, vinnu í mikilli hæð, stjórn stórvirkra vinnuvéla o.s.frv.

Um h-lið (57. gr.).

Í ákvæðinu er lagt til að tekin verði upp regla b-liðar 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, skuli færðir þegar kostur er í dagvinnustörf sem henta þeim.

Um i-lið (58. gr.).

Lagt er til að atvinnurekendum verði skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna um vinnutíma. Er ákvæðið sambærilegt við 82. gr. laganna en eðlilegt þykir að viðkomandi atvinnurekandi fái tækifæri til að afla umbeðinna upplýsinga innan sanngjarnra tímamarka. Á meðal þeirra upplýsinga sem atvinnurekanda er skylt að veita starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins eru upplýsingar um fjölda næturvinnustarfsmanna og vinnutíma þeirra. Byggist sú skylda meðal annars á 11. gr. vinnutímatilskipunar sem mælir fyrir um að gerðar skuli nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að atvinnurekandi sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu veiti lögbærum stjórnvöldum upplýsingar um það, sé farið fram á slíkt.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 52/1997 var ákvæðum X. kafla laganna breytt til samræmis við tilskipun 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna. Í reglugerð um vinnu barna og ungmenna, nr. 426/1999, er síðan kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða X. kafla laganna. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir að ekki megi ráða ungmenni til vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska þeirra er sérstök hætta búin nema þau starfi með fullorðnum eða þeim sem náð hefur 18 ára aldri. Eigi þetta sérstaklega við um störf í söluturnum, myndbandaleigum, á skyndibitastöðum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum. Nýjum lið við ákvæði 1. mgr. 62. gr., sem tekur til vinnu þar sem hætta er á ofbeldi, er ætlað að styrkja lagastoð framangreindrar 13. gr. Er það í samræmi við ákvæði 7. gr. tilskipunar nr. 94/33/EB þar sem segir m.a. að aðildarríkin skuli sjá til þess að börn og ungmenni séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska er búin og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska. Undanþágur frá þessari reglu eru þó heimilar að því tilskildu að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 3. tölul. 7. gr. tilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Lagt er til að 66. gr. laganna um heilsuvernd verði felld niður með frumvarpi þessu enda á það ákvæði ekki við þegar gert er ráð fyrir að atvinnurekendur geri skriflega áætlun um

forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna, sbr. 3. gr. frumvarps þessa (13. gr. a). Vísast að öðru leyti til V. kafla athugasemda við frumvarp þetta.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í megindráttum sama efnis og gildandi 1. mgr. 67. gr. laganna. Þar er þó mælt fyrir um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skuli í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum. Á það við ef starfsskilyrði eru/voru slík að heilsutjón geti hlotist af, enda sé ástæða til að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma. Ákvæði þetta hefur ekki komist til framkvæmdar.

Í 1. mgr. er í stað reglna Vinnueftirlits ríkisins lagt til að mælt verði með fortakslausum hætti fyrir um rétt starfsmanna til heilsufarsskoðunar sér að kostnaðarlausu ef starfsskilyrði eru með framangreindum hætti. Þá er lagt til að til viðbótar við atvinnusjúkdóma verði vísað til atvinnutengdra sjúkdóma þar sem fyrrgreinda hugtakið felur í sér of þröngt viðmið. Undir ákvæðið fellur sú skylda sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 9. gr. vinnutímatilskipunar þar sem segir að næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilbrigðiseftirliti sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá.

Þess ber að gæta að hér er einungis átt við heilsufarsskoðun sem tengist starfsskilyrðum starfsmanna en ekki almenna heilsugæslu vegna tilfallandi sjúkdóma eða óþæginda. Starfsmenn leita eftir sem áður til þeirrar heilsugæslustöðvar sem þeir tilheyra eða til heimilislæknis með almenna heilbrigðisþjónustu.

Um 13. gr.

Lagðar eru til þær breytingar að í stað þess skilyrðis að læknir í þjónustu Vinnueftirlits ríkisins skuli vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins skuli hann hafa sérþekkingu sem tengist starfinu. Með reglugerð nr. 305/1997, um veitingu læknisleyfa og sérfræðileyfa, var sérfræðiheitið embættislækningar fellt niður en upp tekið heitið heilbrigðisstjórnun. Í því felst að viðkomandi hafi lokið námi í heilbrigðisfræði, stjórnun heilbrigðisstofnana eða skyldum greinum. Er því eðlilegt að núgildandi krafa um hæfni læknis Vinnueftirlits ríkisins sé tekin út og lögð áhersla á að hann hafi sérþekkingu á þeim sviðum sem stofnunin starfar.

Um 14. gr.

Með hliðsjón af sameiningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins í Samtök atvinnulífsins er lagt til að í 1. mgr. 74. gr. laganna komi fram að í stað tveggja fulltrúa Vinnuveitendasambandsins og eins frá Vinnumálasambandinu tilnefni Samtök atvinnulífsins þrjá fulltrúa í stjórn Vinnueftirlits ríkisins. Þá er lagt til að Bandalag háskólamanna og fjármálaráðuneytið tilnefni hvort sinn fulltrúann í ljósi breytts hlutverks Vinnueftirlits ríkisins og aukinnar áherslu á forvarnastarf innan fyrirtækja og stofnana.

Um 15. gr.

Í 77. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að fyrirtæki greiði sérstök iðgjöld til að standa straum af framkvæmd laganna sem innheimt skulu ásamt slysatryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar. Breytingar þær sem lagðar eru til helgast af því að með lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, var vinnueftirlitsgjald þetta fellt niður og þess í stað komið á tryggingagjaldi sem launagreiðendur inna af hendi og skiptist annars vegar í atvinnutryggingagjald og hins vegar almennt tryggingagjald. Skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990

skal tekjum af almennu tryggingagjaldi ráðstafað þannig að Vinnueftirlit ríkisins fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Hlutfall þetta skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur í samráði við stjórn stofnunarinnar fyrir eitt ár í senn. Hlutfall Vinnueftirlits ríkisins í almennu tryggingagjaldi var þannig ákvarðað 0,048% fyrir árið 2001.

Um 16. gr.

Lagðar eru til breytingar á 86. gr. laganna í samræmi við ákvæði 8. gr. tilskipunar nr. 89/391/EBE. Ný 2. mgr. byggist á b-lið 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar þar sem fram kemur að vinnuveitandi skuli grípa til aðgerða og gefa fyrirmæli svo að starfsmenn geti samstundis lagt frá sér vinnu og/eða forðað sér af vinnustað á annan öruggari stað ef um bráða og óhjákvæmilega hættu er að ræða. Í núgildandi 2. mgr. 86. gr. laganna kemur fram að aðgerðir starfsmanna samkvæmt ákvæðinu skulu ekki gera þá ábyrga vegna tjóns sem fyrirtækið kann að verða fyrir. Því til viðbótar er lagt til í nýrri 3. mgr. að skýrt verði mælt fyrir um að óheimilt sé að láta starfsmennina gjalda á nokkurn hátt fyrir ákvarðanir sínar samkvæmt ákvæðinu. Er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Um 17. gr.

Í gildandi 87. gr. laganna er að finna heimild til að leggja dagsektir á fyrirtæki í stað lokunar ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af. Ákvæðið hefur reynst haldlítið sem fullnustuúrræði. Þannig eru heimildinni sett mikil takmörk með því að einskorða hana við þau tilvik þar sem ekki er unnt að stöðva starfsemi vegna hættu á eyðileggingu á verðmætum eða þjóðhagslegu tjóni. Þá er framkvæmd dagsektanna ekki nægilega útfærð í lögunum og hefur því haft ekki tilætluð varnaðaráhrif.

Með hliðsjón af framansögðu er hér lagt til að heimild Vinnueftirlits ríkisins til að leggja á dagsektir verði styrkt þannig að unnt verði að knýja á um úrbætur á grundvelli krafna og tilmæla sem sett hafa verið fram. Skv. 1. mgr. er ákvæðinu ætlað að nýtast sem fullnustuúrræði ef ekki er farið að fyrirmælum Vinnueftirlitsins samkvæmt lögunum.

Í 2.–5. mgr. er að finna nánari ákvæði um dagsektirnar. Meðal annars er lagt til að þær renni í ríkissjóð. Þá er kveðið á um kæruheimild til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og félagsmálaráðherra, fjárhæð og aðfararhæfi dagsektanna.

Um 18. gr.

Þessi breyting er í samræmi við þær breytingar sem eru lagðar til í 17. gr. frumvarps þessa á 87. gr. gildandi laga.

Um 19.–20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að lögfestar verði meginreglur tilskipunar ráðs Evrópusambandsins 93/104/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma. Gert er ráð fyrir að teknar verði upp meginreglur tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lögleiddar verði ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE. Í ákvæðum tilskipunarinnar felst m.a. skylda atvinnurekenda til að meta áhættu í vinnuumhverfi fyrir öryggi og heilsu starfsmanna. Í frumvarpinu er lagt til að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gert sé skriflegt mat um áhættu í störfum, áætlun um forvarnir og forgangsröðun úrbóta og heilsuvernd innan fyrirtækis. Ef aðstæður innan fyrirtækis krefjast færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila. Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er m.a. kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skal Vinnueftirlit ríkisins hafa eftirlit með að gerðar séu skriflegar áætlanir um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna og leita skal aðstoðar viðurkenndra þjónustuaðila þegar við á. Skal félagsmálaráðherra setja nánari reglur um framkvæmdina. Ljóst er að öll nánari framkvæmd mun að miklu leyti ráðast af reglum sem frumvarpið mælir fyrir um að settar skuli. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir að reglur sem settar verði um umfang áhættumats og viðbragða í kjölfar þess taki mið af eðli þeirrar starfsemi sem við á. Í þriðja lagi eru lagðar til smávægilegar breytingar með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/33/EB um vinnuvernd barna og ungmenna.

Ekki er gert ráð fyrir að lögleiðing tilskipunar 93/104/EB hafi í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð en ákvæðum hennar hefur að verulegu leyti verið hrint í framkvæmd með kjarasamningum, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytis nr. 285/1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins 93/104/EB.

Í kjölfar lögleiðingar ákvæða í tilskipun 89/391/EBE um áhættumat er áætlað að umsýslukostnaður Vinnueftirlits ríkisins, sérstaklega til eftirlits vegna heilsuverndar starfsmanna á vinnustað, aukist um 8 m.kr. á fyrsta ári, þar af eru 5 m.kr. vegna fjölgunar um einn sérfræðing ásamt rekstrarkostnaði og um 3 m.kr. vegna kynningar, af þeim eru 2 m.kr. tímabundnar. Á öðru ári er gert ráð fyrir að annar sérfræðingur verði ráðinn til eftirlits í umdæmum sem eykur útgjöld eftirlitsins um aðrar 5 m.kr. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að Vinnueftirlitið afli sértekna á móti þessum kostnaði. Ef miðað er við að ríkið greiði beint eða óbeint um 17.000 starfsmönnum laun og meðalkostnaður við áhættumat á hvern starfsmann liggi á bilinu 5–8.000 kr. eykst kostnaður ríkisins tímabundið um 85–140 m.kr. til að meta áhættu í vinnuumhverfi starfsmanna. Til árlegrar endurskoðunar þessara áætlana og fræðslu eru áætlaðar um 10–15 m.kr. Enn fremur er áætlað að útgjöld ríkisstofnana vegna fræðslu, heilsuverndar og heilsufarsskoðunar starfsmanna á vinnustað geti numið a.m.k. 60–100 m.kr. á ári. Gera má því ráð fyrir að árlegur heildarkostnaður ríkisins við framkvæmd laganna geti

numið um 1‰ af launakostnaði ríkisins. Hvorki er tekið mið af hugsanlegum ábata af framangreindum ráðstöfunum né áhrifum þeirra á atvinnulífið í heild. Tekið skal hins vegar fram að aukin útgjöld ríkisstofnana sem og annarra aðila á vinnumarkaði munu að miklu leyti ráðast af reglum sem lagt er til að félagsmálaráðherra setji að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins en drög að þeim reglum fylgja ekki frumvarpinu.

Ef kostnaður er metinn með sama hætti fyrir almenna vinnumarkaðinn og miðað er við fjölda ársverka getur heildarkostnaður við gerð áhættumats verið á milli 500–900 m.kr. í upphafi auk þess kostnaðar sem fellur til vegna árlegrar endurnýjunar sem má áætla að sé einn tíundi af upphaflegri fjárhæð. Þá fellur til árlegur kostnaður við kaup á þjónustu vegna fræðslu, heilsuverndar og heilsufarsskoðunar starfsmanna á vinnustað. Áætlað er að kostnaður almenna vinnumarkaðarins geti verið á bilinu 400–700 m.kr. á ári. Lögð er áhersla á að hluti þessa kostnaðar kann að miklu leyti að vera þegar kominn fram auk þess sem framkvæmd og útgjöld ráðast af þeim reglum sem frumvarpið kveður á um að setja skuli.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2002 er áætlað fyrir auknum útgjöldum Vinnueftirlits ríkisins sem koma til verði frumvarp þetta samþykkt. Hins vegar hefur ekki verið áætlað fyrir auknum útgjöldum annarra ríkisstofnana til að mæta kostnaði við áhættumat og viðbrögð í kjölfar þess.

953. Fyrirspurn [606. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda leguplássa og starfsmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hve mörg legupláss voru á stofnunum sem sameinaðar voru í Landspítala – háskólasjúkrahúsi og hve margir starfsmenn í hverri starfsstétt, flokkað eftir sviðum:
   a. við sameininguna,
   b. um síðustu áramót?
2. Hve mörg legupláss voru á sjúkrahúsinu við lok sameiningarferilsins og hver er áætluð starfsmannaþörf þess, flokkað eftir starfsstéttum og sviðum?

Skriflegt svar óskast.

954. Frumvarp til laga [607. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker skráningaraðili samkvæmt lögunum úr honum innan þrjátíu daga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við löggjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að skrásetja verslun, sem stunduð er skv. 1. gr. laga þessara, í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra í umdæmi þar sem föst starfsstöð bifreiðasala er.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum“ í 1. mgr. kemur: sbr. 2. gr.

b. Í stað orðanna „Meiri hluti stjórnarmanna“ í 2. mgr. kemur: Allir stjórnarmenn.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglustjórum, sbr. 1. mgr., ber að halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt þessum kafla í umdæmi þeirra.

b. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki skilyrðum laganna og skal lögreglustjóri þá að

undangenginni aðvörun svipta viðkomandi starfsleyfi. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis er unnt að skjóta til viðskiptaráðherra. Enn fremur má leita úrskurðar dómstóla.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri veitt þeim sem hefur skráð verslunarrekstur samkvæmt lögunum leyfi til að halda lokað uppboð í umdæmi sínu í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu. Sé um lokað uppboð á listmunum að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi frjáls uppboð og reglugerð menntamálaráðherra um fylgiréttargjald en jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.

b. 3. málsl. 6. mgr. orðast svo: Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr.

c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Uppboðsstjórar skulu ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. 6. mgr. Skylt er þeim uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá uppboðsstjóra nema þeir hafi sannanlega tilkynnt innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, að þeir hafi hætt slíkum uppboðum.

9. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, eða skilar ekki skilagreinum um sölu listmuna skv. 7. mgr. 23. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Sama refsing á við um brot gegn IV. kafla. Heimilt er að krefjast þess í refsimáli að verslun verði afmáð úr einhverri framangreindra skráa, eftir því sem við á, hafi verslun framið ítrekað eða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda. Í refsimáli gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. IV. kafla laga þessara, er auk þess eða einvörðungu heimilt að krefjast sviptingar þess leyfis í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber lögaðilinn þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð lögaðila verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá honum að dæmt sé um skyldu hans í sérstöku opinberu máli.

10. gr.

Í stað orðanna „firma- eða hlutafélagaskrá“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: skráningaraðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu. Aðalmarkmiðið með því var upphaflega að stuðla að betri skilum á fylgiréttargjaldi skv. 6. mgr. 23. gr. laganna vegna sölu á listmunauppboðum en síðan var ákveðið að nota tækifærið til að gera aðrar breytingar á lögunum. Þær breytingar fela fyrst og fremst í sér að lögreglustjórar skuli veita leyfi til að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki í umdæmi sínu, svo sem áður var, í stað viðskiptaráðherra og haldi skrá yfir leyfishafa í umdæmum sínum. Jafnframt geti leyfisveitendur, þ.e. lögreglustjórarnir, svipt leyfishafa starfsleyfi sínu. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis má skjóta til viðskiptaráðuneytis eða dómstóla. Þá er kveðið á um að í refsimáli megi krefjast sviptingar heimildar til að starfa sem bílasali í samræmi við 68. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt eru gerðar breytingar á hugtakanotkun varðandi skráningaraðila.

Fylgiréttargjald er einnig lagt á endursölu listmuna í atvinnuskyni. Í 25. gr. b í höfundalögum, nr. 73/1972, eins og henni hefur verið breytt með 5. og 11. gr. laga nr. 60/2000, hafa verið sett ákvæði um skilagreinar og refsingu ef skilagreinar vegna fylgiréttargjaldsins eru ekki sendar. Nauðsynlegt hefur verið talið að kveða á um skilagreinar og refsingu þar eð misbrestur hefur orðið á því að fylgiréttargjaldi sé skilað. Rétt þykir að gæta samræmis í lögum um verslunaratvinnu að því er varðar skilagreinar og refsingar vegna sölu listmuna á listmunauppboðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um úrskurðaraðila ef ágreiningur er um það hvort um verslun fari samkvæmt lögunum um verslunaratvinnu. Í staðinn fyrir firmaskrárritara, sem er of þröngt hugtak, er notað hugtakið „skráningaraðili samkvæmt lögunum“.

Um 2. gr.

Grein þessi snertir skilyrði laga um skráningu verslunar. Breytt er tilvísun í viðkomandi löggjöf og vísað í löggjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana. Hér er með öðrum orðum um að ræða tilvísun í lög nr. 42/1903, um verslanaskrár, firma- og prókúruumboð, lög nr. 2/1995, um hlutafélög, lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög, lög nr. 22/1991, um samvinnufélög, lög nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, og lög nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og síðari breytingar á þessum lögum. Þessi tilvísun er nákvæmari.

Um 3. gr.

Í greininni er nákvæmari upptalning á skrám þeim sem skylt er að skrá verslun í. Taldar eru upp firmaskrár sem eru hjá sýslumönnum, hlutafélagaskrá, sem skráir hlutafélög og einkahlutafélög, samvinnufélagaskrá og skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, þ.e. annars vegar sjálfseignarstofnanaskrá á grundvelli laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, eða skrá dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á grundvelli laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Ólíklegt er að verslunarstarfsemi sé skráð í síðastnefndu skránni.

Um 4. gr.

Í greininni er breytt hugtakanotkun. „Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum“ kemur í stað firmaskrárritara.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er eftirlit með starfsemi bifreiðasala í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Óski aðili eftir leyfi til þess að mega stunda sölu með notuð ökutæki þarf hann samkvæmt ákvæðum núgildandi laga að sækja um slíkt leyfi til viðskiptaráðherra. Að undangenginni könnun ráðuneytisins á því hvort öll skilyrði laganna séu fyrir hendi er leyfið veitt og tilkynnir ráðuneytið það umsækjanda, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð skal rekin. Jafnframt er tekið fram að leyfið sé háð því að umsækjandi (leyfishafi) fullnægi ávallt og á hverjum tíma þeim skilyrðum sem leyfið byggist á, t.d. um starfsábyrgðartryggingu og starfsstöð. Í reynd verða oft breytingar á ýmsum atriðum sem leyfisveitingin er háð í upphafi. T.d. getur fyrirsvarsmaður sölunnar, sem lokið hefur prófi til réttinda bílasala, látið af störfum og annar komið í hans stað. Einnig kann aðili að vilja skipta um vátryggingarfélag sem veitir starfsábyrgðartryggingu og er tryggingu þá sagt upp og önnur trygging lögð fram í hennar stað. Öll framangreind atriði eru hluti af varanlegu, lögbundnu eftirliti með starfsemi bifreiðasala sem lögreglustjórar annast hver í sínu umdæmi. Af þessari ástæðu og að fenginni reynslu af framkvæmd ákvæðisins eins og það er nú þykir rétt að fella brott ákvæði 2. og 3. mgr. 12. gr. laganna. Samhliða er þó lagt til að framvegis verði öll þjónusta varðandi leyfisveitingar skv. IV. kafla laganna í heimahéraði umsækjanda þar sem hin fasta starfsstöð bifreiðasölunnar er. Hér er því lagt til að framvegis verði útgáfa leyfis til sölu notaðra ökutækja hjá lögreglustjórum í því umdæmi þar sem hin fasta starfsstöð er. Það tryggir betri þjónustu við umsækjendur um leyfi og leiðir til markvissara eftirlits og yfirsýnar hjá eftirlitsaðilum með þessari starfsemi, sbr. 19. gr. laganna.

Þess má geta að í 3. mgr. 12. gr. núgildandi laga, sem hér er lagt til að falli brott, segir að heimilt sé að leggja inn áður útgefið leyfi. Skv. 13. gr. laganna er gildistími leyfanna hins vegar fimm ár í senn en þau skulu að þeim tíma liðnum endurnýjuð. Framangreint innlagnarákvæði hafði meiri þýðingu þegar gjaldtaka fyrir leyfi var meiri. Frá því að slík breyting var gerð á gjaldtöku fyrir leyfin er ekki lengur eftirspurn eftir því frá leyfishöfum að fá að leggja leyfi sín inn. Af reynslu undanfarinna ára sést einnig að þeir sem fá útgefin leyfi og verða af einhverjum ástæðum að hætta starfsemi sinni áður en fimm árin eru liðin kjósa ekki að leggja leyfin inn heldur hætta alfarið rekstri bílasölu. Loks má nefna að slíkri tilhögun fylgir og talsverð umsýsla fyrir alla hlutaðeigandi aðila, þ.e. leyfishafa, svo og skjalasafn þess er veitir leyfið. Ekki er því talin ástæða til þess að lögin bjóði framvegis upp á slíka innlögn leyfisins. Í 3. mgr. 12. gr. laganna er einnig að finna það skilyrði fyrir uppsögn starfsábyrgðartryggingar að leyfisveitandi hafi staðfest uppsögina. Í framkvæmd hefur þetta skilyrði þótt íþyngjandi og lítt raunhæft enda verður t.d. oft að beita uppsögn af hálfu vátryggjanda ef iðgjöld eru ekki greidd o.s.frv. Er að öllu framansögðu athuguðu talið að ákvæði 3. mgr. hafi ekki lengur raunhæfa þýðingu og er því lagt til að það verði fellt brott.

Um 6. gr.

Í a-lið er gerð smávægileg orðalagsbreyting sem m.a. stafar af því að með ákvæði 2. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, er það gert að skilyrði til að mega stunda starfsemi samkvæmt lögunum að starfsemin sé skráð í einhverja tiltekinna skráa, sbr. t.d. ákvæði 4. gr. laganna. Þegar lög nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, voru felld inn í meginmál laganna

um verslunaratvinnu var ekki sérstaklega hugað að slípun orðalags að þessu leyti og miðar breytingin í a-lið að því gera lagfæringu á orðalagi þessa ákvæðis sem einnig taki mið af öðrum ákvæðum laganna.

Í b-lið er lagt til að eldra orðalagi, sem var í lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja, verði breytt til samræmis við ákvæði í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og sambærilegt ákvæði í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 7. gr.

A-liður: Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins hefur verið gerð grein fyrir ástæðum þess að nauðsynlegt er talið að lögreglustjórar hafi varanlegt og heildstætt eftirlit með starfsemi bifeiðasala sem rekin er í umdæmi þeirra. Eftir að leyfi hefur verið gefið út og starfsemi hafin er það á valdi og verksviði lögreglunnar að hafa eftirlit með því að starfsemin fullnægi ávallt þeim skilyrðum sem lögin setja um hana, sbr. 19. gr. laganna. Eðlilegt er því að hvert embætti fylgist með og haldi skrá yfir þá leyfishafa sem starfa á hverjum tíma í umdæmi þeirra. Hluti af eftirlitsskyldu er síðan að hafa eftirlit með því að ekki sé opnuð bifreiðasala á nýrri starfsstöð í umdæminu án þess að slík breyting hafi verið tilkynnt og hún færð í skrána. Sama á við um önnur þau skilyrði sem starfsemin er háð lögum samkvæmt hverju sinni. Öll embætti lögreglustjóra í landinu hafa nú opnað heimasíður sem aðgengilegar eru á netinu. Eðlilegt er því að embættin hafi skrána aðgengilega á heimasíðum sínum en á undanförnum árum hafa slíkar upplýsingar verið birtar á netinu um þá aðila sem hafa gild starfsleyfi til sölu notaðra ökutækja.

B-liður: Í samræmi við breytingar, sem lagðar eru til í a-lið, eru gerðar nauðsynlegar breytingar á núverandi 2. mgr. sem verður 3. mgr. Skjóta má úrskurði um sviptingu starfsleyfis til viðskiptaráðherra eða leita til dómstóla. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í a-lið er kveðið skýrt á um að lögreglustjóri geti veitt leyfi til að halda lokað uppboð í umdæmi sínu í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu. Sé um lokað uppboð á listmunum að ræða er því bætt við að vekja skuli sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laganna um verslunaratvinnu varðandi frjáls uppboð og reglugerð menntamálaráðherra um fylgiréttargjald, nú reglugerð nr. 486/2001, en jafnframt skuli innheimtuaðila, þ.e. Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins þannig að m.a. megi betur fylgjast með skilum á fylgiréttargjaldi.

Í b-lið er fjallað um það að menntamálaráðherra geti sett nánari reglur um fylgiréttargjald. Tilgreindur er sá aðili sem nú skal hafa samráð við um reglurnar, þ.e. Myndhöfundasjóður Íslands – Myndstef. Þá er bætt við að í reglunum megi kveða á um viðurlög við brotum á þeim, sbr. 24. gr. laganna.

Hér er það nýmæli til samræmis við höfundalögin að uppboðsstjórar skuli ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila, þ.e. til Myndhöfundasjóðs Íslands – Myndstefs. Hér er einnig kveðið á um að uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, sé skylt að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá þeim, þó ekki ef þeir hafa sannanlega tilkynnt innheimtuaðila að þeir hafi hætt slíkum uppboðum. Þetta ákvæði nær ekki til þeirra sem halda lokað listmunauppboð samkvæmt leyfi frá lögreglustjóra enda nægir að þeir sendi skilagreinar í framhaldi af leyfisveitingu hverju sinni.

Taka má fram að við upptöku 10% fylgiréttargjalds á sínum tíma var felldur niður 24,5% söluskattur en síðar 22% virðisaukaskattur vegna sölu á listmunauppboðum. Hefur verð til kaupandans þannig lækkað til muna þótt til fylgiréttargjaldsins hafi komið.

Um 9. gr.

Með þessari grein er 24. gr. laganna umskrifuð. Ákvæði 1. mgr. um opinbera málsmeðferð eru óbreytt en aðalbreytingin snertir 2. mgr. Ákvæði um refsingu fyrir vanrækslu á tilkynningu eru færð til samræmis við löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög og breytingar á réttarfarsákvæðum vegna niðurfellingar varðhalds og tilgreint nákvæmar hvers konar skrár um er að ræða. Í stað varðhalds kemur eins árs fangelsi. Sama refsing á við um brot gegn IV. kafla um sölu notaðra ökutækja, þ.e. sektir eða fangelsi allt að einu ári. Er það nýmæli. Þykir rétt að vanrækslu á tilkynningum til lögreglustjóra, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi við sölu notaðra ökutækja, geti varðað sömu viðurlögum og almenn vanrækslu á tilkynningum til skráningaraðila verslunar. Þá er kveðið svo á að kröfu um að verslun verði afmáð úr skrá sé gerð í refsimáli en slíkt kemur ekki fram í lagagreininni nú. Þá er ekki einungis kveðið á um að fremja þurfi ítrekað brot heldur einnig alvarlegt brot. Í 2. mgr. er jafnframt það nýmæli að kveðið er á um að í refsimáli gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt IV. kafla laganna, sé heimilt að krefjast sviptingar leyfis til sölunnar í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga. Í því sambandi skal bent á að leyfi til sölu notaðra ökutækja kemur til viðbótar heimild til að reka verslun á grundvelli skráningar. Svipting getur á grundvelli greinarinnar bæði snúið að verslun og leyfi til sölu notaðra ökutækja eða öðru hvoru. Á undanförnum árum hafa dómar fallið í nokkrum sakamálum á hendur einstaklingum sem hafa verið í fyrirsvari fyrir sölu notaðra ökutækja. Að fenginni ábendingu frá embætti ríkissaksóknara telur ráðuneytið eðlilegt að í lögum sé að finna heimild til þess að unnt sé í refsimáli að svipta aðila leyfi til lengri eða skemmri tíma í samræmi við 68. gr. hegningarlaga sem ætla má að taki bæði til ítrekaðra og stórfelldra brota.

Ákvæði 3. mgr. um sektir vegna brota á samþykktum sveitarstjórna eru óbreytt.

Í 4. mgr. er kveðið á um ábyrgð lögaðila á greiðslu sektar starfsmanns. Kemur orðið „lögaðili“ í stað firma.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til orðalagsbreytingar varðandi skráningaraðila.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma áður en lögin öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1988, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að stuðla að betri skilum á fylgiréttargjaldi skv. 23. gr. laganna, vegna sölu á listmunauppboðum. Einnig er lögreglustjórum gert að veita, svipta og halda skrá yfir leyfi með verslun eða umboðssölu fyrir notuð ökutæki í umdæmum sínum, en áður hélt viðskiptaráðherra skár yfir leyfishafa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

955. Tillaga til þingsályktunar [608. mál]

um uppbyggingu sjúkrahótela.

Flm.: Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir uppbyggingu sjúkrahótela.

Greinargerð.

Segja má að sjúkrahótel og sú hugmynd sem liggur þeim að baki sé verulega vannýtt úrræði hér á landi. Megintilgangur sjúkrahótela er að draga úr þörf og eftirspurn eftir sjúkrahúsplássum. Sjúkrahótel eru ákveðið millistig milli sjúkrahúss og hótels. Þar geta sjúklingar dvalist meðan þeir bíða eftir þjónustu á sjúkrahúsi eða eru að jafna sig eftir aðgerðir og eru hvorki það veikir að þeir þurfi að liggja á sjúkrahúsi né það frískir að þeir geti verið án daglegs eftirlits. Það er ljóst að kostnaður á dag á sjúkrahóteli er margfalt minni en kostnaður við legupláss á sjúkrahúsi.

Frá árinu 1974 hefur Rauði kross Íslands starfrækt sjúkrahótel við Rauðarárstíg í Reykjavík. Húsnæðisvandi landsbyggðarfólks sem þurfti að sækja heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu var hvatinn að rekstri sjúkrahótelsins. Í dag eru um 65% gesta frá landsbyggðinni en 35% af höfuðborgarsvæðinu og er þeirra þörf engu minni, þótt hún sé af öðrum toga en þess fólks sem ekki kemst til heim til sín meðan á meðferð stendur. Mjög gott starf hefur verið unnið á sjúkrahótelinu og starfsemin sannað gildi sitt. Húsnæðið sem starfsemin er í er þó engan veginn hannað til þessara nota auk þess sem hótelið var lengst af ekki í nægilega nánum tengslum við sjúkrahús og háði það rekstrinum. Rauði kross Íslands hefur borið bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum.

Nú fær sjúkrahótel Rauða kross Íslands greidd daggjöld fyrir sem nemur 28 plássum á sjúkrahótelinu, en hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir starfsemi sem nemur allt að 50 rýmum. Rauði krossinn hefur því lagt umtalsverðar fjárhæðir til rekstrarins á undanförnum árum. Nú er í gildi samningur milli Rauða krossins og heilbrigðisráðuneytisins um fjárframlag og stöðugildi hjúkrunarfræðinga við sjúkrahótelið. Fram að síðustu áramótum féllu sjúkrahótel undir skilgreiningu sjúkrahúsa, en þá var sú skilgreining felld niður

með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi breyting á skilgreiningu sjúkrahótela kallar á nýja skilgreiningu svo að þessi mikilvægi rekstur standi á öruggum lagalegum grunni innan heilbrigðisþjónustunnar.

Sjúkrahótel eru rekin með ólíku sniði á Norðurlöndum, sum eru hluti af sjúkrahúsrekstri eða heilbrigðisþjónustu en önnur eru sjálfstæðar einingar. Í marsmánuði árið 1996 stóð landlæknisembættið fyrir kynnisferð til Lundar og Kaupmannahafnar til að kanna starfsemi sjúkrahótela. Með í för voru auk fulltrúa landlæknis fulltrúar allra sjúkrahúsanna í Reykjavík og fulltrúi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í skýrslu sem gerð var um ferðina kemur fram að sjúkrahótel sem þjónustueining hafi sannað gildi sitt innan heilbrigðisþjónustunnar í mörgum löndum. Umræðan um að taka upp það þjónustuform hér á landi hefur farið vaxandi í tengslum við leit að nýjum og ódýrari úrræðum í heilbrigðisþjónustu og betri nýtingu fjármagns sem fer til rekstrar bráðasjúkrahúsa. Stefnumótun og ákvarðanataka hefur þó látið á sér standa.

Í skýrslunni kemur fram að í marsmánuði árið 1995 hafi verið gerð könnun á vegum landlæknisembættisins í samvinnu við sjúkrahúsin í Reykjavík og ráðuneyti heilbrigðis- og fjármála til að kanna hvort sjúklingar sem þá lágu á þessum sjúkrahúsum kynnu að geta nýtt sér slíkt þjónustuform. Könnunin sýndi að um 20% sjúklinga sem þá lágu á deildum sem hún náði til gátu nýtt sér vistun á sjúklingahóteli í stað vistunar á sjúkrahúsi.

Sjúklingahótelin í Kaupmannahöfn og Lundi.

Í framangreindri skýrslu er m.a. fjallað um eignarform og stjórnun hótelanna í Kaupmannahöfn og Lundi sem og fjármögnun og rekstur þeirra. Þar segir:

Sjúklingahótelið í Kaupmannahöfn.

„Eignarform og stjórnun.

Sjúklingahótelið er til hliðar við aðalbyggingu Rigshospitalet og er stjórnunar- og rekstrarlega undir stjórn sjúkrahússins. Dagleg stjórnun er hjá hótelstjóra sem stjórnunarlega heyrir undir framkvæmdastjóra þjónustusviðs sjúkrahússins.

Fjármögnun og rekstur.

Reksturinn er fjármagnaður með greiðslum frá sjúkratryggingum. Sólarhringsgjald fyrir sjúklinga er 908 dkr. (íkr. 10.520), en sólarhringsgjald á deildum er á bilinu 3–4.000 dkr. (íkr. 35–46.000). Sjúklingurinn greiðir ekkert gjald frekar en á sjúkrahúsinu sjálfu. Aðstandendur geta líka verið á hótelinu, en greiða þann kostnað sjálfir, 300–400 dkr. (íkr. 3.500–4.600), nema aðstandendur barna. Greitt er fyrir einn aðstandanda hverju sinni. Sjúkratryggingar utanhéraðssjúklinga greiða 837 dkr. á sólarhring (íkr. 9.700) að auki ásamt meðferðarhluta sem er breytilegur eftir þjónustu sjúkrahússins. Hótelið er hagkvæmur valkostur fyrir sjúkrahúsið og sveitarfélögin.

Veltan var 10 milljónir danskra króna árið 1995 og skilaði hótelið 4 milljónum í „hagnað". Kostnaður vegna húsnæðis, rafmagns, síma o.fl. er ekki færður á rekstur hótelsins. Nýting herbergja var milli 60–70% árið 1995.

Sjúklingahótelið er nýtt sem viðbót við legurými sjúkrahússins, þ.e. að sjúklingar eru færðir á sjúklingahótelið, en án útskriftar af sjúkradeild, til þess að hægt sé að leggja inn nýjan sjúkling."

Sjúklingahótelið í Lundi.

„Eignarform og stjórnun.

Lundsjukvårdsdistrikt gerði svokallað „managementavtal" við hlutafélagið Skandinaviska Patienthotel AB. Það felur í sér, að sjúkrahúsið heldur rekstrarlegri ábyrgð, en stjórnunarleg ábyrgð er hjá fyrirtækinu. Þetta hefur í för með sér, að stjórn sjúkrahússins hefur fulla innsýn

í rekstur sjúklingahótelsins og verður hann samverkandi þáttur í heildarstarfsemi sjúkrahússins. Á þennan hátt næst best faglegt öryggi og um leið mestu mögulegu gæði og hagræðing.

Hótelinu er stjórnað af stjórnarnefnd sem í sitja: hótelframkvæmdastjóri, hótelstjóri, forstöðulæknir sjúkrahússins, forstöðuhjúkrunarfræðingur sjúkrahússins og fulltrúi forstjóra sjúkrahússins. Hlutverk þeirra er að gera fjárhagsáætlanir, starfsemisáætlanir og þróunaráætlanir. Stjórnarnefndin fundar á þriggja mánaða fresti.

Hótelstjóri sér um daglegan rekstur. Hótelstjórinn heldur fund með móttökustjórum einu sinni í mánuði en með öðru starfsfólki einu sinni í viku. Lögð er áhersla á að allt starfsfólkið vinni vel saman sem teymi án mjög skýrra verkefnismarka.

Fjármögnun og rekstur.

Fjármögnun á rekstri sjúklingahótelsins er að mestu með skattpeningum. Kostnaður á sólarhring er 730 skr. (ikr. 7.300). Sænsku sveitarfélögin (Landstingen) greiða 650 skr. (ikr. 6.500), en sjúklingurinn greiðir 80 skr. (ikr. 800). Gjaldið er ekki tekjutengt og er óháð fjárhag sjúklingsins. Gjald fyrir aðstandendur er 210 skr. (ikr. 2100) á dag með morgunmat, en á nýja hótelinu fyrir aðstandendur verður sólarhringsgjaldið 300–350 skr. (ikr. 3.000–3.500) án morgunverðar. Fæðingadeild sjúkrahússins greiðir hótelinu 550 skr. (ikr. 5.500) vegna sængurkvenna innan héraðs sjúkrahússins.

Með þessari rekstrarfjármögnun hefur hótelið verið rekið innan fjárhagsramma. Undantekning er þó árið 1995 vegna verkfalls hjúkrunarfræðinga sem gerði það að verkum að nýting varð ekki eins og áætlað hafði verið. Hlutfall fasts rekstrarkostnaðar er um 55%. Þar með er talið afskriftir, fjármagnskostnaður o.fl. Breytilegur rekstrarkostnaður er um 45%. Vörur og þjónusta eru keypt frá sjúkrahúsinu ef það er jafnhagstætt og hjá einkaaðilum. Nýting er að jafnaði 90–100% á virkum dögum en um 50% um helgar. Sjúklingar eru ekki innskrifaðir á sjúkrahúsið á meðan þeir dvelja á sjúklingahótelinu.

Það hefur sýnt sig að með rekstri sjúklingahótels má auka þjónustuna til muna fyrir 25% af sólarhringskostnaði á bráðasjúkrahúsi.

Heppileg stærð á hóteli er talin vera 10–24% af rúmafjölda sjúkrahúss.

Reynslan af rekstri sjúkrahótelsins sýndi að til þess að halda uppi ákveðnum gæðum var ákveðið að reka eigið eldhús. Eldhúsið býður upp á matseðil sniðinn að þörfum hvers einstaklings ef þörf krefur. Boðið er upp á hlaðborð allan sólarhringinn. Allur almennur matur er innifalinn í verðinu, en boðið er upp á sérréttarmatseðil og er sá matur seldur á hálfvirði miðað við það sem algengast er á veitingahúsum."

Niðurstaða.

Í lok skýrslunnar draga höfundar hennar niðurstöður sínar saman:

„Í könnun frá 28. mars 1995, sem gerð var af landlæknisembættinu, kom fram vísbending um að 22,4% (139) af inniliggjandi sjúklingum (Bsp., Lsp. og Landakoti) gætu nýtt sér dvöl á sjúklingahóteli.

Hér á landi er ekki um annars konar sjúklingahópa að ræða en í öðrum löndum þar sem það hefur sýnt sig að sjúkrahótel gagnast ákveðnum hópum sjúklinga mjög vel.

Megintilgangur með rekstri sjúklingahótela er:

1. Aukin rekstrarhagkvæmni.
2. Þjónustuform sem hentar ákveðnum sjúklingahópum.
3. Valkostir, þ.e.a.s. boðið er upp á val milli sjúklingahótels og sjúkrahúsdvalar.

Mikilvægt er að undirbúningur fyrir starfsemi sjúklingahótels sé góður og talið er að eftir að ákvörðun hefur verið tekin um stofnun sjúklingahótels þurfi að líða eitt ár þar til hægt er að opna það. Hér á Íslandi hefur átt sér stað margháttaður undirbúningur eins og fram kemur

í inngangsorðum þessarar skýrslu. Því er orðið tímabært að taka ákvörðun um hvort setja eigi á stofn sjúklingahótel eða ekki.

Til að sjúklingahótel geti nýst vel þarf að vera öflug göngudeildarþjónusta á viðkomandi sjúkrahúsi. Reynslan hefur sýnt að stofnun sjúklingahótela mætir alltaf nokkurri andstöðu hjá fagfólki og það gætir tregðu á að nýta það fyrst í stað. Reynslan hefur jafnframt sýnt að fjölgun er stöðug í sjúklingahópum sem dvelja á sjúklingahótelum. Einnig er nýting vaxandi. Þegar niðurskurður innan heilbrigðiskerfisins er annars vegar er eðlilegt að líta til þess valkosts sem sjúklingahótel er. Hér er um að ræða ódýrari valkost um leið og öryggi sjúklinga er tryggt.

Líkt og aðrir nýir valkostir í heilbrigðiskerfinu, svo sem dagdeildarþjónusta, fimm daga þjónusta, þjónusta í heimahúsum o.fl. sem hefur miðað að því að sjúklingar liggi sem skemmst inni á legudeildum má vænta þess að sjúklingahótel sé vænlegur kostur á Íslandi. Vissulega er hér starfrækt sjúkrahótel Rauða krossins sem mætir að nokkru þörf sjúkrahúsanna fyrir þessa þjónustu. Einnig eru íbúðir í leigu sjúkrahúsa sem nýtast vel fyrir aðstandendur. Reikna má með að hér sé því e.t.v. þörf á nokkru hærra þjónustustigi heldur en veitt er t.d. í Lundi og jafnvel á Rigshospitalet þar sem þó er eilítið meiri hjúkrunarþjónusta frá hjúkrunarfræðingum. Algjör forsenda þess að sjúklingahótel nýtist til fullnustu er að það sé á sjúkrahúslóðinni stutt frá göngudeildum og bráðamóttöku.

Ekki er annað fyrirséð en að sjúkrahúsin verði að hagræða hjá sér á næstu árum og útskrifa sjúklinga fyrr.

Það er því niðurstaða undirritaðra að hafinn verði undirbúningur á rekstri sjúklingahótela á Íslandi, þar sem öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar verði tryggð.

Fyrsta skrefið í þeim undirbúningi verði að hugmyndafræði sjúklingahótela verði kynnt enn frekar og í framhaldi af því verði gerð að nýju könnun á þörf fyrir sjúklingahótel og niðurstöður þeirrar könnunar m.a. nýttar við gerð rekstrarlíkans að slíkum hótelum."

Hinn 16. janúar 2000 birtist svohljóðandi frétt í Morgunblaðinu:

„Nær helmingur sjúklinga rangt staðsettur.

Í könnun sem gerð var á staðsetningu sjúklinga á SHR 6. janúar síðastliðinn kemur fram að af 372 inniliggjandi sjúklingum voru alls 152 rangt staðsettir að mati deildarstjóra eða 41%.

Þetta kemur fram í greinargerð hjúkrunarforstjóra til framkvæmdastjórnar vegna álags og yfirlagna á sjúkradeildir Sjúkrahúss Reykjavíkur.

„Þessar upplýsingar koma ekki á óvart. Þetta eru mál sem hafa verið rædd í mörg ár þannig að það er ekki eins og það sé eitthvað nýtt í þessu," segir Magnús Pétursson, forstjóri Ríkisspítalanna.

Af þessum sjúklingum biðu 86 eftir hjúkrunarheimilum eða 23%. Þetta er alvarlegasta niðurstaða könnunarinnar að mati Sigríðar Snæbjörnsdóttur hjúkrunarforstjóra. Nítján sjúklingar eða 5% hefðu getað nýtt sér sjúkrahústengda heimaþjónustu, níu sjúklingar eða 2% biðu eftir rými á öldrunardeild, þrír sjúklingar hefðu getað nýtt sér sjúkrahótel og 35 sjúklingar annað.

Í greinargerðinni er fjallað um mikilvægi þess að sjúklingar fái þjónustu á réttu þjónustustigi. Bent er á óhagkvæmni þess að sjúklingar liggi of lengi á deildum sem eru dýrar í rekstri þegar aðrir möguleikar mundu henta betur. Bráðadeildir eru t.d. dýrar í rekstri vegna þess hversu hátt hlutfall starfsfólks er með sérþekkingu, fjölda fólks á vöktum og hve tækni og tækjabúnaður er dýr.

Nefnt er sem orsök vanda lokun lyflækningadeildar vegna endurbóta á gjörgæsludeild. Segir að oft hafi verið bent á vanda þess að loka deildum, sérstaklega á þessum árstíma þegar

flensur og fylgikvillar herja á landann. Það fylgi líka mikið álag á starfsfólkið sem hafi verið sérlega mikið í desember.

„Það brennur ákveðinn vandi á spítölunum. Fólk þarf einhvers staðar að komast að og því er vísað frá spítölum. Það er hins vegar slæmt ef spítali getur ekki sinnt þeim verkefnum sem hann á að sinna vegna þess að fólk sem gæti komist af með minni og ódýrari úrræði er þar."

Að sögn Magnúsar hefur honum borist bréf frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem spurt er hvort sjúkrahúsin séu aflögufær á pláss til að reka hjúkrunarheimili. Það pláss sé ekki auðfengið en verið sé að skoða málin.

Meðal tillagna til úrbóta sem stungið er upp á í greinargerðinni er auk þess að leggja áherslu á uppbyggingu hjúkrunarheimilis, efling sjúkrahústengdrar heimaþjónustu, efling heimahjúkrunar og heilsugæslu og markvissari útskriftaráætlanir sjúklinga, efling dag- og göngudeilda, betri kaup og kjör starfsfólks og að hagkvæmni þess að byggja sjúkrahótel verði könnuð."

Af framangreindu má ráða að kostir sjúkrahótela verða vart ekki dregnir í efa.

29. nóvember 2000 var skrifað undir samning milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Rauða kross Íslands um stækkun og aukna þjónustu á sjúkrahóteli Rauða krossins við Rauðarárstíg. Sá samningur ber vitni um skilning manna á hagkvæmni sjúkrahótela. En betur má ef duga skal.

Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2001 var rekstur sjúkrahótela felldur út úr skilgreiningu laga um heilbrigðisþjónustu á sjúkrahúsþjónustu. Að mati flutningsmanna var þessi lagabreyting síst til þess fallin að auka vægi og mikilvægi þessarar þjónustu. Það er nauðsynlegt að löggjafinn endurskoði þessa ákvörðun sína í tengslum við þá uppbyggingu sjúkrahótela sem er efni þessarar tillögu.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut.

Það er álit flutningsmanna að við fyrirhugaða uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut, sbr. nefndarálit starfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framtíðarskipulag og uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss, gefist kærkomið tækifæri til uppbyggingar sjúkrahótels í nánum tengslum við spítalann.

Flutningsmenn eru sammála um nauðsyn þess að sjúkrahóteli sé valinn staður sem næst meginstarfsemi sjúkrahúsa. Jafnframt má telja nauðsynlegt að sjúkrahótel sé undir stjórn sjúkrahússins eða í nánum stjórnunartengslum við það. Þetta tvennt telja flutningsmenn forsendu þess að hægt sé að ná fram þeirri hagræðingu og sparnaði sem sjúkrahótel bjóða upp á.

Uppbygging Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er annað stærsta sjúkrahús landsins og gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Verið er að styrkja sérgreinaþjónustu og bráðamóttöku sjúkrahússins auk margvíslegrar göngudeildarþjónustu. Þar sem sjúkrahúsið þjónar að mestu Norður- og Austurlandi og vegalengdir eru miklar er ljóst að margir sjúklingar þurfa á gistingu að halda utan sjúkrahússins. Ef stuðla á að samsvarandi þróun í þjónustu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og að er stefnt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, þ.e. að fækka innlagningardögum og auka göngudeildarþjónustu, þá þarf að reka sjúkrahótel við FSA. Byggingu sjúkrahótels ætti að finna stað innan framtíðarskipulags FSA-svæðisins.

956. Frumvarp til laga [609. mál]

um dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 10., 11. og 12. gr. laganna kemur ný grein, er verður 10. gr., sem orðast svo:

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó ákvæði þessarar og 100. gr.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipta hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk.

Skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir skulu teljast:

1. Hjón eða sambýlisaðilar.
2. Skyldmenni í beinan legg, bræður eða systur, systkinabörn, systkini föður eða móður eða tengdir aðilar með sama hætti vegna ættleiðingar. Foreldrar, börn, bræður og/eða systur maka eða sambýlisaðila.
3. Samstæða félaga, móðurfélög og dótturfélög.
4. Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í lögaðila eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í tveimur lögaðilum eða fleiri skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.

Nú fer eignarhlutur einstaks aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila yfir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. vegna atvika sem hlutaðeigandi fær ekki við ráðið og skal viðkomandi aðili eða aðilar þá svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en innan sex mánaða, gera ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn nefndum ákvæðum 3. mgr. Ráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að eignarhlut sem svo er til kominn og er umfram mörk 3. mgr. fylgi eigi atkvæðisréttur svo lengi sem það ástand varir.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo:

Um hámarkshlutafjáreign einstakra aðila og skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í lánastofnun skulu gilda ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1996.

III. KAFLI
Gildistaka o.fl.

3. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sé eignarhlutur einstakra aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í viðskiptabanka eða lánastofnun fyrir ofan mörk 3. efnismgr. 1. gr. laga þessara við gildistöku þeirra er ráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi allt að tveggja ára aðlögunartíma til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn áðurnefndum ákvæðum. Ráðherra getur við slíkar aðstæður beitt ákvæðum 5. efnismgr. 1. gr. laga þessara um takmörkun atkvæðisréttar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum en varð í hvorugt skiptið útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt með eldri greinargerð.

„Aðstæður í fjármálaheiminum eru í aðalatriðum óbreyttar að því undanskildu að samruni stofnana og samþjöppun hefur haldið áfram og ber þar auðvitað hæst sameiningu Íslandsbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ekki er síður ástæða til að skoða breytingar af því tagi sem frumvarpið gerir ráð fyrir í ljósi aukinnar samþjöppunar eða fákeppni á þessum markaði. Óhóflega sterk ítök eða ráðandi staða einstakra aðila í mikilvægustu fjármálastofnunum landsins yrði að sama skapi varasamari sem samkeppni er takmarkaðri. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð þegar það var áður flutt:

„Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar. Leikreglur og nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki undirbúnar og gerðar fyrir fram. Nú, þegar fyrstu skref í einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna með hlutafjárútboðum hafa verið stigin, tæpur helmingur af eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur verið seldur og sala á hinum helmingnum er í fullum gangi, blossar upp síðbúin umræða um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til breytinga á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., þar sem leitað var eftir heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum, var reyndar fjallað um þetta mál, sjá þskj. 256, 229. mál 123. löggjafarþings. Þar sagði í greinargerð eftirfarandi: „Hefur ríkisstjórnin í því efni haft að leiðarljósi nauðsyn þess að hámarka verðmæti hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum, tryggja ódýra, heilsteypta og örugga þjónustu á fjármagnsmarkaði með aukinni samkeppni, og þar af leiðandi hagkvæmari rekstri bankanna, og *að tryggja dreifða eignaraðild*, en um leið að fá til samstarfs innlenda og erlenda kjölfestufjárfesta sem hraðað geta framþróun fjármagnsmarkaðarins.“

Ljóst er að þessi orð og önnur sem fallið hafa um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum duga skammt ef vilji er ekki fyrir hendi til að tryggja til frambúðar dreifða eignaraðild. Reglur um hámarkskaup hvers einstaks aðila í

frumsölu bréfa eru gagnslitlar ef engar takmarkanir gilda síðan í viðskiptum með sömu bréf á eftirmarkaði. Augljóst er að til þurfa að koma lagaákvæði sem takmarka varanlega hámarkseign einstakra aðila, sambærileg þeim sem þekkt eru víða erlendis og þekkt eru bæði í innlendum og erlendum lögum í ýmsum annars konar tilvikum. Má þar sem dæmi nefna þær takmarkanir sem eru á hámarkseign erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, sérstaklega í sjávarútvegi. Einnig mætti nefna þær breytingar sem gerðar voru nýlega á lögum um stjórn fiskveiða til að sporna við samþjöppun á eignarhaldi veiðiheimilda. Þau lög fela í sér takmörkun á hámarkseign einstakra fyrirtækja eða tengdra aðila í veiðiheimildum í einstökum tegundum og í heild. Í ýmsum nálægum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við eru takmarkanir hvað varðar hámarkseign einstakra aðila í fjármálastofnunum og reyndar ýmsum öðrum greinum, svo sem í fjölmiðlum, vel þekktar.

Óhjákvæmilegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað hámarkseign í fjármálastofnun snertir þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk.““

957. Fyrirspurn [610. mál]

til forsætisráðherra um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Hvað hefur verið gert til þess að hrinda í framkvæmd þingsályktun Alþingis frá 9. maí 2000 um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila „sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum“?

958. Fyrirspurn [611. mál]

til landbúnaðarráðherra um kindakjötsframleiðslu.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hvað jókst kindakjötsframleiðsla mikið árlega frá 1998 til ársloka 2001?

2. Hver var birgðastaða kindakjöts í lok hvers árs 1998–2001?
3. Hver var árleg framleiðsla kindakjöts hjá framleiðendum án greiðslumarks í sauðfjárframleiðslu sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

959. Fyrirspurn [612. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning kindakjöts.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver var árlegur útflutningur kindakjöts árin 1998–2001? Hvert var meðaltal fob-verðs og skilaverð til bænda af þessum útflutningi?
2. Til hvaða landa var kindakjöt flutt út á þessum árum? Hve mikið kjöt var flutt til hvers lands og hvaða meðalverð fékkst við útflutninginn, annars vegar fob-verð og hins vegar skilaverð til bænda, sundurliðað eftir löndum?
3. Hver er áætluð útflutningsskylda sauðfjárbænda á óskertri framleiðslu á þessu ári og næstu þremur árum miðað við framleiðslu kindakjöts, birgðastöðu og útflutningsverð síðustu fjögurra ára?

Skriflegt svar óskast.

960. Fyrirspurn [613. mál]

til landbúnaðarráðherra um sauðfjárframleiðslu.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hver var fjöldi ásettra líflamba hvert haust árin 1998–2001?
2. Hvaða fjármunum hefur ríkissjóður varið til leigu eða uppkaupa á búmarki, fullvirðisrétti og greiðslumarki í sauðfé á árunum 1990–94, árunum 1995–99 og árlega síðan?
3. Liggja fyrir upplýsingar um heimaslátrun sauðfjárframleiðenda, m.a. um gærusölu bænda umfram gærusölu frá sláturleyfishöfum?

Skriflegt svar óskast.

961. Tillaga til þingsályktunar [614. mál]

um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að setja á fót nefnd til að gera úttekt á starfsemi Þjóðhagsstofnunar. Í nefndinni skulu sitja fulltrúar allra þingflokka, einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og einn fulltrúi forsætisráðuneytis og skal hann jafnframt vera formaður. Verkefni nefndarinnar verði, auk almennrar úttektar, að skoða verkaskiptingu milli Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem vinna að einhverju leyti að svipuðum verkefnum og meta kosti þess að Þjóðhagsstofnun verði færð undir Alþingi.

Nefndin skili niðurstöðum sínum í skýrslu til Alþingis. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd. Hún er því endurflutt ásamt þeirri greinargerð sem henni fylgdi, enda óbreytt staða uppi í málinu.

Sú hugsun er ekki ný af nálinni að hin opinbera stofnun, sem hafi það meginhlutverk að annast mat á þjóðhagshorfum, safna, vinna með og birta upplýsingar um ýmis þjóðhagsmálefni sem liggja utan ramma hinnar sígildu skráningar hagskýrslna, þurfi að geta starfað óháð framkvæmdarvaldinu, hagsmunaaðilum, fyrirtækjum og öðrum stofnunum á sama sviði. Þannig var frumvarp um að flytja Þjóðhagsstofnun til Alþingis flutt af Kristni H. Gunnarssyni og fleirum á 122. löggjafarþingi (þskj. 832, 489. mál) og oft og iðulega hefur verið rætt um að efla óháða starfsemi á vegum Alþingis á þessu sviði.

Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Þjóðhagsstofnunar af því tagi sem gert er ráð fyrir að verði skoðuð samkvæmt tillögunni mundi styrkja stofnunina sem óháða fagstofnun, sjálfstæða gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mikilvægt er að stofnun, sem hefur það með höndum að meta stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum, hafi svigrúm til að miðla hlutlægum upplýsingum í hvívetna og njóti sem slík almenns trausts í þjóðfélaginu. Ljóst er að slík stofnun gæti jafnframt orðið Alþingi til styrktar við að rækja eftirlitshlutverk sitt og komið að gagni við gerð fjárlaga.

Eitt meginhlutverk Þjóðhagsstofnunar er að fylgjast með framvindu efnahagsmála, meta árangurinn af efnahagsstjórn ríkisstjórnar á hverjum tíma og líklegar afleiðingar ráðstafana í efnahagsmálum. Því getur tæpast talist heppilegt að stofnunin heyri beint undir forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála og hefur þar á ofan nýlega tekið við forsvari fyrir Seðlabankann. Benda má á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar, sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu, urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Sömu sögu er að segja af starfsemi umboðsmanns Alþingis, þó að ekki sé um efnislega sambærilega hluti að ræða, að vistun starfseminnar í skjóli Alþingis hefur reynst haldgóð trygging fyrir því að stofnunin njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð séu ekki dregin í efa, einmitt vegna þess hver staða hennar er í stjórnsýslunni.

Í tilefni af breytingum sem líklega eru í aðsigi, m.a. á stöðu Seðlabankans, á gjaldeyris- og peningamarkaði og fleiri sviðum, er eðlilegt að farið sé yfir stöðu og hlutverk stofnana og embætta sem hlutverki gegna á þessu sviði. Tillagan hefur sem grundvallarforsendu að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnana á þessu sviði séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

962. Svar [523. mál]

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins.

1. *Hvar er statt frumvarp um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins sem nefnd á vegum ráðherra vann og skilaði af sér í árslok 2000?*

Fjölmargir, sem að tónlistarmálum koma, hafa vakið athygli iðnaðarráðuneytisins á því að til þess að íslensk tónlist nái tilætluðum árangri á erlendum mörkuðum þurfi ríkisvaldið að styðja hana beint og óbeint. Markaðssetning tónlistar sé ákaflega kostnaðarsöm og sérhæfð grein sem íslenskir tónlistarmenn eða umboðsmenn þeirra ráði ekki við á fullnægjandi hátt. Einnig hefur verið bent á að víða erlendis tíðkist að styðja myndarlega við þessa starfsemi enda sé ávinningurinn sérstaklega mikill þegar vel tekst til. Þessu til stuðnings hefur verið bent á velgengni Bjarkar Guðmundsdóttur.

Á grundvelli þessa skipaði iðnaðarráðherra starfshóp árið 1996 og annan árið eftir til að kanna rekstrarumhverfi framleiðenda tónlistar hér á landi og hvort þörf væri á sérstöku útflutningsátaki fyrir greinina. Í greinargerðum beggja hópanna kemur fram að nauðsynlegt sé að stefna að því að íslenskur tónlistariðnaður fái opinbera og almenna viðurkenningu sem atvinnugrein með ótakmarkaða vaxtarmöguleika og að brýnt sé að veita tónlist sem ætluð er alþjóðlegum markaði opinbera fyrirgreiðslu og stuðning. Að fengnu þessu áliti var frumvarp til laga um þróunarsjóð tónlistariðnaðarins samið.

Með frumvarpinu var lagt til að stofnaður yrði sérstakur sjóður í eigu ríkisins, sem nefndist þróunarsjóður tónlistariðnaðarins. Lagt var til að starfssvið hans yrði þríþætt:

1. Að styðja við innviði tónlistariðnaðarins og efla samstarf rétthafa, þ.e. útgefenda, flytjenda og höfunda.
2. Að styrkja verkefni sem lúta að þróun og markaðssetningu íslenskrar tónlistar sem ætluð er alþjóðlegum markaði.
3. Að hafa frumkvæði að því að veita upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra sem hyggja á markaðssókn erlendis.

Gert var ráð fyrir að sjóðnum yrði heimilt að veita styrki sem næmu allt að helmingi kostnaðar við einstök verkefni. Forsenda styrkveitinga skyldi vera að fagleg undirbúningsvinna hefði átt sér stað. Ekki var um að ræða háar styrkupphæðir því að hver styrkur átti aldrei að vera hærri en 100.000 evrur á þriggja ára tímabili. Þessi upphæð miðaðist við svokallaða *de minimis* reglu ESB. Lagt var til að fimm manna stjórn annaðist úthlutun úr sjóðnum en tekjur hans yrðu m.a. árlegt framlag úr ríkissjóði sem í upphafi var lagt til að yrði 50 millj. kr.

Frumvarpið var fullgert í mars árið 2000.

2. *Hefur frumvarpið verið lagt fyrir ríkisstjórn?*

Frumvarpið var lagt fyrir ríkisstjórn í mars 2000.

3. *Var frumvarpið unnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið?*

Frumvarpið var ekki unnið með beinni aðkomu menntamálaráðherra. Málið hafði aftur á móti verið lengi í vinnslu og efni þess var mjög mörgum kunnugt, þ.m.t. embættismönnum menntamálaráðuneytisins.

963. Tillaga til þingsályktunar [615. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl sem samþykktar voru í Washington 17. nóvember 2000.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl (INTELSAT) sem samþykktar voru á 25. aukaþingi aðila stofnunarinnar í Washington 17. nóvember 2000. Samningurinn ásamt umræddum breytingum er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Með breytingum á samningnum er alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl einkavædd og fyrirtækið INTELSAT sett á stofn, auk alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar, ITSO.

Samtökin INTELSAT voru stofnuð árið 1964 af ellefu ríkjum á grundvelli bráðabirgðasamkomulags þeirra. Við stofnun þeirra var höfð til hliðsjónar sú grundvallarregla sem er að finna í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1721 (XVI) að fjarskipti um gervitungl skuli vera aðgengileg þjóðum heims eins fljótt og við verður komið um allan heim án mismununar. Stofnsamningur INTELSAT var gerður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 20. ágúst 1971 og var hann fullgiltur af Íslands hálfu 7. febrúar 1975 að fenginni heimild Alþingis.

Frá stofnun hefur INTELSAT verið í fararbroddi um notkun gervitungla fyrir alþjóðleg fjarskipti auk þess sem aðildarríki samtakanna hafa átt aðgang að gervihnöttunum fyrir innlend fjarskipti þegar það hefur hentað. Síaukin þörf fyrir fjarskipti hefur leitt til mikilla framfara í tækni við smíði fjarskiptatungla og eldflauga til þess að skjóta hnöttunum á braut. Samtímis hefur aukin flutningsgeta tunglanna og aukin notkun þeirra stuðlað að ört lækkandi gjöldum fyrir símtöl og aðra fjarskiptaþjónustu.

Í kjölfar fullgildingar Íslands á INTELSAT-samningnum var árið 1978 hafist handa um byggingu jarðstöðvar á Íslandi til þess að landsmenn gætu notfært sér gervitungl INTELSAT, en þá var orðið ljóst að sæstrengir Stóra norræna ritsímafélagsins gætu ekki lengur annað þörf fyrir fjarskipti milli Íslands og annarra landa. Jarðstöðin var tekin í notkun í október 1980 og hafði í för með sér byltingu í samskiptum Íslands við útlönd. Til dæmis var þá í fyrsta sinn mögulegt að fá til landsins beinar sjónvarpssendingar frá öðrum löndum. Á næstu tíu árum tífaldaðist símaumferð til og frá útlöndum og fór þá alfarið um gervitungl INTELSAT. Eftir tilkomu ljósleiðara hefur mikilvægi INTELSAT fyrir Íslendinga minnkað en þó fer hluti símtala um gervitunglin og þjóna þau að auki sem varasambönd þegar sæstrengurinn CANTAT-3 slitnar eða bilar.

Í stofnsamningi INTELSAT voru ákvæði um að aðildarríkin skyldu ekki efna til samkeppni við samtökin um framboð á alþjóðlegri fjarskiptaþjónustu um gervitungl nema ljóst væri að slík samkeppni skaðaði ekki INTELSAT. Upp úr 1985 jókst þrýstingur bandarískra fyrirtækja á þarlend stjórnvöld að afnema séréttindi INTELSAT. Þrýstingurinn leiddi til þess að reglur um mat á fjárhagslegu tjóni samtakanna af samkeppni voru í stöðugri endurskoðun. Í samræmi við þróun fjarskiptamarkaðarins á Vesturlöndum í átt til frjálsræðis urðu raddir þeirra sem kröfðust einkavæðingar INTELSAT sífellt háværari. Aðrir höfðu áhyggjur af

þessari þróun vegna þess að fjarskipti margra ríkja þriðja heimsins hafa byggst á reglum INTELSAT um jafnræði til aðgengis að kerfinu og gjaldtöku fyrir notkun þess. Tekist hefur verið á um þessi gagnstæðu sjónarmið á undanförnum árum en á þingi aðildarríkjanna í nóvember 2000 náðist málamiðlun um breytingar á stofnsamningnum sem leiða til einkavæðingar samtakanna og endanlegs afnáms einkaréttar þeirra.

Eftir breytingar á stofnsamningnum felast skuldbindingar fyrirtækisins INTELSAT í svonefndum meginreglum en samkvæmt þeim skal fyrirtækið:

1. viðhalda alheimstengingum og alheimsumfangi,
2. þjóna viðskiptavinum sem reiða sig á fjarskipti um INTELSAT,
3. veita aðgang að kerfi fyrirtækisins án mismununar.

Meðal annars er kveðið á um að fyrirtækið INTELSAT taki á sig skuldbindingar gagnvart ríkjum með vanþróuð símkerfi.

Til þess að fylgjast með því að fyrirtækið INTELSAT standi við skuldbindingar sínar er hluta af starfsemi samtakanna haldið við með alþjóðlegri eftirlitsstofnun, ITSO (International Telecommunications Satellite Organization). Samkvæmt samningnum er ráðgert að ITSO verði við lýði í minnst tólf ár en að þeim tíma liðnum er mögulegt að framlengja rekstur samtakanna.

Hinn breytti stofnsamningur kveður á um skipulag og starfsemi ITSO sem hafa mun aðsetur í Washington. Stjórn ITSO verður í höndum þings aðila og framkvæmdastjórnar undir stjórn forstjóra sem er ábyrgur gagnvart þinginu. Öll aðildarríki eiga rétt til setu á þingi ITSO. Í viðauka A við hinn breytta samning eru ákvæði um lausn ágreiningsmála.

Aðildarríki samningsins sem gerður var í Washington 20. ágúst 1971 voru 144 talsins 17. nóvember 2000. Breytingarnar á samningnum hafa ekki öðlast gildi, en samkvæmt ákvæðum hans öðlast þær gildi þegar vörsluaðili hans hefur móttekið tilkynningu um samþykki, staðfestingu eða fullgildingu á breytingunum frá tveimur þriðju hlutum þeirra ríkja sem voru aðilar þann dag er þing aðildarríkja samþykkti þær. Hinn 29. janúar 2002 höfðu 33 aðildarríkjanna staðfest umræddar breytingar á stofnsamningnum.

Að mati samgönguráðuneytisins kallar staðfesting breytinganna á samningnum ekki á lagabreytingar hér á landi. Heimildar Alþingis er þó leitað til að staðfesta breytingarnar í ljósi þess að leitað var heimildar Alþingis til að fullgilda stofnsamning INTELSAT á sínum tíma og þess að um grundvallarbreytingar á samningnum er að ræða.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM ALÞJÓÐASTOFNUN FJARSKIPTA UM GERVITUNGL.

Upphaflega gerður 20. ágúst 1971 í Washington og öðlaðist gildi 12. febrúar 1973. Felur í sér allar breytingar sem tengjast einkavæðingu INTELSAT eins og þær voru samþykktar af 25. aukaþingi aðila hinn 17. nóvember 2000 í Washington DC, USA.

AGREEMENT RELATING TO THE INTERNATIONAL TELECOMMUNICATIONS SATELLITE ORGANIZATION

Originally done at Washington, 20 August 1971, and entered into force 12 February 1973. Including all amendments related to INTELSAT's privatization, as approved by the Twenty-fifth Assembly of Parties (Extraordinary) in Washington, D.C., U.S.A., on 17 November 2000.

Inngangur.

Aðildarríki samnings þessa,

hafa í huga meginreglu ályktunar 1721 XVI. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna að þjóðir heims skulu allar og án mismununar eiga þess kost að nota gervitungl til fjarskipta svo fljótt sem verða má,

hafa í huga viðeigandi ákvæði samnings um rannsóknir og not ríkja af himingeimnum, tungli og stjörnum, einkum 1. gr. hans þar sem segir að nýting himingeimsins skuli koma öllum löndum til góða og fara fram í þágu þeirra allra,

viðurkenna að Alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl hafi, í samræmi við upphaflegan tilgang, komið á fót alheimskerfi fjarskipta um gervitungl til að veita öllum svæðum heims fjarskiptaþjónustu sem hefur átt þátt í að skapa heimsfrið og skilning,

taka með í reikninginn að 24. þing aðildarríkja Alþjóðastofnunar fjarskipta um gervitungl tók ákvörðun um endurskipulag og einkavæðingu með því að koma á fót einkafyrirtæki undir eftirliti samtaka ríkisstjórna,

viðurkenna að aukin samkeppni í framboði fjarskiptaþjónustu hefur gert það nauðsynlegt að Alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl framselji fyrirtækinu sem skilgreint er í d-lið 1. gr. samnings þessa geimskor sitt svo að geimskorið haldi áfram að vera rekið á árangursríkan og viðskiptalegan hátt,

með fyrirætlun um að fyrirtækið skuli virða meginreglur sem settar eru fram í 3. gr. samnings þessa og bjóði fram á viðskiptalegum grundvelli geimskorið sem nauðsynlegt er fyrir hágæða áreiðanlega og alþjóðlega fjarskiptaþjónustu,

hafa ákveðið að þörf sé fyrir eftirlitssamtök ríkisstjórna sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða Alþjóðafjarskiptasambandsins geta gerst aðilar að, til þess að tryggja að fyrirtækið virði áfram meginreglurnar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

PREAMBLE

The States Parties to this Agreement,

Considering the principle set forth in Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations that communication by means of satellites should be available to the nations of the world as soon as practicable on a global and non-discriminatory basis,

Considering the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, Including the Moon and Other Celestial Bodies, and in particular Article I, which states that outer space shall be used for the benefit and in the interests of all countries,

Recognizing that the International Telecommunications Satellite Organization has, in accordance with its original purpose, established a global satellite system for providing telecommunications services to all areas of the world, which has contributed to world peace and understanding,

Taking into account that the 24th Assembly of Parties of the International Telecommunications Satellite Organization decided to restructure and privatize by establishing a private company supervised by an intergovernmental organization,

Acknowledging that increased competition in the provision of telecommunications services has made it necessary for the International Telecommunications Satellite Organization to transfer its space system to the Company defined in Article I(d) of this Agreement in order that the space system continues to be operated in a commercially viable manner,

Intending that the Company will honor the Core Principles set forth in Article III of this Agreement and will provide, on a commercial basis, the space segment required for international public telecommunications services of high quality and reliability,

Having determined that there is a need for an intergovernmental supervisory organization, to which any State member of the United Nations or the International Telecommunication Union may become a Party, to ensure that the Company fulfills the Core Principles on a continuing basis,

Agree as follows:

Skilgreiningar.
1. gr.

Í samningi þessum merkir:

(a) „samningur" gildandi samning, þar á meðal fylgiskjal við hann, og allar breytingar á honum að undanþegnum fyrirsögnum einstakra greina, sem lagður var fram til undirritunar ríkisstjórna í Washington 20. ágúst 1971 og setti á stofn alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl;

(b) „geimskor" fjarskiptatunglin, ásamt sporun, fjarmælingu, skipunum, stýringu, eftirliti og annarri aðstöðu og búnaði sem þörf er á til að styrkja rekstur gervitunglanna;

(c) „fjarskipti" hvers konar fjarflutning, sendingu eða móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers kyns boð eftir vírum, radíó, ljósgeislum eða öðrum rafsegulkerfum;

(d) „fyrirtækið" einkarekið fyrirtæki eða fyrirtæki sem sett er á stofn samkvæmt lögum eins eða fleiri ríkja sem geimskor alþjóðastofnunar fjarskipta um gervitungl er framselt til, þar á meðal þeirra er kynnu að taka við réttindum þeirra;

(e) „á viðskiptagrundvelli" að samræmis sé gætt við almennar og hefðbundnar viðskiptavenjur í fjarskiptaiðnaðinum;

(f) „almenn fjarskiptaþjónusta" fasta eða færanlega fjarskiptaþjónustu, sem hægt er að láta í té með gervihnöttum og er til afnota fyrir almenning, svo sem talsími, ritsími, telex, myndsími, gagnasendingar, sending á hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám milli viðurkenndra jarðstöðva, sem aðgang hafa að geimskori fyrirtækisins til sendingar til almennings, og leigðar fjarskiptarásir í sérhverju slíku skyni, en tekur þó ekki til þeirrar færanlegu þjónustu sem bráðabirgðasamkomulagið og sérstaka samkomulagið, er gerð voru áður en samningur þessi var lagður fram til undirritunar, ná ekki til og veitt er gegnum hreyfanlegar stöðvar sem hafa beint samband við gervitungl og ætlað er að einhverju leyti eða öllu að láta í té þjónustu er varðar öryggi eða flugumsjón flugvéla eða radíóleiðsögn flugfara eða skipa;

(g) „bráðabirgðasamkomulag" samkomulagið, sem kemur á fót bráðabirgðaskipan alþjóðlegs viðskiptafjarskiptakerfis um gervitungl, sem undirritað var af ríkisstjórnum í Washington hinn 20. ágúst 1964;

(h) „líflínutengingarskylda" eða „LCO" skylduna sem fyrirtækið tekst á hendur samkvæmt LCO-

Definitions
ARTICLE I

For the purposes of this Agreement:

(a) "Agreement" means the present agreement, including its Annex, and any amendments thereto, but excluding all titles of Articles, opened for signature by Governments at Washington on August 20, 1971, by which the international telecommunications satellite organization is established;

(b) "Space segment" means the telecommunications satellites, and the tracking, telemetry, command, control, monitoring and related facilities and equipment required to support the operation of these satellites;

(c) "Telecommunications" means any transmission, emission or reception of signs, signals, writing, images and sounds or intelligence of any nature, by wire, radio, optical or other electromagnetic systems;

(d) "Company" means the private entity or entities established under the law of one or more States to which the international telecommunications satellite organization's space system is transferred and includes their successors-in-interest;

(e) "On a Commercial Basis" means in accordance with usual and customary commercial practice in the telecommunications industry;

(f) "Public telecommunications services" means fixed or mobile telecommunications services which can be provided by satellite and which are available for use by the public, such as telephony, telegraphy, telex, facsimile, data transmission, transmission of radio and television programs between approved earth stations having access to the Company's space segment for further transmission to the public, and leased circuits for any of these purposes; but excluding those mobile services of a type not provided under the Interim Agreement and the Special Agreement prior to the opening for signature of this Agreement, which are provided through mobile stations operating directly to a satellite which is designed, in whole or in part, to provide services relating to the safety or flight control of aircraft or to aviation or maritime radio navigation;

(g) "Interim Agreement" means the Agreement Establishing Interim Arrangements for a Global Commercial Communications Satellite System signed by Governments at Washington on August 20, 1964;

(h) "Lifeline Connectivity Obligation" or "LCO" means the obligation assumed by the Company

samningnum um að bjóða LCO-viðskiptavinum fjarskiptaþjónustu áfram;

(i) „hið sérstaka samkomulag“ samkomulagið sem undirritað var 20. ágúst 1964 af ríkisstjórnum eða fjarskiptastofnunum, tilnefndum af ríkisstjórnum samkvæmt ákvæðum bráðabirgðasamkomulagsins;

(j) „samkomulag um almenningsþjónustu“ það skjal sem að lögum er bindandi og ITSO notar til þess að tryggja að fyrirtækið haldi í heiðri meginreglurnar;

(k) „meginreglur“ reglurnar sem settar eru fram í 3. gr.;

(l) „sameiginleg arfleifð“ þær tíðniúthlutanir sem tengjast staðsetningu á baugum um jörðu og eru í flýtibirtingu, samræmingu eða skráningu hjá Alþjóðafjarskiptasambandinu fyrir hönd aðildarríkjanna samkvæmt ákvæðum radíóreglugerðar sambandsins og eru framseldar til eins eða fleiri aðildarríkja samkvæmt 12. gr.;

(m) „alheimsumfang“ stærsta mögulega svæði á jörðinni sem næst til milli norðlægustu og suðlægustu breiddarbauga frá gervihnöttum sem sett eru á kyrrstöðubaug miðað við jörðu;

(n) „alheimstenging“ möguleika til tenginga sem standa viðskiptavinum fyrirtækisins til boða gegnum alheimsumfangið sem fyrirtækið veitir í þeim tilgangi að gera fjarskipti möguleg innan og á milli hinna fimm svæða Alþjóðafjarskiptasambandsins sem skilgreind voru af aðalþingi sambandsins í Montreux árið 1965;

(o) „aðgangur án mismununar“ sanngjörn og jöfn tækifæri til aðgangs að kerfi fyrirtækisins;

(p) „aðili“ ríki sem samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart eða hefur beitt honum til bráðabirgða;

(q) „eign“ hvað eina sem orðið getur andlag eignarréttinda sem og andlag samningsbundinna réttinda;

(r) „LCO-viðskiptavinir“ alla viðskiptavini sem uppfylla skilyrði til að gera LCO-samninga og gera slíka samninga; og

(s) „stjórnvald“ öll ráðuneyti eða opinberar stofnanir sem bera ábyrgð á því að þær skyldur er leiðir af stofnreglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, sáttmála Alþjóðafjarskiptasambandsins og stjórnvaldsreglum þess séu uppfylltar.

as set out in the LCO contract to provide continued telecommunications services to the LCO customer;

(i) "Special Agreement" means the agreement signed on August 20, 1964, by Governments or telecommunications entities designated by Governments, pursuant to the provisions of the Interim Agreement;

(j) "Public Services Agreement" means the legally binding instrument through which ITSO ensures that the Company honors the Core Principles;

(k) "Core Principles" means those principles set forth in Article III;

(l) "Common Heritage" means those frequency assignments associated with orbital locations in the process of advanced publication, coordination or registered on behalf of the Parties with the International Telecommunication Union ("ITU") in accordance with the provisions set forth in the ITU's Radio Regulations which are transferred to a Party or Parties pursuant to Article XII;

(m) "Global coverage" means the maximum geographic coverage of the earth towards the northernmost and southernmost parallels visible from satellites deployed in geostationary orbital locations;

(n) "Global connectivity" means the interconnection capabilities available to the Company's customers through the global coverage the Company provides in order to make communication possible within and between the five International Telecommunication Union regions defined by the plenipotentiary conference of the ITU, held in Montreux in 1965;

(o) "Non-discriminatory access" means fair and equal opportunity to access the Company's system;

(p) "Party" means a State for which the Agreement has entered into force or has been provisionally applied;

(q) "Property" includes every subject of whatever nature to which a right of ownership can attach, as well as contractual rights;

(r) "LCO customers" means all customers qualifying for and entering into LCO contracts; and

(s) "Administration" means any governmental department or agency responsible for compliance with the obligations derived from the Constitution of the International Telecommunication Union, the Convention of the International Telecommunication Union, and its Administrative Regulations.

Stofnun ITSO.
2. gr.

Að teknu fullu tilliti til þeirra markmiða sem sett eru fram í inngangi samnings þessa, setja aðilar á stofn alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl, hér eftir nefnd ITSO.

Establishment of ITSO
ARTICLE II

The Parties, with full regard for the principles set forth in the Preamble to this Agreement, establish the International Telecommunications Satellite Organization, herein referred to as "ITSO".

Megintilgangur og meginreglur ITSO.
3. gr.

(a) Með hliðsjón af stofnun fyrirtækisins er það megintilgangur ITSO að tryggja, með samkomulaginu um almenningsþjónustu, að fyrirtækið láti í té á viðskiptagrundvelli alþjóðlega fjarskiptaþjónustu við almenning til að tryggja að farið sé að meginreglunum.

(b) Meginreglurnar eru:
  (i) að viðhalda alheimstengingum og alheimsumfangi;
  (ii) að þjóna líflínuviðskiptavinum; og
  (iii) veita aðgang að kerfi fyrirtækisins án mismununar.

Main Purpose and Core Principles of ITSO
ARTICLE III

(a) Taking into account the establishment of the Company, the main purpose of ITSO is to ensure, through the Public Services Agreement, that the Company provides, on a commercial basis, international public telecommunications services, in order to ensure performance of the Core Principles.

(b) The Core Principles are:
  (i) maintain global connectivity and global coverage;
  (ii) serve its lifeline connectivity customers; and
  (iii) provide non-discriminatory access to the Company's system.

Fjarskiptaþjónusta til almennings innan lands.
4. gr.

Eftirfarandi skal koma til álita í þeim tilgangi að beita 3. gr. á sama hátt og við alþjóðlega fjarskiptaþjónustu til almennings:

(a) fjarskiptaþjónusta til almennings innan lands milli svæða sem eru aðgreind af svæðum utan lögsögu viðkomandi ríkis eða milli svæða sem eru aðgreind af opnu hafi; og

(b) fjarskiptaþjónusta til almennings innan lands milli svæða sem eru ekki tengd með jarðlægum breiðbandsmannvirkjum og eru sundurskilin af náttúrulegum hindrunum þess eðlis að þær koma í veg fyrir uppsetningu jarðlægra breiðbandsmannvirkja milli svæðanna, að því gefnu að samþykki réttra aðila hafi verið veitt.

Covered Domestic Public Telecommunications Services
ARTICLE IV

The following shall be considered for purposes of applying Article III on the same basis as international public telecommunications services:

(a) domestic public telecommunications services between areas separated by areas not under the jurisdiction of the State concerned, or between areas separated by the high seas; and

(b) domestic public telecommunications services between areas which are not linked by any terrestrial wideband facilities and which are separated by natural barriers of such an exceptional nature that they impede the viable establishment of terrestrial wideband facilities between such areas, provided that the appropriate approval has been given.

Eftirlit.
5. gr.

ITSO skal gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að gera samkomulag um almenningsþjónustu, til að hafa eftirlit með því hvernig fyrirtækið fylgir meginreglunum, einkum reglunni um aðgang án mismununar að kerfi fyrirtækisins fyrir þá fjarskiptaþjónustu við almenning sem veitt er nú og þá sem fyrirtækið mun bjóða þegar flutningsgeta er fáanleg á viðskiptagrundvelli í geimskori fyrirtækisins.

Supervision
ARTICLE V

ITSO shall take all appropriate actions, including entering into the Public Services Agreement, to supervise the performance by the Company of the Core Principles, in particular, the principle of non-discriminatory access to the Company's system for existing and future public telecommunications services offered by the Company when space segment capacity is available on a commercial basis.

Lögaðili.
6. gr.

(a) ITSO skal vera lögaðili. Það skal vera að fullu bært til að reka starfsemi sína og ná markmiðum sínum, þar á meðal til að:

(i) gera samninga við ríki eða alþjóðastofnanir;
(ii) gera samninga;
(iii) kaupa og segja eignir; og
(iv) eiga aðild að málaferlum.

(b) Hver aðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir innan lögsögu sinnar til að ákvæði þessarar greinar taki gildi samkvæmt lögum lands hans.

Fjármál.
7. gr.

(a) Á því tólf ára tímabili, sem 21. gr. kveður á um verður ITSO fjármagnað með því að haldið er eftir ákveðnum fjármunum þegar framsal á geimskori ITSO til fyrirtækisins fer fram.

(b) Ef starfsemi ITSO varir lengur en tólf ár skal ITSO fá fjármögnun samkvæmt samkomulaginu um almenningsþjónustu.

Skipulag ITSO.
8. gr.

Innan ITSO skulu starfa:

(a) þing aðila; og

(b) framkvæmdastjórn stýrt af framkvæmdastjóra, sem ber ábyrgð gagnvart þingi aðila.

Þing aðila.
9. gr

(a) Á þingi aðila eiga allir aðilar sæti og er þingið aðalstofnun ITSO.

(b) Þing aðila skal fjalla um almenna stefnu og langtímamarkmið ITSO.

(c) Þing aðila skal fjalla um þau mál sem fyrst og fremst varða aðilana sem fullvalda ríki og einkum tryggja að fyrirtækið bjóði á viðskiptagrundvelli alþjóðlega fjarskiptaþjónustu til almennings í þeim tilgangi að:

(i) viðhalda alheimstengingu og alheimsumfangi;
(ii) þjóna líflínuviðskiptavinum; og
(iii) veita aðgang að kerfi fyrirtækisins án mismununar.

(d) Þing aðila skal hafa eftirfarandi starfssvið og umboð til að:

Juridical Personality
ARTICLE VI

(a) ITSO shall possess juridical personality. It shall enjoy the full capacity necessary for the exercise of its functions and the achievement of its purposes, including the capacity to:
(i) conclude agreements with States or international organizations;
(ii) contract;
(iii) acquire and dispose of property; and
(iv) be a party to legal proceedings.

(b) Each Party shall take such action as is necessary within its jurisdiction for the purpose of making effective in terms of its own law the provisions of this Article.

Financial Principles
ARTICLE VII

(a) ITSO will be financed for the twelve year period established in Article XXI by the retention of certain financial assets at the time of transfer of ITSO's space system to the Company.

(b) In the event ITSO continues beyond twelve years, ITSO shall obtain funding through the Public Services Agreement.

Structure of ITSO
ARTICLE VIII

ITSO shall have the following organs:

(a) the Assembly of Parties; and

(b) an executive organ, headed by the Director General, responsible to the Assembly of Parties.

Assembly of Parties
ARTICLE IX

(a) The Assembly of Parties shall be composed of all the Parties and shall be the principal organ of ITSO.

(b) The Assembly of Parties shall give consideration to general policy and long-term objectives of ITSO.

(c) The Assembly of Parties shall give consideration to matters which are primarily of interest to the Parties as sovereign States, and in particular ensure that the Company provides, on a commercial basis, international public telecommunications services, in order to:
(i) maintain global connectivity and global coverage;
(ii) serve its lifeline connectivity customers; and
(iii) provide non-discriminatory access to the Company's system.

(d) The Assembly of Parties shall have the following functions and powers:

(i) stýra framkvæmdastjórn ITSO eins og það telur viðeigandi, einkum að því er varðar endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á þeirri starfsemi fyrirtækisins sem lýtur beinlínis að meginreglunum;

(ii) fara yfir og taka ákvarðanir um tillögur til breytinga á samningi þessum samkvæmt 15. gr. hans;

(iii) skipa framkvæmdastjórann og veita honum lausn frá störfum samkvæmt 10. gr.;

(iv) fara yfir og meta skýrslur framkvæmdastjórans um hvernig fyrirtækið fylgir meginreglunum;

(v) athuga og taka sjálfstæðar ákvarðanir um tilmæli framkvæmdastjórans;

(vi) taka ákvarðanir samkvæmt b-lið 14. gr. samnings þessa í sambandi við úrsögn aðila úr ITSO;

(vii) taka ákvarðanir um álitaefni varðandi formlegt samband milli ITSO og ríkja hvort sem þau eru aðilar eða ekki, eða alþjóðastofnana;

(viii) fara yfir kvartanir frá aðilum;

(ix) fara yfir mál sem varða sameignilega arfleifð aðila;

(x) taka ákvarðanir varðandi samþykki sem vísað er til í b-lið 4. gr. samnings þessa;

(xi) fara yfir og samþykkja fjárhagsáætlun ITSO fyrir það tímabil þingið ákveður;

(xii) taka nauðsynlegar ákvarðanir með tilliti til ófyrirséðra atburða sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun;

(xiii) skipa endurskoðanda til þess að yfirfara útgjöld og reikninga ITSO;

(xiv) velja lögfræðinga samkvæmt 3. gr. fylgiskjals A við samning þennan;

(xv) ákveða með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórinn megi leggja mál gegn fyrirtækinu í gerð samkvæmt samkomulaginu um almenningsþjónustu;

(xvi) taka ákvörðun um tillögur til breytinga á samningnum um almenningsþjónustu;

(xvii) gegna öðrum hlutverkum sem falla undir það samkvæmt öðrum ákvæðum samnings þessa.

(e) Þing aðila skal koma saman til almenns fundar annað hvort ár, í fyrsta sinn eigi síðar en tólf

(i) to direct the executive organ of ITSO as it deems appropriate, in particular regarding the executive organ's review of the activities of the Company that directly relate to the Core Principles;

(ii) to consider and take decisions on proposals for amending this Agreement in accordance with Article XV of this Agreement;

(iii) to appoint and remove the Director General in accordance with Article X;

(iv) to consider and decide on reports submitted by the Director General that relate to the Company's observance of the Core Principles;

(v) to consider and, in its discretion, take decisions on recommendations from the Director General;

(vi) to take decisions, pursuant to paragraph (b) of Article XIV of this Agreement, in connection with the withdrawal of a Party from ITSO;

(vii) to decide upon questions concerning formal relationships between ITSO and States, whether Parties or not, or international organizations;

(viii) to consider complaints submitted to it by Parties;

(ix) to consider issues pertaining to the Parties' Common Heritage;

(x) to take decisions concerning the approval referred to in paragraph (b) of Article IV of this Agreement;

(xi) to consider and approve the budget of ITSO for such period as agreed to by the Assembly of Parties;

(xii) to take any necessary decisions with respect to contingencies that may arise outside of the approved budget;

(xiii) to appoint an auditor to review the expenditures and accounts of ITSO;

(xiv) to select the legal experts referred to in Article 3 of Annex A to this Agreement;

(xv) to determine the conditions under which the Director General may commence an arbitration proceeding against the Company pursuant to the Public Services Agreement;

(xvi) to decide upon amendments proposed to the Public Services Agreement; and

(xvii) to exercise any other functions conferred upon it under any other Article of this Agreement.

(e) The Assembly of Parties shall meet in ordinary session every two years beginning no later than

mánuðum eftir framsal á geimskori ITSO til fyrirtækisins. Auk almennra funda aðila getur þing aðila komið saman til aukafunda sem boða má til að beiðni framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt k-lið 10. gr., eða að skriflegri beiðni eins eða fleiri aðila til framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir tilgangi fundarins og með samþykki a.m.k. eins þriðja aðilanna að þeim aðilum meðtöldum sem leggja fram beiðnina. Þing aðila skal setja skilyrðin fyrir því að framkvæmdastjórinn megi boða til aukafundar í þingi aðila.

twelve months after the transfer of ITSO's space system to the Company. In addition to the ordinary meetings of the Parties, the Assembly of Parties may meet in extraordinary meetings, which may be convened upon request of the executive organ acting pursuant to the provisions of paragraph (k) of Article X, or upon the written request of one or more Parties to the Director General that sets forth the purpose of the meeting and which receives the support of at least one-third of the Parties including the requesting Parties. The Assembly of Parties shall establish the conditions under which the Director General may convene an extraordinary meeting of the Assembly of Parties.

(f) Fundur þings aðila er lögmætur ef fulltrúar meirihluta aðila sækja hann. Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með atkvæðum a.m.k. tveggja þriðju hluta aðila þeirra sem fulltrúa eiga á fundinum og greiða atkvæði. Ákvarðanir um þingsköp skulu teknar með atkvæði einfalds meirihluta aðila sem fulltrúa eiga og atkvæði greiða. Ágreiningur um hvort málefni telst til þingskapa eða efnislegt málefni skal leystur með atkvæðum einfalds meirihluta þeirra aðila sem eiga fulltrúa á fundinum og greiða atkvæði. Aðilum skal gefinn kostur á að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða með öðrum hætti sem þing aðila telur viðeigandi og skulu aðilar fá fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fund í þingi aðila.

(f) A quorum for any meeting of the Assembly of Parties shall consist of representatives of a majority of the Parties. Decisions on matters of substance shall be taken by an affirmative vote cast by at least two-thirds of the Parties whose representatives are present and voting. Decisions on procedural matters shall be taken by an affirmative vote cast by a simple majority of the Parties whose representatives are present and voting. Disputes whether a specific matter is procedural or substantive shall be decided by a vote cast by a simple majority of the Parties whose representatives are present and voting. Parties shall be afforded an opportunity to vote by proxy or other means as deemed appropriate by the Assembly of Parties and shall be provided with necessary information sufficiently in advance of the meeting of the Assembly of Parties.

(g) Á öllum fundum í þingi aðila skal hver aðili hafa eitt atkvæði.

(g) For any meeting of the Assembly of Parties, each Party shall have one vote.

(h) Þing aðila setur sér sjálft þingsköp og skal þar kveðið á um kjör forseta og annarra embættismanna sem og þátttöku og atkvæðagreiðslu.

(h) The Assembly of Parties shall adopt its own rules of procedure, which shall include provision for the election of a Chairman and other officers as well as provisions for participation and voting.

(i) Hver aðili skal standa straum af kostnaði fulltrúa sinna á fundi þings aðila. Litið skal á útgjöld af fundum þings aðila sem stjórnunarkostnað ITSO.

(i) Each Party shall meet its own costs of representation at a meeting of the Assembly of Parties. Expenses of meetings of the Assembly of Parties shall be regarded as an administrative cost of ITSO.

Framkvæmdastjóri.
10. gr.

Director General
ARTICLE X

(a) Framkvæmdastjóri skal veita framkvæmdastjórninni forstöðu og bera beina ábyrgð gagnvart þingi aðila.

(a) The executive organ shall be headed by the Director General who shall be directly responsible to the Assembly of Parties.

(b) Framkvæmdastjórinn skal
   (i) vera forstjóri og fulltrúi ITSO að lögum og bera ábyrgð á allri stjórnun, þ.m.t. að

(b) The Director General shall
   (i) be the chief executive and the legal representative of ITSO and shall be respon-

nýta réttindi samkvæmt samningum;

(ii) starfa í samræmi við stefnu og fyrirmæli þings aðila;

(iii) skipaður af þingi aðila til fjögurra ára eða annars tímabils sem þingið ákveður. Þingið getur vikið framkvæmdastjóranum frá störfum ef tilefni er til þess. Framkvæmdastjóri verður ekki skipaður til lengri tíma en átta ára.

(c) Meginatriði við skipun framkvæmdastjóra og val annars starfsliðs framkvæmdastjórnarinnar skal vera nauðsyn þess að tryggja sem best ráðvendni, hæfni og dugnað að teknu tilliti til hugsanlegra kosta af ráðningu starfsmanna af mismunandi svæðum og frá mismunandi löndum. Framkvæmdastjórinn og starfslið framkvæmdastjórnarinnar skulu forðast athafnir sem ekki samræmast ábyrgð þeirra gagnvart ITSO.

(d) Framkvæmdastjórinn skal ákveða samsetningu, fjölda og ráðningarskilyrði yfirmanna og annarra starfsmanna, og skal skipa starfslið framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt leiðbeiningum og fyrirmælum frá þingi aðila. Framkvæmdastjórinn getur valið ráðgefandi sérfræðinga og aðra ráðgjafa framkvæmdastjórnarinnar.

(e) Framkvæmdastjórinn skal hafa eftirlit með fylgni fyrirtækisins við meginreglurnar.

(f) Framkvæmdastjórinn skal

(i) fylgjast með því hvernig fyrirtækið fer eftir grunnreglunni um að þjóna LCO-viðskiptavinum með því að halda í heiðri LCO-samninga;

(ii) taka til athugunar ákvarðanir fyrirtækisins með tilliti til beiðna um hæfni til að gera LCO-samning;

(iii) aðstoða LCO viðskipatvini við að leysa ágreining þeirra við fyrirtækið með því að bjóða aðstoð við sáttagerð;

(iv) veita ráðgjöf um val á ráðgjöfum og gerðardómurum ef LCO-viðskiptavinur ákveður að reka mál fyrir gerðardómi gegn fyrirtækinu.

(g) Framkvæmdastjórinn skal gefa skýrslu til aðila um málefni sem vísað er til í d–f-liðum.

(h) Framkvæmdastjórinn getur hafið málsókn fyrir gerðardómi gegn fyrirtækinu samkvæmt samningnum um almenningsþjónustu á grundvelli

sible for the performance of all management functions, including the exercise of rights under contract;

(ii) act in accordance with the policies and directives of the Assembly of Parties; and

(iii) be appointed by the Assembly of Parties for a term of four years or such other period as the Assembly of Parties decides. The Director General may be removed from office for cause by the Assembly of Parties. No person shall be appointed as Director General for more than eight years.

(c) The paramount consideration in the appointment of the Director General and in the selection of other personnel of the executive organ shall be the necessity of ensuring the highest standards of integrity, competency and efficiency, with consideration given to the possible advantages of recruitment and deployment on a regionally and geographically diverse basis. The Director General and the personnel of the executive organ shall refrain from any action incompatible with their responsibilities to ITSO.

(d) The Director General shall, subject to the guidance and instructions of the Assembly of Parties, determine the structure, staff levels and standard terms of employment of officials and employees, and shall appoint the personnel of the executive organ. The Director General may select consultants and other advisers to the executive organ.

(e) The Director General shall supervise the Company's adherence to the Core Principles.

(f) The Director General shall

(i) monitor the Company's adherence to the Core Principle to serve LCO customers by honoring LCO contracts;

(ii) consider the decisions taken by the Company with respect to petitions for eligibility to enter into an LCO contract;

(iii) assist LCO customers in resolving their disputes with the Company by providing conciliation services; and

(iv) in the event an LCO customer decides to initiate an arbitration proceeding against the Company, provide advice on the selection of consultants and arbiters.

(g) The Director General shall report to the Parties on the matters referred to in paragraphs (d) through (f).

(h) Pursuant to the terms to be established by the Assembly of Parties, the Director General may commence arbitration proceedings against the

skilmála sem þing aðila setur.

(i) Framkvæmdastjórinn skal fjalla um málefni fyrirtækisins samkvæmt samningnum um almenningsþjónustu.

(j) Framkvæmdastjórinn skal, fyrir hönd ITSO, taka til athugunar öll mál sem leiðir af sameiginlegri arfleifð aðila og senda álit aðila til tilkynningarstjórnvaldsins eða -stjórnvalda.

(k) Ef framkvæmdastjórinn telur að vanefnd aðila á að gera ráðstafanir samkvæmt c-lið 11. gr. hafi skaðað hæfni fyrirtækisins til að fylgja meginreglunum, skal framkvæmdastjórinn hafa samband við aðilann til að leita lausnar á ástandinu og getur kallað saman fund í þingi aðila samkvæmt þeim skilyrðum sem þing aðila hefur sett samkvæmt e-lið 11. gr.

(l) Þing aðila skal tilnefna háttsettan yfirmann í framkvæmdastjórninni til að vera staðgengill framkvæmdastjóra ef framkvæmdastjórinn er fjarverandi eða ófær um að gegna skyldum sínum eða ef staða framkvæmdastjóra losnar. Staðgengill framkvæmdastjóra skal vera fær um að sinna öllum störfum framkvæmdastjóra samkvæmt þessum samningi. Ef staðan losnar skal staðgengill framkvæmdastjóra gegna störfum hans þar til framkvæmdastjóri hefur verið skipaður og tekur við starfinu, eins fljótt og mögulegt er, samkvæmt b-lið, iii í þessari grein.

Réttindi og skyldur aðila.

11. gr.

(a) Aðilar skulu njóta réttinda sinna og bera skyldur samkvæmt þessum samningi í fullu samræmi við reglur þær sem greindar eru í inngangi, meginreglunum í 3. gr. og öðrum ákvæðum samnings þessa.

(b) Öllum aðilum er heimilt að sækja og taka þátt í öllum ráðstefnum og fundum sem þeir mega hafa fulltrúa á samkvæmt ákvæðum samnings þessa svo og hverjum öðrum fundum sem ITSO boðar til eða eru haldnir á vegum þess í samræmi við þá skipan sem ITSO ákveður fyrir slíka fundi hvar sem þeir eru haldnir. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að í samkomulagi við þann aðila sem heldur slíka ráðstefnu eða fund sé kveðið á um komu fulltrúa allra aðila sem heimild hafa til þátttöku til gestgjafaríkis-

Company pursuant to the Public Services Agreement.

(i) The Director General shall deal with the Company in accordance with the Public Services Agreement.

(j) The Director General, on behalf of ITSO, shall consider all issues arising from the Parties' Common Heritage and shall communicate the views of the Parties to the Notifying Administration(s).

(k) When the Director General is of the view that a Party's failure to take action pursuant to Article XI(c) has impaired the Company's ability to comply with the Core Principles, the Director General shall contact that Party to seek a resolution of the situation and may, consistent with the conditions established by the Assembly of Parties pursuant to Article IX(e), convene an extraordinary meeting of the Assembly of Parties.

(l) The Assembly of Parties shall designate a senior officer of the executive organ to serve as the Acting Director General whenever the Director General is absent or is unable to discharge his duties, or if the office of Director General should become vacant. The Acting Director General shall have the capacity to exercise all the powers of the Director General pursuant to this Agreement. In the event of a vacancy, the Acting Director General shall serve in that capacity until the assumption of office by a Director General appointed and confirmed, as expeditiously as possible, in accordance with subparagraph (b) (iii) of this Article.

Rights and Obligations of Parties

ARTICLE XI

(a) The Parties shall exercise their rights and meet their obligations under this Agreement in a manner fully consistent with and in furtherance of the principles stated in the Preamble, the Core Principles in Article III and other provisions of this Agreement.

(b) All Parties shall be allowed to attend and participate in all conferences and meetings, in which they are entitled to be represented in accordance with any provisions of this Agreement, as well as any other meeting called by or held under the auspices of ITSO, in accordance with the arrangements made by ITSO for such meetings regardless of where they may take place. The executive organ shall ensure that arrangements with the host Party for each such conference or meeting shall include a provision for the admis-

ins og dvöl þar meðan á ráðstefnunni eða fundinum stendur.

(c) Allir aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem krafist er, á gagnsæjan hátt og svo að gætt sé jafnræðis og samkeppnissjónarmiða samkvæmt gildandi landslögum og þjóðréttarsamningum sem þeir eru aðilar að svo að fyrirtækið geti farið að meginreglunum.

Tíðniúthlutun.
12. gr.

(a) Aðilar ITSO skulu halda staðsetningu á geimbaug og tíðniúthlutunum meðan á samræmingu eða skráningu af hálfu aðila hjá ITU stendur samkvæmt ákvæðum radíóreglugerðar ITU þangað til tilkynningarstjórnvaldið eða -stjórnvöldin, sem valin hafa verið, hafa afhent vörsluaðila tilkynningu sína um að þau hafi samþykkt, staðfest eða fullgilt núgildandi samning. Aðilar skulu velja úr hópi ITSO-meðlima aðila til að vera fulltrúi allra aðila, sem eru meðlimir í ITSO, hjá ITU á því tímabili þegar aðilar ITSO halda eftir slíkum úthlutunum.

(b) Aðili sem valinn er samkvæmt a-lið til að vera fulltrúi allra aðila á því tímabili, sem ITSO heldur eftir úthlutunum skal, eftir móttöku tilkynningar frá vörsluaðila um samþykki, staðfestingu eða fullgildingu núgildandi samnings frá þeim aðila sem þing aðila hefur valið til að vera tilkynningarstjórnvald fyrir fyrirtækið, framselja slíkar úthlutanir til tilkynningarstjórnvalds eða -stjórnvalda sem valin hafa verið.

(c) Aðili sem valinn er til að vera tilkynningarstjórnvald fyrirtækisins skal samkvæmt gildandi landslögum:
  (i) heimila notkun slíkra tíðniúthlutana af hálfu fyrirtækisins svo framfylgja megi meginreglunum; og
  (ii) afturkalla slíka tíðniúthlutun samkvæmt reglum ITU ef slík notkun er ekki lengur heimil eða fyrirtækið þarf ekki lengur á slíkum tíðniúthlutunum að halda.

(d) Ef aðili sem valinn hefur verið til að vera tilkynningarstjórnvald fyrir fyrirtækið hættir að vera meðlimur í ITSO samkvæmt 14. gr. skal slíkur aðili, þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa, vera bundinn af og háður þeim ákvæðum í þessum samningi og radíóreglugerð ITU sem við eiga þar til tíðniúthlutanir eru framseldar til annars aðila samkvæmt reglum ITU.

sion to the host country and sojourn for the duration of such conference or meeting, of representatives of all Parties entitled to attend.

(c) All Parties shall take the actions required, in a transparent, non-discriminatory, and competitively neutral manner, under applicable domestic procedure and pertinent international agreements to which they are party, so that the Company may fulfill the Core Principles.

Frequency Assignments
ARTICLE XII

(a) The Parties of ITSO shall retain the orbital locations and frequency assignments in process of coordination or registered on behalf of the Parties with the ITU pursuant to the provisions set forth in the ITU's Radio Regulations until such time as the selected Notifying Administration(s) has provided its notification to the Depositary that it has approved, accepted or ratified the present Agreement. The Parties shall select among the ITSO members a Party to represent all ITSO member Parties with the ITU during the period in which the Parties of ITSO retain such assignments.

(b) The Party selected pursuant to paragraph (a) to represent all Parties during the period in which ITSO retains the assignments shall, upon the receipt of the notification by the Depositary of the approval, acceptance or ratification of the present Agreement by a Party selected by the Assembly of Parties to act as a Notifying Administration for the Company, transfer such assignments to the selected Notifying Administration(s).

(c) Any Party selected to act as the Company's Notifying Administration shall, under applicable domestic procedure:
  (i) authorize the use of such frequency assignment by the Company so that the Core Principles may be fulfilled; and
  (ii) in the event that such use is no longer authorized, or the Company no longer requires such frequency assignment(s), cancel such frequency assignment under the procedures of the ITU.

(d) Notwithstanding any other provision of this Agreement, in the event a Party selected to act as a Notifying Administration for the Company ceases to be a member of ITSO pursuant to Article XIV, such Party shall be bound and subject to all relevant provisions set forth in this Agreement and in the ITU's Radio Regulations until the frequency assignments are transferred to another Party in accordance with ITU procedures.

(e) Aðili sem valinn er til að vera tilkynningarstjórnvald samkvæmt c-lið skal:
(i) gefa skýrslu a.m.k. árlega til framkvæmdastjórans um þá meðferð sem tilkynningarstjórnvaldið lætur fyrirtækinu í té, með sérstöku tilliti til efnda slíks aðila á skuldbindingnum sínum samkvæmt c-lið 11. gr.;
(ii) leita álits framkvæmdastjórans fyrir hönd ITSO á þeim ráðstöfunum sem krafist er til að fyrirtækið framfylgi grunnreglunum;
(iii) vinna með framkvæmdastjóranum fyrir hönd ITSO að framtíðaráformum tilkynningarstjórnvaldsins til þess að auka aðgang að líflínulöndum;
(iv) tilkynna og ráðfæra sig við framkvæmdastjórann um samræmingu á gervihnattakerfum ITU sem unnið er að fyrir hönd fyrirtækisins til að tryggja að alheimstengingu og þjónustu við líflínunotendur sé viðhaldið; og
(v) ráðfæra sig við ITU um þarfir líflínunotenda fyrir gervihnattafjarskipti.

Höfuðstöðvar ITSO, friðindi, undanþágur, friðhelgi.
13. gr.

(a) Höfuðstöðvar ITSO skulu vera í Washington DC nema þing aðila ákveði annað.

(b) ITSO og eignir þess skulu undanþegnar álagningu hvers konar tekju- og eignarskatts í öllum aðildarríkjum samnings þessa vegna þeirrar starfsemi sem heimiluð er í samningnum. Hver aðili mun gera sitt ýtrasta til að afla frekari undanþága fyrir ITSO og eignir þess samkvæmt gildandi landslögum frá álagningu tekju- og eignarskatts og tolla, eftir því sem æskilegt þykir með hliðsjón af hinu sérstaka eðli ITSO.

(c) Hver aðili annar en sá, sem hefur höfuðstöðvar ITSO á landsvæði sínu, skal samkvæmt bókun þeirri sem vísað er til í þessari málsgrein, og sá aðili sem hefur höfuðstöðvar ITSO á landsvæði sínu skal, samkvæmt höfuðstöðvasamningnum sem vísað er til í þessari málsgrein, veita ITSO, yfirmönnum þess og þeim starfsmönnum, sem skilgreindir eru í bókuninni og höfuðstöðvasamningnum og aðilum og fulltrúum aðila viðeigandi friðindi, undanþágur og friðhelgi. Sérstaklega skal hver aðili veita þessum einstaklingum undanþágu frá lögsókn vegna verknaðar

(e) Each Party selected to act as a Notifying Administration pursuant to paragraph (c) shall:
(i) report at least on an annual basis to the Director General on the treatment afforded by such Notifying Administration to the Company, with particular regard to such Party's adherence to its obligations under Article XI(c);
(ii) seek the views of the Director General, on behalf of ITSO, regarding actions required to implement the Company's fulfillment of the Core Principles;
(iii) work with the Director General, on behalf of ITSO, on potential activities of the Notifying Administration(s) to expand access to lifeline countries;
(iv) notify and consult with the Director General on ITU satellite system coordinations that are undertaken on behalf of the Company to assure that global connectivity and service to lifeline users are maintained; and
(v) consult with the ITU regarding the satellite communications needs of lifeline users.

ITSO Headquarters, Privileges, Exemptions, Immunities
ARTICLE XIII

(a) The headquarters of ITSO shall be in Washington, D.C. unless otherwise determined by the Assembly of Parties.

(b) Within the scope of activities authorized by this Agreement, ITSO and its property shall be exempt in all States Party to this Agreement from all national income and direct national property taxation. Each Party undertakes to use its best endeavors to bring about, in accordance with the applicable domestic procedure, such further exemption of ITSO and its property from income and direct property taxation, and customs duties, as is desirable, bearing in mind the particular nature of ITSO.

(c) Each Party other than the Party in whose territory the headquarters of ITSO is located shall grant in accordance with the Protocol referred to in this paragraph, and the Party in whose territory the headquarters of ITSO is located shall grant in accordance with the Headquarters Agreement referred to in this paragraph, the appropriate privileges, exemptions and immunities to ITSO, to its officers, and to those categories of its employees specified in such Protocol and Headquarters Agreement, to Parties and representatives of Parties. In particular, each Party

eða ummæla, skriflegra eða munnlegra, við skyldustörf og innan þess sviðs sem þau afmarka að því marki og í þeim tilvikum sem kveða skal á um í höfuðstöðvasamningnum og bókuninni sem vísað er til í þessari málsgrein. Sá aðili sem hefur aðalstöðvar ITSO á landsvæði sínu skal svo fljótt sem verða má gera höfuðstöðvasamning við ITSO um friðindi, undanþágur og friðhelgi. Aðrir aðilar skulu einnig svo fljótt sem verða má gera bókun um friðindi, undanþágur og friðhelgi. Höfuðstöðvasamningurinn og bókunin eru sjálfstæð gagnvart þessum samningi og skal hvor þeirra fela í sér ákvæði um niðurfellingu samningsins og bókunarinnar.

shall grant to these individuals immunity from legal process in respect of acts done or words written or spoken in the exercise of their functions and within the limits of their duties, to the extent and in the cases to be provided for in the Headquarters Agreement and Protocol referred to in this paragraph. The Party in whose territory the headquarters of ITSO is located shall, as soon as possible, conclude a Headquarters Agreement with ITSO covering privileges, exemptions and immunities. The other Parties shall, also as soon as possible, conclude a Protocol covering privileges, exemptions and immunities. The Headquarters Agreement and the Protocol shall be independent of this Agreement and each shall prescribe the conditions of its termination.

Úrsögn.

14. gr.

(a) (i) Hver aðili getur ákveðið að segja sig úr ITSO. Aðili skal afhenda vörsluaðila skriflega tilkynningu um úrsögn sína.

(ii) Vörsluaðili skal senda tilkynningu um ákvörðun aðila um úrsögn samkvæmt a-lið, i í þessari grein til allra aðila og framkvæmdastjórnarinnar.

(iii) Úrsögn að eigin ósk skal taka gildi og samningur þessi falla úr gildi gagnvart aðila þremur mánuðum eftir móttöku tilkynningarinnar sem vísað er til í a-lið, i í þessari grein, þó með fyrirvara um d-lið 12. gr.

(b) (i) Ef aðili virðist hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt þessum samningi, getur þing aðila, að fenginni tilkynningu um það eða af eigin frumkvæði og eftir athugun á skýringum aðilans, ákveðið að líta skuli svo á að aðilinn hafi sagt sig úr ITSO enda álíti þingið að vanefndir hafi í raun átt sér stað. Samningur þessi fellur úr gildi gagnvart þeim aðila frá þeim degi sem ákvörðunin er tekin. Boða má til aukafundar í þingi aðila í þessu skyni.

(ii) Ef þing aðila ákveður að líta skuli svo á að aðili hafi sagt sig úr ITSO samkvæmt b-lið, i skal framkvæmdastjórnin tilkynna vörsluaðila um það, sem skal senda tilkynninguna til allra aðila.

Withdrawal

ARTICLE XIV

(a) (i) Any Party may withdraw voluntarily from ITSO. A Party shall give written notice to the Depositary of its decision to withdraw.

(ii) Notification of the decision of a Party to withdraw pursuant to subparagraph (a)(i) of this Article shall be transmitted by the Depositary to all Parties and to the executive organ.

(iii) Subject to Article XII(d), voluntary withdrawal shall become effective and this Agreement shall cease to be in force, for a Party three months after the date of receipt of the notice referred to in subparagraph (a)(i) of this Article.

(b) (i) If a Party appears to have failed to comply with any obligation under this Agreement, the Assembly of Parties, having received notice to that effect or acting on its own initiative, and having considered any representations made by the Party, may decide, if it finds that the failure to comply has in fact occurred, that the Party be deemed to have withdrawn from ITSO. This Agreement shall cease to be in force for the Party as of the date of such decision. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose.

(ii) If the Assembly of Parties decides that a Party shall be deemed to have withdrawn from ITSO pursuant to subparagraph (i) of this paragraph (b), the executive organ shall notify the Depositary, which shall transmit the notification to all Parties.

(c) Við móttöku vörsluaðila eða framkvæmdastjórnar, eftir því sem við á, á tilkynningu um úrsögn samkvæmt a-lið, i í þessari grein, skal aðili sem tilkynningu sendir ekki lengur eiga fulltrúa og atkvæðisrétt á þingi aðila og skal ekki bera skyldur eða ábyrgð eftir móttöku tilkynningarinnar.

(d) Ef þing aðila lítur svo á að aðili hafi sagt sig úr ITSO samkvæmt b-lið þessarar greinar, skal sá aðili ekki bera skyldur eða ábyrgð eftir að slík ákvörðun er tekin.

(e) Þess verður ekki krafist að aðili segi sig úr ITSO vegna breytingar á stöðu hans gagnvart Sameinuðu þjóðunum eða Alþjóðafjarskiptasambandinu.

(c) Upon the receipt by the Depositary or the executive organ, as the case may be, of notice of decision to withdraw pursuant to subparagraph (a) (i) of this Article, the Party giving notice shall cease to have any rights of representation and any voting rights in the Assembly of Parties, and shall incur no obligation or liability after the receipt of the notice.

(d) If the Assembly of Parties, pursuant to paragraph (b) of this Article, deems a Party to have withdrawn from ITSO, that Party shall incur no obligation or liability after such decision.

(e) No Party shall be required to withdraw from ITSO as a direct result of any change in the status of that Party with regard to the United Nations or the International Telecommunication Union.

Breytingar.
15. gr.

(a) Hver aðili getur borið fram breytingartillögur við samning þennan. Breytingartillögum ber að skila til framkvæmdastjórnarinnar, sem sendir þær án tafar til allra aðila.

(b) Þing aðila skal fjalla um hverja breytingartillögu á fyrsta almennum fundi þess eftir að framkvæmdastjórnin hefur dreift henni eða á fyrri aukafundi, sem boðað er til samkvæmt reglum 9. gr. samnings þessa, enda hafi framkvæmdastjórnin dreift breytingartillögunni a.m.k. 90 dögum áður en fundurinn hefst.

(c) Þing aðila skal taka ákvörðun um hverja breytingartillögu samkvæmt 9. gr. samnings þessa um lögmæti fundar og atkvæðagreiðslu. Það getur breytt breytingartillögu, sem dreift er samkvæmt b-lið þessarar greinar, og getur einnig tekið ákvörðun um breytingartillögu, sem ekki hefur verið dreift, en tengist breytingartillögu eða breytingu á henni.

(d) Breytingartillaga, sem samþykkt hefur verið af þingi aðila, gengur í gildi samkvæmt e-lið þessarar greinar eftir að vörsluaðili hefur móttekið tilkynningu um samþykki, staðfestingu eða fullgildingu breytingartillögunnar frá tveimur þriðju þeirra ríkja sem voru aðilar á þeim degi sem breytingartillagan var samþykkt af þingi aðila.

(e) Vörsluaðili skal tilkynna öllum aðilum jafnskjótt og það hefur tekið við skjölum um staðfestingu, samþykki eða fullgildingu sem krafist er samkvæmt d-lið þessarar greinar til að breyt-

Amendment
ARTICLE XV

(a) Any Party may propose amendments to this Agreement. Proposed amendments shall be submitted to the executive organ, which shall distribute them promptly to all Parties.

(b) The Assembly of Parties shall consider each proposed amendment at its first ordinary meeting following its distribution by the executive organ, or at an earlier extraordinary meeting convened in accordance with the procedures of Article IX of this Agreement, provided that the proposed amendment has been distributed by the executive organ at least ninety days before the opening date of the meeting.

(c) The Assembly of Parties shall take decisions on each proposed amendment in accordance with the provisions relating to quorum and voting contained in Article IX of this Agreement. It may modify any proposed amendment, distributed in accordance with paragraph (b) of this Article, and may also take decisions on any amendment not so distributed but directly consequential to a proposed or modified amendment.

(d) An amendment which has been approved by the Assembly of Parties shall enter into force in accordance with paragraph (e) of this Article after the Depositary has received notice of approval, acceptance or ratification of the amendment from two-thirds of the States which were Parties as of the date upon which the amendment was approved by the Assembly of Parties.

(e) The Depositary shall notify all the Parties as soon as it has received the acceptances, approvals or ratifications required by paragraph (d) of this Article for the entry into force of an amend-

ingin taki gildi. Breytingin skal taka gildi gagnvart öllum aðilum 90 dögum eftir útgáfu slíkrar tilkynningar, einnig gagnvart þeim sem ekki hafa enn staðfest, samþykkt eða fullgilt hana og hafa ekki sagt sig úr ITSO.

(f) Þrátt fyrir ákvæði d- og e-liða í þessari grein skal breyting ekki taka gildi fyrr en átta mánuðum eftir þann dag er hún hlaut samþykki þings aðila.

Lausn ágreiningsmála.
16. gr.

(a) Lagalegum ágreiningsmálum, sem rísa milli aðila innbyrðis eða milli ITSO og eins eða fleiri aðila um réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningi þessum, skal vísa til gerðardóms samkvæmt ákvæðum fylgiskjals A samnings þessa, ef ekki er unnt að leysa þau á annan hátt innan hæfilegs tíma.

(b) Lagalegum ágreiningsmálum, sem rísa milli aðila og ríkis sem er ekki lengur aðili eða milli ITSO og ríkis sem er ekki lengur aðili og risið hafa eftir að ríki hætti að vera aðili, um réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum skal vísa til gerðardóms samkvæmt ákvæðum fylgiskjals A samnings þessa ef ekki er unnt að leysa þau á annan hátt innan hæfilegs tíma, enda fallist ríki sem ekki á aðild lengur á það. Ef ríki hættir að vera aðili eftir að ágreiningi sem það á hlut að hefur verið vísað til gerðardóms samkvæmt a-lið þessarar greinar, skal gerðardómur halda áfram störfum sínum og ljúka þeim.

(c) Með lagaleg ágreiningsmál sem rísa vegna samninga milli ITSO og einhvers aðila skal farið eftir ákvæðum þeirra samninga um úrlausn deilumála. Ef slík ákvæði eru ekki fyrir hendi, má vísa ágreiningsmálum til gerðardóms samkvæmt ákvæðum fylgiskjals A samnings þessa, ef deiluaðilar eru sammála um það og ekki er unnt að leysa þau á annan hátt.

Undirritun.
17. gr

(a) Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Washington frá 20. ágúst 1971 þar til hann tekur gildi eða þar til níu mánuðir eru liðnir, hvort sem fyrr gerist:
   (i) fyrir ríkisstjórn hvers ríkis sem er aðili að bráðabirgðasamkomulaginu;
   (ii) fyrir ríkisstjórn hvers annars ríkis sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum eða Alþjóðafjarskiptasambandinu.

ment. Ninety days after the date of issue of this notification, the amendment shall enter into force for all Parties, including those that have not yet accepted, approved, or ratified it and have not withdrawn from ITSO.

(f) Notwithstanding the provisions of paragraphs (d) and (e) of this Article, an amendment shall not enter into force less than eight months after the date it has been approved by the Assembly of Parties.

Settlement of Disputes
ARTICLE XVI

(a) All legal disputes arising in connection with the rights and obligations under this Agreement between Parties with respect to each other, or between ITSO and one or more Parties, if not otherwise settled within a reasonable time, shall be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex A to this Agreement.

(b) All legal disputes arising in connection with the rights and obligations under this Agreement between a Party and a State which has ceased to be a Party or between ITSO and a State which has ceased to be a Party, and which arise after the State ceased to be a Party, if not otherwise settled within a reasonable time, shall be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex A to this Agreement, provided that the State which has ceased to be a Party so agrees. If a State ceases to be a Party, after a dispute in which it is a disputant has been submitted to arbitration pursuant to paragraph (a) of this Article, the arbitration shall be continued and concluded.

(c) All legal disputes arising as a result of agreements between ITSO and any Party shall be subject to the provisions on settlement of disputes contained in such agreements. In the absence of such provisions, such disputes, if not otherwise settled, may be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex A to this Agreement if the disputants so agree.

Signature
ARTICLE XVII

(a) This Agreement shall be open for signature at Washington from August 20, 1971 until it enters into force, or until a period of nine months has elapsed, whichever occurs first:
   (i) by the Government of any State party to the Interim Agreement;
   (ii) by the Government of any other State member of the United Nations or the International Telecommunication Union.

(b) Ríkisstjórn sem undirritar samning þennan getur gert það án þess að undirskrift hennar sé háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða með yfirlýsingu um að hún sé háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

(c) Ríki sem vísað er til í a-lið þessarar greinar getur gerst aðili að samningnum eftir að hann hættir að liggja frammi til undirskriftar.

(d) Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

Gildistaka.
18. gr.

(a) Samningur þessi skal taka gildi sextíu dögum eftir að hann hefur verið undirritaður án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða þegar tveir þriðju hlutar þeirra ríkja sem voru aðilar að bráðabirgðasamkomulaginu þann dag sem samningur þessi var lagður fram til undirritunar hafa fullgilt, staðfest, samþykkt eða orðið aðilar að honum, enda séu á meðal þeirra aðilar að bráðabirgðasamkomulaginu sem áttu a.m.k. tvo þriðju hluta af kvóta samkvæmt sérstaka samkomulaginu.

Þrátt fyrir ákvæðin hér á undan skal samningur þessi ekki ganga í gildi fyrr en að liðnum átta mánuðum og eigi síðar en átján mánuðum eftir þann dag sem hann er lagður fram til undirritunar.

(b) Samningur þessi skal ganga í gildi gagnvart ríki sem afhendir skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eftir gildistöku samnings þessa samkvæmt a-lið þessarar greinar, þann dag er slík skjöl eru afhent.

(c) Við gildistöku samnings þessa samkvæmt a-lið þessarar greinar, má láta hann taka gildi til bráðabirgða gagnvart ríki ef ríkisstjórn þess hefur undirritað hann með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, og sú ríkisstjórn óskar þess við undirritun eða síðar en þó áður en samningurinn tekur gildi. Bráðabirgðagildistaka fellur niður:

(i) við afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa af hálfu viðkomandi ríkisstjórnar;

(ii) þegar tvö ár eru liðin frá því að samningurinn gekk í gildi án þess að viðkomandi ríkisstjórn hafi fullgilt hann, staðfest eða samþykkt; eða

(iii) hafi viðkomandi ríkisstjórn tilkynnt þá ákvörðun sína að hún muni ekki fullgilda, staðfesta eða samþykkja þennan samning innan þeirra tímamarka sem greind eru í

(b) Any Government signing this Agreement may do so without its signature being subject to ratification, acceptance or approval or with a declaration accompanying its signature that it is subject to ratification, acceptance or approval.

(c) Any State referred to in paragraph (a) of this Article may accede to this Agreement after it is closed for signature.

(d) No reservation may be made to this Agreement.

Entry Into Force
ARTICLE XVIII

(a) This Agreement shall enter into force sixty days after the date on which it has been signed not subject to ratification, acceptance or approval, or has been ratified, accepted, approved or acceded to, by two-thirds of the States which were parties to the Interim Agreement as of the date upon which this Agreement is opened for signature, provided that such two-thirds include parties to the Interim Agreement which then held at least two-thirds of the quotas under the Special Agreement.

Notwithstanding the foregoing provisions, this Agreement shall not enter into force less than eight months or more than eighteen months after the date it is opened for signature.

(b) For a State whose instrument of ratification, acceptance, approval or accession is deposited after the date this Agreement enters into force pursuant to paragraph (a) of this Article, this Agreement shall enter into force on the date of such deposit.

(c) Upon entry into force of this Agreement pursuant to paragraph (a) of this Article, it may be applied provisionally with respect to any State whose Government signed it subject to ratification, acceptance or approval if that Government so requests at the time of signature or at any time thereafter prior to the entry into force of this Agreement. Provisional application shall terminate:

(i) upon deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval of this Agreement by that Government;

(ii) upon expiration of two years from the date on which this Agreement enters into force without having been ratified, accepted or approved by that Government; or

(iii) upon notification by that Government, before expiration of the period mentioned in subparagraph (ii) of this paragraph, of its decision not to ratify, accept or ap-

ii í þessari grein. Ef bráðabirgðagildistaka fellur niður samkvæmt ii eða iii í þessum lið skulu ákvæði c-liðar 14. gr. samnings þessa gilda um réttindi og skyldur aðilans.

(d) Við gildistöku samnings þessa skal hann koma í stað bráðabirgðasamkomulagsins og það falla niður.

Ýmis ákvæði.
19. gr

(a) Hin opinberu og faglegu tungumál ITSO skulu vera enska, franska og spænska.

(b) Í starfsreglum framkvæmdastjórnarinnar skal kveðið á um tafarlausa dreifingu á ITSO-skjölum til allra aðila samkvæmt beiðni þeirra.

(c) Framkvæmdastjórnin skal senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og hlutaðeigandi sérstofnunum ársskýrslu um starfsemi ITSO til upplýsinga samkvæmt ákvæðum ályktunar 1721 XVI. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Vörsluaðili.
20. gr.

(a) Ríkisstjórn Bandaríkjanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og skal afhenda henni yfirlýsingar sem gerðar eru samkvæmt b-lið 17. gr. samnings þessa, skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, beiðni um gildistöku til bráðabirgða og tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytinga, ákvarðanir um úrsögn úr ITSO eða lok gildistöku samnings þessa til bráðabirgða.

(b) Samningur þessi sem gerður er á ensku, frönsku og spænsku sem allir eru jafngildir, skal varðveittur í skjalasafni vörsluaðila. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit af samningstextanum til allra ríkisstjórna sem hafa undirritað hann eða afhent aðildarskjöl vegna hans og til Alþjóðafjarskiptasambandsins og skal tilkynna þessum ríkisstjórnum og Alþjóðafjarskiptasambandinu um undirritanir, yfirlýsingar samkvæmt b-lið 17. gr. samnings þessa, afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, beiðni um gildistöku til bráðabirgða, upphaf sextíu daga frestsins sem vísað er til í a-lið 17. gr. samnings þessa, gildistöku hans, tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytinga, gildistöku breytinga, ákvarðanir um

prove this Agreement. If provisional application terminates pursuant to subparagraph (ii) or (iii) of this paragraph, the provisions of paragraph (c) of Article XIV of this Agreement shall govern the rights and obligations of the Party

(d) Upon entry into force, this Agreement shall replace and terminate the Interim Agreement.

Miscellaneous Provisions
ARTICLE XIX

(a) The official and working languages of ITSO shall be English, French and Spanish.

(b) Internal regulations for the executive organ shall provide for the prompt distribution to all Parties of copies of any ITSO document in accordance with their requests.

(c) Consistent with the provisions of Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations, the executive organ shall send to the Secretary General of the United Nations, and to the Specialized Agencies concerned, for their information, an annual report on the activities of ITSO.

Depositary
ARTICLE XX

(a) The Government of the United States of America shall be the Depositary for this Agreement, with which shall be deposited declarations made pursuant to paragraph (b) of Article XVII of this Agreement, instruments of ratification, acceptance, approval or accession, requests for provisional application, and notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, of decisions to withdraw from ITSO, or of termination of the provisional application of this Agreement.

(b) This Agreement, of which the English, French and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the Depositary. The Depositary shall transmit certified copies of the text of this Agreement to all Governments that have signed it or deposited instruments of accession to it, and to the International Telecommunication Union, and shall notify those Governments, and the International Telecommunication Union, of signatures, of declarations made pursuant to paragraph (b) of Article XVII of this Agreement, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, of requests for provisional application, of commencement of the sixty-day period referred to in paragraph (a) of Article XVIII of this

úrsögn úr ITSO, afturköllun og lok gildistöku samnings þessa til bráðabirgða. Tilkynning um upphaf sextíu daga tímabilsins skal gefin út á fyrsta degi þess tímabils.

(c) Þegar samningur þessi hefur tekið gildi, skal vörsluaðili skrá hann hjá skrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gildistími.

21. gr.

Samningur þessi skal gilda í a.m.k. tólf ár frá þeim degi þegar geimskor ITSO er framselt fyrirtækinu. Þing aðila getur fellt samning þennan úr gildi frá og með þeim tíma er tólf ár eru liðin frá framsali á geimskori ITSO til fyrirtækisins með atkvæðagreiðslu aðila samkvæmt f-lið 9. gr. Slíka ákvörðun ber að líta á sem efnislega.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna, sem saman eru komnir í borginni Washington og hafa lagt fram full umboð sem reynst hafa rétt og fullgild, undirritað samning þennan.

Gjört í Washington, hinn 20. ágúst 1971.

ÁKVÆÐI UM MÁLSMEÐFERÐTIL LAUSNAR Á DEILUMÁLUM FYLGISKJAL A

1. gr.

Deiluaðilar í gerðardómsmáli sem stofnað er til samkvæmt þessu fylgiskjali skulu þeir einir vera sem kveðið er á um í 16. gr. samnings þessa.

2. gr.

Gerðardómur þriggja manna sem komið er á fót samkvæmt ákvæðum fylgiskjals þessa skal bær um að fella úrskurð í sérhverju deilumáli sem fellur undir 16. gr. samkomulags þessa.

3. gr.

(a) Eigi síðar en sextíu dögum fyrir setningu fyrsta og hvers eftirfarandi almenns fundar í þingi aðila getur hver aðili tilkynnt framkvæmdastjórninni nöfn eigi fleiri en tveggja lögfræðinga sem

Agreement, of the entry into force of this Agreement, of notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, of the entry into force of amendments, of decisions to withdraw from ITSO, of withdrawals and of terminations of provisional application of this Agreement. Notice of the commencement of the sixty-day period shall be issued on the first day of that period.

(c) Upon entry into force of this Agreement, the Depositary shall register it with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Duration

ARTICLE XXI

This Agreement shall be in effect for at least twelve years from the date of transfer of ITSO's space system to the Company. The Assembly of Parties may terminate this Agreement effective upon the twelfth anniversary of the date of transfer of ITSO's space system to the Company by a vote pursuant to Article IX(f) of the Parties. Such decision shall be deemed to be a matter of substance.

IN WITNESS WHEREOF the Plenipotentiaries gathered together in the city of Washington, who have submitted their full powers, found to be in good and due form, have signed this Agreement.

DONE at Washington, on the 20th day of August, one thousand nine hundred and seventy one.

PROVISIONS ON PROCEDURES RELATING TO SETTLEMENT OF DISPUTES ANNEX A

ARTICLE 1

The only disputants in arbitration proceedings instituted in accordance with this Annex shall be those referred to in Article XVI of this Agreement.

ARTICLE 2

An arbitral tribunal of three members duly constituted in accordance with the provisions of this Annex shall be competent to give a decision in any dispute cognizable pursuant to Article XVI of this Agreement.

ARTICLE 3

(a) Not later than sixty days before the opening date of the first and each subsequent ordinary meeting of the Assembly of Parties, each Party may submit to the executive organ the names of

leita má til frá lokum slíks fundar til loka fundar tveimur almennum fundum seinna til að taka að sér að vera forseti eða meðlimur gerðardóms sem stofnaður er í samræmi við fylgiskjal þetta. Framkvæmdastjórnin skal gera lista yfir alla þá sem þannig eru tilnefndir og láta listanum fylgja æviatriði sem látin eru í té af aðila þeim sem tilnefnt hefur og dreifa slíkum lista til allra aðila eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir setningu hlutaðeigandi fundar. Ef tilnefndur maður verður ekki af einhverjum ástæðum til taks vegna útnefningar í gerðardóminn á sextíu daga tímabilinu fyrir fundarsetningu þings aðila, getur sá aðili sem tilnefnt hefur eigi síðar en fjórtán dögum fyrir setningu fundar í þingi aðila tilnefnt annan lögfræðing.

not more than two legal experts who will be available for the period from the end of such meeting until the end of the second subsequent ordinary meeting of the Assembly of Parties to serve as presidents or members of tribunals constituted in accordance with this Annex. From such nominees the executive organ shall prepare a list of all the persons thus nominated and shall attach to this list any biographical particulars submitted by the nominating Party, and shall distribute such list to all Parties not later than thirty days before the opening date of the meeting in question. If for any reason a nominee becomes unavailable for selection to the panel during the sixty-day period before the opening date of the meeting of the Assembly of Parties, the nominating Party may, not later than fourteen days before the opening date of the meeting of the Assembly of Parties, substitute the name of another legal expert.

(b) Þing aðila skal velja ellefu menn af þeim lista sem getið er um í a-lið þessarar greinar til að vera á lista sem forsetar gerðardóma skulu valdir af og einnig velja varamann fyrir hvern þeirra. Meðlimir og varamenn skulu starfa á því tímabili sem nefnt er í a-lið þessarar greinar. Ef meðlimur getur ekki starfað skal varamaður koma í hans stað.

(b) From the list mentioned in paragraph (a) of this Article, the Assembly of Parties shall select eleven persons to be members of a panel from which presidents of tribunals shall be selected, and shall select an alternate for each such member. Members and alternates shall serve for the period prescribed in paragraph (a) of this Article. If a member becomes unavailable to serve on the panel, he shall be replaced by his alternate.

(c) Vegna tilnefningar á forseta skal framkvæmdastjórnin boða menn á listanum til fundar svo fljótt sem verða má eftir að listinn er tilbúinn. Menn á listanum mega taka þátt í fundinum í eigin persónu eða með rafrænum hætti. Slíkur fundur er lögmætur ef níu af hinum ellefu meðlimum eru mættir. Hópurinn skal tilnefna einn af meðlimum sínum sem formann með ákvörðun sem tekin skal með atkvæðum a.m.k. sex meðlima í einni leynilegri atkvæðagreiðslu eða fleiri ef nauðsynlegt reynist. Formaður sá sem þannig er tilnefndur skal vera formaður þar til tímabili hans sem meðlimur í hópnum er lokið. Kostnaður við fundi hópsins skal teljast til stjórnunarkostnaðar ITSO.

(c) For the purpose of designating a chairman, the panel shall be convened to meet by the executive organ as soon as possible after the panel has been selected. Members of the panel may participate in this meeting in person, or through electronic means. The quorum for a meeting of the panel shall be nine of the eleven members. The panel shall designate one of its members as its chairman by a decision taken by the affirmative votes of at least six members, cast in one or, if necessary, more than one secret ballot. The chairman so designated shall hold office as chairman for the rest of his period of office as a member of the panel. The cost of the meeting of the panel shall be regarded as an administrative cost of ITSO.

(d) Ef hvorki meðlimur né varamaður hans geta starfað, skal þing aðila velja mann í þeirra stað af lista þeim sem rætt er um í a-lið þessarar greinar. Maður sem valinn er til að koma í stað meðlims eða varamanns sem enn hefur ekki lokið starfstímabili skal halda starfi sínu það sem eftir er af starfstímabili fyrirrennara hans. Ef staða formanns verður laus, skal hópurinn tilnefna einn af meðlimum sínum í samræmi við

(d) If both a member of the panel and the alternate for that member become unavailable to serve, the Assembly of Parties shall fill the vacancies thus created from the list referred to in paragraph (a) of this Article. A person selected to replace a member or alternate whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of the term of his predecessor. Vacancies in the office of the chairman of the panel

þá aðferð sem mælt er fyrir um í c-lið þessarar greinar.

(e) Við val á meðlimum hópsins og varamanna í samræmi við b- eða d-liði þessarar greinar skal þing aðila reyna að tryggja að samsetning hópsins verði ávallt í samræmi við fulltrúaval frá ýmsum löndum heims og fyrir helstu lagakerfi aðila.

(f) Hver meðlimur hópsins eða varamaður sem sæti á í gerðardómi, er kjörtímabil hans rennur út, skal halda áfram starfi sínu þar til lokið er gerð sem fyrir gerðardómi er.

4. gr.

(a) Hver umsækjandi sem óskar að leggja lagalegan ágreining í gerð skal láta hverjum málsaðila og framkvæmdastjórninni í té skjal sem skal hafa að geyma:
   (i) greinargerð er lýsi nákvæmlega ágreiningi þeim sem lagður er í gerð, ástæður fyrir því að málsaðilar skuli taka þátt í slíkri gerð og úrbætur þær sem óskað er eftir;
   (ii) greinargerð sem lýsir hvers vegna málsatvik deilunnar heyra undir gerðardóm sem komið sé á fót í samræmi við fylgiskjal þetta og hvers vegna úrbætur þær sem óskað er eftir, skulu veittar af þeim gerðardómi, ef hann er sammála umsækjanda;
   (iii) greinargerð um hvers vegna umsækjandi hafi ekki getað fengið lausn á ágreiningnum innan sanngjarns tíma með samningaumleitunum eða öðrum aðferðum án gerðardóms;
   (iv) ef um er að ræða deilu þar sem ákvæði 16. gr. samnings þessa gera það að skilyrði að samþykki deiluaðila liggi fyrir til þess að gerð geti farið fram samkvæmt fylgiskjali þessu, skal leggja fram sannanir fyrir slíku samþykki; og
   (v) nafn þess sem umsækjandi tilnefnir til að taka þátt í gerðardóminum.

(b) Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust láta hverjum aðila og formanni hópsins í té afrit af skjali því sem lagt er fram samkvæmt a-lið þessarar greinar.

shall be filled by the panel by designation of one of its members in accordance with the procedure prescribed in paragraph (c) of this Article.

(e) In selecting the members of the panel and the alternates in accordance with paragraph (b) or (d) of this Article, the Assembly of Parties shall seek to ensure that the composition of the panel will always be able to reflect an adequate geographical representation, as well as the principal legal systems as they are represented among the Parties.

(f) Any panel member or alternate serving on an arbitral tribunal at the expiration of his term shall continue to serve until the conclusion of any arbitral proceeding pending before such tribunal.

ARTICLE 4

(a) Any petitioner wishing to submit a legal dispute to arbitration shall provide each respondent and the executive organ with a document which contains:
   (i) a statement which fully describes the dispute being submitted for arbitration, the reasons why each respondent is required to participate in the arbitration, and the relief being requested;
   (ii) a statement which sets forth why the subject matter of the dispute comes within the competence of a tribunal to be constituted in accordance with this Annex, and why the relief being requested can be granted by such tribunal if it finds in favor of the petitioner;
   (iii) a statement explaining why the petitioner has been unable to achieve a settlement of the dispute within a reasonable time by negotiation or other means short of arbitration;
   (iv) in the case of any dispute for which, pursuant to Article XVI of this Agreement, the agreement of the disputants is a condition for arbitration in accordance with this Annex, evidence of such agreement; and
   (v) the name of the person designated by the petitioner to serve as a member of the tribunal.

(b) The executive organ shall promptly distribute to each Party, and to the chairman of the panel, a copy of the document provided pursuant to paragraph (a) of this Article.

5. gr.

(a) Innan sextíu daga frá þeim degi sem afrit af skjali því sem lýst er í a-lið 4. gr. fylgiskjals þessa hefur verið móttekið af öllum varnaraðilum skulu varnaraðilar tilnefna mann til að taka þátt í störfum gerðardómsins. Innan þess tíma geta varnaraðilar hver um sig eða saman látið hverjum deiluaðila og framkvæmdastjórninni í té skjal varðandi svör sín við skjali því sem nefnt er í a-lið 4. gr. fylgiskjals þessa og tekið fram um gagnkröfur er varða efnisatriði deilunnar. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust láta formanni hópsins í té afrit af hverju slíku skjali.

(b) Ef varnaraðilar tilnefna ekki mann innan þeirra tímatakmarka sem tiltekin eru, skal formaður hópsins tilnefna mann úr hópi þeirra sérfræðinga sem tilkynntir hafa verið framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 3. greinar fylgiskjals þessa.

(c) Innan 30 daga frá útnefningu hinna tveggja meðlima gerðardómsins skulu þeir koma sér saman um þriðja aðila er valinn skal úr hópnum sem komið er á fót samkvæmt 3. gr. fylgiskjals þessa og skal hann vera forseti gerðardómsins. Ef ekki næst samkomulag innan þess tíma, getur hvor hinna tveggja aðila sem tilnefndir eru, tilkynnt það formanni hópsins sem innan tíu daga skal tilnefna mann úr hópnum annan en sjálfan sig til að vera forseti gerðardómsins.

(d) Gerðardómurinn er skipaður, þegar forseti hefur verið valinn.

6. gr.

(a) Ef forföll verða í gerðardóminum af ástæðum sem forseti eða aðrir meðlimir dómsins ákveða að sé ekki að kenna deiluaðilum eða samrýmast réttri meðferð gerðardóms, skal ráðstafa hinu lausa sæti í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

(i) ef sætið losnar vegna þess að meðlimur tilnefndur af málsaðila dregur sig til baka, getur sá aðili valið annan dómara innan tíu daga frá því að sætið losnaði;

(ii) ef sætið losnar vegna þess að forseti gerðardómsins eða meðlimur sem forseti hefur skipað dregur sig til baka, skal velja mann í staðinn úr hópi þeim sem rætt er um í c- eða b-liðum, eftir atvikum, 5. gr. fylgiskjals þessa.

ARTICLE 5

(a) Within sixty days from the date copies of the document described in paragraph (a) of Article 4 of this Annex have been received by all the respondents, the side of the respondents shall designate an individual to serve as a member of the tribunal. Within that period, the respondents may, jointly or individually, provide each disputant and the executive organ with a document stating their responses to the document referred to in paragraph (a) of Article 4 of this Annex and including any counter-claims arising out of the subject matter of the dispute. The executive organ shall promptly furnish the chairman of the panel with a copy of any such document.

(b) In the event of a failure by the side of the respondents to make such a designation within the period allowed, the chairman of the panel shall make a designation from among the experts whose names were submitted to the executive organ pursuant to paragraph (a) of Article 3 of this Annex.

(c) Within thirty days after the designation of the two members of the tribunal, they shall agree on a third person selected from the panel constituted in accordance with Article 3 of this Annex, who shall serve as the president of the tribunal. In the event of failure to reach agreement within such period of time, either of the two members designated may inform the chairman of the panel, who, within ten days, shall designate a member of the panel other than himself to serve as president of the tribunal.

(d) The tribunal is constituted as soon as the president is selected.

ARTICLE 6

(a) If a vacancy occurs in the tribunal for reasons which the president or the remaining members of the tribunal decide are beyond the control of the disputants, or are compatible with the proper conduct of the arbitration proceedings, the vacancy shall be filled in accordance with the following provisions:

(i) if the vacancy occurs as a result of the withdrawal of a member appointed by a side to the dispute, then that side shall select a replacement within ten days after the vacancy occurs;

(ii) if the vacancy occurs as a result of the withdrawal of the president of the tribunal or of another member of the tribunal appointed by the chairman, a replacement shall be selected from the panel in the manner described in paragraph (c) or (b)

(b) Ef sæti losnar í gerðardóminum af öðrum ástæðum en þeim sem greindar eru í a-lið þessarar greinar eða ef ekki er skipað í sætið sem losnar samkvæmt þeirri málsgrein, skulu þeir dómarar sem eftir eru, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. fylgiskjals þessa, hafa vald til að halda áfram málsmeðferð og kveða upp endanlega niðurstöðu gerðardómsins ef annar málsaðili óskar þess.

7. gr.

(a) Gerðardómurinn ákveður tíma og stað fyrir réttarhöldin.

(b) Réttarhöldin skulu haldin fyrir lokuðum dyrum og allt efni sem lagt er fyrir gerðardóminn skal skoðað sem trúnaðarmál, en þó skulu ITSO og aðilar sem eru deiluaðilar í málaferlunum hafa rétt til að vera viðstaddir og hafa aðgang að því efni sem lagt er fram. Þegar ITSO er deiluaðili að máli, skulu allir aðilar eiga rétt á að vera viðstaddir og hafa aðgang að efni því sem fram er lagt.

(c) Ef deila rís um lögsögu gerðardómsins, skal gerðardómurinn fjalla um það mál fyrst og komast að niðurstöðu svo fljótt sem verða má.

(d) Málflutningur skal fara fram skriflega og hvor aðili um sig hefur rétt til að leggja fram skrifleg sönnunargögn til stuðnings staðhæfingum sínum um málsatvik og lögfræðileg atriði. Málflutningur og vitnaleiðslur geta þó farið fram munnlega, ef gerðardómurinn telur það hagkvæmt.

(e) Réttarhöldin skulu hefjast með því að sækjandi leggur fram mál sitt, málsatvik studd sönnunargögnum og meginreglur laga sem byggt er á. Þegar málflutningi sækjanda er lokið, skal málflutningur varnaraðila fylgja á eftir. Sóknaraðili getur svarað málflutningi varnaraðila. Annar málflutningur skal því aðeins fara fram að gerðardómurinn álíti það nauðsynlegt.

(f) Gerðardómurinn getur tekið fyrir og úrskurðað gagnkröfur sem standa í beinu sambandi við efni deilunnar enda falli gagnkröfur undir lögsögu hans samkvæmt 16. gr. samnings þessa.

(g) Ef deiluaðilar ná samkomulagi á meðan á málsmeðferð stendur, skal skrá efni samkomulagsins í formi úrskurðar gerðardómsins með samþykki deiluaðila.

(h) Hvenær sem er meðan á réttarhöldunum stendur getur gerðardómurinn lokið málsmeðferð, ef

respectively of Article 5 of this Annex.

(b) If a vacancy occurs in the tribunal for any reason other than as described in paragraph (a) of this Article, or if a vacancy occurring pursuant to that paragraph is not filled, the remainder of the tribunal shall have the power, notwithstanding the provisions of Article 2 of this Annex, upon the request of one side, to continue the proceedings and give the final decision of the tribunal.

ARTICLE 7

(a) The tribunal shall decide the date and place of its sittings.

(b) The proceedings shall be held in private and all material presented to the tribunal shall be confidential, except that ITSO and the Parties who are disputants in the proceedings shall have the right to be present and shall have access to the material presented. When ITSO is a disputant in the proceedings, all Parties shall have the right to be present and shall have access to the material presented.

(c) In the event of a dispute over the competence of the tribunal, the tribunal shall deal with this question first, and shall give its decision as soon as possible.

(d) The proceedings shall be conducted in writing, and each side shall have the right to submit written evidence in support of its allegations of fact and law. However, oral arguments and testimony may be given if the tribunal considers it appropriate.

(e) The proceedings shall commence with the presentation of the case of the petitioner containing its arguments, related facts supported by evidence and the principles of law relied upon. The case of the petitioner shall be followed by the counter-case of the respondent. The petitioner may submit a reply to the counter-case of the respondent. Additional pleadings shall be submitted only if the tribunal determines they are necessary.

(f) The tribunal may hear and determine counter-claims arising directly out of the subject matter of the dispute, provided the counter-claims are within its competence as defined in Article XVI of this Agreement.

(g) If the disputants reach an agreement during the proceedings, the agreement shall be recorded in the form of a decision of the tribunal given by consent of the disputants.

(h) At any time during the proceedings, the tribunal may terminate the proceedings if it decides the

hann álítur að deilan heyri ekki undir lögsögu hans samkvæmt 16. gr. samnings þessa.

(i) Fundur gerðardómsins um málið skal vera fyrir luktum dyrum.

(j) Niðurstöður gerðardómsins skulu vera skriflegar og studdar skriflegri álitsgerð. Úrskurðir hans og niðurstöður skulu samþykktar af a.m.k. tveimur meðlimum. Meðlimur sem er ósammála niðurstöðunni getur lagt fram skriflegt sérálit.

(k) Gerðardómurinn skal senda niðurstöður sínar til framkvæmdastjórnarinnar og skal hún dreifa honum til allra aðila.

(l) Gerðardómurinn getur sett fleiri réttarfarsreglur í samræmi við þær sem lýst er í fylgiskjali þessu eftir því sem nauðsynlegt er vegna málsmeðferðar.

8. gr.

Ef annar málsaðili flytur ekki mál sitt, getur hinn málsaðilinn óskað þess að gerðardómurinn dæmi honum í vil. Áður en gerðardómurinn kemst að niðurstöðu skal hann ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu og málið sé á rökum reist varðandi málsatvik og lög.

9. gr.

Ef aðili sem ekki er málsaðili, eða ITSO, telur sig eiga verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins, getur hann sótt um það til gerðardómsins að fá að ganga inn í málið og verða aðili að því. Ef gerðardómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að umsækjandi eigi verulegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu málsins, skal hann fallast á umsóknina.

10. gr.

Gerðardómurinn getur að beiðni málsaðila eða af sjálfsdáðum skipað sérfræðinga eftir þörfum sér til aðstoðar.

11. gr.

Hver aðili og ITSO skulu láta í té allar upplýsingar sem gerðardómurinn óskar eftir, annaðhvort að beiðni deiluaðila eða af sjálfsdáðum eftir því sem þörf krefur vegna málsmeðferðar og niðurstöðu málsins.

12. gr.

Meðan á málsmeðferð stendur getur gerðardómurinn, þar til niðurstaða liggur fyrir, ákveðið bráðabirgðaráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vernda hagsmuni deiluaðila.

dispute is beyond its competence as defined in Article XVI of the Agreement.

(i) The deliberations of the tribunal shall be secret.

(j) The decisions of the tribunal shall be presented in writing and shall be supported by a written opinion. Its rulings and decisions must be supported by at least two members. A member dissenting from the decision may submit a separate written opinion.

(k) The tribunal shall forward its decision to the executive organ, which shall distribute it to all Parties.

(l) The tribunal may adopt additional rules of procedure, consistent with those established by this Annex, which are necessary for the proceedings.

ARTICLE 8

If one side fails to present its case, the other side may call upon the tribunal to give a decision in its favor. Before giving its decision, the tribunal shall satisfy itself that it has competence and that the case is well-founded in fact and in law.

ARTICLE 9

Any Party not a disputant in a case, or ITSO, if it considers that it has a substantial interest in the decision of the case, may petition the tribunal for permission to intervene and become an additional disputant in the case. If the tribunal determines that the petitioner has a substantial interest in the decision of the case, it shall grant the petition.

ARTICLE 10

Either at the request of a disputant, or upon its own initiative, the tribunal may appoint such experts as it deems necessary to assist it.

ARTICLE 11

Each Party and ITSO shall provide all information determined by the tribunal, either at the request of a disputant or upon its own initiative, to be required for the handling and determination of the dispute.

ARTICLE 12

During the course of its consideration of the case, the tribunal may, pending the final decision, indicate any provisional measures which it considers would preserve the respective rights of the disputants.

13. gr.

(a) Niðurstaða gerðardómsins skal byggð á:
  (i) samningi þessum; og
  (ii) almennt viðurkenndum meginreglum laga.

(b) Niðurstaða gerðardómsins, þar á meðal niðurstaða sem byggð er á samkomulagi deiluaðila samkvæmt g-lið 7. gr. fylgiskjals þessa, skal vera bindandi fyrir alla deiluaðila og skulu þeir framfylgja honum samviskusamlega. Komist gerðardómurinn að þeirri niðurstöðu í máli sem ITSO er aðili að, að ákvörðun einhverrar stofnunar þess sé ógild þar sem ekki hafi verið heimilt að taka hana eða hún ekki verið í samræmi við samning þennan, skal niðurstaða gerðardómsins vera bindandi fyrir alla aðila.

(c) Ef ágreiningur rís um túlkun á niðurstöðu gerðardómsins, skal hann skýra hana að beiðni málsaðila sem þess óskar.

14. gr.

Ef gerðardómurinn ákveður ekki annað vegna sérstakra atvika í máli, skulu báðir aðilar bera kostnað gerðardómsins að jöfnu, þar á meðal laun til þeirra sem sitja í gerðardóminum. Ef málsaðilar eru fleiri en einn öðrum megin, skal gerðardómurinn skipta kostnaði þeirra á milli málsaðila þeim megin. Þegar ITSO er deiluaðili, skal líta á útgjöld þess vegna gerðardóms sem stjórnunarkostnað ITSO.

ARTICLE 13

(a) The decision of the tribunal shall be based on
  (i) this Agreement; and
  (ii) generally accepted principles of law.

(b) The decision of the tribunal, including any reached by agreement of the disputants pursuant to paragraph (g) of Article 7 of this Annex, shall be binding on all the disputants and shall be carried out by them in good faith. In a case in which ITSO is a disputant, and the tribunal decides that a decision of one of its organs is null and void as not being authorized by or in compliance with this Agreement, the decision of the tribunal shall be binding on all Parties.

(c) In the event of a dispute as to the meaning or scope of its decision, the tribunal shall construe it at the request of any disputant.

ARTICLE 14

Unless the tribunal determines otherwise because of the particular circumstances of the case, the expenses of the tribunal, including the remuneration of the members of the tribunal, shall be borne in equal shares by each side. Where a side consists of more than one disputant, the share of that side shall be apportioned by the tribunal among the disputants on that side. Where ITSO is a disputant, its expenses associated with the arbitration shall be regarded as an administrative cost of ITSO.

BREYTINGAR Á REKSTRARSAMKOMULAGINU

Eingöngu eru gerðar breytingar á 23. gr. (Gildistaka) rekstrarsamkomulagsins, öll önnur ákvæði eru óbreytt:

Gildistaka.

23. gr.

(a) Rekstrarsamkomulag þetta tekur gildi fyrir undirritunaraðila þann dag sem samkomulagið gengur í gildi samkvæmt a- og b-liðum eða b- og d-liðum 18. gr. samningsins fyrir hlutaðeigandi aðila.

(b) Rekstrarsamkomulagi þessu skal beitt til bráðabirgða fyrir undirritunaraðila frá þeim degi sem samkomulaginu er beitt til bráðabirgða fyrir hlutaðeigandi hluthafa samkvæmt c- og d-liðum 18. gr. samningsins.

(c) Rekstrarsamkomulag þetta fellur úr gildi annað-

AMENDMENT TO THE OPERATING AGREEMENT

The only amendment involves Article 23 (Entry Into Force) of the Operating Agreement; all other provisions remain unchanged:

Entry Into Force

ARTICLE 23

(a) This Operating Agreement shall enter into force for a Signatory on the date on which the Agreement enters into force, in accordance with paragraphs (a) and (d) or paragraphs (b) and (d) of Article XVIII of the Agreement, for the Party concerned.

(b) This Operating Agreement shall be applied provisionally for a Signatory on the date on which the Agreement is applied provisionally, in accordance with paragraphs (c) and (d) of Article XVIII of the Agreement, for the Party concerned.

(c) This Operating Agreement shall terminate

hvort þegar samningurinn fellur úr gildi eða þegar breytingar á samningnum sem eyða tilvísunum í rekstrarsamkomulagið öðlast gildi, hvort sem fyrr á sér stað.

either when the Agreement ceases to be in force or when amendments to the Agreement deleting references to the Operating Agreement enter into force, whichever is earlier.

964. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. Skal verja til þessa verkefnis 200 millj. kr. á ári fyrstu þrjú árin en 135 millj. kr. árið 2005.

Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Þar af skal að jafnaði verja 65 millj. kr. á ári til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að færa til fjármuni sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári til framkvæmda skv. 1. eða 2. málsl. 2. mgr. Ella skal sá hluti sem ekki nýtist færður á milli ára innan tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Frumvarpið felur í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið og einnig er tekið tillit til þess að með lögum nr. 104/1999 var menntamálaráðherra heimilað að fresta lokum átaksins um tvö ár í einstökum sveitarfélögum. Í 3. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, er kveðið á um að hver grunnskóli skuli vera einsetinn. Var upphaflega gert ráð fyrir að átaki, sem skipulagt var til að framfylgja ákvæðinu yrði lokið á árinu 2002. Vegna óska frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var menntamálaráðherra heimilað, með lögum nr. 104/1999, að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma fyrrgreint ákvæði.

Samhliða breytingum sem urðu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við setningu laga um grunnskóla var með lögum nr. 79/1996 gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Var í þeim lögum kveðið á um að ríkissjóður skyldi á árunum 1997–2001 verja allt að 265 millj. kr. á ári til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar og að auki skyldi árlegt lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga

á árunum 1997–2002, 135 millj. kr. á ári, renna til sama verkefnis. Byggðust þessar fjárhæðir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga sem gert var 4. mars 1996. Samtals er hér um að ræða 2.135 millj. kr., en upphaflegar áætlanir sveitarfélaga á þeim tíma gerðu ráð fyrir að heildarkostnaður vegna einsetningar yrði um 12,8 milljarðar kr., miðað við byggingarvísitölu 245,1.

Liggur fyrir að breyta þarf lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að tryggja að þau sveitarfélög njóti styrkja úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ekki munu ljúka framkvæmdum fyrr en eftir það tímamark sem kveðið er á um í núgildandi IV. ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 79/1996. Er í frumvarpi þessu lagt til að árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 skuli varið til þess að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Er miðað við að fyrstu þrjú árin nemi framlagið 200 millj. kr. á ári en árið 2005 verði framlagið 135 millj. kr. Rétt er að taka fram að í núgildandi ákvæði er kveðið á um að framlag vegna ársins 2002 skuli nema 135 millj. kr. og er sú fjárhæð inni í þeim 200 millj. kr. sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er heildaraukning framlaga úr sjóðnum vegna áranna 2002–2005 því 600 millj. kr. Er sú fjárhæð í samræmi við útreikninga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá ágúst 2001 um áætlaða fjárþörf sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans.

Flest sveitarfélög með fleiri en 2000 íbúa hafa sótt um framlög á grundvelli þessa ákvæðis laganna. Samtals hafa á árunum 1997–2001 verið greiddar 1.825.000 þús. kr. til verkefnisins. Hins vegar er áætlaður kostnaður Jöfnunarsjóðs við verkefnið miðað við grunnskólabyggingar í eigu sveitarfélaga 2.547.000 þús. kr. Sé einnig tekið mið af umsóknum vegna bygginga sem fjármagnaðar eru á grundvelli samninga um einkaframkvæmd er fjárþörfin 2.718.000 þús. kr., miðað við byggingarvísitölu 245,1.

Rétt er að taka fram að framlög úr ríkissjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 1997–2001 voru í samræmi við upphaflegar áætlanir um kostnað við einsetningu grunnskólans. Áform margra fjölmennra sveitarfélaga hafa hins vegar breyst töluvert frá upphafi átaksins árið 1997. Kemur þar bæði til að forsvarsmenn sveitarfélaga hafa betur gert sér grein fyrir húsrýmisþörfinni og einnig hefur fjölgun nemenda orðið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Því er ljóst að kostnaður sveitarfélaga við átak til einsetningar er töluvert meiri en upphaflega var áætlað. Samtals er reiknað með að heildarbyggingarkostnaður sveitarfélaga sem fellur undir viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs verði rúmur 21 milljarður kr., sem er langt umfram það sem upphaflega var gert ráð fyrir. Einnig er rétt að geta þess að raungildi þess fjármagns sem Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar hefur minnkað á átakstímanum þar sem um fasta fjárhæð er að ræða, bæði hvað varðar framlagið frá ríki og þann hluta lögbundins framlags Jöfnunarsjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga sem varið er til átaksins. Samþykkt kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs í stofnframkvæmdum og framlög sjóðsins eru hins vegar ávallt uppfærð á greiðslutíma miðað við meðalbyggingarvísitölu ársins. Framlög eru greidd eftir framvindu verksins og getur greiðslutíminn því verið nokkur ár.

Með sameiginlegri yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og formanns og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Sambandsins, dags. 28. desember 2001, var gert samkomulag um að 150 millj. kr. af árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga verði ráðstafað til þessa verkefnis á árunum 2003–2006, sbr. 3. lið yfirlýsingarinnar. Þar með er tryggt að Jöfnunarsjóður getur veitt öllum þeim sveitarfélögum framlag sem eiga rétt á því samkvæmt viðmiðunarreglum sjóðsins. Í frumvarpi þessu er þó gert ráð fyrir að greiðslum ljúki árið 2005 og kemur framlag vegna ársins 2006 því til hækkunar greiðslum vegna áranna 2002–2004.

Gert er ráð fyrir að sömu skilyrði og áður gildi um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fjallað er um í frumvarpinu, þ.e. að þeim verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunn-

skólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa. Í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. er þó gert ráð fyrir að 65 millj. kr. verði að jafnaði varið á ári hverju til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Er þar átt við tilvísun í 2. mgr. til viðmiða og reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem takmarka nokkuð fjölda þeirra framkvæmda sem teljast styrkhæfar. Þykir eðlilegt að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar.

Einkaframkvæmd hefur verið skilgreind á þá leið að þá taki einkaaðilar að sér verk sem eru greidd af skattgreiðendum. Venjulega er um að ræða verkefni sem krefjast umtalsverðrar fjárfestingar og er samningstíminn langur, jafnan 20–30 ár. Ekki er fjallað um einkaframkvæmdasamninga í lögum og engar sérstakar reglur hafa verið settar hérlendis um meðferð þeirra í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Því verður að líta svo á að slíka samninga eigi sveitarfélög að meðhöndla í reikningsskilum sínum á grundvelli góðrar reikningsskilavenju. Getur þar m.a. skipt máli hvort um er að ræða eignaleigu- eða rekstrarleigusamning.

Að jafnaði er litið á samning sem eignaleigusamning ef einu eða fleiri eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

1. *Ef ákvæði í samningi kveður sérstaklega á um að eignarréttur flytjist til leigutaka í lok leigutímans.*
2. *Ef leigutaki á í lok leigutímans rétt á að kaupa hina leigðu fjármuni fyrir fjárhæð sem kenna má við vildarkjör.*
3. *Ef leigutími svarar til meginhluta af áætluðum endingartíma hinna leigðu fjármuna.*
4. *Ef núvirði lágmarksleigugreiðslu svarar svo gott sem til markaðsvirðis hinna leigðu fjármuna.*
5. *Ef hin leigða eign er sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn geti notað hana án meiri háttar breytinga.*

Ef ekkert þessara skilyrða er uppfyllt er um að ræða rekstrarleigusamning sem ekki er venjan að eignfæra í reikningsskilum sveitarfélags. Leigugreiðslurnar eru því færðar til gjalda á viðkomandi lið í ársreikningi sveitarfélagsins, t.d. á fræðslumál ef um leigu og rekstur á skóla er að ræða.

Tilefni ákvæðis 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er að sveitarfélög hafa í auknum mæli ákveðið að fara leið einkaframkvæmdar við fjármögnun opinberra framkvæmda, þar á meðal til skólabygginga, en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur ekki talið sig hafa skýra lagaheimild til að styrkja stofnframkvæmdir sem fjármagnaðar eru á þennan hátt. Byggist sú afstaða einkum á því að samningar um einkaframkvæmd gera oft og tíðum ekki ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélag eignist skólabyggingarnar að samningstíma liðnum, en einnig hefur verið bent á að kostnaður við slíka samninga fellur á viðkomandi sveitarfélag á löngum tíma. Ættu því hugsanlega önnur sjónarmið að gilda um styrkveitingar til þessara sveitarfélaga. Þar sem einkaframkvæmdarleiðin leysir engu síður þau vandamál sem sveitarfélög standa frammi fyrir varðandi einsetningu grunnskólans þykir þó eðlilegt að sveitarfélög sem velja þessa leið njóti styrkja úr Jöfnunarsjóði vegna stofnframlaga grunnskóla eins og önnur sveitarfélög. Af sömu ástæðu er í frumvarpinu ekki gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða eignaleigu- eða rekstrarleigusamning. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að hefðbundnir leigusamningar falli undir ákvæðið.

Þar sem beiðnir frá sveitarfélögum vegna stofnframkvæmda sem falla undir 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. nema nú þegar verulegum fjárhæðum þykir rétt að jafna þeim greiðslum á þriggja ára tímabil. Rétt er þó að benda á að í 3. mgr. sömu greinar er heimilað að greiða hærri fjár-

hæð en 65 millj. kr. á ári samkvæmt þessum málslið ef framlög skv. 1. málsl. eru ekki að fullu nýtt á því ári. Ella skulu þeir fjármunir færðir á milli ára innan tímabilsins.

Loks skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að önnur sveitarfélög en þau sem hafa fengið samþykki menntamálaráðherra til að fresta framkvæmd ákvæðis 3. gr. laga um grunnskóla um einsetningu grunnskóla muni geta sótt um styrk til framkvæmda sem hefjast á árunum 2003–2004.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að ljúka átaki við einsetningu grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 65/1995. Í frumvarpinu er lagt til að hluta af árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. Samkvæmt frumvarpinu skal verja til þessa verkefnis 600 m.kr. á árunum 2002–2005. Tillögur þessar eru í samræmi við 3. lið sameiginlegrar yfirlýsingar fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. desember 2001, en þar er gert ráð fyrir að 150 m.kr. af árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga verði ráðstafað til þessa verkefnis á árunum 2003–2006. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir fjárframlagi til þessa verkefnisins á árunum 2002–2005.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

965. Svar [475. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

I.

Á undanförnum missirum hefur mikið verið rætt um flutning fjarvinnsluverkefna út á land. Í fyrsta flokki verkefna eru þá þjónustuverkefni af ýmsum toga, svo sem gagnaskráning, símsvörun og úthringiþjónusta. Annar flokkur verkefna er svonefnd yfirfærsluverkefni sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu en talið er að hægt væri að vinna annars staðar. Þriðji flokkur verkefna tekur svo til tilvika þar sem oft er krafist sérfræðimenntunar auk verulegrar þekkingar og reynslu starfsmanna.

II.

Flutningur fjarvinnsluverkefna í heilbrigðisþjónustunni út á land er ýmsum annmörkum háður. Meginástæðan er einfaldlega sú að skráning heilbrigðisupplýsinga á heilbrigðisstofnunum er á ábyrgð og undir eftirliti yfirlæknis eða lækningaforstjóra á hverjum stað. Það er því erfitt eða nánast útilokað að koma við skráningu gagna annars staðar en á viðkomandi heilbrigðisstofnun. Hugmyndum um að koma á sérstakri fjarvinnslu við skráningu upplýsinga í heilbrigðiskerfinu eru settar mjög strangar skorður vegna reglna um trúnað starfsfólks og öryggi gagna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur hins vegar undanfarin ár unnið að því að efla og styrkja þjónustu á landsbyggðinni. Heilbrigðisstofnanir á Austfjörðum, í Ísafjarðarbæ, Norður-Þingeyjarsýslu og í Rangárþingi hafa verið sameinaðar. Slíkt hefur ekki aðeins falið í sér breytingar á stjórnkerfi og skipulagi þessara stofnana heldur hafa ekki síður orðið umskipti í rekstrar- og upplýsingamálum. Verið er að byggja upp víðtæk upplýsinga- og rekstrarkerfi og víða er verið að taka í notkun rafræna sjúkraskrá. Allar þessar breytingar kalla á sérhæfðara starfsfólk en áður og endurmenntun þess starfsfólks sem fyrir er, en eitt af meginmarkmiðum sameiningar heilbrigðisstofnana víða um land er að treysta starfsemina með því að byggja upp fullnægjandi umhverfi fyrir sérhæft starfsfólk.

Með eflingu stofnana á landsbyggðinni hefur þjónusta þeirra verið aukin og víða má sjá að sjúklingar leita í minna mæli eftir þjónustu sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu en áður. Samningar Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki um ferliþjónustu við sjúklinga í héraðinu, uppbygging fjarlækninga og aukning á ferliverkum á sjúkrahúsum á landsbyggðinni eru dæmi um aukna þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Í samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Íslenskrar erfðagreiningar um rekstrarleyfi og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, sem undirritaður var í janúar 2000, lýsir leyfishafi því yfir að hann stefni að og vinni að því „að hluti af starfsemi hans, dótturfélaga hans og/eða samstarfsaðila fari fram utan höfuðborgarsvæðisins". Á Akureyri og víðar á landinu gerir Íslensk erfðagreining ráð fyrir að byggja upp starfsemi í tengslum við hugbúnaðargerð og uppbyggingu gagnagrunns á heilbrigðissviði og hefur gert samkomulag þar um við flestar heilbrigðisstofnanir landsins. Ekki liggja þó enn fyrir upplýsingar um fjölda þeirra starfa sem þannig hafa skapast eða kynnu að skapast eða unnt væri að flytja út á land.

Loks má geta þess að reglulega er hugað að því hvort ný verkefni heilbrigðiskerfisins og starfsemi stofnana eins og Tryggingastofnunar ríkisins og Lyfjastofnunar ríkisins geti að hluta farið fram utan höfuðborgarsvæðisins. Má þar til að mynda nefna ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefni ásamt skráningarvinnu og úrvinnslu á heilbrigðisupplýsingum.

III.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur að frekari möguleika á flutningi fjarvinnsluverkefna út á land verði að skoða með hliðsjón af áformum um uppbyggingu og þróun upplýsingakerfa í heilbrigðisþjónustunni. Við það mat er mikilvægt að gera sér grein fyrir stöðu upplýsingamála í heilbrigðiskerfinu og þeim verkefnum sem unnið er að um þessar mundir. Forgangsverkefni á sviði upplýsingamála í heilbrigðiskerfinu eru heilbrigðisnet, rafræn sjúkraskrá og fjarlækningar.

Heilbrigðisnetinu er ætlað að verða farvegur rafrænna samskipta milli aðila innan heilbrigðisþjónustunnar. Það samanstendur af tölvum, fjarskipta- og hugbúnaði, og að auki samskipta- og öryggisreglum. Heilbrigðisnetið verður lokað kerfi þar sem flutningsleiðir verða að vera öruggar og upplýsingamiðlun og sendingar milli aðila munu fylgja ströngum öryggis-

og starfsreglum. Þó mun almenningur og aðilar utan heilbrigðisþjónustunnar fá tækifæri til rafrænna samskipta við starfsmenn hennar eftir ákveðnum reglum.

Við uppbyggingu heilbrigðisnetsins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að það er ekki einfalt tæknilegt fyrirbæri. Heilbrigðisnetið verður samskipta- og upplýsingatæki heilbrigðiskerfisins og um það munu fara mjög viðkvæmar upplýsingar. Þess vegna er stjórnun og rekstur þess að minnsta kosti jafnmikilvægur þáttur og tæknin. Við starfrækslu heilbrigðisnetsins verða því að gilda strangar reglur um trúnað og öryggi.

Grundvallaratriði heilbrigðisnetsins er öryggisstefnan og öryggisreglurnar. Þær skilgreina aðgang að netinu, öryggi og trúverðugleika gagna ásamt stöðlum og reglum sem heilbrigðisnetið fylgir. Allar stofnanir sem tengjast heilbrigðisnetinu verða að hafa viðurkennda öryggisstefnu og fylgja öryggisreglum heilbrigðisnetsins. Megininntak þessara reglna, auk almennra reglna, eru dulkóðun og rafræn undirskrift til tryggingar á persónuvernd og trúnaði við sjúkling.

Samskiptaleiðir heilbrigðisnetsins munu taka mið af þeim fjarskiptum og samskiptaþjónustu sem nú eru í boði. Ekki er um að ræða fjárfestingu í sjálfstæðu neti með eigin fjarskiptum og þannig verður komið í veg fyrir viðamikla yfirbyggingu. Hornsteinn samskiptanna verður nafnamiðlari sem skráir allar stofnanir sem fá leyfi heilbrigðisyfirvalda til að tengjast heilbrigðisnetinu. Nafnamiðlarinn verður starfræktur innan heilbrigðisþjónustunnar.

Á vegum ráðuneytisins hefur verið unnið að gerð kröfulýsingar fyrir sjúkraskrárkerfi og rafræna sjúkraskrá. Þessu verkefni er skipt í þrjá meginþætti:

- gerð almennrar kröfulýsingar,
- gerð sértækra kröfulýsinga,
- lýsingar á sérkröfum aðila.

Almenna kröfulýsingin lýsir almennum kröfum til gagnauppbyggingar í rafrænum sjúkraskrám, gagnaöryggis, upplýsingaflæðis og annars sem öll sjúkraskrárkerfi verða að uppfylla.

Sértækar kröfulýsingar verða gerðar fyrir stofnanir, stofnanahópa og sérsvið innan heilbrigðisþjónustunnar. Nú þegar stendur yfir umfangsmikil vinna við gerð sértækra kröfulýsinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, innan heilsugæslunnar og víðar.

Tekið skal fram að stofnanir og sérsvið innan heilbrigðisþjónustunnar munu engu að síður njóta allmikils frelsis um eigin kröfur til viðkomandi sjúkraskrárkerfis.

Í heild mynda almenna kröfulýsingin, sértækar kröfulýsingar og sérstakar óskir einstakra stofnana eða sérsviða þær kröfur sem sjúkraskrárkerfi deilda, sérsviða, eða stofnana þurfa að standast. Þessar kröfur verða lagðar til grundvallar við uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár innan heilbrigðiskerfisins á næstu árum.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hafa verið tekin saman drög að áætlun um uppbyggingu fjarlækninga og þegar er unnið að fjölda verkefna á þessu sviði. Þar má nefna:

- fjargreiningu röntgenmynda,
- geðlæknisþjónustu,
- sendingu sónarmynda,
- bráðalækningar,
- háls-, nef- og eyrnaskoðanir,
- fjarmeinaskoðanir,
- speglanir,
- sendingu gagna eins og hjartalínurits og heilalínurits.

Auk þessara verkefna er fræðslustarfsemi einnig vaxandi þáttur á sviði fjarlækninga. Notaður er fjarfundabúnaður til þess að veita heilbrigðisstarfsmönnum aðgang að fræðslu-

fundum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og víðar. Íslensk sjúkrahús hafa jafnframt fengið aðgang að fræðslufundum við erlenda háskóla.

Á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra eru í undirbúningi víðtæk verkefni á sviði fjarlækninga sem annars vegar miða að því að tengja saman stofnanir á þessum landsvæðum, og hins vegar að því að koma þeim í tengsl við sérhæfðar miðstöðvar á ýmsum sviðum læknisfræðinnar. Fjarlækningar eru sá þáttur heilbrigðisþjónustunnar sem búist er við að eigi eftir að skapa víðtækari möguleika til þess að tryggja betur en nú sem jafnast aðgengi allra landsmanna að öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar.

IV.

Eitt af því mikilvægasta sem hægt er að gera til þess að bæta heilsufar þjóðarinnar á næstu árum er að nýta upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustunni. Gagnaöflun, bætt skráning, aukið öryggi gagnanna og greiður aðgangur að þeim ræður mestu um árangurinn á þessu sviði. Greiðari aðgangur að heilsufarsgögnum mun til að mynda leiða til skjótari ákvarðana, og þess að meðferð sjúklinga verði markvissari og áreiðanlegri.

Þar fyrir utan skal vakin athygli á því að með upplýsingavæðingunni ættu allar upplýsingar um rekstur að vera til staðar fyrr og auðvelda stjórnendum markvissari stjórnun heilbrigðisþjónustunnar. Þannig geta e.t.v. skapast möguleikar til að nýta þá fjármuni betur sem varið er til heilbrigðismála.

Þau verkefni á sviði upplýsingamála sem unnið er að um þessar mundir eru fyrst og fremst þróunarverkefni og ætlunin er að þau verði lögð til grundvallar uppbyggingu upplýsingakerfa heilbrigðiskerfisins á næstu árum. Upplýsingar um hugsanlegan fjölda þeirra starfa sem þannig kynnu að skapast eða unnt væri að flytja út á land eru með öðrum orðum ekki tiltækar og þeirra er ekki að vænta fyrr en meginniðurstöður þróunarverkefnanna liggja fyrir og meira er vitað um það hvernig unnt verður að nýta gagnagrunna heilbrigðiskerfisins við vinnslu heilbrigðistölfræði og heilbrigðisupplýsinga.

966. Breytingartillaga [384. mál]

við frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá minni hluta samgöngunefndar (JB).

Við 2. gr.

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Samgönguáætlun skal vera í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda í umhverfismálum, umferðaröryggismálum, byggðamálum og almenningssamgöngum.
b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: að fylgt verði markmiðum sjálfbærrar þróunar við gerð áætlunarinnar.

967. Nefndarálit [384. mál]

um frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hlutinn styður megintilgang frumvarpsins sem er að mæla fyrir um gerð samræmdra samgönguáætlana sem taki til samgangna jafnt í lofti, á láði sem og legi. Slík áætlanagerð er löngu tímabær. Minni hlutinn gerir engu síður nokkrar athugasemdir við þær áherslur sem lagðar eru í frumvarpinu.

Í lokamálslið 1. mgr. 2. gr. er sérstaklega tekið fram að í samgönguáætlun skuli meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur. Athygli vekur að ekki er þar minnst á það einu orði að taka skuli tillit til stefnumörkunar stjórnvalda í umhverfismálum, né heldur í byggðamálum eða umferðaröryggismálum en þó eru þetta allt þættir sem hljóta að skipta miklu máli í stefnumótun í samgöngumálum. Það er nauðsynlegt að mati minni hlutans að þessi atriði séu tilgreind í lagatextanum til þess að vægi þeirra sé tryggt við gerð samgönguáætlana í framtíðinni og leggur hann fram breytingartillögu þess efnis.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru talin upp þrjú skilyrði sem samgönguáætlun skal gera ráð fyrir. Minni hlutinn leggur til að við þá upptalningu verði bætt því skilyrði að við gerð samgönguáætlunar skuli fylgt markmiðum sjálfbærrar þróunar í íslensku samfélagi og stefnumörkun stjórnvalda í þeim efnum og er flutt um það breytingartillaga í sérstöku þingskjali.

Alþjóðlegar áherslur og skuldbindingar í umhverfismálum.

Í skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar frá í maí 2001 um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum segir eftirfarandi:

„Á ráðstefnu í Ríó de Janeiro árið 1992 skrifuðu Íslendingar ásamt öðrum þjóðum heims undir viðamikla og metnaðarfulla framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, sem ber heitið Dagskrá 21 (Agenda 21). Þar er talað um að greinar samfélagsins skuli þróast á sjálfbæran hátt. Það hefur í för með sér að í dag er líka talað um t.d. sjálfbærar samgöngur. Flestir telja að samgöngur í núverandi mynd séu ekki sjálfbærar.

Í Dagskrá 21 eru sett fram sex markmið í samgöngum til að gera þær sjálfbærari (Kafli 7.52):

1. Heildstæð landnotkunarstefna og skipulag samgangna til að minnka eftirspurn.
2. Bættar almenningssamgöngur.
3. Hvatning til samgangna án vélarafls, þ.e. fara leiðar sinnar fótgangandi eða á reiðhjóli.
4. Umferðarstýring, bætt nýting á almenningssamgöngum og viðhald á vegakerfi (samgöngukerfi).
5. Bætt upplýsingaflæði milli landa og innan landa.
6. Endurmat núverandi neyslu- og framleiðslumynsturs til að minnka orku- og hráefnisnotkun.

Í dag er hugtakið sjálfbær þróun oft notað sem markmið og aðferðafræði. Mikilvægt er að skilgreina hvað sjálfbær þróun í íslensku samfélagi merkir og að hafa skýrt mótaða stefnu í þessum málum.“ Langtímaáætlun í samgöngumálum verður að fylgja markmiðum sjálfbærrar þróunar og það þarf að tryggja í texta laganna.

Í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna og pólitískir leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Í framhaldi af því hafa flest Norðurlandanna sett sér sérstaka umhverfisáætlun í samgöngumálum. Íslensk stjórnvöld

hljóta einnig að setja sér umhverfisáætlun í samgöngum sem langtímasamgönguáætlun verður að fara eftir.

Í skýrslu umhverfisráðherra „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – framkvæmdaáætlun til aldamóta“ frá október 1996 kemur fram stefna ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum. Þar er m.a. þetta nefnt:

„Markmið með sjálfbærum samgöngum á Íslandi er að auðvelda hagkvæma nýtingu landsins í atvinnuskyni og að auðvelda okkur að njóta þess sem einstaklingar til útivistar og hagsældar án þess að rýra landgæði eða möguleika komandi kynslóða.“

Tiltekið er að draga skuli úr hvers konar rýrnun náttúrugæða svo sem jarðraski, sjónmengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi markmið eiga að vera tilgreind í sjálfum lagagreinunum.

Samgönguráðuneytið hefur sett sér markmið í umhverfismálum sem byggjast m.a. á rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem lagður var til grundvallar ríkisstjórnarsamþykkt 1995 um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum.

Í skýrslu nefndar um endurskoðun framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun (Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, mars 1999) segir m.a.:

„Meginmarkmið samgönguráðuneytisins í umhverfismálum lúta að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar en ríkisstjórnin samþykkti framkvæmdaáætlun í umhverfismálum í október 1995. Þótt ekki verði skrifað undir Kyoto-bókunina að sinni mun ráðuneytið engu að síður einbeita sér að því að ná sem mestum árangri í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á landi. Losun CO_2 í samgöngum er þriðjungur af heildarlosun Íslands og af því eru um 93% frá landsamgöngum.

Til að bregðast við þessu mikla vandamáli skipaði samgönguráðherra starfshóp árið 1997 sem hafði það verkefni að koma með tillögur um takmörkun á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum um mitt síðasta ár og hefur ráðuneytið síðan unnið að nánari útfærslu þeirra. Ljóst er að ef ekkert verður að gert mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast verulega næstu árin og því brýnt að taka málið föstum tökum. Þær aðgerðir sem líklegar eru til að skila árangri eru þessar helstar:

1. Bæta þjóðvegakerfi landsins með því að auka bundið slitlag og stytta vegalengdir þar sem kostur er.
2. Bæta skipulag samgangna á höfuðborgarsvæðinu.
3. Bæta almenningssamgöngur í landinu, bæði í þéttbýli og í dreifbýli.
4. Huga að hertum reglum í innflutningi notaðra bifreiða.
5. Huga að skattlagningu bifreiða.“

Í lögum um gerð samgönguáætlunar til langs tíma verður að kveða skýrt á um að hún verði unnin í samræmi við alþjóðasamninga og yfirlýsingar í umhverfismálum sem Ísland á aðild að.

Byggðaáætlun og samgöngumál.

Í þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2000 er lögð þung áhersla á mikilvægi góðra samgangna fyrir byggð og búsetu í landinu. Stefna og áherslur í samgöngumálum og árangur í þeim efnum ræður miklu um hvort markmiðin í byggðaáætlun náist. Mikilvægi almenningssamgangna eru áréttuð. Í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005 sem nú liggur fyrir Alþingi er mikilvægi almenningssamgangna ítrekað: „Góðar samgöngur eru algjör nauðsyn fyrir fólk og fyrirtæki og grundvöllur traustrar byggðar í landinu. Fólk sættir sig almennt ekki lengur við að búa í byggðarlögum þar sem ekki eru greiðar og öruggar samgöngur og nútímalegur atvinnurekstur þrífst

ekki án góðra samgangna.“ Mikilvægt er því að byggðasjónarmið séu dregin ákveðið fram í sjálfum lagatextanum um gerð langtímasamgönguáætlunar.

Umferðaröryggi.

Þá hefur ríkisstjórnin lagt fram tillögu til þingsályktunar um aukið umferðaröryggi þar sem stefnt er að því að alvarlegum umferðarslysum fækki um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Eðlilegt er því að markmið Alþingis í umferðaröryggismálum komi beint inn í lagatextann. Þá hefði í lögunum mátt kveða á um aukið vægi fjölþættrar umferðarfræðslu sem er að mati minni hlutans brýnt áhersluatriði.

Fjölskylduvæn stefna í samgöngumálum.

Enda þótt það komi aðeins óbeint gerð samönguáætlana við og þeirri stefnumótandi vinnu sem fram fer á vettvangi samgöngumála er ekki hægt annað en vekja athygli á því hversu karlmiðuð hún er. Svo dæmi sé tekið þá vann stýrihópur á vegum samgönguráðherra að gerð samgönguáætlunar 2003–2014 og skilaði sá hópur af sér tillögum nýverið. Stýrihópinn skipuðu sjö karlar, engin kona. Hvort sem það er af þeim sökum eða öðrum fer lítið fyrir umfjöllun um hinn félagslega þátt samgangna eða það hvernig tryggja má fjölskylduvæna samgöngustefnu í þessum tillögum stýrihópsins.

Samgöngumál snúa beint að daglegu lífi fjölskyldna og því hefði átt að draga betur fram áherslur í málefnum fjölskyldunnar og fjölþættar þarfir hennar við stefnumörkun í samgöngumálum.

Lokaorð.

Til þess að tryggja að tekið verði fullt tillit til þeirra sjónarmiða við gerð samgönguáætlana sem minni hlutinn hefur rakið í þessu nefndaráliti eru lagðar til þessar breytingar á lagafrumvarpinu.

Alþingi, 12. mars 2002.

Jón Bjarnason.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um samgönguáætlun (384. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. (385. mál). (14. febrúar 2002.)
II. Umsögn Félags íslenskra skipstjórnarmanna um frumvarp til laga um samgönguáætlun (384. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. (385. mál). (13. febrúar 2002.)
III. Umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um samgönguáætlun (384. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. (385. mál). (15. febrúar 2002.)

968. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarpið er að mestu afleiddar breytingar vegna frumvarps til laga um samgönguáætlun og er vísað til álits minni hluta nefndarinnar í því máli. Þó eru gerðar nokkrar breytingar á skipan og starfssviði flugráðs annars vegar og hafnaráðs hins vegar og eru þær ekki efnislega tengdar frumvarpi til laga um samgönguáætlun. Með þeim er lagt til að dregið verði verulega úr valdi og áhrifum þessara nefnda. Minni hlutinn vill velta þeirri spurningu upp hvort raunveruleg þörf sé fyrir slík ráð. Minni hlutinn treystir sér þó ekki til að leggja það til að ráðin verði lögð niður, nema að betur athuguðu máli, en bendir á að ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir vegaráði með sama hætti og flugráði og hafnaráði.

Alþingi, 11. mars 2002.

Jón Bjarnason.

969. Fyrirspurn [617. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjakostnað lífeyrisþega.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var meðallyfjakostnaður árin 2000 og 2001 hjá
   a. ellilífeyrisþegum,
   b. örorkulífeyrisþegum?
   Óskað er eftir upplýsingum um allan lyfjakostnað, bæði fyrir lyf sem Tryggingastofnun tekur þátt í að greiða og lyf sem lífeyrisþegar greiða að fullu.
2. Hversu mikinn afslátt fá lífeyrisþegar hjá lyfjaverslunum að meðaltali?

970. Fyrirspurn [618. mál]

til menntamálaráðherra um einsetningu grunnskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða sveitarfélög hafa samþykki ráðherra fyrir frestun á einsetningu grunnskóla?
2. Hvaða sveitarfélög hafa farið leið einkafjármögnunar til að uppfylla lagaskyldu um einsetningu grunnskóla?

Skriflegt svar óskast.

971. Tillaga til þingsályktunar [619. mál]

um úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl V. Matthíasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála með það að markmiði að auðvelda og hraða björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið.

Greinargerð.

Á Íslandi er samstaða um að allt skuli gert sem mögulegt er til að tryggja öryggi sjófarenda. Björgunarsveitir og stjórnvöld þurfa þess vegna að vera stöðugt á varðbergi til að nýta nýjustu tækni og nýja möguleika til að auka öryggi á sjó og flýta björgunaraðgerðum þegar slys hafa orðið. Flutningsmenn telja rétt að stjórnvöld fari vandlega yfir skyldur sínar hvað þessi mál varðar í samráði við aðra sem annast framkvæmd þeirra í því skyni að bæta enn frekar það öryggiskerfi sem fyrir er. Minna má á að ýmsar breytingar hafa orðið á skipulagi björgunarmála á undanförnum árum og af þeim ástæðum er nauðsynlegt að stjórnvöld skoði hvort hlutverkum sé þar skipt með skilvirkum og öruggum hætti eða hvort gera þurfi breytingar á lögum í því skyni.

Sjóslys geta orðið hvar sem er á miðunum umhverfis landið og við ströndina en þó hefur reynslan sýnt að sumir staðir við strendur landsins eru mun hættulegri en aðrir. Sem dæmi má nefna Snæfellsnes og Reykjanes. Á sumum þessara staða er afar erfitt að koma við björgun frá landi og um algerar vegleysur að fara. Þó að notkun þyrlna hafi mjög aukið möguleika til björgunar úr lofti mun aðstoðar frá landi alltaf verða þörf.

Það er vafalaust að á suma af þessum stöðum mætti gera akfæra slóða sem mundu nýtast björgunarmönnum þegar slys yrðu. Gerð slíkra slóða, glögg merking þeirra og annarra slóða sem nýta má til að nálgast slysstað og við leit með ströndum fram getur flýtt fyrir því að hjálp berist. Einnig ber að skoða hvort staðsetning einhvers konar búnaðar eða aðstöðu á þessum sérstöku hættustöðum væri skynsamleg. Fyrrnefndar aðgerðir geta nýst björgunar- og leitarmönnum og einnig aukið öryggi þeirra sjálfra við mjög erfiðar aðstæður sem víða eru á þessum hættulegu strandsvæðum. Flutningsmenn leggja til að skoðað verði hvar þörf er framkvæmda af þessu tagi og að stjórnvöld tryggi fjármuni til slíkra verkefna strax og aðgerðaáætlun liggur fyrir á einstökum svæðum.

Þó að betri skip og margs konar öryggisbúnaður þeirra hafi aukið öryggi á sjó eru sjóslys enn algeng við strendur landsins.

Ný tækni við staðsetningu skipa og björgun hefur gert kleift að koma til hjálpar í neyðartilvikum miklu oftar og fyrr en áður var hægt. Kosti þeirrar tækni sem til er hefur þó ekki tekist að nýta til fulls. Búnaður til staðsetningar skipa gerir til dæmis mögulegt að hefja björgunaraðgerðir fáeinum mínútum eftir að skip lendir í nauðum þótt ekki hafi borist frá því neyðarkall. Öryggi boðsendinga frá þessum tækjum hefur þó ekki verið nægilegt og þessi tækni hefur því ekki nýst sem skyldi. Úrbóta er þörf bæði hvað varðar boðsendingar frá staðsetningartækjum og móttöku þeirra. Bæta þarf búnað í skipum og tryggja með endurvarpsstöðvum öryggi sendinga frá þeim. Reglur um tilkynningarskyldu þarf að endurskoða eigi að tryggja að boð um slys berist strax þó að ekki berist neyðarkall frá skipi. Flutningsmönnum er ljóst að þeir sem annast björgunarmál eru að endurskoða þessi málefni og er

þessari tillögu ekki ætlað að trufla þá endurskoðun. Stjórnvöld bera hins vegar ábyrgð á því skipulagi sem ríkir og því að fjármunir fáist til nauðsynlegra úrbóta.

972. Svar [558. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um úthlutun úr húsafriðunarsjóði.

1. *Hvert hefur verið framlag ríkissjóðs og sveitarfélaga, auk frjálsra framlaga til húsafriðunarsjóðs 1991–2001, sbr. III. kafla laga um húsafriðun, nr. 104/2001?*

Framlag ríkisjóðs og sveitarfélaga, auk frjálsra framlaga, til húsafriðunarsjóðs 1991–2001.

Ár	Úr ríkissjóði	Úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	Önnur framlög
1991	10.500.000	10.500.000	400.000 [1]
1992	10.500.000	82.298.000 [2]	
1993	10.500.000	35.659.472	
1994	10.500.000	37.089.080	
1995	10.500.000	38.150.398	
1996	10.500.000	40.171.350	
1997	15.000.000	40.460.250	
1998	15.500.000	40.809.600	
1999	25.500.000	41.611.600	
2000	25.500.000	41.805.300	3.000.000 [3]
2001	40.500.000	42.426.750	11.500.000 [4]

[1] Sérstakt framlag frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti vegna prestsbústaðar á Sauðanesi.

[2] Vegna uppsafnaðrar skuldar við Húsafriðunarsjóð.

[3] Tímabundin fjárveiting á fjárlögum til viðgerða á Syðstabæjarhúsi í Hrísey.

[4] Tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum: Syðstabæjarhús í Hrísey 5 millj. kr., Fríkirkjan í Hafnarfirði 3 millj. kr., beituskúr á Grenivík 2 millj. kr., Hraunsrétt í Aðaldal 1,5 millj. kr.

2. *Hvernig hefur fjármunum sjóðsins verið varið árin 1991–2001, skipt eftir verkefnum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi listum yfir styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði.

Úthlutanir og greiðslur styrkja úr húsafriðunarsjóði árið 1991.

	Áætluð úthlutun	Staða 31.12.91
Friðuð hús		
Lækjargata 14A, Reykjavík	300,000	300,000
Sauðárkrókskirkja	300,000	300,000
Tjarnargata 22, Reykjavík	150,000	150,000
Tjarnargata 26, Reykjavík	300,000	300,000
Þingholtsstræti 19, Reykjavík	150,000	150,000
Hermannshús, Flatey	150,000	150,000
Klausturhólar, Flatey	300,000	300,000
Tjöruhúsið, Ísafirði	800,000	800,000
Aðalstræti 6, Akureyri	300,000	300,000
Aðalstræti 44, Akureyri	300,000	300,000
Aðalstræti 54, Akureyri	100,000	100,000
Strandgata 49, Akureyri	300,000	300,000
Jensenshús, Eskifirði	150,000	150,000
Langabúð, Djúpavogi	500,000	500,000
Húsið, Eyrarbakka	800,000	226,673
	4.900,000	**4,026,673**
Kirkjur		
Fitjakirkja	150,000	206,615
Hvammskirkja	150,000	150,000
Stykkishólmskirkja	150,000	50,000
Stóra Laugardalskirkja	150,000	-
Unaðsdalskirkja	300,000	300,000
Eyrarkirkja	300,000	300,000
Árneskirkja	300,000	393,532
Reynistaðakirkja	300,000	300,000
Hofsstaðakirkja	200,000	200,000
Víðvíkurkirkja	150,000	-
Hólakirkja í Eyjafirði	300,000	300,000
Móðruvallakirkja í Hörgárdal.	500,000	500,000
Bakkakirkja í Öxnadal	300,000	-
Einarsstaðakirkja	150,000	150,000
Papeyjarkirkja	150,000	150,000
Stafafellskirkja	100,000	100,000
Innri Njarðvíkurkirkja	350,000	350,000
Hjarðarholtskirkja	500,000	538,730
	4,500,000	**3,988,877**
Hús á safnsvæðum		
Neðri Sýrupartur	500,000	500,000
Hvítanes	200,000	200,000
Áshúsið, Glaumbæ	500,000	500,000
Roaldsbrakki, Siglufirði	800,000	909,276
Pakkhús á Höfn	250,000	250,000
	2,250,000	**2,359,276**
Önnur verkefni		
Framnesvegur 20-26B, Rvík	150,000	-
Miðstræti 10, Rvík	150,000	150,000
Stýrimannastígur 8, Rvík	150,000	150,000
Grjótagata 11, Rvík	150,000	150,000
Kirkjuhvoll, Akranesi	150,000	150,000
Skemma á Hvanneyri	200,000	200,000
Kvíar í Þverárhlíð	100,000	100,000
Apótekið, Stykkishólmi	300,000	300,000
Clausenshús, Stykkishólmi	100,000	-
Sjúkrahúsið á Ísafirði	150,000	150,000
Bogabúð, Flatey	150,000	150,000
Aðalstræti 16, Akureyri	150,000	-
Aðalstræti 66, Akureyri	200,000	-
Hafnarstræti 49, Akureyri	150,000	150,000
Hafnarstræti 86, Akureyri	150,000	126,168
Hafnarstræti 57, Akureyri	150,000	172,062
Spítalavegur 9, Akureyri	150,000	-
Stóruvellir í Bárðardal	150,000	150,000
Halldórsstaðir	300,000	-
Náttúruverndarráð	100,000	-
Herjólfsstaðir	100,000	-
Búðarstígur 10A, Eyrarbakka	100,000	100,000
Meðalholt í Gaulverjabæ	100,000	100,000
Sauðanes	400,000	257.798
	3,950,000	**2,556,028**
Samtals	**15,200,000**	
Niðurfelldur styrkur (Bakkakirkja)	300,000	
Áætluð úthlutun samtals	**14,900,000**	
Staða samtals		**12.930.854**

Veittir styrkir úr húsafriðunarsjóði 1992.

Friðuð hús	í þús. kr.
Reykjavík:	
Kirkjutorg 6	600
Kennarask. við Laufásveg	500
Lækjargata 10	700
Skálholtsstígur 7	100
Skólastræti 5	500
Skólavörðustígur 35	500
Tjarnargata 22	100
Þingholtsstræti 13	100
Stykkishólmur:	
Norska húsið	700
Flatey:	
Klausturhólar	500
Þingeyri:	
Salthús	300
Vestur-Húnavatnssýsla:	
Klömbur í Vesturhópi	300
Blönduós:	
Hillebrandtshús	200
Akureyri:	
Aðalstræti 50	300
Aðalstræti 52	50
Aðalstræti 54A (Nonnahús)	200
Eyrarlandsv. 3, Sigurhæðir	300
Hafnarstr. 18, Túlíníusarhús	200
Norðugata 17	900
Strandgata 49, Gránufélagshús	600
Eskifjörður:	
Jensenshús	200
Djúpivogur:	
Langabúð	700
Vestmannaeyjar:	
Skansinn	500
Friðaðar kirkjur	
Fríkirkjan í Reykjavík	200
Fitjakirkja í Skorradal	100
Hjarðarholtsk. í Stafholtst.	100
Stykkishólmskirkja	700
Hjarðarholtskirkja í Dölum	1000
Gufudalskirkja	300
Unaðsdalskirkja	300
Eyrarkirkja við Seyðisfjörð	300
Staðarkirkja í Grunnavík	100
Breiðabólsstaðak. í Þverárhr.	300
Víðvíkurkirkja í Skagafirði	300
Reynistaðakirkja í Skagafirði	500
Hvammskirkja í Laxárdal	300
Bakkakirkja í Öxnadal	500
Hólakirkja í Eyjafirði	500
Möðruvallak. í Hörgárdal	700
Tjarnarkirkja í Svarfaðardal	1000
Skútustaðakirkja	500
Húsavíkurkirkja	200
Neskirkja í Norðfirði	1000
Kirkjan á Kolfreyjustað	1000
Kirkjan í Papey	300
Hagakirkja í Holtum	700
Kálfatjarnarkirkja	500
Innri Njarðvíkurkirkja	1000
Hraungerðiskirkja	500
Hjaltastaðakirkja	400
Breiðabólstaðak. í Dölum	300
Hús á safnsvæðum	
Akranes:	
Neðri-Sýrupartur	300
Glaumbær:	
Áshúsið	1000
Ísafjörður:	
Tjöruhúsið	1000
Siglufjörður:	
Roaldsbrakki.	1500
Höfn í Hornafirði:	
„Pakkhúsið"	200
Önnur verkefni	
Reykjavík:	
Grjótagata 9	100
Fischersund 3	500
Fischersund 3	400
Framnesvegur 20-26B	700
Hljómskálinn við Fríkirkjuv.	200
Laufásvegur 2	300
Laufásvegur 34	100
Miðstræti 10	150
Mjóstræti 3	200
Nýlendugata 24B	150

Skólastræti 5B	100
Stýrimannastígur 9	100
Vesturgata 3	500
Vesturgata 34	100
Vesturgata 39	200
Garðar við Ægisíðu	200
Hafnarfjörður:	
Hverfisgata 3	200
Borgarfjarðarsýsla:	
Kvíar í Þverárhlíð	100
Sveinatunga í Norðurárdal	200
Íbúðarhús á Húsafelli	200
Hvanneyri, skemma	400
Borgarnes:	
Brákarbraut 13 og 15	2000
Mýrarsýsla:	
Ferjukot í Borgarhreppi	100
Hellissandur:	
Skólabraut 10	150
Stykkishólmur:	
Aðalgata 3	300
Aðalgata 4	300
Silfurgata 4, Kúldshús	100
Silfurgata 14	200
Hafnargata 2A	200
Clausenshús	500
Ólafsvík:	
Grundarbraut 1, Jónshús	200
Flatey:	
Bogabúð	100
Eyjólfspakkhús	600
Patreksfjörður:	
Aðalstræti 84, Valhöll	200
Flateyri:	
Hús Kiwanisk. Þorfinns	200
Norður-Ísafjarðarsýsla:	
Laugaból (hjallur/pakkhús)	200
Ísafjörður:	
Gamla sjúkrahúsið	200
Edinborgarhúsið	300
Austur-Húnavatnssýsla:	
Melstaður	200
Blönduós:	
Aðalgata 11	150
Gamla hús Kaupfél. Húnvetn.	200
Skagafjörður:	
Hús Kaupfél. A-Skagfirðinga	300
Sauðárkrókur:	
Villa Nova	100
Aðalgata 2, gamli barnask.	300
Skógargata 13	150
Eyjafjarðarsýsla:	
Pakkhús á Möðruvöllum	200
Akureyri:	
Hafnarstræti 41	400
Hafnarstræti 49	200
Spítalavegur 9	150
Suður-Þingeyjarsýsla:	
Halldórsstaðir	500
Vopnafjörður:	
Kaupvangur	200
Egilsstaðir:	
Gistihúsið á Egilsstöðum	200
Fáskrúðsfjörður:	
Ráðhús Búðahrepps	500
Sjólyst	200
Djúpivogur:	
Geysir, Bakki nr. 1	200
Austur-Skaftafellssýsla:	
Fundahús Lónsmanna	300
Vestur-Skaftafellssýsla:	
Íbúðarhúsið í Hlíð í Skaftárt.	150
Rangárvallasýsla:	
Eystri Pétursey	150
Árnessýsla:	
Austur-Meðalholt í Flóa	300
Selfoss:	
Tryggvaskáli	200
Eyrarbakki:	
Bakaríið	200
Eyrargata 16B	50
Skúmsstaðir IV	200
Túngata 40 (Beitingahús)	300
Túngata 44B	200
Túngata 44A	200
Mosfellssveit:	
Hraðastaðir	100
Rannsóknarverkefni	
Safnastofnun Austurlands:	
Útgáfa húsakönn. á Seyðisfirði	300
Annað	
Sýning: Húsvernd á Íslandi	300
Húsakönnun á Oddeyri	300
Saga húsverndar á Íslandi	500
Mæling, rannsóknir og skoðun húsa:	
Vellir í Skagafirði	500
Stóri-Ós	200
Wathnehús á Seyðisfirði	150

STYRKVEITINGAR ÚR HÚSAFRIÐUNARSJÓÐI 1993.

Skýringar: Styrkir til áætlunargerðar eru merktir A.
Styrkir til framkvæmda eru merktir B.

Friðuð hús

REYKJAVÍK	
Austurstræti 20	B 100.000
Kirkjutorg 6	B 500.000
Landshöfðingjahúsið, Skálholtsstíg 7	A 200.000
Landakotsskóli	B 700.000
Laekjargata 10	B 300.000
Skólastræti 5	Flutt frá 1992 B 350.000 + B 350.000
Skólavörðustígur 35	A 200.000 + B 600.000
Tjarnargata 28	A 100.000
FLATEY	
Klausturhólar	B 500.000
ÞINGEYRI	
Salthús	Flutt frá 1992 A 300.000 + B 500.000
VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbur í Vesturhópi	A 300.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	A 150.000
SKAGAFJARÐARSÝSLA	
Bæjardyr á Reynistað	Flutt frá 1992 A 150.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 52	B 250.000
Aðalstræti 54A (Nonnahús)	B 350.000
Aðalstræti 66	A 250.000
Hafnarstræti 18, Tilliníusarhús	B 100.000
Norðurgata 17	A 150.000
Strandgata 49, Gránufélagshús	A 100.000 + B 500.000
S-ÞINGEYJARSÝSLA	
Stóruvellir	B 300.000
N-MÚLASÝSLA	
Galtastaðir fram	Flutt frá 1992 B 250.000
ESKIFJÖRÐUR	
Jensensshús	A 100.000 + B 500.000
DJÚPIVOGUR	
Löngubúð	A 300.000
VESTMANNAEYJAR	
Landlist	A 250.000
Friðuð hús samtals:	A 2.550.000 + B 6.150.000 = 8.700.000

Friðaðar kirkjur

Fríkirkjan í Reykjavík	A 200.000 + B 500.000
Fríkirkjan í Hafnarfirði	A 200.000
Akraneskirkja	A 200.000 + B 300.000
Fitjakirkja í Skorradal	B 100.000
Stóra-Áskirkja	A 100.000 + B 200.000
Setbergskirkja	B 600.000
Stykkishólmskirkja	A 200.000 + B 400.000
Hjarðarholtskirkja í Dölum	B 800.000
Stóra-Laugardalskirkja	A 150.000 + B 600.000
Unaðsdalskirkja	B 500.000
Eyrarkirkja við Seyðisfjörð	A 100.000 + B 400.000
Staðarkirkja í Grunnavík	B 200.000
Kaldrananeskirkja	A 250.000
Gufudalskirkja	A 135.000 + B 400.000
Breiðabólsstaðakirkja í Þverárhrepp	A 200.000 + B 300.000
Auðkúlukirkja í Svínavatnshrepp	A 150.000 + B 400.000
Goðdalakirkja	A 250.000
Reynistaðakirkja í Skagafirði	B 400.000
Kvíabrekkukirkja	Ráðgjöf starfsmanns
Hvammskirkja í Laxárdal	B 400.000
Bakkakirkja í Öxnadal	A 60.000 + B 400.000
Hólakirkja í Eyjafirði	A 60.000 + B 400.000
Möðruvallaklausturkirkja í Hörgárdal	A 200.000 + B 400.000
Lögmannshlíðarkirkja	A 250.000
Möðruvallakirkja í Eyjafjarðarsveit	A 200.000 + B 400.000
Laufáskirkja	A 100.000 + B 400.000
Skútustaðakirkja	A 100.000 + B 400.000
Húsavíkurkirkja	A 200.000 + B 500.000
Vopnafjarðarkirkja	A 100.000 + B 400.000
Hofskirkja Vopnafirði	A 100.000 + B 400.000
Bakkagerðiskirkja Borgarf. eystri	Ráðgjöf starfsmanns
Kirkjubæjarkirkja	A 100.000 B 400.000
Þingmúlakirkja	B 200.000
Hjaltastaðakirkja	A 100.000 + B 400.000
Norðfjarðarkirkja	B 600.000
Berunesskirkja, Djúpivogur	Ráðgjöf starfsmanns
Kirkjan í Papey	B 300.000
Grafarkirkja, V-Skaftafellssýslu	B 400.000
Langholtskirkja í Meðallandi	A 200.000
Hagakirkja í Holtum	A 100.000 + B 400.000
Hrunngerðiskirkja	A 100.000 + B 400.000
Ólafsvallakirkja á Skeiðum	B 150.000
Hrepphólakirkja	A 100.000 + B 400.000
Útskálakirkja í Garði	Ráðgjöf starfsmanns
Kálfatjarnarkirkja	B 600.000
Friðaðar kirkjur samtals:	A 4.205.000 + B 14.450.000 = 18.655.000

Hús á safnsvæðum

AKRANES	
Neðri-Sýrupartur	A 100.000 + B 500.000
Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum	A 150.000 + B 500.000
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA Í GLAUMBÆ	
Áshúsið	B 1.000.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Tjöruhúsið	A 100.000 + B 500.000
Faktorshúsið	A 250.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Roaldsbrakki	B 1.500.000
EYRARBAKKI	
Beitningaskúr	B 400.000
Hús á safnsvæðum samtals:	A 600.000 + B 4.400.000 = 5.000.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Aðalstræti 7	A 100.000
Ásvallagata 67	B 200.000
Bergstaðastræti 36	A 100.000
Bragagata 6	B 200.000
Bræðraborgarstígur 20	A 100.000 + B 200.000
Fischersund 3, Norska bakaríið	B 600.000
Fischersund 3	B 250.000
Fossagata 15	B 150.000
Frammesvegur 20-26b, Bankahúsin (12 íbúðir)	B 800.000
Grjótagata 9	A 100.000 + B 150.000
Grundarstígur 10	A 100.000
Laufásvegur 2	B 300.000
Laufásvegur 5	A 100.000
Laufásvegur 34	B 400.000
Miðstræti 8 b	A 150.000
Miðstræti 10	B 150.000
Mjóstræti 3	B 200.000
Nýlendugata 24 b	B 150.000
Smiðjustígur 13	B 150.000
Stýrimannastígur 9	B 250.000
Vesturgata 3	B 1.000.000
Vesturvallagata 4	A 100.000 + B 200.000
Tjarnargata 37	A 100.000 + B 200.000
Garðar við Ægisíðu	Flutt frá 1992 A 200.000
HAFNARFJÖRÐUR	
Hverfisgata 3	B 100.000
Kirkjuvegur 5	A 100.000 + B 300.000
Suðurgata 15	A 100.000 + B 300.000
Óttarsstaðir vestri	A 200.000

GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLA	
Hraðastaðir í Mosfellsdal (hlaða)	B 100.000
BORGARFJARÐARSÝSLA	
Sveinatunga í Norðurárdal	B 200.000
Skemma á Hvanneyri	A 150.000 + B 600.000
Íbúðarhúsið í Hvítanesi Skilmannahr.	A 250.000 + B 500.000
BORGARNES	
Brákarbraut 15 (gamla verslunarhúsið)	A 200.000 + B 700.000
MÝRASÝSLA	
Kvíar í Þverárhlíð	B 100.000
HELLISSANDUR	
Skólabraut 10	Flutt frá 1992 A 150.000
STYKKISHÓLMUR	
Silfurgata 14	Flutt frá 1992 A 200.000
ÓLAFSVÍK	
Grundarbraut 1, Jónshús	A 50.000 + B 250.000
FLATEY	
Eyjólfspakkhús	B 500.000
Vertshús	B 250.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Gamla sjúkrahúsið	B 500.000
Edinborgarhúsið	B 900.000
STRANDASÝSLA	
Drangar	B 100.000
Borðeyri, Riishús	A 150.000
SKAGAFJÖRÐUR	
Hús Kaupfélags A-Skagfirðinga á Hofsósi	B 250.000
Unastaðir í Kolbeinsdal, frambær	A 150.000 + B 250.000
BLÖNDUÓS	
Aðalgata 11	A 150.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Aðalgata 2, Gamli barnaskólinn	B 300.000
Skógargata 13	B 300.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Pakkhús á Möðruvöllum	B 250.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 16	B 250.000
Hafnarstræti 2	A 200.000
Hafnarstræti 86	A 100.000 + B 200.000
Lundargata 2	A 150.000
S-ÞINGEYJARSÝSLA	
Halldórsstaðir	B 400.000

Grænavatn, hlaða	B 100.000
HÚSAVÍK	
Samkomuhúsi Húsavíkur	Flutt frá 1992 A 200.000
N-MÚLASÝSLA	
Rangá I, íbúðarhús	A 200.000
VOPNAFJÖRÐUR	
Hafnarbyggð 5	A 50.000 + B 200.000
Kaupvangur	B 400.000
EGILSSTAÐIR	
Gistihúsið á Egilsstöðum	B 200.000
Verslunarhús á Miðhúsum	A 50.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Hafnargata 44, Vatnsveitushús	Ráðgjöf starfsm. + B 350.000
Vesturvegur 3, Grafarfið	A 100.000
Vesturvegur 3 b, Elverhöj	A 100.000
Norðurgata 3, Hús frú Láru	B 200.000
REYÐARFJÖRÐUR	
Tæknigeymsluhúsið	A 200.000
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	
Ráðhús Búðahrepps	B 400.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla kaupfélagshúsið	A 200.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Geysir, Hrauni 5	B 400.000
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Fundahús Lónsmanna	A 100.000 + B 250.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Íbúðarhúsið í Norðurhjáleigu	A 100.000
Suður-Vík, Vík í Mýrdal	A 150.000
RANGÁRVALLASÝSLA	
Drangshlíð	Ráðgjöf starfsmanns
ÁRNESSÝSLA	
Austur-Meðalholt í Flóa	B 250.000
EYRARBAKKI	
Einarshús (Hekluhús)	A 100.000 + B 250.000
Eyrargata 38	A 100.000
Læknishúsið	B 100.000
Skúmsstaðir IV	B 150.000
Túngata 44A, Sandvík	B 150.000
Önnur verkefni samtals:	A 5.100.000 + B 16.550.000 = 21.650.000

Rannsóknarverkefni

SAFNASTOFNUN AUSTURLANDS
Vinna við húsakönnun á Seyðisfirði 400.000

Rannsóknarverkefni samtals: A 400.000

Umsóknir 1993 skiptast þannig:

Friðuð hús: 30
Friðaðar kirkjur: 44
Hús á safnsvæðum: 9
Önnur verkefni: 100
Rannsóknarverkefni: 5

Umsóknir samtals 188

Úthlutað var 155 styrkjum sem skiptast þannig:

Friðuð hús: 24 styrkir
Friðaðar kirkjur: 44 styrkir
Hús á safnsvæðum: 7 styrkir
Önnur verkefni: 79 styrkir
Rannsóknarverkefni: 1 styrkur

Styrkir áætlaðir: 155
Afgreiðslu ólokið: 3
Umsókn synjað: 30

Styrkir skiptast þannig: A 12.855.000 + B 41.550.000 = 54.405.000

Sérverkefni:

Viktoríuhús og vindmylla í Vigur:	1.632.841
Sýslumannshúsið í Hafnarfirði:	131.500
Brenna, Bergstaðastræti 12:	250.000
Húsakönnun á Ísafirði:	134.516
Ritið Húsvernd á Íslandi:	578.000
Þorsteinn Gunnarsson, ráðgjöf:	97.430
samtals	2.824.287

Framlög í húsafriðunarsjóð 1993: Ríkissjóður 10.500.000 fyrir 1992 og 10.500.000 fyrir 1993. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 35.659.472. Framlög árið 1993 kr. 56.659.472. Flutt frá 1992 kr. 14.539.322. Staða í upphafi árs 1993 áætluð kr. 71.198.794.

Í lok ársins 1993 voru kr. 16.454.959 í húsafriðunarsjóði.

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1994.

HÚS	STYRKUPPHÆÐ
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Kirkjutorg 6	200.000
Landakotsskóli	300.000
Lækjargata 10	150.000
Skólavörðustígur 35	150.000
Tjarnargata 18	200.000
Tjarnargata 24	100.000
Tjarnargata 26	100.000
Þingholtsstræti 13	100.000
ARNARSTAPI	
Amtmannshúsið	200.000
FLATEY	
Klausturhólar	200.000
ÞINGEYRI	
Salthúsið	1.500.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 12	100.000
Aðalstræti 42	250.000
VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur í Vesturhópi	800.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	800.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Sæby-hús	200.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	200.000
Aðalstræti 50	150.000
Aðalstræti 52	200.000
Aðalstræti 66, Indriðahús	400.000
Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir	150.000
Hafnarstræti 18, Túlinfusarhús	100.000
Strandgata 49, Grænufélagshús	400.000
ESKIFJÖRÐUR	
Jensenshús	400.000
DJÚPIVOGUR	
Langabúð	800.000
VESTMANNAEYJAR	
Landlist	700.000

Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	350.000
Fríkirkjan í Reykjavík	200.000
Akraneskirkja	250.000
Fitjakirkja í Skorradal	150.000
Stóra-Áskirkja, Hálsahreppi	200.000
Reykholtskirkja í Borgarfirði	170.000
Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum, styrkur frá 1993	500.000
Stykkishólmskirkja	500.000
Hjarðarholtskirkja í Dölum, styrkur frá 1993	800.000
Gufudalskirkja	200.000
Stóra-Laugardalskirkja	400.000
Holtskirkja í Önundarfirði	100.000
Eyrarkirkja við Seyðisfjörð	300.000
Unaðsdalskirkja	200.000
Vatnsfjarðarkirkja	250.000
Kaldrananeskirkja	500.000
Staðarkirkja í Hrútafirði	100.000
Þingeyrakirkja	200.000
Blönduóskirkja	250.000
Auðkúlukirkja í Svínavatnshr.	200.000
Svínavatnskirkja	100.000
Goðdalakirkja	600.000
Reynistaðakirkja í Skagafirði	200.000
Hvammskirkja í Laxárdal	300.000
Knappastaðakirkja í Fljótum	100.000
Kvíabekkjarkirkja	250.000
Bakkakirkja í Öxnadal	400.000
Hólakirkja í Eyjafirði	400.000
Lögmannshlíðarkirkja	100.000
Möðruvallaklausturskirkja	250.000
Tjarnarkirkja í Svarfaðardal	200.000
Möðruvallakirkja í Eyjafjarðarsv.	150.000
Laufáskirkja	700.000
Lundarbrekkukirkja	200.000
Hofskirkja Vopnafirði	250.000
Eiríksstaðakirkja í Jökuldal	350.000
Bakkagerðiskirkja Borgarf. eystri	100.000
Hjaltastaðakirkja	400.000
Kirkjubæjarkirkja	250.000
Þingmúlakirkja í Skriðdal	150.000
Beruneskirkja, Djúpivogur	150.000
Papeyjarkirkja	528.000
Grafarkirkja, V-Skaftafellss.	150.000
Langholtskirkja í Meðallandi	200.000
Hlíðarendakirkja í Fljótshlíð	400.000
Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð	200.000
Krosskirkja Austur-Landeyjum	300.000
Keldnakirkja	150.000
Hagakirkja í Holtum	450.000
Hrepphólakirkja	150.000

Hús á safnsvæðum

AKRANES	
Neðri-Sýrupartur	300.000
ÓLAFSVÍK	
Pakkhús, Ólafsbraut 12	250.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Faktorshúsið í Neðstakaupstað	100.000
Krambúð í Neðstakaupstað	200.000
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað	300.000
GLAUMBÆR	
Áshúsið	600.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Roaldsbrakki	700.000
HÚSAVÍK	
Þverárstofa	400.000
EYRARBAKKI	
Beitningaskúr	100.000
Assistentahúsið og Húsið	3.000.000

Rannsóknarverkefni o.fl.

RANNSÓKNARSJÓÐUR ÍSLENSKRA ARKITEKTA	
Varðveisla og skráning á teikningasöfnum íslenskra arkitekta	300.000
ÍSLENSK BYGGINGARLIST	
Sýning í Árósum	350.000
LÍNUHÖNNUN H/F, VERKFRÆÐISTOFA	
Steining. 60 ára reynsla af íslenskri aðferð til múrhúðunar utanhúss	200.000

Húsakannanir

Akranes	300.000
Ísafjörður	150.000
Blönduós	300.000
Sauðárkrókur	300.000
Seyðisfjörður	250.000
Oddeyrin á Akureyri	250.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Bergstaðastræti 9 a	150.000
Bergstaðastræti 36	100.000
Bræðraborgarstígur 20, styrkur frá 1993	200.000
Fischersund 3	100.000
Framnesvegur 20-26b, Bankahúsin (11 íbúðir af 12)	300.000
Grjótagata 9, styrkur frá 1993	150.000
Grundarstígur 10	150.000
Laufásvegur 5	150.000
Laufásvegur 34	150.000
Miðstræti 8 b	200.000
Miðstræti 10	100.000
Nýlendugata 24 b, styrkur frá 1993	150.000
Tjarnargata 37	250.000
Vesturgata 3	500.000
Vesturvallagata 4	150.000
Ægisíða, Garðar	250.000
HAFNARFJÖRÐUR	
Kirkjuvegur 5	250.000
Suðurgata 15	250.000
Óttarsstaðir vestri	150.000
BORGARFJARÐARSÝSLA	
Íbúðarhúsið í Hvítanesi Skilmannahr.	250.000
Sveinatunga í Norðurárdal	150.000
BORGARNES	
Brákarbraut 15, pakkhús, styrkur frá 1993	700.000
MÝRASÝSLA	
Kvíar í Þverárhlíð	100.000
HELLISSANDUR	
Skólabraut 10	200.000
ÓLAFSVÍK	
Grundarbraut 1, Jónshús	200.000
STYKKISHÓLMUR	
Aðalgata 3, Narfeyri, styrkur frá 1992	300.000
Silfurgata 14	150.000
FLATEY	
Eyjólfspakkhús	300.000
Gunnlaugshús	100.000
Vertshús	100.000
DALASÝSLA	
Ólafsdalur, skólahús	250.000
N- OG V- ÍSAFJARÐARSÝSLA	
Hlíð í Dýrafirði	200.000
Ögur (hjallur)	100.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Gamla sjúkrahúsið	600.000
BOLUNGARVÍK	
Hafnargata 41	300.000
STRANDASÝSLA	
Drangar (hákarla- og grútarhjallur)	150.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	700.000
A- OG V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Melstaður	150.000
Hjallaland í Vatnsdal	200.000
BLÖNDUÓS	
Aðalgata 11	200.000
Gamla kaupfélagshúsið	150.000
SKAGAFJARÐARSÝSLA	
Unastaðir í Kolbeinsdal, frambær	200.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Lindargata 13	200.000
Villa Nova	200.000
HOFSÓS	
Húsið á Sandi	150.000

EYJAFJARÐARSÝSLA	
Pakkhús á Móðruvöllum	150.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 16	200.000
Hafnarstræti 2	150.000
Hafnarstræti 86	150.000
Lundargata 2, Houskenshús	150.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Halldórsstaðir	200.000
Laxamýri	200.000
Grænavatn, frambær	800.000
N-MÚLASÝSLA	
Breiðavað, Eiðaþinghá	150.000
Hjaltastaður	100.000
Hvammur, Vallahreppi	200.000
Rangá I, íbúðarhús	200.000
VOPNAFJÖRÐUR	
Kaupangur	800.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Hafnargata 44, Wathneshús	250.000
Ránargata 15 og 17	150.000
Vesturvegur 3 b, Elverhöj	250.000
Vesturvegur 8	100.000
REYÐARFJÖRÐUR	
Tærgesenshúsið	400.000
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	
Ráðhús Búðahrepps	150.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Geysir, Hraun 5	250.000
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Fundahús Lónsmanna	200.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Ytri-Sólheimar, Mýrdalshreppi	100.000
RANGÁRVALLASÝSLA	
Hamragarðar V-Eyjafjallahreppi	200.000
Drangshlíð	250.000
ÁRNESSÝSLA	
Austur-Meðalholt í Flóa	250.000
EYRARBAKKI	
Eyrargata 30, Reginn	100.000
Túngata 44A, Sandvík, styrkur frá 1993	150.000

STYRKUMSÓKNIR 1994 SAMTALS 236. STYRKVEITINGAR 160. SAMTALS KR. 44.748.000.

STYRKUMSÓKNIR OG STYRKVEITINGAR SKIPTAST ÞANNIG:

FRIÐUÐ HÚS: STYRKUMSÓKNIR 29. STYRKVEITINGAR 26	8.850.000
FRIÐAÐAR KIRKJUR: STYRKUMSÓKNIR 54. STYRKVEITINGAR 48	12.648.000
HÚS Á SAFNASVÆÐUM: STYRKUMSÓKNIR 14. STYRKVEITINGAR 10	5.950.000
RANNSÓKNARVERKEFNI: STYRKUMSÓKNIR 4. STYRKVEITINGAR 3	850.000
HÚSAKANNANIR: STYRKUMSÓKNIR 6. STYRKVEITINGAR 6	1.550.000
ÖNNUR VERKEFNI: STYRKUMSÓKNIR 130. STYRKVEITINGAR 67	14.900.000

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1995.

Hús	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Kirkjutorg 6	200.000
Skólastræti 5	200.000
Skólavörðustígur 35	200.000
Tjarnargata 22	200.000
Tjarnargata 24	250.000
Tjarnargata 26	150.000
FLATEY	
Klausturhólar	200.000
ÞINGEYRI	
Salthúsið	500.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 12	300.000
Aðalstræti 42	200.000
VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur í Vesturhópi, styrkur frá 1994	800.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	400.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Norðurgata 1, Sæby	300.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	300.000
Aðalstræti 50	150.000
Aðalstræti 50, styrkur frá 1994	150.000
Aðalstræti 54A, Nonnahús	100.000
Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir	250.000
Hafnarstræti 18, Tuliniusarhús	100.000
Strandgata 49, Gránufélagshús	400.000
ESKIFJÖRÐUR	
Jensenshús	400.000

Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	300.000
Fitjakirkja í Skorradal	100.000
Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum	200.000
Ingjaldshólskirkja	200.000
Stykkishólmskirkja	500.000
Hjarðarholtskirkja í Dölum	100.000
Gufudalskirkja	200.000
Stóra-Laugardalskrikja	250.000
Eyrarkirkja við Seyðisfjörð	200.000
Unaðsdalskirkja	250.000
Unaðsdalskirkja, styrkur frá 1994	200.000
Vatnsfjarðarkirkja	250.000
Kaldrananeskrikja	300.000
Staðarkirkja í Hrútafirði	150.000
Þingeyrarkirkja	300.000
Þingeyrarkirkja, styrkur frá 1994	200.000
Blönduóskirkja	150.000
Bergstaðakirkja	150.000
Auðkúlukirkja í Svínavatnshreppi	250.000
Goðdalakirkja	250.000
Hofstaðakirkja	250.000
Reynistaðakirkja í Skagafirði	250.000
Reynistaðakirkja, aukastyrkur	300.000
Hvammskirkja í Laxárdal	250.000
Knappstaðakirkja í Fljótum	300.000
Bakkakirkja í Öxnadal	250.000
Lögmannshlíðarkirkja v/Akureyri	400.000
Hólakirkja í Eyjafirði	250.000
Tjarnarkirkja í Svarfaðardal	200.000
Vallarkirkja í Svarfaðardal	250.000
Hálsakirkja í Fnjóskadal	300.000
Neskirkja í Aðaldal	250.000
Hofskirkja í Vopnafirði	900.000
Eiríksstaðakirkja í Jökuldal	300.000
Hjaltastaðakirkja	500.000
Norðurfjarðarkirkja	200.000
Beruneskirkja, Djúpavogi	250.000
Kirkjan í Papey	300.000
Langholtskirkja í Meðallandi	250.000
Langholtskirkja, styrkur frá 1994	200.000
Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð	500.000
Keldnakirkja	200.000
Krosskirkja, Austur-Landeyjum	250.000
Hagakirkja í Holtum	100.000
Hrepphólakirkja	250.000

Hús á safnasvæðum

AKRANES	
Geirsstaðir	200.000
Neðri-Sýrupartur	200.000
Sandar, Krókatún 24	150.000
ÓLAFSVÍK	
Pakkhús, Ólafsbraut 12	250.000
STYKKISHÓLMUR	
Norska Húsið	500.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Krambúð í Neðstakaupstað	250.000
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað	400.000
GLAUMBÆR	
Áshúsið	200.000
SKAGASTRÖND	
Bjarmanes, gamla skólahúsið	300.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Roaldsbrakki	400.000
HÚSAVÍK	
Þverárstofa	200.000
KÓPASKER	
Garður í Núpasveit	200.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Vélsmiðja Seyðisfjarðar	150.000

Rannsóknarverkefni o.fl.

Heimildarmynd f. sjónvarp um Rögnvald Ólafsson	200.000
Ritun og útgáfa húsasögu Seyðisfjarðar	200.000
Tilraun til að sjóða gluggafög í línolíu	100.000
Vegna bæklings um bárujárn	200.000

Húsakannanir

Blönduós	250.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Bakkastígur 1	150.000
Bergstaðastræti 12, Steinabærinn Brenna	800.000
Bræðraborgarstígur 20	150.000
Fischersund 3	150.000
Frakkastígur 10	150.000
Grjótagata 11	150.000
Kirkjugarðsstígur 6	150.000
Laufásvegur 5	150.000
Laufásvegur 34	150.000
Miðstræti 8a	150.000
Miðstræti 10	150.000
Skólastræti 5b	150.000
Tjarnargata 36	150.000
Tjarnargata 37	150.000
Túngata Íþróttahús ÍR	200.000
Vesturgata 3	500.000
Vesturgata 26c	200.000
Vesturgata 31	150.000
Vesturvallagata 4	150.000
Ægisíða, Garðar	250.000
HAFNARFJÖRÐUR	
Kirkjuvegur 5	100.000
Suðurgata 9, Blöndalshús	150.000
Suðurgata 15	150.000
Óttarsstaðir, vestri	100.000
BORGARFJARÐARSÝSLA	
Húsafell í Hálsasveit	200.000
Sveinatunga í Norðurárdal	150.000
Íbúðarhúsið í Hvítanesi	200.000
BORGARNES	
Skúlagata 17a	150.000
MÝRARSÝSLA	
Kvíar í Þverárhlíð	100.000
FLATEY	
Eyjólfspakkhús	500.000
Gunnlaugshús	200.000
DALASÝSLA	
Ólafsdalur, skólahús	400.000

BÍLDUDALUR	
Gamla vélsmiðjan	150.000
FLATEYRI	
Hafnarstræti 9	150.000
N- OG V-ÍSAFJARÐARSÝSLA	
Hlíð í Dýrafirði	200.000
Timburhús í Æðey	150.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 7, Edinborgarhúsið	500.000
BOLUNGARVÍK	
Hafnargata 41	200.000
STRANDASÝSLA	
Drangar (hákarla-og grútarhjallur)	100.000
HÓLMAVÍK	
Hafnarbraut 39, Riis-hús	150.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	400.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Lindargata 9	150.000
Villa Nova	250.000
HOFSÓS	
Húsið á Sandi	150.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Pakkhús á Möðruvöllum	100.000
Hótel Hjalteyri	150.000
Gamla Syðstabæjarhúsið í Hrísey	300.000
Beituskúr á Grenivík	100.000
AKUREYRI	
Hafnarstræti 41	200.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Halldórsstaðir	200.000
Lindarbrekka	150.000
Þverá í Laxárdal fjárhús og hlaða	200.000
Stóruvellir í Bárðardal	150.000
HÚSAVÍK	
Hús Kaupfélags Þingeyinga	300.000
S-MÚLASÝSLA	
Stóra Sandfell	150.000
Stóra Sandfell, aukastyrkur	200.000
N-MÚLASÝSLA	
Breiðavað, Eiðaþinghá	200.000
Hjaltastaður	200.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Hafnargata 44, Wathneshús	500.000
Vesturvegur 3	200.000
Vesturvegur 8	100.000
NESKAUPSTAÐUR	
Hafnarbraut 2a	100.000
FÁKRÚÐSFJÖRÐUR	
Búðavegur 41a, Sjólyst	100.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla kaupfélagshúsið	400.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Steinaberg	100.000
Geysir, Hraun 5	250.000
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Fundahús Lónsmanna	150.000
HÖFN, HORNAFIRÐI	
Hafnarbraut 2, Kaupmannshús	150.000
Pakkhúsið á Höfn	200.000
RANGÁRVALLASÝSLA	
Drangshlíð	200.000
Dagsbrún við Skarðshlíð, samkomuhús	200.000
EYRARBAKKI	
Einarshús	150.000
Eyrargata 30, Reginn	100.000
Túngata 44a, Sandvík I	150.000
Túngata 46, Sandvík II	150.000
GRINDAVÍK	
Gesthús við Garðhús	200.000
Flaggstangarhús	150.000

STYRKUMSÓKNIR 1995 SAMTALS 206. STYRKVEITINGAR 153. SAMTALS KR. 34.850.000.

STYRKUMSÓKNIR OG STYRKVEITINGAR SKIPTAST ÞANNIG:

FRIÐUÐ HÚS: STYRKUMSÓKNIR 20, STYRKVEITINGAR 19	4.800.000
FRIÐAÐAR KIRKJUR: STYRKUMSÓKNIR 45, STYRKVEITINGAR 42	11.350.000
HÚS Á SAFNASVÆÐUM: STYRKUMSÓKNIR 14, STYRKVEITINGAR 13	3.400.000
RANNSÓKNARVERKEFNI: 8 UMSÓKNIR, STYRKVEITINGAR 4	700.000
HÚSAKANNANIR: 1 UMSÓKN, STYRKVEITINGAR 1	250.000
ÖNNUR VERKEFNI: REYKJAVÍK, 38 UMSÓKNIR 18 STYRKV.	3.400.000
UTAN RVK. 80 UMSÓKNIR 56 STYRKVEITINGAR	10.950.000

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1996.

	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Kirkjutorg 6	250.000
Skólastræti 5	150.000
Skólavörðustígur 35	250.000
Tjarnargata 22	250.000
Tjarnargata 24	350.000
FLATEY	
Klausturhólar	150.000
ÞINGEYRI	
Salthúsið	1.000.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 42	250.000
V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur í Vesturhópi	400.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	1.000.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Norðurgata 1, Sæby	300.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	400.000
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	250.000
Aðalstræti 54a, Nonnahús	150.000
ESKIFJÖRÐUR	
Jensenshús	1.000.000
VESTMANNAEYJAR	
Landlyst	1.000.000
Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	300.000
Stykkishólmskirkja	400.000
Gufudalskirkja	350.000
Sauðlauksdalskirkja	350.000
Selárdalskirkja við Arnarfjörð	200.000
Vatnsfjarðarkirkja	350.000
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	200.000
Mýrarkirkja við Dýrafjörð	250.000
Blönduóskirkja	200.000
Bergstaðakirkja	350.000
Auðkúlukirkja	250.000
Bólstaðarhlíðakirkja	60.000
Reynisstaðakirkja í Skagafirði	250.000
Goðdalakirkja	300.000
Hvammskirkja í Laxárdal	300.000
Hólakirkja í Eyjafirði	300.000
Vallakirkja í Svarfaðardal	300.000
Hálskirkja í Fnjóskadal	300.000
Grenjaðarstaðarkirkja	250.000
Hofskirkja, Vopnafirði	300.000
Eiríksstaðakirkja í Jökuldal	250.000
Hjaltastaðakirkja	450.000
Bakkagerðiskirkja	500.000
Þingmúlakirkja í Skriðdal	250.000
Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð	600.000
Hlíðarendakirkja í Fljótshlíð	600.000
Krosskirkja, A-Landeyjum	250.000
Keldnakirkja	350.000
Hrepphólakirkja	450.000
Hús á safnasvæðum	
HAFNARFJÖRÐUR	
Vesturgata 6	200.000
AKRANES	
Geirsstaðir	200.000
Neðri-Sýrupartur	200.000
ÓLAFSVÍK	
Pakkhús, Ólafsbraut 12	400.000
STYKKISHÓLMUR	
Norska húsið	200.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Faktorshúsið í Neðstakaupstað	400.000
Krambúð í Neðstakaupstað	200.000
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað	200.000
GLAUMBÆR	
Gilsstofa	400.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Roaldsbrakki	1.000.000
ESKIFJÖRÐUR	
Gamla-Búð	200.000
Rannsóknarverkefni	
Rannsókn á norskum sveitserstílshúsum á Íslandi.	150.000
Viðgerðir á frumteikningum úr teiknisafni Rögnvaldar Ólafssonar og Guðjóns Samúelssonar.	200.000

3. rit Viðeyjarstofa og kirkja. Byggingarsaga og annáll og endurreisn.	400.000
Fræðistörf um íslenska byggingarlist.	150.000
Fræðslurit um Neðstakaupstaðarhúsin á Ísafirði.	150.000

Húsakannanir

Hólmavíkurhreppur	300.000
Blönduós	250.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Bakkastígur 1	200.000
Bergstaðastræti 40	200.000
Bókhlöðustígur 6b	100.000
Bræðraborgarstígur 20	200.000
Bræðraborgarstígur 21	250.000
Fischersund 3	250.000
Frakkastígur 10	200.000
Garðastræti 25	200.000
Grettisgata 11	150.000
Hringbraut 43-45-47	100.000
Kirkjugarðsstígur 6	150.000
Laufásvegur 3	100.000
Laufásvegur 5	200.000
Laufásvegur 34	250.000
Laugavegur 33b	200.000
Miðstræti 8b	250.000
Ránargata 29	200.000
Stýrimannastígur 9	200.000
Tjarnargata 37	200.000
Vesturgata 3	1.000.000
Vesturgata 26c	200.000
Vesturgata 39	200.000
Þingholtsstræti 22	200.000
Ægissíða, Garðar	250.000

Önnur verkefni

HAFNARFJÖRÐUR	
Hverfisgata 3	150.000
Strandgata 49	1.000.000
Suðurgata 15	250.000
BORGARFJARÐARSÝSLA	
Húsafell í Hálsasveit	200.000
Íbúðarhúsið í Hvítanesi	100.000
MÝRARSÝSLA	
Kvíar í Þverárhlíð	100.000
ÓLAFSVÍK	
Grundarbraut 1, Jónshús	150.000
STYKKISHÓLMUR	
Hafnargata 1, Apótekið	150.000
Silfurgata 4, Kúldshús	400.000
Silfurgata 6, Prófastshús	150.000
FLATEY	
Eyjólfspakkhús	500.000
Vorsalir	100.000
DALASÝSLA	
Ólafsdalur, skólahús	1.000.000
FLATEYRI	
Hafnarstræti 9	250.000
N- OG V-ÍSAFJARÐARSÝSLA	
Hlíð í Dýrafirði	150.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 7, Edinborgarhúsið	500.000
Aðalstræti 26a	150.000
Mánagata 4	300.000
Mánagata 5	350.000
Smiðjugata 8a	100.000
HÓLMAVÍK	
Hafnarbraut 39, Riis-hús	400.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	1.000.000
V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Illugastaðir	250.000
BLÖNDUÓS	
Sýslumannshúsið að Kornsá	500.000
SKAGASTRÖND	
Bjarmanes	250.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Villa Nova	250.000
SKAGAFJÖRÐUR	
Bakkakot í Vesturdal	
Tyrfingsstaðir á Kjálka	
Vellir í Vallhólmi	200.000
Unastaðir í Kolbeinsdal	150.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Pakkhús á Möðruvöllum	200.000
Hótel Hjalteyri	150.000
Gamla Syðstabæjarhúsið í Hrísey	500.000

Beituskúr á Grenivík	150.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 10	200.000
Aðalstræti 44	200.000
Hafnarstræti 20, Hoepfnershús	300.000
Hafnarstræti 86	200.000
Norðurgata 6	200.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Halldórsstaðir	250.000
Gömul skemma að Halldórsstöðum	250.000
Íbúðarhúsið að Laxamýri	250.000
Grænavatn, frambær	200.000
Kálfaströnd	250.000
Héðinshöfði	250.000
S-MÚLASÝSLA	
Stóra Sandfell	250.000
N-MÚLASÝSLA	
Breiðavað, Eiðaþinghá	150.000
Hjaltastaður	150.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Hafnargata 36-38	250.000
Hafnargata 37, Angró	150.000
Hafnargata 44, Wathneshús	150.000
Vesturvegur 5, Björgvin	150.000
Vesturvegur 8	100.000
Austurvegur 21, Pálshús	150.000
Austurvegur 42, Skaftfell	250.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla Kaupfélagshúsið	100.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Fyrrv. íbúðarhús að Berunesi	150.000
Steinaborg	200.000
DJÚPIVOGUR	
Sólhóll, Hraun 1	200.000
Geysir, Hraun 5	250.000
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Austurbær, Hofi í Öræfum	300.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Hörgsland 1, Síðu	100.000
EYRARBAKKI	
Akbraut	100.000
Bakarísstígur 4, Pálsbær	200.000
Berg	200.000
Einarshús (Hekluhús)	200.000
Eyrargata 30, Reginn	200.000
Gamla læknishúsið	150.000
Háeyrarvellir 10	100.000
Túngata 44a, Sandvík I	150.000
GRINDAVÍK	
Gesthús við Garðhús	200.000
KEFLAVÍK	
Duusgata 4, Bryggjuhúsið	300.000

STYRKUMSÓKNIR 1996 SAMTALS 187. STYRKVEITINGAR 155 SAMTALS KR. 44.510.000

Friðuð hús: Styrkumsóknir 19, styrkveitingar 15	samtals kr. 7.150.000
Friðaðar kirkjur: Styrkumsóknir 30, styrkveitingar 28	samtals kr. 9.260.000
Hús á safnasvæðum: Styrkumsóknir 12, styrkveitingar 11	samtals kr. 3.600.000
Rannsóknarverkefni: Styrkumsóknir 7, styrkveitingar 6	samtals kr. 1.050.000
Húsakannanir: Styrkumsóknir 2, styrkveitingar 2	samtals kr. 550.000
Önnur verkefni:	
Reykjavík: Styrkumsóknir 30, styrkveitingar 24	samtals kr. 5.450.000
Utan Rvk.: Styrkumsóknir 87, styrkveitingar 70	samtals kr. 17.450.000

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1997.

Hús	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Kirkjutorg 6	100.000
Skólastræti 5	350.000
Tjarnargata 24	400.000
Þingholtsstræti 13	250.000
SNÆFELLSNES	
Amtmannshús, Arnarstapa	150.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Faktorshús í Hæðstakaupstað	300.000
ÞINGEYRI	
Salthúsið	500.000
V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur, Vesturhópi	400.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	300.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Norðurgata 1, Sæby	300.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	1.100.000
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	250.000
Aðalstræti 54a, Nonnahús	500.000
Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	200.000
Hjarðarholtskirkja, Stafholtstungum	250.000
Stykkishólmskirkja	500.000
Hvammskirkja	450.000
Gufudalskirkja	300.000
Sauðlauksdalskirkja	500.000
Eyrarkirkja	300.000
Ögurkirkja	250.000
Vatnsfjarðarkirkja	300.000
Þingeyrakirkja	500.000
Blönduóskirkja	150.000
Auðkúlukirkja	250.000
Bólstaðarhlíðakirkja	150.000
Bergstaðakirkja	300.000
Reynisstaðakirkja	200.000
Knappstaðarkirkja	300.000
Hólakirkja	300.000
Vallakirkja	900.000
Lögmannshlíðarkirkja	350.000
Grundarkirkja	250.000
Hálskirkja, Fnjóskadal	350.000
Bakkagerðiskirkja	500.000
Hjaltastaðakirkja	350.000
Eiríksstaðakirkja	200.000
Þingmúlakirkja	400.000
Beruneskirkja	100.000
Hlíðarendakirkja	400.000
Breiðabólsstaðarkirkja	500.000
Krosskirkja	200.000
Hrepphólakirkja	200.000
Mosfellskirkja	50.000
Strandarkirkja	200.000
Hús á safnasvæðum	
AKRANES	
Geirsstaðir	100.000
Krókatún 24, Sandar	150.000
ÓLAFSVÍK	
Ólafsbraut 12, Pakkhús	400.000
STYKKISHÓLMUR	
Norska-húsið	500.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Faktorshúsið. Neðstakaupstað	200.000
Rannsóknarverkefni	
MR og Fjósið. Byggingarsöguleg rannsókn	200.000
Sýning á íslenskri byggingarlist	200.000
Samantekt á gögnum um "Guðlaugsstaðarbæinn"	75.000
Húsakannanir	
Hafnarfjörður	700.000
Blönduós	250.000
Sauðárkrókur	700.000
Fellahreppur	200.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK

Baldursgata 11	75.000
Bergstaðastræti 9a	400.000
Bergstaðastræti 22	200.000
Bergsstaðastræti 40	100.000
Bókhlöðustígur 6, Stöðlakot	100.000
Bókhlöðustígur 6b	150.000
Bræðraborgarstígur 20	150.000
Bræðraborgarstígur 21	150.000
Garðastræti 25	300.000
Grjótagata 12	300.000
Laufásvegur 3	150.000
Laufásvegur 5	200.000
Laugavegur 33b	100.000
Miðstræti 4	350.000
Miðstræti 8b	300.000
Miðstræti 10	250.000
Ránargata 29	250.000
Tjarnargata 37	200.000
Vesturgata 3, Hlaðvarpinn	1.100.000
Vesturgata 27	250.000
Vesturgata 39	200.000
Þingholtsstræti 24	300.000
Þingholtsstræti 35	100.000
Öldugata 32	200.000

Önnur verkefni

HAFNARFJÖRÐUR

Hverfisgata 3	100.000
Hverfisgata 10	150.000
Kirkjuvegur 5	200.000
Óttastaðir vestri	50.000
Suðurgata 15	200.000

BORGARNES

Brákarbraut 13	200.000

BORGARFJARÐARSÝSLA

Húsafell í Hálsasveit	50.000
Íbúðarhús að Hvítanesi	100.000

HELLISSANDUR

Skólabraut 10, Lárusarhús	250.000

STYKKISHÓLMUR

Silfurgata 4, Kúldshús	200.000

FLATEY

Eyjólfspakkhús	1.100.000

MÝRARSÝSLA

Kvíar, Þverárhlíð	100.000

DALASÝSLA

Kjallaksstaðir, Fellaströnd	150.000
Ólafsdalur, skólahús	400.000

V-BARÐASTRANDASÝSLA

Brjánslækur, prestbústaður	150.000

BÍLDUDAL

Gamla vélsmiðjan	150.000

ÞINGEYRI

Fjarðargata 5	200.000

V-ÍSAFJARÐARSÝSLA

Hlíð við Núp í Dýrafirði	50.000
Hrafnarbjörg	200.000

N-ÍSAFJARÐARSÝSLA

Þinghús, Vatnsfirði	150.000
Hjallur í Ögri	150.000

ÍSAFJÖRÐUR

Aðalstræti 7, Edinborgarhúsið	1.100.000
Gamla sjúkrahúsið	300.000

STRANDASÝSLA

Gamla bæjarhúsið, Eyrardal	150.000

HÓLMAVÍK

Hafnarbraut 39, Riis-hús	150.000
Kópnesbraut 9	250.000

BORÐEYRI

Riis-hús	700.000

BLÖNDUÓS

Sýslumannshúsið að Kornsá	150.000

SAUÐÁRKRÓKUR

Lindargata 9	250.000
Villa Nova	1.100.000

SKAGAFJÖRÐUR

Unastaðir í Kolbeinsdal	150.000

AKUREYRI

Aðalstræti 10	200.000
Hafnarstræti 86	200.000
Hafnarstræti 88	300.000
Lækjargata 3	

SVALBARÐSEYRI

Gamla-búð	150.000

GRENIVÍK

Miðgarður	100.000

HRÍSEY	
Gamla Syðstabæjarhúsið	900.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Pakkhús, Móðruvöllum	250.000
Stefánsfjós, Móðruvöllum	75.000
Þúfnavellir II, Hörgárdal	100.000
ÞINGEYRI	
Hús Kaupfélags Þingeyinga	600.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Skemma að Halldórsstöðum, Laxárdal	200.000
Íbúðarhús, Laxamýri	200.000
Stóruvellir, Bárðardal	400.000
N-MÚLASÝSLA	
Breiðavað	150.000
Hjaltastaður	100.000
S-MÚLASÝSLA	
Jórvík, Breiðdal	75.000
Lindarbakka, Breiðdal	75.000
Skáli, Berufirði	200.000
Stóra Sandfell	350.000
VOPNAFJÖRÐUR	
Hafnarbyggð 5	200.000
Kaupangur	400.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Austurvegur 21, Pálshús	200.000
Austurvegur 42, Skaftfell	150.000
Fjörður 1, Jónshús	200.000
Hafnargata 36-38, Vélsm. Seyðisfj.	400.000
Hafnargata 37, Angró	1.100.000
Vesturvegur 5, Björgvin	250.000
Vesturvegur 8	150.000
NESKAUPSTAÐUR	
Þurkhjallur, Ekrustíg 4	50.000
ESKIFJÖRÐUR	
Randulffsjóhús	250.000
REYÐARFJÖRÐUR	
Búðargata 4, Tærgesenshús	350.000
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	
Ráðhús Búðahrepps	200.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla kaupfélagshúsið	400.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Fyrrverandi íbúðarhús í Berunesi	100.000
Hótel Framtíðin	200.000
Steinaborg	50.000
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Fundahús Lónmanna	200.000
HÖFN, HORNAFIRÐI	
Pakkhúsið, Óslandsvegi	150.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Hörgsland 1, Síðu	150.000
VÍK, MÝRDAL	
Víkurbraut 28, Brydebúð	200.000
VESTMANNAEYJAR	
Landlyst	500.000
ÁRNESSÝSLA	
Borg, Grímsnesi	200.000
Gamla íbúðarhúsið í Hjálmholti	150.000
SELFOSS	
Tryggvaskáli	400.000
EYRARBAKKI	
Bakarísstígur 4, Pálsbær	120.000
Einarshöfn II, Prestshús	150.000
Einarshöfn III	100.000
Eyrargata 16a, Akbraut	150.000
Eyrargata 30, Reginn	150.000
Gamla læknishúsið	150.000
Háeyrarvellir 10, Bjarghús	100.000
Túngata 44a, Sandvík I	100.000
Túngata 63, Norðurkot	150.000
GRINDAVÍK	
Gesthús við Garðhús	300.000

STYRKVEITINGAR 1997	
Friðuð hús: Styrkveitingar 13	4.900.000
Friðaðar kirkjur: Styrkveitingar 32	10.150.000
Hús á safnasvæðum: Styrkveitingar 5	1.350.000
Rannsóknarverkefni: Styrkveitingar 3	475.000
Húsakannanir: Styrkveitingar 4	1.850.000
Önnur verkefni.	
Reykjavík	5.875.000
Utan Rvk.	21.295.000
SAMTALS	**KR. 45.895.000**

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1998.

Hús	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Skólastræti 5	300.000
Tjarnargata 18	300.000
Tjarnargata 24	300.000
Þingholtsstræti 13	200.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 42, Faktorshús í Hæstakaupstað	1.250.000
V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur í Vesturhópi	300.000
BLÖNDUÓS	
Hillebrandtshús	300.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Sæby-húsið	300.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	750.000
Aðalstræti 54, Nonnahús	100.000
VESTMANNAEYJAR	
Landlyst	300.000
Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	400.000
Reynivallakirkja í Kjós	300.000
Borgarkirkja	200.000
Stóra Áskirkja	150.000
Hjarðarholtskirkja	200.000
Stykkirhólmskirkja	1.250.000
Hvammskirkja í Dölum	300.000
Gufudalskirkja	200.000
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	300.000
Staðarkirkja, Súgandafirði	200.000
Eyrarkirkja, Seyðisfirði	200.000
Vatnsfjarðarkirkja	300.000
Kaldrananeskirkja	150.000
Staðarkirkja, Hrútafirði	100.000
Auðkúlukirkja	200.000
Þingeyrakirkja	750.000
Blönduóskirkja	200.000
Hvammskirkja í Laxárdal	250.000
Reynisstaðakirkja, Skagafirði	150.000
Bergsstaðakirkja	250.000
Bakkakirkja, Öxnadal	200.000
Lögmannshlíðarkirkja	250.000
Grundarkirkja	200.000
Hálskirkja	300.000
Hofskirkja, Vopnafirði	300.000
Bakkagerðiskirkja	300.000
Hjaltastaðakirkja	300.000
Áskirkja, Fellum	250.000
Þingmúlakirkja	300.000
Berufjarðarkirkja	150.000
Beruneskirkja	200.000
Langholtskirkja í Meðallandi	200.000
Krosskirkja, A-Landeyjum	300.000
Hlíðarendakirkja, Fljótshlíð	250.000
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	300.000
Strandarkirkja í Selvogi	150.000
Útskálakirkja	200.000
Hús á safnasvæðum	
STYKKISHÓLMUR	
Norska húsið	300.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Faktorshús í Neðstakaupstað	300.000
Krambúð í Neðstakaupstað	300.000
Turnhús í Neðstakaupstað	100.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Vélsmiðja Seyðisfjarðar	300.000
Rannsóknarverkefni	
Docomomo	100.000
Íslenska Óperan	200.000
Menntaskólinn í Reykjavík	100.000
Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði	200.000
Húsakannanir	
Grindavík	400.000
Mýrdalshreppur	400.000
Önnur verkefni	
REYKJAVÍK	
Austurstræti 4	100.000
Bergstaðastræti 22	200.000
Garðastræti 25	200.000
Garðastræti 49	300.000
Grjótagata 12	200.000
Hólatorg 2	100.000
Ingólfsstræti 10	300.000

Laufásvegur 5	200.000
Laugavegur 33b	100.000
Laugavegur 42	75.000
Miðstræti 4	200.000
Miðstræti 8b	200.000
Mjóstræti 3	150.000
Mjóstræti 6	200.000
Ránargata 29	200.000
Tjarnargata 37	150.000
Tryggvagata 1	150.000
Túngata 8	200.000
Vesturgata 29	200.000
Vesturgata 50	500.000
Þingholtsstræti 17	200.000
Þingholtsstræti 22	200.000
Þingholtsstræti 23	1.250.000
Þingholtsstræti 24	200.000
Þingholtsstræti 35	200.000
Garðar við Ægissíðu	200.000

Önnur verkefni

HAFNARFJÖRÐUR	
Brekkugata 12	200.000
Hverfisgata 4	100.000
Kirkjuvegur 5	50.000
Suðurgata 9	150.000
Suðurgata 15	200.000
Óttastaðir Vestri	50.000
SELTJARNARNES	
Ráðagerði	300.000
KEFLAVÍK	
Duusgata 2-4, Bryggjuhúsið	600.000
KJALARNES	
Íbúðarhús í Brautarholti	150.000
BORGARNES	
Sjávarborg	200.000
HELLISANDUR	
Skólabraut 10, Lárusarhús	250.000
STYKKISHÓLMUR	
Hafnargata 1	200.000
Silfurgata 4, Kúldshús	150.000
Silfurgata 6, Prófastshús	200.000
FLATEY	
Bjarg	200.000
Pakkhús	750.000
Ásgarður	250.000
V-BARÐASTRANDASÝSLA	
Íbúðarhúsið á Brjánslæk	250.000
BÍLDUDALUR	
Jónshús, verkstjórahús	150.000
PATREKSFJÖRÐUR	
Vatneyrarbúð	150.000
V-ÍSAFJARÐAARSÝSLA	
Gamla íbúðarhúsið að Sveinseyri	150.000
FLATEYRI	
Hafnarstræti 3	200.000
Svarta húsið	200.000
Hafnarstræti 9, Kjartanshús	200.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 7, Edinborgarhúsið	750.000
Aðalstræti 16	400.000
HÓLMAVÍK	
Hafnarbraut 39, Riis-hús	200.000
Kópnesbraut 9,	150.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	600.000
HÚNAVATNSSÝSLA	
Illugastaðir	100.000
HVAMMSTANGI	
Brekkugata 2	150.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Aðalgata 13	200.000
Villa Nova	500.000
SKAGAFJÖRÐUR	
Unastaðir í Kolbeinsdal	150.000
SVARFAÐARDALUR	
Þinghúsið Grund	200.000
GRENIVÍK	
Miðgarður	200.000
Hlíðarendi, beitningaskúr	150.000
DALVÍK	
Nýibær	100.000
HRÍSEY	
Gamla Syðstabæjarhúsið	1.250.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Leikhús á Möðruvöllum	200.000
Stefánsfjós á Möðruvöllum	75.000
Þúfnavellir II, Hörgárdal	150.000

AKUREYRI	
Aðalstræti 10, Berlín	200.000
Aðalstræti 17	200.000
Aðalstræti 44	200.000
Hafnarstræti 88	200.000
Hafnarstræti 96, París	500.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Skemma að Halldórsstöðum, Laxárdal	150.000
Íbúðarhúsið að Laxamýri	150.000
Ytrahúsið á Laxamýri	50.000
HÚSAVÍK	
Hús K.Þ.	700.000
Stórigarður 6, Gamli Barnaskólinn	300.000
VOPNAFJÖRÐUR	
Framtíðin	350.000
Hafnarbyggð 5, Jaðar	150.000
Kaupangur	1.250.000
N-MÚLASÝSLA	
Hjaltastaður	150.000
Hnitbjörg, Jökulsárhlíð	150.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Austurvegur 42, Skaftfell	250.000
Bjólfsgata 8, Gíslhús	100.000
Fjörður 1	150.000
Hafnargata 34, Turninn	100.000
Hafnargata 37, Angró	600.000
Vesturvegur 5, Björgvin	150.000
Vesturvegur 8	150.000
EGILSSTAÐIR	
Egilsstaðir I	300.000
NESKAUPSTAÐUR	
Nesgata 20a	300.000
REYÐARFJÖRÐUR	
Búðargata 4, Tærgesenshúsið	300.000
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	
Ráðhús Búðahrepps	200.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla Kaupfélagshúsið	500.000
DJÚPAVOGSHREPPUR	
Fyrrverandi íbúðarhús að Berunesi	150.000
Steinaborg	50.000
DJÚPIVOGUR	
Faktorshúsið	250.000
Geysir	250.000
HÖFN	
Pakkhúsið	150.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Hörgsland, Síðu	150.000
Bæjarhús á Hnausum	150.000
VÍK	
Víkurbraut 28, Brydebúð	1.250.000
MÝRDALUR	
Barnaskóli Litlahvammi	200.000
A-EYJAFJÖLLUM	
Fjárhús í Drangshlíð	100.000
ÁRNESSÝSLA	
Gamla íbúðarhúsið að Hjálmholti, Flóa	250.000
SELFOSS	
Tryggvaskáli	700.000
EYRARBAKKI	
Einarshöfn II, Prestshús	200.000
Einarshöfn III	200.000
Háeyrarvellir 12, Ós	200.000
Mundakot 1	150.000
Nýibær	200.000
Túngata 45a, Tún	200.000

STYRKVEITINGAR 1998

Friðuð hús: Styrkveitingar 11	4.400.000
Friðaðar kirkjur: Styrkveitingar 38	10.200.000
Hús á safnasvæðum: Styrkveitingar 5	1.300.000
Rannsóknarverkefni: Styrkveitingar 4	600.000
Húsakannanir: Styrkveitingar 2	800.000
Önnur verkefni,	
Reykjavík	6.175.000
Utan Reykjavíkur	23.425.000
SAMTALS KR.	**46.900.000**

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 1999.

Hús	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Austurstræti 16	400.000
Hafnarstræti 3	600.000
Skólastræti 5	300.000
Tjarnargata 18	400.000
Tjarnargata 22	300.000
Tjarnargata 24	250.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 16	800.000
Aðalstræti 42, Faktorshús í Hæstakaupstað	900.000
V-HÚNAVATNSSÝSLA	
Klömbrur í Vesturhópi	200.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Sæby-húsið	200.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	1.000.000
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	400.000
Aðalstræti 52	200.000
Hafnarstræti 20	700.000
Lækjargata 2a	250.000
ESKIFJÖRÐUR	
Jensenshús	400.000
DJÚPIVOGUR	
Faktorshús	400.000

Friðaðar kirkjur	
Dómkirkjan í Reykjavík	500.000
Fríkirkjan í Hafnarfirði	2.000.000
Reynivallakirkja í Kjós	800.000
Borgarkirkja	100.000
Setbergskirkja	250.000
Gufudalskirkja	100.000
Sauðlauksdalskirkja	400.000
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	350.000
Kirkjubólskirkja	200.000
Hólskirkja, Bolungarvík	300.000
Bænahúsið í Furufirði	150.000
Vatnsfjarðarkirkja	100.000
Ögurkirkja	100.000
Kollafjarðarneskirkja	800.000
Auðkúlukirkja	300.000
Svínavatnskirkja	300.000
Þingeyrakirkja	2.000.000
Blönduóskirkja	100.000
Knappstaðakirkja	200.000
Urðakirkja	300.000
Ólafsfjarðarkirkja	300.000
Lögmannshlíðarkirkja	500.000
Minjasafnskirkjan á Akureyri	100.000
Grundarkirkja	200.000
Hálskirkja	400.000
Flateyjarkirkja, Flatey á Skjálfanda	150.000
Sauðaneskirkja á Langanesi	500.000
Skeggjastaðakirkja	300.000
Hofskirkja, Vopnafirði	200.000
Kirkjubæjarkirkja	150.000
Hjaltastaðakirkja	200.000
Klyppstaðakirkja	150.000
Áskirkja, Fellum	400.000
Eiríksstaðakirkja	150.000
Berufjarðarkirkja	200.000
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	2.000.000
Keldnakirkja	700.000
Villingaholtskirkja	400.000
Strandarkirkja í Selvogi	200.000
Útskálakirkja	100.000

Hús á safnasvæðum	
AKRANES	
Sandar (vestri)	400.000
STYKKISHÓLMUR	
Norska húsið	100.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Krambúð í Neðstakaupstað	150.000
Tjöruhús í Neðstakaupstað	100.000
Turnhús í Neðstakaupstað	100.000

Rannsóknarverkefni

Leiðsögurit um íslenska byggingarlist	100.000
Stykkishólmskirkja	200.000

Húsakannanir

Mýrarsýsla	250.000
Snæfellsbær	300.000
Stokkseyri	700.000
A-Skaftafellssýsla	250.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Bankastræti 3	200.000
Bárugata 23	200.000
Bergstaðastræti 22	150.000
Garðastræti 49	200.000
Grettisgata 11	150.000
Hverfisgata 14	400.000
Hverfisgata 45	250.000
Ingólfsstræti 10	400.000
Lækjargata 6b	400.000
Miðstræti 4	200.000
Miðstræti 6	400.000
Miðstræti 8b	200.000
Mjóstræti 6	400.000
Seljavegur 10	200.000
Stýrimannastígur 10	400.000
Suðurgata 4	300.000
Tjarnargata 37	150.000
Vesturgata 3, bakhús	400.000
Vesturgata 27	200.000
Vesturgata 29	300.000
Vesturgata 50	400.000
Þingholtsstræti 17	300.000
Ægisgata 7	200.000

Önnur verkefni

SELTJARNARNES	
Ráðagerði	300.000
HAFNARFJÖRÐUR	
Brekkugata 11	200.000
Hverfisgata 4	100.000
Suðurgata 15	200.000
KEFLAVÍK	
Duusgata 2-4, Bryggjuhúsið	400.000
Hafnargata 2	200.000
GARÐUR	
Prestsetrið Útskálar	400.000
BORGARNES	
Skúlagata 17a	200.000
BORGARFJÖRÐUR	
Ferjukot	200.000
Litli Kroppur	150.000
Hvítanes, gamla íbúðarhúsið	150.000
STYKKISHÓLMUR	
Silfurgata 4, Kúldshús	150.000
FLATEY	
Vogur (Jónshús)	150.000
Vertshús, Hótel Flatey	250.000
Pakkhús	800.000
Ásgarður	400.000
V-ÍSAFJARÐAARSÝSLA	
Gamla íbúðarhúsið að Sveinseyri	150.000
FLATEYRI	
Hafnarstræti 3	150.000
Svarta húsið	150.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 7, Edinborgarhúsið	800.000
Aðalstræti 22b	200.000
Hrannargata 1	350.000
Tangagata 20	300.000
Gamla sjúkrahúsið	2.000.000
ÖGUR	
Hjallur	50.000
HÓLMAVÍK	
Hafnarbraut 39, Riis-hús	200.000
Kópnesbraut 9,	150.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	500.000
BLÖNDUÓS	
Blöndubyggð 1	200.000
Blöndubyggð 3	150.000
HVAMMSTANGI	
Brekkugata 2	200.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Aðalgata 13	200.000
Lindargata 3	300.000
Lindargata 9	150.000
Villa Nova	400.000
SKAGAFJÖRÐUR	
Unastaðir í Kolbeinsdal	150.000

SIGLUFJÖRÐUR	
Aðalgata 18, Tynesarhús	250.000
Hávegur 60, Hlíðarhús	200.000
Suðurgata 6	250.000
SVARFAÐARDALUR	
Íbúðarhúsið að Völlum	250.000
Þinghúsið Grund	150.000
DALVÍK	
Nýibær	100.000
Sandskeið 20, Baldurshagi	150.000
HRÍSEY	
Gamla Syðstabæjarhúsið	800.000
EYJAFJARÐARSÝSLA	
Leikhús á Möðruvöllum	150.000
Stefánsfjós á Möðruvöllum	150.000
Þúfnavellir II, Hörgárdal	*150.000*
AKUREYRI	
Aðalstræti 34, Davíðsbær	300.000
Hafnarstræti 88	250.000
Hafnarstræti 96, París	400.000
SVALBARÐSEYRI	
Gamla búð	150.000
GRENIVÍK	
Hlíðarendi, beitningaskúr	150.000
ÞINGEYJARSÝSLA	
Skemma að Halldórsstöðum, Laxárdal	200.000
Íbúðarhúsið að Laxamýri	200.000
HÚSAVÍK	
Hús K.Þ.	2.000.000
RAUFARHÖFN	
Verslunarhús KNÞ	250.000
VOPNAFJÖRÐUR	
Framtíðin	300.000
Hafnarbyggð 5, Jaðar	150.000
N-MÚLASÝSLA	
Hjaltastaður	150.000
Rangá 1, Hróarstungu	200.000
SEYÐISFJÖRÐUR	
Austurvegur 38, Breiðablik	150.000
Austurvegur 42, Skaftfell	400.000
Fjörður 1	*150.000*
Vesturvegur 5, Björgvin	100.000
EGILSSTAÐIR	
Egilsstaðir I	700.000
S-MÚLASÝSLA	
Kjarvalshvammur	50.000
REYÐARFJÖRÐUR	
Búðargata 4, Tærgesenshúsið	400.000
FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	
Ráðhús Búðahrepps	200.000
BREIÐDALSVÍK	
Gamla Kaupfélagshúsið	400.000
DJÚPIVOGUR	
Framtíðin	200.000
Geysir	350.000
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	
Bæjarhús á Hnausum	100.000
VÍK	
Gamla gistihúsið	200.000
Halldórsverslun	150.000
Kirkjuvegur 2, Sandfell	100.000
Suður-Vík	200.000
Víkurbraut 22	200.000
Víkurbraut 28, Brydebúð	700.000
MÝRDALUR	
Barnaskóli Litlahvammi	200.000
ÁRNESSÝSLA	
Gamla Borg	300.000
Stóri Núpur	200.000
SELFOSS	
Tryggvaskáli	800.000
EYRARBAKKI	
Einarshöfn III	400.000
Gamla læknishúsið	150.000
Háeyrarvellir 12, Ós	200.000
Nýibær	250.000
Túngata 44b, Berg	100.000

STYRKVEITINGAR 1999	
Friðuð hús: Styrkveitingar 17	7.700.000
Friðaðar kirkjur: Styrkveitingar 40	16.650.000
Hús á safnasvæðum: Styrkveitingar 5	850.000
Rannsóknarverkefni: *Styrkveitingar 2*	*300.000*
Húsakannanir: Styrkveitingar 4	1.500.000
Önnur verkefni.	
Reykjavík: Styrkveitingar 23	6.400.000
Landið: Styrkveitingar 87	25.650.000
SAMTALS KR.	**59.050.000**

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 2000.

Hús	Styrkupphæð
Friðuð hús	
REYKJAVÍK	
Austurstræti 16	400.000
Hafnarstræti 1-3	400.000
Tjarnargata 18	400.000
Tjarnargata 22	100.000
Tjarnargata 28	400.000
Þingholtsstræti 29	250.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Aðalstræti 8	200.000
Aðalstræti 16	600.000
Aðalstræti 42	1.200.000
BORÐEYRI	
Riis-hús	700.000
SAUÐÁRKRÓKUR	
Hótel Tindastóll	1.200.000
Villa Nova	600.000
SIGLUFJÖRÐUR	
Roaldsbrakki	400.000
AKUREYRI	
Aðalstræti 14	600.000
Aðalstræti 50	400.000
Aðalstræti 62	200.000
Hafnarstræti 57	200.000
Lækjargata 2a	150.000
DJÚPIVOGUR	
Faktorshúsið	400.000
	SAMTALS KR. 8.800.000

Friðaðar kirkjur

Dómkirkjan í Reykjavík	2.250.000
Reynivallakirkja	700.000
Ingjaldshólskirkja	200.000
Sauðlauksdalskirkja	400.000
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	2.250.000
Staðarkirkja í Grunnavík	200.000
Bænahúsið í Furufirði	250.000
Kaldrananeskirkja	150.000
Þingeyrarkirkja í A-Skaft.	500.000
Blönduóskirkja	400.000
Hvammskirkja í Laxárdal	150.000
Goðdalakirkja	300.000
Urðarkirkja	500.000
Upsakapella	150.000
Lögmannshlíðarkirkja	300.000
Grundarkirkja	200.000
Skeggjastaðakirkja	200.000
Áskirkja í Fellum	500.000
Berufjarðarkirkja	200.000
Hlíðarendakirkja	200.000
Breiðabólstaðakirkja	500.000
Stóra-Núpskirkja	300.000
Eyrarbakkakirkja	200.000
	SAMTALS KR. 11.000.000

Hús á safnasvæðum

AKRANES	
Sandar (vestri)	200.000
BORGARNES	
Brákarbraut 15, Pakkhús	400.000
ÓLAFSVÍK	
Pakkhúsið	300.000
ÍSAFJÖRÐUR	
Krambúðin í Neðstakaupstað	100.000
HÖFN	
Gamla búð, byggðasafn	150.000
Krosseykjarvegur 7, Mikligarður	200.000
Pakkhúsið	400.000
	SAMTALS KR. 1.750.000

Rannsóknarverkefni

Leiðsögurit um íslenska byggingarlist	250.000
Húsakönnun í Mýrarsýslu	100.000
Skráning gamalla hurða- og gluggajárna	100.000
Varðveisla teiknisafna látinna arkitekta	100.000
	SAMTALS KR. 550.000

Húsakannanir

Húsakönnun í Snæfellsbæ	300.000
Húsakönnun á Siglufirði	700.000
Húsakönnun á Dalvík	300.000
	1.300.000

Önnur verkefni

REYKJAVÍK	
Aðalstræti 2	200.000
Bankastræti 3	300.000
Bergstaðastræti 21	100.000
Bókhlöðustígur 6b	100.000
Framnesvegur 22b	150.000
Grjótagata 12	200.000
Hljómskálinn	200.000
Hólatorg 2	100.000
Hverfisgata 45	150.000
Ingólfsgata 10	300.000
Laufásvegur 43	150.000
Laugavegur 58	200.000
Lækjagata 6b	400.000
Miðstræti 8a	400.000
Nýlendugata 24	200.000
Sólvallagata 12	400.000
Stýrimannastígur 10	400.000
Stýrimannastígur 11	100.000
Tryggvagata 12	200.000
Vesturgata 3, bakhús	400.000
Vesturgata 4	200.000
Vesturgata 27	100.000
Vesturgata 34	200.000
Þingholtsstræti 6	100.000
Þingholtsstræti 12	300.000
Þingholtsstræti 33	300.000
Þórsgata 10	200.000
	SAMTALS KR. 6.050.000
REYKJANES	
Brekkugata 11, Hafnarfirði	100.000
Hverfisgata 4, Hafnarfirði	100.000
Kirkjuvegur 5, Hafnarfirði	150.000
Duusgata 2-4, Keflavík	500.000
Hafnargata 2, Keflavík (Fischerbúð)	100.000
	SAMTALS KR. 950.000
VESTURLAND	
Gamla íbúðarhúsið Hvítanesi	100.000
Sveinatunga	200.000
Ferjukot, Borgarhreppi	200.000
Litli-Kroppur	150.000
Jónshús, Ólafsvík	300.000
Aðalgata 3, Narfeyrarhús, Stykkishólmi	150.000
Silfurgata 4, Kúldshús, Stykkishólmi	150.000
Ásgarður, Flatey	300.000
Vogur (Jónshús), Flatey	150.000
Pakkhús í Flatey	500.000
	SAMTALS KR. 2.200.000
VESTFIRÐIR	
Pakkhús, Patreksfirði	300.000
Smiðjan Bíldudal	300.000
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar, Tálknaf.	200.000
Tangagata 4, Ísafirði	300.000
Gamla bæjarhúsið í Eyrardal, Súðavík	300.000
Hafnarbraut 39, Riis-hús, Hólmavík	200.000
	1.600.000

NORÐURLAND	
Aðalgata 11, Blönduósi	100.000
Blöndubyggð 1, Blönduósi	200.000
Blöndubyggð 3, Sólbakki, Blönduósi	200.000
Aðalgata 18, Tynesarhús, Siglufirði	800.000
Herhúsið á Siglufirði	200.000
Norðurgata 1, Maðdömuhús, Siglufirði	200.000
Gamla syðstabæjarhúsið, Hrísey	3.000.000
Nýjibær, Dalvík	100.000
Íbúðarhúsið Völlum, Svarfaðardal	1.200.000
Þúfnavellir II, Hörgárdal	100.000
Aðalstræti 10, Akureyri	300.000
Aðalstræti 15, Akureyri	300.000
Aðalstræti 54, Davíðsbær, Akureyri	300.000
Hafnarstræti 88, Akureyri	400.000
Lækjargata 3, Akureyri	100.000
Leikhús á Möðruvöllum í Hörgárdal	100.000
Stefánsfjós á Möðruvöllum	500.000
Stóruvellir í Bárðardal	400.000
Garðarsbraut 12, Húsavík	300.000
Íbúðarhúsið að Laxamýri	100.000
Grjótanes I, Melrakkasléttu	400.000
	9.300.000
AUSTURLAND	
Framtíðin, Vopnafirði	300.000
Hafnarbyggð 5, Jaðar, Vopnafirði	150.000
Læknisbústaðurinn á Hjaltastað	150.000
Austurvegur 3, Hótel Seyðisfjörður, Seyðisfirði	400.000
Austurvegur 21, Seyðisfirði	200.000
Austurvegur 38, Breiðablik, Seyðisfirði	300.000
Austurvegur 42, Skaftafell, Seyðisfirði	300.000
Hafnargata 10, Múli, Seyðisfirði	200.000
Norðurgata 3, Láruhús, Seyðisfirði	150.000
Vesturvegur 5, Björgvin, Seyðisfirði	100.000
Vesturvegur 8, Seyðisfirði	1.000.000
Öldugata 6, Seyðisfirði	150.000
Egilsstaðir I, Egilsstöðum	2.250.000
Búðavegur 8, Templarinn, Fáskrúðsfirði	200.000
Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík	400.000
Framtíðin, Djúpavogi	250.000
Geysir, Djúpavogi	300.000
Íbúðarhúsið Bjarg, Papey	300.000
	7.100.000
SUÐURLAND	
Bæjarhúsin á Hnausum í Meðallandi	100.000
Kirkjuvegur 2, Sandfell, Vík	150.000
Víkurbraut 22, Bindindishúsið, Vík	200.000
Víkurbraut 24a, Vík	400.000
Víkurbraut 28 Brydebúð, Vík	500.000
Barnaskóli Litlahvammi, Mýrdal	200.000
Gamla Borg	500.000
Austur-Meðalholt í Flóa	100.000
Tryggvaskáli, Selfossi	2.250.000
Þuríðarbúð, Stokkseyri	150.000
Einarshöfn III, Eyrarbakka	300.000
Eyrargata 46, Sjónarhóll, Eyrarbakka	300.000
Gamli barnaskólinn, Eyrarbakka	200.000
Háeyrarvellir 12, Ós, Eyrarbakka	100.000
Nýibær, Eyrarbakka	150.000
	5.600.000

STYRKUMSÓKNIR 2000

FRIÐUÐ HÚS: Styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	8.800.000
FRIÐAÐAR KIRKJUR: Styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	11.000.000
HÚS Á SAFNASVÆÐUM: Styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	1.750.000
RANNSÓKNARVERKEFNI: Styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	550.000
HÚSAKANNANIR: Styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	1.300.000
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	6.050.000
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	950.000
ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	2.200.000
ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	1.600.000
ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	7.100.000
ÖNNUR VERKEFNI: Austurland; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	9.300.000
ÖNNUR VEREFNI: Suðurland; styrkumsóknir , styrkveitingar	**SAMTALS KR.**	5.600.000
	SAMTALS KR.	56.200.000

Styrkveitingar úr húsafriðunarsjóði 2001.

	Bygg-ingarár	Kostnaðar-áætlun	Styrkur, þús. kr.	Athugasemdir
Friðuð hús				
Austurstræti 16, Reykjavík	1917	2.850.000	0	Einar Skúli Hjartarson
Austurstræti 20, Reykjavík	1805	10.500.000	1.500	Jón Nordsteinen ariktekt annast áætlunargerð
Garðastræti 11a, Hákot	1893	400.000	200	Hfrn
Hafnarstræti 1–3, Reykjavík	1868	4.197.670	500	Tryggvi Jakobsson. Til gluggaviðgerða og nýsmíði glugga.
Hafnarstræti 16, Reykjavík	1824	1.000.000	200	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Hverfisgata 83, Bjarnarborg	1901	5.013.530	0	fr.
Tjarnargata 18, Reykjavík	1906	1.900.000	300	Húsafriðunarnefnd
Tjarnargata 22, Reykjavík	1906	837.474	200	Húsafriðunarnefnd
Þingholtsstræti 29, Reykjavík	1899	1.307.500	200	Þorgeir Jónsson arkitekt
Þingholtsstræti 29a, Reykjavík	1916	3.346.200	500	Guðlaugur Þórðarson, málarameistri
Ægissíða 80, Reykjavík	1956	4.456.972	500	Björn Marteinsson, verkfræðingur
Silfurgata 4, Kúldshús, Stykkishólmi	1848	125.000	75	Jon Nordsteien
Salthúsið á Þingeyri	1772	8.799.000	0	fr. Hjörleifur Stefánsson
Aðalstræti 8, Jónassenhús, 400 Ísafirði	1845	1.100.000	200	Elísabet Gunnarsdóttir
Aðalstræti 16, Ísafirði	1876–85	2.550.000	300	Elísabet Gunnarsdóttir
Aðalstræti 42, Faktorshús í Hæstakaupstað, Ísafirði	1788	12.300.000	800	Elísabet Gunnarsdóttir
Riis-hús, Borðeyri,	1862		800	Þorgeir Jónsson arkitekt
Hótel Tindastóll	1835	85.000.000	1.200	Páll Björgvinsson. Lokastyrkur.
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	10.300.000	2.500	Finnur Birgisson
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde Akureyri	1836	5.068.000	400	Finnur Birgisson
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús, Akureyri	1856	3.050.000	300	Finnur Birgisson
Aðalstræti 50, Akureyri	1849	3.500.000	700	
Eyrarlandsvegur 28, MA, Akureyri	1904	4.800.000	200	
Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið, Akureyri	1906	7.350.000	1.500	Finnur Birgisson arkitekt
Jensenshús, Eskifirði	1837	1.800.000	900	Þorsteinn Gunnarsson
Landlyst, Vestmannaeyjum	1847	21.835.000	2.500	Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon. Lokastyrkur.
Vesturgata 6, Hafnarfirði	1803–05	3.378.700	600	Guðmundur Guðjónsson
Samtals			*17.075*	
Friðaðar kirkjur				
Fríkirkjan í Reykjavík	1902	900.000	0	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf. Frestun
Reynivallakirkja í Kjós	1859	15.000.000	600	Guðl. Jóns./Húsafriðunarnefnd
Borgarkirkja á Mýrum	1880	4.500.000	2.500	Marteinn Humtingdon-Willams
Rauðamelskirkja í Borgarfirði	1886	4.270.000	0	Sigurgeir Gíslason. Frestun
Hvammskirkja í Dölum	1884	500.000	250	Jon Nordsteien.
Staðarfellskirkja í Dölum	1891	1.500.000	0	Frestun
Sauðlauksdalskirkja	1863	12.746.985	300	Lokastyrkur (árið 2000). Ítrekaður
Bíldudalskirkja	1906	2.000.000	0	
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	1911		700	Elísabet Gunnarsdóttir
Hólskirkja, Bolungarvík	1908	3.000.000	0	Elísabet Gunnarsdóttir, ekki styrkhæf.
Eyrarkirkja við Seyðisfjörð	1866	2.000.000	250	Hjörleifur Stefánsson
Auðkúlukirkja	1894	1.325.000	700	Þorsteinn Gunnarsson. Lokastyrkur.
Blönduóskirkja	1894	4.000.000	400	Guðrún Jónsdóttir
Hvammskirkja í Laxárdal	1892	1.278.000	200	Bragi Blumenstein arkitekt
Goðdalakirkja	1904	2.500.000	300	Húsafriðunarnefnd Lokastyrkur.
Hofstaðakirkja	1905	2.502.000	300	Húsafriðunarnefnd
Urðakirkja	1901	5.767.450	400	Húsafriðunarnefnd Skilyrtur því að gerðar verði mælingarteikningar.
Upsakapella	1903	2.000.000	100	Styrkur skilyrtur skýrslu. Lokastyrkur.
Bakkakirkja í Öxnadal	1843	1.578.648	400	Hjörleifur Stefánsson.
Lögmannshlíðarkirkja	1860	5.000.000	0	Finnur Birgisson. Lokastyrkur.
Húsavíkurkirkja	1907	8.000.000	300	Húsafriðunarnefnd
Skeggjastaðakirkja	1845	1.550.000	300	Húsafriðunarnefnd
Vopnafjarðarkirkja	1902	3.000.000	1.000	
Bakkagerðiskirkja, Borgafirði eystri	1901	10.000.000	1.000	
Kirkjubæjarkirkja	1851	3.200.000	500	
Hjaltastaðakirkja	1881	1.900.000	300	Hjörleifur Stefánsson.

	Bygg-ingarár	Kostnaðar-áætlun	Styrkur, þús. kr.	Athugasemdir
Fáskrúðsfjarðarkirkja	1914	1.047.000	0	Elís B. Eiríksson, verkfræðingur. Frestun
Stafafellskirkja í Lóni	1868	1.500.000	400	Húsafriðunarnefnd
Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð	1911	10.500.000	700	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf.
Villingaholtskirkja	1910	2.961.078	700	Verkfræðistofa Suðurlands
Fríkirkjan í Hafnarfirði	1913	2.000.000	3.000	Þorsteinn Gunnarsson
Hvalsneskirkja	1887	1.530.000	300	
Kirkjuvogskirkja	1861	2.185.000	400	Húsafriðunarnefnd
Stokkseyrarkirkja	1886	8.900.000	1.000	Jon Nordsteien/Ólöf Flygering arkitektar
Samtals			*17.300*	
Hús á safnasvæðum				
Sandar (vestri), Akranesi	1901	500.000	300	Jon Nordsteien
Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	2.074.000	500	Jon Nordsteien
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	3.100.000	600	Jon Nordsteien
		6.300.000		
Faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísafirði	1765	4.876.000	0	Hjörleifur Stefánsson
Krambúðarhús í Neðstakaupstað	1757	400.000	0	Hjörleifur Stefánsson
Safnasvæði við höfnina, A-Skaft.		900.000	300	Gláma/Kím Árni og Sigurbjörn Kjartanssynir
Barnaskóli frá Litla-Hvammi	1901	600.000	200	Þórður Tómasson
Samtals			*1.900*	
Húsakannanir				
Húsakönnun á Hofsósi og Sauðárkróki			1.000	
Húsakönnun í Stykkishólmi		810.000	500	
Húsakönnun á Siglufirði		1.300.000	400	
Húsakönnun á Hólmavík		1.000.000	400	
Húsakönnun í A-Skaftafellssýslu		2.500.000	0	Umsækjendum heimilt að sækja um til útgáfu
Húsakönnun á Stokkseyri		2.000.000	400	
Samtals			*2.700*	
Rannsóknarverkefni				
Rit um húsvernd á Eyrarbakka			60	Sjóminjasafn Eyrarbakka og Byggðasafn Árnessýslu
Melgerði í Eyjafjarðarsveit	1924	3.396.000	200	Þröstur Sigurðsson og George Hollanders
Rannsókn á skjölum um verkamanna-bústaðina við Hringbraut			0	Húsfélag alþýðu
Menntaskólinn í Reykjavík	1848	6.000.000	200	
Bjálkahús á Smjörvatnsheiði		300.000	100	Hjalti Sigmundsson, húsasmíðameistari
Skráning gamalla hurða- og gluggajárna	19?	250.000	100	Gunnar Bjarnason
Samtals			*660*	
ÖNNUR VERKEFNI				
Reykjavík				
Baldursgata 39	1921	1.700.000	0	Hreiðar Þórðarson
Bankastræti 3	1885	1.600.000	200	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Bergstaðastræti 21	1896	2.824.567	300	
Bergstaðastræti 25b	1906	4.182.000	0	Húsafriðunarnefnd
Bjargarstígur 14	1907	1.800.000	0	Arko-arkitektar
Bókhlöðustígur 2	1915	1.000.000	100	Valgeir Þórðarson, byggingarmeistari
Brattagata 3b	1905	990.000	0	Snorri Hauksson arkitekt. Frestun.
Bræðraborgarstígur 12	1904	995.000	0	Pétur Örn Björnsson arkitekt
Fjólugata 25	1923	1.650.000	0	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf. Frestun.
Frakkastígur 10	1894	4.000.000	0	Steinunn Kristjánsdóttir
Framnesvegur 22b	1923	560.000	150	Laufey G. Sigurðardóttir
Garðastræti 25	1894	350.000	150	Finnur Guðsteinsson smiður
Garðastræti 49, Melshús	1908	2.125.000	250	Þorgeir Jónsson arkitekt
Grettisgata 26	19047	5.146.229	0	Húsafriðunarnefnd
Hljómskálinn	1922	10.235.000	800	Páll V. Bjarnason arkitekt
Hólatorg 2	1919	3.000.000	250	Jon Nordsteien
Hverfisgata 21	1912	6.725.640	400	Sigurður P. Kristjánsson
Ingólfsstræti 10	1907	3 050.000	300	Húsafriðunarnefnd Lokastyrkur.
Klappastígur 11, Stóra-Klöpp	1907		200	Hjörleifur Stefánsson
Laufásvegur 25,	1922	500.000	0	Sveinbjörn Gröndal. Frestun.
Laufásvegur 35	1904	2.000.000	300	Daníel Dagsson húsasmíðameistari
Laufásvegur 41a	1900	6.644.000	0	Gunnlaugur Ó. Johnson. Frestun.

	Bygg-ingarár	Kostnaðar-áætlun	Styrkur, þús. kr.	Athugasemdir
Laufásvegur 43	1903	20.082.400	400	Bragi Blumenstein arkitekt
Laufásvegur 45b	1912		0	Einar Hjartarson
Laugarneskirkja, Reykjavík	1949	10.000.000	0	
Laugavegur 34a	1930	5.275.138	150	Haukur A. Viktorsson
Laugavegur 58	1904	3.900.000	300	Jon Nordsteien
Miðstræti 4	1906	1.431.455	0	Páll V. Bjarnason
Miðstræti 8b	1903	3.411.962	300	
Njálsgata 28	1905	500.000	0	Jon Nordsteien
Nýlendugata 11a	1914	2.924.500	0	Frestun.
Nýlendugata 19b	1906	3.000.000	0	Einar Skúli Hjartarson húsasmíðameistari. Frestun.
Nýlendugata 23	1896	8.980.000	0	Baldvin Einarsson
Nýlendugata 24	1907	2.845.000	200	Einar Skúli Hjartarson húsasmíðameistari
Ránargata 29	1907		100	
Ránargata 50, Gíslholt vestra	1907	1.000.000	0	Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt
Smiðjustígur 13	1905	4.000.000	200	Jon Nordsteien
Spítalastígur 5	1901	6.160.000	0	Einar Skúli Hjartarson húsasmíðameistari. Frestun.
Sólvallagata 12, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1921	12.000.000	200	Ath. Húsafriðunarnefnd styrkir ekki eignir ríkisins, undant.
Stýrimannastígur 10	1906	1.433.520	200	Yngvi Óttarsson.
Suðurgata 29	1926	1.819.000	0	Sveinbjörn Gröndal. Frestun.
Tómasarhagi 16b, Litlibær	1893	2.300.000	0	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Túngata, ÍR-húsið	1897	400.000	0	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Vesturgata 14	1885	7.020.000	200	Haraldur Helgason. Ath. Glugga
Vesturgata 29	1881	1.950.000	300	Þorsteinn Bergsson
Vesturgata 66b	1870		0	Ófullnægjandi umsókn
Þingholtsstræti 6	1904	500.000	100	Einar Skúli Hjartarson húsasmíðameistari
Þingholtsstræti 12	1883	1.640.000	400	Jon Nordsteien
Þingholtsstræti 17	1882	7.000.000	300	Páll V. Bjarnason arkitekt
Þingholtsstræti 33	1911	2.634.000	300	Bragi Blumenstein
Samtals			*7.050*	
Reykjanes				
Mýrarhúsaskóli eldri, Seltjarnarnesi	1906	13.000.000	500	Páll Bjarnason
Elliðahvammur v/Vatnsenda, Kópavogi	1931	900.000	0	Eiríkur Bragi Jensson húsasmíðameistari
Lækjargata 12, Hafnarfirði	1927	3.841.122	0	fr. Óli G.H. Þórðarson arkitekt
Skúlaskeið 42, Hafnarfirði	1926	3.700.000	300	Jon Nordsteien
Smyrlahraun 4, Hafnarfirði	1925	1.548.294	150	Einar Skúli Hjartarsson
Suðurgata 52, Mýrarhús	1904	3.209.532	250	Þormóður Sveinsson arkitekt
Óttastaðir vestri, Hafnarfirði	1902	200.000	50	Jon Nordsteien
Duusgata 2–4, Bryggjuhúsið, Keflavík	1877	50.000.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson
Duusgata 5, Gamla búð, Keflavík	1871	600.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson
Hafnargata 2, Keflavík (Fischerbúð)	1881	1.000.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson. Hefur verið þegar veitt til rannsóknar
Prestsetrið Útskálar, Garði	1890	32.355.307	500	AT4-Arkitektar ehf.
Tjarnargata 2, Sandgerði	1922	80.000	0	Húsafriðunarnefnd
Læknisbústaður í Grindavík	1930	5.200.000	200	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Samtals			*1.950*	
Vesturland				
Háteigur 16, Akranesi	1931	3.400.000	0	Sigurjón Skúlason, húsasmíðameistari
Ferjukot, Borgarhreppi	1894	512.000	150	Húsafriðunarnefnd
Grjóteyri	1926	500.000	150	Guðrún Jónsdóttir
Grímsstaðir, Álftaneshreppi	1915	1.175.000	0	Guðni Haraldsson/húsafriðunarnefnd
Fjós á Svelgsá, Helgafellssveit	1931	850.000	0	Magnús Pálsson
Skólabraut 9, Ásbjarnarhús, Hellissandi	1901	250.000	0	Jon Nordsteien
Mýrarholt 7, Gamla bakarîið, Ólafsvík	1895	1.780.000	0	Jónas Kristófersson, byggingarmeistari
Mýrarholt 8, Ólafsvík	1905	1.750.000	200	Jon Nordsteien
Aðalgata 15, Fagrahlíð, Stykkishólmi	1920	1.950.000	0	Jon Nordsteien
Austurgata 3, Stykkishólmi	1920	400.000	0	Sigurður Ág. Kristjánsson
Bæjarhús Dagverðarnesi, Klofningshreppi	1917	2.235.000	0	Baldvin Einarsson byggingarfræðingur
Skólahúsið í Ólafsdal	1896	36.000.000	0	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.

	Bygg-ingarár	Kostnaðar-áætlun	Styrkur, þús. kr.	Athugasemdir
Ásgarður í Flatey	1907	6.800.000	300	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf.
Pakkhús í Flatey	1865–1918	5.290.000	500	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Samtals			*1.300*	
Vestfirðir				
Prestssetur á Brjánslæk	1912	3.190.000	700	
Pakkhús Patreksfirði	1896	2.115.000	0	Elísabet Gunnarsdóttir. Frestun.
Gamla íbúðarhúsið á Sveinseyri, Tálknafirði	1880	650.000	150	Elísabet Gunnarsdóttir
Smiðjan, Bíldudal	1894	4.150.000	200	Elísabet Gunnarsdóttir
Botn í Geirþjófsfirði	1886	1.500.000	100	
Hrafnabjörg í Arnarfirði	1900	900.000	100	
Hafnargata 108, Bolungarvík	1906	2.029.000	150	Elísabet Gunnarsdóttir
Stekkjargata 29, Hnífsdal	1912	825.000	0	Birgit Abrecht arkitekt
Mánagata 4, Ísafirði	1927	4.640.000	400	Elísabet Gunnarsdóttir
Mánagata 5, fyrsta sjúkrahúsið, Ísafirði	1896	5.202.764	300	Elísabet Gunnarsdóttir
Sólgata 9, Hobron/Gúttó, Ísafirði	1912	1.500.000	150	Elísabet Gunnarsdóttir
Tangagata 4, Ísafirði	1884	3.250.000	200	Elísabet Gunnarsdóttir
Tangagata 26, Ísafirði	1897	1.740.063	200	Elísabet Gunnarsdóttir
Gamla bæjarhúsið í Eyrardal, Súðavík	1890	4.800.000	0	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. Frestun.
Ármúli við Ísafjarðardjúp	1914	3.020.000	200	Páll V. Bjarnason arkitekt
Brekkugata 4, Gamla félagsheimilið, Hólmavík	1944–46	1.100.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson. Bíður húsakönnunar.
Hafnarbraut 39, Riis-hús, Hólmavík	1897	650.000	150	Arinbjörn Vilhjálmsson
Kópnesbraut 9, Björnhús, Hólmavík	1913	3.517.000	300	Arinbjörn Vilhjálmsson.
Samtals			*3.300*	
Norðurland				
Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	800.000	200	
Blöndubyggð 3, Sólbakki, Blönduósi	1926	3.100.000	0	Guðrún Jónsdóttir. Frestun.
Brimslóð 8, Hemmertshús, Blönduósi	1887		0	Guðrún Jónsdóttir. Frestun.
Sýslumannshúsið á Kornsá	1879	2.850.000	400	Skúli Thoroddsen
Aðalgata 13, Sauðárkróki	1897	2.425.000	200	
Unastaðir í Kolbeinsdal	1927	720.000	150	Þórhallur Hólmgeirsson
Aðalgata 14, Siglufirði	1935	6.826.200	300	Sigurður Hlöðversson
Aðalgata 18, Tynesarhús, Siglufirði	1905	19.441.000	300	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf.
Hávegur 60, Hliðarhús, Siglufirði	1898	870.000	200	Stefán Örn Stefánsson
Herhúsið á Siglufirði	1914	4.250.000	400	Teiknist. Skólavörðustíg 28 sf.
Norðurgata 1, Siglufirði, Maddömuhús	1884	5.900.000	400	
Túngata 18, Siglufirði	1925	6.405.000	150	Böðvar Böðvarsson húsasmíðameistari. Frestun.
Gamla syðstabæjarhúsið, Hrísey	1885–86	7.000.000	5.000	Hjörleifur Stefánsson
Leikhús á Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	2.500.000	100	Finnur Birgisson
Stefánsfjós á Möðruvöllum	1902–04	10.000.000	400	Guðrún Jónsdóttir
Þinghúsið Grund	1892–1938		0	
Íbúðarhúsið Völlum, Svarfaðardal	1901	9.588.000	900	Jon Nordsteien, húsafriðunarnefnd
Þúfnavellir II, Hörgárdal	1895–26	520.000	100	Finnur Birgisson
Aðalstræti 15, Akureyri	1903	1.687.000	0	Finnur Birgisson. Frestun.
Gránufélagsgata 18, Akureyri	1906	2.500.000	100	
Hafnarstræti 41, Akureyri	1901	1.280.000	250	
Hafnarstræti 86, Akureyri	1903	600.000	150	Finnur Birgisson arkitekt
Hafnarstræti 88, Akureyri	1900	200.000	150	Haukur Haraldsson.
Grund II., Eyjafirði	1893	2.260.000	400	
Beituskúr, Grenivík			2.000	
Hraunsrétt í Aðaldal	1836		1.500	
Verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga, Húsavík	1883	8.800.000	500	Finnur Birgisson arkitekt
Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða	1880	1.121.199	250	Húsafriðunarnefnd
Samtals			*14.500*	

	Bygg-ingarár	Kostnaðar-áætlun	Styrkur, þús. kr.	Athugasemdir
Austurland				
Framtíðin, Vopnafirði	1898	2.000.000	300	Árni Magnússon, húsafriðunarnefnd
Rangá II. við Egilsstaði	1905	6.769.895	400	
Austurvegur 12, Seyðisfirði	1896	1.810.000	0	Frestun.
Austurvegur 38b, Seyðisfirði	1925	2.530.000	0	Þóra Guðmundsdóttir. Frestun.
Austurvegur 42, Skaftfell, Seyðisfirði	1907	2.629.000	0	Þóra Guðmundsdóttir
Fjörður 1, Seyðisfirði	1906	700.000	150	Pétur Jónsson
Fjörður 6, Þorsteinshús, Seyðisfirði	1907	1.130.000	0	Stefán Ingólfsson arkitekt. Frestun.
Hafnargata 10, Múli, Seyðisfirði	1887	780.000	150	Þóra Guðmundsdóttir
Hafnargata 42, Seyðisfirði	1921	1.070.000	200	Pétur Jónsson
Norðurgata 2/Oddagata 6, Seyðisfirði	1920 /1898	9.430.000	2.500	Þóra Guðmundsdóttir
Vesturvegur 5, Björgvin, Seyðisfirði	1878	390.000	100	Þóra Guðmundsdóttir
Vesturvegur 8, Seyðisfirði	1907	2.165.000	500	Þóra Guðmundsdóttir
Öldugata 6, Seyðisfirði	1883	850.000	150	Stefán Ingólfsson arkitekt
Búðavegur 8, Templarinn, Fáskrúðsfirði		1.248.172	200	Þóra Guðmundsdóttir
Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík	1906	1.000.000	300	Húsafriðunarnefnd
Framtíðin, Djúpavogi	1905	4.100.000	200	Húsafriðunarnefnd. Til viðgerðar glugga á suðurstafni.
Berunes I., Djúpavogshreppi	1907	620.000	150	
Samtals			*5.300*	
Suðurland				
Bær IV í Lóni (Hátún)	1930	600.000	0	Sigurður Þórðarsson
Bæjarhús á Hnausum í Meðallandi	18. öld		150	Þórður Tómasson
Fjárhús í Drangshlíð,	1910		100	Þórður Tómasson
Kirkjuvegur 2, Sandfell, Vík	1916	9.000.000	0	Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.
Suður-Vík, Vík	1902	3.500.000	200	Arinbjörn Vilhjálmsson
Víkurbraut 18, Sólheimar, Vík	1908	3.400.000	200	Arinbjörn Vilhjálmsson
Víkurbraut 22, Bindindishúsið, Vík	1900	1.450.000	150	Arinbjörn Vilhjálmsson
Víkurbraut 24a, Vík	1913	2.880.000	200	Arinbjörn Vilhjálmsson
Víkurbraut 28, Brydebúð, Vík	1831–95	2.000.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson
Neðridalur í Mýrdalshreppi	1913	1.400.000	0	Arinbjörn Vilhjálmsson
Hlíðarendakot, Fljótshlíð	1918	1.760.000	0	Sigurður Hallgrímsson arkitekt. Frestun.
Melur I. Djúpárhreppi, Rang.	1930	1.500.000	0	Narfi Hjörleifsson tæknifræðingur
Sólheimahús, Grímsnesi	1930	800.000	0	Árni Friðriksson arkitekt
Tryggvaskáli, Selfossi	1890–1934	1.971.000	0	Páll V. Bjarnason
Eyrarbraut 30, Kaðlastaðir, Stokkseyri	1907	1.320.000	0	Jon Nordsteien. Frestun. Vantar húsakönnun.
Hásteinsvegur 20, Stokkseyri	1896	890.000	150	Guðmundur Kristjánsson. Frestun.
Móakot, Stokkseyri	1900	300.000	0	Jon Nordsteien. Frestun. Vantar húsakönnun.
Einkofi, Eyrarbakka	1900	6.500.000	0	Jon Nordsteien. Frestun.
Gamli barnaskólinn, Eyrarbakka	1888	2.028.500	150	Guðrún Jónsdóttir. Frestun.
Ísaksbær, Eyrarbakka	1890	2.205.000	0	Jon Nordsteien. Frestun.
Mundakot, Eyrarbakka	1900	1.509.388	0	Frestun.
Nýibær, Eyrarbakka	1902	3.800.000	300	Grétar Markússon. Stefán Örn Stefánsson
Reginn, Eyrarbakka	1907	1.303.000	150	Tristan Carden
Vestmannabraut 52, Vestmannaeyjum	1908	1.094.800	0	Kristín Ellen Bjarnadóttir. Frestun.
Samtals			*1.750*	

Styrkumsóknir 2001.

	Þús. kr.
Friðuð hús: styrkumsóknir 27, styrkveitingar 24	17.075
Friðaðar kirkjur: styrkumsóknir 34, styrkveitingar 27	17.300
Hús á safnasvæðum: styrkumsóknir 7, styrkveitingar 5	1.900
Rannsóknarverkefni: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 5	660
Húsakannanir: styrkumsóknir 6, styrkveitingar 5	2.700
Önnur verkefni: Reykjavík; styrkumsóknir 50, styrkveitingar 27	7.050
Önnur verkefni: Reykjanes; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 7	1.950
Önnur verkefni: Vesturland; styrkumsóknir 14, styrkveitingar 5	1.300
Önnur verkefni: Vestfirðir; styrkumsóknir ,18 styrkveitingar 14	3.300
Önnur verkefni: Norðurland; styrkumsóknir 29, styrkveitingar 24	14.500
Önnur verkefni: Austurland; styrkumsóknir 17, styrkveitingar 13	5.300
Önnur verkefni: Suðurland; styrkumsóknir 24, styrkveitingar 10	1.750
Samtals	**74.785**

Styrkumsóknir samtals: 246
Styrkveitningar samtals: 166

973. Frumvarp til laga [620. mál]

um vörur unnar úr eðalmálmum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til framleiðslu á vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni og til innflutnings, kaupa og sölu á þeim.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Ábyrgðarstimplar:* Stimplar sem eru notaðir til að auðkenna vörur unnar úr eðalmálmum. Greinast þeir í nafnastimpla, hreinleikastimpla, staðarmerki og ártöl.
2. *Nafnastimpill:* Stimpill sem er samþykktur, merktur og skráður hjá Löggildingarstofu og auðkennir framleiðanda eða innflytjanda vöru sem unnin er úr eðalmálmum þannig að hægt er að rekja uppruna hennar.
3. *Hreinleikastimpill:* Stimpill sem sýnir skýrlega hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, platínu eða palladíum er í viðkomandi vöru.
4. *Eftirlitsstimpill:* Opinber stimpill sem staðfestir hreinleika eðalmálma.
5. *Eðalmálmar:* Gull sem inniheldur 375 þúsundhluta eða meira af hreinu gulli, silfur sem inniheldur 800 þúsundhluta eða meira af hreinu silfri, platína sem inniheldur 850 þúsundhluta eða meira af hreinni platínu og palladíum sem inniheldur 500 þúsundhluta eða meira af hreinu palladíum.

3. gr.
Yfirstjórn.

Viðskiptaráðherra fer með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Notkun ábyrgðarstimpla.

4. gr.
Merkingar á vörum.

Ábyrgðarstimpla má eingöngu nota á vörur sem unnar eru úr eðalmálmum.

Allar vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni skulu bera hreinleikastimpil og nafnastimpil og er óheimilt að flytja slíkar vörur inn til landsins, selja þær eða bjóða til sölu nema þær beri slíka stimpla.

Vörur unnar úr eðalmálmum eða vörur sem líkjast þeim mega ekki bera stimpla sem líkjast svo stimplum samkvæmt lögum þessum að ruglingi geti valdið. Þó mega vörur ávallt bera stimpla sem heimilir eru á Evrópska efnhagssvæðinu.

Vörur sem ekki teljast unnar úr eðalmálmum skv. 5. tölul. 2. gr. má ekki markaðssetja sem slíkar eða sem vörur úr gulli, silfri, platínu eða palladíum. Ef hlutfall gulls, silfurs, platínu eða palladíums er lægra en fram kemur í 5. tölul. 2. gr. má markaðssetja vöruna sem vöru sem inniheldur gull, silfur, platínu eða palladíum, enda komi skýrt fram að hlutfall þessara málma sé lægra en í eðalmálmum.

5. gr.
Ábyrgð.

Framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálmum ber ábyrgð á að varan sé stimpluð í samræmi við lög þessi. Ef um innflutta vöru er að ræða hvílir ábyrgðin á innflytjanda hennar.

6. gr.
Opinber staðfesting.

Löggildingarstofa getur falið opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu að mæla og staðfesta hreinleika málma sem lög þessi taka til. Hún getur útbúið eftirlitsstimpil sem viðkomandi aðili notar til að staðfesta hreinleika málmanna. Framleiðandi og innflytjandi geta þá óskað eftir slíkri staðfestingu. Vara sem ber slíkan stimpil þarf ekki að bera nafnastimpil.

7. gr.
Vörur frá Evrópska efnahagssvæðinu.

Hreinleikastimplar sem notaðir eru í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum hreinleikastimplum enda sé opinbert eftirlit með hreinleika eðalmálma sambærilegt eftirliti hér landi. Sama gildir um opinbera eftirlitsstimpla frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nafnastimplar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins eru jafngildir innlendum nafnastimplum ef unnt er að rekja hver framleiðandi vörunnar er og hann getur sýnt fram á rétt sinn til að nota nafnastimpilinn.

8. gr.
Undanþágur.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar ákvæðum 4. gr. um stimplanotkun:

1. Vörur sem eingöngu eru sýnishorn eða eingöngu eru ætlaðar til notkunar á vörusýningu.

2. Vörur úr gulli, platínu eða palladíum sem vega minna en 1 gramm og vörur úr silfri sem vega minna en 3 grömm eða vörur sem eru svo smáar að ekki er mögulegt að stimpla þær.
3. Vörur sem nota á til tannlækninga eða í öðru lækningaskyni.
4. Hljóðfæri.
5. Mynt sem er í fullu gildi.
6. Vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir.

Heimilt er að undanþiggja aðrar vörur en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. ákvæðum 4. gr. séu merkingar samkvæmt þeirri grein ekki taldar nauðsynlegar til að tryggja vernd neytenda.

Ef ekki er unnt að stimpla vöru án þess að skaða hana má staðfesta hreinleika hennar með vottorði sem Löggildingarstofa eða aðili á hennar vegum, sbr. 6. gr., gefur út.

III. KAFLI
Eftirlit og gjaldtaka.

9. gr.
Eftirlit Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skal Löggildingarstofa halda skrá yfir alla nafnastimpla sem hún viðurkennir.

Löggildingarstofu er heimilt með samningi að fela faggiltri skoðunarstofu, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa, að annast á sína ábyrgð markaðseftirlit með vörum sem lögin taka til.

10. gr.
Heimildir Löggildingarstofu.

Löggildingarstofu og faggiltum skoðunarstofum, sbr. 2. mgr. 9. gr., er heimill aðgangur að starfsstöðvum framleiðenda, innflytjenda og seljenda vara sem unnar eru úr eðalmálmum vegna eftirlits á grundvelli laga þessara.

Framleiðanda, innflytjanda og seljanda vöru er skylt að kröfu Löggildingarstofu og faggiltra skoðunarstofa, sbr. 9. gr., að veita allar upplýsingar og afhenda vörur til skoðunar eða prófunar, svo og hluti eða gögn sem nauðsynleg eru til að staðreyna að fylgt sé ákvæðum laga þessara.

11. gr.
Úrræði Löggildingarstofu.

Komi í ljós að vara uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur Löggildingarstofa bannað sölu hennar. Sé um að ræða rökstuddan grun um brot getur Löggildingarstofa bannað sölu á viðkomandi vöru tímabundið.

Framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, eftir því sem við á, skal bera þann kostnað sem hlotist getur vegna aðgerða Löggildingarstofu skv. 1. mgr.

Sé fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ekki hlítt getur Löggildingarstofa fylgt þeim eftir með ákvörðun um dagsektir sem lagðar skulu á viðkomandi framleiðanda, innflytjanda eða seljanda eða fyrirsvarsmenn hans. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Ákvörðun um dagsektir skal

tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

12. gr.
Gjaldtaka.

Fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimpli, sbr. 2. tölul. 2. gr., skal greiða Löggildingarstofu 10.000 kr. Einstaklingar eða lögaðilar sem flytja inn, framleiða og/eða selja vörur sem falla undir þessi lög skulu greiða Löggildingarstofu 12.000 kr. á ári vegna eftirlits stofnunarinnar samkvæmt lögunum, auk kostnaðar vegna sýnatöku og greiningar sýna. Ef sami einstaklingur eða lögaðili hefur fleiri en eina starfsstöð skal hann greiða gjald vegna hverrar starfsstöðvar. Gjaldið skal greitt 1. febrúar ár hvert fyrir síðasta almanaksár. Ef eftirlitsskyldur aðili hefur starfsemi á gjaldárinu skal gjaldið ákvarðað í hlutfalli við þann tíma sem starfsemin hefur varað á árinu. Aðför má gera til fullnustu kröfum vegna gjaldsins án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar. Gjöld samkvæmt þessari málsgrein skulu renna beint til Löggildingarstofu.

Leiði eftirlit í ljós að vörur uppfylla ekki skilyrði laga þessara greiðir viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða seljandi allan útlagðan kostnað sem hlýst af nauðsynlegri viðbótarrannsókn, svo sem kostnað við sýnatöku og greiningu sýna, ferðakostnað og annan kostnað sem er í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið.

Sá sem óskar staðfestingar á hreinleika málma, sbr. 6. gr., skal greiða þeim er þjónustuna veitir gjald sem nemur þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna, svo sem vegna tækjakosts og mannafla.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.
Viðurlög.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögunum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

14. gr.
Reglugerð.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laganna. Þar má m.a. mæla fyrir um hvernig stimplar samkvæmt lögunum skuli notaðir, gerð þeirra og útlit, kröfur til hreinleika málma, heimild til að blanda saman eðalmálmum og öðrum málmum eða efnum við framleiðslu á vörum og notkun hreinleikastimpla á slíkar vörur, notkun íblöndunarefna og eftirlit.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að settar verði reglur um merkingar og eftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni en engar slíkar reglur eru í gildandi löggjöf. Til-

gangur frumvarpsins er í fyrsta lagi að vernda neytendur með því að tryggja frekar en nú er gert að sú vara sem þeim er boðin sé í samræmi við lýsingu seljenda. Í öðru lagi er frumvarpinu ætlað að tryggja að vörur sem unnar eru úr eðalmálmum á Íslandi fáist markaðssettar í öðrum löndum. Það er krafa í mörgum nágrannaríkja okkar að vörur unnar úr eðalmálmum séu merktar samkvæmt opinberum reglum. Haustið 2000 fór Félag íslenskra gullsmiða þess formlega á leit við viðskiptaráðuneytið að það ynni að lausn á þeim vanda sem skortur á reglum á þessu sviði veldur íslenskum gullsmiðum við útflutning. Í framhaldinu var unnið að þessu frumvarpi í viðskiptaráðuneytinu í samráði við Félag íslenskra gullsmiða og Löggildingarstofu.

II. Löggjöf á Norðurlöndum.

Löggjöf um eftirlit með eðalmálmum er í gildi annars staðar á Norðurlöndum. Í þeirri löggjöf hafa verið settar reglur til samræmis við alþjóðlegan samning um eftirlit með og merkingar á vörum unnum úr eðalmálmum frá 1972 (Vínarsamningurinn) sem löndin eru aðilar að. Kveða lögin m.a. á um hvað skuli teljast til eðalmálma, hvernig beri að merkja vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni, eftirlit með því að reglum laganna sé fylgt og kröfur sem gerðar eru til innfluttra vara úr eðalmálmum. Við smíði þessa frumvarps var fyrst og fremst höfð hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf.

1. Vínarsamningurinn.

Samningurinn var undirritaður árið 1972 af Austurríki, Finnlandi, Noregi, Portúgal, Sviþjóð, Sviss og Stóra-Bretlandi, sem þá voru öll innan EFTA. Síðar hafa Danmörk, Írland og Tékkland bæst við. Þá eru nokkur ríki áheyrnaraðilar og er búist við að sum þeirra gerist fullgildir meðlimir samningsins innan skamms. Ísland er hvorki aðili að samningnum né áheyrnaraðili.

Samningurinn kom til framkvæmda árið 1975. Markmið hans er að örva viðskipti með vörur unnar úr eðalmálmum, stuðla að sanngjörnum viðskiptaháttum og vernda hagsmuni neytenda. Með samningnum var komið á sameiginlegum eftirlitsstimpli, sem nefndur er CCM. Aðildarlönd samningsins hafa samþykkt að heimila markaðssetningu á vörum í löndum sínum sem bera þann stimpil án frekari prófana enda séu þær almennt hæfar til sölu í landinu.

2. Drög að tilskipun Evrópusambandsins um eðalmálma.

Unnið hefur verið að tilskipun um eðalmálma hjá Evrópusambandinu. Um er að ræða drög að nýaðferðartilskipun með það að markmiði að samræma löggjöf aðildarríkjanna á þessu sviði. Upphafleg drög framkvæmdastjórnarinnar eru frá 1993 en nýjasta útgáfan er frá 1996. Drögin ná til vara sem unnar eru úr gulli, silfri, platínu og palladíum og er kveðið á um mismunandi styrkleika þessara málma í vörunni. Einnig er í drögunum kveðið á um markaðssetningu þessara vara og frjálst flæði þeirra, kröfur sem þarf að uppfylla í því sambandi og hvernig staðið er að merkingum og eftirliti. Kveðið er á um skyldur stjórnvalda varðandi útgáfu á stimplum og að komið verði á fót eftirliti með þessum vörum. Ekki hefur náðst samkomulag aðildarríkja Evrópusambandsins um þessi drög. Meðal þess sem ríkin greinir á um er eftirlitsþátturinn, þ.e. hvort prófa eigi vörurnar áður en þær eru settar á markað eða hvort beita eigi eftirliti á markaði. Ekki er fyrirsjáanlegt hvort eða hvenær tilskipun verður sett um þetta efni hjá Evrópusambandinu.

III. Efni frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í fjóra kafla:

Í I. kafla er gildissviðið afmarkað. Nær frumvarpið til framleiðslu, innflutnings og viðskipta með vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni. Einnig eru helstu hugtök skilgreind og þ.m.t. afmarkað hvað skuli teljast eðalmálmar. Um er að ræða gull, silfur, platínu og palladíum sem hefur ákveðinn hreinleika. Höfð var hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf við skilgreininguna en hún er eins og áður segir í samræmi við Vínarsamninginn. Þá er mælt fyrir um að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn samkvæmt lögunum.

Í II. kafla eru kveðið á um hvernig vörur unnar úr eðalmálmum skuli merktar og hvaða kröfur skuli gera til vara sem fluttar eru inn frá Evrópska efnhagssvæðinu. Stimplar samkvæmt frumvarpinu skiptast í skyldustimpla og valfrjálsa stimpla. Allar vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni verða að bera nafnastimpil sem hefur verið samþykktur, merktur og skráður hjá Löggildingarstofu og hreinleikastimpil. Valfrjálsir stimplar eru staðarmerki og ártöl. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um gerð og útlit þessara stimpla. Vörur sem ekki geta talist unnar úr eðalmálmum samkvæmt skilgreiningum frumvarpsins mega ekki bera stimpla sem rugla má saman við framangreinda stimpla.

Í III. kafla er mælt fyrir um eftirlit og gjaldtöku. Löggildingarstofu er falið eftirlit með merkingum á vörum unnum úr eðalmálmum en Löggildingarstofa getur falið öðrum opinberum aðila eða faggiltri skoðunarstofu að annast eftirlitið á sína ábyrgð. Löggildingarstofu er ætlað að halda skrá um nafnastimpla sem hún samþykkir. Eftirlit Löggildingarstofu eða faggilts aðila á hennar vegum mun aðallega felast í reglubundnum skoðunum. Þá geta borist kvartanir til Löggildingarstofu sem hún getur þurft að bregðast við.

Í IV. kafla eru ýmis ákvæði. Þar er að finna refsiákvæði, reglugerðarheimild og gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað. Ákvæði þess eiga að ná til vara sem eru unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni. Hugtakið „eðalmálmar“ er skilgreint í 2. gr. Skilgreiningarnar eru í samræmi við gildandi reglur t.d. í Danmörku og Svíþjóð sem byggjast eins og áður segir á Vínarsamningnum. Orðin „í atvinnuskyni“ fela það í sér að ef hlutir eru gerðir úr eðalmálmum og þeir eru ekki ætlaðir til sölu þarf ekki að fara að ákvæðum laganna. Vörur húðaðar með eðalmálmum teljast ekki vörur unnar úr eðalmálmum. Frumvarpið nær til framleiðslu á vörum unnum úr eðalmálmum. Með framleiðanda er átt við þann er vinnur vöruna eða lætur vinna hana í atvinnuskyni. Frumvarpið nær einnig til innflutnings á slíkum vörum enda ljóst að fullnægjandi neytendavernd næst ekki með öðru móti og að tryggja verður að sömu reglur gildi um innlenda og erlenda framleiðslu. Að lokum nær frumvarpið til viðskipta með vörur unnar úr eðalmálmum í atvinnuskyni þar sem ekki má selja slíkar vörur eða bjóða þær til sölu nema skilyrði sem sett eru í frumvarpinu séu uppfyllt.

Um 2. gr.

Í greininni eru hugtökin „ábyrgðarstimplar“, „nafnastimpill“, „hreinleikastimpill“, „eftirlitsstimpill“ og „eðalmálmar“ skilgreind. Hugtakið „ábyrgðarstimplar“ er yfirhugtak og nær bæði til skyldustimpla og valfrjálsra stimpla. Skyldustimplarnir eru „nafnastimpill“ og „hreinleikastimpill“ og eru þeir stimplar sérstaklega skilgreindir. Valfrjálsir stimplar eru hins vegar staðarmerki og ártöl. Nafnastimpil verður að fá samþykktan hjá Löggildingarstofu. Ekki eru gerðar kröfur til þess sem sækir um slíkan stimpil en með notkun hans ábyrgist sá

sem fyrir honum er skráður að varan sé í samræmi við merkingar á henni. Fram kemur að hreinleikastimpill verður að sýna skýrlega hversu mikið magn af hreinu gulli, silfri, palladíum eða platínu er í viðkomandi vöru. Í flestum tilvikum verður það gert með því að skrá með tölum hlutfall eðalmálma. Þess má þó geta að t.d. í Danmörku er viðurkennt að nota megi orðið „sterling“ þegar um silfur er að ræða. Er eðlilegt að sama regla gildi hér. Staðarmerki gefur til kynna hvar varan er framleidd og ártal hvenær. Um eftirlitsstimpil er mælt í 6. gr. frumvarpsins og vísast nánar til athugasemda við þá grein. Gert er ráð fyrir að um gerð og útlit framangreindra stimpla verði mælt í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um notkun ábyrgðarstimpla. Segir í 1. mgr. að slíka stimpla megi eingöngu nota á vörur unnar úr eðalmálmum og er notkun slíkra stimpla á aðrar vörur því óheimil. Þá segir í 2. mgr. að allar vörur unnar úr eðalmálmum skuli bera hreinleikastimpil og nafnastimpil. Óheimilt er að framleiða vöru eða flytja hana inn án þess að merkja hana með slíkum stimplum. Þá er óheimilt að selja vöru unna úr eðalmálmum eða bjóða hana til sölu nema hún beri slíka stimpla. Þetta eru því skyldustimplar en notkun á staðarmerkjum og ártölum er valkvæð. Notkun annarra stimpla er heimil svo lengi sem þeim verður ekki ruglað saman við þá stimpla sem fjallað er um í frumvarpinu, sbr. 3. mgr. Samkvæmt ákvæðinu gildir það sama um vörur sem líkjast vörum unnum úr eðalmálmum. Með því er leitast við að komast hjá ruglingi og að unnt sé að blekkja neytendur. Skv. 4. mgr. er bannað að markaðssetja vörur sem ekki eru unnar úr eðalmálmum sem slíkar vörur enda væri þá verið að blekkja neytendur. Leitast er við að tryggja að framsetning við markaðssetningu sé með þeim hætti að neytendur viti hvaða eiginleika vara hefur.

Um 5. gr.

Samkvæmt greininni ber framleiðandi vöru sem unnin er úr eðalmálmum í atvinnuskyni ábyrgð á því að hún sé stimpluð í samræmi við lögin. Ef um innflutning er að ræða ber innflytjandi vörunnar ábyrgð á því að varan sé stimpluð í samræmi við lögin. Innflytjandinn ber ábyrgð á því að bera erlenda stimpla sem eru á innfluttri vöru undir Löggildingarstofu eða ef varan ber ekki skyldustimpla að stimpla hana eða láta stimpla hana. Í flestum tilvikum mun framleiðandi eða innflytjandi vera skráður fyrir nafnastimpli en ekki er þó útilokað að annar sem hefur skráðan nafnastimpil stimpli vöruna. Hann ábyrgist þá að varan sé í samræmi við lýsingu á henni samkvæmt stimplum. Þá getur Löggildingarstofa komið á fyrirkomulagi opinberrar merkingar, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Í því felst að framleiðandi eða innflytjandi sem ekki hefur skráðan nafnastimpil getur fengið opinberan stimpil á vöruna sem staðfestir hreinleika hennar.

Um 6. gr.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins hefur Löggildingarstofa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í 6. gr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að Löggildingarstofa framkvæmi ekki sjálf prófanir og mælingar á efnisinnihaldi við eftirlit heldur feli þær öðrum opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu. Þá er í greininni gert ráð fyrir að viðkomandi aðili geti stimplað vörur með opinberum stimpli sem gæti þá komið í stað nafnastimpils. Slíkur stimpill mundi vera opinber viðurkenning á hreinleika málmanna.

Framleiðandi og innflytjandi vöru geta þá óskað eftir slíkum stimpli gegn greiðslu fyrir þjónustuna. Löggildingarstofu er falið að meta hvort þörf er á slíkum opinberum stimpli hér á landi.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt fyrir um viðurkenningu á stimplum sem notaðir eru hjá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Það skilyrði er sett að eftirlitið í viðkomandi löndum sé sambærilegt við eftirlit hér á landi. Er þetta ákvæði í samræmi við reglur sem gilda á EES-svæðinu um frjálsa vöruflutninga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. eru taldar vörur eða vöruflokkar sem ekki heyra undir lögin. Ýmist er um það að ræða að viðkomandi vörur eru ekki viðskiptalegs eðlis, vörurnar eru þess eðlis að mjög erfitt er að koma við merkingu eða verðmæti þeirra mjög takmarkað. Í flestum tilvikum á að vera auðvelt að greina hvort vara fellur undir viðkomandi flokk en frá því eru þó undantekningar. Þannig er í 6. tölul. mælt fyrir um að vörur sem óumdeilanlega geta talist fornmunir séu undanþegnar. Um vafatilvik getur verið að ræða og kann þá Löggildingarstofa að þurfa að kalla til sérfræðinga við matið. Í 2. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að undanþiggja fleiri vörur stimpilskyldu skv. 4. gr. Við mat á því hvort rétt sé að mæla fyrir um slíka undanþágu verður að hafa hagsmuni neytenda af merkingum í huga. Eðlilegt getur verið að undanþiggja vörur ákvæðum 4. gr. sem eru hliðstæðar þeim vörum sem undanþegnar hafa verið samkvæmt frumvarpinu eða sambærileg rök eiga við um. Í 3. mgr. er veitt heimild til að votta hreinleika málma skriflega. Um er að ræða undantekningu frá meginreglu frumvarpsins sem ber að túlka þröngt. Við það ber að miða að varan skaðist ef hún er merkt með stimplum. Útgefandi vottorðs væri Löggildingarstofa eða annar opinber aðili eða faggilt prófunarstofa sem starfar á vegum Löggildingarstofu, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er Löggildingarstofu falið eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Er eðlilegt að fela Löggildingarstofu framkvæmdina í ljósi hlutverks hennar samkvæmt öðrum lögum, sbr. t.d. lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og lög nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Eins og greinir í almennum athugasemdum felst hlutverk Löggildingarstofu fyrst og fremst í að halda skrá um viðurkennda stimpla og reglubundnu eftirliti með sýnatöku og prófunum á þeim til að ganga úr skugga um að vörur uppfylli skilyrði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skv. 2. mgr. getur Löggildingarstofa falið faggiltri skoðunarstofu á sína ábyrgð að annast eftirlitið.

Um 10. gr.

Í greininni eru Löggildingarstofu veittar nauðsynlegar heimildir til að hún geti rækt hlutverk sitt. Sama á við um faggiltar skoðunarstofur. Ber Löggildingarstofu að gæta meðalhófs við eftirlitið og tryggja með því að sem minnst röskun verði hjá eftirlitsskyldum aðilum vegna eftirlitsins.

Um 11. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði Löggildingarstofu. Í fyrsta lagi er mælt fyrir um úrræði þegar fyrir liggur að brotið hefur verið gegn lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Í öðru lagi er mælt fyrir um möguleg úrræði þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um brot. Ber Löggildingarstofu að grípa til tímabundinna úrræða sem miðast við að unnt sé að kanna frekar hvort brotið hafi verið gegn lögunum og koma í veg fyrir frekari brot á meðan á þeirri athugun stendur. Verður Löggildingarstofa að vinna eins hratt og kostur er þegar þessari heimild er beitt og takmarka þannig hugsanlegt tjón sem eftirlitsskyldur aðili kann að verða fyrir. Skv. 2. mgr. fellur kostnaður vegna aðgerða skv. 1. mgr. á hinn eftirlitsskylda aðila.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um dagsektarúrræði Löggildingarstofu. Hámark dagsekta er 50.000 kr. á sólarhring. Við mat á fjárhæð ber að taka mið af eðli brots.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er annars vegar mælt fyrir um gjald fyrir skráningu nafnastimpla. Gjaldið innheimtist við skráningu og greiðist af þeim er óskar skráningar. Því er ætlað að standa undir kostnaði Löggildingarstofu vegna móttöku umsóknar og skráningar stimpilsins. Hins vegar er innheimt árlegt gjald sem er ætlað að standa undir beinu eftirliti Löggildingarstofu með eftirlitsskyldum aðilum. Þá segir að greiða beri fyrir kostnað vegna sýnatöku og greiningar á sýnum. Misjafnt getur verið hvort og hve mörg sýni nauðsynlegt er að taka við eftirlit og er því eðlilegt að innheimta sérstaklega fyrir þessum kostnaði. Hafi eftirlitsskyldur aðili fleiri en eina starfsstöð, svo sem fleiri en eina verslun eða fleiri en eitt verkstæði, verður að greiða gjald vegna hverrar starfsstöðvar fyrir sig. Því greiðir t.d. söluaðili sem hefur tvær verslanir 24.000 kr. samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar kann einn og sami aðilinn að hafa með höndum innflutning, framleiðslu og sölu á vörum unnum úr eðalmálmum. Fari öll starfsemin fram frá einni starfsstöð greiðast samkvæmt frumvarpinu eingöngu 12.000 kr.

Við eftirlit kann að koma fram að vörur uppfylla ekki skilyrði laga þessara. Getur þá verið nauðsynlegt að framkvæma ítarlegra eftirlit og frekari prófanir. Viðkomandi eftirlitsskyldum aðila ber þá að greiða allan kostnað vegna frekar eftirlits sem stendur í beinum og efnislegum tengslum við eftirlitið.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um töku þjónustugjalds. Löggildingarstofa kann að fela opinberum aðila eða faggiltri prófunarstofu að mæla og staðfesta hreinleika eðalmálma, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þjónustugjaldaheimildin nær því til Löggildingarstofu eða þeirra sem hún felur að annast þjónustuna.

Um 13.–15. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálmum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um merkingar og eftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmun í atvinnuskyni, öðru nafni gull- og skartgripasmíði. Fer Löggildingarstofa með eftirlit með framkvæmd laganna og er heimilt að fela faggiltum skoðunarstofum að annast á sína ábyrgð markaðseftirlit með vörum sem frumvarpið nær til. Í frumvarpinu er lögð til gjaldtaka sem standa á undir kostnaði við eftirlitið. Áætlað er að um

50–70 aðilar verði eftirlitsskyldir samkvæmt lögunum og að árlegar tekjur af eftirlitsgjöldum nemi því um 0,6–0,8 m.kr. á ári. Þar til viðbótar koma tekjur af gjöldum fyrir viðurkenningu og skráningu á nafnastimplum auk gjalds fyrir sýnatöku. Samkvæmt áætlun viðskiptaráðuneytisins verður stofnkostnaður ríkissjóðs 1 m.kr. í upphafi og árlegur kostnaður við umsýslu, þjálfun og erlend samskipti o.fl. er nemur 0,5 m.kr. sem eftirlitsgjaldinu er ekki ætlað að standa undir.

Samtals mun frumvarpið því hafa í för með sér 1 m.kr. tímabundin útgjöld vegna stofnkostnaðar og 0,5 m.kr. árlegan rekstrarkostnað.

974. Frumvarp til laga [621. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 41. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Gæðakerfið nær til eftirtalinna þátta: landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Gæðakerfið byggist á því að skjalfesta framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður.

Sauðfjárframleiðendur sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu senda skriflega umsókn til búnaðarsambands á því svæði sem framleiðslan fer fram. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 30. júní ef framleiðendur óska eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár. Ef umsókn er endurnýjuð, sbr. 45. gr., er umsóknarfrestur til 15. desember. Búnaðarsamböndin yfirfara umsóknir og senda þær framkvæmdanefnd búvörusamninga sem heldur skrá yfir umsækjendur og aðila sem fengið hafa staðfest að þeir uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

2. gr.

Á eftir 41. gr. laganna koma sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (42. gr.)

Framkvæmdanefnd búvörusamninga tilkynnir framleiðendum sem sækja um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu hvort þeir uppfylla skilyrði samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdanefnd búvörusamninga skal byggja tilkynningar sínar á eftirtöldum gögnum:

a. Staðfestingu Bændasamtaka Íslands á því hvort einstakir framleiðendur hafi staðist lögbundna skoðun búfjáreftirlitsmanns um meðferð og aðbúnað búfjár, hvort framleiðendur hafi skilað fullnægjandi sauðfjárskýrslum og hvort þeir hafi sinnt skráningum í gæðahandbók á tilskilinn hátt.
b. Staðfestingu Landgræðslunnar á því hvort landnýting framleiðenda samrýmist skilyrðum skv. 43. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu skv. 1. mgr.

b. (43. gr.)

Framleiðendur skulu hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitilandi fyrir búfé sitt. Landnýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslunnar. Landgræðslan leggur mat á land þeirra sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og staðfestir með tilkynningu til framleiðenda og framkvæmdanefndar búvörusamninga hvort framleiðendur uppfylla skilyrði um landnýtingu. Matið skal byggjast á stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfari og framleiðni ásamt fyrirliggjandi gögnum um nýtingu og ástand, t.d. vegna rofs, uppblásturs o.fl., samkvæmt nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Telji Landgræðslan að einstakir framleiðendur uppfylli ekki skilyrði um landnýtingu skal hún greina þeim frá ástæðum þess. Gildir það einnig ef Landgræðslan telur ástæðu til að afturkalla staðfestingu sem þegar hefur verið gefin út vegna þess að nýting hefur breyst eða ef í ljós kemur að nýting er umfram þol landsins. Landgræðslan skal jafnframt kynna framleiðanda þau úrræði sem hann á samkvæmt lögum þessum og reglum um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, en þau felast í að semja tímasetta landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun til allt að 10 ára. Áætlunin er því aðeins gild að hún hljóti staðfestingu Landgræðslunnar.

Framleiðendur, sem uppfylla ekki skilyrði um landnýtingu skv. 1. mgr. og hafa ekki fengið staðfestingu Landgræðslunnar á landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun innan fimm mánaða frá því að Landgræðslan gerði athugasemdir við landnýtingu, uppfylla ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Sama gildir ef framleiðendur framfylgja ekki áður staðfestri landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun. Skal Landgræðslan senda skriflega tilkynningu til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Berist tilkynningin síðar en 15. febrúar leiðir hún þó ekki til þess að álagsgreiðslur vegna gæðastýringar falli niður fyrir sama almanaksár.

c. (44. gr.)

Búfjáreftirlitsmenn sveitarfélaga annast eftirlit með skráningum í gæðahandbók samkvæmt lögum þessum.

Ef einstakir framleiðendur uppfylla ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, önnur en þau sem fjallað er um í 43. gr., skulu búfjáreftirlitsmaður eða Bændasamtök Íslands, eftir því sem við á, gefa þeim hæfilegan frest til úrbóta, að hámarki fjórar vikur, ef ætla má að þeir geti bætt úr annmörkunum og uppfylli eftir þann tíma skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Frestur til úrbóta skal þó ekki veittur ef um vísvitandi ranga skráningu eða upplýsingagjöf er að ræða. Bændasamtök Íslands tilkynna framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrir 1. júlí ár hvert ef einstakir framleiðendur hafa ekki staðist lögbundið búfjáreftirlit, eftirlit með skráningum í gæðahandbók eða ekki skilað fullnægjandi sauðfjárskýrslum.

d. (45. gr.)

Réttur framleiðenda til álagsgreiðslna skv. 1. mgr. 41. gr. fellur því aðeins niður að þeir uppfylli ekki lengur skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og tilkynnir framkvæmdanefnd búvörusamninga framleiðendum það eigi síðar en 31. júlí ár hvert ef réttur þeirra fellur niður það almanaksár.

Framleiðendur sem missa rétt til álagsgreiðslna skv. 1. mgr. 41. gr. geta ekki öðlast rétt til álagsgreiðslna að nýju fyrr en næsta almanaksár. Óski framleiðendur eftir að öðlast rétt til álagsgreiðslna að nýju á næsta almanaksári verða þeir að endurnýja umsóknir sínar um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skv. 3. mgr. 41. gr.

e. (46. gr.)

Ágreiningi um hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar sem sker úr um ágreininginn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og einn samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Úrskurðarnefnd skal afgreiða mál eins fljótt og unnt er. Hafi nefndin ekki fellt úrskurð fyrir 15. október ár hvert fellur réttur framleiðenda til álagsgreiðslna fyrir það almanaksár ekki niður.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

f. (47. gr.)

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur yfirumsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en er heimilt að leita aðstoðar hjá öðrum aðilum varðandi tiltekna þætti gæðastýringarinnar.

g. (48. gr.)

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu, m.a. um undirbúning, landnýtingu, inntak og umfang gæðakerfis, störf úrskurðarnefndar, tilhögun álagsgreiðslna o.fl. Meðal annars er landbúnaðarráðherra heimilt í reglugerð að kveða á um að þeim sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sé skylt að sækja undirbúningsnámskeið um gæðastýringuna.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

Árið 2003 hafa Bændasamtök Íslands frest til 25. júlí til að tilkynna framkvæmdanefnd búvörusamninga ef fullnægjandi sauðfjárskýrslum hefur ekki verið skilað skv. 2. mgr. 44. gr.

Árið 2003 hefur Landgræðslan frest til 1. september til að ljúka mati skv. 1. mgr. 43. gr. á því hvort þeir sem sækja um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu frá og með 1. janúar 2003 uppfylla skilyrði um landnýtingu. Þótt niðurstaða af mati Landgræðslunnar verði sú að einstakir framleiðendur uppfylli ekki skilyrði um landnýtingu skulu álagsgreiðslur til þeirra ekki falla niður fyrr en almanaksárið 2004.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan landbúnaðarráðherra í því skyni að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands og landbúnaðarráðherra og fjár-

málaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 11. mars 2000 skv. 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2007.

Markmið samningsins eru eftirfarandi:

- að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda,
- að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt,
- að sauðfjárrækt sé í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið,
- að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða,
- að efla fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Þessum markmiðum vilja samningsaðilar ná m.a. með því að beina stuðningi að gæðastýrðri framleiðslu, efla rannsóknir, kennslu, leiðbeiningar og þróun greinarinnar og vinna að sátt um landnýtingu. Samningnum fylgdu tvö fylgiskjöl, annars vegar fylgiskjal 1 sem bar yfirskriftina „Gæðastýrð sauðfjárrækt, stjórnun, ábyrgð, undirbúningur, framkvæmd, eftirlit og tilgangur gæðastýringar í sauðfjárrækt“ og hins vegar fylgiskjal 2, „Viljayfirlýsing vegna mats á landnýtingu vegna gæðastýringarþáttar í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða“. Framangreind fylgiskjöl hafa að verulegu leyti verið lögð til grundvallar við gerð þessa frumvarps.

Bændasamtökin samþykktu samninginn í almennri atkvæðagreiðslu meðal sauðfjárbænda og samningurinn var einnig lögfestur af Alþingi með lögum nr. 88/2000, um breyting á lögum nr. 99/1993.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 99/1993 eins og ákvæðið hljóðar eftir þær breytingar sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 88/2000, sbr. 10. gr. laganna, eiga allir sauðfjárframleiðendur sem á árunum 2003–2007 uppfylla skilyrði um gæðastýrða framleiðslu rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði. Álagsgreiðslurnar skulu greiddar af uppkaupaálagi, sbr. 4. mgr. 38. gr., og af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um skv. 1. mgr. 39. gr. laganna. Álagsgreiðslur geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kg dilkakjöts.

Jafnframt var við meðferð frumvarpsins á Alþingi gerð breyting á frumvarpinu þar sem lögfest var ákvæði til bráðabirgða (P) um að landbúnaðarráðherra skyldi leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á IX. kafla laga nr. 99/1993, með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar, eigi síðar en 1. febrúar 2002. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er lagt fram í samræmi við framangreint ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 99/1993.

Samkvæmt frumvarpi þessu byggist gæðastýrð sauðfjárframleiðsla á því að framleiðendur noti gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Með frumvarpinu er lagður grunnur að því að rekjanleiki sauðfjárafurða verði tryggður og hægt að votta framleiðsluaðferðir og aðstæður. Ábyrg meðferð lands að mati sérfræðinga Landgræðslunnar er einnig skilyrði fyrir gæðastýrðri framleiðslu. Bændasamtök Íslands og Landgræðslan munu staðfesta hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um landnýtingu, gæðahandbók, sauðfjárskýrsluhald og aðbúnað og meðferð búfjár. Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að fela faggiltum aðilum samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að hafa eftirlit með einstökum þáttum gæðastýringarinnar. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að sérstök úrskurðarnefnd skeri úr ef ágreiningur rís um rétt einstakra framleiðenda til álagsgreiðslna vegna gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu.

Nú verður gerð grein fyrir hvernig hagað hefur verið undirbúningi að upptöku gæðastýringarkerfis í sauðfjárframleiðslu hér á landi og einnig gæðakerfinu sjálfu í helstu atriðum:

A. Undirbúningur gæðastýringar í sauðfjárframleiðslu.

Samkvæmt samningnum um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars 2000 tekur gæðastýringin til eftirtalinna þátta:

1. Landnota. Framleiðendur skulu sýna fram á afnotarétt af landi, þ.m.t. afrétti, sem fullnægir beitarþörf alls búpenings viðkomandi bús. Nánar skilgreint í gæðahandbók.
2. Einstaklingsmerkinga. Sauðfé skal merkt og skráð samkvæmt gæðahandbók.
3. Kynbótaskýrsluhalds. Bústofn skal skráður og metinn í viðurkenndu kynbótaskýrsluhaldi.
4. Gæðadagbókar. Hirðing og meðferð bústofns skal skráð samkvæmt gæðahandbók.
5. Búfjáreftirlits. Leggja skal fram vottorð frá búfjáreftirlitsmanni sveitarfélags um fóður, aðbúnað og ástand búfjár í samræmi við ákvæði gæðahandbókar. Lagt skal mat á ytri ásýnd býlisins í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.
6. Lyfjaeftirlits. Gera skal grein fyrir kaupum og notkun lyfja á búinu í gæðahandbók.
7. Áburðarnotkunar og uppskeru. Gera skal grein fyrir áburðarnotkun, hvernig hún er ákvörðuð og uppskera skráð af hverri spildu í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.
8. Fóðrunar. Gera skal grein fyrir fóðrun og fóðurefnum (beit, heygjöf, kjarnfóður, annað) í samræmi við ákvæði gæðahandbókar.

Þegar lög nr. 88/2000, um breyting á lögum nr. 99/1993, höfðu tekið gildi var þegar hafinn undirbúningur á vegum framkvæmdanefndar búvörusamninga að fyrirkomulagi gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu. Sérstök ráðgjafanefnd um gæðastýringu var fengin til að annast afmörkuð verkefni. Í nefndinni eiga sæti Jóhannes Sveinbjörnsson, fóðurfræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og sauðfjárbóndi, formaður, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs Bændasamtaka Íslands og Jóhannes Ríkharðsson, sauðfjárbóndi og þáverandi stjórnarmaður í Landssamtökum sauðfjárbænda.

Jafnframt gerði framkvæmdanefnd búvörusamninga samning við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri dags. 10. september 2000 um undirbúning að gerð gæðakerfis í sauðfjárframleiðslu í samræmi við áðurtalda þætti. Í samningnum var Landbúnaðarháskólanum falið að vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Hönnun skráningarferlis um hverjir uppfylli skilyrði til að vera aðilar að gæðastýringarkerfi.
- Aðstoð við (umsjón með) gerð gæðahandbókar um landnot, kynbótaskýrsluhald, einstaklingsmerkingar, hirðingu og meðferð bústofns, búfjáreftirlit, áburðarnotkun, uppskeru og fóðrun.
- Uppbyggingu á tveggja daga námskeiðum og gerð kennslugagna fyrir þátttakendur gæðastýringar.
- Uppbyggingu á fagnámskeiðum og gerð kennslugagna um kynbætur, heyöflun, vetrarfóðrun, haustmeðferð, byggingar fyrir sauðfé og nýtingu þeirra, bútækni við sauðfjárhirðingu, sauðfjársjúkdóma og viðbrögð við þeim og nýtingu lands.
- Gerð reglna um eftirlit með framkvæmd gæðastýringar hjá einstökum framleiðendum við ákvörðun um hvort þeir standist skilyrði um gæðastýrða framleiðslu.
- Undirbúningi að gerð frumvarps til laga um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Fyrir hönd Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hefur Sigurður Eiríksson rekstrarfræðingur haft með höndum stjórn verkefnisins.

Sauðfjárbændur í Norður-Þingeyjarsýslu og ráðunautur þeirra hafa lagt mikla vinnu af mörkum við að skipuleggja og prófa skráningarferli gæðastýringarinnar. Þeir unnu að því í eitt ár, að forgöngu Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga, áður en gæðakerfið var kynnt á

landsvísu. Einnig hafa ráðunautar og bændur víðs vegar um land haft nokkur áhrif á fyrirkomulag skráninga í gæðakerfið og þær kröfur sem gerðar eru til skráninga.

Starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslunnar hafa unnið með undirbúningsaðilum gæðastýringarinnar að því að móta landnýtingarþáttinn.

Niðurstöður þessarar vinnu þar sem framlag allra áðurnefndra aðila hefur verið tvinnað saman hefur nú litið dagsins ljós í heilsteyptu gæðakerfi sem samið er eftir rekstrarfyrirkomulagi og aðstæðum sauðfjárbænda. Kerfið er í vörslu Bændasamtaka Íslands og hefur þegar verið kynnt bændum. Hafa 1630 framleiðendur sótt fyrri dag námskeiðs í notkun þess og fengið afhenta gæðahandbók. Þetta eru um 85% af greiðslumarkshöfum í sauðfé. Seinni dagur námskeiðsins verður um land allt á tímabilinu febrúar–apríl 2002.

B. Gæðakerfið.

Áhersla á vottuð gæðastýringarkerfi í matvælaiðnaði hefur aukist mjög á síðustu árum í kjölfar meiri fjarlægðar milli framleiðenda og neytenda. Flest lönd sem við miðum okkur við eru að taka upp einhvers konar gæðastýringu í landbúnaði. Norðurlöndin eru komin þónokkuð áleiðis. Það má leiða að því líkum að allur búskapur framtíðarinnar muni nota gæðastýringarkerfi sem tekur til alls framleiðsluferilsins, nýtingar aðfanga og nýtingar náttúrunnar. Krafan um þetta hefur orðið háværari á síðustu missirum í kjölfar áfalla sem tengjast kúariðu, gin- og klaufaveiki o.fl.

Þegar gæðakerfi eru samin er grundvallaratriði að þau falli vel að starfseminni sem þau ná yfir því að þau eiga að vera hluti af eðlilegri starfsemi fyrirtækisins en ekki megintilgangur þess. Það er því höfuðviðfangsefni að gera kerfið skilvirkt svo að það komi að sem mestu gagni án þess að verða skrifræðisbákn með sjálfstæða tilveru.

Gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem sauðfjárframleiðendur munu taka í notkun ef frumvarp þetta verður að lögum er staðlað kerfi þannig að allir framleiðendur nota sama kerfið. Kostirnir við staðlað kerfi eru þeir að allir vinna með sama kerfi og fyrir vikið verður það ódýrara í uppbyggingu, viðhaldi og eftirliti auk þess sem það margfaldar úrvinnslumöguleika á þeim gögnum sem safnað er. Helstu gallar slíks fyrirkomulags eru þeir að kerfið er ekki sérsniðið að mismunandi verklagi og aðstæðum framleiðenda. Þó má benda á að þegar menn eru einu sinni byrjaðir að nota slíkt almennt kerfi eru óþrjótandi möguleikar fyrir hvern og einn að bæta við skráningu og úrvinnslu sér til gagns umfram það sem almennt er ætlast til. Síðast en ekki síst fylgir stöðluninni sá kostur að ódýrara er að votta að gæðakerfið skili tilgangi sínum án þess að skoða alla þátttakendur í kerfinu nákvæmlega.

Gæðastýring í sauðfjárrækt byggist á skjalfestingu á þeim aðstæðum og aðferðum sem notaðar eru við framleiðsluna. Tilgangurinn með slíkum skráningum er tvíþættur: Annars vegar hefur skráning slíkra upplýsinga þann tilgang að vera hjálpartæki fyrir framleiðendur til þess að ná betri árangri í sínum rekstri. Stór hluti íslenskra sauðfjárbænda hefur þegar langa reynslu af notkun kynbótaskýrsluhalds og velkjast fáir í vafa um að það hefur skilað gríðarlegum árangri. Það skýrsluhald verður hrygglengjan í gæðastýringunni og inn í það verður byggð lyfja- og sjúkdómaskráning. Aðrir skráningarþættir gæðastýringarinnar, svo sem skráning á áburðarnotkun og uppskeru, eru í raun þættir sem þegar í dag eru skráðir á mörgum búum. Allt á þetta að geta nýst til að stórefla leiðbeiningar og faglegt starf í sauðfjárræktinni. Hins vegar eru upplýsingarnar notaðar við markaðssetningu á vörunum, þ.e. skráningin hefur þann tilgang að upplýsa neytandann eða fulltrúa hans um hvernig afurðin er framleidd. Á síðustu árum hafa markaðsaðstæður breyst á alþjóðlegum matvælamarkaði á þann hátt að nær ómögulegt er að markaðssetja vöru á þeim grundvelli að hún sé á einhvern hátt hreinni og betri en önnur án þess að sanna þá fullyrðingu með einhverju slíku skrán-

ingarkerfi. Gæðavottun og rekjanleiki er því grundvöllur að markaðssetningu íslenska lambakjötsins í framtíðinni, að minnsta kosti á erlendum mörkuðum.

Til þess að gæðakerfi virki sem skyldi þurfa þau að falla vel að rekstri þess sem þau notar. Gæðastýring í sauðfjárrækt byggist á samræmdu kerfi fyrir alla sauðfjárbændur og það er því nauðsynlegt fyrir þróun og sveigjanleika að viðhald þess sé á hendi bænda sjálfra eða samtaka þeirra. Vegna þess að hluti ríkisstuðnings við sauðfjárbændur verður greiddur þeim sem uppfylla kröfur um notkun gæðakerfisins þykir rétt að landbúnaðarráðherra beri ábyrgð á og staðfesti gæðahandbók þá sem kerfið byggist á og jafnframt þær breytingar sem á henni verða í tímans rás.

Til frekari skýringar á þeim þáttum sem gæðakerfið inniheldur fylgir hér örstutt lýsing á skráningarþáttum þess en fjöldi þeirra og útfærsla getur breyst eins og fram kemur hér að framan.

a. Grunnupplýsingar.

Þessi þáttur felur í sér að ákveðnum staðreyndum um reksturinn er safnað saman og þær geymdar í gæðahandbókinni. Tilgangur þessa í gæðakerfinu er sá að á einum stað séu aðgengilegar allar helstu grunnupplýsingar um reksturinn og umhverfi hans. Með því að líta yfir grunnupplýsingarnar er þannig auðvelt að átta sig á einstökum skráningum í gæðakerfið.

b. Atburðaskráning.

Byggð upp eins og útdráttur úr dagbók. Varpar ljósi á tímasetningar á einstökum búsverkum. Nokkurs konar yfirlitsblað um reksturinn og gagnast sem slíkt.

c. Sauðfjárskýrsluhald.

Markvisst kynbótastarf eykur tekjur búsins. Skýrsluhaldið tryggir einnig rekjanleika afurðanna en það er lykilatriði í gæðastýringunni og grunnur að flestum skráningum í gæðakerfinu. Einstaklingsmerkingar eru forsenda rekjanleikans sem og kynbótastarfsins.

d. Landnýting og beitarskráning.

Grunnskilyrðið er að beitiland hafi næga framleiðslugetu fyrir þær beitarnytjar sem því eru ætlaðar og sé einnig í stöðugu ástandi eða framför. Landgræðslan metur það og þarf einnig að staðfesta áætlun um úrbætur ef framleiðendur uppfylla ekki þessi grunnskilyrði. Skráning á beit hefur þann tilgang að safna upplýsingum til að styðja skipulag beitar með tilliti til viðhalds landgæða, heilbrigðis fjárins og afurðasemi. Með því að taka landnýtinguna á þennan hátt inn í gæðastýringu í sauðfjárrækt er stigið mikilvægt skref í þá átt að treysta sátt um nýtingu landsins.

e. Jarðrækt.

Skjalfesting jarðræktarupplýsinga hefur það að meginmarkmiði að halda utan um upplýsingar um fóðuröflun búsins, bæði til þess að geta upplýst neytendur um þau aðföng sem notuð eru í framleiðslunni og í hagræðingarskyni. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um magn áburðarefna heldur reiknað með að skráningar upplýsinga og notkun þeirra leiði til næringarefnajafnvægis í jarðvegi og skynsamlegrar nýtingar áburðarefna.

f. Uppskera.

Skráning þessara upplýsinga er eðlilegt framhald af skráningu á áburðarnotkun og úrvinnsla á skráningum þessara tveggja þátta er oftast samtengd. Þannig segir það framleiðand-

anum mun meira um hagkvæmni heyöflunarinnar að vita um áburðarkostnað á hvert tonn af heyi heldur en á hvern hektara. Þær upplýsingar sem hér er safnað nýtast einnig sem haustskýrsla vegna forðagæslu búfjáreftirlits.

g. Fóðrun.

Þessi þáttur felur í sér skjalfestingu á fóðrun fjárins. Skráningarnar miðast við tegund og magn fóðurs og hafa þýðingu gagnvart rekjanleika afurðanna og rekstri búsins.

h. Aðbúnaður.

Þessi þáttur felur í sér gátlista yfir aðbúnað og umhverfi býlisins.

i. Heilbrigði og lyfjanotkun.

Heilbrigðisskráning og skráning á lyfjanotkun skal vera nákvæm og er tilgangurinn sá að til sé yfirlit yfir heilbrigðisástand hjarðarinnar og að hægt sé að rekja lyfjanotkun á einstaklinga í hjörðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er framkvæmdaraðili samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars 2000 og samkvæmt einstökum ákvæðum laga nr. 99/1993. Það er því eðlilegt að nefndin hafi einnig umsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu samkvæmt lögunum. Samkvæmt ákvæðinu ber búnaðarsamböndum að senda umsóknir til framkvæmdanefndarinnar sem heldur skrá yfir umsækjendur og þá aðila sem hlotið hafa staðfestingu á að þeir uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Greinin felur í sér skilgreiningu á því hvað er gæðastýrð sauðfjárframleiðsla, sem er skilyrði álagsgreiðslna fyrir gæðastýrða framleiðslu skv. 1. mgr. greinarinnar. Búnaðarsamböndin á hverju svæði veita viðtöku umsóknum um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, staðfesta að þær séu fullnægjandi og senda þær áfram til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Umsóknarfrestur er til 30. júní árið áður en þátttöku er óskað. Sá dagur er valinn til þess að Landgræðslunni gefist tækifæri til þess að meta land umsækjanda og staðfesta hvort það uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í 43. gr. Falli þátttakandi út úr gæðastýringunni vegna einhverra atriða og missi rétt til álagsgreiðslna getur hann óskað eftir að taka upp gæðastýrða framleiðslu að nýju. Frestur til að skila umsóknum um að taka aftur upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er til 15. desember enda liggur þá fyrir skoðun Landgræðslunnar á viðkomandi landi og það tekur því skemmri tíma en ella að afgreiða umsóknina.

Um 2. gr.

Um a-lið (42. gr.).

Eftirlitsþættir í gæðastýringu í sauðfjárrækt eru fjórir og er umsjón þriggja þeirra á hendi Bændasamtaka Íslands. Samtökin skila framkvæmdanefnd búvörusamninga skriflegri staðfestingu á því hvort framleiðendur standast skilyrði hvers þáttar fyrir sig. Eftirlitsþættirnir eru eftirfarandi:

1. Sauðfjárskýrslum er skilað til Bændasamtaka Íslands, ýmist handfærðum eða á rafrænu formi, og samtökin yfirfara þær og staðfesta hvort þær eru fullnægjandi.
2. Samkvæmt gildandi lögum og fyrirliggjandi frumvarpi til laga um búfjárhald o.fl. sem nú er til meðferðar á Alþingi ber sveitarfélögum að starfrækja búfjáreftirlit. Búfjáreftirlitsmenn sveitarfélaganna heimsækja hvert bú fyrir 15. apríl ár hvert og hafa eftirlit með

meðferð og fóðrun búfjár. Bændasamtök Íslands halda utan um niðurstöður búfjáreftirlitsins og staðfesta ef ekki koma fram athugasemdir um meðferð og aðbúnað búfjár hjá framleiðendum.

3. Í áðurnefndu frumvarpi um búfjárhald o.fl. er ekki gert ráð fyrir að búfjáreftirlitsmaður skoði í heimsókn sinni hvort skráningar í gæðahandbók uppfylli settar kröfur. Það er hins vegar falið búfjáreftirlitsmönnum með þessu frumvarpi og gert ráð fyrir að það bætist við önnur störf þeirra við búfjáreftirlitið. Bændasamtök Íslands staðfesta einnig hvort framleiðendur standast þetta eftirlit.
4. Landgræðslan hefur á höndum eftirlitsskyldu með landi samkvæmt lögum þessum og mun hún senda framkvæmdanefnd búvörusamninga skriflega tilkynningu ef aðilar sem óskað hafa eftir að taka upp eða hafa þegar tekið upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu teljast að mati Landgræðslunnar ekki uppfylla skilyrði um landnýtingu.

Eftirlitsþættir þessir eru valdir vegna þess að þeir lýsa mjög vel heildarstarfsemi framleiðandans og auk þess eru tveir þeirra, búfjáreftirlit og eftirlit með ástandi lands, lögbundnir og framkvæmdir hvort sem er. Samþætting búfjáreftirlits og eftirlits með skráningum í gæðahandbók er ódýr kostur auk þess sem hann fellur vel að búfjáreftirliti því að búfjáreftirlitsmaður mun að einhverju leyti styðjast við gæðahandbók við sitt lögbundna eftirlit. Þrátt fyrir þetta er ljóst að aðstæður og starfsumhverfi sauðfjárframleiðenda geta breyst og þær kröfur geta til dæmis komið upp að kaupendur afurða krefjist vottunar óháðs aðila, með faggildingu til vottunar gæðakerfa, á því að framleiðendurnir uppfylli skilyrði gæðastýringarinnar. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra sé heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast eftirlitsþætti gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu skv. 1. mgr.

Um b-lið (43. gr.).

Í ákvæðinu er lýst á hvern hátt haga skuli nýtingu beitilanda og úrbótum, sé þeirra þörf, svo að nýting auðlindarinnar sé með skynsamlegum hætti og um hana skapist víðtæk sátt. Landgræðslan hefur samkvæmt lögum bæði ráðgjafarhlutverk og eftirlitshlutverk varðandi ástand og meðferð lands. Landgræðslunni hefur því verið falið að meta land þeirra sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og staðfesta hvort það stenst skilyrði samkvæmt lögum þessum. Gildir það bæði um heimalönd og afrétti. Í því verki mun Landgræðslan styðjast við gögn sem verkefnið Nytjaland aflar. Nytjaland er samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytisins, Landgræðslunnar og Bændasamtaka Íslands um að mynda samræmdan gagnagrunn og landupplýsingavef landbúnaðarins. Þar eiga bændur, hagsmunaaðilar, vísindamenn og stjórnsýslan að geta nálgast upplýsingar um bújarðir landsins. Í gagnabanka Nytjalands verða jarðamörk kortlögð, jafnt staðfest sem óstaðfest, skráð landstærð, landið verður flokkað eftir samræmdu flokkunarkerfi og verður hverri bújörð skipt upp í tiltölulega einfalda meginflokka með tilliti til gróðurfars og landgerðar. Gert er ráð fyrir að Landgræðslan byggi mat sitt alfarið á gögnum Nytjalands ef gögnin sýna að hennar mati ótvírætt að ástand lands fullnægi settum kröfum. Þar sem gögn Nytjalands eru ekki nægileg sérfræðingum Landgræðslunnar til þess að byggja á ákvörðun sína þarf að fara fram frekari skoðun.

Ef land framleiðanda telst ekki vera í samræmi við kröfur um landnýtingu samkvæmt lögum þessum að mati sérfræðinga Landgræðslunnar eru úrræði framleiðandans fólgin í að vinna landbótaáætlun og/eða landnýtingaráætlun sem miðar að því að landið standist þá nýtingu sem því er ætluð. Slíkar landbótaáætlanir og/eða landnýtingaráætlanir verða unnar að frumkvæði hvers framleiðanda og hann getur leitað aðstoðar starfsmanna Landgræðslunnar og ráðunauta eða annarra ef það hentar betur. Hægt verður að styðjast við reynslu af

verkefni sem Landgræðslan hefur unnið að undanfarin ár í samvinnu við bændur og nefnist „Betra bú“ og nær meðal annars yfir beitar- og uppgræðsluáætlanir. Áætlanir þessar geta verið mjög mismunandi eftir eðli og umfangi þess vandamáls sem þeim er ætlað að leysa. Þannig getur landbótaáætlun og/eða landnýtingaráætlun falið í sér friðun, styttri beitartíma á beitarsvæði, fækkun fjár eða annars búfénaðar á beitarsvæði, áburðargjöf, uppgræðslu auðna, skjólbelti, skógrækt, lengri gjafatíma að vori og/eða hausti og sjálfsagt fleiri atriði en þessi ýmist ein og sér eða jafnvel mörg í sömu áætlun.

Tilkynni Landgræðslan framkvæmdanefnd búvörusamninga um afturköllun staðfestingar á að einstakir framleiðendur standist skilyrði um landnýtingu eftir 15. febrúar hefur það ekki áhrif á álagsgreiðslur vegna gæðastýringar fyrir sama ár. Ástæða þess er sú að framleiðendur eiga rétt á að vísa slíkri ákvörðun til úrskurðarnefndar skv. 46. gr. og nefndin verður að hafa svigrúm til þess að vinna úrskurð sinn. Þar sem ákvæðið gerir ráð fyrir að framleiðendur hafi fimm mánuði til þess að vinna landbótaáætlun og/eða landnýtingaráætlun sem Landgræðslan samþykkir hafa athugasemdir Landgræðslunnar til framleiðanda fram komnar eftir 15. september ár hvert ekki áhrif á álagsgreiðslur vegna gæðastýringar fyrir næsta ár á eftir. Dæmi um framkvæmd þessara reglna er að geri Landgræðslan athugasemdir til framleiðanda hinn 16. september 2002 hefur hann fimm mánuði til að vinna landbótaáætlun og/eða landnýtingaráætlun, til 16. febrúar 2003, og sé ekki gerð fullnægjandi áætlun innan þess tíma hefur það ekki áhrif á álagsgreiðslur fyrr en árið 2004.

Um c-lið (44. gr.).

Í 1. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að búfjáreftirlitsmenn sveitarfélaga hafi eftirlit með skráningum í gæðahandbók samkvæmt lögum þessum. Gert er ráð fyrir að búfjáreftirlitsmenn skoði gæðahandbækur einstakra framleiðenda í sömu ferð og þeir framkvæma lögbundið búfjáreftirlit. Skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu önnur en varða landnýtingu eru í raun um skráningu þeirra atriða sem getið er um í 41. gr. auk þess sem sýna þarf fram á að viðhlítandi lög og reglur séu uppfyllt. Lagagreinin gerir ráð fyrir að eftirlitsaðilarnir, búfjáreftirlit og Bændasamtök Íslands geti gefið mönnum kost á að bæta um betur ef líkur eru á því að slíkt sé hægt innan fjögurra vikna, enda skila eftirlitsaðilar ekki af sér gögnum varðandi eftirlitið fyrr en fresturinn er liðinn. Komi í ljós við eftirlit að framleiðendur hafi vísvitandi gefið rangar eða villandi upplýsingar er þó ekki heimilt að veita frest til þess að bæta úr. Bændasamtök Íslands skulu staðfesta þá eftirlitsþætti sem þeim er falið að staðfesta í frumvarpi þessu fyrir 1. júlí ár hvert. Staðfestingar Bændasamtaka Íslands eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skv. 46. gr. og skiladagurinn gefur úrskurðarnefndinni tíma til þess að vinna úr kærumálum ef þau berast. Tíminn sem úrskurðarnefndin hefur til þess að úrskurða um kærumál vegna þessara þátta er mun skemmri en varðandi landnýtingarþáttinn vegna þess að gera verður ráð fyrir að umfangsminna verði að skera úr um ágreiningsmál varðandi þessa þætti. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um d-lið (45. gr.).

Hér er gerð grein fyrir að réttur framleiðenda til álagsgreiðslna falli því aðeins niður ef þeir uppfylla ekki lengur skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu en þá missa þeir rétt til álagsgreiðslna á því almanaksári. Ef einstakir framleiðendur missa rétt til álagsgreiðslna öðlast þeir ekki rétt til greiðslna að nýju á næsta almanaksári nema þeir endurnýi umsóknir sínar. Skiptir þá engu á hvaða forsendum þeir misstu álagsgreiðslurnar. Hafi framleiðendur misst rétt til álagsgreiðslna vegna athugasemda um landnýtingu eða aðbúnað verða þeir að sýna fram á að úr þeim atriðum hafi verið bætt áður en hægt er að taka umsóknir gildar. Sé endurnýjaðri umsókn hafnað er sú ákvörðun kæranleg til úrskurðarnefndar skv. 46. gr.

Um e-lið (46. gr.).

Allar ákvarðanir eftirlitsaðila um synjun á álagsgreiðslum fyrir gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eru kæranlegar til úrskurðarnefndar sem starfar á grundvelli 46. gr. laganna. Talin var ástæða til þess að hafa sérstaka úrskurðarnefnd um gæðastýringu vegna þess að eðli kærumála krefst sérþekkingar á þeim aðstæðum sem sauðfjárframleiðslan byggist á. Á meðan mál eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd halda framleiðendur óskertum álagsgreiðslum vegna gæðastýringar. Nefndin hefur frest til 15. október ár hvert til þess að kveða upp úrskurði sem bindandi eru fyrir sama ár. Ekki er talið ásættanlegt að þeir framleiðendur sem skotið hafa máli til úrskurðarnefndar séu lengur í óvissu um álagsgreiðslur en þessum fresti nemur. Úrskurði nefndin síðar hefur úrskurðurinn gildi gagnvart næsta almanaksári og sé úrskurðurinn framleiðandanum í óhag verður hann að endurnýja umsókn sína um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu samkvæmt ákvæðum 45. gr.

Um f-lið (47. gr.).

Helstu kostnaðarliðir frumvarpsins eru kostnaður búfjáreftirlits við eftirlit með skráningum í gæðahandbók og kostnaður framkvæmdanefndar búvörusamninga við að senda tilkynningar og halda utan um skrá yfir þátttakendur. Gert er ráð fyrir að þessi kostnaður verði greiddur af fjármunum sem tilgreindir eru í gr. 5.1 í samningi um sauðfjárframleiðslu sem undirritaður var 11. mars 2000 og er birtur sem fylgiskjal með frumvarpi til laga nr. 88/2000. Einnig má hér nefna kostnað við úrskurðarnefnd um gæðastýringu en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hann verði greiddur úr ríkissjóði.

Um g-lið (48. gr.).

Liðurinn þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæðið til bráðabirgða felur í sér frávik frá öðrum ákvæðum laganna um tímafresti sem Bændasamtökum Íslands og Landgræðslunni eru ætlaðir til að staðfesta að þeir sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu uppfylli sett skilyrði. Gert er ráð fyrir að þessi undantekningarákvæði gildi einungis á árinu 2003, þ.e. fyrsta árið eftir að gæðastýrð sauðfjárframleiðsla hefur verið tekin upp. Staðfesting á fullnægjandi sauðfjárskýrsluhaldi mun byggjast á skilum síðasta almanaksárs. Fyrsta ár gæðastýringar verður að byggjast á skilum á svokallaðri vorbók og er því ekki annað fært en gefa lengri frest á því ári. Jafnframt er ljóst að Landgræðslan mun ekki hafa mannafla til að meta land allra framleiðenda áður en gæðastýring hefst hinn 1. janúar 2003 og að tilkynna framkvæmdanefnd búvörusamninga um það fyrir 15. febrúar 2003 eins og ákvæði 43. gr. gerir ráð fyrir. Eðlilegt þykir því að hafa það alveg skýrt að framleiðendur munu ekki missa álagsgreiðslur fyrir árið 2003 þótt ekki hafi unnist tími til að meta land þeirra en samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða hefur Landgræðslan frest til 1. september 2003 til að ljúka mati á landi þeirra.

Um 4. gr.

Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var 11. mars 2000 gildir til 31. desember 2007 og er því eðlilegt að ákvæðum laganna verði markaður sami gildistími. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Greinargerð um eftirlit með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

„Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits."

Áhersla á vottuð gæðastýringarkerfi í matvælaiðnaði hefur aukist mjög á síðustu árum í kjölfar meiri fjarlægðar milli framleiðenda og neytenda. Flest lönd sem við miðum okkur við eru að taka upp einhvers konar gæðastýringu í landbúnaði. Norðurlöndin eru komin þó nokkuð áleiðis. Það má leiða að því líkum að allur búskapur framtíðarinnar muni nota gæðastýringarkerfi sem tekur til alls framleiðsluferilsins, nýtingar aðfanga og nýtingar náttúrunnar. Krafan um þetta hefur orðið háværari á síðustu missirum í kjölfar áfalla tengdum kúariðu, gin og klaufaveiki o.fl.

Gæðastýring í sauðfjárrækt byggist á skjalfestingu á þeim aðstæðum og aðferðum sem notaðar eru við framleiðsluna. Tilgangurinn með slíkum skráningum er tvíþættur: Annars vegar hefur skráning slíkra upplýsinga þann tilgang að vera hjálpartæki fyrir framleiðendur til þess að ná betri árangri í sínum rekstri. Hins vegar eru upplýsingarnar notaðar við markaðssetningu á vörunum, þ.e. skráningin hefur þann tilgang að upplýsa neytandann eða fulltrúa hans um hvernig afurðin er framleidd. Á síðustu árum hafa markaðsaðstæður breyst á alþjóðlegum matvælamarkaði á þann hátt að nær ómögulegt er að markaðssetja vöru á þeim grundvelli að hún sé á einhvern hátt hreinni og betri en önnur án þess að sanna þá fullyrðingu með einhverju slíku skráningarkerfi. Gæðavottun og rekjanleiki er því grundvöllur að markaðssetningu íslenska lambakjötsins í framtíðinni, að minnsta kosti á erlendum mörkuðum.

Þeir eftirlitsþættir sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru fjórir og eru þeir eftirfarandi: Búfjáreftirlitsmenn sveitarfélaga framkvæma beina skoðun varðandi aðbúnað og meðferð búfjár samkvæmt lögum og skoða einnig skráningar í gæðahandbók. Bændasamtök Íslands fylgjast með hvort fullnægjandi sauðfjárskýrslum er skilað og Landgræðsla ríkisins hefur eftirlit með ástandi lands og þróun þess. Bændasamtökin taka saman niðurstöður af eftirliti búfjáreftirlitsmanna og senda framkvæmdanefnd búvörusamninga tilkynningu um þá sem ekki standast kröfur.

Tveir eftirlitsþáttanna eru lögbundnir og inntir af hendi óháð frumvarpi þessu. Samþætting þeirra inn í gæðakerfi Bændasamtaka Íslands styrkir gæðakerfið auk þess sem það kemur í veg fyrir tvíverknað í eftirliti. Þessir eftirlitsþættir eru búfjáreftirlit nær yfir alla búfjáreigendur samkvæmt lögum og eftirlit með ástandi lands sem Landgræðsla ríkisins hefur með höndum samkvæmt lögum.

Það eftirlit sem frumvarp þetta leiðir af sér til viðbótar því sem fyrir er snýr þannig eingöngu að skráningum í gæðakerfi Bændasamtaka Íslands. Skráningarnar eru tvískiptar, annars vegar svokallað sauðfjárskýrsluhald sem vistað er í miðlægum gagnagrunni hjá Bændasamtökunum og hins vegar skráningar í gæðahandbókina sjálfa sem hver framleiðandi hefur undir höndum.

Það er enginn beinn kostnaður fyrir einstaklinga áætlaður vegna eftirlitsins en gert er ráð fyrir því að störf búfjáreftirlitsmanns sveitarfélaga við að líta eftir skráningum í gæðahand-

bók taki árlega ½ til 1 klst á hvern framleiðanda og verði greidd af fjárveitingu samkvæmt lið 5.1 í samningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins um framleiðslu sauðfjárafurða. Staðfesting Bændasamtaka Íslands á skilum á sauðfjárskýrslum hefur ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir Bændasamtökin.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra geti falið aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsþáttanna.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga heldur utan um ákvarðanir eftirlitsaðilanna og tilkynnir framleiðendum ef niðurstöður eftirlits leiðir til að framleiðandi missir rétt til álagsgreiðslna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd vegna ágreiningsmála um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.

Það er mat þeirra sem að frumvarpinu standa að eftirlitsþættir þeir sem valdir voru nái mjög vel yfir þá starfsemi sem líta skal eftir, samþætting við fyrirliggjandi eftirlit sé hagkvæm og kostnaður við þá eftirlitsþætti sem við bætast sé óverulegur.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frumvarpið er lagt fram með það að markmiði að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, fyrir gildistíma samningsins, sem er frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2007.

Í 2. gr. frumvarpsins, e-lið, er lagt til að stofnuð verði þriggja manna úrskurðarnefnd um skilyrði fyrir gæðastýringu. Einnig er getið í a-lið sömu greinar um eftirlit búfjáreftirlitsmanns. Talið er að kostnaðarauki verði óverulegur og rúmist innan ramma landbúnaðarráðuneytis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

975. Tillaga til þingsályktunar [622. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn, og til að fella inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar reglugerðar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir eru prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkuð frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-

nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar og um að fella inn í EES-samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

1. Almennt.

Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er bókun 26 við EES-samninginn, um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar, breytt á þann hátt að í bókunina er tekin upp tilvísun til reglugerðar ráðsins nr. 659/1999 (Council Regulation (EC) No 659/1999 of 22 March 1999 laying down detailed rules for the application of Article 93 of the EC Treaty).

Markmiðið með breytingu bókunar 26 er að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB eru faldar með reglugerð ráðsins nr. 659/1999.

Bókun 3 við samninginn milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESE) fjallar um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar. Til að gæta samræmis við breytingu á bókun 26 við EES-samninginn hefur því einnig verið nauðsynlegt að breyta umræddri bókun 3 við ESE-samninginn með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 659/1999.

Þessar breyting eru í samræmi við upprunalegt orðalag bókunar 26 en það er svohljóðandi:

Með samningi milli EFTA-ríkjanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sams konar valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sem geri

eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru fram í e-lið 2. mgr. 1. gr., 49. og 61.–64. gr. samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa slíkt vald við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins eins og um getur í bókun 14.

Með reglugerð ráðsins nr. 659/1999 er kveðið á um formreglur varðandi beitingu 88. gr. Rómarsáttmálans (áður 93. gr.). Samsvarandi grein í EES-samningnum er 62. gr. sem hljóðar svo:

1. Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a) framkvæmdastjórn EB, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b) eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26.

2. Með það fyrir augum að tryggja samræmt eftirlit á sviði ríkisaðstoðar á svæðinu sem samningur þessi tekur til skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæðin í bókun 27.

2. Efnisútdráttur úr reglugerð ráðsins nr. 659/1999.

Reglugerðin kveður á um valdaheimildir framkvæmdastjórnarinnar á sviði ríkisaðstoðar. Með fyrrnefndum drögum að breytingu á bókun 3 ESE-samningsins fær ESA sambærilegar heimildir á þessu sviði. Segja má að flestar þessar heimildir hafi ESA haft áður, sbr. leiðbeiningar ESA um ríkisaðstoð. Það er þó nýtt að ESA fær heimild til þess að fara inn í fyrirtæki og gera vettvangskönnun (sjá 22. gr.) og reglan um endurgreiðslu er mun afdráttarlausari (sjá 14. gr.). Það þarf því að gera lagabreytingar og breyta ríkisstyrkjakaflanum í samkeppnislögum, nr. 8/1993, til samræmis við þessi atriði. Að öðru leyti er efni reglugerðarinnar í stuttu máli eftirfarandi:

Í fyrsta kafla (1. gr.) reglugerðar ráðsins nr. 659/1999 (hér eftir nefnd „reglugerðin“) eru skilgreiningar á ríkisaðstoð.

Í öðrum kafla er mælt fyrir um formreglur í tengslum við tilkynnta ríkisaðstoð (procedure regarding notified aid). Eru þær formreglur að mestu leyti í samræmi við formreglur þær sem fram koma í bókun 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og leiðbeiningarreglur ESA. Er í kaflanum nánar kveðið á um eftirfarandi atriði:

2. gr. Tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar vegna nýrrar ríkisaðstoðar (notification of new aid).
3. gr. Ákvæði um að bíða með að hrinda ákveðinni ríkisaðstoð í framkvæmd áður en hún hefur verið samþykkt (standstill clause).
4. gr. Forkönnun framkvæmdastjórnarinnar vegna tilkynningar um ríkisaðstoð (preliminary examination of the notification and decisions of the Commission).
5. gr. Beiðni um upplýsingar (request for information).
6. gr. Feril formlegrar rannsóknar (formal investigation procedure).
7. gr. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að loka formlegri rannsókn (decisions of the Commission to close the formal investigation procedure).
8. gr. Afturköllun tilkynningar (withdrawal of notification).

9. gr. Afturköllun framkvæmdastjórnarinnar vegna ákvörðunar (revocation of a decision).

Í þriðja kafla reglugerðarinnar er mælt fyrir um formreglur í tengslum við ólögmæta ríkisaðstoð. Er þar nánar kveðið á um eftirfarandi atriði:

10. gr. Könnun, beiðni um upplýsingar og skipun um upplýsingar (examination, request for information and information injunction).
11. gr. Skipun um að fresta ríkisaðstoð eða endurheimta tímabundið veitta ríkisastoð (injunction to suspend or provisionally recover aid).
12. gr. Skipunum framkvæmdarstjórnarinnar ekki sinnt (non-compliance with an injunction decision).
13. gr. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar (decision of the Commission).
14. gr. Endurheimt ríkisaðstoðar (recovery of aid). Hér segir að þegar ESA hefur komist að neikvæðri niðurstöðu varðandi ólögmæta ríkisaðstoð skuli viðkomandi EFTA-ríki grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að endurheimta aðstoðina frá móttakanda hennar, með vöxtum. Verður viðkomandi EFTA-ríki að framfylgja ákvörðun ESA án tafar.
15. gr. Tímatakmörk framkvæmdastjórnarinnar (limitation period).

Í fjórða kafla reglugerðarinnar er fjallað um formreglur varðandi misnotkun ríkisaðstoðar.

Í fimmta kafla er fjallað um formreglur varðandi ríkisaðstoð sem er þegar við lýði (existing aid schemes). Er þar fjallað um samstarf aðildarríkjanna með vísan í 1. mgr. 93. gr. Rómarsáttmálans (nú 88. gr.) varðandi þess háttar aðstoð og til hvaða aðgerða framkvæmdastjórninni er heimilt að grípa.

Í sjötta kafla er fjallað um rétt þriðja aðila til að koma gögnum til framkvæmdastjórnarinnar og vekja athygli á hugsanlega ólögmætri ríkisaðstoð.

Í sjöunda kafla er fjallað um vöktun (monitoring) og skyldu aðildarríkjanna til að skila ársskýrslum til framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð. Einnig er þar fjallað um heimild ESA til að framkvæmda vettvangskönnun (on-site monitoring) að undangengnum vissum skilyrðum. Er í 22. gr. kveðið á um valdheimildir ESA varðandi vettvangskönnun, m.a. að fara inn í fyrirtæki og um landareign fyrirtækis, óska eftir munnlegum útskýringum á staðnum og rannsaka bókhaldsgögn fyrirtækis og taka af þeim ljósrit. ESA getur og krafist þess að hafa með sér óháða sérfræðinga við vettvangskönnunina.

Í lok sjöunda kafla (23. gr.) er síðan fjallað um heimild framkvæmdastjórnarinnar til að skjóta máli til Evrópudómstólsins (ECJ) ef aðildarríki bregst ekki við ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar.

Í áttunda kafla eru sameiginleg ákvæði m.a. um þagmælsku, útgáfu ákvarðana og stofnun sérstakrar ráðgjafanefndar.

Unnið er að undirbúningi nauðsynlegra lagabreytinga vegna þessa í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en sérstök nefnd sem vinnur að gerð frumvarps um fjármálafyrirtæki mun vinna tillögur um hvernig reglugerðin verður tekin upp í íslenskan rétt. Samkvæmt reglugerðinni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 27. apríl 2002.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 164/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á bókun 26 um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Engar breytingar hafa áður verið gerðar á bókun 26.

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans([1]) skal felld inn í samninginn.

3) Vegna þessa ber að aðlaga bókun 26.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í bókun 26 við samninginn:

„1. gr.

Með samningi milli EFTA-ríkjanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sams konar valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sem geri eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru fram í e-lið 2. mgr. 1. gr., 49. og 61.–64. gr. samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa slíkt vald við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins eins og um getur í bókun 14.

2. gr.

Auk þeirra gerða sem um getur í XV. viðauka endurspeglar eftirfarandi gerð valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu:

([1]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.

399 R 0659: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 659/1999/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 659/1999

frá 22. mars 1999

um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 94. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð þessi gildir um aðstoð í öllum geirum með fyrirvara um sérstakar reglur um málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerðum sem gilda um tiltekna geira. Að því er varðar beitingu 77. og 92. gr. sáttmálans hefur framkvæmdastjórnin sérstakar heimildir samkvæmt 93. gr. til að skera úr um hvort ríkisaðstoð samrýmist hinum sameiginlega markaði þegar hún tekur yfirstandandi aðstoð til endurskoðunar, tekur ákvarðanir um nýja eða breytta aðstoð og grípur til aðgerða vegna þess að ákvörðunum hennar er ekki hlítt eða tilkynningaskyldu er ekki sinnt.

2) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við fordæmi dómstóls Evrópubandalaganna, mótað og komið á ákveðinni venju þegar beita á 93. gr. sáttmálans og hefur mælt fyrir um tilteknar reglur um málsmeðferð og meginreglur í fjölda orðsendinga. Til að tryggja árangursríka og skilvirka málsmeðferð samkvæmt 93. gr. sáttmálans er rétt að kerfisbinda og renna stoðum undir fyrrnefnda venju með setningu reglugerðar.

3) Reglugerð um málsmeðferð, sem fjallar um beitingu 93. gr. sáttmálans, mun auka gagnsæi og réttaröryggi.

4) Í því skyni að tryggja réttaröryggi er rétt að skilgreina þær aðstæður sem ráða því að aðstoð er talin vera yfirstandandi aðstoð. Tilkoma og efling innri markaðarins verður í áföngum og endurspeglast í stöðugri þróun stefnunnar í málefnum ríkisaðstoðar. Afleiðing þessarar þróunar getur verið sú að tilteknar ráðstafanir, sem voru ekki taldar ríkisaðstoð þegar þær komu til framkvæmda, kunni síðan að hafa orðið að ríkisaðstoð.

5) Í samræmi við 3. mgr. 93. gr. sáttmálans ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll áform um að veita nýja aðstoð en eigi ber að hrinda slíkum áformum í framkvæmd fyrr en framkvæmdastjórnin hefur veitt leyfi til þess.

6) Aðildarríkjunum ber skylda til, í samræmi við 5. gr. sáttmálans, að vinna með framkvæmdastjórninni og veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera henni kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

7) Frestur, sem framkvæmdastjórnin hefur til að ljúka forathugun á tilkynntri aðstoð, skal vera tveir mánuðir eftir viðtöku fullfrágenginnar tilkynningar eða eftir viðtöku tilhlýðilega rökstuddrar yfirlýsingar viðkomandi aðildarríkis þess efnis að það telji tilkynninguna fullfrágengna af þeirri ástæðu að viðbótarupplýsingarnar, sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir, séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið látnar í té. Til að tryggja réttaröryggi ber að ljúka fyrrnefndri athugun með ákvörðun.

8) Í öllum tilvikum, þar sem framkvæmdastjórnin getur ekki staðfest, í framhaldi af forathuguninni, að aðstoð samrýmist hinum innri markaði, ber að hefja formlega rannsókn í því skyni að gera framkvæmdastjórninni kleift að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum svo að hún sé í stakk búin til þess að meta samræmi

([1]) Stjtíð. EB C 116, 16. 4. 1998, bls. 13.
([2]) Áliti var skilað 14. janúar 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 284, 14. 9. 1998, bls. 10.

aðstoðarinnar og til þess að gefa þeim, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Unnt er að tryggja réttindi hagsmunaaðila á sem bestan hátt innan ramma þeirrar formlegu rannsóknar sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.

9) Framkvæmdastjórninni ber, eftir að hafa fjallað um athugasemdirnar sem hagsmunaaðilar hafa lagt fram, að ljúka athugun sinni með lokaákvörðun um leið og efasemdum hefur verið eytt. Sé athuguninni ólokið 18 mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin er rétt að hlutaðeigandi aðildarríki eigi þess kost að óska eftir því að framkvæmdarstjórnin taki ákvörðun innan tveggja mánaða.

10) Til að tryggja að reglum um ríkisaðstoð sé beitt með réttum og skilvirkum hætti skal framkvæmdastjórnin eiga þess kost að afturkalla ákvörðun sem var byggð á röngum upplýsingum.

11) Í því skyni að tryggja að ákvæðum 93. gr. sáttmálans sé hlítt, einkum ákvæðum um tilkynningarskyldu og stöðvun í 3. mgr. 93. gr., ber framkvæmdastjórninni að kanna öll tilvik þar sem um ólöglega aðstoð er að ræða. Af ástæðum er varða gagnsæi og réttaröryggi ber að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð sem fylgja skal í slíkum tilvikum. Virði aðildarríki ekki tilkynningarskylduna eða stöðvunarákvæðið er framkvæmdastjórnin óbundin af frestum.

12) Ef um ólöglega aðstoð er að ræða ber framkvæmdastjórninni réttur til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga sem gera henni kleift að taka ákvörðun og koma tafarlaust aftur á, þar sem það á við, ótruflaðri samkeppni. Því er rétt að gera framkvæmdastjórninni kleift að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki. Þessar tímabundnu ráðstafanir geta verið fyrirmæli um að veita upplýsingar, fyrirmæli um stöðvun aðstoðar og fyrirmæli um endurgreiðslu aðstoðar. Sé fyrirmælum um að veita upplýsingar ekki hlítt skal framkvæmdastjórninni gert kleift að taka ákvörðun, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum, og ef fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu er ekki hlítt skal hún eiga þess kost að vísa málinu beint til dómstólsins í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.

13) Ef um er að ræða ólöglega aðstoð sem samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði ber að koma aftur á virkri samkeppni. Í þessu skyni er nauðsynlegt að aðstoðin sé endurgreidd án tafar með vöxtum. Rétt er að endurgreiðsla fari fram í samræmi við málsmeðferð samkvæmt ákvæðum innlendra laga. Beiting slíkrar málsmeðferðar á ekki að koma í veg fyrir, með því að hindra að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé hrundið í framkvæmd án tafar og með skilvirkum hætti, að virkri samkeppni sé aftur komið á. Til þess að svo megi verða ber aðildarríkjunum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nái fram að ganga.

14) Til að tryggja réttaröryggi er rétt að ákvarða 10 ára fyrningarfrest að því er varðar ólöglega aðstoð, þannig að ekki sé unnt að gera kröfu um endurgreiðslu eftir að hann er útrunninn.

15) Misnotkun aðstoðar kann að hafa áhrif á starfsemi innri markaðarins sem eru svipaðs eðlis og áhrif ólöglegrar aðstoðar og því ber að bregðast við slíkri misnotkun eins og um ólöglega aðstoð sé að ræða. Ólíkt ólöglegri aðstoð er aðstoð, sem hugsanlega hefur verið misnotuð, aðstoð sem framkvæmdastjórnin hefur áður samþykkt. Því skal framkvæmdastjórninni óheimilt að beita fyrirmælum um endurgreiðslu þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða.

16) Rétt er að skilgreina alla þá kosti sem þriðju aðilar eiga til að verja hagsmuni sína í málarekstri vegna ríkisaðstoðar.

17) Framkvæmdastjórninni er skylt, í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans, að fylgjast stöðugt með skipulagi allra yfirstandandi aðstoðarkerfa í samvinnu við aðildarríkin. Vegna gagnsæis og réttaröryggis er rétt að tilgreina umfang samvinnu samkvæmt þeirri grein.

18) Í því skyni að tryggja að samræmi ríki milli yfirstandandi aðstoðarkerfa og innri markaðarins og í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans ber framkvæmdastjórninni að gera viðeigandi tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, ef yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum innri markaði, og hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. sáttmálans neiti hlutaðeigandi aðildarríki að gera þær ráðstafanir sem eru lagðar til.

19) Til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því hvort ákvörðunum hennar sé hlítt og stuðla að samstarfi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um stöðuga endurskoðun allra yfirstandandi áætlana um aðstoð í aðildarríkjunum í samræmi við 1. mgr. 93. gr. sáttmálans er nauðsynlegt að samþykkja almenna kvöð um skýrslugjöf um allar yfirstandandi áætlanir um aðstoð.

20) Hafi framkvæmdastjórnin miklar efasemdir um að ákvörðunum hennar sé hlítt skal hún eiga þess kost að grípa til frekari úrræða sem gera henni kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga til þess að sannreyna hvort ákvörðunum hennar sé hlítt með skilvirkum hætti. Eftirlitsvitjanir á vettvangi eru viðeigandi og nothæft úrræði, einkum í þeim tilvikum þar sem aðstoð kann að hafa verið misnotuð. Því ber að heimila framkvæmdastjórninni að fara í eftirlitsvitjanir á vettvangi og skal hún njóta samvinnu við lögbær yfirvöld í þeim aðildarríkjum þar sem fyrirtæki er andvígt slíkri vitjun.

21) Vegna gagnsæis og réttaröryggis er rétt að upplýsa almenning um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leið og sú meginregla er virt að ákvörðunum í málum, sem tengjast ríkisaðstoð, sé beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Því er rétt að birta allar ákvarðanir sem kynnu að hafa áhrif á hagsmuni hagsmunaaðila, annaðhvort í heild eða sem samantekt, eða gera hagsmunaaðilum kleift að nálgast eintök af slíkum ákvörðunum hafi þær ekki verið birtar eða ekki verið birtar í heild. Framkvæmdastjórninni ber, þegar hún veitir almenningi upplýsingar um ákvarðanir sínar, að virða reglur um þagnarskyldu í samræmi við 214. gr. sáttmálans.

22) Framkvæmdastjórnin skal, í náinni samvinnu við aðildarríkin, vera í stakk búin til að samþykkja framkvæmdarákvæði þar sem settar eru ítarlegar reglur um málsmeðferðina í þessari reglugerð. Í því skyni að stuðla að samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum er rétt að stofna ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð sem ber að hafa samráð við áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvæði samkvæmt þessari reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENNT

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „aðstoð“: allar ráðstafanir sem samræmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 92. gr. sáttmálans;

b) „yfirstandandi aðstoð“:

i) með fyrirvara um 144. og 172. gr. laganna um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku sáttmálans í viðkomandi aðildarríkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en sáttmálinn öðlaðist gildi og er enn veitt;

ii) heimiluð aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem framkvæmdastjórnin eða ráðið hafa heimilað;

iii) aðstoð sem telst hafa verið heimiluð samkvæmt 6. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar eða fyrir gildistöku hennar en í samræmi við þessa málsmeðferð

iv) aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð skv. 15. gr.;

v) aðstoð sem telst vera yfirstandandi aðstoð vegna þess að unnt er að sýna fram á að þegar hún kom til framkvæmda hafi hún ekki talist aðstoð heldur hafi hún orðið að aðstoð síðar vegna þróunar sameiginlega markaðarins, án breytinga af hálfu aðildarríkisins. Þegar tilteknar ráðstafanir verða að aðstoð í kjölfar þess að frelsi er aukið í atvinnugrein með bandalagslögum skulu þær ráðstafanir ekki teljast vera yfirstandandi aðstoð eftir þann dag sem frelsi er aukið;

c) „ný aðstoð“: öll aðstoð, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð, sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð;

d) „aðstoðarkerfi“: sérhver gerð sem leggja má, án frekari framkvæmdarráðstafana, til grundvallar

því að veita fyrirtækjum sem í gerðinni eru skilgreind á almennan og óhlutbundinn hátt, staka aðstoð og sérhver gerð sem leggja má til grundvallar því að veita einu eða fleiri fyrirtækjum staka aðstoð, sem er ekki bundin sérstöku verkefni, í ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð;

e) „stök aðstoð“: aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningaskyld veiting aðstoðar sem er byggð á aðstoðarkerfi;

f) „ólögleg aðstoð“: ný aðstoð sem veitt er andstætt ákvæðum 3. mgr. 93. gr. sáttmálans;

g) „misnotkun aðstoðar“: aðstoð sem þiggjandinn notar andstætt ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar;

h) „hagsmunaaðili“: aðildarríki og einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta og veiting aðstoðar gæti haft áhrif á, einkum þiggjandi aðstoðarinnar, fyrirtæki í samkeppni og atvinnugreinasamtök.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐVÍKJANDI TILKYNNTRI AÐSTOÐ

2. gr.

Tilkynning um nýja aðstoð

1. Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerðum sem eru gefnar út samkvæmt 94. gr. sáttmálans eða öðrum viðeigandi ákvæðum hans ber hlutaðeigandi aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni tímanlega um öll áform um að veita nýja aðstoð. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki án tafar um viðtöku tilkynningar.

2. Í tilkynningu hlutaðeigandi aðildarríkis skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið ákvörðun skv. 4. og 7. gr. (hér á eftir nefnd „fullnægjandi tilkynning“).

3. gr.

Stöðvunarákvæði

Tilkynningaskyld aðstoð skv. 1. mgr. 2. gr. skal ekki koma til framkvæmda fyrr en framkvæmdastjórnin hefur tekið, eða telst hafa tekið, ákvörðun um að leyfa slíka aðstoð.

4. gr.

Forathugun á tilkynningu og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka tilkynninguna til athugunar strax eftir viðtöku hennar. Framkvæmdastjórninni ber að taka ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr, sbr. þó 8. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð skal hún skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að enginn vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði, að því marki sem hún fellur undir gildissvið 1. mgr. 92. gr. sáttmálans, skal hún ákvarða að ráðstöfunin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum“). Í tilkynningunni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði sáttmálans hafi verið beitt.

4. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að lokinni forathugun, að vafi leiki á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði skal hún ákvarða að hefja málsmeðferð skv. 2. mgr. 93. gr. sáttmálans (hér á eftir nefnd „ákvörðun um að hefja formlega rannsókn“).

5. Ákvarðanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu teknar innan tveggja mánaða. Fresturinn hefst daginn eftir viðtöku fullnægjandi tilkynningar. Tilkynningin verður talin fullnægjandi komi ekki beiðni frá framkvæmdastjórninni um viðbótarupplýsingar innan tveggja mánaða frá viðtöku hennar eða frá viðtöku viðbótarupplýsinga sem farið er fram á. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykk. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða skemmri frest þar sem það á við.

6. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun í samræmi við 2., 3. eða 4. mgr. innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. skal líta svo á að framkvæmdastjórnin hafi heimilað aðstoðina. Hlutaðeigandi aðildarríki er að svo búnu heimilt að gera þær ráðstafanir, sem um ræðir, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það áður, nema framkvæmdastjórnin taki ákvörðun samkvæmt þessari grein innan 15 virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

5. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Telji framkvæmdastjórnin að upplýsingar, sem hlutaðeigandi aðildarríki veitir um ráðstöfun sem tilkynnt er um skv. 2. gr., séu ófullnægjandi skal hún leggja fram beiðni um allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar. Þegar aðildarríki svarar slíkri beiðni ber framkvæmdastjórninni að tilkynna því um viðtöku svarsins.

2. Veiti hlutaðeigandi aðildarríki ekki umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veiti það ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin senda ítrekun þar sem gefinn er hæfilegur viðbótarfrestur til þess að veita upplýsingarnar.

3. Líta ber svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka séu umbeðnar upplýsingar ekki veittar innan tilskilins frests, nema sá frestur hafi, áður en hann rann út, annaðhvort verið framlengdur með samþykki bæði framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis eða hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt framkvæmdastjórninni, með tilhlýðilega rökstuddri yfirlýsingu, að það telji tilkynninguna fullnægjandi af þeirri ástæðu að umbeðnar viðbótarupplýsingar séu ekki tiltækar eða hafi þegar verið veittar. Í því tilviki skal fresturinn, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., hefjast daginn eftir viðtöku yfirlýsingarinnar. Sé litið svo á að tilkynningin hafi verið dregin til baka ber framkvæmdastjórninni að tilkynna aðildarríkinu um það.

6. gr.

Formleg rannsókn

1. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn skal vera samantekt um þau atriði, sem máli skipta að lögum og í reynd, bráðabirgðamat framkvæmdastjórnarinnar á því hvort fyrirhuguð ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð og þar skulu raktar þær efasemdir sem eru uppi um að hún samrýmist hinum sameiginlega markaði. Í ákvörðuninni skal hvetja hlutaðeigandi aðildarríki og aðra hagsmunaaðila til þess að gera athugasemdir innan tiltekins frests sem að öllu jöfnu skal ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

2. Senda skal hlutaðeigandi EFTA-ríki þær athugasemdir sem berast. Fari hagsmunaaðili fram á að hlutaðeigandi aðildarríki fái ekki vitneskju um hver hann er, vegna þess að það kunni að skaða hann, skal orðið við þeirri ósk. Hlutaðeigandi aðildarríki má svara athugasemdunum sem berast innan tiltekins frests sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en einn mánuður. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

7. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um að ljúka formlegri rannsókn

1. Formlegri rannsókn ber að ljúka með ákvörðun eins og kveðið er á um í 2. til 5. mgr. þessarar greinar, sbr. þó 8. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að í tilkynntri ráðstöfun felist ekki aðstoð eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur, eftir atvikum, gert breytingu á henni, ber henni að skrá þá niðurstöðu í ákvörðun.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að ekki leiki lengur vafi á að tilkynnt ráðstöfun samrýmist hinum sameiginlega markaði, eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur, eftir atvikum, gert breytingu á henni, skal hún ákvarða að aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „jákvæð ákvörðun“). Í ákvörðuninni skal tilgreina hvaða undanþáguákvæði sáttmálans hafi verið beitt.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast hinum sameiginlega markaði og hún getur mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt (hér á eftir nefnd „skilyrt ákvörðun“).

5. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að tilkynnt aðstoð samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði skal hún ákvarða að aðstoðin komi ekki til framkvæmda (hér á eftir nefnd „neikvæð ákvörðun“).

6. Ákvarðanir, sem eru teknar samkvæmt 2., 3., 4. og 5. mgr., skal taka undir eins og vafanum, sem um getur í 4. mgr. 4. gr., hefur verið eytt. Framkvæmdastjórnin skal leggja allt kapp á að samþykkja ákvörðun innan 18 mánaða frá því að málsmeðferð hefst. Unnt er að framlengja frestinn ef bæði framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi aðildarríki eru því samþykk.

7. Eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr., er liðinn og fari hlutaðeigandi aðildarríki fram á það ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun, innan

tveggja mánaða, sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum.

Framkvæmdastjórninni ber, eftir atvikum, að taka neikvæða ákvörðun ef veittar upplýsingar nægja ekki til þess að sýna fram á að aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði.

8. gr.

Tilkynning dregin til baka

1. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að draga til baka tilkynningu í skilningi 2. gr. í tæka tíð áður en framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun skv. 4. eða 7. gr.

2. Þegar framkvæmdastjórnin hefur hafið formlega rannsókn skal hún ljúka þeirri rannsókn.

9. gr.

Afturköllun ákvörðunar

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun, sem er tekin skv. 2. eða 3. mgr. 4. gr. eða 2., 3. og 4. mgr.7. gr., eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, hafi ákvörðunin verið byggð á röngum upplýsingum sem voru veittar meðan rannsókn stóð yfir og höfðu úrslitaáhrif á að ákvörðunin var tekin.. Framkvæmdastjórninni ber, áður en hún afturkallar ákvörðun og tekur nýja, að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7. og 10. gr., 1. mgr. 11.gr. og 13., 14. og 15. gr. gilda að breyttu breytanda.

III. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VEGNA ÓLÖGLEGRAR AÐSTOÐAR

10. gr.

Athugun, beiðni um upplýsingar og fyrirmæli um að veita upplýsingar

1. Hafi framkvæmdastjórnin í fórum sínum upplýsingar um meinta ólöglega aðstoð skal hún athuga þessar upplýsingar án tafar, óháð því hvaðan þær eru komnar.

2. Ef nauðsyn krefur skal hún óska eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi aðildarríki. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríki veitir ekki, þrátt fyrir ítrekun skv. 2. mgr. 5. gr., umbeðnar upplýsingar innan þess frests sem framkvæmdastjórnin hefur mælt fyrir um eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal framkvæmdastjórnin fara fram á það með ákvörðun að upplýsingarnar séu veittar (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um að veita upplýsingar“). Í ákvörðuninni skal koma fram hvaða upplýsinga er krafist og mæla fyrir um viðeigandi frest til þess að veita þær.

11. gr.

Fyrirmæli um stöðvun eða bráðabirgðaendurgreiðslu aðstoðar

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkið stöðvi alla ólöglega aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um stöðvun“).

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðildarríki tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri, að samþykkja ákvörðun þar sem þess er krafist að aðildarríkinu sé endurgreidd til bráðabirgða öll ólögleg aðstoð uns framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um hvort aðstoðin samrýmist hinum sameiginlega markaði (hér á eftir nefnd „fyrirmæli um endurgreiðslu“), að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- samkvæmt viðtekinni venju leiki enginn vafi á því að viðkomandi ráðstöfun sé í eðli sínu aðstoð,
- brýnt sé að grípa til aðgerða, og
- veruleg hætta sé á að samkeppnisaðili verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða.

Endurgreiðsla skal fara fram í samræmi við málsmeðferðina í 2. og 3. mgr. 14. gr. Eftir að aðstoðin hefur verið endurgreidd ber framkvæmdastjórninni að taka ákvörðun innan þeirra tímamarka sem gilda um tilkynnta aðstoð.

Framkvæmdastjórnin getur heimilað aðildarríkinu að tengja endurgreiðslu aðstoðarinnar greiðslu björgunaraðstoðar til hlutaðeigandi fyrirtækis.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einungis um ólöglega aðstoð sem kemur til framkvæmda eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

12. gr.

Fyrirmælum í ákvörðunum ekki hlítt

Hlíti aðildarríkið ekki fyrirmælum um stöðvun eða endurgreiðslu hefur framkvæmdastjórnin, samtímis því að láta fara fram athugun á efnisatriðum málsins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, rétt til að vísa málinu beint til dómstóls Evrópubandalaganna og fara fram á yfirlýsingu þess efnis að misbrestur á því að hlíta fyrirmælunum feli í sér brot á ákvæðum sáttmálans.

13. gr.

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar

1. Athugun á aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, skal ljúka með ákvörðun skv. 2., 3. eða 4. mgr. 4. gr. Ef um er að ræða ákvarðanir um að hefja formlega rannsókn skal rannsókninni ljúka með ákvörðun skv. 7. gr. Hlíti aðildarríki ekki fyrirmælum um að veita upplýsingar ber að taka ákvörðunina á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

2. Ef um er að ræða aðstoð, sem hugsanlega er ólögleg, og með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr. skal framkvæmdastjórnin óbundin af frestinum sem um getur í 5. mgr. 4. gr.og í 6. og 7. mgr. 7. gr.

3. Ákvæði 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

14. gr.

Endurgreiðsla aðstoðar

1. Ef neikvæðar ákvarðanir eru teknar þegar um ólöglega aðstoð er að ræða skal framkvæmdastjórnin ákveða að hlutaðeigandi aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þiggjandi aðstoðar endurgreiði hana (hér á eftir nefnd „ákvörðun um endurgreiðslu"). Framkvæmdastjórnin skal ekki krefjast endurgreiðslu aðstoðar ef það stríðir gegn einhverju grundvallaratriði í bandalagslögum.

2. Aðstoðin, sem ber að endurgreiða samkvæmt ákvörðun um endurgreiðslu, skal endurgreidd með hæfilegum vöxtum sem framkvæmdastjórnin ákveður. Greiða ber vexti frá þeim degi að þiggjandinn fékk hina ólöglegu aðstoð til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd.

3. Með fyrirvara um úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna skv. 185. gr. sáttmálans skal endurgreiðsla fara fram án tafar og í samræmi við fyrirmæli laga hlutaðeigandi aðildarríkis, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar. Til að svo megi verða og þegar um er að ræða mál fyrir innlendum dómstólum skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars bráðabirgðaráðstafanir, sem réttarkerfi hvers og eins heimila, sbr. þó ákvæði bandalagslaga.

15. gr.

Fyrningarfrestur

1. Tíu ára fyrningarfrestur skal gilda um heimildir framkvæmdastjórnarinnar til þess að láta endurgreiða aðstoð.

2. Fyrningarfrestur hefst daginn sem hin ólöglega aðstoð er veitt þiggjanda, annaðhvort sem stök aðstoð eða aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfi.

Sérhver aðgerð af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis, sem aðhefst að beiðni framkvæmdastjórnarinnar vegna ólöglegrar aðstoðar, rýfur fyrningarfrestinn. Í hvert sinn, sem fyrningarfrestur er rofinn, hefst jafnlangur frestur að nýju. Rjúfa ber fyrningarfrestinn á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna.

3. Sé fyrningarfrestur vegna aðstoðar útrunninn skal líta svo á að um yfirstandandi aðstoð sé að ræða.

IV. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VEGNA MISNOTKUNAR AÐSTOÐAR

16. gr.

Misnotkun aðstoðar

Þegar um misnotkun aðstoðar er að ræða er framkvæmdastjórninni heimilt, með fyrirvara um 23. gr., að hefja formlega rannsókn skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7., 9. og 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og 12., 13., 14. og 15. gr. gilda að breyttu breytanda.

V. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VEGNA YFIRSTANDANDI AÐSTOÐARKERFA

17. gr.

Samvinna samkvæmt 1. mgr. 93. gr. sáttmálans

1. Framkvæmdastjórnin skal afla allra nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríki vegna endurskoðunar yfirstandandi aðstoðarkerfa sem fer fram í samvinnu við aðildarríkið skv. 1. mgr. 93. gr. sáttmálans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum sameiginlega markaði ber henni að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um bráðabirgðaálit sitt og gefa því kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan eins mánaðar. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

18. gr.

Tillaga um viðeigandi ráðstafanir

Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, í ljósi upplýsinga sem aðildarríkið hefur látið í té skv. 17. gr., að yfirstandandi aðstoðarkerfi samrýmist ekki eða samrýmist ekki lengur hinum sameiginlega markaði skal hún gefa út tilmæli til hlutaðeigandi aðildarríkis þar sem hún gerir tillögur um viðeigandi ráðstafanir. Í tilmælunum geta einkum falist eftirfarandi tillögur:

a) að gerðar skuli verulegar breytingar á aðstoðarkerfinu,

eða

b) að settar verði fram kröfur um málsmeðferð,

eða

c) að aðstoðarkerfið skuli fellt niður.

19. gr.

Lagalegar afleiðingar tillögu um viðeigandi ráðstafanir

1. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir fyrirhugaðar ráðstafanir og tilkynnir framkvæmdastjórninni það skal hún bóka þá niðurstöðu og tilkynna aðildarríkinu um það. Aðildarríkið er bundið af samþykki sínu um framkvæmd viðeigandi ráðstafana.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki samþykkir ekki fyrirhugaðar ráðstafanir og framkvæmdastjórnin telur enn, að teknu tilliti til röksemdafærslu hlutaðeigandi aðildarríkis, að ráðstafanirnar séu nauðsynlegar skal hún hefja málsmeðferð skv. 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 6., 7. og 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

VI. KAFLI

HAGSMUNAAÐILAR

20. gr.

Réttur hagsmunaaðila

1. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að gera athugasemdir skv. 6. gr. í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um að hefja formlega rannsókn. Senda ber öllum hagsmunaaðilum, sem hafa gert slíkar athugasemdir, og þiggjendum stakrar aðstoðar afrit af ákvörðuninni sem framkvæmdastjórnin hefur tekið skv. 7. gr.

2. Öllum hagsmunaaðilum er heimilt að gera framkvæmdastjórninni viðvart um meinta ólöglega aðstoð og meinta misnotkun aðstoðar. Telji framkvæmdastjórnin, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur í fórum sínum, að ekki séu nægilegar ástæður til að taka málið til athugunar ber henni að tilkynna hagsmunaaðilanum um það. Taki framkvæmdastjórnin ákvörðun í máli, sem varðar efnisatriði upplýsinganna sem hafa verið veittar, ber henni að senda hagsmunaaðilanum afrit af þeirri ákvörðun.

3. Ef hagsmunaaðilar óska þess skulu þeir fá afrit af öllum ákvörðunum, sem teknar eru skv. 4. og 7. gr., 3. mgr. 10. gr. og 11. gr.

VII. KAFLI

EFTIRLIT

21. gr.

Ársskýrslur

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni ársskýrslur um öll yfirstandandi aðstoðarkerfi sem engar sérstakar kvaðir um skýrslugjöf hafa verið samþykktar um í skilyrtri ákvörðun skv. 4. mgr. 7. gr.

2. Láti hlutaðeigandi aðildarríki hjá líða, þrátt fyrir ítrekun, að afhenda ársskýrslu er framkvæmdastjórninni heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við ákvæði 18. gr. varðandi viðkomandi aðstoðarkerfi.

22. gr.

Eftirlit á vettvangi

1. Hafi framkvæmdastjórnin verulegar efasemdir um að ákvörðunum um að hreyfa ekki andmælum, jákvæðum ákvörðunum eða skilyrtum ákvörðunum með tilliti til stakrar aðstoðar sé hlítt ber hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa verið gefinn kostur

á að leggja fram athugasemdir sínar, að heimila framkvæmdastjórninni að efna til eftirlitsvitjana á vettvangi.

2. Embættismenn, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir, skulu hafa umboð, í því skyni að sannreyna að viðkomandi ákvörðun sé hlítt, til þess að:

a) fara inn á athafnasvæði og lóðir hlutaðeigandi fyrirtækis,

b) fara fram á munnlegar skýringar á staðnum,

c) rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl og taka eða fara fram á afrit.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að njóta aðstoðar óháðra sérfræðinga ef nauðsyn krefur.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki, skriflega og með góðum fyrirvara, um fyrirhugaða eftirlitsvitjun á vettvangi og segja deili á viðurkenndu embættismönnunum og sérfræðingunum. Andmæli aðildarríkið vali framkvæmdastjórnarinnar á sérfræðingum með tilhlýðilegum rökstuðningi ber að komast að samkomulagi við aðildarríkið um tilnefningu þeirra. Embættismenn framkvæmdastjórnarinnar og sérfræðingar með umboð til eftirlits á vettvangi skulu framvísa skriflegu leyfi þar sem fram kemur tilefni og tilgangur vitjunarinnar.

4. Embættismönnum með umboð aðildarríkisins sem ræður yfir því svæði þar sem eftirlitsvitjun er fyrirhuguð er heimilt að vera viðstaddir eftirlitsvitjunina.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkinu í té afrit af öllum skýrslum sem eru gerðar í kjölfar eftirlitsvitjunarinnar.

6. Andmæli fyrirtæki eftirlitsvitjun, sem er fyrirskipuð með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari grein ber hlutaðeigandi aðildarríki að veita embættismönnum og sérfræðingum með umboð framkvæmdastjórnarinnar nauðsynlega aðstoð til að fara í eftirlitsvitjunina. Aðildarríkinu ber, í þessu skyni og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að gera nauðsynlegar ráðstafanir innan 18 mánaða frá því að reglugerð þessi öðlast gildi.

23. gr.

Ákvörðunum og dómsúrskurðum ekki hlítt

1. Hlíti hlutaðeigandi aðildarríki ekki skilyrtum eða neikvæðum ákvörðunum, einkum í tilvikum sem um getur í 14. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að vísa málinu beint til dómstóls Evrópubandalaganna í samræmi við 2. mgr. 93. gr. sáttmálans.

2. Telji framkvæmdastjórnin að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki hlítt úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna getur hún fylgt málinu eftir í samræmi við 171. gr. sáttmálans.

VIII. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

24. gr.

Þagnarskylda

Framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, þar með töldum óháðum sérfræðingum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir hafa fengið við beitingu ákvæða þessarar reglugerðar og sem falla undir þagnarskyldu.

25. gr.

Viðtakandi ákvarðana

Ákvörðunum, sem eru teknar samkvæmt II., III., IV., V. og VII. kafla, skal beint til hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þær án tafar og gefa því tækifæri til þess að benda framkvæmdastjórninni á hvaða upplýsingar það telur falla undir þagnarskyldu.

26. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta samantekt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* um þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. og 18. gr. svo og 1. mgr. 19. gr. Í samantektinni komi fram að unnt sé að fá afrit af ákvörðuninni á tungumáli eða tungumálum frumútgáfunnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* þær ákvarðanir, sem hún tekur skv. 4. mgr. 4. gr., á tungumáli frumútgáfunnar. Í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna,* sem eru birt á öðrum tungumálum en á tungumáli frumútgáfunnar, mun fylgja útgáfunni á frummálinu ítarleg samantekt á tungumáli viðkomandi *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna.*

3. Framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. gr.

4. Í þeim tilvikum, þar sem ákvæði 6. mgr. 4. gr. eða 2. mgr. 8. gr. gilda, skal birta stutta tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. Ráðið getur, með samhljóða samþykki, ákveðið að birta ákvarðanir, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 93. gr. sáttmálans, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

27. gr.

Framkvæmdarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., hafa umboð til þess að samþykkja framkvæmdarákvæði um framsetningu, efni og önnur formsatriði er lúta að tilkynningum, framsetningu, efni og önnur formsatriði er lúta að ársskýrslum, formsatriði er lúta að frestum og útreikningi fresta og um vextina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

28. gr.

Ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð

Koma ber á fót ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð (hér á eftir kölluð „nefndin"). Hún skal skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

29. gr.

Samráð við nefndina

1. Framkvæmdastjórninni ber að hafa samráð við nefndina áður en hún samþykkir framkvæmdarákvæði skv. 27. gr.

2. Samráð við nefndina skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til. Drög og skjöl, sem fjalla á um, skulu fylgja fundarboði. Fundurinn skal haldinn í fyrsta lagi tveimur mánuðum eftir að fundarboð var sent. Heimilt er að stytta þann tíma ef um bráðatilvik er að ræða.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

4. Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina. Nefndin getur lagt til að álitið verði birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

30. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

G. VERHEUGEN

forseti.

976. Tillaga til þingsályktunar [623. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi.

Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Tilskipunin er efnislega samhljóða tilskipun nr. 77/187/EBE um sama efni, eins og henni var breytt með tilskipun nr. 98/50/EB en eingöngu er verið að fella breytingarnar saman í eina tilskipun til einföldunar. Tilskipunin fellir jafnframt úr gildi tilskipun nr. 77/187/EBE og tilskipun nr. 98/50/EB. Tilskipun nr. 77/187/EBE var innleidd í íslenskan rétt með lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993.

Markmið tilskipunar nr. 2001/23/EB er m.a. að vernda réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hluta fyrirtækja. Í formála hennar kemur fram að nauðsynlegt hafi þótt að setja ákvæði um verndun launamanna þegar nýir vinnuveitendur taki við, einkum til að tryggja að staðinn sé vörður um réttindi þeirra. Enn fremur er markmiðið að tryggja starfsmönnum aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um ástæður aðilaskipta og áhrif þeirra á réttarstöðu starfsmanna.

Meðal þeirra breytinga sem tilskipun nr. 98/50/EB hafði á efni tilskipunar nr. 77/187/EBE var að hugtakið *aðilaskipti* í skilningi tilskipunarinnar var skýrt nánar með tilliti til túlkunar Evrópudómstólsins á 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 77/187/EBE. Í formála tilskipunar nr. 2001/23/EB er tekið fram að sú skýring sem þar kemur fram hafi ekki breytt gildissviði tilskipunar nr. 77/187/EBE eins og það er túlkað af dómstólnum. Skilgreiningin er svohljóðandi í íslenskri þýðingu: „Með fyrirvara um a-lið og eftirfarandi ákvæði þessarar greinar

merkja aðilaskipti, í skilningi þessarar tilskipunar, aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e.a.s. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða meginstarfsemi eða stoðstarfsemi.“ Þótti með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis nauðsynlegt að skýra hugtakið frekar í ljósi fordæma Evrópudómstólsins.

Til frekari afmörkunar á gildissviði tilskipunar nr. 77/187/EBE kvað tilskipun nr. 98/50/EB á um þá breytingu að tilskipunin tæki bæði til einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja án tillits til þess hvort þau eru starfrækt með það að markmiði að afla eigendum þeirra hagnaðar. Að því er varðar opinbera aðila var síðan kveðið á um þá takmörkun að breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærsla á verkefnum milli stjórnvalda (*e. administrative functions*) falla ekki undir hugtakið aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar. Tilskipunin gildir enn fremur ekki um hafskip.

Sú meginregla er sett fram í tilskipuninni að réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað færast yfir til framsalshafa, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar. Þá er áréttað að framsalshafi skuli virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningum með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda. Skal sú regla gilda þangað til gildistími kjarasamnings er liðinn eða honum hefur verið sagt upp með löglegum hætti. Enn fremur er kveðið á um vernd starfsmanna gegn uppsögnum en aðilaskiptin ein sér geta ekki verið ástæða uppsagnar. Samkvæmt 4. gr. tilskipunarinnar er því einungis heimilt að segja upp starfsfólki við aðilaskipti þegar efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður eru fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á skipulagi starfsmannamála fyrirtækis.

Þá hefur tilskipun nr. 2001/23/EB, sbr. tilskipun nr. 98/50/EB, að geyma nánari reglur um upplýsingar og samráð vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum en hér er fyrst og fremst um viðbót að ræða við þau ákvæði sem var upphaflega að finna í tilskipun nr. 77/187/EBE. Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um skyldu aðila til að tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna, eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi, um fyrirhuguð aðilaskipti og um skyldu aðila til að gefa upplýsingar um dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra, ástæður aðilaskiptanna, lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar aðilaskiptanna fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna. Enn fremur er að finna nánari ákvæði í 7. gr. tilskipunarinnar um upplýsingaskyldu framseljanda og framsalshafa gagnvart starfsmönnum eða trúnaðarmönnum þeirra. Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er jafnframt kveðið á um skyldu til samráðs ef aðilar hyggjast gera einhverjar ráðstafanir vegna starfsmanna sinna.

Lagafrumvarp sem innleiðir ákvæði tilskipunarinnar hefur verið unnið í félagsmálaráðuneyti og verður lagt fram á yfirstandandi þingi.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 12. júní 2002.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 159/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 120/2001 frá 28. september 2001([1]).

2) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun ráðsins 2001/23/EB fellir úr gildi tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta([3]) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32c (tilskipun ráðsins 2000/79/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32d. **32001 L 0023:** Tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar (Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16).“

([1]) Stjtíð. EB L 322, 6.12.2001, bls. 36.
([2]) Stjtíð. EB L 82, 22.3.2001, bls. 16.
([3]) Stjtíð. EB L 61, 5.3.1977, bls. 26.

2. gr.

Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 77/187/EBE) í XVIII. viðauka falli brott.

3. gr.

Texti tilskipunar 2001/23/EB Evrópuþingsins og ráðsins, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/23/EB

frá 12. mars 2001

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 94. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar ([3]) hefur verið breytt verulega ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda hana.

2) Efnahagsþróun hefur haft í för með sér breytingar á uppbyggingu fyrirtækja, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi bandalagsins, m.a. með aðilaskiptum (eigendaskiptum) að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar í kjölfar aðilaskipta eða samruna.

3) Nauðsynlegt er að setja ákvæði um verndun launamanna þegar nýir vinnuveitendur taka við, einkum til að tryggja að staðinn sé vörður um réttindi þeirra.

4) Enn er munur frá einu aðildarríki til annars á því hversu víðtæk vernd launamanna er í þessu sambandi og ber að draga úr þeim mun.

5) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem samþykkt var 9. desember 1989 („Félagsmálasáttmálanum"), nánar tiltekið í 7., 17. og 18. lið, er eftirfarandi lýst yfir: „Stofnsetning innri markaðarins verður að leiða til bættra starfsskilyrða og bættra lífskjara launamanna í Evrópubandalaginu. Umbæturnar verða, eftir því sem þörf krefur, að taka til þróunar ákveðinna þátta í löggjöf vinnumarkaðarins, svo sem reglna um hópuppsagnir og gjaldþrot. Auka skal upplýsingar, samráð og áhrif launamanna með viðeigandi hætti þar sem tekið verði tillit til þeirrar venju sem fyrir er í hinum ýmsu aðildarríkjum. Þessar upplýsingar, samráð og áhrif launamanna skulu koma til framkvæmda tímanlega, einkum í tengslum við endurskipulagningu í fyrirtækjum eða í tilvikum þar sem samruni hefur áhrif á atvinnu launamanna".

6) Árið 1977 samþykkti ráðið tilskipun 77/187/EBE sem stuðlar að samræmingu viðeigandi innlendra lagaákvæða sem tryggja að staðinn sé vörður um réttindi launþega og þar sem gerð er sú krafa til afsalsgjafa og afsalshafa að þeir veiti fulltrúum launamanna upplýsingar og ráðfæri sig við þá með góðum fyrirvara.

7) Þeirri tilskipun var síðar breytt í ljósi áhrifa hins innri markaðar, tilhneiginga aðildarríkjanna í lagasetningu að því er varðar aðstoð við fyrirtæki í fjárhagserfiðleikum, fordæmisréttar dómstóls Evrópubandalaganna, tilskipunar ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir ([5]) og gildandi löggjafar í flestum aðildarríkjum.

([1]) Áliti var skilað 25. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([2]) Stjtíð. EB C 367, 20.12.2000, bls. 21.
([3]) Stjtíð. EB L 61, 5.3.1977, bls. 26.
([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.
([5]) Stjtíð. EB L 48, 22.2.1975, bls. 29. Í stað tilskipunarinnar kom tilskipun 98/59/EB (Stjtíð. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).

8) Með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis þurfti að skýra lagalega hugtakið „aðilaskipti“ í ljósi fordæmisréttar dómstólsins. Slík skýring hefur ekki breytt gildissviði tilskipunar 77/187/EBE eins og það er túlkað af dómstólnum.

9) Í félagsmálasáttmálanum er viðurkennt mikilvægi þess að berjast gegn hvers konar mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum og trúarbrögðum.

10) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á frest aðildarríkjanna, sem um getur í B-hluta I. viðauka, til að hlíta tilskipun 77/187/EBE og gerðinni sem henni er breytt með.

SAMÞYKKT ÞESSA TILSKIPUN:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. a) Tilskipun þessi gildir um hvers konar aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar á grundvelli aðilaskipta eða samruna.

b) Með fyrirvara um a-lið og eftirfarandi ákvæði þessarar greinar merkja aðilaskipti, í skilningi þessarar tilskipunar, aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e.a.s. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða meginstarfsemi eða stoðstarfsemi.

c) Tilskipun þessi gildir um einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki, sem stunda atvinnustarfsemi, hvort sem er í hagnaðarskyni eða ekki. Endurskipulagning stjórnsýslu hjá opinberu stjórnvaldi eða flutningur stjórnsýsluskyldna milli opinberra stjórnvaldseininga falla ekki undir aðilaskipti í skilningi þessarar tilskipunar.

2. Tilskipun þessi gildir þegar fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar, sem skipta á um eigendur að, eru staðsett innan þess yfirráðasvæðis þar sem sáttmálinn gildir.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um hafskip.

2. gr.

1. Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „framseljandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem við aðilaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. hættir að vera vinnuveitandi í fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar;

b) „framsalshafi“: einstaklingur eða lögpersóna sem við aðilaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. verður vinnuveitandi í fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar;

c) „fulltrúar launamanna“: og skyld orðasambönd: fulltrúar þeirra launamanna sem gert er ráð fyrir í lögum eða í viðteknum venjum í aðildarríkjunum;

d) „launamaður“: hver sá einstaklingur sem nýtur verndar sem launamaður í hlutaðeigandi aðildarríki samkvæmt innlendri vinnulöggjöf.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um innlend lög að því er varðar skilgreiningu á ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi.

Þó skulu aðildarríki ekki undanskilja ráðningarsamninga eða ráðningarsambönd gildissviði þessarar tilskipunar einungis vegna:

a) fjölda unninna eða óunninna vinnustunda,

b) þess að um er að ræða ráðningasamband samkvæmt ráðningarsamningi til ákveðins tíma, í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/383/EBE frá 25. júní 1991 til viðbótar ráðstöfunum til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi ([1]), eða

c) þess að um er að ræða tímabundið ráðningarsamband, í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/383/EBE og fyrirtækið, atvinnureksturinn eða hluti fyrirtækisins eða atvinnurekstrarins, sem skipti um eigendur, er atvinnumiðlun eða hluti atvinnumiðlunar fyrir afleysingafólk sem gegnir hlutverki vinnuveitanda.

II. KAFLI

Vernd réttinda launamanna

3. gr.

1. Við aðilaskiptin færast réttindi og skyldur framseljanda, er tengjast ráðningarsamningi eða ráðn-

([1]) Stjtíð. EB L 206, 29.7.1991, bls. 19.

ingarsambandi og sem eru fyrir hendi þann dag sem aðilaskiptin fara fram, yfir til framsalshafa.

Aðildarríkin geta kveðið á um að framseljandi og framsalshafi beri, eftir þann dag er aðilaskipti fara fram, sameiginlega og óskipta ábyrgð að því er varðar skuldbindingar sem stofnað var til fyrir þann dag er aðilaskipti urðu og tengjast ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem eru í gildi á þeim degi er aðilaskipti verða.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framseljandi tilkynni framsalshafa um öll þau réttindi og skyldur sem færast yfir til framsalshafa samkvæmt þessari grein, að svo miklu leyti sem framseljanda var eða ætti að hafa verið kunnugt um þessi réttindi og skyldur þegar aðilaskiptin fóru fram. Tilkynni framseljandi framsalshafa ekki um slík réttindi eða skyldur hefur það ekki áhrif á afsal þeirra réttinda eða skyldna né á réttindi hvaða launamanna sem er gagnvart framsalshafanum og/eða framseljandanum að því er varðar þau réttindi eða skyldur.

3. Að aðilaskiptum loknum skal framsalshafi virða þau launakjör og starfsskilyrði, sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi, með sömu skilmálum og giltu fyrir framseljanda, þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Aðildarríkjunum er heimilt að stytta tímabilið sem launakjörum og starfsskilyrðum er haldið óbreyttum enda vari þetta tímabil eigi skemur en eitt ár.

4. a) Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda ekki um rétt launamanna til bóta vegna elli, örorku eða til eftirlifenda þegar um er að ræða viðbótarlífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem eru utan lögskipaðra almannatryggingakerfa í aðildarríkjunum, nema aðildarríkin kveði á um annað.

b) Jafnvel þegar aðildarríki kveða ekki á um, samkvæmt a-lið, að 1. og 3. mgr. gildi að því er varðar slík réttindi skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmuni launamanna og hagsmuni þeirra sem starfa ekki lengur við atvinnurekstur framseljanda á þeim tíma sem gengið er frá aðilaskiptum, varðandi áunninn eða væntanlegan rétt þeirra til bóta vegna elli, að meðtöldum bótum til eftirlifenda, í viðbótarlífeyrissjóðum þeim sem um getur í a-lið.

4. gr.

1. Aðilaskipti að fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn af hálfu framseljanda eða framsalshafa. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir uppsagnir af efnahagslegum eða tæknilegum ástæðum, eða sem rekja má til skipulagsbreytinga er hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi.

Aðildarríkin geta kveðið á um að fyrsta undirgrein hér að framan gildi ekki um tiltekna afmarkaða hópa launamanna sem falla ekki undir lög aðildarríkjanna eða viðteknar venjur um vernd gegn uppsögnum.

2. Sé ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi rift vegna þess að aðilaskiptin hafi í för með sér verulegar breytingar á vinnuskilyrðum launamanni í óhag skal litið svo á að vinnuveitandinn beri ábyrgð á riftun ráðningarsamningsins eða ráðningarsambandsins.

5. gr.

1. Kveði aðildarríkin ekki á um annað gilda 3. og 4. gr. ekki um aðilaskipti að fyrirtæki, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækis eða atvinnurekstrar ef bú framseljanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða hliðstæðrar gjaldþrotameðferðar vegna ógjaldfærni sem hafin var með skiptameðferð á eignum framseljanda fyrir augum og sem er í umsjón lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem viðurkenndur er af lögbærum stjórnvöldum).

2. Þegar 3. og 4. gr. gilda um aðilaskipti meðan á gjaldþrotameðferð stendur, sem var hafin vegna framseljanda (hvort sem meðferðin hefur verið hafin með skiptameðferð á eignum framseljanda fyrir augum eða ekki) og að því tilskildu að slík meðferð sé undir stjórn lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem er ákveðinn samkvæmt landslögum) er aðildarríki heimilt að kveða á um að:

a) þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skuli skuldir framseljanda vegna hvers konar ráðningarsamninga eða ráðningarsambanda, sem koma til greiðslu fyrir aðilaskiptin eða áður en gjaldþrotameðferð hefst ekki færast yfir á framsalshafa, að því tilskildu að slík meðferð leiði, samkvæmt lögum aðildarríkisins, til verndar sem er að minnsta kosti jafngild þeirri sem kveðið er á um varðandi aðstæður sem falla undir tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum

verði vinnuveitandi gjaldþrota (1), og, eða að öðrum kosti, að,

b) framsalshafa, framseljanda eða einstaklingi eða einstaklingum sem gegna hlutverki framseljanda annars vegar og fulltrúum launamanna hins vegar sé heimilt, samræmist það gildandi lögum og viðteknum venjum, að samþykkja breytingar á launakjörum og starfsskilyrðum launamanna, sem er ætlað að standa vörð um atvinnutækifæri með því að tryggja að fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar haldi velli.

3. Aðildarríki er heimilt að beita b-lið 20. mgr. við aðilaskipti ef framseljandi á í alvarlegum fjárhagsörðugleikum, eins og þeir eru skilgreindir í landslögum, að því tilskildu að lögbær stjórnvöld lýsi yfir slíku ástandi og að dómstólar geti haft eftirlit með því, og með því skilyrði að slík ákvæði hafi þegar verið til staðar í innlendum lögum fyrir 17. júlí 1998.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu um áhrif þessa ákvæðis fyrir 17. júlí 2003 og leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið.

4. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að gjaldþrotameðferð sé ekki misnotuð í þeim tilgangi að svifta launamenn þeim réttindum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

6. gr.

1. Að svo miklu leyti sem fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar heldur sjálfstæði sínu skulu fulltrúar eða fulltrúanefnd þeirra launamanna, sem aðilaskiptin snerta, halda réttarstöðu sinni og starfi, með sömu launakjörum og starfsskilyrðum og áður en aðilaskiptin áttu sér stað, samkvæmt lögum, stjórnsýslufyrirmælum eða samningi, að því tilskildu að nauðsynlegum skilyrðum fyrir skipan fulltrúanefndar launamanna sé fullnægt.

Ákvæði fyrstu undirgreinar gilda ekki ef nauðsynlegum skilyrðum fyrir nýrri útnefningu fulltrúa launamanna eða nýrri skipan fulltrúanefndar launamanna er fullnægt samkvæmt lögum og stjórnsýsluákvæðum aðildarríkjanna eða viðteknum venjum þar eða með samningi við fulltrúa launamanna.

Ef bú framseljanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða hliðstæðrar gjaldþrotameðferðar vegna ógjaldfærni, sem hafin var með skiptameðferð á eignum framseljanda fyrir augum og sem er í umsjón lögbærra stjórnvalda (sem getur verið skiptastjóri sem viðurkenndur er af lögbærum stjórnvöldum), er aðildarríkjum heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilhlýðilegt fyrirsvar sé haft fyrir launamönnum, sem fylgt hafa við aðilaskipti, fram að nýjum kosningum eða nýrri skipan fulltrúa launamanna.

Haldi fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti fyrirtækis eða atvinnurekstrar ekki sjálfstæði sínu skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að haft sé áfram tilhlýðilegt fyrirsvar fyrir launamönnum, sem fylgt hafa við aðilaskipti og haft var fyrirsvar fyrir áður en aðilaskiptin áttu sér stað, í þann tíma sem nauðsynlegur er til að ný útnefning eða ný skipan fulltrúanefndar launamanna megi fara fram í samræmi við landslög og viðteknar venjur.

2. Missi fulltrúar þeirra launamanna, sem aðilaskipti snerta, umboð sitt vegna aðilaskiptanna skulu fulltrúarnir áfram njóta verndar þeirrar sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum eða samkvæmt viðteknum venjum í aðildarríkjunum.

III. KAFLI

Upplýsingar og samráð

7. gr.

1. Þess skal krafist af framseljanda og framsalshafa að þeir upplýsi fulltrúa launamanna, sem aðilaskipti snerta, um eftirfarandi:

– dagsetningu eða fyrirhugaða dagsetningu aðilaskiptanna,

– ástæðuna fyrir aðilaskiptunum,

– lagalegar, efnahags- og félagslegar afleiðingar aðilaskiptanna fyrir launamennina,

– fyrirhugaðar ráðstafanir vegna launamanna.

Framseljandi skal veita fulltrúum launamanna sinna slíkar upplýsingar með góðum fyrirvara áður en af aðilaskiptum verður.

Framseljandi skal veita fulltrúum launamanna sinna slíkar upplýsingar með góðum fyrirvara og hvernig sem á stendur áður en aðilaskipti fara að hafa bein áhrif á starfs- og ráðningarskilyrði launþega.

(1) Stjtíð. EB L 283, 20.10.1980, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

2. Hafi framseljandi eða framsalshafi í huga að gera ráðstafanir vegna launamanna sinna skal hann ráðfæra sig við fulltrúa launamanna með góðum fyrirvara í því skyni að ná samkomulagi um þær.

3. Þau aðildarríki, þar sem kveðið er á um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum að fulltrúum launamanna sé heimilt að snúa sér til gerðardóms til að fá skorið úr um þær ráðstafanir sem gerðar eru vegna launamanna, geta takmarkað þær skuldbindingar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., við aðilaskipti er leiða til breytinga á rekstrinum og líklegt er að verði til verulegs óhagræðis fyrir talsverðan hluta launamannanna.

Upplýsingarnar og samráðið skal að minnsta kosti taka til þeirra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru varðandi launamennina.

Skylt er að veita upplýsingar og hefja samráð með góðum fyrirvara áður en þær breytingar á rekstrinum, sem um getur í fyrstu undirgrein, koma til framkvæmda.

4. Skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessari grein skulu gilda hvort sem ákvörðunin, sem leiddi til aðilaskiptanna, var tekin af vinnuveitanda eða af fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir.

Að því er varðar meint brot á kröfum um upplýsingar og samráð, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eru ekki tekin gild þau rök að slíkt brot hafi átt sér stað vegna þess að fyrirtækið, sem vinnuveitandinn heyrir undir, hafi ekki látið upplýsingar í té.

5. Aðildarríkjum er heimilt að takmarka þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. við fyrirtæki eða atvinnurekstur sem uppfylla skilyrði fyrir kosningu eða útnefningu sameiginlegrar nefndar, sem kemur fram fyrir hönd launamanna, að því er varðar starfsmannafjölda.

6. Aðildarríki skulu kveða á um að í fyrirtækjum eða atvinnurekstri þar sem launamenn eiga enga fulltrúa, án þess að eiga sjálfir neina sök þar á, skuli hlutaðeigandi launamönnum tilkynnt fyrirfram um:

- dagsetningu eða fyrirhugaða dagsetningu aðilaskiptanna,
- ástæðuna fyrir aðilaskiptunum,
- lagalegar, efnahags- og félagslegar afleiðingar aðilaskiptanna fyrir launamennina,
- fyrirhugaðar ráðstafanir vegna launamanna.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

8. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða koma á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum sem eru launamönnum hagstæðari eða að stuðla að eða heimila kjarasamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins sem eru launamönnum hagstæðari.

9. gr.

Aðildarríki skulu fella inn í réttarkerfi sín nauðsynlegar ráðstafanir til að allir launamenn og fulltrúar launamanna, sem telja að gengið hafi verið á þeirra hlut með því að skuldbindingum er leiða af þessari tilskipun hafi ekki verið fullnægt, geti leitað fullnustu krafna sinna með málarekstri eftir að málinu kann að hafa verið skotið til annarra lögbærra yfirvalda.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir ráðið greiningu á áhrifum ákvæða þessarar tilskipunar fyrir 17. júlí 2006. Hún skal leggja til hvers konar breytingar sem kunna að virðast nauðsynlegar.

11. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Tilskipun 77/187/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni, sem um getur í A-hluta I. viðauka, samanber þó skyldur aðildarríkjanna varðandi frest til framkvæmda sem gefinn er í B-hluta I. viðauka, falli úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í II. viðauka

13. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

B. RINGHOLM

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun og breytingartilskipun hennar

(sem um getur í 12. gr.)

Tilskipun ráðsins 77/187/EBE (Stjtíð. EB L 61, 5.3.1977, bls. 26)

Tilskipun ráðsins 98/50/EB (Stjtíð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 88)

B-HLUTI

Frestur til að setja innlend lög

(sem um getur í 12. gr.)

Tilskipun	Frestur til að setja innlend lög
77/187/EBE	16. febrúar 1979
98/50/EB	17. júlí 2001

II. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 77/187/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
4. gr. a	5. gr.
5. gr.	6. gr.
6. gr.	7. gr.
7. gr.	8. gr.
7. gr. a	9. gr.
7. gr b	10. gr.
8. gr.	11. gr.
—	12. gr.
—	13. gr.
—	14. gr.
—	I. VIÐAUKI
—	II. VIÐAUKI

977. Fyrirspurn [624. mál]

til heilbrigðisráðherra um áfengis- og vímuefnameðferð.

Frá Ástu Möller.

1. Hve mörg meðferðarpláss eru hér á landi fyrir fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að stríða í samanburði við önnur Norðurlönd?
2. Hver margir fara í áfengis- og vímuefnameðferð hér á landi á ári hverju í samanburði við önnur Norðurlönd?
3. Hvað er lagt til grundvallar ákvörðun um innlögn á meðferðarstofnun vegna áfengis- og vímuefnavanda?
4. Er biðlisti eftir innlögn á meðferðarstofnanir vegna áfengis- og vímuefnavanda? Ef svo er, hve langur er hann?
5. Hvaða reglur gilda um endurinnlagnir vegna áfengis- og vímuefnameðferðar?
6. Hve margir hafa farið 5–10 sinnum í áfengis- og vímuefnameðferð, hve margir hafa farið 11–20 sinnum, 21–30 sinnum, 31–40 sinnum, 41–50 sinnum og 51 sinni eða oftar?
7. Hver er árangur áfengis- og vímuefnameðferðar hér á landi í samanburði við önnur Norðurlönd?
8. Hvernig hefur kostnaður við áfengis- og vímuefnameðferð þróast á síðustu tíu árum?

Skriflegt svar óskast.

978. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Ingibjörgu Ingvadóttur frá ríkisskattstjóra. Umsagnir bárust um málið frá ríkisskattstjóra, Fjölskylduráði, skattrannsóknarstjóra, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands, Þjóðhagsstofnun og Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að gera smávægilegar breytingar á lögum um virðisaukaskatt sem flestar lúta að lagasamræmi og framkvæmdaratriðum. Lagt er til að í viðauka við lögin verði að finna upptalningu á tollskrárnúmerum þeirra manneldisvara sem bera 14% virðisaukaskatt, en ekki þeirra sem bera 24,5% virðisaukaskatt eins og nú er. Einnig er lagt til að skattstjórar taki hér eftir við skýrslum um þjónustukaup frá útlöndum í stað tollstjóra eins og nú er og að beiðnir um endurgreiðslur vegna virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði verði afgreiddar hraðar en verið hefur. Þá eru lagðar til breytingar til samræmis við breytingar á lögum um álagningu gjalda á vörur frá árinu 2000 og loks að einungis verði hægt að fá sérstakar endurgreiðslur samkvæmt lögunum sex ár aftur í tímann.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem lúta að því að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um framkvæmd á greiðslu virðisaukaskatts og endurgreiðslu hans, en æskilegt þykir að afmarkaðar reglugerðarheimildir séu í lögunum. Jafnframt leggur nefndin til að bætt verði inn ákvæði um hámarkstíma sem skattstjóri hefur til að afgreiða erindi um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði. Auk þess eru tollskrárnúmer í viðauka leiðrétt vegna breytinga sem urðu nýlega á tollskrá og gildistökuákvæði breytt, en þar sem gert var ráð fyrir að frumvarpið yrði að lögum fyrir síðustu áramót er það nauðsynlegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. mars 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.
	Jónas Hallgrímsson.	

979. Breytingartillögur [315. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.
2. Við 4. gr.
   a. Við b-lið bætist: þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.
   b. Við bætist nýr stafliður sem verði c-liður og orðist svo: Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað tollskrárnúmers 1514.1001 og 1514.1901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía komi:
      1514.1101 og 1514.1901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
      1514.9101 og 1514.9901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
   b. Í stað tollskrárnúmers 1905.3022 komi: 1905.3122.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

980. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um eldi nytjastofna sjávar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristin Hugason frá sjávarútvegsráðuneytinu, Halldór Runólfsson, Sigurð Ingvarsson, Sigurð Helgason og Gísla Jónsson frá fisksjúkdómanefnd.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Vélstjórafélagi Íslands, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Útgerðarfélagi Akureyringa hf., Landssambandi veiðifélaga, Þjóðhagsstofnun, Þróunarstofu Austurlands, Byggðastofnun, Landssambandi smábátaeigenda, Náttúruvernd ríkisins, dýralækni fisksjúkdóma, fisksjúkdómanefnd, veiðimálastjóra, Hollustuvernd ríkisins, Hólaskóla – fiskeldisbraut, Verslunarráði Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Veiðimálastofnun og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 126. löggjafarþingi og þá í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju með breytingum sem kynntar voru í sjávarútvegsnefnd sl. vor.

Í frumvarpinu er kveðið á um skipun fiskeldisnefndar en henni er ætlað það hlutverk að leiða saman og samræma þau sjónarmið sem uppi eru annars vegar varðandi eldi vatnafiska og hins vegar varðandi eldi nytjastofna sjávar. Í lögum um lax- og silungsveiði er sams konar ákvæði um fiskeldisnefnd.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þau skilyrði sem sett eru í frumvarpinu fyrir útgáfu rekstrarleyfa. Meiri hlutinn telur að skilyrðin geti verið mjög íþyngjandi og fráhrindandi fyrir aðila sem einungis stunda, eða hyggjast stunda, eldi í smáum stíl. Til að forðast tæknilegar hindranir í þessum efnum leggur meiri hlutinn til að sjávarútvegsráðherra verði veitt heimild til að gera vægari kröfur til þessara aðila og til afmörkunar verði heimild ráðherra miðuð við fiskeldisstöðvar sem ekki falla undir matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til áskilnaður 1. mgr. 3. gr. um að Fiskistofa skuli afla umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hún gefur út rekstrarleyfi falli brott. Ástæða þessa er að starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er skilyrði rekstrarleyfis skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins og er aðkoma Hollustuverndar tryggð með því.
2. Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að að umsókn um rekstrarleyfi skuli fylgja skilríki um afnot vatns. Skilyrði þetta á greinilega rót sína að rekja til laga um lax- og silungsveiði en á bersýnilega ekki við hér.
3. Loks er lagt til að ráðherra verði heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr., að kveða sérstaklega á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa til stöðva sem ekki falla undir matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Um þessa breytingu var rætt hér að framan.

Árni Steinar Jóhannsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann ósamþykkur áliti þessu.

Alþingi, 14. mars 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Jónas Hallgrímsson.	Guðmundur Hallvarðsson, með fyrirvara.

981. Breytingartillaga [333. mál]

við frv. til l. um eldi nytjastofna sjávar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (EKG, KHG,VE, GHall, HGJ, JHall).

Við 3. gr.

a. Orðin „og Hollustuverndar ríkisins“ í 1. mgr. falli brott.
b. Orðið „vatns“ í 2. mgr. falli brott.
c. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða sérstaklega á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa til stöðva sem ekki falla undir matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

982. Nefndarálit [567. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Jórdaníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hasjemíska konungsríkisins Jórdaníu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Markmiðið með gerð þessa fríverslunarsamnings er einkum að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við Jórdaníu en Evrópusambandið og Jórdanía hafa lokið gerð fríverslunarsamnings sín á milli. Gerð samningsins er þáttur í viðleitni til að stuðla að viðskiptatengslum landa norðausturstrandar Miðjarðarhafs og Miðausturlanda við Evrópu og þróun í átt til fríverslunar um allt þetta svæði.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

983. Nefndarálit [565. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Króatíu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Króatíu sem undirritaður var í Vaduz 21. júní 2001.

Fríverslunarsamningur þessi er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Króatíu sem undirrituð var í Zürich 19. júní 2000 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Króatíu og á Balkanskaga í heild.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

984. Nefndarálit [566. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Makedóníu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Makedóníu sem undirritaður var í Zürich 19. júní 2000.

Fríverslunarsamningurinn er gerður í framhaldi af samstarfsyfirlýsingu EFTA-ríkjanna og Makedóníu sem undirrituð var í Vaduz í mars 1996 og er hluti af viðleitni EFTA-ríkjanna til að styðja við lýðræðislega þróun og efnahagslegar framfarir í Makedóníu og á Balkanskaga í heild.

Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 12. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.	Magnús Stefánsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

985. Fyrirspurn [625. mál]

til heilbrigðisráðherra um val kvenna við fæðingar.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða möguleika sér ráðherra til að auka val kvenna á fæðingaraðstæðum?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fleiri möguleikum, t.d. með áherslu á heimafæðingar og fæðingar á minni stofnunum utan hátæknisjúkrahúsa?

986. Fyrirspurn [626. mál]

til viðskiptaráðherra um vaxtamun og þjónustutekjur bankanna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið vaxtamunur helstu viðskiptabanka á árunum 1997–2001, að báðum árum meðtöldum, reiknaður á núgildandi verðlagi?
2. Hver hefur þessi vaxtamunur verið sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum bankanna?
3. Hverjar hafa verið tekjur bankanna af þjónustugjöldum á þessu tímabili, reiknaðar á núgildandi verðlagi, og hvert hefur verið hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum bankanna?

Skriflegt svar óskast.

987. Fyrirspurn [627. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda fæðinga og kostnað við þær.

Frá Svanfríði Jónasdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hver var fjöldi fæðinga á ári 1998–2001, sundurliðað eftir
   a. heimafæðingum,
   b. fæðingum á fæðingardeildum sjúkrahúsa,
   c. fjölda fæðinga á hverri fæðingardeild fyrir sig,
   d. fjölda barna sem tekin voru með keisaraskurði á hverjum stað?
2. Hver er kostnaður Tryggingastofnunar og/eða sjúkrahúss við
   a. heimafæðingu,
   b. fæðingu á fæðingardeild sjúkrahúss við mismunandi langa sængurlegu,
   c. keisaraskurð?

Skriflegt svar óskast.

988. Fyrirspurn [628. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hverjir stóðu fyrir verkefnum og nutu styrkja síðastliðin tvö ár af ráðstöfunarfé ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum og safnliðunum 02-919-1.90 Söfn, 02-982-1.90 Listir, 02-983-1.10 Fræðistörf, 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, 02-984-1.90 Norræn samvinna, 02-988-1.90 Æskulýðsmál, 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál og 02-999-1.90 Ýmis framlög?

Af svari ráðherra á þskj. 467 verður ekki ráðið í öllum tilvikum hverjir fengu styrkina.
2. Hvaða reglur gilda um úthlutanir af óskiptum liðum ráðuneytisins? Er auglýst eftir umsóknum um styrki?
3. Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með verkefnum sem hljóta stuðning af óskiptum liðum? Er ábyrgðaraðilum verkefnanna gert að skila skýrslum til ráðuneytisins að verki loknu?

Skriflegt svar óskast.

989. Nefndarálit [333. mál]

um frv. til l. um eldi nytjastofna sjávar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Markmið frumvarpsins eru í fyrstu grein þess sögð vera að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna.

Aðaltilgangur frumvarpsins virðist þó vera sá að koma yfirstjórn og eftirliti með þessari starfsemi undir sjávarútvegsráðuneytið.

Að mati minni hlutans mun sú tvískipting eldis sem verður með því að fela sjávarútvegsráðherra yfirstjórn þessara mála og Fiskistofu framkvæmdina óskynsamleg. Hún eykur án vafa kostnað við eftirlitið, t.d. munu sömu fyrirtækin þurfa eftirlit beggja kerfanna séu þau í blandaðri starfsemi. Hún eykur að mati fisksjúkdómanefndar hættu á því að viðbrögð við bráðum sjúkdómum verði ekki nógu markviss og gerir eftirlitið flóknara og þyngra í vöfum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur farið með þessi mál og það þarf einungis lítils háttar breytingar á lögunum um lax- og silungsveiði til að það eldi sem um er fjallað í frumvarpinu heyri án alls vafa undir eftirlitskerfi þess.

Það er skoðun minni hlutans að eðlilegt sé að fela einu ráðuneyti yfirstjórn þessara mála og þá landbúnaðarráðuneytinu meðan sú skipting sem nú ríkir í Stjórnarráðinu er í gildi.

Nýting takmarkaðra auðlinda færir þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem forgangs njóta til hennar möguleika umfram aðra, bæði fjárhagslega og efnislega. Stjórnun sem hefur takmarkanir á nýtingu auðlinda í för með sér getur gert nýtingarréttinn mjög verðmætan. Verð veiðiheimilda í viðskiptum milli útgerðarmanna hér á landi er gott dæmi um slíkt. Benda má á að gífurlega hátt verð hefur verið greitt t.d. í Noregi fyrir leyfi til að stunda fiskeldi. Það er þess vegna nauðsynlegt að úthlutun leyfa til að reka slíka starfsemi verði háð almennum skilyrðum þar sem jafnræðis verði gætt, t.d. með útboði ef fleiri en einn sækjast eftir aðstöðunni. Það er óviðunandi að framtíðarnýting sameiginlegra auðlinda skuli afhent án nokkurs endurgjalds en virði leyfanna komi síðan fram við eigendaskipti og fráleitt að málum skuli svo skipað að verslun með leyfin verði sérstakur gróðavegur.

Minni hlutinn telur frumvarpið óþarft, það skapi vandamál en leysi engin og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. mars 2002.

Jóhann Ársælsson, frsm. Svanfríður Jónasdóttir. Guðjón A. Kristjánsson.

990. Frumvarp til laga [629. mál]

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta fyrirtækis innan Evrópska efnahagssvæðisins til annars vinnuveitanda á grundvelli framsals eða samruna.

Lög þessi gilda ekki um:

a. breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærslu á verkefnum milli stjórnvalda,
b. hafskip.

2. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Framseljandi* er einstaklingur eða lögpersóna sem við aðilaskipti hættir að vera vinnuveitandi starfsmanna fyrirtækis eða hluta fyrirtækis.
2. *Framsalshafi* er einstaklingur eða lögpersóna sem við aðilaskipti verður vinnuveitandi starfsmanna fyrirtækis eða hluta fyrirtækis.
3. *Fyrirtæki* er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur án tillits til þess hvort slíkt er gert í hagnaðarskyni.
4. *Aðilaskipti* eru aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða aðal- eða stoðstarfsemi.

II. KAFLI
Réttarvernd starfsmanna.

3. gr.
Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað færast yfir til framsalshafa.

Framsalshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

4. gr.

Vernd gegn uppsögnum.

Framseljanda eða framsalshafa er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum vegna aðilaskipta að fyrirtæki eða hluta þess bæði fyrir og eftir aðilaskiptin nema efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður séu fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækis.

Vinnuveitandi ber ábyrgð á riftun á ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi hafi aðilaskipti leitt til verulegra breytinga á starfsskilyrðum, starfsmanni í óhag.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

5. gr.

Réttarstaða trúnaðarmanna.

Trúnaðarmenn starfsmanna skulu halda stöðu sinni samkvæmt lögum og kjarasamningi eftir aðilaskiptin haldi fyrirtækið eða hluti þess áfram sjálfstæði sínu en að öðrum kosti skulu starfsmenn eiga sér fulltrúa þar til nýr trúnaðarmaður hefur verið valinn.

Missi trúnaðarmaður umboð sitt við aðilaskipti skal hann eftir sem áður njóta þeirrar verndar sem lög eða samningar kveða á um.

Um réttarstöðu trúnaðarmanna fer samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og eftir atvikum kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins.

III. KAFLI
Réttur starfsmanna til upplýsinga og samráðs.

6. gr.

Upplýsingar og samráð.

Framsalshafi og framseljandi skulu láta trúnaðarmönnum starfsmanna, eða starfsmönnum sjálfum séu trúnaðarmenn ekki fyrir hendi, í té upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a. dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra,
b. ástæður sem liggja til grundvallar aðilaskiptum,
c. lagaleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif aðilaskiptanna fyrir starfsmenn, og
d. hvort ráðstafanir séu fyrirhugaðar vegna starfsmanna.

Framseljandi skal veita upplýsingar skv. 1. mgr. með góðum fyrirvara áður en aðilaskiptin koma til framkvæmda.

Framsalshafi skal veita upplýsingar skv. 1. mgr. með góðum fyrirvara og áður en aðilaskiptin hafa bein áhrif á störf og starfsskilyrði starfsmanna.

Ef framseljandi eða framsalshafi hyggst gera ráðstafanir vegna starfsmanna sinna skal hann hafa samráð um þær með góðum fyrirvara við trúnaðarmenn starfsmanna, eða starfsmenn sjálfa séu trúnaðarmenn ekki fyrir hendi, með það að markmiði að ná samkomulagi.

7. gr.

Upplýsingagjöf milli fyrirtækja.

Þær skyldur sem hvíla á aðilum skv. 6. gr. gilda án tillits til þess hvort ákvörðun um aðilaskipti er tekin af vinnuveitanda sjálfum eða fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir.

Komi fram staðhæfing um ætlað brot á kröfum um upplýsingar og samráð er ekki nægjanlegt að bera því við að fyrirtækið sem vinnuveitandi heyrir undir hafi ekki látið upplýsingar í té.

IV. KAFLI
Viðurlög.

8. gr.
Skaðabætur.

Vinnuveitandi, hvort heldur framseljandi eða framsalshafi, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.
Innleiðing.

Lög þessi eru m.a. sett til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar, sem vísað er til í 32. lið d XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 159/2001.

10. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er m.a. lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar, sbr. tilskipun nr. 77/187/EBE og tilskipun nr. 98/50/EB um sama efni. Gerð frumvarpsins fól í sér endurskoðun á gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, sem innleiddu tilskipun nr. 77/187/EBE, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar, inn í íslenskan rétt. Hinn 29. júní 1998 gaf Evrópusambandið út tilskipun nr. 98/50/EB, um breytingu á tilskipun nr. 77/187/EBE. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti að fella hana undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 30. apríl 1999, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 57/99. Með tilskipun nr. 2001/23/EB frá 12. mars 2001 var efni framangreindra tilskipana sameinað í eina tilskipun. Hún var felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 12. desember 2001 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001.

II.

Í formála tilskipunar nr. 2001/23/EB kemur fram að nauðsynlegt hafi þótt að setja ákvæði um verndun launamanna þegar nýir vinnuveitendur taki við, einkum til að tryggja að staðinn sé vörður um réttindi þeirra. Enn fremur kemur fram að talið hafi verið nauðsynlegt að samræma innlend lagaákvæði sem tryggja að staðinn sé vörður um réttindi launafólks og

leggja þá skyldu á framseljanda og framsalshafa að þeir veiti trúnaðarmönnum starfsmanna upplýsingar og ráðfæri sig við þá með góðum fyrirvara.

Meðal þeirra breytinga sem tilskipun nr. 98/50/EB hafði á efni tilskipunar nr. 77/187/EBE var að hugtakið *aðilaskipti* í skilningi tilskipunarinnar var skýrt nánar með tilliti til túlkunar Evrópudómstólsins á 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 77/187/EBE. Í formála tilskipunar nr. 2001/23/EB er tekið fram að sú skýring sem þar kemur fram hafi ekki breytt gildissviði tilskipunar nr. 77/187/EBE eins og það er túlkað af dómstólnum. Í máli C-24/85 (*Speijkers*) taldi Evrópudómstóllinn meginviðmiðið til að ákvarða hvort um væri að ræða aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar vera hvort fyrirtækið héldi einkennum (*e. identity*) sínum. Í því sambandi gaf hann dómstólum aðildarríkjanna ákveðnar leiðbeiningar um þau atriði sem hafa skal í huga við mat á því hvort aðilaskipti að fyrirtæki falli undir gildissvið tilskipunarinnar. Þar á meðal þarf að líta til þess um hvaða tegund fyrirtækis er að ræða. Einnig getur skipt máli hvort áþreifanleg verðmæti séu framseld, svo sem fasteignir eða lausafé, og hvert sé verðmæti óhlutbundinna verðmæta þegar aðilaskipti fara fram. Jafnframt er litið til þess hvort meiri hluti starfsmanna flyst til hins nýja vinnuveitanda og hvort framsalshafi heldur viðskiptavinum framseljanda. Sá tími, ef svo ber undir, sem rekstur fyrirtækis liggur niðri eftir að aðilaskipti hafa átt sér stað þar til hann hefst að nýju getur einnig haft áhrif á mat dómstóla um hvort aðilaskiptin teljist eiga undir tilskipunina, sem og að hve miklu leyti reksturinn er sambærilegur fyrir og eftir aðilaskiptin. Dómstóllinn tók jafnframt fram að líta skyldi heildstætt á framangreind atriði en ekki hvert þeirra eitt og sér. Ljóst er að slík ákvörðun getur verið nokkuð matskennd en þessar leiðbeiningar hafa verið staðfestar í síðari dómum Evrópudómstólsins. Í máli E-2/95 (*Eidesund*) vísar EFTA-dómstóllinn til fjölmargra dóma Evrópudómstólsins um túlkun tilskipunarinnar. Í samræmi við *Speijkers*-málið telur EFTA-dómstóllinn nauðsynlegt að skoða hvort fyrirtæki, eða sá hluti þess sem framseldur er, heldur áfram rekstri með sama eða sambærilegum hætti og áður. Í niðurstöðu sinni staðfesti hann þær leiðbeiningar sem Evrópudómstóllinn hafði fyrst sett fram í *Speijkers*-málinu. Enn fremur hefur dómaframkvæmd staðfest að ekki skiptir máli þótt einstakir hlutar starfseminnar færist ekki yfir við aðilaskiptin, t.d. fasteignir eða viðskiptavild.

Til frekari afmörkunar á gildissviði tilskipunar nr. 77/187/EBE kvað tilskipun nr. 98/50/EB á um þá breytingu að tilskipunin tæki bæði til einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja án tillits til þess hvort þau eru starfrækt með það að markmiði að afla eigendum þeirra hagnaðar. Að því er varðar opinbera aðila var síðan kveðið á um þá takmörkun að breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærsla á verkefnum milli stjórnvalda (*e. administrative functions*) falla ekki undir hugtakið aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar.

Þá hefur tilskipun nr. 2001/23/EB, sbr. tilskipun nr. 98/50/EB, að geyma nánari reglur um upplýsingar og samráð vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum en hér er fyrst og fremst um viðbót að ræða við þau ákvæði sem voru upphaflega að finna í tilskipun nr. 77/187/EBE.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstök ákvæði frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. gr. afmarkar gildissvið frumvarpsins þar sem lagðar eru til ákveðnar undanþágur frá gildissviði þess.

Í 1. mgr. segir að reglur þessa frumvarps taki til réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta fyrirtækis innan Evrópska efnahagssvæðisins til annars vinnuveitanda á grundvelli framsals eða samruna. Eðli aðilaskiptanna, þ.e. hvort þau verða t.d. fyrir sölu eða leigu á fyrirtæki, er ekki aðalatriðið í þessu tilliti heldur skiptir meginmáli að nýr vinnu-

veitandi komi að rekstri fyrirtækisins í stað hins fyrri. Þetta hefur verið staðfest í dómum Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins þar sem fram hefur komið að eigendaskipti þurfa ekki að hafa farið fram til að um aðilaskipti sé að ræða heldur er nægjanlegt að nýr aðili verði ábyrgur fyrir rekstri fyrirtækis og teljist því vinnuveitandi starfsfólksins.

Lagðar eru til tvær undanþágur frá gildissviði frumvarpsins. Í a-lið 2. mgr. er kveðið á um að breytingar á skipulagi og starfsháttum stjórnvalds eða tilfærsla á verkefnum milli stjórnvalda falli ekki undir gildissvið frumvarpsins. Undanþága þessi er byggð á c-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB. Í máli C-298/94 (*Henke)* komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að gildissvið tilskipunar nr. 77/187/EBE tæki ekki til framsals eiginlegra stjórnsýsluverkefna milli tveggja eða fleiri stjórnsýsluaðila. Aðilaskipti að rekstri frá hinu opinbera til einkaaðila eða eftir atvikum frá einkafyrirtækjum til hins opinbera falla hins vegar undir ákvæði frumvarpsins að uppfylltum öðrum ákvæðum þess.

Í b-lið 2. mgr. er gert ráð fyrir að frumvarpið taki ekki til hafskipa og er sú undanþága byggð á 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með hugtakinu hafskip er átt við skip sem siglir á opnu hafi, þ.e. annað en það sem siglir eingöngu á innlendum vatnaleiðum eða í landvari, eða á svæðum nærri landvari, eða þar sem hafnarreglur gilda. Er hér byggt á skilgreiningu á hugtakinu sem er að finna í alþjóðasamþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um menntun og þjálfun sjómanna á kaupskipum frá árinu 1978, sbr. breytingar frá árinu 1995.

Um 2. gr.

Orðskýringar í 1. og 2. tölul. ákvæðis þessa eru byggðar á a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB. Þar eru lagðar til þær breytingar frá gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, að hugtökin *framseljandi* og *framsalshafi* verði notuð í stað hugtakanna *eigandi* og *nýr eigandi* í tengslum við aðilaskipti. Í enska texta tilskipunarinnar eru hugtökin *transferor* og *transferee* notuð án þess að það sé afmarkað nánar hvaða heimildir umræddir aðilar hafi fyrir þeim rekstri sem framseldur er. Hugtakið *eigandi* hefur hins vegar þrengri merkingu í íslensku þar sem með því er gefið til kynna að þeir aðilar sem gera með sér samning um aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta þess hafi eða muni njóta fullrar eignarheimildar fyrir rekstri þess. Þykir það því samræmast betur efni tilskipunarinnar að nota hugtökin *framseljandi* og *framsalshafi* enda má sjá af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og EFTA-dómstólsins að aðilaskipti sem falla undir gildissvið tilskipunarinnar geta verið fyrir tilstilli kaupsamnings, leigusamnings, kaupleigusamnings, þjónustusamnings eða einhliða ákvörðunar stjórnvalds.

Í 3. tölul. er hugtakið *fyrirtæki* skilgreint sem einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur án tillits til þess hvort slíkt er gert í hagnaðarskyni. Ljóst er að Evrópudómstóllinn hefur túlkað hugtakið *fyrirtæki* mjög rúmt í dómum sínum. Í gildandi lögum, nr. 77/1993, er ekki gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki enda hafði slíkt ekki verið gert í tilskipun nr. 77/187/EBE. Það álitaefni hefur komið til kasta Evrópudómstólsins og var allur vafi tekinn í því efni með tilskipun nr. 98/50/EB þar sem kveðið var skýrt á um að gildissvið tilskipunarinnar ætti að ná bæði til opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja. Frumvarpið á einnig við um opinberar stofnanir, sbr. þó undanþágu a-liðar 2. mgr. 1. gr. Þessi skilgreining er því í samræmi við síðari breytingar á gildissviði tilskipunar nr. 77/187/ EBE. Þá er tekið fram, sbr. c-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB, að ekki skipti máli hvort fyrirtækið er starfrækt með það að markmiði að afla rekstraraðila þess hagnaðar, sbr. t.d. mál C-29/91 (*Redmond Stichting*).

Hugtakið *aðilaskipti* er skilgreint í 4. tölul. Sú skilgreining sem tekið er mið af var fyrst sett fram í b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr. 98/50/EB, sbr. b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar nr.

2001/23/EB, til frekari skýringar á hugtakinu. Hún er svohljóðandi í íslenskri þýðingu: „Með fyrirvara um a-lið og eftirfarandi ákvæði þessarar greinar merkja aðilaskipti, í skilningi þessarar tilskipunar, aðilaskipti á efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, þ.e. skipulagðri heild verðmæta sem notuð verður í efnahagslegum tilgangi, hvort sem um er að ræða meginstarfsemi eða stoðstarfsemi.“ Þótti með tilliti til réttaröryggis og gagnsæis nauðsynlegt að skýra hugtakið frekar í ljósi fordæma Evrópudómstólsins. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í II. kafla almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 3. gr.

Sú meginregla er sett fram í 1. mgr. að réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað færist yfir til framsalshafa. Þá er áréttað í 2. mgr. að framsalshafi skuli virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningum með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda. Skal sú regla gilda þangað til gildistími kjarasamnings er liðinn, honum hefur verið sagt upp með löglegum hætti eða nýr kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Framangreindar reglur gera ráð fyrir að réttarstaða starfsmanna breytist ekki fyrir það eitt að þeir fái nýjan vinnuveitanda í kjölfar aðilaskipta. Ákvæði þetta er byggt á 4. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB.

3. mgr. er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 2. gr. gildandi laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993. Lagt er til að ákvæði þetta gildi ekki um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta til samræmis við 5. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB. Í gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, voru bú fyrirtækja sem tekin hafa verið til gjaldþrotaskipta undanþegin gildissviði laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Þetta var í samræmi við eldri tilskipun nr. 77/187/EBE og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Kveðið var hins vegar skýrar á um þetta efni í tilskipun nr. 98/50/EB þar sem eingöngu er heimilt skv. 1. mgr. 4. gr. a að skilja fyrirtæki sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta undan 3. og 4. gr. tilskipunarinnar. Ákvæði 4. og 5. gr. frumvarps þessa eru efnislega samhljóða 3. og 4. gr. tilskipunarinnar, sbr. 3. og 4. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB. Er hér um að ræða aðilaskipti sem verða að fyrirtæki eftir að það hefur verið úrskurðað gjaldþrota og skiptastjóri verið skipaður samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ástæða undanþágunnar er að sérreglur gilda um meðferð fyrirtækja eftir að þau hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Um 4. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að aðilaskipti að fyrirtæki eða hluta þess geti ekki ein sér verið ástæða uppsagnar starfsmanna. Er þetta í samræmi við 4. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB þar sem kveðið er á um að fleira þurfi að koma til. Samkvæmt ákvæði tilskipunarinnar er því einungis heimilt að segja upp starfsfólki við aðilaskipti þegar efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður eru fyrir hendi sem hafa í för með sér breytingar á starfsmannahaldi fyrirtækis.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 3. gr. gildandi laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993.

Um skýringar á 3. mgr. vísast til athugasemda við 3. gr.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að trúnaðarmenn starfsmanna haldi stöðu sinni samkvæmt lögum eða kjarasamningum eftir aðilaskiptin haldi fyrirtækið eða hluti þess áfram sjálfstæði sínu. Haldi

fyrirtæki eða hluti þess ekki sjálfstæði sínu skal tryggt að starfsmenn eigi sér áfram fulltrúa þangað til nýr trúnaðarmaður hefur verið valinn í samræmi við lög eða kjarasamninga. Þess ber að geta að ákvæðið gildir einnig um fyrirsvar starfsmanna sem starfa áfram hjá fyrirtækinu eftir aðilaskipti sem eiga sér stað eftir að fyrirtæki framseljanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæðið byggir efnislega á 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB en þar kemur m.a. fram að um réttarstöðu trúnaðarmanna og útnefningu eða nýja skipan trúnaðarmanna skuli fara samkvæmt landslögum, venju, stjórnsýslufyrirmælum eða samningi. Er þess vegna lagt til að um réttarstöðu trúnaðarmanna fari samkvæmt gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og eftir atvikum kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 4. gr. gildandi laga, sbr. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993. Þar er kveðið á um skyldu vinnuveitanda, hvort heldur framseljanda eða framsalshafa, til að tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna, eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi, um fyrirhuguð aðilaskipti og að gefa upplýsingar um ástæður aðilaskiptanna, lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar aðilaskiptanna fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna. Til samræmis við 1. og 6. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB, sbr. 1. og 6. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 98/50/EB, er lagt til að þessum upplýsingum til viðbótar skuli vinnuveitandi gefa upplýsingar um dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra ef svo ber undir.

Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB, sbr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 98/50/EB, er að finna nánari ákvæði um upplýsingaskyldu framseljanda og framsalshafa gagnvart trúnaðarmönnum starfsmanna. Er lagt til að þau verði tekin efnislega upp í 2. og 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag 5. gr. gildandi laga, nr. 77/1993, um að framseljandi og framsalshafi skuli tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi upplýsingar skv. 1. mgr. með góðum fyrirvara haldist óbreytt.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB kveður á um skyldu til samráðs ef framseljandi eða framsalshafi hyggst gera einhverjar ráðstafanir vegna starfsmanna sinna og er lagt til að sú regla verði tekin upp í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Ákvæðið sem er nýmæli er efnislega samhljóða 4. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB, sbr. 4. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 98/50/EB. Þar er kveðið á um að þær skyldur sem hvíla á vinnuveitendum skv. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB gildi án tillits til þess hvort ákvörðun um aðilaskipti er tekin af vinnuveitanda sjálfum eða fyrirtæki sem vinnuveitandi heyrir undir. Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar og samráð er lagt til í 2. mgr. að það verði ekki talin nægjanleg réttlæting á ætluðu broti vinnuveitanda að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um aðilaskipti var tekin, sbr. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar nr. 2001/23/EB.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru sambærileg þeim ákvæðum sem er að finna í tilskipun ráðsins nr. 98/59/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir, sbr. 4. gr. laga um hópuppsagnir, nr. 63/2000.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli. Þar er lagt til að brjóti vinnuveitandi, hvort heldur framseljandi eða framsalshafi, gegn ákvæðum laganna geti hann orðið skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Á þetta sérstaklega við þegar vinnuveitandi virðir ekki launakjör og starfsskilyrði starfsmanna, verndina gegn uppsögnum og skylduna til upplýsinga og samráðs.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frumvarpið er m.a. lagt fram til að innleiða tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar. Frumvarpið felur í sér m.a. endurskoðun á gildandi lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, sem jafnframt eru felld úr gildi verði frumvarpið að lögum. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir réttindum og skyldum framseljanda fyrirtækja sem færast yfir til framsalshafa við aðilaskipti, varðandi launakjör og starfsskilyrði, vernd gegn uppsögnum, réttarstöðu trúnaðarmanna og rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Verði starfsemi ríkisins flutt yfir í hlutafélagsform eða til einkaaðila fellur kostnaður, ef til hans kemur, á framsalshafann er tekur við starfseminni.

Ekki er ástæða til að ætla að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

991. Nefndarálit [428. mál]

um frv. til l. um brottfall l. um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigríði Dögg Geirsdóttur, Þorvald Karl Helgason og Guðmund Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu, Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugarðasambandi Íslands, Valdimar Einarsson frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík, Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands og Sigurð Guðmundsson landlækni.

Umsagnir um málið bárust frá Biskupsstofu, leikmannaráði þjóðkirkjunnar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að kirkjubyggingasjóður verði lagður niður og renni í Jöfnunarsjóð sókna. Fé hefur ekki verið veitt til sjóðsins í fjárlögum um árabil og hefur hann því ekki sinnt hlutverki sínu undanfarin ár. Frumvarpið felur í sér einföldun og hagræðingu í stjórnsýslu kirkjunnar og leggur nefndin því til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Ásta Möller.	Guðjón A. Kristjánsson.	Kjartan Ólafsson.
	Ólafur Örn Haraldsson.	

992. Nefndarálit [371. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4 . maí 1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigríði Dögg Geirsdóttur, Þorvald Karl Helgason og Guðmund Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu, Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugarðasambandi Íslands, Valdimar Einarsson frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík, Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands og Sigurð Guðmundsson landlækni.

Umsagnir um málið bárust frá Gísla H. Friðgeirssyni, Biskupsstofu, landlæknisembættinu, leikmannaráði þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að dreifing ösku látinna manna verði heimiluð samkvæmt nánari reglum ráðherra. Í öðru lagi er lagt til að Kirkjugarðasjóði og skipulagsnefnd kirkjugarðanna verði steypt í eina stjórn, kirkjugarðaráð. Þá eru skyldur sveitarfélaganna í tengslum við nýja kirkjugarða skilgreindar nánar í frumvarpinu og gert er ráð fyrir að ráðherra setji almenna reglugerð um umgengni í kirkjugörðum. Loks eru með frumvarpinu lagðar til smávægilegar breytingar á lögunum.

Nefndin telur rétt að geta þess að fram kom í máli gesta nefndarinnar að engin heilbrigðishætta er fylgjandi dreifingu ösku.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. Í stað orðanna „og 51. gr.“ komi: 2. mgr. 50. gr. og 51. gr.

2. Við 16. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2002.
   b. Í stað orðanna „31. desember 2001“ í 2. mgr. komi: 30. apríl 2002.

Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Þuríður Backman sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.	Kjartan Ólafsson.
	Guðjón A. Kristjánsson.	

993. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigríði Dögg Geirsdóttur, Þorvald Karl Helgason og Guðmund Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu, Þórstein Ragnarsson frá Kirkjugarðasambandi Íslands, Valdimar Einarsson frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði, Hjört Magna Jóhannsson frá Fríkirkjunni í Reykjavík, Ólaf Jóhannsson frá Prestafélagi Íslands og Sigurð Guðmundsson landlækni.

Umsagnir um málið bárust frá Biskupsstofu, leikmannaráði þjóðkirkjunnar, Hvítasunnuhreyfingunni á Íslandi og Prestafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög greiði fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa. Telur nefndin eðlilegt að slíkur kostnaður falli undir rekstrarkostnað þeirra og leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ásta Möller.
Ólafur Örn Haraldsson.	Kjartan Ólafsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	

994. Nefndarálit [494. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Þóri Oddsson og Jón H. Snorrason frá ríkislögreglustjóra, Ingimund Einarsson og Egil Stephensen frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Jónas Magnússon, Gils Jóhannsson og Óskar Bjartmarz frá Landssambandi lögreglumanna, Þorleif Pálsson frá Sýslumannafélagi Íslands og Arnar Guðmundsson og Gunnlaug V. Snævarr frá Lögregluskóla ríkisins.

Umsagnir um málið bárust frá ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, sýslumanninum á Ísafirði, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjóranum í Reykjavík, efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Tollvarðafélagi Íslands og Landssambandi lögreglumanna.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að við almenn hegningarlög bætist ákvæði sem veitir aukna refsivernd gegn ógnun eða valdbeitingu gagnvart erlendum sendierindrekum hér og landi, svo og gegn eignaspjöllum sem unnin eru á sendiráðssvæði eða hótunum um að fremja slík spjöll. Í öðru lagi er lagt til að bætt verði ákvæðum í lögreglulög sem annars vegar auka heimildir lögreglu til að halda uppi allsherjarreglu á opinberum fundum með því að lögregla geti bannað mönnum að hylja andlit sitt í því skyni að hindra að kennsl verði borin á þá þegar uggvænt þykir að óspektir verði á fundinum. Hins vegar er um að ræða ákvæði sem kveður á um að starfslokaaldur lögreglumanna verði lækkaður í 65 ár. Loks eru lagðar til breytingar á lögreglulögunum varðandi val nema í Lögregluskóla ríkisins.

Nefndin ræddi sérstaklega möguleika á fjarnámi við Lögregluskóla ríkisins fyrir einstaklinga víðs vegar á landinu en sú umræða leiddi í ljós að slíkt nám er almennt vel til fallið í lögreglunámi að undanskildu grunnnámi vegna sérstöðu þess.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Nefndin skoðaði sérstaklega heimild lögreglu til að banna manni að hylja andlit sitt með málningu. Telur nefndin nauðsynlegt að slík heimild sé fyrir hendi. Hins vegar lítur nefndin svo á að önnur förðun eða notkun aukahluta geti einnig leitt til breytinga á andlitsdráttum og andlitsfalli þannig að ógerlegt sé að bera kennsl á menn og leggur því til breytingu þar að lútandi.

Nefndin telur jafnframt rétt að heimildir lögreglu skv. 3. mgr. 15. gr. lögreglulaga til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana vegna óhlýðni á fyrirmælum hennar skuli einnig ná til nýja ákvæðisins í 2. gr. frumvarpsins. Þá leggur nefndin til að lögreglumönnum verði veittur lengri frestur en frumvarpið gerir ráð fyrir til að ákveða hvort þeir nýti sér nýjar reglur frumvarpsins eða eldri reglur um starfslok.

Katrín Fjeldsted var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Ólafur Örn Haraldsson.	Stefanía Óskarsdóttir.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.		Dóra Líndal, með fyrirvara.

995. Breytingartillögur [494. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
   a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.
   b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skv. 2. og 3. mgr.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „hefur ekki gerst brotlegur“ í b-lið komi: hafa ekki gerst brotleg.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „a-, b- og c-liða 2. mgr. 38. gr. laganna“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „1. október 2002“ í 2. efnismgr. komi: 1. maí 2003.

996. Nefndarálit [427. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti, Þóri Oddsson og Jón H. Snorrason frá ríkislögreglustjóra, Ingimund Einarsson og Egil Stephensen frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Jónas Magnússon og Gils

Jóhannsson frá Landssambandi lögreglumanna, Þorleif Pálsson frá Sýslumannafélagi Íslands og Boga Nilsson ríkissaksóknara.

Umsagnir um málið bárust frá ríkissaksóknara, Flugmálastjórn og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á refsilögum til að íslenska ríkið uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þremur alþjóðasamþykktum á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum. Þetta eru alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999 og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 frá 28. september 2001.

Hugtaksins hryðjuverk er hvergi getið í íslenskum refsilögum sem sjálfstæðs refsiverðs verknaðar en með frumvarpinu er lagt til að verknaðurinn hryðjuverk verði skilgreindur í almennum hegningarlögum. Þá er lagt til að hryðjuverk verði talin til alvarlegustu afbrota auk þess sem fjárhagslegur stuðningur við hryðjuverkastarfsemi verði gerður sjálfstætt refsivert brot. Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild til að refsa lögaðila fyrir slík brot sem framin eru í starfsemi þeirra. Einnig eru settar skýrari reglur um refsiábyrgð vegna hlutdeildar og loks er lagt til að refsilögsaga íslenska ríkisins verði rýmkuð vegna þessara brota.

Nefndin ræddi sérstaklega saknæmisskilyrði frumvarpsins og telur rétt að taka fram að 18. gr. almennra hegningarlaga, þar sem tilgreind eru saknæmisskilyrðin fyrir hegningarlögin sjálf, mun einnig gilda um þau ákvæði frumvarpsins sem breyta þeim lögum. Skv. 18. gr. er ásetningur ætíð áskilinn svo að verknaður teljist saknæmur og eingöngu skal refsa fyrir gáleysisbrot ef lögin heimila það sérstaklega. Þar sem frumvarpið tekur ekki á gáleysi verður refsingu ekki beitt vegna hryðjuverka nema ásetningur sé fyrir hendi. Ásetningsskilyrðið á því jafnframt við um b-lið 2. gr. frumvarpsins. Nefndin lítur þannig á að frumvarpinu sé ekki ætlað að ganga lengra en fyrrnefndur alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eins og ráða má af athugasemdum með greininni. Verknaður sem felst í því að láta fjármagn renna til lögmætrar starfsemi á sviði menningar-, mannréttinda- og mannúðarmála getur því aldrei talist refsiverður þó að samtök sem taki við fjármagninu gerist sek um hryðjuverk, svo verður eingöngu ef það er ásetningur viðkomandi til að fjármagnið renni til slíkra verka.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

a. Í stað orðanna „183. gr.“ í 5. og 6. tölul. a-liðar (100. gr. a) komi: 165. gr.
b. Í stað orðanna „í allt að 10 ár“ í b-lið (100 gr. b) komi: allt að 10 árum.

Katrín Fjeldsted var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara við skilgreiningu á hryðjuverkum.

Alþingi, 18. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Ólafur Örn Haraldsson.	Stefanía Óskarsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.		Dóra Líndal, með fyrirvara.

997. Svar [574. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um fjármögnun vetnisrannsókna.

1. *Hvernig er háttað aðild ríkisins að rannsóknum vegna hugsanlegrar vetnisframleiðslu hérlendis?*

Að undanskildum rannsóknum Braga Árnasonar prófessors o.fl. við Háskóla Íslands, sem staðið hafa yfir frá því á sjöunda áratugnum, kemur ríkið fyrst og fremst að vetnisrannsóknum með aðild að fyrirtækinu VistOrku. VistOrka á 51% hlut í Íslenskri NýOrku ehf., sem annast framkvæmd þeirra vetnisverkefna sem iðnaðarráðuneytið tengist. Einnig hefur iðnaðarráðuneytið lýst yfir stuðningi við rannsóknar- og þróunarverkefni sem miða að því að nýta vetni sem orkubera framtíðarinnar. Slík yfirlýsing hefur ekki haft í för með sér beinar fjárhagslegar skuldbindingar en er engu að síður afar verðmæt fyrir alla íslenska aðila sem vilja stuðla að framgangi málsins eða koma að því með einhverjum hætti. Óbeinn stuðningur ráðuneytisins við Íslenska NýOrku hefur t.d. styrkt stöðu fyrirtækisins mjög í samskiptum við erlend stórfyrirtæki og ekki síst við Evrópusambandið. Utanríkisþjónustan hefur einnig verið vel vakandi yfir málinu og sendiráð Íslands (t.d. í Belgíu, Þýskalandi, Japan og Bandaríkjunum) hafa veitt ómælda aðstoð sem ekki er hægt að verðmeta.

Fyrir utan vetnisrannsóknir sem stundaðar hafa verið við Háskóla Íslands hafa Iðntæknistofnun, Landsvirkjun, Hitaveita Suðurnesja og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins beint og óbeint tekið þátt í rannsókna- og þróunarverkefnum tengdum vetnisrannsóknum. Þessir aðilar eru allir hluthafar í VistOrku, og taka flestir virkan þátt í rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samvinnu við Íslenska NýOrku.

2. *Hversu miklu fé hefur ríkisstjórnin veitt til rannsókna eða verkefna til að kanna vetnisvæðingu bifreiða- og skipaflota?*

Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefur iðnaðarráðuneytið lýst yfir vilja sínum til að gerast beinn aðili að VistOrku með því að leggja fram 80 millj. kr. til hlutafjárkaupa og eignast þar með 14,3% hlut í fyrirtækinu. Þetta framlag hefur ekki enn verið greitt en þess er að vænta að tveir þriðju hlutar þess verði greiddir á þessu ári og þriðjungur árið 2003. Þetta framlag hefur allt verið eyrnamerkt svokölluðu ECTOS-verkefni, sem er uppbygging vetnisstöðvar og tilraunaakstur með þrjá vetnisvagna. Framlag ríkisins var háð því að önnur fjármögnun

verkefnisins væri tryggð og var þá fyrst og fremst horft til þess að verkefnið fengi verulega styrki frá Evrópusambandinu, sem gekk eftir eins og væntingar stóðu til. Að auki hefur ríkið komið að fjármögnuninni með aðild annarra opinberra aðila sem eru hluthafar í VistOrku. Þeir eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsvirkjun, Iðntæknistofnun og Háskólasjóður.

3. *Hvaða styrkir hafa fengist til þessara verkefna og hvernig er þeim styrkveitingum varið?*

Fyrrnefnt ECTOS-verkefni fékk 2,85 milljónir evra frá Evrópusambandinu og eru þeir fjármunir notaðir við framkvæmd verkefnisins. Aðrir styrkir frá Evrópusambandinu eru 300.000 evrur sem gengið hafa til ýmissa verkefna (athugunar á hagkvæmni vetnisútflutnings, uppbyggingar innviða á Íslandi til vetnisdreifingar, o.fl.). Styrkir frá öðrum aðilum, innlendum sem erlendum, nema á bilinu 2–3 millj. kr. og hafa verið notaðir að hluta í sömu verkefni en einnig til undirbúnings verkefna, t.d. við að koma saman verkefnahóp um að vetnisvæða fiskiskipaflotann.

998. Svar [449. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um mat á umhverfisáhrifum djúpborunar eftir jarðhita.

1. *Hvaða djúpborunarverkefni hafa verið tilkynnt Skipulagsstofnun frá því að ný lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi árið 2000 og í hvaða tilfellum hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að þau skuli háð mati á umhverfisáhrifum?*

Samkvæmt upplýsingum Skipulagsstofnunar hafa eftirfarandi framkvæmdir verið tilkynntar vegna matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum:

- Borun rannsóknarholu við Trölladyngju á Reykjanesskaga. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var að borunin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Rannsóknarboranir við Kröflu, Skútustaðahreppi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var að ef rannsóknarholur yrðu boraðar á Leirhnjúkssvæði og vestursvæði við Kröflu kynni það að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og væri því háð mati á umhverfisáhrifum en ef rannsóknarholur yrðu boraðar á austursvæði og suðursvæði við Kröflu væri það ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Borun tveggja rannsóknarhola á Hengilssvæði, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Borun rannsóknarholu við Þeistareyki, Aðaldælahreppi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Annar áfangi rannsóknarborana á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2. *Hvaða djúpborunarverkefni voru háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993?*

- Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi, 40 MWe, og 132 kV háspennulína að Kröflustöð, Skútustaðahreppi.
- Jarðhitanýting á Reykjanesi. Borun rannsóknarholu og lagning vegar á Ölkelduhálsi.
- Borun rannsóknarholu í Grændal, Ölfusi, lagning vegar, gerð borstæðis og borframkvæmd.

3. *Hverjar hafa verið niðurstöður mats á umhverfisáhrifum í þeim tilfellum sem það hefur farið fram?*

- Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi, 40 MWe, og 132 kV háspennulína að Kröflustöð. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum var að fram þyrfti að fara frekara mat.
- Jarðhitanýting á Reykjanesi. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum var að fallist var með skilyrðum á nýtingu orku og förgun affallsvatns úr borholu 9 og 10 og borun innan núverandi iðnaðarsvæðis. Frekara mat skyldi fara fram á jarðnýtingu á Reykjanesi umfram framangreint.
- Ölkelduháls, borun rannsóknarholu og lagning vegar. Fallist var á framkvæmdina með skilyrðum.
- Borun rannsóknarholu í Grændal, Ölfusi, lagning vegar, gerð borstæðis og borframkvæmd. Fallist var á framkvæmdina með skilyrði varðandi rannsóknarholu á borstað A í 85 m hæð yfir sjávarmáli á áreyrum. Ráðast skyldi í frekara mat á borun rannsóknarholu í Grændal, lagningu vegar og gerð borstæðis.

4. *Hefur verið leitað álits Náttúruverndar ríkisins um þau djúpborunarverkefni sem Skipulagsstofnun hefur fjallað um og hver hafa sjónarmið stofnunarinnar verið samanborið við úrskurði Skipulagsstofnunar?*

Náttúruvernd ríkisins er lögbundinn umsagnaraðili við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Leitað hefur verið umsagnar stofnunarinnar um allar framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og einnig hefur umsagnar verið leitað um matsskyldu framkvæmda sem falla undir 2. viðauka sömu laga.

Hvað varðar framkvæmdir, þ.e. djúpboranir, sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka hefur verið samræmi milli sjónarmiða Náttúruverndar ríkisins og úrskurða Skipulagsstofnunar. Hvað varðar tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. 2. viðauka hefur afstaða Náttúruverndar ríkisins í tveimur tilfellum af fimm og að hluta í einu verið önnur en niðurstaða Skipulagsstofnunar. Í þeim tilvikum taldi Náttúruvernd ríkisins að viðkomandi framkvæmdir ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en ákvörðun Skipulagsstofnunar var að svo skyldi ekki vera. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir eru:

- Borun rannsóknarholu við Trölladyngju. Náttúruvernd ríkisins taldi að borun rannsóknarholu við Trölladyngju gæti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin hefði ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins kærði þann úrskurð til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar með breytingum.
- Boranir á Kröflusvæðinu. Náttúruvernd ríkisins mat málin svo að rannsóknarboranir við Kröflu hefðu í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu háðar mati samkvæmt lögum nr. 106/2000, og að líta yrði á allar framkvæmdir við Kröflusvæðið í samhengi. Skipulagsstofnun taldi að borun rannsóknarhola á Leirhnjúkssvæði og vestursvæði

kynnu að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldu því háðar mati á umhverfisáhrifum en borun rannsóknarhola við Kröflu á austursvæði og suðursvæði væru ekki líklegar til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skyldu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.
- Þeistareykir. Náttúruvernd ríkisins taldi að framkvæmdir ættu að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að borun rannsóknarholu væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5. *Eru einhverjar umsóknir um leyfi til djúpborunar óafgreiddar um þessar mundir?*

Að svo miklu leyti sem djúpboranir eru leyfisskyldar í tengslum við löggjöf sem heyrir undir umhverfisráðuneyti er um að ræða náttúruverndarlög, nr. 44/1999. Náttúruvernd ríkisins er leyfisveitandi fyrir framkvæmdum á friðlýstum svæðum og því þarf leyfi stofnunarinnar fyrir djúpborunum innan þeirra. Samkvæmt upplýsingum Náttúruverndar ríkisins liggja ekki fyrir hjá stofnuninni neinar óafgreiddar umsóknir um djúpboranir á friðlýstum svæðum. Samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þarf að sækja um rannsóknarleyfi til iðnaðarráðherra vegna rannsókna á jarðhitasvæðum og skal leita umsagnar umhverfisráðuneytis áður en leyfi er veitt. Ráðuneytinu er kunnugt um að bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur hafa sótt um rannsóknarleyfi á Brennisteinsfjallasvæðinu en þær hafa ekki verið afgreiddar enn. Iðnaðarráðuneyti hefur nú þegar leitað eftir umsögn umhverfisráðuneytis um umsóknir um rannsóknarleyfi á Brennisteinsfjallasvæðinu. Umhverfisráðuneyti leitaði eftir umsögnum Náttúruverndar ríkisins og liggja þær fyrir og er málið til umfjöllunar í ráðuneytinu. Iðnaðarráðuneyti hefur ekki gefið út rannsóknarleyfi til Orkuveitu Reykjavíkur.

6. *Hvernig hefur verið staðið við verndarákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, í þeim tilfellum sem heimiluð hefur verið djúpborun eftir jarðhita?*

Samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd skulu eftirfarandi jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m^2 að stærð eða stærri,
c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m^2 að stærð eða stærri,
e. sjávarfitjar og leirur.

Framkvæmdir sem tengjast rannsóknarborunum hafa haft áhrif á eldhraun og eldvörp og fyrirhugaðar framkvæmdir munu í einhverjum tilvikum raska eldhraunum, þ.e. hraunum frá nútíma.

Náttúruvernd ríkisins hefur fjallað um þær boranir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og raskað hafa eldhraunum/eldvörpum. Um er að ræða borun rannsóknarholu við Tröllladyngju, rannsóknarhola á Hellisheiði og rannsóknarboranir við Þeistareyki en í þessum tilvikum er um að ræða lagningu vegar yfir nútímahraun og efnistöku úr gíg í tengslum við rannsóknarholu við Tröllladyngju. Í þessum tilvikum hefur verið leitast við að forðast röskun jarðmyndana og vistkerfa eins og kostur er. Við boranir sem ekki eru háðar mati á umhverfisáhrifum hefur í flestum tilfellum ekki verið haft samráð við Náttúruvernd ríkisins og því liggja ekki fyrir upplýsingar um rask sem orðið hefur vegna þeirra framkvæmda.

999. Svar [476. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Íbúðalánasjóður.

Í samræmi við stefnu stjórnvalda um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni var sett upp starfsstöð á Sauðárkróki við stofnun Íbúðalánasjóðs. Þar starfa nú um 12 manns í 10 stöðugildum.

Árið 2001 bættist eitt stöðugildi í umsýslu með verðbréf við þau störf sem fyrir voru. Til viðbótar var þjónustuver Íbúðalánasjóðs flutt til Sauðárkróks haustið 2001 og við það fjölgaði stöðugildum á Sauðárkróki um eitt. Öll símsvörun Íbúðalánasjóðs er nú á Sauðárkróki.

Vinnumálastofnun.

Á síðasta ári var bætt við starfsmanni í fullu starfi hjá Vinnumálastofnun í Vestmannaeyjum til að styrkja þjónustuna við það byggðarlag. Í sama tilgangi var starfshlutfall starfsmanns á Húsavík aukið úr hálfu starfi í fullt.

Vinnumálastofnun er að gera tilraun með að flytja símavörslu stofnunarinnar til Stöðvarfjarðar. Það er rúmlega eitt starf. Ráðgert var að af þessu yrði 1. mars 2002 og ef vel gengur verður þetta fyrirkomulag notað til frambúðar. Í febrúar var unnið að því að leysa tæknileg vandamál en líkur á að úr leystist.

Stofnunin hefur leitast við að nota þjónustu á landsbyggðinni ef hún er í boði. M.a. hefur grafískur hönnuður á Flateyri hannað kynningarveggspjöld fyrir stofnunina auk þess sem bæklingar stofnunarinnar hafa verið unnir og prentaðir á Akureyri og fréttabréfið sömuleiðis.

Af um 80 starfsmönnum stofnunarinnar eru 35 á landsbyggðinni á tíu skrifstofum.

Vinnueftirlitið.

Á vegum Vinnueftirlitsins fjölgaði stöðugildum á landsbyggðinni um tæp tvö árið 2001. Eitt stöðugildi bættist við í Vestfjarðaumdæmi, starf eftirlitsmanns með vélum og tækjum. Á þremur eftirlitssvæðum á landbyggðinni var hálft stöðugildi gert að 75% stöðu. Aukin umsvif í umdæmum úti á landi hafa einkum verið vegna vélaeftirlits.

Hjá Vinnueftirlitinu er nú til skoðunar sá möguleiki að opna fjarvinnslustöð á landsbyggðinni til að annast skráningu og tölfræðiúrvinnslu vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Þar yrðu tvö stöðugildi, þar af eitt nýtt.

Jafnréttisstofa.

Eins og kunnugt er var ákveðið árið 2000 að Jafnréttisstofa skyldi hafa aðsetur á Akureyri og tók hún til starfa 1. september 2000. Þar eru nú 4,5 stöðugildi og við bættist ½ stöðugildi lögfræðings um síðustu áramót.

Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum.

Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum var formlega opnað 30. júlí 2001 af félagsmálaráðherra. Þar starfar einn starfsmaður. Hlutverk setursins er fjölbreytt, meðal annars á það að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda erlendu fólki að aðlagast íslensku þjóðfélagi.

Svæðisskrifstofur.

Starfsmannafjöldi svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á landsbyggðinni breyttist ekki árið 2001. Þó er vert að geta þess að á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, í Austur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum var rekstur málaflokksins alfarið í höndum sveitarfélaga.

Önnur verkefni.

Á vegum Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri var unnið að því 2001 að athuga áhrif sameiningar sveitarfélaga síðastliðin ár. Hér er um tímabundið samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins og Rannsóknarstofnunarinnar að ræða og verða niðurstöður kunngjörðar seinni hlutann í mars.

1000. Svar [330. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um greiðslu sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp.

1. *Hvaða breytingar, tölulegar og hlutfallslegar, hafa orðið á fjölda eininga, komufjölda sjúklinga og fjölda eininga á hverja komu í greiðslum sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp milli áranna 1997 og 2000, skipt eftir sérgreinum?*

Svar við spurningunni er að finna í meðfylgjandi töflum. Í töflu 1 er yfirlit yfir einingar, komur og útgjöld sjúkratrygginga (Tryggingastofnunar ríkisins) árin 1997 til 2000 eftir sérgreinum. Í töflu 2 eru breytingarnar frá upphafi tímabilsins til loka þess sýndar hlutfallslega. Auk þessa er frekari upplýsingar í töfluformi að finna í Staðtölum almannatrygginga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið út einu sinni á ári allt þetta tímabil. Nýjasta útgáfa Staðtalna er á heimasíðu stofnunarinnar, www.tr.is.

Helstu breytingar sem orðið hafa á þjónustu sérfræðilækna (klíníska sérfræðinga) við sjúklinga á árunum sem spurt er um eru þessar:

- greiðslueiningum hefur fjölgað um rúmlega 30%,
- komum sjúklinga hefur fjölgað um 9,2%,
- greiðslueiningum á hverja komu hefur fjölgað um tæp 20%,
- útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins hafa aukist um rúmlega 100%,
- útgjöld Tryggingastofnunar á hverja komu hafa aukist um rúm 85%.

Hjá fjórum sérfræðilæknahópum hefur einingum fjölgað hvað mest á árunum sem spurt er um. Þetta eru háls-, nef- og eyrnalæknar (+83,6%), bæklunarlæknar (+77,1%), barnalæknar (+74,9%) og þvagfæralæknar (+73,1%).

Greiðslueiningum krabbameinslækna hefur fækkað (–48,7%) á árunum sem spurt er um. Sama er að segja um lyflækna (–11,4%). Annars fjölgaði einingum minnst hjá taugalæknum

(+9,6%), öldrunarlæknum (+11,2%), kvensjúkdómalæknum (+12,8%) og geðlæknum (+13,3%).

Sambandið á milli útgjalda Tryggingastofnunar, fjölda eininga og fjölda af komum til sværfingalækna vekur athygli. Á sama tíma og útgjöld TR jukust um 317,6% fjölgaði greiddum einingum einungis um 56,4% og komum sjúklinga fækkaði um 10,5%. Líklegasta skýring þessa er sú staðreynd að TR tekur hlutfallslega meiri þátt í kostnaði við dýrar aðgerðir en ódýrar. Eðli málsins samkvæmt tengjast sværfingalæknar helst hlutfallslega dýrum verkum en þeim hefur fjölgað verulega.

Tekið skal fram að hér er rætt um klíníska sérfræðinga. Einingar vegna rannsókna og röntgens eru ekki taldar með, en þeim greiðslueiningum fjölgaði mun minna en fyrir unnin klínísk læknisverk eins og fram kemur í töflu 2. Athyglisvert er að einingum á hverja komu sjúklings vegna rannsókna og röntgens fækkaði þótt heildarfjöldi eininganna ykist um meira en 22% á fjórum árum. Komum fjölgaði álíka mikið. Útgjöld TR vegna rannsókna og röntgens jukust um 37,1% á móti 102,1% aukningu hjá klínískum sérfræðingum og útgjöld TR á komu vegna rannsókna og röntgens hækkuðu um tæplega 11% á sama tíma og útgjöld TR á komu til klínísks sérfræðings hækkuðu um 85,1% eins og áður kom fram.

Tafla 1. Sérfræðilækningar, einingar, komur og útgjöld Tryggingastofnunar árin 1997 til 2000 eftir sérgreinum.

Sérgreinar	Einingar	Komur	Einingar /komur	Útgjöld TR	Útgjöld /komur
1997					
Augnlæknar	1.119.284	50.343	22,2	90.383	1.795
Barnalæknar	571.063	24.063	23,7	39.543	1.643
Bæklunarlæknar	557.905	17.595	31,7	41.233	2.343
Geðlæknar	809.522	27.753	29,2	73.826	2.660
Barna- og unglingageðlæknar					
Háls-, nef- og eyrnalæknar	507.131	23.304	21,8	33.272	1.428
Húðlæknar	484.693	21.109	23,0	33.685	1.596
Kvensjúkdómalæknar	715.491	34.389	20,8	38.722	1.126
Lyflæknar	1.791.023	63.075	28,4	149.612	2.372
Endurhæfingarlæknar	23.363	1.087	21,5	1.888	1.737
Skurðlæknar	429.031	15.080	28,5	30.292	2.009
Sværfingalæknar	815.777	15.029	54,3	40.864	2.719
Krabbameinslæknar	154.888	5.237	29,6	14.209	2.713
Taugalæknar	200.025	5.827	34,3	18.546	3.183
Þvagfæralæknar	178.435	7.212	24,7	13.826	1.917
Öldrunarlæknar	16.734	527	31,8	1.860	3.529
Lýtalæknar	147.039	3.525	41,7	11.598	3.290
Klíniskir læknar samtals	*8.521.402*	*315.155*	*27,0*	*633.359*	*2.010*
Lasermeðferð	0	0	0,0		
Rannsóknarlæknar	1.974.748	40.123	49,2	235.628	5.873
Röntgenlæknar/-stofur	2.224.964	30.792	72,3	225.200	7.314
Rannsóknir/röntgen samtals	*4.199.713*	*70.915*	*59,2*	*460.828*	*6.498*
Alls	**12.721.114**	**386.070**	**33,0**	**1.094.187**	2.834
1998					
Augnlæknar	1.177.806	51.459	22,9	109.910	2.136
Barnalæknar	655.430	25.366	25,8	55.921	2.205
Bæklunarlæknar	694.441	17.017	40,8	65.444	3.846
Geðlæknar	847.417	26.339	32,2	89.075	3.382
Barna- og unglingageðlæknar					
Háls-, nef- og eyrnalæknar	611.052	24.517	24,9	52.602	2.146

Sérgreinar	Einingar	Komur	Einingar /komur	Útgjöld TR	Útgjöld /komur
Húðlæknar	564.600	23.093	24,4	43.768	1.895
Kvensjúkdómalæknar	708.527	31.661	22,4	47.058	1.486
Lyflæknar	1.628.403	56.465	28,8	160.582	2.844
Endurhæfingarlæknar	7.313	338	21,6	622	1.840
Skurðlæknar	372.676	11.044	33,7	32.523	2.945
Svæfingalæknar	825.314	12.102	68,2	85.971	7.104
Krabbameinslæknar	130.537	4.293	30,4	14.212	3.311
Taugalæknar	215.961	6.078	35,5	23.416	3.853
Þvagfæralæknar	211.417	7.044	30,0	20.784	2.951
Öldrunarlæknar	7.337	214	34,3	944	4.411
Lýtalæknar	159.299	3.723	42,8	14.471	3.887
Klíniskir læknar samtals	*8.817.528*	*300.753*	*29,3*	*817.303*	*2.718*
Lasermeðferð	0	0	0,0		
Rannsóknarlæknar	1.916.383	42.021	45,6	238.438	5.674
Röntgenlæknar/-stofur	2.259.742	31.104	72,7	247.814	7.967
Rannsóknir/röntgen samtals	*4.176.125*	*73.125*	*57,1*	*486.252*	*6.650*
Alls	**12.993.653**	**373.878**	**34,8**	**1.303.555**	**3.487**
1999					
Augnlæknar	1.216.933	53.424	22,8	126.688	2.371
Barnalæknar	808.423	27.624	29,3	98.368	3.561
Bæklunarlæknar	985.359	22.065	44,7	111.253	5.042
Geðlæknar	895.915	26.391	33,9	99.183	3.758
Barna- og unglingageðlæknar					
Háls-, nef- og eyrnalæknar	889.812	33.859	26,3	90.385	2.669
Húðlæknar	598.715	23.010	26,0	57.360	2.493
Kvensjúkdómalæknar	787.427	32.464	24,3	56.116	1.729
Lyflæknar	1.463.134	51.130	28,6	158.576	3.101
Endurhæfingarlæknar					
Skurðlæknar	515.687	13.450	38,3	57.546	4.279
Svæfingalæknar	1.053.504	11.991	87,9	138.372	11.540
Krabbameinslæknar	85.929	2.834	30,3	10.108	3.567
Taugalæknar	210.400	5.614	37,5	23.641	4.211
Þvagfæralæknar	282.026	8.583	32,9	30.011	3.497
Öldrunarlæknar	12.419	325	38,2	1.717	5.283
Lýtalæknar	227.635	5.763	39,5	23.624	4.099
Klíniskir læknar samtals	*10.033.316*	*318.527*	*31,5*	*1.082.948*	*3.400*
Lasermeðferð	0	0	0,0		
Rannsóknarlæknar	2.157.262	46.225	46,7	272.324	5.891
Röntgenlæknar/-stofur	2.332.303	32.114	72,6	269.547	8.393
Rannsóknir/röntgen samtals	*4.489.565*	*78.339*	*57,3*	*541.871*	*6.917*
Alls	**14.522.881**	**396.866**	**36,6**	**1.624.819**	4.094
2000					
Augnlæknar	1.330.658	57.655	23,1	147.308	2.555
Barnalæknar	998.984	35.066	28,5	128.502	3.665
Bæklunarlæknar	988.325	21.785	45,4	125.468	5.759
Geðlæknar	917.063	28.006	32,7	104.999	3.749
Barna- og unglingageðlæknar	78.314	1.582	49,5	10.698	6.762
Háls-, nef- og eyrnalæknar	931.004	35.426	26,3	102.648	2.898
Húðlæknar	698.114	26.378	26,5	67.479	2.558
Kvensjúkdómalæknar	807.386	31.042	26,0	62.724	2.021
Lyflæknar	1.586.615	53.453	29,7	179.566	3.359
Endurhæfingarlæknar					
Skurðlæknar	678.106	16.149	42,0	81.524	5.048
Svæfingalæknar	1.275.692	13.448	94,9	170.664	12.691

Sérgreinar	Einingar	Komur	Einingar /komur	Útgjöld TR	Útgjöld /komur
Krabbameinslæknar	79.472	2.650	30,0	9.540	3.600
Taugalæknar	219.216	5.990	36,6	25.629	4.279
Þvagfæralæknar	308.838	9.115	33,9	33.590	3.685
Öldrunarlæknar	18.603	491	37,9	2.611	5.318
Lýtalæknar	235.462	5.832	40,4	26.923	4.616
Klíniskir læknar samtals	*11.151.850*	*344.068*	*32,4*	*1.279.873*	*3.720*
Lasermeðferð	91.553	563	162,6	13.136	23.332
Rannsóknarlæknar	2.433.699	50.908	47,8	302.092	5.934
Röntgenlæknar/-stofur	2.622.389	36.282	72,3	316.476	8.723
Rannsóknir/röntgen samtals	*5.147.641*	*87.753*	*58,7*	*631.704*	*7.199*
Alls	**16.299.491**	**431.821**	**37,7**	**1.911.577**	4.427

Tafla 2. Sérfræðilækningar, einingar, komur og útgjöld Tryggingastofnunar, hlutfallslegar breytingar 1997 til 2000.

Sérgreinar	Einingar	Komur	Einingar /komur	Útgjöld TR	Útgjöld /komur
Augnlæknar	18,9%	14,5%	3,8%	63,0%	42,3%
Barnalæknar	74,9%	45,7%	20,0%	225,0%	123,0%
Bæklunarlæknar	77,1%	23,8%	43,1%	204,3%	145,8%
Geðlæknar	13,3%	0,9%	12,3%	42,2%	40,9%
Barna- og unglingageðlæknar					
Háls-, nef- og eyrnalæknar	83,6%	52,0%	20,8%	208,5%	102,9%
Húðlæknar	44,0%	25,0%	15,3%	100,3%	60,3%
Kvensjúkdómalæknar	12,8%	-9,7%	25,0%	62,0%	79,5%
Lyflæknar	-11,4%	-15,3%	4,5%	20,0%	41,6%
Endurhæfingarlæknar					
Skurðlæknar	58,1%	7,1%	47,6%	169,1%	151,3%
Svæfingalæknar	56,4%	-10,5%	74,8%	317,6%	366,7%
Krabbameinslæknar	-48,7%	-49,4%	1,4%	-32,9%	32,7%
Taugalæknar	9,6%	2,8%	6,6%	38,2%	34,4%
Þvagfæralæknar	73,1%	26,4%	36,9%	142,9%	92,2%
Öldrunarlæknar	11,2%	-6,8%	19,3%	40,4%	50,7%
Lýtalæknar	60,1%	65,4%	-3,2%	132,1%	40,3%
Klíniskir læknar samtals	*30,9%*	*9,2%*	*19,9%*	*102,1%*	*85,1%*
Lasermeðferð					
Rannsóknarlæknar	23,2%	26,9%	-2,9%	28,2%	1,0%
Röntgenlæknar/-stofur	17,9%	17,8%	0,0%	40,5%	19,3%
Rannsóknir/röntgen samtals	*22,6%*	*23,7%*	*-0,9%*	*37,1%*	*10,8%*
Alls	**28,1%**	**11,9%**	**14,6%**	**74,7%**	**56,2%**

2. Hvað skýrir framangreindar breytingar, skipt eftir sérgreinum?

Almennt má nefna sex þætti sem virðast að verulegu leyti stjórna þeim breytingum sem orðnar eru á þessu sviði frá 1997. Í fyrsta lagi eru það kjarasamningar við sjúkrahússlækna og samningar sérfræðilækna og Tryggingastofnunar ríkisins um sérgreinar sem ákvarða útgjöldin, greiðslueiningafjölda og greiðslueiningar á hverja komu sjúklings. Í öðru lagi helgast breytingarnar af beinum ákvörðunum um hvar læknisverkin eru gerð og hvernig. Í þriðja lagi kemur fram í breytingunum almenn tækniþróun og umtalsverðar breytingar og framfarir sem orðið hafa á undanförnum árum í lækningum og til dæmis breytt afstaða til þess hvort gera þarf aðgerð á spítala eða utan hans. Í fjórða lagi kemur fram í fjölda læknisverka í tilteknum sérgreinum hvernig háttað er gjaldtöku fyrir unnin læknisverk. Í fimmta lagi hafa allar breytingar í grunnþjónustunni, þ.e. í heilsugæsluþjónustunni, áhrif á eftirspurnina eftir þjón-

ustu sérfræðilækna og í sjötta lagi er ekki óhugsandi að breytingar í þjónustu sjúkrahúsa í bráð og lengd, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, ráði nokkru um það hvernig þjónusta sérfræðilækna utan spítalanna þróast. Hér er átt við sameiningu stóru spítalanna í Reykjavík og þá tilhneigingu til dæmis að gera ráð fyrir að Landspítali – háskólasjúkrahús sinni almennri þjónustu, sem að jafnaði er veitt annars staðar, vegna sumarlokana á viðkomandi stöðum eða samdrætti af öðrum orsökum.

Af tilteknum breytingum sem orðið hafa á þessu sviði eru þessar helstar:

- Stóru spítalarnir í Reykjavík voru sameinaðir í ársbyrjun 2000.
- Hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við læknisverk var minnkuð með reglugerð í apríl 1999. Þá voru komugjöld fyrir börn lækkuð umtalsvert.
- Samningar um ferliverk á spítölum voru gerðir í september 1998.
- Kjaranefnd úrskurðaði um laun heilsugæslulækna fyrsta sinni 1. apríl 1999.
- Sérfræðilæknisverk hafa flust frá sjúkrahúsum á einkastofur.
- Kjaradeila við tiltekna sérfræðilækna stóð til vors 1998.
- Greiðslueiningaverð sérfræðilækna hækkaði vorið 1998.
- Fastlaunasamningur við sjúkrahúslækna var gerður um áramótin 1997/1998.

Að endingu má segja um þær breytingar sem orðið hafa á sérfræðilæknisþjónustunni að svo virðist sem almennt framboð þjónustunnar og hvar hún er veitt ráði mjög miklu um það hvernig eða hvort sjúklingar notfæra sér hana. Þetta kemur t.d. fram þegar kostnaður við sérfræðilæknisþjónustuna á landinu öllu árið 1999 er skoðaður og sjúklingarnir flokkaðir eftir heimilisfangi. Þá kemur í ljós að þar sem framboð þjónustunnar er mest er kostnaðurinn einnig mestur. Kostnaður við sérfræðilæknisþjónustu á mann árið 1999 var til dæmis 273% meiri í Reykjavík en á Norðurlandi vestra og er þá miðað við heimilisfang sjúklings en ekki sérfræðilæknis. Samanlagður kostnaður TR og sjúklings árið 1999 var samkvæmt upplýsingum TR 7.712 kr. í Reykjavík en 2.825 kr. í Norðurlandskjördæmi vestra, sbr. súlurit.

Útgjöld vegna klínískra sérfræðilækninga á íbúa 1999, skipt eftir kjördæmum, upphæðir í kr.



Á árunum sem spurt er um hefur samninganefnd ríkisins samið um laun sjúkrahússlækna fyrir hönd ríkisins en samninganefnd TR hefur á umræddu tímabili samið við fulltrúa Læknafélags Íslands fyrir hönd hinna ýmsu sérgreina.

Á tímabilinu hefur verið samið um eftirfarandi breytingar á einingaverði til klíniskra sérfræðilækna, en þær þýða samtals 22,3% hækkun frá upphafi til loka tímabilsins.

1. janúar – 31. mars 1997	139 kr.
1. apríl 1997 – 1. febrúar 1998	145 kr.
1. mars – 31. desember 1998	160 kr.
1. janúar – 31. desember 1999	165 kr.
1. janúar – 31. desember 2000	170 kr.

Árið 1997 sagði meiri hluti nokkurra sérfræðingsstétta upp samningi við Tryggingastofnun, þvagfæralæknar frá 1. september, bæklunar- og skurðlæknar frá 1. október og háls-, nef- og eyrnalæknar frá 1. nóvember. Þá var samningur við lýtalækna laus í ársbyrjun 1998. Í mars það ár náðust samningar á ný við þessar stéttir. Sérhvert læknisverk er mælt í einingum og fyrir það greitt í samræmi við fjölda eininganna. Þeir samningar sem gerðir voru við sérfræðilækna í framhaldi af fyrrgreindum „deilum" fólu m.a. í sér endurmat á þeim læknisverkum sem Tryggingastofnun greiddi fyrir þannig að greiddar voru fleiri einingar að jafnaði fyrir hvert unnið læknisverk. Gera má ráð fyrir að þessi liður samninganna hafi þýtt u.þ.b. 10% aukningu á heildarútgjöldum Tryggingastofnunar að jafnaði vegna klíniskra sérfræðilækna, en útgjaldaaukningin var mjög mismunandi eftir sérgreinum.

Snemma árs 1999 var ákveðið að frá og með 1. apríl 1999 greiddi einstaklingur aldrei meira en sem næmi 5.000 kr. fyrir hverja komu til sérfræðilæknis, en sú fjárhæð var óbreytt til og með 30. júní 2001. Af töflunum tveimur má glögglega sjá að áhrif þessa hámarksgjalds koma einna helst fram hjá aðgerðalæknum eins og skurð-, bæklunar- og svæfingalæknum, en dýrustu verkin sem Tryggingastofnun greiðir fyrir tilheyra þessum sérgreinum. Í þessum greinum hefur einingum á komu fjölgað hvað mest. Ákveðið var að lækka komugjöld barna til klíniskra sérfræðilækna frá sama tíma. Í stað þess að börn greiddu sömu fjárhæð og fullorðnir fyrir komu til sérfræðilæknis skyldu þau greiða það sama og lífeyrisþegar, þannig að komugjöldin lækkuðu um u.þ.b. tvo þriðju fyrir hvert skipti. Áhrif þessa koma einnig skýrt fram í töflunum. Útgjöld Tryggingastofnunar vegna barnalækna meira en tvöfölduðust frá 1998 til 2000, enda fjölgaði komum um rúm 38% og einingum á komu um 10,5% á þessum sama tíma. Þessi útgjaldaþáttur kann að hluta að skýrast af því að skráðum komum á ársverk læknis á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði árið 1999 miðað við fyrra ár, frá 3.190 í 2.850. Í þessu sambandi skal tekið fram að komur á Læknavaktina, sem rekin er af heilsugæslulæknum, voru umtalsvert fleiri árið 2000 en þremur árum fyrr (Heilbrigðisþjónusta — þróun umfangs — 1997 til 2000, VSÓ, 2000).

Í þessum gögnum Tryggingastofnunar kemur ekki fram að 1. júlí 1998 hætti stofnunin að greiða fyrir ferliverk sem unnin voru inni á sjúkrahúsum. Þess í stað var fé flutt frá stofnuninni, sem svaraði til 3,3 milljóna eininga, til sjúkrahúsanna sem þá varð hluti af fastri fjárveitingu þeirra. Þessi flutningur á einingum skýrir m.a. fækkun á komum til krabbameinslækna sem Tryggingastofnun greiðir fyrir og lækkun á útgjöldum hennar vegna þessarar sérgreinar. Í stað þess að þjónusta við krabbameinssjúka fari að stórum hluta fram á einkareknum stofum fer hún nú fram innan veggja sjúkrahúsanna, einkum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Sama gildir einnig um ákveðnar sérgreinar innan lyf- og öldrunarlækninga. Þegar horft er til þessara flutninga á einingum frá Tryggingastofnun til sjúkrahúsa hefur greiddum einingum vegna ferliverka (þ.e. læknisverka sem krefjast ekki innlagnar sjúklings) á þessu tímabili fjölgað um 70% en ekki 31% eins og gögn Tryggingastofnunar gefa til kynna.

Samkvæmt samningum Tryggingastofnunar ríkisins við Læknafélagið er það svo að þegar nýr sérfræðingur tilkynnir sig hjá stofnuninni stækkar greiðslueiningapottur viðkomandi sérgreinar um u.þ.b. 60–80 þúsund einingar á ári miðað við fullt starf, en það svarar til 11–15,5 millj. kr. kostnaðar miðað við núgildandi einingaverð. Í þeim skilningi fylgir hverjum nýjum sérfræðingi eins konar kvóti sem Tryggingastofnun er skylt að greiða. Að vísu er það svo að hætti læknar á samningi við stofnunina minnkar potturinn að sama skapi, en það gerist sjaldnar en hitt. Sérfræðingum á samningi hjá Tryggingastofnun fjölgaði um 6% þegar borið er saman tímabilið júlí–desember 1998 og sama tímabil 2000. Fjölgunin er mest í hópi barnalækna og skurðlækna.

Í stuttu máli er niðurstaða þessa sú að frá 1997 til 2000 hafa greiðslur Tryggingastofnunar til klínískra sérfræðilækna ríflega tvöfaldast og er þá ekki horft til þeirrar ferliverkastarfsemi sem á sér stað inni á stofnunum. Um þriðjung aukningarinnar má rekja til verðbreytinga og tvo þriðju hluta til magnbreytinga sem orðið hafa á tímabilinu. Þær skýrast af því sem fram kemur hér að framan.

Eins og komið hefur fram hefur greiðslueiningum lækna fjölgað mjög á þeim árum sem spurt er um. Breytingarnar eru afar mismunandi eftir sérgreinum. Skýringarnar eru í sumum tilvikum augljósar og einfaldar en í öðrum tilvikum er afar flókið og erfitt að skýra breytingarnar án þess að leggja í frekari rannsóknir á því hvað nákvæmlega hefur gerst á þessu sviði. 6% fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á árunum sem spurt er um hefur vitaskuld áhrif á læknisþjónustu til aukningar en samspil grunnþjónustu og sérfræðilækninga er flóknara og erfiðara að greina.

1001. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Garðyrkjubýli, gróðrarstöð og garðyrkjustöð merkir í lögum þessum lögaðila eða býli, með virðisaukaskattsskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

2. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Um framleiðslu og verðmyndun gróðurhúsaafurða 2002–2011,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

a. (50. gr.)

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu og verðmyndun gróðurhúsaafurða eru:

a. að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum,
b. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu til hagsbóta fyrir grænmetisframleiðendur og neytendur,

c. að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda,
d. að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

b. (51. gr.)

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samning við Bændasamtök Íslands eða Samband garðyrkjubænda um verkefni til þess að ná settum markmiðum skv. 50. gr. Heimilt er að semja um beinar greiðslur til framleiðenda til lækkunar á verði einstakra tegunda afurða, framlög til rekstraraðfanga, framlög til fjárfestinga, framlög til úreldingar á gróðurhúsum og framlög til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að annast faglega umsjón með verkefnum sem samið er um skv. 1. mgr. og framkvæmd þeirra, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laga.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd verkefna skv. 1. mgr. Þar skal m.a. kveðið á um heildarfjárhæð beingreiðslna og skiptingu eftir tegundum, fjárhæð á kíló tegundar/afurðar og gæðaflokka eftir tímabilum, lækkun eða hækkun fjárhæðar á kíló tegundar/afurðar þegar frávik verða frá áætlun um selt magn. Landbúnaðarráðherra auglýsir áætlaðar beingreiðslur á kíló tegundar fyrir 15. desember og koma þær til greiðslu á næsta almanaksári.

c. (52. gr.)

Rétt til beingreiðslna eiga allir framleiðendur tegunda sem samið er um skv. 51. gr. en réttur til beingreiðslna takmarkast jafnframt við að um sé að ræða viðskipti milli bókhaldsskyldra einstaklinga eða lögaðila með virðisaukaskattsskylda veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að halda skrá yfir rétthafa beingreiðslna samkvæmt þessum kafla. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslna.

d. (53. gr.)

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um uppgjör beingreiðslna, þar á meðal um skyldu umsækjenda til að taka fram upplýsingar um afurð, verð og viðskiptakjör og um frágang viðskiptaskjala.

Ef framleiðandi verður ekki við kröfum skv. 1. mgr. skal réttur til beingreiðslna felldur niður þar til framleiðandi hefur gert fullnægjandi úrbætur. Framleiðandi sem hefur tekið við beingreiðslum á grundvelli rangrar upplýsingagjafar skal endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi.

e. (54. gr.)

Ákvæði 42. gr. um úrskurðarnefnd gilda einnig um ágreining um beingreiðslur samkvæmt þessum kafla.

Allir framleiðendur vörutegunda sem samningar skv. 51. gr. ná til eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttur til beingreiðslna skv. XI. kafla árin 2002 og 2003 skal takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um beingreiðslur vegna, eða vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Þessi réttur er bundinn framleiðslustað en ekki framleiðanda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan landbúnaðarráðherra og hefur að geyma breytingar á ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sem miða að því að hafa áhrif á framleiðslu og markaðssetningu gróðurhúsaafurða og garðávaxta.

Frumvarpið á rætur að rekja til þess að á árinu 2000 og í byrjun árs 2001 urðu miklar umræður um verðlagningu og verðhækkanir sem orðið höfðu á grænmeti hér á landi á undanförnum árum og mánuðum.

Í apríl 2001 skipaði landbúnaðarráðherra starfshóp um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta sem m.a. var falið að meta starfsskilyrði við álagningu tolla og verðmyndun á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum við framleiðslu, heildsölu og smásölu. Enn fremur skyldi starfshópurinn gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um hvernig tryggja mætti framleiðslumöguleika íslenskrar garðyrkju og lækka verð á gróðurhúsaafurðum og garðávöxtum til neytenda. Lögð var áhersla á að tillögugerð yrði hraðað svo sem frekast væri unnt. Starfshópinn skipuðu: Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fulltrúi sömu samtaka, Elín Björg Jónsdóttir, formaður Foss, fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kjartan Ólafsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, fulltrúi Bændasamtaka Íslands, Kristján Bragason, framkvæmdastjóri SGS, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, fulltrúi sömu samtaka, Ólafur Friðriksson deildarstjóri, fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, og Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Starfshópurinn hóf þegar störf og aflaði ýmissa gagna, m.a. fól hann ASÍ að gera verðkannanir fyrir og eftir tollabreytingu á grænmeti síðasta vor. Einnig var unnin á vegum starfshópsins skýrsla um grænmetismarkaðinn í Danmörku þar sem lýst var markaðsfyrirkomulagi og verðmyndun á kartöflum, tómötum, salati, agúrkum, papriku, sveppum, hvítkáli, blómkáli og gulrótum tímabilið 1999–2000 og janúar–maí 2001. Þá var aflað ítarlegra gagna um opinberar stuðningsaðgerðir í Evrópusambandinu og verðmyndun grænmetis og kartaflna í Noregi. Auk þessa aflaði starfshópurinn ýmissa upplýsinga, m.a. frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Sambandi garðyrkjubænda, Garðyrkjuskóla ríkisins, Hagstofu Íslands, ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara, Samkeppnisstofnun, Sölufélagi garðyrkjumanna svf., Ágæti hf., Banönum ehf., Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, tollstjóranum í Reykjavík og Þjóðhagsstofnun, svo og frá fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti.

Í áfangatillögu starfshópsins til landbúnaðarráðherra frá 30. apríl 2001 var lagt til að tollar á afurðir innan 7. kafla tollskrár sem ekki eru framleiddar hér á landi yrðu felldir niður. Á grundvelli þessarar áfangatillögu lagði landbúnaðarráðherra fyrir ríkisstjórn 4. maí 2001 frumvarp til laga um breytingu á tollalögum sem ráðgjafanefnd um inn- og útflutning land-

búnaðarvara hafði samið að beiðni hans. Frumvarpið fól í sér möguleika til að gefa aukið svigrúm til að fjölga þeim grænmetistegundum og því magni sem unnt yrði að flytja inn á lægri tollum eða án tolla. Um var að ræða vörur svo sem lauk, rósakál, jöklasalat, ertur og belgaldin, spergil, kúrbít, ólífur o.fl. Með lögum nr. 86/2001, um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, varð frumvarpið að lögum. Með reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla kom þessi tillaga til framkvæmda með niðurfellingu á 30% verðtolli sem lagður var á þessar afurðir auk nokkurra magntolla.

Sem kunnugt er hefur garð- og gróðurhúsaframleiðsla hér á landi aðeins fengið stuðning af aðflutningsgjöldum við innflutning eftir að innflutningur þessara afurða var gefinn frjáls við fullgildingu Íslands á samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar árið 1995 (WTO-samningurinn) ásamt lagabreytingum sem fylgdu í kjölfarið. Í samanburði við aðrar búgreinar hefur þetta leitt til þess að neytendaverð á garð- og gróðurhúsaafurðum hefur verið tiltölulega hátt.

Í áfangaáliti starfshópsins var lagt til að kannað yrði hvort æskilegt væri að taka upp beinar greiðslur til framleiðenda eða aðrar stuðningsaðgerðir í formi framlaga í stað markaðsverndar í formi tolla, svo og hvort fé skyldi varið til rannsóknar- og þróunarverkefna á sviði garðyrkju. Ljóst er að ákvarðanir um slíkar greiðslur verður að taka með hliðsjón af þeim takmörkunum sem alþjóðlegir samningar setja um þetta fyrirkomulag greiðslna, m.a. WTO-samningurinn frá 1995. Í áliti starfshóps landbúnaðarráðherra var niðurstaðan að WTO-samningurinn gæfi svigrúm til að veita þau framlög sem tillögur hópsins fela í sér.

Lokatillögur starfshópsins til landbúnaðarráðherra í janúar 2002 voru eftirfarandi:

1. Verðtollur, sem nú er 30%, verði felldur niður af útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum. Magntollur sem tryggi markaðsstöðu innlendra afurða verði lagður á þegar framboð af innlendri framleiðslu er nægjanlegt að magni og gæðum. Þá er lagður til aukinn sveigjanleiki á tollum þannig að heimilt verði að skipta verð- og/eða magntolli upp í $^{10}/_{100}$ í stað $^{25}/_{100}$ á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B við tollalög, nr. 55/1987.
2. Til að lækka verð til neytenda falli verð- og magntollur niður af gúrkum, tómötum og papriku. Teknar verði upp beingreiðslur til framleiðenda út á þessar afurðir til að jafna samkeppnisskilyrði innlendra aðila gagnvart innflutningi. Heildarfjárhæð beingreiðslna á ári verði 195 millj. kr. sem skiptist niður á framleitt magn einstakra afurða innan ársins samkvæmt staðfestum upplýsingum um sölu þessara afurða, eftir nánari reglum.
3. Ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar á verði sem sé sambærilegt við það sem er í boði erlendis (Noregur, Kanada). Enn fremur verði veittir styrkir til fjárfestingar í lýsingarbúnaði í ylrækt sem nemi um 30% af kostnaði að hámarki, þó ekki umfram tiltekna fjárhæð á hvern fermetra. Áætlaður kostnaður þessa liðar er 30–35 millj. kr. á ári.
4. Boðnir verði styrkir til úreldingar á gróðurhúsum sem hafa verið í framleiðslu síðustu tvö ár, allt að 30 millj. kr. á ári í fimm ár, eftir nánari reglum. Í tillögunni er gert ráð fyrir að þessir styrkir verði takmarkaðir við gróðurhús þar sem framleiðsla grænmetis hefur farið fram árin 2000 og 2001.
5. Veitt verði sérstök framlög úr ríkissjóði, 25 millj. kr. á ári, til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt og garðrækt í þeim tilgangi að efla samkeppnishæfni greinarinnar.
6. Tekin verði til endurskoðunar stofnlán til garðyrkju, fjármögnun og stærðarmörk í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fyrirkomulag þeirra stuðli að óhagkvæmni í greininni.

7. Hvatt verði til öflugs verðlagseftirlits þar sem komið verði á formlegu samstarfi Bændasamtaka Íslands/Sambands garðyrkjubænda, verkalýðshreyfingar, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda til greiningar og upplýsinga um myndun verðlags á grænmeti og ávöxtum.

Landbúnaðarráðherra hefur nú þegar lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, sem miðar að því að koma í framkvæmd tillögu í 1. tölul. í áliti starfshóps landbúnaðarráðherra. Af grænmetistegundum sem breytingin nær til má nefna hvítkál, rauðkál, kínakál, spergilkál og rauðrófur. Verðtollurinn hefur þegar verið felldur niður með reglugerðum nr. 114/2002 og 115/2002. Hins vegar er gert ráð fyrir að magntollum verði beitt þegar framboð af innlendri framleiðslu er nægjanlegt að magni og gæðum og lagt er til að þeim verði áfram stjórnað með reglugerð. Til að auka sveigjanleika við álagningu tolla þarf að breyta 3. mgr. 6. gr. A tollalaga, nr. 55/1987, þannig að heimilt verði að skipta verð- og/eða magntolli upp í $^{10}/_{100}$ í stað $^{25}/_{100}$ á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B við tollalög en þær breytingar eru fólgnar í fyrirliggjandi frumvarpi landbúnaðarráðherra.

Í samræmi við greinargerð með tillögu í 2. tölul. hafa verð- og magntollar af gúrkum, tómötum og papriku verið felldir niður með reglugerð nr. 115/2002 en í stað þess er gert ráð fyrir að teknar verði upp beingreiðslur til framleiðenda fyrir þessar afurðir til að jafna samkeppnisskilyrði innlendra aðila gagnvart innflutningi. Í álitinu er lagt til að heildarfjárhæð beingreiðslna verði 195 millj. kr. á ári fyrir þessar afurðir en sú fjárhæð er grundvölluð á framleiðslumagni þessara afurða og mismuni á verði til framleiðenda og verðum þessara tegunda á mörkuðum erlendis. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að tilgreindar fjárhæðir verði nýttar til að lækka verð afurðanna en þær eru eftirfarandi miðað við áætlað magn:

a. Af tómötum alls 81 millj. kr. á ári sem svarar til 82 kr./kg.
b. Af gúrkum alls 74 millj. kr. á ári sem svarar til 73 kr./kg.
c. Af papriku alls 40 millj. kr. á ári sem svarar til 190 kr./kg.

Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir að innan ársins verði greitt tiltekið hlutfall af áætlaðri greiðslu á kíló (t.d. 75–80%). Í lok hvers árs fari fram lokauppgjör til framleiðenda þannig að til greiðslu fyrir hverja þessara afurða komi áðurnefnd heildarfjárhæð. Aukist framleiðslumagn hverrar tegundar frá því sem áðurnefnd áætlun um einingaverð og heildarfjárhæðir byggist á lækka beingreiðslur fyrir hvert kíló hlutfallslega. Verði samdráttur í magni innan árs hækka beingreiðslur á einingu þó ekki umfram 5% það ár. Það sem afgangs kann að verða af fjármunum sérhverrar afurðar deilist á hinar afurðirnar í hlutfalli við magnaukningu hafi hún orðið, að öðrum kosti falla þeir niður.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að beingreiðslur til hvers framleiðanda verði greiddar mánaðarlega gegn framvísun afreiknings sem er áritaður af löggiltum endurskoðanda og eru þær bundnar við viðskipti milli bókhaldsskyldra einstaklinga eða lögaðila með virðisaukaskattsskylda veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Heimilt verður þó að greiða mismunandi háar beingreiðslur eftir tímabilum til að laga framleiðsluna sem best að eftirspurn. Allir framleiðendur á tómötum, gúrkum og papriku skulu eiga rétt samkvæmt framanskráðu á samningstímanum. Réttur til beingreiðslna árin 2002 og 2003 verði þó takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um beingreiðslur vegna, eða vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Þessi réttur verði bundinn framleiðslustað en ekki framleiðanda. Framleiðendur sem framleitt hafa eina tegund á árinu 2001 eða hafa hafið framleiðslu á viðkomandi tegund fyrir 1. mars 2002 geta haldið rétti til beingreiðslna ef þeir taka upp framleiðslu á öðrum tegundum sem veita rétt til beingreiðslna á árunum 2002 eða 2003.

Við framkvæmd tillagna í 3.–5. tölul. er m.a. gert ráð fyrir að gróðurhúsalýsingar verði færðar yfir á nóttina, niðurgreiðslur greiddar úr ríkissjóði til orkusölufyrirtækja að hámarki 1,08 kr./kWst sem skiptist þannig að hluti greiðslunnar fer til að lækka verð hverrar kWst utan álagstíma og hluti til aflkaupa vegna garðyrkju samkvæmt sérstökum samningi sem gerður verði hverju sinni milli Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar. Sömu kjör verði einnig í viðskiptum garðyrkjuframleiðenda við önnur orkusölufyrirtæki, t.d. þeirra aðila sem eru á orkusölusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Gert verði samkomulag milli orkusölufyrirtækja sem viðskipti eiga við garðyrkjubændur, Sambands garðyrkjubænda og iðnaðarráðuneytis um orkuviðskipti. Með þessum tillögum er stefnt að því að ylræktendum verði tryggt rafmagn til lýsingar á verði sem sé sambærilegt við verð erlendis (í Noregi og Kanada). Enn fremur er gert ráð fyrir að veittar verði árlega 5 millj. kr. í styrki til fjárfestingar í lýsingarbúnaði í ylrækt er nemi allt að 30% af kostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að veittir verði styrkir til úreldingar á gróðurhúsum þar sem framleitt var grænmeti árin 2000 og 2001 að hámarki 30 millj. kr. á ári að meðaltali í fimm ár eða alls 150 millj. kr. Miðað er við að heimilt verði að færa fjármuni milli ára. Gróðurhús sem úrelt hafa verið verði ekki heimilt að nota til framleiðslu og sölu garðyrkjuafurða og gert ráð fyrir að um það verði gerður bindandi samningur milli stjórnvalda og eigenda. Úrelding á gróðurhúsi kemur þó ekki í veg fyrir áframhaldandi framleiðslu grænmetis á viðkomandi býli og hagræðingu í rekstri þess með byggingu nýrra og hagkvæmari húsa. Til að efla samkeppnishæfni ylræktar og garðræktar er gert ráð fyrir að veitt verði framlög úr ríkissjóði til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna. Um verði að ræða stuðning til eflingar inni- og útiræktun á grænmeti og kartöflum. Eftirtalin verkefni hafi forgang: rekstrarhagræðing, ræktunartækni og endurmenntun bænda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tillögum í 2.–5. tölul. verði að vissu marki veitt lagagildi en þó þannig að landbúnaðarráðherra og Bændasamtökum Íslands verði veitt heimild til að semja um nokkur grundvallaratriði þeirra og jafnframt að nánari útfærsla á framkvæmd þeirra verði ákveðin í reglugerðum sem landbúnaðarráðherra setur. Nauðsynlegt er talið að landbúnaðarráðherra hafi víðtækar heimildir til að stjórna fjárhæðum beingreiðslna og öðrum ráðstöfunum sem fjallað er um í frumvarpinu þar sem gert er ráð fyrir að þessi atriði muni ráðast að verulegu leyti af framboði og eftirspurn einstakra vörutegunda á hverjum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Við skilgreiningar á hugtökum laganna er bætt skilgreiningu á garðyrkjubýli, gróðrarstöð, garðyrkjustöð.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér að bætt verður við nýjum kafla, sem verður XI. kafli og fjallar um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða, með fimm nýjum greinum, 50.–54. gr.

Um a-lið (50. gr.).

Í þessari grein eru sett fram markmið laganna um garð- og gróðurhúsaafurðir. Meginmarkmiðið er að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum jafnhliða því að treysta tekjugrundvöll framleiðenda. Með garð- og gróðurhúsaafurðum er átt við kartöflur, grænmeti og sveppi.

Um b-lið (51. gr.).

Greinin felur í sér nýmæli sem heimilar landbúnaðarráðherra að semja um stuðningsaðgerðir við framleiðendur garð- og gróðurhúsaafurða til að ná markmiðum sem sett eru fram í 50. gr. Hliðstæð ákvæði er að finna í 30. gr. laganna, sem kveður á um samninga milli stjórnvalda og samtaka bænda um starfsskilyrði mjólkur- og sauðfjárframleiðenda. Með ákvæðum greinarinnar eru sett í lög ákvæði til að koma í framkvæmd „aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða“ sem gerður hefur verið milli Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda annars vegar og landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hins vegar á grundvelli álits starfshóps landbúnaðarráðherra um framleiðslu og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta. Samningurinn er til tíu ára en var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis um nauðsynlega lagaheimild. Meginmarkmið samningsins er að stuðla að verðlækkun til neytenda með lækkun tolla og stuðningsaðgerðum við framleiðendur garð- og gróðurhúsaafurða til að mæta þeirri skerðingu á markaðsvernd sem framleiðendur hafa búið við. Gert er ráð fyrir að árleg framlög ríkissjóðs til að mæta þessari skerðingu nemi um 280 millj. kr. á ári. Þar af eru beingreiðslur til lækkunar á verði papriku, gúrkna og tómata 195 millj. kr. Til niðurgreiðslu á verði rafmagns til lýsingar og fjárfestingarbúnaðar í ylrækt eru ætlaðar 30 millj. kr. á ári en sú fjárhæð getur tekið breytingum í samræmi við breytingar á notkun rafmagns til lýsingar. Jafnframt eru ætlaðar 30 millj. kr. á ári í fimm ár til úreldingar óhagkvæmra gróðurhúsa til framleiðslu á papriku, tómötum og gúrkum, framlög til kynningar, rannsókna, þróunar og endurmenntunar eru áætluð 25 millj. kr. á ári. Framlög þessi eru óverðtryggð yfir tímabilið, en samið um að þau komi til endurmats fari árlegar verðlagshækkanir yfir 2,5% á ári. Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að fjárveitingar til áðurnefndra verkefna verði veittar hverju sinni með ákvæðum í fjárlögum á sama hátt og framlög ríkissjóðs vegna búvörusamnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar og samnings um framleiðslu sauðfjárafurða. Ákvæði greinarinnar fela í sér skyldu landbúnaðarráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd beingreiðslna til framleiðenda. Samið hefur verið um tiltekin framlög til framleiðenda á papriku, tómötum og gúrkum út frá áætlun um verð þessara afurða við innflutning og sölumagn innlendrar framleiðslu og söluverð. Landbúnaðarráðherra getur á samningstímanum tekið ákvörðun að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga um aðra skiptingu beingreiðslufjárhæðarinnar verði varanlegar breytingar á markaðsskilyrðum þessara afurða. Þá verður enn fremur heimilt með reglugerð að taka ákvörðun um hærri greiðslur á kíló sérafurða, svo sem kirsuberja-, kjöt- og klasatómata en fyrir venjulega tegund tómata og að greiða hærri beingreiðslur fyrir litaða papriku en græna. Enn fremur verði heimilt til að laga framleiðslu að markaði að greiða misháar beingreiðslur á kíló eftir árstíðum í samræmi við ákvæði samningsins. Þar sem beingreiðslur á kíló af tómötum, papriku og gúrkum samkvæmt ákvæðum samningsins munu fara eftir þeirri fjárhæð sem hverri tegund er ákveðin og seldu magni skal um það gerð áætlun fyrir komandi almanaksár sem auglýst skal af landbúnaðarráðherra fyrir 15. desember ári áður. Landbúnaðarráðherra verður heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að annast faglega umsjón þeirra verkefna sem samningurinn tekur til.

Um c-lið (52. gr.).

Réttur framleiðenda þeirrar tegundar grænmetis sem beingreiðslu nýtur er jafn og óháður framleiðslumagni og verður til hefji nýir framleiðendur framleiðslu. Aðkoma nýrra aðila verður þó takmörkuð tímabundið, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Til að eiga rétt til beingreiðslna sem fara fram samkvæmt viðskiptaskjölum um sölu afurðanna verða viðskipti að eiga sér stað milli tveggja bókhaldsskyldra aðila. Sala til einstaklinga sem neytenda fellur

ekki innan þessa ramma. Beingreiðslur verða enn fremur takmarkaðar við að um virðisauka-skattsskylda veltu verði að ræða. Handhafar beingreiðslna verða skráðir af framkvæmdaaðila samningsins. Aðeins einn handhafi skal skráður á hverju lögbýli en fleiri sé um sjálfstæða lögaðila að ræða.

Um d-lið (53. gr.).

Í aðlögunarsamningi um garðyrkjuna er samið um að komið verði á verðlagseftirliti milli aðila vinnumarkaðarins, bænda og stjórnvalda til að fylgjast ítarlega með verðmyndun garðyrkjuafurða auk garðávaxta. Greinin felur í sér mjög ríka skyldu þess sem leitar eftir beingreiðslum um upplýsingagjöf. Enn fremur mun það auðvelda að fylgjast með réttmæti þeirra krafna um beingreiðslur sem verða settar fram, m.a. með mati á verði í viðskiptum miðað við heildarfjárhæð viðskipta og magns.

Um e-lið (54. gr.).

Ágreiningi um beingreiðslur má skjóta til úrskurðarnefndar sem starfar skv. 42. gr. laganna. Á það við um frágang viðskiptaskjala, rétt til beingreiðslna og fjárhæðir til greiðslu hverju sinni ásamt öðrum álitamálum er upp kunna að koma, svo sem gæðaflokkun, verði greiðslur takmarkaðar við einstaka flokka. Þá eru almenn ákvæði í þessari grein um setningu reglugerðar samkvæmt ákvæðum XI. kafla, sem koma til viðbótar ákvæðum um reglugerðir sem skylt er að setja.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið felur í sér að gert er ráð fyrir að þeir einir sem voru við framleiðslu þessara afurða á árinu 2001 eða hófu framleiðslu fyrir 1. mars á árinu 2002 eigi rétt til beingreiðslna þessi tvö ár og er rétturinn bundinn við framleiðslustað en ekki framleiðanda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Tilgangur með frumvarpinu er að kveða á um fyrirkomulag framleiðslu og markaðssetningar gróðurhúsaafurða og garðávaxta. Frumvarpið gefur landbúnaðarráðherra jafnframt heimild til að gera samning við Bændasamtök Íslands og/eða Samband garðyrkjubænda um að lækka grænmetisverð til neytenda, auka hagkvæmni í greininni, treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda og styðja við framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu. Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökunum að annast faglega umsjón með samningnum.

Miðað við að framkvæmd frumvarpsins verði í samræmi við tillögur starfshóps um framleiðslu- og markaðsmál gróðurhúsaafurða og garðávaxta er kostnaður og tekjumissir sem frumvarpið hefur í för með sér fyrir ríkissjóð um 360 m.kr. árlega fyrstu fimm árin, en lækk-

ar svo í 330 m.kr. eftir það. Samanlagður kostnaður í tíu ár er um 3.450 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir 195 m.kr. árlegum niðurgreiðslum til framleiðenda papriku, tómata og agúrku, 30 m.kr. árlegs framlags í fimm ár til úreldingar gróðurhúsa, 25 m.kr. árlegs framlags til kynningar, rannsókna, þróunar og endurmenntunar í ylrækt og garðyrkju. Einnig er gert ráð fyrir að veitt verði 30 m.kr. árleg niðurgreiðsla á raflýsingu og verður að haga niðurgreiðslu á hverja kWst innan þeirra marka. Þess má geta að nú þegar njóta garðyrkjubændur 50 m.kr. afsláttar af raforkuverði samkvæmt sérstökum samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Loks er gert ráð fyrir að um 80 m.kr. tapist í innheimtum tollum á innflutt grænmeti. Samanlagt er því gert ráð fyrir 280 m.kr. kostnaði ríkissjóðs fyrstu fimm árin frá gildistöku laganna og 250 m.kr. árlegu framlagi eftir það, auk þess sem tekjur af tollum lækka varanlega um 80 m.kr.

1002. Frumvarp til laga [631. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar Birgisson, Vilhjálmur Egilsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ásta Möller, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Aðrir erfingjar en að framan greinir skulu greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði af arfi sem fellur til þeirra, svo og af arfshluta sem ráðstafað hefur verið til þeirra með erfðaskrá samkvæmt ákvæðum erfðalaga, nr. 8/1962.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Af þeim réttindum sem lög þessi taka til skv. 1. gr. og afhent eru sem greiðsla til erfingja fyrir fram upp í arf skal greiða erfðafjárskatt sem nemur 5 af hundraði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að miða fjárhæð erfðafjárskatts við sifjatengsl erfingja og arfleiðanda og þess í stað lagður á flatur 5% erfðafjárskattur á alla erfingja, hver sem sifjatengslin eru. Áfram er þó gert ráð fyrir að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt verði enginn erfðafjárskattur greiddur, svo og arfi sem fellur til kirkna, opinberra sjóða, líknar- og menningarstofnana eða félaga. Sama gildir um arf sem fellur til sambýlismaka samkvæmt arfleiðsluskrá, sbr. A-lið 2. gr. laga um erfðafjárskatt. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiddur verði 5% erfðafjárskattur af fyrirframgreiddum arfi. Gert er ráð fyrir að með 5%

erfðafjárskatti fáist nægjanlegt fé til að standa undir kostnaði af skiptum hvers dánarbús fyrir sig.

Samkvæmt lögum um erfðafjárskatt greiða niðjar hins látna, kjörbörn, stjúpbörn eða fósturbörn eða niðjar þeirra erfðafjárskatt þannig að af fyrstu 140.000 kr. eru greiddir 5 af hundraði, af næstu 140.000 kr. 6 af hundraði og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 10 af hundraði.

Foreldrar hins látna eða niðjar þeirra greiða 15 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 17 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði af hverjum 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 25 af hundraði.

Afi eða amma hins látna eða börn þeirra eða fjarskyldari eða óskyldir aðilar skulu greiða 30 af hundraði af fyrstu 140.000 kr., 33 af hundraði af næstu 140.000 kr. og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3 af hundraði við hverjar 140.000 kr. sem arfur hækkar um, allt til þess að hann nær því að verða 45 af hundraði.

Þær hámarkstölur sem nefndar eru hér að framan eiga einnig við um greiðslu fyrirframgreidds arfs eftir sifjatengslum.

Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns um erfðafjárskatt á 125. löggjafarþingi (609. mál, þskj. 1171) kom fram að ríkissjóður hefði innheimt eftirfarandi upphæðir sem erfðafjárskatt á árunum 1990–1999:

Ár	Kr.
1999	598.635.700
1998	523.077.489
1997	478.681.813
1996	460.064.441
1995	389.087.128
1994	407.543.848
1993	291.291.068
1992	272.093.675
1991	325.018.453
1990	234.226.392

Með innheimtu erfðafjárskatts er skattlagning í raun tvöföld þar sem búið er að greiða skatt af þeim fjármunum og verðmætum sem erfast. Samkvæmt núgildandi lögum eru erfingjar látnir greiða mismikla skatta af arfinum.

Mörgum dánarbúum er skipt á þann hátt að engir skattar eru greiddir. Með þessu frumvarpi mundi draga úr slíku og fólk greiddi þess í stað 5% skiptakostnað. Með frumvarpinu er jafnframt komið í veg fyrir að greiddur verði hár erfðafjárskattur af eign sem í raun er lítils virði, eins og gerst hefur í þeim tilvikum þar sem illseljanlegar eignir hafa fallið erfingjum í skaut.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að fjárhæð erfðafjárskatts ráðist af sifjatengslum erfingja við arfleiðanda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lagður verði 5% erfðafjárskattur á alla þá sem taka arf eftir arfleiðanda, aðra en maka eða sambýlismaka og kirkjur, opinbera sjóði, líknar- og menningarstofnanir eða félög.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að erfðafjárskattur af fyrirframgreiddum arfi nemi 5%.

1003. Tillaga til þingsályktunar [632. mál]

um hálendisþjóðgarð.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson, Lúðvík Bergvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að leggja undir þjóðgarð víðernin norðan og norðaustan Vatnajökuls.

Innan þjóðgarðs verði meðal annars eftirtaldir staðir og land: Tungnafellsjökull, Nýidalur, Gæsavötn, Askja, Herðubreið, Kverkfjöll, Krepputunga, Hvannalindir, Fagridalur, Grágæsadalur, Snæfell og Vesturöræfi, Eyjabakkar og Lónsöræfi.

Nyrðri mörk þjóðgarðsins verði svo norðarlega að allt vatnasvið Kreppu sé innan þjóðgarðsmarka.

Að öðru leyti verði útlínur þjóðgarðsins í samræmi við línu sem dregin er á korti sem fylgir tillögu þessari.

Markmið þjóðgarðsins verði að vernda einstakar náttúruminjar, stuðla að útivist og ferðamennsku, og ýta undir jákvæða byggðastefnu með því að skapa störf og efla hefðbundna framleiðslu.

Umhverfisráðherra boði til íbúaþings með fulltrúum allra sveitarfélaga sem liggja að mörkum þjóðgarðsins og öðrum sem eiga hagsmuni tengda honum til að gera tillögur um fyrirkomulag á stjórn og rekstri hans.

Greinargerð.

Jökullinn býr yfir öllu. Hvítur, tær: og þegar nær dregur svo skelfandi með gný skriðjöklanna sem sækja fram sandi sorfnir í sárið, og seilast að söndunum svörtu og smáum vinjum eyðimerkurinnar sem nær með gargandi skúmi fram á brimlostna strönd.

Thor Vilhjálmsson.

Rök fyrir þjóðgarði.

Verði ráðist í virkjun við Kárahnjúka eru enn fjölmörg dýrmæt svæði norðan og norðaustan Vatnajökuls sem brýnt er að vernda fyrir komandi kynslóðir. Í þjóðgarði felst æðsta stig verndunar samkvæmt íslenskum lögum. Samfylkingin telur farsælast að þessi svæði verði því lögð undir þjóðgarð. Það er besta tryggingin fyrir að ekki verði frekar á þau gengið. Auk einstaks gildis sem þjóðgarðurinn hefði fyrir náttúruvernd, jafnt á íslenska vísu sem alþjóðlega, væru náttúrugersemar norðan og norðaustan jökuls um leið virkjaðar í þágu jákvæðrar byggðastefnu. Það er í anda þeirrar stefnu um notagildi þjóðgarða sem nú er að ryðja sér til rúms.

Í þjóðgarðstillögunni felst líka vísir að sátt í þeirri sáru deilu sem leikið hefur Íslendinga grátt á síðustu missirum og stundum virst skipta þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar. Sú sátt fælist í því að með stofnun þjóðgarðs um víðernin norðan Vatnajökuls væri lýst yfir af hálfu ríkisvaldsins að frekar yrði ekki gengið á náttúruperlur svæðanna. Þrátt fyrir nálægð við stórt virkjunarlón stæðist þjóðgarðurinn allar kröfur Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (ANS, á ensku IUCN) og tæki yfir víðfeðmari víðerni en er að finna á nokkru öðru svæði í Evrópu. Hann yrði því segull fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og gæti með tíð og tíma orðið þungamiðjan í útrás íslenskrar ferðaþjónustu.

Önnur rök fyrir nauðsyn verndunar á víðernum norðan og norðaustan Vatnajökuls er að finna í áformum um frekari virkjanir á þessum svæðum. Enn eru uppi hugmyndir um virkjanir sem spilla mundu ómetanlegum náttúruperlum á Norðausturlandi og almenn samstaða hefur verið meðal Íslendinga um að vernda til frambúðar. Nýlegt dæmi um það er fylgiskjal Orkustofnunar, frá febrúar 2002, með frumvarpi ríkisstjórnarinnar um virkjanaleyfi vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þar er vísað sjö sinnum til hugmyndar um að virkja Jökulsá á Fjöllum. Virkjun hennar mundi að sjálfsögðu leiða til þess að Dettifoss, einn glæstasti foss Íslands og sá sem þekktastur er utan landsins, yrði skertur. Má í því sambandi minna á hugmyndir málsmetandi vísindamanna frá því fyrir örfáum árum að takmarka rennsli Dettifoss nema aðeins yfir mesta ferðamannatímann þegar skrúfað yrði frá honum að fullu!

Mörg önnur áform um virkjanir á svæðum sem Samfylkingin vill að verði hluti stórs hálendisþjóðgarðs er að finna í opinberum skýrslum frá síðustu árum. Í tilvitnuðu plaggi Orkustofnunar eru m.a. nefndir nokkrir virkjunarkostir á svæðum norðan Vatnajökuls. Eigi að freista sátta milli andstæðra sjónarmiða varðandi nýtingu hálendisins verður það best gert með þeirri pólitísku yfirlýsingu, sem fælist í samþykkt tillögu Samfylkingarinnar um að leggja víðernin norðan jökuls undir þjóðgarð.

Gríðarstór eldjalla- og jöklaþjóðgarður.

Mörk þjóðgarðsins eru sýnd á uppdrætti sem fylgir greinargerðinni. Vestan jökuls liggja þau sunnan frá Tungnafellsjökli og Nýjadal, spanna Gæsavötn, Kverkfjöll og Krepputungu og allar götur norður fyrir Herðubreiðarfriðland. Til austurs tæki hann yfir Fagradal og Grágæsadal, Snæfell, Vesturöræfi, Eyjabakka og loks Lónsöræfi. Öll þessi svæði eru á einhvern hátt sérstæð eða einstæð vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Þau ná yfir gríðarmikið land og óröskuð víðerni, svo sem stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfeðm votlendissvæði. Verulegur hluti þeirra eru ýmist friðlönd eða á náttúruminjaskrá, en hún geymir stefnuyfirlýsingu stjórnvalda um friðlýsingar framtíðarinnar.

Margar af sérstæðustu náttúruperlum landsins yrðu hluti hins nýja þjóðgarðs. Þar má nefna Trölladyngju, Dyngjufjöll, Herðubreið, Öskju og Víti, auk Snæfells, Vesturöræfa og Lónsöræfa sem þegar eru nefnd. Flutningsmenn telja mikilvægt að mörk þjóðgarðsins nái norður fyrir Herðubreiðarfriðland. Með því væri tryggt að innan þjóðgarðs yrði allt vatnasvið Kreppu, sem fellur í Jökulsá á Fjöllum, og nægilega stór hluti af vatnasviði síðarnefnda fljótsins til að ókleift væri að ráðast í áform um virkjanir sem löskuðu Dettifoss. Flutningsmenn telja raunar vel koma til greina að Alþingi samþykki sérstaka ályktun um friðun vatnasviðs Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til hafs svo öll tvímæli verði tekin af um vernd árinnar. Slík tillaga á þó fremur heima sem sérstakt þingmál en í tengslum við þjóðgarðstillögu Samfylkingarinnar.

Gild rök má færa fyrir því að víðernin norðan og norðaustan Vatnajökuls yrðu lögð undir sérstakan þjóðgarð. Jafnvel hafa komið fram hugmyndir meðal vísindamanna um að svæðin yrðu lögð undir tvo mismunandi þjóðgarða. Sá vestari yrði þá fyrst og fremst eldfjallaþjóð-

garður enda nokkur merkustu kennileita úr eldfjallasögu landsins innan hans. Hinn eystri mundi fremur byggja á sérstæðri og á köflum einstæðri líffræði, enda innan hans svæði á borð við Eyjabakka og Lónsöræfi. Fyrir liggur hins vegar að þegar er búið að samþykkja að ráðast í stofnun þjóðgarðs sem tæki yfir núverandi þjóðgarð í Skaftafelli að viðbættri hettu Vatnajökuls. Þingmenn Samfylkingarinnar telja því langskynsamlegast að bæta framangreindum svæðum við hinn fyrirhugaða Vatnajökulsþjóðgarð.

Víðernin norðan jökuls, sem yrðu hluti þjóðgarðs (sjá meðfylgjandi kort) spanna alls 4.500 km^2. Til samanburðar eru stærstu ósnortnu víðernin utan Íslands, Hardangersvidda í Noregi, um 3.900 km^2. Þrátt fyrir virkjun við Kárahnjúka og tilurð Hálslóns væru því langstærstu víðerni Evrópu innan þjóðgarðsins, næði tillaga Samfylkingarinnar fram að ganga.

Sjálfur jökullinn er 8.000 km^2. Hann, ásamt þjóðgarðinum í Skaftafelli og víðernunum norðan jökuls, næði samtals yfir 13.000 km^2. Til samanburðar má nefna að þjóðgarðurinn í Skaftafelli verkar smár í samanburði, aðeins 1.600 km^2, og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum agnarsmár, enda aðeins 120 km^2. Í meðfylgjandi töflu er að finna stærð nokkurra erlenda þjóðgarða sem hægt er að bera saman við Vatnajökulsþjóðgarð, eins og hann yrði samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar.

Vatnajökulsþjóðgarður samkvæmt tillögu Samfylkingarinnar	13.000 km^2
Hohe Tauern, Austurríki	1.787 km^2
Peak District, Englandi	1.437 km^2
Lake District, Englandi	2.300 km^2
Morvan, Frakklandi	2.258 km^2
Unterengadin, Sviss	169 km^2
Bayerischer Wald, Þýskalandi	2.068 km^2
Vanoise-Gran Paradiso, Frakklandi og Ítalíu	1.250 km^2

Víða á jöðrum hins fyrirhugaða þjóðgarðs er að finna mikinn áhuga heimamanna um að heimalönd, eða partur af þeim, verði hluti þjóðgarðsins. Áhuginn stafar bæði af umhyggju fyrir náttúrunni en ekki síður hinu að heimamenn skynja æ betur þau sóknarfæri í atvinnulífi sem gætu siglt í kjölfar stofnunar þjóðgarðs. Sunnan Vatnajökuls, svo sem á Höfn í Hornafirði, er t.d. vaxandi áhugi á að þjóðgarðurinn nái suður af Lónsöræfum og í sjó fram og teygi sig svo með strandlengjunni til vesturs (sjá fylgiskjöl II og III). Vestan jökuls, á Kirkjubæjarklaustri og í grennd, er sömuleiðis áhugi á að þjóðgarðurinn nái með vesturjaðri jökulsins nægilega langt til suðurs til að Lakagígar, sem þegar eru friðland og eitt jarðfræðilega merkasta og fegursta svæði á landinu, verði hluti af þjóðgarðinum. Yrðu mörk þjóðgarðsins í samræmi við þetta næði hann alls yfir 16.000 km^2. Þingmenn Samfylkingarinnar telja álitlegan kost að í framtíðinni verði þessi svæði hluti af þjóðgarðinum. Með því yrðu möguleikar á að markaðssetja Ísland í krafti einstaks hálendisþjóðgarðs öflugri en ella.

Flutningsmenn leggja áherslu á að við stofnun þjóðgarðsins verði tekið strangt tillit til samninga sem ríkisstjórn Íslands hefur gerst aðili að. Sérstaklega er bent á að árið 1993 gerðust Íslendingar aðilar að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu og árið 1995 að Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni. Framfylgd beggja er mikilvægur liður í náttúruvernd á Íslandi, jafnt innan fyrirhugaðs þjóðgarðs sem annars staðar.

Mat á náttúruverndargildi.

Flutningsmenn hafa reynt að meta verndargildi svæðanna sem falla innan þess lands sem hugsað er sem þjóðgarður, og nutu við það aðstoðar Náttúruverndar ríkisins, sem þökkuð er sérstaklega, einkum liðveisla Stefáns Benediktssonar, fyrrverandi þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og starfsmanns Náttúruverndar. Í samræmi við lög um náttúruvernd voru eftirtaldir náttúrufarsþættir skoðaðir og gildi þeirra fyrir náttúruvernd metið:

a. landslag,
b. ósnortin víðerni,
c. jarðmyndanir,
d. lífverur,
e. búsvæði og
f. vistkerfi.

Til að skilgreina nauðsyn verndar var stuðst við eftirfarandi gögn:

- Lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.
- Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.
- Ramsar-samninginn um vernd votlendis sem Ísland gerðist aðili að 1977.
- Bernarsamninginn um verndun villtra plantna, dýra og lífsvæða í Evrópu sem Ísland gerðist aðili að 1993.
- Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni sem Ísland gerðist aðili að 1994.
- Samning um verndun menningar og náttúruarfleifðar heimsins sem Ísland gerðist aðili að 1994.

Helstu heimildir um náttúrufar sem stuðst var við eru:

- Náttúruminjaskrár 1978–1996.
- Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjunum á Austurlandi (1993).
- Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar (1999).
- Mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar (2001).
- Miðhálendisskipulagið 2015 (1999).

Skoðunin leiddi eftirfarandi meginniðustöðu í ljós: *Innan þjóðgarðsmarka tillögunnar er verndargildi landslags, ósnortinna víðerna, jarðmyndana og lífkerfa mjög hátt.*

Náttúrufar einstakra svæða.

Hér á eftir er látið nægja að fjalla um verndargildi tíu svæða sem falla undir mörk þjóðgarðstillögunnar. Svæðin sem merkileg teljast eru þó talsvert fleiri.

1. Tungnafellsjökull og umhverfi.

Á Náttúruminjaskrá síðan 1978, bæði jökullinn og umhverfi hans, með Nýjadal, Tómasarhaga og jarðhitasvæðinu í Vonarskarði. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. Stofnun friðlands æskileg, m.a. vegna útivistar og náttúruskoðunar.*

2. Ódáðahraun, Dyngjufjöll.

Svæðið milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum umhverfis Öskju. Hraunaflæmi milli Vatnajökuls og Dyngjufjalla. Gosmyndanir og auðnir. Engin samfelld gróðurlendi. Á þessu svæði er stærsta eyðimörk á Íslandi og í Evrópu. Um 100 ferkílómetrar sunnan Dyngjufjalla gróðurvana með öllu. Verndargildi: Landslag, ósnortin víðerni og jarðmyndanir.

3. Askja.
Friðlýst náttúruvætti síðan 1978. Askja er megineldstöð, fjallaklasi með sigkötlu (öskju) í miðju. Þar er Öskjuvatn og Víti (jarðhiti). Ljós vikur og svart hraun ráðandi í ytra svipmóti svæðisins. Verndargildi: Landslag og jarðmyndanir.

4. Herðubreiðarfriðland.
Friðlýst síðan 1974. Hraunasvæði, Herðubreiðarstapinn gnæfir yfir. Úfin hraun og ljósir vikrar einkennandi í áferð lands. Lindasvæði. Gróskumiklar viðkvæmar gróðurvinjar og fjölbreytt fuglalíf. Verndargildi: Landslag, jarðmyndanir, gróður og dýralíf.

5. Kverkfjöll – Krepputunga.
Á Náttúruminjaskrá síðan 1978. Friðlýsing hefur lengi verið í undirbúningi. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum. Jarðhitasvæði í Hveradal og Hveragili. Íshellir í Kverkjökli. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.*

6. Hvannalindir.
Svæðið hefur verið friðland frá 1973. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Gróðurvin á hálendi.*

7. Fagridalur og Grágæsadalur.
Á Náttúruminjaskrá síðan 1988. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Gróskumiklar vinjar í 600 m h.y.s. Í Fagaradal hafa fundist yfir 100 tegundir háplantna og um 80 tegundir mosa. Auðugt smádýralíf og fagurt landslag.*

8. Snæfell ogVesturöræfi.
Snæfell og Vesturöræfi hafa verið á Náttúruminjaskrá síðan 1991. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland (burðarsvæði, innsk. flm.) hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa.*

9. Eyjabakkar.
Eyjabakkar hafa verið á Náttúruminjaskrá síðan 1978. Um verndargildi segir í Náttúruminjaskrá: *Óvenjugrösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells. Jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta.*

10. Lónsöræfi.
Friðland síðan 1977. Hálendi rist djúpum dölum og með sýnilegum djúpbergsinnskotum og útbreiddri jarðhitaummyndun. Stórbrotið og einstaklega fjölbreytt og litríkt landslag. Svæðið er lítt gróið en þó má finna kvistlendi og birkikjarr sums staðar. Verndargildi: Landslag, ósnortið víðerni og jarðmyndanir.

		Verndargildi				
	Kennileiti, svæði	Landslag	Ósnortið víðerni	Jarð-myndanir	Dýralíf	Búsvæði og vistkerfi
1.	Tungnafellsjökull og umhverfi	X	X	X		X
2.	Ódáðahraun, Dyngjufjöll	X	X	X		
3.	Askja	X	X	X		
4.	Herðubreiðarfriðland	X	X	X	X	X
5.	Kverkfjöll – Krepputunga	X	X	X		
6.	Hvannalindir	X	X		X	X
7.	Fagridalur og Grágæsadalur á Brúaröræfum	X	X		X	X
8.	Snæfell ogVesturöræfi	X	X	X	X	X
9.	Eyjabakkar	X	X	X	X	X
10.	Lónsöræfi	X	X	X		
	Verndargildi svæðisins í heild	**100%**	**100%**	**75%**	**50%**	**66%**

Þróun þjóðgarða.

Hugsunin bak við verndun sérstakra landsvæða og síðar stofnun þjóðgarða er ævaforn. Indverjar hafa um þúsundir ára verndað tiltekin skóglendi. Frá aldaöðli hafa þjóðir í Afríku og við Kyrrahaf lagt helgi á svæði samkvæmt ákveðnum reglum og heföum og verndað þau þannig. Frá miðöldum hafa Evrópubúar verndað veiðilendur. Rætur að hugmyndum nútímans um þjóðgarða liggja í Bandaríkjum Norður-Ameríku í kjölfar aukinnar nýtingar og ágengni á víðerni landsins á seinni hluta nítjándu aldar. Stofnuð voru samtök náttúruunnenda til að vernda nær ósnortna náttúru Yellowstone-svæðisins. Árið 1872 var stofnaður þar formlegur þjóðgarður. Yellowstone er því fyrsta náttúruverndarsvæði veraldar sem kallast þjóðgarður, eða National Park. Í nýlendum Breta í Kanada, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi voru stofnaðir nokkrir þjóðgarðar í lok 19. aldar. Fyrsti þjóðgarðurinn, sem kallaðist því nafni í Evrópu, var stofnaður í Svíþjóð 1909 af A.E. Nordenskjold.

Hér á landi náði þjóðgarðshugmyndin snemma fótfestu. Jafnaðarmenn komu þar rækilega við sögu. Ólafur Friðriksson, einn af glæsilegustu leiðtogum þeirra á fyrsta hluta síðustu aldar og ritstjóri Alþýðublaðsins, var meðal fyrstu Íslendinga til að reifa í riti þá hugmynd að Þingvellir yrðu gerðir að þjóðgarði. Árið 1928 samþykkti svo Alþingi frumvarp Jónasar frá Hriflu um sérstaka vernd á Þingvöllum. Friðlýsingin tók gildi Alþingishátíðarárið 1930. Í hugum flestra Íslendinga eru Þingvellir þjóðgarður þótt svæðið sé undir sérstakri stjórn Alþingis, og falli ekki formlega undir skilgreiningu íslenskra laga á þjóðgarði. Nú eru á Íslandi þrír þjóðgarðar friðlýstir samkvæmt lögum um náttúruvernd: Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, sem stofnaður var árið 1967, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum, sem stofnaður var árið 1973, og þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sem stofnaður var á utanverðu Snæfellsnesi í framhaldi af niðurstöðu nefndar sem Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, skipaði 14. september 1994.

Ríkiseign ekki lengur skilyrði.

Þjóðgarðshugtakið hefur verið skilgreint með ýmsu móti milli þjóða. Fyrir vikið er það notað fyrir friðlýst svæði sem eru gerólík að eðli, og stundum rekin á afar ólíkan hátt. Aðgengi að þjóðgörðum er t.d. afar mismunandi eftir löndum. Í Frakklandi eru takmarkanir litlar sem engar og meginhersla lögð á útivistarkosti almennings, hins vegar gilda mjög strangar reglur um aðgengi og umferð í þjóðgörðum nágrannaríkisins Sviss, svo sem um hvert almenningur má fara og hvenær. Þjóðgarðar eru á svæðum sem eru ýmist í einkaeign,

eign sveitarfélaga eða hvort tveggja. Um þá gilda reglur um umferð og útivist sem stjórnvöld setja í samvinnu við íbúa og eigendur. Þetta er einkennandi fyrir verndarsvæði á Bretlandseyjum.

Víðast byggja þó lög á þeirri meginreglu að þjóðgarðar séu á landi sem alfarið er í ríkiseigu. Svo er til dæmis hér á landi. Flutningsmenn telja þó að reynslan af stofnun þjóðgarða, m.a. þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sé þannig að æskilegt væri að auðvelda eins og kostur er stofnun þjóðgarða sem ná yfir land í einkaeign. Jákvætt skref í þá átt var stigið við síðustu endurskoðun laga um náttúruvernd, árið 1999, en skv. 51. gr. laganna er heimilt að gera þjóðgarð um landsvæði sem ekki er í ríkiseign, svo fremi *„sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda“*.

Svipuð hugsun er víða að ryðja sér til rúms. Gott dæmi um þessi breyttu viðhorf er kafli úr ræðu Þorbjargar Arnórsdóttur, bæjarfulltrúa Kríunnar í Hornafirði, á ráðstefnu um Vatnajökulsþjóðgarð árið 2000: *„Stórfelld uppkaup ríkis á landi í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er ekki að mínu mati það sem tryggir best framgang og þróun atvinnulífs og styrkingu byggðar. Landeigendur, bændur og sveitarfélög gætu séð sér hag í að leggja ákveðin landsvæði undir þjóðgarð með sérstökum samningum gegn því að fá fjármagn til gerðar göngustíga og bæta aðgengi að landi eða sinna landvörslu yfir ferðamannatímann og breyta þannig nýtingu eignarlands úr því að vera eingöngu beitarland og í það að opna áhugaverð landsvæði fyrir ferðamönnum og hafa af því tekjur.“*

Þjóðgarðar voru fyrr á árum stofnaðir að frumkvæði vísindamanna og náttúruverndarsinna. Markmiðið var að vernda fyrir ágangi landsvæði sem væru merkileg á landsvísu, jafnvel heimsvísu, frekar en að þjóðgarðssvæðið hefði sérstakt gildi fyrir heimamenn. Á síðari árum hefur þetta breyst. Í stað þess að þjóðgarðar séu stofnaðir eingöngu á forsendum verndunar er í auknum mæli horft til möguleikanna sem þeir veita til útivistar og sköpunar nýrra starfa. Lýsandi dæmi um breytt viðhorf birtust í undirbúningi að stofnun þjóðgarða í Loch Lomond og Trossacs og hálendissvæðinu Cairngorms í Skotlandi. Þeir voru meðal annars stofnaðir til að bæta hag íbúa svæðanna, og styrkja þannig byggðina sem fyrir er. Markmiðið er byggt á þrenningunni: *Fólk–vinna–svæði.*

Flokkun svæða – markmið verndunar.

Hugtakið þjóðgarður varð til löngu fyrir tíð alþjóðlegra skilgreininga á mismunandi verndarflokkum. Skilgreining þess er því ekki samræmd á alþjóðavísu. Eftir löndum er því breytilegt hvernig staðið er að verndun á svæðum sem flokkuð hafa verið sem þjóðgarðar. Mismunandi reglur geta þá gilt um eignarhald, umgengnisrétt og nýtingu lands. Kaflaskil urðu þegar Alþjóðanáttúruverndarsamtökin voru stofnuð árið 1948. Innan samtakanna var sérstök þjóðgarðanefnd sett á laggir árið 1958. Fyrir atbeina þeirra hefur verulegur skriður komist á stofnun þjóðgarða víða um heim á síðustu áratugum. ANS hafa beitt sér fyrir alþjóðlegum skilgreiningum á verndarsvæðum, sem stjórnvöld styðjast nú við í vaxandi mæli. Á ráðstefnu ANS í Buenos Aires í Argentínu árið 1994 var skilgreining á verndarsvæðum samþykkt. Samkvæmt henni er verndarsvæði:

„Land eða hafsvæði sérstaklega ætlað til að vernda og viðhalda fjölbreytileika lífríkis og náttúruauðlinda ásamt menningu sem því tengist og er stýrt með löggjöf eða á annan haldgóðan máta.“

Í Buenos Aires var einnig samþykkt nánari flokkun verndarsvæða og þeim skipt í sex flokka. Númerin gefa til kynna stigvaxandi mannleg áhrif þar sem I merkir lítil áhrif og VI mikil. Flokkun verndarsvæða fer eftir hlutverkinu sem þeim er ætlað og markmiðum verndunar.

Flokkar verndarsvæða og helstu markmið verndunar.

Flokkur I.
a. Algert náttúrufriðland/friðlýstar óbyggðir: Verndað svæði sem höfð er umsjón með vegna vísindalegs mikilvægis eða til verndar óbyggðum.
b. Friðlýstar óbyggðir: Svæði einkum til verndar óbyggðum.

Flokkur II.
Þjóðgarður: Verndað svæði sem höfð er umsjón með einkum til verndar vistkerfum og fyrir tómstundaiðkun.

Flokkur III.
Náttúruvætti: Vernd sérstæðra náttúruminja sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fagurfræðilegt mikilvægi.

Flokkur IV.
Verndarsvæði lífríkis (vistkerfa): Vernd með virkri stýringu/íhlutun í þeim tilgangi að tryggja viðhald kjörlendis og/eða að uppfylla þarfir tiltekinna tegunda.

Flokkur V.
Verndarsvæði landslags, fólkvangur: Verndað svæði sem umsjón er höfð með einkum til að varðveita landslag/sjávarsvæði og fyrir tómstundaiðkun.

Flokkur VI.
Verndarsvæði auðlinda: Verndað svæði sem höfð er umsjón með einkum fyrir sjálfbæra nýtingu náttúrulegra vistkerfa.

Í skilgreiningu ANS er þjóðgarður svæði sem friðlýst er fyrst og fremst til að vernda vistkerfi, eitt eða fleiri, en einnig til þess að tryggja almenningi útivist í náttúrulegu umhverfi. Skilgreiningu íslenskra stjórnvalda á hugtakinu er að finna í lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þar segir í 51. gr.: „*Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum eða áliti Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, lýst landsvæði þjóðgarð, enda sé það sérstætt um landslag eða lífríki eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum.*“ Í íslenskum rétti er því þjóðgarðshugtakið að mestu í samræmi við flokkun ANS, þótt hann geri ekki kröfu um að í þjóðgarði skuli vernda eitt vistkerfi eða fleiri í heild sinni.

Íslensku þjóðgarðarnir falla allir, að friðhelginni á Þingvöllum meðtalinni, undir verndarflokk tvö í flokkunarkerfi ANS. Hálendisþjóðgarðurinn sem Samfylkingin leggur til félli líka í hann. Nábýli við stórt virkjunarlón breytti engu um það, enda fjölmörg dæmi um þjóðgarða, eða ígildi þeirra, þar sem virkjunarlón er í grenndinni. Í allnokkrum löndum, þar á meðal hjá frændþjóðum okkar annas staðar á Norðurlöndum, eru meira að segja þjóðgarðar sem hafa virkjunarlón innan marka sinna. Þeir falla samt í sama verndarflokk ANS og íslensku þjóðgarðarnir fjórir tilheyra.

Jákvæð byggðaþróun í krafti þjóðgarða.

Þjóðgarðar geta skilað miklum efnahagslegum og atvinnulegum ávinningi. Hann næst bæði í gegnum ferðaþjónustu, verktöku eða aðra starfsemi sem tengist rekstri þeirra. Reynslan sýnir að þjóðgarðar:

- Tryggja varðveislu landsvæða og landforma er þykja sérstæð.
- Varðveita náttúruleg ferli.

- Tryggja aðgang að óspilltum svæðum og veita tækifæri til kennslu á náttúrulegum ferlum.
- Styrkja atvinnulíf í byggðarlögum næst þeim, m.a. með vistvænni ferðaþjónustu.
- Veita tækifæri til útivistar.
- Veita tækifæri til einveru og friðar, fjarri ys og þys mannlífsins.
- Stuðla að því að sveitir haldist í byggð.
- Tryggja varðveislu menningarlandslags, svo sem bygginga, hleðslugarða, rétta, gamalla stíga og þjóðleiða gangandi og ríðandi ferðalanga o.s.frv.
- Ýta undir vísindarannsóknir á tilteknu svæði.

Stjórnvöld hafa í auknum mæli skilið þýðingu verndarsvæða fyrir styrkingu byggða á viðkvæmum svæðum. ANS á þátt í þeirri þróun. Samtökin hafa beint kastljósi að efnahagslegum ávinningi sem vel skipulagðir þjóðgarðar geta gefið samfélögum í grenndinni. Þau hafa meðal annars gefið út merkilegt rit, *Economic Values of Protected Areas* (Adrian Phillips, 1998), sem fjallar um þetta. Þar er lýst fróðlegum dæmum um gríðarleg efnahagsleg áhrif þjóðgarða, þar sem best hefur tekist til. Í Kanada er til dæmis gert ráð fyrir að tekjur af ferðamönnum sem koma til að skoða þjóðgarða og verndarsvæði leggi um 325 milljarða íslenskra króna til vergrar landsframleiðslu, skapi 159.000 störf í landinu og gefi af sér 125 milljarða kr. í skatttekjur á ári. Í Ástralíu nema ferðamannatekjur frá átta svæðum sem skilgreina má sem þjóðgarða um 100 milljörðum kr. á ári. Árlegur kostnaður stjórnvalda við garðana er á hinn bóginn aðeins um 3 milljarðar kr.

Ítarleg úttekt hefur ekki verið gerð á efnahagslegu gildi íslensku þjóðgarðanna. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið mikilvægur fyrir atvinnulíf hins fámenna samfélags sem þrífst kringum hann. Heita má að hvert einasta býli umhverfis Þingvallavatn hafi tekjur í einni eða annarri mynd af þjóðgarðinum, og fyrir suma bændur skipta þær sköpum. Sama máli gegnir um Öræfinga þar sem almenn ferðaþjónusta og þjónusta við þjóðgarðinn í Skaftafelli hefur gegnt algeru lykilhlutverki í samfélaginu á síðustu árum. Uppbygging gistirýmis, bæði bændagistingar og hótela, hefði aldrei orðið jafnmyndarleg og raun ber vitni nema vegna nábýlis við alþjóðlega þekktan þjóðgarð.

Í skýrslu starfshóps um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi frá 2001 er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn gegni þýðingarmiklu hlutverki við uppbyggingu ferðaþjónustu: „*Auk náttúruverndar verða ferðaþjónusta og útivist helsta landnýting svæðisins og er það mat starfshópsins að innan marka verði aðeins boðið upp á gæðaþjónustu. Gera má ráð fyrir að fjölmargir gestir sem koma í þjóðgarðinn, bæði erlendir sem innlendir, verði á eigin vegum. Til þess að þeir fái sem mest út úr heimsókn sinni þarf að vera til staðar vel skipulögð umhverfisfræðsla og umhverfistúlkun. Starfshópurinn leggur áherslu á að ferðaþjónusta verði skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku.*“

Þjóðgarður og ferðaþjónusta.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Það var rækileg staðfest í skýrslu Þjóðhagsstofnunar árið 2000. Þar kom fram að hlutfall ferðaþjónustu í útflutningstekjum landsins var 13% árið 1999. Á árunum 1996–1999 óx landsframleiðslan að meðaltali um 4,7% á ári meðan ferðaþjónustan óx um 7,8% árlega. Það sýnir þrótt greinarinnar. Í skýrslunni kemur einnig fram að World Tourism Organization gerir ráð fyrir að erlendum ferðamönnum til Evrópulanda muni að óbreyttu fjölga um 3,4% á ári til ársins 2020. Þjóðhagsstofnun bendir hins vegar á að til að hægt sé að virkja sóknarfærin í fjölgun erlendra ferðalanga verði að styrkja innviði greinarinnar, ekki síst að bæta nýtingu á afkastagetu hennar. Einungis með

því móti, segir Þjóðhagsstofnun, er hægt að að fjölga störfum á landsbyggðinni fyrir tilstilli ferðaþjónustu.

Hvarvetna byggist ferðaþjónusta mjög á framboði á áfangastöðum með sérstæðri, óspilltri náttúru, samhliða góðri þjónustu. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er einmitt dregið fram að þegar Ísland er kynnt fyrir erlendum ferðamönnum er lögð áhersla á hreinleika íslenskrar náttúru auk fornrar menningu þjóðarinnar. Verndarsvæði eins og þjóðgarðar gegna því lykilhlutverki og ekki hægt að ofmeta mikilvægi vel skipulagðra þjóðgarða fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Nýr þjóðgarður eykur jafnan aðdráttarafl viðkomandi landshluta fyrir ferðamenn. Bein tengsl eru því milli stofnunar þjóðgarðs og uppbyggingar ferðaþjónustu. Þótt þjóðgarðar séu yfirleitt ekki markaðssettir á sama hátt og gengur og gerist í ferðaþjónustu, sýnir reynslan að þeir verða oftsinnis eitt helsta aðdráttarafl hvers lands. Af sjálfu leiðir að stofnun hálendisþjóðgarðs á miðhálendinu getur þegar fram í sækir orðið kjarninn að verulegri sókn íslenskrar ferðaþjónustu á alþjóðlegum mörkuðum.

Fólk sem sækir þjóðgarða er að leita eftir tengslum og upplifun í óspilltri náttúru. Sú þjónusta sem í boði er á hverju svæði ræður því síðan hversu breiður markhópurinn er sem þangað sækir. Sum svæði eru eingöngu opin gangandi ferðalöngum en önnur eru einnig ætluð bílaumferð. Sums staðar er þjónustan sérstaklega sniðin að einstökum hópum, svo sem fötluðum, eins og vottur er af í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Þar er hafin stígagerð með aðgengi fatlaðra í huga. Snar þáttur stefnumótunar ferðaþjónustu í tengslum við þjóðgarða er því að greina markhópa og stinga út stefnu um uppbyggingu og þjónustustig með hliðsjón af því. Ferðaþjónusta í tengslum við þjóðgarða verður þó jafnan að taka mið af þeim meginmarkmiðum sem byggt er á, þ.e. verndun landsvæðis vegna sérstakrar náttúru eða menningararfleifðar.

Mörg dæmi eru um að stofnun þjóðgarðs hafi stutt við atvinnugreinar á svæðinu, einkum ferðaþjónustu en einnig landbúnað, og styrkt þannig byggð jaðarsvæða. Sem dæmi um efnahagslegan ávinning af stofnun verndarsvæðis, sem í reynd er ígildi þjóðgarðs, má taka Vatnahéraðið (Lake District) í norðanverðu Bretlandi. Garðurinn var stofnaður árið 1951. Hann hefur haft mjög jákvæðar afleiðingar fyrir efnahagslega og félagslega velferð íbúanna. Það hefur birst jafnt í fjölgun starfa og bættri þjónustu á svæðinu. Af 42.000 íbúum innan hans starfa um 37% við smásölu, samgöngur og veitingarekstur og um 30% við önnur þjónustustörf. Auk þeirra starfa sem beinlínis tengjast ferðaþjónustu hefur þessi grunnstarfsemi margfeldisáhrif í för með sér.

Sambýli þjóðgarðs og landbúnaðar.

Landbúnaður á víða í vök að verjast. Hér á landi, eins og erlendis, hefur skapast hefð fyrir því að bændur í grennd við þjóðgarða, og fjölskyldur þeirra, sitja fyrir störfum sem skapast vegna reksturs þjóðgarða. Reynslan hefur sýnt að farsæl samvinna milli bænda og þjóðgarða hefur leitt til að þjóðgarðar hafa reynst hvalreki fyrir byggð í grennd. Þeir skapa árvissar aukatekjur sem gera fjölskyldum bænda kleift að stunda áfram hefðbundinn búskap og ný störf sem treysta búsetu sveitanna. Ný störf falla aðallega til innan ferðaþjónustu. Uppbygging hennar verður því eins og kostur er að taka mið af þörfum dreifbýlisins, ekki síst bænda, sem reynslan sýnir að hafa átt auðvelt með að laga sig að sóknarfærum ferðaþjónustunnar. Þetta jákvæða viðhorf er undirstrikað í nýlegri skýrslu landbúnaðarráðuneytisins, *Ferðaþjónusta bænda – Sóknarfæri til sveita* (2001). Þar segir að við stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á landsbyggðinni sé nauðsynlegt *„að taka mið af því hvers konar ferðaþjónusta kemur sér best fyrir dreifbýlið, atvinnulíf einstakra svæða og samfélag“*.

Þótt ný atvinnutækifæri séu einkum tengd þjónustu við ferðamenn eru nýleg erlend dæmi um jákvæð áhrif þjóðgarða á framleiðslu hefðbundinna landbúnaðarvara. Dæmi um það er markaðssetning á kjöti og öðrum landbúnaðarafurðum í Hohe Tauern þjóðgarðinum í Austurríki, sem er hinn stærsti þar í landi. Vörur framleiddar í eða við þjóðgarðinn fá sérstakan stimpil eða vörumerki þjóðgarðsins, sem er mynd af einkennisdýrum þjóðgarðsins, fjallageit og ránfugli. Þannig eru afurðirnar markaðssettar í stórmörkuðum í Austurríki. Salan hefur gengið framar vonum. Neytendur tengja sérstakan hreinleika og jákvæða ímynd við vöru úr þjóðgarðinum.

Tilgangur Samfylkingarinnar með þjóðgarðstillögunni er líka að styrkja byggð og treysta hefðbundinn landbúnað á svæðinu. Flutningsmenn telja ekkert mæla á móti því að hefðbundinni sauðfjárrækt sé haldið áfram innan þjóðgarðs og í grenndinni. Hún er hluti af menningarsögu héraðanna. Þess vegna er æskilegt að halda henni við og merkum vinnuhefðum sem sauðfjárræktinni tengjast. Framleiðsla á lambakjöti undir sérstökum merkjum þjóðgarðsins, eða á handverki heimamanna, gæti því í framtíðinni orðið snar þáttur af viðurværi íbúa. Nýsköpun, svo sem eldi vatnafiska, ætti ekki síður heima innan garðsins. Þannig gæti stofnun hálendisþjóðgarðs um Vatnajökul styrkt hefðbundinn landbúnað. Flutningsmenn leggja áherslu á að þeir gera ráð fyrir að honum verði stjórnað af heimamönnum eins og skýrt er síðar í greinargerðinni.

Á ráðstefnu Landverndar og fleiri aðila um Vatnajökulsþjóðgarð 29. september 2001 komu athyglisverð og jákvæð sjónarmið fram hjá þeim dr. Ólafi R. Dýrmundssyni, landsráðunaut í sauðfjárrækt og lífrænni ræktun, og Erni Bergssyni, bónda í Öræfum, gagnvart stofnun þjóðgarðs um Vatnajökul og nágrenni. Erindi þeirra bar titilinn Sambýli við Vatnajökulsþjóðgarð. Í því var að finna tillögu að áhersluþáttum bænda gagnvart þjóðgarðinum, og tengslum hans við hagsmuni landbúnaðar. Meðal annarra atriða má nefna eftirfarandi:

- Búseta og umferð verði sem mest óbreytt þannig að bændur og búalið geti reist mannvirki á jörðum sínum og stundað þar áfram viðeigandi bústörf.
- Byggingum og girðingum og öðrum mannvirkjum verði haldið við eftir þörfum og nýframkvæmdir verði leyfðar að því tilskildu að þær falli vel að landslagi og kröfum umhverfis- og náttúruverndar á svæðinu.
- Ræktun og uppgræðsla miðist við þarfir búrekstrar, svo og þau sjónarmið sem ríkja á svæðinu um þörf fyrir jarðvegs- og gróðurvernd.
- Beitarnýting verði sem minnst skert. Komi til breytinga eða takmarkana verði veittur allt að tíu ára aðlögunartími í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Nýsköpun í sveitabúskap, svo sem ferðaþjónusta, fiskeldi og ýmis hlunnindanýting fái að þróast, auk annarrar vistvænnar atvinnusköpunar, þannig að samfélagið haldi áfram að dafna og afla nauðsynlegra tekna.

Örn bóndi orðaði viðhorf heimamanna í hnotskurn þegar hann sagði: „*Við teljum að í umræðunni um Vatnajökulsþjóðgarð eigi að miða við að hann tengist lífvænlegri sveitabyggð með því menningarlandslagi sem þar hefur mótast um aldir.*“ Undir þessi viðhorf taka þingmenn Samfylkingarinnar í öllum meginatriðum. Þjóðgarðurinn á að þróast á forsendum heimamanna ekki síður en verndarsjónarmiða. Þar á milli er ekki vík.

Erlend dæmi.

Frábær erlend dæmi eru til um jákvætt sambýli þjóðgarða og hefðbundinna bændasamfélaga. Eitt hið merkasta er frá Vatnahéraðinu, sem eins og áður er nefnt er ígildi þjóðgarðs. Innan hans búa 42.000 íbúar og árlega heimsækja hann um 12 milljónir gesta. Sérstaða Vatnahéraðsins felst í landslaginu sem einkennist af hæðum og dölum þöktum ökrum og bú-

jörðum. Á svæðinu er stundaður svokallaður hálandabúskapur sem byggist á nýtingu háheiða og fjalllendis. Helstu búgreinar á svæðinu eru sauðfjárrækt og nautgriparækt. Breska ríkinu er umhugað um að halda landbúnaði í héraðinu þar sem hann hefur einkennt svæðið öldum saman. Bændum reynist erfitt að lifa af búskapnum einum sér og hafa nú langflestir ferðaþjónustu að aukabúgrein. Hún fer ört vaxandi í Vatnahéraðinu. Þeir bjóða upp á gistingu og morgunverð, kaffihús á býlunum, leigja hesta, selja veiðileyfi, gerast leiðsögumenn, stunda handverk, svo eitthvað sé nefnt. Þannig hefur þjóðgarðurinn í reynd haldið lífinu í hefðbundnu landbúnaðarsamfélagi, sem ella hefði átt mjög örðugt uppdráttar. Sambýli sérstakrar náttúru og hefðbundins landbúnaðasamfélags þykir í dag svo merkilegt, að Evrópusambandið ásamt breska ríkinu styrkir þá bændur sem eiga undir högg að sækja til að koma í veg fyrir að þeir flosni upp. Styrkirnir geta í sumum tilvikum numið allt að 80% af heildartekjum þeirra.

Exmoor-þjóðgarðurinn í Devon í Bretlandi er ekki síðra dæmi. Frá stofnun hans hefur mikil uppbygging átt sér stað í ferðaþjónustu. Um 400.000 gestir heimsækja Exmoor árlega. Ferðaþjónustan hefur reynst bændum mikilvæg tekjulind. Þrátt fyrir ákveðnar reglur þjóðgarðsyfirvalda um verndun menningarlandslagsins hefur ríkur skilningur verið sýndur þeim bændum sem hyggjast byggja upp einhvers konar ferðaþjónustu á býli sínu. Þekking bændanna á sögu og landsháttum í Exmoor er einstök og því reyna þjóðgarðsyfirvöld að styðja við bak þeirra í héraðinu hvenær sem því verður við komið. Bændasamfélagið í Exmoor er þannig grunnur efnahagslífs héraðsins.

Hefðbundinn landbúnaður getur í sumum tilvikum verið æskilegur innan þjóðgarða. Sums staðar hefur hófleg beit orðið til þess að sérstæður blómgróður fær notið sín, jafnvel mjög sjaldgæfar tegundir. Þegar beit hefur síðan verið hætt hafa tegundir sem beitin hélt niðri, t.d. burkni, náð yfirhöndinni og sprottið sem aldrei fyrr. Afnám beitar getur þannig leitt til einhæfs gróðurlendis þar sem áður ríkti fjölbreytileiki. Um þetta er skemmtilegt dæmi frá Gettysburg-þjóðgarðinum í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á svæðinu hvílir söguleg helgi vegna hinnar frægu orrustu sem eitt sinn var þar háð, og kennd við Gettysburg. Sökum hennar var þjóðgarðurinn stofnaður. Orrustan var háð á svæði sem á sínum tíma voru grónir akrar. Svæðið var friðlýst árið 1963. Þegar beit búsmala sleppti vegna friðunarinnar náðu furutegundir, sem búpeningur hafði áður haldið niðri, fótfestu á orrustuvellinum gamla. Innan skamms gátu gestir sem heimsóttu hið sögulega svæði ekki lengur grillt í orrustuvöllinn fyrir tjám. Þegar árið 1980 reyndist nauðsynlegt að fara í skógarhögg til að útrýma skóginum. Niðurstaðan varð sú að hófleg beit var æskileg til að halda þjóðgarðinum í sínu upprunalega horfi.

Í þjóðgarðinum í Skaftafelli eru nú uppi hugmyndir um að halda við heimatúnunum með hóflegri beit, þ.e. framan við Hæðir, Sel og Bölta. Í Þingvallanefnd hefur enn fremur verið rætt um að gera tilraunir með hóflega beit á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðs.

Markmið tillögunnar.

Ljóst er að þjóðgarður þar sem saman fara eldfjöll, jöklar, sandauðnir, víðfeðm votlendissvæði, lífríkar hálendissvinjar andspænis hrjóstri eyðimarka, auk annarra einstakra náttúruperlna, er líklegur til að gera Ísland að einstökum valkosti ferðamanna á alþjóðavísu. Engum ætti því að dyljast sá mikli ávinningur sem gæti fylgt í kjölfar þjóðgarðstillögu Samfylkingarinnar.

Skipulagðar gönguleiðir, bygging skála og fjallaselja fyrir göngumenn ásamt hæfilegum vegasamgöngum gæfu landsmönnum jafnt sem erlendum ferðamönnum kost á glænýjum möguleikum til útivistar, og þar með að njóta náttúru svæða sem hafa til þessa verið mörgum

lokuð. Þjóðgarðurinn gæti því skapað fjölmörg ný störf í tengslum við ferðaþjónustu og menningarstarfsemi. Hann yrði öflug lyftistöng fyrir jákvæða byggðastefnu,

Erfitt er að meta nákvæmlega hversu mörg störf gætu orðið til fyrir atbeina þjóðgarðsins. Miðað við erlenda reynslu telja flutningsmenn þó að hann gæti leitt til að nokkur hundruð nýrra starfa yrðu smám saman til. Þau yrðu að langmestu leyti í ferðaþjónustu. Á landsbyggðinni er henni að meira og minna leyti haldið uppi af konum. Þjóðgarður af þessum toga gæti því skapað hundruð nýrra kvennastarfa á austurhluta landsins. Hann yrði veruleg lyftistöng fyrir atvinnuuppbyggingu í mörgum sveitarfélögum sem liggja að honum.

Í samræmi við þetta eru markmið þingmanna Samfylkingarinnar með tillögunni þríþætt:

1. Að vernda einstakt landslag sem er að finna á fyrrnefndum svæðum norðan og norðaustan Vatnajökuls og sérstakt lífríki sem þar á skjól.
2. Að auka möguleika erlendra jafnt sem innlendra ferðamanna á útivist og ferðamennsku, og þar með að skjóta traustari stoðum undir ferðaþjónustu í landinu.
3. Að virkja þjóðgarðinn til að ýta markvisst undir jákvæða byggðastefnu með því að fjölga störfum fyrir tilstilli þeirra mörgu og fjölbreyttu möguleika sem þjóðgarðurinn mun bjóða upp á.

Heimastjórn – íbúaþing.

Reynslan sýnir að góð samvinna þjóðgarðsyfirvalda við íbúa í og við þjóðgarðana er forsenda þess að þeir blómgist og dafni. Gott samráð er því lykilatriði ef vel á að takast til. Samfylkingin er fylgjandi dreifingu valds á öllum sviðum. Í samræmi við það er stefna flokksins að flytja verkefni eins nálægt þegnunum og hægt er, og auka völd þeirra á eigið líf og umhverfi. Samfylkingin vill því að stjórnun þjóðgarða og annarra verndarsvæða eigi að vera í höndum heimamanna.

Lög um náttúruvernd heimila hins vegar ekki umhverfisráðherra að framselja stjórn þjóðgarða til heimamanna. Í 52. gr. laganna segir: „*Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, reglugerð um meðferð og rekstur þjóðgarða og umgengni almennings.*“ Samkvæmt þessu getur ráðherra heimilað heimamönnum þátttöku í rekstri þjóðgarða, en lögin leyfa ráðherranum ekki að láta stjórn þeirra í hendur heimamanna. Heimamönnum finnst því gjarnan að með stofnun þjóðgarðs sé verið að færa stjórnsýsluna úr höndum þeirra. Það eru skiljanleg sjónarmið sem Samfylkingin tekur undir. Nýi hálendisþjóðgarðurinn á að vera undir stjórn heimamanna og faglegu eftirliti Náttúruverndar ríkisins. Í tengslum við þjóðgarðstillöguna munu þingmenn Samfylkingarinnar því einnig flytja frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd sem heimilar ráðherra að framselja stjórn þjóðgarða til heimamanna að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins um starfsreglur sem tryggja faglegan rekstur hans.

Samkvæmt þjóðgarðsmörkum á meðfylgjandi korti munu sex sveitarfélög liggja að þjóðgarðinum: Ása- og Djúpárhreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, og Hornafjörður. Í tillögu þessari er lagt til að haldið verði sérstakt íbúaþing til að gera tillögu um samvinnu heimamanna um rekstur og stjórn þjóðgarðsins. Þetta er í samræmi við stefnu þess sveitarfélags, sem lengst er komið í undirbúningi að þátttöku í væntanlegum þjóðgarði, Hafnar í Hornafirði. En í stefnumótun sveitarstjórnar segir einmitt að koma skuli á íbúaþingi til að vinna að stefnumótun fyrir þjóðgarðinn (sjá fylgiskjal III).

Víðtækt samráð við heimamenn er í fullu samræmi við stefnu ANS. Samtökin mæla eindregið með því að öll stjórnvöld og allir hagsmunahópar sem tengjast þjóðgarði verði fengnir til að taka þátt í stefnumótun við stofnun hans. Þegar vel tekst til og hagsmunir íbúanna fara saman við þarfir þjóðgarðanna sjálfra hefur jafnan skapast öflugt samstarf, sem styrkt hefur

vöxt beggja. Auk sveitarstjórna, landeigenda og íbúa er æskilegt að kalla til samráðs fulltrúa fleiri aðila, svo sem atvinnurekenda, bænda, starfsfólks í ferðaþjónustu, ferðamálasamtaka, landeigenda, handverksmanna, náttúruverndarsinna, fjallgöngumanna, göngufólks, hjólreiðamanna, hestamanna, annarra útivistarmanna, og að sjálfsögðu fullrúa framkvæmdarvaldsins. Að sönnu er það flókin jafnvægislist að vega og meta með þessum hætti hagsmuni náttúrunnar, íbúa og gesta með framtíðarhagsmuni þjóðgarðsins og heimamanna að leiðarljósi. Reynslan sýnir hins vegar að það er farsælast fyrir alla þegar til lengdar lætur.

Gott dæmi er frá Vanoise-þjóðgarðinum í Frakklandi, sem þykir afar vel heppnaður. Yfir honum er 40 manna stjórn. Í henni sitja fulltrúar frá ríki og þeim sveitarfélögum sem garðurinn nær til. Almenningur og ýmis félagasamtök eiga einnig fulltrúa í stjórninni, svo sem veiðimenn, skógarhöggsmenn og bændur, og þar sitja einnig fulltrúar iðnaðar, náttúruverndar og vísinda. Stjórnin mótar stefnu um rekstur garðsins og á grundvelli hennar er sett fram framkvæmdaáætlun sem átta manna framkvæmdastjórn vinnur eftir. Stjórnin hefur einnig vísindaráð sér til ráðgjafar, sem í sitja virtir vísindamenn á sínum sviðum. Í Exmoor, sem fyrr er nefndur, fer sjálfstætt 26 manna ráð með stjórn svæðisins. Af þeim eru 14 úr héraðinu en 12 eru skipaðir af umhverfisráðherra.

Kostnaður.

Þjóðgarður er dýr framkvæmd. Hægt er að meta gróflega hversu miklu fé þarf að kosta til stofnunar hálendisþjóðgarðs Samfylkingarinnar. Forsendur eru eftirfarandi:

Þjóðgarðurinn verður það víðfeðmur samkvæmt tillögunni að nauðsynlegt er að hafa aðkomu að honum á fimm stöðum að mati flutningsmanna. Á hverju þessara fimm svæða er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð af svipuðum toga og er nú þegar í Skaftafelli. Á hverju svæði þarf að vera þjónustumiðstöð sem næst byggð með upplýsinga- og fræðslusetri (gestastofu) og aðstöðu fyrir einn heilsársstarfsmann. Í tengslum við sérhverja þjónustumiðstöð er gert ráð fyrir einu til fjórum fjallaseljum fyrir göngumenn og landverði. Í Skaftafelli eru merktir 65 km af göngustígum. Gert er ráð fyrir jafnlöngum merktum stígum í tengslum við sérhverja hinna fimm þjónustumiðstöðva. Enn fremur er reiknað með að leggja þurfi 10 km vegtengingu með bundnu slitlagi að þjónustumiðstöðvum og lagfæra um 30 km af malarslóðum að fjallaselunum á hverju svæðanna fimm.

Miðað við þetta er líklegt að stofnkostnaður vegna húsakynna verði um 700 millj. kr. Vegir og slóðar munu kosta um 1.800 millj. kr. Alls má því reikna með að stofnkostnaður við þjóðgarðinn verði aldrei minni en 2,5 milljarðar kr. Á móti kemur hins vegar að framkvæmdir á svæðinu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun munu gagnast þjóðgarðinum. Flutningsmenn áætla þannig að næstum helmingur kostnaðarins muni liggja í framkvæmdum sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, og hægt væri að nýta fyrir þjóðgarðinn. Þar er um að ræða bæði vegaframkvæmdir og byggingu húsa, sem áformað er að reisa í tengslum við virkjunarframkvæmdir, en væri með góðu móti hægt að nýta í þágu þjóðgarðs.

Fylgiskjal I.

Tillaga um mörk Vatnajökulsþjóðgarðs.



Fylgiskjal II.

Ræða Þorbjargar Arnórsdóttur, bæjarfulltrúa í Hornafirði, á ráðstefnu um Vatnajökulsþjóðgarð.

(Haust 2000.)

Þegar ákvörðunin um stofnun Vatnajökulsþjóðgarð barst til eyrna okkar heimamanna kom því ekki annað til greina en að taka hugmyndinni vel og með opnum huga ... Í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sýndi bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar því áhuga að fá að koma að mótun hugmynda um hvernig þjóðgarður verði stofnaður og taka þátt í útfærslu þeirra. Komið var á fót starfshópi með fulltrúum frá framboðunum þremur í sveitastjórn og nú er hafin mikilvæg stefnumótunarvinna af hálfu sveitarfélagsins ... Eins og fram hefur komið eru lög um þjóðgarða mjög almenn, en síðan er samin reglugerð um hvern þjóðgarð þar sem fram koma þær reglur er gilda innan marka hans. Í framhaldi af kynningu og stefnumótun óskum við heimamenn eftir því að fá að taka þátt í að móta þær reglur er í gildi eiga að verða innan þess svæðis Vatnajökulsþjóðgarðs er tengist Sveitarfélaginu Hornafirði.

Það er nú svo að ákvörðun um Vatnajökulsþjóðgarð fellur vel að mörgum hugmyndum sem við Austur-Skaftfellingar höfum verið að vinna að á undanförnum árum. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í sýslunni og hefur styrkt stoðir atvinnulífs í dreifbýli samfara miklum samdrætti í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðar. Spáð er mikilli fjölgun ferðamanna á næstu árum. Árið 2000 komu til landsins í fyrsta skipti yfir 300.000 ferðamenn, árið 1993 voru þeir 148 þús. Spáð hefur verið amk. helmingsaukningu ferðamanna á næstu 10–15 árum og þær spár er lengst ganga spá milljón ferðamönnum hér árið 2020. Hugmyndin um Vatnajökulsþjóðgarð ætti að geta styrkt þá ferðaþjónustu og þau fyrirtæki sem nú eru starfandi – en einnig stuðlað að betra aðgengi að jöklinum og frekari uppbyggingu og fjölgun þjónustustaða fyrir ferðamenn í sýslunni.

Mikill áhugi er hjá okkur heimamönnum að efla hvers konar rannsókna og vísindastarf sem tengist jöklinum. Á síðustu áratugum hefur verið svarað mörgum spurningum um Vatnajökul og hvað undir honum býr. Margt er þó enn á huldu og sumt verður seint ráðið. Einnig hefur glæðst áhugi meðal okkar heimamanna að gera sögu og menningu svæðisins sýnilegri með stuðningi við fornleifagröft, með aukinni safnastarfsemi, betri merkingum á sögustöðum og ýmsum menningarviðburðum er tengjast sögu svæðisins. Hugmyndir um aukið rannsóknar og vísindastarf og varðveislu menningarminja tengjast uppbyggingu Nýheima og aðsetri Háskóla Íslands þar og starfsemi fyrirhugaðrar jöklamiðstöðvar hér á Höfn. Beintenging mælitækja inn á jöklasafnið, mælitækja, sem t.d. mældu framskrið jökla, úrkomumagn á ákveðnum stöðum á jöklinum, jarðhræringar undir Vatnajökli, vatnshæð í Grímsvötnum o.fl. yrði mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn hingað til Hafnar svo eitthvað sé nefnt. Allar þessar hugmyndir okkar heimamanna falla vel að hlutverki og starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs og því bindum við miklar vonir við að stofnun þjóðgarðsins styðji við áform okkar um uppbyggingu jöklasafns og jöklamiðstöðvar og eflingu rannsókna og vísindastarfs innan Nýheima. Nú þegar höfum við heimamenn hafið markvissa áætlanagerð og undirbúning að Jöklamiðstöð hér á Höfn og hefur sá undirbúningur fengið viðurkenningu með fjárhagslegan stuðningi af fjárlögum ríkisins

Í hugum okkar skiptir öllu máli að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafi ótvíræðan efnahagslegan ávinning fyrir byggðina hér. Starfshópurinn hefur haft samband við þróunarsvið Byggðastofnunar og óskað eftir að sérfróðir aðilar þar taki að sér að meta efnahagslegan

ávinning af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs með tilliti til eflingu byggðar og framþróunar í atvinnulífi.

Fylgiskjal III.

Samþykkt sveitarstjórnarinnar á Höfn í Hornafirði um Vatnajökulsþjóðgarð.

Bæjarstjórn leggur áhersla á eftirfarandi:

1. Höfuðstöðvar þjóðgarðsins verði í sveitarfélaginu.
2. Náin samvinna verði við heimamenn um mótun reglugerðar, stofnun þjóðgarðsins og alla uppbyggingu og í framhaldi af því að heimamenn eigi fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins.
3. Aðalmarkmið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs samfara verndun verði stuðningur við það atvinnulíf sem fyrir er og frekari uppbygging sem leiðir af sér fjölgun atvinnutækifæra í sveitarfélaginu.
4. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs styðji við áform um jöklasetur og aukið rannsóknar og vísindastarf tengt jöklinum.
5. Nægjanlegt fjármagn fylgi og sé tryggt til uppbyggingar og reksturs þjóðgarðsins.

Hvert á framhaldið að verða?

1. Samstarf við hagsmunasamtök t.d. Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu og íbúa sveitarfélagsins um framgang málsins.
2. Skilgreina hvaða sóknarfæri felast í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs með tilliti til uppbyggingar í ferðaþjónustu, samvinnu við bændur um breytta landnýtingu o.fl.
3. Kynna málið fyrir íbúum með opnum fundum sem víðast í sveitarfélaginu Koma á fót samstarfi við önnur sveitarfélög sem áhuga hafa á að vinna með okkur að framgangi málsins.
4. Kannaðir verði möguleikar á alþjóðlegu samstarfi og hvort hægt sé að sækja um í erlenda sjóði eftir fjármagni í verkefni tengd þjóðgarðsstofnunni.
5. Hugað verði að sérstökum rannsóknarverkefnum sem tengdust t.d. Vatnajökli eða mannvist og sambýli við jökulinn í 1100 ár.
6. Kynning á nýjum viðhorfum til reksturs þjóðgarða á fundum félagasamtaka og funda í héraðinu, fundum um ferðamál, bændafundum og víðar.
7. Senda greinar í héraðsblað og einnig dagblöð um málefni Vatnajökulsþjóðgarðs og koma þannig á framfæri viðhorfum heimamanna.
8. Koma á fót íbúaþingi og unnið að stefnumótun.
9. Tryggt verði að fjármagn fylgi stofnuninni.
10. Tekið verði á öryggismálum og ráðið stafsfólk til að sinna þeim.
11. Samþykkt bæjarstjórnar send til Náttúruverndar og umhverfisráðuneytis.

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er mikilvægt að hafa eftirfarandi meginmarkmið að leiðarljósi.

- Bæjarstjórn Hornafjarðar leggur áherslu á nána samvinnu Náttúruverndar ríkisins og umhverfisráðuneytisins við heimamenn um framkvæmd og stofnun fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarð. Mikilvægt er að Náttúruvernd ríkisins gangist fyrir almennri kynningu

meðal íbúa sveitarfélagsins um þjóðgarðshugmyndina og útfærslu hennar svo fljótt sem auðið er.
- Vegna sívaxandi fjölda ferðamanna þarf aukið fjármagn til að bæta aðgengi ferðamanna að náttúruperlum héraðsins með frekari uppbyggingu og fjölgun á ferðamannastöðum í huga. Jafnframt þarf að efla rannsóknir og vísindastarf og gera sögu og menningu héraðsins sýnilegri með markvissri uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu og stofnun jöklamiðstöðvar (jöklaseturs).
- Að fengnum niðurstöðum óbyggðanefndar telur bæjarstjórn Hornafjarðar mikilvægt að kannaðir verði síðar möguleikar á að einstaka landsvæði innan marka Sveitarfélagsins Hornafjarðar falli undir Vatnajökulsþjóðgarð. Endanleg niðurstaða þess máls hlýtur þó að vera háð ákveðnum skilyrðum og ráðast fyrst og fremst af frjálsum samningum á milli landeigenda og Náttúruverndar ríkisins.

Á þessu stigi málsins leggur bæjarstjórn Hornafjarðar fram eftirfarandi almenn stefnumarkandi atriði sem mikilvægt er að taka tillit til við kynningu málsins.
- Stofnun þjóðgarðsins þarf að hafa í för með sér efnahagslegan ávinning fyrir aðliggjandi byggð og miða að framþróun í atvinnulífi.
- Stofnun þjóðgarðsins þarf að skapa fleiri störf með fjölgun fastra heilsársstarfa sem tryggja búsetu á svæðinu.
- Tryggja þarf fjármagn frá hinu opinbera til reksturs og uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Höfuðstöðvar þjóðgarðsins verði í sveitarfélaginu.
- Tryggja þarf samráð og áhrif heimamanna á ákvörðanatöku í málefnum þjóðgarðsins. Lagt er til að stjórn þjóðgarðsins verði skipuð 4 sveitarstjórnarmönnum, 2 frá Náttúruvernd ríkisins og einum frá Jöklarannsóknarfélaginu. Jafnframt verði komið á fót fjórum framkvæmdarnefndum fyrir þjóðgarðinn, (suðaustursvæði jökulsins, suðvestursvæðið, norðvestursvæði, norðaustursvæði) Í framkvæmdarnefnd hvers landshluta sitji tveir fulltrúar sveitarfélagsins, einn fulltrúi landeiganda, einn fulltrúi ferðaþjónustuaðila, þjóðgarðsvörður og forstjóri Náttúruverndar ríkisins. Fundargerðir verði sendar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga til kynningar.
- Mikilvægt er að huga að eðlilegum tengslum milli áforma um uppbyggingu Jöklasafns á Hornafirði og stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og leitast við að þessi tvö verkefni geti stutt hvort annað.
- Skipuleggja þarf aðgengi ferðamanna að jöklinum og auka möguleika á gönguferðum og útivist á óbyggðum svæðum með bættu aðgengi, leiðsögn og upplýsingaskiltum
- Land sem hugsanlega kæmi til með að falla undir þjóðgarð gæti verið í ríkiseign eða einkaeign eftir því sem um semst hverju sinni í frjálsum samningum milli landeigenda og Náttúruverndar ríkisins.
- Einstaka landeigendum verði gefinn kostur á að leggja fjalllendi eða áhugaverð svæði undir þjóðgarð með frjálsum samningum við Náttúruvernd ríkisins um fjármagn t.d. við landvörslu og bætt aðgengi almennings að landinu.
- Við stofnun þjóðgarðsins þarf að tryggja eðlilegt svigrúm og frelsi hefðbundins landbúnaðar til athafna og framþróunar. Nýting úthaga og fjalllendis til beitar verði ekki skert.
- Áfram verði leyfð veiði fugla, fiska og hreindýra á tilteknum svæðum innan þjóðgarðsins samkvæmt gildandi landslögum og með samningum við landeigendur

– Mismunandi reglur um verndun og landnýtingu geti átt við eftir því hvaða landsvæði er um að ræða innan þjóðgarðsins.

1004. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Guðjón Axel Guðjónsson, Helga Bjarnason og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Jóhann Má Maríusson, Bjarna Bjarnason, Agnar Olsen, Stefán Pétursson og Kristján Gunnarsson frá Landsvirkjun, Jóhannes Geir Sigurgeirsson stjórnarformann Landsvirkjunar, Yngva Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., Þorkel Helgason og Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun, Þórð Friðjónsson, Magnús Harðarson og Pál Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Geir A. Gunnlaugsson frá Reyðaráli hf., Magnús Jóhannesson frá umhverfisráðuneyti, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Kristján Hauk Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Theódór Bjarnason frá Byggðastofnun, Svein Sigurbjarnarson og Skúla Björn Gunnarsson frá Markaðsstofu Austurlands, Arnór Benediktsson, Bjarna Björgvinson og Guðgeir Ragnarsson frá Norður-Héraði, Gunnþórunni Ingólfsdóttur, Kristin Bjarnason og Þórarin Rögnvaldsson frá Fljótsdalshreppi, Einar Rafn Haraldsson frá Afli fyrir Austurland, Smára Geirsson frá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Tryggva Felixson frá Landvernd og Þórólf Matthíasson. Umsagnir bárust um málið frá Skútustaðahreppi, Rafmagnsveitum ríkisins, Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fjarðabyggð, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landvernd, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Orkubúi Vestfjarða, Samtökum iðnaðarins, Reyðaráli hf., Hæfi hf., Fljótsdalshreppi, Seðlabanka Íslands, Orkustofnun, Norður-Héraði, Norðurorku, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landsvirkjun, Þjóðhagsstofnun, Austur-Héraði og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Einnig bárust gögn frá Landsvirkjun, Orkustofnun, samstarfshópi Markaðsstofu Austurlands og Afli fyrir Austurland. Nefndin leitaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á efnahagslegum áhrifum og arðsemi virkjunarinnar; enn fremur var leitað eftir umsögn umhverfisnefndar Alþingis á umhverfisþáttum málsins. Umsagnir meiri hluta og minni hluta beggja nefnda eru birtar í heild sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Frumvarpinu er ætlað að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna byggingar álvers sem fyrirhuguð er á Austurlandi á næstu árum.

Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar er stefnt að virkjunarframkvæmdunum ef samningar nást um byggingu og rekstur álvers við Reyðarfjörð. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um það muni liggja fyrir 1. september 2002 eða síðar. Í því skyni er afar æskilegt að þá liggi fyrir heimildir hins opinbera til virkjunarframkvæmda. Samkvæmt greinargóðu yfirliti frá Orkustofnun eru Kárahnjúkar, Krafla og Bjarnarflag eina leiðin til orkuöflunar fyrir Reyðarálsverkefnið. Fjármögnun álversins byggist m.a. á þeirri forsendu.

Áætlað er að fjárfesting í virkjunum verði 85 milljarðar kr. í fyrri áfanga og 33 milljarðar kr. í síðari áfanga, alls 118 milljarðar kr. Sé álverið sjálft tekið með í reikninginn nemur heildarfjárfesting í verkefninu hátt í 250 milljörðum kr.

Lögum samkvæmt er Landsvirkjun óheimilt að fjárfesta í framkvæmdum vegna stóriðju ef þær framkvæmdir leiða til hækkaðs orkuverðs til almennings. Um arðsemi virkjunarinnar segir í umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til iðnaðarnefndar, en svipað álit kemur fram í umsögn 1. minni hluta nefndarinnar:

„Gert er ráð fyrir að stór hluti stofnkostnaðar verkefnisins falli til á árunum 2004–2006, en þá er áætlað að fjárfest verði fyrir meira en helming af heildarfjárfestingu þess. Við mat á arðsemi verkefnisins notast Landsvirkjun við svokallað áætlað núvirt sjóðstreymi (e. discounted cash flow), en sú aðferð er þekkt við útreikninga sem þessa. Gert er ráð fyrir raunarðsemi eða innri vöxtum upp á 6,3–6,4%, eða um 1% umfram ávöxtunarkröfu verkefnisins. Ávöxtun eigin fjár jafngildir um 14,5% raunarðsemi og gert er ráð fyrir að verkefnið borgi upp stofn- og vaxtakostnað á innan við 30 árum, þrátt fyrir að áætlaður líftími flestra mannvirkjanna sé á bilinu 80–100 ár. Jafnframt gerir Landsvirkjun ráð fyrir óbreyttu orkuverði eftir lok samningstíma, þrátt fyrir þá reynslu að orkuverð hækki jafnan frekar en lækki. Álverð í framtíðinni skiptir miklu máli hvað verkefnið varðar. Álverð sveiflast samkvæmt spám og leitar niður á við, enda eru miklar tækniframfarir í áliðnaði jafnt sem öðrum iðnaði. Nú er álverð mjög lágt, en útreikningar Landsvirkjunar byggjast á því að það muni hækka til skemmri tíma. Næstu áratugina er miðað við að álverð haldist tiltölulega stöðugt að raungildi en leiti niður á við og byggt er á þeirri forsendu að verðlækkunin verði 0,4% á ári.

Til samanburðar við útreikninga Landsvirkjunar hefur fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár jafnframt unnið líkindareikninga um arðsemi orkusölu til Reyðaráls. Allar meginforsendur verkefnisins eru settar inn sem áhættuforsendur, þ.e. álmarkaðurinn, stofnkostnaður, orkusala og raungengi. Helstu niðurstöður eru mjög í takt við útreikninga Landsvirkjunar, en gert er ráð fyrir meðalarðsemi upp á 6,2%, með staðalfrávikum upp á 1,1% í hvora átt. Þá eru líkur á jákvæðu núvirði taldar vera 79% miðað við 5,3% arðsemiskröfu.“

Ljóst er samkvæmt þessu að yfirgnæfandi líkur eru á að framkvæmdin muni reynast Landsvirkjun arðbær. Fulltrúar fyrirtækisins upplýstu jafnframt að áfram væri stefnt að lækkun orkuverðs til almennings sem nemur um 2% á ári í samræmi við ályktun Alþingis þar um.

Um þjóðhagsleg áhrif verkefnisins segir m.a. í fyrrgreindri umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, en svipuð skoðun kemur fram í umsögn 1. minni hluta nefndarinnar:

„Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar telja að landsframleiðsla verði rúmlega 2% meiri á framkvæmdatímanum en ella og þjóðarframleiðsla 1–1,5% meiri. Gert er ráð fyrir að á árunum 2002–2013 verði fjárfesting um 12% hærri en annars. Gert er ráð fyrir að vinnuaflsnotkun í framkvæmdunum verði rétt um 0,5% af heildarframboði vinnuafls, og nái hámarki árið 2005. Þjóðhagsstofnun bendir á að umfang framkvæmdanna árin 2004–2006 og minnkun þeirra strax á eftir árið 2007–2008 geri miklar kröfur til hagstjórnar. Ef ekki komi til mótvægisaðgerða megi búast við að verðbólga fari yfir þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands og verði allt að 4–5%, miðað við 2,5% ella. Útlit er fyrir að viðskiptahalli aukist nokkuð á framkvæmdatímanum, að jafnaði um 2% af vergri landsframleiðslu, og nái hámarki á árunum 2005–2006. Þjóðhagsstofnun telur hins vegar að eftir að framkvæmdum við verkefnið lýkur og álver Reyðaráls hefur náð fullum afköstum muni áhrif á viðskiptajöfnuð verða jákvæð og útflutningur gæti orðið um 14% meiri en ella fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Landsframleiðsla gæti orðið 1,25–1,5 hærri til lengdar en ella og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því að útflutningur geti orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda miðað við óbreytt raungengi. Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir óbreyttum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Loks bendir Þjóðhagsstofnun á að verði ekki af verkefninu megi gera ráð fyrir að fólki á Austurlandi haldi áfram að fækka.“

Á framkvæmdatíma virkjunar má búast við nokkrum þensluáhrifum í efnahagslífi. Ýmsir umsagnaraðilar benda á mikilvægi þess að stjórnvöld grípi til efnahagslegra mótvægisaðgerða. Seðlabankinn telur að vegna framkvæmdanna kunni hann að hækka stýrivexti um 1–2%. Um skammtímaáhrif þess á almenna vexti er óljóst. Ræðst það nokkuð af ástandi efnahagslífsins að öðru leyti og rekstri ríkissjóðs. Meiri hlutinn telur brýnt að ríkisvaldið taki mið af þenslunni í efnahagslífinu við hagstjórn á umræddum framkvæmdatíma. Meiri hlutinn vekur hins vegar athygli á því að langtímaáhrif Reyðarálsverkefnisins geta falið í sér lækkun vaxta almennt, m.a. vegna aukinnar þjóðarframleiðslu í kjölfar vaxandi útflutningstekna frá Reyðaráli. Þá má telja líklegt að verkefnið í heild sinni hafi jákvæð áhrif á gengisþróunina.

Fulltrúar Landsvirkjunar bentu á að fjárfesting virkjunarframkvæmda vegna Reyðaráls væri, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, svipuð og fjárfesting í Búrfellsvirkjun var um miðjan sjöunda áratuginn. Meiri hlutinn telur efnahagsleg áhrif af þeim framkvæmdum hafa verið einkar jákvæð fyrir landsmenn alla. Ekki síðri gætu áhrif af Kárahnjúkum orðið.

Stærstur hluti raforkuframleiðslu heimsins byggist á mengandi aðferðum, svo sem kolum, jarðgasi, olíu og kjarnorku. Meiri hlutinn telur einsýnt að í framtíðinni muni mengunarskattar verða lagðir á fyrrgreinda orkugjafa, samkvæmt umræðu í kjölfar Kyoto-samnings. Slík ákvörðun mun almennt hækka orkuverð í heimunum. Það umhverfi mun gera forsendur þeirra framkvæmda sem hér er um fjallað enn hagstæðari.

Við undirbúning þessa máls hefur verið unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis segir m.a.:

„Um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal hefur verið unnið mat á umhverfisáhrifum og eftir kæruferli hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra fellt úrskurði, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemd við þessa málsmeðferð. Þá telur meiri hlutinn að skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir framkvæmdinni í úrskurði umhverfisráðherra séu mjög til bóta og telur brýnt að skýrt verði kveðið á um þau þegar að útgáfu virkjunarleyfis kemur."

Í umsögn Orkustofnunar kemur m.a. fram að vandað hafi verið til undirbúnings og rannsókna vegna Kárahnjúkavirkjunar í hvívetna og „víða hefur verið gengið svo langt til móts við umhverfissjónarmið sem ætlast megi til án þess að stofna hagkvæmni verkefnisins í hættu".

Meiri hlutinn telur reyndar að líklega hafi ekkert verkefni hérlendis nokkru sinni verið rannsakað jafnmikið og virkjun við Kárahnjúka.Um virkjun við Kröflu og Bjarnarflag er unnið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum þótt Alþingi hafi þegar veitt Landsvirkjun heimild fyrir virkjun í Bjarnarflagi.

Í forsendum fyrir kostnaði af framkvæmdum við Kárahnjúka er gert ráð fyrir ýmsum mótvægisaðgerðum vegna umhverfisrasks á virkjanasvæðum. Er þar m.a. byggt á matsferli umhverfisáhrifa, sem og úrskurði umhverfisráðherra.

Meiri hlutinn telur að frá sjónarhóli jafnt umhverfisverndar sem útivistar sé æskilegt að ósnortin víðerni norðan Vatnajökuls verði lögð undir þjóðgarð. Meiri hlutinn hvetur til að tillögur um það verði teknar til alvarlegrar skoðunar hið fyrsta.

Fram kemur m.a. í umsögn Þjóðhagsstofnunar, Byggðastofnunar og Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi að Reyðarálsverkefnið og virkjanir tengdar því muni styrkja og byggja ört upp byggðir á Miðausturlandi. Er það og í samræmi við atvinnu- og byggðaáhrif af stóriðju í Hafnarfirði og á Grundartanga. Hér getur verið um að ræða eina öflugustu byggðaaðgerð síðustu áratuga. Í umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar segir um þennan þátt:

„Álverið og virkjunarframkvæmdir munu til skemmri og lengri tíma hafa afar jákvæð áhrif á lífskjör og búsetu á Austurlandi en það svæði hefur verið í nokkurri varnarstöðu á undanförnum árum. Það hefur enn fremur mikla þýðingu fyrir landsbyggðina í heild ef sýnt er fram á að atvinnurekstur af þessum toga og þessari stærð geti blómstrað svo langt frá höfuðborgarsvæðinu.“

Þjóðhagsleg áhrif stóriðju á Austurlandi eru mikilvæg. Þjóðhagsstofnun spáir því að Reyðarálsverkefnið í heild muni auka þjóðarframleiðslu um 1% og landsframleiðsla verði allt að 1,5% hærri til lengdar vegna þess. Langtímaáhrif af þeim þáttum eru afar jákvæð fyrir efnahagslíf þjóðarinnar í heild og ættu að stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífi, tryggara atvinnuástandi og bættum lífskjörum þjóðarinnar. Vissulega er um fórnarkostnað að ræða þar sem virkjun raskar óspilltri náttúru. Þess hefur þó verið gætt að halda umhverfisraski í lágmarki. Hin jákvæðu efnahagslegu áhrif og byggðaáhrif fyrir þjóðina í heild vega þó upp þann fórnarkostnað. Þá má benda á að vegna framkvæmda við Kárahnjúka opnast ýmsir nýir möguleikar fyrir hinn almenna ferðamann, m.a. vegna vegalagningar um svæðið. Vinnuhópur á vegum Markaðsstofu Austurlands hefur þegar kynnt metnaðarfull áform í ferðaþjónustu á svæðinu.

Í umsögn sveitarstjórnar Norður-Héraðs er vakin athygli á því að vegna ákvæða sveitarstjórnarlaga nýtur aðeins eitt sveitarfélag tekna af virkjuninni. Ræður staðsetning stöðvarhússins því hvaða sveitarfélag þar á í hlut. Þau sveitarfélög sem leggja til land undir virkjun, göng, vegi og annað sem óhjákvæmilega tengist virkjuninni í heild njóta hins vegar engra beinna tekna. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessum ákvæðum verði breytt á þann veg að tekjustofnar sveitarfélaga vegna virkjunarstarfsemi verði breikkaðir.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið mælir meiri hlutinn eindregið með því að frumvarpið verði **samþykkt.**

Bryndís Hlöðversdóttir og Svanfríður Jónasdóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara sem lýtur að eftirtöldum atriðum:

Fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni styðja framkvæmdina í trausti þess að áætlanir um arðsemi framkvæmdarinnar standist og að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu sbr. umsögn 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar þar að lútandi.

Fyrirvarar fulltrúa Samfylkingarinnar lúta auk þess að verndun lands norðan Vatnajökuls þannig að í kjölfar virkjunar við Kárahnjúka verði ekki ráðist í frekari framkvæmdir sem skaðað geti dýrmætar náttúruperlur norðan jökuls, en í nefndaráliti þessu er tekið mjög sterklega undir áherslur Samfylkingarinnar í þeim efnum.

Þá telja fulltrúar Samfylkingarinnar að í umfjöllun málsins hafi komið skýrt fram hve mikilvægt það er að mótuð verði heildstæð auðlindastefna. Einnig vísa fulltrúar Samfylkingarinnar til mikilvægis þess að skoða hvernig takmarka má áhættu almennings af fjármögnun verkefna sem þessara svo sem með stofnun sérstaks fyrirtækis um framkvæmdina og verkefnafjármögnun.

Alþingi, 18. mars 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Kjartan Ólafsson.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur á fundum sínum fjallað um frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar, sbr. bréf iðnaðarnefndar Alþingis frá 20. febrúar sl. Frumvarpinu er ætlað að afla lagaheimilda fyrir Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar vegna byggingar álvers sem fyrirhuguð er á Austurlandi á næstu árum. Á meðal gesta sem nefndin fékk á sinn fund vegna málsins voru fulltrúar Landsvirkjunar, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka Íslands, Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Reyðaráls hf., Verslunarráðs Íslands, fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Landssambands lífeyrissjóða og Norðuráls. Einnig komu á fund nefndarinnar Sigurður Jóhannesson, Jón Sigurðsson, Sveinn Aðalsteinsson og Þorsteinn Sigurlaugsson.

Fulltrúar Landsvirkjunar kynntu virkjunarframkvæmdina sjálfa, stofnkostnað hennar og áætlaða arðsemi fyrir nefndinni. Áætlað er að fjárfesting í virkjunum verði 85 milljarðar kr. í fyrri áfanga og 33 milljarðar kr. í síðari áfanga, alls 118 milljarðar kr. Sé álverið sjálft tekið með í reikninginn nemur heildarfjárfesting í verkefninu hátt í 250 milljörðum kr. Með lokuðum útboðum með forvali ætlar Landsvirkjun að tryggja að verktakar hafi tæknilega og fjárhagslega hæfni til að ljúka sínum verkum og verkþáttum. Jafnframt verða tilboð frá verktökum opnuð áður en samningar verða undirritaðir og ljóst að ekkert verður af verkefninu ef ekki fást ásættanleg tilboð.

Gert er ráð fyrir að stór hluti stofnkostnaðar verkefnisins falli til á árunum 2004–2006, en þá er áætlað að fjárfest verði fyrir meira en helming af heildarfjárfestingu þess. Við mat á arðsemi verkefnisins notast Landsvirkjun við svokallað áætlað núvirt sjóðstreymi (e. discounted cash flow), en sú aðferð er þekkt við útreikninga sem þessa. Gert er ráð fyrir raunarðsemi eða innri vöxtum upp á 6,3–6,4%, eða um 1% umfram ávöxtunarkröfu verkefnisins. Ávöxtun eigin fjár jafngildir um 14,5% raunarðsemi og gert er ráð fyrir að verkefnið borgi upp stofn- og vaxtakostnað á innan við 30 árum, þrátt fyrir að áætlaður líftími flestra mannvirkjanna sé á bilinu 80–100 ár. Jafnframt gerir Landsvirkjun ráð fyrir óbreyttu orkuverði eftir lok samningstíma, þrátt fyrir þá reynslu að orkuverð hækki jafnan frekar en lækki. Álverð í framtíðinni skiptir miklu máli hvað verkefnið varðar. Álverð sveiflast samkvæmt spám og leitar niður á við, enda eru miklar tækniframfarir í áliðnaði jafnt sem öðrum iðnaði. Nú er álverð mjög lágt, en útreikningar Landsvirkjunar byggjast á því að það muni hækka til skemmri tíma. Næstu áratugina er miðað við að álverð haldist tiltölulega stöðugt að raungildi en leiti niður á við og byggt er á þeirri forsendu að verðlækkunin verði 0,4% á ári.

Til samanburðar við útreikninga Landsvirkjunar hefur fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár jafnframt unnið líkindareikninga um arðsemi orkusölu til Reyðaráls. Allar meginforsendur verkefnisins eru settar inn sem áhættuforsendur, þ.e. álmarkaðurinn, stofnkostnaður, orkusala og raungengi. Helstu niðurstöður eru mjög í takt við útreikninga Landsvirkjunar, en gert er ráð fyrir meðalarðsemi upp á 6,2%, með staðalfrávikum upp á 1,1% í hvora átt. Þá eru líkur á jákvæðu núvirði taldar vera 79% miðað við 5,3% arðsemiskröfu.

Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar telja að landsframleiðsla verði rúmlega 2% meiri á framkvæmdatímanum en ella og þjóðarframleiðsla 1–1,5% meiri. Gert er ráð fyrir að á árunum 2002–2013 verði fjárfesting um 12% hærri en annars. Gert er ráð fyrir að vinnuaflsnotkun í framkvæmdunum verði rétt um 0,5% af heildarframboði vinnuafls, og nái hámarki árið

2005. Þjóðhagsstofnun bendir á að umfang framkvæmdanna árin 2004–2006 og minnkun þeirra strax á eftir árið 2007–2008 geri miklar kröfur til hagstjórnar. Ef ekki komi til mótvægisaðgerða megi búast við að verðbólga fari yfir þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabanka Íslands og verði allt að 4–5%, miðað við 2,5% ella. Útlit er fyrir að viðskiptahalli aukist nokkuð á framkvæmdatímanum, að jafnaði um 2% af vergri landsframleiðslu, og nái hámarki á árunum 2005–2006. Þjóðhagsstofnun telur hins vegar að eftir að framkvæmdum við verkefnið lýkur og álver Reyðaráls hefur náð fullum afköstum muni áhrif á viðskiptajöfnuð verða jákvæð og útflutningur gæti orðið um 14% meiri en ella fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda. Landsframleiðsla gæti orðið 1,25–1,5 hærri til lengdar en ella og þjóðarframleiðsla tæplega 1% hærri. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því að útflutningur geti orðið um 14% meiri en annars fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda miðað við óbreytt raungengi. Í útreikningum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir óbreyttum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Loks bendir Þjóðhagsstofnun á að verði ekki af verkefninu megi gera ráð fyrir að fólki á Austurlandi haldi áfram að fækka.

Í máli fulltrúa Seðlabanka Íslands kom fram að með mótvægisaðgerðum ætti að vera hægt að halda verðbólgu innan þolmarka á framkvæmdatímanum. Til þess þyrfti hins vegar að halda stýrivöxtum Seðlabankans 2% hærri en ella. Seðlabankinn mun fylgjast grannt með þróun mála og gera frekari athuganir þegar nær dregur framkvæmdunum sjálfum. Málið yrði fyrst og fremst skoðað út frá verksviði bankans sjálfs, þ.e. hugsanlegum áhrifum á vexti, gengi og stefnuna í peningamálum. Seðlabankinn telur líklegt að vaxtastig á Íslandi verði hærra um töluverðan tíma og býst við að vaxtahækkun muni koma til strax síðla árs ef af framkvæmdinni verður. Bankinn telur hins vegar rétt að hreyfa hvorki við verðbólgumarkmiði né þolmörkum verðbólgu þrátt fyrir það þar sem vextir muni byrja að lækka aftur um það leyti sem framkvæmdirnar ná hámarki. Það skal jafnframt tekið fram að fyrirhuguð viðbrögð Seðlabankans í vaxtamálum byggjast á því að engar mótvægisaðgerðir komi til í ríkisfjármálum. Seðlabankinn telur ekki ástæðu til að ætla að kaupmáttur rýrni á byggingartíma virkjunarinnar þar sem búast megi við meira launaskriði en ella og að kaupmáttur verði hærri. Seðlabankinn telur hins vegar erfitt að spá fyrir um hvert gengið verði á framkvæmdatímanum, en telur líklegt að það muni taka töluverða sveiflu í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt benti bankinn á að vaxtahækkun um hríð væri ekki endilega slæm þar sem hún kæmi í veg fyrir að verðbólga festist í sessi.

Þorsteinn Sigurlaugsson sagði að stofnkostnaður verkefnisins væri 118 milljarðar kr. á núverandi gengi og að líftími fjárfestingarinnar væri allt að 60 ár. Orkugetan væri 4.890 gígavattstundir á ári og rekstrarkostnaður 1.200 millj. kr. á hverju ári. Hann sagði fjármagnskostnað vera gífurlegan í Reyðarálsverkefninu, eða meira en 660 bandaríkjadali á hvert tonn af áli. Greiðslugeta Reyðaráls fyrir orkuna lægi á bilinu 1–1,5 kr. Þorsteinn telur árlega lækkun álverðs vera 1–2% til lengri tíma litið og að búast megi við töluverðri lækkun orkuverðs. Hann telur ekki vera nema 50% líkur á að ávöxtunarkrafa náist.

Sveinn Aðalsteinsson sagði að áliðnaðurinn væri allur að flytjast til þróunarlandanna, Asíu og Afríku. Af þeim sökum yrði álverðið mun lægra í framtíðinni en spár segðu fyrir um.

Jón Sigurðsson vakti máls á þeim möguleika að áhættan sem falin væri í verkefninu væri ofviða Íslendingum. Ef Reyðarál hætti að geta borgað Landsvirkjun fyrir orkuna mundi Landsvirkjun missa tekjur af verksmiðjunni í einhver ár og síðan væru allar líkur á því að annar aðili tæki við rekstrinum og þvingaði Landsvirkjun til að selja sér orkuna á verulega lægra verði en verið hefði.

Fulltrúi ASÍ vísaði einkum í ályktun miðstjórnarfundar ASÍ frá 7. nóvember 2001 um virkjana- og stóriðjumál. Þar lýsir miðstjórn ASÍ stuðningi sínum við áform um byggingu

álvers við Reyðarfjörð og virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og leggur áherslu á að framkvæmdin sé afar mikilvæg fyrir uppbyggingu atvinnu og lífskjara launafólks, bæði á Austurlandi og um landið allt. Miðstjórnin telur engu síður mikilvægt að á byggingartímanum verði tekið tillit til þensluáhrifa framkvæmdanna, en hætta sé á að verðbólga aukist og/eða raungengi hækki vegna umfangs fjárfestingarinnar. Það dregur úr samkeppnishæfni annarra útflutnings- eða samkeppnisgreina. Miðstjórn ASÍ leggur auk þess áherslu á að gert verði ráð fyrir að unnt verði að framleiða um 10–15% meiri orku en stóriðjan krefst og að viðbótarorkunni verði ráðstafað á alþjóðlega samkeppnishæfu verði til uppbyggingar atvinnulífsins. Jafnframt þurfi að styrkja stoðir ýmissa þjónustugreina á svæðinu og stuðla að aukinni fjölbreytni í uppbyggingu atvinnulífsins.

Verslunarráð Íslands telur fyrirhugaða framkvæmd hagkvæma og lítur svo á að hún muni bæta verulega við áætlaðan hagvöxt. Verslunarráðið telur nauðsynlegt að skoða orkugeirann eins og aðra geira með tilliti til þess hvernig einkaaðilar geti komið þar inn.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis sögðu að reiknað væri með miklum áhrifum verkefnisins til skamms tíma litið og útilokuðu ekki að gripið yrði til mótvægisaðgerða í ríkisfjármálum til að vega upp á móti þeim áhrifum sem verkefnið kynni að hafa. Þeir bentu þó á að efnahagsástandið í landinu á þeim tíma sem ráðist væri í framkvæmdir skipti meira máli almennt séð en beinar mótvægisaðgerðir. Til lengri tíma litið hefði verkefnið jákvæð áhrif á útflutning, viðskiptajöfnuð og hagvöxt í landinu sem mundi leiða til þess að lífskjör í landinu bötnuðu. Þeir bentu á að staða efnahagslífsins til að takast á við framkvæmdirnar væri með besta móti nú. Jafnframt kom fram í máli fulltrúa ráðuneytisins að allar efnahagsforsendur mundu breytast ef ráðist væri í framkvæmdirnar og líklegt væri að grípa þyrfti til mótvægisaðgerða í ríkisfjármálum sem næmu 2–5 milljörðum kr. Til að meta málið í samhengi þyrfti að horfa á allan framkvæmdatímann. Það væri verkefni hagstjórnar að meta stöðuna eftir því sem aðstæður breyttust.

Fulltrúar lífeyrissjóðanna greindu frá því að fimm lífeyrissjóðir hefðu undanfarið unnið í starfshópi við að meta hversu áhugaverður fjárfestingarkostur álver Reyðaráls væri. Gert væri ráð fyrir því að hlutdeild íslenskra aðila yrði í kringum 50% og þar af kæmi u.þ.b. helmingurinn frá lífeyrissjóðunum, alls um 25%. Þegar að því kæmi að álverið tæki til starfa væri þátttökuframlag hvers lífeyrissjóðs á bilinu 1–1,5% af eignum hvers og eins þeirra. Fulltrúar lífeyrissjóðanna bentu jafnframt á að fjárfesting lífeyrissjóðanna í verkefninu næmi u.þ.b. 10 milljörðum kr. á 6–7 árum, en sjóðirnir hefðu yfir 100 milljarða kr. til ráðstöfunar til fjárfestingar árlega. Um væri að ræða mjög lítinn hluta af heildareignum hvers lífeyrissjóðs og það breytti sáralitlu um fjármagnsmarkaðinn þótt 1–2 milljarðar kr. færu í verkefnið árlega um nokkurra ára skeið.

Fulltrúi Norðuráls gerði grein fyrir sýn á álverðið til lengri tíma og tók undir þær spár helstu erlendra ráðgjafa og stærstu banka sem lána til byggingar álvera að álverðið yrði í kringum 1.500–1.600 dollara á tonnið til lengri tíma litið. Ástæðan fyrir lægðinni sem nú væri, þar sem álverðið væri í kringum 1.400 dollara á tonnið, væri m.a. efnahagsástandið í Bandaríkjunum. Hann benti einnig á að væntingar manna um álverð yrðu að vera á bilinu 1.550–1.600 dollarar á tonnið, annars væru ný álver ekki byggð. Síaukin eftirspurn væri eftir áli, einkum til nota við bílaframleiðslu, en einnig í byggingarvörur og fleiri vörur. Hann benti jafnframt á að ábyrgð ríkisins á virkjunarframkvæmdum væri mikilvæg þar sem þeir sem lánuðu til framkvæmda horfðu mjög til stuðnings hins opinbera við framkvæmdina. Ríkisábyrgð væri viðbótartrygging fyrir lánveitendur og lækkaði fjármagnskostnað. Varðandi það að áliðnaðurinn væri að miklu leyti að flytjast til þróunarlandanna og Kína benti hann á að ekki

væru margir kostir varðandi orkuöflun í Evrópu. Þó væri enn verið að reisa ný álver annars staðar, svo sem í Kanada og Noregi.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins á grundvelli þeirra efnahagslegu forsendna sem farið hefur verið yfir. Rök meiri hlutans eru í megindráttum þessi:

1. Álverið og virkjunin leiða til þess að útflutningur landsmanna eykst verulega og verður um 14% meiri en ella fyrsta áratuginn eftir lok framkvæmda og landsframleiðsla verður árlega u.þ.b. 1,25–1,5% hærri en ella vegna þessarar starfsemi. Þetta er því mikilvægt framlag til hagvaxtar og betri lífskjara í landinu.

2. Virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar eru mjög líklegar til þess að vera arðsamar fyrir fyrirtækið. Spá Landsvirkjunar um álverð og orkuverð í framtíðinni byggist á því sem almennt gengur og gerist meðal þeirra aðila í heiminum sem taka ákvarðanir um fjárfestingar í álverum eða lánveitingar til þeirra.

3. Álverið og virkjunarframkvæmdir munu til skemmri og lengri tíma hafa afar jákvæð áhrif á lífskjör og búsetu á Austurlandi en það svæði hefur verið í nokkurri varnarstöðu á undanförnum árum. Það hefur enn fremur mikla þýðingu fyrir landsbyggðina í heild ef sýnt er fram á að atvinnurekstur af þessum toga og þessari stærð geti blómstrað svo langt frá höfuðborgarsvæðinu.

4. Fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn gera sér grein fyrir því að vandi getur skapast vegna umframeftirspurnar í hagkerfinu á framkvæmdatímanum og reikna með því að grípa þurfi til mótvægisaðgerða, svo sem vaxtahækkana eða samdráttar í framkvæmdum ríkisins. Rétt er þó að vekja athygli á því að framkvæmdir á Austurlandi eru líklegar til þess að skapa tiltölulega minni þensluáhrif en ef þær væru nær höfuðborginni þar sem töluverð ónýtt þjónustugeta er á svæðinu og dulið atvinnuleysi vegna hagræðingar í hefðbundnum atvinnugreinum svæðisins og frekari möguleika í þeim efnum.

5. Það hefur sýnt sig í rekstri annarra álvera hér á landi að hér er þekking og hæfni til þess að ná samfelldum árangri í að auka framleiðni í þessari starfsemi þannig að hún haldi samkeppnishæfni sinni yfir lengri tíma. Þegar upp er staðið stendur og fellur starfsemin með því hvort stjórnendur og annað starfsfólk sem ræðst til starfa í álverinu nær að gera jafnvel eða betur en gerist í öðrum löndum í að auka framleiðni í álvinnslunni eftir að fyrirtækið er komið í rekstur. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur fullt traust á því að til fyrirtækisins ráðist hæft fólk en það dregur stórlega úr áhættu Landsvirkjunar og þjóðarinnar til lengri tíma.

Alþingi, 12. mars 2002.
F.h. meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis,

Vilhjálmur Egilsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

Umsögn 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Afstaða Samfylkingarinnar er að virkjun við Kárahnjúka komi til greina sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt. *Í fyrsta lagi* þarf efnahagslegur ávinningur af virkjun og álveri að vera mikill og ótvíræður. *Í öðru lagi* þarf að liggja fyrir hverjar þjóðhagslegar afleiðingar fjárfestingarinnar verða og til hvaða mótvægisaðgerða verður gripið til að sporna við óhóflegri þenslu og verðbólgu. *Í þriðja lagi* er alger forsenda að fyrir liggi stefna stjórnvalda um verndun lands norðan Vatnajökuls, þannig að í kjölfar virkjunar við Kárahnjúka verði ekki ráðist í frekari framkvæmdir sem skaðað geta dýrmætar náttúruperlur norðan jökuls.

Við skoðun málsins í efnahags- og viðskiptanefnd komu eftirfarandi aðalatriði fram:

1. Orkuverð er með þeim hætti að sannfærandi rök eru fyrir því að raunarðsemi virkjunarinnar verði 6,3–6,4%. Það er 1% umfram ávöxtunarkröfu verkefnisins. Hlutlaust fyrirtæki, Ráðgjöf og efnahagsspár, gerði sjálfstæða útreikninga út frá öllum helstu áhættuforsendum, þ.e. stofnkostnaði, þróun álverðs, raungengi og orkumarkaði, og komst að sömu niðurstöðu.

2. Ávöxtun eigin fjár svarar til raunarðsemi upp á 14,5%. Því má gera ráð fyrir að verkið geti greitt upp stofnkostnað og vexti á innan við 30 árum, þó að líftími mannvirkisins sé áætlaður 80–100 ár. Í þeim útreikningum er eigi að síður gert ráð fyrir óbreyttu orkuverði að slepptum samningstíma. Löng reynsla sýnir þó að verðið hækkar þá fremur en lækkar.

3. Helsti áhættuþátturinn í útreikningum á arðsemi framkvæmdarinnar er þróun álverðs. Landsvirkjun hefur byggt forsendur sínar um álverð á spám virtustu greiningarfyrirtækja sem hafa mikla reynslu af að greina þróun markaðarins. Fulltrúi Noral, sem kom til fundar við nefndina, tók undir þær spár. Hann kvað núverandi lægð, 1.400 bandaríkjadali/tonn, fyrst og fremst stafa af efnahagsástandi í Bandaríkjunum. Það virðist nú aftur á uppleið. Hann taldi líkt og ráðgjafar Landsvirkjunar álverð til lengri tíma verða 1.550–1.600 bandaríkjadali/tonn.

4. Áhættan af framkvæmdinni er eigi að síður nokkur. Það skiptir því máli að sem minnst áhætta hvíli á herðum innlendra fjárfesta. Því er brýnt að erlend aðild að álverinu sé sem mest og æskilegt að hún verði ekki undir helmingi.

5. Þjóðhagsstofnun upplýsti að á framkvæmdatíma yrði landsframleiðsla rúmum 2% meiri en ella og þjóðarframleiðsla 1–1,5% meiri. Eftir að framkvæmdum lýkur og virkjun og álver starfa með fullum afköstum mun árlegur útflutningur aukast um 14%, a.m.k. fyrsta áratuginn. Landsframleiðsla gæti til lengdar orðið 1,25–1,5% hærri og þjóðarframleiðsla tæpum 1% meiri.

6. Á árunum 2002–2013 yrði fjárfesting 12% hærri en annars. Meira en helmingur fjárfestingarinnar fellur hins vegar á árin 2004–2006. Strax eftir 2007/2008 hjaðna framkvæmdir á hinn bóginn ört. Ferill framkvæmdanna gerir því mjög miklar kröfur til hagstjórnar, ef ekki á að bresta á með aukinni verðbólgu og þenslu. Án mótvægisaðgerða mun verðbólga rjúfa 2,5% þolmörk verðbólgumarkmiða Seðlabankans og verða 4–5%.

7. Seðlabankinn hefur upplýst að verði af framkvæmdum yrði bankanum nauðsynlegt að hækka stýrivexti um 2–2,5% strax á seinni hluta þessa árs. Vextir taki síðan að lækka aftur í þann mund sem framkvæmdir ná hámarki um miðjan áratuginn. Það er á hinn bóginn athyglisvert að fjármálaráðuneytið er á öndverðum meiði við Seðlabankann og telur enga þörf á mótvægisaðgerðum fyrr en árið 2004.

8. Hækkun stýrivaxta í þeim mæli sem Seðlabankinn hefur reifað mun hafa mjög óhagstæðar afleiðingar í för með sér þar sem hún mun leiða til þess að langtímavextir hækka um

0,5%. Þannig er hægt að halda því fram að Kárahnjúkavirkjun muni tímabundið leiða til neikvæðra áhrifa fyrir lítil fyrirtæki, ekki síst sprotafyrirtæki, sem ekki geta sótt sér vaxtaminna fjármagn erlendis, og fyrir skuldsettar fjölskyldur og húsnæðiskaupendur. Í því sambandi benda fulltrúar Samfylkingarinnar á tillögur flokksins um skattaívilnanir handa smáfyrirtækjum þar sem sérstaklega yrði tekið á hag sprotafyrirtækja.

9. Í skýrslu Hagfræðistofnunar frá júní 2001 er bent á að áhrif Noral-verkefnisins muni ráðast verulega af efnahagsástandinu þegar framkvæmdir hefjast og því sé brýnt að stjórnvöld móti stefnu sem „tryggir stöðugleika og dregur úr verðhækkunum áður en verkefninu verður hrint í framkvæmd. Að auki verða stjórnvöld að vera búin að ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið á framkvæmdatímanum til að freista þess að stemma stigu við vaxandi verðbólgu og þenslu.“ Fulltrúar Samfylkingarinnar telja því brýnt að áður en málið er endanlega afgreitt frá Alþingi verði þinginu gerð grein fyrir mótvægisaðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til vegna framkvæmdanna.

Niðurstaða okkar er sú að þær upplýsingar sem liggja fyrir um arðsemi framkvæmdarinnar sýni að ávinningurinn af henni er mikill og ótvíræður. Allt bendir til að framkvæmdin gæti til frambúðar haft jákvæð áhrif á kaupmátt og lífskjör Íslendinga og almennt á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Áhættan af framkvæmdinni er eigi að síður allnokkur og því telja fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd æskilegt að erlend fjárfesting verði sem mest og ekki undir helmingi. Fjárfestingaferillinn gerir hins vegar kröfur til skarpra aðgerða á sviði hagstjórnar sem tímabundið geta haft neikvæð áhrif á vaxtakjör fjölskyldna og smærri fyrirtækja. Þótt jákvæð langtímaáhrif af framkvæmdinni vegi þau að sönnu upp með tímanum hvílir sú skylda á ríkisstjórninni að grípa til mótvægisaðgerða sem geta dregið úr nauðsyn vaxtahækkunar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja taka skýrt fram að þótt arðsemi framkvæmdarinnar sé góð og jákvæð langtímaáhrif hennar á lífskjör þjóðarinnar vegi upp neikvæð skammtímaáhrif sem birtast í vaxtahækkun og afföllum á húsbréfum sé ekki hægt að taka endanlega afstöðu til framkvæmdarinnar fyrr en búið er að skýra afstöðu meiri hlutans í þinginu til verndar svæðanna sem ósnortin verða norðan Vatnajökuls að loknum framkvæmdum.

Fylgiskjal III.

Umsögn 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í ljósi þess að mjög alvarleg varnaðarorð hafa komið fram um grundvöll þann sem áætlanir Landsvirkjunar byggjast á hvað varðar álverð á komandi árum og áratugum og áætlaðan byggingarkostnað Kárahnjúkavirkjunar og óvissu henni tengd vegna mjög viðamikilla jarðganga og stíflugerðar, auk mótvægisaðgerða til verndar náttúru svæðisins, er hér með lagt til að forsendur arðsemisútreikninga Landsvirkjunar verði ítarlega endurskoðaðar. Jafnframt verði leitað enn frekari upplýsinga til viðbótar þeim sem að undanförnu hafa borist um ástand á álmörkuðum og framtíðarhorfur í áliðnaði heimsins.

Í umræðum á fundum efnahags- og viðskiptanefndar vegna fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar með fulltrúa Landsvirkjunar, embættismönnum frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og Hagfræðistofnunar HÍ, auk fulltrúa atvinnulífsins, ASÍ og nokkurra óháðra aðila, kom mjög greinilega fram að opinberar stofnanir leggja til grundvallar sínum umsögnum í einu og öllu áætlanir Landsvirkjunar.

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að um sé að ræða stærstu fjárfestingu í raforkukerfi landsmanna í sögu þjóðarinnar sem óhjákvæmilega snerti margvísleg svið, svo sem atvinnumál, umhverfismál, arðsemi og áhættu fjárfestingar Landsvirkjunar, byggðamál, ríkisábyrgðir og fjárhagslegt skipulag í tengslum við áhættufjárfestingu í raforkukerfinu og tengdri stóriðju, þjóðarbú og hagstjórn. Jafnframt að þar sem ekki hafi tekist í tíma að fá aðgang að öllum gögnum sem nauðsynleg eru til að leggja sjálfstætt mat á áhrif verkefnisins byggist álit bankans í veigamiklum atriðum á athugunum Þjóðhagsstofnunar á þjóðhagslegum áhrifum Noral-verkefnisins. Seðlabankinn leggur á þessu stigi ekkert mat á þessar niðurstöður. Hann tekur þær einfaldlega sem gefnar sem undirstöður undir mat sitt á því hvaða áhrif verkefnið kann að hafa á peningastefnuna, vexti, gengi og aðra þá þætti sem snerta bankann. Seðlabankinn virðist ekki líta á það sem hlutverk sitt að taka afstöðu til málsins í heild enda eru margir þættir þess utan verksviðs hans. Það sé fyrst og fremst verksvið þeirra sem standa að byggingu álverksmiðju á Reyðarfirði að taka ákvörðun um hvort þeir vilji ráðast í verkefnið í ljósi væntanlegrar ávöxtunar og áhættu. Með sama hætti yrði það viðfangsefni þeirra sem fá það hlutverk að selja álverinu raforku að meta hvort arðsemi og áhætta verður verjanleg. Alþingi yrði að meta hvort veita beri málinu brautargengi þar sem vegnir yrðu saman hugsanlegur ávinningur í hærri þjóðartekjum og byggðarþróun og hugsanleg þjóðhagsleg áhætta og neikvæð umhverfisáhrif. Seðlabankinn bendir hins vegar á að rök kunni að vera til að skoða hvort ekki sé unnt að takmarka áhættu almennings af verkefninu með því að takmarka með einhverjum hætti þær ábyrgðir opinberra aðila sem verða á lánsfjáröflun til orkuframkvæmda að öðru óbreyttu. Seðlabankinn hefur almennt verið á móti víðtækri notkun ríkisábyrgða í áhætturekstri og fjármálastarfsemi enda geta þær skekkt áhættumat og samkeppnisstöðu.

Í mati Seðlabankans er byggt á úttekt Þjóðhagsstofnunar sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Seðlabankinn segir enn fremur: „Ekki er reiknað með neinum mótvægisaðgerðum í rískisfjármálum. Leggja verður ríka áherslu á að matið er mikilli óvissu háð og aðeins til viðmiðunar. Ástandið getur að verulegu leyti ráðist af ástandi þjóðarbúskaparins þegar framkvæmdir hefjast og öðrum ytri áhrifum sem þjóðarbúið verður fyrir meðan á þeim stendur... Einn stærsti óvissuþátturinn sem tengist framkvæmdunum er áhrif þeirra á gengi krónunnar. Í þeim framreikningi Þjóðhagsstofnunar sem hér er stuðst við er reiknað með óbreyttu gengi krónunnar. Allar niðurstöður hér á eftir verður að skoða í ljósi þess. Sennilegt er að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna, þótt erfitt sé að sjá þær nákvæmlega fyrir, hvað þá að tímasetja þær ... Seðlabankinn mun vinna að því að verðbólga verði sem næst 2½% á ári. Framkvæmdirnar munu því krefjast aukins aðhalds peningastefnunnar áður en og meðan þær eru sem mestar...“ Fram kemur hjá Seðlabankanum að gera megi ráð fyrir 2½% hækkun vaxta við upphaf framkvæmda.

Vegna þessarar fyrirhuguðu vaxtahækkunar Seðlabankans, ef af virkjunar- og álversframkvæmdum verður, er ljóst að um svokallaðar ruðningsaðgerðir verður að ræða. Með hugtakinu „ruðningsaðgerðir“ er átt við að þeim fyrirtækjum sem veikast standa yrði einfaldlega rutt úr vegi. Þetta á ekki hvað síst við um svokölluð „sprotafyrirtæki“ sem geta skapað arðsöm störf til framtíðar litið ef þau fá tíma og aðstæður til að vaxa úr grasi. Þannig mundi þessi einstaka risaframkvæmd, ef af yrði, ryðja úr vegi mörgum fyrirtækjum sem annars gætu vaxið og dafnað. Samdráttur í opinberum framkvæmdum einn og sér nægði engan veginn til að vega á móti þeim miklu framkvæmdum tengdum álveri sem hér um ræðir. Til viðbótar þessu kæmu síðan auknar álögur á almenning í formi mikilla vaxtahækkana, auk þess að mjög hæpið verður að teljast að markmið Seðlabankans um 2½% verðbólgu á ári náist á sama tíma og á slíkri risaframkvæmd stæði, sem með margvíslegum hætti mundi hafa mjög mikil áhrif til spennuaukningar í hagkerfinu.

Á framangreindum fundum komu fram athyglisverðar upplýsingar um þróun álframleiðslu og hvernig hún færist í síauknum mæli til iðnþróunarþjóðanna, ekki hvað síst til Kína. Þannig er nú áætlað að Kína, sem að undanförnu hefur verið stærsti álinnflytjandi heims, verði að 3–5 árum liðnum orðið að nettó-útflutningslandi á áli. Þessar viðamiklu breytingar hafa mjög mikil áhrif á þróun álverðs til framtíðar litið. Í sambandi við álverð og álverðsþróun væri vert að fá upplýsingar um hvað helstu sérfræðingar heims hafi gert ráð fyrir að álverð væri um þessar mundir, þegar fyrir 2–3 árum var verið að leggja grunn að þeim útreikningum sem nú er stuðst við.

Órjúfandi tengsl eru á milli ákvörðunar um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og byggingu álverksmiðju og tilheyrandi kolskautaverksmiðju. Í því sambandi væri mjög mikilvægt að fram kæmi við hvaða álverð væri áætlað að væntanleg Reyðarálsverksmiðja væri rekin á „núlli".

Vegna þeirra frétta er nú berast um að Norsk Hydro hafi gefið íslenskum stjórnvöldum til kynna að fyrirtækið geti ekki staðið við þann tímaramma sem ráð var fyrir gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði og jafnframt sé það ekki tilbúið að ganga frá nýrri tímaáætlun er sjálfgert að fresta málinu af hálfu Alþingis meðan frekari gagna er aflað og hætta öllum frekari undirbúningi framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkjunar að sinni.

Alþingi, 18. mars 2002.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um málið í samræmi við bréf iðnaðarnefndar frá 20. f.m. og fengið á sinn fund Stefán Thors frá Skipulagsstofnun ríkisins, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins og Magnús Jóhannesson og Sigríði A. Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti.

Um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal hefur verið unnið mat á umhverfisáhrifum og eftir kæruferli hafa Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra fellt úrskurði, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemd við þessa málsmeðferð. Þá telur meiri hlutinn að skilyrði þau sem sett hafa verið fyrir framkvæmdinni í úrskurði umhverfisráðherra séu mjög til bóta og telur brýnt að skýrt verði kveðið á um þau þegar að útgáfu virkjunarleyfis kemur.

Meiri hlutinn áréttar ákvæði 2. gr. frumvarpsins sem kveður á um að iðnaðarráðherra veiti ekki leyfi til framkvæmda við stækkun Kröfluvirkjunarinnar í allt að 220 MW, ásamt aðalorkuveitum, nema fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum framkvæmda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Ásta Möller var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. mars 2002.

Magnús Stefánsson, form.
Kristján Pálsson.
Gunnar Birgisson.
Jónas Hallgrímsson.
Katrín Fjeldsted, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Undirrituð telja að eftir að Skipulagsstofnun felldi úrskurð sinn um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar 1. ágúst 2001 og sá úrskurður var kærður til umhverfisráðherra á grundvelli laganna um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, hafi ráðherrann átt um tvo kosti að velja. Að taka kæruna eins og hann gerði til umfjöllunar með því að gangast fyrir einhvers konar framhaldsmati byggðu að einhverju leyti á nýjum upplýsingum. Ellegar að senda málið aftur til umfjöllunar Skipulagsstofnunar sem þá hefði fengið hin nýju rannsóknagögn í hendur og getað kveðið upp nýjan úrskurð.

Við berum ekki brigður á lögmæti þess ferlis sem umhverfisráðherra ákvað að setja málið í, enda liggur því til grundvallar lögfræðiálit Eiríks Tómassonar, þar sem færð eru rök fyrir niðurstöðu ráðherrans. Það er hins vegar okkar skoðun að sá kostur sem ráðherrann valdi verði að teljast stjórnsýslulega hæpinn vegna þess að hinn endanlegi úrskurðaraðili, þ.e. umhverfisráðherrann, ber ábyrgð á umhverfismatsferlinu sjálfu og þeim vinnubrögðum sem við það er beitt. Þar með ber ráðherrann og ráðuneytið, sé þessi leið valin, ábyrgð á einstökum niðurstöðum úr matsferlinu. Þetta rýrir trúverðugleika ráðuneytisins og ráðherrans og kallar fram efasemdir um það hvort málsmeðferðin standist stjórnsýslulega og hvort hún standist alþjóðlegar skuldbindingar okkar í umhverfismálum.

Ákjósanlegra hefði verið að umhverfismat byggt á nýjustu upplýsingum hefði verið í höndum Skipulagsstofnunar. Þó skal það tekið fram að skilyrðin sem umhverfisráðherra setti í úrskurði sínum 20. desember sl. eru til bóta.

Ljóst er að lögin um mat á umhverfisáhrifum þarfnast endurskoðunar með tilliti til þess hvernig skuli fara með kærur til ráðherra vegna úrskurða Skipulagsstofnunar.

Jóhann Ársælsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Fylgiskjal VI.

Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar.

„Allt þetta ofbeldi manns á náttúru: Sjá ég er herra sköpunarverksins, vötnin skulu ekki ná að frjósa gegn vilja mínum, sjálfur skal ég ráða hvar skógar vaxa og akrar spretta, vilji dýrin fá hlutdeild í þeirri veröld sem ég ræð, þá skal það allt á mínum forsendum, standi fjöllin í vegi mínum ryð ég þeim burt, streymi fljótin móti þörf minni sný ég þeim aftur að uppsprettunum. [....] Flestir kalla þetta framfarir. Ég kalla það ofbeldi. Ofbeldi manns á náttúru. Það er náskylt ofbeldi manns á manni og situr til borðs með sorginni."

Lífsins tré eftir Böðvar Guðmundsson.

Tímapressa og áhugaleysi.

Það er álit 2. minni hluta að áhugaleysi meiri hlutans hafi orðið til þess að málið var ekki skoðað til hlítar af nefndinni. Málið var einungis á dagskrá tveggja funda nefndarinnar og

eingöngu voru þrír aðilar kallaðir fyrir nefndina. Ekki var áhugi fyrir því að fara sameiginlega yfir umsagnir þær sem iðnaðarnefnd bárust heldur var ákveðið að nefndarmönnum væri í sjálfsvald sett með hvaða hætti þeir kynntu sér framkomnar umsagnir. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að fara yfir skýrslu þá sem samin var í nafni umsjónarnefndar verkefnisstjórnar rammaáætlunar um mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Þá var ekki áhugi fyrir því hjá meiri hlutanum að kalla til fleiri sérfróða gesti um málefnið þó að í orði kveðnu hafi nefndarmönnum verið gefinn kostur á slíku. Það er mat 2. minni hluta að hér sé um svo viðamikið mál að ræða að frestur sá sem gefinn var til umfjöllunar um málið hafi verið skammarlega stuttur og að umhverfisnefnd hafi í ljósi þess ekki lagt meira á sig við umfjöllunina en raun ber vitni.

Takmörkuð auðlind.

Orkan í fallvötnum landsins er takmörkuð auðlind. Í umsögn Orkustofnunar frá í febrúar 2002, sem fylgir frumvarpinu, kemur fram að lengi hafi verið talið að framleiða megi 50 TWh/a af raforku, 30 með vatnsafli og 20 með jarðgufu. Það er alkunna að kröfurnar um varúð í umhverfismálum fara stöðugt vaxandi og hafa breyst mikið á fáum árum. Í ljósi þess má ætla að það sem lengi hefur verið talið ásættanlegt að virkja af vatnsafli að teknu tilliti til umhverfisþátta sé minna í dag en fyrir áratug. Auk þess ber að minna á að fullyrðing Orkustofnunar byggist eingöngu á lauslegu mati stofnunarinnar en ekki á vísindalegri úttekt á borð við þá sem nú er unnið að undir merkjum rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það er því mat 2. minni hluta að stjórnvöld setji stefnu sína í stóriðjumálum fram með þeim hætti að þjóðinni sé talin trú um að virkjanlegt vatnsafl sé meira en hægt verður að fallast á með nokkurri sanngirni út frá umhverfissjónarmiðum. Enda kemur fram í umsögn Orkustofnunar, sem fylgir frumvarpinu, að raforkuþörf hins almenna markaðar auk stóriðjuáforma þeirra sem nú virðast í pípunum sé rúmar 22 TWh/a.

Rammaáætlun til málamynda.

Það er nöturleg staðreynd að ríkisstjórnin skuli leggja fram frumvarp til laga um virkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun og gífurlega stækkun Kröfluvirkjunar áður en fyrir liggur endanleg niðurstaða úr verkefni því sem ríkisstjórnin setti sjálf á laggirnar árið 1997, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Á heimasíðu rammaáætlunarinnar má lesa eftirfarandi tilvitnun í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun til aldamóta: *Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.*

Það kom í ljós strax í upphafi að verkið yrði mun umfangsmeira og tímafrekara en ríkisstjórnin hefði óskað sér. Þannig lá það fyrir haustið 1999 að fara þyrfti yfir rúmlega 60 mögulegar hugmyndir að vatnsaflsvirkjunum og um 30 hugmyndir að jarðvarmavirkjunum og áður en vinnan hófst gerði verkefnisstjórnin sér vonir um að af þessum hugmyndum yrði hægt að ljúka vinnu við 25 hugmyndir sem kynntar yrðu haustið 2002. Þetta hefur ekki gengið eftir og nú er svo komið að iðnaðarráðherra hefur lagt hart að verkefnisstjórninni að skila einhvers konar „tilraunamati“ í haust á virkjanakostum á miðhálendi Íslands. Slík krafa gerir það eitt að rýra trúverðugleika verkefnisins og staðfesta það mat 2. minni hluta að verið sé að breyta öflugu tæki til áætlanagerðar í sýndarmennsku og málamyndaáætlun.

Ekkert gert með mat á þjóðgarðshugmyndinni.

Fyrir þrýsting frá umhverfis- og náttúruverndarsamtökum og frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði varð iðnaðarráðherra við beiðni umhverfisráðherra (bréf dags. 21. september 2000) um að fela verkefnisstjórn rammaáætlunar að leggja sérstakt mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð. Hinn 19. maí 2001 var dreift á Alþingi svari iðnaðarráðherra við spurningu Kolbrúnar Halldórsdóttur um þetta mat. Í svarinu kemur í ljós sú ætlun/von ráðherrans að mat þetta ætti að geta legið fyrir á sama tíma og skýrsla Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. í maí 2001. Svo fór þó ekki, heldur var ráðherranum afhent skýrsla umsjónarnefndar verkefnisstjórnarinnar um mat á gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð ásamt greinargerð Þjóðhagsstofnunar um efnahagslegt umfang þjóðgarðs norðan Vatnajökuls 9. október 2001. Í því kemur fram að verndar- og útivistargildi lands norðan Vatnajökuls gefur fullt tilefni til að þar verði stofnaður þjóðgarður í tengslum við væntanlegan Vatnajökulsþjóðgarð og að hann mundi auka vinnsluviðri þeirra tekna sem þjóðin hefur af ferðaþjónustu. Þar kemur einnig fram að ef til Kárahnjúkavirkjunar kæmi mundi hún rýra verndar- og útivistargildi svæðisins. Mat þetta hefur aldrei verið kynnt. Það er mat 2. minni hluta að vinnubrögð af þessu tagi séu fyrir neðan allar hellur og skammarlegt að mat þetta skuli ekki hafa verið formlega kynnt Alþingi eða þeim aðilum sem upphaflega gerðu kröfu um að það færi fram. Það er mat 2. minni hluta að Alþingi beri skylda til að bera saman þessa tvo ólíku kosti til landnýtingar á svæðinu norðan Vatnajökuls og ekkert réttlæti það að ákvörðun verði tekin um Kárahnjúkavirkjun áður en vitað er hverju menn eru að hafna með því.

Auðlindastefna ekki til staðar.

Í skýrslu auðlindanefndar (september 2000) er gerð ítarleg grein fyrir þeirri skoðun nefndarinnar að móta beri stefnu varðandi auðlindarentu sem nýting vatnsafls í eigu þjóðarinnar skapar (sjá álitsgerð nefndarinnar, bls. 55–61), enda sé orka fallvatnanna ein helsta auðlind þjóðarinnar. 2. minni hluti gagnrýnir harðlega að álit auðlindanefndarinnar hvað þetta varðar skuli ekki hafa verið tekið til sérstakrar umfjöllunar í tengslum við frumvarpið sem hér um ræðir. Þá gagnrýnir 2. minni hluti að ekki skuli hafa verið gerð nein tilraun til þess af stjórnvöldum að láta meta verðgildi þess lands sem ljóst er að muni tapast og eyðileggjast við væntanlegar framkvæmdir.

Í skýrslu auðlindanefndar (bls. 70) er það álit nefndarinnar ítrekað að til að ákvarða fjárhæð eða hlutfall auðlindaskatts sé nauðsynlegt að framkvæma yfirgripsmikið mat á þeim verðmætum sem um er að tefla, ekki síst umhverfisverðmætum, og eru nefndar í því sambandi tvær af aðferðum hagfræðinnar til að mæla slík verðmæti, annars vegar skilyrt verðmætamat („contingent valuation“) og hins vegar ánægjuverð („hedonic prices“). Þá vill 2. minni hluti benda á það að Nele Linehoop, sem stundar nám í umhverfishagfræði við Háskólann í Aberdeen, Skotlandi, hefur beitt aðferðum skilyrts verðmætamats á náttúruverðmæti þess svæðis sem tapast mundi við Hálslón og komist að þeirri niðurstöðu að verðgildi landsins sem þar fer undir vatn sé tæpar 400 millj. kr. (sjá grein í Glettingi, 11. árg., 2.–3. tbl. 2001). Af þessu dregur 2. minni hluti þá ályktun að verði allt það landsvæði sem skaðast mundi við væntanlegar framkvæmdir reiknað til verðgildis með sömu aðferðum og það síðan tekið til greina í heildarkostnaðarábatagreiningu verkefnisins gætu framkvæmdirnar aldrei talist hagkvæmar.

Ekkert bólar á átaki til orkusparnaðar.

Þá gagnrýnir 2. minni hluti einnig að ekki skuli bóla á átaki til orkusparnaðar sem stjórnvöld hafa boðað í samþykktri framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun til andamóta. Þá er rétt að benda á þann seinagang sem einkennt hefur áframhaldandi vinnu við slíka stefnumörkun. Á umhverfisþingi sem haldið var í janúar 2001 lagði umhverfisráðherra fram drög að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun á nýrri öld (2001–2020). Ekkert virðist þeirri vinnu hafa miðað áfram þar sem ekki er annað að hafa á heimasíðu umhverfisráðuneytisins varðandi þá stefnumörkun en drögin sem hafa lúrt þar óbreytt í á annað ár. Í drögunum má líka sjá að umhverfisráðherra hefur gleymt öllum hugmyndum um átak til orkusparnaðar sem fjallað var um í eldri stefnumörkun. Einnig er ljóst á drögunum að hagsmunir og sjónarmið orkuvinnslufyrirtækja eiga að vera leiðarljós ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum á nýrri öld en ekki sjónarmið náttúruverndar. 2. minni hluti telur slík sjónarmið einkennandi fyrir alla meðferð og umfjöllun um frumvarp um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Umhverfismat á forræði umhverfisráðherra.

Annar minni hluti hefur gagnrýnt þá ákvörðun umhverfisráðherra að efna til framhaldsumhverfismats á eigin forræði og talið að slíkt samrýmist ekki lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Þannig kaus ráðherrann að fjalla efnislega um umhverfisþætti málsins eftir að 122 aðilar höfðu kært úrskurð Skipulagsstofnunar til ráðherra í stað þess að fjalla um kærurnar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir Skipulagsstofnun lágu og voru grundvöllur úrskurðar stofnunarinnar. Engin fordæmi eru fyrir matsferli af þessu tagi og engir forskrift um slíkt viðbótarmat í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þá ber að mati 2. minni hluta einnig að líta til þess við endanlega ákvörðun um framkvæmdirnar að í úrskurði sínum andmælir ráðherrann ekki efnislega rökstuðningi Skipulagsstofnunar eða lýsir sig ósammála málefnalegum rökum stofnunarinnar um neikvæð óafturkræf umhverfisáhrif. Þvert á móti tekur umhverfisráðherra undir og jafnvel vísar til röksemda Skipulagsstofnunar.

Í þessu ljósi telur 2. minni hluti stórfurðulegt að mat umhverfisráðherrans skuli vera að heimila skuli virkjunina, þrátt fyrir gífurleg óafturkræf umhverfisáhrif hennar, jafnvel eftir að meginréttlætingu framkvæmdaraðila, meintum efnahagslegum ávinningi, hefur verið kippt undan matinu. Það er mat 2. minni hluta að úrskurður umhverfisráðherra sé pólitískur úrskurður en ekki málefnalegur og hann gangi gegn markmiðum alþjóðasamninga og tilskipana sem lög um mat á umhverfisáhrifum byggjast á.

Landsvirkjun tók áhættuna.

Það kom fram í máli skipulagsstjóra þegar hann kom fyrir nefndina að Landsvirkjun hefði verið fullkunnugt um sjónarmið Skipulagsstofnunar varðandi skort á gögnum um mögulegar mótvægisaðgerðir vegna áfoks og jarðvegsrofs við Hálslón og hefði gert kröfu um að matsskýrslan yrði auglýst þrátt fyrir að þessi gögn skorti. Með því er augljóst að Landsvirkjun tók þá áhættu að í úrskurði Skipulagsstofnunar yrði krafist frekari gagna. Þegar þetta er ljóst verður allur málatilbúnaður Landsvirkjunar í kringum þetta atriði hinn fáránlegasti (sjá einnig grein Hreins Loftssonar í Mbl. 25. ágúst 2001). Það er mat 2. minni hluta að Landsvirkjun hefði mátt vita að krafist yrði frekari gagna um mótvægisaðgerðir og að umhverfisráðherra hefði á grundvelli þess hversu mikið af gögnum barst í kæruferlinu haft fulla ástæðu til að vísa málinu aftur á byrjunarreit. Það kom fram í máli fulltrúa umhverfisráðuneytisins sem kom fyrir nefndina að slíkt hefði að öllum líkindum tafið málið um of og auk þess hefðu starfsmenn umhverfisráðuneytisins talið sér skylt að rannsaka fram komin viðbótargögn og

rannsaka vel alla þætti málsins á grundvelli lögfræðiálits Eiríks Tómassonar. 2. minni hluti gagnrýnir það að ekki skyldu kallaðir til fleiri aðilar en Eiríkur Tómasson til að skera úr um það hvers konar meðferð viðbótargögnin ættu að fá í ráðuneytinu.

Mat Náttúruverndar ríkisins.

Árni Bragason, forstöðumaður Náttúruverndar ríkisins, kom á fund nefndarinnar og í máli hans kom fram gagnrýni á það að ekki skyldi vera gert ráð fyrir því í frumvarpi iðnaðarráðherra að framkvæmdaraðila yrði skylt að fara eftir skilyrðunum í úrskurði umhverfisráðherra yrði af framkvæmdum. Sömuleiðis mótmælti Árni ummælum í greinargerð Orkustofnunar, sem fyrr er getið og fylgir frumvarpinu, um að erfitt sé að meta Kárahnjúkavirkjun inn í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (bls. 18). Árni telur fullkomlega eðlilegt að Kárahnjúkavirkjun verði metin með öðrum virkjanakostum í rammaáætluninni. Þá lýsti Árni sig einnig ósammála niðurstöðu Orkustofnunar í 7. kafla í greinargerðinni þar sem fjallað er um mögulega sambúð friðlanda og virkjana á svæðinu norðan Vatnajökuls. 2. minni hluti tekur undir sjónarmið Náttúruverndar ríkisins sem koma skýrt fram í skriflegri umsögn stofnunarinnar til nefndarinnar (1. mars 2002).

Króflufvirkjun.

Sá hluti frumvarpsins sem fjallar um Króflufvirkjun er eðli málsins samkvæmt harla rýr, enda hefur ekki farið fram mat á umhverfisáhrifum þeirrar stækkunar sem um er rætt. 2. minni hluti tekur undir sjónarmið þau sem koma fram í umsögnum Náttúruverndar ríkisins, Landverndar og SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi. Þessir aðilar benda á að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum megi ekki gefa út leyfi fyrir framkvæmd fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir (1. gr). Þá er þess einnig getið í umsögnum þessara aðila að um Króflufvirkjun beri að fjalla á vettvangi rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og tekur 2. minni hluti undir varnaðarorð SUNN vegna mögulegs umhverfisskaða ef borað verður á viðkvæmu svæði vestan undir Leirhnjúk og í hrauni frá Mývatnseldum. 2. minni hluti telur að fresta beri leyfisveitingum um stækkun Króflufvirkjunar þar til farið hefur fram mat á umhverfisáhrifum slíkrar stækkunar. Þá er einnig full ástæða til að benda á að Króflusvæðið er friðlýst samkvæmt lögum.

Álitsgerð NAUST o.fl.

Í umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands er gerð krafa um að mótvægisaðgerðir vegna áfoks við Hálslón og Kárahnjúkavegur sæti sjálfstæðu mati á umhverfisáhrifum, enda sé hér um að ræða viðamiklar framkvæmdir sem ekki hafi verið metnar á sama hátt og aðrir þættir sem tengjast framkvæmdum Kárahnjúkavirkjunar. 2. minni hluti tekur undir þessi sjónarmið og vísar í því sambandi til umsagnar Skipulagsstofnunar um kærur við úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar (bls. 9), en þar eru ummæli sem styðja þessi sjónarmið NAUST. Þá tekur 2. minni hluti jafnframt undir áhyggjur NAUST vegna áhættu af áhrifum flóða í Jökulsá á Dal (m.a. vegna jökulhlaupa) á hugmynd umhverfisráðherra um breytt fyrirkomulag á yfirfalli úr Hálslóni og telur 2. minni hluti hér vera um að ræða atriði sem óljóst sé hvernig verði í framkvæmd. Er þetta atriði til marks um það hversu óljós áhrifin eru af þeim framkvæmdum sem umhverfisráðherra fjallaði um í viðbótarmati sínu. Þá vekur NAUST athygli á því að ekki hafi verið gefnar neinar skýringar á misvísandi upplýsingum um virkjað rennsli í fyrri áfanga Kárahnjúkavirkjunar. Í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 8) kemur fram að í fyrri áfanga verði virkjað 120 rúmmetra

rennsli á sekúndu, en í matsskýrslu Landsvirkjunar (bls. 4) er gert ráð fyrir að í fyrri áfanga verði virkjað 90 rúmmetra rennsli á sekúndu. Í sama streng tekur Landvernd í sinni umsögn.

Álit Landverndar.

Í umsögn Landverndar er tekið undir með Náttúruvernd ríkisins, SUNN og NAUST varðandi þá umhverfisþætti sem getið er hér að framan og lúta að stækkun Kröfluvirkjunar. Að öðru leyti fjallar umsögn Landverndar um jarðminjar, áfok, endurheimt gróðurs, hönnun virkjunarinnar, virkjunarleyfi og efnahagsmálin. Hún hefur að geyma þarfar áminningar til þingmanna sem undirstrika það álit 2. minni hluta að með áformum um Kárahnjúkavirkjun og álver á Austurlandi séu stjórnvöld að tjalda til einnar nætur og láti undir höfuð leggjast að gera áætlanir til langs tíma. Á vegum Landverndar fór fram öflug rýni fjölmargra sérfræðinga í matsskýrslur Landsvirkjunar og Reyðaráls sumarið 2001. Afrakstur þeirrar vinnu hefur verið gefinn út í skýrslu sem fylgdi umsögninni til þingnefnda. Niðurstaða þeirrar skoðunar var sú að umhverfisáhrif Kárahnjúkavirkjunar væru umtalsverð og óafturkræf. 2. minni hluti tekur undir þá niðurstöðu og leggur áherslu á að það er sama niðurstaða og matsskýrsla Landsvirkjunar leiddi í ljós og varð sömuleiðis niðurstaða Skipulagsstofnunar.

Kárahnjúkavirkjun er ekki sjálfbær.

Það hefur komið fram í umfjöllun um málið að Kárahnjúkavirkjun fullnægi ekki skilyrðum sem nauðsynleg eru til að hún geti talist sjálfbær og að hægt sé að tala um að hún sé í sátt við umhverfið. 2. minni hluti mótmælir þeirri túlkun stjórnvalda að hér sé verið að nýta endurnýjanlegar auðlindir þjóðarinnar á sjálfbæran hátt. Sannleikurinn er sá að með tímanum fyllist Hálslón af aur og gert er ráð fyrir að eftir 100 ár verði afkastageta virkjunarinnar orðin verulega skert. Á endanum hættir lónið að geta tekið við vatnsforða vegna aursöfnunar. Þegar svo verður komið verður sjálfhætt allri raforkuframleiðslu Kárahnjúkavirkjunar. Ekki liggja fyrir nákvæmir útreikningar um það á hve löngum tíma þetta gerist, en ekki er því mótmælt að þessi verði endirinn. Þá hefur einnig verið á það bent að hraðari bráðnun Vatnajökuls í seinni tíð gæti mögulega haft áhrif á vatnsbúskap eða rennsli jökulvatnanna norðan hans. Í viðtali í Fréttablaðinu 21. janúar 2002 var upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar inntur eftir því hvort utanaðkomandi áhrif af þessu tagi gætu ekki sett strik í reikninga Landsvirkjunar. Hann taldi svo ekki vera þar sem Landsvirkjun miðaði við að vera búin að greiða virkjunina upp á 40 árum. Í tilefni af þessu svari varpar 2. minni hluti fram þeirri spurningu til iðnaðarnefndar hvort ekki sé þá rétt að gera kröfu um að inn í stofnkostnað virkjunarinnar verði settur sá kostnaður sem hlytist af niðurrifi hennar og allra mannvirkja sem henni tengjast auk kostnaðar við að færa náttúru landsins aftur til fyrra horfs.

Lokaorð.

Í umsögnum nokkurra aðila kom fram gagnrýni á 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Það er skoðun 2. minni hluta að stytta beri tímamörkin verði frumvarpið að lögum og áskilur sér rétt til að leggja fram breytingartillögu þess efnis komi málið til áframhaldandi umfjöllunar á þessu löggjafarþingi. Í ljósi fréttaflutnings af mögulegu bakslagi í framkvæmdahug Norsk Hydro telur 2. minni hluti að fresta beri afgreiðslu þessa frumvarps þar sem engin glóra hefur hingað til verið talin vera í því ráðslagi að samþykkja virkjunarleyfi fyrir stórvirkjanir sem hafa engan tryggan orkukaupanda.

Reykjavík, 16. mars 2002.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1005. Fyrirspurn [633. mál]

til menntamálaráðherra um aðalnámskrá grunnskóla.

Frá Dóru Líndal Hjartardóttur.

Hvernig hyggst ráðherra framfylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla um upplýsinga- og tæknimenntun þar sem ófullnægjandi nettenging er víðast á landinu?

Skriflegt svar óskast.

1006. Fyrirspurn [634. mál]

til landbúnaðarráðherra um óðalsjarðir í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margar óðalsjarðir eru í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum?
2. Hverjir eiga þessar jarðir og hvar eru þær?
3. Hve mörgum þessara jarða hefur verið skipt, hvernig var þeim skipt og milli hverra?

Skriflegt svar óskast.

1007. Fyrirspurn [635. mál]

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili aldraða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve há daggjöld eru greidd til hjúkrunarheimila aldraða? Óskað er upplýsinga um daggjöld árin 2000, 2001 og 2002, sundurliðað eftir stofnunum. Ef daggjöldin eru mismunandi, hver er skýringin á því? Við hvaða stofnanir hafa verið gerðir þjónustusamningar?
2. Hvernig eru daggjöldin reiknuð? Hvað er innifalið í þeim hjá hverri stofnun og hver var niðurstaða rekstrarreiknings hverrar þessara stofnana í árslok 2000 og 2001?
3. Þurfa einhver hjúkrunarheimili aldraðra að greiða af almennum rekstrargjöldum einhverja útgjaldaliði sem önnur fá bætt í daggjöldum eða samkvæmt þjónustusamningi? Ef svo er, hver er skýringin á því?
4. Eru launakjör starfsfólks á þessum stofnunum sambærileg og hver er hlutur launa af heildarrekstrarkostnaði hverrar stofnunar?
5. Hver er skilgreind hjúkrunarþyngd á þeim stofnunum sem hér um ræðir?

6. Hve margir aldraðir eru á biðlista eftir vist á hjúkrunarheimilum, sundurliðað eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

1008. Tillaga til þingsályktunar [636. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt samningnum er ekki gert ráð fyrir því að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðun kallar á lagabreytingar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Al-

þingi hafi samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð vegna staðfestingar þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er með hvaða hætti það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar. Í vissum tilvikum hafa ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar kveðið á um að bætt sé við EES-samninginn tiltekinni EB-gerð sem ekki öðlast gildi innan Evrópusambandsins fyrr en einhverjum missirum eða jafnvel árum seinna. Samkvæmt EES-samningnum er Ísland skuldbundið til að taka endanlega afstöðu til þess hvort slík gerð verði hluti samningsins innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar í sameiginlegu EES-nefndinni en hefur sama svigrúm og önnur aðildarríki samningsins til að innleiða viðkomandi gerð í landsrétt. Fram að þessu hefði eina leiðin verið sú að setja lög til innleiðingar þessara gerða innan sex mánaða frestsins en þau lög hefðu þá að sjálfsögðu ekki þurft að taka gildi fyrr en á ætluðum gildistökudegi gerðarinnar. Þetta er mjög óheppileg leið þar sem við undirbúning slíkrar lagasetningar er oft og tíðum horft til fordæma erlendis frá en þar er að jafnaði ekki hugað að slíkri lagasetningu fyrr en nær dregur gildistöku viðkomandi gerðar. Að þessari leið slepptri er eina leiðin til að virða samningsskuldbindingar Íslands að leita sérstaks samþykkis Alþingis í formi þingsályktunar.

Að öllu þessu virtu hefur almenn meðferð þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara verið færð til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í því felst að almennt er leitað sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis er leitað í formi þingsályktunar en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga. Jafnframt hefur þeirri föstu vinnureglu verið komið á, með vísan til 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, að haft verði samráð við utanríkismálanefnd um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Tilskipunin er heildarrammi um meðhöndlun allra farartækja sem eigendur vilja losa sig við. Setja þarf upp kerfi sem tryggir móttöku allra bílflaka og, að því marki sem unnt er, einnig annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru þegar gert er við fólksbíla. Sérsmíðuð farartæki ætluð til öryggisgæslu og björgunarstarfa, svo og faratæki á þremur hjólum eru þó undanþegin ákvæðum tilskipunarinnar um endurnotkun og endurnýtingu. Ákvæði tilskipunarinnar hafa það í för með sér að koma þarf upp umfangsmiklu kerfi endurvinnslu. Öll bílflök skal færa til endurvinnslu í endurvinnslustöð sem hefur starfsleyfi sem slík. Tryggja þarf að afhending bílflaks til endurvinnslu hafi ekki kostnað í för með sér fyrir síðasta eiganda bílsins þótt bíllinn sé verðlaus eða hafi jafnvel neikvætt markaðsverð. Sérstakt gildistökuákvæði er varðandi þann þátt sem tekur gildi 1. júlí 2002 að því er varðar farartæki sem sett eru á markað eftir það og 1. janúar 2007 að því er varðar bifreiðar settar á markað fyrir 1. júlí 2002.

Framleiðendur bifreiða skulu bera meginhluta þess kostnaðar sem af þessu kerfi hlýst. Jafnframt eru ákvæði um endurvinnsluhlutfall, hvaða efni í farartækjum skal meðhöndla sér-

staklega o.s.frv. Í viðauka I með tilskipuninni er listi yfir skilyrði sem taka þarf upp í starfsleyfum endurvinnslufyrirtækja, skilyrði sem geymslustaðir og endurvinnslustöðvar fyrir bílflök þurfa að uppfylla og úrvinnsluaðferðir. Þá eru ákvæði um að bílar sem settir eru á markað eftir 1. júlí 2003 megi ekki innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum eða tiltekin krómsambönd nema þau sem tilgreind eru í viðauka II.

Hinn 21. apríl 2002 á að vera búið að lögleiða tilskipunina innan Evrópusambandsins. Markmiðum tilskipunarinnar verður ekki náð nema með lagabreytingu sem heimilar að lagt verði úrvinnslugjald á bifreiðar og að þeir fjármunir sem þannig eru innheimtir verði notaðir til að greiða fyrir söfnun og endurnýtingu ökutækjanna. Frumvarpi til laga um úrvinnslugjald sem lagt var fram á 126. löggjafarþingi var m.a. ætlað að skapa þau hagrænu skilyrði sem tilskipunin krefst eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Er því ljóst að tímamörk varðandi lögleiðingu munu ekki nást hvað þetta varðar. Umhverfisráðuneytið hefur nú í samráði við fjármálaráðuneytið ákveðið að skipa nefnd sem mun fá það hlutverk að vinna tvö frumvörp: annars vegar um úrvinnslugjald, spilliefnagjald og skilagjald, sem lagt yrði fram af hálfu fjármálaráðherra, og hins vegar um skipulag og framkvæmd þessara þátta, sem lagt yrði fram af hálfu umhverfisráðherra samhliða, í upphafi næsta löggjafarþings. Jafnframt er nauðsynlegt að gera breytingar á reglugerðum til þess að innleiða gerðina í íslenskan rétt. Banna þarf urðun bifreiða, bifreiðahluta o.s.frv. Um förgun úrgangs gilda í dag lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Unnið er að frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs í umhverfisráðuneytinu. Við undirbúining þess frumvarps er höfð hliðsjón af tilskipun þessari. Gerir frumvarpið sérstaklega ráð fyrir því að unnt sé með reglugerð að banna urðun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka. Reglugerðarákvæði um takmörkun á innihaldi fyrrgreindra efna í bifreiðum verða sett á grundvelli laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Sérstakt eyðingar- eða endurvinnsluskírteini skal vera skilyrði fyrir afskráningu bifreiðarinnar samkvæmt tilskipuninni. Því þarf að breyta reglum um skráningu og afskráningu ökutækja. Ljóst er að gerðin snertir starfssvið dómsmálaráðuneytisins að því er varðar afskráningu bifreiða og veðsetningar. Athygli dómsmálaráðuneytisins hefur verið vakin á því.

Samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að efni hennar komi til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 12. júní 2002.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 162/2001
frá 11. desember 2001
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2001 frá 9. nóvember 2001([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32da (tilskipun 2000/76/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„33. **32000 L 0053**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2000/53/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni([***]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes *M. Brinkmann*

([1]) Hefur ekki enn verið birt.
([2]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.
([***]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/53/EB
frá 18. september 2000
um úr sér gengin ökutæki

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr. í sáttmálanum, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 23. maí 2000 ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræma ber ólíkar innlendar ráðstafanir varðandi úr sér gengin ökutæki í fyrsta lagi til þess að halda í lágmarki áhrifum úr sér genginna ökutækja á umhverfið og stuðla þannig að því að vernda, varðveita og bæta gæði umhverfisins og spara orku, og í öðru lagi til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og komast hjá röskun á samkeppni innan bandalagsins.

2) Nauðsynlegt er að setja ramma, sem nær til gervalls bandalagsins, til að tryggja samræmi milli innlendra aðferða við að ná framangreindum markmiðum, einkum að því er varðar hönnun ökutækja með tilliti til endurvinnslu og endurnýtingar, kröfur sem eru gerðar til söfnunar- og meðhöndlunarstöðva og við að ná markmiðum um endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu með tilliti til dreifræðisreglunnar og mengunarbótareglunnar.

3) Á hverju ári falla til innan bandalagsins 8 til 9 milljón tonn úrgangs vegna úr sér genginna ökutækja sem verður að meðhöndla á réttan hátt.

4) Til þess að varúðarreglan og reglan um fyrirbyggjandi aðgerðir komist til framkvæmda og í samræmi við áætlun bandalagsins varðandi meðhöndlun úrgangs skal draga úr myndun úrgangs eins og frekast er unnt.

5) Enn fremur er það grundvallarregla að úrgangur skuli endurnotaður eða endurnýttur og að endurnotkun eða endurvinnsla hafi forgang.

6) Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að aðilar í atvinnurekstri komi á fót kerfi til söfnunar, meðhöndlunar og endurnýtingar á úr sér gengnum ökutækjum.

7) Aðildarríkin skulu tryggja að sá sem hefur úr sér gengna ökutækið síðast í vörslu sinni og/eða eigandinn geti farið með það til viðurkenndrar meðhöndlunarstöðvar sér að kostnaðarlausu þar sem markaðsvirði ökutækisins er ekkert eða neikvætt. Aðildarríkin skulu tryggja að framleiðendur greiði verulegan hluta eða allan kostnað sem hlýst af því að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd. Þetta skal ekki valda hindrun á eðlilegri virkni markaðsaflanna.

8) Tilskipun þessi skal ná til ökutækja og úr sér genginna ökutækja þar með talið íhluta og smíðaefnis þeirra, einnig varahluta, með fyrirvara um öryggisstaðla, losun út í andrúmsloftið og hávaðaeftirlit.

([1]) Stjtíð. EB C 337, 7.11.1997, bls. 3 og Stjtíð. EB C 156, 3.6.1999, bls. 5.
([2]) Stjtíð. EB C 129, 27.4.1998, bls. 44.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 420), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júlí 1999 (Stjtíð. EB C 317, 4.11.1999, bls. 19) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. febrúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 20. júlí 2000 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. september 2000.

9) Í tilskipun þessari eru notuð sömu hugtök og í nokkrum gildandi tilskipunum, nánar tiltekið í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]), tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([2]), og tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([3]).

10) Fornökutæki, það er söguleg ökutæki eða ökutæki sem hafa gildi fyrir safnara eða sem eru ætluð sem safngripir og geymd eru á réttan og umhverfisvænan hátt, annaðhvort tilbúin til notkunar eða í hlutum, falla ekki undir þá skilgreiningu á úrgangi sem mælt er fyrir um í tilskipun 75/442/EBE og falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

11) Mikilvægt er að forvarnarráðstöfunum sé beitt allt frá því að ökutæki er á hönnunarstigi og að þær beinist einkum að því að draga úr og takmarka hættuleg efni í ökutækjum í því skyni að koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið, til að auðvelda endurvinnslu og forðast förgun hættulegs úrgangs. Einkum skal banna notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíum og sexgildu krómi. Einungis skal nota þessa þungmálma í tilteknum hlutum samkvæmt skrá sem verður endurskoðuð reglulega. Þetta mun stuðla að því að tryggja að viss efni og íhlutir verði ekki að tætaraleifum og verði ekki brennd eða þeim fargað á urðunarstað.

12) Stöðugt skal bæta endurvinnslu allra plastefna frá úr sér gengnum ökutækjum. Eins og sakir standa rannsakar framkvæmdastjórnin umhverfisáhrif pólý-vínýlklóríðs. Framkvæmdastjórnin mun á grundvelli þessarar vinnu gera tillögur, eftir því sem við á, um notkun pólývínýlklóríðs sem taka einnig tillit til ökutækja.

13) Fella skal kröfurnar sem gilda um að taka í sundur, endurnota og endurvinna úr sér gengin ökutæki og íhluti þeirra inn í hönnun og framleiðslu nýrra ökutækja.

14) Stuðla skal að þróun markaða fyrir endurunnin efni.

15) Í því skyni að tryggja að úr sér gengnum ökutækjum sé hent án þess að stofna umhverfinu í hættu skal koma á viðeigandi söfnunarkerfi.

16) Taka skal upp eyðingarvottorð sem nota skal sem skilyrði fyrir afskráningu úr sér genginna ökutækja. Aðildarríki, sem ekki eiga sér afskráningarkerfi, skulu taka upp slíkt kerfi en samkvæmt því skal tilkynna viðeigandi lögbæru yfirvaldi um það þegar úr sér gengið ökutæki er flutt til meðhöndlunarstöðvar.

17) Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki leyfi, eftir því sem við á, tímabundna afskráningu ökutækja.

18) Rekstraraðilum, sem sjá um söfnun og meðhöndlun, skal einungis vera heimilt að starfa að fengnu leyfi eða, þar sem skráning kemur í stað leyfis, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

19) Stuðla skal að endurvinnslu og endurnýtingu ökutækja.

20) Mikilvægt er að mæla fyrir um kröfur vegna tilhögunar við geymslu og meðhöndlun í því skyni að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og til að forðast röskun á viðskiptum og samkeppni.

21) Í því skyni að ná árangri í nánustu framtíð og til að veita rekstraraðilum, neytendum og opinberum yfirvöldum nauðsynlega heildarsýn, til lengri tíma litið, skal setja magnbundin markmið varðandi endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu sem rekstraraðilar skulu ná fram.

22) Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki séu hönnuð og framleidd á þann hátt að þessi endurnotkunar-, endurvinnslu- og endurnýtingarmarkmið náist. Í þessu skyni mun framkvæmdastjórnin stuðla að undirbúningi evrópskra staðla og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að breyta viðeigandi evrópskri löggjöf um gerðarviðurkenningu ökutækja.

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/98/EB (Stjtíð. EB L 355, 30.12.1998, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB (Stjtíð. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25).

([3]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

23) Þegar ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda skulu aðildarríkin tryggja að samkeppni haldist, einkum hvað varðar aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að þeim markaði er snýr að söfnun, sundurhlutun, meðhöndlun og endurvinnslu.

24) Í því skyni að auðvelda sundurhlutun og endurnýtingu, einkum endurvinnslu, úr sér genginna ökutækja skulu framleiðendur ökutækja sjá viðurkenndum meðhöndlunarstöðvum fyrir öllum nauðsynlegum upplýsingum varðandi sundurhlutun, einkum að því er varðar hættuleg efni.

25) Stuðla skal að undirbúningi evrópustaðla þar sem við á. Framleiðendur ökutækja og framleiðendur smíðaefna skulu nota kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaefni sem framkvæmdastjórnin ákvarðar með aðstoð viðeigandi nefndar. Við undirbúning þessara staðla skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, taka mið af því starfi sem fram fer í viðeigandi alþjóðlegu samhengi á þessu sviði.

26) Gögn um úr sér gengin ökutæki, í öllu bandalaginu, eru nauðsynleg til þess að hafa eftirlit með því að markmið þessarar tilskipunar komi til framkvæmda.

27) Upplýsa verður neytendur á fullnægjandi hátt til þess að þeir geti breytt hegðun sinni og viðhorfi. Í þessu skyni skulu viðeigandi rekstraraðilar koma upplýsingum á framfæri.

28) Aðildarríkin geta kosið að láta tiltekin ákvæði koma til framkvæmda með samningum við þann atvinnuveg sem um er að ræða, að því tilskildu að viss skilyrði séu uppfyllt.

29) Framkvæmdastjórninni ber, við málsmeðferð í nefnd, að tryggja að kröfur, sem eru gerðar til meðhöndlunarstöðva og notkunar hættulegra efna, séu lagaðar að framförum í vísindum og tækni og lágmarksstaðlar fyrir eyðingarvottorð og snið gagnagrunns samþykkt ásamt framkvæmdaráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að hafa eftirlit með því að magntakmarkanirnar séu virtar.

30) Samþykkja ber þær ráðstafanir sem gera þarf þegar tilskipun þessi kemur til framkvæmda í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

31) Aðildarríkjunum er heimilt að beita ákvæðum þessarar tilskipunar fyrir þá dagsetningu sem um getur hér, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist sáttmálanum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Í tilskipun þessari er mælt fyrir um ráðstafanir sem hafa það fyrst og fremst að markmiði að koma í veg fyrir tilurð úrgangs en markmiðið er einnig endurnotkun, endurvinnsla og annars konar endurnýting úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra til þess að draga úr förgun úrgangs og að bæta umhverfisáhrif allra rekstraraðila sem koma að lífsferli ökutækja, einkum þeirra aðila sem á beinan hátt koma að meðhöndlun úr sér genginna ökutækja.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „ökutæki“: öll ökutæki í flokki M1 eða N1, samanber skilgreiningu í II. viðauka A við tilskipun 70/156/EBE, og vélknúin ökutæki á þremur hjólum, eins og það er skilgreint í tilskipun 92/61/EBE, að undanskildum bifhjólum með þremur hjólum;

2. „úr sér gengið ökutæki“: ökutæki sem er úrgangur í skilningi a-liðar 1. gr. tilskipunar 75/442/EBE;

3. „framleiðandi“: framleiðandi ökutækis eða sá sem í atvinnuskyni flytur inn ökutæki til aðildarríkis;

4. „forvarnir“: ráðstafanir sem miða að því að draga úr magni og skaðsemi úr sér genginna ökutækja, smíðaefnis og efnum þeirra fyrir umhverfið;

5. „meðhöndlun“: öll starfsemi sem fer fram eftir að komið hefur verið með ökutæki til stöðvar til afmengunar, sundurhlutunar, sundurskurðar,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

tætingar, endurnýtingar eða undirbúnings til förgunar á tætaraúrgangi og hvers kyns aðgerða sem eru framkvæmdar til endurnýtingar og/eða förgunar úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra;

6. „endurnotkun“: hvers kyns notkun þar sem íhlutir úr sér genginna ökutækja eru notaðir í sama tilgangi og þeir voru ætlaðir;

7. „endurvinnsla“: endurvinnsla innan framleiðsluferlis úrgangsefnanna í upprunalegum eða öðrum tilgangi, að undanskildri endurnýtingu orku. Endurnýting orku er að nota brennanlegan úrgang til að framleiða orku með því að brenna hann beint, einan sér eða með öðrum úrgangi þar sem hitinn er nýttur;

8. „endurnýting“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE;

9. „förgun“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE;

10. „rekstraraðilar“: framleiðendur, dreifingaraðilar, söfnunarstöðvar, ökutækjatryggingarfyrirtæki, aðilar sem sjá um sundurhlutun, tætingu, endurnýtingu, endurvinnslu og aðrir meðhöndlunaraðilar úr sér genginna ökutækja, að meðtöldum íhlutum þeirra og smíðaefnum;

11. „hættulegt efni“: hvers kyns efni sem telst hættulegt samkvæmt tilskipun 67/548/EBE;

12. „tætari“: hvers kyns búnaður sem er notaður til að tæta úr sér gengin ökutæki í stykki eða brot, þar með talið í þeim tilgangi að fá brotamálm beint til endurnotkunar;

13. „upplýsingar um sundurhlutun“: allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi rétta og vistvæna meðhöndlun úr sér genginna ökutækja. Framleiðendur ökutækja og íhluta skulu koma þeim á framfæri til viðurkenndra meðhöndlunarstöðva með handbókum eða rafrænum miðlum (t.d. lesgeisladiskum eða beinlínuþjónustu).

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi skal taka til ökutækja og úr sér genginna ökutækja, þar með talið íhluta þeirra og smíðaefni. Með fyrirvara um þriðju undirgrein 4. mgr. 5. gr. gildir þetta án tillits til þess með hvaða hætti viðhald og viðgerðir hafa farið fram á ökutækinu meðan það var í notkun og án tillits til þess hvort það sé búið íhlutum frá framleiðanda eða öðrum íhlutum sem hafa verið settir í sem varahlutir samkvæmt viðeigandi ákvæðum bandalagsins eða innlendum ákvæðum.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um gildandi löggjöf bandalagsins og viðeigandi innlenda löggjöf, einkum að því er varðar öryggisstaðla, losun í andrúmsloftið og eftirlit með hávaða og jarðvegs- og vatnsvernd.

3. Ef framleiðandi framleiðir einungis eða flytur inn ökutæki sem eru undanþegin tilskipun 70/156/EBE, með skírskotun til a-liðar 2. mgr. 8. gr tilskipunarinnar, er aðildarríkjunum heimilt að veita framleiðandanum og ökutækjum hans undanþágu frá 4. mgr. 7. gr., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar.

4. Ökutæki til sérstakra nota samkvæmt skilgreiningu annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE skulu undanþegin ákvæðum 7. gr. þessarar tilskipunar.

5. Einungis 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. þessarar tilskipunar skulu gilda um vélknúin ökutæki á þremur hjólum.

4. gr.

Forvarnir

1. Í því skyni að koma í veg fyrir úrgang skulu aðildarríkin einkum ýta undir:

a) að framleiðendur ökutækja, í tengslum við framleiðendur smíðaefna og búnaðar, takmarki notkun hættulegra efna í ökutækjum og að þeir dragi úr þeim, eins mikið og unnt er, allt frá því að ökutækið er á hönnunarstigi, einkum í því skyni að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið, auðvelda endurvinnslu og komast hjá því að farga þurfi hættulegum úrgangi;

b) að við hönnun og framleiðslu nýrra ökutækja sé tekið fullt tillit til sundurhlutunar, endurnotkunar, endurnýtingar og einkum endurvinnslu úr sér genginna ökutækja, íhluta þeirra og smíðaefna og hún auðvelduð;

c) að framleiðendur ökutækja, í tengslum við framleiðendur smíðaefna og búnaðar, noti sífellt meira magn endurunnins efnis í ökutæki og aðrar

vörur í því skyni að þróa markaðinn fyrir endurunnið efni.

2. a) Aðildarríkin skulu tryggja að smíðaefni og íhlutir ökutækja, sem eru sett á markað eftir 1. júlí 2003, innihaldi ekki blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm nema í tilvikum sem skráð eru í II. viðauka með þeim skilyrðum sem eru tilgreind þar.

b) Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 11. gr., skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við framfarir í tækni og vísindum, breyta II. viðauka reglubundið í því skyni að:

i) ákvarða, eftir því sem þörf krefur, ásættanlegan hámarksstyrk þeirra efna, sem um getur í a-lið, í tilteknum smíðaefnum og íhlutum ökutækja;

ii) veita ákveðnum smíðaefnum og íhlutum ökutækja undanþágu frá ákvæðum a-liðar ef notkun þessara efna er óhjákvæmileg;

iii) fella smíðaefni og íhluti ökutækja brott úr II. viðauka ef notkun þessara efna er óhjákvæmileg;

iv) tiltaka samkvæmt i- og ii-lið þau smíðaefni og íhluti ökutækja sem hægt er að fjarlægja áður en frekari meðhöndlun fer fram; þau skulu merkt eða auðkennd á annan viðeigandi hátt.

c) Framkvæmdastjórnin skal breyta II. viðauka í fyrsta sinn eigi síðar en 21. október 2001. Engin þeirra undanþágna, sem þar er skráð, skal felld brott úr viðaukanum fyrir 1. janúar 2003.

5. gr.

Söfnun

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

– að rekstraraðilar setji upp kerfi til söfnunar á öllum úr sér gengnum ökutækjum og, eftir því sem er tæknilega mögulegt, á notuðum hlutum sem falla til sem úrgangur þegar gert er við fólksbifreiðar,

– framboð á söfnunarstöðvum innan yfirráðasvæðis þeirra sé fullnægjandi.

2. Aðildarríkin skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll úr sér gengin ökutæki séu flutt til viðurkenndra meðhöndlunarstöðva.

3. Aðildarríkin skulu koma á fót kerfi þar sem framvísun eyðingarvottorðs er skilyrði fyrir afskráningu úr sér gengna ökutækisins. Þetta vottorð skal gefið út til þess sem hefur ökutækið í vörslu sinni og/eða eiganda þess þegar það er flutt til meðhöndlunarstöðvar. Meðhöndlunarstöðvum, sem hafa fengið leyfi samkvæmt 6. gr., skal heimilt að gefa út eyðingarvottorð. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa framleiðendum, seljendum og söfnunarstöðvum að gefa út eyðingarvottorð fyrir hönd viðurkenndra meðhöndlunarstöðva, að því tilskildu að þeir tryggi að úr sér gengna ökutækið sé flutt til viðurkenndrar meðhöndlunarstöðvar og að þeir séu skráðir hjá opinberum yfirvöldum.

Útgáfa á eyðingarvottorðum veitir meðhöndlunarstöðvum, eða seljendum eða söfnunarstöðvum, fyrir hönd viðurkenndra meðhöndlunarstöðva, ekki rétt til að krefjast endurgjalds, nema í þeim tilvikum þar sem aðildarríkin hafa beinlínis samið um slíkt.

Aðildarríki, sem ekki eiga sér afskráningarkerfi þegar tilskipun þessi öðlast gildi, skulu koma á fót kerfi þar sem tilkynnt er um eyðingarvottorð til viðkomandi lögbærs yfirvalds þegar úr sér gengið ökutæki er flutt til meðhöndlunarstöðvar og skulu að öðru leyti hlíta skilmálum þessarar málsgreinar. Aðildarríki, sem notfæra sér þessa undirgrein, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ástæður þess.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ökutæki sé afhent viðurkenndri meðhöndlunarstöð í samræmi við 3. gr. þeim sem hafði það síðast í vörslu sinni og/eða eigandanum að kostnaðarlausu þar sem markaðsvirði ökutækisins er ekkert eða neikvætt.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur standi straum af öllum eða verulegum hluta kostnaðar sem hlýst af því að hrinda þessari ráðstöfun í framkvæmd og/eða taki aftur við úr sér gengnum ökutækjum með sömu skilyrðum og um getur í fyrstu undirgrein.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að afhending úr sér genginna ökutækja sé ekki að öllu án endurgjalds ef úr sér gengna ökutækið inniheldur ekki nauðsynlega íhluti ökutækis, einkum hreyfilinn og yfirbygginguna, eða inniheldur úrgang sem bætt hefur verið við úr sér gengna ökutækið.

Framkvæmdastjórnin skal stunda reglubundið eftirlit með framkvæmd fyrstu undirgreinar til að tryggja að hún leiði ekki til markaðsröskunar og skal, ef nauðsyn ber til, gera tillögur um breytingar á henni til Evrópuþingsins og ráðsins.

5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld viðurkenni og samþykki gagnkvæm eyðingarvottorð, sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við 3. mgr. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 21. október 2001, setja lágmarkskröfur vegna eyðingarvottorðsins.

6. gr.

Meðhöndlun

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll úr sér gengin ökutæki séu geymd (jafnvel til bráðabirgða) og meðhöndluð í samræmi við almennar kröfur, sem mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE, og í samræmi við lágmarkstæknikröfur, sem settar eru fram í I. viðauka við þessa tilskipun, með fyrirvara um innlendar heilbrigðis- og umhverfisreglur.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast meðhöndlun, fái leyfi eða verði skráð af lögbærum yfirvöldum í samræmi við 9., 10. og 11. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Undanþágan frá þessari kröfu um leyfi, sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 75/442/EBE, getur átt við um endurnýtingaraðgerðir varðandi úrgang frá úr sér gengnum ökutækjum eftir að þau hafa verið meðhöndluð samkvæmt 3. lið 1. viðauka við þessa tilskipun ef lögbært yfirvald hefur framkvæmt skoðun áður en skráning fer fram. Skoðun þessi skal staðfesta:

a) gerð og magn úrgangs sem meðhöndla skal,

b) almennar tæknikröfur sem verður að uppfylla,

c) öryggisráðstafanir sem gera skal,

í því skyni að ná fram þeim markmiðum sem um getur í 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE. Skoðun þessa skal framkvæma einu sinni á hverju ári. Aðildarríki, sem nýta sér undanþáguna, skulu senda niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast meðhöndlun, uppfylli að minnsta kosti eftirfarandi skuldbindingar í samræmi við I. viðauka:

a) allt lauslegt skal fjarlægt af úr sér gengna ökutækinu áður en frekari meðhöndlun fer fram eða sambærilegar ráðstafanir gerðar í því skyni að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið. Íhlutir eða smíðaefni, sem eru merkt eða auðkennd á annan hátt í samræmi við 2. mgr. 4. gr., skulu fjarlægð áður en frekari meðhöndlun fer fram;

b) fjarlægja skal hættuleg smíðaefni og íhluti og aðgreina á sértækan hátt til þess að menga ekki tætaraúrgang sem fellur til frá úr sér gengnum ökutækjum;

c) lausir hlutar skulu fjarlægðir og geymdir með þeim hætti að tryggt sé að íhlutir ökutækisins henti til endurnotkunar og endurnýtingar, einkum til endurvinnslu.

Meðhöndlun vegna afmengunar úr sér genginna ökutækja, eins og um getur í 3. lið I. viðauka, skal framkvæma eins fljótt og mögulegt er.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfið eða skráningin, sem um getur í 2. mgr., feli í sér öll nauðsynleg skilyrði þannig að kröfurnar í 1., 2. og 3. mgr. séu uppfylltar.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast meðhöndlun, taki upp viðurkennd umhverfisstjórnunarkerfi.

7. gr.

Endurnotkun og endurnýting

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja til endurnotkunar íhluta sem henta til endurnotkunar, endurnýtingu íhluta sem ekki er hægt að endurnota og að endurvinnsla hafi forgang, þegar hún er umhverfislega hagkvæm, með fyrirvara um kröfur varðandi öryggi í ökutækjum og umhverfiskröfur svo sem losun út í andrúmsloftið og hávaðaeftirlit.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar nái eftirfarandi markmiðum:

a) Eigi síðar en 1. janúar 2006 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki aukast í 85% af meðalþyngd ökutækis á ári. Innan sömu tímamarka skal endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginna ökutækja að lág-

marki aukast í 80% af meðalþyngd ökutækis á ári.

Að því er varðar ökutæki, sem eru framleidd fyrir 1. janúar 1980, er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um lægri mörk, þó ekki lægri en 75% fyrir endurnotkun og endurnýtingu og ekki lægri en 70% fyrir endurnotkun og endurvinnslu. Aðildarríki, sem notfæra sér þessa undirgrein skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ástæður þess.

b) Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki aukast í 95% af meðalþyngd ökutækis á ári. Innan sömu tímamarka skal endurnotkun og endurnýting úr sér genginna ökutækja að lágmarki aukast í 85% af meðalþyngd ökutækis á ári.

Eigi síðar en 31. desember 2005 skulu Evrópuþingið og ráðið endurskoða markmiðin, sem um getur í b-lið, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar sem tillaga fylgir. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þróunar á samsetningu smíðaefnis ökutækja og allra annarra viðeigandi umhverfisþátta sem varða ökutæki.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr., setja nákvæmar reglur sem eru nauðsynlegar til eftirlits með því hvort aðildarríkin nái þeim mörkum sem sett eru í þeirri málsgrein. Þegar framkvæmdastjórnin setur reglurnar skal hún taka tillit til allra þátta sem máli skipta, meðal annars framboðs á gögnum og inn- og útflutnings úr sér genginna ökutækja. Framkvæmdastjórnin skal beita þessari ráðstöfun eigi síðar en 21. október 2002.

3. Á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu Evrópuþingið og ráðið setja mörk varðandi endurnotkun og endurnýtingu og varðandi endurnotkun og endurvinnslu eftir árið 2015.

4. Í því skyni að undirbúa breytingu á tilskipun 70/156/EBE skal framkvæmdastjórnin stuðla að undirbúningi evrópustaðla varðandi eiginleika ökutækja með tilliti til sundurhlutunar, endurnýtingar og endurvinnslu. Þegar staðlarnir hafa verið samþykktir, eða eigi síðar en í lok ársins 2001, skulu Evrópuþingið og ráðið á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar breyta tilskipun 70/156/EBE þannig að ökutæki, sem hljóta gerðarviðurkenningu í samræmi við þá tilskipun og eru sett á markað þremur árum eftir að tilskipun 70/156/EBE er breytt, séu að lágmarki 85% endurnotanleg og/eða endurvinnanleg miðað við þyngd ökutækis og séu að lágmarki 95% endurnotanleg og/eða endurnýtanleg miðað við þyngd ökutækis.

5. Þegar framkvæmdastjórnin gerir tillögu um breytingu á tilskipun 70/156/EBE er varðar eiginleika ökutækja með tilliti til sundurhlutunar, endurnýtingar og endurvinnslu skal hún taka tillit til, eftir því sem við á, nauðsyn þess að tryggja að endurnotkun á íhlutum skapi hvorki öryggis- né umhverfishættu.

8. gr.

Kóðunarstaðlar/upplýsingar um sundurhlutun

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur, í samvinnu við framleiðendur smíðaefnis og búnaðar, noti kóðunarstaðla fyrir íhluti og smíðaefni, einkum til að auðvelda að kennsl verði borin á þá íhluti og smíðaefni sem henta til endurnotkunar og endurnýtingar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. október 2001, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. gr. ákveða staðlana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þegar hún gerir það skal framkvæmdastjórnin taka mið af því starfi sem fram fer í viðeigandi alþjóðlegu samhengi á þessu sviði og leggja sitt af mörkum til þessa starfs eftir því sem við á.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur leggi fram upplýsingar um hvernig taka skuli í sundur hverja nýja gerð ökutækis sem er sett á markað innan sex mánaða frá því að ökutækið er sett á markað. Í þessum upplýsingum skal auðkenna, eftir því sem það er nauðsynlegt fyrir meðhöndlunarstöðvar til þess að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, mismunandi íhluti ökutækisins og smíðaefni, staðsetningu allra hættulegra efna í ökutækinu, einkum með hliðsjón af því að ná þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í 7. gr.

4. Með fyrirvara um viðskipta- og atvinnuleynd skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur íhluta, sem notaðir eru í ökutækjum, komi á framfæri við viðurkenndar meðhöndlunarstöðvar, eftir því sem þessar stöðvar óska þess, viðeigandi upplýsingum um sundurhlutun, geymslu og prófanir á íhlutum sem hægt er að endurnota.

9. gr.

Skýrslugjöf og upplýsingar

1. Á þriggja ári fresti skulu aðildarríkin senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar varðandi framkvæmd þessarar tilskipunar. Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða draga, sem framkvæmdastjórnin semur í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE ([1]), með það að markmiði að koma á fót gagnagrunni um úr sér gengin ökutæki og meðhöndlun þeirra. Í skýrslunni skulu vera viðeigandi upplýsingar vegna hugsanlegra breytinga á tilhögun í viðskiptum með vélknúin ökutæki og þeim iðnaði, er snýr að söfnun, sundurhlutun, tætingu, endurnýtingu og endurvinnslu, sem leiða til röskunar á samkeppni milli eða innan aðildarríkja. Spurningalistann eða uppkastið skal senda til aðildarríkjanna sex mánuðum áður en tímabilið, sem skýrslan fjallar um, hefst. Framkvæmdastjórnin skal fá skýrsluna innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún fjallar um.

Fyrsta skýrslan skal ná yfir þriggja ára tímabil frá og með 21. apríl 2002.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga skal framkvæmdastjórnin gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá því að hún fær skýrslurnar frá aðildarríkjunum.

2. Aðildarríkin skulu skylda, í hverju tilviki fyrir sig, viðkomandi rekstraraðila til að birta upplýsingar varðandi:

- hönnun ökutækja og íhluta þeirra með tilliti til eiginleika þeirra til endurnýtingar og endurvinnslu,

- vistvæna meðhöndlun úr sér genginna ökutækja, einkum við að fjarlægja alla vökva og sundurhlutun,

- þróun og bestun leiða til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar úr sér genginna ökutækja og íhluta þeirra,

- framfarir sem verða, með tilliti til endurnýtingar og endurvinnslu, í því að draga úr úrgangi sem er fargað og í að auka endurnýtingu og endurvinnslu.

Framleiðandinn skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar væntanlegum kaupendum ökutækja. Þær skulu koma fram í kynningarritum sem eru notuð við markaðssetningu nýrra ökutækja.

10. gr.

Framkvæmd

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 21. apríl 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að markmiðin sem sett eru fram í þessari tilskipun náist er aðildarríkjunum heimilt að taka upp ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. (1. mgr.), 5. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 8. gr. (1. og 3. mgr.) og 9. gr. (2. mgr.) og tilgreina nákvæmar reglur um framkvæmd 4. mgr. 5. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um ræðir. Slíkir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) samningar skulu vera aðfararhæfir;

b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt viðeigandi tímamörkum;

c) samningar skulu birtir í innlendum stjórnartíðindum eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina;

d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim niðurstöðum sem næst með samningi, gefa skal skýrslu um þær til lögbærra yfirvalda og til framkvæmdastjórnarinnar og koma þeim á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum;

e) lögbær yfirvöld skulu setja ákvæði um að framfarir, sem næst samkvæmt samningi, skuli kannaðar;

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

f) ef ekki er staðið við samning skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga-, reglu- eða stjórnsýsluákvæðum.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem sett var á stofn með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE, sem nefnist hér á eftir „nefndin".

2. Þegar vísað er í þessa grein skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér reglur um málsmeðferð.

4. Framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal samþykkja:

a) lágmarkskröfurnar, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., vegna eyðingarvottorðsins;

b) þær nákvæmu reglur sem um getur í 2. mgr. 7. gr., þriðju undirgrein;

c) snið fyrir gagnagrunnskerfið sem um getur í 9. gr.;

d) nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana við þessa tilskipun að framförum í tækni og vísindum.

12. gr.

Gildistaka

1. Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

2. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. skulu gilda:

– frá og með 1. júlí 2002 að því er varðar ökutæki sem eru sett á markað frá og með þeirri dagsetningu,

– frá og með 1. janúar að því er varðar ökutæki sem eru sett á markað fyrir þá dagsetningu sem um getur í fyrsta undirlið.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að beita 4. mgr. 5. gr. fyrir þá dagsetningu sem mælt er fyrir um í 2. mgr.

13. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. september 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
N. FONTAINE	H. VÉDRINE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Tæknilegar lágmarkskröfur um meðhöndlun í samræmi við 1. og 3. mgr. 6. gr.

1. Geymslustaður (einnig tímabundin geymsla) úr sér genginna ökutækja áður en þau eru meðhöndluð:
   - hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem söfnunaraðstaða, afhellingarbúnaður og hreinsunfituhreinsun er fyrir hendi,
   - tækjabúnaður til að meðhöndla vatn, þar með talið rigningarvatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir.
2. Meðhöndlunarstaðir:
   - hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem söfnunaraðstaða, afhellingarbúnaður og hreinsunfituhreinsun er fyrir hendi,
   - hentug geymsla fyrir varahluti sem hafa verið fjarlægðir af ökutækinu, þar með talin ógagndræp geymsla fyrir varahluti sem eru olíumengaðir,
   - hentug ílát til geymslu á rafgeymum (þar sem raflausn er gerð hlutlaus á staðnum eða annars staðar), síum og þéttum sem innihalda PCB/PCT-efni,

- hentugir geymar til aðgreindrar geymslu á vökvum frá úr sér gengnum ökutækjum: eldsneyti, smurolíu, gírkassaolíu, gír- og drifolíu, vökvakerfisolíu, kælivökva, ísvara, hemlavökva, rafgeymasýrum, vökva úr loftjöfnunarkerfum og öllum öðrum vökvum sem fyrirfinnast í úr sér gengnum ökutækjum,
- tækjabúnaður til að meðhöndla vatn, þar með talið rigningarvatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir,
- hentug geymsla fyrir notaða hjólbarða, þar með taldar forvarnir gegn eldhættu og því að þeim sé hlaðið í of stórar hrúgur.

3. Meðhöndlun við afmengun úr sér genginna ökutækja:
   - rafgeymar og geymar fyrir fljótandi gas fjarlægðir,
   - íhlutir, sem hugsanlega eru sprengifimir (t.d öryggispúðar), fjarlægðir eða gerðir óvirkir,
   - eldsneyti, smurolía, gír- og drifolía, gírkassaolía, vökvakerfisolía, kælivökvi, ísvari, hemlavökvi, vökvi úr loftjöfnunarkerfum og allir aðrir vökvar, sem fyrirfinnast í úr sér gengnum ökutækjum, eru fjarlægðir og safnað sérstaklega saman og geymdir nema þeir séu nauðsynlegir vegna endurnotkunar viðkomandi hluta,
   - allir íhlutir, sem vitað er að innihalda kvikasilfur, eru fjarlægðir eftir því sem unnt er.
4. Meðhöndlun sem stuðlar að endurvinnslu:
   - hvatar eru fjarlægðir,
   - íhlutir úr málmi, sem inniheldur kopar, ál og magnesíum, eru fjarlægðir ef þessar málmar eru ekki aðgreindir í tætaraferlinu,
   - hjólbarðar og stórir íhlutir úr plasti (stuðarar, mælaborð, vökvageymar o.s.frv.) eru fjarlægðir ef þessi smíðaefni eru ekki aðgreind í tætaraferlinu þannig að hægt sé að endurvinna þau á skilvirkan hátt sem smíðaefni,
   - gler er fjarlægt.
5. Aðgerðir vegna geymslu skulu fara þannig fram að komist sé hjá því að íhlutir sem innihalda vökva, endurnýtanlegir íhlutir eða varahlutir skemmist.

II. VIÐAUKI

Smíðaefni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Smíðaefni og íhlutir	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv-lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
Blý sem hluti málmblendis	
1. Stál (þar með talið tinhúðað stál) sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	
2. Ál sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd	
3. Ál (í felgum, hlutum hreyfils og búnaði til að skrúfa rúður upp og niður) sem inniheldur allt að 4 % af blýi miðað við þyngd	X
4. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi miðað við þyngd	
5. Blý/brons í legubökkum og -fóðringum	
Blý og blýsambönd í íhlutum	
6. Rafgeymar	X
7. Húð innan í bensíngeymum	X
8. Titringsdeyfar	X

Smíðaefni og íhlutir	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv-lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
9. Súlfunarefni fyrir háþrýsti- og eldsneytisslöngur	
10. Stöðgari í hlífðarmálningu	
11. Lóðmálmur í rafeindarásaplötum og öðrum búnaði	
Sexgilt króm	
12. Tæringarvarnarefni til yfirborðsmeðferðar á fjölda lykilíhluta ökutækja (að hámarki 2 g á ökutæki)	
Kvikasilfur	
13. Perur og álestrarbúnaður í mælaborði	X

Það skal hafa forgang að framkvæmdastjórnin meti eftirfarandi búnað í þeirri málsmeðferð, sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr:

- blý sem málmblendi í áli í felgum, hlutum hreyfils og í búnaði til að skrúfa rúður upp og niður
- blý í rafgeymum
- blý í jafnvægisstillingarlóðum
- rafmagnsíhluti sem innihalda blý í uppistöðuefnasamböndum glers eða keramíks
- kadmíum í rafgeymum rafmagnsökutækja

í því skyni að komast að raun um hvort breyta beri II. viðauka í samræmi við hana. Að því er varðar kadmíum í rafgeymum rafmagnsökutækja skal framkvæmdastjórnin, við málsmeðferðina, sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr., og innan ramma heildarumhverfismats, taka tillit til framboðs á staðgönguefnum og einnig nauðsynjar þess að viðhalda framboði á rafmagnsökutækjum.

1009. Nefndarálit [378. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Umsagnir um málið bárust frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Akraneskaupstað, Raufarhafnarhreppi, Sandgerðisbæ, Akureyrarbæ, Kópavogsbæ, Rangárvallahreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samorku – samtökum raf-, hita- og vatnsveitna, Vestmannaeyjabæ, Siglufjarðarkaupstað, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Hornafirði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stykkishólmsbæ, Bessastaðahreppi, Dalvíkurbyggð, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Djúpárhreppi, Hafnarfjarðarbæ, Reykjavíkurborg, Ísafjarðarbæ, Mosfellsbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að sveitarfélag hafi fullt vald til að ákveða rekstrarform vatnsveitu sem það rekur. Í öðru lagi er lagt til að eiganda vatnsveitu verði heimilað að áskilja sér á ári hverju arðgreiðslur sem numið geti allt að 7% af eigin fé vatnsveitunnar en það er í samræmi við ákvæði orkulaga varðandi rafveitur og hitaveitur.

Meiri hlutinn ræddi sérstaklega eignarhald vatnsveitna og telur rétt að árétta að samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga er gengið út frá því að sveitarfélög séu eigendur vatnsveitna þrátt fyrir heimild frumvarpsins fyrir breyttu rekstrarformi.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Pétur H. Blöndal.
Jónína Bjartmarz.	Drífa Hjartardóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

1010. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Maríu Sæmundsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Gunnar Eydal frá Reykjavíkurborg, Ástu Þorleifsdóttur frá Einari J. Skúlasyni, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hjalta Zóphóníasson frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, sænskir, norskir og finnskir ríkisborgarar, sem átt hafi lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Þá er lagt til að ekki verði lengur gerð krafa um meðmælendur með framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri. Aðrar breytingar með frumvarpinu miða að því að tryggja að ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna verði í samræmi við ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

Leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Pétur H. Blöndal.		Drífa Hjartardóttir.

1011. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson frá fjármálaráðuneyti, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Vilhjálm Bjarnason frá Þjóðhagsstofnun, Ara B. Thorarensen og Sveinbjörn Guðjónsson frá Fangavarðafélagi Íslands, Ingimund Einarsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Jónas Magnússon og Óskar Bjartmarz frá Landssambandi lögreglumanna, Hörð Davíð Harðarson frá Tollvarðafélagi Íslands og Loft Jóhannsson og Karl Alvarsson frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Umsagnir bárust um málið frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Tollvarðafélagi Íslands, ríkislögreglustjóranum, Fangavarðafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssambandi lögreglumanna og Þjóðhagsstofnun. Jafnframt bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við kjarasamninga sem lögreglumenn gerðu í júlí árið 2001, en þá undirrituðu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra yfirlýsingu þar sem fram kom að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að bætt yrði í lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ákvæði um að lögreglumönnum sem leystir væru frá embætti 65 ára skyldi reiknaður lífeyrir eins og þeir hefðu starfað til 70 ára aldurs.

Nefndin vekur athygli á að aðrar stéttir en lögreglumenn telja sig eiga rétt á að hljóta sömu kjör og lögreglumönnum eru tryggð með kjarasamningum og frumvarpi því sem hér er til meðferðar og bendir á að búast megi við kröfum stétta á borð við fangaverði, tollverði og flugumferðarstjóra um sömu réttindi á næstu árum. Nefndin gerir sér grein fyrir því að á næstu árum kunna að verða gerðir kjarasamningar við aðra hópa opinberra starfsmanna sem kveða á um breytt lífeyrisréttindi.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að lögreglumönnum verði veittur lengri frestur en frumvarpið gerir ráð fyrir til að ákveða hvort þeir nýti sér nýjar reglur frumvarpsins eða eldri reglur um starfslok, eða til 1. maí 2003 í stað 1. október 2002 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. október 2002“ í 1. efnismgr. 3. gr. komi: 1. maí 2003.

Einar K. Guðfinnsson, Össur Skarphéðinsson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.

1012. Nefndarálit [378. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að rekstur vatnsveitna sé hluti af þjónustuskyldum sveitarfélaga á sínu sviði eftir því sem aðstæður leyfa. Minni hlutinn er algerlega andvígur því að taka nokkur skref í átt til mögulegrar einkavæðingar slíkrar þjónustustarfsemi. Reynslan af slíkri einkavæðingu veitustarfsemi er slæm erlendis. Starfsemin lýtur eðli málsins samkvæmt lögmálum náttúrulegrar einokunar, enda fá dæmi þess ef nokkur að fleiri en einn aðili starfræki aðveitu- og dreifikerfi á sama svæði. Eðlilegast er að slík starfsemi sé rekin beint af viðkomandi sveitarfélagi, eða þá sem byggðasamlag eða sameignarfélag fleiri sveitarfélaga. Þessi þjónustustarfsemi á ekkert erindi inn í hlutafélög með aðra starfsemi, sem e.t.v. verður í eigu mismunandi aðila. Geta þá augljóslega orðið árekstrar við ákvæði 4. gr. laganna um að sveitarfélag sé eigandi vatnsveitu þess. Sem dæmi má taka að sameinað veitu- og orkufyrirtæki eins sveitarfélags sé keypt af eða sameinað öðru fyrirtæki í blandaðri eigu. Vissulega er mikilvægt að ekki stendur til að breyta áðurnefndu ákvæði 4. gr. laganna en minni hlutinn treystir sér eftir sem áður ekki til að styðja breytinguna skv. 1. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 2. gr. um að eiganda vatnsveitu sé heimilt að áskilja sér allt að 7% arð er einnig umdeilanlegt. Sé litið á vatnsveitu sem þjónustustarfsemi sveitarfélags er mikið álitamál hvers vegna sveitarfélögin eigi að taka til sín fé gegn greiðslu þjónustugjalda notendanna. Ef menn hins vegar nálgast málið frá þeim sjónarhóli að um fyrirtækjarekstur sé að ræða þá má færa fyrir því rök samræmis vegna að eðlilegt sé að eigandinn áskilji sér arð af því fé sem bundið er í viðkomandi fyrirtæki.

Minni hlutinn telur að eðlilegast væri að ganga þannig frá málum og það með skýrum hætti í lögum að veitustarfsemi af þessum toga sé verkefni sveitarfélaga og rekstrarformið skuli taka mið af því. Séu vatnsveitur hluti af starfsemi fyrirtækja eða stofnana með aðra starfsemi skuli undanskilja þær ef þau fyrirtæki eru hlutafélagavædd, svo ekki sé nú talað um einkavædd.

Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2002.

Steingrímur J. Sigfússon.

1013. Frumvarp til laga [637. mál]

um breyting á lögum um húsaleigubætur, nr. 138 23. desember 1997.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit eiga rétt til húsaleigubóta óháð lögheimili þess.

2. gr.

5. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa eftirtaldir rétt til húsaleigubóta:

1. fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða,
2. námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum eða herbergi með sameiginlegri eldhús- og snyrtiaðstöðu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um húsaleigubætur. Fyrri breytingin snýr að foreldrum sem eftir skilnað eða sambúðarslit eru með sameiginlega forsjá barns eða barna sinna. Eins og lögin eru nú getur aðeins foreldrið sem barnið eða börnin eiga lögheimili hjá fengið viðbótarhúsaleigubætur. Foreldrið sem er einnig með forsjána en barnið býr ekki hjá þarf að geta sinnt börnum sínum til jafns við hitt foreldrið en fær þessa viðbót ekki. Reynslan hefur sýnt að þetta hefur gert foreldrum, sem barn er ekki með lögheimili hjá, erfitt fyrir að rækja þær skyldur sem felast í sameiginlegri forsjá. Til að jafna mun foreldra hvað þetta varðar er þessi breyting lögð til. Félagsmálayfirvöld í Reykjavík hafa bent á að þörf væri á breytingu í þessa veru.

Hin breytingin snýr að námsmönnum, en með lagabreytingu frá 16. maí 2001 er nemendum í framhalds- og háskólum mismunað. Námsmenn á heimavist eða stúdentagörðum öðluðust rétt á húsaleigubótum þótt þeir byggju í herbergi með aðgangi að eldhúsi og baði. Nú er það svo að námsmenn hafa ekki allir kost á slíku húsnæði og verða þá að leigja sér sambærilegt húsnæði annars staðar, sem er almennt mun dýrara en garður eða heimavist, en þeir fá ekki húsaleigubætur samkvæmt núgildandi lögum. Úr þessu óréttlæti er bætt með þessu frumvarpi.

1014. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 1. minni hluta félagsmálanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, sænskir, norskir og finnskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag, njóti framvegis kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. 1. minni hluti telur frumvarpið ganga of skammt. Annars staðar á Norðurlöndum fá norrænir ríkisborgarar kosningarrétt til sveitarstjórna um leið og þeir skrá lögheimili í viðkomandi landi. Sama á að gilda hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum að mati 1. minni hluta og er lögð til breytingartillaga í þá veru.

Jafnframt leggur 1. minni hluti til að aðrir erlendir ríkisborgarar en norrænir fái kosningarrétt til sveitarstjórna eftir þriggja ára búsetu hér á landi. Er þetta til samræmis við norrænar reglur, svo og reglur frumvarps til laga um útlendinga um búsetuleyfi, en veita má útlendingi slíkt leyfi eftir samfellda þriggja ára dvöl hér á landi. Er það mat 1. minni hluta að með frumvarpinu sé allt of skammt gengið í þessum málum.

Þá telur 1. minni hluti að með þeim breytingum sem nú er verið að gera hefðu átt að koma heimildarákvæði um rafrænar kosningar. Í því felst framtíðarsýn sem er óhjákvæmileg og hefði verið nauðsynlegt að taka á því efni nú með afgerandi hætti. Slíkt er ekki gert, þrátt fyrir umsagnir og óskir um lögfestingu slíkrar heimildar nú. Það hefur sýnt sig í aðdraganda væntanlegra sveitarstjórnarkosninga að margir nýttu sér rafrænt fyrirkomulag við val frambjóðenda og hefði það verið tilvalin reynsla til að nýta í kosningunum. Leggur 1. minni hluti því til að slík heimild verði sett í ákvæði til bráðabirgða.

Að öðru leyti er 1. minni hluti samþykkur þeim breytingum sem felast í frumvarpinu, svo sem að fallið er frá kröfu um meðmælendur á framboðslistum í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri, svo og öðrum þeim breytingum sem lúta að samræmi við lög um kosningar til Alþingis.

Alþingi, 19. mars 2002.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

1015. Breytingartillögur [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 1. minni hluta félagsmálanefndar (GÖ, ÁRJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem eiga lögheimili hér á landi á kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar

sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
   Sveitarfélögum er heimilt að hafa til reynslu rafræna kjörstaði og færa rafræna kjörskrá. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd rafrænna kosninga í reglugerð.

1016. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 2. minni hluta félagsmálanefndar.

Annar minni hluti gagnrýnir hversu frumvarp félagsmálaráðherra er seint fram komið. Bagalegt er að málið skuli vera enn til meðferðar á Alþingi nokkrum dögum áður en utankjörfundaratkvæðagreiðsla fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar á að hefjast. Er þar ekki við félagsmálanefnd að sakast, hún hefur hraðað umfjöllun um frumvarpið eins og kostur er. Þessar aðstæður vekja spurningar um það hvort félagsmálaráðherra og ríkisstjórn hafi ekki verið ljóst að til stæði að kjósa til sveitarstjórna á vori komanda.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru yfirleitt eðlilegar lagfæringar og til samræmis við ákvæði gildandi laga um kosningar til Alþingis. Það eru einkum tvö efnisatriði sem þessu máli tengjast sem 2. minni hluti er ósáttur við. Hið fyrra varðar kosningarrétt erlendra ríkisborgara til sveitarstjórna. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru til bóta en ganga of skammt. Eðlilegast væri að tryggja öðrum norrænum ríkisborgurum sem hér eru búsettir fullan kosningarrétt, sambærilega við það sem Íslendingar sjálfir njóta. Öðrum erlendum ríkisborgurum ætti að tryggja kosningarrétt eftir að þeir hafa átt hér lögheimili samfellt í tvö eða í mesta lagi þrjú ár. Það er eðlilegt og sjálfsagt markmið að leita eftir þátttöku nýrra íbúa í mótun og stjórn samfélagsins þar sem þeir hafa tekið sér búsetu.

Síðara atriðið varðar þann ágalla frumvarpsins að ekkert skuli vikið að möguleikum til að hagnýta sér kosti rafrænnar kosningar eða a.m.k. rafrænar kjörskrár. Lágmark hefði verið að taka inn heimildarákvæði til að gefa þeim sveitarfélögum sem það vildu möguleika á að prófa sig áfram í þessum efnum, t.d. að gera tilraunir með rafræna kjörstaði, samhliða hefðbundnum eða nota rafræna kjörskrá.

Annar minni hluti mun styðja efni frumvarpsins, en áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur um fyrrgreind atriði.

Alþingi, 19. mars 2002.

Steingrímur J. Sigfússon.

1017. Breytingartillögur [550. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 2. minni hluta félagsmálanefndar (SJS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir orðunum „danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar " í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem eiga lögheimili hér á landi á kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í tvö ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
   Sveitarfélögum er heimilt að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti að hafa til reynslu rafræna kjörstaði og færa rafræna kjörskrá.

1018. Frumvarp til laga [638. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manneldismála.

2. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Til þess að stuðla að framkvæmd hollustuverndar setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. útgáfu og efni starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein,
2. umgengni og þrifnað utan húss,
3. meindýravarnir og eyðingu meindýra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra,
5. þátttöku heilbrigðisnefnda í öryggismálum og sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
6. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
7. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
8. íbúðarhúsnæði,
9. starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
10. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði, fjallaskála, frístundahúsasvæði, tjald- og hjólhýsasvæði,
11. skóla og aðra kennslustaði,
12. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, húðflúrstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur og stofur þar sem fram fer húðgötun og húðrof,

13. leikskóla, leikvelli, daggæslu í heimahúsum og önnur heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga,
14. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,
15. íþróttastöðvar, íþróttasvæði, íþróttahús, almenningssalerni, sundstaði, baðhús, gufubaðstofur, sólbaðsstofur og almenna baðstaði, baðvatn og þess háttar,
16. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,
17. samkomustaði og samkomuhús, þar á meðal kirkjur og söfn,
18. samgöngumiðstöðvar, farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og þess háttar,
19. verslunarmiðstöðvar,
20. verslanir sem selja vörur er innihalda fegrunar- og snyrtiefni, hættuleg efni og eiturefni,
21. dýraspítala, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýrasýningar, dýragæslustaði, gæludýraverslanir, hestaleigur og reiðskóla,
22. garðaúðun,
23. önnur sambærileg atriði.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögum þessum skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um framkvæmd hollustuverndar.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skal hafa gilt starfsleyfi. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarna-

búnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Krafist skal bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir“ í 1. málsl. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu á viðkomandi eftirlitssvæði, tilnefndur af landlækni.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. og 3. málsl. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu.

6. gr.

Við 4. málsl. 19. gr. laganna bætist: sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

7. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna bætist: eða 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

Starfsemi sem skal hafa starfsleyfi skv. 4. gr. a, gefið út af heilbrigðisnefnd.

Akstursíþróttasvæði.
Almenningssalerni.
Baðstofur og gufubaðsstofur.
Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri.
Dvalarheimili.
Dýragæsla.
Dýralæknastofur.
Dýrasnyrtistofur.
Dýraspítalar.
Dýrasýningar.
Fangelsi og fangagæsla.
Fjallaskálar, nema sæluhús.
Fótaaðgerðarstofur og fótsnyrtistofur.
Frístundahúsasvæði.
Garðaúðun.
Gististaðir.
Gæludýraverslanir.
Gæsluvellir.
Götuleikhús og tívolí.
Hársnyrtistofur.
Heilsugæslustöðvar.
Heilsuræktarstöðvar.
Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga, með sex börn eða fleiri.
Hestaleigur og reiðskólar.
Húðflúrstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
Íþróttahús.
Íþróttamiðstöðvar.
Íþróttavellir.
Kírópraktorar.
Leikskólar.
Læknastofur.
Nálastungustofur.
Nuddstofur.
Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki.
Samkomuhús.
Sjúkrahús.
Sjúkrastofnanir.
Sjúkraþjálfun.
Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna.
Snyrtistofur.
Sólbaðsstofur.
Starfsmannabúðir.
Starfsmannabústaðir.
Sundstaðir.
Tannlæknastofur.
Tjald- og hjólhýsasvæði.
Útihátíðir.
Veitingastaðir.
Verslunarmiðstöðvar.
Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.
Verslun með fegrunar- og snyrtiefni.
Vöruflutningamiðstöðvar.
Önnur sambærileg starfsemi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um starfsleyfi varðandi skyldu atvinnurekstrar og annarrar starfsemi til að hafa gilt starfsleyfi. Starfsleyfi þessi eru samkvæmt núgildandi lögum tvenns konar, annars vegar starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum til að stuðla að framkvæmd hollustuverndar og hins vegar starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum eða Hollustuvernd ríkisins til handa atvinnurekstri sem haft getur í för með sér mengun. Ákvæði laganna hafa verið túlkuð og framkvæmd þannig að þau feli í sér skyldu fyrir tiltekna starfsemi og atvinnurekstur til að hafa gilt starfsleyfi og að óheimilt sé að hefja slíka starfsemi eða atvinnurekstur án þess að starfsleyfi hafi verið gefið út. Rétt þykir að kveða skýrar á um starfsleyfisskyldu og aðrar þær kvaðir sem þeirri skyldu fylgja í lögunum. Hins vegar er lagt til að allar reglur um nákvæmari útfærslu á starfsleyfisskyldunni og þeim kvöðum sem í starfsleyfum er að finna verði áfram í reglugerðum settum af ráðherra.

Í öðru lagi er lagt til að skilgreining hugtaksins hollustuvernd og heimild til að setja almennar reglur um framkvæmd hollustuverndar verði rýmkuð nokkuð frá því sem nú er. Í skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd bætist eftirlit með fegrunar- og snyrtiefnum við eftirlit með matvælum, eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum. Jafnframt mun hollustuvernd taka til eftirlits með öryggisþáttum þessu tengdu. Á vissum sviðum eru atriði er varða öryggi almennings og slysavarnir svo tengd heilbrigðiseftirliti að rétt þykir að víkka skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd þannig að það nái einnig til þessara þátta. Á þetta sérstaklega við um öryggismál á íþrótta- og sundstöðum og stöðum þar sem börn dvelja.

Að lokum er lagt til að gerðar verði smávægilegar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að skilgreining hugtaksins *hollustuvernd* í 3. gr. núgildandi laga verði rýmkuð þannig að undir greinina falli eftirlit með fegrunar- og snyrtiefnum og tilteknum öryggisþáttum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum þessa frumvarps eru þættir er varða öryggismál og slysavarnir oft svo nátengdir framkvæmd hollustuverndar og almennu heilbrigðiseftirliti að eðlilegt verður að teljast að eftirlitið nái til þeirra. Á þetta sérstaklega við um öryggismál á íþrótta- og sundstöðum og stöðum þar sem börn dvelja, t.d. varðandi hita á vatni, geymslu hættulegra efna og eiturefna og öryggi leiktækja. Í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna er hins vegar gert ráð fyrir að ákvæði annarra laga er varða öryggi fólks og slysavarnir haldi gildi sínu, svo sem ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að breytingar verði gerðar á 4. gr. núgildandi laga. Ákvæðið felur í sér heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð almenn ákvæði um þau atriði sem talin eru upp í 1.–23. tölul. í því skyni að stuðla að framkvæmd hollustuverndar.

Fyrstu sjö töluliðirnir eru efnislega óbreyttir frá núgildandi lögum en uppröðun þeirra hefur verið breytt. Í þeim eru almenn atriði sem framkvæmd hollustuverndar tekur til og sett eru

almenn ákvæði um í reglugerð, þ.e. útgáfa og efni starfsleyfa skv. 4. gr. a, umgengni og þrifnaður utan húss, meindýravarnir og eyðing meindýra, hreinsun hunda, katta og annarra gæludýra, þátttaka heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra, taka sýna og úrvinnsla þeirra og viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti. Þó hefur öryggismálum verið bætt við fimmta tölulið til samræmis við breytta skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd.

Áttundi töluliður er efnislega óbreyttur, var áður hluti 5. tölul., og tekur til íbúðarhúsnæðis. Í 9.–23. tölul. er síðan talin upp sú starfsemi sem fallið getur undir ákvæði reglugerðar ráðherra um framkvæmd hollustuverndar. Vísast í þessu samhengi jafnframt til athugasemda með 3. og 8. gr. frumvarpsins um starfsleyfisskylda starfsemi. Í 9.–23. tölul. eru nokkur ný atriði. Meginhluti þeirrar starfsemi sem bætt er við ákvæði þetta hefur fram að þessu verið bundinn af almennum reglum um hollustuvernd og leiðir þessi viðbót því ekki til mikilla breytinga fyrir þá starfsemi. Meginbreytingin felst hins vegar í að nú eru verslanir sem selja fegrunar- og snyrtiefni, eiturefni og hættuleg efni felld undir ákvæðið.

Þær breytingar sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

9. tölul.: Var áður hluti 5. tölul. Efnislega óbreytt.

10. tölul.: Var áður 6. tölul. Fjallaskála, frístundasvæði og tjald- og hjólhýsasvæði bætt við ákvæðið.

11. tölul.: Var áður 7. tölul. Óbreytt.

12. tölul.: Var áður 8. tölul. Húðflúrstofum og stofum þar sem fram fer húðgötun og húðrof bætt við ákvæðið.

13. tölul.: Var áður 9. tölul. Daggæslu í heimahúsum og öðrum heimilum og stofnunum fyrir börn og unglinga bætt við ákvæðið.

14. tölul.: Var áður 10. tölul. Óbreytt.

15. tölul.: Var áður 11. tölul. Íþróttasvæðum og almenningssalernum bætt við ákvæðið.

16. tölul.: Var áður 12. tölul. Óbreytt.

17. tölul.: Var áður 13. tölul. Samkomustöðum bætt við ákvæðið og tekin af öll tvímæli um að söfn teljist til samkomuhúsa.

18. tölul.: Var áður 14. tölul. Samgöngumiðstöðvum bætt við ákvæðið.

19. tölul.: Nýtt ákvæði um verslunarmiðstöðvar.

20. tölul.: Nýtt ákvæði um byggingavöruverslanir, lyfjaverslanir, snyrtivöruverslanir og verslanir sem selja hættuleg efni og eiturefni.

21. tölul.: Nýtt ákvæði um dýraspítala, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýrasýningar, dýragæslustaði, gæludýraverslanir, hestaleigur og reiðskóla.

22. tölul.: Nýtt ákvæði um garðaúðun.

23. tölul.: Var áður 18. tölul. Óbreytt.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekið verði upp nýtt ákvæði um starfsleyfi sem gefin eru út til að stuðla að framkvæmd hollustuverndar. Ákvæðinu er ætlað að vera efnisákvæði um starfsleyfi og starfsleyfisskyldu. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á núverandi framkvæmd varðandi starfsleyfi þessi, einungis að tryggð verði nægjanleg lagastoð fyrir þeim, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu.

Í 1. mgr. er kveðið á um að stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögunum skuli hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Er þetta gert til að taka af öll tvímæli um hvaða starfsemi er starfsleyfisskyld. Starfsemi þessi er margvísleg, ýmist rekin af hinu opinbera eða einkaaðilum, og því er farin sú leið að telja

hana upp í fylgiskjali. Skv. 2. málsl. er óheimilt að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ákvæði þessu er ekki ætlað að breyta þeirri framkvæmd sem nú er við lýði heldur einungis, eins og fram kom í almennum athugasemdum frumvarpsins, að kveða skýrar að orði í lögunum. Þegar sérstaklega stendur á er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í 2. mgr. er tekið fram að starfsleyfi skuli gefa út til tiltekins tíma. Algengt er að þau gildi í fjögur ár. Kveðið er á um að rekstraraðila beri að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Síðan er lagt til að heilbrigðisnefnd verði heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna. Þetta ákvæði er nauðsynlegt til að tryggja virka framkvæmd hollustuverndar enda eru ákvæði starfsleyfa sniðin að þeirri starfsemi sem í hlut á, t.d. ákvæði um eftirlit, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir o.fl. Ella væri hætt við að unnt væri að sniðganga slík ákvæði með því að breyta starfseminni á miðjum starfsleyfistímanum.

Í 3. mgr. er ákvæði um efni starfsleyfis. Þar skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni. Reglur á þessu sviði eru afar víðtækar og ítarlegar og er eðlilegt að nánari útfærsla fari fram í reglugerð. Heimild til að setja nánari reglur um útgáfu og efni starfsleyfa samkvæmt þessari grein er að finna í 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að hafa reglugerðarheimildir varðandi framkvæmd hollustuverndar allar í einni grein.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að bætt verði inn í núgildandi lög nýju ákvæði, 5. gr. a. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæði 3. gr. frumvarpsins en fjallar um aðra gerð starfsleyfa, þ.e. starfsleyfi sem gefin eru út til handa atvinnurekstri sem haft getur í för með sér mengun. Hér er því um að ræða framkvæmd mengunarvarna og mengunarvarnaeftirlits sem er annar meginþáttur laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessar tvær gerðir starfsleyfa lúta að formi til svipuðum reglum, en eru efnislega ólík og fjalla um mismunandi atriði, þ.e. annars vegar um framkvæmd hollustuverndar og hins vegar um mengunarvarnir. Af þeim sökum var farin sú leið að fjalla um þau í tveimur aðskildum ákvæðum. Er það til samræmis við þá leið sem farin er í núgildandi lögum. Yfirleitt eru starfsleyfi þau sem hér um ræðir meira íþyngjandi fyrir rekstraraðila og leggja á hann meiri kvaðir. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er ekki gert ráð fyrir breytingu á framkvæmd varðandi starfsleyfi þessi heldur er verið að styrkja lagastoð þeirra.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun að hafa gilt starfsleyfi. Skv. 6. gr. núgildandi laga eru starfsleyfi þessi annars vegar gefin út af Hollustuvernd ríkisins og hins vegar af heilbrigðisnefndum. Sú tegund atvinnurekstrar sem fær útgefin starfsleyfi af Hollustuvernd ríkisins er talin upp í fylgiskjali með lögunum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ákveðið sé með reglugerð hvaða atvinnurekstur fær útgefið starfsleyfi af heilbrigðisnefndum, sbr. 2. mgr. 6. gr. núgildandi laga. Ekki er lagt til að breyting verði á þessu fyrirkomulagi.

Hvað varðar 2. mgr. ákvæðis þessa þá vísast til umfjöllunar um sambærilegt ákvæði í 3. gr. frumvarpsins. Hér er þó um að ræða annars konar ástæður sem mundu réttlæta endurskoðun starfsleyfis áður en gildistími þess er liðinn. Taldar eru upp aðstæður sem leitt gætu til slíkrar endurskoðunar, þ.e. ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við, breytingar verða á rekstri sem varða ákvæði starfsleyfis, tækniþróun eða breytingar á reglum um mengunarvarnir. Í starfsleyfum eru yfirleitt ákvæði um vöktun og eftirlit. Nauðsynlegt

er að mengunarvarnaryfirvöld geti brugðist strax við breyttum aðstæðum með því að endurskoða starfsleyfið þannig að ekki þurfi að bíða með aðgerðir þar til starfsleyfistíminn er liðinn.

Í 3. mgr. er ákvæði um efni starfsleyfis. Þar er kveðið á um að í starfsleyfi skuli tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Jafnframt segir í ákvæðinu að krafist skuli bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skuli ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því. Ákvæðið er hliðstætt við ákvæði 1. og 2. tölul. 5. gr. núgildandi laga þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja almennar reglur á þessu sviði og er við gerð starfsleyfa höfð hliðsjón af þessum almennu reglum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að í stað héraðslækna verði yfirlæknar heilsugæslu á viðkomandi eftirlitssvæði heilbrigðisnefndum til ráðgjafar og aðstoðar um heilbrigðisþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið breytist að öðru leyti. Breyting þessi er lögð til vegna framlagningar frumvarps heilbrigðisráðherra um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og fleiri lögum, þar sem lagt er til að embætti héraðslækna verði lögð niður. Í athugasemdum með því frumvarpi segir að með yfirlæknum heilsugæslu sé átt við yfirlækna heilsugæslustöðva, yfirlækni (lækningaforstjóra) heilsugæslunnar í Reykjavík og yfirlækna heilsugæslu í heilbrigðisstofnunum. Ákvæðið er skýrt hér á sama hátt og í framangreindu frumvarpi. Þar sem fleiri en einn yfirlæknir heilsugæslu geta verið starfandi innan eins heilbrigðiseftirlitssvæðis er gert ráð fyrir að landlæknir tilnefni þann lækni sem starfa skal með heilbrigðisnefnd.

Um 6. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að leggja áherslu á að heilbrigðisnefndum beri að fara eftir leiðbeiningum og viðmiðunarreglum Hollustuverndar ríkisins. Eigi Hollustuvernd ríkisins að geta sinnt lögbundnu yfirumsjónar- og samræmingarhlutverki innan málaflokksins er nauðsynlegt að tryggja að farið verði eftir leiðbeiningum og viðmiðunarreglum stofnunarinnar þannig að samræmis sé gætt í landinu öllu.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta tekur mið af 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sem fjallar um starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir úrgang, en frumvarp til þeirra laga er lagt fram af umhverfisráðherra á þessu þingi. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra hafi úrskurðarvald um starfsleyfi fyrir slíkar móttökustöðvar eins og önnur starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 8. gr.

Listi þessi sem hér er lagt til að verði að fylgiskjali III með lögunum er unninn af starfshópi sem haft hefur það verkefni með höndum að semja nýja reglugerð um hollustuvernd. Í starfshópnum eru fulltrúar frá Hollustuvernd ríkisins, umhverfisráðuneytinu, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og vinnuhópi um almennt heilbrigðiseftirlit. Fjölmargar stofnanir og félagasamtök hafa fengið listann til umsagnar.

Stærstur hluti þeirrar starfsemi sem talin er upp hér er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum. Helsta breytingin er að hér er lagt til að ýmiss konar starfsemi með dýr verði gerð starfsleyfisskyld, en einnig verslanir sem selja eiturefni og hættuleg efni, svo og fegrunar- og snyrtivörur. Sjá jafnframt athugasemdir um 3. gr.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Megintilgangur með frumvarpinu er að í lögunum sé skýrt kveðið á um starfsleyfisskyldu og efni starfsleyfa fyrir þá starfsemi og atvinnurekstur sem undir lögin falla. Rýmkuð er skilgreining á hugtakinu hollustuvernd og lagðar til lítils háttar breytingar í tengslum við önnur lagafrumvörp.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

1019. Frumvarp til laga [639. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hjá Fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, þannig að bætt verði við lögin heimild til vinnslu persónuupplýsinga hjá Fangelsismálastofn-

un og í fangelsum að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Lagt er til að ný málsgrein bætist við 2. gr. laganna sem kveður á um heimild Fangelsismálastofnunar og fangelsa til vinnslu persónuupplýsinga. Þessi heimild í frumvarpinu gerir ráð fyrir því að meðferð ýmissa persónuupplýsinga um fanga eigi sér stað. Þetta er ekki bundið við vinnslu almennra persónuupplýsinga heldur getur vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga einnig verið nauðsynleg. Hér má til dæmis nefna að gert er ráð fyrir vinnslu upplýsinga um refsidóma og aðrar ákvarðanir sem fela í sér refsingar og stofnuninni berast til fullnustu og um fullnustu refsinga en slíkar upplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Þessi heimild til vinnslu persónuupplýsinga tekur mið af 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, en þar er gert ráð fyrir að ákvæði annarra laga mæli fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Það skal áréttað sérstaklega að vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessu ákvæði er einungis heimil að því marki sem nauðsynlegt er með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Fangelsismálastofnunar. Um meðferð Fangelsismálastofnunar á persónuupplýsingum fer eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og á það einnig við um eftirlit Persónuverndar með vinnslu persónuupplýsinga hjá stofnuninni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að í lögum um fangelsi og fangavist verði kveðið skýrar á um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga hjá Fangelsismálastofnun og fangelsum. Ekki er ástæða til að ætla að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

1020. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Hákon Sigurgrímsson og Ingibjörgu Ólöfu Valdimarsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti. Umsögn um málið barst frá Bændasamtökum Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starf eftirlitsmanns með ullarmati verði lagt niður en kostnaður við það hefur hingað til verið greiddur úr ríkissjóði. Afurðastöðvum verður eftir sem áður heimilt að ráða til sín ullarmatsmenn á eigin kostnað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 20. mars 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Karl V. Matthíasson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.		Kristinn H. Gunnarsson.

1021. Nefndarálit [551. mál]

um till. til þál. um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Jóhannsson og Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu sem undirritaður var í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001.

Fríverslunarsamtök Evrópu voru stofnuð í Stokkhólmi árið 1960 og gilti samningurinn um fríverslun með vörur og aðra samvinnu milli aðildarríkjanna tengda henni. Síðan samningur-inn var gerður hafa geysimiklar breytingar orðið á viðskiptaumhverfinu og samstarfi Evrópuríkja og því var talið tímabært að endurskoða stofnsáttmálann.

Breytingarnar eru mjög yfirgripsmiklar. Ákvæði um fríverslun með vörur, ríkisaðstoð, opinber fyrirtæki og einkasölur, undirboð og samkeppni hafa verið endurskoðuð og aukið við reglum um tæknilegar hindranir, hugverkavernd, frelsi fólks til flutninga, fjárfestingar, þjónustuviðskipti og opinber innkaup. Þá hefur stofnanaþátturinn verið endurskoðaður.

Fullgilding samningsins kallar á lagabreytingar hér á landi. Fyrir utanríkismálanefnd hafa verið lögð drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum, en lagabreytingarnar lúta einkum að því að veita svissneskum ríkisborgurum sams konar réttindi og borgarar á Evrópska efnahagssvæðinu njóta samkvæmt EES-samningnum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 18. mars 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Jónína Bjartmarz.		

1022. Nefndarálit [576. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Elínbjörgu Jónsdóttur frá BSRB, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. A í tollalögum þannig að landbúnaðarráðherra hafi meira svigrúm við ákvörðun um tollvernd þeirra vara sem tilgreindar eru í viðaukum IVA og B við lögin. Samkvæmt gildandi lögum er landbúnaðarráðherra bundinn breytingu á tolli í 25%-þrepum en í því felst að ráðherra getur lækkað eða hækkað tollinn þannig að hann nemi 0, 25, 50 eða 75% af verð- eða magntolli sem tilgreindur er í tollskrá. Eftir breytingarnar mun ráðherra hafa meira svigrúm þannig að hann getur breytt tolli í 10%-þrepum, frá 0 til 90%.

Nefndin vekur athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu er aðeins rætt um aukið svigrúm ráðherra til að ákveða tollvernd grænmetis en lagalega séð eru breytingarnar víðtækari en svo. Þær vörur sem viðaukar IVA og B ná til eru m.a. kjöt, mjólk og mjólkurvörur, smjör, ostur, egg, lifandi eða afskorin blóm og plöntur, grænmeti o.fl.

Nefndin telur þessar breytingar vera til verulegra bóta og vonast til að þær leiði til minni tollverndar en verið hefur þannig að íslenskir neytendur geti notið þess í lækkuðu matvælaverði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Þuríður Backman ritar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 15. mars 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Karl V. Matthíasson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Sigríður Ingvarsdóttir.		Kristinn H. Gunnarsson.

1023. Frumvarp til laga [384. mál]

um samgönguáætlun.

(Eftir 2. umr., 20. mars.)

1. gr.

Markmið.

Tilgangur laga þessara er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Það skal gert með samgönguáætlun til tólf ára skv. 2. gr. og fjögurra ára áætlun skv. 4. gr. innan ramma samgönguáætlunar.

2. gr.

Samgönguáætlun.

Samgönguráðherra leggur á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana. Í samgönguáætlun skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt skal mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá skal í samgönguáætlun meta og taka tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur.

Í samgönguáætlun skal gera ráð fyrir eftirfarandi skilyrðum:

a. að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun,
b. að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla,
c. að ná fram víðtæku samspili samgöngumáta og samstarfi stofnana samgönguráðuneytisins.

Við gerð samgönguáætlunar skal taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguframkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum.

Áætlun um fjáröflun og útgjöld skal skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð eftir helstu útgjaldaflokkum. Jafnframt er útgjöldum vegna nýrra framkvæmda á grunnkerfinu skipt á einstök stór verkefni á hverju hinna þriggja tímabila.

Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti.

3. gr.

Samgönguráð.

Samgönguráðherra skipar samgönguráð sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Auk þess situr þar fulltrúi samgönguráðherra sem jafnframt er formaður. Skipunartími fulltrúa samgönguráðherra er fjögur ár en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Samgönguráð skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar. Til samgönguþings skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á samgönguþingi skal gera grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar. Samgönguráð skal hafa samráð við hagsmunaaðila eins og ástæða þykir til hverju sinni.

4. gr.

Fjögurra ára áætlun.

Samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun samgönguáætlunar sem tekur til nánari sundurliðunar hennar. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunar skulu rúmast innan ramma samgönguáætlunar. Í fjögurra ára áætlun skal vera áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála, þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar skal hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar komi skýrt fram. Kaflar hennar skulu m.a. skiptast í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Gerð skal grein fyrir fjáröflun og útgjöld skulu sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Í fjögurra ára áætlun skal m.a. vera sundurliðun í samræmi við uppsetningu fjárlaga.

Tillögur að fjögurra ára áætlun skulu unnar í stofnunum samgöngumála fyrir samgönguráð. Samgönguráð semur síðan endanlega tillögu og leggur fyrir samgönguráðherra.

Fjögurra ára áætlun skal endurskoðuð á tveggja ára fresti og þá lögð fram ný þingsályktunartillaga um hana fyrir næstu fjögur árin, sbr. 1. mgr., þannig að ávallt sé í gildi áætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

5. gr.

Skýrsla um framkvæmd samgönguáætlunar.

Ráðherra skal árlega fyrir lok vorþings leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár.

6. gr.

Gildistaka samgönguáætlunar.

Samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þær sem þingsályktunartillögur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á 128. löggjafarþingi leggur samgönguráðherra í fyrsta sinn fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2003-2014. Í framhaldi af því leggur ráðherra fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlun hennar.

1024. Frumvarp til laga [385. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

(Eftir 2. umr., 20. mars.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „flugmálaáætlun“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguáætlun.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Flugráð er skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Samgönguráðherra skipar sex menn í ráðið, tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og jafnmarga til vara. Skulu fulltrúar þessir hafa þekkingu á flugmálum og skal sú þekking a.m.k. ná til innanlandsflugs, millilandaflugs og almenns flugs. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs er fjögur ár, en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð er samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs eru að:

a. fjalla um stefnumótun í flugmálum,
b. veita samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun,
c. fjalla um rekstraráætlanir Flugmálastjórnar,
d. fjalla um gjaldskrártillögur,
e. veita umsögn um lög og reglur er varða flugmál,
f. fjalla um málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar,
g. fjalla um mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Flugráð getur óskað eftir áliti flugmálastjóra ef þörf þykir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs í reglugerð.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Flugmálaáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með flugmálaáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við flugmálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

Í flugmálaáætlun skal gerð grein fyrir allri fjáröflun til flugmála og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum. Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

4. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Verkefnum skal skipað í flokka samkvæmt nánari skilgreiningu í samgönguáætlun.

6. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Fjáröflun til flugmála.**

III. KAFLI
Breytingar á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „Forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ og „Forstjóri Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 2. gr., 3. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingamálastjóri.

9. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að annast gerð áætlana samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

10. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Samgönguráðherra skipar hafnaráð. Í hafnaráði skulu eiga sæti sex fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Einn skal tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að loknum alþingiskosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

11. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:
Verkefni hafnaráðs eru eftirfarandi:

1. Hafnaráð veitir samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun.
2. Hafnaráð gefur ráðherra umsögn um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og sjóvarnir.

3. Hafnaráð er stjórn Hafnabótasjóðs samkvæmt hafnalögum. Hafnaráð hefur umsjón með greiðsluþátttöku ríkisins við hafna- og sjóvarnaframkvæmdir og afgreiðir umsóknir um tjónabætur sem sendar eru til sjóðsins.
4. Hafnaráð er Siglingastofnun til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í hafna- og sjóvarnaframkvæmdum.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997.

12. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Hafnaráð er Siglingastofnun Íslands til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í sjóvörnum.

13. gr.

3. gr. laganna orðast svo:
Siglingastofnun Íslands skal sjá um að áætlun um sjóvarnir sé gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Áætlun um sjóvarnir samkvæmt lögum þessum skal tilgreind í siglingamálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.
Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma. Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun.
Í áætluninni skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

14. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Í stað orðanna „fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: áætlunar skv. 3. gr.

V. KAFLI
Breytingar á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

16. gr.

18. gr. laganna orðast svo:
Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar. Við skiptingu fjárveitinga skal höfð hliðsjón af gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.
Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma samgönguáætlunar á sama hátt og að framan getur.
Vegáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með vegáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við vegáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

17. gr.

27. og 28. gr. laganna falla brott.

18. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Vegáætlun.**

19. gr.

Í stað orðanna „skipulagsstjórn ríkisins“ í 3. málsl. 31. gr. laganna kemur: Skipulagsstofnun.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.

20. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 4. gr., 8. gr., 9. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

IX. KAFLI
Breyting á hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 3. mgr. 19. gr., 3. tölul. 20. gr. og 4. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

1025. Frumvarp til laga [344. mál]

um geislavarnir.

(Eftir 2. umr., 20. mars.)

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar. Þess skal gætt að geislun á fólk vegna allrar starfsemi sem lög þessi taka til sé eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Markmiði laganna skal náð með markvissum aðgerðum, m.a. eftirliti með allri meðferð geislavirkra efna og geislatækja, athugunum og rannsóknum, vöktun á geislavirkum efnum í umhverfi, viðbúnaði við geislavá og fræðslu og leiðbeiningum um geislavarnir.

2. gr.

Lögin gilda um:

1. Öryggisráðstafanir gegn geislun við alla starfsemi sem hefur í för með sér hættu á geislun á fólk, svo sem við framleiðslu, innflutning, útflutning, afhendingu, eign, uppsetningu, notkun, meðhöndlun og förgun geislavirkra efna og geislatækja, sbr. 4. mgr. 13. gr.
2. Öryggisráðstafanir við starfsemi sem leiðir af sér aukna náttúrulega geislun frá umhverfinu.
3. Öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.
4. Vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum.
5. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Geislun:* Jónandi og ójónandi geislun.
2. *Jónandi geislun:* Geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða önnur geislun sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.
3. *Ójónandi geislun:* Útfjólublá geislun og allar aðrar rafsegulbylgjur með lengri bylgjulengd, svo sem örbylgjur eða aðrar rafsegulbylgjur sem hafa hliðstæð líffræðileg áhrif, svo og rafsegulsvið.
4. *Geislatæki:* Rafmagnstæki sem mynda geislun, t.d. röntgentæki og sólarlampar.
5. *Læknisfræðileg geislun:* Sérhver geislun einstaklinga til greiningar eða meðferðar sjúkdóms, til vísindarannsókna eða í réttarfarslegum tilgangi.
6. *Starfsemi:* Starfsemi sem getur valdið geislun einstaklinga.
7. *Geislaálag:* Mat á magni geislunar þar sem heilsufarsleg áhætta einstaklings er lögð til grundvallar.
8. *Ábyrgðarmaður:* Starfsmaður með viðeigandi menntun og reynslu, tilnefndur af eiganda til þess að bera í umboði hans ábyrgð á starfseminni hvað varðar geislavarnir.

9. *Gæðatrygging:* Sérhver skipulögð og skipuleg aðgerð sem nauðsynleg er til að skapa nægilegt traust á því að aðstaða, kerfi, kerfishlutar eða aðgerðir virki á fullnægjandi hátt og í samræmi við samþykkta staðla.
10. *Gæðaeftirlit:* Sá hluti gæðatryggingar sem tekur til aðgerða (skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar) sem ætlað er að viðhalda gæðum eða bæta þau. Gæðaeftirlit felur í sér að vakta, meta og halda innan settra marka öllum einkennandi þáttum fyrir virkni búnaðar sem hægt er að skilgreina, mæla og hafa eftirlit með.

II. KAFLI
Geislavarnir ríkisins.

4. gr.

Geislavarnir ríkisins er stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Ráðherra skipar forstjóra Geislavarna ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskólapróf á starfssviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu annast:

1. Eftirlit og umsjón með að lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim sé fylgt.
2. Hvers konar eftirlit og athuganir sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.
3. Eftirlit með geislaálagi starfsmanna vegna jónandi geislunar og halda skrá yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits fyrir hvern einstakan starfsmann.
4. Reglubundið mat á heildargeislaálagi almennings af starfsemi sem lög þessi taka til.
5. Reglubundið mat á geislaálagi sjúklinga af læknisfræðilegri geislun hérlendis.
6. Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
7. Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk er vinnur við geislun jafnframt því að miðla upplýsingum til almennings og fjölmiðla.
8. Rannsóknir á sviði geislavarna.
9. Geislunarlegan þátt viðbúnaðar við geisla- og kjarnorkuvá, m.a. rekstur viðbúnaðar- og geislamælikerfa og annað því tengt.
10. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.
11. Önnur atriði er lúta að framkvæmd laga þessara og önnur verkefni á sviði geislavarna eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum sem lög þessi fjalla um.

Stofnunin skal undirbúa, sækja um og viðhalda faggildingu vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits sem stofnunin annast.

Stofnuninni er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdarinnar við aðila sem uppfylla faglegar kröfur er stofnunin gerir.

Þeir sem hafa með höndum starfsemi sem lög þessi taka til skulu láta stofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að mat skv. 4. og 5. tölul. verði eins raunhæft og kostur er.

6. gr.

Ráðherra skipar geislavarnaráð til fjögurra ára í senn, en það er fagleg ráðgjafarnefnd Geislavarna ríkisins um geislavarnir. Skal geislavarnaráð skipað þremur mönnum með sérþekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

III. KAFLI
Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar geislavirkra efna.

7. gr.

Framleiðsla, innflutningur, eign, geymsla, afhending og förgun geislavirkra efna, hvort sem efnin eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum er stofnunin setur, m.a. um meðferð geislavirkra efna þegar notkun þeirra lýkur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ekki þarf leyfi vegna geislavirkra efna sé heildarmagn þeirra eða magn á massaeiningu undir mörkum er Geislavarnir ríkisins ákveða, né heldur vegna sjálflýsandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja er innihalda mjög lítið af geislavirkum efnum eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.

Innflutningur geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun er tilkynningarskyldur. Innflytjendur skulu senda Geislavörnum ríkisins tilkynningu um hvert slíkt tæki sem flutt er inn. Tilkynningum skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflutningur ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli tilkynningarskyldur.

IV. KAFLI
Mat á gagnsemi og áhættu við notkun geislunar.

8. gr.

Allar nýjar tegundir eða flokkar starfsemi sem geta valdið jónandi geislun á fólk skulu metnar fyrir fram með tilliti til efnahagslegrar, þjóðfélagslegrar eða annarrar gagnsemi í samanburði við áhættu á skaðlegum heilsufarsáhrifum sem geislunin getur haft. Aðilar er hyggjast hefja slíka starfsemi skulu senda Geislavörnum ríkisins greinargerð um slíkt mat á fyrirhugaðri starfsemi. Óheimilt er að hefja starfsemina fyrr en samþykki Geislavarna ríkisins liggur fyrir og að fengnu mati landlæknis þegar um læknisfræðilega starfsemi er að ræða. Starfsemi sem þegar fer fram skal endurskoða með tilliti til mats skv. 1. málsl. þegar fyrir liggja nýjar mikilvægar upplýsingar um gagnsemi hennar eða afleiðingar.

V. KAFLI
Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

9. gr.

Öll notkun geislavirkra efna og geislatækja skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Óheimilt er að hefja notkun geislavirkra efna eða geislatækja sem gefa frá sér jónandi geislun án leyfis Geislavarna ríkisins. Breytingar á starfsemi sem hafa áhrif á geislavarnir eru einnig háðar leyfi Geislavarna ríkisins. Leyfisveiting er háð skilyrðum sem stofnunin setur. Umsóknum um leyfi þessi skal skilað á eyðublöðum stofnunarinnar eða í öðru formi sem stofnunin samþykkir. Sé um að ræða nýja tegund starfsemi skal sérstaklega gerð grein fyrir mati á notkuninni, sbr. 8. gr.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að notkun ákveðinna flokka geislatækja, sem gefa frá sér ójónandi geislun, skuli háð leyfi.

10. gr.

Eigandi ber ábyrgð á notkun geislavirkra efna og geislatækja, svo og að tæki, búnaður og starfsemi öll hvað geislavarnir varðar, sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal eigandi tilnefna ábyrgðarmann með viðeigandi menntun og reynslu og skal nafn hans, menntun og reynsla tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Tilnefning ábyrgðarmanns er háð samþykki Geislavarna ríkisins. Ábyrgðarmaður ber í umboði eiganda ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Við starfsemi þar sem notuð er jónandi geislun skal komið upp viðeigandi innra eftirliti vegna geislavarna.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun, reynslu og skyldur ábyrgðarmanna og um fyrirkomulag og framkvæmd innra eftirlits.

11. gr.

Aðilar sem starfa samkvæmt lögum þessum skulu skipuleggja viðeigandi viðbrögð við geislaslysum og veita upplýsingar um sérstaka áhættuþætti samkvæmt nánari reglum er Geislavarnir ríkisins setja. Þeir skulu tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef geislaslys verður, leggja frummat á hugsanlegar afleiðingar og gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að takmarka afleiðingar þess.

12. gr.

Geymsla og förgun geislavirkra efna skal ávallt vera í samræmi við reglur er Geislavarnir ríkisins setja. Sama gildir um annan úrgang, búnað eða umbúðir sem innihalda geislavirk efni eða eru menguð af þeim.

Þegar tæki eða búnaður sem getur gefið frá sér jónandi geislun er endanlega tekinn úr notkun skal það tilkynnt Geislavörnum ríkisins. Á meðan búnaður inniheldur geislavirk efni eða getur gefið frá sér jónandi geislun skal hann vera í öruggri vörslu og sæta eftirliti í samræmi við reglur sem ráðherra setur skv. 4. mgr. 10. gr. Geislavörnum ríkisins er heimilt að krefjast förgunar eða fjarlægingar geislavirkra efna og geislatækja sem ekki eru lengur í notkun. Sé ekki orðið við kröfu stofnunarinnar um förgun eða fjarlægingu innan tiltekins frests getur stofnunin annast framkvæmdina á kostnað eiganda.

VI. KAFLI
Geislavarnir á vinnustöðum.

13. gr.

Öll geislun starfsmanna og almennings vegna starfsemi sem lög þessi taka til skal vera eins lítil og unnt er að teknu skynsamlegu tilliti til efnahags- og þjóðfélagslegra aðstæðna.

Við starfsemi þar sem unnið er með geislun, jónandi sem ójónandi, skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk og aðra gegn geislun. Þessar aðgerðir skulu vera í samræmi við umfang þeirrar áhættu sem um er að ræða. Við starfsemi þar sem jónandi geislun er notuð skal hafa viðeigandi eftirlit með geislaálagi starfsmanna og annarra er starfseminni tengjast. Starfsmenn skulu hafa fullnægjandi menntun og fá starfsþjálfun og fræðslu sem tryggir nægilega hæfni og þekkingu á geislavörnum, svo og örugga notkun geislunar.

Gestir og aðrir sem aðgang hafa að vinnustaðnum skulu fá upplýsingar um reglur sem fylgja þarf vegna geislavarna.

Við starfsemi sem hefur í för með sér aukna náttúrulega jónandi geislun skal gripið til viðeigandi aðgerða til þess að verja starfsfólk gegn slíkri geislun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir á vinnustöðum, þar með talið um fyrirkomulag geislavarna og öryggisráðstafana sem draga úr geislun, aldursmörk þeirra sem starfa við jónandi geislun, geislunarmörk starfsmanna, nemenda og almennings, svo og eftirlit með geislaálagi og lækniseftirlit þeirra sem starfa við jónandi geislun, flokkun vinnusvæða og aðvörunarmerkingar, skermun og innréttingu húsnæðis, menntun, starfsþjálfun og fræðslu einstaklinga sem nota geislun eða starfa þar sem geislun er notuð.

Um ráðstafanir til að vernda starfsmenn á vinnustöðum gegn skaðlegum áhrifum af völdum ójónandi geislunar fer samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.

14. gr.

Um skrá sem Geislavarnir ríkisins halda yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., fer samkvæmt lögum um persónuvernd. Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kringumstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Sérstaklega skal gera grein fyrir niðurstöðum sem byggjast ekki á einstaklingsbundnum mælingum. Geislaálag af geislaslysi skal skráð sérstaklega, svo og aðstæður við geislunina og aðgerðir sem gripið var til.

Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

VII. KAFLI
Læknisfræðileg geislun.

15. gr.

Ábyrgðarmaður skv. 10. gr. ber ábyrgð á framkvæmd læknisfræðilegrar geislunar. Hann skal sjá til þess að þeir einir framkvæmi læknisfræðilega geislun sem eru til þess hæfir á grundvelli viðurkenndrar sérmenntunar.

Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður eða sá sem hann hefur falið framkvæmdina meta hvort notkun geislunar er réttlætanleg að teknu tilliti til markmiðs geislunarinnar, einkenna og ástands sjúklings.

Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaðar sem fyrir hendi eru, svo og annarra þátta sem áhrif hafa.

Á hverjum þeim stað þar sem læknisfræðileg geislun fer fram skal komið upp viðeigandi áætlunum um gæðatryggingu og gæðaeftirlit vegna starfseminnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun, þ.m.t. viðmið, fyrirkomulag og framkvæmd áætlana um gæðatryggingu.

16. gr.

Þeir sem hyggjast framkvæma skoðun á hópi fólks, t.d. vegna vísindalegra rannsókna, og nota við það jónandi geislun skulu fá til þess leyfi Geislavarna ríkisins. Óheimilt er að hefja slíka skoðun fyrr en leyfi stofnunarinnar liggur fyrir og að fengnu áliti landlæknis.

VIII. KAFLI
Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

17. gr.

Geislavarnir ríkisins annast skv. 5. gr. reglubundið eftirlit með notkun geislavirkra efna og geislatækja sem leyfi þarf fyrir samkvæmt lögum þessum.

Starfsmönnum Geislavarna ríkisins er heimill aðgangur að sérhverjum stað þar sem geislavirk efni og geislatæki sem gefa frá sér jónandi geislun eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit og gerir ráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á starfsmenn vegna ójónandi geislunar í samræmi við ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur settar samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits Geislavarna ríkisins.

18. gr.

Eigendur geislatækja og geislavirkra efna skulu framkvæma þær úrbætur sem Geislavarnir ríkisins telja nauðsynlegar innan tiltekins frests, ella er heimilt að stöðva frekari notkun tækja og efna þar til úrbætur hafa verið gerðar.

Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skulu Geislavarnir ríkisins stöðva frekari notkun geislavirkra efna og geislatækja þar til úrbætur hafa verið gerðar.

19. gr.

Skráður eigandi geislavirks efnis eða geislatækis sem gefur frá sér jónandi geislun skal greiða gjald fyrir reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins, sbr. 17. gr., fyrir mat á umsóknum um leyfi, sbr. 7., 9. og 20. gr., svo og fyrir eftirlit með geislaálagi starfsfólks, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gjaldskráin skal taka mið af kostnaði við eftirlitið.

IX. KAFLI
Uppsetning, breytingar og viðgerðir á geislatækjum.

20. gr.

Uppsetning á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun er háð leyfi Geislavarna ríkisins. Breyting á slíkum geislatækjum með tilliti til geislunar er einnig háð leyfi Geislavarna ríkisins. Þeir sem hyggjast setja upp slík geislatæki eða breyta slíkum tækjum með tilliti til geislunar skulu senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið á eyðublöðum stofnunarinnar eða með öðrum þeim hætti sem stofnunin samþykkir. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en leyfi stofnunarinnar er fengið.

Viðgerðir, uppsetningar og breytingar á geislatækjum sem gefa frá sér jónandi geislun mega þeir einir annast sem uppfylla kröfur Geislavarna ríkisins um þekkingu og reynslu.

Þeir sem taka að sér að setja upp slík geislatæki, gera við þau eða breyta þeim með tilliti til geislunar skulu ganga úr skugga um að öryggisbúnaður tækjanna sé í samræmi við lög og

reglugerðir eða aðrar reglur settar samkvæmt þeim og tilkynna Geislavörnum ríkisins tafarlaust ef svo er ekki.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara og um starfsemi Geislavarna ríkisins, svo og gjaldskrá fyrir þjónustumælingar Geislavarna ríkisins, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

22. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en 1. janúar 2003 að því er varðar ákvæði um ójónandi geislun, viðbúnað skv. 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. og faggildingu skv. 3. mgr. 5. gr. Eftirlitsþáttur laganna skal endurskoðaður innan fimm ára frá gildistöku. Með gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 117/1985, um geislavarnir.

1026. Frumvarp til laga [371. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

(Eftir 2. umr., 20. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kirkjugarðsstjórn getur einnig afmarkað almennan reit í kirkjugarði, þar sem ösku látinna verði komið fyrir, án þess að grafarnúmers sé getið, en nöfn hinna látnu skulu færð í legstaðaskrá, sbr. 1. mgr. 27. gr.
c. 4. mgr. orðast svo:

Dóms- og kirkjumálaráðherra getur heimilað, samkvæmt nánari reglum er hann setur, að ösku verði dreift yfir öræfi eða sjó, enda liggi fyrir ótvíræð ósk hins látna þar að lútandi. Óheimilt er að dreifa ösku á fleiri en einn stað sem og að merkja dreifingarstað. Sömuleiðis er óheimilt að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Duftker sem ætluð eru til dreifingar ösku skulu vera úr forgengilegu efni og brennd strax að lokinni dreifingu.

2. gr.

Í stað orðsins „Utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Skráðum trúfélögum.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Í því eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, þjóðminjavörður eða fulltrúi hans, einn fulltrúi tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands, einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúi kosinn af kirkjuþingi. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Biskup Íslands eða fulltrúi hans skal vera formaður kirkjugarðaráðs. Ef atkvæði falla jöfn í ráðinu ræður atkvæði biskups.

Kirkjugarðaráð ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf kirkjugarðaráðs, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóðs og fer með málefni hans, sbr. 40. gr.

4. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Kirkjugarðaráð setur viðmiðunarreglur í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur hvað felst í skyldu sveitarfélaga til að leggja til hæfilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu.

5. gr.

Í stað orðanna „skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 2. mgr. 16. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. og 3. mgr. 27. gr., 2. mgr. 28. gr., 1. og 4. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 36. gr., 1. mgr. 43. gr., 2. mgr. 50. gr. og 51. gr. laganna kemur, í viðeigandi falli: kirkjugarðaráð.

6. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfarakirkjur, en því aðeins að tryggt sé að það gangi ekki svo nærri fjárhag kirkjugarðsins að hann sé ófær um að gegna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðherra setur reglur um fjárstuðning kirkjugarðsstjórna í þessum efnum.

8. gr.

Við 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, 1. málsl., svohljóðandi: Grafstæði í kirkjugörðum skal vera 2,50 x 1,20 metrar og grafstæði duftkera 0,75 x 0,75 metrar.

9. gr.

1. málsl. 34. gr. laganna orðast svo: Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það vandlega kynnt almenningi með auglýsingu tvisvar sinnum í dagblöðum eða í staðbundnum blöðum er koma reglubundið út.

10. gr.

4. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðaráð myndar stjórn Kirkjugarðasjóðs og fer með málefni hans, sbr. 11. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „stjórnar hans“ í 4. mgr. 41. gr. laganna kemur: kirkjugarðaráðs.

12. gr.

Í stað orðsins „utanþjóðkirkjusöfnuðum“ í 1. mgr. 45. gr. laganna kemur: trúfélögum, og í stað orðsins „utanþjóðkirkjusafnaðar“ í 2. mgr. 45. gr. kemur: skráðs trúfélags.

13. gr.

Fyrirsögn XIII. kafla laganna verður: **Grafreitir skráðra trúfélaga.**

14. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra setur reglugerð um umgengni í kirkjugörðum sem skal vera fyrirmynd að umgengnisreglum kirkjugarðanna. Kemur þessi reglugerð í stað reglugerða fyrir kirkjugarða þar sem reglugerðir eru ekki sérstaklega settar, sbr. 51. gr.

15. gr.

Á eftir orðunum „Brot gegn lögum þessum“ í 52. gr. laganna kemur: og reglum settum samkvæmt þeim.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2002.

Umboð fulltrúa í skipulagsnefnd kirkjugarða, svo og umboð stjórnarmanna í stjórn Kirkjugarðasjóðs, fellur niður 30. apríl 2002 og skal kirkjugarðaráð taka við störfum þeirra frá sama tíma.

1027. Þingsályktun [565. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Króatíu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 886.

1028. Þingsályktun [566. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Makedóníu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 887.

1029. Þingsályktun [567. mál]

um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Jórdaníu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. mars.)

Samhljóða þskj. 888.

1030. Nefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd fjallaði um málið og fékk á sinn fund Þorgeir Örlygsson, Guðjón Axel Guðjónsson, Helga Bjarnason og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Jóhann Má Maríusson, Bjarna Bjarnason, Agnar Olsen, Stefán Pétursson og Kristján Gunnarsson frá Landsvirkjun, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformann Landsvirkjunar, Yngva Harðarson frá Ráðgjöf og efnahagsspám ehf., Þorkel Helgason og Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun, Þórð Friðjónsson, Magnús Harðarson og Pál Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun, Geir A. Gunnlaugsson frá Reyðaráli hf., Magnús Jóhannesson frá umhverfisráðuneyti, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Kristján Hauk Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands og Theódór Bjarnason frá Byggðastofnun, Svein Sigurbjarnarson og Skúla Björn Gunnarsson frá Markaðsstofu Austurlands, Arnór Benediktsson, Bjarna Björgvinsson og Guðgeir Ragnarsson frá Norður-Héraði, Gunnþórunni Ingólfsdóttur, Kristin Bjarnason og Þórarin Rögnvaldsson frá Fljótsdalshreppi, Einar Rafn Haraldsson frá Afli fyrir Austurland, Smára Geirsson frá Samtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Guðmund Bjarnason frá Fjarðabyggð, Tryggva Felixson frá Landvernd og Þórólf Matthíasson. Umsagnir bárust um málið frá Skútustaðahreppi, Rafmagnsveitum ríkisins, Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fjarðabyggð, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landvernd, Náttúruvernd ríkisins, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Orkubúi Vestfjarða, Samtökum iðnaðarins, Reyðaráli hf., Hæfi hf., Fljótsdalshreppi, Seðlabanka Íslands, Orkustofnun, Norður-Héraði, Norðurorku, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landsvirkjun, Þjóðhagsstofnun, Austur-Héraði og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Einnig bárust gögn frá Landsvirkjun, Orkustofnun, samstarfshópi Markaðsstofu Austurlands og Afli fyrir Austurland. Leitað var eftir áliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á efnahagslegum áhrifum og arðsemi virkjunarinnar. Enn fremur var leitað eftir áliti umhverfisnefndar Alþingis á umhverfisþáttum málsins.

Í ljósi frétta sem borist hafa síðustu daga telur minni hlutinn að fresta beri ákvarðanatöku um heimild til handa Landsvirkjun til þess að virkja Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal svo og til stækkunar Kröfluvirkjunar.

Því hefur margsinnis verið lýst yfir að ekki verði hafist handa við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka nema fyrir liggi hvernig orkan verði nýtt og eins og allir vita hefur álver í Reyðarfirði verið forsendan sem allt hefur miðast við. Samkvæmt staðfestri tímaáætlun átti

ákvörðun um byggingu álvers í Reyðarfirði að liggja fyrir 1. september 2002 en nú er ljóst að Norsk Hydro vill endurskoða þá tímaáætlun. Vegna þeirra frétta fór minni hlutinn fram á að iðnaðarráðherra og fulltrúar frá Norsk Hydro kæmu á fund nefndarinnar og greindu frá nýrri stöðu málsins. Þeirri málaleitan hafnaði meiri hlutinn á fundi 18. mars sl. Á þingfundi 20. mars gerðist það svo að iðnaðarráðherra kvaddi sér hljóðs og greindi Alþingi frá því að Norsk Hydro hefði upplýst ráðherra um að vegna viðamikilla fjárfestinga fyrirtækisins í Þýskalandi gæti svo farið að það mundi óska eftir viðræðum um endurskoðun á tímaáætlun fyrir fyrirhugað álver í Reyðarfirði. Í yfirlýsingu sinni boðaði ráðherra að frekari upplýsingar yrðu gefnar í næstu viku.

Með tilliti til þessa er það ákveðin krafa minni hlutans að málinu verði vísað frá og það endurunnið í ljósi breyttra aðstæðna.

Kárahnjúkavirkjun.

Hinn 20. apríl 2001 lagði Landsvirkjun fram til Skipulagsstofnunar skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar allt að 750 MW. Skýrslan var auglýst opinberlega 4. maí 2001. Frestur til athugasemda var til 15. júní 2001. Alls bárust 362 athugasemdir. Skipulagsstjóri kvað upp úrskurð sinn 1. ágúst 2001 þar sem lagst var gegn virkjuninni vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa og ófullnægjandi upplýsinga um einstaka þætti framkvæmdarinnar og umhverfisáhrif hennar. Úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra. Í úrskurði umhverfisráðherra sem birtur var 20. desember 2001 er úrskurður Skipulagsstofnunar felldur úr gildi og fallist á fyrirhugaða Kárahnjúkavirkjun með ákveðnum skilyrðum. Í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 4–6) eru skilyrði umhverfisráðherra sett fram.

Að teknu tilliti til skilyrða umhverfisráðherra reiknar Landsvirkjun með að fyrirhuguð Kárahnjúkavirkjun verði hönnuð þannig að settar verði upp sex aflvélar og verði framleiðslugeta þeirra um 690 MW. Þannig er gert ráð fyrir að aflgeta fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar verði um 5% minni en áður var áætlað, þegar tekið hefur verið tillit til skilyrða umhverfisráðherra.

Ljóst er að stórvægileg óafturkræf náttúruspjöll munu eiga sér stað verði af áformum um Kárahnjúkavirkjun. Um yrði að ræða meiri umhverfisspjöll, vatnaflutninga, jarðrask og breytingar á landslagi og náttúru en áður hefur þekkst hér á landi. Þessar gríðarlegu framkvæmdir hefðu í för með sér eyðingu friðlands, röskun beitar- og burðarsvæða hreindýra og skerðingu búsvæða plantna og dýra. Með Hálslóni færu undir vatn einstæðir sethjallar, bæði að jarðgerð og fyrir jarðsögu, svo og sérstök gróðurvistkerfi, í sumarveðursælum háfjalladal fjarri sjó, sem eru hluti af órofa gróðurlendi frá sjó og upp að jökli. Hætta á áfoki frá Hálslóni og aurum þeim sem myndast við og út í lónið er af mörgum fræðimönnum talin veruleg, og stafar jarðvegi og gróðurfari á Vestur-Öræfum mikil hætta af þessu áfoki.

Með Hálslóni færi sérstætt landslag undir vatn og yrði veruleg breyting á ásýnd og hrifum Jökuldals og Fljótsdals og þar með Lagarfljóti við vatnabreytingarnar. Stórkostlegar breytingar yrðu á vatnafari Jökulánna beggja, þegar annarri væri breytt í mun vatnsminni bergvatnsá löngum stundum að sumarlagi, en framhald hinnar í Lagarfljóti yrði að aurskolugu vatni með öllum þeim breytingum á farvegi þeirra sem því fylgja. Þá hefðu slíkar framkvæmdir þau áhrif að fjölmargir fossar skertust verulega og sumir hreinlega hyrfu.

Heild óbyggðra og mannvirkjasnauðra svæða (ósnortinna víðerna) norðan Vatnajökuls, sem margir hafa talið forsendu fyrir skynsamlega mörkuðum þjóðgarði á þessu svæði, yrði rofin. Rétt er að benda á að Jökulsá á Dal skilur nokkurn veginn á milli tveggja landgerða, þar sem er basaltstafli með niðurgröfnum dölum og víðum gróðurlendum með tjörnum austan

ár, en móbergsland með upphlöðnum fjöllum, uppblásnu landi og gróðurvinjum í vatnsauðugum dölum að vestanverðu, en Ódáðahraun með eldstöðvum sínum og hraunum vestar.

Minni hlutinn mótmælir sérstaklega þeirri túlkun stjórnvalda að með Kárahnjúkavirkjun væri verið að nýta endurnýjanlegar auðlindir þjóðarinnar á sjálfbæran hátt. Kárahnjúkavirkjun fullnægir ekki nauðsynlegum skilyrðum til þess að hún geti talist sjálfbær og að hægt sé að tala um virkjun í sátt við umhverfið. Með tímanum fyllist Hálslón af aur og gert er ráð fyrir að eftir 100 ár verði afkastageta virkjunarinnar orðin verulega skert. Á endanum hættir lónið að geta tekið við vatnsforða vegna aursöfnunar.

Króflu virkjun.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að iðnaðarráðherra fái heimild til þess að veita Landsvirkjun leyfi til að stækka Króflu virkjun í allt að 220 MW, svo framarlega sem mat á umhverfisáhrifum liggi fyrir. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að ekki skuli gefið út leyfi fyrir framkvæmd fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Minni hlutinn telur augljóst að slíkt mat verði að liggja fyrir áður en heimild til handa iðnaðarráðherra til að gefa út virkjanaleyfi er bundin í lagatexta.

Króflu virkjun í Skútustaðahreppi hefur verið starfrækt frá árinu 1977. Með samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 26. júlí 1985 keypti Landsvirkjun virkjunina ásamt ýmsum réttindum á Króflusvæðinu, þ.m.t. rétti til að hagnýta jarðhitaorku til raforkuframleiðslu allt að 70 MW. Fram til ársins 1997 var einungis önnur af tveimur 30 MW vélum virkjunarinnar í rekstri. Boranir eftir aukinni gufu á svæðinu frá 1996 hafa hins vegar gengið vel og frá 1999 hefur virkjunin verið rekin á fullum afköstum, þ.e. 60 MW.

Í frumvarpinu er kveðið á um stækkun Króflu virkjunar því að í áætlunum Landsvirkjunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði hefur Landsvirkjun miðað við orku frá Króflu og Bjarnarflagi, auk Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun telur að við úrskurð umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kárahnjúkavirkjun hafi mikilvægi orkuöflunar á Króflusvæðinu aukist. Ljóst er þó að þeir fyrirvarar sem umhverfisráðherra hefur sett við virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fljótsdal leiða af sér aðeins um 5% minna afl virkjunarinnar, eða sem nemur um 20–30 MW. Þannig liggur nokkurn veginn fyrir að undir öllum kringumstæðum hefði þurft viðbótarafl annars staðar frá sem nemur um 100 MW miðað við þau áform sem uppi eru um stærð álvers í Reyðarfirði.

Minni hlutinn telur að þar sem umhverfismat hefur ekki farið fram nema á litlum hluta stækkunar Króflu virkjunar (40 MW) og að frekari stækkun kallar að öllum líkindum á nýja 120 MW virkjun við Króflu sé algjörlega óásættanlegt að veita iðnaðarráðherra heimild skv. 2. gr. frumvarpsins hvað varðar Króflu virkjun áður en mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur farið fram.

Leirhnjúkur og nágrenni eru eitt aðgengilegasta svæði flekaskila á jörðinni. Það svæði mun skemmast verði Landsvirkjun leyft að fara nálægt því eins og líklegt er að gerist, verði svo mikil stækkun Króflu virkjunar leyfð sem um er rætt í frumvarpinu. Svæðið mun skemmast af mannvirkjagerð, svo sem borstæðum og vegagerð yfir misgengi, og ekki er heldur fullljóst hvað getur gerst í sambandi við jarðhitann ef borað verður nálægt Leirhnjúk eða undir hann.

Þá má benda á að Leirhnjúkur og gönguleið þaðan niður í Reykjahlíð veita ferðafólki, erlendu sem innlendu, sterka upplifun um að það gangi um óspillta og villta íslenska öræfa- og eldfjallanáttúru þrátt fyrir bæði Króflu virkjun og byggðina í Mývatnssveit sem er ekki langt undan. Framkvæmdir of nálægt Leirhnjúk, aðrar en lágmarksmerkingar á stígum af

öryggisástæðum, yllu ferðaþjónustu í Mývatnssveit umtalsverðu tjóni sem ekki verður bætt með álveri, hvorki á Austurlandi né í Hvalfirði.

Minni hlutinn telur að áform um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í Suður-Þingeyjarsýslu eigi að skoða í því samhengi að orkuvinnsla á svæðinu nýtist heima fyrir til atvinnuuppbyggingar. Nú er unnið að hafnarframkvæmdum á Húsavík sem að öllum líkindum verða til þess að fýsilegt verður að koma upp orkufrekum atvinnurekstri í grenndinni.

Flutningslínur.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu munu tvær háspennulínur, 420 kV hvor um sig og 53 km að lengd, flytja raforkuna frá tengivirki í Fljótsdal til álverksmiðjunnar. Skipulagsstjóri hefur fallist á línulögnina, en með skilyrðum. Úrskurður Skipulagsstjóra var kærður til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurð skipulagsstjóra 23. nóvember 2000 með einu viðbótarskilyrði.

Í greinargerðinni kemur fram að línurnar munu liggja frá tengivirki í Fljótsdal þvert fyrir Múlann, út Fljótsdal að austanverðu, þaðan upp Víðivallaháls, Hallormsstaðaháls og austur í Skriðdal. Úr Skriðdal liggja línurnar hvor sína leið um Hallsteinsdal annars vegar og Þórudal hins vegar þar til þær koma saman í Áreyrardal í Reyðarfirði. Línurnar munu síðan fara þvert yfir botn fjarðarins og liggja ofan byggðar að iðnaðarlóð fyrirhugaðrar álverksmiðju að Hrauni í Reyðarfirði.

Með síðari áfanga fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunar verður nauðsynlegt að stækka 245 kV tengivirki í Fljótsdal. Einnig kemur fram í greinargerðinni að ef Bjarnarflagsvirkjun verður reist eða Kröfluvirkjun stækkuð þarf að byggja nýja 245 kV háspennulínu frá Kröflu (lína 3) frá 245 kV tengivirki sem byggt yrði við Kröflu, væntanlega í Hlíðardal. Línan yrði um 121 km á lengd. Áætlað er að línan mundi að mestu liggja samhliða núverandi Kröflulínu 2. Vinna við gerð umhverfismats fyrir þessa línu er í gangi, en henni er ekki lokið. Þess vegna átelur minni hlutinn harðlega þau vinnubrögð að veita lagaheimild fyrir virkjanaleyfi, sem augljóslega mun leiða af sér miklar línulagnir sem ekki hafa farið í mat á umhverfisáhrifum.

Efnahagslegur þáttur.

Mat Seðlabankans er byggt á úttekt Þjóðhagsstofnunar í fylgiskjali með frumvarpinu. Í mati Seðlabankans segir að ekki sé reiknað með neinum mótvægisaðgerðum í ríkisfjármálum. Einn stærsti óvissuþátturinn í tengslum við framkvæmdina er áhrif á gengi krónunnar. Í framreikningi Þjóðhagsstofnunar sem hér er stuðst við er reiknað með óbreyttu gengi. Allar niðurstöður verður að skoða í ljósi þess.

Stefna Seðlabankans er að vinna að því að verðbólga verði sem næst 2,5% á ári. Framkvæmdirnar munu því krefjast aukins aðhalds peningastefnunnar áður en og meðan þær eru í hámarki. Seðlabandinn telur að búast megi við að vextir hækki um 2,5% við upphaf fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er líklegt að umtalsverðar gengisbreytingar verði fylgifiskur framkvæmdanna, þótt erfitt sé að sjá þær nákvæmlega fyrir, hvað þá að tímasetja þær.

Vegna fyrirhugaðrar vaxtahækkunar Seðlabankans, ef af virkjunar- og álversframkvæmdum verður, er ljóst að um svokallaðar „ruðningsaðgerðir" verður að ræða. Með því er átt við að þeim fyrirtækjum sem veikast standa yrði einfaldlega rutt úr vegi. Þetta á ekki hvað síst við um svokölluð sprotafyrirtæki sem geta skapað arðsöm störf til framtíðar ef þau fá tíma og aðstæður til að vaxa úr grasi. Þannig mundi þessi einstaka risaframkvæmd, ef af yrði, ryðja úr vegi mörgum fyrirtækjum sem annars gætu vaxið og dafnað. Samdráttur í opinberum framkvæmdum nægði einn og sér engan veginn til að vega á móti þeim miklu framkvæmdum tengdum álveri sem hér um ræðir. Til viðbótar þessu kæmu síðan auknar álögur á almenning

í formi mikilla vaxtahækkana. Þá verður að teljast mjög hæpið að markmið Seðlabankans um 2,5% verðbólgu á ári næðist á sama tíma og yfir stæði slík risaframkvæmd sem á margvíslegan hátt hefði mjög mikil áhrif til spennuaukningar í hagkerfinu.

Minni hlutinn átelur harðlega þau vinnubrögð að ekki skuli gerð heildstæð úttekt á afleiðingum slíkrar stórframkvæmdar fyrir samfélagið.

Rammaáætlun um virkjun vatnsafls og jarðvarma.

Minni hlutinn telur að með frestun á afgreiðslu frumvarpsins gefist ráðrúm til þess að vinna faglega að nauðsynlegri stefnumörkun til framtíðar varðandi nýtingu orkuauðlinda landsins. Orkan í fallvötnum landsins er takmörkuð auðlind. Settar hafa verið fram tölur um að fræðilega sé gerlegt að framleiða í landinu um 50 TWst af raforku, 30 TWst með vatnsafli og 20 TWst með jarðgufu. Krafan um varúð í umhverfismálum verður stöðugt háværari og hefur breyst mikið á fáum árum. Í ljósi þess er það sem lengi hefur verið talið ásættanlegt að virkja af vatnsafli, að teknu tilliti til umhverfisþátta, mun minna nú en fyrir áratug. Ljóst er að hér er aðeins um lauslegt mat að ræða og því mikilvægt að vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé hraðað.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið 1977 að hafin skyldi vinna við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, falið að láta gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skuli henni lokið fyrir árið 2000. Áætluninni er ætlað að vera í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum. Í áætluninni skal sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður færðar að skipulagi og í því sambandi skulu sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana.

Verkið hefur reynst mun umfangsmeira og tímafrekara en ríkisstjórnin gerði sér grein fyrir. Þannig lá það fyrir haustið 1999 að fara þyrfti yfir rúmlega 60 mögulegar hugmyndir að vatnsaflsvirkjunum og um 30 hugmyndir að jarðvarmavirkjunum. Áður en vinnan hófst gerði verkefnisstjórnin sér vonir um að hægt yrði að ljúka vinnu við 25 hugmyndir sem kynntar yrðu haustið 2002. Þetta mun ekki geta gengið eftir og er nú svo komið að iðnaðarráðherra hefur lagt hart að verkefnisstjórninni að skila einhvers konar „tilraunamati“ í haust á virkjanakostum á miðhálendi Íslands.

Það er álit minni hlutans að vinnu við rammaáætlun þurfi að hraða og að heildaráætlun liggi fyrir sem fyrst, þannig að grundvöllur sé til þess að taka ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í landinu.

Með vísun til framangreindrar umfjöllunar leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í ljósi þess að allt er í óvissu með framvindu Noral-verkefnisins, stórfelld umhverfisspjöll sem af Kárahnjúkavirkjun hljótast eru óverjandi, mikið skortir á að arðsemi verkefnisins sé fullnægjandi, deildar meiningar eru um hvort verkefnið yrði jákvætt fyrir byggðaþróun á Austurlandi í heild þegar til lengri tíma er litið og ólokið er gerð rammaáætlunar um forgangsröðun virkjunarkosta, samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. mars 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal með umsögnum um frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar:

Umsögn 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. (Sjá fylgiskjal III í þskj. 1004 (nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar) bls. 4293–4295.)

Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar. (Sjá fylgiskjal VI í þskj. 1004 (nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar) bls. 4296–4301.)

Umsögn stjórnar Landverndar. (1. mars 2002.)

Umsögn Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN). (27. febrúar 2001.)

Umsögn sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. (3. mars 2002.)

Umsögn Seðlabanka Íslands. (1. mars 2002.)

Umsögn meiri hluta sveitarstjórnar Norður-Héraðs. (28. febrúar 2002.)

Umsögn minni hluta sveitarstjórnar Norður-Héraðs. (1. mars 2002.)

Umsögn Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN). (Febrúar 2002.)

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST). (28. febrúar 2002.)

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. (10. mars 2002.)

1031. Nefndarálit [600. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Umsögn um málið barst frá Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um búnaðargjald sem eiga að tryggja að búnaðargjald greiðist eingöngu af framleiðslu en ekki af öðrum þáttum og jafnframt að gjaldið reiknist aðeins einu sinni af sömu framleiðslu.

Fyrir nefndina hefur verið lögð ályktun Búnaðarþings 2002 þar sem samþykkt var lækkun búnaðargjalds úr 2,55% í 2,00% en það felur í sér um 100 millj. kr. lækkun gjaldsins. Bændasamtök Íslands hafa óskað eftir að orðið verði við ályktun þessari og að breytingar á gjaldhlutfalli taki gildi við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu gjaldsins á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

Nefndin fellst á röksemdir Bændasamtaka Íslands og leggur til að búnaðargjald verði lækkað í 2,00%.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. mars 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Karl V. Matthíasson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman.
Sigríður Ingvarsdóttir.		Kristinn H. Gunnarsson.

1032. Breytingartillögur [600. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað „2,55%“ í 1. gr. laganna kemur: 2,00%.
2. Við 3. gr. er verði 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað „2,65%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 2,00%.
3. Við 4. gr. er verði 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002. Ákvæði 1. og 4. gr. koma til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búvörugjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003. Við ákvörðun fyrirframgreiðslu búvörugjalds á árinu 2002 skal innheimta 2,55% af gjaldstofni.

1033. Svar [560. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um störf þóknananefndar.

1. Hvernig er hlutverk þóknananefndar ríkisins skilgreint?

Þóknananefnd ákveður laun þeirra sem starfa í nefndum og stjórnum á vegum ríkisins. Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar árið 1968 um að tveir matsmenn skyldu meta ýmis störf sem væru unnin í þágu ríkisins skipaði fjármálaráðuneytið tvo einstaklinga til þess. Þeim var falið að meta þóknanir fyrir hvers konar nefndastörf, matsstörf, störf að einstökum verkefnum, setudómarastörf, málflytjendastörf o.fl. Í skipunarbréfi segir m.a.: „Gert er ráð fyrir, að eftirleiðis verði allar nefndaskipanir, tilnefningar og dómkvaðningar matsmanna, ráðningar í einstök verkefni, skipun setudómara, ráðningar málflytjenda og þess háttar gerðar með þeim fyrirvara að þóknun fyrir slík störf verði endanlega ákveðin af áður nefndum matsmönnum. Gert er ráð fyrir, að matsmennirnir setji sér sjálfir starfsreglur og viðmiðunarstaðla,

en hafi jafnan samráð við ráðuneyti þau, er hlut eiga að máli, áður en endanleg þóknun er ákveðin.“

Þegar þóknananefnd úrskurðar um laun þeirra sem starfa í nefndum og stjórnum berst erindi frá viðkomandi ráðuneyti sem þá óskar eftir að nefndin ákvarði þóknun fyrir nefndaeða stjórnarstörf. Þóknananefnd metur í framhaldi af því hæfilega þóknun og tilkynnir viðkomandi ráðuneyti niðurstöðuna. Launaskrifstofa Ríkisbókhalds greiðir síðan þóknunina.

Ef kveðið er á um nefnd, ráð eða stjórn í lögum er oftast mælt fyrir um að ráðherra skuli ákveða þóknun fyrir setu. Þrátt fyrir það leita ráðherrar yfirleitt til þóknananefndar til að ákveða hver þóknunin eigi að vera.

2. *Hvað er lagt til grundvallar í mati þóknananefndar á greiðslum fyrir setu í starfsnefndum, stjórnum og ráðum?*

Þóknananefnd ákveður þóknun nefndarmanna og byggir ákvarðanir sínar á svokallaðri nefndareiningu sem nemur 1.222 kr. Í úrskurðum nefndarinnar er kveðið á um hve margar einingar nefndarmenn skuli fá greiddar. Úrskurðir eru gerðir á grundvelli erinda frá viðkomandi ráðuneyti þar sem lýst er umfangi nefndastarfa og vinnuframlagi nefndarmanna. Fjöldi funda og vinnustunda ræður mestu um fjölda eininga. Þá er einnig haft náið samráð við viðkomandi ráðuneyti og einnig litið til mats ráðuneytanna á umfangi nefndarstarfa. Í undantekningartilvikum er einnig tekið mið af tímum utan funda ef þeir eru sérstaklega rökstuddir. Formenn nefnda fá 50% fleiri einingar greiddar en óbreyttur nefndarmaður.

3. *Hefur verið greitt fyrir þessa vinnu samkvæmt reikningi eða á annan hátt en þóknananefnd kveður á um?*

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar skal þóknananefnd ákveða greiðslu launa fyrir ofangreind störf. Ekki er annað vitað en þeirri meginreglu sé fylgt. Greiðslur fyrir sérfræðistörf falla ekki undir starfssvið þóknananefndar heldur er það þeirra stofnana og ráðuneyta sem leita eftir slíkri aðstoð að ákveða slíkar greiðslur.

4. *Hver ákveður annað greiðsluform og hvaða forsendur eru þá lagðar til grundvallar þóknun?*

Sjá svar við 3. spurningu.

5. *Hvaða nefndir, stjórnir eða ráð eiga í hlut ef greitt hefur verið með öðrum hætti en samkvæmt mati þóknananefndar?*

Sjá svar við 3. spurningu.

6. *Hvaða fjárhæðir er um að ræða annars vegar samkvæmt mati þóknananefndar og hins vegar samkvæmt öðrum ákvörðunum, sundurliðað eftir nefndum og ráðum og fjölda nefndarmanna?*

Sjá svar við 3. spurningu.

7. *Hverjar eru heildargreiðslur á árinu 2001 annars vegar fyrir stjórnir og ráð og hins vegar fyrir starfsnefndir?*

Ekki liggur fyrir úttekt á greiðslum vegna ársins 2001 en í skýrslu Ríkisendurskoðunar: Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000, sem gefin var út í febrúar 2002, er að finna yfirlit um greiðslur vegna ársins 2000. Þar kemur fram að heildargreiðslur hafi numið 447 millj. kr.

1034. Frumvarp til laga [640. mál]

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi mæla fyrir um úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.
2. Greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

2. gr.
Stjórnsýsla.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Íbúð samkvæmt lögum þessum er húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í Landskrá fasteigna. Dvalarheimili aldraða telst íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum þessum.

Veitusvæði hitaveitu er það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni.

Kynt hitaveita er samkvæmt lögum þessum veita sem notar rafmagn eða eldsneyti til að hita vatn til sölu um dreifikerfi veitunnar.

Rafhitun telst bein hitun með raforku hvort sem um er að ræða þilofna, hitastrengi eða vatnshitakerfi þar sem rafmagn er notað til að hita vatnið. Raforkunotkun varmadælu er í þessum lögum flokkuð með rafhitun.

II. KAFLI
Niðurgreiðsla á orku til hitunar.

4. gr.
Skilyrði niðurgreiðslna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til niðurgreiðslna á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis skal það gert í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar íbúð sem ekki er á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku.
2. Þegar íbúð á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku enda sé kostnaður við tengingu við hitaveituna og áætluð orkukaup meiri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu.
3. Þegar íbúð sem hvorki er á veitusvæði hitaveitu né tengist raforkukerfi er hituð með olíu. Einnig íbúðir hitaðar með olíu sem tengjast einangruðu raforkukerfi þar sem meiri hluti raforkuvinnslunnar er með eldsneyti.
4. Þegar íbúð er hituð með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Ef föst búseta fellur niður í húsnæði er heimilt að greiða niður kostnað við hitun þess enda sé húsnæðið ekki notað til annarra hluta, svo sem til orlofsdvalar. Ef eigendaskipti verða á slíku húsnæði fellur niðurgreiðslan niður.

Kostnaður við hitun kirkna og bænahúsa trúfélaga skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.

Ekki skal greiða niður raforkukostnað vegna dælingar á heitu vatni.

5. gr.

Umsókn um niðurgreiðslur.

Eigandi íbúðar getur sótt um niðurgreiðslu til Orkustofnunar sem ákveður á hvaða formi umsóknir skulu sendar og hvaða upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga þessara eiga að koma þar fram. Stjórn húsfélags getur sótt um niðurgreiðslur fyrir hönd allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi ef hitanotkun hverrar íbúðar er ekki sérmæld. Orkustofnun metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum séu uppfyllt. Ekki þarf að sækja á ný um niðurgreiðslu meðan íbúð er notuð til fastrar búsetu. Breytist aðstæður að þessu leyti ber eiganda að tilkynna Orkustofnun það.

Standi húsnæði autt, sbr. 2. mgr. 4. gr., þarf eigandi þess að sækja um niðurgreiðslur til Orkustofnunar þegar föst búseta fellur niður. Sækja þarf um slíkar niðurgreiðslur á tólf mánaða fresti.

6. gr.

Upphæð niðurgreiðslna.

Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m^3 og á olíu í kr./l. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og rafhitun.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Orkustofnunar ákvarða á ári hverju hámarksfjölda kWst og út frá því hámarksfjölda lítra af olíu sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð. Ef kynt hitaveita nýtir að hluta jarðvarma skal niðurgreiðslan ákvörðuð út frá því hve stór hluti orkuöflunarinnar er með raforku og eldsneyti. Ef notuð er varmadæla skal hámarksfjöldi kWst vera ⅓ af ákvörðuðu hámarkinu við beina rafhitun.

7. gr.

Ákvörðun notkunar við rafhitun.

Orkunotkun við rafhitun íbúðarhúsnæðis skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

1. Ef rafhitun íbúðar er sérmæld skal sú mæling gilda við ákvörðun niðurgreiðslu.
2. Ef rafhitun er ekki sérmæld skal orkumagn sem greitt er niður ákveðið sem hlutfall af heildarnotkun. Orkustofnun skal skilgreina íbúðarflokka út frá því til hvers raforka er notuð og hlutfall húshitunar af heildarraforkunotkun heimilis fyrir hvern flokk fyrir sig. Stofnunin ákveður hvaða flokki hver íbúð tilheyrir. Ef ástæða er til að ætla að lægra eða hærra hlutfall fari til húshitunar hjá einstökum notanda en skilgreining á viðkomandi flokki segir til um getur Orkustofnun áætlað sérstakt hlutfall fyrir þann notanda og skal miðað við þá áætlun við útreikning á niðurgreiðslu. Ef notandi sættir sig ekki við þessa áætlun getur hann farið fram á að notkunin sé sérmæld og skal miða við þá mælingu við ákvörðun niðurgreiðslu. Notandinn greiðir allan kostnað við sérmælinguna.

8. gr.

Ákvörðun notkunar við olíuhitun.

Ársnotkun íbúðar á olíu til hitunar skal áætluð af Orkustofnun út frá notkun húsnæðisins og skráðri stærð þess í Landskrá fasteigna. Orkustofnun getur farið fram á að fá upplýsingar frá íbúðareiganda um olíukaup til húshitunar og annað sem snýr að notkun húsnæðisins og nauðsynlegt er vegna framkvæmdar laga þessara.

9. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslna á raforku og heitu vatni frá kyntum hitaveitum.

Dreifiveitur raforku og kyntar hitaveitur skulu draga upphæð niðurgreiðslu frá gjaldi notanda fyrir þjónustu veitunnar og skal notandinn fá upplýsingar um upphæð niðurgreiðslu. Ef niðurgreiðslan er hærri en nemur fjárhæð reiknings skal veitan greiða notandanum mismuninn.

10. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslu á olíu.

Orkustofnun ákveður niðurgreiðslur á olíu til einstakra notenda á grundvelli viðmiða, sbr. 8. gr., og sér til þess að greiðsla fari fram ársfjórðungslega.

III. KAFLI

Stofnun nýrra hitaveitna.

11. gr.

Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að veita styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða til stækkunar eldri veitna skal þeim fjármunum varið til eftirfarandi þátta:

1. Til nýrra hitaveitna sem hófu rekstur árið 1998 eða síðar.
2. Til hitaveitna sem hafa aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar til að geta tengt íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun.

12. gr.

Fjárhæð styrkja.

Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að áætluðum fimm ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu. Frá styrkfjárhæðinni skal dregginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar.

13. gr.

Umsóknir.

Hitaveitur geta sótt um styrk til iðnaðarráðuneytisins. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um hitaveituna og hvernig fyrirhugað er að ráðstafa styrknum.

14. gr.

Úthlutun og ráðstöfun styrkja.

Styrkur greiðist til hitaveitu þegar hún hefur rekstur með dreifingu á heitu vatni til húshitunar á orkuveitusvæðinu. Styrkurinn er eingreiðsla. Ef tengingum íbúðarhúsa er skipt í áfanga eða hluti íbúðarhúsa á orkuveitusvæði er ekki tengdur þegar hitaveita tekur til starfa er heimilt að ákveða að hluti styrksins skuli greiddur út og niðurgreiðslum vegna rafhitunar

tiltekinna íbúðarhúsa haldið áfram þrátt fyrir 15. gr. Endanlegt uppgjör á fjárhæð styrksins fer í þeim tilvikum fram þegar stjórn viðkomandi hitaveitu óskar, þó eigi síðar en níu mánuðum eftir að fyrsti hluti styrksins er greiddur út. Við greiðslu á þeirri fjárhæð sem haldið var eftir skal draga frá heildarfjárhæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis á viðkomandi orkuveitusvæði á aðlögunartímanum.

Hitaveitan skal nýta styrkinn að hluta til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og að hluta til að styrkja eigendur íbúðarhúsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Stjórn hitaveitunnar skal ákvarða hlutföllin en hvor hluti styrksins má nema allt að 65% af heildarfjárhæðinni.

15. gr.

Niðurfelling niðurgreiðslna.

Ef stofnuð er ný hitaveita eða eldri veita stækkuð skal fella niður niðurgreiðslu á kostnaði til hitunar íbúðarhúsnæðis á starfssvæði hitaveitunnar, sbr. þó 2. tölul. 4. gr. Orkustofnun skal tilkynna íbúðareiganda um niðurfellinguna og hefur hann 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

IV. KAFLI
Eftirlit.

16. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Ef breytingar verða á aðstæðum og íbúðareigandi hefur ekki lengur rétt til niðurgreiðslu samkvæmt lögum þessum ber íbúðareiganda að tilkynna slíkt til Orkustofnunar.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við þetta eftirlit og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

17. gr.

Heimildir Orkustofnunar.

Dreifiveitum og kyntum hitaveitum ber að afhenda Orkustofnun upplýsingar um orkukaupendur sem fá niðurgreiðslur og um notkun þeirra þegar stofnunin fer fram á slíkt.

18. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Ef Orkustofnun verður þess áskynja að orkukaupandi tilkynnir ekki um breyttar aðstæður, sem hefðu átt að leiða til brottfalls niðurgreiðslu, skal stofnunin fella niðurgreiðslurnar niður og hefur orkukaupandi 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.
19. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna og eftirlit.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Allir þeir aðilar sem við gildistöku laga þessara njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar og uppfylla skilyrði 4. gr. geta sótt um niðurgreiðslur, svo og aðrir er telja sig eiga rétt á þeim. Slíkar umsóknir skulu berast innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Ef umsókn berst ekki falla niðurgreiðslur niður sex mánuðum frá gildistöku laganna.

II.

Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa sem ekki eiga kost á hitun með hitaveitu eða raforku, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiðast fyrst vegna ársins 2002.

III.

Orkustofnun skal á næstu fimm árum vinna að hagkvæmnisúttekt á nýtingu varmadælu til húshitunar á þeim lághitasvæðum landsins þar sem möguleikar eru á frekari nýtingu jarðhitans. Enn fremur skal stofnunin í samvinnu við iðnaðarráðuneytið gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í þessu skyni skal heimilt á þessu tímabili að verja allt að 10 millj. kr. árlega af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Verulegum fjármunum ríkisins er ráðstafað til ýmissa aðgerða til að minnka orkukostnað notenda á þeim svæðum á landinu þar sem hann hefur verið mestur. Þetta hefur verið gert þar sem talið hefur verið mikilvægt að tryggja öllum landsmönnum aðgang að orku á viðráðanlegu verði. Ekki hefur legið fyrir löggjöf sem mælir fyrir um með skýrum hætti hvernig þessum fjármunum skuli ráðstafað eða hvernig eftirliti með ráðstöfun fjárins skuli háttað. Er frumvarpinu ætlað að bæta úr þessu.

Með bréfi dagsettu 8. ágúst 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur að frumvarpi til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Í skipunarbréfinu kemur fram að með tillögum að lagafrumvarpi skuli núgildandi reglur lagaðar að breyttum aðstæðum og skýr lagagrundvöllur tryggður fyrir úthlutun á fé til niðurgreiðslna. Þá skuli nefndin gera tillögur um með hvaða hætti viðkomandi orkufyrirtæki gætu komið upplýsingum um niðurgreiðslur til notenda og hvernig eftirliti með niðurgreiðslum yrði best fyrir komið. Skipunarbréfið fylgir frumvarpi þessu, sbr. fylgiskjal I. Í starfi nefndarinnar kom í ljós að heppilegt væri að frumvarpið næði til fleiri þátta en niðurgreiðslna á rafmagni og var því umfang þess aukið eins og fram kemur hér að aftan. Frumvarpið er afrakstur af starfi nefndarinnar sem skilaði áliti sínu með bréfi dagsettu 28. febrúar 2002, sbr. fylgiskjal II.

Aðgerðir ríkisins á þessu sviði undanfarin ár og áratugi má flokka niður í eftirfarandi þætti:

1. Niðurgreiðslu á rafmagni til hitunar íbúðarhúsa og vatni hjá kyntum hitaveitum.
2. Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa.
3. Framlag til nýrra hitaveitna sem nýta munu jarðvarma og leysa af hólmi rafhitun.
4. Framlög til dreifiveitna raforku til að mæta kostnaði við óarðbærar einingar.
5. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af húshitun.
6. Verðjöfnun á flutningi olíuvara.

Frumvarp þetta tekur til 1.–3. liðar, 5. liður snýr að fjármálaráðuneyti og um hann gildir reglugerð nr. 484 frá 29. desember 1992. Um 6. lið gilda lög nr. 103 frá 20. maí 1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, og er hann því ekki tekinn hér með. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um 4. lið á þessu þingi samhliða frumvarpi til raforkulaga.

II. Niðurgreiðslur á rafmagni og vatni hjá kyntum hitaveitum.

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu og orkufyrirtækjunum. Á fjárlögum ársins 2002 eru ætlaðar 853 millj. kr. úr ríkissjóði til þessara niðurgreiðslna, afsláttur Landsvirkjunar er um 100 millj. kr. og afsláttur Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins er um 20 millj. kr. Auk þess kunna að vera niðurgreiðslur hjá öðrum veitufyrirtækjum en upphæð þeirra hefur ekki verið tekin saman. Alls gætu því niðurgreiðslur á rafhitun til húshitunar og afsláttur orkufyrirtækja numið tæpum 1.000 millj. kr. á árinu 2002.

Niðurgreiðslur á raforku til hitunar íbúðarhúsa hófust árið 1982 og frá þeim tíma og til loka ársins 2000 hafa tæpir 9 milljarðar kr. verið lagðir í þessar niðurgreiðslur. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af hitun íbúðarhúsa er ekki inni í þessum tölum.

Við verðlagningu á raforku til húshitunar hefur þar að auki verið litið á þessa notkun sem viðbótarnotkun og dreifing hennar verið verðlögð út frá því. Dreifing á orku til hitunar húsa hefur því verið verðlögð mun lægra en önnur raforkunotkun.

Iðnaðarráðherra hefur hingað til falið dreifiveitum raforku og kyntum hitaveitum framkvæmd niðurgreiðslna á orku til húshitunar. Veitunum hefur með bréfi iðnaðarráðuneytis verið tilkynnt um fyrirkomulag niðurgreiðslna svo sem upphæð í kr./kWst eða kr./rúmmetra vatns eftir gjaldskrárflokkum og um hámark notkunar á íbúð sem er niðurgreidd. Veiturnar hafa dregið niðurgreiðsluna frá reikningi notanda. Dreifiveiturnar hafa síðan sent ríkissjóði reikning fyrir veittum niðurgreiðslum á veitusvæði. Reikningar hafa verið greiddir að fenginni staðfestingu Orkustofnunar á að tölulegar upplýsingar séu réttar.

III. Niðurgreiðsla á olíu til hitunar íbúðarhúsa.

Þegar verð á olíu hækkaði í kjölfar olíukreppanna á 8. áratugi síðustu aldar var ákveðið að greiða niður olíu til hitunar íbúðarhúsa, sbr. lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53 frá 28. maí 1980. Greiddir voru olíustyrkir eftir fjölda íbúa sem höfðu fasta búsetu í íbúð og voru þeir greiddir út ársfjórðungslega. Sveitarfélög önnuðust úthlutun styrkjanna. Þegar olíuverð lækkaði að nýju var hætt að greiða þessa styrki en það var árið 1986. Þar að auki áttu þá flestir landsmenn kost á að kaupa raforku til hitunar íbúðarhúsa. Þó eru nokkur íbúðarhús sem ekki eiga kost á að nýta raforku til hitunar húsnæðis og þegar olíuverð hækkar eins og gerðist á árinu 1999 kemur það illa við þessi heimili. Ekki eru til nákvæmar tölur um fjölda þessara heimila en áætlað hefur verið að þau séu um 60 og þar af um helmingur í Grímsey.

IV. Framlag til nýrra hitaveitna sem nýta jarðvarma.

Með niðurgreiðslum á raforku til hitunar íbúðarhúsa hefur hvati til að finna heitt vatn á köldum svæðum minnkað þar sem nýjar hitaveitur eiga erfitt með að keppa við niðurgreidda rafhitun til hitunar heimila. Auk þess þurfa húseigendur oft að fara í kostnaðarsamar breytingar til að taka inn hitaveitu svo sem þar sem þilofnar hafa verið notaðir. Haustið 1999 samþykkti ríkisstjórnin tillögur iðnaðarráðherra að reglum um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar, sjá fylgiskjal II. Reglurnar eru í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var með samþykkt þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 1999–2001. Í byggðaáætlun var mörkuð sú stefna að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu á rafhitun til íbúðarhúsnæðis til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla með þeim hætti að aukinni notkun jarðvarma til húshitunar. Í byggðaáætluninni var miðað við að styrkir til einstakra hitaveitna gætu numið sömu fjárhæð og sem nam fimm ára niðurgreiðslum til rafhitunar á dreifiveitusvæði nýrra veitna. Auk styrkja til stofnunar nýrra hitaveitna hefur verið unnið að sérstöku jarðhitaleitarátaki á köldum svæðum en þetta er samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar og Byggðastofnunar. Hitaveitustyrkirnir og jarðhitaleitarátakið eru hvatar til að stuðla að frekari nýtingu á heitu vatni til hitunar á íbúðarhúsnæði. Frá því að úthlutun styrkja til hitaveitna hófst haustið 1999 hafa sjö veitur fengið slíka styrki samtals að fjárhæð rúmlega 216 millj. kr. Af þessum hitaveitum eru fjórar nýjar en þrjár hafa fengið styrki vegna stækkunar á dreifikerfi. Þær veitur sem höfðu fengið styrki við lok febrúar 2002 eru:

	Millj. kr.
Hitaveita Blönduóss vegna stækkunar dreifikerfis	6,6
Hitaveita Dalabyggðar	39,6
Hitaveita Dalvíkur vegna stækkunar dreifikerfis	25,3
Hitaveita Drangsness	8,7
Hitaveita Skagafjarðar vegna stækkunar dreifikerfis	14,4
Hitaveita Stykkishólms	103,5
Hitaveita Öxarfjarðar	18,0

Samkvæmt ofangreindum reglum geta veitur sótt um styrk til iðnaðarráðuneytis og þarf veitan að starfa samkvæmt ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967. Stjórn viðkomandi hitaveitu skal nýta hluta styrksins til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og hluta til að styrkja eigendur húsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Hvor hluti styrksins má nema allt að 65% af heildarfjárhæðinni.

V. Helstu breytingar frá núgildandi reglum.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að marka með skýrum hætti í lögum þá framkvæmd sem verið hefur á niðurgreiðslum og úthlutun styrkja vegna nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna. Nokkrar breytingar eru þó lagðar til. Helstu breytingarnar eru:

1. Mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun.
2. Eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslum á rafhitun og verður notkunin þá að vera mæld.
3. Ef notuð er varmadæla við hitun íbúðar flokkast orkan inn á hana sem raforka til hitunar og nýtur niðurgreiðslna en þessi notkun hefur ekki verið niðurgreidd. Þak er lægra fyrir þessa notkun en beina rafhitun.

4. Hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu.
5. Komið er á opinberu eftirliti með framkvæmd þessara aðgerða.
6. Settar eru skýrar reglur um í hvaða tilvikum kyntar hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Hér er fjallað um gildissvið frumvarpsins og skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildissvið frumvarpsins. Samkvæmt henni er í frumvarpinu mælt fyrir um með hvaða hætti skuli úthluta fé sem ákveðið er að verja í fjárlögum til þeirra þátta sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. greinarinnar. Frumvarpið mælir því ekki fyrir um rétt til niðurgreiðslna eða styrkja. Það verður háð fjárlögum hverju sinni hvort verja skuli fjármunum til þessara þátta og hversu miklum.

Samkvæmt 1. tölul. nær frumvarpið til niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma. Kostnaður við hitun húsnæðis er mismikill á milli svæða hér á landi. Þau svæði þar sem tiltækur er aðgengilegur jarðvarmi hafa getað nýtt sér hann til hitunar húsnæðis á mjög hagkvæman hátt. Á þessum svæðum hefur því verið ódýrt að hita hús og hafa aðrir orkugjafar ekki getað keppt við jarðvarma. Þau svæði sem ekki njóta jarðvarma hafa þurft að nota dýrari orku til húshitunar. Stjórnvöld hafa því, eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið, talið rétt að minnka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim landsmönnum sem ekki eiga kost á orku frá hitaveitu sem nýtir jarðvarma. Með húshitun er bæði átt við notkun orku til hitunar húsnæðis og neysluvatns. Með fullri hitun með jarðvarma er átt við að hitunarþörf íbúðarhúsnæðis sé allri mætt með jarðvarma. Í sumum tilvikum er slíkt ekki hægt og er þá t.d. notuð raforka til að skerpa á vatninu. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að niðurgreiða húshitunarkostnað í slíku húsnæði. Hugtakið íbúðarhúsnæði er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. tölul. nær frumvarpið einnig til þess með hvaða hætti skuli staðið að greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna. Fyrstu hitaveitur landsins voru stofnaðar á þeim svæðum þar sem hagkvæmast var að nýta jarðvarma til hitunar. Þær hitaveitur sem komið hafa til á undanförnum árum eru í flestum tilvikum ekki eins hagkvæmar og eldri veiturnar. Til að niðurgreiðslur á rafhitun komi ekki í veg fyrir stofnun nýrra hitaveitna hafa stjórnvöld veitt nýjum hitaveitum styrki við stofnun þeirra. Með hitaveitum er átt við allar veitur óháð því hvort þær njóta einkaleyfis til starfseminnar samkvæmt orkulögum. Er því lagt til að gildandi reglur sem úthlutun hefur byggst á verði rýmkaðar en þær ná eingöngu til opinberra veitna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið við framkvæmd niðurgreiðslna á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis er lagt til að húshitunarkostnaður sé almennt eingöngu niðurgreiddur þar sem einhver hefur fasta búsetu, þ.e. lögheimili. Frá þessu eru þó ákveðnar undantekningar, sbr. 4. gr. Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu íbúð sem byggist

á framangreindri meginreglu. Samkvæmt skilgreiningunni er íbúð það húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu. Auk þess þarf íbúðin að hafa sjálfstætt skráningarnúmer í Landskrá fasteigna. Það skiptir máli hvort ein eða fleiri íbúðir eru í sama húsnæði ef mæling á raforkunotkun fer um einn mæli. Þetta er vegna þess að miðað er við að ráðherra ákvarði hámarksnotkun sem niðurgreiða skal fyrir íbúð, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ástæða þykir til að taka sérstaklega fram að dvalarheimili aldraðra teljist íbúðarhúsnæði samkvæmt lögunum. Er kostnaður við hitun slíks húsnæðis niðurgreiddur nú.

Í 2. mgr. er hugtakið veitusvæði hitaveitu skilgreint. Samkvæmt skilgreiningunni er veitusvæði hitaveitu það svæði þar sem hún hefur sérleyfi til dreifingar á heitu vatni á grundvelli orkulaga, nr. 58/1967.

Kynt hitaveita er í 3. mgr. skilgreind sem hitaveita sem notar aðra orkugjafa en jarðvarma, svo sem rafmagn eða olíu, til að hita vatn til dreifingar um dreifikerfi veitunnar. Allar veitur sem nýta slíka hitun falla undir þetta hugtak jafnvel þó að einungis hluti orkuöflunarinnar sé á þennan veg. Með hitaveitu er hér átt við samtengt veitukerfi þannig að veitur í tveimur þéttbýlisstöðum sem ekki eru tengdar saman eru tvær veitur þó svo að sami aðili eigi báðar veiturnar.

Í 4. mgr. er rafhitun skilgreind. Skilgreining er í samræmi við þann skilning sem lagður hefur verið í orðið við núverandi framkvæmd að því frátöldu að eðlilegt þykir að raforkunotkun varmadælu teljist rafhitun í ljósi þess að varmadælan hitar vatn sem nýtt er til hitunar íbúðarhúsa.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru þau ákvæði sem eiga við um niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsa hvort sem hún er með raforku, vatni frá kyntri hitaveitu eða olíu.

Um 4. gr.

Í greininni er afmarkað hverjir geti notið niðurgreiðslna. Niðurgreiðslur miðast við íbúð eins og hugtakið er skilgreint í 3. gr. Samkvæmt því er lagt til að sömu sjónarmið gildi og nú, þ.e. að niðurgreiða megi kostnað vegna hitunar íbúðarhúsnæðis en ekki atvinnuhúsnæðis eða sumarbústaða. Nokkrar breytingar eru lagðar til á þeirri framkvæmd sem viðhöfð hefur verið. Í 1. tölul. 1. mgr. er þó að finna sömu reglur og nú er beitt. Í 2. tölul. er ný regla sem afmarkar hverjir geti notið niðurgreiðslna á starfssvæði hitaveitna. Ef íbúð er á veitusvæði hitaveitu en kostnaður er mikill við tengingu hennar við veituna á eigandi hennar kost á niðurgreiddri raforku. Ekki er því hægt að nota niðurgreiðslurnar til að þvinga notendur til að tengjast hitaveitu. Miðað er við að borinn sé saman kostnaður notandans af rafhitun næstu tíu árin miðað við þá gjaldskrá sem er í gildi þegar samanburðurinn er gerður og hins vegar kostnaður við hitun frá hitaveitunni að teknu tilliti til tengigjalda en ekki kostnaðar vegna breytingar á hitakerfi hjá húseiganda. Í 3. tölul. er lagt til að þeir sem nota olíu til húshitunar geti að tilteknum skilyrðum uppfylltum notið styrkja en svo er ekki nú. Í 4. tölul. er svo að finna skýra reglu um hvaða kyntu hitaveitur geti notið niðurgreiðslna. Ef raforka eða eldsneyti er einungis notað hjá hitaveitu í miklum kuldum til að mæta hæstu toppum verður slíkt ekki niðurgreitt né heldur þegar rafmagn er notað til að skerpa á vatni og sá þáttur er innan við 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Íbúðir geta staðið auðar tímabundið og er í 2. mgr. miðað við að eigandi geti líkt og nú notið niðurgreiðslna áfram eftir að flutt er út úr íbúð. Hér undir geta fallið félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélaga sem standa auðar og ónotaðar. Gera má ráð fyrir að ef íbúð stendur auð í lengri tíma minnki orkunotkun til húshitunar verulega þar sem ekki er þá um neitt neyslu-

vatn að ræða, orkutap verður minna auk þess sem eðlilegt er þá að lækka innihitastig sem minnkar orkunotkun. Lagt er til að niðurgreiðslur falli niður ef eigendaskipti verða á íbúð sem staðið hefur auð.

Kostnaður við hitun kirkna er niðurgreiddur nú. Í samræmi við það og til að tryggja samræmda framkvæmd er lagt til í 3. mgr. að kostnaður við hitun bænahúsa trúfélaga skuli niðurgreiddur. Um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að eingöngu hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis skuli niðurgreiddur.

Til að taka af tvímæli er í 4. mgr. mælt fyrir um að ekki skuli greiða niður dælingu á heitu vatni enda er þar ekki um hitanotkun að ræða.

Um 5. gr.

Óski eigandi íbúðar að fá niðurgreiðslur skal hann sækja um þær til Orkustofnunar. Orkustofnun getur ákveðið á hvaða formi umsóknir skuli berast. Þá getur Orkustofnun ákveðið hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn. Um getur verið að ræða allar upplýsingar sem máli skipta við ákvörðun á því hvort viðkomandi skuli njóta niðurgreiðslna og til að auðkenna viðkomandi umsækjanda og íbúð. Sömu reglur gilda í þessu sambandi um þá sem nú njóta niðurgreiðslna og nýja aðila, þ.e. allir þurfa að sækja um niðurgreiðslur vilji þeir njóta þeirra, sbr. bráðabirgðaákvæði I með frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun vinni náið með dreifiveitum raforku og kyntum veitum við að safna inn gögnum og umsóknum. Mikilvægt er að í upphafi séu bornar saman upplýsingar um þá sem nú njóta niðurgreiðslna og þá sem sækja um niðurgreiðslur svo að þeir sem notið geta niðurgreiðslna verði upplýstir um rétt sinn.

Gert er ráð fyrir að einungis þurfi að sækja um niðurgreiðslur á raforku fyrir íbúð í eitt skipti fyrir öll. Verði eigendaskipti á íbúð þarf nýr eigandi ekki að sækja aftur um niðurgreiðslu til Orkustofnunar. Þetta á þó ekki við ef húsnæði stendur autt, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Þá verður að sækja um styrk þegar föst búseta fellur niður og síðan á 12 mánaða fresti eftir það.

Um 6. gr.

Það er háð fjárlögum hverju sinni hvort og hversu hárri fjárhæð á að verja til niðurgreiðslna á orku til húshitunar. Iðnaðarráðherra ákveður út frá fjárlögum upphæð niðurgreiðslu í kr./kWst, kr./m^3 og í kr./l og getur hún verið önnur fyrir kyntar hitaveitur en fyrir rafhitun eins og nú er enda getur orkuverð þeirra verið annað en við beina rafhitun. Allar hitaveitur sem nýta rafmagn eða olíu til að hita vatn til dreifingar eiga rétt á niðurgreiðslum en upphæð niðurgreiðslunnar ræðst af því hve stór hluti þetta er að heildarorkuöfluninni. Upphæð niðurgreiðslu í kr./kWst eða kr./m^3 er því breytileg á milli kyntra hitaveitna. Til að þeir sem hita íbúðir sínar með olíu á þeim svæðum þar sem slík hitun er niðurgreidd standi ekki verr hvað þetta varðar en þeir sem eiga kost á rafhitun er miðað við að niðurgreiðslur á olíu leiði til þess að kostnaður sé svipaður og við niðurgreidda rafhitun.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hámarksfjölda kWst og út frá því hámarksfjölda lítra af olíu sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð. Slíkt þak var síðast ákveðið af iðnaðarráðherra á árinu 2000 og er það nú 50.000 kWst. Miða ber við að þakið sé sambærilegt fyrir rafhitun og hitun með olíu. Þegar þakið hefur verið ákvarðað fyrir rafhitun er það reiknað fyrir olíu út frá áætlaðri nýtni kynditækja og orkuinnihaldi olíunnar.

Um 7. gr.

Rafhitun íbúðarhúsnæðis er nú yfirleitt sérmæld. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að ekki sé gerð krafa um slíkt þar sem það leiðir til aukins kostnaðar fyrir notendur við mælingu. Einungis er þá um einn mæli að ræða á heimili sem mælir bæði þá notkun sem fer til hitunar húsnæðis og einnig þá sem fer til almennra heimilisnota auk þess sem um getur verið að ræða notkun við atvinnustarfsemi inni á heimili, svo sem í landbúnaði. Meta þarf þá hve stór hluti notkunar er vegna hitunar íbúðarhúsnæðis, þ.m.t. hitun neysluvatns. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun skilgreini almenn hlutföll sem gilda um þessa skiptingu og þá sé horft til þess hver önnur notkun er. Um tvo meginflokka yrði að ræða, þ.e. almenna rafhitun heimila utan landbúnaðar og heimila á býlum. Í einstaka tilvikum getur þurft að skilgreina hlutfallið sérstaklega, svo sem þar sem atvinnustarfsemi er inni á heimilinu og raforka til hennar fer um sama mæli. Ef notandi sættir sig ekki við það hlutfall sem Orkustofnun skilgreinir getur hann fengið sér mæli fyrir rafhitunina en hann þarf þá að greiða allan kostnað við slíkt.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að Orkustofnun áætli olíunotkun íbúðar og byggi hana á stærð húsnæðisins og notkun þess ef slíkar upplýsingar liggja fyrir. Því er ekki gert ráð fyrir að fengnar séu upplýsingar um raunverulega olíunotkun enda væri mikil óvissa í þeim gögnum og framkvæmdin flókin. Ef óvissa er um það hvernig notkun húsnæðisins er háttað getur Orkustofnun farið fram á upplýsingar frá húseiganda sem nauðsynlegar eru til að ákvarða olíunotkunina.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir um framkvæmd niðurgreiðslna á raforku og heitu vatni frá kyntum hitaveitum. Lagt er til að sami háttur verður hafður og nú er, þ.e. að dreifiveitu eða hitaveitu verði falið að koma niðurgreiðslunni til skila. Mikilvægt er að notandi sjái upphæð niðurgreiðslunnar þannig að hann geri sér grein fyrir hve mikið hið opinbera greiðir notkunina niður og sjái hver raunverulegur kostnaður er við hitunina. Er því lagt til að upplýsingar um þetta komi fram á þeim reikningi eða yfirliti sem berst notanda. Ef dreifiveita sendir einungis út reikning fyrir dreifingu og flutningi en reikningur vegna orkukaupa kemur frá öðrum aðila getur komið upp sú staða að niðurgreiðslan sé hærri en reikningurinn og myndast þá innistæða hjá veitunni. Veitunni ber þá að greiða notandanum þessa innistæðu.

Niðurgreiðslur fyrir rafhitun og heitt vatn greiðast jafnóðum og notendur fá reikninga frá viðkomandi veitu. Aftur á móti er niðurgreiðslan á olíu greidd ársfjórðungslega. Niðurgreiðslur á olíu í kr./l eru reiknaðar út frá raunverulegu olíuverði ársfjórðungs og miðað við kostnað við rafhitun.

Um 10. gr.

Orkustofnun sér um að reikna út og greiða niðurgreiðslur á olíu og er miðað við að greitt sé ársfjórðungslega. Orkustofnun þarf því að safna jafnóðum gögnum um olíuverð til að slíkt sé mögulegt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um styrki til nýrra jarðvarmaveitna. Byggt er á því að lögfestar verði sömu reglur og gilt hafa samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðherra til þessa. Þó er lagt til að allar hitaveitur geti átt rétt á styrk en ekki eingöngu þær sem teljast opinberar veitur eins og núgildandi reglur mæla fyrir um.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein geta styrkir sem ákveðnir eru í fjárlögum til nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna náð til veitna sem hafa hafið rekstur á árinu 1998 eða síðar eða aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar til að tengja íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun.

Um 12. gr.

Fjárhæð styrks nemur að hámarki fimm ára niðurgreiðslum á rafhitun hjá þeim notendum sem tengjast hitaveitunni. Fengnar eru upplýsingar um upphæð niðurgreiðslna fyrir síðasta ár frá viðkomandi dreifiveitu og sú upphæð notuð til að reikna fimm ára niðurgreiðslur. Ef veitan hefur notið annarra styrkja, svo sem vegna jarðhitaleitar, skulu þeir koma til frádráttar við úthlutun þessa styrks.

Um 13. gr.

Iðnaðarráðuneyti fær umsóknir um styrki og skulu fylgja þeim upplýsingar um fyrirhugaða hitaveitu eða stækkun eldri veitu auk þess hvernig ráðstafa eigi styrknum. Miðað er við að sendar verði sömu upplýsingar og krafist er nú, svo sem hvernig húsráðendum sem þurfa að leggja í kostnaðarsamar breytingar verði veitt aðstoð.

Um 14. gr.

Styrkur til hitaveitu er ekki greiddur fyrr en veitan hefur starfsemi og er hann greiddur í einu lagi nema ef tengingu húsa er áfangaskipt. Greiðsla getur þó ekki beðið lengur en níu mánuði.

Það getur verið kostnaðarsamt að gera breytingar á hitakerfi íbúða ef um þilofnahitun er að ræða þar sem þá þarf að leggja nýtt vatnshitakerfi í húsið og því er gert ráð fyrir að hluti styrksins fari til íbúðareigenda vegna slíkra breytinga.

Um 15. gr.

Þegar ný hitaveita tekur til starfa gilda sömu reglur á starfssvæði hennar og um eldri veitur hvað varðar niðurgreiðslur. Þær falla því niður um leið og notandi á kost á tengingu við veituna. Orkustofnun fær upplýsingar um tengingar frá hitaveitunni og sendir íbúðareiganda tilkynningu um niðurfellingu. Í núgildandi reglum er miðað við að tenging eigi sér stað í mesta lagi á níu mánaða tímabili og að því loknu falla allar niðurgreiðslur á rafhitun niður og styrkurinn er greiddur að fullu.

Um IV. kafla.

Fjallað er um eftirlit með framkvæmd laganna í þessum kafla en Orkustofnun verður eftirlitsaðili með öllum þáttum.

Um 16. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að Orkustofnun verði falið eftirlit með framkvæmd laganna. Mun það einkum felast í skráningu upplýsinga vegna niðurgreiðslna og með því að orkunotkun samræmist þeim upplýsingum sem stofnunin hefur um húsnæði. Eftirlit með því að réttir aðilar njóti niðurgreiðslna er nú í höndum dreifiveitna. Æskilegt er að einn aðili sjái um eftirlitið til að tryggja samræmda framkvæmd. Augljóslega verður Orkustofnun að leita eftir upplýsingum frá dreifiveitunum við framkvæmd eftirlitsins þar sem þær eru í beinum tengslum við

notendurna. Verður Orkustofnun að sjá til þess að þær upplýsingar sem Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu liggi fyrir hjá stofnuninni.

Ef breytingar verða á aðstæðum, t.d. vegna þess að íbúðarhúsnæði er breytt í atvinnuhúsnæði, sumarbústað eða ný hitaveita kemur til sögunnar, ber raforkukaupanda skv. 2. mgr. að viðlagðri ábyrgð að tilkynna slíkt til Orkustofnunar.

Orkustofnun þarf árlega að meta kostnað sinn við eftirlitið og ef ráðherra samþykkir þá áætlun er kostnaðurinn tekinn af því fé sem samþykkt er í fjárlögum til niðurgreiðslna og styrkja.

Um 17. gr.

Sú skylda er lögð á dreifiveitur og flutningsfyrirtæki að þau afhendi Orkustofnun þau gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlits stofnunarinnar samkvæmt þessum lögum.

Um 18. gr.

Eiganda íbúðar ber að tilkynna um breyttar aðstæður varðandi niðurgreiðslur.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði.

Um 19. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ráðherra skuli setja reglugerð á grundvelli laganna. Mikilvægt er að þau sjónarmið sem ráðherra byggir á ákvörðun um upphæð niðurgreiðslna, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þak á niðurgreiðslum, sbr. 2. mgr. 6. gr., liggi skýr fyrir. Einnig þarf að koma fram á hvern hátt orkumagn sem niðurgreiða á er áætlað en nokkur óvissa er um það, svo sem vegna breytilegs veðurfars, og því nokkur óvissa um heildarupphæð niðurgreiðslna ár hvert. Þá getur þurft að mæla fyrir um með ítarlegri hætti hvernig skuli staðið að úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Lagt er til í ákvæðinu að allir þeir sem njóta niðurgreiðslna nú verði að sækja um þær innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna eigi þeir að njóta þeirra áfram. Er með því ætlunin að fá skýra mynd af því hverjir eigi að njóta niðurgreiðslna og tryggja samræmi í þeim efnum. Eins og áður segir hefur matið á þessu verið í höndum einstakra dreifiveitna og samræmi við framkvæmd því ekki að fullu tryggt. Mikilvægt er að kynna umsóknarskylduna rækilega svo að tryggja megi eftir fremsta megni að niðurgreiðslur falli ekki niður hjá þeim sem eiga rétt á þeim og óska þess að njóta þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa þeirra sem ekki eiga kost á hitun með hitaveitu eða raforku, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiðast fyrst vegna ársins 2002.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Hlutur jarðhita í orkunotkun til húshitunar hér á landi er nú um 88%. Það sem eftir stendur er að langmestu leyti rafhitun, bein og óbein, og alls eru yfir 500 GWst af raforku notaðar

árlega til húshitunar. Því er nauðsynlegt að freista þess að nýta jarðhita til húshitunar enn frekar og víða eru möguleikar á aukinni jarðhitanotkun. Margt bendir til að varmadælur kunni að vera heppilegar hér á landi til húshitunar á svæðum þar sem volgrur er að finna, sem ekki hefur verið unnt að nýta til beinnar hitunar hingað til. Varminn sem fæst með notkun varmadælu er oftast á bilinu þreföld til fimmföld sú raforka sem notuð er og því getur notkun hennar verið afar hagkvæm.

Til þessa hafa varmadælur enn ekki náð verulegri útbreiðslu hér á landi. Ein af ástæðum fyrir því er eflaust hin almenna notkun jarðhitans við húshitun, en einnig ber að nefna að niðurgreiðslur ríkisins til húshitunar hafa ekki örvað menn til aukinnar notkunar á varmadælum. Ef varmadælur kæmu í stað beinnar rafhitunar gætu sparast 300 GWst á ári að teknu tilliti til orkunotkunar dælnanna. Árlegt verðmæti þessarar orku nemur hundruðum milljóna króna en mestu varðar að með notkun varmadælna gætu niðurgreiðslur stórlega lækkað eða fallið að mestu niður. Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilað sé að greiða niður raforku fyrir varmadælur á sama hátt og rafhitun og mun það vafalaust verða til að auka notkun þeirra.

Hér er lagt til að gerð verði rannsókn á möguleikum á notkun varmadælna á þeim svæðum sem ekki hafa hitaveitu til upphitunar í því skyni að meta hagkvæmni þessarar aðferðar. Jafnframt er ætlunin að kynna hugsanlegum notendum vel kosti varmadælunnar og gefa þeim ráð í þeim efnum, enda um lítt þekktan kost að ræða hér á landi. Þar sem varmadælur reynast fýsilegur kostur gæti notkun þeirra sparað notendum og ríkinu umtalsverðar fjárhæðir eins og að framan segir.

Fylgiskjal I.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

(8. ágúst 2001.)

Reglur um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis eru að stofni til frá árinu 1986. Frá þeim tíma hefur hlutur niðurgreiðslna aukist verulega jafnframt því sem orkufyrirtæki veita nú afslátt af raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Fram hafa komið ábendingar frá orkufyrirtækjum um að gildandi reglur séu ekki nægilega skýrar jafnframt því sem þær takmarki möguleika fyrirtækjanna til að draga úr kostnaði við rekstur og aðlaga gjaldskrár að breyttum forsendum bæði varðandi mælitæki og orkuöflun. Einnig hefur verið á það bent að eftirlit með niðurgreiðslunum er mjög erfitt. Þá mun breytt skipan orkumála sem unnið er að líklega kalla á breytingar á þessum reglum.

Með vísan til þess sem að ofan segir og að fé til niðurgreiðslna var aukið í 760 millj. kr. á fjárlögum ársins 2000 og í 790 millj. kr. á fjárlögum yfirstandandi árs hefur iðnaðarráðherra ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Með tillögunum skulu núgildandi reglur lagaðar að breyttum aðstæðum og tryggður skýr lagagrundvöllur fyrir úthlutun á fé til niðurgreiðslna. Þá skal nefndin gera tillögur um með hvaða hætti viðkomandi orkufyrirtæki geta komið upplýsingum um niðurgreiðslur til notenda.

Þér eruð hér með skipaðir í nefndina og jafnframt falið að gegna þar formennsku. Í nefndinni eiga sæti:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður.

Árni Ragnarsson, deildarstjóri á orkubúskapardeild Orkustofnunar, tilnefndur af Orkustofnun.

Elías B. Elíasson, deildarstjóri þróunarmála hjá Landsvirkjun, tilnefndur af Landsvirkjun.

Friðrik Friðriksson, veitustjóri hjá Bæjarveitum Vestmannaeyja, tilnefndur af Bæjarveitum Vestmannaeyja.

Guðmundur Guðmundsson, deildarstjóri markaðs- og söludeildar Rafmagnsveitna ríkisins, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða hf., tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða hf.

Magnús B. Jónsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, tilnefndur af samtökunum.

Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

Starfsmaður nefndarinnar verður Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur.

Jafnframt mun Margrét Einarsdóttir, laganemi, starfa með nefndinni.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. nóvember 2001.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður metin af þóknananefnd.

Fylgiskjal II.

Skilabréf nefndar um niðurgreiðslur til iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

(28. febrúar 2002.)

Hinn 8. ágúst 2001 skipuðuð þér nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Í nefndina voru eftirtaldir aðilar skipaðir:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður.

Árni Ragnarsson, deildarstjóri á orkubúskapardeild Orkustofnunar, tilnefndur af Orkustofnun.

Elías B. Elíasson, deildarstjóri þróunarmála hjá Landsvirkjun, tilnefndur af Landsvirkjun.

Friðrik Friðriksson, veitustjóri hjá Bæjarveitum Vestmannaeyja, tilnefndur af Bæjarveitum Vestmannaeyja.

Guðmundur Guðmundsson, deildarstjóri markaðs- og söludeildar Rafmagnsveitna ríkisins, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri, tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða hf.

Magnús B. Jónsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, tilnefndur af samtökunum.

Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

Starfsmaður nefndarinnar var Jón Vilhjálmsson rafmagnsverkfræðingur og tímabundið Margrét Einarsdóttir laganemi.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að með tillögunum að lagafrumvarpi skuli núgildandi reglur lagaðar að breyttum aðstæðum og skýr lagagrundvöllur tryggður fyrir úthlutun á fé til niðurgreiðslna. Þá skyldi nefndin gera tillögur um með hvaða hætti viðkomandi orkufyrirtæki gætu komið upplýsingum um niðurgreiðslur til notenda og hvernig eftirliti með niðurgreiðslum yrði best fyrir komið. Í starfi nefndarinnar kom í ljós að heppilegt væri að

frumvarpið myndi einnig ná til niðurgreiðslna á olíuhitun og stofnstyrkja vegna nýrra hitaveitna. Var því umfang frumvarpsins aukið þannig að efni þess tekur einnig til framangreindra atriða.

Nefndin telur að með frumvarpsdrögum þessum hafi tekist að móta lagatexta, sem setur umgjörð um þá framkvæmd, sem verið hefur á niðurgreiðslum á raforku til húshitunar og úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna eða stækkunar þeirra. Nefndin leggur þó til nokkrar breytingar í frumvarpsdrögunum frá núgildandi fyrirkomulagi. Þær eru helstar þessar:

- Mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun.
- Eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslum á rafhitun og verður notkunin þá að vera mæld.
- Ef notuð er varmadæla við hitun íbúðar flokkast orkan inn á hana sem raforka til hitunar og nýtur niðurgreiðslna en þessi notkun hefur ekki verið niðurgreidd. Þak er lægra fyrir þessa notkun en beina rafhitun.
- Settar eru skýrar reglur um í hvaða tilvikum kyntar hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.
- Komið verður á opinberu eftirliti með framkvæmd þessara aðgerða.

Meðfylgjandi eru drög að frumvarpi til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar ásamt almennum athugasemdum og athugasemdum við einstakar greinar þess.

Nefndin hefur haldið samtals 7 fundi og er störfum hennar með skilum á meðfylgjandi frumvarpsdrögum hér með lokið.

Reykjavík, 28. febrúar 2002.

Helgi Bjarnason,
formaður.

Árni Ragnarsson. *Elías B. Elíasson.*

Friðrik Friðriksson. *Guðmundur Guðmundsson.*

Kristján Haraldsson. *Kristín Haraldsdóttir.*

Jón Vilhjálmsson,
starfsmaður nefndarinnar. *Magnús B. Jónsson.*

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Tilgangur frumvarpsins er að marka skýrt í lögum þá framkvæmd sem verið hefur á niðurgreiðslum og úthlutunum styrkja til nýrra hitaveitna eða stækkunar eldri veitna. Nokkrar breytingar eru þó lagðar til. Helstu breytingarnar eru að mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun. Eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun. Ef notuð er varmadæla við hitun íbúðar flokkast orkan inn í hana

sem raforka til hitunar og nýtur niðurgreiðslu. Þak er lægra fyrir þessa notkun en beina rafhitun. Hitaveitur í einkaeigu geta fengið stofnstyrki. Loks er lagt til að komið verði á eftirliti með framkvæmd reglnanna og settar eru skýrar reglur um í hvaða tilvikum hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins sér Orkustofnun um framkvæmd og eftirlit niðurgreiðslna. Gert er ráð fyrir að kostnaður stofnunarinnar vegna þessa verði 19 m.kr. fyrsta árið en fari síðan lækkandi niður í 12,5 m.kr. á ári eftir það. Gert er ráð fyrir 1,2 stöðugildum, aðkeyptri vinnu, eftirlitsferðum, hugbúnaði og aðgangi að Landskrá fasteigna. Þá má gera ráð fyrir að niðurgreiðslur á olíukyndingu kosti um 8–10 m.kr á ári, niðurgreiðsla á rafhitun smávirkjana er talin nema um 6–8 m.kr árlega og notkun varmadæla við húshitun lækkar kostnað við niðurgreiðslu á rafhitun. Frumvarpið mælir ekki fyrir um rétt til niðurgreiðslna eða styrkja. Það verður háð fjárlögum hverju sinni hvort verja skuli fjármunum til einstakra verkefna og þá hve miklum.

Samkvæmt fjárlögum 2001 er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á rafhitun nemi 790 m.kr. Þessi tala hækkaði í 853 m.kr. árið 2002. Raunkostnaður fyrir árið 2001 var hins vegar um 700 m.kr. Gert er ráð fyrir að ákvarðanir um stofnstyrki, niðurgreiðslur og eftirlit verði teknar með tilliti til þeirra fjárveitinga sem til ráðstöfunar eru samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

1035. Breytingartillaga [384. mál]

við frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá Kristjáni L. Möller og Lúðvík Bergvinssyni.

Við 3. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Auk þess skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn samkvæmt tilnefningu hvers þingflokks sem á sæti á Alþingi og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður.

1036. Frumvarp til laga [641. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „tilskipunar 85/384/EBE“ í 1. tölul. kemur: með síðari breytingum.
b. Á eftir orðunum „tilskipunar 89/48/EBE“ í 2. tölul. kemur: með síðari breytingum.
c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við framkvæmd 1. tölul. 1. mgr. skal þess gætt að synjun um leyfi sé rökstudd. Bera má málið undir dómstóla, svo og ef ákvörðun er eigi tekin innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi leggur inn umsókn sína ásamt fylgiskjölum.

2. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: svo og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

3. gr.

Lög þessi, sem byggjast á tilskipun 2001/19/EB, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna upptöku tilskipunar 2001/19/EB frá 14. maí 2001, sem snertir viðurkenningu á starfsréttindum ýmissa stétta á grundvelli almennra tilskipana og tilskipana um einstakar stéttir, í íslenskan rétt þarf að gera breytingar á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum. Hefur því frumvarp þetta verið samið í iðnaðarráðuneytinu. Nánar tiltekið þarf að vísa í breytingar á tilskipun 85/384/EBE og tilskipun 89/48/EBE, svo og taka af tvímæli um skyldu til rökstuðnings fyrir synjun á leyfi til að bera starfsheitið arkitekt og um rétt til að leita til dómstóla vegna synjunar og ef ákvörðun er ekki tekin innan tilsetts frests.

Með 11. gr. tilskipunarinnar eru gerðar breytingar á tilskipun 85/384/EBE sem varðar starfsréttindi arkitekta, sbr. 1. tölul. 4. gr. framangreindra laga. Er þar m.a. kveðið á um athugun ríkja á skírteinum arkitekta um hæfni, svo og ákvarðanatöku um leyfi til að bera starfsheitið arkitekt þar innan þriggja mánaða eftir að umsókn hefur verið lögð fram með fullnægjandi gögnum. Í 6. gr. a í tilskipuninni er kveðið á um að rökstyðja þurfi synjun og jafnframt að viðkomandi umsækjandi geti leitað til dómstóla samkvæmt landslögum ef umsókn er synjað eða henni ekki svarað innan tilsetts frests, sbr. 6. gr. tilskipunarinnar eins og henni hefur verið breytt.

Í tilskipuninni er einnig m.a. kveðið á um breytingu á tilskipun 89/48/EBE sem gildir skv. 2. tölul. 4. gr. laganna um starfsheiti annarra stétta í tækni- og hönnunargreinum en arkitekta, þ.e. um starfsheiti verkfræðinga, tæknifræðinga, byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta, iðnfræðinga, landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og skipulagsfræðinga, sbr. upptalningu í 1. gr. laganna. Menntamálaráðuneytið mun gera sérstaka grein fyrir breytingum á tilskipun 89/48/EBE, sem snertir viðurkenningu á menntun og prófskírteinum almennt, í lagafrumvarpi því sem það stendur að.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða nánar um viðurkenningar á menntun og prófskírteinum til samræmis við tilskipun 2001/19/EB.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1037. Framhaldsnefndarálit [385. mál]

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti.

Tekið var fyrir bréf ráðuneytisins, dagsett 20. mars 2002, þar sem óskað er eftir því við samgöngunefnd að hún leggi til breytingartillögu við frumvarpið sem heimili Alþingi að afgreiða á þessu þingi vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002. Í bréfi ráðuneytisins eru eftirfarandi rök tíunduð. Samkvæmt frumvarpi til laga um samgönguáætlun, 384. máli, og því frumvarpi sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að samræmd samgönguáætlun, þ.e. tólf ára áætlun annars vegar og hins vegar fjögurra ára áætlun, verði lögð fram á þingi í haust og komi í stað núgildandi hafnaáætlunar, sjóvarnaáætlunar, vegáætlunar og flugmálaáætlunar og gildi frá 1. janúar 2003.

Með hliðsjón af framangreindu telur ráðuneytið hvorki hyggilegt né hagkvæmt að leggja fram vegáætlun og flugmálaáætlun til fjögurra ára þegar fyrir liggur að áætlanirnar munu einungis gilda út þetta ár. Jafnframt telur ráðuneytið viðbúið að ýmsar forsendur geti breyst við gerð hinnar nýju samræmdu samgönguáætlunar. Með því að fjalla nú eingöngu um þingsályktanir um vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002 næst eðlilegt samhengi að mati ráðuneytisins.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að vandamál, formlegs eðlis, geti skapast hjá Vegagerðinni verði þessi leið farin. Vandamál þetta felst í því að óvissa getur orðið um heimildir stofnana til þess að bjóða út á þessu ári framkvæmdir sem ætlunin er að ráðast í á næsta ári eða síðar. Jafnframt geti skapast óvissa um sams konar framkvæmdir sem þegar hafa verið boðnar út á þessu ári en eru til lengri tíma. Til að mæta þessu gerir ráðuneytið ráð fyrir að með þingsályktun um vegáætlun fyrir árið 2002 fylgi listi yfir fyrirhugaðar framkvæmdir sem Vegagerðin geti stuðst við. Ráðuneytið ítrekar að hér er aðeins um formsatriði að ræða þar sem vænta má tillögu um samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun strax á upphafsdögum Alþingis í haust.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála því að hagkvæmt og eðlilegt sé að takmarka endurskoðun vegáætlunar og flugmálaáætlunar við árið 2002 með vísan til væntanlegra samræmdra samgönguáætlana. Nefndin leggur þó áherslu á að tryggilega verði gengið frá málum svo að starfsemi Vegagerðarinnar raskist ekki.

Meiri hlutinn leggur til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði þess efnis að þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. vegalaga og 3. mgr. 1. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem kveða á um að vegáætlun og flugmálaáætlun skuli afgreiddar til fjögurra ára, verði Alþingi heimilt á yfirstandandi þingi að afgreiða þessar áætlanir til eins árs, þ.e. fyrir árið 2002.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. mars 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Arnbjörg Sveinsdóttir.

Sigríður Ingvarsdóttir. Drífa Hjartardóttir.

1038. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, MS, ArnbS, SI, DrH).

1. Við bætist ný grein, er verði 8. gr., svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:
   Heiti laganna verður: **Lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.**
2. Við 24. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Þó tekur ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.
3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. vegalaga og 3. mgr. 1. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er Alþingi heimilt að afgreiða, á 127. löggjafarþingi, vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002.

1039. Tillaga til þingsályktunar [642. mál]

um tryggan lágmarkslífeyri.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 40 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 40 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót eða aðrar bætur lífeyrisþegans. Fyrir hver 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 40 þús. kr. verði skerðing ¼ þess sem nú er, fyrir hver 10 þús. kr. sem lífeyrir er umfram 50 þús. kr. verði skerðing ½ þess sem nú er og fyrir hver 10 þús. kr. umfram 60 þús. kr. ¾ þess sem nú er.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram hver vilji meiri hluta Alþingis er gagnvart þeim lífeyrisþegum sem búa við lökust lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Hér er í flestum tilfellum um að ræða fólk sem á starfsævi sinni hafði frekar lág laun eða naut ekki greiðslu af launum sínum í lífeyrissjóð að hluta eða öllu leyti fyrr en of seint miðað við aldur til þess að öðlast lífeyri sem dugar til framfærslu á efri árum.

Vitað er að lífeyrisgreiðslur eru enn of lágar til þess að geta verið meginstoð lífeyrisþega. Sú aðferð sem hér er lögð til leiðir til þess að greiðsla úr lífeyrissjóði undir 40 þús. kr. á mánuði skerðir engar bætur sem lífeyrisþeginn fær út úr almannatryggingum. Útfærslan virkar einnig þannig að eftir því sem fleiri landsmenn fá hærri lífeyri en 40 þús. kr. á mánuði, en þeim fjölgar vonandi hratt á næstu árum, þá fækkar þeim sem njóta þessarar reglu sem leiðir til þess smám saman að kostnaður ríkissjóðs minnkar. Rétt er að vekja athygli á því að eins og reglan er útfærð minnkar hún svokölluð jaðarskattaáhrif. Verði tillagan samþykkt og framkvæmd eftir efni sínu verður hagur lífeyrisþega með lágan lífeyri mun tryggari en nú er.

1040. Fyrirspurn [643. mál]

til umhverfisráðherra um mörkun stefnu um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður mörkun stefnu um sjálfbæra þróun á nýrri öld sem kynnt var á umhverfisþingi í janúar 2001 og hvernig er háttað þátttöku almennings og félagasamtaka við stefnumörkunina?
2. Í hve miklum mæli er tekið mið af áætlun um sjálfbær Norðurlönd við stefnumörkunina?

1041. Fyrirspurn [644. mál]

til samstarfsráðherra Norðurlanda um réttindi Norðurlandabúa.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða þætti í skýrslu Ole Norrback um réttindi Norðurlandabúa þurfa Íslendingar að taka til endurskoðunar og hvernig sér ráðherra fyrir sér að unnið verði úr niðurstöðum skýrslunnar hér á landi?

1042. Fyrirspurn [645. mál]

til menntamálaráðherra um tilnefningu á heimsminjaskrá UNESCO.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi við tilnefningu Þingvalla og Skaftafells á heimsminjaskrá UNESCO sem ríkisstjórnin samþykkti að hefja 4. desember 2001?
2. Hefur komið til athugunar að vinna að fleiri tilnefningum af Íslands hálfu?
3. Hvernig er háttað samstarfi menntamálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis varðandi þetta málefni?
4. Hvenær má vænta niðurstöðu í málinu?

1043. Fyrirspurn [646. mál]

til félagsmálaráðherra um stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Hver eru viðbrögð ráðherra við þeirri niðurstöðu álitsgerðar Sigurðar Líndals um réttarstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs að ýmsar athafnir og ákvarðanir stjórnvalda varðandi sjóðinn hafi ekki lagastoð og séu jafnvel lögbrot?

1044. Skýrsla [647. mál]

utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar um alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. INNGANGUR

Þeim málum fer sífellt fjölgandi sem aðeins er hægt að leysa í alþjóðlegri samvinnu og vægi alþjóðastofnana og alþjóðlegra samninga eykst dag frá degi. Samhliða þessu fer alþjóðleg samkeppni sívaxandi. Ísland er þátttakandi í þessari þróun og það hefur átt stóran þátt í því að hérlendis er orðið til alþjóðlegt atvinnu- og menningarlíf sem stenst í mörgum tilvikum samanburð við það besta sem gerist í heiminum. Alþjóðavæðing íslensks samfélags er ekki tilviljun því hana má rekja til stöðugrar vinnu við að auka verslun og viðskipti, svo sem með gerð fríverslunarsamninga, samstarfssamninga menntastofnana og til framtakssemi íslenskra fyrirtækja, svo dæmi séu nefnd. Alþjóðlegt samstarf þarf stöðugt að rækta og samkeppni stenst einungis sá sem stöðugt leitar nýrra leiða til að gera betur í dag en í gær.

Þótt alþjóðasamskipti teygi nú anga sína inn á flest svið íslensks þjóðlífs – fyrirtæki, stjórnsýslu, menntakerfi og menningarlíf – stendur mikilvægi utanríkisþjónustunnar óhaggað við að skilgreina og gæta öryggis- og viðskiptahagsmuna Íslands til framtíðar. Þannig er unnt að tryggja velferð þjóðarinnar í víðum skilningi, því friður og öryggi er forsenda blómlegra viðskipta og öflugs atvinnulífs, og þjóðmenning dafnar hvað best í alþjóðlegu umhverfi. Til að sinna hlutverki sínu kappkostar utanríkisþjónustan að mæta breyttum aðstæðum og auknum kröfum á hverjum tíma.

Grundvallarutanríkishagsmunir Íslands eru sem fyrr að tryggja öryggi og varnir landsins með virkri þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, Atlantshafsbandalaginu og öðrum öryggisstofnunum, með varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna og öflugu grannsvæðasamstarfi. Þótt viðskiptahagsmunir Íslands felist fyrst og fremst í aðild að EES-samningnum og EFTA, eru sóknarfærin víða og krefjast þess m.a. að vel sé haldið á málum í samningum um alþjóðlegar viðskiptareglur og fríverslun. En Ísland hefur ekki aðeins hagsmuna að gæta í alþjóðasamfélaginu, heldur einnig skyldur gagnvart því. Íslandi ber að leggja sitt af mörkum á sem flestum sviðum, svo sem með þátttöku í friðargæslu og uppbyggingarstarfi, og með markvissum framlögum til þróunarmála, neyðaraðstoðar og mannúðarmála. Með því að axla ábyrgð til jafns við aðrar þjóðir í því að tryggja öryggi, mannréttindi og mannúð í veröldinni er Ísland fullgildur þátttakandi í samfélagi þjóðanna.

Þessi yfirlitsskýrsla varpar ljósi á umfang þeirra verkefna sem utanríkisþjónustan er að fást við. Mun hún vonandi auka upplýsingar og efla enn frekar umræðu um utanríkismál og mikilvægi þeirra.

2. UTANRÍKISÞJÓNUSTAN

2.1. Fjölgun sendiskrifstofa

Uppbygging og skipulagning utanríkisþjónustunnar hefur almennt mótast af meginhagsmunum Íslands erlendis, í samræmi við það sem segir í lögunum um utanríkisþjónustuna. Hér er einkum um að ræða hagsmuni sem varða viðskipti og efnahagsmál, stjórnmál, öryggi og varnir, ásamt menningarmálum. Hnattvæðing og aukin alþjóðleg samvinna gera það að verkum að þessir hagsmunir eru í vaxandi mæli samtengdir. Í gegnum tíðina hefur ekki verið ráðist í stofnun nýrra sendiráða nema slíkir veigamiklir hagsmunir væru til staðar. Megináherslurnar í utanríkisstefnu Íslands hafa einnig ráðið miklu um staðsetningu sendi-

ráða. Þannig hefur áherslan á norræna samvinnu og náin tengsl við önnur norræn ríki leitt til þess að sendiráð hafa verið stofnuð í öðrum Norðurlöndum.

Almennt má segja að stofnun tvíhliða sendiráða hafi setið á hakanum í þau 40 ár sem liðu frá því að sendiráðið í Bonn var stofnað árið 1955 og þar til sendiráðið í Kína var opnað árið 1995. Þær sendiskrifstofur sem voru stofnaðar á þessu 40 ára tímabili eru allar tilkomnar vegna þátttöku Íslands í og tengsla við alþjóðastofnanir. Það var orðið mjög brýnt að bæta úr þessu og stofna sendiráð í ríkjum þar sem Ísland hefur mikilvægra hagsmuna að gæta í dag. Stofnun nýrra sendiráða á undanförnum árum hefur verið tíðari af þessum sökum en ella.

Stofnun sendiskrifstofa frá 1995 til 2000

Þegar síðasta yfirlitsskýrsla um alþjóðamál var lögð fram árið 2000 hafði Ísland 17 sendiskrifstofur starfandi í 14 löndum. Á tímabilinu frá 1995 til ársins 2000 voru stofnaðar fimm sendiskrifstofur: sendiráð í Peking 1995 og Helsinki 1997, fastanefnd hjá Evrópuráðinu 1997, aðalræðisskrifstofa í Winnipeg 1999 og fastanefnd hjá ÖSE 1999. Stofnun sendiráðs í Peking hafði verið í undirbúningi í langan tíma. Á þessum tíma var ekkert íslenskt sendiráð í Asíu og löngu orðið tímabært fyrir Ísland að efla tengslin við þessa heimsálfu, einkum með hliðsjón af viðskiptalegu og pólitísku mikilvægi hennar. Kína er fjölmennasta ríki heims, mikilvægur framtíðarmarkaður og pólitísk þýðing þess veruleg, en það er eitt af fimm ríkjum heims sem á fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það var því eðlilegt skref að stofna sendiráð í Kína. Það annast einnig sendiráðsstörf í mörgum öðrum ríkjum Asíu. Eins og fyrr segir hefur Ísland alltaf lagt mikla áherslu á norræna samvinnu og samstarf við önnur Norðurlönd. Eðlilegt er því að Ísland hafi sendiráð í hinum Norðurlöndunum. Í langan tíma höfðu verið sendiráð í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en stofnun sendiráðs í Finnlandi hafði verið frestað. Opnun sendiráðs í Helsinki árið 1997 var því orðin tímabær.

Ísland hefur jafnan tekið virkan þátt í störfum Evrópuráðsins í Strasbourg og sótt fundi þingmannasamtaka þess. Með vaxandi þýðingu þess eftir að kalda stríðinu lauk, m.a. við eflingu lýðræðislegra stjórnarhátta í ríkum Mið- og Austur-Evrópu, og vegna formennsku Íslands í Evrópuráðinu var orðið óhjákvæmilegt að stofna fastanefnd þar. Á árinu 1999 var fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín opnuð á nýjan leik, en henni hafði verið lokað árið 1994. Fljótlega kom í ljós að Íslandi mundi til lengdar ekki vera stætt á þeirri ákvörðun vegna vaxandi hlutverks samtakanna í öryggismálum, eflingu lýðræðis, kosningaeftirliti og mannréttindamálum í sumum aðildarríkjanna. Fastanefndin í Vín er jafnframt fastanefnd hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar og tvíhliða sendiráð í Austurríki og nágrannaríkjum þess. Stofnun aðalræðisskrifstofu með útsendum aðalræðismanni í Winnipeg árið 1999 var liður í því að efla tengslin við Kanada og fólk af íslenskum uppruna þar. Jafnframt hafði hún það verkefni að undirbúa hátíðahöld þar vegna landafundaársins. Aðalræðisskrifstofan er mikil lyftistöng fyrir tengslin við fólk af íslensku bergi brotið í Kanada.

Nýjar sendiskrifstofur 2000 til 2002

Á sl. tveimur árum hafa þrjú sendiráð verið opnuð, í Tókýó, Mapútó og Ottawa. Stofnun sendiráðsins í Japan á sér langan aðdraganda og miklar umræður hafa orðið um það. Með opnun sendiráðs Íslands í Tókýó og sendiráðs Japans í Reykjavík var brotið blað í samskiptum Íslands og Japans. Tilkoma þessara sendiráða opnar möguleika á stórauknum samskiptum Íslands og Japans, sem er annað stærsta hagkerfi heims. Ísland og Japan eiga margra sameiginlegra hagsmuna að gæta, m.a. á sviði hafréttarmála og umhverfisverndar og má vænta

meira samstarfs á þeim sviðum í framtíðinni. Sendiráð Íslands í Tókýó styður markaðssókn íslenskra fyrirtækja í Japan auk þess sem vænta má að kynningarstarf þess stuðli m.a. að fjölgun japanskra ferðamanna til Íslands í framtíðinni. Mikill fengur er í slíku þar sem japanskir ferðamenn skilja að meðaltali mun meira eftir sig í þjóðarbúinu en ferðamenn frá öðrum löndum. Unnið er að undirbúa skipun ræðismanna í helstu borgum Japans í kjölfar stofnunar sendiráðsins. Hingað til hafa ræðismenn Íslands í Japan einungis verið í Tókýó en tilkoma ræðismanna í fleiri borgum mun auðvelda nýstofnuðu sendiráði að kynna málefni Íslands á breiðari grundvelli.

Stofnun sendiráðsins í Ottawa á sér einnig langan aðdraganda. Töluverð tvíhliða viðskipti, náin pólitísk samskipti, sameiginlegir hagsmunir á mörgum sviðum, og ekki síst djúpstæð menningarleg og söguleg tengsl landanna, eru helstu ástæðurnar fyrir stofnun sendiráðs í Ottawa. Stofnun sendiráðsins undirstrikar einnig þá staðreynd að tengslin við Norður-Ameríku eru lykilþáttur í alþjóðlegum samskiptum Íslands, þó að það tilheyri óneitanlega Evrópu. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið unnið markvisst að því að auka framlag Íslands til þróunarsamvinnu og efla samskiptin við þróunarríkin. Stofnun sendiráðsins í Mapútó er eðlilegur þáttur í þessari stefnu. Einnig þarf að hafa í huga að þrátt fyrir langt samstarf við sum ríki Afríku hafði Ísland ekki sendiráð í þessari heimsálfu.

Sendiskrifstofur í dag

Alls hefur Ísland nú 20 sendiskrifstofur erlendis. Þar af eru 14 sendiráð í jafnmörgum löndum, en tvö þeirra, sendiráðin í París og Brussel, gegna jafnframt mjög umfangsmiklum hlutverkum gagnvart alþjóðastofnunum. Þá eru fimm sendiskrifstofur sem eru fyrst og fremst eða eingöngu fastanefndir hjá alþjóðastofnunum. Flestar eru einnig sendiráð gagnvart einu eða fleiri ríkjum, og eitt þeirra, fastanefndin í Vín, er jafnframt sendiráð í gistiríkinu og þremur nærliggjandi löndum. Með því að sendiskrifstofur séu bæði tvíhliða sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum þar sem því verður við komið er verið að hagræða og spara í utanríkisþjónustunni.

Þess hefur verið gætt að sendiskrifstofur séu ekki stærri en nauðsyn krefur í hverju tilviki. Í sendiskrifstofunum í Mapútó og Winnipeg er aðeins einn útsendur starfsmaður, aðrir starfsmenn eru staðarráðnir en kostnaðurinn við þá er mun minni. Í sendiskrifstofunum í Ottawa, Helsinki og Strasbourg eru aðeins tveir útsendir starfsmenn, en þær eru einnig mannaðar með staðarráðnum starfsmönnum og í fastanefndinni í Strasbourg er jafnan einn starfsmaður sem er í starfsþjálfun. Þannig hefur, eftir því sem hægt er, verið reynt að takmarka kostnaðinn við rekstur þessara sendiskrifstofa. Fyrirhugað er að taka mun fleiri starfsmenn í starfsþjálfun í framtíðinni þar sem þetta fyrirkomulag hefur reynst vel.

Fjárveitingar til utanríkisþjónustunnar hafa undanfarin 3 ár numið um 1% af heildarútgjöldum ríkisins. Á þessu ári nema þær um 2,53 milljörðum króna eða rúmlega 1% af fjárlögum. Útgjöld vegna utanríkisþjónustunnar hafa því aukist í sama hlutfalli og heildarútgjöld ríkissjóðs á þessu tímabili[1].

[1] Þá eru ekki taldar með fjárveitingar vegna sýslumanns og flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, þróunarmála og hjálparstarfsemi, útflutningsráðs og framlög til alþjóðastofnana, en þessir liðir teljast ekki hluti af utanríkisþjónustunni.

2.2. Umfangsmikil verkefni fram undan

Samhliða fjölgun sendiráða er einnig nauðsynlegt að efla utanríkisráðuneytið. Þegar síðasta skýrsla um alþjóðamál kom út árið 2000 voru starfsmenn ráðuneytisins alls 80 talsins. Fleiri sendiráð kalla á aukna starfsemi í ráðuneytinu, bæði úrvinnslu mála og upplýsinga sem koma frá þeim og eftirlit með störfum þeirra og rekstri. Þörfinni fyrir fleiri starfsmenn hefur verið mætt með hagræðingu eftir því sem hægt er og eru starfsmenn ráðuneytisins álíka margir nú og þeir voru fyrir tveimur árum. Nauðsynlegt er samt að bæta við starfsmönnum í ráðuneytinu enda er mjög mörgum verkefnum erlendis sinnt beint frá ráðuneytinu.

Til marks um umfang starfsemi utanríkisþjónustunnar má nefna að fjöldi innkominna erinda í utanríkisráðuneytið var 15.500 sl. ár og fjöldi útsendra erinda nam 25.400. Innkomin erindi til sendiskrifstofa námu 22.300 og útsendi erindi frá þeim voru samtals 22.000 á síðasta ári. Hér er aðeins um skráð erindi að ræða. Þá skal tekið fram að utanríkisráðherra hefur á undanförnum árum átt sérstaka tvíhliða samráðsfundi með á annan tug utanríkisráðherrum annarra landa, auk ráðherrafunda í alþjóðastofnunum. Slíkir fundir kalla á mikinn undirbúning og að þeim ákvörðunum sem þar eru teknar sé fylgt eftir.

Þá standa fyrir dyrum tímabundin verkefni sem kalla á aukinn mannafla og umsvif á meðan þau standa yfir og verið er að undirbúa þau. Þessum verkefnum eru gerð ítarleg skil í öðrum köflum skýrslunnar og verður því aðeins vikið að þeim í mjög stuttu máli hér. Ísland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu í haust og gegnir því til 2004 og í Alþjóðabankanum verður íslenskur aðalfulltrúi frá 2003 til 2006. Bæði þessi verkefni, einkum það síðarnefnda, eru mjög umfangsmikil. Þá er Ísland í framboði til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010. Bæði kosningabaráttan og þátttakan í öryggisráðinu krefjast mikillar vinnu og aukins mannafla, í ráðuneytinu og í fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York. Við frekari uppbyggingu utanríkisþjónustunnar á næstu árum verður að taka fullt tillit til þessara verkefna, þótt þau séu tímabundin, og þess mannafla og fjárveitinga sem nauðsynleg eru vegna þeirra.

Tvíhliða samskipti Íslands og annarra ríkja eru mikilvægur vettvangur fyrir íslenska utanríkisþjónustu til að koma hagsmunum á framfæri, afla málstað stuðnings og vinna hugmyndum brautargengi. Persónuleg tengsl manna á milli gegna þar verulegu hlutverki og stundum skipta þau sköpum. Auk hefðbundins norræns samráðs fundar utanríkisráðherra reglulega með forustumönnum Evrópusambandsins. Þá eru fjölþjóðlegir fundir gjarnan nýttir til tvíhliða funda við aðra utanríkisráðherra til að vinna að málum sem snerta íslenska hagsmuni.

Meginmarkmið opinberra heimsókna utanríkisráðherra Íslands til annarra ríkja er að efla tvíhliða viðskiptatengsl og treysta böndin við hlutaðeigandi ríki, þ.m.t. stjórnmálasambönd. Í þessum tilgangi fór utanríkisráðherra í opinberar heimsóknir til Japans, Kína og Rússlands haustið 2001. Heimsóknir erlendra utanríkisráðherra til Íslands hafa einnig reynst íslenskum hagsmunum mikilvægar, bæði í viðskiptalegu og stjórnmálalegu tilliti. Utanríkisráðherra Belgíu heimsótti Ísland í haust sem leið en Belgía gegndi þá formennsku í Evrópusambandinu. Utanríkisráðherra fór svo í vinnuheimsókn til utanríkisráðherra Spánar nýverið en Spánn gegnir nú formennsku í ESB. Tvíhliða fundir með utanríkisráðherrum Bandaríkjanna, Rússlands og ýmissa Evrópuríkja hafa nýst vel í þessum tilgangi og til að styrkja stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Gera má ráð fyrir að aukning tvíhliða samskipta Íslands við önnur ríki haldi áfram.

Frekari uppbygging

Staðsetning sendiskrifstofa endurspeglar áhersluatriði í hagsmunagæslu Íslands erlendis og meginatriðin í stefnu landsins í utanríkismálum. Stækkun utanríkisþjónustunnar er ekki síst tilkomin vegna áhrifa hnattvæðingar á mörgum sviðum, vaxandi alþjóðlegs samstarfs og aukins hlutverks alþjóðastofnana. Þeim málum fer fjölgandi sem aðeins er hægt að leysa í alþjóðlegri samvinnu. Þessi þróun kallar á aukna þátttöku í alþjóðasamstarfi en henni er aðeins hægt að sinna með öflugri utanríkisþjónustu. Lítil ríki eins og Ísland eru að mörgu leyti háðari virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi en stór ríki.

Þegar ákvarðanir eru teknar um frekari uppbyggingu utanríkisþjónustunnar er nauðsynlegt að horfa fram á veginn og meta hagsmuni Íslands með hliðsjón af líklegri þróun alþjóðamála, ekki síður en núverandi stöðu. Þá þarf að hafa þróun viðskiptalífs og þjóðfélagsbreytingar hér á landi í huga. Jafnframt skal bent á það að Ísland hefur ekki aðeins hagsmuni í alþjóðasamfélaginu sem það þarf að gæta, heldur einnig skyldur gagnvart því. Sem sjálfstæðu, vel efnuðu ríki ber Íslandi að leggja sitt af mörkum á sem flestum sviðum; má þar m.a. nefna þátttöku í friðargæslu, framlög til þróunarmála og neyðarhjálp. Íslenska utanríkisþjónustan er enn frekar ung, a.m.k samanborið við utanríkisþjónustur margra annarra landa. Uppbyggingu hennar er því engan veginn lokið. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari stækkun utanríkisþjónustunnar á allra næstu árum. Í framtíðinni verður hins vegar að meta þörfina á stofnun sendiráða, t.d. í Suður-Evrópu og Suður-Ameríku.

3. ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

3.1. Baráttan gegn hryðjuverkum

Áhrif hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september sl. á þróun öryggis- og varnarmála hafa þegar verið gríðarleg og munu verða langvarandi. Þær stofnanir sem Ísland á aðild að hafa brugðist við ýmsum hætti, með beinum aðgerðum, aðlögun vinnubragða og stefnumótun til framtíðar, eins og rakið verður hér á eftir. Ísland hefur reynt eftir mætti að taka virkan þátt í hinu alþjóðlega bandalagi gegn alþjóðahryðjuverkasamtökum.

Viðbrögð alþjóðasamfélagsins voru nær án undantekninga á þann veg að besta vörnin gegn hryðjuverkum væri sú að þjóðir heims tækju höndum saman í baráttunni gegn þeim. Öll ábyrg ríki hafa lagst á eitt um að útrýma þeirri vá sem heimsbyggðinni, og þá ekki síst saklausum borgurum, stafar af alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Unnið hefur verið að því með allnokkrum árangri að uppræta samskiptanet og stoðkerfi þeirra afla sem að árásinni stóðu. Ríki heims og alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir vinna nú að því hver með sínu lagi að efla viðbúnað til að bregðast við hryðjuverkum og afleiðingum þeirra. Samfélag þjóðanna hefur leitast við að samhæfa diplómatískar aðgerðir á vettvangi alþjóðasamtaka, ekki síst Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur einnig hafist stórfelld efling alþjóðlegs samstarfs á fjölmörgum ólíkum sviðum, svo sem á sviði upplýsingaöflunar, réttarfars, löggæslu, bankamála, útlendingaeftirlits og almannavarna. Íslensk stjórnvöld munu hér eftir sem hingað til fylgjast grannt með og taka virkan þátt í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn hryðjuverkum.

3.1.1. Viðbrögð á Íslandi við hryðjuverkunum 11. september

Strax í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september sl. var ákveðið í ríkisstjórn að stofna til samráðs milli forsætis-, utanríkis- og dómsmálaráðuneytis til að tryggja nauðsynlega samhæfingu vegna fyrstu viðbragða við árásinni. Afleiðingar árásanna leiddu fljótt í ljós nauðsyn þess að samræma enn frekar aðgerðir þeirra fjölmörgu aðila sem koma að málum þegar bregðast þarf við ógn af þessu tagi og ljóst var að sú barátta sem hafin var á heimsvísu gegn hryðjuverkum mundi standa í langan tíma. Ríkisstjórnin ákvað því á fundi

sínum hinn 16. október sl. að fela ráðuneytisstjórum sjö ráðuneyta að mynda samráðshóp til að fara yfir og hafa umsjón með viðbrögðum.

Samráðshópurinn greindi fyrst hvaða verkefni heyrðu undir hvaða ráðuneyti og stofnun. Verkefni utanríkisráðuneytisins á þessu sviði eru einkum þríþætt. Í fyrsta lagi þátttaka í, afskipti af og stuðningur við alþjóðlegar aðgerðir í baráttunni gegn hryðjuverkum, svo sem á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Atlantshafsbandalagsins. Í öðru lagi samskipti og samstarf við varnarliðið og Atlantshafsbandalagið um varnir Íslands og öryggi, þ.m.t. varnir gegn hryðjuverkaárásum. Loks heyra öll öryggismál á Keflavíkurflugvelli, þ.m.t. vernd farþegaflugs og farþega, landamæragæsla og tolleftirlit, undir utanríkisráðuneytið.

Strax í kjölfar árásanna fór varnarliðið á Keflavíkurflugvelli á efsta viðbúnaðarstig og var svo um nokkra hríð. Síðan var viðbúnaðarstigið lækkað en viðbúnaður er þó enn töluverður. Á hæsta viðbúnaðarstiginu voru vopnaðir lögreglumenn frá sýslumannsembættinu varnarliðinu til stuðnings. Öryggisráðstafanir á Keflavíkurflugvelli voru stórauknar og er viðbúnaður gegn hryðjuverkum m.a. fólginn í aukinni vopnaleit, farangursleit, handleit og gegnumlýsingu, sprengjuleit í flugvélum, hertu öryggiseftirliti í flugstöðinni og á varnarsvæðunum og aukinni gæslu á flughlöðum og þjónustusvæði. Megináhersla hefur verið lögð á að uppfylla alþjóðlega staðla og töluvert auknar kröfur til eftirlits með borgaralegu flugi til Bandaríkjanna. Öryggi og aðbúnaður á flugvellinum hefur staðist allar úttektir mjög vel, þar á meðal könnun bandarískra og breskra yfirvalda. Þá hefur verið tekin í notkun þar búnaður til að bera kennsl á einstaklinga sem talin er ástæða til að sæti sérstöku eftirliti. Hefur búnaður þessi vakið heimsathygli.

3.1.2. Aðgerðir Sameinuðu þjóðanna gegn hryðjuverkum

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu á bak við þau og koma yfir þá lögum. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd. Hryðjuverkaárásirnar voru jafnframt fordæmdar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Sautján dögum eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum eða 28. september 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1373 (2001) um baráttu gegn fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Ályktunin leggur m.a. skyldur á ríki sem varða bæði refsinæmi þess að fjármagna hryðjuverkastarfsemi og aðgerðir til þess að stöðva flutning fjármuna til hryðjuverkahópa. Ályktunin sem er gerð á grundvelli VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna er þjóðréttarlega skuldbindandi gagnvart íslenska ríkinu með sama hætti og þjóðréttarsamningur sem hefur verið fullgiltur.

Með ályktuninni var einnig sett á fót nefnd á vegum öryggisráðsins sem ætlað er að hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd hennar í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Í lok síðasta árs skilaði Ísland skýrslu til nefndarinnar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á Íslandi. Gera má ráð fyrir að nefndin óski eftir frekari upplýsingum frá íslenskum stjórnvöldum og öðrum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktunar öryggisráðsins.

Í framhaldi af tilmælum ályktunar öryggisráðsins nr. 1373 undirritaði Ísland í október 2001 alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að stemma stigu við fjármögnun hryðjuverka. Unnið er að fullgildingu samningsins. Ísland er þegar aðili að meiri hluta annarra alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum en stefnt er að fullgildingu þeirra samninga sem Ísland er ekki aðili að fyrir vorið 2002. Þegar hefur verið leitað heimildar Alþingis til

fullgildingar þeirra tveggja samninga sem telja verður mikilvægasta af umræddum samningum, annars vegar alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og hins vegar alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Til viðbótar því er ætlunin að fjórir aðrir samningar Sameinuðu þjóðanna sem tengjast baráttunni gegn hryðjuverkum verði fullgiltir í vor.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa um árabil reynt að ná samkomulagi um gerð almenns alþjóðasamnings gegn hryðjuverkum sem fæli í sér skilgreiningu á hugtakinu. Eftir 11. september var vonast til að samkomulag næðist um gerð slíks samnings á allsherjarþinginu haustið 2001 en svo fór hins vegar ekki. Ágreiningurinn snýst bæði um gildissvið slíks samnings og skilgreiningar á hryðjuverkum.

3.1.3. Samstaða gegn hryðjuverkum á vettvangi NATO

Hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september í fyrra hafa haft mikil áhrif á starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Fimmta grein stofnsáttmálans, sem kveður á um að aðildarríkin komi hvert öðru til hjálpar ef á þau er ráðist, var virkjuð í fyrsta sinn í sögu bandalagsins. Samstarfsríki NATO hafa einnig sýnt áhuga á framtíðarsamstarfi í baráttunni gegn hryðjuverkum.

Atlantshafsbandalagið hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að berjast gegn hryðjuverkum. Orðið var við óskum bandarískra stjórnvalda, um nauðsynlega aðstoð vegna aðgerðanna gegn stjórn talibana í Afganistan og hryðjuverkasamtökum al-Qaeda, með því að senda Miðjarðarhafs- og Atlantshafsflota bandalagsins til eftirlits á Miðjarðarhafi. Sex AWACS-ratsjárflugvélar halda uppi ratsjáreftirliti í Bandaríkjunum, öll bandalagsríkin hafa heimilað ótakmarkað yfirflug fyrir bandarískar flugvélar í eigin lofthelgi og aðgang að nauðsynlegum mannvirkjum. Enn fremur hefur öll upplýsingamiðlun milli bandalagsríkjanna verið aukin í því skyni að koma í veg fyrir frekari hryðjuverk og til að hafa hendur í hári hryðjuverkamanna. Sum aðildarríkja bandalagsins hafa heitið að leggja meira lið til SFOR og KFOR vegna tímabundinnar tilfærslu bandarísks liðsafla þaðan. Auk þess leiða Bretar, með þátttöku annarra aðildarþjóða bandalagsins, öryggislið til að viðhalda friði í Kabúl, höfuðborg Afganistan.

Atlantshafsbandalagið hefur, í samvinnu við Evró-Atlantshafssamstarfsþjóðirnar (EAPC), tekið að sér að þróa og samræma varnaráætlanir til verja almenna borgara og liðsafla gegn árásum hryðjuverkamanna er nota gereyðingarvopn. Samvinnan á sér að miklu leyti stað innan samræmingarmiðstöðvar bandalagsins um viðbrögð gegn notkun slíkra vopna (WMD Center). Mikilvægt er að Ísland taki þátt í þessu starfi eftir efnum og ástæðum undir forystu viðeigandi ríkisstofnana, en einnig er mikilvægt að hugað verði nánar að því hvernig við getum tryggt betur innra öryggi í ljósi nýrra ógna sem að okkur steðja.

Með þessum og öðrum aðgerðum hefur bandalagið ekki aðeins sýnt Bandaríkjunum samstöðu í orði heldur einnig tekið virkan þátt og verið einn af burðarásunum í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Atlantshafsbandalagið hefur m.a. beitt sér fyrir samstarfi við þjóðir á borð við Rússland og Úkraínu í baráttunni gegn hryðjuverkum. Þannig er stefnt að því að utanríkisráðherrafundur bandalagsins á Íslandi í maí næstkomandi verði fyrsti fundur aðildarþjóðanna með Rússum í hópi 20 ríkja þar sem þetta mál kynni að verða efst á baugi.

3.1.4. Barátta ÖSE gegn hryðjuverkastarfsemi

Ísland hefur á vettvangi ÖSE áréttað mikilvægi starfa stofnunarinnar í baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjum samþykkti fastaráð

ÖSE yfirlýsingu þar sem hryðjuverkin voru harðlega fordæmd og hvatt til alþjóðlegrar samstöðu gegn hryðjuverkum. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum. Sérstakur vinnuhópur var stofnaður vegna eflingar starfs ÖSE á þessu sviði. Á ráðherrafundi ÖSE í Búkarest 3.–4. desember 2001 var samþykkt sérstök aðgerðaáætlun til eflingar starfsemi stofnunarinnar í baráttunni gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Í áætluninni er skilgreint á hvaða sviðum stofnunin getur lagt mest af mörkum gegn hryðjuverkavá á grunni hins víðtæka starfs hennar á sviði öryggismála, mannréttinda og uppbyggingar lýðræðis.

Í aðgerðaáætluninni er baráttan gegn hryðjuverkum fléttuð skipulega inn í mestalla starfsemi ÖSE, auk undirstofnana. Þannig er aukin áhersla lögð á hlutverk sendinefnda ÖSE við eftirlit og fyrirbyggjandi varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Lögð er áhersla á öflun upplýsinga um deilur sem ógnað geta friði í aðildarríkjunum og á aukna samvinnu og upplýsingamiðlun milli ÖSE og annarra alþjóðastofnana, formlega og óformlega, svo sem við Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Evrópusambandið og Evrópuráðið. Einnig má nefna að á vettvangi ÖSE hefur verið samið um skuldbindingar sem miða að því að hefta útbreiðslu og uppræta handvopn. Þetta starf á sér stað innan nefndar ÖSE um öryggismálasamvinnu (FSC). Formennskuríki ÖSE fyrir árið 2002, Portúgal, hefur skipað sérstakan persónulegan fulltrúa sinn til að leggja lið starfi stofnunarinnar gegn hryðjuverkastarfsemi. Á ráðherrafundi ÖSE í Búkarest var einnig ákveðið að setja á fót embætti sérstaks lögreglufulltrúa ÖSE (Senior Police Advisor) sem mun hafa það verk með höndum að stýra og samræma starf og aðkomu ÖSE að þjálfun lögreglumanna á Balkanskaga m.a. með tilliti til hryðjuverkavarna.

3.2. Atlantshafsbandalagið (NATO)

Fyrir utan baráttuna gegn hryðjuverkum hafa helstu viðfangsefni Atlantshafsbandalagsins verið efling samstarfsins við Rússland, undirbúningur stækkunar og þróun samstarfs bandalagsins og Evrópusambandsins á sviði öryggis- og varnarmála. Tveir þýðingarmiklir fundir verða haldnir á vegum bandalagsins síðar á árinu. Vorfundur utanríkisráðherra bandalagsins verður haldinn í Reykjavík dagana 14. og 15. maí nk. Þá verða 15 ár liðin síðan ráðherrafundur bandalagsins var síðast haldinn á Íslandi en þetta er í þriðja sinn sem Ísland heldur ráðherrafund bandalagsins.

Þó að almennt sé talað um utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í þessu sambandi er hér í raun um fimm aðskilda fundi að ræða. Í fyrsta lagi fund utanríkisráðherra 19 aðildarríkja bandalagsins; í öðru lagi fund ráðherra aðildarríkjanna með utanríkisráðherrum samstarfsríkja þess, en þau eru alls 27 og taka því 46 ríki þátt í honum; í þriðja lagi fund utanríkisráðherra bandalagsins með utanríkisráðherra Rússlands; í fjórða lagi fund utanríkisráðherranna með utanríkisráðherra Úkraínu; og í fimmta lagi sameiginlegan fund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins. Alla þessa fundi þarf að undirbúa sérstaklega. Gert er ráð fyrir miklum fjölda gesta. Búist er við um 750 þátttakendum á fundunum, auk 400 blaða- og tæknimanna. Þetta verður því umfangsmesti alþjóðlegi fundur sem haldinn hefur verið á Íslandi til þessa.

Leiðtogafundur NATO verður svo haldinn í Prag í nóvember þar sem m.a. verður tekin endanleg ákvörðun um hvaða ríkjum verður boðin aðild í næstu umferð stækkunar.

3.2.1. Tengslin við samstarfsríki

Rússland

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins eru sammála um að nýta beri tækifærið sem skapaðist til aukins samstarfs við Rússland í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum, enda létu Rússar þegar í ljós samstarfsvilja. Ákveðið var á fundi utanríkisráðherra samstarfsráðs Atlantshafsbandalagsins og Rússlands (PJC) 7. desember sl., að unnið yrði að nýju samstarfsformi og tillögum um samstarfsverkefni. Stefnt er að því að ákvörðun um hið nýja fyrirkomulag verði tekin á utanríkisráðherrafundinum í Reykjavík í maí og er samstaða um það meðal aðildarríkjanna að innihald ráði fyrirkomulagi samstarfsins sem verði aukið skref fyrir skref í ljósi reynslunnar.

Þótt ætlunin sé að skapa nýjan vettvang fyrir samskiptin, á samstarf Atlantshafsbandalagsins og Rússlands sér nokkra sögu. Stofnsamningur um samstarf Atlantshafsbandalagsins og Rússlands var undirritaður á leiðtogafundi bandalagsins í París 27. maí 1997. Samstarfið hafði þá aukist stöðugt frá 1991, en Rússar gerðust aðilar að samstarfi í þágu friðar í júní 1994. Í samstarfssamninginum frá 1997 eru skilgreind samstarfssvið og fyrirkomulag samstarfsins útfært á vettvangi samstarfsráðs bandalagsins og Rússlands. Samkomulag þetta tryggði Rússum áheyrn fyrir sjónarmið sín á ákveðnum sviðum, en færði þeim ekki rétt til þátttöku í ákvörðunarferli bandalagsins. Aðildarríkin 19 hafa að jafnaði fjallað um fyrirhuguð samstarfsmál áður en gengið hefur verið til funda með Rússum.

Meðal málefna sem fjallað hefur verið um í samstarfsráðinu er hvernig koma megi í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna, upplýsingaskipti um varnarstefnu og uppbyggingu herafla, kjarnorkuvopn, umbreyting hergagnaiðnaðar í borgaralegan iðnað, umhverfismál á hermálasviði, almannavarnir og sameiginlegar friðargæsluaðgerðir. Rússar hafa frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu friðargæslusveitunum undir stjórn bandalagsins í Bosníu-Hersegóvínu og í Kosóvó. Þeir hafa samt sem áður ekki farið leynt með þá skoðun að núverandi fyrirkomulag samstarfsins skili ekki tilætluðum árangri og að koma ætti á fót nýjum samstarfsvettvangi þar sem þeir sætu við borðið til jafns við ríkin 19.

Rússar hafa lýst því yfir að þeir sækist ekki eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og af bandalagsins hálfu hefur áhersla verið lögð á að Rússar geti ekki hlutast til um innri málefni þess. Á þetta m.a. við um skuldbindingar er tengjast 5. grein Atlantshafssáttmálans og stækkun bandalagsins. Í yfirlýsingu utanríkisráðherrafundar samstarfsráðsins 7. desember 2001 var lögð áhersla á að kanna möguleika á samstarfi um mál er varða öryggis- og varnarhagsmuni allra ríkjanna 20, svo sem um baráttu gegn hryðjuverkum, hættuástandsstjórnun, aðgerðir til að koma í veg fyrir útbreiðslu gereyðingarvopna, afvopnunarmál og svæðisbundnar eldflaugavarnir, leit og björgun á sjó, hermálasamstarf og almannavarnir.

Atlantshafsbandalagið og Rússar skiptust á tillögum í síðasta mánuði um fyrirkomulag samstarfsins, bæði form og efnisatriði, og viðræður hófust í upphafi þessa mánaðar. Skammur tími er til stefnu ef samþykkja á hið nýja samstarfsfyrirkomulag á utanríkisráðherrafundinum í Reykjavík, en báðir aðildar hafa lýst vilja til að það takist. Ekki er gert ráð fyrir að stofnsáttmáli samstarfsráðsins verði endurskoðaður, en reikna má með að sameiginleg yfirlýsing utanríkisráðherranna í Reykjavík, ásamt skjali um skipulag og fundarsköp hins nýja ráðs, verði gerð að viðaukum við stofnsáttmálann. Jafnframt því sem vonir eru bundnar við að eflt samstarf verði til þess að auka öryggi og stöðugleika á Evró-Atlantshafssvæðinu leggja aðildarríki Atlantshafsbandalagsins áherslu á að það verði ekki til að draga úr mikilvægi samstarfsins við Úkraínu eða önnur samstarfsríki.

Úkraína

Úkraínsk stjórnvöld hafa sótt mjög á um aukið samstarf við NATO, sérstaklega í ljósi áætlana um aukið samstarf bandalagsins og Rússlands, en samstarfinu hafa verið skorður settar vegna fjárskorts stjórnvalda í Kænugarði. Samráð er um ýmis öryggispólitísk mál, afvopnunarmál og útbreiðslu gereyðingarvopna. Fjallað er um baráttu gegn eiturlyfjasmygli og hryðjuverkum. Úkraína tekur þátt í vísindaverkefnum NATO sem samstarfsþjóðirnar hafa aðgang að og í áætluninni Vísindi fyrir frið (Science for Peace) sem miðar að því að nýta vísindi og tækni í þágu iðnaðar og umhverfisverndar. Árangursríkast hefur samstarfið verið á hermálasviðinu, einkum í sameiginlegum vinnuhópi um endurskipulagningu úkraínska heraflans.

Undanfarna mánuði hefur sala Úkraínu á þungavopnum til fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu (FJM) varpað skugga á samstarf Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu. Stjórnvöldum í Kænugarði var gert ljóst að vopnasalan ógnaði þeim brothætta friði er samið var um í FJM. Samkomulag tókst loks með úkraínskum stjórnvöldum og bandalaginu um að tryggt yrði að hvorki Úkraínumenn né aðrar þjóðir seldu þangað vopn og eru því góðar horfur á samstarfið aukist í kjölfarið. Samstarfssamningur Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu var undirritaður fyrir fimm árum í Madríd og í tilefni af því verður fundur samstarfsráðsins haldinn í Úkraínu 9. júlí nk.

Evró-Atlantshafssamstarfsráðið (EAPC)

Samstarfsáætlun EAPC 2000–2002 nær til fjölmargra málaflokka, ekki síst ástandsins á Balkanskaga og annarra svæðisbundinna öryggismála í SA-Evrópu og Kákasus. Fjallað hefur verið um stefnumótun Samstarfsins í þágu friðar (PfP), friðargæslu, hættuástandsstjórnun, efnahagslegar hliðar varnarmála, vísindasamstarf, umhverfismál, almannavarnir, baráttuna gegn útbreiðslu léttra handvopna og hreinsun jarðsprengjusvæða, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Baráttan gegn hryðjuverkum hefur verið á dagskrá Evró-Atlantshafssamstarfsráðsins (EAPC) eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin, enda lagði fjöldi samstarfsríkja Bandaríkjunum lið með einum eða öðrum hætti. Á vettvangi samstarfsráðsins er unnið að útfærslu á tillögum Finnlands og Svíþjóðar um virkari þátttöku samstarfsráðsins í aðgerðum gegn hryðjuverkum. Þeim er ætlað að tryggja pólitíska samstöðu stjórnvalda EAPC-ríkjanna og ætlunin er að stofna sjóð fyrir ríki Mið-Asíu svo þau eigi hægara um vik að taka þátt í ýmsum verkefnum Samstarfsins í þágu friðar (PfP), en ætlunin er að auka m.a. samstarf um almannavarnir, sérstaklega vegna þeirrar hættu er stafar af gereyðingarvopnum (WMD).

3.2.2. Stækkun NATO

Undirbúningur er hafinn fyrir fund leiðtoga bandalagsins sem haldinn verður í Prag í nóvember á þessu ári. Sá fundur verður sögulegur þar sem bæði verður tekin ákvörðun um næstu stækkun bandalagsins og búast má við að mótuð verði stefna um hvernig haga eigi vörnum og þátttöku bandalagsins í baráttunni gegn nýjum ógnum í upphafi 21. aldarinnar.

Ljóst varð á óformlegum leiðtogafundi bandalagsins, 13. júní í Brussel í fyrra, að ákvörðun um stækkun bandalagsins yrði tekin í Prag. Óákveðið er hins vegar hversu mörgum og hvaða umsóknarríkjum verður boði að hefja aðildarviðræður við bandalagið. Bandalagið hefur ítrekað að dyr þess standi opnar öllum ríkjum Evrópu, sem óska aðildar og uppfylla nauðsynleg skilyrði, enda leiði frekari stækkun til styrkingar bandalagsins og stuðli að öryggi og friði á Evró-Atlantshafssvæðinu. Níu ríki eru þátttakendur í svokallaðri „Framkvæmdaráætlun aðildar“ (MAP): Albanía, Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía,

Slóvenía og Makedónía. Áætluninni er ætlað að auðvelda umsóknarríkjunum hagnýtan undirbúning aðildar, m.a. með aðstoð sérfræðinga bandalagsins.

Þriðja ársferli framkvæmdaráætlunarinnar stendur nú yfir með fundum fastaráðs bandalagsins með ráðherrum viðkomandi ríkja (19+1). Á vorfundinum í Reykjavík í maí verður utanríkisráðherrum bandalagsins gefin skýrsla um hvar ríkin níu eru á vegi stödd í undirbúningi aðildar. Mikilvægt er að tryggt verði, þegar þriðja ársferlinu lýkur í vor, að framhald verði á því ferli, bæði fyrir ríki sem ekki verður boðið til aðildarviðræðna í Prag og hugsanleg ný umsóknarríki.

Umræður innan bandalagsins, um hvaða umsóknarríkjum verði boðið til aðildarviðræðna í Prag, munu ekki hefjast af alvöru fyrr en eftir Reykjavíkurfundinn. Innan bandalagsins er að hefjast nauðsynleg undirbúningsvinna svo það verði í stakk búið að taka við nýjum aðildarríkjum þegar þar að kemur, en m.a. þarf að stækka húsnæði núverandi höfuðstöðva því nýjar höfuðstöðvar verða væntanlega ekki tilbúnar fyrr en árið 2008.

3.2.3. Samstarf NATO og ESB í öryggis- og varnarmálum

Grunnurinn að samstarfi Atlantshafsbandalagsins og ESB á sviði öryggis- og varnarmála var lagður á leiðtogafundi bandalagsins í apríl árið 1999 í Washington og Ísland hefur stutt samstarfið með þá meginhagsmuni landsins að leiðarljósi:

- að standa vörð um Atlantshafstengslin, þannig að ekki þurfi að velja á milli ríkja Norður-Ameríku og Evrópu í samstarfinu;
- að tryggja eftir mætti áhrifastöðu Íslands á grundvelli þeirra réttinda er Ísland hefur áunnið sér sem aðildarríki bandalagsins og í krafti aukaaðildar að VES, en þar hafði Ísland nánast sama rétt og full aðildarríki til þátttöku í ákvörðunum um viðbrögð við hættuástandi í Evrópu;
- að skapa færi á að leggja af mörkum til hugsanlegra friðaraðgerða ESB í framtíðinni, þar sem Atlantshafsbandalagið í heild sinni kæmi ekki við sögu.

Haldið hefur verið á lofti því sjónarmiði að tryggja verði rétt evrópsku bandalagsríkjanna sex til þátttöku í hugsanlegum aðgerðum Evrópusambandsins, enda sé það órofa þáttur í samstarfi bandalagsins og ESB. Á leiðtogafundi ESB í desember árið 2000 í Nice var komið til móts við ríkin sex um tíðni funda og réttinn til að óska eftir sérstökum fundum, auk þess sem þeim var gefinn kostur á að gera tillögur um dagskrá sameiginlegra funda.

Ísland hefur lagt áherslu á sem mest samræmi og samhæfingu í liðsaflaskipulagi samtakanna tveggja og að áætlanir um aðgerðir verði undirbúnar af hálfu hermálayfirvalda bandalagsins. Ísland hefur stutt vísan aðgang ESB að tækjum og búnaði bandalagsins í aðgerðum þar sem Atlantshafsbandalagið sem slíkt ákveður að eiga ekki hlut að máli. ESB hefur á hinn bóginn ekki viljað skuldbinda sig til þess að ríkin sex geti tekið þátt í stjórn aðgerða, sem ESB kann að taka að sér án atbeina bandalagsins. Þess í stað hefur ESB boðið ríkjum sem leggja umtalsvert af mörkum að taka sæti í svokallaðri framlaganefnd og þannig tengt áhrif á mótun ákvarðana við framlögin.

Af Íslands hálfu hefur rík áhersla verið lögð á það að Íslandi, sem aðila að bandalaginu og aukaaðila að VES, gæfist kostur á þátttöku í samráði og mótun ákvarðana ESB um aðgerðir á sviði öryggis- og varnarmála. Þar sem höfuðtilgangur frumkvæðis sambandsins hefur verið að skapa því bolmagn til að standa undir auknu hlutverki sínu og efla hina evrópsku stoð bandalagsins er eðlilegt að Ísland reyni að leggja meira af mörkum til sameiginlegra friðaraðgerða í framtíðinni.

Þátttökumálið er nú einkum til umfjöllunar innan Evrópusambandsins og óvíst hvenær samkomulag um það efni muni liggja fyrir. Hægt hefur einnig miðað í viðræðum um fyrir-

komulag milli stofnananna tveggja til að samræma vinnu við gerð sameiginlegs liðsaflaskipulags og áætlanir vegna aðgerða. Þeir þrír vinnuhópar, sem að störfum eru, fjalla m.a. um samráð vegna hættuástands, aðlögun liðsaflaskipulags NATO að liðsafla ESB og aðgang ESB að tækjum og búnaði NATO (Berlín+). Hefur Ísland lagt áherslu á að þessari vinnu ljúki hið fyrsta svo hægt verði að ganga frá endanlegu rammasamkomulagi milli stofnananna tveggja um samstarf á þessu sviði (sjá einnig kafla 3.4.3). Hagnýtt samstarf NATO og ESB á Balkanskaga hefur gengið vel. Samráð stofnananna hefur haldið áfram með fundum bæði á ráðherra- og embættismannastigi. Á þessum fundum hefur verið fjallað um þau mál sem efst á baugi hafa verið svo sem ástandið á Balkanskaga og aðgerðir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum í kjölfar árásanna á Bandaríkin.

3.2.4. Aðgerðir NATO á Balkanskaga

Verkefni Atlantshafsbandalagsins við að koma á varanlegum friði og stöðugleika á Balkanskaga, sem er forsenda fyrir frekari lýðræðis- og efnahagsþróun ríkjanna, er langt frá því að vera lokið. Meira en 50.000 hermenn eru nú í stöðugleikasveitum bandalagsins og samstarfsþjóðanna í Bosníu-Hersegóvínu (SFOR), Kosóvó (KFOR) og í fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.

Í Makedóníu var nýlega að beiðni stjórnvalda framlengt umboð sveita NATO, sem þar eru til aðstoðar eftirlitsmönnum ESB og ÖSE til að tryggja frið og öryggi í samræmi við friðarsamkomulag slavneska meiri hlutans og albanska minni hlutans frá því í ágúst í fyrra. Komið verður á fót lögreglusveitum með þátttöku allra þjóðarbrota, festa á í sessi nýtt fyrirkomulag sveitarstjórnarmála og stuðla að heimkomu flóttafólks, hreinsa jarðsprengjusvæði, og kalla saman framlagaráðstefnu helstu alþjóðastofnana og áhugasamra ríkja þegar sýnt þykir að staðið hafi verið við skilmála friðarsamkomulagsins.

Það var ekki fyrr en í lok febrúar sl. sem tókst loks að mynda héraðsstjórn í Kosóvó á grundvelli kosningaúrslitanna frá 17. nóvember sl. Á nýju héraðsþingi sem þá var kosið til eiga sæti 120 þingmenn, 10 sæti eru tryggð fyrir serbneska minnihlutann og önnur 10 fyrir aðra minnihlutahópa. Leiðtogi Lýðræðisbandalagsins, Dr. Ibrahim Rugova, verður forseti héraðsins, en forsætisráðherrann kemur frá Bandalagi um framtíð Kosóvó og verður Bajram Rexhepi. Héraðsþingið mun hafa takmörkuðu hlutverki að gegna en það á að fjalla m.a. um heilbrigðis-, mennta- og samgöngumál. Æðsta yfirstjórn mála héraðsins verður áfram í höndum borgaralegrar bráðabirgðastjórnar Sameinuðu þjóðanna, m.a. lög og regla, efnahagsstefna og utanríkismál, en varnir og öryggi verða í höndum KFOR.

Um 18 þúsund manns eru nú í liði SFOR frá 34 þjóðum í Bosníu-Hersegóvínu. Lið þetta er forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu lýðræðis- og réttarsamfélags í landinu. Þótt friður hafi komist á í Bosníu-Hersegóvínu er pólitískt ástand enn viðkvæmt og ekki fyrirsjáanlegt að lið SFOR sé á förum þaðan á næstunni.

3.3. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)

3.3.1. Mannréttindi, lýðræði og réttindi minnihlutahópa

ÖSE gegnir vaxandi hlutverki við eflingu mannréttinda, lýðræðis, réttinda minnihlutahópa og réttarríkisreglna í aðildarríkjunum sem nú eru 55 talsins. Styrkur ÖSE felst í því að starf stofnunarinnar að eflingu mannréttinda og lýðræðis fer að miklum hluta fram á vettvangi í aðildarríkjunum. ÖSE starfrækir alls átján sendinefndir í aðildarríkjunum sem hafa það að meginmarkmiði að vinna með og aðstoða viðkomandi stjórnvöld við styrkingu mannréttinda og lýðræðisþróunar. Þannig beitir stofnunin sér fyrir friðsamlegri lausn deilumála og fyrir-

byggjandi aðgerðum, auk þess að afla vitneskju um deilur sem ógnað geta friði í aðildarríkjunum.

Ísland hefur innan ÖSE lagt sérstaka áherslu á aukið samstarf ÖSE og Evrópuráðsins m.t.t. skilvirkni og verkaskiptingar við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda á vettvangi í aðildarríkjunum. Þessi áhersla á skilvirkt samstarf stofnananna er í fullu samræmi við áhersluatriði í formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins árið 1999. Frá þeim tíma hefur umtalsverðum árangri verið náð. Störf beggja stofnananna lúta að fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði eflingar mannréttinda og styrkingu lýðræðis og réttarríkisreglna í aðildarríkjunum.

3.3.2. Verkefni ÖSE á Balkanskaga

Stærstu verkefni ÖSE felast í uppbyggingarstarfinu á Balkanskaga. ÖSE er með sérstakar sendinefndir í Kosóvó, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, Makedóníu, Serbíu og að auki í Albaníu. Endurreisn samfélagsins í Kosóvó á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 er stærsta verkefnið sem ÖSE hefur tekið að sér. Starfsemi ÖSE á Balkanskaga miðast fyrst og fremst að eflingu mannréttinda og lýðræðisþróunar, réttarríkisreglna, þjálfun dómara og aðstoð við frjálsa fjölmiðla. Barátta gegn mansali og kynlífsþrælkun er einnig mikilvægt áhersluatriði stofnunarinnar. ÖSE gegnir jafnframt mikilvægu hlutverki á sviði kosningaeftirlits en þar hefur Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR) mikilvægu hlutverki að gegna. ÖSE hefur einnig tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmálans fyrir Suðaustur-Evrópu (Stability Pact), ekki síst á sviði mannréttinda og lýðræðisuppbyggingar.

Um það bil 3.000 alþjóðlegir starfsmenn starfa á vegum ÖSE á vettvangi, langflestir á Balkanskaga. Stærstu sendinefndir stofnunarinnar eru starfræktar í Kosóvó, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu og Makedóníu auk Serbíu. Hlutverk sendinefnda ÖSE er að starfa með og veita þarlendum stjórnvöldum aðstoð við uppbyggingu lýðræðis og mannréttinda og réttarríkisreglna auk frjálsrar fjölmiðlunar svo að dæmi séu nefnd. Í Kosóvó má sérstaklega nefna víðtæka þjálfun lögreglumanna á vegum ÖSE. ÖSE starfrækir lögregluskóla í Kosóvó og þjálfar einnig lögreglumenn í Serbíu. Þetta þjálfunar- og fræðslustarf þykir hafa tekist mjög vel og mikilvægt framlag til stöðugleika á viðkomandi svæðum.

Í kjölfar átaka milli stjórnarhers Makedóníu og albanskra hryðjuverkamanna á síðasta ári hefur ÖSE aukið viðveru sína í Makedóníu. Alls starfa nú um 200 alþjóðlegir starfsmenn á vegum ÖSE í Makedóníu. Störf þeirra lúta fyrst og fremst að eftirlitsstörfum við landamæri og aðstoð við þjálfun lögreglumanna, en kveðið er á um framlag ÖSE á sviði traustvekjandi aðgerða í rammasamningnum frá síðasta ári. Barátta gegn mansali og aðstoð við stjórnvöld vegna endurkomu flóttamanna er einnig mikilvægur þáttur í starfsemi ÖSE í Makedóníu. ÖSE starfrækir einnig smærri sendinefndir í Úkraínu, Tsétsníu, Hvíta-Rússlandi, Kákasusríkjunum og einnig hefur stofnunin viðveru í Mið-Asíuríkjunum fimm; Kasakstan, Kirgisíu, Úsbekistan, Tadsjikistan og Túrkmenistan. Fastaráð ÖSE tók ákvörðun í desember 2001 um að framlengja ekki starfsemi sendinefnda ÖSE í Eistland og Lettlandi, en erindisbréf þeirra rann út um síðustu áramót. Í ákvörðun fastaráðs ÖSE var skýrt tekið fram að lokun sendinefndanna þýddi ekki skerta áherslu stofnunarinnar á mannréttindamál í ríkjunum. Bæði Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE og fulltrúi ÖSE á sviði þjóðernisminnihluta munu áfram veita þarlendum stjórnvöldum ráðgjöf og aðstoð sérstaklega vegna stöðu og réttinda rússneska þjóðernisminnihlutans í löndunum tveimur.

3.3.3. Mannréttindi kvenna og barna og baráttan gegn mansali

Almennt má segja að megináherslur Íslands á vettvangi ÖSE séu innan mannréttindastarfs ÖSE og lúti að framlagi ÖSE til eflingar mannréttinda, lýðræðis og stöðugleika í aðildarríkjunum. Ísland hefur á vettvangi ÖSE lagt áherslu á mannréttindamál og réttindi kvenna og barna, auk baráttunnar gegn mansali og kynlífsþrælkun. Varlega áætlað er talið að þúsundir stúlkubarna og kvenna hafi verið þvingaðar til vændis og kynlífsþrælkunar í aðildarríkjum ÖSE undanfarin ár. ÖSE telur baráttuna gegn þessum hörmulega glæp forgangsverkefni, ekki síst á Balkanskaga. Mansal og kynlífsþrælkun er iðulega nátengd ólöglegri verslun með vopn, eiturlyfjasölu- og smygli og fjármögnun hryðjuverka. ÖSE hefur með markvissum hætti aukið aðgerðir sínar í baráttunni gegn mansali og kynlífsþrælkun á Balkanskaga á undanförnum árum. Ísland hefur tekið virkan þátt í störfum vinnuhóps ÖSE um mansal og kynlífsþrælkun sem starfræktur er innan vébanda stöðugleikasáttmálans fyrir Suðaustur-Evrópu. Starfsemi vinnuhópsins hefur aðallega beinst að Kosóvó, Bosníu-Hersegóvínu, Serbíu og Króatíu.

3.3.4. Kosningaeftirlit á vegum ÖSE

Eftirlit með þing- og sveitarstjórnarkosningum í aðildarríkjunum er mikilvægur þáttur í starfi ÖSE á sviði uppbyggingar lýðræðis og mannréttinda. Stærsta verkefni ÖSE á síðasta ári á þessu sviði var umsjón héraðsþingkosninganna í Kosóvó þann 17. nóvember 2001 sem þóttu takast mjög vel. Þrír kosningaeftirlitsmenn frá Íslandi tóku þátt í umsjón kosninganna, líkt og í umsjón með sveitarstjórnarkosningunum í héraðinu í apríl 2000. Stærstu verkefni ÖSE á sviði kosningaeftirlits á þessu ári verða sveitarstjórnarkosningar í Kosóvó, auk væntanlegra þingkosninga í Bosníu-Hersegóvínu, Makedóníu og Georgíu síðar á árinu.

3.4. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál Evrópusambandsins (CFSP/ESDP)

Þróun utanríkismálastefnu Evrópusambandsins (CFSP) og skyldrar öryggis-varnarmálastefnu þess (ESDP) hefur verið hröð á undanförnum missirum. Gera má ráð fyrir að samráð og samræming aðildarríkja ESB á þessum sviðum aukist enn frekar á næstu árum og geti haft verulega svæðisbundna og jafnvel hnattræna þýðingu. Íslensk stjórnvöld hafa takmarkaða möguleika til áhrifa á sameiginleg utanríkis- eða varnarmál ESB en hafa reynt af fremsta megni að fylgjast með þessari þróun og haldið fram íslenskum hagsmunum og sjónarmiðum þegar tækifæri hafa gefist til.

3.4.1. Sameiginleg utanríkistefna ESB

Þótt ESB hafi formlega mótað og framkvæmt sameiginlega utanríkisstefnu í rúman áratug urðu nokkur tímamót fyrir tæpum tveimur árum við skipan sérstaks háttsetts fulltrúa samtakanna á sviði utanríkis- og öryggismála sem starfar fyrir ráðherraráðið og er í reynd hliðstæður framkvæmdastjóra ESB á sviði utanríkismála. Þetta endurspeglar vaxandi áherslu á milliríkjasamstarf innan ESB þar sem hefðbundið forræði framkvæmdastjórnarinnar hefur verið víkjandi. Samtímis hefur orðið áberandi aukning í virkni og vídd framkvæmdar utanríkisstefnunnar, sem hefur m.a. komið fram í frumkvæði á vestanverðum Balkanskaga og í Mið-Austurlöndum.

Á grundvelli EES-samningsins býðst Íslandi að lýsa stuðningi við afstöðu ESB í einstökum utanríkismálum og í flestum tilvikum er fullt samræmi þar á milli, enda yfirleitt um svipuð gildi og hagsmuni að ræða. Það breytir því ekki að fyrir utan almenn pólitísk skoðanaskipti utanríkisráðherra tvisvar á ári er enginn formlegur vettvangur til tíðara reglubundins

samráðs um einstök utanríkismál á milli Íslands annars vegar og ESB hins vegar. Þegar EES/EFTA-ríkjunum er boðið að styðja afstöðu ESB er það einungis til samþykktar eða synjunar.

3.4.2. Sameiginleg varnarmálastefna ESB

Metnaður ESB til framkvæmdar svæðisbundinnar og jafnvel hnattrænnar utanríkisstefnu hefur óhjákvæmilega leitt til mótunar sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu, án þess þó að í henni felist eiginlegar landvarnir eða sameiginlegar varnarskuldbindingar. Meginaflvakinn var óánægja í helstu aðildarríkjum ESB með ósamræmið á milli pólitísks og efnahagslegs vægis samtakanna annars vegar og hernaðarlegrar getu hins vegar. Til viðbótar hefur reynslan af aðgerðum á vestanverðum Balkanskaga, þar sem aðildarríki ESB hafa þurft að reiða sig á bolmagn Bandaríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins, og fyrirsjáanleg stækkun samtakanna til austurs og suðurs, orðið til að örva umfjöllun um eflingu bolmagns ESB til hernaðarlegra og borgaralegra aðgerða utan aðildarríkjanna. Þá eru enn ómetin áhrifin af aðgerðunum í Afganistan og nauðsynlegri baráttu gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, en spænska formennskuríkið leggur megináherslu á að þetta verði skoðað í samhengi við öryggis- og varnarmálastefnu þess.

3.4.3. Nýtt stofnanakerfi og þátttaka samstarfsríkja

Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá ákvarðanatöku um öryggis- og varnarmálastefnuna á leiðtogafundi ESB í Amsterdam hefur þegar tekist að leggja grunninn að frekari þróun. Nýjar öryggismálastofnanir ESB, þ.e. stjórnmála- og öryggismálanefnd, hermálanefnd og hermálastarfslið, hafa nú starfað formlega í rúmt ár og hafist handa við samþættingu utanríkis- og öryggismála og forgangsröðun verkefna. Á hermálasviðinu hefur hæst borið framkvæmd svonefnds meginmarkmiðs ESB um að hafa til taks 60 þúsund manna herlið sem áformað er að verði starfhæft á næsta ári í svokölluð Petersberg-verkefni, þ.e. friðaraðgerðir og aðgerðir á sviði mannúðarmála og neyðaraðstoðar (þar á meðal björgunaraðgerðir). Það var með hliðsjón af árangri í þessu starfi sem leiðtogafundur ESB í Laeken samþykkti í desember sl. að lýsa samtökin reiðubúin til aðgerða. Þeirri yfirlýsingu hefur svo nýlega verið fylgt eftir með ákvörðun um yfirtöku ESB á verkefnum alþjóðalögreglusveita Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Hersegóvínu (IPTF) frá næstu áramótum. Íslandi hefur ásamt fleiri samstarfsríkjum ESB verið boðið að leggja af mörkum til lögregluaðgerðar sambandsins í Bosníu-Hersegóvínu (EUPM) og hefur því verið svarað jákvætt. Þá hafa verið uppi hugmyndir um yfirtöku ESB á eftirlitsaðgerð Atlantshafsbandalagsins í Makedóníu en engar ákvarðanir hafa þó verið teknar í því sambandi.

Um leið og nýjar öryggismálastofnanir ESB voru formfestar á leiðtogafundinum í Nice voru jafnframt teknar ákvarðanir um þátttökurétt umsóknarríkja og evrópskra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins utan ESB. Þær fólust m.a. í því að gert er ráð fyrir reglulegum fundum ráðherra og embættismanna í svonefndum 15+15 og 15+6 hópum. Auk þess gafst framangreindum samstarfsríkjum kostur á að tilnefna tengiliði gagnvart hermálanefndinni og hermálastarfsliðinu og að leggja af mörkum til framkvæmdar fyrrnefnds meginmarkmiðs ESB. Af Íslands hálfu hafa viðeigandi fundir verið sóttir, tillögur verið gerðar um tilhögun samstarfs og framlagi heitið til meginmarkmiðsins, en eiginleg pólitísk skoðanaskipti um mótun og framkvæmd öryggis- og varnarmálastefnunnar hafa verið af skornum skammti.

Ljóst er að enn er verk óunnið innan ESB hvað varðar þróun og útfærslu öryggis- og varnarmálastefnunnar þegar til lengri tíma er litið og sennilegt að það verði eitt af verkefnum fyrirhugaðrar ríkjaráðstefnu árið 2004.

3.5. Afvopnunarmál

Afvopnunarmál eru enn þá mikilvægur málaflokkur þó að þau mál hafi ekki sama vægi á alþjóðavettvangi og þau höfðu á tímum kalda stríðsins. Alþjóðlegir afvopnunarsamningar varða allt alþjóðasamfélagið, öryggi þess og frið og ber Íslandi skylda til að fylgjast grannt með þróun mála. Nokkrir mikilvægir áfangar hafa náðst á vettvangi afvopnunar á undanförnum árum og er þeirra helstu getið hér á eftir.

3.5.1. Vettvangur umræðna um afvopnunarmál

Ásamt allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er afvopnunarráðstefnan í Genf (Conference on Disarmament-CD) meginvettvangur umræðna um afvopnunarmál og vígbúnaðareftirlit. Frá því afvopnunarráðstefnan náði samkomulagi um efnavopnasamninginn árið 1993 og samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn árið 1996 hefur ekki tekist að ná samkomulagi um dagskrá hennar og gerð nýrra afvopnunarsamninga. Dagskrá ráðstefnunnar er háð samhljóða samkomulagi aðildarríkjanna, sem eru nú 66 að tölu.

Um fimmtíu ályktanir og ákvarðanir varðandi afvopnun og alþjóðlegt öryggi voru samþykktar á 56. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Allsherjarþingið staðfesti m.a. hlutverk afvopnunarráðstefnunnar í Genf sem helsta vettvangs alþjóðasamfélagsins til fjölþjóðlegra samningaviðræðna um afvopnun og vígbúnaðareftirlit. Dagskrá og starfshættir afvopnunarráðstefnunnar eru nú til sérstakrar umræðu innan hennar og vonast er til að samkomulag náist sem fyrst um vinnuáætlun ráðstefnunnar þannig að frekari árangur sjáist sem fyrst af starfi hennar.

3.5.2. Helstu fjölþjóðasamningar um afvopnunarmál

START-samningarnir

Mikilsverðum áfanga var náð í desember 2001 þegar ákvæði START I samningsins (Strategic Arms Reduction Treaty) höfðu að fullu komið til framkvæmda. START I samningarnir, sem allt frá 1983 voru löngum meginvettvangur viðræðna Bandaríkjanna og Rússlands um fækkun kjarnaodda, gerðu ráð fyrir fækkun langdrægra kjarnavopna í áföngum frá yfir 10.000 kjarnaoddum í 6.000. Öll kjarnavopn hafa enn fremur verið fjarlægð frá Hvíta-Rússlandi, Kasakstan og Úkraínu. START II samningurinn, sem undirritaður var 1993, hefur enn ekki gengið í gildi. Samkvæmt honum skyldi hvort ríki um sig fækka kjarnaoddum í 3.000–3.500 fyrir árslok 2007. Þjóðarleiðtogar Bandaríkjanna og Rússlands ákváðu í mars 1997 að hefja viðræður um START III, sem miðaði að fækkun kjarnaodda í 2.000–2.500 fyrir árslok 2007. Þessar viðræður, ásamt viðræðum um ABM-samninginn frá 1972, hófust í júní 1999 en hafa enn ekki skilað formlegri niðurstöðu. Forsetar Bandaríkjanna og Rússlands hittust í Texas í nóvember 2001, þar sem forseti Bandaríkjanna lýsti því yfir að Bandaríkin hygðust fækka kjarnaoddum sínum í 1.700–2.200 á næstu tíu árum og ganga þannig mun lengra en gert var ráð fyrir að samið yrði um í SALT III samningnum. Forseti Rússlands lýsti því yfir að Rússar mundu fækka kjarnaoddum sínum samsvarandi.

ABM-samningurinn

ABM-samningurinn um almennt bann við uppsetningu gagneldflauga gegn langdrægum eldflaugum (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems) hefur um áratugaskeið verið einn af hornsteinum alþjóðlegs vígbúnaðareftirlits. Bandarísk stjórnvöld hafa nú tekið ákvörðun um að segja samningnum upp með vísun til þess að samningurinn sé leifar frá kaldastríðsárunum og standi í vegi fyrir tilraunum Bandaríkjanna með uppsetningu gagneldflaugakerfis. Rússnesk stjórnvöld hafa verið mótfallin öllum breytingum á samningnum

en hafa nú lýst sig reiðubúin til breytinga á honum. Uppsögn ABM-samningsins tekur gildi í júní 2002. Bandarísk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að segja sig frá ABM-samningnum, þar sem það kunni að leiða til nýs vígbúnaðarkapphlaups.

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, CTBT

Samningurinn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (Comprehensive Test Ban Treaty-CTBT) er einn af merkari samningum í sögu afvopnunar, en hann kveður á um algert bann við hvers kyns kjarnasprengjum er tengjast þróun kjarnavopna. Samningurinn var lagður fram til undirritunar 24. september 1996. Um þessar mundir hafa 165 ríki undirritað samninginn og 89 ríki fullgilt hann, þar á meðal Ísland sem staðfesti samninginn þann 26. júní 2000. Mikilvægi samningsins liggur fyrst og fremst í því að samkvæmt honum er kjarnavopnaríkjum bannað að framkvæma tilraunasprengingar með kjarnavopn jafnframt því sem hann hindrar ríki, sem ekki hafa yfir kjarnavopnum að ráða, að þróa slík vopn með aðstoð tilraunasprenginga. Hann takmarkar því þróun og endurbætur eldri kjarnavopna, kemur í veg fyrir þróun nýrra tegunda vopna og stuðlar þannig að því að markmiðið um útrýmingu kjarnavopna náist. Samningurinn hefur þá sérstöðu að í II. viðauka eru tilgreind 44 ríki, sem verða að fullgilda samninginn áður en hann getur tekið gildi, en það eru þau ríki sem hafa yfir kjarnavopnum eða kjarnaofnum að ráða. Nú hafa 31 af þessum 44 ríkjum fullgilt samninginn, þ.m.t. Rússland, Bretland og Frakkland. Samningurinn gengur fyrst í gildi þegar eftirfarandi ríki hafa einnig fullgilt hann: Alsír, Bandaríkin, Kína, Kólumbía, Kongó, Egyptaland, Indland, Indónesía, Íran, Ísrael, Norður-Kórea, Pakistan og Víetnam.

Samningurinn kveður á um að stofnuð verði sérstök alþjóðastofnun, Comprehensive Test Ban Treaty Organization (CTBTO), til að annast framkvæmd samningsins. Þar sem samningurinn hefur ekki tekið gildi var komið á fót sérstakri undirbúningsnefnd (Preparatory Commission) í Vínarborg til að vinna að undirbúningi á staðfestingu samningsins. Meginverkefni undirbúningsnefndarinnar hefur verið að þróa alþjóðlegt eftirlitskerfi, sem byggir á neti rúmlega 337 eftirlitsstöðva, en slíkt eftirlitskerfi þarf að vera til staðar um leið og samningurinn tekur gildi. Tvær slíkar stöðvar verða á Íslandi, önnur til að mæla jarðhræringar og hin til að mæla geislavirkni. Stöðvarnar, sem verða í Borgarfirði og í Reykjavík, eru nú nánast starfshæfar og munu Geislavarnir ríkisins og Veðurstofa Íslands hafa faglega umsjón með þeim. Ísland og CTBTO þurfa að gera sérstakt samkomulag um reksturinn og er sú samningsgerð nú í vinnslu. Einnig má nefna að íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Kögun hf. hefur náð samningi við stofnunina um hugbúnaðargerð. Á vegum CTBTO er enn fremur verið að þróa eftirlitskerfi, sem fæli í sér eftirlit og skoðun á vettvangi ef grunsemdir vakna um brot á samningnum.

Í kjölfar alþjóðaráðstefnu sem haldin var í október 1999 í Vín til að hraða endanlegri gildistöku samningsins hafnaði bandaríska öldungadeildin samningnum, þrátt fyrir mikla áherslu Clintons, forseta Bandaríkjanna, á framgang málsins. Í nóvember 2001 var önnur slík alþjóðaráðstefna haldin í New York, að boði framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem hafði það að meginmarkmiði að ræða aðgerðir til hraða gildistöku samningsins. Það er samhljóða álit í fastaráði samningsins í Vínarborg að forsenda þess að samningurinn taki gildi sé staðfesting Bandaríkjanna, enda voru þau í fararbroddi þeirra ríkja sem beittu sér fyrir gerð samningsins og hafa enn fremur ekki gert tilraunir með kjarnavopn síðan 1992. Bandaríkin voru eitt af fyrstu ríkjunum til að skrifa undir samninginn 1996 en hafa nú lýst því yfir að þau muni ekki fullgilda samninginn að svo stöddu. Í framhaldi af því sóttu Bandaríkin ekki alþjóðaráðstefnuna sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir í New York í nóvember 2001.

Samningurinn um að hefta útbreiðslu kjarnavopna, NPT

Endurskoðunarráðstefna um samninginn um að hefta útbreiðslu kjarnavopna (Non-Proliferation Treaty-NPT), sem gekk í gildi 1970, fór fram í New York í maí 2000. Í lokaskjali ráðstefnunnar ákváðu aðildarríkin að beita sér fyrir styrkingu á samningnum með það fyrir augum að hefta enn frekari útbreiðslu kjarnavopna og stefna að frekari kjarnorkuafvopnun. Frekari takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna er háð því að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gerist aðilar að samningnum og virði að fullu ákvæði hans um að koma sér ekki upp kjarnavopnum. Hin yfirlýsta stefna kjarnorkuveldanna að útrýma kjarnavopnum að fullu er mikilvæg fyrir þróun samningsins og áframhaldandi kjarnorkuafvopnun. Undirbúningsferli er nú hafið fyrir næstu endurskoðunarráðstefnu samningsins sem haldin verður 2005.

Samningurinn um opna lofthelgi

Samningurinn um opna lofthelgi (Open skies), sem fellur undir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, gekk í gildi 1. janúar 2002 en þá höfðu bæði Rússland og Hvíta-Rússland afhent vörsluríkjum samningsins fullgildingarskjöl sín. Þar með lauk langri biðstöðu allt frá 24. mars 1992 þegar samningurinn var undirritaður. Samningurinn felur í sér að núverandi aðildarríki, 27 að tölu, geta á grundvelli tiltekins kvóta flogið eftirlitsflugvélum til hernaðarlegs eftirlits yfir landsvæði annars aðildarríkis. Samkvæmt samningnum má einnig beita flugvélunum til aðgerða til að forða átökum og til stjórnunar á hættutímum. Eftirlitsflugið getur einnig komið að gagni í öðrum tilgangi, svo sem vegna umhverfisverndar. Öll aðildarríkin hafa aðgang að þeim gögnum sem aflað er með eftirlitsfluginu og er samningurinn því ein af stoðum hins víðfeðma kerfis ÖSE um traustvekjandi aðgerðir. Á síðustu fimm árum hefur verið unnið mikið verk við að þróa eftirlitið með tilraunaflugi.

Samningurinn um hefðbundin vopn í Evrópu, CFE

Samningurinn um hefðbundin vopn í Evrópu (Conventional Forces Europe-CFE) er einn merkasti afvopnunarsamningur sögunnar á þessu sviði vígbúnaðar. Framkvæmd samningsins hefur gengið mjög vel og fækkunarmörkum náð varðandi þær fimm tegundir vígbúnaðar sem samningurinn tekur til; skriðdreka, brynvörð ökutæki, stórskotaliðsvopn, herþotur og árásarþyrlur. Í sumum tilvikum hefur jafnvel orðið fækkun umfram samningsskyldur en á móti skortir nokkuð á framkvæmd samningsins hvað varðar sérstakar svæðistakmarkanir. Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl 18.–19. nóvember 1999 var gengið frá samkomulagi um aðlögun samningsins að breyttum aðstæðum. Nú eru 30 ríki aðilar að samningnum um hefðbundin vopn en þeim mun væntanlega fjölga þegar umsamin aðlögun tekur að fullu gildi. Felld voru út ákvæði sem byggðust á hinni gömlu skiptingu Evrópu í austur og vestur og jafnframt voru heimildir um fjölda einstakra vopnategunda í CFE-samningnum lækkaðar enn frekar. Ljóst er að aðlagaður samningur mun tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu með verulega minni vopnabúnaði en gerist í dag. Sérstök samráðsnefnd (Joint Consultative Group) starfar í Vínarborg og hefur yfirumsjón með framkvæmd samningsins.

Efnavopnasamningurinn, CWC

Efnavopnasamningurinn (Chemical Weapons Convention-CWC) sem gekk í gildi 1997 kveður á um algert bann við framleiðslu og notkun efnavopna. Þau aðildarríki efnavopnasamningsins sem búa yfir efnavopnum skulu hafa lokið eyðingu þeirra fyrir 2007 en þó með mögulegri framlengingu til 2012. Samningurinn mælir einnig fyrir um eyðileggingu tækja og tæknibúnaðar til framleiðslu efnavopna. Efnavopnasamningurinn bannar enn fremur öðr-

um ríkjum að afla sér þessara vopna. Áhyggjur vekur að framkvæmd samningsins hefur gengið mun hægar fyrir sig en gert var ráð fyrir við gildistöku hans, því efnavopn, sem mörg hver eru bæði auðveld og ódýr í framleiðslu, geta þannig komist í hendur hryðjuverkamanna. Samningurinn felur í sér mikilvæg eftirlitsákvæði en eftirlit með framkvæmd hans er í höndum Efnavopnastofnunarinnar sem tók formlega til starfa 1997 í Haag. Aðildarríki samningsins eru nú 145, en þó ekki Egyptaland, Ísrael, Líbía, Írak og Norður-Kórea, sem öll eru talin búa yfir efnavopnum eða hafa getu til að framleiða þau.

Lífefnavopnasamningurinn, BWC

Fimmta endurskoðunarráðstefna lífefnavopnasamningsins (Convention on the Prohibition of the Development, Production and Stockpiling of Bacteriological and Toxin Weapons and on Their Destruction-BWC) fór fram í Genf í nóvember 2001. Samningurinn bannar framleiðslu og notkun lífrænna vopna og gekk hann í gildi 1975. Nú eiga 144 ríki aðild að honum. Frá árinu 1995 hefur verið unnið að styrkingu samningsins með gerð viðbótarbókunar um eftirlitsákvæði. Gerð bókunarinnar er mikilvæg vegna aukinnar hættu á ólöglegri framleiðslu og notkun lífrænna vopna. Fimm ríki, Íran, Írak, Líbía, Norður-Kórea og Súdan, hafa verið sökuð um að brjóta ákvæði lífefnavopnasamningsins. Allt kapp var lagt á að ljúka samningsgerðinni um viðbótarbókunina fyrir fimmtu endurskoðunarráðstefnu samningsins. Árangur fimmtu endurskoðunarráðstefnunnar var hins vegar næsta lítill, þar sem hvorki náðist samkomulag um lokaskjal ráðstefnunnar né áframhaldandi starf að viðbótarbókun lífefnavopnasamningsins. Ráðstefnunni var því frestað um eitt ár.

Samningur gegn notkun jarðsprengja sem beinast gegn fólki

Annar fundur aðildarríkja samningsins um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn fólki og eyðingu þeirra (Convention on the Prohibition of the Use, Stockpiling, Production and Transfer of Anti-personnel Mines and on their Destuction-Ottawa Convention) var haldinn í Genf í september 2000. Meginmarkmið samningsins um að koma í veg fyrir framleiðslu jarðsprengja sem beint er gegn fólki hefur náðst og alþjóðleg viðskipti með þessi vopn hafa algerlega lagst af. Um 22 milljónir jarðsprengja hafa verið eyðilagðar en talið er að enn séu um 100 milljónir í notkun í yfir 60 ríkjum. Jarðsprengjusamningurinn sem hefur nú verið fullgiltur af 107 ríkjum, þar á meðal Íslandi, gekk í gildi 1. mars 1999.

Samningur gegn ólöglegri verslun með handvopn

Alþjóðaráðstefnan um baráttuna gegn ólöglegri verslun með handvopn (United Nations Conference on the Illicit Trade in Small Arms and Light Weapons in All Its Aspects), sem fram fór í New York í júlí 2001, markaði ákveðin tímamót. Þar var fyrsta skrefið tekið í aðgerðum til að stemma stigu við þeirri vá og þeim óstöðugleika sem ólögleg handvopn hafa víða skapað. Framkvæmdaáætlunin sem samþykkt var á ráðstefnunni skapar skilyrði fyrir bæði alþjóðlega og svæðisbundna samvinnu gegn ólöglegri verslun með handvopn sem gæti síðar leitt til bindandi alþjóðlegra samninga á þessu sviði. Samkvæmt ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar á að kalla saman endurskoðunarráðstefnu eigi síðar en 2006 til þess að meta árangur þeirra aðgerða sem samkomulag náðist um. Mikilvægum áfanga var enn fremur náð í maí 2001 þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti viðbótarbókun við alþjóðasamninginn gegn skipulagðri glæpastarfsemi (U.N. Convention against Transnational Organized Crime), sem samþykktur var í Palermo í desember 2000, þar sem stefnt er að útrýmingu ólöglegrar framleiðslu og verslunar með handvopn. Á vettvangi Öryggis-

og samvinnustofnunar Evrópu hefur einnig verið samið um skuldbindingar sem miða að því að hefta útbreiðslu og uppræta handvopn.

4. VARNARSAMSTARF ÍSLANDS OG BANDARÍKJANNA

4.1. Tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin

4.1.1. 50 ára afmæli varnarsamningsins og viðræður um bókun

Í maí 2001 voru 50 ár liðin frá því að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna var undirritaður. Þessara tímamóta var minnst með ýmsum hætti, m.a. með málþingi sem utanríkisráðuneytið gekkst fyrir 5. maí í Þjóðmenningarhúsinu.

Aðstæður í alþjóðamálum taka stöðugum breytingum sem hafa áhrif á öryggis- og varnarmál á hverjum tíma. Fyrir Ísland sem önnur ríki Evrópu voru lok kalda stríðsins vendipunktur í öryggis- og varnarmálum sem kallaði á nýtt mat og aðlögun að nýjum aðstæðum. Í meginatriðum má segja að varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins miði ekki lengur að því að bægja frá hernaðarlegri ógn úr austurátt heldur sé markmiðið að viðhalda stöðugleika í Evrópu. Það hefur sýnt sig með mjög afgerandi hætti í átökum í Bosníu-Hersegóvínu og Kosóvó hversu miklu það skiptir fyrir öryggi í Evrópu að varnarviðbúnaður sé fyrir hendi til að takast á við þær nýju ógnir sem við er að etja við breyttar aðstæður. Atlantshafsbandalagið heldur áfram að vera sú kjölfesta sem nauðsynleg er til að viðhalda friði og stöðugleika á meginlandinu. Engin önnur alþjóðasamtök eða stofnun hefur bolmagn til þess.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna var gerður á grundvelli aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu. Viðbúnaður varnarliðsins í Keflavík hefur tekið mið af hernaðarlegum og pólitískum aðstæðum á hverjum tíma. Í kjölfar þess að kalda stríðinu lauk hefur orðið mikill samdráttur í viðbúnaði og starfsemi varnarliðsins. Breytingarnar voru gerðar með tveimur bókunum við varnarsamninginn eftir viðræður milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda á liðnum áratug og voru þær undirritaðar 1994 og 1996. Bókanirnar fjalla um útfærslu varnarsamningsins og ýmis atriði er varða varnarsamstarfið. Bókunin frá 1996 gilti til fimm ára eða nánar tiltekið til 9. apríl 2001.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær viðræður við bandarísk stjórnvöld vegna endurskoðunar bókunarinnar hefjast. Ástæður þess að málið hefur tafist má m.a. rekja til stjórnarskipta í Bandaríkjunum á síðastliðnu ári, en sem kunnugt er veldur það allmiklum breytingum á skipan embættismanna í stjórnsýslunni. Þeir sem koma nýir að málum taka sér tíma til að kynna sér þau og móta afstöðu til þeirra. Einnig setti 11. september verulegt strik í reikninginn og hafa fjölmörg mál fengið allt annan forgang en þau höfðu áður í bandaríska stjórnkerfinu. Íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til að ganga til viðræðna um endurskoðun bókunarinnar með skömmum fyrirvara.

Hryðjuverkin í New York 11. september sl. breyttu nánast í einni andrá þeim veruleika sem ríki standa frammi fyrir á sviði öryggis- og varnarmála. Sú ógn sem af hryðjuverkastarfsemi stafar sýnir svo ekki verður um villst mikilvægi varnarsamstarfsins við Bandaríkin. Hér á landi verður að vera til staðar viðbúnaður til að takast á við ógnir hvort sem er af hafi eða úr lofti. Íslensk stjórnvöld munu ganga til bókunarviðræðna við Bandaríkin með það í huga að nú sé um að ræða lágmarks varnarviðbúnað á Keflavíkurflugvelli og að ekki sé rétt að sá viðbúnaður sé skertur miðað við núverandi ástand heimsmála.

Varnarstöðin á Miðnesheiði telur nú um 1.900 hermenn og um 2.000 fjölskyldumeðlimi. Á ófriðar- og hættutímum mun varnarviðbúnaður aukinn í samræmi við hættumat íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Helstu stoðir loftvarna eru ratsjárkerfið og fjórar F-15C Eagle orrustuþotur bandarískra flughersins og ein KC-135 Stratotanker eldsneytisvél. Viðbragðssveit varnarstöðvarinnar telur um 50 manns. Þungamiðju sveitarinnar mynda landgönguliðar

flotans. Fimm P-3C Orion kafbátaleitarvélar sjá um hernaðareftirlit á hafinu í kringum landið og felst veigamesti þátturinn í eftirliti með ferðum kafbáta. Fimm HH-60G Pavehawk brynvarðar björgunarþyrlur og ein HC-130 Hercules fjarskipta- og eldsneytisvél eru flugflota varnarliðsins til aðstoðar vegna leitar og björgunar. Umræddur flugkostur gegnir einnig mikilvægu borgaralegu hlutverki á sjó og landi í samstarfi við Landhelgisgæsluna.

4.1.2. Varnaræfingin Norðurvíkingur 2001

Varnaræfingin Norðurvíkingur fór fram í júní 2001. Æfingin hefur verið haldin annað hvert ár frá 1983 að telja. Markmið hennar var sem áður að æfa varnir Íslands á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og bókunarinnar frá 1996. Grunnhugmynd æfingarinnar var í samræmi við þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í öryggisumhverfi Íslands síðan kalda stríðið leið undir lok. Í Norðurvíkingi 2001 voru ekki æfð viðbrögð við árás óvinaríkis, sem hyggst taka landið herskildi, heldur varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum með öryggi almennings og mikilvægra staða og stofnana að leiðarljósi.

Æfð var framkvæmd varnaráætlana með áherslu á þátt landhersveita og það að gefa bandarískum liðssveitum sem fluttar yrðu til Íslands á hættu- og átakatímum tækifæri til að kynnast staðháttum. Þátttakendur í æfingunni voru um 3.000, frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, frá Bandaríkjunum, auk íslenskra þátttakenda. Æfingaþættirnir voru skipulagðir í samráði við staðaryfirvöld, en æfingin fór m.a. fram í varnarstöðinni á Miðnesheiði, við Helguvíkurhöfn, Sogsvirkjun, Nesjavallavirkjun, skíðasvæðið í Hamragili og skíðasvæðið í Skálafelli. Fulltrúar varnarmálaskrifstofu og lögregla voru til liðsinnis á æfingasvæðum.

Utanríkisráðuneytið tók virkan þátt í Norðurvíkingi 2001, jafnt skipulagi sem framkvæmd. Þátttaka Landhelgisgæslunnar og víkingasveitarinnar var umfangsmeiri en áður, en þessir aðilar voru í löggæsluhlutverki á æfingunni. Aukin þátttaka af Íslands hálfu verður höfð að leiðarljósi við framkvæmd Norðurvíkings 2003, en undirbúningur er þegar hafinn fyrir þá æfingu.

4.2. Samstarf í þágu friðar (PfP)

4.2.1. Almannavarnaæfingin Samvörður

Almannavarnaæfingin Samvörður var fyrst haldin hér á landi 1997. Tilurð æfingarinnar má rekja til þeirrar stefnu stjórnvalda að auka hlut Íslands í alþjóðlegu öryggis- og varnarmálasamstarfi. Samvörður fer fram undir merkjum Samstarfs í þágu friðar (PfP) sem er samvinnuverkefni aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess. Markmið æfingarinnar er að efla samvinnu og samhæfa aðgerðir þátttökuríkja, svo sem á sviði friðargæslu og viðbragða við náttúruhamförum. Samvörður 2002 mun fara fram dagana 24. júní til 1. júlí. Landhelgisgæslan og utanríkisráðuneytið hafa umsjón með skipulagi hennar fyrir Íslands hönd. Æfingastjórn verður í höndum forstjóra Landhelgisgæslunnar og flotaforingjans á Keflavíkurflugvelli.

Atburðarásin snýst að þessu sinni um björgun íbúa Vestmannaeyja upp á meginlandið, vegna eldgoss í Eyjum. Æfingin er tvískipt: fyrri hluti æfingarinnar felst í fyrirlestrum og málstofu, en seinni hlutinn er vettvangsæfing. Æfðar verða björgunaraðgerðir, svo sem leit að fólki í nauð, rústabjörgun, slökkvistörf, reykköfun, varúðarráðstafanir vegna eiturefna, aðhlynning slasaðra, flutningur slasaðra og óslasaðra frá Eyjum til lands, móttaka og umönnun slasaðra í Þorlákshöfn og jafnframt uppsetning fjarskiptasambands innan æfingasvæðis og milli æfingasvæða. Fjórtán þjóðir taka þátt í æfingunni að þessu sinni, þeirra á meðal Eistland, Litháen, Kyrgistan, Rúmenía, Slóvakía, Ukraína og Uzbekistan.

Af Íslands hálfu munu íslenskar björgunarsveitir og Slysavarnafélagið Landsbjörg miðla erlendu björgunarsveitunum af þekkingu sinni og reynslu af almannavarnaaðgerðum fyrir aðalæfinguna. Sú þjálfun fer fram í þjálfunarbúðum að Gufuskálum, svo og á Austurlandi þar sem björgunarsveitir hafa sérhæft sig í rústabjörgunarstörfum. Mun sveit Eistlands æfa sérstaklega með þeim. Margar helstu stofnanir og samtök sem koma að björgunar- og öryggisstörfum á SV-horninu taka þátt í undirbúningi æfingarinnar eða í henni sjálfri auk nokkurra sérhæfðra björgunarsveita annars staðar að af landinu.

4.3. Stjórnsýsla á varnarsvæðum

4.3.1. Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli

Stærstu verkefni embættisins eru löggæsla, tollgæsla og landamæravarsla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og löggæsla innan afgirtra varnarsvæða í samstarfi við bandarísk löggæsluyfirvöld þegar það á við. Jafnframt hefur embættið eftirlit með ferðum manna og varnings inn og út af afgirtum varnarsvæðum. Embættið annast einnig innheimtu opinberra gjalda.

Aukning flugumferðar um Keflavíkurflugvöll hefur haft í för með sér vaxandi álag á starfsemi embættisins undanfarin ár. Schengen-samstarfið hafði miklar breytingar í för með sér varðandi landamæraeftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, enda flugvöllurinn orðinn hluti af ytri landamærum Schengen-ríkjanna. Hryðjuverkin í Bandaríkjunum hafa einnig haft mikil áhrif á allt starfsumhverfi Keflavíkurflugvallar, en mjög auknar öryggiskröfur voru sem kunnugt er gerðar af bandarískum flugmálayfirvöldum í kjölfar voðaverkanna. Fjölga hefur þurft starfsfólki talsvert vegna þessara auknu öryggiskrafna og annarra nýrra verkefna. Hefur starfsmannafjöldi aukist úr 80 í 108 á síðustu tveimur árum. Í fyrstu var talið að sumar þessara öryggiskrafna yrðu tímabundnar, en allt útlit er nú fyrir að flestar þeirra verði varanlegar og ef eitthvað er, að þær muni aukast. Bandarísk flugmálayfirvöld hafa fylgt þessum auknu kröfum mjög náið eftir. Þrjár ítarlegar úttektir hafa farið fram á Keflavíkurflugvelli síðan í september í þessu skyni.

Enn er fyrirséð aukning á verkefnum, þar sem tollafgreiðsla á flugfrakt fluttist að hluta frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar um síðustu áramót. Stefnir allt í að meiri hluti flugfraktar verði tollafagreiddur á Keflavíkurflugvelli áður en árið er á enda.

Fíkniefnadeild tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli hefur náð afar góðum árangri í baráttunni gegn fíkniefnavánni síðustu tvö ár. Magn þeirra fíkniefna sem deildin hefur lagt hald á hefur margfaldast síðustu ár. Til marks um þetta nam svokallað götuverðmæti haldlagðra fíkniefna deildarinnar árið 1999 um 15 milljónum, 100 milljónum árið 2000 og 300 milljónum árið 2001.

4.3.2. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var frá og með 1. nóvember 2001 gerð að hlutafélagi. Hlutafélagið annast daglegan rekstur, viðhald og uppbyggingu á flugstöðvarbyggingunni, þ.m.t. verslun með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli annast alla flugumferðarþjónustu á flugvellinum og stjórnar aðflugi og brottflugi fyrir Reykjavíkurflugvöll. Flugmálastjórn leggur til mannaflann til flugumferðarþjónustunnar, en varnarliðið húsnæði og búnað. Keflavíkurflugvöllur þjónar bæði hernaðarlegu og borgaralegu flugi. Varnarliðið annast viðhald á athafnasvæðum flugvéla, þ.e. flugbrauta, flugvélaakbrauta og flugvélastæða og felst viðhaldið fyrst og fremst í viðgerðum á malbiki. Jafnframt sér varnarliðið um snjóhreinsun og hálkuvarnir á flugbrautum og flugvélaakbrautum, en flugmálstjórnin sér að mestu leyti um snjóhreinsun og hálkuvarnir á flughlaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og viðhaldsskýlis Flugleiða hf. Einnig leggur

varnarliðið til flugvallarslökkvilið, en starfsmenn þess eru íslenskir. Allir þessir verkþættir falla þó undir starfssvið flugmálastjórnarinnar.

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli er ábyrg fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn farþegum, almenningi, byggingum og loftförum. Þessi ábyrgð felur m.a. í sér að semja og viðhalda flugverndaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll, í samræmi við flugverndaráætlun Íslands. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli tilnefnir yfirmenn flugverndar, sem bera ábyrgð á ákveðnum þáttum áætlunarinnar. Þá hefur Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, í umboði utanríkisráðherra og í samráði við Flugmálastjórn Íslands, eftirlit með starfsemi flugstöðvarinnar varðandi flugöryggi, farþegavernd og viðurkennda gæðastaðla.

4.3.3. Skipulags-, byggingar- og umhverfismál á varnarsvæðum

Á sviði skipulags- og umhverfismála starfar sérstök nefnd, skipulags-, umhverfis- og byggingarnefnd varnarsvæða. Nefndin hefur sama hlutverk og sambærilegar nefndir sveitarfélaga en auk þess hefur hún samráð við varnarliðið og nágrannasveitarfélög. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um heilbrigðiseftirlit innan varnarsvæða undir yfirstjórn utanríkisráðuneytisins.

Eitt stærsta verkefni nefndarinnar undanfarin tvö ár er gerð deiliskipulags fyrir flugstöðvarsvæðið. Í samræmi við aukningu á flugumferð og ferðamönnum um Keflavíkurflugvöll hefur eftirspurn eftir byggingarlandi umhverfis flugstöð Leifs Eiríkssonar farið vaxandi. Nefndin hefur á undanförnum tveimur árum unnið að gerð deiliskipulags ásamt flugvallarstjórn á Keflavíkurflugvelli. Skipulagið var samþykkt í nóvember 2001 og hafa lóðir þegar verið auglýstar.

4.4. Samskipti við varnarliðið

4.4.1. Atvinna Íslendinga á varnarsvæðunum

Tæplega 1.700 Íslendingar vinna innan varnarsvæðanna. Þar af starfa um 900 hjá varnarliðinu. Ekki eru þá taldir þeir starfsmenn sem annast almenna flugstarfsemi. Launakostnaður vegna íslenskra starfsmanna varnarliðsins var árið 2001 um 3,8 milljarðar króna. Kjör og réttarstaða þeirra íslensku starfsmanna sem starfa hjá öðrum en varnarliðinu fara að öllu leyti eftir almennum reglum á íslenskum vinnumarkaði. Vegna úrlendisréttar varnarliðsins gildir annað fyrirkomulag um starfsmenn þess og á sá háttur sér stoð í varnarsamningnum. Varnarliðinu ber, að því marki sem unnt er, að ráða íslenska starfsmenn til framkvæmdar varnarsamningsins og skulu slíkar ráðningar fara fram með milligöngu íslenskra stjórnvalda. Jafnframt skulu kjör íslenskra starfsmanna vera í samræmi við þau sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Til að fullnægja skilyrðum um milligöngu stjórnvalda við ráðningar til varnarliðsins hefur utanríkisráðuneytið um margra áratuga skeið rekið ráðningardeild varnarmálaskrifstofu á Suðurnesjum. Þess skal getið að utanríkisráðuneytið er líklega eina ráðuneytið sem rekur útibú utan Reykjavíkur. Til að tryggja að kaup og kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins fari að íslenskum lögum og venjum hefur frá árinu 1952 verið starfrækt kaupskrárnefnd varnarsvæða. Eru reglugerðir nefndarinnar endurskoðaðar reglulega af varnarmálaskrifstofu.

4.4.2. Verktaka fyrir varnarliðið

Í erindaskiptunum sem fylgdu bókuninni frá 1996 samþykktu Ísland og Bandaríkin að stefna að því að koma á samkeppnisútboðum í öllum verksamningum fyrir varnarliðið. Var það meðal annars í ljósi reynslunnar af Mannvirkjasjóðsútboðum og útboðum á vöru og þjón-

ustu sem samið var um árið 1995. Í samræmi við þessa stefnu var á árinu 2000 sett á fót nefnd embættismanna ríkjanna sem hafði meðal annars það hlutverk að gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag á verktöku fyrir varnarliðið. Á grundvelli þeirra tillagna var í maí 2001 undirritaður samningur um framtíðarfyrirkomulag um verktöku fyrir varnarliðið vegna framkvæmda hér á landi.

Helstu nýmæli í samningnum eru eftirfarandi: Starfandi verður sameiginleg forvalsnefnd ríkjanna. Er það sambærilegt fyrirkomulag og tíðkast í skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd varnarsvæða. Þannig verður starfandi íslensk forvalsnefnd og bandarísk nefnd sem fara eftir sameiginlegum verklagsreglum en gerð þeirra er á lokastigi. Samningsskilmálar voru einfaldaðir og komið á gerðardómsfyrirkomulagi sem tryggir úrlausn ágreiningsefna um verkframkvæmd fyrir gerðardómi á Íslandi. Byggt er á bandarískum reglum (Federal Acquisition Regulations – FAR) í framkvæmdum og helstu ákvæði þýdd á íslensku. Jafnframt hafa verið haldin námskeið og kynningar í notkun á reglunum og verður svo áfram. Samningar að verðmæti 2.500 bandaríkjadalir og hærri þarf að bjóða út og annast varnarliðið það sjálft í samræmi við umsamið ferli sem miðar meðal annars að því að auðvelda þátttöku smærri verktaka í útboðum. Öll íslensk fyrirtæki geta boðið í þá samninga. Samningar sem hafa hærra verðmæti en 100.000 dalir verða einnig boðnir út en fyrirtæki þurfa að komast í gegnum forval til að fá að bjóða í þá.

Samkomulag var gert um aðlögunarferli á tímabilinu frá 2001–2004 sem endar með því að öll verk verða boðin út fyrir varnarliðið eftir árið 2004. Árið 2001 var 30% af verkframkvæmdum boðið út, 50% árið 2002, 67% árið 2003 og 100% árið 2004. Öll þjónustu- og vörukaup fyrir varnarliðið hafa verið boðin út frá 1995 og á framangreint aðlögunarferli því eingöngu við um verkframkvæmdir.

4.4.3. Umsýslustofnun varnarmála

Meginverkefni stofnunarinnar er sem fyrr að taka við varningi sem hefur verið fluttur inn gjaldfrjáls í þágu varnarliðsins. Stofnunin sér um sölu slíks varnings á markaði og rennur hagnaðurinn til ríkissjóðs sem hlutfallslegt ígildi tolla, vörugjalda og virðisaukaskatts sem veitt var undanþága frá við innflutning. Nú er unnið að breytingum á starfsemi stofnunarinnar, í samræmi við breytta viðskiptahætti.

4.4.4. Ratsjárstofnun

Ratsjárstofnun heyrir undir utanríkisráðuneytið og kemur fram fyrir hönd íslenskra stjórnvalda við framkvæmd þeirra milliríkjasamninga sem liggja til grundvallar starfsemi ratsjárstöðvanna á Miðnesheiði, Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli og jafnframt þeirra samninga sem snerta rekstur og viðhald íslenska loftvarnarkerfisins (Iceland Air Defence System). Starfsemi Ratsjárstofnunar er fjármögnuð af bandarískum stjórnvöldum samkvæmt samningi. Fyrirtækið Kögun hf. starfar sem undirverktaki Ratsjárstofnunar við tiltekna þætti starfseminnar. Rúmlega 70 Íslendingar starfa hjá Ratsjárstofnun og um 20 Íslendingar annast rekstur hugbúnaðarstoðkerfis íslenska loftvarnarkerfisins í varnarstöðinni á Miðnesheiði.

5. FRIÐARGÆSLA, MANNÚÐARMÁL OG NEYÐARAÐSTOÐ

5.1. Aukin þátttaka Íslands í fjölþjóðlegri friðargæslu

Ákveðin eðlisbreyting hefur orðið á friðargæsluaðgerðum á vegum alþjóðastofnana á síðustu árum. Hún felst m.a. í því að aukin áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir, öflugt uppbyggingarstarf á átakasvæðum og ýmiss konar mannúðarstarf og neyðaraðstoð, til jafns við hefðbundið landamæraeftirlit og friðargæslu. Þessi þróun hefur gert Íslendingum mögu-

legt að taka þátt í friðargæslu til jafns við aðrar þjóðir með útsendingu borgaralegra sérfræðinga. Í nóvember árið 2000 ákvað ríkisstjórnin að tillögu utanríkisráðherra að efla verulega þátttöku Íslands í fjölþjóðlegum friðargæsluaðgerðum, bæði hefðbundinni friðargæslu og ekki síður uppbyggingar- og mannúðarstarfi og neyðaraðstoð. Síðan þá hefur verið unnið ötullega að því að hrinda þeim áformum í framkvæmd.

5.1.1. Skýrsla starfshóps um eflingu á þátttöku Íslands í friðargæslu

Í júní árið 2000 skipaði utanríkisráðherra starfshóp til að vinna að stefnumótun um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu á næstu árum, á grundvelli greinargerðarinnar „Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót" sem lögð var fram í febrúar 1999. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar fjögurra ráðuneyta og veitti Gunnar Gunnarsson sendiherra honum formennsku. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni í október 2000. Helstu tillögur hans voru í stuttu máli að efla bæri þátttöku í alþjóðlegri friðargæslu með því

- að byggja upp getu til að senda allt að 25 íslenska starfsmenn til friðargæsluverkefna á hverjum tíma, svo sem lögreglumenn, lögfræðinga, hjúkrunarfólk, stjórnendur, tæknimenntað starfslið o.fl.; með aukinni þátttöku og reynslu verði miðað við að byggja upp getu til að fjölga íslenskum friðargæsluliðum í allt að 50 manns á ári;
- að koma upp viðbragðslista yfir allt að 100 manns undir heitinu Íslenska friðargæslan;
- að friðargæslu verði komið varanlega fyrir í stjórnsýslunni þannig að staðið sé sem best að tengslum við friðargæsluliða, sem og alþjóðlegar stofnanir sem tengjast málefninu (Sameinuðu þjóðirnar, NATO, ÖSE, ESB o.fl.);
- að tryggt verði að vandað sé til ráðningar, undirbúnings og þjálfunar;
- að framlög til friðargæslu verði fastur liður á fjárlögum.

Skýrsla starfshópsins var samþykkt í ríkisstjórn og kynnt á Alþingi í nóvember árið 2000. Í framhaldi af því samþykkti ríkisstjórnin að hækka fjárveitingu til þátttöku Íslands í friðargæsluaðgerðum þannig að 15 íslenskir friðargæsluliðar gætu að staðaldri verið að störfum erlendis árið 2001, 20 árið 2002 og allt að 25 íslenskir friðargæsluliðar árið 2003.

Við undirbúning þess að framfylgja ákvörðun ríkisstjórnar var haft víðtækt samráð við innlenda og erlenda aðila. Það var gert í því skyni að læra af reynslu annarra og tryggja að friðargæsluþátttaka verði ekki einangrað verkefni, heldur þvert á móti mikilvægur hluti af þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu, uppbyggingarverkefnum, mannúðarmálum og neyðaraðstoð. Innan lands var m.a. haft samráð við Rauða kross Íslands, embætti ríkislögreglustjóra, Slysavarnafélagið Landsbjörgu og Almannavarnir ríkisins. Utan lands var m.a. fundað með fulltrúum utanríkisráðuneyta Danmerkur, Noregs og Þýskalands og samráð haft við helstu alþjóðastofnanir sem starfa í friðargæslu. Þá heimsótti utanríkisráðherra Kosóvóhérað í ágúst 2001 og átti fundi með æðstu yfirmönnum Atlantshafsbandalagsins, Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópusambandsins, og hitti að máli íslenska friðargæsluliða sem starfa í héraðinu.

5.1.2. Íslenska friðargæslan, námskeið og undirbúningur

Íslenska friðargæslan var stofnuð 10. september 2001. Daginn eftir, 11. september, var auglýst eftir umsóknum frá borgaralegum sérfræðingum í því skyni að koma upp allt að 100 manna viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Þrátt fyrir að auglýsingar ráðuneytisins hefðu eðli málsins samkvæmt svo gott sem týnst í umfjöllun um hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin voru viðbrögðin við þeim einkar góð. Um 2.500 manns heimsóttu heimasíðu utanríkisráðuneytisins, hundruð fyrirspurna bárust símleiðis og rúmlega 250 umsóknir bárust fyrir lok umsóknarfrests. Að loknu mati á umsóknum og viðtölum lá viðbragðslisti Íslensku friðar-

gæslunnar fyrir í desember 2001. Á honum eru stjórnmálafræðingar, lögfræðingar, fjölmiðlamenn, viðskipta- og hagfræðingar, verkfræðingar, tæknimenn og tölvufræðingar, læknar og hjúkrunarfólk og aðrir borgaralegir sérfræðingar með sérmenntun og víðtæka reynslu. Samsetning viðbragðslistans sýnir að það markmið náðist að koma á fót breiðum hópi allt að 100 borgaralegra sérfræðinga. Úr þessum hópi verða valdir einstaklingar á næstu árum til að efla þátttöku Íslands í friðargæsluaðgerðum. Þeir lögreglumenn sem ríkislögreglustjóri hefur metið hæfa til friðargæslustarfa eru auk þess hluti af viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar en val á lögreglumönnum verður áfram í höndum ríkislögreglustjóra. Sömuleiðis er Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin, sem stýrt er af Slysavarnafélaginu – Landsbjörgu, formlega hluti af viðbragðsgetu Íslensku friðargæslunnar (sjá nánar kafla 5.2.2).

Námskeið og undirbúningur

Til að vanda betur til undirbúnings væntanlegra friðargæsluliða var ákveðið að þjálfun yrði tvíþætt. Annars vegar fá allir einstaklingar á viðbragðslistanum ákveðna grunnþjálfun hérlendis og hins vegar fá einstaklingar á leið til starfa sérhæfða þjálfun hjá alþjóðastofnunum eða samstarfsþjóðum, á sama hátt og verið hefur. Grunnþjálfunin hérlendis er þrískipt. Í fyrsta lagi verður fjallað á fræðilegan hátt um friðargæslu á vegum alþjóðastofnana, þátt frjálsra félagasamtaka, mannréttindamál, mannúðarmál og neyðaraðstoð og fleiri málefni tengd friðargæslu. Markmið þessarar fræðilegu umfjöllunar er að veita breiða heildarmynd af friðargæslu alþjóðasamfélagsins og þeim ólíku störfum sem þar eru unnin af ólíkum stofnunum. Fyrsta undirbúningsnámskeiðið af þessu tagi fór fram dagana 23.–24. febrúar sl. með þátttöku erlendra fyrirlesara frá helstu alþjóðastofnunum, auk innlendra fyrirlesara. Rúmlega 100 manns tóku þátt í námskeiðinu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verðandi friðargæsluliðar fái ákveðna öryggisþjálfun um hegðun á átakasvæðum, í samræmi við viðeigandi staðla. Í þriðja lagi er stefnt að því að veita viðeigandi sálrænan undirbúning og mun utanríkisráðuneytið leita til fagaðila í því skyni. Stefnt er að því að halda fyrsta öryggisnámskeiðið fyrir viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar síðsumars.

5.1.3. Efling þátttöku í friðargæslu og næstu skref

Þrátt fyrir að fyrirhuguð hækkun á fjárveitingu til friðargæslu hafi aðeins að hluta til komið til framkvæmda á árinu 2001 reyndist unnt að ná því marki að íslenskir friðargæsluliðar að störfum erlendis yrðu 15 talsins. Útlit er fyrir að markmiðið um allt að 20 íslenska friðargæsluliða að störfum erlendis árið 2002 náist fyrir árslok. Sem fyrr einskorðast þátttakan við friðargæsluaðgerðir á Balkanskaga, í Bosníu, Kosóvó og Makedóníu, og er á vegum Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Meðal friðargæsluliða að störfum á árunum 2001 og 2002 má nefna lögreglumenn á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosóvó, hjúkrunarfólk og tæknimenn á vegum NATO í Bosníu og Kosóvó, auk fjölmiðlamanns á vegum NATO í Makedóníu. Auk þess starfa fjölmiðlamenn og lögfræðingur hjá ÖSE í Bosníu og Kosóvó, og jafnréttissérfræðingur á vegum utanríkisráðuneytisins hjá UNIFEM í Kosóvó en íslensk stjórnvöld hafa frá árinu 1998 styrkt starf samtakanna að málefnum kvenna í héraðinu. Reynsla af samstarfinu við UNIFEM hefur verið góð og gert er ráð fyrir því verði haldið áfram á næstunni. Stefnt er að því að fjölga íslenskum friðargæsluliðum að störfum erlendis í allt að 25 á næsta ári. Ekki er útilokað að íslenskir friðargæsluliðar verði sendir til starfa víðar en á Balkanskaga en hafa ber í huga að þátttaka í friðargæslu er ekki áhættulaus og því þarf að gaumgæfa öll atriði sem varða öryggi starfsmanna.

Markvissara samstarf við alþjóðastofnanir

Gerð hefur verið grein fyrir stofnun Íslensku friðargæslunnar hjá helstu alþjóðastofnunum. Utanríkisráðherra greindi frá henni í ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í nóvember 2001, á vettvangi NATO og ESB hafa áform íslenskra stjórnvalda verið kynnt í ávörpum ráðherra og hjá ÖSE hefur ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins gert sérstaka grein fyrir þeim, auk þess sem fastanefnd hefur kynnt þau. Sömuleiðis hafa fastanefndir Íslands hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í Genf og hjá matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna í Róm gert grein fyrir þessari auknu getu, með tilliti til þess að gerðir verði samstarfssamningar við þessar stofnanir um útsendingu borgaralegra sérfræðinga til mannúðar- og neyðarverkefna. Með gerð slíkra samstarfssamninga við alþjóðastofnanir sem starfa að mannúðarmálum má enn styrkja þann þátt friðargæslustarfsins sem lýtur að neyðar- og mannúðaraðstoð. Unnið er áfram að frekari formfestingu þátttökunnar og útfærslu framlags Íslands til einstakra alþjóðastofnanna í nánu samráði við þær og fastanefndir Íslands.

Önnur verkefni tengd friðargæslu

Íslenska friðargæslan stóð að fjármögnun vikulangs þjálfunarnámskeið á Íslandi fyrir fjölmiðlamenn frá Kosóvó haustið 2001. Verkefnið var skipulagt af Davíð Loga Sigurðssyni sem þá starfaði á vegum utanríkisráðuneytisins sem fjölmiðlafulltrúi ÖSE í Gjilane. Var námskeiðið undirbúið í samstarfi við RÚV, Morgunblaðið o.fl. Á árinu 2001 var einnig greitt fyrir þátttöku fulltrúa embættis ríkislögreglustjóra í friðargæsluæfingunni Nordic Peace sem fram fór í Noregi. Þá hefur utanríkisráðuneytið í tvígang sent fulltrúa í kosningaeftirlit á vegum ÖSE í Kosóvó. Í fyrra skiptið var um ræða umsjón með sveitarstjórnarkosningum í héraðinu vorið 2000 og í síðara skiptið eftirlit með héraðsþingskosningunum sem fram fóru í nóvember 2001. Þessi verkefni sýna að þátttaka í friðargæsluverkefnum snýst ekki einvörðungu um útsendingu starfsmanna til starfa, heldur getur hún einnig falist í fjármögnun og skipulagi þjálfunarverkefna, þátttöku í kosningaeftirliti, eflingu fræðastarfs o.fl.

Næstu skref

Fyrsta starfsár Íslensku friðargæslunnar árið 2001 var farsælt. Kynningarstarf gekk vel, samskipti við friðargæsluliða voru efld, viðbrögð í samfélaginu voru vonum framar og markmið um viðbragðslista og fjölgun starfsmanna náði fram að ganga, svo nokkur dæmi séu nefnd. Stefnumótunarvinna í ýmsum málaflokkum, svo sem kjara- og þjálfunarmálum, komst á góðan rekspöl á árinu. Þessu umfangsmikla verkefni er hins vegar síður en svo lokið því fram undan eru fjölmörg verkefni við að hrinda niðurstöðum skýrslu starfshópsins í framkvæmd.

Friðargæslustarf á vegum alþjóðastofnana er sömuleiðis í stöðugri mótun og þurfa íslensk stjórnvöld að taka mið af því. Útfæra þarf nánar með hvaða hætti Íslenska friðargæslan mun tengjast áformum um friðargæsluhraðlið ESB, sbr. yfirlýst framlag Íslands til hins svokallaða meginmarkmiðs sambandsins (sjá kafla 3.4.3). Tilkynnt hefur verið að Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin, lögreglumenn, læknar og hjúkrunarfólk séu á meðal þeirra stétta sem komi til greina í aðgerðir á vegum ESB. Grundvallaratriði í þeirri stefnumótun er að skuldbinding á vettvangi ESB taki ávallt mið af skuldbindingu Íslands hjá NATO og að NATO njóti forgangs, komi til aðgerða.

5.2. Mannúðarmál og neyðaraðstoð

Alþjóðleg mannúðarmál, bæði þau sem rekja má til náttúruhamfara og þeirra sem eru af mannavöldum, vekja sífellt meiri athygli alþjóðasamfélagsins. Ljóst er að vandamál flótta-

manna verða ekki leyst án samvinnu alþjóðasamfélagsins. Aðstæður flóttamanna sem neyðst hafa til að flýja heimili sín eru þess eðlis að tryggja verður þeim nauðsynlega vernd og tímabundið hæli þar til aðstæður þær sem þeir hafa flúið hafa breyst á þann veg að þeir geti snúið sjálfviljugir til baka. Flóttamenn í heiminum skipta tugum milljóna og þorri þeirra býr við afar kröpp kjör.

5.2.1. Móttaka flóttamanna og neyðaraðstoð frá Íslandi

Vandi flóttamanna í Evrópu, ásamt skorti á umburðarlyndi gagnvart þeim, er vaxandi áhyggjuefni. Það er grundvallaratriði að stuðla að uppbyggingu á svæðum sem fólk hefur flúið vegna ófriðar og gera flóttamönnum með því mögulegt að snúa heim sjálfviljugir eftir að friður og stöðugleiki hefur komist á. Við slíka uppbyggingu gegna lykilhlutverki stofnanir eins og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Rauði krossinn og frjáls félagasamtök.

Ísland hefur átt góða samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um móttöku flóttamanna og leitast við að leggja sitt af mörkum til neyðaraðstoðar og til að leysa vanda flóttamanna. Íslensk stjórnvöld hafa í raun stóraukið þátttöku sína í alþjóðlegri viðleitni til hjálpar flóttafólki. Ástæða er til að vekja athygli á því að Ísland var í hópi fyrstu ríkja í heiminum til að taka á móti flóttamönnum frá Kosóvó. Á Íslandi var þeim boðin ótímabundin vist svo lengi sem þeir töldu sig þurfa á að halda. Tæplega helmingur þeirra hefur nú snúið heim aftur. Opinberir aðilar, einstaklingar og félagasamtök hafa lagst á eitt um að auðvelda þeim sem eftir eru dvölina hér og aðlögun að íslensku samfélagi. Jafnframt var Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kynnt það fyrirkomulag stuðningsfjölskyldna sem sett var á laggirnar fyrir nýkomna flóttamenn. Árið 2000 tók Ísland á móti 24 flóttamönnum frá fyrrum lýðveldum Júgóslavíu og 23 árið 2001.

Skipuleg alþjóðleg aðstoð við einstaklinga sem lenda í neyð vegna náttúruhamfara og/eða stríðsátaka hefur farið vaxandi þótt enn vanti oft mikið á að nægjanlega hratt og skipulega sé brugðist við. Oft eru það þó einstök ríki og alþjóðleg mannúðarsamtök sem leggja mest af mörkum þegar neyð knýr skyndilega dyra. Íslensk stjórnvöld hafa reynt að bregðast við þeirri sameiginlegu ábyrgð sem vel stæð samfélög verða að axla í þessum efnum og í nokkrum tilvikum hafa þau veitt fé til neyðaraðstoðar. Innan Sameinuðu þjóðanna hefur verið sett á laggirnar sérstök mannúðarskrifstofa (OCHA) sem hefur nú þegar sannað gildi sitt, ekki hvað síst nú á síðustu mánuðum. Mannúðarskrifstofan samræmir starf allra þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna er vinna að mannúðarmálum. Ísland fylgist náið með starfi skrifstofunnar og er unnið að því að efla stuðning við hið alþjóðlega mannúðarstarf.

Stefnt er að því að auka frekar þátttöku og framlag Íslands til starfsemi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðarskrifstofunnar í framtíðinni. Eins og fjallað er um í kafla 5.1.3 er í skoðun að gera samstarfssamning við Flóttamannastofnunina og matvælaáætlunina og Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin er til taks í verkefni á vegum mannúðarskrifstofunnar.

5.2.2. Aðstoð við Afganistan

Þegar Bandaríkin og bandalagsríki þess hófu aðgerðir gegn stjórn talibana og hryðjuverkasamtökunum al-Qaeda í Afganistan var kallað eftir aukinni aðstoð við flóttafólk í landinu. Ríkisstjórnin ákvað þá þegar að veita 10 m.kr. til aðstoðar flóttamönnum í Afganistan í samvinnu við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Ríkisstjórnin veitti enn fremur aðgerðinni í Afganistan lið með því að kosta flug Flugfélagsins Atlanta með tæki, varning og lyf til hjálparstarfs í landinu. Flogið var með ökutæki, matvæli og annan varning, samtals um 70 tonn, frá Danmörku til Tashkent í Uzbekistan fyrir

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna o.fl. Einnig var flogið frá Hollandi til Islamabad í Pakistan með 100 tonn af lyfjum fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Í skoðun er að kosta fleiri flug í tengslum við aðgerðirnar.

Utanríkisráðuneytið ákvað loks í lok síðasta árs að veita um 3,0 m.kr. til verkefna Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, um 3,0 m.kr. til verkefna Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, og sömuleiðis 3,0 m.kr. til verkefna á vegum OCHA til aðstoðar flóttafólki í landinu.

5.2.3. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin var stofnuð með samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og Slysavarnafélagsins – Landsbjargar í maí árið 2000. Hlutverk sveitarinnar er að vinna að leitar- og björgunarstörfum á erlendum hamfarasvæðum og er hún sérhæfð í tæknilegri rústabjörgun. Sveitin starfar innan Slysavarnafélagsins – Landsbjargar en jafnframt í umboði íslenska ríkisins þegar hún fer til starfa erlendis. Slysavarnafélagið – Landsbjörg velur félaga í sveitina, annast daglegan rekstur hennar og þjálfun og tryggir að sveitin sé ávallt reiðubúin í útköll. Meðlimir Alþjóðabjörgunarsveitarinnar eru 16 á hverjum tíma og uppfyllir hún kröfur Samtaka alþjóðabjörgunarsveita (INSARAG) um sjálfbærni björgunarsveita á hamfarasvæðum, fjölhæfni og fullkominn tækjabúnað.

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin er hluti af viðbragðsgetu Íslensku friðargæslunnar og hefur hún verið tilkynnt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (OCHA), Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins og er til taks í aðgerðir á vegum þessara stofnana verði þess óskað. Sveitin var boðin fram á vettvangi NATO og ESB, sem og tvíhliða til stjórnvalda í Bandaríkjunum, til björgunarstarfs í Bandaríkjunum eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Ekki varð af útsendingu sveitarinnar þar eð bandarísk stjórnvöld kusu að nota einvörðungu eigin björgunarsveitir í aðgerðir. Á vegum utanríkisráðuneytisins mun Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin taka þátt í fjölþjóðlegri almannavarnaræfingu sem skipulögð er af NATO og rússneskum stjórnvöldum og fram fer í Rússlandi í september. Þátttaka í slíkum æfingum er mikilvægur liður í því að styrkja sveitina og þar með getu íslenskra stjórnvalda til að veita neyðaraðstöð á hamfarasvæðum, auk þess sem Ísland leggur með þessu af mörkum til alþjóðlegs samstarfs á þessu sviði. Í því samhengi má nefna að næsta æfing UNDAC-skrifstofu Sameinuðu þjóðanna (United Nations Disaster Assesment and Coordinaton Team) verður haldinn á Íslandi næsta haust með stuðningi utanríkisráðuneytisins, en skrifstofan sér um samhæfingu aðgerða og útsendingu sérfræðinga í neyðaraðstoð.

6. EVRÓPUMÁL

Óhætt er að segja að þátttaka Íslands í evrópskri samvinnu sé einn veigamesti hluti íslenskra utanríkismála. Samstarf Evrópuríkja á fjölmörgum sviðum er í sífelldri þróun og á sér nú stað í ýmsu formi innan mismunandi samtaka. Í þessum kafla er sjónum sérstaklega beint að Evrópusambandinu (ESB). Starfsemi þess gerist æ umfangsmeiri og tengist Ísland því starfi með ýmsum hætti, einkum gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-samninginn. Gerð er grein fyrir öðrum þáttum Evrópusamvinnunnar annars staðar í skýrslunni, þ.m.t. öryggis- og varnarmálum í kafla 3.4.

6.1. EES-samningurinn

6.1.1. Rekstur EES-samningsins

Rekstur EES-samningsins krefst stöðugrar árvekni og mikilvægt er að hvergi slakni á við undirbúning ákvarðana sameiginlegu nefndarinnar sem bætast við samninginn. Á síðasta ári

voru teknar 165 ákvarðanir sem bættu 401 nýrri gerð inn í EES-samninginn. Jafnframt hefur verið farið yfir ferilinn, bæði í Brussel og á Íslandi, til þess að efla samráð ráðuneyta, flýta fyrir þýðingum gerða og bæta upplýsingaflæði. Við upphaf síðasta árs hafði safnast upp mikill fjölda gerða sem teknar höfðu verið inn í samninginn en ekki verið þýddar. Tafði þetta birtingu gerða um rúmt ár. Lýstu fulltrúar Evrópusambandsins óánægju með þessar aðstæður og töldu að gagnsæi og framkvæmd samningsins væri sett í hættu. Nú hefur duglega verið tekið til hendi og búast má við að um mitt þetta ár verði unnt að birta þýðingar því sem næst samhliða ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni. Jafnframt er stefnt að því að flýta þýðingum svo þær verði handbærar mun fyrr við undirbúning laga og reglugerða og ætti það að verða til hagræðis fyrir alla þá sem vinna við framkvæmd samningsins.

Íslenskir þátttakendur í nefndum á vegum samningsins hafa verið hvattir til virkari þátttöku og hefur það m.a. leitt til þess að mun fleiri Íslendingar hafa nú tekið að sér formennsku í starfshópum EFTA. Hefur skapast þar hæfileg verkaskipting við Noreg og Liechtenstein. Þótt Norðmenn hafi meiri mannafla og fjármagn er mikilvægt að íslensk stjórnvöld axli sína ábyrgð við rekstur samningsins. Enn skortir þó verulega á að þátttaka í ýmsum sérfræðinganefndum framkvæmdastjórnar sé fullnægjandi þar sem ýmsar stofnanir stjórnkerfisins hafa ekki ævinlega þann mannafla og fé sem til þarf.

6.1.2. Helsti afrakstur EES-samningsins á liðnu ári

Hér á eftir verður stiklað á stóru um afrakstur EES-samningsins á undanförnu ári. Stór hluti ákvarðana sem tekinn er inn í EES-samninginn er tæknilegs eðlis og snýr fremur að viðhaldi og aðlögun að breytingum í tækni eða atvinnuháttum. Ýmsar ákvarðanir geta þó haft umtalsverð efnahagsleg áhrif og breytt ýmsum forsendum í pólitískri umræðu. Engin tök eru á því að gefa tæmandi yfirlit en nokkur dæmi fara hér á eftir.

Frágangur bókunar 3 um vörur úr landbúnaðarhráefnum

Meðal þess sem hæst bar á árinu ber fyrst að nefna að loks tókst eftir um tíu ára viðræður að ná niðurstöðu um endanlegan frágang bókunar 3 við samninginn. Bókun 3 fjallar um viðskipti með vörur sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, t.d. sultur, súpur, morgunkorn, pasta og pizzur. Ekki tókst undir lok samningaviðræðna um EES að ná niðurstöðu og því var samningurinn undirritaður og fullgiltur án þess að bókun 3 gengi í gildi. Á meðan var stuðst við ákvæði í gamla fríverslunarsamningnum frá 1972. Málið varð flóknara fyrir þá sök að með gildistöku samninga um Alþjóðaviðskiptastofnunina voru lagðar niður ákveðnar aðferðir við álagningu breytilegra gjalda sem miðað hafði verið við í samningaviðræðunum. Því þurfti að taka málið upp á nýjum forsendum. Vegna umfangsmikilla hagsmuna í landamæraviðskiptum Noregs og Svíþjóðar var málið lengi rekið í tvíhliða viðræðum Noregs og framkvæmdastjórnarinnar en jafnóðum og náðst hafði niðurstaða sem ásættanleg virtist og kynnt var fyrir aðildarríkjum rak Svíþjóð framkvæmdastjórnina aftur að samningaborðinu. Fór svo þar til Svíar höfðu haft sitt fram. Frekari viðræðum milli Noregs og Evrópusambandsins verður þó haldið áfram svo að hægt verði að fella að fullu niður gjöld á vinnsluþætti varnings úr landbúnaðarhráefni. Hvað Ísland varðar munu tollar lækka um 2% á tilteknum vörutegundum en jafnframt er greitt fyrir útflutningi á vörum á borð við súkkulaði og bjór. Bókunin hefur verið einfölduð verulega.

Útflutningur sjávarafurða

Það var mikill sigur þegar það fékkst fram á sínum tíma að sjávarafurðir frá Íslandi skyldu ekki sæta heilbrigðiseftirliti sem þriðja lands vara og íslensk vottorð og heilbrigðiseftirlit var

sjálfkrafa tekið gilt. Með þessu fyrirkomulagi verða viðskipti með sjávarafurðir til ESB greiðari en ella. Þessu fyrirkomulagi fylgdi hins vegar að við innflutning sjávarafurða til Íslands, t.d. frá Rússlandi, verður að fylgja sameiginlegum reglum og hann verður að fara um samþykktar landamærastöðvar. Samkvæmt almennum reglum EES-samningsins væri það hlutverk ESA að taka út og samþykkja slíkar stöðvar en framkvæmdastjórnin hefur viljað áskilja sér ákveðinn eftirlits- og íhlutunarrétt. Í september var loks gengið formlega frá samkomulagi um það hvernig þessu skyldi hagað og jafnframt var samþykkt að einfalda verulega alla málsmeðferð við upptöku nýrra gerða á sviði dýraheilbrigðis. Þessi einföldun hefur verið íslenskum stjórnvöldum mikið kappsmál þar sem framkvæmdastjórnin hafði lengi krafist að ýmsar framkvæmdareglugerðir þeirra yrðu teknar inn sem hluti af samningnum með tilheyrandi þýðingar- og umsýslukostnaði fyrir Ísland. Einnig slævðust við þetta mörkin milli EES-löggjafar og framkvæmdar hennar. Íslensk stjórnvöld tóku málið fyrst upp fyrir tæpum þremur árum síðan við dræmar undirtektir framkvæmdastjórnarinnar og Noregs en nú hefur árangur náðst. Annað mál sem fékk farsæla lausn var framlenging á undanþágu Íslands vegna fiskisjúkdóma. Löggjöf sem setur vissar hömlur á innflutning á lifandi fiski verður því, enn um sinn, óbreytt á grundvelli vísindalegs mats á sýkingarhættu. Aftur er um að ræða mál þar sem ESA hefur samkvæmt EES-samningnum ákveðið umboð til ákvarðana en verður að fara sér hægt vegna afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

Sameiginlegar reglur um nýtingu gass

Norðmenn hafa lengi staðið gegn því að tilskipun um sameiginlegan innri markað með gas yrði felld án tilhliðrana inn í samninginn þar sem hún breytti verulega skipulagi þeirra á vinnslu og sölu á gasi. Þeirra nálgun var að hér væri um að ræða nýtingu á auðlind en af hálfu ESB var litið á þetta sem markaðsmál. Þótt ESB legðist ekki gegn því að Norðmenn stýrðu því á eigin forsendum hversu mikið skyldi nýtt þá töldu þeir að um sölu, flutning, dreifingu, útvegun og geymslu á náttúrulegu gasi skyldu gilda sameiginlegar reglur. Fór svo að lokum að Norðmenn samþykktu tilskipunina. Í tengslum við þessa gerð er athyglisvert að athuga aðskilnað nýtingar og markaðssetningar.

Aðrar mikilvægar ákvarðanir í EES

EES-samningnum fylgdi á sínum tíma ákveðin skylda til að tilkynna um tæknilega staðla og reglugerðir við framleiðslu vöru, svo tryggt væri að fullt samræmi ríkti á svæðinu. Gildissvið þessarar skyldu hefur nú verið útfært og nær einnig til fjarþjónustu. Með auknu vægi rafrænna viðskipta reynir meira á það hvernig ganga megi úr skugga um hvað teljist vera örugg undirskrift og hafa verið teknar inn í samninginn tilskipanir um þetta efni, svo og almennar reglur um rafeyrisfyrirtæki. Á fjarskiptasviði var tekin inn reglugerð um aðgang að heimtaug sem hefur það markmið að efla framboð og samkeppni í allri fjarskiptaþjónustu.

Verulega var breytt reglum um gæði neysluvatns og m.a kveðið á um mun umfangsmeiri mælingar en tíðkast hafa á Íslandi. Reynt var að fá fram undanþágu vegna þess kostnaðar sem þessu fylgir en það reyndist erfitt. Þegar hins vegar hefur verið sannað með mælingum að vatnið sé hreint verður hægt að fækka mælingum.

Tekin var inn ákvörðun um samstarf gegn mengun sjávar, viðbrögð við bráðamengun og upplýsingakerfi milli ríkja EES-svæðisins, samþykkt var framhaldsáætlun MEDIA-áætlunarinnar um stuðning við kvikmynda-, sjónvarps- og margmiðlunariðnað en til þeirrar áætlunar munu renna um 30 milljarðar íslenskra króna. Enn fremur var gengið frá aðild EFTA-ríkja um svokallaða „Digital Content“ áætlun, sem ætlað er að stuðla að þróun og notkun stafræns efnis á netinu og ýta undir tungumálafjölbreytni upplýsingaþjóðfélagsins. Skýrari reglur voru

settar um hámarksvinnutíma flugáhafna á EES-svæðinu en almenn viðmið á Íslandi höfðu verið innan þeirra marka.

Eftir að EFTA-ríkin féllust á að samþykkja skrá ESB um aukefni í matvælum og andstöðu Norðmanna við vítamínbættan barnamat og einkaleyfi í líftækni linnti eru ágreiningsefni fá. Nýjar reglur ESB um sæfiefni (eiturefni ýmiss konar) og markaðssetningu þeirra hafa þó valdið nokkrum áhyggjum. Það eru ekki reglurnar sjálfar sem valda vandkvæðum heldur það hvernig framkvæmdastjórnin vill áskilja sér og stofnunum ESB ákvörðunarvald út fyrir ramma EES-samningsins án þess að taka tillit til tveggja stoða kerfisins. Er jafnframt tekið fram að lausn í þessu máli verði fyrirmynd annarra ákvarðana í framtíðinni. Málið er enn í skoðun hjá íslenskum stjórnvöldum.

Við upphaf síðasta árs hóf framkvæmdastjórnin í fyrsta skipti samningsbrotaferil vegna vegaflutninga í Liechtenstein. Það tókst að leysa málið áður en í óefni var komið.

6.1.3. Málefni fram undan á vettvangi EES

Það hefur lengi verið kappsmál bæði Íslendinga og Norðmanna að fá fram betri kjör fyrir sjávarafurðir á ESB-markaði. Þetta hefur verið sérstaklega tilfinnanlegt fyrir Norðmenn þar sem mikilvægasta útflutningsafurð þeirra, lax, er ekki aðeins tollaður heldur hefur verið samið um lágmarksverð sem ekki lengur er raunhæft. Hvað Íslendinga varðar er það einkum tollar á síld og humar sem hafa hindrað eðlilega þróun útflutnings og tollar á fersk fiskflök. Enn bagalegra verður þetta eftir stækkun Evrópusambandsins þegar markaðir í Austur-Evrópu taka upp tolla ESB. Hvorki hefur gengið né rekið í viðræðum um umbætur á bókun 9 en vonir standa til að tvíhliða viðræður Norðmanna og ESB leiði til einhvers sveigjanleika í framkvæmd. Áfram verður þó sótt á ESB um endurbætur á bókun 9 og jafnframt farið fram á bætur vegna skerts markaðsaðgangs eftir stækkun sambandsins.

Framkvæmdastjórnin og formennska ESB hafa viljað hefja viðræður við Ísland og Noreg á grundvelli 19. greinar samningsins um aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hefur þegar verið skýrt frá nýlegum lækkunum íslenskra stjórnvalda á aðflutningsgjöldum á grænmeti og jafnframt vakið máls á innflutningsgjöldum á íslenska hesta. Búist er við að fyrstu viðræður hefjist í sumar.

Fram undan eru samningaviðræður um aðkomu EFTA-ríkja að þremur nýjum stofnunum um öryggi matvæla, flugöryggi og öryggi á sjó. Þessar stofnanir munu móta lagaumhverfi og eftirlit á EES-svæðinu. Ekki er ágreiningur um að Ísland og Noregur muni taka þátt í starfi þessara stofnana en ýmislegt er enn ójóst um stjórn þeirra, skipulag og fjármál.

6.1.4. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Eftirlitsstofnun EFTA gefur tvisvar á ári út yfirlit um það hvernig aðildarríkjum EFTA/EES miðar við framkvæmd sameiginlegra skuldbindinga. Er það gert í nánu samráði við framkvæmdastjórn ESB og nær því samanburðurinn til EES-ríkjanna átján. ESB hefur sett sér það markmið að aldrei skuli skorta meira en eitt og hálft prósent á það að samþykkt löggjöf sé að fullu í framkvæmd. Talsvert skorti á það að Ísland og Noregur stæðu sem skyldi við upphaf árs því þá voru þau í 16. og 17. sæti. Bæði ríkin hafa hins vegar nú tekið sig á og eru í 6. og 7. sæti. Hefur Ísland náð því marki að vera innan viðmiðunarmarka. Stofnunin hefur fylgst náið með og gert athugasemdir við framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum og fóðri, með framkvæmd matvælalöggjafar, hollustueftirlits, eftirlits með eiturefnum og umhverfisvernd og enn mætti lengi telja. Stofnunin hefur tekið fyrir mismunun við innheimtu flugvallarskatta, mismunun við veitingu skattafrádráttar eftir því hvort um var að

ræða innlent eða erlent fyrirtæki, byggðastyrki, persónuverndarákvæði við starfsemi gagnagrunns, styrki til kvikmyndagerðar o.fl.

6.2. Samskipti við ESB utan EES-samningsins

Samhliða EES-samningnum var á sínum tíma gengið frá samningi milli Íslands og ESB um skipti á veiðiheimildum þar sem skip frá aðildarríkjum ESB fengu heimildir til að veiða allt að 3.000 tonn af karfa en ESB gaf á móti 30.000 tonna loðnukvóta. Lengi vel áttu fiskiskip ESB í erfiðleikum með að nýta þessar heimildir og sum árin veiddist enginn karfi. Á síðasta ári fór þó afli fiskiskipa ESB, sem öll eru frá Bretlandi eða Þýskalandi, í fyrsta skipti yfir 2.000 tonn. Samningurinn verður framlengdur sjálfkrafa til sex ára ef honum verður ekki sagt upp í vor en framkvæmdastjórnin hefur lýst áhuga á að ræða það hvort svigrúm sé fyrir hendi um stækkun veiðisvæða og breytta tilhögun veiðieftirlits.

Í Lissabon er starfrækt sérstök upplýsingamiðstöð á vegum ESB sem hefur það hlutverk að vera stjórnvöldum aðildarríkja til aðstoðar í baráttunni við eiturlyf. Reynt var að sjá til þess að koma þátttöku Íslands og Noregs inn í EES-samninginn. Noregur hefur samið um sérstaka aukaaðild. Samningaviðræður við Ísland hafa ekki komist á skrið sökum þess að framkvæmdastjórnin hefur viljað halda sig við þá grunnreglu að kostnaði við þátttöku beri að skipta upp jafnt milli þátttökuríkja án tillits til stærðar.

6.3. Stækkun ESB

Samningaviðræður um stækkun ESB eru vel á veg komnar.[2] Er nú stefnt að því að samningaviðræðum ljúki fyrir árslok við tíu ríki[3] og aðildarsamningar verði fullgildir árið 2004 svo umsóknarríkin geti tekið þátt í kosningum til Evrópuþingsins það ár. Gert er ráð fyrir því að á sama tíma verði lýst jákvæðum viðhorfum til umsókna Búlgaríu og Rúmeníu með það að markmiði að þau komi inn í sambandið innan fárra ára. Talið er að Tyrkland þurfi enn um sinn að bíða aðildar, einkum og sér í lagi vegna stöðu mannréttindamála þar í landi. Nú um stundir hafa velflest ríkjanna tíu lokið samningaviðræðum um flesta málaflokka en eftir standa þeir þættir sem eru viðkvæmastir, bæði fyrir ríkin 10 en ekki síður fyrir núverandi aðildarríki. Þar er um að ræða þá þætti sem eru fjárfrekastir í sambandinu. Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögur um tíu ára aðlögunarfrest áður en beingreiðslur til bænda verða með sama hætti og í aðildarríkjum. Þessar tillögur hafa mætt verulegri andstöðu einstakra umsóknarríkja, einkum Póllands, þar sem þeim þykir ekki gengið nógu langt til móts við þau í fjárframlögum til mikilvægra þátta eins og landbúnaðarmála.

Stækkun ESB leggur þá skyldu á nýju aðildarríkin að sækja einnig um aðild að EES-samningnum. Er þar um sérstaka umsókn að ræða og þarf því að gera sérstaka samninga við þessi ríki um aðild að EES-samningnum en undir þeim kringumstæðum er Ísland einn samningsaðila. Ekki er í sjálfu sér gert ráð fyrir að um tæknilega flókið ferli verði að ræða eða að sérstök vandkvæði komi upp gagnvart nýjum aðildarríkjum. Er tæknileg undirbúningsvinna fyrir þessa samningsgerð þegar hafin í samstarfi sérfræðinga EFTA og framkvæmdastjórnar ESB.

---

[2] Viðræður standa yfir við Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Ungverjaland, Slóveníu, Tékkland, Slóvakíu, Kýpur, Möltu, Búlgaríu og Rúmeníu. Meðal umsóknarríkja er einnig Tyrkland. Umsókn Sviss er ekki til umfjöllunar.

[3] Öll framangreind ríki utan Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklands.

Það sem mun verða EFTA-ríkjunum mikilvægast en jafnframt erfiðast að ná fram gagnvart ESB er að viðhalda þeim viðskiptakjörum sem nú eru við lýði varðandi markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir í þessum nýju aðildarríkjum. Ástæða þess er sú að ef ekkert verður að gert mun bókun 9 við EES-samninginn ráða þessum kjörum eftir stækkun en bókun 9 er óhagstæðari en fríverslunarsamningar EFTA við átta þessara ríkja sem allir tryggja fulla fríverslun með sjávarafurðir. Hefur framkvæmdastjórn ESB tekið dræmt í allar breytingar hvað þetta varðar og telur sér ekki skylt að bæta skaðann. Vísa þeir til þess að reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar geri aðeins ráð fyrir bótum ef breyting er gerð á almennum tollum en taki ekki til tollfríðinda á grundvelli fríverslunarsamninga. Af hálfu EFTA-ríkja hefur verið bent á að samið hafi verið um bætur þegar Spánn gekk í Evrópusambandið og aftur þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu inn. Pólitísk og lagaleg rök hnígi að því að stækkun eigi ekki að leiða til frekari viðskiptahindrana. Málið hefur verið kynnt fyrir ráðamönnum framkvæmdastjórnar og aðildarríkja í tvíhliða viðræðum og nú síðast á ráðherrafundi EES. Ekki verður hægt að hefja eiginlegar viðræður fyrr en eftir að aðildarviðræðum lýkur. Pólland er gamall og mikilvægur markaður m.a. fyrir síld en útflutningur þangað minnkaði verulega á tímabili. Nú virðist vera að birta til og vaxtarmöguleikar eru verulegir. Mikilvægt er að festa sig í sessi á þessum mörkuðum nú því náist árangur í viðræðum um bætur verður það líklegast á grundvelli tollkvóta á grundvelli útflutnings síðustu þriggja ára.

6.4. Schengen-samstarfið

Í mars 2001 hófst full framkvæmd Schengen-samningsins hér á landi. Með því var fellt niður landamæraeftirlit gagnvart farþegum er ferðast frá einu Schengen-ríki til annars. Framkvæmd samningsins hér á landi hefur almennt gengið vel og á vettvangi samstarfsins sjálfs hefur samstarfið gengið vel í meginatriðum. Þó hafa verið skiptar skoðanir í afmörkuðum tilvikum um túlkun samnings Íslands og Noregs annars vegar og ESB hins vegar. Má fullyrða að alvarlegasti ágreiningurinn þess eðlis hafi orðið í kjölfar viðbragða ESB við hryðjuverkunum í Bandaríkjunum 11. september 2001. Þar greindi samningsaðila á um hvort umfangsmiklar aðgerðir ESB í kjölfar atburðanna teldust varða Schengen-samstarfið eður ei. Gegn andmælum Íslands og Noregs fékk ESB sínu framgengt og fjallaði ekki um þessar aðgerðir á vettvangi Schengen-samstarfsins. Er nú að koma á daginn að ýmsar af þessum aðgerðum kalla á breytingar á Schengen-samningnum sem nú eru til umfjöllunar.

Þróun samstarfsins á sér hins vegar að öðru leyti stað með öruggum hætti. Hefur komið í ljós að gerðir samningsins eru viðráðanlegar í fjölda og umfangi en á þeim vettvangi sem Schengen-samstarfið tekur til er þó stöðug þróun í átt til aukinnar samræmingar og nánara samstarfs eins og á öðrum sviðum Evrópusamvinnunnar. Á næstu missirum er framundan veruleg vinna við að aðstoða ný aðildarríki ESB við að aðlaga sig að reglum Schengen en ætla má að nokkur tími líði þar til þau hefja fulla framkvæmd samningsins. Er ekki óvarlegt að ætla að þau muni í verulegum mæli leita til Norðurlandanna eftir þekkingu og reynslu á framkvæmd Schengen-reglna og mun Ísland leggja sitt að mörkum í því skyni eftir því sem unnt er. Hefur Ísland til að mynda þegar tekið þátt í verkefni í Litháen í þessu skyni.

Til að tryggja öfluga lögreglusamvinnu innan Schengen var samið um samstarf við EUROPOL, miðstöð lögreglusamstarfs Evrópusambandsríkja, sem starfrækt er í Haag. Samstarfssamningur var undirritaður í lok júní 2001 í Stokkhólmi. Ísland og Noregur voru þar með fyrst allra ríkja til að semja um slíkt samstarf við EUROPOL en þessi tvö ríki eru efst á forgangslista ESB um eflingu samstarfs.

6.5. Þróun ESB

6.5.1. Nice-sáttmálinn og „Framtíð Evrópu“

Þróun ESB hefur verið ör frá því skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi var lögð fram vorið 2000. Nice-sáttmálinn var gerður í formennskutíð Frakka undir lok ársins 2000. Á leiðtogafundinum í Nice var leitast við að fjalla að mestu um stofnanalega þætti ESB til undirbúnings stækkunar sambandsins. Er óhætt að segja að efnisleg niðurstaða hafi verið fremur rýr ef á heildina er litið. Málamiðlun náðist um atkvæðavægi í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu en að öðru leyti var málefnum frestað til síðari umfjöllunar. Sú umfjöllun er nú hafin undir yfirskriftinni „Framtíð Evrópu“ en að henni koma fulltrúar allra aðildarríkja ESB, jafnt þjóðþinga sem ríkisstjórna, auk fulltrúa væntanlegra aðildarríkja sem þó eru einungis áheyrnaraðilar. Helstu stofnanir ESB eiga þar einnig sína fulltrúa. Ráðstefnunni er ætlað að endurnýja og opna umræðu um framtíð álfunnar og gera þeir bjartsýnustu sér vonir um að niðurstaðan muni leggja grunn að einhvers konar stjórnarskrá Evrópu. Er sérstaklega rætt um að skýra verði verkaskiptingu milli aðildarríkja og sameiginlegra stofnana og sjá til þess að Evrópustarfið verði ljósara og skiljanlegra öllum almenningi. Það verður þó ekki fyrr en að ríkjaráðstefnan hefst 2004 sem það skýrist hversu mikið af þessu starfi skilar sér inn í lagagrunna ESB.

Í formennskutíð Finna voru á leiðtogafundi í Tampere settar fram nýjar áherslur um samstarf á sviði innanríkis- og dómsmála og markið sett hátt. Það tók tíma að festa nýjar forsendur í sessi en segja má að eftir hryðjuverkin í New York í september hafi nauðsyn þess að auka samstarf aðildarríkja um þessi mál blasað við. Hefur umræðu fleygt fram á undanförnum mánuðum og má sem dæmi nefna samþykkt undir lok síðasta árs um evrópska handtökutilskipun. Dómsmálaráðherrar hafa í kjölfar fyrrgreindra atburða rætt breytingar á refsiramma, samgönguráðherrar hvernig bregðast skuli við breyttum forsendum við rekstur flugvalla og fjármálaráðherrar hafa tekið á rekstrarvanda flugfélaga vegna svimandi hárra tryggingagjalda. Þegar ríkisstjórn Íslands ákvað að hlaupa undir bagga með íslenskum flugfélögum vegna tryggingakostnaðar var erfitt um vik því það þurfti að gera innan ramma sameiginlegrar reglna EES sem mótaðar voru af fjármálaráðherrum ESB.

6.5.2. Innleiðing Evrunnar sem lögeyris

Án efa er innleiðing evrunnar í 12 aðildarríkjum ESB þann 1. janúar 2002 eitt af stærstu skrefunum sem stigið hefur verið innan ESB frá stofnun þess. Samdóma álit flestra virðist vera að einkar vel hafi tekist til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Virðist sem þessi velgengni ætli að hafa mótandi áhrif á skoðanir íbúa þeirra aðildarríkja ESB sem enn standa utan evrunnar. Er eðlilegt að Ísland fylgist sérstaklega með þessari þróun þar sem fjölgun ríkja innan evrusvæðisins mun hafa í för með sér að aukið hlutfall utanríkisviðskipta Íslands verði við þetta eina myntsvæði, sérstaklega ef Bretland, Svíþjóð og Danmörk munu ganga í myntbandalagið, sem og umsóknarríkin. Við slíkar kringumstæður væri evran gjaldmiðill um 500 milljón manna á markaði sem tæki við um 70% af útflutningsverðmætum Íslands.

Svíar stefna nú að því að bera upptöku evrunnar undir þjóðaratkvæði á næsta ári og skoðanakannanir í Danmörku benda til þess að þar hafi fólki snúist hugur og taki jákvæðari afstöðu en áður til upptöku evru. Það land sem mest vægi hefur í utanríkisviðskiptum Íslands er þó Bretland. Blair forsætisráðherra stefnir að aðild en mun ekki láta til skarar skríða fyrr en efnahagsleg skilyrði hafa verið uppfyllt og hefur falið Brown fjármálaráðherra sínum að meta það hvenær sú stund rennur upp.

6.5.3. Lissabonferlið

Á leiðtogafundinum í Lissabon vorið 2000 setti Evrópusambandið sér það metnaðarfulla markmið til næstu tíu ára að verða samkeppnishæfasta og framsæknasta hagkerfi veraldarinnar. Markmiði þessu á að ná með því beita þeim stjórnunar- og stefnumótunaraðferðum sem þegar hafa mótast hjá Evrópusambandinu auk þess sem skilgreind var ný aðferð, svonefnt „opið samráð“, sem byggir að verulegu leyti á því að virkja einkaaðila og einstaklinga til jafns við hið opinbera.

Í gegnum tíðina hefur helsti aflvaki Evrópusamrunans verið laga- og reglusetningarvald stofnana Evrópusambandsins. Með Lissabonferlinu færist áhersla frá hefðbundnu löggjafarstarfi Evrópusambandsins yfir í fjölbreyttara samstarf við við ríkisstjórnir, sveitarstjórnir, aðila vinnumarkaðar og einkaaðila. Sett eru nánar skilgreind áfangamarkmið og síðan reynt að mæla hvernig til takist um að ná þeim markmiðum.

Ein forsenda EFTA/EES-ríkjanna fyrir því að velja sínu Evrópusamstarfi ramma EES-samningsins var að það leiddi í minni mæli til valdaframsals til miðlægra og yfirþjóðlegra stofnana. Lissabonferlið ætti því að henta EFTA/EES-ríkjunum vel þar sem það byggist í grunninn á nálægðarreglunni og því að færa framkvæmd og frumkvæði sem næst einkaaðilum og borgurum. EFTA/EES-ríkin hafa ekki átt þess kost að taka þátt í því að móta hin einstöku áfangamarkmið sem Evrópusambandið hefur skilgreint. Ljóst er að Evrópusambandið mun þurfa að grípa til lagasetningar til að ná fyrrnefndum markmiðum sínum og verður sú löggjöf felld inn í EES-samninginn. Þegar þeim tilvikum sleppir er hins vegar ljóst að EES-samningurinn felur ekki í sér úrræði til að tryggja þátttöku EFTA/EES-ríkjanna í þeirri mótun innri markaðarins sem Lissabonferlið óhjákvæmilega felur í sér.

EFTA/EES-ríkin hafa brugðist við þessu með því að óska eftir því að fá að tengjast Lissabonferlinu að því marki sem það snertir innri markaðinn og þar með EES-samninginn. EFTA/EES-ríkin hafa fyrir sitt leyti safnað saman nauðsynlegum upplýsingum til að mæla árangur sinn gagnvart einstökum áfangamarkmiðum Lissabonferlisins. Sú vinna hefur nú þegar leitt í ljós að á mörgum sviðum standa EFTA/EES-ríkin sig mjög vel í samburði við ESB-ríkin og ætti það að vera mönnum hvatning. Niðurstöðurnar eru þó mikilvægari í þeim tilvikum þegar þær leiða í ljós slakari frammistöðu. Þá er brýnna en ella að bæta úr vilji menn ná höfuðmarkmiðinu um samkeppnishæfasta hagkerfið innan 10 ára. Eigi þessi vinna að nýtast EFTA/EES-ríkjunum með sambærilegum hætti og ESB er nauðsynlegt að upplýsingar frá EFTA/EES-ríkjunum komi fram í töflum og gögnum sem gefin eru út vegna Lissabonferlisins. Leiðtogafundur ESB vor hvert er m.a. tileinkaður Lissabonferlinu og komu EFTA/EES-ríkin á framfæri upplýsingum um stöðu sína gagnvart áfangamarkmiðum fyrir leiðtogafundinn í Stokkhólmi á síðasta ári. ESB hafnaði þá að taka upplýsingar EFTA/EES-ríkja með í skýrslu sína um stöðu Lissabonferlisins og bar því við að fyrst yrði að gera umsóknarríkjunum viðeigandi skil.

EFTA/EES-ríkin hafa brugðist við því nú með því að setja upplýsingar sínar fram sem viðbót við upplýsingar Evrópusambandsríkjanna. Hefur forsætisráðherra, fyrir hönd Íslands sem formennskuríkis EFTA í EES-samstarfinu, ritað starfsbræðrum sínum hjá Evrópusambandinu bréf þar sem framlagi EFTA/EES-ríkjanna til Lissabonferlisins er komið á framfæri. Líklegt er talið að upplýsingar um umsóknarríkin verði felldar inn í stöðuskýrslu Evrópusambandsins sem verður tekin saman fyrir leiðtogafundinn vorið 2003 og má þá gera sér vonir um að upplýsingar um EFTA/EES-ríkin gætu komið með einhverjum hætti inn í næstu stöðuskýrslur þar á eftir.

7. SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR OG SÉRSTOFNANIR ÞEIRRA

Sameiginleg útnefning Kofis Annan, aðalframkvæmdastjóra, og Sameinuðu þjóðanna sjálfra til friðarverðlauna Nóbels í desember 2001 var mikilsverð viðurkenning á starfi stofnunarinnar. Miklar vonir eru bundnar við að þessi heiður auki enn á trúverðugleika Sameinuðu þjóðanna og afli þeim þess pólitíska fylgis sem nauðsynlegt er til að stofnunin fái sinnt því hlutverki sínu að varðveita heimsfrið og öryggi, og að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum. Hinn 27. júní 2001 var Kofi Annan einróma endurkjörinn aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna til næstu fimm ára. Mikil ánægja ríkir með störf hans og er óumdeilt að honum hefur tekist að styrkja virðingu og vægi stofnunarinnar á alþjóðavettvangi. Virk þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna er sem fyrr einn af grundvallarþáttum íslenskrar utanríkisstefnu.

7.1. Virk þátttaka Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna

7.1.1. Framboð Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna

Í samræmi við þá stefnu að Ísland láti enn frekar að sér kveða í starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið ákveðið að bjóða Ísland fram til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010. Kosningar fara fram á allsherjarþinginu haustið 2008. Framboð Íslands nýtur stuðnings hinna Norðurlandanna. Utanríkisráðuneytið hefur hafið undirbúning að framboðinu og var m.a. bætt við einum starfsmanni í fastanefnd Íslands í New York á síðasta ári gagngert til að fylgjast með verkefnum öryggisráðsins.

Framboð til öryggisráðsins og væntanleg seta Íslands í ráðinu verður eitt stærsta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur fengist við. Undirbúningur og framkvæmd þarf að einkennast af fagmennsku og vandvirkni þannig að Ísland komi öflugt inn í ráðið og geti axlað þá miklu ábyrgð sem í starfinu felst. Samstaða þjóða í baráttunni gegn hryðjuverkum, einkum á grundvelli ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur sýnt og sannað mikilvægi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem verkfæri alþjóðasamfélagsins til að stuðla að friði og öryggi. Tryggja þarf að bein þátttaka Íslands í störfum ráðsins verði markviss og skili árangri sem verði Íslandi til sóma og framdráttar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Endurskoðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna

Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því að ná samkomulagi um endurskoðun á starfsháttum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en hægt hefur gengið að sætta mismunandi sjónarmið og hagsmuni aðildarríkjanna. Almennt samkomulag er um nauðsyn þess að aðlaga starfshætti öryggisráðsins að breyttum tímum og fjölga þeim ríkjum sem sæti eiga í ráðinu. Ágreiningur er hins vegar um hve mikið fjölga eigi í ráðinu, um fjölda ríkja sem þar ættu að hafa fast sæti, hvort þau eigi að hafa neitunarvald og hvort breyta eigi heimildum um beitingu neitunarvaldsins. Þorsteinn Ingólfsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, var á árinu 2000 kjörinn til að gegna starfi annars tveggja varaformanna sérstakrar nefndar sem vinnur að endurskoðun á starfsháttum öryggisráðsins.

7.1.2. Sáttaumleitanir í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

Í kjölfar þess að Bandaríkin náðu ekki kjöri í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í kosningum innan Efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC) í maí 2001 ákvað ríkjahópur Vesturlanda að freista þess að ná samkomulagi um framboðsmál til langs tíma í mikilvægustu stofnunum sem kjörið er til á vettvangi ECOSOC. Þorsteini Ingólfssyni, fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, var fengið það hlutverk að vinna að sátt innan hópsins um helstu framboðsmál og að freista þess í upphafi að ná samkomulagi um framboð í mann-

réttindaráð Sameinuðu þjóðanna fyrir kosningar í ECOSOC í lok apríl 2002. Um miðjan mars 2002 var ljóst að sáttaumleitanir um þetta voru komnar í strand. Þrátt fyrir það hefur ríkjahópurinn skorað á íslenska fastafulltrúann að taka aftur upp sáttaumleitanir eftir kosningarnar í ECOSOC í vor.

7.1.3. Aðild Íslands að nefndum og ráðum

Sæti í stjórn Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)

Ákveðið var haustið 2000 að Ísland mundi sækjast eftir sæti í framkvæmdastjórn UNESCO þegar kjörtíma Finnlands í stjórninni lyki haustið 2001 en jafnan er einn fulltrúi Norðurlanda í ráðinu. Ísland hefur einu sinni áður átt sæti í stjórninni, árin 1983–87. Það þýðir þó ekki að sætið tilheyri Norðurlöndunum heldur er Vesturlandahópnum ætluð níu sæti í stjórninni. Nú var kosið um fjögur sæti en fimm á næstu aðalráðstefnu. Til þess er ætlast að hver valhópur semji innbyrðis um hverjir hljóti sætin en slíkt gerist æ sjaldnar og geta óvænt framboð komið fram. Framboð Íslands hlaut góðan hljómgrunn, Ísland náði kosningu og tekur Sveinn Einarsson sæti Íslands í stjórninni. Menntamálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið unnu saman að framboðinu og kom sérstakur starfsmaður utanríkisráðuneytisins til starfa í sendiráðinu í París í hálft ár til að vinna framboðinu fylgi.

Sæti í nefnd um sjálfbæra þróun (CSD)

Ísland var kosið til setu í nefnd um sjálfbæra þróun (CSD) á fundi efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuð þjóðanna í maí 2000. Kjörtímabil Íslands stendur til loka 12. fundar nefndarinnar árið 2004. Nefndin var sett á fót til að fylgja eftir ákvörðunum Ríóráðstefnunnar um umhverfi og þróun og hefur henni verið falið að undirbúa leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem verður í Jóhannesarborg haustið 2002 (sjá nánar kafla 11.1.1).

Framboð í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO)

Ísland hefur tilkynnt framboð Davíðs Á. Gunnarssonar, ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, til setu í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar tímabilið 2003–2006. Framboðið hefur stuðning Norðurlandanna. Utanríkisráðuneytið, sendiráð og fastanefndir vinna að kynningu framboðsins og öflun stuðnings við það í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Annað nefndastarf

Ísland lauk á árinu 2001 þriggja ára setu sinni í hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna (Statistical Commission). Hallgrímur Snorrason hagstofusjóri sat í nefndinni fyrir hönd Íslands. Þá tók Ísland í byrjun árs 2002 sæti í nefnd Sameinuðu þjóðanna um friðargæsluaðgerðir þar sem fjallað er um áherslur og áform í friðargæslustarfi samtakanna. Þátttaka í starfi friðargæslunefndarinnar tengist áformum íslenskra stjórnvalda í fjölþjóðlegum friðargæsluaðgerðum, þar á meðal á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þátttakan í starfi nefndarinnar er jafnframt liður í undirbúningi að framboði Íslands til öryggisráðsins (sjá kafla 7.1.1).

7.1.4. Þátttaka íslenskra þingmanna í störfum allsherjarþingsins

Líkt og undanfarin ár hafa íslenskir þingmenn sótt allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og fylgst með störfum þess. Þátttakan er mikilvæg til að tengja það sem gerist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna við löggjafarvaldið og stuðlar um leið að því að auka upplýsingaflæði og efla tengsl milli utanríkisráðuneytisins og Alþingis. Eftirfarandi þingmenn sóttu 56. allsherjarþingið haustið 2001: Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz, Kolbrún Halldórsdóttir,

Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Eftirfarandi þingmenn sóttu 55. allsherjarþingið haustið 2000: Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni Johnsen, Margét Frímannsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Katrín Fjeldsted.

7.1.5. Íslenskir starfsmenn hjá Sameinuðu þjóðunum

Nokkrir Íslendinga starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra og undirstofnana víða um heim en það er stefna utanríkisráðuneytisins að stuðla að fjölgun íslenskra starfsmanna hjá alþjóðastofnunum. Í febrúar 2001 héldu Sameinuðu þjóðirnar hæfnispróf í Reykjavík um störf hjá Sameinuðu þjóðunum fyrir unga háskólamenntaða umsækjendur. Rúmlega 50 manns þreyttu prófið sem tók tvo daga. Fjórir þeirra stóðust prófið og eru nú á lista Sameinuðu þjóðanna yfir einstaklinga sem boðin verða störf hjá stofnuninni á næstu missirum. Steinar Berg Björnsson viðskiptafræðingur sem gegnt hefur ýmsum stjórnunarstörfum hjá Sameinuðu þjóðunum um árabil, var settur yfirmaður skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg í janúar 2002. Enginn Íslendingur hefur fyrr gegnt jafnhárri stöðu innan samtakanna.

7.2. Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna og aðrir stórviðburðir

Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna í september 2000

55. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 2000 var aldamótaþing og árþúsundamótaþing. Af því tilefni var í upphafi þingsins efnt til leiðtogafundar dagana 6.–8. september 2000. Fundinn sóttu 146 þjóðarleiðtogar og var þetta stærsti þjóðarleiðtogafundur sem haldinn hefur verið. Davíð Oddsson forsætisráðherra sótti fundinn fyrir Íslands hönd. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á að í heimi vaxandi veraldarvæðingar hefði aldrei verið meiri þörf fyrir Sameinuðu þjóðirnar, en jafnframt hefðu aldrei verið gerðar jafnmiklar kröfur til stofnunarinnar. Þar væru lýðræðis- og mannréttindamál m.a. í brennidepli. Hann fagnaði frumkvæði aðalframkvæmdastjórans um úttekt á friðargæslustarfi Sameinuðu þjóðanna og greindi frá áformum íslenskra stjórnvalda um að auka þátttöku í friðargæslu.

Yfirlýsing leiðtogafundarins er stefnumótandi fyrir framtíðarstarf Sameinuðu þjóðanna. Í yfirlýsingunni staðfestu þjóðarleiðtogarnir trú sína á markmið og meginreglur Sameinuðu þjóðanna og lýstu því yfir að eitt af aðalviðfangsefnum samtíðarinnar væri að tryggja að alþjóðavæðingin kæmi öllum til góða. Þeir kváðu gildi á borð við frelsi, jafnrétti, samstöðu, umburðarlyndi, virðingu fyrir náttúrunni og óskipta ábyrgð skipta sköpum í alþjóðlegum samskiptum á nýrri öld. Leiðtogarnir skuldbundu sig til að styrkja Sameinuðu þjóðirnar í hlutverki sínu að viðhalda heimsfrið og öryggi og settu sér framsækin markmið til að útrýma fátækt í heiminum og auka framþróun.

50 ára afmæli flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna

Í lok árs 2001 var haldinn í Genf fyrsti ráðherrafundur Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í tilefni 50 ára afmælis flóttamannasamningsins og sótti utanríkisráðherra fundinn og hélt ávarp. Samningurinn er helsta tæki Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna til verndar mannréttindum flóttamanna. Árið 1967 var gerð viðbótarbókun við samninginn sem felur í sér víðtækari skilgreiningu á hugtakinu flóttamaður. Alls hafa 143 ríki gerst aðilar að öðrum hvorum þessara samninga eða báðum. Ísland er bæði aðili að samningnum og bókuninni. Samkvæmt samningnum ber aðildarríkjum skylda að tryggja réttindi og velferð flóttamanna án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúarbragða eða pólitískra skoðana. Í árslok 2000 var stofnað til alþjóðlegs samráðs sem miðar að því að endurskoða samninginn frá 1951, sem og viðbótarbókunina, með það að leiðarljósi að koma til móts við breyttar aðstæður og þróa

nýjar aðferðir til að styrkja enn frekar vernd flóttamanna. Jafnframt verði lögð áhersla á nauðsyn þess að finna varanlegar lausnir á vandamálum flóttamanna og að komast fyrir rót vandans, þ.e. þær aðstæður sem flóttamennirnir eru að flýja. Ráðherrafundurinn samþykkti samhljóða yfirlýsingu sem miðar að því að styrkja samninginn og bókunina enn frekar. Ísland mun halda áfram að fylgjast með og taka þátt í hinu alþjóðlega samráði með markvissri þátttöku í störfum Flóttamannastofnunarinnar.

Eftirfylgni Peking-ráðstefnunnar um málefni kvenna

Aukaallsherjarþing um eftirfylgni alþjóðaráðstefnunnar um málefni kvenna sem haldin var í Peking 1995, var haldið í New York í júní 2000. Páll Pétursson félagsmálaráðherra sótti þingið. Í ræðu sinni skýrði hann frá þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttismálum á Íslandi síðan ráðstefnan var haldin í Peking. Hann gerði sérstaklega grein fyrir nýrri jafnréttislöggjöf og nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um alnæmisvandann

Dagana 25.–27. júní 2001 var haldið aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um alnæmisvandann. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sat þingið og ávarpaði það. Heilbrigðisráðherra lagði áherslu á að árangur hefði náðst í baráttunni gegn þessum vágesti. Það væri ekki síst að þakka aukinni fræðslu og bættri stöðu kvenna. Ráðherra lagði einnig áherslu á að virkja yrði ungt fólk í baráttunni og ekki síst þá einstaklinga sem hafa smitast af alnæmisveirunni. Hvatti ráðherra stjórnvöld ríkja til að tryggja jafnt aðgengi þegna að lyfjum og heilbrigðisþjónustu. Hann ítrekaði jafnframt að nauðsynlegt væri að efla alnæmisrannsóknir.

Alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Durban í Suður-Afríku

Alþjóðaráðstefna Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttamismunun, útlendingahatri og skorti á umburðarlyndi fór fram í Durban í Suður Afríku 31. ágúst til 7. september 2001. Þungamiðja undirbúningsferlisins fór fram í Genf og hafði verið þyrnum stráð. Nokkrir svæðisbundnir fundir voru einnig haldnir til undirbúnings ráðstefnunni. Á undirbúningsfundunum í Genf hafði hvorki náðst samkomulag um orðalag yfirlýsingar ráðstefnunnar né framkvæmdaáætlun, þannig að óljóst var hvert stefndi þegar ráðstefnan hófst. Við opnun ráðstefnunnar lagði Kofi Annan áherslu á að ekkert ríki væri alveg laust við kynþáttamisrétti, útlendingahatur og skort á umburðarlyndi. Mary Robinson, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, fór þess á leit við ráðstefnugesti að þeir beindu augunum að fórnarlömbum kynþáttamisréttis, bæði fyrr og nú, og lagði áherslu á að gæta þyrfti mannlegs virðuleika allra þegna heims. Fulltrúar 170 ríkisstjórna sóttu ráðstefnuna ásamt fulltrúum á þriðja þúsund frjálsra félagasamtaka. Alls voru um fjórtán þúsund þátttakendur í Durban í tengslum við ráðstefnuna og atburði tengda henni, þar af um 6.000 á sjálfri alþjóðaráðstefnunni. Páll Pétursson félagsmálaráðherra leiddi sendinefnd Íslands. Ráðstefnunni lauk með samkomulagi um yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun sem náðist á elleftu stundu. Yfirlýsingin og framkvæmdaáætlunin verður gefin út á íslensku innan tíðar.

Alþjóðleg ráðstefna um fjármögnun þróunar

Alþjóðleg ráðstefna um fjármögnun þróunar var haldin í Monterrey í Mexíkó dagana 18.–22. mars sl. og fór Geir H. Haarde fjármálaráðherra fyrir sendinefnd Íslands. Í ávarpi sínu ítrekaði fjármálaráðherra það mat íslenskra stjórnvalda að hið einstaka tækifæri sem felist í ráðstefnunni megi ekki glatast. Milljónir manna í þróunarlöndunum líti til ráðstefn-

unnar með von um betra líf og þeir leiðtogar sem mæti á ráðstefnuna skuldbindi sig til að beita sér enn frekar að úrbótum. Íslensk stjórnvöld hafa jafnan ítrekað að árangur ráðstefnunnar verði að skila sér í markvissara átaki í útrýmingu fátæktar og eflingu samskipta þróaðra ríkja og vanþróaðra við uppbyggingu stjórnkerfis er byggi á ábyrgð stjórnenda og virðingu fyrir mannréttindum. Að þessu sögðu má aldrei líta fram hjá því að ábyrgð þróunar verður að liggja hjá stjórnvöldum viðkomandi ríkis.

Aukaallsherjaþing um málefni barna

Halda átti aukaallsherjarþing um málefni barna 18.–20. september í New York. Í undirbúningsferlinu sem hófst í ársbyrjun 2001 lagði Ísland áherslu á lykilhlutverk alþjóðasamningsins um réttindi barnsins, jafnréttismál, baráttuna gegn ofbeldi á börnum, forvarnir og meðferðarúrræði fyrir börn vegna vímuefnaneyslu. Búið var að taka ákvörðun um þátttöku frá Íslandi undir forustu félagsmálaráðherra, en fresta varð þinginu vegna hryðjuverkanna 11. september. Nú er áformað að halda þingið 8.–10. maí 2002.

Leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem fram fer í Jóhannesarborg í september 2002 og undirbúningi íslenskra stjórnvalda vegna þátttöku í honum er gerð skil í kafla 10.1.1.

7.3. Mannréttindamál

Mannréttindi eru óaðskiljanlegur hluti alþjóðastjórnmála en ekki einkamál sérhverrar þjóðar. Mannréttindi eru í eðli sínu altæk, ekkert ríki getur hafnað alþjóðlegum afskiptum af mannréttindamálum sínum í skjóli þess að um innanríkismál sé að ræða og ekki er lengur um það deilt að það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir mannréttindum.

Ísland leggur sérstaka áherslu á mannréttindi í málflutningi sínum hjá Sameinuðu þjóðunum, einkum réttindi kvenna og barna, og er leitast við að taka sem virkastan þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði. Utanríkisráðherra hefur fjallað um þau mál sérstaklega í ræðum sínum á allsherjarþinginu. Þá hefur Ísland á farsælan hátt tengt málefni kvenna og friðargæslu með fjármögnun á útsendum íslenskum jafnréttissérfræðingum til að starfa fyrir UNIFEM í Kosóvó (sjá kafla 5.1.3).

7.3.1. Mannréttindi og alþjóðlegir samningar

Í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun mannréttindaráðstefnunnar í Vínarborg árið 1993 leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að tryggja beri mannréttindi um allan heim óháð svæðisbundnum aðstæðum, t.d. stjórnarfari og menningu, félagslegu umhverfi eða trúarbrögðum. Efling mannréttinda er órjúfanlegur hluti af starfi Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar og öryggis. Ísland mun sem fyrr leggja áherslu á að styðja baráttuna fyrir alþjóðlegum mannréttindum, sem er samofin baráttunni gegn fátækt, kúgun og ófriði. Starf Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttinda hefur styrkst frekar með sérstöku embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Þetta sést glöggt þegar litið er til allra þeirra alþjóðasamninga um mannréttindi sem hafa verið gerðir á vettvangi stofnunarinnar. Nýverið fullgilti Ísland tvær viðbótarbókanir við alþjóðasamninginn um réttindi barnsins og var eitt af fyrstu ríkjum til að gera svo. Þessar bókanir varða annars vegar þátttöku barna í vopnuðum átökum og hins vegar sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.

Ísland sem og önnur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skilar reglulega skýrslum til samtakanna á grundvelli alþjóðlegra mannréttindasamninga. Í október 2001 skilaði Ísland þriðju

skýrslu sinni um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í nóvember 2001 var annarri skýrslu Íslands skilað á grundvelli samningsins gegn pyntingum og annarri grimmilegri og vanvirðandi meðferð. Í janúar 2002 gerðu fulltrúar íslenskra stjórnvalda grein fyrir þriðju og fjórðu skýrslu Íslands á grundvelli alþjóðasamningsins um afnám alls misréttis gegn konum fyrir kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna í New York. Í júlí 2002 verður fimmtu skýrslu Íslands skilað á grundvelli samningsins um afnám alls misréttis gegn konum og í október 2003 á að skila fjórðu skýrslu Íslands á grundvelli samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Af hálfu Íslands hefur enn fremur verið lögð rík áhersla á að ákvæði Genfarsáttmálanna og viðbótarbókana við þá um vernd særðra og sjúkra, stríðsfanga, óbreyttra borgara og fórnarlamba staðbundinna vopnaðra átaka verði virt. Þess má geta að Ísland hefur eitt fárra ríkja stutt samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum með fjárframlögum. Slíkum stuðningi verður haldið áfram. Jafnframt hafa Norðurlöndin eindregið stutt málefni frumbyggja á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Stefnt er að því að slíkt verði einnig gert með fjárframlögum.

Ný ályktun var samþykkt á 56. allsherjarþinginu um gerð alþjóðasamnings gegn einræktun manna. Sett var á fót nefnd til að kanna grundvöllinn fyrir gerð slíks samnings. Nefndin kom saman í lok febrúar og er strax ljóst að töluverður ágreiningur ríkir um hversu víðtækur samningurinn á að vera. Norðurlöndin hafa lagt áherslu á að samningurinn verði takmarkaður við einræktun manna til að hraða málinu sem talið er brýnt í ljósi framþróunar á sviði vísinda. Gera má ráð fyrir að málið verði erfitt viðureignar en það er aftur á dagskrá næstkomandi haust.

7.3.2. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf

Mannréttindamál eru einn allra mikilvægasti hluti af starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Genf. Veruleg styrking hefur orðið á starfi mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem öll aðstaða mannréttindaskrifstofunnar hefur verið bætt verulega. Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna heldur sex vikna þing á vori hverju og í ráðinu eiga 53 ríki sæti hverju sinni. Eftir þriggja ára setu Noregs í ráðinu hefur Svíþjóð nú tekið sæti Norðurlandanna til næstu þriggja ára. Á 57. þingi mannréttindaráðsins 2001 átti Ísland meðflutningsaðild að 37 ályktunartillögum. Dagana 18. mars til 26. apríl 2002 verður 58. þing mannréttindaráðsins haldið í Genf. Sem fyrr verður fylgst náið með tillöguflutningi í ráðinu og Ísland mun gerast meðflytjandi að þeim ályktunartillögum sem styrkt geta þróun alþjóðlegra mannréttinda og mannréttindasamninga. Á þinginu verða væntanlega ræddar og afgreiddar tillögur um margvíslegar endurbætur á starfi mannréttindaráðsins. Á vegum mannréttindaráðsins starfa nú 13 sérstakir fulltrúar sem ætlað er að fylgjast með stöðu mannréttindamála í nokkrum löndum þar sem mannréttindi eru hvað lökust. Einnig hefur sérstökum fulltrúum ráðsins verið falið að kanna stöðu mannréttinda í hinum ýmsu málaflokkum óháð landsvæðum. Allir þessir einstaklingar og/eða vinnuhópar skila skýrslum til þingsins til umfjöllunar.

7.3.3. Stofnun Alþjóðasakamáladómstólsins

Ísland varð hinn 25. maí 2000 tíunda ríkið til að fullgilda Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem gerð var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júlí 1998. Dómstóllinn hefur það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn er varanlegur og hefur almenna lögsögu og er því frábrugðinn alþjóðastríðsglæpadómstólunum í málefnum fyrrum Júgóslavíu og Rúanda sem hafa tak-

markaða lögsögu bæði í tíma og rúmi. Dómstóllinn hefur sjálfvirka lögsögu í málum er undir hann heyra, þ.e. óháða sérstöku samþykki viðkomandi ríkja. Skilyrði er þó að annaðhvort þegnríki sakbornings eða ríkið þar sem hið meinta brot var framið sé aðili að samþykktinni. Stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins er eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, en unnið hefur verið að stofnun slíks dómstóls allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hinn 12. mars 2002 höfðu 55 ríki fullgilt Rómarsamþykktina en hún mun öðlast gildi tveimur mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hana. Er þess vænst að unnt verði að halda fyrsta aðildarríkjafund samþykktarinnar í New York í september 2002 og að dómstóllinn muni taka til starfa á árinu 2003. Hann mun hafa aðsetur í Haag.

7.4. Málefni Palestínu í brennidepli

Allt frá því að allsherjarþingið samþykkti ályktun nr. 181 árið 1947 um skiptingu Palestínu hefur ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs verið eitt af erfiðustu viðfangsefnum Sameinuðu þjóðanna. Átökin í Mið-Austurlöndum eru sífellt til umfjöllunar í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, nú síðast með samþykkt ályktunar nr. 1397 frá 12. mars 2002, þar sem lýst er yfir stuðningi við stofnun sérstaks ríkis Palestínu. Þetta er í fyrsta skipti sem öryggisráðið lýsir yfir stuðningi við stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínu. Arabaríkin hafa ítrekað síðastliðið ár lagt til að eftirlitsveitir verði sendar á herteknu svæðin en Bandaríkjamenn hafa ekki ljáð máls á því. Þeir telja slíkar aðgerðir ekki til þess fallnar að bæta ástandið og hafa beitt neitunarvaldi sínu í öryggisráðinu gegn slíkum tillögum.

Síðan núverandi uppreisn Palestínumanna hófst 28. september 2000 hafa verið haldnir tveir neyðarfundir í allsherjarþinginu undir yfirskriftinni „Ólöglegar aðgerðir Ísraelsmanna í hernumdri Austur-Jerúsalem og annars staðar á hernumdu svæðunum". Á seinni fundinum 20. desember sl. voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar ályktun sem krafðist þess að öllu ofbeldi linnti, að tillögur Mitchell-nefndarinnar yrðu framkvæmdar og að utanaðkomandi sveitir hefðu eftirlit með vopnahléi. Hins vegar var samþykkt ályktun sem kveður á um að fjórði Genfarsamningurinn gildi um óbreytta borgara á hernumdu svæðunum.

Frá haustinu 2000 hefur stjórnmálaþróunin í Mið-Austurlöndum einkennst af átökum og ófriði. Ekkert lát hefur verið á ofbeldinu og öryggisleysinu á svæðinu. Á sl. 18 mánuðum hafa um 1.400 Palestínumenn og Ísraelsmenn látið lífið í þeirri ógnaröld sem ríkt hefur. Ofbeldi hefur verið svarað með enn meira ofbeldi. Þótt ógnaratburðir undanfarinna mánaða gefi ekki tilefni til mikillar bjartsýni virðist nú vera von um vopnahlé.

Krafa alþjóðasamfélagsins er að deiluaðilar fallist tafarlaust á vopnahlé og hefji strax, án nokkurra skilyrða, samningaviðræður á grundvelli Mitchell-skýrslunnar frá 30. apríl 2001. Utanríkisráðherra Frakklands hefur einnig lagt fram athyglisverðar tillögur þar sem gert er ráð fyrir því að friðarferlið í Mið-Austurlöndum hefjist með kosningum á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna. Jafnframt yrði sjálfstætt ríki Palestínumanna formlega stofnað sem fengi tafarlaust aðild að Sameinuðu þjóðunum og viðurkenningu Ísraels. Abdullah, krónprins Sádi-Arabíu, hefur einnig sett fram athyglisverðar hugmyndir sem hníga í sömu átt og verða ræddar á fundi Arababandalagsins í Beirút í lok mars nk. Þær fela í sér að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá þeim svæðum sem hernumin voru í sex daga stríðinu 1967, gegn því að Arabaríkin viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis og eðlileg samskipti komist á milli ríkja í Mið-Austurlöndum.

Íslensk stjórnvöld fylgjast náið með þróun mála í Mið-Austurlöndum. Afstaða Íslands er skýr og hefur komið fram á norrænum, evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Ísland hefur fordæmt ofbeldisverk Ísraelsmanna og Palestínumanna og krafist þess að deiluaðilar semji

um vopnahlé og hefji friðarviðræður sem leiði til stofnunar sjálfstæðs ríkis Palestínu, um leið og öryggi Ísraels verði tryggt. Ljóst er að Ísland mun vart hafa afgerandi áhrif á lausn deilumálanna í Mið-Austurlöndum. Ísraelsmenn og Palestínumenn verða sjálfir að semja um frið. Íslensk stjórnvöld munu hins vegar halda áfram að leggja sitt af mörkum til friðsamlegrar lausnar á átökunum á grundvelli þingsályktunar Alþingis um deilur Ísraelsmanna og Palestínumanna sem samþykkt var samhljóða 18. maí 1989.

Á 56. allsherjarþinginu kom í ljós að fjárhagsstaða Flóttamannaaðstoðar Palestínumanna (UNRWA) er orðin mjög slæm þar sem verkefni hennar á hernumdu svæðunum hafa aukist í samræmi við hríðversnandi ástand. Hjá talsmönnum stofnunarinnar hefur komið fram að henni væri gert erfitt um vik að sinna störfum sínum á hernumdu svæðunum vegna framgangs Ísraelsmanna, sérstaklega vegna útgöngubanns og annarra takmarkana sem settar hafa verið á ferðafrelsi. Með hliðsjón af uggvænlegri þróun mála fyrir botni Miðjarðarhafs ákvað utanríkisráðuneytið í lok árs 2001 að veita um 3,0 m.kr. til starfsemi UNRWA til aðstoðar palestínskum flóttamönnum.

Utanríkisráðherra hefur verið boðið að heimsækja Palestínu og Ísrael. Í athugun er að af heimsókn ráðherra geti orðið fljótlega.

8. SVÆÐISBUNDIN SAMVINNA OG STOFNANIR

8.1. Evrópuráðið

Starfsemi og vægi Evrópuráðsins hefur aukist stórlega undanfarinn áratug. Evrópuráðið hefur breyst frá því að vera samtök 17 vestrænna ríkja sem bundust samtökum um að stuðla að lýðræði, mannréttindum, félagslegum réttindum og framförum eftir bitra reynslu seinni heimsstyrjaldarinnar. Í dag eru aðildarríkin orðin 43 talsins. Stækkun Evrópuráðsins hefur leitt til þess að starfsemi þess er mun pólitískari en áður og til vitnis um það má nefna stóraukna tíðni funda í ráðherranefndinni sem er skipuð fastafulltrúum og staðgenglum utanríkisráðherra. Sérsvið Evrópuráðsins á vettvangi mannréttindamála, lýðræðis- og menningarmála er virt og viðurkennt af öðrum alþjóðastofnunum.

Stækkunarferli Evrópuráðsins hófst eftir lok kalda stríðsins og hafa hin nýju ríki austanverðrar Evrópu sótt styrk til aðildar að Evrópuráðinu til að festa réttarríkið í sessi og styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og mannréttindi. Evrópuráðið ákvað á sínum tíma að veita nýjum aðildarríkjum aðild án þess að þau stæðust grundvallarkröfur aðildar í veigamiklum atriðum, í því skyni að aðstoða við og flýta fyrir nauðsynlegum umbótum. Mörg nýju aðildarríkjanna líta á aðild að Evrópuráðinu sem grundvöll fyrir aðildarumsókn að Evrópusambandinu, enda gerir ESB það nánast að skilyrði að umsóknarríkin standist kröfur Evrópuráðsins. Það er einnig mikilvægt fyrir framtíð og trúverðugleika Evrópuráðsins að vel takist til með aðlögun nýju aðildarríkjanna og að þau standi við aðildarskuldbindingar sínar. Evrópuráðið hefur sett á fót umfangsmikið eftirlits- og stoðkerfi fyrir ný aðildarríki til að sjá til þess að þau standi við samningsbundnar skyldur sínar. Auk þessa fer sérstök nefnd með eftirlit í Armeníu og Aserbaídsjan og Feneyjanefnd Evrópuráðsins veitir ráðgjöf um stjórnarfar og réttarfar þegar eftir því er leitað. Eftirlitshlutverkið er þannig orðið helsti og umfangsmesti þáttur pólitískrar starfsemi Evrópuráðsins og er drjúgur hluti af starfsemi ráðherranefndar og undirnefnda hennar. Sá þrýstingur, sem eftirlit Evrópuráðsins skapar, hefur borið umtalsverðan árangur og hraðað verulega uppbyggingu lýðræðislegra stjórnarhátta hjá mörgum hinna nýju aðildarríkja. Ísland leggur mjög mikla áherslu á, ásamt ýmsum öðrum aðildarríkjum, að ný aðildarríki standi við tímasetningar og taki fullt tillit til athugasemda eftirlitsstofnana Evrópuráðsins. Áhyggjuefni hefur verið að einstök nýju aðildarríkjanna hafa ekki staðið við mikilvæg grundvallaratriði í aðildarskuldbindingum sínum.

Mannréttindadómstóll Evrópu

Sérstaklega hefur verið stutt við starfsemi Mannréttindadómstóls Evrópu, endurskipulagningu hans og fjármögnun. Mannréttindadómstóllinn gegnir því hlutverki að framfylgja skuldbindingum samkvæmt alþjóðasamningum Evrópuráðsins. Dómstóllinn tekur fyrir kærur frá einstaklingum, félagasamtökum og ríkjum um brot á samningsskyldum aðildarríkjanna þegar öll önnur úrræði fyrir innlendum dómstólum hafa verið fullreynd. Aðildarríkin eru samningsbundin til að hlýta niðurstöðum dómstólsins og fara eftir þeim, en ráðherranefndin fer með eftirlit með því að dómsúrskurðum sé framfylgt. Starfsálag á dómstólinn hefur vaxið gífurlega undanfarin ár og er nú svo komið að hann annar ekki verkefnum sínum við óbreyttar aðstæður. Ísland var meðal þeirra ríkja sem áttu frumkvæði að því að hefja umfjöllun um endurskipulagningu á innri starfsemi dómstólsins og aukinni fjárveitingu til hans þannig að hann gæti betur sinnt hlutverki sínu, enda er dómstóllinn ein meginstoð Evrópuráðsins. Niðurstaða þessarar endurskipulagningar liggur nú fyrir og mun væntanlega skila tilætluðum árangri strax á næsta ári.

Evrópuráðsþingið

Fastanefnd Íslands hefur beitt sér fyrir nánu og góðu samstarfi við þing Evrópuráðsins sem hefur átt frumkvæði að mörgum mikilvægum ákvörðunum ráðherranefndarinnar með ályktunum sínum enda þótt þessir tveir aðilar séu ekki alltaf sammála um einstök málefni. Fastanefndin í Strasbourg hefur átt náið og gott samstarf við íslensku þingmannanefndina sem hefur unnið einkar mikilvægt starf á þinginu. Á næstu árum er ekki ólíklegt að skilgreina þurfi stöðu Evrópuráðsins að nýju meðal Evrópustofnana, þannig að sérhæfing Evrópuráðsins nýtist sem best og til að koma í veg fyrir tvíverknað, einkum á milli Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Þróunarbanki Evrópuráðsins

Í bankastjórn Þróunarbanka Evrópuráðsins hefur verið stutt við þá þróun að bankinn snúi sér í auknum mæli að þróunarverkefnum í nýjum aðildarríkjum, sérstaklega á Balkanskaga, um leið og þess er gætt að arðsemi bankans tryggi hæsta mat og lánstraust á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum eins og nú er raunin.

8.2. Norræn samvinna

Samstarf og samráð við hin Norðurlöndin hefur alla tíð verið sjálfsagður og mikilvægur hluti utanríkisstefnu Íslands. Utanríkisráðherrar Norðurlanda funda að jafnaði tvisvar á ári og halda auk þess einn fund á ári með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna þriggja. Auk ráðherrasamstarfs hafa embættismenn utanríkisráðuneyta og sendiskrifstofa Norðurlandanna gott og náið samstarf og samráð varðandi flesta málaflokka sem undir ráðuneytin heyra.

Mikilvægi Norðurlandasamstarfsins kemur best í ljós þegar það er skoðað með tilliti til annarra þátta utanríkisstefnu Íslands. Í ræðu utanríkisráðherra á Alþingi í mars 2001 var lögð sérstök áhersla á stöðu Íslands með tilliti til hnattvæðingar og aukinnar þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Þar kom fram að náið samstarf Norðurlanda er innan alþjóðastofnana, t.d. ÖSE, Evrópuráðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Alþjóðabankans og OECD. Í öllum borgum þar sem íslensk sendiráð og fastanefndir eru til staðar taka íslenskir sendierindrekar þátt í norrænum samráðsfundum og eru þeir utanríkisþjónustunni ómetanlegir. Ljóst er að í mörgum tilvikum byggir aukin og virkari þátttaka Íslands á alþjóðavettvangi á samstarfi og samráði við hin Norðurlöndin. Í því sambandi nægir að nefna framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009–2010, framboð fulltrúa Íslands til setu í fram-

kvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2003–2006. Möguleikar Íslands á að ná kosningu eru í báðum tilvikum meiri vegna þess að framboðin hafa stuðning Norðurlandanna og eiga embættismenn utanríkisþjónustunnar náið samstarf við norræna starfsbræður varðandi kynningu og öflun stuðnings við þau.

Norðurlandasamstarfið er ekki síður mikilvægt með tilliti til Evrópumálanna. Í mörgum tilvikum getur Ísland nýtt sér langa hefð Norðurlandasamstarfs til þess að miðla upplýsingum eða afla upplýsinga í gegnum Norðurlöndin þrjú sem aðild eiga að ESB, Danmörku, Svíþjóð og Finnland.

8.3. Eystrasaltsráðið

Í ár eru liðin 10 ár frá stofnun Eystrasaltsráðsins. Ísland gerðist aðili að ráðinu árið 1995 og hefur tekið virkan þátt í því síðan. Aðildarríki ráðsins eru Norðurlöndin, Eistland, Lettland, Litháen, Rússland, Þýskaland, Pólland og Evrópusambandið. Margvíslegur ávinningur er fyrir Ísland af þátttöku í ráðinu, en jafnframt hefur Ísland ýmislegt fram að færa og getur miðlað af reynslu og þekkingu. Áherslur Íslands eru einkum á sviði viðskipta-, efnahags-, umhverfis- og félagsmála. Þátttöku í Eystrasaltsráðinu er þannig hagað að utanríkisráðuneytið á fulltrúa í nefnd háttsettra embættismanna ráðsins (CSO) sem fundar reglulega. Þá taka fulltrúar sendiskrifstofa, forstöðumenn ríkisstofnana og sérfræðingar þátt í fundum undirnefnda eftir því sem tilefni er til. Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna funda reglulega einu sinni á ári og forsætisráðherrar annað hvort ár. Auk þess eru haldnir aðrir ráðherrafundir um málefni sem eru ofarlega á baugi hjá ráðinu hverju sinni. Á utanríkisráðherrafundi Eystrasaltsráðsins, sem haldinn var í Kaliningrad, Rússlandi, 6. mars sl., var samstaða um að ráðið hefði áorkað miklu á þeim 10 árum sem liðin eru frá stofnun þess. Enn fremur að Eystrasaltsráðið ætti framtíð fyrir sér eftir stækkun ESB árið 2004, þegar Pólland, Eistland, Lettland og Litháen gerast aðilar að Evrópusambandinu. Ljóst er að starfsemi ráðsins mun draga dám af þeirri þróun og efla samstarf við Evrópusambandið sem er fullgildur aðili að Eystrasaltsráðinu. Gert er ráð fyrir að samstarfið muni beinast enn frekar að Rússlandi, einkum Kaliningrad, sem verður nokkurs konar rússneskt eyland í stækkuðu Evrópusambandi. Eystrasaltsráðið hefur lagt á ráðin um hvernig gera beri Kaliningrad að álitlegu viðskiptasvæði, m.a. með tilliti til erlendra fjárfesta. Er þess að vænta að þar geti skapast tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að hasla sér völl. Sem stendur er unnið að því að sett verði upp 112 neyðarlínukerfi í nokkrum aðildarríkjum við austanvert Eystrasaltið sem grundvallast á hugbúnaði þróuðum af íslenskum fyrirtækjum. Er þetta hluti af EUROBALTIC samstarfsverkefni Eystrasaltsráðsins sem Evrópusambandið styrkir sérstaklega. Hefur utanríkisráðuneytið komið að málinu með beinum og óbeinum hætti. Þess er vænst að íslenskir aðilar geti tekið að sér forustuhlutverk varðandi undirbúning og uppsetningu á þessu kerfi.

8.4. Barentsráðið

Barentsráðið var stofnað í janúar 1993 með það að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstarf að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra svæða sem liggja að Barentshafinu, þ.e. norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og norðvesturhluta Rússlands. Auk framangreindra ríkja eiga Ísland og Danmörk aðild að Barentsráðinu, ásamt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sérstakt svæðisráð, sem hefur aðsetur í Kirkenes, starfar undir Barentsráðinu og í því sitja fulltrúar þeirra héraða sem liggja að Barentssvæðinu. Náin samvinna byggða, félaga og fyrirtækja á Barentssvæðinu, m.a. Komi- og Karelíu-lýðveldanna í Rússlandi, einkennir starfsemi svæðisráðsins. Svæðisráðið hefur lagt sérstaka áherslu á að styrkja

tengsl fulltrúa norðurhéraðanna og í ár verður höfuðáherslan lögð á samvinnu í æskulýðs- og ferðamálum á svæðinu.

Eitt af meginmarkmiðum Barentsráðsins á sl. ári var að beita sér fyrir víðtækri almannavarnaræfingu haustið 2001 sem á fjórða þúsund manns tók þátt í. Æfingin þótti hafa tekist vel og bætt samstarf þeirra aðila sem vinna að almannavörnum á Barentssvæðinu. Æfingin var haldin innan ramma Samstarfs í þágu friðar (PFP) og alls tóku fulltrúar 12 ríkja, þar á meðal frá Íslandi, þátt í æfingunni. Á vegum Barentsráðsins starfa auk þess fjölmargir vinnuhópar, svo sem um efnahagssamvinnu, tollamál, skógrækt, samgöngur, umhverfismál, æskulýðsmál, orkumál og heilbrigðismál.

Lítt hefur miðað í hinum svokölluðu MNEPR-samningaviðræðum um hreinsun geislavirks úrgangs í hinum rússneska hluta Barentssvæðisins (Multilateral Nuclear Environmental Programme for the Russian Federation) sem utanríkisráðherrafundur Barentsráðsins beitti sér fyrir í mars 1999 í framhaldi af verkefni sem Noregur og Bandaríkin höfðu þá þegar hafið í samvinnu við Rússland. Samningsdrög liggja fyrir en enn er deilt um ábyrgðir og skattamál. Fulltrúar Rússlands hafa staðfest að kjarnorkuöryggi væri mjög ofarlega á stefnuskrá rússneskra stjórnvalda og innan Barentsráðsins hafa samningsaðilar ítrekað verið hvattir til að ljúka þessum samningaviðræðum. Mikilvægt er að samningar takist sem fyrst þar sem fjármögnun verkefna á sviði kjarnorkuöryggis í Rússlandi er háð því. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða og í samræmi við stefnu Íslands um vernd gegn mengun sjávar og vernd gegn hættum sem umhverfinu stafar af geislavirkum úrgangi.

Utanríkisráðherrar Barentsráðsins funda nú annað hvort ár en embættismannanefndir ráðsins þess á milli. Svíþjóð gegnir nú formennsku í ráðinu. Stefnt er að því að tíu ára afmælis Barentsráðsins verði minnst með leiðtogafundi á næsta ári.

9. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG EFNAHAGSSAMVINNA

Alþjóðavæðingin á rætur sínar í alþjóðlegum viðskiptasamningum sem ríki hafa gert sín í milli á undanförnum áratugum. Óhætt er að segja að alþjóðavæðingin hafi breytt í grundvallaratriðum starfsháttum og uppbyggingu atvinnulífs hér á landi. Má sem dæmi nefna að í auknum mæli horfa fyrirtæki til þess að selja þjónustu og þekkingu ekki síður en vörur í hefðbundnum skilningi. Aukið frjálsræði í viðskiptum hefur einnig skapað greiðari leiðir til fjárfestinga erlendis. Fyrirtæki notfæra sér þetta með því m.a. að koma sér í vaxandi mæli fyrir á svæðum þar sem sérþekking þeirra gefur þeim viðskiptalegt forskot. Er nú svo komið að þjónustuviðskipti vaxa mun hraðar milli landa en vöruviðskipti. Bein fjárfesting Íslendinga erlendis er enn mjög lítil á alþjóðlega mælikvarða og sama gildir um erlendar fjárfestingar hér á landi, sem vaxa hægar en í öðrum aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

Grundvöllur þessarar þróunar eru alþjóðlegir samningar sem m.a. hafa það að markmiði að skapa viðskiptaumhverfi þar sem alþjóðleg fyrirtæki finna sér stað og á sama tíma að örva gagnkvæmar fjárfestingar. Kallar þessi staðreynd á að lagaumhverfi fyrirtækja sé sem mest samræmt og að Ísland taki þátt í þeirri vinnu.

Ljóst er að til lengri tíma litið er mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf að horfa í vaxandi mæli á stöðu sína í alþjóðlegu samhengi. Er nauðsynlegt að lagt verði mat á það hvernig íslensk stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf geti notfært sér þessar aðstæður og í því efni skilgreint styrkleika sína sérstaklega. Er í því efni nauðsynlegt að leggja frekari áherslu á að skilgreina fyrir fram möguleika á einstökum mörkuðum svo sem í tengslum við gerð fríverslunarsamninga.

9.1. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

Meginhlutverk EFTA er þríþætt. Í fyrsta lagi að fjalla um samskipti EFTA-landanna sjálfra á grundvelli stofnsamnings samtakanna. Í öðru lagi að vera aðildarríkjunum vettvangur við gerð fríverslunarsamninga við lönd utan samtakanna og Evrópusambandsins og í þriðja lagi að vera samstarfsvettvangur þeirra þriggja EFTA-ríkja sem eru aðilar að evrópska efnahagssvæðinu. Í öllum tilvikum er hér um að ræða starf sem skiptir Ísland miklu máli.

9.1.1. EFTA og fríverslunarsamningar

Á síðustu árum hefur EFTA unnið að því að koma upp neti fríverslunarsamninga við ríki Mið- og Austur-Evrópu samhliða sams konar neti ESB. Með þessu er komið í veg fyrir að íslensk fyrirtæki og fyrirtæki annarra EFTA-landa verði í verri samkeppnisaðstöðu í þessum löndum en fyrirtæki innan ESB. Auk iðnvarnings ná þessir samningar til fríverslunar með sjávarafurðir. Með samningunum leggja ríkin fjögur líka sitt af mörkum við uppbyggingu viðskiptalífs í þessum heimshluta sem er forsenda þess að lýðræði fái að skjóta rótum og stöðugleiki að festast í sessi.

Aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hafa á undanförnum árum gert fríverslunarsamninga við 18 ríki. Að auki er samningaviðræðum við Singapúr lokið og nú standa yfir samningaviðræður við fimm önnur ríki, Kanada, Chile, Túnis, Egyptaland og Kýpur. Það er viðurkennt grundvallarmarkmið EFTA-ríkjanna að í öllum fríverslunarsamningum verði fríverslun með sjávarafurðir tryggð.

EFTA-ríkin hafa nú lokið endurskoðun stofnsáttmála síns og er hann nú til meðferðar á Alþingi en stefnt er að gildistöku hans á vormánuðum. Undirrót þess að ráðist var í þá endurskoðun var ekki síst sú staðreynd að Sviss hefur lokið gerð tvíhliða samninga við ESB á ýmsum þeim sviðum sem stofnsáttmáli EFTA tekur til, svo og EES-samningurinn. Var því nauðsynlegt að tryggja að samræmi væri í þeim reglum er giltu á þessum sviðum, annars vegar milli allra EFTA-ríkjanna og hins vegar milli EFTA-ríkjanna og ESB.

Gerð fríverslunarsamninga hefur reynst þeim aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vel sem hafa það sameiginlega markmið að liðka enn betur fyrir viðskiptum en WTO-samningarnir segja til um. Evrópuríkin hafa verið í fararbroddi fríverslunarsamvinnu og gert marga fríverslunarsamninga innbyrðis og við aðra. EFTA-ríkin hafa haft það markmið að tryggja fyrirtækjum sínum sömu markaðsstöðu erlendis og fyrirtæki innan ESB njóta og hafa því fylgt í kjölfar ESB við gerð fríverslunarsamninga. Undantekning frá þeirri reglu eru viðræðurnar við Kanada og Singapúr, en þar tóku EFTA-ríkin fyrsta skrefið á undan ESB.

Nokkur aðildarríki WTO, þ.m.t. Bandaríkin, Japan og Ástralía hafa almennt verið mótfallin stefnu Evrópuríkjanna í fríverslunarmálum og telja hana grafa undan WTO-samstarfinu, en ríki Evrópu hafa mælt fyrir tvíhliða fríverslunarsamningum þar sem þeir ýti undir frekari fríverslun í heiminum og hvetji þau ríki WTO sem vilja ganga skemur til að breyta stefnu sinni.

Upp á síðkastið hefur orðið nokkur breyting á stefnu framangreindra ríkja og hafa Bandaríkin hafið fríverslunarviðræður við nokkur ríki utan Norður Ameríku, þ.m.t. Chile og Singapúr, og nú nýlega lýstu Bandaríkjamenn því yfir að þeir vildu semja um fríverslun við Suður-Afríku. Afar erfitt er fyrir Bandaríkin og ESB að semja um fríverslun sín á milli að svo stöddu. Japan er einnig að þreifa fyrir sér og hefur undirritað sinn fyrsta fríverslunarsamning við Singapúr.

Um er að ræða mikilvæga útflutningsmarkaði fyrir Ísland og önnur EFTA-ríki. EFTA

fylgist því vel með þróuninni og heldur sambandi við þessi ríki með það að markmiði að nýta öll tækifæri sem gefast til að semja um fríverslun. Þótt oft og tíðum kunni að vera um að ræða markaðssvæði sem þá stundina teljist ekki ofarlega á forgangslista útflytjenda er nauðsynlegt að hafa í huga að samningarnir skapa tækifæri sem ávallt standa opin útflytjendum skapist forsendur til að nýta þau. E.t.v. er þróun viðskipta við ríki Mið- og Austur-Evrópu að undaförnu gott dæmi um þetta þar sem veruleg aukning hefur orðið í viðskiptum milli ára.

9.2. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

9.2.1. WTO og viðskiptahagsmunir Íslands

Alþjóðaviðskiptastofnunin (World Trade Organisation, WTO) sem setur grundvallarreglur um alþjóðaviðskipti hefur ekki síst mikla þýðingu fyrir opin og lítil hagkerfi. Því skiptir máli fyrir Ísland að leitast verði við að laga alþjóðlega viðskiptakerfið að breyttum aðstæðum og styrkja þannig að það svari sem best þörfum heimsbúskaparins og milliríkjaverslunar á hverjum tíma. Endurbættar alþjóðareglur um heimsviðskipti treysta réttarstöðu smærri ríkja sem verða að geta reitt sig á að alþjóðlegar skuldbindingar ráði meiru en aflsmunur í milliríkjaverslun.

Samningar um frekara frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa jákvæð áhrif heimsbúskapinn og þar af leiðandi betra efnahagsumhverfi og bætt viðskiptakjör fyrir Ísland sem önnur lönd. WTO gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að stuðla að þróun fátækari ríkja og umbreytingu hagkerfa frá miðstýringu í markaðsbúskap. Íslensk stjórnvöld hafa því eindregið stutt að hafnar verði nýjar og umfangsmiklar viðræður um sem flest svið alþjóðaviðskipta. Rannsóknir sýna einnig að smærri hagkerfi eru oft betur í stakk búin til að nýta sér þau tækifæri sem aukin alþjóðavæðing hefur í för með sér.

Á ráðherrafundi stofnunarinnar í Seattle í desember 1999 var reynt að ýta úr vör nýrri lotu viðræðna. Ætlunarverkið mistókst af ýmsum ástæðum. Hins vegar náðist samkomulag á fundi aðildarríkjanna 142 sem haldinn var í Doha í Katar, dagana 9. til 14. nóvember 2001, um að hefja nýjar samningaviðræður um alþjóðaviðskipti, í því skyni að draga enn frekar úr viðskiptahömlum og fella fleiri svið viðskipta undir alþjóðlegar reglur. Viðræðurnar verða víðtækar og snerta íslenska hagsmuni á marga vegu. Gert er ráð fyrir að samningalotunni ljúki á þremur árum.

Ísland hefur tryggt viðskiptahagsmuni sína í Evrópu með þátttöku sinni í hinu Evrópska efnahagssvæði (EES), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og í fríverslunarsamningum EFTA við ýmis þriðju ríki sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu. WTO er því mikilvægur vettvangur til að tryggja íslenska hagsmuni sérstaklega fyrir utan Evrópu, t.d. með því að bæta markaðsaðgang fyrir íslenskar útflutningsvörur. Einnig nýtast samningaviðræður á vettvangi WTO til að fjalla um málefni þar sem EES-samningurinn hefur ekki dugað til, t.d. ríkisstyrki í sjávarútvegi. Ísland hefur því sóknarhagsmuni á flestum þeim sviðum sem væntanlegar viðræður ná til.

9.2.2. Helstu málefni nýrrar samningalotu WTO

Viðræður um landbúnaðarviðskipti, sem verða einn af lykilþáttum nýrrar lotu, munu knýja á um frekari aðlögun íslensks landbúnaðar að erlendri samkeppni í formi aukins markaðsaðgangs og strangari reglna um stuðning ríkisvalds.

Í öllum undirbúningi fyrir viðskiptalotuna hafa kröfur og sjónarmið þróunarríkjanna gefið sterkan undirtón enda eru þau í miklum meiri hluta aðildarríkjanna og því mikill áhrifavaldur um framvinduna. Rík áhersla hefur því verið lögð á að koma til móts við sjónarmið þeirra. Þetta verður gert með sérreglum og undanþágum varðandi ýmsa samninga WTO, aukinn

markaðsaðgang fyrir þær vörur sem þau hafa sérstaka hagsmuni af og með aukinni tækniaðstoð. Hvað Ísland varðar gæti þetta þýtt lækkun tolla á ákveðnum vöruflokkum, svo sem vefnaðarvörum og hugsanlega ákveðnum búvörum. Að auki má gera ráð fyrir útgjöldum vegna tækniaðstoðar við þróunarríki.

Ísland hefur leitt hóp aðildarríkja WTO sem telja aðkallandi að semja sérstaklega um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Þessi ríki hafa verið sammála um að sérstaklega þurfi að taka á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi þar sem þeir trufli viðskipti, stuðli að ofveiði og vegna þess að þeir grafi undan aðlögun þróunarríkja að hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi. Það er því markverður árangur að kveðið er á um samningaviðræður um þennan málaflokk í nýju viðræðulotunni. Björninn er hins vegar ekki unninn því stjórnvöld þurfa að sjálfsögðu að skilgreina hagsmuni Íslands nánar og fylgja þeim eftir nú þegar eiginlegar viðræðurnar hefjast.

Ljóst er því að samningaviðræðurnar eru mikilvægar fyrir viðskiptahagsmuni Íslands og gera verður ráð fyrir að nánast öll ráðuneyti taki þátt í þeim. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir helstu þáttum viðræðnanna.

Landbúnaður

Í viðræðunum verður haldið áfram að semja um frekara frelsi í landbúnaðarviðskiptum með lækkun tolla auk þess að dregið verði úr innanlandsstuðningi. Að sama skapi skal taka mið af byggðastefnu, umhverfisþáttum, fæðuöryggi og hollustu. Gera má ráð fyrir að sótt verði hart að háum innflutningstollum og framleiðslutengdum ríkisstyrkjum. Viðskipti með landbúnaðarafurðir hafa á síðustu áratugum verið eitt helsta deiluefnið á vettvangi WTO þar sem tekist er á um hversu langt eigi að ganga í auknu frelsi á þessu sviði. Þau ríki sem knýja á um aukið frelsi í þessum málaflokki telja engin rök fyrir því að mismuna beri landbúnaði í hinu alþjóðlega viðskiptakerfi, þ.e. að hann eigi að njóta sérreglna sem heimili ríkjum að styrkja hann og vernda fyrir samkeppni. Andstæðingar þeirra benda hins vegar á að landbúnaður gegni fjölbreyttu þjóðfélagslegu hlutverki og því sé ekki hægt gera landbúnaðinn berskjaldaðan fyrir sviptivindum frjálsra viðskipta.

Ísland hefur skipað sér í hóp þeirra ríkja sem hafa viljað fara varlega í því umbótaferli landbúnaðarviðskipta sem hófst með stofnsetningu WTO. Um leið og því hefur verið lýst yfir að Ísland styðji langtímamarkmið um aðlögun íslensks landbúnaðar að hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi í samræmi við landbúnaðarsamninginn hefur á það verið lögð áhersla að taka verði tillit til þátta sem ekki væru viðskiptalegs eðlis í umbótaferlinu, einkum byggðasjónarmiða, umhverfismála og fæðuöryggis. Einnig hefur verið á það bent að vegna einangrunar landsins og sérstöðu hvað varðar sjúkdómaástand búfjárstofna væri nauðsynlegt að gera ríkar kröfur til heilbrigðis og um sjúkdómavarnir í innflutningi búvara. Má búast við því að niðurstaða samninga feli í sér strangari kröfur um ríkisstyrki til landbúnaðar og aukinn markaðsaðgang með lækkun tolla og útvíkkun eða afnámi tollkvóta. Einnig má gera ráð fyrir afnámi útflutningsstyrkja sem er ekki sérstakt vandamál fyrir íslensk stjórnvöld sem hafa aflagt slíka styrki.

Þjónustuviðskipti

Í viðskiptalotunni verður haldið áfram viðræðum um alla þætti þjónustuviðskipta með það að markmiði að auka frjálsræði í þessum viðskiptum og leggja af hvers kyns hömlur. Þar má nefna ýmsa sérfræðingaþjónustu, fjarskipti og samgöngur.

Þjónustuviðskipti eru einn helsti vaxtarbroddur í milliríkjaviðskiptum iðnríkja, þ.m.t. Íslands. Gjaldeyristekjur íslenska þjóðarbúsins af þjónustuviðskiptum námu árið 2000 35,7%

af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar (samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands) og hefur hlutfallið vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Viðræðurnar eru því mikilvægar fyrir íslenska viðskiptahagsmuni og eiga flest ráðuneyti erindi að reka í þeim.

Markaðsaðgangur

Hafnar verða samningaviðræður um lækkun tolla á iðnaðarvörum, þ.m.t. sjávarafurðum. Jafnframt verði dregið úr öðrum viðskiptahindrunum eða þær afnumdar. Enn eru innheimtir tollar á þeim vörum sem Ísland flytur út. Þar eru sjávarafurðir mikilvægastar og Ísland mun leggja áherslu á fríverslun með sjávarafurðir. Ýmsar iðnaðarvörur eru einnig mikilvægar, t.d. ál, kísiljárn, lyf, veiðarfæri og vélar og tæki til fiskvinnslu. Gott samráð stjórnvalda við útflytjendur um áherslur í samningaviðræðunum er nauðsynlegt.

Hugverk í viðskiptum og aðgangur að lyfjum

Á fundinum í Doha var samþykkt sérstök yfirlýsing um aðgang þróunarríkja að nauðsynlegum lyfjum. Yfirlýsingin felur m.a. í sér viðurkenningu á rétti aðildarríkja til að veita leyfi til tímabundinnar framleiðslu á lyfjum sem háð eru einkaleyfi fram hjá einkaleyfishafa, í þeim tilfellum þegar neyðarástand ríkir. Í því sambandi er mikilvægt að viðurkenndur er réttur ríkja til að ákveða hvenær neyðarástand ríkir. Einnig er viðurkennt að aðildarríki WTO með litla framleiðslugetu í lyfjaiðnaði geti staðið frammi fyrir erfiðleikum með að nýta sér tímabundin framleiðsluleyfi, samkvæmt samningnum um hugverk í viðskiptum (TRIPS-samningurinn). Fátækustu ríkjunum sem nú eru aðilar að WTO er ekki skylt að framkvæma ákveðna þætti samningsins fyrr en 1. janúar 2016.

Fjárfestingar, samkeppni og einföld tollmeðferð

Samningaviðræður verða hafnar um þrjú ný mál á vettvangi WTO eftir næstu ráðherrastefnu sem haldin verður í Mexíkó innan tveggja ára. Þessi mál eru um frelsi til fjárfestinga og alþjóðlegar reglur til verndar fjárfestum, samræmdar samkeppnisreglur og um leiðir stjórnvalda til að einfalda tollmeðferð.

Gagnsæi í opinberum innkaupum

Hafnar verða samningaviðræður um gerð samnings um gagnsæi í opinberum innkaupum þar sem sérstaklega verður tekið tillit til þarfa þróunarríkja og fátækustu ríkjanna.

Reglur um undirboð og ríkisstyrki, þ.m.t. í sjávarútvegi

Samið verður um að skýra og bæta ákvæði um undirboð og aðgerðir gegn þeim og ríkisstyrki. Sérstaklega verður tekið á ríkisstyrkjum í sjávarútvegi. Ísland ásamt fleiri ríkjum átti frumkvæði að þessu máli og leiddi það í undirbúningi fyrir ráðherrastefnuna. Á það var bent að þegar ríkisstyrkir í sjávarútvegi skaða viðskiptahagsmuni hafa þeir sjálfkrafa þær hliðarverkanir að þeir stuðla að ofveiði og skaða því umhverfið.

Umhverfismál

Ákveðið er að hefja samningaviðræður um tvö málefni er varða viðskipti og umhverfismál. Í fyrsta lagi verður samið um þjóðréttarlega stöðu alþjóðlegra umhverfissamninga gagnvart reglum WTO og þann möguleika að upp geti komið mótsögn á milli réttarstöðu alþjóðlegara umhverfissamninga og WTO reglna og því þurfi að móta reglur um tengsl þessa tveggja sviða þjóðaréttar. Samið verður m.a. um regluleg samskipti milli nefnda WTO og þeirra skrifstofa sem reka alþjóðlega umhverfissamninga. Í öðru lagi verður samið um afnám

tolla á umhverfisvænar vörur og þjónustu. Sérstaklega er tekið fram, að kröfu þróunarríkja, að samningaviðræðurnar geti ekki leitt til nýrra skuldbindinga eða breytt þeim sem fyrir eru undir gildandi samningum WTO.

Þar sem fjallað er um viðskipti og umhverfismál í yfirlýsingunni er vísað til að ákveðið er annars staðar í yfirlýsingunni að semja sérstaklega um ríkisstyrki í sjávarútvegi.

Nefnd WTO um viðskipti og umhverfi er falið að halda áfram störfum sínum samkvæmt gildandi umboði og gefa samninganefndum leiðbeiningar um hvernig þær geti tekið tillit til tengsla viðskipta og umhverfismála. Henni er falið að skoða sérstaklega þrjú meginmálefni. Í fyrsta lagi þegar afnám viðskiptahindrana stuðlar að bættri umgengni um umhverfið og greiðir fyrir aðlögun þróunarríkja að alþjóðlega viðskiptaumhverfinu. Í undirbúningi fyrir ráðherrastefnuna byggði rökstuðningur Íslands fyrir því að ræða ætti sérstaklega afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi á því að afnám þeirra stuðlaði einnig að bættri umgengni við umhverfið og hraðari aðlögun þróunarríkja að viðskiptaumhverfinu. Í öðru lagi er nefndinni falið að líta á viðeigandi ákvæði samningsins um höfunda og hugverkaréttindi og í þriðja lagi vörumerkingar sem stuðla að umhverfisvernd.

Rafræn viðskipti

Ákveðið var að viðhalda toll- og gjaldfrelsi í rafrænum viðskiptum í það minnsta fram að fimmtu ráðherrastefnu WTO í Mexíkó á næsta ári. Vinnuáætlun um rafræn viðskipti á vettvangi WTO verði haldið áfram. Í framhaldi er aðalráði WTO falið að finna viðeigandi farveg fyrir vinnuáætlunina og skila stöðuskýrslu til fimmtu ráðherrastefnu WTO.

Þróunarríkin

Sex fyrirsagnir í yfirlýsingu ráðherra þjóna hagsmunum þróunarríkja. Þær varða lítil efnahagskerfi, viðskipti, skuldir og fjármál, viðskipti með tækni til þróunarríkja, tæknilega samvinnu og uppbyggingu tækni í þróunarríkjum, vanþróuðustu ríkin og sérmeðferð fyrir þróunarríki. Markmiðið er að þróunarríkin aðlagist betur að alþjóðlega viðskiptaumhverfinu svo þau geti nýtt sér frelsi í viðskiptum til að bæta velferð og hag þegna sinna. Þetta skuldbindur iðnríkin, þ.m.t. Ísland, til að veita þeim sérmeðferð í viðskiptum og aðstoða þau við að ráða yfir þeirri tækni sem til þarf. Fastafulltrúi Íslands í Genf er formaður í þeirri nefnd sem fjallar um viðskipti og tækni.

Aðild Kína og Taívan að WTO

Kína, ásamt Taívan, bættist í hóp aðila að WTO á ráðherrastefnunni í Doha. Þar með eru aðilar orðnir 144. Þetta er mikilvægur áfangi í sögu WTO og staðfestir þann ávinning sem ríki telja sig hafa af þátttöku í störfum stofnunarinnar. Í aðildarviðræðum Kína að WTO sömdu Ísland og Kína um lækkun tolla á mikilvægum sjávarafurðum. Í tollskrá Kína eru 152 töruflokkar fyrir sjávarafurðir og samdi Ísland um lækkun tolla á 52 þeirra. Kína innheimtir allt að 30% toll í innflutningi á sjávarafurðum. Ísland náði mikilvægum samningum um að tollar verði 2–16% á flestar sjávarafurðir sem Ísland flytur út og allar sem eru mikilvægar á markaði Kína.

9.3. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Auk hinnar hefðbundnu starfsemi OECD á sviði efnahags- og þjóðfélagsmála hefur stofnunin nú ráðist í nokkur viðamikil verkefni sem munu setja mark sitt á starfsemi hennar á næstu árum. Hér verður gerð grein fyrir þeim helstu.

9.3.1. Innri málefni OECD

Fyrirséð er að jafnvel strax árið 2004 muni þurfa að fjölga aðildarríkjum OECD um allt að átta ríki vegna stækkunar ESB. Fulltrúar ESB hafa lýst því yfir að þeir álíti að aðild nýs ríkis að ESB hljóti að hafa í för með sér sjálfkrafa aðild að OECD því annars væri verið að mismuna aðildarríkjum ESB. Þessu til viðbótar gæti svo farið að í framtíðinni geti aðildarríki orðið allt að 60 að tölu, því auk fjölgunar Evrópuríkjanna muni Suður-Ameríkuríki, ríki Suðaustur-Asíu, Ísrael, Suður-Afríka, Kína og Rússland verða meðal umsækjenda um aðild. Þessi veruleiki mun gerbreyta eðli og verkefnum samtakanna og við því þarf að bregðast með því að hefja endurskipulagningu þeirra.

Niðurstaða ráðherrafundar WTO í Doha í nóvember um að hefja nýja lotu samningaviðræðna um heimsviðskiptin mun hafa víðtæk áhrif á framtíðarverkefni OECD. Í Úrúgvæviðræðunum, sem lauk 1993 og leiddu til stofnunar WTO, voru starfsliði OECD falin víðtæk verkefni til stuðnings samningaferlinu. Það er trú og vilji aðildarríkja OECD að sagan muni nú endurtaka sig og vissulega mun OECD gegna mikilvægu hlutverki í skjóli sérfræðiþekkingar sinnar við greiningu ýmissa þátta sem gagnast samningsaðilum í Genf.

9.3.2. Helstu verkefni á vettvangi OECD

Ríkisstyrkir í sjávarútvegi

Á síðasta ráðherrafundi OECD, sem haldinn var í maí 2000, rataði tiltekið ákvæði um ríkisstyrki í sjávarútvegi og samþykkt um frekari greiningarvinnu OECD í þeim efnum, inn í yfirlýsingu fundarins. Ísland, stutt af m.a. Ástralíu, Bretlandi, Bandaríkjunum, Hollandi, Nýja-Sjálandi og Noregi, bar talsverða ábyrgð á þessari samþykkt og var af þeim sökum litið til þess um næsta leik þegar kom að því að ræða framkvæmd þessa ákvæðis. Þá lá ljóst fyrir að það mundi koma í hlut fiskimálanefndar OECD að annast framkvæmd þessa máls. Af þeim sökum var leitað eftir tillögum um framkvæmd ákvæðisins. Ísland reið á vaðið og lagði fram tillögu er fól í sér að OECD mundi vinna frekar eldri greiningu sína um fjármagnstilfærslur í sjávarútvegi í því skyni að varpa ljósi á ríkisstyrki sem beitt er af aðildarríkjum OECD og falla að skilgreiningu FAO um styrki sem hafa neikvæð áhrif á viðskipti og eru skaðlegir sjálfbærri þróun. Búist er við að verkefni af þessu tagi verði hrint af stokkunum næsta haust.

Aðgerðir gegn hryðjuverkum

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september sl. hóf OECD umfjöllun um framlag samtakanna til baráttunnar gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í mörgum nefndum OECD hefur verið leitast við að greina áhrifin á mismunandi atvinnustarfsemi og hvernig bregðast má við til að koma í veg fyrir frekari hermdarverk. Þannig fjallaði efnahagsstefnunefnd OECD á fundi sínum í nóvember sl. um efnahagsleg áhrif hryðjuverkanna, viðskiptanefndin fjallaði um áhrif þeirra á viðskipti og fjárfestingar og nefnd um fjármálamarkaði um áhrif þeirra á fjármálaviðskiptin á fundi sínum í sama mánuði. Vinna OECD að setningu reglna til að koma í veg fyrir skaðlega skattameðferð og starfsemi á vegum samtakanna gegn peningaþvætti (Financial Action Task Force) kunna að verða mikilvægt framlag í baráttunni í því skyni að hindra fjármagnstilfærslur til hryðjuverkastarfsemi og uppræta athvörf fyrir fjármagn til slíkrar starfsemi.

Heilbrigðisverkefnið

OECD hefur ýtt úr vör sérstöku heilbrigðisverkefni sem mun standa yfir næstu þrjú ár. Verkefnið felur m.a. í sér úttekt á stöðu heilbrigðismála í OECD-ríkjunum, hvernig þeim er

stjórnað og samanburði á mismunandi rekstrarformum á sviði heilbrigðisþjónustu. Þverfaglegur sérfræðingahópur hefur verið myndaður til að fást við verkefnið sem stefnt er því að ljúki með skýrslu til fundar heilbrigðisráðherra OECD ríkjanna sem fyrirhugað er að fram fari 2004. Verkefnið er fjármagnað með frjálsum framlögum og hafa 12 aðildarríki OECD, þar á meðal Ísland, lagt fram sameiginlega upphæð sem nemur um 85 milljónum króna. Leitast verður við að tengja verkefnið reglulegu mati á efnahagsstefnu OECD-ríkjanna og sérstakt mat verður framkvæmt í völdum aðildarríkjum.

Skaðleg skattameðferð

Á ráðsfundi OECD í nóvember sl. var samþykkt að létta trúnaði af áfangaskýrslu nefndar OECD um fjárhagsleg málefni fyrir árið 2001 er fjallar um skaðlega skattameðferð. Skýrslan var tilbúin til útgáfu í vor en vegna deilna Breta og Spánverja um stöðu Gíbraltar í þessu ferli kom Spánn í veg fyrir útgáfu skýrslunnar þangað til í nóvember. Á vormánuðum lá í loftinu að Bandaríkjamenn mundu draga sig út úr þessu samstarfi sem líklega hefði þýtt endalok þessarar viðleitni OECD til að koma á samræmdum gagnsæjum reglum í svonefndum skattaparadísum. Hryðjuverkin 11. september leiddu þó til þess að Bandaríkjamenn hófu aftur þátttöku í þessu verkefni. Skýrslan lýsir þeim áfanga sem náðst hefur sl. ár við að leiða í ljós skaðlega skattameðferð sem tíðkast innan og utan OECD-ríkjanna. Til viðbótar inniheldur hún lýsingu á þeirri vinnu sem fram fer á vegum OECD og snertir skattaparadísir.

Þátttaka Íslands í nefndum OECD

Eins og áður segir eru um 180 nefndir starfræktar á vegum OECD. Ísland tekur þátt í störfum tæplega 50 nefnda að einhverju eða öllu leyti, eða um tæplega þriðjungi nefndanna. Um það bil 40 einstaklingar úr íslensku stjórnsýslunni sinna þessari þátttöku auk fastanefndar Íslands í París. Kostnaður við rekstur samtakanna nemur um 20 milljörðum króna á ári og nemur framlag Íslands um 20 milljónum króna á ári.

9.4. Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins (VUR)

Viðskiptaþjónustan hefur eflst til muna frá stofnun hennar 1997 með aukinni kynningu á þjónustunni og vaxandi reynslu starfsmanna hennar. Samfara þessu hafa væntingar atvinnulífsins til þjónustu VUR vaxið. Starfsemi VUR fer einkum fram í sendiráðum Íslands erlendis og er áhersla lögð á þjónustu frá þeim sendiráðum þar sem starfandi eru sérstakir viðskiptafulltrúar. Af þremur nýjum sendiráðum er starfandi viðskiptafulltrúi í Tókýó en hvorki í Ottawa né Mapútó.

Meginviðfangsefni VUR fyrstu fimm starfsárin hafa verið margvísleg og mætti flokka starfsemina niður í sex flokka:

- Aðstoð við sprotafyrirtæki á nálægum og kunnuglegum mörkuðum.
- Aðstoð við stærri fyrirtæki á fjarlægum mörkuðum þar sem menningarmunur er mikill.
- Kynningar á íslenskum fyrirtækjum á tilteknum mörkuðum erlendis.
- Kynningar á erlendum markaðssvæðum hérlendis m.t.t. viðskipta og fjárfestingartækifæra fyrir Íslendinga.
- Miðlun fyrirspurna erlendra aðila vegna viðskipta við og á Íslandi
- Skipulagning opinberra heimsókna viðskiptasendinefnda til útlanda og skipulagning heimsókn erlendra sendinefnda í viðskiptaerindum til Íslands.

Ljóst er af framansögðu að fram til þessa hefur starfsemi VUR fyrst og fremst miðað að því að taka við beiðnum frá fyrirtækjum og veita þeim fyrirgreiðslu sem eftir þjónustunni leita. Verkefnum hefur fjölgað jafnt og þétt einkum á sl. ári. Áfram verður haldið að efla við-

skiptaþekkingu og viðskiptaþjónustu í sendiráðunum til að vinna með á fleiri mikilvægum markaðssvæðum.

Hlutverk VUR er ekki síður mikilvægt í þeim framtíðarverkefnum sem reifuð voru í upphafi þessa kafla.

9.4.1. Viðskiptaþróun – samstarfsverkefni

Haustið 2000 var undirritað samkomulag utanríkisráðuneytisins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um samstarf sem hefur það markmið að samtvinna þróunaraðstoð og íslenska markaðssókn í þróunar- og nýþróuðum ríkjum. Verkefnið, sem kallast Viðskiptaþróun, er til þriggja ára, fór formlega af stað í byrjun árs 2001 og er VUR formlegur umsjónaraðili þess. Enn fremur sinnir VUR hlutverki tengiliðar milli fyrirtækja og Alþjóðabankans sem miðar að því að virkja betur lítil og meðalstór fyrirtæki í verkefnum bankans. Gengið var frá samstarfi utanríkisráðuneytisins og Alþjóðbankans á þessu sviði haustið 2000.

Alþjóðabankinn hefur um nokkurt skeið lagt aukna áherslu á náið samstarf við einkageirann í Evrópu. Í þeim tilgangi hefur bankinn nýverið sett upp öflugt net tengla sem hafa það hlutverk að kynna starfsemi bankans fyrirtækjum í Evrópu. Með þessu er Alþjóðabankinn að svara kröfum þeirra ríkja, sem hafa lagt fram mikið fé til starfsemi hans um að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aukna möguleika á samstarfi, aðallega varðandi útboð og fjármögnun verkefna.

Meginmarkmiðið með viðskiptaþróuninni er að stuðla að auknum viðskiptatengslum íslenskra fyrirtækja við þróunarlönd og nýþróuð ríki Austur- og Mið-Evrópu og Suðaustur-Asíu. Tilgangur verkefnisins er að hvetja íslenskt atvinnulíf til virkari þátttöku í efnahagslífi þeirra þróunarlanda sem Ísland veitir tvíhliða aðstoð. Enn fremur að greina tækifæri í þróunarlöndum og setja þau þannig fram að íslensk fyrirtæki sjái sér hag í gagnkvæmum viðskiptum.

Hlutverk Viðskiptaþróunar er að marka stefnu um markaðssókn og fjárfestingar, vera fyrirtækjum og fjárfestum til aðstoðar, greina ný viðskiptatækifæri og fjárfestingarmöguleika og aðstoða íslensk fyrirtæki við að taka að sér verkefni hjá alþjóðastofnunum. Stefnt er að því að safna saman á einum stað þekkingu sem snýr að verkefnaútflutningi og fjármögnunarleiðum og koma upplýsingum markvisst á framfæri við íslensk fyrirtæki í útrásarhug. Megináhersla er í fyrstu á upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun milli íslenskra fyrirtækja og alþjóðastofnana. Viðskiptaþróun mun hér gegna hlutverki upplýsingamiðstöðvar og vera tengiliður milli fyrirtækja við hinar ýmsu alþjóðastofnanir.

10. HAFRÉTTARMÁL

10.1. Samningar Sameinuðu þjóðanna um hafréttarmál

10.1.1. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna var gerður 10. desember 1982 og verður 20 ára afmælis hans minnst á þessu ári. Um er að ræða fyrsta og eina heildstæða alþjóðasamninginn á sviði hafréttar. Með honum voru settar eða staðfestar reglur um öll not hafsins og tekur hann til allra hafsvæða, þar á meðal loftrýmisins yfir þeim og hafsbotnsins og botnlaganna undir þeim. Samningurinn fjallar m.a. um landhelgi, efnahagslögsögu, landgrunn, úthafið og alþjóðlega hafsbotninn, réttindi strandríkja og annarra ríkja til fiskveiða, annarrar auðlindanýtingar, siglinga og flugs, verndun gegn mengun hafsins og lausn deilumála.

Ísland fullgilti hafréttarsamninginn 21. júní 1985 og var fyrsta Evrópuríkið til þess. Samningurinn öðlaðist gildi 16. nóvember 1994 og eru aðildarríki hans 138 talsins miðað við 12.

mars 2002. Samningurinn sem slíkur bindur ekki önnur ríki, en flest ákvæði hans hafa stöðu þjóðréttarvenju og eru því bindandi fyrir öll ríki heims. Á grundvelli hafréttarsamningsins eru haldnir reglubundnir fundir aðildarríkja samningsins. Er þar einkum fjallað um rekstrar-, skipulags- og fjármál. Eftir að grunnur að hafréttinum hefur nú verið lagður má gera ráð fyrir að helstu laga- og tæknilegum viðfangsefnum hafréttarins verði eftirleiðis vísað til þeirra stofnana sem settar hafa verið á laggirnar samkvæmt hafréttarsamningnum: Alþjóðlega hafréttardómsins, Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og Landgrunnsnefndarinnar. Stofnanirnar hafa allar tekið til starfa og verið virkar í störfum sínum.

Hagsmunir Íslands sem strandríkis, sem á mikið undir nýtingu lifandi auðlinda hafsins, eru vel tryggðir í hafréttarsamningnum og samningum tengdum honum. Af Íslands hálfu hefur, í samræmi við þetta, verið lögð á það áhersla að í hafréttarmálum beri að vinna á grundvelli þeirra samninga sem gerðir hafa verið og að mikilvægt sé að ákvæðum þeirra sé framfylgt. Jafnframt hefur af Íslands hálfu verið lögð áhersla á að ekki beri að opna að nýju mál sem þegar hafa verið afgreidd, enda þjónar það ekki íslenskum hagsmunum. Einstök ríki og ríkjahópar, sem telja á sig hallað í einstökum málum, hafa hins vegar haft tilhneigingu í þessa átt. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að niðurstaða hafréttarráðstefnunnar fól í sér pakkalausn þar sem einstök ríki fengu sitt fram á sumum sviðum en urðu að gefa eftir á öðrum.

Efnisleg umfjöllun um hafréttarmál fer einkum fram á allsherjarþinginu. Æ fleiri alþjóðastofnanir, þ.m.t. sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, láta þó hafréttarmál til sín taka með einum eða öðrum hætti. Tryggja þarf að starf þessara stofnana sé samræmt og að ákvæði hafréttarsamningsins séu virt, en nokkur misbrestur hefur verið á því. Allsherjarþingið hefur hér mikilvægi hlutverki að gegna. Á 54. allsherjarþingi var samþykkt ályktun um að koma á fót nýjum samráðsvettvangi sem ætlað er að undirbúa umfjöllun allsherjarþingsins um málefni hafsins. Ísland tók virkan þátt í gerð ályktunarinnar og hafði þar framangreind sjónarmið að leiðarljósi. Í ályktuninni er m.a. viðurkennt að hafréttarsamningurinn skapi hinn lagalega ramma um starf hins nýja vettvangs og áréttað mikilvægi þess að standa vörð um ákvæði hans. Nánar er fjallað um hinn nýja samráðsvettvang um málefni hafsins í kafla 10.2.1.

10.1.2. Úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna

Úthafsveiðisamningurinn öðlaðist gildi 11. desember 2001, mánuði eftir að þrítugasta ríkið, Malta, gerðist aðili að samningnum. Ísland fullgilti samninginn 14. febrúar 1997, en meðal annarra aðildarríkja hans má nefna Noreg, Rússland, Bandaríkin, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Í kjölfar aukinnar ásóknar í fiskstofna utan efnahagslögsögunnar var knúið á um að gerður yrði samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamningsins um deilistofna og víðförula fiskstofna, þ.e. stofna sem finnast bæði innan lögsögu strandríkja og á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast til þessara tveggja flokka. Samkomulag varð um það á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiró árið 1992 að kalla saman úthafsveiðiráðstefnu. Ísland tók virkan þátt í ráðstefnunni og skipaði svonefndan kjarnahóp strandríkja. Rúmum þremur árum síðar var úthafsveiðisamningurinn í höfn og var hann samþykktur í New York 4. ágúst 1995.

Yfirlýst markmið úthafsveiðisamningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Samningurinn styrkir verulega ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Sérstök réttindi strandríkja eru viðurkennd í samningnum og í honum felast frekari takmarkanir á heföbundnu frelsi til fiskveiða á úthafinu. Þegar þýðing úthafsveiðisamningsins er vegin og metin er rétt að hafa í huga að langtíma-

hagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að markmiði samningsins verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar á úthafinu víðs vegar í heiminum. Engin ríki eiga meira undir því en ríki á borð við Ísland sem byggja afkomu sína að mjög miklu leyti á fiskveiðum.

10.2. Landgrunnsmál

10.2.1. Afmörkun ytri marka landgrunns Íslands utan 200 sjómílna

Samkvæmt hafréttarsamningnum skulu strandríki leggja upplýsingar um mörk landgrunns síns utan 200 sjómílna fyrir landgrunnsnefndina innan 10 ára frá gildistöku samningsins að því er viðkomandi ríki varðar. Nefndin gerir í framhaldi af því tillögur þar að lútandi og skulu mörk landgrunnsins, sem strandríki ákveður á grundvelli þessara tillagna, vera endanleg og bindandi. Samkvæmt sérstakri ákvörðun 11. fundar aðildarríkja hafréttarsamningsins í maí 2001 gildir þó sérstök regla um ríki á borð við Ísland sem samningurinn öðlaðist gildi gagnvart fyrir 13. maí 1999. Fyrir þessi ríki reiknast 10 ára fresturinn ekki fyrr en frá þessum degi, en þá fyrst samþykkti landgrunnsnefndin vísindalegar og tæknilegar viðmiðunarreglur sínar. Frestur Íslands til að skila greinargerð til nefndarinnar er því til 13. maí 2009, en stefnt er því að skila greinargerðinni mun fyrr.

Af Íslands hálfu er annars vegar gert tilkall til landgrunns utan 200 sjómílna í suðri, þ.e. á Reykjaneshrygg og Hatton Rockall-svæðinu, og hins vegar í austri, þ.e. í Síldarsmugunni. Landgrunnið var afmarkað til suðurs með reglugerð nr. 196/1985 en afmörkun landgrunnsins til austurs er skemmra á veg komin. Aðeins Ísland gerir kröfu um landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg, en á Hatton Rockall-svæðinu hafa Danmörk f.h. Færeyja, Bretland og Írland einnig sett fram kröfur um slík réttindi. Í Síldarsmugunni mun Noregur einnig gera kröfu til landgrunnsréttinda út frá Jan Mayen og hugsanlega mun Danmörk einnig setja fram kröfu um slík réttindi fyrir hönd Færeyja.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra um undirbúning greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Gert er ráð fyrir að undirbúningur greinargerðarinnar, sem felur m.a. í sér umfangsmiklar og kostnaðarsamar mælingar á umræddum þremur svæðum, muni taka um fjögur ár og að greinargerðinni verði skilað til nefndarinnar árið 2005. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessa er rúmlega 700 milljónir króna.

Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á greinargerð þeirri sem skilað verður til landgrunnsnefndarinnar og mun ráðuneytið hafa yfirumsjón með undirbúningi greinargerðarinnar og taka allar stefnumarkandi ákvarðanir, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun, Sjómælingar Íslands og, eftir atvikum, aðrar stofnanir. Til að umrætt verkefni verði unnið á sem markvissastan hátt hefur verið skipaður starfshópur undir forustu utanríkisráðuneytisins til að vinna umrædda greinargerð.

10.2.2. Hatton Rockall-málið

Í ljósi þess að talið var tímabært að koma aftur á viðræðum milli aðila Hatton Rockall-málsins áttu íslensk stjórnvöld frumkvæði að tvíhliða viðræðum við Bretland vorið 2000. Viðræðurnar voru jákvæðar en báðum aðilum var ljóst að til að ná samkomulagi í málinu þyrftu Írland og Danmörk f.h. Færeyja einnig að koma að því. Hinn 11. október 2001 fóru fram í Reykjavík óformlegar viðræður allra deiluaðila í Hatton Rockall-málinu. Var um að ræða fyrsta fjórhliða fund þeirra aðila sem gera tilkall til landgrunns á Hatton Rockall-svæðinu og markar fundurinn því tímamót. Viðræðurnar voru afar gagnlegar og verður þeim haldið áfram haustið 2002. Mikilvægt er að aðilar byrji að leita leiða til að leysa þetta mikil-

væga mál, en ekki er við því að búast að viðræður aðila muni leiða til skjótrar niðurstöðu enda er málið afar flókið og erfitt að samræma sjónarmið aðila. Til þess að lausn náist um afmörkun landgrunns á umdeildum svæðum á borð við Hatton Rockall-svæðið þarf tvennt að koma til: Annars vegar þurfa hlutaðeigandi ríki að komast að samkomulagi um skiptingu landgrunnsins sín á milli eða um að það verði sameiginlegt nýtingarsvæði. Hins vegar þarf að nást niðurstaða um afmörkun ytri marka landgrunnsins með hliðsjón af tillögum landgrunnsnefndarinnar.

11. UMHVERFISMÁL/AUÐLINDAMÁL

Mikilvægi umhverfismála og þýðing þeirra fyrir auðlindanýtingu fer sívaxandi í alþjóðamálum og í samskiptum ríkja. Þessi mál eru að sönnu oft nefnd sem eitt skýrasta dæmið um þá hnattvæðingu sem við nú upplifum. Hnattvæðinguna er ekki aðeins að finna í viðskiptum og fjárfestingum, hún er einnig í straumum og stefnum í umhverfismálum. Öflug alþjóðasamvinna er forsenda þess að heimsbyggðin geti brugðist við margvíslegri umhverfisvá. Á sama tíma hefur hnattvæðing bein áhrif á stöðu Íslands og stefnu í auðlinda- og umhverfismálum hvort sem er inn á við eða út á við. Veruleg áhersla hefur verið lögð á að efla þátttöku Íslands í skoðanaskiptum og stefnumörkun um auðlinda- og umhverfismál á alþjóðavettvangi. Hefur þessi stefna borið góðan árangur. Þessari stefnu verður fylgt áfram, enda á Ísland ríkra hagsmuna að gæta á þessum sviðum.

11.1. Sjálfbær þróun

11.1.1. Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Ísland hefur verið kjörið í undirbúningsnefnd leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Leiðtogafundurinn, sem fram fer í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002, er haldinn í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiro 1992. Markmið leiðtogafundarins er að ríki heims endurnýi skuldbindinguna um sjálfbæra þróun, meti árangur af framkvæmd á samþykktum Ríóráðstefnunnar og móti raunhæfa framtíðarsýn. Vonir eru bundnar við að leiðtogafundurinn marki mikilvægt skref í hnattrænni samvinnu um sjálfbæra þróun, einkum varðandi þróunarríkin.

Dagskrá leiðtogafundarins er í mótun en ljóst er að mikil áhersla verður lögð á þróunarmál og að nálgunin á umhverfismálin mun að stórum hluta taka mið af þeim. Sem dæmi um áherslur má nefna útrýmingu fátæktar og eflingu þróunaraðstoðar. Líklegt er einnig að sjálfbær nýting náttúruauðlinda verði þungavigtarmál á fundinum, þar með talið lífríki hafsins og orkumál. Töluverð áhersla hefur verið lögð á það í undurbúningsferlinu að skilgreina leiðir til að virkja hnattvæðinguna í þágu sjálfbærrar þróunar sem og á leiðir til að beina hagvexti inn á brautir sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Heilbrigðismál hafa einnig verið nefnd, einkum í tengslum við fátækt og Afríku. Einnig mun endurskoðun og endurbætur á alþjóðastjórn umhverfismála og sjálfbærrar þróunar verða mikilvægur liður á dagskrá fundarins.

Málflutningur Íslands hefur undirstrikað þá skoðun að fundurinn skuli taka til allra þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þeirra félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu. Innan þessa ramma hefur áhersla Íslands fyrst og fremst verið lögð á þrjú atriði: Í fyrsta lagi að styðja þá almennu væntingu að útrýming fátæktar verði eitt meginþema leiðtogafundarins. Í öðru lagi að fjallað verði sérstaklega um málefni er varða umgengni við hafið, þar á meðal framkvæmd Reykjavíkuryfirlýsingarinnar um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar, þörf á mati á ástandi hafsins til að efla framkvæmd áætlunar Sameinuðu þjóðanna um vernd hafsins gegn mengun

frá landi, og nauðsyn þess að efla fjárhagslega og tæknilega aðstoð við þróunarríkin til að byggja upp sjálfbærar fiskveiðar. Loks í þriðja lagi hefur verið lögð áhersla á notkun endurnýjanlegra orkugjafa til þess að draga úr mengun frá iðnaði og samgöngum, og til að mæta orkuþörf í þróunarríkjunum.

11.1.2. Kýótó-bókunin

Samkomulag náðist um lausn á sérstöðu Íslands gagnvart Kýótó-bókuninni á 7. aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytinga í Marakess í nóvember 2001. Með þessari niðurstöðu er leystur sá vandi sem skilgreindur var í Kýótó og staðið hefur í vegi fyrir aðild Íslands að bókuninni. Samkomulagið var gert samhliða öðrum ákvörðunum um framkvæmd Kýótó-bókunarinnar, en allt frá því að bókunin var samþykkt árið 1997 hafa staðið yfir erfiðar samningaviðræður um reglur sem gera iðnríkjunum kleift að framkvæma hana. (Sjá nánar skýrslu umhverfisráðherra til 127. löggjafarþings, þskj. 349.)

Ákvörðunin um íslenska ákvæðið heimilar smáríkjum að ráðast í verkefni á sviði iðnaðar þótt þau auki útblástur gróðurhúsalofttegunda, að því gefnu að þau byggist á nýtingu endurnýjanlegrar orku og leiði til samdráttar í losun á hnattræna vísu. Forsaga ákvæðisins er að við samþykkt Kýótó-bókunarinnar var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda að Ísland gæti ekki staðið við þau útstreymismörk sem tilgreind eru í viðauka B við bókunina, vegna smæðar efnahagskerfisins og sérstöðu hvað varðar samsetningu á útstreymi. Það sem veldur vanda í tilviki Íslands eru hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna á heildarútstreymi. Hér á landi vega einstök stóriðjuverkefni svo þungt hlutfallslega að áhrif stærstu verkefnanna hvers um sig eru meiri en þreföld samdráttarmarkmið Kýótó-bókunarinnar sem eru 5,2%. Ljóst var að ekki yrði mögulegt að meðhöndla slík verkefni með sama hætti og önnur smærri. Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því í Kýótó 1997 að aðildarríkjaþing samningsins tæki þetta vandamál fyrir. Þetta var samþykkt og málsgrein sem vísar til þessa vanda var hluti af ákvörðun aðildarríkjaþingsins, þess efnis að leitað yrði lausnar á þessu máli. Þetta var kallað „íslenska ákvæðið". Umfjöllun um málið hófst á fundi undirnefndar samningsins um vísindalega og tæknilega ráðgjöf í júní 1998 og lauk á þinginu í Marakess með samþykkt um útfærslu íslenska ákvæðisins.

Langar og strangar samningaviðræður liggja að baki þessari jákvæðu niðurstöðu. Sá árangur sem náðist í því að gæta hagsmuna Íslands jafnhliða hnattrænum ávinningi í loftslagsmálunum er afrakstur mikils starfs bæði ráðherra og embættismanna. Samstillt átak utanríkis-, umhverfis-, iðnaðar-, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og forsætisráðuneytisins, sem hafa átt fulltrúa í sendinefndum Íslands, hefur skilað þessari niðurstöðu. Fjármála- og samgönguráðuneytið hafa auk fyrrnefndra ráðuneyta einnig átt fulltrúa í samninganefnd vegna málsins. Þingsályktunartillaga um aðild að bókuninni verður lögð fyrir yfirstandandi þing.

11.1.3. Reykjavíkurráðstefnan um ábyrgar veiðar í vistkerfi sjávar

Alþjóðleg ráðstefna um ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar var haldin í Reykjavík 1.–4. október 2001. Ráðstefnan var haldin á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í boði íslenskra og norskra stjórnvalda. Hana sátu fulltrúar frá 60 ríkjum, þar á meðal frá fremstu sjávarútvegsþjóðum heims, 19 alþjóðastofnunum og 10 alþjóðlegum félagasamtökum. Auk þess tóku um 200 vísindamenn víðs vegar að úr heiminum þátt í sérstökum vísindahluta ráðstefnunnar.

Markmiðið með ráðstefnunni var að stuðla að bættri framkvæmd á siðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum einkum með því að beita vistfræðilegri nálgun við stjórn á nýtingu á lifandi auðlindum hafsins. Afrakstur ráðstefnunnar var Reykjavíkuryfirlýsingin um ábyrgar

fiskveiðar í vistkerfi sjávar. Yfirlýsingin markar tímamót því með henni skuldbinda stærstu sjávarútvegsríki heims sig til að taka tillit til vistkerfis sjávar við stjórnun á nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Staðfest er að í því felist að mið sé tekið bæði af áhrifum sjávarútvegs á vistkerfið og áhrifum vistkerfisins á sjávarútveg. Einnig er lögð áhersla á aðra þætti sem hafa áhrif á vistkerfi hafsins svo sem mengun frá landi. Til að stuðla að beitingu vistfræðilegrar nálgunar við fiskveiðistjórnun sammæltust ríkin um að efla hafrannsóknir og fiskveiðistjórnun. Sérstök áhersla er lögð á aðstoð við þróunarríkin við að byggja upp sjálfbærar fiskveiðar og einkum aukna þátttöku alþjóðlegra fjármálastofnana í slíkri aðstoð. Ísland átti verulegan þátt í gerð yfirlýsingarinnar og mótun vísindahluta ráðstefnunnar.

Reykjavíkuryfirlýsingin er framlag sjávarútvegsríkja til leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg haustið 2002. Íslensk stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á að koma yfirlýsingunni og efni hennar á framfæri við undirbúning leiðtogafundarins. Að ósk íslenskra stjórnvalda hefur aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gefið Reykjavíkuryfirlýsinguna út sem opinbert skjal vegna undirbúnings ráðstefnunnar og hefur fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðanna kynnt yfirlýsinguna á fundi undirbúningsnefndar leiðtogfundarins. Niðurstöður ráðstefnunnar voru einnig kynntar af sjávarútvegsráðherra á ráðstefnu FAO í nóvember 2001 og var Reykjavíkuryfirlýsingin þar samþykkt af öllum aðildarríkjum FAO. Jafnframt verður framkvæmd yfirlýsingarinnar fylgt eftir á vettvangi FAO, þ.m.t. á leiðtogafundi FAO um fæðuöryggi nk. sumar.

11.2. Málefni hafsins

11.2.1. Samráðsvettvangur Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins

Á 57. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nk. haust ber að ákveða hvort framhald verði á starfsemi hins óformlega samráðsvettvangs Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins. Honum var komið fót með ályktun 54. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í því augnamiði að efla umfjöllun allsherjarþingsins um skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins. Stofnun þessa vettvangs endurspeglar hinn vaxandi áhuga heimsbyggðarinnar á vernd og nýtingu hafsins. Einkum er vaxandi áhugi í samfélagi þjóðanna á að efla samræmingu og samvinnu í málefnum hafsins innan Sameinuðu þjóðanna. Þessi áhugi mótast af áhyggjum af mengun hafsins og því að of víða er illa gengið um auðlindir þess og rányrkja stunduð á fiskstofnum. Vettvangurinn hefur fundað tvisvar. Á þeim fundum hefur verið fjallað sérstaklega um ábyrgan sjávarútveg, ólögmætar fiskveiðar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar mengunar hafsins og hafrannsóknir. Á fundi nefndarinnar í ár verður fjallað um vernd hafsins og leiðir til að auka getu þróunarríkja til að vernda og stjórna eigin hafsvæðum og sjávarauðlindum.

Ísland hefur tekið virkan þátt í mótun og starfi þessa nýja vettvangs, enda fjallar hann um mikilvæg hagsmunamál þjóðarinnar. Íslensk stjórnvöld eru þeirrar skoðunar að málefni hafsins séu bæði flókin og margvísleg og að um þau beri að fjalla af bærum alþjóðastofnunum og í samræmi við réttindi og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum. Sé þörf á umfjöllun um úrbætur í samræmingu og samvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í málefnum hafsins, þá sé allsherjarþing stofnunarinnar rétti vettvangurinn til þess.

Íslensk stjórnvöld telja aukna umræðu um málefni hafsins á allsherjarþinginu vera jákvæða. Hún vekur athygli á ógnun við lífríki hafsins og mótar aðgerðir til verndar hafinu og sjálfbærrar nýtingar auðlinda þess. Slík umræða felur einnig í sér vissar hættur. Ber þar að nefna þrýsting frá einstökum ríkjum og umhverfisverndarsamtökum um að komið verði á fót einhvers konar hnattrænni stjórn á málefnum hafsins, þar með talið stjórn fiskveiða. Hnattvæðing umhverfismálanna varðar ekki síst strauma og stefnur í málefnum hafsins. Það skiptir

hagsmuni Íslands verulegu máli að slík skoðanaskipti og stefnumörkun fari fram á vettvangi þar sem Ísland hefur fulla aðild og getur haft veruleg áhrif á niðurstöður umræðunnar. Ísland hefur löngum haft umtalsverð áhrif á umfjöllun og niðurstöður Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins, hvort sem um hefur verið að ræða mengun hafsins eða nýtingu á lifandi auðlindum þess. Rík áhersla verður lögð á áframhaldandi virka og öfluga þátttöku af hálfu Íslands í þessum málaflokki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í ljósi þess umfjöllunarefnis sem verður á fundi nefndarinnar í ár, verður lögð sérstök áhersla á mikilvægi sjálfbærs sjávarútvegs fyrir fæðuöryggi í heiminum og efnahag margra ríkja.

11.2.2. Alþjóðlegar aðgerðir gegn mengun hafsins

Það var mikill áfangi í alþjóðlegu samstarfi um varnir gegn mengun sjávar og umhverfisins almennt þegar 92 ríki undirrituðu Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn efni þann 23. maí árið 2001. Samningurinn gengur í gildi 90 dögum eftir að fimmtíu ríki hafa fullgilt hann. Þingsályktunartillaga um fullgildingu samningsins verður lögð fyrir yfirstandandi þing. Ísland átti frumkvæði að því að áhersla á þrávirk lífræn efni var tekin inn í Dagskrá 21 í Ríó 1992 og tók virkan þátt í gerð Stokkhólmssamningsins. Mikilvægt er að þessum áfanga verði fylgt eftir með því að samningurinn öðlist gildi sem fyrst. Í því sambandi er aðkoma Alþjóðlega umhverfissjóðsins (GEF) mikilvæg en sjóðnum hefur verið falið að hafa milligöngu um aðstoð við þróunarríkin við framkvæmd samningsins.

Í nóvember árið 2001 var haldinn fyrsti ráðherrafundurinn til þess að meta árangurinn af Washington-áætluninni um varnir gegn mengun sjávar frá landi og til að marka stefnu um aðgerðir á næstu árum. Íslensk stjórnvöld beittu sér á sínum tíma fyrir gerð þessarar áætlunar og var einn af undirbúningsfundum fyrir hana haldinn hér á landi. Gerð hefur verið framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi hér á landi og var hún samþykkt af ríkisstjórn í nóvember árið 2001. Mikilvægt verkefni á þessu sviði er samstarf við Rússland um aðgerðir þar til þess að draga úr mengun sjávar frá landi. Ísland hefur stutt undirbúning framkvæmdaáætlunar Rússlands en mikils fjármagns þarf að afla til þess að áætlunin nái fram að ganga. Skrifstofa undirnefndar Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun sjávar sem aðsetur hefur á Akureyri hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og unnið með rússneskum aðilum að gerð þeirra áætlunar. Mikilvægt er að halda því starfi áfram.

Heildaryfirlit skortir um ástand sjávar með tilliti til mengunar og annarra umhverfisþátta. Traustar vísindalegar upplýsingar um ástand umhverfisins í hafinu er mikilvæg forsenda aðgerða til þess að koma í veg fyrir mengun sjávar og önnur þau áhrif sem geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi hafsins. Ísland hefur beitt sér fyrir því á vettvangi nefndar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (CSD) og Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) að átak verði gert til þess að bæta upplýsingar um ástand umhverfis í hafinu og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar slíkar hnignunar. Að tillögu Íslands samþykkti aðalfundur UNEP í febrúar árið 2001 að kanna möguleika á því að gera átak á þessu sviði og var alþjóðlegur vinnufundur haldinn um málið í Reykjavík í september sama ár. Mikilvægt er að mál þetta fái umfjöllun í tengslum við leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg.

11.3. Ísland í formennsku Norðurskautsráðsins

Í október nk. tekur Ísland við formennsku í Norðurskautsráðinu og mun gegna því fram til haustsins 2004. Ráðið var stofnað í Ottawa árið 1996 á grunni áætlunar um umhverfisvernd á norðurslóðum sem samþykkt var af umhverfisráðherrum í Rovaniemi árið 1991.

Aðildarríki ráðsins eru átta talsins, þ.e. Norðurlöndin fimm, Bandaríkin, Kanada og Rússland. Auk þeirra eiga sæti í ráðinu samtök frumbyggja á norðurslóðum og taka þau virkan þátt í starfi þess. Þessu til viðbótar eiga ýmis frjáls félagasamtök og ríki áheyrnaraðild að ráðinu. Markmið Norðurskautsráðsins er að vinna að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun á norðurslóðum. Norðurskautsráðið er ekki stofnun með sjálfstæðan fjárhag og þjóðréttarlega stöðu. Ráðið er samráðs og samvinnuvettvangur ríkja, fyrst og fremst um stefnumörkun. Verkefni sem unnin eru á vettvangi Norðurskautsráðsins eru ekki greidd úr sameiginlegum sjóði heldur með framlögum frá þeim ríkjum sem taka þátt í þeim.

Þegar Ísland tekur við formennsku í ráðinu verður skrifstofa þess vistuð í utanríkisráðuneytinu. Komið hefur verið á fót tenglahópi, undir stjórn utanríkisráðuneytisins, með fulltrúum ráðuneyta, Alþingis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að undirbúa formennsku Íslands. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að efla beri þá þætti í starfi ráðsins sem snúa að félags-, efnahags- og menningarmálum, án þess þó að draga úr starfsemi ráðsins á vettvangi umhverfisverndar. Ísland hefur tekið forustu í starfshópi Norðurskautsráðsins um gerð tillögu að skýrslu um mannlífs-, byggða- og atvinnumál á norðurslóðum sem gæti orðið eitt meginverkefnið á formennskutímanum reynist nægur stuðningur við gerð hennar. Stefnt er að því að áherslur Íslands í formennskutíð liggi fyrir í lok sumars.

11.4. Alþjóðlegar fiskveiðistofnanir og samstarf um veiðistjórn

Hlutverk svæðisbundinna samtaka til stjórnunar fiskveiða, er taka bæði til úthafsins og til fiskstofna sem ganga inn og út úr lögsögum einstakra ríkja, verður æ mikilvægara, ekki síst eftir tilkomu úthafsveiðisamningsins. Íslensk stjórnvöld taka virkan þátt í starfi þeirra stofnana sem taka til Norður-Atlantshafs og hafa enn fremur tekið þátt í stofnun svæðissamtaka á Suður-Atlantshafi. Það er stefna Íslands að efla staðbundna og svæðisbundna stjórn fiskveiða en vinna gegn þeirri tilhneigingu sem nú gætir hjá ýmsum að draga úr mikilvægi svæðisstofnana og koma á víðtækari stjórnun fiskveiða sem jafnvel tæki til heimshafanna í heild.

11.4.1. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC)

Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hefur með höndum stjórn veiða á kolmunna, makríl, síld úr norsk-íslenska síldarstofninum og úthafs- og djúpkarfa.

Kolmunni

Það er í verkahring NEAFC að ákveða leyfilegan hámarksafla úr kolmunnastofninum. Samkomulag hefur hins vegar ekki náðst um stjórn á veiðum vegna ósamkomulags um kvótaskiptingu milli aðildarríkjanna. Haldnir hafa verið einir níu strandríkjafundir frá því í febrúar árið 2000 án árangurs. Það er almennt samkomulag á milli strandríkjanna (þ.e. Evrópusambandsins, Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs) að stofninn þoli ekki það veiðiálag sem nú er. Veiðar náðu hámarki á síðasta ári, eða u.þ.b. 1,8 milljónir lesta, en ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins hljóðaði það ár upp á rúmlega 600 þúsund lestir. Það sem stendur í vegi fyrir samkomulagi um varanlega veiðistjórnun eru óhóflegar kröfur, einkum ESB og Noregs sem samtals gera kröfur um næstum 100% af kvótanum. Íslensk stjórnvöld hafa áhyggjur af ástandi kolmunnastofnsins. Mikilvægi kolmunnaveiða hefur vaxið undanfarin missiri í íslenskum sjávarútvegi og skipum sem veiðarnar geta stundað hefur farið fjölgandi. Veiðarnar hafa farið vaxandi innan íslenskrar lögsögu, en íslensk skip hafa veitt um 60% aflans innan hennar. Á fundi strandríkjanna í Reykjavík 11.–12. febrúar sl. lagði Ísland fram tillögu þess efnis að öll ríkin drægju úr veiðum sínum um 42% þannig að heildarveiðin

árið 2002 yrði 1 milljón lestir. Þessari tillögu var því miður hafnað af bæði ESB og Noregi sem kröfðust þess að Ísland drægi hlutfallslega meira úr sínum veiðum en þau. Þannig lagði Noregur til að Ísland drægi um 42% úr sínum veiðum á meðan samdráttur Noregs og ESB hefði orðið í kringum 25%. Íslensk stjórnvöld gátu vitaskuld ekki sætt sig við svo ójafna niðurstöðu. Íslensk stjórnvöld munu setja einhliða kvóta á veiðar íslenskra skipa á þessu ári og munu stuðla að mætti að því að samkomulag náist um varanlega stjórn á veiðum úr kolmunnastofninum.

Makríll

NEAFC hefur frá því 1999 ákveðið leyfilegan hámarksafla úr markílstofninum. Ákvarðanir NEAFC hafa þó frá upphafi verið samþykktar gegn mótmælum Íslands og Rússlands. Mótmæli Íslands byggja á því að önnur aðildarríki hafa ekki viljað fallast á rétt Íslands sem strandríkis til veiða úr markrílstofninum, enda þótt makríll gangi inn í íslenska lögsögu. Áhugi á makrílveiðum er að aukast hér á landi og er mikilvægt að Ísland verði viðurkennt sem strandríki í þessum veiðum.

Norsk-íslenski síldarstofninn

Samvinna strandríkjanna innan NEAFC um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er nú komin í fastar skorður. Fylgt er ráðgjöf ICES við ákvörðun um leyfilegan heildarafla og er í því efni miðað við að dregið sé úr hættu á hruni stofnsins og tryggðar séu jafnari veiðar á komandi árum. Þetta hefur verið meginstefna íslenskra stjórnvalda, að byggja upp síldarstofninn þannig að hann standi undir jöfnum veiðum í framtíðinni. Strandríkin eru sammála um að grípa til enn strangari veiðitakmarkana ef ICES telur ástand stofnsins gefa tilefni til.

Við gerð samninga um veiðar fyrir árið 2002 bar nokkuð á þrýstingi frá Norðmönnum og Rússum um endurskoðun á kvótaskiptingu á milli aðildarríkja. Íslensk stjórnvöld telja brýnt að núverandi samningi verði haldið óbreyttum. Hafa verður hugfast að þrátt fyrir að allir hefðu þurft að gefa eftir í síldinni á sínum tíma náðist samningur sem virkar fyrir alla aðila. Það er mikilvægt að viðhalda honum, annars er hætt við að stjórnlausar veiðar hefjist aftur, og sagan kennir okkur að slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar.

Úthafs- og djúpkarfi

Síðan stjórn náðist á veiðum úthafskarfa árið 1995 á Reykjaneshrygg, hefur komið í ljós að í raun er um tvo karfastofna að ræða, annars vegar djúpkarfa, sem heldur sig undir 500 metra dýptarlínu, og hins vegar úthafskarfa sem er ofan 500 metra. Íslendingar hafa um nokkurt skeið barist fyrir því að fá þessa staðreynd viðurkennda innan NEAFC. Hafa vísindarannsóknir og gögn sem styðja þetta ítrekað verið lögð fram og kynnt á ársfundum nefndarinnar. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) hefur jafnframt í ráðgjöf sinni síðastliðin ár lagt til að karfastofninum sé stjórnað í sitt í hvoru lagi til að forðast ofveiðar í öðrum stofninum. Þrátt fyrir vísindaráðgjöf ICES hafa önnur aðildarríki ekki viljað fallast á að tillit verði tekið til tvískiptingar stofnsins. Íslensk stjórnvöld hafa bókað mótmæli við áframhaldandi veiðistjórn sem ekki tekur tillit til tvískiptingar stofnsins þar sem hún verður að teljast óábyrg og ganga þvert á vísindaráðgjöf ICES. Íslensk stjórnvöld vinna áfram að brautargegni þess máls á vettvangi NEAFC m.a. með markvissri þróun kerfis sem gerir það mögulegt að stjórna hvorum stofninum um sig. Íslendingar hafa einbeitt sér að veiðum úr neðri stofninum sem gefur mun verðmætari afurð.

11.4.2. Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (NAFO)

Rækjuveiðarnar á Flæmingjagrunni lúta stjórn NAFO. Kanadamenn hófu rækjuveiðar á þessum miðum árið 1993, en stuttu síðar bættust fleiri þjóðir í hópinn, þeirra á meðal Færeyingar, Íslendingar og Norðmenn. Rækjuveiðunum er stjórnað með sóknardagastýringu sem felst í því að ákveðnum fjölda veiðidaga er úthlutað til hvers lands. Íslendingar hafa verið ósáttir við skipan þessara mála og mótmælt henni. Gagnrýni okkar á sóknardagastýringuna byggist meðal annars á því að sóknardagakerfið sé óheppilegt til að mæta nauðsynlegum veiðitakmörkunum með hagkvæmum hætti og þar að auki hafi framkvæmd sóknardagakerfisins ekki verið sem skyldi. Enda hefur komið á daginn að undir stjórn kerfisins eru veiðarnar næstum því 100% meiri en vísindamen mæla með þrátt fyrir að aðeins séu nýtt um 75% sóknardaganna.

Veiðum íslenskra skipa á Flæmingjagrunni er stjórnað með kvótasetningu. Af hálfu Íslands hafa jafnframt verið fluttar tillögur um að tekið verði upp aflamarkskerfi í rækjuveiðunum á Flæmingjagrunni. Nú loks eru flest önnur NAFO-ríkin orðin okkur sammála um að sóknardagstýringin hafi ekki skilað tilætluðum árangri og því nauðsynlegt að taka upp aflamarkskerfi. Nú standa yfir viðræður um mögulega skiptingu kvóta.

11.4.3. Suðaustur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (SEAFO)

Þann 20. apríl 2001 var undirritaður í Windhoek í Namibíu samningur um stofnun svæðissamtaka um stjórnun fiskveiða utan lögsögu á Suðaustur-Atlantshafi. Frumkvæðið í málinu kom frá strandríkjunum, Suður-Afríku, Namibíu, Angóla og Bretum fyrir hönd smáeyjanna Tristan da Cuhna, Ascensioneyjar og St. Helenu. Að auki tóku Bandaríkin, Rússland, Pólland, Úkraína, Kórea, Japan, Evrópusambandið, Noregur og Ísland þátt í undirbúningi að stofnun samtakanna.

Það er sameiginlegt álit utanríkisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis að mikilvægt hafi verið fyrir Ísland að taka þátt í gerð samningsins. Íslensk skip hafa í nokkrum mæli stundað veiðar á því svæði sem hér um ræðir og íslenskir aðilar taka þátt í útgerð í Namibíu. Auk þess skiptu samningaviðræðurnar máli fyrir þróun hafréttar þar sem um var að ræða fyrsta samninginn af þessu tagi sem gerður er eftir að úthafsveiðisamningurinn var undirritaður.

11.4.4. Atlantshafstúnfiskveiðiráðið (ICCAT)

Frá árinu 1995 hefur Ísland haft áheyrnaraðild að Atlantshafstúnfiskveiðiráðinu (ICCAT). Áheyrnaraðild fylgir málfrelsi, sem þó er háð mati fundarstjóra, á fundum ráðsins og vinnunefnda sem settar eru á laggirnar á þess vegum. Eitt íslenskt skip hefur stundað veiðar á bláuggatúnfiski undanfarin ár, bæði í íslensku efnahagslögsögunni og á alþjóðlegu hafsvæði. Þá hafa japönsk skip stundað tilraunaveiðar samkvæmt sérstöku leyfi í íslenskri lögsögu. Á vettvangi ICCAT hefur Ísland ítrekað lýst óánægju með núverandi skiptingu veiðiheimilda og lagt áherslu á að tekið verði tillit til réttar strandríkjanna við úthlutun veiðiheimilda. Undir þetta hafa ýmsir aðrir tekið, og hafa deilur um réttindi og hagsmuni strandríkja verið áberandi í öllu starfi ICCAT undanfarin ár. Íslendingar hafa lagt áherslu á að þeir geti ekki samþykkt stjórnunarreglur sem meini þeim að stunda veiðar úr stofni sem gengur inn í lögsögu Íslands.

Vinnuhópur ICCAT um endurskoðun reglna um úthlutun veiðiheimilda komst að niðurstöðu seint á síðasta ári þar sem segir m.a. að tillit skuli tekið til réttinda og hagsmuna strandríkja við úthlutunina. Í framhaldi af þessu mun fara fram endurúthlutun á skiptingu veiðiheimilda innan ICCAT. Í ljósi þessa er verið að meta hvort rétt sé að Ísland gerist aðili að

ICCAT fyrir næsta ársfund ráðsins sem haldinn verður í nóvember 2002, en ráðið hefur hvatt Ísland til þess.

11.4.5. Aðrir samningar

Framkvæmd smugusamningsins hefur gengið vel frá því hann var gerður vorið 1999. Samningurinn hefur orðið til að auka og bæta samskipti ríkjanna þriggja, þ.e. Íslands, Noregs og Rússlands, og er mikilvægt að áframhaldandi virku samráði verði viðhaldið á grundvelli samningsins.

Unnið hefur verið að gerð þríhliða rammasamnings milli Íslands, Grænlands og Færeyja um stjórnun veiða, vernd og rannsóknir á sameiginlegum karfa- og grálúðustofnum. Ekki er fyrirsjáanlegt hvenær samningsgerð lýkur.

11.5. Hvalveiðimál

Afstaða íslenskra stjórnvalda er sem kunnugt er sú að nýta beri allar lifandi auðlindir hafsins með sjálfbærum hætti, þar með talda hvali. Alþingi ályktaði 10. mars 1999 að hefja skyldi hvalveiðar hið fyrsta hér við land, en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær hvalveiðar verði hafnar.

Af Íslands hálfu hefur verið lögð áhersla á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi í hvalveiðimálum á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem fjalla um þau mál. Ísland er, ásamt Noregi, Færeyjum og Grænlandi, stofnaðili Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og tekur virkan þátt í vaxandi starfsemi þess.

Ísland gerðist aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu (IWC) að nýju 8. júní 2001 með fyrirvara við núllkvóta ráðsins vegna hvalveiða í atvinnuskyni. Er fyrirvarinn óaðskiljanlegur hluti af aðildarskjalinu. Ísland hafði sagt sig úr ráðinu árið 1992 þegar sýnt þótti að það starfaði ekki lengur eftir stofnsamningi sínum. Segja má að það hafi verið orðið hvalfriðunarráð fremur en hvalveiðiráð. Þótt enn megi telja að nokkuð langt sé í land að það standi undir nafni eru þess merki að stuðningur sé að aukast innan ráðsins við að sjálfbærar hvalveiðar verði stundaðar með einhverjum hætti. Í ljósi þessarar þróunar var talið tímabært að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju til þess að taka þátt í umræðum um sjálfbæra nýtingu hvalastofna og hafa bein áhrif á ákvarðanir ráðsins þar að lútandi. Meðal annars er unnið að því í ráðinu að ná samkomulagi um endurskoðað stjórnunarkerfi (Revised Management Scheme, RMS).

Á ársfundi sínum í London í júlí 2001 ákvað Alþjóðahvalveiðiráðið með eins atkvæðis meiri hluta að taka sér vald til að hafna fyrirvara Íslands við núllkvótann og um leið aðild þess að ráðinu. Að mati íslenskra stjórnvalda er ákvörðun ráðsins ógild þar sem það var ekki bært til að taka slíka ákvörðun. Hún er ólögmæt að þjóðarétti og án fordæmis. Ákvörðun ráðsins er því að engu hafandi og hefur engin áhrif á stöðu Íslands sem aðili að ráðinu.

Sú staða er nú uppi að sum aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins viðurkenna aðild Íslands að ráðinu en önnur ekki. Í ljósi þessa hafa íslensk stjórnvöld átt tvíhliða viðræður við stjórnvöld fjölda aðildarríkja ráðsins í því skyni að ná sem víðtækastri sátt um aðild Íslands að ráðinu fyrir næsta ársfund þess sem haldinn verður í Shimonoseki í Japan í maí 2002.

12. ÞRÓUNARSAMVINNA

12.1. Tvíhliða þróunaraðstoð

12.1.1. Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Síðastliðin ár hafa umsvif Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) vaxið umtalsvert í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um þreföldun fjárveitinga til stofnunarinnar á árabilinu

1998–2003. Hlutverk stofnunarinnar er að annast tvíhliða þróunaraðstoð Íslendinga en grundvallarsjónarmið að baki þeirrar aðstoðar er að hjálpa fátækum þjóðum heims, sérstaklega verst settu þjóðfélagshópunum, til sjálfsbjargar með því að stuðla að varanlegum framförum í atvinnulífi, nýtingu og vernd auðlinda ásamt því að bæta lýðræði og mannréttindi. Í tvíhliða þróunaraðstoð Íslands hefur töluverð áhersla verið lögð á verkefni til þess ætluð að bæta hag kvenna og stuðla þar með að auknu jafnrétti kynjanna.

Helstu samstarfslönd ÞSSÍ í dag eru Malaví, Mósambík, Namibía og Úganda en í því síðastnefnda hófst starfsemi árið 2001. Fiskimálaverkefni eru áberandi í starfinu sem fyrr, en heilsugæsla og menntamál eru sívaxandi verkefnissvið. Stærsta núverandi verkefni ÞSSÍ er bygging heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss í Malaví en þar eru einnig í gangi verkefni sem styðja við hefðbundna fiskeldis- og fiskimannafræðslu auk fullorðinsfræðslu. Í Mósambík snúa helstu verkefnin að gæðamálum í sjávarútvegi, stuðningi við kvennamálaráðuneyti og byggingu heilsugæslustöðvar í samvinnu við RKÍ. Namibía er rótgróið samstarfsland en starfið þar beinist einkum að sjómannafræðslu og margvíslegum félags/menntunarverkefnum. Á þessu ári munu hefjast tvö ný verkefni í Úganda, annars vegar tengt fiskgæðamálum og hins vegar fullorðinsfræðslu. Aukin áhersla er nú lögð á samstarf við frjáls félagasamtök, m.a. Rauða kross Íslands og Hjálparstarf kirkjunnar. Í athugun er einnig samstarf við ASÍ, ABC Hjálparstarf og Háskóla Íslands.

Tuttugu og tveir íslenskir sérfræðingar starfa nú hjá stofnuninni í Afríku, en þeirra á meðal eru skipstjórnarkennarar, vélstjórnarkennarar, matvælafræðingar, mannfræðingar, stjórnmálafræðingar, kennarar, líffræðingar o.fl. Starfsmenn þessir vinna aðallega við þjálfun, kennslu og rannsóknir og stjórnun. Í ljósi þess að árið 2003 er síðasta árið sem fellur undir stefnumið ríkisstjórnarinnar frá árinu 1997 um aukningu framlaga til ÞSSÍ hefur utanríkisráðherra ákveðið að láta framkvæma nýja úttekt á starfsemi stofnunarinnar sem yrði grundvöllur fyrir nýrri langtímaáætlun hennar.

12.1.2 Sendiráð Íslands í Mósambík

Hugmyndin að stofnun sendiskrifstofu frá íslenska utanríkisráðuneytinu í sunnanverðri Afríku er tiltölulega ný af nálinni. Viðskipti Íslands við þennan heimshluta, einkum Suður-Afríku og Namibíu, hefur farið ört vaxandi á síðasta áratug, auk þess sem starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) hefur aukist mjög á sama tíma og starfsmönnum fjölgað.

Sendiráðsbyggingin, sem hýsir íslenska, norska og danska sendiráðið í Mósambík, var opinberlega tekin í notkun 30. júní 2001. Þróunarmálaráðherrar Danmerkur og Noregs, ásamt sendiherra Íslands, Birni Dagbjartssyni, opnuðu bygginguna formlega. Viðstaddir athöfnina voru flestir þegnar Norðurlandanna þriggja í Mósambík, þar á meðal 17 Íslendingar, auk mósambískra ráðherra og embættismanna og sendimanna erlendra ríkja, alls um 250 manns. Þann 4. júlí 2001 afhenti sendiherra Íslands forseta Mósambík trúnaðarbréf sitt að viðstöddum utanríkisráðherra landsins.

Sendiherra Íslands í Mapútó er einnig trúnaðarbundinn gagnvart Suður-Afríku, Namibíu, Malaví og Úganda, en ÞSSÍ heldur úti starfsemi í þremur síðarnefndu ríkjanna, auk Mósambík. Trúnaðarbréf hafa einnig verið afhent í Namibíu og Suður-Afríku. Starf sendiráðsins felst einkum í stuðningi við starfsemi ÞSSÍ í umdæmislöndunum, kynningu á Íslandi í umdæmislöndunum og að sinna fyrirspurnum frá íslenskum fyrirtækjum, auk almennra diplómatískra samskipta. Sendiherra er einnig virkur þátttakandi í samstarfi þeirra þjóða og stofnana sem veita þróunaraðstoð til sunnanverðrar Afríku.

12.2. Marghliða þróunaraðstoð

12.2.1 Málefni Alþjóðabankans og undirstofnana hans

Ísland gerðist stofnaðili að Alþjóðabankanum (International Bank for Reconstruction and Development – IBRD) ásamt 28 öðrum ríkjum árið 1945. Hlutverk bankans var að stuðla að endurreisn eftir hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar. Þegar því uppbyggingarstarfi lauk breyttust áherslur bankans og veitir hann nú eingöngu lán til þróunarlanda og ríkja Austur-Evrópu. Ísland er einnig aðili að dótturstofnunum bankans:

Alþjóðaframfarastofnunin (International Development Association – IDA) sem tók til starfa árið 1960. Markmið IDA er að stuðla að efnahagslegum framförum í fátækustu þróunarlöndunum með lánveitingum á hagstæðum kjörum til opinberra framkvæmda og verkefna.

Alþjóðalánastofnunin (International Finance Corporation – IFC) sem sett var á stofn árið 1955. Hlutverk hennar er að örva vöxt einkaframtaks í þróunarlöndum með lánum og hlutafjárkaupum í einkafyrirtækjum.

Alþjóðlega stofnunin til lausnar fjárfestingardeilum (The International Center for Settlement of Investment Disputes – ICSID) sem stofnuð var 1965. Tilgangur hennar er að veita þjónustu til lausnar fjárfestingardeilum milli aðildarríkja og þegna annarra aðildarríkja.

Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðastofnunin (Multilateral Investment Guarantee Agency – MIGA) sem sett var á fót 1988 og veitir ábyrgðir vegna fjárfestinga í þróunarlöndum vegna áhættu sem ekki er viðskiptalegs eðlis.

Á undanförnum árum hafa áherslur Alþjóðabankans og dótturstofnana hans tekið töluverðum breytingum. Sem fyrr leggur bankinn áherslu á lánveitingar sem stuðla að bættri efnahagsstjórn og virkari stjórnsýslu. Verkefni á sviði menntamála og heilbrigðisþjónustu eru hins vegar mun fyrirferðarmeiri nú en áður á kostnað lánveitinga til byggingar opinberra mannvirkja. Bankinn hefur gert bætt stjórnarfar og baráttu gegn spillingu að mikilvægu áhersluatriði í sinni verkefnavinnu. Þá hefur verið gert átak í að styrkja samvinnu og samráð milli lántökulanda, þróunarstofnana, einkageirans og félagasamtaka með það að markmiði að auka skilvirkni þróunarverkefna. Frá 1. júlí 2002 mun Alþjóðaframfarastofnunin byggja allar sínar verkefnaáætlanir á sameiginlegri stefnumótunarvinnu þessara aðila sem stýrt verður af lántökulandinu.

Með aukinni hnattvæðingu og atburðum ársins 2001 hefur mikilvægi alheimsstofnana á borð við Alþjóðabankann sjaldan verið meira. Gildir það ekki síst fyrir smáríki eins og Ísland, sem með þátttöku sinni í starfi Alþjóðabankans hefur tækifæri til að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegri stefnumótun sem með beinum hætti stuðlar bæði að friði og öryggi og er ein af grunnstoðum alþjóðahagkerfisins. Hér má nefna verkefni bankans við uppbyggingarstarfið á Balkanskaga, eftirlit með fjármálamörkuðum í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og auknar áherslur í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun á hryðjuverkastarfsemi. Tvö mikilvæg verkefni sem bankinn hefur tekist á hendur nýlega er að sjá um fjárreiður styrktarsjóðs fyrir uppbyggingarstarfið í Afganistan og að sjá um fjárreiður og veita tækniaðstoð til alheimssjóðs fyrir baráttuna gegn eyðni, berklum og malaríu.

Aukin framlög til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA)

Þar sem lánastarfsemi Alþjóðaframfarastofnunarinnar stendur ekki undir sér sjálf þurfa aðildarlönd reglulega að leggja henni til aukið fé. Líkt og önnur iðnríki tekur Ísland fullan þátt í slíkri endurfjármögnun. Í samræmi við áherslur Norðurlandanna, og sem vott um mikilvægi þess starfs sem stofnunin vinnur, greiddi Ísland 25% aukaframlag á yfirstandandi fjármögnunartímabili. Nú standa yfir lokasamningaviðræður vegna fjármögnunar næsta tímabils

sem hefst á miðju ári 2002. Fyrir liggur að heildarframlög ríkja til IDA muni aukast um 13% og hyggst Ísland auka hlut sinn enn frekar frá síðasta fjármögnunartímabili.

Niðurfelling skulda fátækustu ríkja heims (HIPC)

Eitt helsta sameiginlega baráttumál Norðurlanda til aðstoðar þróunarlöndunum á síðustu árum hefur verið átak til niðurfellingar skulda fátækustu ríkja heims, hið svokallaða HIPC-átak, sem er leitt af Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Átakið er ekki enn að fullu fjármagnað, en Ísland greiddi nýverið lokagreiðslu vegna skuldbindinga sinna til HIPC, alls um 250 milljónir króna. Nú hefur verið samið um niðurfellingu skulda 26 þróunarlanda að upphæð u.þ.b. 40 milljarða bandaríkjadala. Alls er reiknað með að HIPC-átakið taki til meðferðar skuldastöðu 38 landa. Áframhaldandi þrýstingur er á yfirvöld iðnríkja að ganga enn lengra í niðurfellingu skulda en þegar hefur verið gert og fjölga þeim löndum sem rétt eiga á stuðningi frá HIPC. Búast má við að Ísland haldi áfram að styrkja HIPC-átakið.

12.2.2. Íslenskur aðalfulltrúi í stjórn Alþjóðabankans

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin skipa sameiginlegan aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðabankans og mynda því svokallað kjördæmi í stjórn bankans. Þetta fyrirkomulag kallar á mjög náið samstarf milli kjördæmislandanna. Á skrifstofu kjördæmisins í bankanum í Washington sitja fulltrúar allra landanna átta. Íslendingar skipa nú í stöðu aðstoðarmanns, en á miðju ári 2003 fellur staða aðalfulltrúa í hlut Íslands til þriggja ára. Á því tímabili mun þungamiðja alls starfs kjördæmisins færast á hendur Íslendinga. Auk starfa aðalfulltrúans í Washington mun utanríkisráðuneytið sinna mikilvægu hlutverki þar sem samræming á afstöðu kjördæmislandanna til einstakra mála verður á ábyrgð ráðuneytisins. Þetta starf er mjög umfangsmikið og byggir á daglegu samráði við skrifstofuna í Washington og ráðuneyti annarra kjördæmislanda.

Nauðsynlegt verður að efla verulega meðferð marghliða þróunarmála innan utanríkisráðuneytisins meðan á þessu verkefni stendur og hefur undirbúningur þegar hafist með styrkingu starfseiningar innan alþjóðaskrifstofu ráðuneytisins. Íslendingar hafa ekki áður ráðist í svo umfangsmikið verkefni á sviði marghliða þróunarsamvinnu. Þessi aukna ábyrgð verður því kjörið tækifæri til að styrkja til frambúðar markvissari meðferð þessa málaflokks innan utanríkisráðuneytisins.

Ráðherrar kjördæmisins eiga að jafnaði árlegan samráðsfund með bankastjóra Alþjóðabankans. Þá skiptast Norðurlöndin á um að halda reglulega samráðsfundi embættismanna um málefni bankans. Næsti samráðsfundur fer fram í Reykjavík í apríl 2002. Í byrjun árs 2002 kom í hlut Íslands að skipa aðalfulltrúa í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til tveggja ára. Ólafur Ísleifsson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabanka Íslands, tók sæti í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Stýrir hann jafnframt skrifstofu þeirra hjá sjóðnum. Ísland mun auk þess fara með varaformennsku á ársfundi Bretton Woods stofnananna, Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í Washington haustið 2002.

12.2.3. Alþjóðlegi umhverfissjóðurinn (GEF)

Í ljósi árangurs Íslands við lausn íslenska ákvæðisins og fullgildingar Kýótó-bókunarinnar hyggst utanríkisráðuneytið beita sér fyrir því að Ísland gerist aðili að Alþjóðlega umhverfissjóðnum (Global Environment Facility eða GEF). Sjóðurinn er notaður til að fjármagna ýmis verkefni sem tengjast loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kýótó-bókuninni.

Aðildarríki GEF eru 172 talsins, þar á meðal öll aðildarríki OECD. Hlutverk sjóðsins er að veita þróunarríkjum styrki eða vikjandi lán til verkefna sem varða hnattræn umhverfismál. Þar á meðal eru verkefni er varða íslenska hagsmuni eins og verndun hafsins, ráðstafanir til að draga úr mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna og verkefni í þróunarríkjunum sem snúa m.a. að endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og jarðhita. GEF hefur aðsetur hjá Alþjóðabankanum í Washington en bankinn, ásamt Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, eru framkvæmdaaðilar þeirra verkefna sem fjármögnuð eru af sjóðnum. Í athugun er að Ísland gerist aðili að sjóðnum á þessu ári.

12.2.4. Þróunarverkefni á vegum FAO, WFP og IFAD

Um tveggja ára skeið hefur Ísland setið í FAO-ráðinu. Fastanefnd Íslands hefur á þeim tíma stýrt norrænu samstarfi og samvinnu á þeim vettvangi og mun gera það út árið 2002 á meðan Ísland situr í ráðinu. Í janúar 2000 var opnuð sérstök skrifstofa fastanefndarinnar í Róm með einum starfsmanni til þess að sinna því verkefni. Skrifstofan sinnir einnig tveimur öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna í Róm sem Ísland er aðili að, þ.e. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem veitir neyðaraðstoð og fæðuhjálp til flóttamanna og annarra í neyð af völdum náttúruhamfara, og Alþjóðasjóði um þróun landbúnaðar (IFAD) sem lánar fátækustu ríkjum heims til þróunarverkefna á sviði landbúnaðar og fiskimála.

Á vettvangi fyrrnefndra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna í Róm er samvinna Norðurlandanna bæði sterk og umfangsmikil. Vegna sterkrar stöðu þeirra í þróunarmálum á alþjóðavettvangi er horft til skoðana þeirra í stjórnum og ráðum. Þátttaka Íslands í norrænni samvinnu á þessum vettvangi hefur því töluvert vægi og er mikilvæg vídd í þátttöku Íslands á alþjóðavettvangi. Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna í Róm gegna lykilhlutverki í stærstu og mikilvægustu verkefnum þessarar aldar, þ.e. þróun þriðja heimsins og útrýmingu fátæktar og hungurs. Engin þjóð getur staðið utan við þá vinnu og ábyrgð sem alþjóðasamfélagið hefur í þeim efnum.

Meginverkefni FAO

Hlutverk FAO er að bæta fæðuöryggi og velferð fólks í aðildarlöndunum með því að auka framleiðni í landbúnaði, framleiðslu og dreifingu matvæla og landbúnaðarafurða, þar með talið sjávar- og skógarafurða. Verkefni stofnunarinnar beinast sérstaklega að því að bæta kjör fólks í dreifbýli og stuðla þannig að auknum hagvexti og útrýmingu hungurs í heiminum.

Fiskimáladeild FAO er heimsvettvangur þjóða á sviði fiskimála og hafa íslensk stjórnvöld sinnt því starfi í samræmi við það. Í siðareglum FAO um ábyrgð í fiskimálum frá 1995 er lagður grunnur að því starfi sem nú er unnið hjá FAO á sviði fiskimála. Reykjavíkurráðstefnan um ábyrgar veiðar í vistkerfi sjávar er án efa mikilvægasta samstarfsverkefni FAO og íslenskra stjórnvalda á liðnum árum og var liður í útfærslu og framkvæmd siðareglnanna. FAO-ráðið samþykkti yfirlýsingu Reykjavíkurráðstefnunnar, sem síðar var samþykkt af öllum aðildarlöndum FAO á aðalráðstefnu stofnunarinnar haustið 2001 (sjá kafla 11.1.3).

Á ráðherrafundi fiskideildar FAO árið 1999 var samþykkt að gera skyldi sérstaka alþjóðaáætlun til þess að berjast gegn og útrýma ólöglegum og óskráðum fiskveiðum. Sérfræðingar sjávarútvegsráðuneytisins voru virkir þátttakendur og höfðu veruleg áhrif við gerð áætlunarinnar á tæknifundum aðildarlandanna. Áætlunin hlaut síðan samþykki fiskinefndar FAO á síðasta ári.

Af öðrum mikilvægum hagsmunamálum á sviði fiskimála hjá FAO má nefna CITES mál, ríkisstyrki í sjávarútvegi og umhverfismerkingar sjávarafurða. Sérfræðingar sjávarútvegsráðuneytisins hafa tekið virkan þátt í stefnumótun um skráningu nytjategunda í sjó á lista

CITES-stofnunarinnar um tegundir í útrýmingarhættu. Í ríkisstyrkjamálinu lögðu íslensk stjórnvöld áherslu á mikilvægi aðkomu fiskideildar FAO sem bæri að skoða og safna tæknilegum upplýsingum um ríkisstyrki í sjávarútvegi og áhrifum þeirra á viðskipti og sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Íslensk stjórnvöld tóku að sér á fundi fiskimálanefndar FAO að kynna vinnu norrænnar nefndar um umhverfismerkingar sjávarafurða.

Á sviði tvíhliða þróunaraðstoðar sem snýr að fiskimálum hefur FAO verið vettvangur fyrir samstarf á milli ríkja, þróunarsamvinnustofnananna og þróunarbanka. Ísland hefur frá upphafi tekið þátt í þeirri samvinnu og meðal annars beitt sér fyrir aukinni þátttöku Alþjóðabankans. Mikilvægt er að hvetja til samvinnu allra aðila á þessum vettvangi svo þekking og reynsla fiskimáladeildar FAO nýtist sem víðast. Eins er brýnt að komast hjá óþarfa uppbyggingu hjá öðrum stofnunum á þekkingu sem er til staðar hjá FAO og hafa íslensk stjórnvöld hvött til þess að fiskimálanefnd FAO (COFI) verði meginvettvangur stefnumótunar í fiskimálum á alþjóðavettvangi.

Mikilvægasta verkefni FAO í ár er leiðtogafundurinn um framvindu áætlunar Rómar-yfirlýsingarinnar frá Fæðuráðstefnu FAO 1996 þar sem leiðtogar heims settu sér það markmið að fækka hungruðum um helming fyrir 2015.

Verkefni Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP)

Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna hóf starfsemi sýna árið 1963. Allar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna og FAO standa að stofnuninni með frjálsum framlögum. Matvælaáætlunin veitir neyðaraðstoð og fæðuhjálp til flóttamanna og annarra í neyð af völdum náttúruhamfara. Samvinna er milli Norðurlandanna um málefni stofnunarinnar, bæði milli fulltrúa í Róm og höfuðborganna en Norðurlöndin eru meðal sterkustu styrktaraðila Matvælaáætlunarinnar. Frá því skrifstofa fastanefndar Íslands hjá FAO var opnuð í Róm hefur verið fylgst með starfsemi matvælaáætlunarinnar. Verið er að skoða möguleika á frekara samstarfi við stofnunina, t.d. varðandi útsendingu sérfræðinga til mannúðarstarfa á borð við aðstoð við flóttafólk og dreifingu matvæla (sjá kafla 5.1.3).

Alþjóðasjóðurinn um þróun landbúnaðar (IFAD)

Ísland gerðist formlegur aðili að Alþjóðasjóðnum um þróun landbúnaðar (IFAD) á síðasta ári og tekur nú að fullu þátt í samvinnu Norðurlandanna á vettvangi sjóðsins. Ísland stýrir nú samráði Norðurlandanna fram að næsta aðalfundi í febrúar 2003 sem felur m.a. í sér að ávarpa aðalfundinn fyrir hönd allra Norðurlandanna. Sjóðurinn er ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna og hóf starfsemi sína í Róm árið 1977. Ákvörðunin um stofnun sjóðsins var tekin í kjölfar matvælaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1974. Markmið sjóðsins er að afla fjármagns til þróunarverkefna í landbúnaði, þar með talið sjávarútvegi, þar sem fyrst og fremst skal fjármagna verkefni sem auka fæðuframleiðslu hjá fátækustu þróunarríkjunum sem búa við mestan fæðuskort. Undanfarin fjögur ár hefur utanríkisráðuneytið styrkt sjóðinn lítils háttar. Sjóðurinn er rekinn fyrir frjáls framlög, tekjur af eignum og endurgreiðslur af lánum. Hafinn er undirbúningur að fjármögnun sjóðsins fyrir tímabilið 2004–2006.

12.2.5. Jarðhitaskóli og Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Íslendingar hafa um árabil átt gott samstarf við Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ). Jarðhitaskóli HSþ hefur starfað hér á landi síðan 1979 og útskrifað liðlega 260 nemendur frá 38 löndum. Í ljósi góðrar reynslu af Jarðhitaskólanum var Íslendingum falið að setja á stofn Sjávarútvegsskóla HSþ sem tók til starfa árið 1998. Starfsemi Sjávarútvegsskólans hefur farið vaxandi ár frá ári. Frá stofnun skólans hafa alls 43 nemendur frá 15 löndum útskrifast.

Búist er við að fjöldi nemenda í Sjávarútvegsskólanum starfsárið 2002 verði á bilinu 18–20, m.a. frá þremur nýjum samstarfslöndum. Háskólaráð HSþ, sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skipar, hefur farið lofsamlegum orðum um skólana á Íslandi og m.a. sagt að hinn góði árangur við að miðla þróunarlöndunum af sérþekkingu Íslands við sjálfbæra nýtingu jarðhita og sjávarafla endurspeglaði góðan hug íslensku þjóðarinnar til markvissrar þróunaraðstoðar í samvinnu við HSþ.

12.2.6. Önnur þróunarverkefni

NEPAD

Í byrjun árs 2001 voru lagðar fram áætlanir sem miðuðu að því að draga úr fátækt í Afríku og auka þróun í álfunni. Að frumkvæði forseta Suður-Afríku var lagður grunnur að sérstöku samstarfsverkefni, MAP, og öðru verkefni, OMEGA, sem forseti Senegal stofnaði til. Síðar voru áætlanirnar tvær sameinaðar undir merkjum New Africa Initiative (NAI). Á fundi þjóðarleiðtoga Afríkuríkja í Nígeríu í október 2001 var ákveðið að koma á fót stofnun sem kallast „New Partnership for Africa's Development" (NEPAD). Stofnunin tók við verkefnum NAI en fékk jafnframt aukið hlutverk. Grunnhugmynd NEPAD er að Afríkuríki taki meiri ábyrgð á þróunarmálum í álfunni sem byggi m.a. á afrískri eignaraðild og stjórnun. Svo þetta megi takast er nauðsynlegt að leysa deilumál í álfunni, efla lýðræði og mannréttindi og auka stöðugleika í efnahagslífinu. Með þetta í huga hafa verið lögð til margvísleg verkefni í NEPAD-löndunum. Gert er ráð fyrir verulegum stuðningi iðnríkjanna með aukinni þróunaraðstoð, niðurfellingu skulda, bættu markaðsaðgengi og aukinni fjárfestingu erlendra aðila. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum nokkurra Afríkuríkja um NEPAD, sem haldinn var í Stokkhólmi í janúar sl., lýstu utanríkisráðherrar Norðurlanda stuðningi við stofnun NEPAD og þau sjónarmið sem stofnunin hefur til grundvallar í áherslum sínum.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Markmið NDF er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir og lánar sjóðurinn fé á vildarkjörum til langs tíma. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán sjóðsins næstu árin við um tuttugu samstarfslönd. Stærstu lántakendur sjóðsins eru Senegal, Mósambík, Úganda, Gana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrði skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda.

Norræna ráðherranefndin ákvað á árinu að breyta samþykktum NDF þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum sínum án ríkisábyrgðar. Slík lán verða þó aðeins lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja til samstarfs við fyrirtæki í þróunarlöndunum en íslensk fyrirtæki hafa mun lakari aðgang að áhættulánum í þróunarlöndunum en samkeppnisaðilar í flestum iðnríkjum vegna þess að Ísland á ekki aðild að þróunarbönkum Afríku, Asíu og Rómönsku Ameríku. Íslensk fyrirtæki hafa tekið beinan þátt í sjö verkefnum NDF, fimm fiskveiðiverkefnum (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda) og hitaveituverkefni í Kína. Fiskveiðiverkefnin á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við ÞSSÍ.

13. TVÍHLIÐA SAMSKIPTI, UPPLÝSINGA- OG MENNINGARMÁL, ÞJÓÐRÆKNI OG KJÖRRÆÐISMENN

13.1. Upplýsinga- og menningarmál

Umfangsmikil upplýsingagjöf

Á undanförnum mánuðum hefur utanríkisráðuneytið lagt áherslu á að byggja upp vefsetur ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands erlendis. Á síðasta ári var ráðinn sérstakur vefstjóri til þessa verkefnis en hann starfar náið með samráðshópi um uppbyggingu stjórnarráðsvefsins. Aðalvefur utanríkisráðuneytisins, sem er á slóðinni www.utanrikisraduneytid.is, hefur að geyma mikið magn upplýsinga um utanríkismál, alþjóðasamskipti og starfsemi utanríkisráðuneytisins og sendiskrifstofa erlendis. Sérstök áhersla er lögð á að allt upplýsingaefni ráðuneytisins sé tiltækt á vefnum jafnskjótt og það kemur út og þar er jafnframt dregið fram það sem hæst ber í starfseminni hverju sinni. Vefur utanríkisráðuneytisins er í stöðugri þróun og sýna mælingar að hann er einn af mest sóttu vefjum stjórnarráðsins.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins rekur eigið vefsetur, www.vur.is, sem hefur að markmiði að veita íslenskum fyrirtækjum upplýsingar og margvíslega fyrirgreiðslu varðandi útflutning. Aðrir undirvefir ráðuneytisins eru EES-vefsetrið, www.ees.is, og vefsetur þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, þar sem meðal annars má finna orðasafn þýðingarmiðstöðvarinnar.

Opnuð hafa verið vefsetur fyrir allar sendiskrifstofur Íslands erlendis og eru þau aðgengileg á sameiginlegri inngangssíðu, www.iceland.org. Tilgangur vefsetranna er að veita almennar upplýsingar um Ísland og íslensk málefni, sértækar upplýsingar um starfsemi viðkomandi sendiskrifstofu og ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir Íslendinga erlendis og erlent áhugafólk um land og þjóð. Almennu upplýsingarnar eru sameiginlegar á öllum vefsetrunum og koma úr sérstökum upplýsingabanka sem ráðuneytið hefur umsjón með. Einstakar sendiskrifstofur eru hins vegar ábyrgar fyrir uppbyggingu og uppfærslu á staðbundnum hlutum vefsetranna. Vel rekin vefsetur geta haft mikinn vinnusparnað í för með sér og aukið svigrúm starfsmanna til að takast á hendur önnur verkefni.

Nýtt vefsetur utanríkisráðuneytisins á ensku, www.mfa.is, var opnað á liðnu hausti. Auk upplýsinga um utanríkismál og starfsemi utanríkisráðuneytisins er þar að finna upplýsingar um Ísland og íslenskt þjóðfélag, menningu og sögu. Vefsetrið er enn í uppbyggingu og mun það gegna hlutverki opinbers upplýsingaseturs um Ísland. Sá hluti vefsetursins sem inniheldur almennar upplýsingar um Ísland og íslenska stjórnsýslu myndar jafnframt grunn að vefsetrum sendiskrifstofa Íslands.

Veraldarvefurinn hefur þróast mjög hratt undanfarin ár og gegnir nú síauknu hlutverki í upplýsingasamfélagi nútímans. Samráðshópur ráðuneytanna hefur unnið að uppbyggingu stjórnarráðsvefsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingamálum og er markmið vefsins að gera almenningi og fyrirtækjum kleift að leita hvers kyns upplýsinga sem stjórnsýslan miðlar og sækja rafræna opinbera þjónustu með einföldum og skjótvirkum hætti. Stórt skref var stigið í þessa átt á liðnu ári þegar stjórnarráðsvefurinn var færður í nýtt útlit. Hvert ráðuneyti rekur sjálfstæð vefsetur en útlit og uppbygging þeirra er samræmt í því sjónarmiði að gera efni þeirra sem aðgengilegast.

Þrátt fyrir nýjar áherslur á sviði upplýsingatækni mun utanríkisráðuneytið áfram leggja áherslu á útgáfu vandaðs upplýsingaefnis í prentuðu máli á íslensku og erlendum tungumálum. Ráðuneytið gefur annað hvert ár út upplýsingarit um íslenskar hagtölur, „Iceland in Figures“, í samstarfi við Hagstofu Íslands. Ráðuneytið gefur enn fremur út sérhæft upplýsingaefni er varðar starfsemi ráðuneytisins og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þetta efni er einnig aðgengilegt á vefsetri ráðuneytisins.

Utanríkisþjónustan starfar einnig með Ferðamálaráði Íslands og hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu að kynningu á Íslandi sem áhugaverðum áfangastað fyrir erlenda ferðamenn. Mikilvægt upplýsinga- og kynningarstarf á þessu sviði fer fram í sendiskrifstofum Íslands. Hluti af daglegu starfi starfsmanna í sendiráðum Íslands og á skrifstofum kjörræðismanna felst í því að svara margvíslegum fyrirspurnum um land og þjóð og ferðaþjónustumöguleika. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar býr yfir mikilli þekkingu og reynslu í þessum efnum og hefur í gegnum árin náð góðum árangri í samstarfi við markaðsskrifstofur Ferðamálaráðs og Flugleiða erlendis. Að frumkvæði utanríkisráðuneytisins hefur Ferðamálaráð nýverið gefið út upplýsingabæklinga um Ísland á rússnesku og japönsku sem nýst hafa vel til markaðssóknar í viðkomandi ríkjum. Huga þarf að því hvernig samhæfa megi betur starfsemi utanríkisþjónustunnar og Ferðamálaráðs á erlendum vettvangi enda víða samstarfsmöguleikar fyrir hendi.

Fjölbreytt menningarstarf sendiskrifstofa

Sérhverri sjálfstæðri þjóð ber skylda til að hlúa vel að menningu sinni og kynna hana erlendis á þeim vettvangi sem viðeigandi er. Á þann hátt ávinnur þjóð sér sess erlendis, styrkir ímynd sína, eflir tengsl við aðrar þjóðir og stuðlar að framgangi hagsmunamála sinna. Utanríkisráðuneytið hefur ekki haft sérstaka fjárveitingu á fjárlögum vegna starfsemi sendiskrifstofa á sviði menningarmála. Forræði í menningarmálum heyrir undir menntamálaráðuneytið sem veitir fjárstyrki til menningarstarfsemi erlendis. Utanríkisþjónustan hefur átt gott samstarf við menntamálaráðuneytið á þessum vettvangi. Þrátt fyrir fjárhagslega annmarka standa sendiskrifstofur Íslands reglulega að fjölbreyttri kynningu á íslenskri menningu og menningararfleifð erlendis í samstarfi við menntamálaráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök listafólks og hagsmunaaðila í útflutningi og ferðaþjónustu.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt sérstaka áherslu á að vekja athygli á íslenskri menningu í tengslum við opinberar heimsóknir utanríkisráðherra erlendis. Má nefna fjölbreyttar íslenskrar menningardagskrár í Japan og Kína í nóvember og desember 2001 í tilefni af opinberum heimsóknum utanríkisráðherra til þessara ríkja og opnunar sendiráðs Íslands í Tókýó. Á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá fæðingu Halldórs Laxness rithöfundar. Af því tilefni verða settar upp sýningar erlendis sem helgaðar eru minningu skáldsins. Laxnesssýningar verða meðal annars settar upp á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Austurríki og Rússlandi. Sýning helguð Halldóri Laxness var einnig opnuð í Aþenu í september 2001 í tilefni af opinberri heimsókn forseta Íslands til Grikklands. Utanríkisþjónustan hefur átt náið samstarf við skrifstofu forseta Íslands, menntamálaráðuneyti og Bókmenntakynningarsjóð viðvíkjandi þessi verkefni. Þá á utanríkisráðuneytið og sendiskrifstofur erlendis gott samstarf við Kvikmyndasjóð Íslands um kynningu á íslenskri kvikmyndagerð erlendis.

Utanríkisþjónustan á aðild að margvíslegri kynningu á íslenskri menningu á erlendum vettvangi. Á þessu ári standa Norðurlöndin sameiginlega að fjölbreyttu menningarátaki á Bretlandseyjum og Írlandi. Á næsta ári og árið 2004 stendur til að kynna menningu Norðurlanda í Suðaustur-Evrópu og á Balkanskaga. Sameiginlegt upplýsinga- og menningarhús á norræna sendiráðssvæðinu í Berlín hefur nýst vel til kynningar á íslenskri menningu í Þýskalandi. Svæðið nýtur vinsælda í Berlín og árlega heimsækja það tugþúsundir gesta. Sýning á verkum íslenskra hönnuða verður opnuð þar snemma á næsta ári. Nú stendur yfir undirbúningur að umfangsmikilli íslenskri menningarkynningu í Frakklandi árið 2004 í samvinnu íslenskra og franskra stjórnvalda. Sendiskrifstofur Íslands á Norðurlöndum eiga aðild að margvíslegri menningarstarfsemi sem stendur á gömlum merg. Í Rússlandi er ráðgert að setja upp sýningu á verkum úr eigu Listasafns Íslands og ástæða er til að minnast á vel heppnaða

sýningu í haust á íslenskri nútímalist í Corcoran-safninu í Washington D.C., einu virtasta myndlistarsafni Bandaríkjanna.

Menningarkynning á landafundaári

Sendiskrifstofur Íslands í Norður-Ameríku standa að öflugri menningarstarfsemi á sínum starfssvæðum. Sendiráð Íslands í Washington og aðalræðismenn í New York og Winnipeg stóðu að undirbúningi og framkvæmd árangursríkrar dagskrár landafundanefndar í Norður-Ameríku árið 2000 og fylgja nú þeim árangri eftir í samvinnu við sendiráð Íslands í Ottawa sem opnað var í fyrra. Sendiráð Íslands í Washington D.C. og aðalræðisskrifstofan í New York eiga gott samstarf við samtökin „American Scandinavian Foundation" sem vígði glæsilegt húsnæði í miðborg New York í október 2000 sem mun nýtast vel við kynningu á norrænni menningu.

Víkingasýning á vegum Smithsonian-stofnunarinnar í Washington D.C., í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda norrænna manna í Ameríku árið 2000, vakti mikla athygli í Bandaríkjunum og kveikti áhuga á víkingatímanum og norrænum menningararfi. Víkingasýningin er ein umfangsmesta sýning sem Smithsonian-stofnunin hefur ráðist í á síðari árum og naut hún fjárstuðnings Norðurlanda og norrænna fyrirtækja í Bandaríkjunum. Hún var jafnframt mikilvæg viðbót við vel heppnaða dagskrá landafundanefndar í Norður-Ameríku. Sýningin er farandsýning sem síðar var opnuð í New York, Houston og Denver. Nú stendur sýningin yfir í Los Angeles og verður formlega opnuð í Ottawa þann 7. maí næstkomandi. Hún verður sett upp í Minneapolis í haust og lýkur þá yfirreið sinni um Norður-Ameríku. Sendiráð Íslands í Ottawa á nú aðild að undirbúningi sérstakrar hátíðardagskrár í tengslum við opnunina í Ottawa. Hlutur Íslands er veglegur í sýningunni og eru fjölmargir dýrgripir úr fórum Þjóðminjasafns Íslands á meðal sýningarmuna.

Nýverið kom út upplýsingarit á vegum íslenskra stjórnvalda, „Discovery, Iceland's Amazing Adventure", helgað landafundunum og íslenskum menningararfi. Ritið er einkum ætlað til dreifingar í Norður-Ameríku og er prentað í stóru upplagi.

13.2. Þjóðrækni

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum unnið markvisst að því að efla samskipti við fólk af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku. Vorið 1999 var opnuð aðalræðisskrifstofa í Winnipeg í Manitobafylki með útsendum starfsmanni utanríkisþjónustunnar. Á þessu svæði er fjölmennasta byggðarlag Íslendinga í heiminum, utan Íslands. Efnt var til umfangsmikilla hátíðahalda á vegum landafundanefndar í Norður-Ameríku árið 2000 og loks var nýtt íslenskt sendiráð opnað í Ottawa í maí, 2001.

Þessar áherslur hafa haft þau áhrif að samskipti Íslendinga við fólk af íslenskum uppruna í Norður-Ameríku á sviði þjóðrækni, viðskipta- og menningarmála blómstra nú sem aldrei fyrr. Á sama tíma hefur orðið merkjanleg aukning í viðskiptum á milli Íslands og Kanada og margvísleg samskipti á sviði ferðaþjónustu hafa enn fremur aukist. Nýju lífi hefur verið blásið í starfsemi þjóðræknisfélaga í Norður-Ameríku og þar er mikill hugur í fólki sem leggur áherslu á að tryggja áframhaldandi samskipti. Þetta eru gamalgróin félög með sterkar rætur. Innan vébanda þessara félaga, „Icelandic National League", starfa á þriðja þúsund duglegir og ósérhlífnir félagsmenn. Markmið þeirra er aðeins eitt, að efla samskiptin við gamla landið.

Þann 19.–21. apríl 2002 mun Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi efna til þjóðræknisþings í Minneapolis með fjölbreyttri dagskrá. Þar verður í fyrsta sinn stefnt saman þjóðræknisfélögum bæði í Bandaríkjunum og Kanada í þeim megintilgangi að gera starfsemi

félaganna öflugri og skilvirkari. Utanríkisráðuneytið hefur komið að undirbúningi málsins. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með vaxandi áhuga yngra fólks á starfi þjóðræknisfélaganna. Á síðustu þremur árum hefur þessi áhugi endurspeglast í „Snorraverkefninu" sem byggist á ungmennaskiptum á milli Íslands og Kanada. Íslensk stjórnvöld hafa styrkt verkefnið sem gengið hefur framar vonum. Að frumkvæði utanríkisráðherra var Þjóðræknisfélag Íslands endurreist í október 1997. Félagið rekur nú öfluga starfsemi og nýtur til þess fyrirgreiðslu utanríkisráðuneytisins.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg hefur frá upphafi unnið mikilvægt starf við að kortleggja starfsemi þjóðræknisfélaganna í Kanada og er nú miðstöð samskipta á þessu sviði undir forræði sendiráðs Íslands í Ottawa. Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki fjármögnuðu að nokkru leyti framkvæmdir við íslenska þjóðmenningarhúsið í Gimli, „New Iceland Heritage Museum" sem opnað var í október árið 2000. Þjóðmenningarhúsið býður upp á fjölbreytta möguleika til menningarstarfsemi af Íslands hálfu í framtíðinni. Þar er nýverið lokið sýningu sem helguð var lífi og starfi Vilhjálms Stefánssonar. Utanríkisráðuneytið veitti styrk til uppsetningar sýningarinnar í Norður-Ameríku. Íslensk stjórnvöld fjármögnuðu einnig framkvæmdir við endurbætur á húsnæði fyrir íslenska bókasafnið í Winnipeg sem hefur aðsetur í Manitoba háskóla. Íslenskudeild við háskólann hefur starfað í hálfa öld með glæsilegum árangri. Jafnframt hafa íslensk stjórnvöld stutt dyggilega við bakið á forráðamönnum Vesturfaraseturs á Hofsósi og veitt fjárstyrki til frekari uppbyggingar setursins. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með uppbyggingu þess. Á skömmum tíma hafa þar skapast sterk tengsl við þjóðræknisfélög um alla Norður-Ameríku á sviði ættfræðirannsókna og menningarstarfsemi.

13.3. Samskipti við kjörræðismenn Íslands erlendis

Kjörræðismenn gegna mikilvægu hlutverki við hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd. Í mars 2002 starfa 239 einstaklingar sem kjörræðismenn Íslands í 70 þjóðlöndum. Á undanförnum árum hefur utanríkisráðuneytið lagt áherslu á að fjölga kjörræðismönnum og einkum þar sem íslenskir kjörræðismenn hafa ekki starfað áður, svo sem í ríkjum Austur-Evrópu, Afríku, Mið-Austurlöndum, Mið-Ameríku og Karíbahafi.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig gert átak í því að upplýsa kjörræðismenn Íslands enn betur um helstu hagsmunamál Íslands, starfsemi ráðuneytisins og sendiskrifstofa. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að nettengja sem flestar skrifstofur kjörræðismanna við ráðuneytið í því skyni að auðvelda upplýsingaflæði. Frá því í september 2001 hafa kjörræðismenn fengið sent í tölvupósti greinargott yfirlit á ensku tvisvar í viku með helstu fréttum úr viðskipta- og stjórnmálalífi. Hefur þessi nýjung mælst mjög vel fyrir.

Fimmta ráðstefna kjörræðismanna Íslands var haldin á Grand Hóteli í Reykjavík dagana 2.–5. september 2001. Alls tóku 140 kjörræðismenn þátt í ráðstefnunni, auk maka, sem var metaðsókn. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að uppfræða þessa fulltrúa okkar enn betur um Ísland og íslenska hagsmuni með áherslu á utanríkismál, utanríkisþjónustuna, efnahags- og viðskiptamál, umhverfismál, orkumál, mennta- og menningarmál og ferðaþjónustu. Haldnir voru fyrirlestrar og efnt til fyrirtækjakynningar á fundarstað. Einnig heimsóttu ræðismenn Vesturland og kynntu sér atvinnulíf og sögu þjóðarinnar. Ræðismannaráðstefnan þótti takast afar vel og stefnt er að því að næsta ráðstefna af þessu tagi verði haldin árið 2005.

Skipting kjörræðismanna Íslands eftir heimsálfum:

Evrópa	141
Norður-Ameríka (Bandaríkin, Kanada og Mexíkó)	46
Suður-Ameríka (Mið-Ameríka og Karíbahafið meðtalið)	18
Asía	18
Afríka (sunnan Sahara)	6
Mið-Austurlönd og Norður-Afríka	6
Ástralía og Nýja-Sjáland	4
Samtals	239

Á undanförnum tveimur árum hefur sérstakur starfsmaður ráðuneytisins eingöngu sinnt málefnum kjörræðismanna og samskiptum við þá. Óeigingjarnt starf ræðismanna fyrir íslenska hagsmuni er ómetanlegt og því afar mikilvægt að ráðuneytið sjálft sé í stakk búið til að styðja við bakið á þeim.

VIÐAUKI 1
Opinber framlög Íslands til þróunarmála 1994–2002.

Í milljónum króna	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	Áætlun 2001	Fjárlög 2002
Styrkir og framlög, samtals	**384,6**	**450,7**	**374,6**	**509,6**	**505,9**	**566,3**	**715,8**	**913,8**	**1.023,9**
Beinir styrkir	226,3	263,9	272,0	394,0	382,6	429,2	545,4	728,8	823,9
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	131,3	153,8	188,3	172,0	177,0	228,4	298,6	459,5	468,5
Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	28,5	32,0	33,8	36,8	39,8	44,0	50,3	51,8	62,8
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	–	–	3,3	–	24,0	23,2	30,4	36,1	48,7
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO)	6,8	–	12,6	6,5	7,2	7,0	7,4	8,5	10,1
Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	–	20,6	–	51,6	24,5	18,3	18,3	18,3	21,8
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF)	–	19,4	–	17,5	9,5	9,5	9,5	9,5	11,3
Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM)	–	–	–	4,6	2,5	2,5	2,5	2,5	–
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) - PRGF	–	–	–	19,5	19,6	19,8	22,1	22,3	26,5
Átak til niðurfellinga skulda í þróunarríkjum (HIPC)	–	–	–	–	–	–	68,0	67,0	114,0
Aðstoð til Palestínu	18,7	10,0	–	34,8	22,7	–	–	–	–
Aðstoð til Bosníu-Hersegóvínu	–	–	10,6	26,8	7,0	31,7	16,3	1,7	30,0
Ýmis framlög og neyðaraðstoð	32,0	14,8	13,5	13,9	36,8	34,8	12,0	41,6	20,2
Flóttamannaaðstoð	8,9	13,3	10,0	10,0	12,0	10,0	10,0	10,0	10,0
Stofnfjárframlög	**158,3**	**186,9**	**102,6**	**115,6**	**123,3**	**137,1**	**170,4**	**185,0**	**200,0**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	39,6	48,1	–	–	–	–	–	–	–
Alþjóðabankahópurinn (IBRD, IDA, MIGA)	89,9	89,4	89,9	82,3	75,8	79,7	95,3	100,0	115,0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	–	41,8	–	26,9	26,9	40,7	35,4	40,0	40,0
Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (EBRD)	49,7	50,1	–	0,6	11,9	11,0	24,8	25,0	25,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	6,2	5,5	6,2	5,9	8,7	5,6	15,0	20,0	20,0
Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin	12,5	–	6,6	–	–	–	–	–	–
Heildaraðstoð sem hlutfall af landsframleiðslu	**0,09**	**0,10**	**0,08**	**0,10**	**0,09**	**0,09**	**0,11**	**0,12**	**0,13**

VIÐAUKI 2
Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sendiskrifstofur og umdæmi.
(Mars 2002.)

Samtals eru 204 launaðir starfsmenn í utanríkisþjónustunni, þar af eru 85 í utanríkisráðuneytinu í Reykjavík og 118 í sendiskrifstofum erlendis. Af þeim síðarnefndu eru 71 útsendir og 47 staðarráðnir. Ólaunaðir kjörræðismenn eru 227.

Sendiskrifstofur erlendis (sendiráð, fastanefndir og sendiræðisskrifstofur) eru 20 í 16 löndum. Umdæmislönd þeirra eru 93.

Berlín
Umdæmislönd: 4 (Þýskaland, Króatía, Sviss og Ungverjaland).
Ræðisskrifstofur: 17
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 4
Samtals: 7 + 17 kjörræðismenn.

Brussel, sr.
Umdæmislönd: 4 (Belgía, Liechtenstein, Lúxemborg og Marokkó)
Stofnanir: 1 (ESB).
Ræðisskrifstofur: 4.
Útsendir starfsmenn: 6.
Staðarráðnir: 4
Frá öðrum ráðuneytum: 9.
19 samtals + 4 kjörræðismenn.

Brussel, fn.
Stofnanir: 3 (NATO, OPCW og VES).
Útsendir starfsmenn: 6.
Staðarráðinn: 1.
7 samtals.

Genf
Umdæmisland: 1 (Slóvenía)
Stofnanir: 8 (EFTA, WTO, stofnanir Sþ. í Genf, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO).
Útsendir starfsmenn: 4.
Staðarráðnir: 2.
6 samtals.

Helsinki
Umdæmislönd: 4 (Finnland, Eistland, Lettland og Úkraína).
Ræðisskrifstofur: 10
Útsendur starfsmaður: 2.
Staðarráðinn: 3
5 samtals + 11 kjörræðismenn.

Japan:
Umdæmisland: 1 (Japan)
Ræðisskrifstofur: 2
Útsendir starfsmenn: 3
Staðarráðnir: 3
6 samtals + 2 kjörræðismenn

Kanada:
Umdæmisland: 1 (Kanada)
Ræðisskrifstofur: 10 (þar af 1 sendiræðisskrifstofa í Winnipeg)
Útsendir starfsmenn: 3
Staðarráðnir: 3
6 samtals + 10 kjörræðismenn

Kaupmannahöfn
Umdæmislönd: 6 (Danmörk, Ísrael, Litháen, Malta, Rúmenía og Tyrkland).
Ræðisskrifstofur: 23.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 2.
Frá öðrum ráðuneytum: 1.
6 samtals + 25 kjörræðismenn.

London
Umdæmislönd: 8 (Bretland, Grikkland, Holland, Indland, Írland, Maldíveyjar, Nepal og Nígería).
Ræðisskrifstofur: 25.
Útsendir starfsmenn: 4.
Staðarráðnir: 3.
Frá öðru ráðuneyti: 1.
8 samtals + 26 kjörræðismenn.

Moskva
Umdæmislönd: 11 (Rússland, Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Hvíta Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan).
Ræðisskrifstofur: 3
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 5
8 samtals + 4 kjörræðismenn.

New York
Stofnanir: 1 (S.Þj. - New York).
Umdæmislönd: 4 (Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Grenada og Kúba).
Ræðisskrifstofa: 1
Útsendir starfsmenn: 6.
Staðarráðnir: 1.
8 samtals + 1 ræðismaður

Osló
Umdæmislönd: 5 (Noregur, Egyptaland, Kýpur, Makedónía og Tékkland).
Ræðisskrifstofur: 12.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 2.
5 samtals + 13 kjörræðismenn.

Mapútó:
Umdæmislönd. 5 (Mósambík, Malaví, Namibía, Suður-Afríka og Úganda
Ræðisskrifstofur: 4
Útsendir starfsmenn: 1
Staðarráðnir: 1
2 samtals + 4 ræðismenn

París
Umdæmislönd: 6 (Frakkland, Andorra, Ítalía, Portúgal, San Marínó og Spánn).
Stofnanir: 3 (OECD, FAO og UNESCO).
Ræðisskrifstofur: 30.
Útsendir starfsmenn: 6.
Staðarráðnir: 3.
9 samtals + 34 kjörræðismenn.

Peking
Umdæmislönd: 9 (Kína, Ástralía, Indónesía, Mongólía, Norður-Kórea, Nýja-Sjáland, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam).
Ræðisskrifstofur: 9.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 4.
7 samtals + 10 kjörræðismenn.

Stokkhólmur
Umdæmislönd: 7 (Svíþjóð, Albanía, Bangaldesh, Búlgaría, Pakistan, Serbía-Svartfjallaland og Sri Lanka).
Ræðisskrifstofur: 10.
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðnir: 2.
5 samtals + 10 kjörræðismenn.

Strassborg
Stofnun: 1 (Evrópuráðið).
Umdæmisland: 1 (Páfagarður)
Útsendir starfsmenn: 2.
Staðarráðinn: 1.
3 samtals.

Vín
Umdæmislönd: 4 (Austurríki, Bosnía og Hersegóvína, Slókakía og Ungverjaland)
Stofnanir: 3 (ÖSE, IAEA og S.Þj. - Vín).
Ræðisskrifstofur: 5
Útsendir starfsmenn: 3.
Staðarráðinn: 1.
4 samtals + 6 ræðismenn.

Washington
Umdæmislönd: 12 (Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile, Gvatemala, Kostaríka, Kólumbía, Mexíkó, Níkaragva, Perú, Úrúgvæ og Venesúela).
Ræðisskrifstofur: 41. (þar af 1 sendiræðisskrifstofa í New York)
Útsendir starfsmenn: 7.
Staðarráðnir: 2.
9 samtals + 50 kjörræðismenn.

Utanríkisráðuneytið
Umdæmislönd: 34.
85 starfsmenn

VIÐAUKI 3
Stjórnmálasamband og ræðissamband Íslands við erlend ríki.
(Mars 2002.)

I. Stjórnmálasamband (og ræðissamband) (122).
A. *Bæði löndin hafa skipað sendiherra (79).*

EVRÓPA (39)

Albanía	Írland	Rúmenía
Andorra	Ítalía	Rússland
Austurríki	Júgóslavía (Serbía og	Slóvakía
Belgía	Svartfjallaland)	Slóvenía
Bosnía og Hersegóvína	Króatía	Spánn
Bretland	Kýpur	Sviss
Búlgaría	Lettland	Svíþjóð
Danmörk	Litháen	Tékkland
Eistland	Lúxemborg	Tyrkland
(Evrópusambandið)	Makedónía[i]	Ungverjaland
Finnland	Noregur	Úkraína
Frakkland	Páfagarður	Þýskaland
Grikkland	Portúgal	
Holland	Pólland	

AMERÍKA (utan Karíbahafs - 11)

Argentína	El Salvador	Perú
Bandaríkin	Kanada	Úrúgvæ
Brasilía	Kólumbía	Venesúela
Chile	Mexíkó	

KARÍBAHAF (2)

Barbadoseyjar	Kúba	

MIÐ-AUSTURLÖND (og Norður-Afríka - 7)

Egyptaland	Ísrael	Túnis
Írak	Jórdanía	
Íran	Sádi Arabía	

ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 11)

Bangladess	Kína	Suður-Kórea[iii]
Indland	Mongólía	Taíland
Indónesía	Norður-Kórea[ii]	Víetnam
Japan	Pakistan	

EYJAÁLFA (1)

Ástralía		

AFRÍKA (sunnan Sahara - 8)

Grænhöfðaeyjar	Namibía	Tansanía
Kenía	Nígería	Úganda
Malaví	Suður-Afríka	

B. *Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra (24).*

a. Aðeins hið erlenda ríki hefur skipað sendiherra (13).

Alsír	Kúveit	Níkaragva
Angóla	Lesótó	Srí Lanka
Botsvana	Marokkó	Svasíland
Filippseyjar	Nepal	
Gana	Níger	

b. Aðeins Ísland hefur skipað sendiherra (11).

Armenía	Georgía	Moldóva
Bahamaeyjar	Jamaíka	Mósambík
El Salvador	Kostaríka	Nýja-Sjáland
Eþíópía	Liechtenstein	

C. *Sendiherrar ekki skipaðir (20).*

Aserbaídsjan	Maldíveyjar	Sómalía
Barein	Malta	Tadsjikistan
Búrkína Fasó	Marshalleyjar	Túrkmenistan
Grenada	Óman	Úsbekistan
Gvatemala	Panama	
Jemen	San Marínó	
Kirgisía	Seychelleseyjar	
Líbanon	Singapúr	

II. Ræðissamband eingöngu (aðeins Ísland hefur skipað ræðismann - 3).

Dóminíska lýðveldið	Mónakó	Hondúras

III. Ríki sem Ísland hefur hvorki stjórnmálasamband né ræðissamband við (65).

EVRÓPA (1)

Hvíta-Rússland		

AMERÍKA (utan Karíbahafs - 7)

Belís	Gvæana	Súrínam
Bólivía	Hondúras	
Ekvador	Paragvæ	

KARÍBAHAF (7)

Antígva og Barbúda	Sankti Kristófer og Nevis	Sankti Vincent og Grenadíneyjar
Dóminíka	Sankti Lúsía	Trínídad og Tóbagó
Haítí		

MIÐ-AUSTURLÖND (og Norður-Afríka - 4)

Afganistan	Sameinuðu arabísku furstadæmin	Sýrland
Líbía		

ASÍA (utan Mið-Austurlanda - 6)

Brúnei	Kambódía	Laos
Bútan	Kasakstan	Burma

EYJAÁLFA (11)

Fídjieyjar	Palá	Tonga
Kíribatí	Papúa	Túvalú
Míkrónesía	Salómonseyjar	Vanúatú
Nárú	Samóa	

AFRÍKA (sunnan Sahara - 29)

Benín	Kongó	Saír
Búrúndí	Kómoreyjar	Sambía
Djíbútí	Líbería	Saó Tóme og Prinsípe
Erítrea	Madagaskar	Senegal
Fílabeinsströndin	Malí	Simbabve
Gabon	Máritanía	Síerra Leóne
Gambía	Máritíus	Súdan
Gínea	Mið-Afríkulýðveldið	Tógó
Gínea-Bissá	Miðbaugs-Gínea	Tsjad
Kamerún	Rúanda	

Samantekt

I. Stjórnmálasamband (og ræðissamband)	122
A. Bæði löndin hafa skipað sendiherra	79
B. Aðeins annað ríkið hefur skipað sendiherra	24
a. Erlenda ríkið	13
b. Ísland	11
C. Sendiherrar ekki skipaðir	20
II. Ræðissamband eingöngu (aðeins Ísland hefur skipað ræðismann)	3
III. Ekkert stjórnmála- eða ræðissamband	65
Lönd samtals	190

[i] Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.
[ii] Alþýðulýðveldið Kórea.
[iii] Lýðveldið Kórea.

VIÐAUKI 4
Fyrirsvar Íslands við ríki
sem Ísland hefur stjórnmála- eða ræðissamband við
og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi.
(Mars 2002.)

Land	Fyrirsvar Íslands[i]	Fyrirsvar gagnvart Íslandi
Albanía	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Alsír	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Andorra	Sr. París	Utanríkisráðuneytið
Angóla	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Argentína	Sr. Washington	Sr. Osló
Armenía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Aserbaídsjan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Austurríki	Sr. Vín	Sr. Kaupmannahöfn
Ástralía	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Bahamaeyjar	Fn. New York	Sr. Washington
Bandaríkin	Sr. Washington	Sr. Reykjavík
Bangladess	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Barbadoseyjar	Fn. New York	Sr. London
Barein	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Belgía	Sr. Brussel	Sr. Osló
Bosnía og Hersegóvína	Sr. Vín	Sr. Stokkhólmi
Botsvana	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Brasilía	Sr. Washington	Sr. Osló
Bretland	Sr. London	Sr. Reykjavík
Búlgaría	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Búrkína Fasó	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Chile	Sr. Washington	Sr. Osló
Danmörk	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Reykjavík
Egyptaland	Sr. Osló	Sr. Osló
Eistland	Sr. Helsinki	Sr. Kaupmannahöfn
El Salvador	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
(Evrópusambandið)	Sr. Brussel	Sr. Osló
Eþíópía	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Filippseyjar	Utanríkisráðuneytið	Sr. London
Finnland	Sr. Helsinki	Sr. Reykjavík
Frakkland	Sr. París	Sr. Reykjavík
(Frelsissamtök Palestínu)	Utanríkisráðuneytið	Sr. Osló
Gana	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Georgía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Grenada	Fn. New York	Utanríkisráðuneytið
Grikkland	Sr. London	Sr. Osló
Grænhöfðaeyjar	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Gvatemala	Sr. Washington	Utanríkisráðuneytið
Holland	Sr. London	Sr. Osló
Indland	Sr. London	Sr. Osló

Indónesía	Sr. Peking	Sr. Osló
Írak	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Íran	Utanríkisráðuneytið	Sr. Osló
Írland	Sr. London	Sr. Kaupmannahöfn
Ísrael	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Osló
Ítalía	Sr. París	Sr. Osló
Jamaíka	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Japan	Sr. Tókýó	Sr. Reykjavík
Jemen	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Jórdanía	Utanríkisráðuneytið	Sr. London
Kanada	Sr. Ottawa	Sr. Reykjavík
Kasakstan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Katar	Utanríkisráðuneytið	Sr. London
Kenía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kirgisía	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Kína	Sr. Peking	Sr. Reykjavík
Kostaríka	Sr. Washington	Utanríkisráðuneytið
Kólumbía	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Króatía	Sr. Berlín	Sr. Kaupmannahöfn
Kuveit	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Kúba	Fn. New York	Sr. Stokkhólmi
Kýpur	Sr. Osló	Sr. Stokkhólmi
Lesótó	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Lettland	Sr. Helsinki	Sr. Kaupmannahöfn
Liechtenstein	Sr. Brussel	Utanríkisráðuneytið
Litháen	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Líbanon	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Lúxemborg	Sr. Brussel	Sr. London
Makedónía	Sr. Osló	Sr. London
Malasía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Malaví	Sr. Mapútó	Sr. London
Maldíveyjar	Sr. London	Utanríkisráðuneytið
Malta	Sr. Kaupmannahöfn	Utanríkisráðuneytið
Marokkó	Sr. Brussel	Sr. Kaupmannahöfn
Marshalleyjar	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Mexíkó	Sr. Washington	Sr. Osló
Moldóva	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Mongólía	Sr. Peking	Sr. London
Mónakó	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Mósambík	Sr. Mapútó	Utanríkisráðuneytið
Namibía	Sr. Mapútó	Sr. Stokkhólmi
Nepal	Sr. London	Sr. London
Níger	Utanríkisráðuneytið	Sr. Brussel
Nígería	Sr. London	Sr. Dublin
Níkaragva	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Norður-Kórea[ii]	Sr. Peking	Sr. Stokkhólmi
Noregur	Sr. Osló	Sr. Reykjavík

Nýja-Sjáland	Sr. Peking	Utanríkisráðuneytið
Óman	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Pakistan	Sr. Stokkhólmi	Sr. Osló
Panama	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Páfagarður	Fn. Strassborg	Sr. Kaupmannahöfn
Perú	Sr. Washington	Sr. Stokkhólmi
Portúgal	Sr. París	Sr. Osló
Pólland	Sr. Berlín	Sr. Osló
Rúmenía	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Kaupmannahöfn
Rússland	Sr. Moskvu	Sr. Reykjavík
San Marínó	Sr. París	Utanríkisráðuneytið
Sádi-Arabía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Serbía og Svartfjallaland[iii]	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Seychelleseyjar	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Singapúr	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Slóvakía	Sr. Vín	Sr. Osló
Slóvenía	Fn. Genf	Sr. Kaupmannahöfn
Sómalía	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið
Spánn	Sr. París	Sr. Osló
Srí Lanka	Sr. Stokkhólmi	Sr. Stokkhólmi
Suður-Afríka	Sr. Mapútó	Sr. Osló
Suður-Kórea[iv]	Sr. Peking	Sr. Osló
Svasíland	Utanríkisráðuneytið	Sr. Kaupmannahöfn
Sviss	Sr. Berlín	Sr. Osló
Svíþjóð	Sr. Stokkhólmi	Sr. Reykjavík
Taíland	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Tansanía	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Tadsjikistan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Tékkland	Sr. Osló	Sr. Osló
Túnis	Utanríkisráðuneytið	Sr. Stokkhólmi
Túrkmenistan	Sr. Moskvu	Utanríkisráðuneytið
Tyrkland	Sr. Kaupmannahöfn	Sr. Osló
Ungverjaland	Sr. Vín	Sr. Osló
Úganda	Sr. Mapútó	Sr. Kaupmannahöfn
Úkraína	Sr. Helsinki	Sr. Helsinki
Úrúgvæ	Sr. Washington	Sr. Ottawa
Úsbekistan	Sr. Moskvu	Sr. London
Venesúela	Sr. Washington	Sr. Osló
Víetnam	Sr. Peking	Sr. Kaupmannahöfn
Þýskaland	Sr. Berlín	Sr. Reykjavík

Samantekt	Fjöldi umdæmislanda[v]	Fjöldi erlendra sendiráða[vi]
	Sr. Washington: 12 Sr. Peking: 9 Sr. London: 8 Sr. Stokkhólmur: 7 Sr. Moskva: 11 Sr. Kaupmannahöfn: 6 Sr. Osló: 6 Sr. París: 6 Sr. Berlín: 4 Sr. Helsinki: 4 Sr. Mapútó: 4 Sr. Ottawa: 1 Sr. Tokýó: 1[vii] Sr. Vín: 4 Sr. Brussel: 4 Fn. New York: 4 Fn. Genf: 1 Fn. Strassborg: 1 Samtals: 93 Utanríkisráðuneytið: 34	Reykjavík: 12 Stokkhólmur: 24 Osló: 27 Kaupmannahöfn: 18 London: 10 Brussel: 1 Dublin: 1 Helsinki: 1 Ottawa: 1 Washington: 1 Ráðuneytin: 31
Samtals: 127	Samtals: 127	Samtals: 127

i Miðað er við forsetaúrskurð nr. 131/2001.
ii Alþýðulýðveldið Kórea.
iii Fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu.
iv Lýðveldið Kórea.
v Íslenskra sendiráða, fastanefnda og utanríkisráðuneytisins.
vi Gagnvart Íslandi í viðkomandi borgum og fjöldi utanríkisráðuneyta sem fer með fyrirsvarið.
vii Fyrirhugað er að fjölga umdæmisríkjum hinna nýstofnuðu sendiráða í Tókýó og Ottawa.

1045. Frumvarp til laga [333. mál]

um eldi nytjastofna sjávar.

(Eftir 2. umr., 22. mars.)

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

2. gr.

Til eldis samkvæmt lögum þessum teljast geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er á landi eða í sjó.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi. Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Til eldis nytjastofna þarf rekstrarleyfi Fiskistofu. Áður en Fiskistofa gefur út slíkt leyfi skal hún afla umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar. Er eldi nytjastofna óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands án slíks leyfis.

Umsókn um rekstrarleyfi skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot lands og sjávar, leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti, svo og önnur gögn sem Fiskistofa óskar eftir að lögð verði fram.

Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi og sýnt er að veiting leyfisins stríðir ekki gegn markmiðum 1. gr. skal Fiskistofa gefa út rekstrarleyfi til fimm ára í senn.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð á grundvelli þessara laga sem mælir nánar fyrir um skilyrði sem umsækjendur um rekstrarleyfi samkvæmt lögunum þurfa að uppfylla til að fá útgefið leyfi. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti.

Þrátt fyrir 2. mgr. er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða sérstaklega á um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa til stöðva sem ekki falla undir matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í fiskeldisnefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

5. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og skulu ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um það eftirlit. Eftirlitið skal ná til fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og til þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Forsvarsmönnum fiskeldisstöðva er skylt að veita Fiskistofu og eftirlitsaðilum hennar allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstök-

um samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum Fiskistofu og eftir reglum sem hún setur. Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir.

Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um tilhögun eftirlits samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal Fiskistofa veita honum skriflega viðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur Fiskistofa afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsisvist allt að tveimur árum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskeldisstöðvar sem starfa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

1046. Breytingartillaga [371. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Við 5. gr. bætist: og í stað orðsins „hennar“ í 16. gr. laganna kemur: þess.

1047. Frumvarp til laga [648. mál]

um breytingu á lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Stefánsson,
Jóhann Ársælsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna koma tveir málsliðir nýir sem orðast svo: Slík leyfi skal veita aðilum sem fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands ásamt nánari almennum skilyrðum sem ráðherra setur í reglugerð. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka hvalveiðar af einhverjum ástæðum, sbr. þó 2. mgr. 4. gr., er ráðherra heimilt með reglugerð að veita þeim aðilum sem mesta reynslu hafa af hvalveiðum í fiskveiðilandhelginni forgang til veiðanna.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. er ráðherra óheimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni eða beita öðrum takmörkunum sem gera ókleift að veiða það magn.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. 4. gr. er ráðherra heimilt á árunum 2002 og 2003 að takmarka veiðar við færri hvali af hverri tegund en þann fjölda sem Hafrannsóknastofnunin leggur til.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að nú beri að hefja hvalveiðar í samræmi við ályktun Alþingis frá 123. löggjafarþingi, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 standi ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Upphaf hvalveiðibannsins má rekja til nefndrar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 2. febrúar 1983. Þar ályktaði Alþingi um að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða skyldi ekki mótmælt af Íslands hálfu. Frá því að þessi ályktun var gerð hefur löggjafinn ekki tjáð sig um hvalveiðibannið ef frá er talin fyrrgreind þingsályktun sem frá 123. þingi. Hvalveiðibanninu var hrundið í framkvæmd af hálfu sjávarútvegsráðuneytis-

ins með stöðvun á útgáfu leyfa til hvalveiða. Í lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, sem hér eru lagðar til breytingar á, er þó hvergi kveðið á um bann við hvalveiðum. Lögin gera þvert á móti ráð fyrir að hvalveiðar séu öllum heimilaðar sem fullnægja skilyrðum til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Ráðherra er þó heimilt skv. 4. gr. laganna að kveða á um ýmsar takmarkanir á veiðunum með reglugerð. Síðasta reglugerðin sem sett var á þessum grunni er frá árinu 1984 og er þar er kveðið á um takmörkun á fjölda hvala af hverri tegund sem heimilt er að veiða. Það er því svo að hvorki samkvæmt lögum né reglugerðum settum samkvæmt þeim er bannað að veiða hval við Íslandsstrendur. Rétt er að taka það fram að þingsályktanir þær sem að framan er getið raska í engu ákvæðum laga og reglugerða, né hafa alþjóðasamningar og samþykktir alþjóðastofnana áhrif á íslenskan rétt nema samningarnir séu innleiddir í hann. Þess má þó geta að í 10. gr. reglugerðar nr. 163/1973, um hvalveiðar, segir að landstöðvum sé skylt að hlíta því að erlendir eftirlitsmenn fylgist nákvæmlega með starfsemi stöðvarinnar í samræmi við samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem bindandi eru fyrir Ísland, eða ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta ákvæði getur þó ekki með nokkru móti leitt til þess að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvalveiðibann gangi framar íslenskum lögum. Séu menn í einhverjum vafa um þetta má telja það fullvíst að ákvæði þetta hafi enga þýðingu eftir að Íslendingar sögðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992.

Það er því ekkert því til fyrirstöðu að hefja hvalveiðar að óbreyttum lögum fáist til þess leyfi ráðherra.

Það má gagnrýna að ráðherra geti á þennan hátt stöðvað framgang laga með því einfaldlega að neita útgáfu leyfa, jafnvel þótt vilji Alþingis hafi verið kannaður. Ráðherrum sem og öðrum stjórnsýsluaðilum ber skylda til að framkvæma lög, þ.m.t. að veita þau leyfi sem þeim er falið að veita að uppfylltum skilyrðum laga og öðrum málefnalegum skilyrðum sem unnt er að setja.

Frumvarp þetta gengur annars vegar út á það að kveða á um með ákveðnari hætti en nú er gert að ráðherra skuli gefa út leyfi að uppfylltum almennum og sérstökum skilyrðum og hins vegar að þrengja heimildir ráðherra til að takmarka hvalveiðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðlögunartímabili en þegar það er liðið er ekki heimilt að takmarka veiðar umfram það sem Hafrannsóknastofnunin telur óhætt að veiða hverju sinni.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegsráðherra hefur þegar verið varið tæplega 60 millj. kr. til kynningarstarfa. Árlegur kostnaður við kynningu á málstað Íslendinga hefur orðið sem hér segir sl. 3 ár:

Árið 1999	9,8 millj. kr.
Árið 2000	14,4 millj. kr.
Árið 2001	33,9 millj. kr.
	58,1 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er ráðgert að verja 25 millj. kr. til kynningarverkefnisins. Mikil kynning á málstað Íslendinga hefur því þegar átt sér stað og tímabært að hefja veiðar.

Nú eru liðin þrjú ár síðan þessi ályktun um að hefja hvalveiðar hið fyrsta var samþykkt á Alþingi. Frumvarpið miðar að því að þeirri stefnu verði nú framfylgt í verki.

Sífellt fleiri rök mæla með því að nú skuli taka af skarið og hefja veiðar. Þeim sjónarmiðum vex nú ört fylgi að nauðsyn beri til þess að horfa á vistkerfi hafsins sem eina heild og að hvalir séu hluti af vistkerfinu sem verði að nýta á ábyrgan hátt með veiðum. Fjölgun hvala er nú þegar mikil á Íslandsmiðum og veiðar sem samræmast eðlilegri nýtingu hvala-

stofna geta bætt vöxt og aukið nýtingu okkar á nytjastofnum. Við umræður um stærð og afrán hvalastofna á Alþingi nýlega var m.a. upplýst að ekki liggja fyrir beinar upplýsingar um stofnstærðir hvala frá því seint á 19. öld. Vísindalegt mat á stærð og ástandi nytjategunda hvala hefur verið gert með útreikningum á líklegum stofnstærðum hvala fyrir tíma svokallaðra nútímahvalveiða. Þessir útreikningar byggjast á gögnum um núverandi stofnstærð út frá hvalatalningum og veiðisögu viðkomandi tegunda að gefnum forsendum um líffræðilega framleiðslugetu stofnsins. Slíkir útreikningar hafa verið gerðir fyrir stofna hrefnu og langreyðar hér við land. Þeir benda til að báðir þessir stofnar séu í góðu ástandi og yfir 70% af upprunalegri stærð en almennt er talið æskilegast hvað snertir afrakstursgetu að stofnar séu á bilinu 60–70% af upprunalegri stærð.

Þótt formlegar úttektir hafi ekki verið gerðar á fleiri tegundum benda fyrirliggjandi gögn til að stofnar sandreyðar og hnúfubaks séu einnig í góðu ástandi en steypireyður á líklega enn langt í land með að ná fyrri stofnstærð.

Samkvæmt útreikningum sem byggjast á fyrirliggjandi gögnum um stofnstærðir, viðverutíma, fæðuþörf og fæðuval éta allir hvalir árlega um 6 millj. tonna af sjávarfangi á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þar af er talið að rúmlega 2 millj. tonna séu fiskmeti en vegna gagnaskorts um fæðuval flestra tegunda er ekki unnt að flokka fiskmeti frekar. Minnsti skíðishvalurinn, hrefnan, er atkvæðamesti afræninginn hvað varðar heildarmagn og fiskát. Heildarmagnið er 2 millj. tonna og fiskmetið 1,2 millj. tonna. Samkvæmt mjög takmörkuðum gögnum sem liggja fyrir um fæðusamsetningu hrefnunnar, um 60 magasýni á 15 ára tímabili, nemur árlegt afrán hennar um 125 þús. tonnum af þorskfiskum, um 50 þús. tonnum af síli og ríflega 600 þús. tonnum af loðnu. Þessar tölur ber þó að taka með miklum fyrirvara þar eð gögnin að baki eru mjög takmörkuð og ekki tilviljunarbundið úrtak úr stofninum.

Af tannhvölum éta grindhvalur og andarnefja mest, 700–800 þús. tonn hvor tegund. Hjá þessum tegundum er smokkfiskur langstærsti hluti fæðunnar en grindhvalir éta þó rúmlega 150 þús. tonn af fiskmeti. Heildarneysla höfrungategundanna hnýðings og leifturs losar 400 þús. tonn samkvæmt útreikningum en hjá þessum tegundum samanstendur matseðillinn að mestu leyti af fiskmeti. Ekki er þó unnt á þessu stigi að leggja tölulegt mat á afrán þeirra á sérstökum fisktegundum eða tegundahópum. Rétt er að geta þess að útreikningar á heildarneyslu byggjast að miklu leyti á stofnstærðarmati og af aðferðafræðilegum ástæðum má ætla að stofn tannhvala sé frekar van- en ofmetinn.

Á Hafrannsóknastofnuninni hafa verið gerðar frumtilraunir til að kanna hugsanleg áhrif þriggja skíðishvalstegunda, hrefnu, langreyðar og hnúfubaks, í fjölstofna líkani sem auk þess innihélt þorsk, loðnu og rækju. Þessar athuganir gefa m.a. vísbendingar um að vöxtur hvalastofnanna gæti haft veruleg áhrif á langtíma afrakstursgetu þorskstofnsins, allt að 20%, og einnig veruleg áhrif á loðnustofninn. Mikil óvissa ríkir þó um þessi áhrif. Stærstu óvissuþættir útreikninganna varða hlutdeild þorsks í fæðu hrefnunnar og framtíðarþróun í stærð hvalastofnanna.

Í tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á hrefnu, sbr. skýrslu stofnunarinnar frá sl. vori, fjölrit nr. 80, segir á bls. 101:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar vísindanefndar NAMMCO leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark fyrir hrefnu verði 250 dýr á ári.“

Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar um veiði á langreyði:

„Í ljósi ofangreindrar úttektar mælir Hafrannsóknastofnun með að veiðar verði takmarkaðar við 200 langreyðar innan A-Grænland/Íslands svæðisins, þó ekki fleiri en 30 dýr innan A-svæðis, 110 innan B-svæðis og 60 innan C-svæðis.“

Ekki hefur verið gerð bein tillaga um veiði á sandreyðarstofninum, þótt lesa megi út úr texta skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar að stofninn þoli veiðar.

Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta fái skjóta meðferð í þinginu enda má telja að mikill stuðningur sé við það að hefja hvalveiðar á ný svo sem samþykkt þingsályktunartillögunnar á 123. þingi gefur til kynna.

1048. Frumvarp til laga [649. mál]

um Tækniháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Tækniháskóli Íslands er menntastofnun á háskólastigi. Skólinn veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu þar sem æðri menntunar er krafist. Tækniháskólinn leggur áherslu á að veita menntun á tæknisviðum. Skólanum er heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, auk þess að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Tækniháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Þeir sem ráðnir eru í starf prófessors, dósents eða lektors skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af námsferli umsækjanda og störfum að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast nemendur við Tækniháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt þeim reglum.

Við skrásetningu til náms greiðir nemandi skrásetningargjald, allt að 32.500 kr. Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalda. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum. Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við háskólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og tveir til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess sem gegnir forsetastörfum.

Varamenn skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum háskólans.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildaskipan háskólans. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan háskólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög o.fl.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans og skilgreindar námsbrautir innan hennar skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talda starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð samþykkir námskrá og kennsluskrá en deildir bera ábyrgð á gerð þeirra.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr háskóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum nemendum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda sem vikið hefur verið að fullu úr háskóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu.

12. gr.

Tækniháskóla Íslands er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra, sem sinnir hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Tækniháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir símenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um slík þjónustugjöld.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög nemenda, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir Tækniháskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

14. gr.

Tækniháskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og um leið tekur Tækniháskóli Íslands við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Tækniskóla Íslands.

16. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli laga þessara skulu birtar í Stjórnartíðindum.

18. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. gildir eftirfarandi:

Tækniskóli Íslands skal starfa áfram fram að brautskráningu nemenda 1. júní 2002 í samræmi við lög nr. 66/1972, með síðari breytingum.

Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Tækniskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Tækniskóla Íslands eiga rétt á að ljúka námi frá Tækniháskóla Íslands samkvæmt gildandi námsskipulagi Tækniskóla Íslands.
b. Embætti rektors Tækniskóla Íslands er lagt niður 3. júní 2002. Þó skal sá sem gegnir því embætti við gildistöku laga þessara eiga rétt til starfa við Tækniháskóla Íslands skv. d- og e-lið.
c. Eftir gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra háskólaráð til 1. júní 2003. Hlutverk ráðsins er að tryggja yfirfærslu starfsemi Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og framkvæmd laga þessara að öðru leyti, þar með talið að ganga frá tilnefningu rektors, sem ráðherra skal skipa skv. 7. gr. eigi síðar en 1. júlí 2002. Staða rektors skal auglýst eins og lög þessi gera ráð fyrir. Háskólaráð skal meta hæfni umsækjenda um stöðu rektors og taka ákvörðun um þann sem tilnefndur verður með meiri hluta greiddra atkvæða í kosningu innan ráðsins. Almennur fundur kennara sem ráðnir eru ótímabundið við Tækniskóla Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í háskólaráð og tvo til vara. Nemendafélag Tækniskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa í ráðið og einn til vara. Menntamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar, þar af einn sem gegnir störfum forseta ráðsins þar til rektor hefur verið skipaður. Eftir að rektor hefur verið skipaður skal fulltrúum sem skipaðir eru í háskólaráð án tilnefningar fækka um einn. Varaforseti ráðsins skal valinn úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.
d. Skipaðir og ótímabundið ráðnir kennarar við Tækniskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla eru starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um þá starfsmenn sem gegna öðrum störfum en talin eru upp í e-lið.
e. Störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Tækniskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður frá og með 1. ágúst 2002. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2005. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum lið vera starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 2002, en störf þeirra verða þá lögð niður í síðasta lagi 31. júní 2005, fullnægi þeir ekki hæfisskilyrði laga um háskóla á þeim tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er verið að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla, nr. 136/1997, en þau lög kveða á um að sérlög um einstakar háskólastofnanir verði endurskoðuð og efni þeirra aðlagað þeim lögum. Mestur hluti náms við Tækniskóla Íslands hefur verið á háskólastigi og hefur skólinn útskrifað nemendur með viðurkenndar háskólagráður. Jafnframt hefur skólinn átt aðild að samstarfsnefnd háskólastigsins ásamt öðrum háskólum. Með frumvarpinu er því verið að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu jafnframt því sem skipulag skólans er aðlagað háskólalögum.

Núverandi starfsemi skólans byggist á lögum nr. 66/1972, með síðari breytingum, en þau lög hafa um alllangt skeið verið í endurskoðun. Á undanförnum tveimur árum hefur menntamálaráðuneytið leitað til aðila vinnumarkaðarins um að þeir tækju þátt í eða tækju yfir rekstur skólans, en viðræður þar að lútandi skiluðu ekki árangri. Niðurstaðan er því sú að leggja þetta frumvarp fram, þar sem lög um háskóla frá 1997 gera ráð fyrir því að endurskoða skuli lög um háskólastofnanir sem undir lögin heyra. Sú endurskoðun hefur farið fram síðustu árin hjá öðrum ríkisháskólum og er Tækniskólinn sá síðasti í þeirri röð.

Frá árinu 1999 hefur menntamálaráðuneytið gert samninga um kennslu við alla skóla á háskólastigi. Með þessum samningum hefur fjárhagslegum samskiptum menntamálaráðuneytisins og skólanna verið komið í fastan farveg, svo og eftirliti með kennslu, reglum um mat á gæðum kennslunnar o.fl. Ákveðið var að gera slíkt hið sama gagnvart Tækniskólanum til að stíga fyrsta skrefið til samræmis við aðra skóla á háskólastigi. Hinn 10. ágúst 2001 var undirritaður samningur um kennslu og fjárhagsleg samskipti milli menntamálaráðuneytisins og Tækniskóla Íslands. Samningurinn felur m.a. í sér að fjárframlög skólans eru ákveðin út frá reikniflokkum náms og nemendaígildum innan þeirra. Gert er ráð fyrir að Tækniháskóli Íslands taki yfir samning Tækniskólans ef frumvarp þetta verður að lögum.

Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu Tækniháskóla Íslands eru í samræmi við lög um háskóla og hafa verið löguð að þeim auknu völdum og ábyrgð sem fylgir í kjölfar aukins sjálfstæðis skólans. Auk þess eru ýmis ákvæði frumvarpsins sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Þannig er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi. Meginmarkmið frumvarpsins er því að koma á innri skipulagsbreytingu í skólanum en í því felst m.a. að skólastjórnendum er falin aukin ábyrgð og vald. Verði frumvarpið að lögum munu skólastjórnendur, þ.e. háskólaráð og rektor, hafa tækifæri til þess að laga skólann að breyttum aðstæðum og hrinda í framkvæmd hugmyndum sem komu fram við samningu frumvarpsins.

Við Tækniskóla Íslands hefur verið rekin frumgreinadeild sem veitir sérhæfðan undirbúning fyrir nám í tæknigreinum og fleiri greinum á háskólastigi. Námið telst vera á framhaldsskólastigi. Samningur menntamálaráðuneytisins og Tækniskóla Íslands sem undirritaður var í ágúst 2001 fjallar m.a. um áframhaldandi rekstur frumgreinadeildar. Ekki er fjallað sérstaklega um frumgreinadeildina í frumvarpi þessu, enda er þar ekki um að ræða nám á háskólastigi. Hins vegar er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri frumgreinadeildar við Tækniháskóla Íslands sem verði byggður á samningi milli háskólans og ráðuneytisins.

Við frumvarpsgerð þessa hefur nokkuð verið fjallað um nafn skólans. Hér er lagt til að skólinn heiti Tækniháskóli Íslands. Tækniháskóli Íslands á að vera fagháskóli á sviði tækni og rekstrar sem miðlar sérhæfðri þekkingu á háskólastigi. Markmið hans er að búa nemendur undir að takast á við síbreytileg viðfangsefni og krefjandi störf í atvinnulífinu. Nám í Tækniháskóla Íslands á að opna nemendum sínum leið til viðbótarmenntunar í öðrum háskólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er hlutverk og markmið Tækniháskóla Íslands almennt orðað, svo sem gert er í lögum um aðra ríkisháskóla. Lögð er áhersla á að skólinn veiti æðri menntun á tæknisviðum. Tækniskóli Íslands veitir nú menntun á tækni-, iðnaðar-, heilbrigðis- og rekstrarsviðum, en ekkert er því til fyrirstöðu að námsframboð muni breytast í framtíðinni verði það talið æskilegt, þótt áherslan verði ávallt á tæknimenntun. Sérstaklega er tekið fram að skólanum sé heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, en slíkar rannsóknir eru ávallt háðar fjárframlögum ríkissjóðs samkvæmt sérstökum samningi, styrkjum eða tekjum vegna slíkra verkefna háskólans. Þá er gert ráð fyrir því að skólanum verði heimilt að annast símenntun í þeim fræðum sem kennd eru við skólann. Ekki er talin þörf á því að lögfesta sérstaklega að Tækniháskólinn veiti framhaldsmenntun heldur almennt orðað að hann sé menntastofnun á háskólastigi. Umfang starfsemi háskólans ræðst af fjárveitingum og þeim samningum sem gerðir eru við menntamálaráðuneytið um þær. Í slíkum samningum væri unnt að taka ákvörðun um að framhaldsmenntun á háskólastigi skuli veitt við Tækniháskólann.

Um 2. gr.

Hér er starfsheitum kennara háskólans lýst. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti, svo sem kennslu, rannsóknir, þjónustu og stjórnun.

Um 3. gr.

Hér er lagt til í samræmi við ákvæði laga um háskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að forstöðumaður stofnunarinnar, rektor, annist sjálfur ráðningu allra kennara. Þetta samræmist auknu sjálfstæði háskólastofnana og þar með aukinni ábyrgð. Hæfniskröfur þeirra sem ráðnir eru í starf prófessors, dósents eða lektors eru í samræmi við kröfur laga um háskóla. Hér er einnig lagt til að rektor skipi dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsstörf, lektors- og dósentsstörf. Þær hæfniskröfur eru gerðar til dómnefndarmanna að þeir hafi lokið meistaraprófi úr háskóla. Dómnefndin á að meta allar umsóknir um nýráðningar í störf kennara við háskólann en í hverju tilviki á nefndin að njóta leiðsagnar ráðgjafa sem rektor tilnefnir eftir ábendingu frá viðkomandi deild. Þannig er tryggt að dómnefndarkerfið sé skilvirkt og einfalt en jafnframt að í hverju tilviki sé hægt að meta hæfni umsækjenda út frá reynslu og þekkingu þeirra sem starfa á viðkomandi fræðasviði. Jafnframt er gert ráð fyrir að háskólaráð setji reglur um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa. Í þeim reglum verði kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum um háskóla geta háskólar ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu, sem eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari reglur um inntökuskilyrði eftir tillögum einstakra deilda. Þannig geta inntökuskilyrði verið mismunandi eftir deildum. Hér er þó gert ráð fyrir að háskólaráð hafi síðasta orðið. Ákvæði þessarar greinar um skrásetningargjald er sambærilegt öðrum slíkum lagaákvæðum í lögum um aðra ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan háskólaráðs sem er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Greinin er í samræmi við IV. kafla laga um háskóla, nr. 136/1997. Lagt er til að háskólaráð verði ekki fjölmennara en nauðsynlegt má teljast eða að sex fulltrúar skipi ráðið. Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa í háskólaráð og er það í samræmi við skipan fulltrúa í háskólaráð annarra ríkisháskóla. Er það talið styrkja háskólann að fá utanaðkomandi aðila í æðstu stjórn hans og til þess fallið að veita honum aukið aðhald. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða á stjórn skólans. Skólastjórn og skólanefnd eru lagðar niður og stjórnskipulagið lagað að nýskipan rammalöggjafar um háskólastigið.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Verksvið og ábyrgð rektors er skýrt afmarkað í lögum um háskóla. Þar er einnig að finna skýrar reglur um skipan rektors. Háskólaráð setur reglur um tilnefningu rektors en mennta-

málaráðherra skipar rektor eftir tilnefningu ráðsins. Skal staðan jafnan auglýst laus til umsóknar að loknu skipunartímabili rektors. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Lagt er til að háskólaráð taki ákvörðun um stjórnskipulag skólans, þar á meðal um deildaskiptingu hans. Tilhögunin felur ekki í sér að skólinn hafi algjört sjálfdæmi um að ákvarða hvaða menntun er í boði eða á hvaða sviðum skólinn veitir menntun, heldur tengist ákvörðun þar að lútandi samningi við stjórnvöld. Samkvæmt lögum um háskóla á háskólaráð að samþykkja fjárhagsáætlun allra deilda skólans og skólans í heild og síðan að semja við menntamálaráðherra um fjárveitingar til skólans á grundvelli langtímaáætlunar, sbr. 19. og 20. gr. laga um háskóla.

Um 9. gr.

Þessi grein kveður á um skyldur skólans til að gefa út nám- og kennsluskrá fyrir nám sem í boði er. Háskólaráði ber að staðfesta námskrár í samræmi við opinbera stefnumörkun skólans um nám í boði. Háskólaráði ber jafnframt að staðfesta kennsluskrá. Sambærileg ákvæði er að finna í lögum um Háskólann á Akureyri og í lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Um 10. gr.

Hér eru dregnar saman reglur sem varða prófgráður, framkvæmd prófa, prófdómara og fleira. Miðað er við að háskólaráð setji reglur um þessi efni. Með ákvæði þessu og ákvæði 11. gr. um áminningar og áfrýjunarrétt stúdenta er ætlunin að tryggja að prófreglur og málsmeðferðarreglur í málum sem tengjast réttindum nemenda verði sambærilegar í öllum háskólum landsins. Sambærileg ákvæði er að finna í lögum um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands.

Um 11. gr.

Samhljóða reglu er að finna í lögum um aðra ríkisháskóla þar sem kveðið er á um að nemandi geti skotið ákvörðun um viðurlög til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Með því er tryggt að nemandi geti skotið ágreiningsmálum sínum við háskólayfirvöld til sjálfstæðs úrskurðaraðila utan háskólans. Mikilvægt er að agaviðurlög styðjist við heimildir í lögum þar sem um íþyngjandi ákvarðanir getur verið að ræða af hálfu háskólayfirvalda.

Um 12. gr.

Sambærilega grein er að finna í lögum um Háskólann á Akureyri. Rannsóknastofnun sú sem greinin kveður á um mun sinna hagnýtum rannsóknum í þágu atvinnulífsins í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um að heimilt sé að taka gjald fyrir þjónustu sem Tækniháskólinn lætur í té. Með hliðsjón af 3. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, er hér einkum átt við aðra þjónustu en þá sem háskólanum er lögum samkvæmt skylt að veita. Dæmi um slíkt gæti verið aukin þjónusta vegna tölvuaðgangs og innhringisambanda fyrir þá nemendur sem þess óska. Einnig gæti hér fallið undir gjaldtaka fyrir veitingu vottorða um námsástundun og próf sem er utan reglulegrar upplýsingagjafar um þetta efni. Með ákvæðinu er lagt til að þessi möguleiki verði rýmkaður, en um leið er lögð áhersla á að ákvarðanir um slík þjónustugjöld verða að byggjast á þeim kostnaði sem felst í því að veita þjónustuna. 2. mgr. 13. gr. er ætlað

að tryggja að háskólaráði sé heimilt að ganga til samninga við félög nemenda eða önnur félög um tiltekin afmörkuð rekstrarverkefni sem falla ekki undir þá lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Eins má fela fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum að sinna þessum verkefnum. Hér undir geta fallið ýmis verkefni, t.d. stoðþjónusta við nemendur. Gert er ráð fyrir því að það sé á valdi háskólaráðs að semja við félög nemenda eða fyrirtæki um þjónustu af þessu tagi.

Um 14. gr.

Með greininni er Tækniháskólanum tryggð heimild til að gera samstarfssamning við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Tækniháskólanum er þannig gert kleift að hafa samstarf við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni sem er mikilvægt til að efla og styrkja starfsemi hans og uppbyggingu til framtíðar. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa.

Um 15.–18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um réttindi nemenda og starfsmanna og stjórnskipulag hinnar nýju stofnunar. Þar er m.a. annars kveðið á um að nemendur eigi rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi Tækniskóla Íslands við Tækniháskóla Íslands eftir gildistöku laganna og er þessu ákvæði ætlað að koma í veg fyrir að samhliða því að ný stofnun rís af grunni og önnur er lögð niður rofni námsferill þeirra nemenda sem þá stunda þar nám.

Í c-lið er fjallað um tímabundna skipun háskólaráðs Tækniháskóla Íslands sem menntamálaráðherra skipar til 1. júní 2003 til að tryggja framkvæmd laganna.

Hvað varðar störf við Tækniskóla Íslands þá eru þau ýmist lögð niður samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, eða að þau flytjast til Tækniháskóla Íslands. Skv. e-lið er heimilt að fresta niðurlagningu þeirra starfa sem leggja á niður frá og með 1. ágúst 2002 til 31. júní 2005 til þess að gefa þeim starfsmönnum sem þar er fjallað um svigrúm til þess að afla sér frekari menntunar þannig að þeir uppfylli hæfisskilyrði laga um háskóla og eigi þar með rétt til áframhaldandi starfs við Tækniháskóla Íslands. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfa nýtt teljast þeir starfsmenn sem þannig háttar um starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 2002, en störf þeirra verða þá lögð niður í síðasta lagi 31. júní 2005, fullnægi þeir ekki hæfisskilyrðum laga um háskóla á þeim tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði nýr háskóli sem taki við rekstri, eignum og skuldbindingum Tækniskóla Íslands og að lög um þann skóla falli jafnframt úr gildi. Með

frumvarpinu er verið að staðfesta stöðu Tækniskólans í skólakerfinu og breyta innra stjórnkerfi hans til samræmis við almenn lög um háskóla. Í umsögn þessari er vikið að þeim efnisatriðum frumvarpsins sem hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs.

Tæknihäskólanum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að leggja áherslu á að veita menntun á tæknisviðum. Í fjárlögum 2002 er veitt um það bil 337 m.kr. framlagi til kennslu 650 nemendaígilda í Tækniskóla Íslands. Skiptast þau þannig að 150 eru í frumgreinadeild sem er á framhaldsskólastigi, 270 í rekstrarnámi á háskólastigi og 230 á tæknisviði. Samkvæmt þessu er áætlað að aðeins liðlega þriðjungur nemendaígilda í skólanum sé í einhvers konar tæknínámi. Nemandi sem gengur til prófa í 30 einingum samsvarar einu nemandaígildi. Á síðustu fimm árum var árlegur meðalfjöldi innritaðra nemenda í skólanum um 600, þar af 200 á tækni- og heilbrigðissviði, að undanskildu árinu 2001 er þeim fjölgaði í 250 á haustönn, en þá voru 690 nemendur skráðir í skólann. Reglur menntamálaráðuneytisins um framlag á nemanda í tæknínámi gera ráð fyrir um það bil 800 þús. kr. framlagi á nemanda eftir að skráningargjöld hafa verið dregin frá. Ógerningur er að spá því hvort nemendum á tæknisviði fjölgi eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að áhersla verði lögð á.

Bráðabirgðatölur Ríkisbókhalds benda til þess að uppsafnaður rekstrarhalli Tækniskólans hafi numið um 180 m.kr. í árslok 2001 og hafi aukist um fast að 80 m.kr. á árinu, samanborið við 45 m.kr. hallarekstur árið 2000. Þessar tölur benda til þess að skólinn muni ekki halda sig innan fjárheimilda á yfirstandandi ári enda þótt þær hafi verið ákveðnar á grundvelli samnings við skólann frá því í ágúst 2001. Fjárhagsvandi skólans er ekki síst tilkominn vegna fámennra nemendahópa á tæknisviðum og mikils kennslustundafjölda. Að óbreyttum fjárveitingum þarf að gera verulegar breytingar á náminu og endurskipuleggja þjónustuna til að draga úr kostnaði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnkerfi hins nýja háskóla verði í samræmi við almenn lög um háskóla eins og hjá öðrum ríkisháskólum. Samkvæmt því verður rektor framkvæmdastjóri stjórnsýslu skólans og deilir stjórnunarvaldi með sex manna háskólaráði sem fer með yfirstjórn skólans og tekur við af ráðgefandi skólanefnd Tækniskóla Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnaðar verði dómnefndir til að meta hæfni umsækjenda um kennarastöður. Að óbreyttum reglum um fjárveitingar þarf skólinn að draga úr öðrum kostnaði til að mæta því að væntanlega mun stjórnunarkostnaður aukast.

Í frumvarpinu er lagt til að krafa verði gerð um að prófessorar, dósentar og lektorar við skólann hafi lokið meistaraprófi hið minnsta. Að mati fjármálaráðuneytisins munu auknar menntunarkröfur leiða til hærri meðallauna fastra kennara í dagvinnu en ekki eru forsendur til að meta hækkunina. Kostnaði vegna hærri meðallauna þarf skólinn að mæta með lækkun kostnaðar á öðrum sviðum að óbreyttum reglum um framlög til kennslu í háskólum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Tæknihäskólanum verði heimilað að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum. Frumvarpið felur því ekki í sér fyrirheit um framlög til rannsókna, en gera má ráð fyrir að skólinn vilji nýta heimildina innan fárra ára. Í drögum menntamálaráðuneytisins að reglum um skiptingu framlaga til rannsókna í háskólum er gert ráð fyrir að skólar sem stunda rannsóknir fái grunnframlag miðað við fjölda nemendaígilda en að öðru leyti ráðist framlag af rannsóknarvirkni, fjölda nemenda sem útskrifast úr rannsóknarnámi og árangri skóla í samkeppni um fé úr rannsóknarsjóðum.

Skólanum verður samkvæmt frumvarpinu heimilt að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans, starfrækja rannsóknastofnun á eigin vegum og stofna rannsóknasjóði. Gert er ráð fyrir að honum sé heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem honum er skylt að veita. Af þessum sökum telur fjármálaráðuneytið að ákvæði um þessi atriði leiði ekki til aukins kostnaðar ríkisins.

Í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir að embætti rektors Tækniskóla Íslands verði lagt niður um mitt ár 2002 en sá sem gegnir starfinu nú eigi rétt til starfa við hinn nýja Tækniháskóla. Einnig er gert ráð fyrir að störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Tækniskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla verði lögð niður frá og með 1. ágúst 2002 en þó sé heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2005. Ef fresturinn verður nýttur til fulls er talið að núverandi fastir kennarar á háskólastigi öðlist rétt til allt að 88 mánaða biðlauna, enda bjóðist þeim ekki sambærileg kennslustörf við frumgreinadeild sem reikna má með að verði áfram við skólann. Kostnaðurinn er lauslega áætlaður 24 m.kr. í heildina ef allir nýta rétt sinn, sem er fremur ólíklegt.

Þegar á allt er litið telur fjármálaráðuneytið í fyrsta lagi að frumvarpið gefi tilefni til nokkurs útgjaldaauka sem skólinn þarf að óbreyttum reglum um fjárveitingar að mæta með hagræðingu í rekstri. Í öðru lagi gefur frumvarpið tilefni til aukins kostnaðar vegna nemendafjölgunar, breytinga á námsframboði og rannsókna sem eðlilegt er talið að ákveða við fjárlagagerð hverju sinni. Að lokum vekur frumvarpið upp rétt til biðlauna sem að hámarki er áætlaður kosta 24 m.kr. en verður líklega töluvert minni í reynd.

1049. Frumvarp til laga [650. mál]

um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

Ofbeldiskvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum. Þegar sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndar eða vegna listræns gildis hennar telst kvikmynd ekki ofbeldiskvikmynd í framangreindum skilningi.

2. gr.

Bannað er að sýna ungmennum undir sjálfræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og bönnuð er sala og önnur dreifing á slíkum myndum til ungmenna sem hafa ekki náð þeim aldri, sbr. þó 4. mgr. Ef kvikmynd telst vera ofbeldiskvikmynd er skylt að láta þess getið alls staðar þar sem við á, svo sem í auglýsingum, annarri kynningu á myndinni og merkingu skv. 5. mgr. þessarar greinar.

Þeir aðilar sem framleiða kvikmyndir til sýningar hér á landi og eru búsettir hérlendis, hafa kvikmyndir til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar í atvinnuskyni skulu til leiðbeiningar fyrir foreldra og aðra forráðamenn barna meta eða láta meta allar myndir sem eru ætlaðar til sýningar fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri.

Nú telst rétt við mat kvikmyndar að takmarka sýningu hennar eða afhendingu við tiltekið aldursskeið innan sjálfræðisaldurs þar sem myndin telst geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna og skal þess þá getið í matsniðurstöðu um myndina.

Hvaða kvikmynd sem er má hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa sjö ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða annars forráðamanns.

Öll eintök kvikmyndar og hvers konar umbúðir skulu greinilega merkt um mat myndarinnar skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar, sem og um það ef kvikmynd er aðeins ætluð til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur.

Í öllum auglýsingum og annarri kynningu á kvikmynd skal getið um mat hennar samkvæmt þessari grein, sem og ef mynd er aðeins ætluð til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu gæta þess að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum sé í samræmi við reglur þessarar greinar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til frétta- og fræðsluefnis.

4. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um rannsókn og meðferð mála vegna meintra brota á 2. gr. fer að hætti laga um meðferð opinberra mála.

Heimilt er að gera upptæka kvikmynd ef sýning, sala eða dreifing hennar fer í bága við ákvæði laga þessara eða annarra laga. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

Nú fær Barnaverndarstofa vitneskju eða rökstudda ábendingu um að mat á sýningarhæfni kvikmyndar sé í andstöðu við 1. eða 3. mgr. 2. gr. eða að skilyrðum 2. mgr. 2. gr. hafi ekki verið fullnægt og er henni þá heimilt að stöðva sýningu og dreifingu hennar tímbundið í einn sólarhring, með tilkynningu til ábyrgðaraðila skv. 2. mgr. 2. gr. Á meðan bannið varir skal mat eða endurmat á sýningarhæfni kvikmyndarinnar fara fram hjá ábyrgðaraðila sem tilkynnir síðan Barnaverndarstofu niðurstöðu sína. Að fenginni slíkri tilkynningu skal Barnaverndarstofa án undandráttar taka ákvörðun um hvort stofnunin sætti sig við matið eða kæri sýningu eða dreifingu kvikmyndarinnar til lögreglu.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru felld úr gildi lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995. Enn fremur er felldur úr gildi 2. málsl. 56. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, svohljóðandi: „Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi.“

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipun skoðunarmanna Kvikmyndaskoðunar og ráðning forstöðumanns Kvikmyndaskoðunar samkvæmt lögum nr. 47/1995 fellur niður við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Meginástæðan fyrir flutningi þess er sú að í þeirri heildarendurskoðun sem gerð var á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum, nr. 97/1995, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr.

33/1944, með síðari breytingum, var m.a. vernd skoðanafrelsis og tjáningarfrelsis mjög styrkt í sessi hér á landi, sbr. nú 73. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 11. gr. framangreindra stjórnskipunarlaga. Samkvæmt viðurkenndri skýringu á 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, nær vernd tjáningarfrelsis nú til hvers konar tjáningar án tillits til efnis og þess forms, sem tjáning birtist í. Meðal annars nær vernd tjáningarfrelsis til kvikmynda.

Önnur ástæða fyrir flutningi frumvarps þessa er sú almenna stefna sem mörkuð hefur verið að opinber eftirlitsstarfsemi sé ekki umfangsmeiri en þörf er á. Þessi stefnumótun kemur fram í lögum nr. 27 18. mars 1999, um opinberar eftirlitsreglur, en þau lög ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja. Það er markmið þeirra laga að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Þá má eftirlit á vegum hins opinbera ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist. Samkvæmt lögunum starfar sérstök ráðgjafarnefnd, skipuð af forsætisráðherra, að framkvæmd laganna og skal starf nefndarinnar miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því, sem og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur meðal annars fjallað um eftirlitsstarfsemi á vegum Kvikmyndaskoðunar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Í bréfi til menntamálaráðherra dags. 1. ágúst 2000 benti nefndin á að með lögum nr. 47/1995 væri ekki gætt jafnræðis milli atvinnugreina þar sem eftirlit Kvikmyndaskoðunar beindist aðallega að starfsemi kvikmyndahúsa og dreifingaraðila myndbanda, en sjónvarpsstöðvar væru nánast að öllu leyti undanþegnar því beina eftirliti sem lögin kveða á um. Einnig var bent á mikinn kostnað fyrir atvinnulífið vegna eftirlitsins. Lagði nefndin til að Kvikmyndaskoðun yrði lögð niður og lög um hana felld úr gildi, en barnaverndarsjónarmiða yrði gætt með öðrum hætti en lögin gera ráð fyrir.

Í tilefni af bréfi ráðgjafarnefndarinnar kynnti ráðuneytið nefndinni drög að frumvarpi sem það hafði látið semja um nýtt fyrirkomulag kvikmyndaskoðunar. Þar er gert ráð fyrir að opinberu eftirliti verði hætt og atvinnugreinin sjálf annist frumeftirlit með því að barnaverndarsjónarmiða verði gætt við sýningu kvikmynda.

Með bréfi til menntamálaráðuneytisins dags. 5. febrúar 2001 lýsti ráðgjafarnefndin þeirri skoðun sinni að í frumvarpsdrögunum fælist veruleg bót miðað við það fyrirkomulag sem nú er á kvikmyndaeftirliti. Nefndin lét einnig í ljós þá skoðun að til greina kæmi að í stað þess að hafa sérstök lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum yrði í X. kafla barnaverndarlaga bætt við ákvæði sem banni að börnum og ungmennum verði sýndar ofbeldismyndir.

Á vegum félagsmálaráðherra hefur verið samið frumvarp til nýrra barnaverndarlaga og var við meðferð þess í ríkisstjórn komist að þeirri niðurstöðu að menntamálaráðherra flytti sérstakt frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum.

Hér á eftir skal nokkru nánar fjallað um þau tvö meginmarkmið endurskoðunar laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, að gætt sé ákvæða 73. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt sé stuðlað svo sem kostur er að vernd barna og ungmenna fyrir skaðlegum áhrifum kvikmynda á sálarlíf þeirra.

73. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum."

Svo sem fram kemur í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að setja tjáningarfrelsi skorður með lögum í þeim tilgangi sem í málsgreininni er upp talið, enda teljist skorðurnar nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Fyrir brot gegn lögmætum skorðum á tjáningarfrelsi verða menn sóttir til ábyrgðar fyrir dómi, sbr. upphafsákvæði 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Til þeirrar ábyrgðar kemur hins vegar ekki fyrr en eftir að brot hefur verið framið.

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsinu eru hins vegar með öllu óheimilar, sbr. síðari málslið 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ritskoðun er skilgreind svo að með henni sé átt við yfirlestur handrits og skoðun annars efnis af hálfu handhafa ríkisvalds til úrlausnar á því hvort efni megi birta. Ritskoðun er þannig skerðing á tjáningarfrelsinu, sem á sér stað fyrir birtingu, og er fortakslaust bönnuð í framangreindu stjórnarskrárákvæði. Fyrir setningu 73. gr. stjórnarskrárinnar gilti ritskoðunarbannið samkvæmt prentfrelsisákvæði eldri stjórnarskrár (72. gr.) aðeins um prentað mál og það sem til prentaðs máls mátti jafna, en eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gildir ritskoðunarbannið um hvers konar tjáningu. Ritskoðunarbann íslensku stjórnarskrárinnar er nú víðtækara en yfirleitt er samkvæmt stjórnarskrám Evrópuríkja, enda ákvæðið nýlegt og í anda sterkrar verndar fyrir skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi.

Í samræmi við það sem hér að framan hefur verið reifað telur menntamálaráðuneytið rétt að kvikmyndaskoðun af hálfu ríkisvaldsins, eins og hún hefur lengi verið framkvæmd hér á landi samkvæmt settum lögum, nú síðast lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, verði afnumin, enda ber sú skipan sem gilt hefur öll einkenni ritskoðunar. Skoðun kvikmynda, sem lögin taka til, fer fram fyrir sýningu þeirra. Óheimilt er að sýna kvikmynd nema með leyfi Kvikmyndaskoðunar, sem er opinber stofnun, og Kvikmyndaskoðun getur fyrir fram bannað sýningu kvikmyndar. Kvikmyndaskoðun getur bundið leyfi til sýninga skilyrðum. Vísast um þessi efni einkum til 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. laganna.

Auk framangreinds ritskoðunarbanns stjórnarskrárinnar mælir það með breytingu á núverandi fyrirkomulagi kvikmyndaskoðunar að kostur er á mildari ráðum til verndar börnum og ungmennum gegn skaðlegu kvikmyndaefni en fyrirframskoðunar af hálfu stjórnvalda. Til dæmis má gera kvikmyndahúsaeigendum, sjónvarpsstöðvum og öðrum, sem framleiða eða dreifa kvikmyndaefni, skylt að meta eða láta meta kvikmyndir á eigin vegum fyrir sýningu þeirra. Verður því ekki sagt að nauðsyn beri til þess í íslensku þjóðfélagi að ríkisvaldið annist skoðun af þessu tagi þar sem viðhlítandi skoðun verður komið við með öðru móti.

Með því að stjórnvöld hætti skoðun kvikmynda fyrir sýningu þeirra og sú ríkisstofnun sem hefur annast þetta hlutverk á vegum ríkisins, Kvikmyndaskoðun, verði lögð niður verða þeir aðilar sem gera kvikmyndir, sýna þær, selja eða dreifa með öðrum hætti, og undir íslenska lögsögu heyra, fyrst og fremst ábyrgir gerða sinna fyrir dómi ef þeir gerast sekir um brot á þeim lögum sem heimila skorður á tjáningarfrelsi, sbr. upphafsákvæði 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 3. mgr. sömu greinar. Er það í samræmi við önnur tilvik í íslenskum rétti þar sem tjáningarfrelsi er talið misbeitt, svo sem um prentað mál og útvarpsefni, sbr. V. kafla laga um prentrétt, nr. 57/1956, og IX. kafla útvarpslaga, nr. 53/2000. Ljóst er að efni

kvikmynda getur varðað við lög ekki síður en efni annars konar tjáningar, og verður nánar vikið að því síðar hvaða lög koma þar helst til álita.

Af sömu ástæðu og skylt er skv. 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að hætta skoðun kvikmynda fyrir sýningu þeirra samkvæmt lögum nr. 47/1995 ber að nema úr gildi 2. málsl. 56. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, svohljóðandi: „Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi.“ Í hinu tilvitnaða ákvæði, sem reyndar mun ekki hafa verið beitt í framkvæmd, er fyrirmæli um fyrirframskoðun af hálfu stjórnvalds sem ekki á lengur við frekar en önnur lagaákvæði sömu ættar.

Þó að ríkisvaldinu sé hér á landi óheimilt að ritskoða kvikmyndir er ekki þar með sagt að löggjafinn geti ekki haft önnur afskipti af sýningu, sölu og dreifingu kvikmynda sem réttlætanleg verða talin til verndar velferð barna og ungmenna, en það er sá tilgangur sem hingað til hefur fyrst og fremst verið talinn réttlæta ritskoðun kvikmynda. Að vísu er það svo að tæknibreytingar undanfarinna ára, ekki síst í sjónvarpstækni, hafa í reynd gert það sífellt erfiðara að hafa stjórn á því hvaða kvikmyndaefni fólk horfir á. Vex þeirri skoðun því sífellt fylgi að ábyrgð á því hvaða kvikmyndaefni börn horfa á verði að vera í höndum foreldra og annarra forráðamanna þeirra, enda séu þessir aðilar í reynd þeir einu sem hafi einhver tök á að stjórna þessu. Löggjafinn og aðrir handhafar ríkisvaldsins geta í þessu efni fyrst og fremst gegnt leiðbeinandi hlutverki, en hinar endanlegu ákvarðanir og ábyrgðin verða að vera í höndum foreldranna, eins og aðrir meginþættir í uppeldi barna.

Jafnframt því sem þannig er viðurkenndur að verulegu leyti vanmáttur opinberra aðila til afskipta af áhorfi ungs fólks á kvikmyndaefni er það álit ráðuneytisins að löggjafinn og framkvæmdarvaldið geti haft nokkur og hófleg afskipti af þessu máli – og þá í þeim anda sem fram kemur í hinu nýja ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Í nefndu ákvæði er svo fyrir mælt að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í greinargerðinni með frumvarpi til stjórnskipunarlaga, sem varð að fyrrnefndum stjórnskipunarlögum, sagði svo í athugasemdum við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins, sem varð 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar:

„Í 3. mgr. 14. gr. er ákvæði sem á sér ekki hliðstæðu í núgildandi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en í því er mælt fyrir um að með lögum beri að tryggja börnum þá vernd og umönnun, sem velferð þeirra krefst. Með þessu ákvæði, sem felur í sér vissa stefnuyfirlýsingu og sækir m.a. fyrirmynd í 3. gr. samningsins um réttindi barna og að nokkru einnig í 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, er einkum gert ráð fyrir að leggja skyldu á löggjafann til að setja lög til að veita börnum fyrrnefnda tryggingu. Þetta ákvæði getur þó einnig falið í sér öllu veigameiri efnisreglu því unnt gæti verið að sækja stoð eða áréttingu til þess fyrir heimild til undantekninga frá öðrum reglum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar ef slíkar undantekningar eru nauðsynlegar til verndar börnum. Sem dæmi um þetta má benda á að í skjóli 3. mgr. 14. gr. væri væntanlega unnt að skýra undantekningarákvæðin í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins [sem varð 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þó með breytingum er juku vernd tjáningarfrelsis frá því sem upphaflega var ráðgert] á þann veg að heimilt sé að lögfesta reglur um að banna börnum aðgang að kvikmyndum og öðru myndefni sem sýni ofbeldi þótt tjáningarfrelsi væru settar skorður á þann hátt.“

Í samræmi við þau sjónarmið sem hér var lýst er í frumvarpinu gert ráð fyrir að bannað verði að sýna ungmennum undir sjálfræðisaldri ofbeldiskvikmyndir og bönnuð verði sala og önnur dreifing á slíkum myndum til ósjálfráða fólks, þó þannig að allar kvikmyndir megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa sjö ára aldri, enda horfi þau á myndina

í fylgd foreldris eða annars fullorðins aðila, sbr. 1. og 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Er hér farin sú leið að banna aðgang barna að ofbeldiskvikmyndum nema foreldrar eða aðrir forráðamenn þeirra meti það beinlínis svo, að þau hafi til þess þroska að horfa á slíkar myndir í þeirra fylgd, svo að þessir aðilar geti skýrt fyrir þeim efnið.

Önnur ákvæði í 2. gr. frumvarpsins eru einnig sett í samræmi við þau rök sem liggja að baki 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Því er m.a. mælt svo fyrir að skylt sé að láta þess getið alls staðar, þar sem það á við, ef kvikmynd telst vera ofbeldiskvikmynd; skylt sé til leiðbeiningar fyrir foreldra og aðra forráðamenn barna að láta meta allar kvikmyndir sem ætlaðar eru til sýningar fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri; skylt sé að merkja greinilega kvikmyndir og umbúðir þeirra um matsniðurstöðu og það hvort mynd er aðeins ætluð til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur; skylt sé að geta um mat kvikmynda í auglýsingum og annars konar kynningu á kvikmyndum og geta þess ef mynd er einungis ætluð til sýningar fyrir fullorðna; og að skylt sé að hafa eftirlit með því að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum sé í samræmi við reglur greinarinnar. Skyldan í öllum þessum efnum hvílir á þeim sem framleiða kvikmyndir til sýningar hér á landi og eru búsettir hérlendis, hafa kvikmyndir til sýningar í atvinnuskyni, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, eftir því sem við á í hverju tilviki. Eftirlit með framkvæmdinni hvílir svo á barnaverndaryfirvöldum og lögregluyfirvöldum, sbr. sérstaklega 1. málsl. 56. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992.

Nátengd ákvæðum frumvarps þessa er 14. gr. útvarpslaga, nr. 53 17. maí 2000, um vernd barna gegn óheimilu efni í sjónvarpi. Þar er svo fyrir mælt að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Þessi ákvæði gilda sérstaklega um sjónvarpsefni, en ákvæðin í frumvarpi þessu, ef að lögum verða, munu gilda um hvers konar kvikmyndaefni, þar á meðal kvikmyndir í sjónvarpi.

Þó að stjórnvöld hætti eftirliti með efni kvikmynda fyrir frumsýningu þeirra hafa stjórnvöld og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta öll venjuleg ráð til þess að bregðast við lögbrotum á þessu sviði er upp kunna að koma. Sem dæmi má nefna að leggja má lögbann við frekari sýningu kvikmyndar eftir að sýningar eru hafnar, ef skilyrði til þess eru fyrir hendi lögum samkvæmt, sbr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., og jafnvel fyrir frumsýningu, ef stjórnvöld eða aðrir fá veður af yfirvofandi lögbroti í kvikmynd. Sömuleiðis eru fyrir hendi í þessu efni sem öðrum almenn refsi- og fébótaúrræði. Þá er sérstök athygli vakin á því að í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er Barnaverndarstofu veitt heimild til að stöðva sýningu og dreifingu kvikmyndar tímabundið, í sólarhring, til þess að láta fara fram mat eða endurmat á sýningarhæfni kvikmyndar, eða að kæra sýningu eða dreifingu hennar til lögreglu. Slíka heimild er ekki að finna í lögum nr. 47/1995. Talið er nauðsynlegt út frá barnaverndarsjónarmiðum að Barnaverndarstofu sé veitt slík heimild, en hér er um eins konar neyðarheimild að ræða sem miðað er við að einungis verði beitt í algerum undantekningartilvikum.

Ljóst er að efni kvikmynda getur skaðað margvíslega hagsmuni sem lagaverndar njóta. Efni kvikmynda, eins og efni tjáningar í öðru formi, getur brotið gegn ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og má þar til dæmis geta eftirtalinna ákvæða laganna:

95. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 101/1976 og 2. gr. laga nr. 47/1941 (óvirðing við erlendar þjóðir og þjóðmerki, móðganir eða aðdróttanir í garð starfsmanns erlends ríkis hér á landi), 209. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992 (lostugt athæfi), 210. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000 (klám, þar á meðal barnaklám) og XXV. kafli (ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs). Með framangreindum dæmum eru ekki tæmandi talin þau tilvik þar sem efni kvikmynda getur varðað við lög þannig að brot valdi fébóta- og/eða refsiábyrgð. Verða þeir sem brotlegir kunna að gerast sóttir til saka samkvæmt þeim ábyrgðarreglum sem við eiga hverju sinni.

Sú ákvörðun að leggja til afnám ritskoðunar kvikmynda af hálfu stjórnvalda leiddi til þess að ráðuneytið leitaði annarra leiða til þess að tryggja að fyrir hendi verði kerfi sem fallið sé til þess að vernda börn og ungmenni fyrir skaðlegum áhrifum sem kvikmyndir kunna að hafa á sálarlíf þeirra.

Þegar frumvarp þetta var kynnt fyrir aðilum kvikmyndagreinarinnar á fundi 5. júní 2001, þar sem einnig voru aðilar frá Biskupsstofu, Barnaverndarstofu, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur og félagsmálaráðuneyti, fylgdu frumvarpinu drög að samningi um þjónustufélag kvikmyndagreinarinnar, þar sem gert var ráð fyrir stofnun Kvikmyndamats er annast átti mat á kvikmyndum með tilliti til sýningarhæfni þeirra fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri. Frumvarpinu var vel tekið og töldu allir það skref í rétta átt. Hins vegar tókst ekki samkomulag milli forráðamanna sjónvarpsstöðvanna og annarra aðila kvikmyndagreinarinnar um stofnun og rekstur Kvikmyndamats og var þá ákveðið að leita annarra leiða.

Í viðræðum við fulltrúa Félags kvikmyndahúsaeigenda og rétthafa myndbanda kom fram að þeir töldu sig vera í stakk búna til að sjá sjálfir um mat og skoðun þeirra kvikmynda sem þeir sýndu og dreifðu, með sama hætti og sjónvarpsstöðvum hafi verið heimilt að gera, á grundvelli núgildandi laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Jafnframt bentu þeir á að ábyrgðin á mati á sýningarhæfni kvikmynda sem sýndar væru í kvikmyndahúsum og dreift á myndböndum hvíldi á þeim. Niðurstaðan varð því sú að Félag kvikmyndahúsaeigenda og SMÁÍS – samtök myndbandarétthafa hafa gert með sér samning um skoðun og mat á kvikmyndum sem sýndar eru í kvikmyndahúsum og dreift er á myndbandaleigum. Samningsaðilarnir líta á þetta sem samfélagslega skyldu sína og munu miðla upplýsingum og leiðbeiningum til foreldra og annarra forráðamanna barna og ungmenna um efni og sýningarhæfni kvikmynda. Fylgir samningurinn frumvarpi þessu sem fylgiskjal I.

Á sama hátt hafa Ríkisútvarpið, vegna Sjónvarps, Norðurljós, vegna sjónvarpsstöðvanna Stöðvar 2, Sýnar, Bíórásarinnar og Popp Tíví, og Skjár einn gert með sér samning um skoðun og mat á öllu sjónvarpsefni sem ætlað er til sýningar í sjónvarpi hér á landi. Jafnframt koma samningsaðilar sér upp sameiginlegu merkjakerfi sem aðstoðar foreldra og aðra forráðamenn við að meta sýningarhæfni sjónvarpsefnis fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri. Fylgir samningurinn frumvarpi þessu sem fylgiskjal II.

Rétt þykir að rifja hér upp að í 11. gr. laga nr. 47/1995 er ráðherra heimilað að setja reglur um skoðun tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laganna. Var ætlunin að slíkri skoðun yrði hagað með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar. Reglur skv. 11. gr. laga nr. 47/1995 hafa ekki verið settar, enda hefur athugun leitt í ljós að veruleg vandkvæði eru á því að setja virkar lagareglur um þetta efni. Hins vegar hafa framleiðendur svokallaðra tölvuleikja víða komið upp stofnunum sem annast leiðbeinandi mat á því fyrir hvaða aldursflokka einstakir leikir séu taldir henta. Nær mat þetta alveg niður í þriggja ára aldur, og eru leikirnir merktir um matið með merki matsstofnananna. Má af slíkum matsstofnunum nefna ESRB, „Entertainment Software Rating Board“ í Bandaríkjunum, ELSPA, „European Leisure Software Publishers Association“, sem starfar í Bretlandi, og USK – Unterhaltungs-

software Selbstkontrolle, sem starfar í Þýskalandi. Mjög margir framleiðendur og dreifingaraðilar tölvuleikja eru aðilar að framangreindum samtökum og verður merking frá þessum samtökum að teljast þýðingarmikil leiðbeining fyrir foreldra og aðra kaupendur tölvuleikja. Bæði um ESRB, ELSPA og USK og e.t.v. fleiri skyldar stofnanir má fá góðar upplýsingar á netinu, sjá um ESRB: esrb.org, um ELSPA: www.elspa.com og um USK: www.usk.de. Telur ráðuneytið eðlilegt að leitað verði samvinnu við innflytjendur og aðra seljendur tölvuleikja og innlenda aðila, sem veita aðgang að tölvuleikjum á alnetinu, um mat og merkingu tölvuleikja með svipuðum hætti og leitað var eftir samvinnu við kvikmyndagreinina um það efni sem frumvarp þetta fjallar um.

Verði frumvarp þetta að lögum og ef fyrirliggjandi samningar koma til framkvæmda verður mat og skoðun kvikmynda hér á landi í meginatriðum eftirfarandi:

1. Opinber ritskoðun er afnumin.
2. Engar kvikmyndir eru fyrir fram bannaðar.
3. Fullorðið fólk má horfa á þær kvikmyndir sem það sjálft kýs.
4. Aðgangur að ofbeldiskvikmyndum samkvæmt sérstakri skilgreiningu er bannaður ungmennum undir sjálfræðisaldri. Þó má hafa hvaða kvikmynd sem er til sýningar opinberlega fyrir börn sem hafa náð sjö ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða annars fullorðins áhorfanda.
5. Allar kvikmyndir sem ætlaðar eru til sýningar fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri skulu metnar um sýningarhæfni fyrir mismunandi aldursskeið til leiðbeiningar fyrir foreldra og aðra forráðamenn barna. Aðilar innan kvikmyndagreinarinnar og sjónvarpsstöðvar eftir því sem við á annast matið. Foreldrar ráða því síðan hvaða myndir börn þeirra horfa á.
6. Allar kvikmyndir skulu merktar samkvæmt mati á sýningarhæfni fyrir ungt fólk, matsins skal getið í auglýsingum og annarri kynningu á kvikmyndum, sem og þess ef kvikmyndir eru aðeins ætlaðar til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur.
7. Kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahúsaeigendur, þeir sem selja og leigja myndbönd og mynddiska og aðrir þeir sem dreifa kvikmyndaefni bera ábyrgð á því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög og svara til saka fyrir gerðir sínar ef út af bregður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru skilgreind hugtökin kvikmynd og ofbeldiskvikmynd. Er hér um að ræða óbreyttar skilgreiningar frá núgildandi lögum nr. 47/1995, 1. gr., sbr. 3. mgr. 3. gr.

Ekki þykir ástæða til þess að halda hinu víðtæka banni sem nú er í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1995 þar sem bannað er að framleiða hér á landi eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sýna, dreifa og selja slíkar myndir, með þeirri undantekningu sem greinir í 3. mgr. 3. gr. um undanþágu frá banninu þegar sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndar eða vegna listræns gildis myndar. Svo víðtækt bann sem hér greinir verður ekki talið standast tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess er það svo, eins og tekið er fram í hinum almennu athugasemdum að framan að tæknibreytingar undanfarinna ára, ekki síst í sjónvarpstækni, hafa í reynd gert það sífellt erfiðara að hafa stjórn á því hvaða kvikmyndaefni fólk horfir á. Rétt þykir þó að banna ungmennum undir sjálfræðisaldri aðgang að ofbeldiskvikmyndum, sbr. umsögn um 2. gr. hér á eftir.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um þær skyldur sem með frumvarpinu eru lagðar á þá aðila sem framleiða kvikmyndir til sýningar hér á landi og búsettir eru hérlendis, hafa kvikmyndir til sýningar í atvinnuskyni, leigu, sölu eða annarrar dreifingar. Enn fremur kemur fram í þessari grein sú meginstefna frumvarpsins að það mat á kvikmyndum sem gert er ráð fyrir að fram fari er fyrst og fremst ætlað foreldrum og öðrum forráðamönnum barna til leiðbeiningar til þess að þeir geti með hliðsjón af því ákveðið hvaða kvikmyndaefni þeir heimila börnum sínum aðgang að. Það er álit ráðuneytisins að ákvæði greinarinnar geti ekki talist óheimilar skorður á tjáningarfrelsi, sbr. m.a. það sem í hinum almennu athugasemdum var sagt um 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. er orðuð sú regla að bannað sé að sýna ungmennum undir sjálfræðisaldri ofbeldiskvikmyndir, eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og bönnuð sé sala og önnur dreifing á slíkum myndum til ungmenna sem ekki hafa náð þeim aldri. Frá þessari aðalreglu er sú undantekning gerð í 4. mgr. greinarinnar að hvaða kvikmynd sem er megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa sjö ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða annars fullorðins áhorfanda. Af þessum ákvæðum leiðir m.a. að óheimilt er að selja eða leigja ósjálfráða fólki myndbönd og mynddiska með ofbeldiskvikmyndum samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins. Til áréttingar er sérstaklega tekið fram að sé um að ræða kvikmynd sem telst vera ofbeldiskvikmynd sé skylt að láta þess getið alls staðar þar sem við á, svo sem í auglýsingum, annarri kynningu á myndinni og merkingu skv. 5. mgr. þessarar greinar.

Í þessu sambandi er þess að geta að frá 1. janúar 1998 hefur sjálfræðisaldur verið hækkaður úr 16 árum í 18 ár, sbr. 1. mgr. 1. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997. Einnig eru þeir taldir hafa náð sjálfræðisaldri sem náð höfðu sjálfræðisaldri, þ.e. voru orðnir 16 ára, fyrir gildistöku núgildandi lögræðislaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 71/1997. Þykir rétt, fyrst og fremst til lagasamræmis, að miða hér við sjálfræðisaldur, þó að hingað til hafi aðgangur að kvikmyndum, sem á annað borð hefur verið takmarkaður aðgangur að, yfirleitt ekki verið takmarkaður við hærra aldursmark en 16 ár, og hækkun sjálfræðisaldurs hafi verið studd öðrum rökum en þeim sem hér skipta máli. Eftir sem áður má reikna með að þeir sem kvikmyndamat annast muni ekki í öðrum tilvikum en því sem hér um ræðir telja ástæðu til að takmarka aðgang að kvikmyndum við hærri aldursmörk en 16 ár, eins og tíðkast hefur. Þess má hér geta að samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, sbr. 1. gr. laga nr. 160/1998, er við það miðað að börn séu einstaklingar innan 18 ára aldurs. Er þetta í samræmi við skilgreiningu 1. gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, en samkvæmt því ákvæði merkir barn í þeim samningi hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri, nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur, sbr. lög nr. 58/1992.

Nánar verður vikið að undantekningunni frá aðalreglu þessarar greinar þegar fjallað verður um 4. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar er orðuð sú regla að ekki verður lögskylt að meta aðrar myndir en þær sem ætlaðar eru til sýningar fyrir ungmenni undir sjálfræðisaldri, þ.e. ekki er nauðsynlegt að láta meta þær myndir sem aðeins eru ætlaðar fyrir fullorðna áhorfendur. Myndir sem eingöngu eru ætlaðar til sýningar fyrir fullorðna áhorfendur ber hins vegar að merkja þannig, sbr. 5. mgr. greinarinnar, og um það ber að geta í öllum auglýsingum og annarri kynningu á kvikmyndum, sbr. 6. mgr. greinarinnar. Frumvarpsreglan styðst við þau rök að megintilgangur frumvarpsins er að tryggja að fram fari mat á kvikmyndum sem á markað eru settar fyrir börn og ungmenni á mismunandi aldursskeiðum. Sá háttur er einnig á hafður t.d. í Dan-

mörku að þar eru ekki ritskoðaðar kvikmyndir sem einungis eru ætlaðar fullorðnum áhorfendum.

Í 2. mgr. er fyrirmælið um mat orðað þannig að þeir aðilar sem þar eru nánar upp taldir skuli „meta eða láta meta allar myndir sem eru ætlaðar til sýningar fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri“. Matsskyldan hvílir þannig á einstökum aðilum, en telja verður að með þessu orðalagi sé þeim frjálst að láta aðra aðila annast fyrir sig matið á sína ábyrgð. Að frumkvæði ráðuneytisins kom það til skoðunar hjá kvikmyndagreininni og sjónvarpsstöðvunum að koma upp sameiginlegu skoðunarkerfi, en um það hefur ekki náðst samkomulag milli aðilanna hvað sem síðar kann að verða. Það er hins vegar ekki talið í valdi löggjafans að mæla fyrir um skoðun kvikmynda eða kvikmyndamat á vegum tiltekinnar stofnunar vegna ritskoðunarbanns 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem áður hefur verið rætt um. Verður naumast með lögum lengra gengið en mæla fyrir um mat sem ætlað er til verndar börnum og ungmennum, en leggja það síðan í vald aðilanna sjálfra hvernig því mati er hagað, að sjálfsögðu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt lögunum, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir mati á kvikmyndum miðað við þá mismunandi aldursflokka sem einstakar kvikmyndir eru taldar henta til sýningar fyrir. Ber í þessu sambandi sérstaklega að hafa í huga að tilteknar kvikmyndir teljist geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eftir aldursþroska þeirra. Munu verklagsreglur verða mótaðar af þeim aðilum sem matið annast og engin ástæða til að ætla að þær muni í neinu verulegu víkja frá þeim aldursviðmiðunum sem nú gilda. Mynd getur til dæmis verið metin henta til sýningar fyrir alla eða fyrir börn og ungmenni yfir tilteknum aldri, svo sem eldri en 7, 10, 12, 14, 16 eða 18 ára, eftir því sem við á hverju sinni. Ekkert er því til fyrirstöðu samkvæmt frumvarpinu að miðað verði við mismunandi aldursmörk eftir því hvers konar sýningarmiðil um er að ræða, kvikmyndahús eða myndband og mynddisk.

Í 4. mgr. er orðuð sú regla að hvaða kvikmynd sem er megi hafa til sýningar opinberlega fyrir börn sem náð hafa sjö ára aldri, enda horfi þau á myndina í fylgd foreldris eða annars forráðamanns. Er með þessu ákvæði lögð til lögfesting þeirrar grundvallarreglu að það sé lagt í vald foreldra að ákveða hvaða myndefni börn þeirra sjá. Í reynd er þetta nú þegar ákvörðun þeirra við sýningu myndefnis innan veggja heimilisins, hvort sem er í sjónvarpi eða á myndböndum og mynddiskum. Verða ekki séð nein rök til annars en löggjafinn horfist í augu við raunveruleikann í þessu efni og viðurkenni sömu reglu við sýningu kvikmynda í kvikmyndahúsum. Er meira að segja mikið álitamál hvort takmarka á aðgang barna í fylgd fullorðinna að sýningum í kvikmyndahúsum við nokkurn tiltekinn aldur, heldur leggja kvikmyndahúsaferðir foreldra með börn sín alfarið í vald foreldranna. Hér er þó farin sú leið að miða við sjö ára aldur barna, og er þar farið að dæmi Dana sem settu að þessu leyti sömu reglu í ný kvikmyndalög á árinu 1997. Sú regla sem hér er lögð til er breyting frá reglu 8. gr. laga nr. 47/1995, en samkvæmt henni er foreldrum ekki heimilt að fara með börn sín í kvikmyndahús á myndir sem börnunum sjálfum er bannaður aðgangur að. Mikil óánægja hefur komið fram hjá miklum fjölda foreldra með þessa lagareglu.

Í 5. mgr. eru fyrirmæli um merkingu kvikmynda og allra umbúða um sýningarhæfni mynda. Í framkvæmdinni munu þessi fyrirmæli fyrst og fremst taka til myndbanda og mynddiska og umbúða þeirra.

Í 6. mgr. eru ákvæði um auglýsingar og hvers konar aðra kynningu á kvikmynd. Ber í öllu slíku efni að geta um það fyrir hvaða aldursflokka kvikmyndir eru ætlaðar, sem og það ef þær eru aðeins ætlaðar fyrir fullorðna áhorfendur.

Í 7. mgr. er fyrirmæli um það að þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skuli gæta þess að aðgangur að sýningum og afhending á kvikmyndum sé í samræmi við reglur greinarinnar.

Eðli málsins samkvæmt vísar þetta fyrirmæli fyrst og fremst til 1., 4., 5. og 6. mgr. greinarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er berum orðum tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki ekki til frétta- og fræðsluefnis. Er hér um að ræða óbreytta reglu gildandi laga, sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/1995.

Um 4. gr.

Í 1.–3. mgr. þessarar greinar eru tekin upp ákvæði um refsingar fyrir brot á lögunum, rannsókn brota og heimild til upptöku kvikmyndar ef sýning, sala eða dreifing hennar fer í bága við ákvæði laganna eða annarra laga. Ákvæði þessi eru efnislega í samræmi við 10. gr. laga nr. 47/1995. Í 4. mgr. þessarar greinar er Barnaverndarstofu veitt heimild til að stöðva sýningu og dreifingu kvikmyndar tímabundið. Slíka heimild er ekki að finna í lögum nr. 47/1995. Talið er nauðsynlegt út frá barnaverndarsjónarmiðum að Barnaverndarstofu sé veitt slík heimild, en hér er um eins konar neyðarheimild að ræða sem miðað er við að einungis verði beitt í algerum undantekningartilvikum þegar augljóst má telja að mat á sýningarhæfni kvikmyndar sé í andstöðu við 1. eða 3. mgr. 2. gr., t.d. að ofbeldiskvikmynd sé metin sýningarhæf fyrir alla aldurshópa eða í þeim tilvikum að ekkert mat á kvikmynd hefur farið fram eins og skylt er skv. 2. mgr. 2. gr. Við beitingu þessarar heimildar er lögð áhersla á að stöðvun sýningar eða dreifingar kvikmyndar standi ekki lengur en nauðsyn krefur, til þess annaðhvort að endurmat fari fram eða að ákvörðun verði tekin um að kæra sýningu eða dreifingu kvikmyndarinnar til lögreglu, sem þá tekur ákvörðun um frekari meðferð málsins.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þykir ekki þurfa skýringa við umfram það sem fram var tekið í hinum almennu athugasemdum við frumvarpið.

Um ákvæði til bráðabirgða

Það leiðir af þeirri grundvallarbreytingu á skipan kvikmyndamats í landinu, sem verður með lögleiðingu frumvarps þessa, að kvikmyndaskoðun á vegum ríkisins verður lögð niður og þar með fellur niður ráðning starfsmanna Kvikmyndaskoðunar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samningur um eftirlit með kvikmyndum.

Félag kvikmyndahúsa og SMÁÍS – samtök myndbandarétthafa gera með sér svofelldan

samning:

1. grein

Tilefni samningsins er sú fyrirætlan menntamálaráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum í þá átt, að hætt verði skoðun af hálfu stjórnvalda á kvikmyndum.

2. grein

1. Tilgangur samningsins er sá, að tryggja að á vegum kvikmyndahúsa og dreifingaraðila kvikmynda (rétthafa myndbanda) séu kvikmyndir skoðaðar á þann hátt að foreldrum og öðrum forráðamönnum barna hér á landi séu veittar leiðbeiningar og aðstoð til þess að vernda börn og ungmenni fyrir skaðlegum áhrifum, sem tilteknar tegundir kvikmynda eru taldar geta haft á sálarlíf og siðferði þeirra, einkum kvikmyndir, er sýna hrottalegt ofbeldi, sbr. nánar skilgreininguna í 2. mgr. 3. gr. samnings þessa. Samningsaðilar telja slíka skoðun samfélagslega skyldu sína við íslensk börn og foreldra og aðra forráðamenn barna hér á landi.

2. Samningsaðilar munu miðla upplýsingum og viðvörunum til foreldra, svo að foreldrar og aðrir forráðamenn barna geti á grundvelli þeirra tekið ákvarðanir um það, hvaða kvikmyndir þeir leyfa eða leyfa ekki ósjálfráða börnum sínum að sjá, annaðhvort einum, með félögum sínum eða með fullorðnum áhorfendum.

3. grein

1. *Kvikmynd* merkir í samningi þessum hvers kyns hreyfimyndaefni, sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

2. *Ofbeldiskvikmynd* merkir í samningi þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum. Þegar sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar, telst kvikmynd ekki ofbeldiskvikmynd í framangreindum skilningi.

4. grein

Til þess að framfylgja þeim tilgangi, sem lýst er í 2. grein, koma samningsaðilar sér upp skoðunarkerfi, hver fyrir sig, til að meta allar kvikmyndir sem ætlaðar eru til sýningar kvikmyndahúsum og/eða til dreifingar á myndbandaleigum. Jafnframt koma samningsaðilar sér upp sameiginlegu merkjakerfi sem aðstoðar foreldra og aðra forráðamenn við að meta sýningarhæfni kvikmynda fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri.

5. grein

1. Samningsaðilar meta kvikmyndir með tilliti til þess, hvernig sýning þeirra er talin henta fyrir mismunandi aldursflokka barna og ungmenna undir sjálfræðisaldri, sem og þess, hvort þeir telja kvikmynd einungis sýningarhæfa fyrir fullorðið fólk, þ.e. fólk, sem náð hefur sjálfræðisaldri.

2. Bannað er að sýna ungmennum undir sjálfræðisaldri ofbeldiskvikmyndir. Sé um að ræða kvikmynd, sem telst vera ofbeldiskvikmynd, er skylt að láta þess getið alls staðar, þar sem við á, svo sem í auglýsingum, annarri kynningu á myndinni og merkingu.

3. Mat samningsaðila á sýningarhæfni kvikmynda fyrir mismunandi aldursflokka barna og ungmenna undir sjálfræðisaldri skal á því byggt, hvað telja má almennt álit góðra og skynsamra foreldra hér á landi á því, hvaða myndefni börnum þeirra, flokkað eftir aldri þeirra, sé skaðlaust að horfa á. Við mat sitt á einstökum kvikmyndum skulu samningsaðilar meðal annars líta til eftirtalinna atriða og hvernig með þau er farið hverju sinni: söguefnis, orðfæris, beitingar ofbeldis, sýningar nektar og kynlífs og neyslu fíkniefna. Mat samningsaðila skal vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum, sem þeir telja rétt að hafa í huga.

4. Mat samningsaðila á einstökum kvikmyndum skal skoðast sem leiðbeining þeirra til foreldra og annarra forráðamanna barna og ungmenna um sýningarhæfni mynda fyrir tiltekna aldursflokka og á því, hvort það telst ekki við hæfi barna og ungmenna.

5. Nú hefur kvikmynd áður verið metin af eftirlitsstofnunum með kvikmyndum, sem starfa í ríkjum innan Evrópuráðsins eða í ríkjum Norður-Ameríku, og talið er að meti sýningarhæfni kvikmynda eftir sömu eða svipuðum meginsjónarmiðum og samningsaðilar gera sjálfir. Er þá samningsaðilum heimilt að fylgja því mati eða hafa það til hliðsjónar við mat sitt og merkja myndefni samkvæmt því.

6. Allar auglýsingar og annað kynningarefni um kvikmyndir, sem gert er og birt í formi myndefnis, skal lúta reglum þessarar greinar.

6. grein

Mat samningsaðila á sýningarhæfni kvikmynda skal tilgreint í öllum auglýsingum um það og annarri kynningu á því.

7. grein

Samningur þessi kemur til framkvæmdar, þegar lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 47/1995 hafa verið numin úr gildi.

Framanrituðum samningi til staðfestu rita aðilar hans eða fyrirsvarsmenn aðilanna nöfn sín hér undir.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum. Skal annað frumritið afhent menntamálaráðherra til varðveislu, en hitt eintakið skal varðveitt hjá þeim samningsaðila, sem samningsaðilar koma sér saman um að skuli varðveita eintakið. Allir aðilar samningsins skulu fá afrit af honum.

Reykjavík, 28. febrúar 2002

f.h. Félags kvikmyndahúsa	f.h. SMÁÍS – samtaka myndbandaréttarhafa
Þorvaldur Árnason, formaður	Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal II.

Samningur um eftirlit íslenskra sjónvarpsstöðva með sjónvarpsefni sínu.

Ríkisútvarpið vegna Sjónvarps, Norðurljós vegna sjónvarpsstöðvanna Stöðvar 2, Sýnar, Bíórásarinnar og Popp Tíví, og Skjár einn gera með sér svofelldan

samning:

1. grein

Tilefni samningsins er sú fyrirætlan menntamálaráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum í þá átt, að hætt verði skoðun af hálfu stjórnvalda á kvikmyndum.

2. grein

1. Tilgangur samningsins er sá, að tryggja að á vegum sjónvarpsstöðva sé sjónvarpsefni skoðað á þann hátt að foreldrum og öðrum forráðamönnum barna hér á landi séu veittar leiðbeiningar og aðstoð til þess að vernda börn og ungmenni fyrir skaðlegum áhrifum, sem tiltekið sjónvarpsefni er talið geta haft á sálarlíf og siðferði þeirra, einkum kvikmyndir, er sýna hrottalegt ofbeldi, sbr. nánar skilgreininguna í 3. mgr. 3. gr. samnings þessa. Samningsaðilar telja slíka skoðun samfélagslega skyldu sína við íslensk börn og foreldra og aðra forráðamenn barna hér á landi.

2. Samningsaðilar munu miðla upplýsingum og viðvörunum til foreldra, svo að foreldrar og aðrir forráðamenn barna geti á grundvelli þeirra tekið ákvarðanir um það, hvaða sjónvarpsefni þeir leyfa eða leyfa ekki ósjálfráða börnum sínum að sjá, annaðhvort einum, með félögum sínum eða með fullorðnum áhorfendum.

3. grein

1. *Sjónvarpsefni* merkir hvers kyns sjónvarpsefni, þ.m.t. kvikmyndir, sbr. 2. mgr., og ofbeldiskvikmyndir, sbr. 3. mgr., að undanskildu frétta- og fræðsluefni.

2. *Kvikmynd* merkir í samningi þessum hvers kyns hreyfimyndaefni, sem gert er með hvers konar tækni, þar með taldar leiknar kvikmyndir og teiknimyndir, hvort sem ætlað er til sýningar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

3. *Ofbeldiskvikmynd* merkir í samningi þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar eða hrottalegar drápsaðferðir á mönnum og dýrum. Þegar sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar, telst kvikmynd ekki ofbeldiskvikmynd í framangreindum skilningi.

4. grein

Til þess að framfylgja þeim tilgangi, sem lýst er í 2. gr., koma samningsaðilar sér upp skoðunarkerfi, hver fyrir sig, til að meta allt sjónvarpsefni sem ætlað er til sýningar í sjónvarpi. Jafnframt koma samningsaðilar sér upp sameiginlegu merkjakerfi sem aðstoðar foreldra og aðra forráðamenn við að meta sýningarhæfni sjónvarpsefnis fyrir börn og ungmenni undir sjálfræðisaldri.

5. grein

1. Samningsaðilar meta sjónvarpsefni með tilliti til þess, hvernig sýning þess er talin henta fyrir mismunandi aldursflokka barna og ungmenna undir sjálfræðisaldri, sem og þess, hvort

þeir telja sjónvarpsefni einungis sýningarhæft fyrir fullorðið fólk, þ.e. fólk sem hefur náð 18 ára aldri.

2. Bannað er að sýna ungmennum undir sjálfræðisaldri ofbeldiskvikmyndir. Sé um að ræða kvikmynd, sem telst vera ofbeldiskvikmynd, er skylt að láta þess getið alls staðar, þar sem við á, svo sem í auglýsingum, annarri kynningu á myndinni og merkingu.

3. Mat samningsaðila á sýningarhæfni sjónvarpsefnis fyrir mismunandi aldursflokka barna og ungmenna undir sjálfræðisaldri skal á því byggt, hvað telja má almennt álit góðra og skynsamra foreldra hér á landi á því, hvaða myndefni börnum þeirra, flokkað eftir aldri þeirra, sé skaðlaust að horfa á. Við mat sitt á einstaka sjónvarpsefni skulu samningsaðilar meðal annars líta til eftirtalinna atriða og hvernig með þau er farið hverju sinni: söguefnis, orðfæris, beitingar ofbeldis, sýningar nektar og kynlífs og neyslu fíkniefna. Mat samningsaðila skal vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum, sem þeir telja rétt að hafa í huga.

4. Eftirlit samningsaðila með sjónvarpsefni felst einnig í því á hvaða tíma í sjónvarpsdagskrá ráðlegt er talið að sýna tiltekið sjónvarpsefni.

5. Merking samningsaðila á sjónvarpsefni skal skoðast sem leiðbeining þeirra til foreldra og annarra forráðamanna barna og ungmenna um sýningarhæfni myndefnis fyrir tiltekna aldursflokka og á því, hvort það telst ekki við hæfi barna og ungmenna.

6. Nú hefur sjónvarpsefni áður verið metið af eftirlitsstofnunum með kvikmyndum eða sjónvarpsstöðvum, sem starfa í ríkjum innan Evrópuráðsins eða í ríkjum Norður-Ameríku, og talið er að meti sýningarhæfni sjónvarpsefnis eftir sömu eða svipuðum meginsjónarmiðum og samningsaðilar gera sjálfir. Er þá samningsaðilum heimilt að fylgja því mati eða hafa það til hliðsjónar við mat sitt og merkja myndefni samkvæmt því.

7. Allar auglýsingar og annað kynningarefni um sjónvarpsefni, sem gert er og birt í formi myndefnis, skal lúta reglum þessarar greinar.

6. grein

Mat samningsaðila á sýningarhæfni sjónvarpsefnis skal tilgreint í öllum auglýsingum um það og annarri kynningu á því.

7. grein

Samningur þessi kemur til framkvæmdar, þegar lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 47/1995 hafa verið numin úr gildi.

Framanrituðum samningi til staðfestu rita aðilar hans eða fyrirsvarsmenn aðilanna nöfn sín hér undir.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða frumritum. Skal annað frumritið afhent menntamálaráðherra til varðveislu, en hitt eintakið skal varðveitt hjá þeirri sjónvarpsstöð sem samningsaðilar koma sér saman um að skuli varðveita eintakið. Allir aðilar samningsins skulu fá afrit af honum.

Reykjavík, 22. febrúar 2002

f.h. Ríkisútvarpsins	f.h. Norðurljósa	f.h. Skjás eins

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkið hætti að skoða og meta kvikmyndir fyrir frumsýningu þeirra hér á landi og að skyldan færist til þeirra sem framleiða, leigja, sýna eða dreifa á annan hátt kvikmyndum í atvinnuskyni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstri Kvikmyndaskoðunar ríkisins verði hætt en útgjöld vegna stofnunarinnar námu 10,2 m.kr. á árinu 2000 og voru fjármögnuð með 2 m.kr. ríkisframlagi og innheimtu á kvikmyndaskoðunargjaldi sem skilaði 6,6 m.kr. Þar sem kvikmyndaskoðunargjald hafði ekki verið hækkað í samræmi við verðlagsþróun og breytingar á þjónustu Kvikmyndaskoðunar nam uppsafnaður rekstrarhalli í árslok 2000 um 8,2 m.kr. og hafði aukist um 6,9 m.kr. á árinu.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að 2,3 m.kr. framlag ríkisins samkvæmt fjárlögum 2002 falli niður en á móti komi að ríkissjóður muni að öðru óbreyttu þurfa að bera uppsafnaðan halla og annan kostnað við að leggja Kvikmyndaskoðun niður, líklega 10–11 m.kr.

1050. Frumvarp til laga [651. mál]

um meðhöndlun úrgangs.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um meðhöndlun úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrar eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færist á milli lofts, láðs og lagar.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Umflutningur: flutningur úrgangs í íslenska höfn og þaðan út aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangshafi: framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.
Stjórnvöld.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisnefndir annast þó annast eftirlit með meðhöndlun á úrgangi, sbr. 10. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum og hafa það að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar, sbr. 2. mgr. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar, þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, til að endurnota og endurnýta úrgang, förgunarleiðum o.s.frv. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur

sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Móttökustöð fyrir úrgang skal hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Áður en starfsleyfi er gefið út skal Hollustuvernd ríkisins kanna hvort fyrirhuguð móttökustöð fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerða sem varða móttökustöðvar.

Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar fyrir meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og annars konar starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þó skal Hollustuvernd ríkisins gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar ef þær eru reknar í tengslum við móttökustöðvar.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi.

Ef rekstraraðili móttökustöðvar hyggst gera breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið eða flytja reksturinn ber honum að tilkynna Hollustuvernd ríkisins um það með hæfilegum fyrirvara. Hollustuvernd ríkisins skal meta innan fjögurra vikna frá móttöku tilkynningar hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi vegna þeirra breytinga sem rekstraraðili hefur tilkynnt um.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

6. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Í umsókn um starfsleyfi skal lýsa staðsetningu fyrirhugaðrar móttökustöðvar. Tilgreina skal umsækjanda, tegund og magn þess úrgangs sem fyrirhugað er að meðhöndla, móttökugetu stöðvarinnar og áætlaðan rekstrartíma. Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem rekstraraðili hyggst beita í því skyni að fyrirbyggja mengun og minnka hana, þ.m.t. tilhögun innra eftirlits, áætlun um vöktun, lokun og aðgerðir í kjölfar lokunar.

Afrit af samþykktu deiliskipulagi á því svæði sem móttökustöð er fyrirhuguð skal fylgja umsókn um starfsleyfi eða heimild sveitarstjórnar skv. 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum. Ef fyrirhuguð móttökustöð er háð mati á umhverfisáhrifum skal matsskýrsla fylgja umsókn um starfsleyfi.

7. gr.

Gildissvið starfsleyfis.

Í starfsleyfinu skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu móttökustöðvar, tegund hennar, magn og tegund úrgangs sem heimilt er að taka við til meðhöndlunar, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis.

8. gr.

Skilyrði starfsleyfis.

Í starfsleyfi móttökustöðvar skulu vera ákvæði:

a. um undirbúning móttökustöðvarinnar,
b. sem tryggja að viðeigandi samþættar mengunarvarnir séu viðhafðar og til þess sé beitt bestu fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind á hverjum tíma,
c. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra,
d. sem tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður tímabundið og viðeigandi aðgerðir á rekstrarsvæði þegar móttökustöð er lokað og í kjölfar lokunar,
e. um losunarmörk,
f. um tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa sem gætu haft mengun eða önnur óæskileg áhrif á umhverfið,
g. um innra eftirlit og eftirlit eftirlitsaðila,
h. um að stjórnandi móttökustöðvarinnar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og starfslið hennar hljóti þá fræðslu og þjálfun sem til þarf,
i. sem tryggja að meðhöndlun úrgangsins samræmist viðeigandi áætlunum og viðmiðum um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem kveðið er á um í lögum þessum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim,
j. um skýrslugjöf skv. 9. gr.,
k. um önnur þau atriði sem samræmast ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Skýrslugjöf.

Rekstraraðili skal a.m.k. árlega skila Hollustuvernd ríkisins skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun sbr. 16. og 17. gr. Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða ársskýrslu ef þar er að finna sömu upplýsingar.

10. gr.

Meðhöndlun úrgangs.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir.

11. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr., áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi úrgangshafa. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

12. gr.

Ábyrgð vegna flutnings úrgangs.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að setja sem skilyrði fyrir leyfi til útflutnings, innflutnings og umflutnings spilliefna og annars úrgangs að úrgangshafi framvísi bankaábyrgð, vátryggingu eða annarri tryggingu, sem stofnunin metur fullnægjandi, fyrir kostnaði við förgun eða endurnýtingu úrgangsins og flutningskostnaði, þ.m.t. kostnaði við að flytja úrganginn á annan endurnýtingar- eða förgunarstað.

13. gr.

Reglugerðir um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um eftirtalin atriði varðandi framkvæmd laga þessara:

a. nánari skilgreiningar á spilliefnum og öðrum úrgangi, svo og lista yfir úrgang,
b. að hvaða leyti blöndun, móttaka og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka er takmarkaður eða bannaður,
c. aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. förgunarleiðir,
d. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva,
e. nánari atriði varðandi innihald áætlana sveitarstjórna skv. 4. gr.,
f. starfsleyfistryggingu skv. 15. gr.,
g. nánari atriði sem varða skilyrði starfsleyfis, þ.m.t. meðhöndlun á hauggasi og sigvatni frá urðunarstöðum,
h. tíðni mælinga og sýnatöku vegna vöktunar og annars eftirlits, þar á meðal í kjölfar lokunar, sbr. 17. gr.,
i. kröfur um mælingar, losun og styrk mengandi efna í útblásturslofti, svifösku, ösku, botnleðju og fráveituvatni,

j. hvernig staðið skal að lokun móttökustöðvar,
k. um eftirlit með útflutningi, umflutningi og innflutningi úrgangs, þ.m.t. ábyrgð skv. 12. gr.,
l. önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

III. KAFLI
Sérákvæði um urðunarstaði.

14. gr.
Umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. lýsa fyrirhuguðum urðunarstað sérstaklega með tilliti til vatnafars og jarðfræði. Í slíkri umsókn skal einnig gera grein fyrir sérstakri fjárhagslegri tryggingu eða ábyrgð umsækjanda fyrir því að fylgt verði ákvæðum starfsleyfisins, þar á meðal ákvæðum um vöktun og umsjón eftir að urðunarstað hefur verið lokað. Ekki þarf þó að leggja fram slíka tryggingu ef eingöngu er urðaður óvirkur úrgangur á viðkomandi urðunarstað.

15. gr.
Starfsleyfistrygging.

Auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í 8. gr. er það skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað að rekstraraðili hafi lagt fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að uppfylltar verði þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðgerðir í kjölfar lokunar urðunarstaðarins. Ákvæði þetta gildir þó ekki um urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Fjárhæð tryggingar skal tiltekin í starfsleyfi. Fjárhæð tryggingar skal samræmast kostnaði við lokun urðunarstaðarins og þá tíðni vöktunar og sýnatöku, skv. 17. gr., sem Hollustuvernd ríkisins telur fullnægjandi og miðast við 30 ára vöktunartímabil.

Aðför má ekki gera í tryggingunni nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Tryggingin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins.

16. gr.
Vöktun og aðgerðir.

Rekstraraðili skal fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum, sbr. ákvæði laga þessara, reglugerða sem um reksturinn gilda og starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins eða viðkomandi eftirlitsaðila um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun. Hann skal einnig hlíta ákvörðun Hollustuverndar ríkisins um eðli og tímasetningu aðgerða til úrbóta sem grípa ber til.

17. gr.
Lokun urðunarstaðar.

Urðunarstað telst ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Hollustuvernd ríkisins hefur veitt samþykki fyrir lokun.

Rekstraraðili urðunarstaðar ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni

staðarins, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi, svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum, að jafnaði í 30 ár frá lokun hans. Hollustuvernd ríkisins er heimilt að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgang sem fellur til í þeirri afskekktu byggð. Áður en starfsleyfi er gefið út skal afmarkað það svæði þar sem sýnataka fer fram samkvæmt ákvæði þessu.

Hollustuvernd ríkisins skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar.

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins um vöktun skal Hollustuvernd ríkisins láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skv. 15. gr. skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Rekstraraðili skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins um hvers konar skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Heimilt er eftirlitsaðila að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð viðkomandi landsvæðis. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar-, vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Veiti eigandi eða umráðamaður lands ekki aðgang að landi sínu til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf svo að aðgerðirnar nái fram að ganga.

Verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni við framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem vegna jarðrasks og átroðnings, skal rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Hollustuvernd ríkisins skal láta þinglýsa fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað og nágrenni hans eftir lokun hans og láta aflýsa henni þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

IV. KAFLI
Sérákvæði um brennslustöðvar.

18. gr.
Umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð.

Í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð skal auk þess sem fram kemur í 6. gr. gera grein fyrir tæknibúnaði til að framfylgja kröfum um loftgæði og förgun ösku.

19. gr.
Skilyrði starfsleyfis fyrir brennslustöð.

Í starfsleyfi fyrir brennslustöð skulu auk almennra skilyrða sem tilgreind eru í II. kafla vera ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni eftir því sem við á með tilliti til samsetningar þess úrgangs sem brenna á og gerðar brennslustöðvarinnar. Þegar sett eru útblásturs-mörk skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa þeirra mengunarefna sem um ræðir á umhverfi og heilsu manna.

20. gr.

Losunarmörk.

Mæla skal styrk mengandi efna í útblásturslofti frá brennslu og brennsluaðstæður eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð og starfsleyfi stöðvarinnar.

Sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfi skal rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk, ella skal starfsemi stöðvarinnar hætt.

V. KAFLI
Eftirlit, þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

21. gr.

Hollustuvernd ríkisins annast eftirlit með því að starfsleyfishafi sem hún veitir starfsleyfi, fari að ákvæðum starfsleyfis samkvæmt lögum þessum. Heimilt er stofnuninni að fela heilbrigðisnefnd eftirlitið. Hollustuvernd ríkisins skal þó í slíkum tilvikum taka ákvörðun um þvingunarúrræði gagnvart starfsleyfishafa.

Um gjaldskrá vegna útgáfu starfsleyfis og eftirlits gilda ákvæði 12. og 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimild 24. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir um til að fela tiltekna þætti eftirlits faggiltum skoðunaraðilum gildir einnig um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Ákvarðanir Hollustuverndar ríkisins um útgáfu starfsleyfis skv. 5. gr. má kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun stofnunarinnar.

Um eftirlit, valdsvið, þvingunarúrræði, viðurlög, málsmeðferð og úrskurði fer að öðru leyti eftir ákvæðum VI.–VIII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

VI. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og eiturefni og hættuleg efni og varða úrgang halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samræmast lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu fyrir 1. maí 2003 senda Hollustuvernd ríkisins áætlun um hvernig unnt sé að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laga þessara.

Þeir urðunarstaðir sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009, ella skal þeim lokað.

Ef urðunarstaður er í rekstri í eyju hér við land við gildistöku laga þessara og er lokað eftir gildistöku laganna getur Hollustuvernd ríkisins veitt undanþágu frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið. Slík undanþága er þó einungis heimil hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað sem getur að hámarki tekið við 15.000 tonnum af úrgangi eða að hámarki 1.000 tonnum á ári og er eini urðunarstaðurinn í eyjunni og þjónar henni einni.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um aðlögun starfandi urðunarstaða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins. Í nefndinni sátu Sigrún Ágústsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, formaður, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, Helgi Jensson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs Hollustuverndar ríkisins, og Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með nefndinni unnu einnig Jón Jónsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Cornelis A. Meylies, umhverfisverkfræðingur hjá Hollustuvernd ríkisins. Nefndin fékk auk þess til samráðs Árna Pál Árnason hdl., Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, og Ögmund Einarsson, forstjóra Sorpu bs. Óskaði nefndin eftir sérstakri álitsgerð Árna Páls Árnasonar hdl. um ákvæði tilskipunarinnar um tryggingu og ábyrgð á vöktun eftir að urðunarstað er lokað. Óskað var skriflegra upplýsinga Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Sambands íslenskra tryggingafélaga varðandi starfsleyfistryggingar.

Frumvarpið er samið með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/31/EB, um urðun úrgangs frá 26. apríl 1999. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 16. júlí 1999. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, dags. 18. maí 2001, var tilskipunin felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gerður var stjórnskipulegur fyrirvari af Íslands hálfu þar sem tilskipunin kallaði á lagabreytingar. Markmið tilskipunarinnar er að auka rekstrarlegar og tæknilegar kröfur um urðun úrgangs og að kveða á um ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða minnka eins og unnt er neikvæð áhrif úrgangs á umhverfið, sérstaklega mengun yfirborðsvatns, grunnvatns, jarðvegs og vatns. Tilskipunin tekur til urðunar spilliefna, heimilis- og rekstrarúrgangs og óvirks úrgangs. Samkvæmt tilskipuninni skal gera áætlun um að minnka í áföngum heimilis- og rekstrarúrgang sem fer til urðunar og flokka skal urðunarstaði í þrjá flokka eftir því hvers konar úrgang heimilt er að urða. Jafnframt eru í tilskipuninni tilgreindar tegundir úrgangs sem ekki er heimilt að urða og hvaða úrgang er heimilt að urða í hverjum flokki urðunarstaða. Í tilskipuninni eru strangari ákvæði en áður hafa gilt varðandi umsóknir og skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstaði. Meðal þeirra er ákvæði um að það skuli vera skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað að rekstraraðili hafi lagt fram sérstaka tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal skilyrði um lokun urðunarstaðarins, vöktun og eftirlit, a.m.k. 30 ár frá lokun hans. Rekstraraðili skal vera ábyrgur fyrir vöktun og greiningu hauggass og sigvatns sem berst frá staðnum og grunnvatns í nágrenni urðunarstaðarins svo lengi sem viðkomandi yfirvöld telja þörf á með hliðsjón af því hversu lengi hætta getur stafað af urðunarstöðum. Gjald rekstraraðila vegna urðunar úrgangs skal standa undir áætluðum kostnaði við slíka vöktun, sem og stofn- og rekstrarkostnaði urðunarstaðarins. Rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku tilskipunarinnar skulu laga sig að ákvæðum hennar innan átta ára frá lögleiðingu tilskipunarinnar, sbr. nánari reglur þar um.

Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að veita undanþágur frá tilteknum ákvæðum hennar. Þau undanþáguákvæði sem á reynir í frumvarpi þessu eru ákvæði tilskipunarinnar um ákvörðun gjalds fyrir urðun úrgangs, starfsleyfistryggingu og vöktun eftir að urðunarstað er lokað. Talið er rétt að nýta heimild undanþágu frá starfsleyfistryggingu þar sem eingöngu er urðaður óvirkur úrgangur en það ákvæði tilskipunarinnar er hvað mest íþyngjandi. Hins vegar var ekki talin þörf á að nýta heimild tilskipunarinnar til undanþágu frá 10. gr. þar sem kveðið er á um það hvernig gjald fyrir urðun skuli ákveðið, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Talið er eðlilegt að sama regla gildi um allt land hvað ákvörðun gjalds rekstraraðila varðar. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að gjaldið nægi fyrir kostnaði við förgun úrgangs. Samkvæmt tilskipuninni er einnig heimilt að takmarka vöktun á tilteknum urðunarstöðum sem lokað hefur verið í afskekktum byggðum og eyjum. Gert er ráð fyrir að metið verði í hverju tilviki hvort

og að hvaða marki undanþága verður veitt, sbr. 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Aðrar undanþágur tilskipunarinnar varða aðferðir við móttöku úrgangs, tíðni vöktunar og sambærileg atriði. Miðast þær undanþáguheimildir almennt við tilteknar afskekktar byggðir og eyjur. Gert er ráð fyrir að þessi atriði verði útfærð í reglugerð.

Ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, eru almenns eðlis. Gilda þau um alla starfsemi þar sem hætta getur verið á mengun auk þeirrar starfsemi þar sem sérstaklega þarf að gæta að hollustuháttum. Lögin taka því til mjög margvíslegrar starfsemi. Í tilskipun um urðun úrgangs eru mjög sérhæfð ákvæði varðandi urðunarstaði. Ýmis ákvæði tilskipunarinnar þykja þó eiga jafnt við um aðrar móttökustöðvar fyrir úrgang. Það er einkum í móttökustöðvum fyrir úrgang, þ.e. flokkunarmiðstöðvum, sorpbrennslustöðvum, urðunarstöðum og öðrum förgunarstöðum, sem kerfisbundin meðhöndlun á úrgangi fer fram. Þykir eðlilegt að um slíka kerfisbundna meðhöndlun gildi sambærilegar reglur. Var því ákveðið að fara þá leið að gera tillögu um frumvarp til sérlaga þar sem kveðið yrði á um meðhöndlun úrgangs. Frumvarp þetta er einnig samið með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs 2000/76/EB. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði hluti af samningi um Evrópska efnahagssvæðið síðar á þessu ári. Gerðin fjallar um alla brennslu úrgangs og kemur í stað tilskipana sem fjalla um sorpbrennslustöðvar og brennslu spilliefna. Tilskipunin setur móttökuskilyrði fyrir úrgang til brennslu og einnig losunarmörk fyrir mengandi efni í útblæstri og frá hreinsibúnaði. Skilgreindar eru brennslustöðvar með eða án varmanýtingar, afkastageta þeirra og hvaða efni megi nota til brennslu. Gerðar eru kröfur um samfelldar mælingar í útblæstri á brunagösum og ryki og reglubundnar mælingar á þungmálmum og díoxínum. Í viðauka koma fram losunarmörk fyrir útblástur og hreinsibúnað.

Núgildandi starfsleyfi, reglugerðir og samþykktir um úrgangsmál byggjast á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gildi er fjöldi reglugerða um úrgang með stoð í þeim lögum. Þar ber helst að nefna reglugerð um úrgang frá 1999 og reglugerðir um spilliefni, brennslu spilliefna, sorpbrennslustöðvar, olíuúrgang, skrá yfir spilliefni og annan úrgang og meðhöndlun seyru. Þessar reglugerðir taka að verulegu leyti mið af grunntilskipun ráðsins um úrgang, 75/442/EBE, sbr. tilskipun 91/156/EBE. Var því einnig höfð hliðsjón af þeim tilskipunum við vinnslu frumvarpsins.

Loks var höfð hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, sem kveður á um endurvinnslu ökutækja.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru ákvæði um kerfisbundna vöktun rekstraraðila urðunarstaðar í kjölfar lokunar hans, ákvæði um sérstaka tryggingu fyrir því að staðið sé við ákvæði starfsleyfis, þar á meðal lokunar- og eftirlitsaðgerðir eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 15.–17. gr. frumvarpsins, og ákvæði um ákvörðun gjalds fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Nefndin sem undirbjó frumvarp þetta óskaði eftir upplýsingum frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sambandi tryggingafélaga um bankareikninga og tryggingar sem til greina kæmu skv. 8. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt upplýsingum Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja eru ekki til hér á landi bankatryggingar eða reikningar sem eru sérsniðnir að slíku ákvæði. Telja samtökin að slíkar tryggingar yrðu mjög dýrar. Samkvæmt upplýsingum Sambands tryggingafélaga kæmu helst til álita í þessu sambandi efndavátryggingar skv. 15. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Hins vegar virðist það erfiðleikum bundið að mati sambandsins að fullnægja tryggingakröfum tilskipunarinnar með slíkum tryggingum vegna þess langa tíma sem liðið getur frá því að trygging skal lögð fram til þess tíma sem tryggingatímabili lýkur, þ.e. 30 árum eftir að starfsemi lýkur. Samkvæmt

upplýsingum um útfærslu þessa ákvæðis í nágrannalöndunum virðist framboð af tryggingum á almennum markaði sem við geta átt einnig vera mjög takmarkað. Nefndin taldi miðað við upplýsingar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Sambands tryggingafélaga að svo kynni að fara að einkaaðilum yrði aðeins fær sú leið að safna í tryggingasjóð yfir rekstrartímabilið. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst því viðhorfi sínu að heimilt sé að byggja upp tryggingasjóð jafnt yfir rekstrartímabil urðunarstaðarins.

Eftir að starfi nefndarinnar lauk var bætt við af hálfu ráðuneytisins ákvæði 12. gr. frumvarpsins, sbr. k-lið 13. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lýst markmiði frumvarpsins. Er hér litið m.a. til tilskipunar um úrgang, 75/422/EBE, og tilskipunar um urðun úrgangs sem að framan er lýst. Tæknivæddu nútímasamfélagi fylgir mikill og fjölbreyttur úrgangur og er því mikilvægt að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Talið er að leggja beri áherslu á að draga skipulega úr myndun úrgangs og ráðast þannig að rót vandans. Því næst verði stuðlað að því að úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu. Þannig verði dregið úr því magni úrgangs sem fer til förgunar. Jafnframt þarf að tryggja skipulagða förgun þess úrgangs sem ekki er unnt að endurnota eða endurnýta.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lýst gildissviði frumvarpsins. Með frumvarpinu er lagt til að sett verið sérlög um meðhöndlun úrgangs. Í lögum um varnir gegn mengun sjávar eru ákvæði sem ýmist banna eða takmarka losun tiltekinna efna í hafið og við strendur landsins.

Við brennslu úrgangs og í kjölfar urðunar hans á sér stað efnafræðilegt ferli sem haft getur í för með sér mengun. Lagt er til að sömu reglur og áður gildi um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður, þ.e. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í gildi er sérstök reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun. Í slíkum starfsleyfum er einnig ávallt í einhverjum mæli fjallað um meðhöndlun úrgangs frá viðkomandi starfsemi.

Um 3. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir þýðingu orða og orðasambanda sem reynt getur á við túlkun laganna. Í nokkrum tilvikum er um að ræða yfirhugtök, t.d. *úrgangur* og *spilliefni*, sem lýst er með almennum orðum í ákvæðinu. Úrgangur er skilgreindur sem efni eða hlutir sem úrgangshafi ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn á hátt. Úrgangur er flokkaður m.a. eftir uppruna í heimilisúrgang, rekstrarúrgang, landbúnaðarúrgang, byggingarúrgang og hreinsunarúrgang; eftir gerð í umbúðir, lífrænan úrgang, plast, gúmmí, málma, timbur, steinefni, gler o.s.frv.; eftir eiginleikum í spilliefni, úrgang án spilliefna og óvirkan úrgang. Ýmis undirhugtök úrgangs eru skilgreind í ákvæðinu komi hugtakið fram í frumvarpinu. Í gildi er reglugerð um spilliefni og annan úrgang, svokallaður úrgangslisti, sbr. ákvörðun 2000/532/EB, sbr. 2001/118/EB, 2001/119/EB og 2001/537/EB, þar sem úrgangur er tilgreindur með raðnúmerum. Gert er ráð fyrir að sambærilegu fyrirkomulagi áfram.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um stjórnsýslu úrgangsmála.

Í 1. mgr. kemur fram að umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Utanríkisráðherra fer með lögsögu á varnarsvæðum samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum eins og gildir um aðra málaflokka. Ákvæði þetta tekur að öðru leyti mið af 7. gr. tilskipunar 91/156/EBE, um breytingar á tilskipun 75/442/EBE, um úrgang, 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og 11. gr. núgildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins annist eftirlit með framkvæmd laganna en það lýtur einkum að því hvort starfsleyfishafi, þ.e. rekstraraðili, fari að ákvæðum starfsleyfis. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heilbrigðisnefndir annist eftirlit með annarri meðhöndlun úrgangs, þ.e. að almenn fyrirmæli 10. gr. frumvarpsins séu virt.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er fjallað um áætlanagerð um meðhöndlun úrgangs í samræmi við 7. gr. tilskipunar 91/156/EBE, um breytingar á tilskipun 75/442/EBE, um úrgang og 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB, um urðun úrgangs. Sambærilegt ákvæði er að finna í 19. gr. núgildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Landsáætlun sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og áætlanir sveitarstjórna hafa að markmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurnýtingu og minnka hlutfall úrgangs sem fer til förgunar í samræmi við 3. gr. tilskipunar 75/442/EBE, um úrgang, 3. gr. tilskipunar nr. 91/156/EBE og 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs, 1999/31/EB. Gert er ráð fyrir að áætlun Hollustuverndar ríkisins verði almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélögin varðandi svæðisbundna áætlanagerð. Hér á landi er víðtæk samvinna milli sveitarfélaga um sorphirðumál og mörg byggðasamlög í landinu. Þá koma heilbrigðisnefndir markvisst að stefnumótun sveitarfélaga í úrgangsmálum. Heimilt er sveitarstjórnum að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og einnig er hægt að fela hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum að semja áætlun. Þótt sveitarstjórnir feli öðrum að semja áætlun um meðhöndlun úrgangs þurfa viðkomandi sveitarstjórnir að gera hana að sinni og staðfesta áætlunina áður en hún er send Hollustuvernd ríkisins. Gert er ráð fyrir að áætlanir þessar gildi til þriggja ára í senn.

Í 5. mgr. er fjallað um stjórnsýslu sveitarfélaga vegna meðhöndlunar á úrgangi. Ekki er ætlunin að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði. Sveitarfélög kunna að fara mismunandi leiðir til að sinna verkefninu, m.a. með tilliti til hagkvæmni. Þykir því nauðsynlegt að verksvið og svigrúm sveitarstjórna sé skýrt varðandi þennan málaflokk. Sveitarstjórnir skulu ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu, svo sem hvað varðar frágang sorpíláta, að hve miklu leyti sveitarfélagið sér um söfnun á rekstrarúrgangi o.fl. Sveitarstjórn skal bera ábyrgð á flutningi á heimilisúrgangi en getur sinnt þeirri skyldu á ýmsan hátt, m.a. með samrekstri með öðrum sveitarfélögum í formi byggðasamlags eða annars félagaforms eða með samningum við einkaaðila um að þeir flytji heimilisúrgang til móttökustöðvar. Jafnframt skulu sveitarfélög bera ábyrgð á að starfræktar séu móttökustöðvar og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Einnig er algengt að sveitarfélög sameinist um rekstur móttökustöðva.

Gert er ráð fyrir að sveitarstjórnum verði eins og verið hefur heimilt að setja samþykktir þar sem tilgreint er nánar en greinir í lagafrumvarpi þessu og reglugerðum hvernig meðhöndla skuli úrgang. Slíkar samþykktir hafa víða verið settar af sveitarfélögum á grunni 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í samþykktunum hefur jafnan verið fjallað um fleiri svið hollustuhátta og mengunarvarna en meðhöndlunar á úrgangi og má búast við því fyrirkomulagi áfram. Í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eru formreglur um slíkar samþykktir. Meðal þeirra atriða sem sveitarfélög geta sett í samþykktir þessar eru ákvæði um flokkun á úrgangi og aðra meðhöndlun hans í samræmi við frumvarp þetta, t.d. 10. gr. frumvarpsins. Einnig geta sveitarfélög notað samþykktir sem tæki til að ná mark-

miðum áætlana sveitarstjórnar um meðhöndlun úrgangs, svo sem að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er kveðið á um starfsleyfisskyldu móttökustöðva fyrir úrgang og hvaða yfirvald veitir starfsleyfi.

Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um að móttökustöð fyrir úrgang hafi gilt starfsleyfi. Ákvæðið tekur mið af 8. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og reglugerð um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999. Ekki er hér gert ráð fyrir breytingu á því hvaða aðilum er skylt að hafa starfsleyfi. Skv. 2. mgr. er það hlutverk Hollustuverndar ríkisins að gefa út starfsleyfi fyrir móttökustöðvar. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar fyrir úrgang. Dæmi eru hins vegar um að söfnunarstöðvar séu reknar í tengslum við móttökustöðvar. Í slíkum tilvikum er hagræði af því að aðeins einn aðili gefi út starfsleyfið.

Samkvæmt 3. mgr. er Hollustuvernd ríkisins heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi sem verður til á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins sem varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi. Dæmi eru um að rekstraraðilar stærri iðnaðarfyrirtækja sjái sér hag í því að annast sjálfir förgun iðnaðarúrgangs frá starfseminni. Rétt þykir að í slíkum tilvikum sé gefið út eitt starfsleyfi sem tekur á öllum þáttum starfseminnar. Slíkt starfsleyfi yrði gefið út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í 4. og 5. mgr. eru ákvæði um endurskoðun starfsleyfa. Rekstraraðili skal skv. 4. mgr. tilkynna Hollustuvernd ríkisins um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með hæfilegum fyrirvara. Þykir rétt að rekstraraðili tilkynni um allar breytingar á rekstrinum sem varðað geta starfsleyfið. Þar sem breytingar eru eðli málsins samkvæmt misjafnar að umfangi verður það að miðast við umfang breytinganna hvað telst hæfilegur fyrirvari hverju sinni.

Samkvæmt 6. mgr. skal ekki gefa út starfsleyfi fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli koma fram í umsókn um starfsleyfi og hvaða gögn skuli fylgja slíkri umsókn. Er hér höfð hliðsjón af 7. gr. tilskipunar um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun, nr. 785/1999, sbr. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru sérákvæði um atriði sem koma skulu fram í umsóknum um starfsleyfi fyrir urðunarstaði annars vegar og brennslustöðvar hins vegar.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um gildissvið starfsleyfis. Er hér m.a. höfð hliðsjón af 9. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Þykir nauðsynlegt að vel sé afmarkað í starfsleyfi til hvaða starfsemi það tekur. Starfsleyfið er bundið við tiltekinn rekstraraðila og tiltekna staðsetningu enda er í 8. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að metið sé hvort rekstraraðili hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna móttökustöð. Einnig má búast við að staðsetning, þ.e. umhverfi móttökustöðvar, hafi áhrif á ákvæði starfsleyfisins.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um almenn starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöðvar. Er hér höfð hliðsjón af 8. og 9. gr. tilskipunar um urðun úrgangs, IV.–VI. kafla gildandi reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun og 18. gr. reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Þykja þessi almennu ákvæði eiga jafnt við allar móttökustöðvar. Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru hins vegar sérákvæði sem varða urðunarstaði annars vegar og brennslustöðvar hins vegar.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um að starfsleyfishafi skuli árlega skila Hollustuvernd ríkisins skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er, heildarmagn og árangur af vöktunaráætlun sem kveðið er á um í 16. og 17. gr. Er hér höfð hliðsjón af 9. gr. tilskipunarinnar um urðun úrgangs. Skv. 20. gr. reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999, skal Hollustuvernd ríkisins sjá um að þriðja hvert ár verði tekið saman yfirlit yfir meðhöndlun úrgangs. Tilskipun um urðun úrgangs kveður á um að rekstraraðili sendi eftirlitsaðila umræddar upplýsingar árlega. Út frá þessum upplýsingum er m.a. unnt að leggja mat á hvort áætlanir um að minnka þann úrgang sem fer til förgunar ganga eftir. Heimilt er að gera grein fyrir þessum atriðum í skýrslu um grænt bókhald sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir kveða á um eða ársskýrslu starfsleyfishafa ef sömu upplýsingar er að finna þar. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skulu móttökustöðvar af tiltekinni stærð færa grænt bókhald, sbr. 5. tölul. fylgiskjals II með þeim lögum.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru almenn fyrirmæli um meðhöndlun úrgangs. Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Jafnframt skal allur úrgangur meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur. Eins og fram kemur í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn ákveði fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Í 13. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra setji ákvæði í reglugerð um móttöku einstaka tegunda úrgangs og úrgangsflokka í móttökustöð, sem og kröfur um aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs. Er hér höfð hliðsjón af markmiðum frumvarpsins og 6. gr. gildandi reglugerðar um úrgang, nr. 805/1999. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli um meðhöndlun úrgangs verði sett í reglugerð, sbr. 13. gr. frumvarpsins, og samþykktir sveitarfélaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um gjaldtöku fyrir meðhöndlun úrgangs. Annars vegar gjald sem rekstraraðila er skylt að innheimta og hins vegar gjaldtöku sveitarfélags vegna meðhöndlunar úrgangs en meðhöndlun úrgangs er mun víðtækari en förgun hans eins og fram kemur í skýringu hugtaksins í 3. gr. frumvarpsins Skilið er á milli gjaldtöku sveitarfélaga og gjaldtöku rekstraraðila móttökustöðvar fyrir úrgang þar sem rekstraraðili móttökustöðvar kann að vera annar en viðkomandi sveitarfélag og þá sérstakur lögaðili, svo sem byggðasamlag eða einkaaðili.

Gjaldtaka rekstraraðila vegna meðhöndlunar úrgangs skal standa undir kostnaði við förgun úrgangsins. Ákvæðið tekur mið af 10. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Greinin gerir þær kröfur að gjald sem rekstraraðili urðunarstaðar tekur fyrir förgun hvers kyns úrgangs á urðunarstað skuli nægja fyrir uppsetningu og starfrækslu urðunarstaðarins, áætluðum kostn-

aði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunarinnar í a.m.k. 30 ár, og að svo miklu leyti sem hægt er, kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr. þessa frumvarps. Kröfur tilskipunarinnar eru í samræmi við svokallaða mengunarbótareglu, þ.e. PPP-regluna (e. polluter-pays-principle) sem er hluti af rétti Evrópusambandsins og er að finna sem markmið samningsaðila í 2. mgr. 73. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglan felur í sér að mengunarvaldur beri kostnað af mengun sem hann veldur. Þótt tilskipunin gildi einungis um urðun úrgangs þótti æskilegt við gerð þessa frumvarps að samræmis yrði gætt í gjaldtökuákvæði um aðra staði sem sjá um förgun á úrgangi en urðunarstaða, svo sem brennslustöðva. Þetta fyrirkomulag hefur í för með sér að gjaldtaka í sveitarfélögum þar sem úrgangur er brenndur verður sambærileg við gjaldtöku í sveitarfélögum þar sem úrgangur er urðaður.

Gert er ráð fyrir því að sveitarfélag geti innheimt gjald fyrir meðhöndlun úrgangs á grundvelli mælinga á magni úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágangi úrgangs og annarra þátta sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Nokkur sveitarfélög hafa unnið að því að mæla þann úrgang sem til fellur frá hverju heimili fyrir sig og er það fyrsta skrefið í átt að gjaldtöku í samræmi við úrgangsmagn. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að heimilt verði að innheimta fast gjald fyrir meðhöndlun úrgangs á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpíláta og/eða þjónustustig. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Þykir eðlilegt að greitt sé mismunandi gjald eftir því hvort er um að ræða t.d. sumarhús eða íbúðarhús þar sem umfang þjónustunnar er eðli málsins samkvæmt mismunandi. Þá er ljóst að heildartekjur sveitarfélags á grundvelli framangreinds gjalds mega ekki vera hærri en nemur heildarkostnaði sveitarfélagsins við meðhöndlun úrgangsins.

Sveitarfélögum er heimilt að hafa með sér samstarf um meðhöndlun úrgangsins, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga. Algengasta fyrirkomulag slíks samstarfs er byggðasamlagsform. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir því að gjaldskrá sé sett af stjórn byggðasamlagsins og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er samið með hliðsjón af 27. gr. reglugerðar ráðsins um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu, 259/93/EBE, sbr. reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 377/1994. Tilskipunin er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt hefur Ísland fullgilt svokallaðan Baselsamning aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra. Í 6. gr. samningsins er sambærilegt ákvæði og í 27. gr. framangreindrar reglugerðar ráðsins. Þykir eðlilegt að kveðið sé á um slík atriði í lögum. Tilgangur slíkrar tryggingar er að móttökuríki sitji ekki uppi með kostnað sem flutningur úrgangs milli landa kann að hafa í för með sér.

Um 13. gr.

Samkvæmt 13. gr. skal gefa út reglugerð með nánari fyrirmælum á grundvelli laganna. Í a-lið er kveðið á um að skilgreina skuli nánar spilliefni og annan úrgang í reglugerð. Eins og áður segir er í gildi reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang þar sem spilliefni og úrgangur eru tilgreind með raðnúmerum. Gert er ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði viðhaft áfram.

Samkvæmt b-lið skal setja reglur um takmarkanir og bönn við blöndun, móttöku og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka og skv. c-lið skal setja nánari reglur um

aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs. Skv. 5. gr. tilskipunar um urðun úrgangs skal ekki tekið við fljótandi úrgangi, úrgangi sem er samkvæmt tilteknum viðmiðunum sprengifimur, ætandi, eldnærandi eða eldfimur, klínískum úrgangi og hjólbörðum eftir tiltekið tímamark. Nauðsynlegt er að þessi atriði hvert um sig séu nánar skilgreind í reglugerð. Tilskipun um úr sér gengin ökutæki, 2000/53/EB, kveður á um endurvinnslu ökutækja og hluta þeirra. Er því nauðsynlegt að setja reglur um móttöku þeirra.

Samkvæmt d-lið skal setja reglur um hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva. Í 4. gr. tilskipunar um urðun úrgangs eru urðunarstaðir flokkaðir í þrjá meginflokka eða tegundir og í 6. gr. tilskipunarinnar er tilgreint hvers konar úrgang heimilt er að urða í hverjum flokki fyrir sig. Sama getur átt við um brennslustöðvar. Þykir nægja að setja ákvæði af þessu tagi í reglugerð.

Rétt þykir að kveðið verði nánar á um innihald áætlana skv. 4. gr. og starfsleyfistryggingu skv. 15. gr., sbr. e- og f-lið ákvæðisins.

Í g–j-lið er gert ráð fyrir að settar verði nánari reglur um þar tilgreind atriði í reglugerð. Hér er um að ræða tæknileg atriði sem útfærð eru nánar eftir eðli og stærð móttökustöðva. Í tilskipun um urðun úrgangs er m.a. kveðið á um meðhöndlun og söfnun á hauggasi og sigvatni og hvernig staðið skal að lokun urðunarstaðar.

Í 11. tölul. er gert ráð fyrir að settar verði nánari reglur um eftirlit með útflutningi, umflutningi og innflutningi úrgangs, þ.m.t. ábyrgð skv. 12. gr. Er nú kveðið á um þessi atriði í reglugerð um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 377/1994, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er kveðið um þau atriði sem tilgreina skal í umsókn um starfsleyfi fyrir urðunarstað, umfram þau atriði sem getið er í 6. gr. frumvarpsins. Er hér höfð hliðsjón af 7. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Þar sem úrgangi er komið fyrir á eða í landi skiptir vatnafar og jarðfræði staðarins meginmáli við mat á viðeigandi mengunarvörnum.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er kveðið á um fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja. Ákvæði þetta tekur einkum mið af 8. gr. tilskipunar um urðun úrgangs.

Búist er við að einkum geti reynt á slíka tryggingu þegar rekstraraðili hefur hætt starfsemi, starfsleyfi er ekki lengur í gildi og ekki er unnt að beita þvingunarúrræðum gagnvart starfsleyfishafa. Er því gert ráð fyrir því að tryggingin geti staðið til fullnustu þess að vöktun og sýnataka í kjölfar lokunar fari fram, enda gerir tilskipunin ráð fyrir því að tryggingunni sé haldið svo lengi sem rekstraraðila er skylt að vakta urðunarstaðinn.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst því viðhorfi sínu að heimilt sé að byggja upp tryggingasjóð jafnt yfir rekstrartímabil urðunarstaðarins. Rétt þykir þó að rekstraraðili hafi val um leiðir í þessu sambandi og meti hvaða leið er hagkvæmust. Hollustuvernd ríkisins skal hins vegar meta hvort viðkomandi trygging telst fullnægjandi.

Samkvæmt tilskipun um urðun úrgangs er heimilt að undanþiggja urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang ákvæði þessu. Lagt er til að svo verði gert þar sem mengunarhætta frá slíkum urðunarstöðum er mun minni en þar sem um er að ræða úrgang sem brotnar smám saman niður á löngum tíma.

Samkvæmt 3. mgr. má ekki gera aðför í starfsleyfistryggingu nema til fullnustu skyldu rekstraraðila til aðgerða í samræmi við starfsleyfi. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að heimilt sé að veita einkaaðilum starfsleyfi til að reka urðunarstað. Almennt standa sveitarfélög að rekstri urðunarstaða, ýmist sjálf eða með rekstri sérstakra sorpsamlaga. Skv. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, standa heildareignir sveitarfélags til tryggingar skuldbindingum þess. Eigi má gera aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitarfélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta skv. 4. mgr. sömu greinar. Skv. 37. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum, má hins vegar gera aðför í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Með hliðsjón af tilgangi starfsleyfistryggingar þykir því nauðsynlegt að undanþiggja hana aðför. Tryggingin skal jafnframt undanskilin þrotabúi rekstraraðila verði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta innan 30 ára frá lokun urðunarstaðarins. Skv. 72. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekkt vegna gjaldþrotaskiptanna. Gert er ráð fyrir að vöktun eftir að urðunarstað er lokað muni kosta rekstraraðila u.þ.b. 45.000.000 kr. miðað við hámarkstíðni vöktunar samkvæmt tilskipuninni. Er því um að ræða verulegar fjárhæðir. Með þessu á því að vera tryggt að tryggingafé standi óhreyft til fullnustu kröfu um vöktun.

Almennt eru urðunarstaðir reknir af sveitarfélögum eða byggðarsamlögum þeirra. Með vísan til 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sá möguleiki fyrir hendi að þau sveitarfélög sem standa að rekstri viðkomandi urðunarstaðar ábyrgist gagnvart Hollustuvernd ríkisins þá fjárhæð sem starfsleyfistrygging miðast við.

Um 16. gr.

Samkvæmt 16. gr. skal rekstraraðili fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum, sbr. ákvæði frumvarpsins, reglugerða sem um reksturinn gilda og starfsleyfi. Í 12. gr. og III. viðauka tilskipunar um urðun úrgangs eru reglur um vöktun á rekstrarskeiði. Unnt er að gera viss frávik frá tíðni mælinga og sýnatöku ef strjálli mælingar og sýnataka telst nægileg. Taka verður mið af eðli og stærð hvers urðunarstaðar fyrir sig þegar tíðni mælinga og sýnatöku er ákveðin.

Um 17. gr.

Í 17. gr. eru ákvæði um lokun urðunarstaðar. Er hér einkum tekið mið af 13. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Í 1. mgr. segir að urðunarstað teljist ekki endanlega lokað fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang, metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Hollustuvernd ríkisins hefur veitt samþykki fyrir lokun. Hafi Hollustuvernd ríkisins falið öðrum aðila eftirlitið skal stofnunin samt sem áður taka ákvörðun um hvort heimilt er að loka urðunarstaðnum.

Samkvæmt 2. mgr. ber rekstraraðili urðunarstaðar ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins, vöktun og greiningu á hauggasi og sigvatni sem berst frá urðunarstaðnum og greiningu grunnvatns í nágrenni staðarins svo lengi sem telja má að mengunarhætta stafi af urðunarstaðnum. Með viðhaldi urðunarstaðarins er átt við að fylgst sé með breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið. Í 13. gr. tilskipunar um urðun úrgangs er það tímabil sem rekstraraðili ber ábyrgð á vöktun í kjölfar lokunar ekki tiltekið. Hins vegar er kveðið á um það í 10. gr. tilskipunarinnar að leggja skuli fram tryggingu fyrir því að urðunarstaðurinn

verði vaktaður í a.m.k. 30 ár. Sinni rekstraraðili ekki skyldu sinni samkvæmt ákvæði þessu er unnt að ganga að tryggingu þeirri sem gert er ráð fyrir í 15. gr. Búist er við að í flestum tilvikum komi fram á 30 ára tímabili hugsanleg mengun frá urðunarstaðnum. Afmarka skal það svæði þar sem vöktun og sýnataka fer fram samkvæmt ákvæðinu áður en starfsleyfi er gefið út. Talið er unnt að meta fyrir fram það svæði sem rekstraraðili þarf að gera ráð fyrir að hafa til umráða til að geta sinnt þessari skyldu. Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins varðandi vöktun skal Hollustuvernd ríkisins láta vinna verkið á kostnað rekstraraðila. Starfsleyfistrygging rekstraraðila skv. 15. gr. skal þá leyst út til greiðslu verksins.

Þegar um er að ræða tiltekna urðunarstaði í afskekktum byggðum getur Hollustuvernd ríkisins veitt undanþágu frá sýnatöku eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi þess úrgangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað. Hugtakið afskekkt byggð er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Hollustuvernd ríkisins skal skv. 3. mgr. endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar. Við þá endurskoðun er unnt að meta m.a. hvort unnt er að draga úr vöktun.

Í 4. mgr. er kveðið á um að rekstraraðili skuli tilkynna Hollustuvernd ríkisins um hvers kyns skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við vöktunina og hlíta ákvörðun stofnunarinnar um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta.

Í 5. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að gefa rekstraraðila fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og eftirlit með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður þótt rekstraraðili hafi ekki umráð yfir viðkomandi landsvæði. Eigandi eða umráðamaður lands þar sem eftirlit fer fram samkvæmt ákvæði þessu skal hlíta því að rekstraraðili framkvæmi lokunar- og vöktunar- og eftir atvikum hreinsunaraðgerðir eftir lokun urðunarstaðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Þannig er leitast við að tryggja að rekstraraðili geti sinnt vöktun með þeim stað þar sem hann hefur urðað á þrátt fyrir að hann hafi ekki eignar- eða afnotarétt af landsvæðinu eftir að rekstri er lokið eða ef nauðsynlegt reynist að taka t.d. grunnvatnssýni utan þess svæðis sem afmarkað var í upphafi. Þá þykir nauðsynlegt að kveða á um að heimilt sé að leita aðstoðar lögreglu við að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir samkvæmt ákvæði þessu ef eigandi eða umráðamaður lands veitir ekki aðgang að landi sínu. Er hér höfð hliðsjón af 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Í 6. mgr. er kveðið á um að verði eigandi eða umráðamaður lands sannanlega fyrir tjóni, svo sem vegna jarðrasks og átroðnings vegna framkvæmdar þessa ákvæðis skuli rekstraraðili bæta það tjón. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Er hér höfð hliðsjón af 28. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og 2. málsl. 1. gr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Hollustuvernd ríkisins skal láta þinglýsa fyrirmælum um vöktun og umsjón með urðunarstað eftir að honum er lokað á viðkomandi fasteign. Jafnframt skal slíku skjali aflýst þegar vöktunartímabili telst lokið. Rekstraraðili skal bera kostnað af þinglýsingu og aflýsingu.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu eru tilgreind þau atriði sem nauðsynlegt þykir að fram komi í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöðvar svo að unnt sé að leggja mat á viðeigandi mengunarvarnir sbr. 8. og 19. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu eru sett fram þau skilyrði starfsleyfis fyrir brennslustöðvar sem eru umfram þau almennu skilyrði starfsleyfis sem fram koma í 8. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni með það að markmiði að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfi og heilsu manna. Er hér höfð hliðsjón af reglugerð um sorpbrennslustöðvar, nr. 808/1999, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs, 2000/76/EB.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að mæla skuli styrk mengandi efna í útblásturslofti brennslustöðva og skuli setja nánari ákvæði þar um í starfsleyfi og reglugerð, sbr. ákvæði sem fram koma í h- og i-lið 13. gr. frumvarpsins. Einnig er kveðið á um að sýni mælingar að farið hafi verið yfir losunarmörk sem tilgreind eru í starfsleyfi skuli rekstraraðili gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að brennslustöðin fullnægi kröfum um losunarmörk ella skuli starfsemi stöðvarinnar hætt. Þessar aðgerðir geta m.a. falist í viðgerð, að hætt verði mötun tiltekins úrgangs eða starfsemi stöðvarinnar verði alfarið hætt.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit og valdsvið samkvæmt frumvarpinu. Í 1. mgr. kemur fram að Hollustuvernd ríkisins annist eftirlit með því að starfsleyfishafi sem hún veitir starfsleyfi fari að ákvæðum starfsleyfis. Gert er ráð fyrir að Hollustuvernd ríkisins geti falið heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði eftirlit og stofnunin geti með samningi falið faggiltum skoðunaraðilum eftirlit, í samræmi við 24. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þegar framsal hefur átt sér stað á eftirlitsvaldi hafi það stjórnvald sem veitt hefur starfsleyfi eitt vald til að taka ákvarðanir um þvingunarúrræði gagnvart starfsleyfishafa, en skyldur starfsleyfishafa við framkvæmd eftirlits eru þó hinar sömu gagnvart eftirlitsaðilanum, sbr. t.d. 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gert ráð fyrir að gjald fyrir útgáfu starfsleyfis og eftirlit verði ákveðið á sama hátt og verið hefur og er því vísað til ákvæða í 12. og 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr.

Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins má kæra ákvarðanir Hollustuverndar ríkisins um útgáfu starfsleyfis skv. 5. gr. til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun stofnunarinnar eins og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir gera ráð fyrir vegna þeirra starfsleyfa sem gefin eru út á grundvelli þeirra laga.

Frumvarp þetta fjallar um verkefni og valdsvið Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda eins og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mikilvægt og eðlilegt er að sambærilegar reglur um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög þessara stjórnvalda eigi við um starfsemi þeirra vegna meðhöndlunar á úrgangi. Er gert því ráð fyrir skv. 5. mgr. ákvæðisins að VI., VII. og VIII. kafli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir gildi um framangreind atriði samkvæmt frumvarpi þessu, sbr. 4. mgr. greinarinnar.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skulu rekstraraðilar urðunarstaða sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara fyrir 1. maí 2003 senda Hollustuvernd ríkisins áætlun um hvernig

unnt er að laga rekstur urðunarstaðarins að ákvæðum laga þessara. Er hér höfð hliðsjón af 14. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um sérstakar áætlanir um aðlögun að tilskipuninni. Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til lögleiðingar innan tveggja ára frá gildistöku hennar. Sá frestur rann út 16. júlí 2001, sbr. almennar athugasemdir með frumvarpi þessu. Gerir 14. gr. tilskipunarinnar ráð fyrir að umræddar áætlanir verði sendar innan árs frá þeim tíma. Ekki er talið raunhæft að gera kröfu um að rekstraraðilar skili áætlunum örfáum vikum eða mánuðum eftir gildistöku laga þessara og er því lagt til að þeim verði gefinn ársfrestur frá gildistöku laga þessara.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skulu urðunarstaðir í rekstri við gildistöku laga þessara uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009 en þeim lokað ella. Er hér jafnframt höfð hliðsjón af 14. gr., sbr. 18. gr. tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um undanþáguheimildir að því er varðar vöktun á urðunarstöðum af tiltekinni stærð í eyjum hér við land sem eru í rekstri við gildistöku laganna. Tilskipun um urðun úrgangs gerir ráð fyrir að slíkar undanþágur verði einungis gerðar vegna urðunarstaða sem eru í rekstri en að nýir urðunarstaðir uppfylli kröfur tilskipunarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins skal í reglugerð kveðið nánar á um aðlögun starfandi urðunarstaða í áföngum. Í 14. gr. tilskipunarinnar skulu tiltekin ákvæði tilskipunarinnar sem ýmist eru útfærð í frumvarpi þessu eða sem gert er ráð fyrir að útfærð verði í reglugerð koma til framkvæmda innan árs og önnur innan þriggja ára að því er varðar urðunarstaði fyrir spilliefni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Markmið frumvarpsins er að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum skaða í umhverfinu. Um meðhöndlun úrgangs gilda nú lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gert er ráð fyrir að ákvæði þeirra laga gildi áfram um starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar.

Í frumvarpinu eru hertar kröfur varðandi umsóknir og skilyrði starfsleyfa fyrir móttökustöðvar og urðunarstaði úrgangs. Umsækjandi um starfsleyfi fyrir urðunarstað skal auk þess leggja fram fjárhagslega tryggingu fyrir áætluðum kostnaði við lokun staðarins og mengunareftirlit með honum í a.m.k. 30 ár eftir að starfsemi þar lýkur. Áætlað er að vöktun urðunarstaðar í 30 ár frá lokun hans geti kostað um 45 m.kr. Fjár til greiðslu alls kostnaðar við uppsetningu, rekstur, lokun og eftirlit móttökustöðva og urðunarstaða úrgangs skal aflað með gjaldi á móttekinn úrgang.

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs aukist sérstaklega verði frumvarp þetta að lögum. Kostnaður ríkisins við sorpförgun kann þó að aukast þurfi rekstraraðilar móttökustöðva og urðunarstaða úrgangs að hækka gjaldskrár sínar til að standa undir kostnaði við að fullnægja strangari kröfum í starfsleyfi.

1051. Frumvarp til laga [652. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 51. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, enda fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu umsögn ökukennara um árangur þar sem mælt verði með útgáfu fullnaðarskírteinis,
b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar.

Nú fullnægir hlutaðeigandi skilyrðum a-liðar en ekki skilyrðum b-liðar 5. mgr. og skal þá gefa út bráðabirgðaskírteini á ný að loknum gildistíma þess.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ökupróf“ í b-lið kemur: og akstursmat.
b. Á eftir orðinu „próf“ í d-lið kemur: akstursmat.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 6. mgr. kemur: Lögreglustjóri.

4. gr.

3. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna, sbr. lög nr. 37/1996, fellur brott.

5. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 48/1997, fellur brott.

6. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Umferðarstofnun annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála, sbr. 112. gr. Umferðarstofnun skal veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu.

Umferðarstofnun skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

7. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 44/1993, orðast svo:

Hlutverk Umferðarstofnunar er að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,

b. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
c. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi í samvinnu við Löggildingarstofu,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál,
e. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
f. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
g. annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð,
h. annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum og
k. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Umferðarstofnun er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofnunar og staðfestir skipurit hennar og skiptingu í starfsdeildir.

8. gr.

113. gr. laganna, sbr. lög nr. 138/1996, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofnunar til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofnunar og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

9. gr.

114. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, 138/1996 og 83/1997, orðast svo:

Til Umferðarstofnunar renna þessi gjöld:
a. gjöld fyrir skráningu ökutækja, sbr. 64. gr.,
b. gjöld fyrir skráningarmerki, sbr. 64. gr.,
c. gjöld fyrir gerðarviðurkenningu, sbr. 64. gr.,
d. gjöld fyrir einkamerki, sbr. 64. gr. a,
e. umferðaröryggisgjald, sbr. 2. mgr.,
f. önnur gjöld sem Umferðarstofnun innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmálaráðherra.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofnunar, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofnunar af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

10. gr.

115. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 147/1995, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar Umferðarráð til þriggja ára í senn. Meginhlutverk þess skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Umferðarráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um

fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í Umferðarráð án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa ráðsins skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Dómsmálaráðherra skipar stjórn Umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og einum aðila samkvæmt tilnefningu Umferðarráðs. Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi Umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnar Umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í Umferðarráði ólaunuð.

Umferðarstofnun leggur Umferðarráði til framkvæmdastjóra og starfsaðstöðu.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.

11. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

12. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráðs“ í 2. málsl. 117. gr. laganna kemur: Umferðarstofnunar.

13. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Umferðarstofnun, Umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.**

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002. Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skipar verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofnunar og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofnunar.

Störf hjá Umferðarráði eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki Umferðarráðs skulu boðin störf hjá Umferðarstofnun. Heimilt er að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofnun í samræmi við ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofnunar.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Skráningarstofunni hf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga, nr. 50/1987, sem fjalla um stjórnsýslu bifreiðamála og ökuréttindi. Frumvarpið er unnið í dómsmálaráðuneytinu þar sem bæði þessi atriði hafa verið til skoðunar undanfarin ár.

Meginefni frumvarpsins eru tillögur um að koma heildstæðu skipulagi á stjórnsýslu umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmálaráðuneytisins og fela þau einni stofnun sem fái heitið Umferðarstofnun.

Með þessu er að því stefnt fyrst og fremst að tryggja markvissa framkvæmd umferðaröryggismála í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda.

Hins vegar eru lagðar til í frumvarpinu breytingar á ákvæðum laganna sem fjalla um skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis og að komið verði á svokölluðu akstursmati með það að markmiði að auka kröfur til ungra ökumanna. Byggt er á tillögum starfshóps sem dómsmálaráðherra skipaði haustið 2000 til að fara yfir umferðarlög og reglur settar á grundvelli þeirra í þeim tilgangi að gera tillögur og ábendingar um atriði sem betur mættu fara í því skyni að auka umferðaröryggi og bæta umferðina. Á 126. löggjafarþingi vorið 2001 lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp til að koma í framkvæmd tillögum starfshópsins, þ.m.t. breytingartillögur sem gerðar eru í þessu frumvarpi. Það er nú lagt fram á ný með nokkrum minni háttar breytingum.

Meginmarkmiðið með endurskoðun á stjórnsýslu bifreiðamála er að koma á heildstæðu skipulagi á þessu sviði. Er það talið nauðsynlegt til að tryggja markvissari framkvæmd umferðaröryggismála með því að sameina á einum stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og fleiri verkefni sem tengjast ökutækjum og umferð. Einnig næst með þessu rekstrarleg hagkvæmni, m.a. vegna samnýtingar sérhæfðs húsnæðis, búnaðar og starfskrafta.

Stjórnsýsla bifreiðamála hefur verið til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu undanfarin ár. Ýmsir möguleikar á samvinnu og samþættingu starfsemi Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs hafa verið skoðaðir með það fyrir augum að styrkja stjórnsýslu bifreiðamála og auka umferðaröryggi. Niðurstaða ráðuneytisins er að heppilegast sé að sameina Skráningarstofuna hf. og Umferðarráð í eina stofnun með viðeigandi breytingum á lögum, sbr. frumvarp þetta, þannig að stofnunin hafi frá upphafi trausta stoð undir sameinaðri starfsemi innan Umferðarstofnunar.

Með sameiningu á starfsemi þessara tveggja aðila næst margt fram. Má þar nefna að þá starfa innan sömu stofnunar aðilar sem vinna að reglum um gerð og búnað ökutækja, skráningu bifreiða, umferðarfræðslu og umferðaröryggi. Sérþekking þessara aðila ætti að geta nýst heildstætt innan stofnunarinnar, sem skilar sér í auknu öryggi í umferðinni. Stofnun sem fjallar heildstætt um bifreiða- og umferðaröryggismál er einnig mjög vel í stakk búin til að sinna því hlutverki að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál og taka þátt í að gera tillögur að reglum er varða ökutæki og umferð á innlendum vettvangi og vettvangi EES-samstarfsins. Þá má einnig nefna að í tillögum starfshóps um umferðaröryggisáætlun stjórnvalda um fækkun alvarlegra umferðarslysa til ársins 2012 er lagt til að stjórnsýsla umferðaröryggismála verði gerð skýrari þannig að verkaskipting þeirra stjórnvalda sem að málinu koma verði gleggri. Frumvarp þetta er skýrt skref í þá átt.

Ekki er gert ráð fyrir því að samruni Umferðarráðs og Skráningarstofunnar hf. í Umferðarstofnun leiði til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra skuli setja á laggirnar verkefnisstjórn sem vinni að nauðsynlegum undirbúningi að stofnun Umferðarstofnunar og taka ákvarðanir um endanlega vistun verkefna sem nú eru unnin af Skráningarstofunni hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að tveimur málsgreinum verði bætt við 51. gr. umferðarlaganna sem kveði á um sérstök skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini. Þessi skilyrði eru að hlutaðeigandi hafi farið í akstursmat eftir að hafa haft bráðabirgðaskírteini í a.m.k. eitt ár og að viðkomandi hafi ekki undanfarandi ár fengið

punkta í punktakerfi ökumanna eða verið án ökuréttar vegna sviptingar. Skv. 2. mgr. 51. gr. umferðarlaganna er bráðabirgðaskírteini gefið út til byrjanda og gildir í tvö ár. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um fullnaðarskírteini þegar umsækjandi hefur haft bráðabirgðaskírteini í eitt ár.

Með því að heimila ökumönnum að fá fullnaðarskírteini eftir eitt ár í staðinn fyrir tvö, eftir áfallalausan akstursferil og að undangengnu akstursmati er verið að umbuna þeim sem hafa staðið sig vel í umferðinni. Það hefur jafnframt þau hvetjandi áhrif á unga ökumenn að vanda sig við akstur. Á sama hátt stefnir frumvarpið að því að lengja tímann fram að útgáfu fullnaðarskírteinis ef í ljós kemur að ökumaður með bráðabirgðaskírteini hefur fengið punkta í punktakerfi ökumanna eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar. Við þær aðstæður verður gefið út nýtt bráðabirgðaskírteini skv. 2. mgr. 51. gr. að loknu akstursmati.

Sú staðreynd er vel þekkt að ungir og reynslulitlir ökumenn valda hlutfallslega fleiri slysum en aðrir í umferðinni. Þetta kemur ekki á óvart þar sem augljóst er að ökumaður nær aukinni færni eftir því sem hann öðlast meiri reynslu af akstri. Í þessu sambandi hefur því verið hreyft hvort rétt væri að hækka ökualdur en hann er víða hærri en hér á landi. Fyrir þessu hafa verið færð þau rök að draga muni úr slysatíðni hjá byrjendum ef þeir hefja akstur eldri og þroskaðri. Þetta hefur þó ekki verið leitt í ljós með óyggjandi hætti, enda verður ekki fullyrt að hærri aldri fylgi aukin þekking á umferðarreglum né er örugg vissa fyrir því að eldri ökumenn brjóti í minna mæli umferðarreglur. Þá þykir heppilegra að reynt verði að sporna við slysum hjá ungum ökumönnum með öðrum og vægari aðgerðum sem byggja á fræðslu og hvatningu til ungra ökumanna um að fylgja umferðarreglum. Slíkar aðgerðir byggjast á trausti og taka mið af því að vel flestir ungir ökumenn eru til fyrirmyndar í umferðinni. Þessi viðhorf eru lögð til grundvallar hér og er lagt til að frekar verði aðgreint milli bráðabirgðaökuskírteinis og fullnaðarskírteinis með því að setja áðurgreind skilyrði fyrir því að gefið verði út fullnaðarskírteini. Þessi skilyrði fela í sér aðhald fyrir byrjendur í umferðinni og hvetja þá til að fara að umferðarreglum og stuðla að því að þeir leitist við að efla þjálfun sína fyrir akstursmat sem gangast verður undir áður en fullnaðarskírteini er gefið út eða bráðabirgðaskírteini er endurútgefið.

Akstursmat er endurskoðun á aksturshættum og öryggi í umferði. Tilgangur þess er að stilla saman viðhorf og sjálfsmat ökumanns og raunverulega getu hans í umferðinni. Gert er ráð fyrir að akstursmat fari fram hjá ökukennara. Hann skráir niður allt sem aðfinnsluvert er og eins það sem gott er í aksturslagi ökumannsins. Miðað er við að akstursmat taki um 40 mínútur í umferðinni og fari fram á bifreið sem umsækjandi hefur til umráða. Eftir aksturinn lýsir ökumaður sjálfur skoðun sinni á akstrinum og hvað hefði mátt betur fara. Að loknu akstursmatinu gefur ökukennari umsögn um hæfni ökumannsins. Telji hann ökumann vel hæfan kveður hann á um þann árangur í umsögninni og getur mælt með því að hann fái útgefið fullnaðarskírteini. Nánar verður kveðið á um framkvæmd og umfangs akstursmats í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir að akstursmatið verði jafnumfangsmikið og verklegt ökupróf. Ef ökukennari fellst hins vegar ekki á að mæla með því í umsögn sinni að ökumaður fái útgefið fullnaðarskírteini verður ökumaður að bíða þar til gildistími bráðabirgðaskírteinis, sbr. 2. mgr. 51. gr., rennur út. Þó ber að árétta skilyrði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um að bráðabirgðaskírteini skuli gefa út á ný að loknum gildistíma þess hafi ökumaður á undanfarandi einu ári fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar. Umsækjandi verður þó alltaf að gangast undir akstursmat áður en bráðabirgðaskírteini er endurútgefið.

Eðlilegt er að árangur þessa nýja úrræðis verði kannaður að liðnum nokkrum tíma frá því að akstursmati er komið á. Stefnt er að slíkri úttekt að liðnum þremur árum frá gildistöku

laganna og þá lagt mat á það hvort reglur um akstursmat hafa skilað árangri, t.d. í fækkun slysa í umferðinni þar sem ungir ökumenn eiga í hlut eða fækkun brota þessa aldurshóps. Með hliðsjón af þeim niðurstöðum verður metið hvort rétt sé að stefna að því að hækka ökuskírteinisaldur.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji reglur um akstursmat, svo og um gjaldtöku fyrir akstursmat.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögreglustjórar taki við hlutverki dómsmálaráðherra að því er varðar löggildingu ökukennara og sviptingu ökukennararéttinda. Er eðlilegt að færa þetta hlutverk til lögreglustjóra. Lögreglustjórar annast útgáfu ökuréttinda. Heppilegt er að sama stjórnvald fari með þessi mál, enda er könnun gagna hliðstæð. Lögreglustjóri getur betur fylgst með ökuferli ökukennara en ráðuneyti og hefur hann þannig betri möguleika á að koma að ákvörðun um sviptingu ökukennararéttinda. Jafnframt skapast færi á að tilgreina löggildingu ökukennararéttinda í ökuskírteini hlutaðeigandi. Umferðarstofnun hefur hins vegar eftirlit með starfi ökukennara, sbr. ákvæði 7. gr. frumvarpsins, og getur gert lögreglustjóra viðvart ef ástæða þykir til viðbragða gagnvart löggildingu.

Þá er í 7. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að Umferðarstofnun veiti leyfi til að starfrækja ökuskóla en ekki er nú sérstaklega tekið fram í lögunum að slík leyfi skuli gefin út. Umferðarráð hefur veitt leyfi fyrir ökuskólum til að öðlast aukin ökuréttindi.

Um 4. gr.

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði þar sem tilgreint er að gjald fyrir einkamerki renni til Umferðarráðs. Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að gjald þetta skuli renna til Umferðarstofnunar.

Um 5. gr.

Lagt er til að 65. gr. umferðarlaga falli brott en þar er nú ákvæði um Skráningarstofuna hf. og Bifreiðaskoðun hf. Ríkið hefur þegar selt eignarhluta sinn í Bifreiðaskoðun og verður það m.a. hlutverk verkefnisstjórnar, sbr. ákvæði til bráðabirgða, að meta hvað gert verði við Skráningarstofuna hf. Í 7. gr. frumvarpsins er tekið fram að Umferðarstofnun skuli fara með verkefni er varða skráningu ökutækja o.fl. sem nú er kveðið á um í lagagreininni.

Um 6. gr.

Lagt er til að stofnuð verði sérstök ríkisstofnun er beri heitið Umferðarstofnun. Stofnunin verði undir yfirstjórn dómsmálaráðherra og annist stjórnsýslu á sviði umferðarmála eins og nánar er tilgreint í 7. gr. frumvarpsins. Í samræmi við almennar reglur stjórnsýslulaga munu ákvarðanir Umferðarstofnunar sæta kæru til dómsmálaráðuneytisins. Þá er tekið fram að stofnunin skuli veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

Í 2. mgr. segir að Umferðarstofnun skuli hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar. Stofnanir sem hér um ræðir eru einkum lögreglan, Vegagerðin og sveitarfélög.

Um 7. gr.

Í greininni er hlutverk Umferðarstofnunar tilgreint. Í grófum dráttum er lagt til að Umferðarstofnun taki við verkefnum sem Skráningarstofan hf. og Umferðarráð sinna nú. Upptalning verkefna er þó ekki jafnítarleg og nú er um verkefni Umferðarráðs í 112. gr. laganna. Rétt þykir að lögum verði einungis helstu þættir starfseminnar tilgreindir, en nánari upptalning á verkefnum Umferðarstofnunar verði að finna í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um framkvæmdastjóra Umferðarstofnunar. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi framkvæmdastjóra sem stýri stofnuninni og ráði annað starfsfólk.

Um 9. gr.

Lagt er til að gjöld, sem nú renna til Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs, renni til Umferðarstofnunar.

Um 10. gr.

Lagt er til að Umferðarráð starfi áfram með breyttri tilhögun. Lagt er til að ráðherra skipi áfram formann og varaformann ráðsins án tilnefningar. Stjórn Umferðarráðs skipi formaður og varaformaður ráðsins auk eins aðila sem Umferðarráð tilnefnir. Meginhlutverk Umferðarráðs verði að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum en auk þess er gert ráð fyrir að Umferðarráð verði dómsmálaráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar. Að öðru leyti verði Umferðarráð samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða og til ráðuneytis um fræðslu- og upplýsingamiðlun. Til að tryggja að sérþekking þeirra sem skipa Umferðarráð nýtist sem best í starfsemi Umferðarstofnunar og til að tryggja góða samvinnu milli Umferðarráðs og Umferðarstofnunar er lagt til að Umferðarstofnun leggi Umferðarráði til framkvæmdastjóra og starfsaðstöðu.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 4. mgr. 114. gr. laganna.

Um 12. gr.

Lagt er til að umsagnaraðili um umferðarfræðslu í skólum verði Umferðarstofnun í stað Umferðarráðs.

Um 13. gr.

Lagt er til að fyrirsögn XV. kafla verði breytt í samræmi við tillögur frumvarpsins og að í þeim kafla verði ákvæði um Umferðarstofnun.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 2002. Þó er gert ráð fyrir að 1. og 2. gr. frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 2003 til að ráðrúm gefist til að undirbúa setningu nánari reglna um akstursmat.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að dómsmálaráðherra skipi verkefnisstjórn sem vinni að undirbúningi að stofnun Umferðarstofnunar. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar verður einnig að annast tilfærslu

verkefna Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs til Umferðarstofnunar og taka ákvarðanir um hvaða verkþættir sem nú eru í höndum Skráningarstofunnar hf. skuli færðir til Umferðarstofnunar og hvað unnt er að fela einkaaðilum með útboði eða á annan hátt. Þá er gert ráð fyrir að verkefnisstjórnin geri tillögur um deildaskiptingu stofnunarinnar og hvernig farið verður með Skráningarstofuna hf. að þessum breytingum loknum.

Tekið er fram að við gildistöku laganna verði störf hjá Umferðarráði lögð niður. Jafnframt er tekið fram að starfsfólki Umferðarráðs skuli boðin störf hjá Umferðarstofnun. Einnig er lagt til að heimilt verði að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofnun þegar ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofnunar liggja fyrir. Er þetta nauðsynlegt til að tryggja að sú sérhæfing og þekking sem til staðar er hjá Skráningarstofunni glatist ekki við tilfærslu verkefna til Umferðarstofnunar.

Þá er tekið fram að dómsmálaráðherra fari áfram með eignaraðild ríkisins að Skráningarstofunni hf. Ákvæði þessa efnis er nú í 65. gr. laganna sem felld verður niður með 5. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á umferðarlögum sem miða að því að sameina verkefni hlutafélagsins Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs og fela þau nýrri ríkisstofnun, Umferðarstofnun, sem auk þess taki að sér tiltekin verkefni dómsmálaráðuneytisins á sviði umferðarmála. Reikna má með því að unnt verði að ná fram hagræðingu með sameiningu verkefna á þessu sviði en á þessu stigi liggur ekki fyrir með hvaða hætti eða í hversu miklum mæli það verður. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftir að það hefur verið lögfest á Alþingi verði sett á laggirnar verkefnisstjórn til að taka ákvarðanir um vistun verkefna sem nú eru unnin hjá Skráningarstofunni hf. og Umferðarráði. Sem dæmi má taka að Skráningarstofan hefur nú umsjón með rekstri margra helstu tölvukerfa löggæslustofnana og sýslumannsembætta. Til álita kæmi að færa slíkan rekstur til hýsingarfyrirtækis að undangengnu útboði og að uppfylltum ströngum kröfum um öryggi og eftirlit. Þar sem frumvarpið kveður ekki á um þennan og ýmsan annan verkefnatilflutning er ekki unnt að segja fyrir um hugsanlegan sparnað af þessu.

Þá gerir bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu ráð fyrir að öllum starfsmönnum Umferðarráðs verði boðin störf hjá Umferðarstofnun. Ekki ætti því að falla til biðlaunakostnaður vegna þeirra starfsmanna en ekki er þá heldur reiknað með sparnaði af fækkun starfa á því sviði. Starfsmenn Skráningarstofunnar hf. hafa ekki biðlaunarétt en samkvæmt sama bráðabirgðaákvæði verður heimilt að bjóða þeim einnig störf hjá Umferðarstofnun í samræmi við ákvarðanir verkefnisstjórnar um tilfærslu verkefna eftir að frumvarpið hefur verið afgreitt. Ekki er því unnt að svo stöddu að leggja mat á hugsanlegan útgjaldasparnað af fækkun starfa að þessum verkefnum.

Frumvarpið kveður á um að öll lögboðin gjöld sem nú renna til Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs, að undanskildu gjaldi fyrir ökupróf, verði látin renna til Umferðarstofnunar. Af hálfu Umferðarráðs hefur þegar verið samið við einkaaðila um að annast ökunám og próf og innheimtir sá aðili gjald til að mæta kostnaði við það, enda er gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi að þessu leyti í forsendum fjárlaga fyrir árið 2002.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn geri tillögur um hvað gert verði við hlutafélagið Skráningarstofan hf. Hugsanlega yrði félagið leyst upp en einnig kæmi til skoðunar að einhver verkefni verði eftir hjá félaginu, t.d. tölvurekstur fyrir dómsmálaráðuneytið, og að það verði síðan selt. Félagið er nú að fullu í eigu ríkissjóðs og nemur bókfærður hlutur í því um 80 m.kr.

1052. Frumvarp til laga [653. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 1. og 2. mgr.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,

b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.

3. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
   b. hvaðan upplýsingarnar koma,
   c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
   d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.

4. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.

5. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Persónuvernd getur sett reglur um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd getur jafnframt sett reglur og gefið fyrirmæli um

eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveðið varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilað afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu að frumkvæði Persónuverndar. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem kveða skýrt á um í hvaða tilvikum megi safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem verður til við rafræna vöktun og hvernig skuli fara með slíkt efni. Þá eru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum laganna um fræðslu- og viðvörunarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða.

Notkun einkaaðila á búnaði til sjónvarpsvöktunar, sem er ein tegund rafrænnar vöktunar, hefur aukist verulega. Í 4. gr. laganna um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, er fjallað um rafræna vöktun sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, myndbandsbúnaðar, vefmyndavéla eða annars samsvarandi myndatökubúnaðar en felur ekki í sér rafræna vinnslu. Þegar slík vöktun fer fram og mynd- eða hljóðefni birtist eingöngu á skjá en er ekki varðveitt telst það ekki til rafrænnar vinnslu. Hins vegar er álitamál að hvaða marki hljóð- og myndbandsupptökur teljast til rafrænnar vinnslu. Miðað hefur verið við að það teljist rafræn vinnsla ef hægt er að finna í safni gagna, án mikillar fyrirhafnar, upplýsingar um tiltekinn einstakling. Ef slíkt á við um efni sem safnað hefur verið telst upptakan rafræn vinnsla.

Í lögunum er ekki kveðið sérstaklega á um hvernig skuli fara með myndefni sem verður til við sjónvarpsvöktun. Af þeim sökum hafa almenn ákvæði II. kafla laganna um vinnslu persónuupplýsinga, einkum 8. og 9. gr., verið látin taka til slíkrar vinnslu. Það leiðir hins vegar af séreðli þessarar vinnslu að torvelt getur reynst að finna henni fullnægjandi stoð í nefndum ákvæðum, jafnvel þótt hún kunni að eiga sér fyllilega lögmætt og málefnalegt markmið. Með frumvarpinu er leitast við að bæta úr þessu.

Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að safna hljóð- og myndefni sem verður til við rafræna vöktun að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi þarf vöktunin að vera nauðsynleg og fara fram í öryggis- og eignavörsluskyni, í öðru lagi má ekki afhenda efni sem verður til við vöktunina án samþykkis þess sem upptaka er af nema lögreglu og í þriðja lagi er skylt að eyða því efni sem verður til við vöktunina innan ákveðinna tímamarka.

Þá felur frumvarpið einnig í sér heimild fyrir Persónuvernd til að setja nánari reglur um vöktunina og vinnslu þess efnis sem verður til við hana. Mikilvægt er að skýrar reglur séu til um einstaka þætti vöktunarinnar svo að réttaróvissa ríki ekki á þessu sviði. Slíkar reglur þurfa m.a. að veita svör við spurningum um hvort einkaaðilar megi safna upplýsingum um þjófnaði eða önnur afbrot og ef svo er hvernig þeim beri að fara með þær. Þá skortir reglur um það hversu lengi megi varðveita myndefni og hvort gera skuli greinarmun á þeim stöðum sem vaktaðir eru, svo sem eftir því hvort um er að ræða myndir teknar á vínveitingahúsi eða í banka.

Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru ekki lagaákvæði sem veita nægilega stoð til að setja sérreglur um meðferð myndefnis sem safnast þegar sjónvarpsvöktun fer fram. Danir og Norðmenn hafa staðið frammi fyrir sambærilegum vanda og hafa leyst hann á mismunandi hátt. Í Danmörku var sá kostur valinn að setja sérlög um þetta efni, „lov om forbud mod tv-overvågning mv.“, nr. 76 frá 1. febrúar 2000. Í Noregi var hins vegar

ákveðið að fella inn í almenn lög um meðferð persónuupplýsinga, „lov om behandling av personoplysninger“, nr. 31 frá 14. apríl 2000, sérstakan kafla um sjónvarpsvöktun, sbr. VII. kafla laganna. Í Svíþjóð gilda sérstök lög um vöktun með myndavélum, „lag om almänn kameraövervakning“, nr. 150 frá 1998, en þau leystu af hólmi lög frá 1990 um sama efni. Þá gilda þar sérstök lög um vöktun með myndavélum við rannsókn sakamála.

Loks felst í frumvarpinu breyting á ákvæðum 20. og 21. gr. laganna sem fjalla um fræðslu- og viðvörunarskyldu við öflun persónuupplýsinga. Ákvæðin voru tekin upp í lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í þeim tilgangi að innleiða 10. og 11. gr. tilskipunar ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þær breytingar sem hér eru lagðar til eru gerðar að fenginni reynslu með það að markmiði að samræma efni og framsetningu greinanna tveggja, einfalda efni leiðbeininga sem veita skal og færa orðalag ákvæðisins til betri vegar þannig að það samræmist betur tilskipun 95/46/EB og verði skilmerkilegra. Þá miða breytingarnar á 21. gr. einnig að því að einfalda verulega stjórnsýslu sem tengist ákvæðinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði a-liðar er lagt til að heimilt verði í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar að safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem verður til við vöktunina ef nánar tilgreind skilyrði eru uppfyllt.

Í fyrsta lagi þarf vöktunin að vera nauðsynleg og fara fram í öryggis- og eignavörsluskyni, sbr. ákvæði 1. tölul. Skv. 7. og 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er lögmæti rafrænnar vöktunar háð því að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg fyrir viðkomandi. Til skýringar er hér, að því er varðar rafræna vöktun, lögð til sú viðmiðun að fari hún fram í öryggis- og eignavörsluskyni teljist hún eiga sér málefnalegan tilgang. Í áskilnaði um nauðsyn felst m.a. að þeim sem vaktar ber að meta kosti og galla þess að viðhafa slíka vöktun og falla frá vöktun verði niðurstaða slíks mats sú að vinnslan sé ekki nauðsynleg. Vera kann að fyrirtæki hafi sérstaka þörf fyrir að vakta svæði þar sem takmarkaður fjöldi fólks fer um að jafnaði, t.d. á vinnustað. Skilyrði um sérstaka nauðsyn getur t.d. verið uppfyllt ef vöktun er nauðsynleg til að tryggja öryggi starfsmanna eða hindra að hættuástand skapist. Almennt ber þó að túlka heimildir til vöktunar á vinnustað þröngt og gæta þess að virða einkalífsrétt starfsmanna, m.a. rétt þeirra til að halda út af fyrir sig félagslegum og persónulegum samböndum á vinnustað. Lögmæti vöktunar á vinnustað sem miðar að því að mæla gæði vinnu og afköst starfsmanna er m.a. háð því að starfsmenn hafi fengið nauðsynlega fræðslu um tilvist hennar, eftir atvikum við gerð ráðningarsamnings eða með öðrum sannanlegum hætti og að samkvæmt skipulags-, framleiðslu- eða öryggissjónarmiðum sé slíkrar vöktunar þörf. Dæmi um ómálefnalega vöktun, og þar með ólögmæta, er vöktun sem leiðir til þess að einstökum hópum manna verði mismunað, svo sem ef hún beinist að hópum á grundvelli skoðana þeirra, kynferðis, uppruna, kynþáttar eða þjóðernis. Vöktun í kirkjum, kapellum eða öðrum húsum sem ætluð eru til bænahalds og trúariðkunar felur í sér sérstaka hættu fyrir friðhelgi einkalífs. Sama á t.d. við um vöktun í mátunarklefum, á salernum, í hótelherbergjum, í káetum, á vínveitingahúsum o.s.frv.

Sjónvarpsvöktun sem einvörðungu fer fram til persónulegra nota fellur utan gildissviðs laganna, sbr. 3. gr. Af því leiðir að þau gilda t.d. ekki um vöktun sem fer fram á heimilum, í einkagörðum, bílskúrum o.s.frv. Óheimil er hins vegar uppsetning eftirlitsmyndavéla sé þeim gagngert beint að híbýlum nágranna. Vöktun annarra svæða, svo sem sameignar, fellur

undir lögin. Oft eru slík svæði vöktuð í þeim tilgangi að hindra innbrot og skemmdarverk, og getur slíkt talist til málefnalegs tilgangs. Eigi vöktunin sér stað á svæði sem fáir fara um, svo sem við inngang í fjölbýlishús eða í bílastæðahús, leiðir af ákvæðinu að uppfylla þarf skilyrði um sérstaka nauðsyn.

Annað skilyrði sem sett er fyrir vöktuninni er að það efni sem til verður við vöktun verði ekki unnið frekar eða afhent öðrum án samþykkis þess sem upptaka lýtur að nema Persónuvernd kveði á um annað. Upptaka telst vera af öllum þeim sem eru greinanlegir á hljóð- eða myndefni og hægt er að bera kennsl á. Innihaldi upptaka hins vegar upplýsingar um slys eða refsiverðan verknað er heimilt að afhenda hana lögreglu án samþykkis þess eða þeirra sem upptakan er af. Í þeim tilfellum skal þess jafnframt gætt að öllum öðrum eintökum af efninu verði eytt. Í ákvæðinu er gerður áskilnaður um að efni sem verður til við slíka vöktun verði ekki unnið frekar. Um það hvað felst í „vinnslu“ í þessu sambandi fer eftir skilgreiningu laganna á því orði. Sem dæmi má nefna að óheimilt verður samkvæmt ákvæðinu að setja upptöku af ákveðnum atburði á netið.

Þá er loks í 3. tölul. sett það skilyrði að því efni sem til verður við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það. Ekki er settur ákveðinn almennur tímafrestur í þessu skyni þar sem það getur verið mismunandi eftir tegund og gerð vöktunarbúnaðar í hverju tilfelli hvernig vörslu efnisins er háttað. Þá getur einnig verið mismunandi eftir eðli starfsemi hver þörf er á að varðveita slíkt efni. Miðað er við að Persónuvernd geti sett nánari reglur eða fyrirmæli um varðveislu slíks efnis eftir því í hvers kyns starfsemi það verður til, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Vísað er til nánari umfjöllunar um þetta í athugasemdum með þeirri grein. Hvað varðar upptökubúnað sem nemur mynd getur hann verið af ýmsum toga, ýmist myndrænn eða stafrænn, og varsla efnisins getur verið á myndbandi eða á tölvudiski. Algengast er að varðveita efnið á myndbandi. Við þá aðferð er almennt skipt um myndband í upptökutæki einu sinni á sólarhring eða á nokkurra daga fresti og nokkur myndbönd höfð til skiptanna. Eftir að myndefni hefur verið safnað á þau myndbönd sem eru til ráðstöfunar er röðin komin að fyrsta myndbandinu á ný og er nýtt efni tekið yfir myndefnið sem þar var fyrir og svo koll af kolli. Með þessu móti er myndefnið varðveitt í nokkra daga þar til nýtt efni er tekið yfir það. Slík varðveisla efnis getur verið eðlileg og málefnaleg. Varðveisla á slíku efni um lengri tíma en hér er getið getur verið réttlætanleg ef málefnalegar ástæður standa að baki. Sem dæmi um málefnalega ástæðu í þessu sambandi má nefna að fyrirhugað sé að senda efnið sem sönnunargagn með kæru til lögreglu. Þá getur, eins og áður hefur verið nefnt, málefnalegur varðveislutími farið eftir eðli þeirrar starfsemi þar sem vöktun er fer fram og eðli þess efnis sem vöktun lýtur að. Í þessu sambandi má nefna vöktun í grunnskólum. Það teldist t.d. málefnaleg ástæða ef skólayfirvöld varðveittu efni um einelti á meðan rannsókn málsins stæði yfir og eftir atvikum lengur.

Ákvæði b-liðar þarfnast ekki útskýringar.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna. Markmið þeirra breytinga er að samræma efni og framsetningu 20. og 21. gr., einfalda efni þeirra leiðbeininga sem veita skal og laga texta ákvæðisins betur að tilskipun 95/46/EB. Lagt er til að framsetningu ákvæðisins verði breytt og efnisatriðin sett fram í töluliðum og stafliðum til að gera ákvæðið skýrara. Þessi framsetning ákvæðisins er í samræmi við sambærileg ákvæði í dönsku og norsku persónuupplýsingalaganna.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna er kveðið á um að fræðsluskylda hvíli á ábyrgðaraðila, eða eftir atvikum vinnsluaðila. Það þykir ekki í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, svo og önnur

ákvæði laganna, að vinnsluaðili hafi lagaskyldu til að sinna fræðsluskyldu. Slík skylda getur einvörðungu hvílt á vinnsluaðila samkvæmt samningi við ábyrgðaraðila skv. 13. gr. laganna. Því er lögð til sú breyting á orðalagi ákvæðisins að fella brott orðin „eða eftir atvikum vinnsluaðila“.

Samkvæmt 20. gr. ber ekki að veita upplýsingar um heimilisfang ábyrgðaraðila og fulltrúa hans líkt og skylt er skv. 21. gr. Til einföldunar og samræmingar á ákvæðum 20. og 21. gr. er því lagt til í 1. tölul. 2. gr. frumvarpsins að einnig beri að veita upplýsingar um slíkt skv. 20. gr.

Þá er lagt til að í stað orðanna „markmið söfnunarinnar“ í 1. mgr. 20. gr. komi orðin „tilgang vinnslunnar“, en það orðalag er í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunarinnar, svo og orðalag 21. gr., sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Orðalag 20. gr. er óheppilegt þar sem það felur í sér þrengri túlkun á þeim upplýsingum sem skylt er að veita en skv. 21. gr. Orðin tilgangur og markmið hafa sömu merkingu en öðru máli gegnir um vinnslu og söfnun þar sem það að veita upplýsingar um tilgang söfnunarinnar nær mun skemur en að veita upplýsingar um markmið vinnslunnar.

Enn fremur er lagt til að fellt verði brott ákvæði 1. mgr. 20. gr. um að ábyrgðaraðila beri að upplýsa um það hvernig upplýsingar verði auðkenndar. Þetta ákvæði er ekki í samræmi við tilskipunina og er vandséð að það þjóni nokkrum tilgangi að veita ávallt upplýsingar um þetta atriði þar sem persónuupplýsingar eru í yfirgnæfandi meiri hluta auðkenndar með nafni, kennitölu og heimilisfangi hins skráða. Má því almennt búast við að þannig sé því farið nema annað sé sérstaklega tekið fram á grundvelli fyrirmæla, svo sem lagt er til í 3. tölul. 1. mgr., þar sem það er talið nauðsynlegt, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna.

Í 1.–2. tölul. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ávallt ber að veita hinum skráða, þ.e. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og tilgangur vinnslunnar. Skv. 3. tölul. skal ábyrgðaraðili veita frekari upplýsingar að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Þessi töluliður er nánast samhljóða 2. mgr. 20. gr. laganna og felur ekki í sér efnisbreytingu. Ákvæðið er á því byggt að það nægi ekki alltaf að upplýsa um þau atriði sem tilgreind eru í 1. og 2. tölul. Markmið fræðsluskyldunnar er að veita hinum skráða möguleika á að nýta sér þann rétt sem hann á skv. III. og IV. kafla laganna, t.d. rétt til aðgangs að upplýsingum, leiðréttingar o.s.frv. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í 38. tölul. formálsorða tilskipunar 95/46/EB er m.a. tekið fram að ef vinnsla upplýsinga eigi að vera sanngjörn verði hinn skráði að geta fengið áreiðanlegar og fullar upplýsingar með hliðsjón af aðstæðum við söfnun þegar upplýsingar eru fengnar hjá honum.

Ábyrgðaraðilinn metur í fyrstu hvort þörf sé á nánari fræðslu skv. 3. tölul. Bera má niðurstöðu hans undir Persónuvernd sem skv. 40. gr. laganna getur, telji hún þess þörf, lagt fyrir ábyrgðaraðila að veita nánari fræðslu.

Þess er vert að geta að skv. 20. gr. hvílir fræðsluskyldan á ábyrgðaraðila vinnslu. Ef ábyrgðaraðili hefur staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins skal hann tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi, sbr. 6. gr. laganna. Sama gildir um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila ef ábyrgðaraðili hefur ekki staðfestu hér á landi. Þegar svo stendur á fellur það í hlut fulltrúa ábyrgðaraðila að uppfylla fræðsluskylduna, sbr. 5. mgr. 6. gr. laganna, svo og 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 95/46/EB. Sömu sjónarmið eiga við um tilkynningar skv. 21. gr. laganna.

Þá er einnig rétt að geta þess að í 20. gr. er ekki tilgreint nákvæmlega hvernig ábyrgðaraðila ber að uppfylla fræðsluskylduna. Engin formskilyrði gilda um það hvernig koma skal

fræðslu samkvæmt ákvæðinu á framfæri við hinn skráða. Þannig er t.d. ekki gerð krafa um að upplýsingar sem veita skal séu settar fram á tiltekinn hátt. Vilji ábyrgðaraðili af hagkvæmnisástæðum veita umrædda fræðslu á stöðluðu formi, og jafnvel með sjálfvirkum hætti, er það heimilt, að því tilskildu að veitt sé nægilega víðtæk fræðsla.

Þegar stjórnvald fær munnlegar upplýsingar frá málsaðila og skráir þær niður á grundvelli 23. gr. upplýsingalaga eða í samræmi vandaða stjórnsýsluhætti ber einnig að færa það til bókar hafi fræðsluskyldu 20. gr. verið gætt, en hennar telst hafa verið gætt með því að gefa aðila munnlegar upplýsingar um þau atriði sem þar eru upp talin.

Hvað varðar tímamörk er í greininni kveðið á um að fræðslu skuli veita þegar upplýsingum er safnað. Þegar upplýsingum er safnað á eyðublað getur ábyrgðaraðili uppfyllt fræðsluskyldu sína með því að veita lögmæltar upplýsingar á eyðublaðinu. Sama gildir þegar notuð eru rafræn eyðublöð eða upplýsingum safnað á annan hátt, svo sem gegnum heimasíðu ábyrgðaraðila. Þegar hinn skráði notar ekki eyðublöð ábyrgðaraðila, t.d. sendir bréf þar sem hann lætur í té persónuupplýsingar, ber ábyrgðaraðila að uppfylla fræðsluskyldu sína án ástæðulausra tafa.

Um 3. gr.

Með ákvæði þessu eru lagðar til breytingar á 21. gr. laganna. Markmið þeirra er hið sama og breytinga í 20. gr., sbr. umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins, en auk þess miða breytingarnar að því að einfalda verulega stjórnsýslu sem tengist ákvæðinu. Líkt og í 2. gr. er lagt til að framsetningu ákvæðisins verði breytt, því skipt niður í fleiri málsgreinar og efnisatriði sett fram í töluliðum og stafliðum til að auka á skýrleika þess.

Í fyrsta lagi skal þess getið að nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar í ákvæðinu. Þar ber fyrst að nefna að heiti greinarinnar er lítillega breytt. Horft hefur verið frá því að nota orðið viðvörunarskylda yfir þá athöfn að tilkynna hinum skráða um vinnsluna. Sú breyting þykir endurspegla betur fyrirmæli tilskipunar 95/46/EB. Ber hér einkum að líta til 38.–40. gr. formálsorða tilskipunarinnar og 11. gr. tilskipunarinnar þar sem segir að tilteknar vinnsluaðgerðir taki til upplýsinga sem ábyrgðaraðili hafi ekki fengið beint frá hinum skráða. Þá segir að enn fremur sé unnt að miðla upplýsingum á lögmætan hátt til þriðja aðila þótt það hafi ekki verið fyrirhugað á þeim tíma sem upplýsingarnar voru fengnar hjá hinum skráða. Meginreglan er sú að í þessum tilvikum skuli þó skýra hinum skráða frá þessu þegar upplýsingarnar eru skráðar eða í síðasta lagi þegar upplýsingarnar eru látnar þriðja aðila í té í fyrsta sinn, en sú regla sætir þó undantekningum þegar um ákveðnar tegundir vinnslu er að ræða eins og nánar er vikið að síðar.

Aðrar orðalagsbreytingar á ákvæðinu eru til þess fallnar að auka skýrleika þess. Meginreglan samkvæmt ákvæðinu er sú að láta skal hinn skráða vita um leið og upplýsinga er aflað. Ábyrgðaraðili vinnslu í skilningi lagaákvæðisins er sá sem safnar upplýsingunum og ákveður tilgang vinnslunnar. Þegar t.d. stjórnvald aflar upplýsinga frá öðru stjórnvaldi er það stjórnvaldið sem móttekur upplýsingarnar sem á að láta hinn skráða vita um vinnslu samkvæmt ákvæðinu. Texti ákvæðisins gefur ekki til kynna að það sé ábyrgðaraðili sem skuli tilkynna hinum skráða um vinnslu en sá skilningur birtist í greinargerð. Með þeirri breytingu á ákvæðinu sem nú er lögð til kemur það skýrt fram í lagatextanum að tilkynningarskyldan hvílir á ábyrgðaraðila. Þegar stjórnvald safnar upplýsingum til nota við úrlausn stjórnsýslumáls, og fyrir liggur að það muni senda hinum skráða gögn máls innan tíu daga og veita honum færi á að tjá sig um þau á grundvelli stjórnsýslulaga, er almennt ekki ástæða til að finna að því þótt beðið sé með tilkynninguna og hún látin fylgja með slíku bréfi. Rétt er að hafa í huga

að það getur einnig þurft að túlka ákvæðið í öðrum tilvikum til samræmis við ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting að 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna verði gerður að sérstakri málsgrein. Ástæðan er sú að tilvísun 2. mgr. 21. gr. til 1. mgr. á efni sínu samkvæmt ekki að taka til 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. Með breytingunni verður enginn vafi á því að undanþágur ákvæðisins ná ekki til þeirra aðila sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Hér er ekki um að ræða breytingu á þeim skilningi sem ríkt hefur um túlkun á ákvæðinu.

Í þriðja lagi eru þau efnisatriði ákvæðisins sem ábyrgðaraðila ber að veita upplýsingar um í tilkynningu sett fram í töluliðum og stafliðum í ákvæðinu sjálfu í stað þess að vísa til 2. mgr. 16. gr. Þessi framsetning ákvæðisins eykur á skýrleika þess og er í samræmi við sambærileg ákvæði í dönsku og norsku persónuupplýsingalögunum.

Í fjórða lagi er lagt til að tvær efnisbreytingar verði gerðar á þeim atriðum sem ábyrgðaraðila ber að veita í tilkynningu. Annars vegar er lögð til sú breyting að nægilegt sé að veita upplýsingar um það hver sé ábyrgðarmaður og eftir atvikum fulltrúi hans, en ekki þurfi þar til viðbótar að veita upplýsingar um hver beri daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögunum. Í tilskipun 95/46/EB er ekki gerð krafa um svo ítarlega upplýsingagjöf og vandséð að hennar sé þörf. Hins vegar er lögð til breyting sem miðar að því að bæta við fleiri atriðum sem veita ber upplýsingar um við ákveðnar aðstæður. Í 21. gr. laganna, sbr. 16. gr. er kveðið á um hvaða upplýsinga er þörf að geta í viðvörun. Ekki verður ráðið af ákvæðinu að þar sé um lágmarksupplýsingar að ræða og að í sumum tilvikum geti þurft að veita ítarlegri leiðbeiningar, líkt og getið er um í 2. mgr. 20. gr. Áskilnaður er þó um slíkt í c-lið 11. gr. tilskipunar 95/46/EB. Af þessu verður ráðið að 21. gr. sé ekki í fullu samræmi við tilskipunina að þessu leyti. Því er með 3. tölul. 3. mgr. lögð til sú breyting að ábyrgðaraðili geti þurft að veita aðrar upplýsingar en getið er um í 1. og 2. tölul., að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Með þessu ákvæði er leitast við að innleiða c-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið er sambærilegt við 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins og til frekari skýringa er vísað til þess sem segir í athugasemdum við þá grein.

Þá eru loks gerðar breytingar á undanþáguákvæðum 21. gr. Annars vegar er lögð til sú einföldun á stjórnsýslu að ekki þurfi að sækja um leyfi til Persónuverndar til þess að geta nýtt undanþágu 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. Er því lagt til að orðin „að mati Persónuverndar“ verði felld brott. Hins vegar er lagt til að nýju undanþáguákvæði verði bætt við.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. er meginreglan sú að ábyrgðaraðila ber að gera hinum skráða viðvart þegar hann aflar upplýsinga um hann hjá þriðja manni. Í 2. mgr. ákvæðisins er þó veitt svigrúm til að víkja frá meginreglunni, en það er heimilt ef ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna eða ef lagaheimild stendur til vinnslunnar, eða ef viðvörun er að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast. Því hefur það samkvæmt gildandi lögum komið í hlut Persónuverndar að taka ákvörðun um hvort þær aðstæður eru fyrir hendi sem réttlæti að vikið sé frá meginreglunni. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós að þetta fyrirkomulag hefur aukið mjög á skriffinnsku og gert stjórnsýslu tengda ákvæðinu þunga í vöfum. Með frumvarpinu er því lögð til sú breyting að ekki þurfi að sækja sérstaklega um leyfi Persónuverndar til að beita þessari undanþágu frekar en öðrum undanþágum í ákvæðinu. Slíkt fyrirkomulag samræmist tilskipun 95/46/EB. Þess má einnig geta að sú tilhögun er í samræmi við danska lagaframkvæmd en norsku persónuverndarlögin krefjast hins vegar mats óháðs aðila í þessum til-

fellum. Skýra ber undanþágur í ákvæðinu til samræmis við 40. tölul. í formálsorðum tilskipunar 95/46/EB og 2. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar sem kveður á um að reglur um undanþágur frá skyldu til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga eigi einkum við ef um er að ræða vinnslu í tölfræðilegum tilgangi eða vegna sagnfræðilegra eða vísindalegra rannsókna, svo sem um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem hlotið hafa samþykki siðanefndar eða vísindasiðanefndar samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

Þrátt fyrir að Persónuvernd meti ekki hverju sinni hvort undanþáguákvæðið eigi við gegnir hún samt sem áður lögbundnu eftirlitshlutverki samkvæmt lögunum. Til að tryggja að Persónuvernd geti sinnt því á skilvirkan hátt er lagt til að ábyrgðaraðila verði gert skylt að tilkynna Persónuvernd um hvernig hann hyggist uppfylla fyrirmæli 20. og 21. gr. áður en vinnsla persónuupplýsinga fer fram, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Skv. 31. gr. laganna ber ábyrgðaraðila að tilkynna Persónuvernd um vinnslu, á þar til gerðu formi, áður en hún hefst. Gert er ráð fyrir að í 4. mgr. 32. gr. laganna verði fjölgað atriðum sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Persónuverndar. Með því styrkjast möguleikar Persónuverndar á að grípa inn í leiki vafi á um að skyldunni hafi verið sinnt á fullnægjandi hátt. Komi upp deila um hvað falli undir undanþáguna sker Persónuvernd úr rétt eins og úr öðrum deilum um túlkun laganna.

Þá er lagt til að lögfest verði ný undanþága frá tilkynningarskyldunni, sbr. 4. tölul. 4. mgr, en samkvæmt því verður ekki skylt að tilkynna hinum skráða um vinnslu persónuupplýsinga ef hagsmunir hans þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum eða hagsmunum hans sjálfs. Þessi undanþága er nánast samhljóða þeirri undanþágu er fram kemur í 1. mgr. 30. gr. dönsku persónuupplýsingalaganna. Ákvæðinu er einvörðungu hægt að beita að undangengnu mati á hverju tilviki fyrir sig. Einkahagsmunir sem heimilt er að verja samkvæmt ákvæðinu eru t.d. viðskiptahagsmunir, sem sanngjarnt er að leynd ríki um, þagnarskylda um einkahagsmuni þriðja manns og vernd mannréttinda þriðja manns. Sem dæmi um tilvik þar sem kæmi til greina að beita undanþágunni má nefna mál sem barnaverndarnefnd rannsakar. Við slíka rannsókn eru oft veittar upplýsingar um einstaklinga og í mörgum tilfellum eru hagsmunir barnsins af því að tilkynningarskyldu verði ekki sinnt ríkari en hagsmunir hins skráða af því að fá upplýsingar um skráninguna.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er fræðslu- og tilkynningarskyldu til hins skráða bætt við þau atriði sem ábyrgðaraðili þarf að greina frá í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. Breytingin er til komin vegna þeirrar breytingar sem gerð er með 3. gr. frumvarpsins að fella niður það hlutverk Persónuverndar að meta í hverju tilviki hvort undanþáguheimild 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna eigi við (sjá nánar athugasemdir við 3. gr.). Í stað þess að Persónuvernd meti það er lagt til að slíkt mat verði lagt í hendur ábyrgðaraðila sjálfs. Hins vegar er lagt til að ábyrgðaraðila verði gert skylt að geta þess í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. hvernig hann hyggst uppfylla fyrirmæli 20. og 21. gr. laganna.

Í 1. mgr. 32. gr. laganna er kveðið á um hvaða atriði skuli tilgreina í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. Í 2. mgr. 32. gr. er kveðið á um að Persónuvernd geti sett nánari fyrirmæli um form og efni tilkynninganna og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti. Samkvæmt því getur Persónuvernd gefið út fyrirmæli um að ábyrgðaraðila sé skylt að tilkynna um hvernig fyrirmælum 20. og 21. gr. hefur verið sinnt. Engu síður þykir nauðsynlegt að hafa tilkynningarskyldu um þetta atriði lögbundna.

Um 5. gr.

Með ákvæðinu er Persónuvernd fengin heimild til að setja reglur um varðveislutíma efnis sem verður til við rafræna vöktun, svo sem hljóð- og myndefnis, og til að ákveða undanþágur frá þeim, svo sem ef ætlunin er að afhenda slíkt efni lögreglu í tengslum við rannsókn mála. Um varðveislu og meðferð lögreglu á slíku efni gilda hins vegar ákvæði laga um meðferð opinberra mála. Gert er ráð fyrir að Persónuvernd geti stöðvað vöktun sem fer í bága við ákvæði laganna og mælt fyrir um eyðingu efnis þegar ekki telst lengur vera málefnaleg ástæða til að varðveita það. Um það hvenær ástæða telst vera málefnaleg vísast til umfjöllunar um 1. gr. frumvarpsins. Sömuleiðis getur stofnunin sett sérreglur um efni sem safnast á tilteknum stöðum, svo sem í bönkum, pósthúsum, flugstöðvum eða umferðarmiðstöðvum. Þá er miðað við að Persónuvernd geti ákveðið að þegar slíkt efni er varðveitt lengur en í tiltekinn tíma geti sá sem myndaður hefur verið farið fram á það við ábyrgðaraðila að fá að sjá þær myndir sem teknar hafa verið af honum. Sama gildir, eftir því sem við á, um hljóðupptökur. Þetta á þó ekki við um efni sem safnast í starfsemi sem tengist almannaöryggi, landvörnum, öryggi ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, sbr. 3. gr. laganna.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði nánari ákvæði en eru í gildandi lögum um hvenær heimilt er að safna efni sem verður til við rafræna vöktun, t.d. hljóð- og myndefni, og inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar, auk þess sem kveðið verði á um með hvaða hætti fara skuli með slíkt efni. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það samþykkt sem lög.

1053. Tillaga til þingsályktunar [654. mál]

um endurskoðun laga um innflutning dýra.

Flm.: Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman, Karl V. Matthíasson,
Sigríður Jóhannesdóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hefjast þegar handa um endurskoðun laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, með það að markmiði að vernda íslenska dýra- og búfjárstofna.

Greinargerð.

Hinn 11. desember 1994 öðlaðist gildi hér á landi samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem gerður var í Ríó de Janeiró 5. júní 1992 og undirritaður af Íslands hálfu 12. júní sama ár. Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Samkvæmt samningnum er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegu auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda.

Undanfarið hefur mikið verið rætt um innflutning á erlendu erfðaefni búfjár og ljóst er að gildandi lög um innflutning dýra eru lítið í takt við ákvæði Ríó-samningsins. Hin norrænu kyn og stofnar nautgripa, sauðfjár, hrossa, geita og alifugla sem hér hafa verið ræktuð þarfnast verndar m.a. vegna þess að þrjú þessara kynja standa undir hefðbundinni búfjárframleiðslu í landinu og í þeim eru fólgnar verðmætar erfðaauðlindir. Undanþáguheimildir landbúnaðarráðherra samkvæmt lögum um innflutning dýra eru alltof rúmar og ekki í samræmi við nútímasjónarmið.

Helstu atriði sem taka þarf til endurskoðunar eru:

1. Herða þarf skilyrði um innflutning erfðaefnis, einkum þegar það getur leitt til þess að innlendir stofnar verði undir í samkeppninni og þannig lent í útrýmingarhættu.
2. Í gildandi lögum er hvergi minnst á að íslenskir stofnar og eiginleikar þeirra séu auðlind sem beri að varðveita. Í Ríó-samningnum eru hugtökin líffræðileg auðlind og erfðaauðlind skilgreind og væri rétt að laga íslenska löggjöf til samræmis við þau hugtök. Í 6. gr. laga um innflutning dýra er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að fela búnaðarsamböndum og ræktunarfélögum framræktun kynja. Hugtakið „ræktunarfélag“ er hvergi skilgreint í lögum eða lögskýringargögnum en telja verður nauðsynlegt að það liggi alveg ljóst fyrir hvers konar félög megi takast á hendur svo ábyrgðarmikið starf sem framræktun innfluttra kynja óhjákvæmilega er.
3. Gera þarf meiri kröfur til rökstuðnings fyrir hugsanlegum ábata af innflutningi en ljóst er að innflutningur erfðaefnis getur haft verulega neikvæð áhrif á innlenda stofna ef illa tekst til.
4. Gera ætti sérstakt verndunarmat áður en ráðist er í kynblöndun en í 12. gr. laga um innflutning dýra er þess aðeins getið að þess skuli gætt að verðmætir eiginleikar í íslenskum búfjárkynjum tapist ekki við blöndun við innflutt kyn. Tvímælalaust ætti verndunarmat að fara fram á kostnað þess sem fer fram á innflutning erlends kyns. Þá skal á það bent að í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerðarákvæði um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar ef ástæða þykir til. Slíkt verndunarákvæði hefur ekki verið sett og í lögunum er ekki að finna

ákvæði sem með virkum hætti vernda innlent erfðaefni í búfé. Með sérstöku verndunarmati væri betur hægt að koma í veg fyrir stórslys á þessum vettvangi. Slíkt mat gæti m.a. falið í sér ítarlega skoðun á kostum, göllum og eiginleikum erfðaefnis og efnahagslegir hagsmunir vegnir og metnir gagnvart verndarhagsmunum til lengri tíma litið. Þá gæti slíkt mat einnig kveðið á um hvernig unnt væri að varðveita hið innlenda erfðaefni sem best í samkeppni við innflutt erfðaefni ef innflutningur yrði leyfður.

5. Setja þarf skýrar reglur um ábyrgð innflutningsaðila á sjúkdómum eða erfðagöllum sem fylgt geta innfluttu erfðaefni.

Iðnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um líftækniiðnað (þskj. 856, 548. mál). Í skýringum við 1. gr. frumvarpsins er tekið skýrt fram að það gildi ekki um hagnýtar rannsóknir sem miði að hefðbundnum kynbótum í landbúnaði.

Í 9. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, segir að markmið búfjárræktar sé að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjár og búfjárafurða og að búfjárræktin skuli taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Markmiðið er ágætt svo langt sem það nær en efnisreglur skortir að mestu og hugtakanotkun er ekki samræmd við Ríó-samninginn.

Í frumvarpi sem landbúnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi um breytingu á búnaðarlögum (þskj. 485, 350. mál) eru lagðar til breytingar 16. gr. laganna sem fjallar um erfðanefnd búfjár. Hugtakanotkun í því frumvarpi víkur nokkuð frá Ríó-samningnum og frumvarpi iðnaðarráðherra um líftækniiðnað og færi best að lög á þessu sviði sættu heildarendurskoðun hið fyrsta.

1054. Svar [482. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefnin og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.

Samgönguráðherra setti fram í bréfi, dags. 26. september 1999, til undirstofnana og fyrirtækja er undir ráðuneytið heyra, þá skýru stefnu að leita skyldi leiða til að flytja störf út á landsbyggðina. Í bréfinu sagði m.a.:

„Eins og kunnugt er þá hefur búsetuþróunin í landinu verið landsbyggðinni mjög óhagstæð hin síðari ár. Ástæður þeirrar þróunar eru margvíslegar. Talið er að fjölgun atvinnutækifæra á vegum opinberra aðila á höfuðborgarsvæðinu eigi sinn þátt í þessari óæskilegu þróun. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að með markvissum ráðstöfunum muni ríkisstjórnin beita sér fyrir því að undirstöður byggðar í landinu verði treystar. Liður í þeirri viðleytni er að auka fjölbreytni í atvinnutækifærum og staðsetja stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins eftir því sem unnt er.

Með vísan til þessa, er hér með óskað eftir því við stofnanir ráðuneytisins að áður en nýtt starfsfólk er ráðið til starfa í ný verkefni eða starfsmenn færðir milli verkefna, verði kannað

hvort unnt sé að vinna viðkomandi verk utan höfuðborgarsvæðisins, og þá helst á þeim svæðum þar sem atvinnulíf er einhæft."

Brugðist hefur verið við þessu bréfi með ýmsum hætti. Hér á eftir er yfirlit yfir það sem helst ber að nefna.

Vegagerðin.

Vegagerðin flutti skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu við vegfarendur, alls fjögur stöðugildi, til Ísafjarðar árið 2001. Þar er nú aðalsímsvörun Vegagerðarinnar og svarað í símanúmerið 1777 og veittar upplýsingar um færð og veður.

Ráðinn var tæknifræðingur í eitt starf á Sauðárkróki til undirbúnings og eftirlits með vegamálun og gagnagrunnsvinnu. Á Akureyri var ráðið í þrjú störf, sem öllum hafði áður verið sinnt að hluta til í Reykjavík, en um er að ræða háskólamenntaðan sérfræðing í starf er varðar jarðfræði, tæknifræðing í umferðarannsóknir og starfsmann til að sinna slitlagsmælingum.

Að ósk samgönguráðherra hefur Vegagerðin gert áætlun um að efla starfsemi sína á landsbyggðinni. Er þar um að ræða flutning verkefna frá Reykjavík út á land og ný störf á landsbyggðinni. Vegagerðin lítur á þetta sem þróunarverkefni, sem standa muni yfir í allmörg ár. Þau störf sem um er að ræða eru á sviði upplýsingaþjónustu, eftirlits af ýmsu tagi, gagnasöfnunar, gagnavinnslu, símsvörunar, umferðar- og umferðaröryggis og veghönnunar. Sum þessara starfa kerfjast tæknimenntunar en önnur byggjast á almennri menntun. Umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar eru á Selfossi, í Borgarnesi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði og á þessum stöðum er þungi starfseminnar í hverju umdæmi. Miðað er við að hin nýju störf verði til á fyrrgreindum stöðum og þá einkum þeim sem fjær liggja höfuðborginni.

Vegagerðin kaupir mikið af þjónustu af einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Reynt verður að beina þessum kaupum frekar en verið hefur til aðila á landsbyggðinni. Jafnframt því sem stefnan er ákveðin fyrir næstu ár verður unnið að athugunum og undirbúningi að frekari eflingu á starfsemi Vegagerðarinnar á landsbyggðinni.

Á þessu ári stefnir Vegagerðin að því að flytja fjögur til sex ný störf frá Reykjavík til landsbyggðarinnar.

Flugmálastjórn.

Á síðasta ári var undirritaður samningur milli Flugmálastjórnar og Akureyrarbæjar varðandi slökkvi- og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli.

Samningurinn felur í sér að Slökkvilið Akureyrar tekur að sér að annast slökkvi- og björgunarstörf og verkefni sem lúta að öryggismálum á Akureyrarflugvelli, sem Slökkvilið Akureyrarflugvallar á vegum Flugmálastjórnar hefur sinnt til þessa. Að auki mun Slökkvilið Akureyrar taka að sér þjálfun og faglega umsjón með slökkvi- og brunavarnarmálum á landsbyggðarflugvöllum Flugmálastjórnar, þ.e. öllum völlum öðrum en í Reykjavík og Keflavík. Þjálfunin hefur fram að þessu farið fram í Reykjavík en um er að ræða eitt stöðugildi. Með tilkomu samningsins fjölgar stöðugildum á Akureyri úr fjórum í sjö og hálft vegna aukinnar og bættrar þjónustu á Akureyrarflugvelli.

Með þessum samningi hefur Flugmálastjórn haldið áfram á þeirri braut að fela sveitarfélögum rekstur flugvallarslökkviliða. Stofnunin hefur gert sams konar samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. um slökkvi- og björgunarþjónustu á Reykjavíkurflugvelli.

Á árinu var ráðið í nýja stöðu flugvallarvarðar á Egilsstaðaflugvelli vegna aukins viðbúnaðar. Heimild hefur fengist fyrir nýjum stöðum á flugvöllunum á Höfn í Hornafirði og í Vest-

mannaeyjum en ekki hefur verið ráðið í þær stöður. Flugmálastjóra hefur verið falið að undirbúa frekari samninga á þessu sviði.

Á vegum Flugmálastjórnar er í auknum mæli keypt hönnunarvinna utan höfuðborgarsvæðisins, svo og ýmiss konar viðhaldsþjónusta.

Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Rannsóknarnefnd sjóslysa var flutt frá Reykjavík til Stykkishólms í lok síðasta árs og hefur aðsetur í flugstöðinni á Stykkishólmsflugvelli. Hjá nefndinni starfar framkvæmdastjóri auk annars starfsmanns.

Landssími Íslands hf.

Svarað er í upplýsingasíma Landssímans, 118, á fjórum stöðum á landinu, þ.e. í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Á síðasta ári flutti Landssíminn 11 störf út á land, öll vegna uppbyggingar þjónustusíma 118 á Egilsstöðum.

Íslandspóstur hf.

Íslandspóstur hefur á árinu 2001 flutt eftirfarandi störf út á land:

Fjögur störf til Akureyrar vegna flutnings þjónustuvers fyrirtækisins fyrir einstaklinga.

Rekstrarvörulager hefur verið fluttur til Blönduóss en þar er um tvö störf að ræða.

Pökkun frímerkja til frímerkjasafnara hefur verið flutt út á land og viðheldur það tveimur störfum á landsbyggðinni, en ákveðið er með tilliti til verkefnastöðu hvar pökkunin fer fram hverju sinni.

Þá er rétt að geta þess að árið 2000 var aðalskiptiborð Íslandspósts flutt til Akureyrar en það fól í sér flutning á tveimur störfum, pökkun fyrsta dags umslaga, sem er eitt starf, var flutt til Ísafjarðar og tvö störf við afgreiðslu og vörslu frímerkjalagers fyrirtækisins voru flutt til Borgarness.

Þjónustuver í Snæfellsbæ.

Samgönguráðuneytið, Vegagerðin, Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Snæfellsbær gerðu með sér samning árið 2001 um rekstur þjónustuvers samgöngumála í Snæfellsbæ fyrir Snæfellsbæ og Snæfellsnes. Tilgangur samstarfs þessa er að þróa starfsaðferðir til að bæta þjónustu samningsaðila á svæðinu, samnýta tækjakost og starfskrafta eins og unnt er og tryggja öryggi þjónustunnar. Þjónustan verður í húsnæði Vegagerðarinnar í Ólafsvík.

Ákveðið hefur verið að ráðinn verði forstöðumaður fyrir þjónustuverið, sem hafi yfirumsjón með starfseminni, sé ábyrgur því að hún verði í samræmi við það þjónustustig sem skilgreint verður, stjórni starfsmönnum samningsaðila og beri fjárhagslega ábyrgð gagnvart samningsaðilum. Samningsaðilar eru sammála um að verkefni þetta sé tilrauna- og þróunarverkefni, þar sem taka getur þurft ákvarðanir um breytingar með stuttum fyrirvara. Við þessa breytingu verður til eitt nýtt starf. Jafnframt er til skoðunar að opna sams konar þjónustuver á fleiri stöðum á landsbyggðinni.

1055. Skýrsla [388. mál]

heilbrigðisráðherra um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru árin 1938–75, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Með beiðni (á þskj. 643) frá Þórunni Sveinbjarnardóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, þ.e. á gildistíma þeirra laga 1938–75.

Lög sem heimiluðu ófrjósemisaðgerðir á fólki tóku gildi á Íslandi sem lög nr. 16/1938. Fyrirmyndin var dönsk og norsk löggjöf sem sett hafði verið nokkrum árum fyrr. Lítið er vitað um framkvæmd íslensku laganna en unnið hefur verið að rannsókn á sögu þeirra. Skýrsla þessi er hluti þeirrar rannsóknar og er tekin saman af Unni Birnu Karlsdóttur.

Í fyrsta kafla er stutt sögulegt yfirlit yfir erlenda löggjöf um ófrjósemisaðgerðir sem sett var víða um lönd á fyrri hluta 20. aldar. Í öðrum kafla er útskýrt hvers kyns aðgerðir voru heimilar samkvæmt lögum nr. 16/1938 og hvernig sækja átti um þær. Þriðji kafli fjallar, í samræmi við beiðnina, um tiltekinn hluta af framkvæmd ófrjósemisaðgerða á árunum 1938–75. Í fjórða kafla er síðan samantekt á efninu.

Þriðji kafli skýrslunnar er unninn upp úr gögnum Landlæknisembættisins sem hafa að geyma umsóknir um aðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 og upplýsingar um afgreiðslu þeirra.

1. Sögulegt yfirlit.

Lög sem heimiluðu að fólk væri gert ófrjótt voru sett í ýmsum löndum á fyrri hluta 20. aldar og giltu víða í nokkra áratugi. Ákvæði laganna voru nokkuð breytileg eftir löndum en til að gera langa sögu stutta má segja að þau hafi fyrst og fremst miðað að því að heimila ófrjósemisaðgerðir á þroskaheftu og geðsjúku fólki. En skilgreiningin á hinum „óhæfu til barneigna“ var víðari og náði yfir fólk sem taldist bæði vitgrannt og „andfélagslegt“. Með því var t.d. átt við áfengissjúka, þurfalinga, vændiskonur, afbrotamenn eða fátækt, barnmargt fólk, einkum konur, sem ekki þótti kunna fótum sínum forráð þegar kom að því að takmarka viðkomu sína. Í Bandaríkjunum og Skandinavíu sýnir sagan að ýmsir meðal þeirra sem störfuðu að velferðar- og heilbrigðismálum studdu ófrjósemisaðgerðir á hinum „andfélagslegu“ ekki síður en á þroskaheftum og geðsjúkum. Framangreind sjónarmið voru hluti af neikvæðri arfbótastefnu, eins og hún kallaðist (e. *negative eugenics*), sem einkenndist af hugmyndum um að hægt væri að draga úr úrkynjun og þá um leið að kynbæta þjóðir með því að hindra eða draga úr barneignum þeirra sem þóttu búa yfir lökum eða afleitum erfðaeiginleikum. Þessir síðarnefndu voru álitnir dragbítar á efnahagslegum og menningarlegum framförum þjóðar og kostnaðarbyrði á samfélaginu ef þeir „lentu á sveit“. Arfbótasinnar litu á ófrjósemisaðgerðir sem réttmæta leið til að hindra barneignir þeirra „óhæfu eða miður gerðu“, eins og þeir kölluðust gjarnan í arfbótafræðunum. Með því að gera slíkt fólk ófrjótt mætti draga úr útgjöldum ríkis- eða sveitarsjóða sem slyppu við framfærslukostnað vegna barna þeirra foreldra sem ættu þess ekki kost að sjá fyrir þeim sjálfir vegna undirmálsstöðu í samfélaginu, t.d. sökum fötlunar, þroskahömlunar, veikinda eða örbirgðar. Kenningar arfbótasinna um að sigrast mætti á þjóðfélagsvanda með afskiptum af barneignum og ræktun manna voru gamalt vín á nýjum belgjum því í flestum vestrænum samfélögum hafði áður verið rík tilhneiging til ýmiss konar afskipta af fátæku fólki, m.a. vegna framfærslu.

Í sumum löndum kváðu lögin á um að óheimilt væri að gera aðgerð á einstaklingi gegn vilja hans en annars staðar var það leyft, ekki síst ef um þroskahefta eða geðsjúka var að ræða. Meginhvatinn að lögum sem heimiluðu að fólk væri gert ófrjótt var fyrrnefnd arfbótastefna í bland við rasisma og þjóðernishyggju. Í þeirri blöndu fólust m.a. hugmyndir um misjafnt virði manna fyrir þjóðfélagið eftir heilsufari, efnahag, þjóðfélagsstöðu, ætterni, uppruna eða kyni. Velferðarstefna kom einnig við sögu. Hún byggðist m.a. á hugmyndum um sterka ríkisforsjá í málefnum þegnanna, jafnt varðandi barneignir sem í öðrum málum, og átti greiða leið með arfbótastefnu. Ekki er rúm hér til að skýra það nánar öðruvísi en með því að drepa á eina grundvallarhugmynd arfbótastefnunnar. Hún var sú að það væri skylda og réttur stjórnvalda í hverju landi að hafa afskipti af viðkomu þegnanna með ýmsum ráðum. Tilgangurinn með því væri að stuðla að auknum barneignum þeirra er töldust hæfir og nýtir þjóðfélagsþegnar og draga úr eða hindra þær meðal þeirra sem töldust síður hæfir og jafnvel óhæfir. Þeir síðarnefndu voru álitnir byrði á þjóðfélaginu og bera með sér erfðagalla, ekki aðeins í formi sjúkdóma heldur líka í formi annarra eiginleika, t.d. að spjara sig ekki nógu vel í nútímasamfélagi og leggja ekki sitt af mörkum.

Danmörk var fyrsta landið á Norðurlöndum til að setja lög um ófrjósemisaðgerðir árið 1929. Noregur og Svíþjóð fylgdu á eftir 1934 og Finnland ári seinna. Þessi lög giltu fram á 8. áratuginn. Fyrstir allra til að lögleiða ófrjósemisaðgerðir voru Bandaríkjamenn með frumkvæði Indianaríkis árið 1907. Tuttugu og sex önnur ríki í Bandaríkjunum fylgdu í kjölfarið á árunum 1909–1935. Fleiri ríki tóku upp lög um ófrjósemisaðgerðir, t.d. Sviss (kantónan Vaud, 1929), Þýskaland (1933), Albertafylki og British Colombia í Kanada (1933), Eistland og Lettland (1937), og Japan (1940).

Til skamms tíma var hljótt um fyrrgreinda löggjöf um ófrjósemisaðgerðir en undanfarin tíu til fimmtán ár hefur athyglin beinst að henni. Fræðimenn hafa dregið mörg álitamál fram í dagsljósið með rannsóknum sínum á hugmyndafræði og framkvæmd aðgerðanna og t.d. vakið spurningar um samband ríkis og þegna í nútímasamfélagi, uppbyggingu velferðarþjóðfélags, hlutverk heilbrigðisþjónustu og síðast en ekki síst um mannréttindi. Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að ófrjósemisaðgerðir voru þeim hjálp og lausn sem gengust undir þær af fúsum og frjálsum vilja og að eigin frumkvæði. En rannsóknir hafa einnig dregið fram skuggahliðina á framkvæmd slíkra aðgerða. Þá hlið þar sem fólk var þvingað í aðgerð eða gert ófrjótt gegn vilja sínum eða vitund í krafti arfbótasinnaðrar heilbrigðis- og velferðarstefnu. Slíkt samræmist illa þeim sjónarmiðum sem rétt þykir að hafa að leiðarljósi í lýðræðisríkjum nútímans og hefur því vakið gagnrýni víða um lönd. Stjórnvöld hafa brugðist misjafnlega við upplýsingum um nauðungaraðgerðir á fólki. Sums staðar hefur verið látið kyrrt liggja. Annars staðar, t.d. í Svíþjóð hafa verið greiddar miskabætur til þeirra sem sýnt þykir að brotið hafi verið á með ófrjósemisaðgerð. Einnig eru dæmi þess að fólk hafi leitað til dómstóla til að leita réttar síns og fá skaðabætur fyrir ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru á því nauðugu eða óafvitandi fyrr á ævinni.[1] Dæmi um þetta síðastnefnda má einnig finna á Íslandi en íslenska ríkið var með dómi árið 1996 dæmt til að greiða einstaklingi skaðabætur fyrir ófrjósemisaðgerð sem gerð var á gildistíma laga nr. 16/1938. Aðgerðin hafði verið gerð án vitundar og samþykkis viðkomandi. Einnig hefur verið samið við tvo aðra einstaklinga

[1] Sjá t.d.: Weindling, Paul: „International Eugenics: Swedish Sterilization in Context." *Scandinavian Journal of History* 24. árg., 2. tbl. 1999, 179–197. – Zaremba, Maciej: *De rena och de andra. Om tvångssteriliseringar, rashygien och arvsynd.* Falkenberg 1999. – Tydén, Mattias: *Från politik till praktik. De Svenska steriliseringslagarna 1935–1975.* Stokkhólmur 2000.

um hliðstæða bótagreiðslu og fékkst með fyrrgreindum dómi vegna ófrjósemisaðgerða sem þeir gengust undir án sinnar vitundar í krafti laga nr. 16/1938.

2. Lög nr. 16/1938.

Frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir og fóstureyðingar var lagt fram á Alþingi árið 1937. Það fór fyrirstöðulaust í gegnum þingið og var samþykkt af öllum flokkum, einróma og athugasemdalaust. Frumvarpið tók gildi sem lög nr. 16, 13. jan. 1938, „um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt“. Langur titill laganna skýrist líklega af því að ekki var byrjað að nota orðið „ófrjósemisaðgerð“ á þessum tíma. Lögin voru í gildi í rúmlega 37 ár eða frá ársbyrjun 1938 til 22. maí 1975 er lög nr. 25/1975 tóku við. Lög nr. 16/1938 heimiluðu fóstureyðingar í vissum tilfellum auk ófrjósemisaðgerða en ekki verður fjallað um þann þátt þeirra hér.

Samkvæmt lögum nr. 16/1938 voru ófrjósemisaðgerðir af tvennum toga heimilaðar. Í fyrsta lagi sú aðgerð sem nefnd er „vönun“ í lögunum. Þar var átt við skurðaðgerðir þar sem göng til kynkirtlanna eru hlutuð í sundur eða þeim lokað (eggvegir kvenna, sáðrásir karla). Eins og vitað er var og er orðið „vönun“ annað orð í íslensku yfir geldingu karldýra, þ.e. þá aðgerð þegar eistu eru tekin burt með skurðaðgerð. Skýringin á notkun orðsins „vönun“ yfir annars konar aðgerð var sú að Vilmundi Jónssyni, þáverandi landlækni og höfundi lagafrumvarpsins, þótti orðið þjált og henta vel sem heiti á þessum aðgerðum. Hann útskýrði það með því að ekkert orð væri til í íslensku yfir slíka aðgerð sem væri „vægileg og lítils háttar,“ miðað við geldingu. Hann sagði það réttlæta þessa nýju notkun sína á orðinu að það væri mjúkt í munni og hljómaði ekki ólíkt því sem því væri ætlað að tákna í þessu sambandi: „að þeim er fyrir aðgerðinni hefir orðið, sé að vísu einhvers vant á eftir, en engan veginn alls, og hittir það naglann allvel á höfuðið“, sagði hann.[2]

Í öðru lagi var heimiluð skurðaðgerð þar sem kynkirtlarnir voru teknir (gelding/vönun). Slík aðgerð kallast „afkynjun“ í lögunum. Vilmundur Jónsson vildi ekki nota orðið gelding í þessu sambandi því að slíka aðgerð var hægt að gera á konum ekki síður en körlum. Hann bjó því til þetta nýyrði. Tilgangurinn með „afkynjun“ var fyrst og fremst sá að reyna að koma í veg fyrir kynferðisglæpi með því að svipta þann kynhvötinni er uppvís hafði orðið að slíku athæfi eða sýnt tilhneigingu til slíkra brota. Afkynjun mátti heimila þótt viðkomandi hefði ekki verið dæmdur fyrir glæp en ekki átti að beita henni sem refsingu, segir í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 16/1938.[3]

Þegar sótt var um ófrjósemisaðgerð skv lögum nr. 16/1938 þurfti að leita til læknis og fá hann til að votta um heilsufar viðkomandi í læknisvottorði því sem fylgja þurfti umsókn til að hún yrði tekin gild. Án læknisvottorðs var ekki unnt að sækja um slíka aðgerð. Umsækjandi (viðkomandi, foreldrar, lögráðamenn eða tilsjónarmenn) undirritaði beiðni um aðgerð til að staðfesta umsókn sína. Sá læknir sem fyllti út vottorð sendi umsóknina síðan landlækni. Þaðan fór hún til ráðgjafarnefndar hans sem úrskurðaði hvort samþykkja skyldi aðgerð eða synja um hana. Landlæknir tilkynnti umsækjanda skriflega hvort umsókn væri samþykkt eða hafnað. Landlæknisembættinu barst síðan skýrsla um aðgerðina frá viðkomandi sjúkrahúsi þegar hún hafði verið gerð.

---

[2] Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir. Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.* Rv. 1937, 13–14.

[3] Sama heimild, 13–15, 23–24.

3. Ófrjósemisaðgerðir á Íslandi 1938–75.

Innihald þessarar skýrslu afmarkast bæði af efni beiðninnar og þeim gögnum sem stuðst er við. Undirfyrirsagnir þessa kafla eru efnislega samhljóða spurningunum í beiðninni og koma fyrir í sömu röð og þar. Rétt er að taka fram að tæmandi svör fundust við sumum þeirra en ekki öðrum. Þetta ræðst af eðli þeirra gagna sem heimild var fyrir að rannsaka en þau geyma í mörgum tilvikum mjög takmarkaðar upplýsingar, einkum þegar kemur að því að fá svör við álitamálum við framkvæmd laga nr. 16/1938.

Umsóknir um aðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 voru tólf til þrettán hundruð, þar af kringum þúsund umsóknir um ófrjósemisaðgerðir. U.þ.b. 14% var synjað eða hátt í 150 umsóknum. Um 15% ófrjósemisaðgerða sem heimilaðar voru komu aldrei til framkvæmda.[4] Hér er gengið út frá því að aðgerð hafi ekki verið gerð ef engin skýrsla um hana barst landlækni, eins og ætlast var til varðandi formlegan feril frá umsókn til aðgerðar. Um 10 umsóknum um vananir var vísað frá vegna formgalla eða af öðrum ástæðum.

Rétt er að ítreka að hér verður aðeins fjallað um þær umsóknir um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda.

3.1 Hve margar ófrjósemisaðgerðir voru framkvæmdar skv. 2. gr. laga nr. 16/1938 á gildistíma þeirra?

Alls gengust 722 einstaklingar undir ófrjósemisaðgerð („vönun“) samkvæmt lögum nr. 16/1938 á tímabilinu 1938–75 (sjá töflu 1a). Aðgerðir voru fáar fyrsta rúma áratuginn en fjölgaði síðan, fór þó ekki stigvaxandi því fjöldi aðgerða var mismunandi frá ári til árs, þeim fjölgaði jafnvel eða fækkaði um allt að helmingi frá einu ári til annars. Aðgerðum fjölgaði

Tafla 1a. Fjöldi ófrjósemisaðgerða („vanana“) 1938–75.

Ár	Karlar	Konur	Alls
1938–1940	0	1	1
1941–1945	0	13	13
1946–1950	2	18	20
1951–1955	2	92	94
1956–1960	1	177	178
1961–1965	2	143	145
1966–1970	3	62	65
1971–1975	5	201	206
Alls	15	707	722
%	2	98	100

úr 29 árið 1973 í 83 árið 1974. Skýringin er fyrst og fremst sú að viðhorf voru að breytast í þá átt að eðlilegt þótti að heimila ófrjósemisaðgerð samkvæmt beiðni einstaklings án tillits til strangra krafna um alvarleg veikindi, sjúkdóma, fötlun eða greindarskort. Fyrirsjáanlegt var orðið að ný löggjöf sem var í smíðum myndi hafa þetta að leiðarljósi. Sú löggjöf tók gildi í maí 1975 sem lög nr. 25/1975.

---

[4] Sá fyrirvari er settur við allar tölulegar upplýsingar hér að einhverjar breytingar geta orðið þegar framkvæmd laga nr. 16/1938 hefur verið skoðuð í heild.

3.2 Hvenær fór ófrjósemisaðgerð síðast fram samkvæmt lögum nr. 16/1938?

Fyrsta ófrjósemisaðgerðin samkvæmt lögum nr. 16/1938 fór fram haustið 1938 og sú síðasta haustið 1975. Lög nr. 25/1975 höfðu þá leyst lög nr. 16/1938 af hólmi en þær umsóknir sem borist höfðu samkvæmt lögum nr. 16/1938 áður en þau féllu úr gildi voru leiddar til lykta samkvæmt þeim.

3.3 Hve margar konur og hve margir karlar gengust undir ófrjósemisaðgerðir?

Alls gengust 707 konur og 15 karlar undir ófrjósemisaðgerðir („vananir") á árunum 1938–75 (sjá töflur 1a og 1b). Engin einföld skýring er á því hvers vegna mun fleiri konur en karlar gengust undir slíkar aðgerðir önnur en sú að konan gengur með og fæðir barnið. Kærði kona sig ekki um meiri barneignir, á þessum tíma fyrir daga góðra getnaðarvarna, þá var ófrjósemisaðgerð tryggari leið en nokkur önnur. Hins vegar er ástæðan fyrir margfalt meiri fjölda kvenna en karla öllu flóknari en sú sem snýr eingöngu að líffræðilegum hlutverkum kynjanna. Svarið liggur í þjóðfélagsgerð og ríkjandi gildismati tímabilsins. Lög nr. 16/1938 voru í gildi fyrir daga fullkominna getnaðarvarna. Tíðar barneignir og barnafjöld lagðist oft þungt á konur, líkamlega og andlega heilsu þeirra og starfsgetu. Margar fjölskyldur bjuggu við lítil efni og léleg húsakynni. Möguleikar á aðstoð af hálfu hins opinbera voru takmarkaðir. Hvað snertir gildismatið má segja að konum frekar en körlum hafi verið ætlað að taka á sig ábyrgðina á að hindra getnað.[5]

Tafla 1b. Fjöldi karla og kvenna sem gengust undir ófrjósemisaðgerð 1938–1975.



3.4 Hve oft gengust systkini undir ófrjósemisaðgerðir?

Heimildir eru fyrir því að systkini hafi tvisvar verið gerð ófrjó. Í öðru tilvikinu var sótt um „vönun" á fjórum systkinum sem öll voru skjólstæðingar barnaverndarnefndar. Andlegur vanþroski var sú ástæða sem var gefin upp þegar sótt var um leyfi til aðgerða. Systkinin voru

---

[5] Unnur Birna Karlsdóttir: „Ófrjósemisaðgerðir á Íslandi árin 1938–1975", óbirt rannsókn.

á aldrinum 14–18 ára þegar aðgerðin var gerð. Fulltrúi barnaverndarnefndar undirritaði beiðni um aðgerðir á þessum systkinum. Ekkert þeirra skrifaði nafn sitt á umsóknina.

Í hinu tilvikinu sem snertir systkini var um tvo einstaklinga að ræða. Sótt var um vegna andlegs vanþroska. Eldri einstaklingurinn gekkst undir aðgerð, þá 13 ára. Samtímis var sótt um leyfi til aðgerðar á hinum sem þá var 12 ára. Leyfi var veitt en ekki liggja fyrir upplýsingar um að komið hafi til aðgerðar í skýrslum um framkvæmd laga nr. 16/1938. Hvorugur viðkomandi einstaklinga skrifaði nafn sitt á umsóknina en umsækjendur voru foreldrar þeirra að frumkvæði læknis.

3.5 Liggja fyrir upplýsingar um sveitfesti þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir skv. 2. gr. laga nr. 16/1938?

Gróf flokkun á búsetu þess fólks sem gekkst undir ófrjósemisaðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 sýnir að það var úr öllum landshlutum. Rúmur helmingur þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerð bjó í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum, eða um 55%. Um 45% bjuggu í öðrum kaupstöðum og sýslum landsins (sjá töflu 2).

Tafla 2. Búseta þeirra sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir 1938–75.

	Höfuðborgarsvæðið*	Landsbyggðin	
Ár	Fjöldi aðgerða	Fjöldi aðgerða	Fjöldi alls
1938–1940	1	0	1
1941–1945	7	6	13
1946–1950	12	8	20
1951–1955	64	30	94
1956–1960	125	53	178
1961–1965	82	63	145
1966–1970	35	30	65
1971–1975	71	135	206
Alls	397	325	722
%	55	45	100

* Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsveit, Garðahreppur.

3.6 Hverjar voru ástæður aðgerða, með tilvísun til ákvæða 3. og 5. gr. ofangreindra laga?

a. Að hindra erfðagalla og létta lífsbaráttuna.

Ófrjósemisaðgerð eða „vönun“ mátti heimila í tvenns konar tilgangi samkvæmt lögum nr. 16/1938:

Í fyrsta lagi til að „koma í veg fyrir fæðingu gallaðs afkvæmis“. Með því var átt við að aðgerð var heimil ef einstaklingur þótti líklegur til að arfleiða afkomendur sína að alvarlegum sjúkdómi, fötlun eða andlegum vanþroska (vangefni). Þeir sem töldust vera andlega vanþroska eða vangefnir frá fæðingu voru t.d. taldir líklegir til þess að að erfa börn að þessu síðastnefnda.

Í öðru lagi var ófrjósemisaðgerð heimil „til að létta fávitum og sjúklingum lífsbaráttuna“, eins og segir í greinargerðinni sem landlæknir samdi til skýringar á markmiðum laganna og til leiðbeiningar við framkvæmd þeirra. Hvað þessu viðkemur var „vönun“ heimil án tillits

til þess hvort þroskahömlun eða sjúkdómur var af arfgengum toga eða ekki.[6] Þvert á móti átti geta fólks til að sjá fyrir sér og sínum að vega jafn þungt og hættan á erfðagöllum þegar kæmi að því að meta hvort heimila skyldi ófrjósemisaðgerð á „fávitum, varanlega geðveiku fólki og öðrum sjúklingum með alvarlega, langvarandi sjúkdóma", eins og segir í greinargerðinni. Þar er því jafnframt bætt við að „líku máli gegnir um ofdrykkjufólk, með því að álitamál er um, að af ofdrykkju stafi erfðahætta í eiginlegum skilningi."[7]

Ákvæði laganna um „vönun" er svohljóðandi í a–b-lið 2. tölul. 5. gr.:

2. **Vönun** skal því aðeins leyfa:
   a. að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.
   b. að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.[8]

Þessi atriði bar að hafa að leiðarljósi þegar metið var hvort samþykkja ætti beiðni um ófrjósemisaðgerð eða synja henni. Umsóknareyðublað það sem notað var við umsóknir var hannað til þess að veita upplýsingar um hvort þau skilyrði sem sett voru í lögunum væru fyrir hendi. Þar er beðið um svör við því hvort hlutaðeigandi hafði verið á opinberu framfæri, hvort hann var sjálfráða, getu hans til náms og starfa, hegðun, siðferði og gáfnafar sem og almennt heilsufar. Einnig var spurt um ætterni í þeim tilgangi að kanna hvort líkur væru á ættarfylgju á borð við andlega eða líkamlega sjúkdóma, fötlun eða vangefni.

Í grófum dráttum má skipta ástæðum fyrir ófrjósemisaðgerðum samkvæmt lögum nr. 16/1938 í tvo flokka, annars vegar í aðgerðir af læknisfræðilegum ástæðum og hins vegar vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms. Fyrst verður vikið að fyrrnefnda flokknum.

b. Ófrjósemisaðgerðir af læknisfræðilegum ástæðum.

Flestar ófrjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, eða 83,5%, voru framkvæmdar í þeim tilgangi að létta lífsbaráttu viðkomandi vegna alvarlegra og langvarandi veikinda eða alvarlegra sjúkdóma. Læknisfræðilegar ástæður bjuggu að baki flestum ófrjósemisaðgerðum sem framkvæmdar voru samkvæmt lögum nr. 16/1938, eða alls 602 aðgerðum (sjá töflur 3a og 3b). Þar af var aðgerð gerð á 6 körlum og 596 konum.

Með læknisfræðilegum ástæðum er átt við líkamlega og/eða andlega vanheilsu af ýmsu tagi. Þegar sótt var um ófrjósemisaðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 kom það í hlut læknis að færa rök fyrir því hvers vegna viðkomandi þyldi ekki frekari barneignir vegna sjúkdóms, langvarandi veikinda, ágalla eða slits. Leyfi var veitt ef nefndin sem landlæknir hafði til ráðuneytis um afgreiðslu umsókna samþykkti rök læknis. Í mörgum tilfellum voru erfiðar félagslegar aðstæður ástæður aðgerða ásamt læknisfræðilegum en ekki var heimilt að taka tillit til félagslegra aðstæðna einna saman og virðist þeirri reglu alla jafna hafa verið fylgt við afgreiðslu umsókna. Ástæður sem flokkaðar voru sem félagslegar voru m.a. fátækt,

---

6 Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 26.
7 Sama heimild, 54.
8 *Stjórnartíðindi* A 1938. Rv. 1938, 25.

barnamergð, léleg húsakynni, áfengisvandamál, alvarleg veikindi eða fötlun einhvers á heimilinu.

Tafla 3a. Ástæður ófrjósemisaðgerða 1938–75.

	Læknisfræðilegar	Andlegur vanþroski eða geðveiki	
Ár	Fjöldi	Fjöldi	Alls
1938–1940	0	1	1
1941–1945	4	9	13
1946–1950	12	8	20
1951–1955	67	27	94
1956–1960	164	14	178
1961–1965	125	20	145
1966–1970	47	18	65
1971–1975	183	23	206
Alls	602	120	722
%	83,4	16,6	100
Meðaltal á ári	16	3	19

Tafla 3b. Fjöldi ófrjósemisaðgerða 1938–1975 og flokkun eftir ástæðum.



Flestir umsækjendur um aðgerðir af læknisfræðilegum (og félagslegum) ástæðum voru giftar mæður með stóran barnahóp.

Í flokki með umsóknum um aðgerð vegna læknisfræðilegra ástæðna eru einnig umsóknir vegna ótta viðkomandi við arfgengan sjúkdóm eða misfarir á meðgöngu eða við fæðingu.

Fósturlát, andvana fæðingar eða fæðingar barna með alvarlega erfðasjúkdóma eru helstu ástæðurnar sem gefnar voru fyrir beiðni um ófrjósemisaðgerð í slíkum tilvikum.[9]

Flestar ófrjósemisaðgerðir á læknisfræðilegum forsendum voru gerðar á fullveðja fólki, þ.e. lögráða einstaklingum sem sjálfir höfðu með ákvarðanir sínar og forræði að gera. En lög nr. 16/1938 beindust líka að öðrum hópi; „ófullveðja fólki, hvort sem það er fyrir bernsku, fávitahátt eða geðveiki". Yfir þessum hópi áttu aðrir að ráða þegar kom að ákvörðun um ófrjósemisaðgerð rétt eins og í öðru sem snerti viðkomandi. Með „öðrum" var átt við foreldra, lögráðamenn eða skipaða tilsjónarmenn skv. 4 gr. laganna.[10] Hér er komið að umfjöllun um aðgerðir vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms.

c. Ófrjósemisaðgerðir vegna „andlegs vanþroska" eða geðsjúkdóms.

Ófrjósemisaðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 áttu einkum að beinast að þroskaheftum eða þroskahömluðum eins og það kallast líka í dag. Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að fyrrnefndum lögum var „þungamiðja" og „höfuðtilgangur" þeirra „vönun fávita í því skyni að hefta barngetnað þeirra og þá meðal annars vegna erfðahættunnar, sem kunnugt er um, að af þeim stafar". Fleiri voru taldir fávitar en alþýðan kallaði því nafni. Samkvæmt greinargerð landlæknis og að erlendri fyrirmynd skipti hann þess konar fólki í flokka eftir greindarstigi og kallaði upp á íslensku „fávita" (e. *imbeciles*) og „fáráðlinga" (e. *morons*). Þeir síðarnefndu væru þeir sem mældust með greindarvísitölu 50–74 samkvæmt þeirra tíma greindarprófum eða „vitprófum" eins og landlæknir kallaði þau. Fávitar væru þeir sem mældust með enn lægri greindarvísitölu („vitkvóta") eða 25–49 stig.[11] Í umsóknareyðublöðum fyrir beiðnir um aðgerðir samkvæmt lögunum var notuð skilgreiningin „andlega vanþroska" um fólk með þroskahömlun (þroskahefta), eða fólk sem taldist hafa litla greind, og „geðveiki" um geðræna sjúkdóma. Þessar tvær skilgreiningar verða alla jafna notaðar hér í samræmi við heimildirnar og tíðaranda þeirra.

Krafan um að gera bæri greindar- eða þroskaskert fólk ófrjótt var hluti þeirrar arfbótastefnu sem breiddist út um lönd á fyrri hluta 20. aldar og hlaut víða hljómgrunn. Í Skandinavíu urðu ýmis sjónarmið hennar t.d. þáttur í heilbrigðisstefnu og löggjöf ríkjanna.[12] Með tilkomu laga nr. 16/1938 má segja það sama um Ísland.[13]

Rökin fyrir að gera það fólk ófrjótt sem taldist andlega vanþroska, þ.e. hafa lága greindarvísitölu, voru tvíþætt. Í fyrsta lagi rökin um arfgengið („eugenísk" rök), sem fólust í kröfunni um að nauðsynlegt væri að hindra að „andleg vöntun" erfðist til afkomenda, þ.e. nauðsynlegt að koma í veg fyrir „fæðingu gallaðs afkvæmis". Í öðru lagi félagslegu rökin:

- Að losa andlega vanþroska fólk við þá ábyrgð, skyldur og útgjöld sem fylgja barneignum.
- Að forða forráðamönnum (oft foreldrum viðkomandi) frá að þurfa að ala upp afkomendur andlega vanþroska barna (dætra) sinna sem sjálf væru sem ósjálfbjarga börn vegna skerts þroska.

---

9 Unnur Birna Karlsdóttir: „Ófrjósemisaðgerðir".
10 Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 20–21.
11 Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 28–40.
12 Sjá: *Eugenics and the Welfare State. Sterilization Policy in Denmark, Sweden, Norway, and Finland.* Ritstj. Gunnar Broberg og Nils Roll-Hansen. East Lansing 1996.
13 Unnur Birna Karlsdóttir: *Mannkynbætur. Hugmyndir um bætta kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*, Sagnfræðirannsóknir 14, Reykjavík 1998, 119–138.

Þetta var talið mannúðlegt og öllum hlutaðeigandi fyrir bestu, jafnt í félags- sem efnahagslegu tilliti.[14] Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 16/1938 eru framangreind sjónarmið m.a. orðuð svo: „Vönun andlegra fáráðlinga léttir þeim lífið, er þjóðinni til hagsbóta og dregur úr úrkynjun komandi kynslóða."[15]

Andlegur vanþroski eða geðveiki er skráð meginástæða 120 aðgerða eða 16,6% ófrjósemisaðgerða sem framkvæmdar voru á árunum 1938–75 (sjá töflur 3a og 3b). Slík aðgerð var gerð á 111 konum og 9 körlum. Af þessum 120 aðgerðum var andlegur vanþroski skráður meginástæða í 101 tilviki og geðveiki í 19 tilvikum (sjá töflu 4). Staða einstaklinga innan þessa hóps er misjöfn en ekki verður fjallað um það hér nema í fáum orðum. Örfáir voru giftir og áttu börn. Nokkrir voru einhleypir en áttu börn, sem tekin höfðu verið frá þeim í flestum tilvikum. Flestir voru barnlausir og bjuggu í umsjá foreldra eða náinna ættingja í heimahúsum eða voru á heimilum fyrir þroskahefta eða geðsjúka. Nokkrir voru hjá foreldrum sínum ásamt börnum sínum.

Tafla 4. Fjöldi karla og kvenna sem gengust undir ófrjósemisaðgerðir vegna andlegs vanþroska eða geðveiki 1938–75.

Ástæða aðgerða	Karlar	Konur	Alls
Andlegur vanþroski	9	66	75
Andl. vanþroski auk sjúkdóma eða félagslegra aðstæðna	0	26	26
Geðveiki	0	14	14
Geðveiki og andlegur vanþroski	0	5	5
Alls	9	111	120
%	7,5	92,5	100

Eins og lög nr. 16/1938 sögðu fyrir um var geta fólks til að vinna fyrir sér og sínum mikilvægur mælikvarði þegar meta átti hvort gera skyldi það ófrjótt. Þessa gætir í umsóknum um ófrjósemisaðgerðir þar sem helsta eða eina ástæðan er sögð andlegur vanþroski eða geðveiki. Læknar og sálfræðingar lögðu í vottorðum sínum almennt ríkari áherslu á mögulega getu viðkomandi til að sjá fyrir sér og börnum sínum en á hættu á arfgengi andlegs ástands eða sjúkdóms.

Umsögn lækna um einstaklinga sem sagðir eru andlega vanþroska eða geðveikir fólst m.a. í að lýsa heilsufari, hegðun, útliti, málþroska og öðru sem segði til um þroskastig viðkomandi. Framan af gildistíma laganna var gjarnan miðað við þetta auk hæfni til barnaskólalærdóms og verkvits en þegar leið á tímabilið var farið að leggja greindarpróf fyrir fólk. Umsagnir sálfræðinga eða geðlækna um niðurstöður slíkra prófa fylgdu oft, en ekki undantekningarlaust, umsóknum, þegar sótt var um vönun á einstaklingi vegna andlegs vanþroska eða geðveiki.

Í flestum þeirra umsókna sem bárust landlæknisembættinu um ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum vegna andlegs vanþroska eða geðveiki má greina að ósk um aðgerð á þeim kom frá nánustu aðstandendum. Helstu ástæður sem gefnar eru fyrir slíkum beiðnum eru í grófum dráttum eftirfarandi þegar um unglingsstúlkur eða konur var að ræða:

---

[14] Unnur Birna Karlsdóttir: „Ófrjósemisaðgerðir".
[15] Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 46.

- Að koma í veg fyrir þungun. Frá sjónarhóli foreldra eða annarra aðstandenda var hætta á þungun tvenns konar. Í fyrsta lagi var óttast að einhverjir karlmenn kynnu að notfæra sér heftan þroska stúlkunnar og gera hana barnshafandi. Í öðru lagi voru dæmi um að foreldrar teldu sig ekki ráða við eftirlit með andlega vanþroska dóttur sem hlýddi þeim í engu en sóttist eftir félagsskap karlmanna.
- Að koma í veg fyrir frekari þunganir ef andlega vanþroska eða geðveik stúlka/kona var þegar barnshafandi.
- Að hindra frekari barnsfæðingar ef andlega vanþroska eða geðveik stúlka/kona hafði þegar átt barn eða börn án þess að geta séð um þau hjálparlaust eða alls ekki.

Ótti foreldra eða aðstandenda um hættu á þungun þroskaheftra stúlkna var ekki úr lausu lofti gripinn. Fyrir kom að sótt var um „vananir“ á ófrískum þroskaheftum stúlkum, jafnvel allt niður í 15 ára, þar sem ekkert var vitað um faðernið. Stundum var meðganga langt komin þegar aðstandendur uppgötvuðu hvernig í öllu lá. Þess voru einnig dæmi að stúlkur innan við tvítugt, sem sagðar voru mikið þroskaheftar, ólu barn eða jafnvel börn með skömmu millibili. Þetta leiðir hugann að hulinni sögu kynferðislegrar misnotkunar á þroskaheftum eða fötluðum konum á Íslandi.

Ófrjósemisaðgerðir vegna hefts þroska beindust langtum meira að konum en körlum eins og tölur sýna (sjá töflu 4). Andlegur vanþroski er skráð ástæða „vanana“ á 9 körlum, fullorðnum og unglingspiltum. Í sex tilvikum voru það foreldrar viðkomandi sem sóttu um. Lögráðamaður sótti um í eitt skipti og fulltrúi barnaverndar í tveimur tilvikum.

d. „Afkynjanir.“

Ákvæði laga nr. 16/1938 um „afkynjanir“ var ætlað að sporna gegn kynferðisbrotum eins og áður var getið. Í 1. tölul. 5. gr. laganna segir um „afkynjanir“:

> Afkynjun skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.[16]

Fjórum sinnum voru gerðar ófrjósemisaðgerðir í formi „afkynjana“ á körlum á gildistíma laganna. Skráð ástæða aðgerða var afbrigðilegar kynhvatir sem höfðu lýst sér í tilburðum til kynferðisglæpa eða endurteknum kynferðisglæpum (sjá töflu 5). Í tveimur tilfellum var um

Tafla 5. Fjöldi og ástæður „afkynjana“ samkvæmt lögum nr. 16/1938, 1938–75.

	Karlar	
Ár	Fjöldi	Ástæður
1948	1	Endurtekin kynferðisleg misnotkun á telpum.
1961	1	Vangefni, afbrigðilegar kynhvatir (kynferðisleg áleitni).
1963	1	Vangefni, endurteknar tilraunir til kynmaka við telpur.
1971	1	Endurtekin kynferðisleg misnotkun á drengjum.
Alls	4	

[16] *Stjórnartíðindi* A 1938, 25.

þroskahefta einstaklinga að ræða en í hinum tveimur var viðkomandi sagður vera „hvorki geðveikur né fáviti". Í einu tilviki undirritaði viðkomandi sjálfur beiðni um aðgerð. Í öðru tilfelli sótti faðir um og var skipaður tilsjónarmaður sonar síns. Í því þriðja sótti lögreglustjóri um sem lögskipaður tilsjónarmaður viðkomandi í samráði við foreldri og með samþykki hlutaðeigandi samkvæmt upplýsingum í skýrslu. Fjórða beiðnin var undirrituð af lögreglustjóra að undangengnum dómsúrskurði.

3.7 Hverjir undirrituðu beiðnir um aðgerðirnar?

Umsóknir um ófrjósemisaðgerð af læknisfræðilegum ástæðum eiga það allar sameiginlegt að hlutaðeigandi sóttu sjálfir um. Alls voru þær umsóknir 602 eins og áður hefur komið fram.

Umsóknir vegna andlegs vanþroska eða geðveiki voru undirritaðar af ýmsum (sjá töflu 6). Af 120 umsóknum voru 44 undirritaðar af viðkomandi einum og 17 af viðkomandi ásamt öðrum, oftast foreldri. Alls 59 umsóknir voru ekki undirritaðar af þeim sem gekkst undir aðgerðina eða um 8% ófrjósemisaðgerða sem framkvæmdar voru 1938–75. Í flestum tilfellum voru það foreldrar viðkomandi sem skrifuðu undir þegar svo var en einnig voru slíkar umsóknir undirritaðar af systkinum eða öðrum aðstandendum, lögráðamönnum, fulltrúum barnaverndarnefnda eða skipuðum tilsjónarmönnum.

Tafla 6. Þeir sem undirrita umsóknir um „vönun" vegna andlegs vanþroska eða geðveiki.

Sá sem undirritar	Fjöldi umsókna/aðgerða
Viðkomandi einn	44
Viðkomandi ásamt öðrum*	17
Foreldri	32
Tilsjónarmaður**	18
Lögráðamaður	4
Fulltrúi barnaverndarnefndar	4
Læknir	1
Alls	120

* Foreldri/systkini/tilsjónarmaður.

** Foreldri/aðstandandi/aðrir.

Í meiri hluta umsókna um aðgerð á fólki vegna andlegs vanþroska eða geðveiki má merkja að frumkvæði að umsókn kom ekki frá viðkomandi sjálfum. Þetta á við um flestar umsóknir sem undirritaðar eru af viðkomandi. Augljósast er það í þeim tilvikum þar sem hann eða hún undirritar ekki beiðni um aðgerð heldur einhver annar. Þar sem sá er gerður var ófrjór undirritaði beiðni ásamt öðrum þjónaði undirskrift hans oftast fremur sem staðfesting á samþykki en hinn aðilinn var hinn eiginlegi umsækjandi.

3.8 Hve oft undirrituðu barnaverndarnefndir sveitarfélaga eða aðrir opinberir aðilar beiðni eða höfðu frumkvæði að aðgerð?

Fulltrúar barnaverndarnefnda undirrituðu fimm beiðnir um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda. Í einu slíku tilviki var fulltrúinn jafnframt skipaður tilsjónarmaður. Framfærslufulltrúi bæjarfélags undirritaði eina beiðni um aðgerð. Þess utan eru nokkur dæmi um

að frumkvæði að því að einstaklingar hafi verið gerðir ófrjóir hafi komið frá aðilum utan fjölskyldunnar þó svo að foreldri eða aðstandandi hafi undirritað sjálfa beiðnina. Hér er átt við aðila á borð við fulltrúa félagsmálastofnana, barnaverndarnefnda, bæjarstjórna eða lækna. Ekki liggja fyrir endanlegar tölulegar upplýsingar um fjölda slíkra málsatvika.

3.9 Hvernig var staðið að því að fá samþykki viðkomandi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna, þegar frumkvæði kom frá lögráðanda og/eða opinberum aðilum?

Þær heimildir sem þessi úttekt styðst við gefa að jafnaði engar upplýsingar um hvernig staðið var að því að fá samþykki þess er gera átti ófrjóan þegar frumkvæðið kom frá öðrum en honum sjálfum, þ.e. í þau skipti sem viðkomandi sýnir samþykki sitt með undirritun í umsókn. Það verður einungis að geta sér þess til að viðkomandi hafi látið tilleiðast eftir röksemdafærslu, ráðleggingar eða þrýsting frá þeim er lögðu að honum að gangast undir slíka aðgerð. Einnig er mögulegt að fólk hafi undirritað beiðni um aðgerð án þess að gera sér fulla eða nokkra grein fyrir hvað það var að skrifa undir.

3.10 Setti nefnd skv. 5. gr. laganna sér vinnureglur eða var sett reglugerð skv. 3. mgr. 5. gr. laganna? Hvernig var staðið að mati á hvort skilyrðum 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. væri fullnægt?

Engin reglugerð var gefin út með starfsreglum fyrir nefnd þá er dómsmálaráðherra skipaði landlækni til ráðuneytis við afgreiðslu umsókna um aðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938. Nefndin tók afstöðu til hverrar umsóknar fyrir sig með hliðsjón af ákvæðum laganna og þeim hugmyndum sem bjuggu að baki þeim og birtust í greinargerð landlæknis með frumvarpinu undir titlinum *Afkynjanir og vananir*. Ef umsóknir höfðu formgalla eða voru ófullnægjandi að mati nefndarmanna voru þær endursendar með athugasemdum svo úr mætti bæta og sækja um aftur ef vilji umsækjenda stóð til þess. Mat nefndarinnar á því hvort samþykkja eða synja skyldi beiðni um aðgerð skv. 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna virðist fyrst og fremst hafa byggst á umsögnum lækna eða sálfræðinga um viðkomandi í vottorðum sem fylgdu beiðnum um aðgerð. Ef upplýsingum í umsókn þótti ábótavant var óskað eftir viðbótarupplýsingum, skriflega, í gegnum síma eða, ef hægt var, með samtali við viðkomandi sérfræðing.

3.11 Hvernig var staðið að upplýsingagjöf til þess sem gekkst undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar aðgerðarinnar?

Upplýsingar um eðli og afleiðingar ófrjósemisaðgerða skyldi sá læknir veita sem fyllti út læknisvottorðið sem fylgdi umsókn um ófrjósemisaðgerð. Á umsóknareyðublaðinu er ætlast til að læknir svari þeirri spurningu hvort hann hafi „leiðbeint viðkomanda um eðli aðgerðarinnar, sem um er sótt, í hverju hún er fólgin, hverjar afleiðingar hún hlýtur að hafa og getur haft“. Í u.þ.b. 85% allra umsókna um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda svara læknar þessu játandi, neitandi í um 5% tilvika og í um 10% tilfella er spurningunni ekki svarað. Neitun lækna í þessu sambandi tengist nær eingöngu umsóknum þar sem um er að ræða andlega vanþroska eða geðveika einstaklinga samkvæmt meðfylgjandi umsögnum. Í nokkrum þeirra umsókna þar sem læknir segist ekki hafa upplýst þann sem gangast á undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar hennar er ástæðan sögð vera sú að hann meti það svo að viðkomandi geti hvort eð er ekki skilið slíkar útskýringar sökum andlegs vanþroska. Það kemur fyrir að læknir segist hafa upplýst viðkomandi en sé vantrúaður á að hann eða hún hafi skilið nokkuð af því sem hann sagði vegna andlegrar vöntunar. Stundum er tekið fram að foreldri eða foreldrar viðkomandi hafi fengið tilskildar upplýsingar um aðgerðina.

3.12 Eru þekkt dæmi þess að einstaklingur hafi gengist undir aðgerð án þess að samþykki hans hafi legið fyrir og/eða án upplýsinga um eðli og afleiðingar aðgerðar?

Það er sameiginlegt með þeim umsóknum sem ekki eru undirritaðar af þeim sem gera átti ófrjóan, að um var að ræða fólk sem úrskurðað var þroskaheft eða geðsjúkt í læknisvottorði. Við slíkar aðstæður er ekki ólíklegt að sá er í hlut átti hafi ekki gefið samþykki sitt eða haft litla sem enga vitneskju um það sem fram átti að fara. Þeir sem í hlut áttu hafa að öllum líkindum hvorki haft möguleika á að gera sér fulla grein fyrir málinu né tök á að setja sig upp á móti vilja forráðamanna sinna.

Það er í flestum tilfellum óljóst hvaðan frumkvæði að beiðni kom raunverulega þegar sótt var um ófrjósemisaðgerðir vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms, en þar sem einhvers aðdraganda eða frumkvæðis var getið er í grófum dráttum um eftirfarandi atriði að ræða:

- Viðkomandi leitaði til læknis til að fá aðstoð hans við að sækja um aðgerð, vildi ekki eða treysti sér ekki til að eiga börn (fleiri börn).
- Foreldrar eða nánir aðstandendur þess er í hlut átti leituðu til læknis til að sækja um „vönun“ á viðkomandi.
- Læknir ráðlagði viðkomandi að sækja um „vönun“ þar sem barneignir eða frekari barneignir væru óráðlegar vegna andlegs vanþroska og hættu á fæðingu vangefinna barna eða fleiri slíkra barna ef einhver voru þegar fædd.
- Læknir ráðlagði foreldrum eða nánustu aðstandendum að sækja um „vönun“ á viðkomandi vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms.
- Vönun var sett sem skilyrði fyrir að þroskaheftur einstaklingur fengi vist á heimili fyrir þroskahefta.
- Forstöðumenn á vistheimilum/sjúkradeildum fyrir þroskahefta eða geðsjúka lögðu fram beiðni um „vönun“ á vistmanni/sjúklingi til að koma í veg fyrir barneignir eða frekari barneignir.
- Fulltrúar barnaverndarnefnda sóttu um „vönun“ á skjólstæðingum sínum eftir að hafa fengið umsögn lækna eða sálfræðinga um lágt greindarstig viðkomandi.
- Fulltrúar opinberra aðila (félagsmálastofnana) ráðlögðu skjólstæðingum sem ekki gátu séð um börn sín og úrskurðaðir voru andlega vanþroska að sækja um ófrjósemisaðgerð.
- Opinberir aðilar (barnaverndarnefndir, bæjaryfirvöld) lögðu fram beiðni um „vönun“ á einstaklingi sem talinn var óhæfur til barneigna eða barnauppeldis vegna andlegs vanþroska eða geðsjúkdóms.
- Læknar fengu því framgengt í samráði við barnaverndarnefnd að einstaklingur sem úrskurðaður hafði verið andlega vanþroska væri sviptur sjálfræði í því skyni að fá hann gerðan ófrjóan.
- Foreldrar fengu því framgengt að barn þeirra eldra en 16 ára sem úrskurðað hafði verið andlega vanþroska væri svipt sjálfræði í því skyni að fá það gert ófrjótt.

Af framansögðu sést að fyrir kom að gripið var til sjálfræðissviptingar í því skyni að taka ráðin af manneskjum til að fá þær gerðar ófrjóar eða til að þrýsta á þær að samþykkja slíka aðgerð. Slík mál koma tvisvar fyrir í sögu laga nr. 16/1938, þ.e. í þeim hluta sem snertir heimilaðar og framkvæmdar ófrjósemisaðgerðir. Í öðru tilvikinu samþykkti einstaklingur ófrjósemisaðgerð gegn því að sjálfræðissviptingin yrði dregin til baka. Það varð úr. Að frátöldum þessum tveimur málum verður ekki reynt að gefa hér upplýsingar um fjölda þeirra tilvika þar sem einstaklingur var gerður ófrjór gegn vilja sínum eða vegna þvingana af hendi opinberra aðila eða aðstandenda. Til þess þarf ítarlegri rannsókn. Málið felur einnig í sér skilgreiningarvanda sem ekki er rými fyrir í þessari greinargerð, t.d. varðandi spurninguna um muninn á því að tala manneskju til sem er í undirmálsstöðu eða beita hana þrýstingi til

að fá hana til að samþykkja að gangast undir ófrjósemisaðgerð. Og hvar liggja mörkin á milli þrýstings og þvingunar o.s.frv.?

Skrár um aðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 veita litlar sem engar upplýsingar um hversu mikinn skilning hlutaðeigandi hafði á eðli og afleiðingum þeirrar aðgerðar sem hann átti að gangast undir eða hvort hann hafði vitneskju um hana yfirleitt. Hér er auðvitað átt við þegar fólk var ekki í góðri aðstöðu til þess sökum geðræns sjúkdóms, skerts þroska og jafnvel æsku. Þess eru þó dæmi að sérstaklega sé tekið fram að viðkomandi hafi ekki fengið að vita hvers kyns aðgerðin var sem hann eða hún gekkst undir. Eftirfarandi atriði eru dæmi um slíkt:

- Hlutaðeigandi var tjáð að gera þyrfti „smá aðgerð". Þessi skýring var rökstudd með því að viðkomandi gæti hvort eð er ekki skilið hvað fram átti að fara sökum andlegs vanþroska. Beiðni um aðgerð var undirrituð af framfæranda sem jafnframt var skipaður tilsjónarmaður.
- Ófrjósemisaðgerð var gerð undir því yfirskini að um botnlangabólgu væri að ræða en viðkomandi fékk ekki að vita um ófrjósemisaðgerðina. Ekki var útskýrt hvers vegna aðgerðinni var haldið leyndri fyrir þeim er í hlut átti. Viðkomandi var innan við tvítugt. Skráð ástæða aðgerðar var andlegur vanþroski. Beiðni um aðgerð var undirrituð af fulltrúa barnaverndarnefndar.
- Sótt var um aðgerð á stúlku á sextánda ári. Ástæða umsóknar var sögð vera andlegur vanþroski, óhlýðni og „vergirni". Stúlkan var ekki upplýst um eðli og afleiðingar aðgerðar og tók læknir fram að hann teldi hana ekki mundu skilja málið þótt reynt yrði að útskýra það. Í vottorði var stúlkan sögð seinþroska en á mörkum þess að vera greindarskert. Beiðni um aðgerð var undirrituð af foreldri.

Í framangreindum tilvikum þótti ekki ástæða til að upplýsa eða reyna að upplýsa þann sem gekkst undir ófrjósemisaðgerð um eðli og afleiðingar hennar þar sem viðkomandi taldist ófær um að skilja slíkar útskýringar. Einnig er dæmi um að þeim ásetningi manna að gera manneskju ófrjóa væri haldið leyndum fyrir henni svo að aðgerð gæti farið fram. Vitað var að viðkomandi kærði sig ekki um að gangast undir slíka aðgerð eins og hér kemur fram:

- Kona þjáð af geðrænum sjúkdómi fór fram á fóstureyðingu en var ekki tilbúin til að vera gerð ófrjó og neitaði „vönun". Geðlæknir hennar taldi slíka aðgerð nauðsynlega því hún gæti ekki annast sjálfa sig eða átt fleiri börn vegna geðsjúkdóms. Hann mat það svo að geðsjúkdómur konunnar væri á svo háu stigi að það væri ekki rétt að ráðgast við hana um vönun. Hann mælti því með „vönun án vitundar sjúklings". Læknirinn sótti um ófrjósemisaðgerð á konunni án hennar vitundar en með samþykki maka. Sá síðarnefndi undirritaði beiðni um aðgerð.

Samkvæmt lögum nr. 16/1938 var heimilt að gera einstakling ófrjóan án samþykkis hans eða vitundar ef hann hafði „á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar". Undir þeim kringumstæðum gilti vilji og samþykki lögráðamanns eða tilsjónarmanns en ekki mátti gera einstakling ófrjóan gegn vilja þeirra. Framangreind dæmi eru þannig í samræmi við þær hugmyndir sem lög nr. 16/1938 byggðust á. Þar var ábyrgð lækna og annarra sérfræðinga mikil eins og gefur að skilja. Það kom í þeirra hlut að mæla og meta greindarstig einstaklinga og jafnvel að dæma um hvort gera ætti manneskju ófrjóa að ósk annarra burtséð frá eigin samþykki ef hún taldist ekki hafa vit fyrir sjálfri sér „vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar". Vandinn var því meiri þar sem heimild var gefin fyrir „vönun" á einstaklingi sem ekki taldist hafa „vit fyrir sjálfum sér vegna æsku" eins og það er orðað í lögunum. Heftur eða hamlaður þroski er af misjöfnum toga og úr getur ræst við réttar aðstæður, ekki síst ef um börn og unglinga er að ræða. Þeir mælikvarðar sem notaðir hafa verið

til að greina vitsmunastig fólks voru og eru ekki óskeikulir. Hvað ef mönnum skjátlaðist varðandi greiningu eða gallar voru á sjálfu mælitækinu, greindarprófinu? Þeirri spurningu var einnig velt upp á gildistíma laga nr. 16/1938 í vottorðum um einstaklinga sem beðið var um aðgerðir á, þrátt fyrir að trúin á áreiðanleika slíkra prófa hafi oftast ráðið ferðinni.

Hér er ekki tekin afstaða til þeirrar spurningar hvort eða hvenær það sé réttlætanlegt að gera manneskju ófrjóa án eigin samþykkis vegna hefts þroska eða geðsjúkdóms. Á gildistíma laga nr. 16/1938 var slíkt talið réttlætanlegt. Það þótti rétt og sjálfsagt að gera einstakling ófrjóan ef menn töldu líklegt eða fullvíst að hann gæti ekki borið ábyrgð á börnum sínum eða séð þeim farborða vegna andlegs vanþroska eða geðveiki. Í framhaldi af því vaknar sú spurning hvort það þótti svo sjálfsagt að gera fólk ófrjótt, ef það þótti ólíklegt til að geta séð um sig og sína vegna andlegrar vöntunar, að farið hafi verið offari? Var fólk gert ófrjótt (vegna þrýstings frá öðrum eða án eigin samþykkis/vitundar) sem síðar lifði eðlilegu lífi, vann sína vinnu og vildi eiga börn? Eða reyndist úrskurður manna um andlegan vanþroska og vanhæfni til að standa á eigin fótum í framtíðinni í einhverjum tilfellum rangur? Fyrrnefndur dómur á hendur íslenska ríkinu frá árinu 1996 nægir til að svara þessari spurningu játandi en ítarlega rannsókn þarf til að svara því hvort einhverjir og þá hversu margir hafa sömu eða svipaða sögu að segja og í því máli.

Það er ekki síst vegna þess hve ungt fólk var þegar það var gert ófrjótt sem framangreindar spurningar vakna. Samkvæmt þeim hugmyndum sem lög nr. 16/1938 byggðust á var talið rétt og réttlætanlegt að gera ungmenni ófrjó ef þau dæmdust þroskaheft og ólíkleg til að geta annast um sig eða afkomendur sína. Ungur aldur var ekki talinn hindrun þess að einstaklingur yrði gerður ófrjór ef þörf var talin á.[17] Þvert á móti var hvatt til fyrirhyggjusemi í þessum efnum með því að greina „treggáfaða“ eða þroskahefta strax á barns- og unglingsaldri svo unnt væri að gera þá ófrjóa áður en til þess gæti komið að þeir ættu börn.[18] Þessara viðhorfa gætti í sjálfri framkvæmd laga nr. 16/1938 sem sést af því að 36% þeirra sem gerðir voru ófrjóir vegna andlegs vanþroska voru undir tvítugu (sjá töflur 7a og 7b). Það eru um 6% allra þeirra sem gerðir voru ófrjóir á árunum 1938–75.

Tafla 7a. Aldur og fjöldi þeirra sem gerðir voru ófrjóir vegna andlegs vanþroska eða geðveiki 1938–75.

Aldur	1938–1955	1956–1965	1966–1975	Alls
11–15	2	7	7	16
16–19	7	11	10	28
20–24	9	4	10	23
25–29	9	6	3	18
30–34	8	4	6	18
35–39	7	0	4	11
40–46	3	2	1	6
Alls	45	34	41	120

[17] Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 20–21.
[18] Sama heimild, 50–51.

Tafla 7b. Aldur og fjöldi þeirra sem gerðir voru ófrjóir vegna andlegs vanþroska eða geðveiki 1938–1975.



Aldursdreifing þeirra sem ekki undirrituðu sjálfir beiðni um að þeir yrðu gerðir ófrjóir er á þann veg að yngstu einstaklingarnir voru á tólfta ári og þeir elstu á fimmtugsaldri (sjá töflur 8a og 8b).

Tafla 8a. Aldur og fjöldi þeirra sem gerðir voru ófrjóir 1938–75 án þess að undirrita sjálfir umsókn um aðgerð.

Aldur*	Karlar	Konur	Alls
11–15	3	14	17
16–20	3	17	20
21–25	1	5	6
26–30	0	9	9
31–35	0	4	4
36–40	1	0	1
41–45	0	1	1
46–50	1	0	1
Alls	9	50	59
Meðalaldur	22	21	
Tíðasti aldur	13	15	

* Aldur þegar umsókn var send landlækni. Aðgerð gat dregist fram á næsta aldursár.

Tafla 8b. Aldur og fjöldi þeirra sem gerðir voru ófrjóir 1938-1975 án þess að undirrita sjálfir beiðni um það.



Ófrjósemisaðgerðir á fólki undir tvítugu voru til umræðu í skýrslu sem út kom 1973 og fjallar m.a. um lög nr. 16/1938. Þar kom fram gagnrýni á þann þátt í framkvæmd laganna að heimila og framkvæma ófrjósemisaðgerðir á fólki undir 18 ára aldri eins og dæmi voru um, þar á meðal á unglingum sem töldust á mörkum þess að vera greindarskertir. Höfundum greinargerðarinnar þótti mjög vafasamt að gera einstaklinga undir 18 ára aldri ófrjóa „nema um mikinn greindarskort sé að ræða (vitkvóti 50 eða lægri).“ Þetta var rökstutt með því að viðkomandi gæti átt eftir að bæta við sig andlegum þroska frá byrjun kynþroskaskeiðs og til enda gelgjuskeiðs. Enn fremur var gagnrýnt að greindarmælingar vantaði með beiðnum um vananir á unglingum sem komið höfðu til framkvæmda. Skýrsluhöfundar sögðust álíta að enga umsókn vegna greindarskorts ætti að afgreiða án slíkrar mælingar. Þegar um ungar konur væri að ræða ætti fyrst og fremst að beita getnaðarvörnum, t.d. lykkju, í stað þess að gera þær ófrjóar.[19]

Fyrrnefnd skýrsla frá 1973 kom út í tilefni af endurskoðun gildandi löggjafar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir og var bæði ætlað að skoða gildandi lög og koma með tillögur um úrbætur í nýrri löggjöf.

Áfram voru heimilaðar ófrjósemisaðgerðir á unglingum, af tilefninu andlegur vanþroski samkvæmt vottorðum, út gildistíma laga nr. 16/1938, eða fram á fyrra helming ársins 1975.

3.13 Eru þekkt dæmi þess að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lög nr. 16/1938 byggðust á án þess að leyfi landlæknis skv. 6. gr. hafi legið fyrir?

Skýrslur um umsóknir og framkvæmd laga nr. 16/1938 gefa engar upplýsingar eða vísbendingar um að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerðir á grundvelli þeirra sjónarmiða

[19] „Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.“ *Rit Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins* 4. Rv. 1973, 24–25 (7–8).

sem lög nr. 16/1938 byggðust á án þess að leyfi landlæknis skv. 6. grein hafi legið fyrir. Þetta svar vísar aðeins til þeirra upplýsinga sem gögn um afgreiðslu umsókna til landlæknisembættisins og framkvæmd þeirra aðgerða láta í té en útilokar ekki að slíkt hafi átt sér stað án þess að það hafi verið fært til bókar í fyrrnefndum gögnum. Vitað er fyrir víst um eitt dæmi þess að læknir hafi gert ófrjósemisaðgerð án vitundar eða samþykkis viðkomandi á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lögin byggðust á, án þess að sækja um leyfi til landlæknisembættisins. Rök læknis fyrir aðgerðinni voru þau að konan væri andlega vanþroska og hann hefði því talið réttmætt að gera hana ófrjóa um leið og gerður var á henni botnlangauppskurður. Þeim lækni og viðkomandi sveitarfélagi var gert að greiða konunni skaðabætur samkvæmt dómi sem féll árið 1979.

3.14 Hve oft var aðila skipaður tilsjónarmaður skv. 4. gr. laganna?

Tilsjónarmaður skv. 4. gr. var alls skipaður 21 sinni þegar um „vananir" var að ræða. Tvisvar kom til skipunar tilsjónarmanns vegna ófrjósemisaðgerða í formi „afkynjunar".

Lögum nr. 16/1938 var ætlað að ná til allra sem ekki höfðu „vit fyrir sjálfum sér" ef óskað væri eftir, burtséð frá aldri viðkomandi. Tilgangurinn með 4. gr. laganna um að aðila skyldi skipaður tilsjónarmaður var sá að kleyft væri og löglegt að gera einstaklinga sem komnir voru á sjálfræðisaldur (16 ára og eldri) ófrjóa ef álitið var að þeir gætu ekki verið ábyrgir fyrir sjálfum sér vegna skerts þroska eða geðsjúkdóms. Einkum var reiknað með að aðstandendur þess er í hlut átti myndu nýta sér þetta ákvæði eða aðrir kunnugir honum.[20] Fjórða grein er svohljóðandi:

> Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkvæmt lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefir sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.[21]

Stefna landlæknis var sú að nánasti aðstandandi viðkomandi væri skipaður tilsjónarmaður ef þess var kostur. Sá fyrirvari var þó hafður á að skipa skyldi utanaðkomandi aðila ef nánustu aðstandendur þóttu ekki stíga í vitið, eða eins og það var orðað: „ef um fávita er að ræða, sem kominn er út af fáráðlingum og ætti þá eina að nánustu aðstandendum".[22] Eins og sjá má í lögunum var það landlæknis að meta hvort tilsjónarmaður var skipaður eða ekki. Með öðrum orðum var skipun tilsjónarmanns matsatriði en ekki skilyrði þegar sótt var um heimild til að gera einstakling ófrjóan sem náð hafði 16 ára aldri (sjálfræðisaldri).

Aðdragandinn að skipun tilsjónarmanns var almennt sá, að umsókn um leyfi til ófrjósemisaðgerðar á tilteknum einstaklingi barst landlækni. Hann hafði samband við héraðs- eða borgardómara, sýslumenn eða fógeta (eftir því sem við átti) í heimabyggð þess sem sótt var um aðgerð á og fór fram á að viðkomanda yrði skipaður tilsjónarmaður. Í mörgum tilfellum benti landlæknir á þá aðila sem hann taldi æskilega tilsjónarmenn og gekk val hans ætíð eftir.

Svo virðist sem hugmyndin um að vísa á nánasta aðstandanda ef unnt var hafi náð fram að ganga þar sem flestir tilsjónarmannanna voru foreldar þess er gekkst undir aðgerð. Syst-

---

[20] Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 21–22.
[21] *Stjórnartíðindi* A 1938, 25.
[22] Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir*, 22.

kini og aðrir nánir ættingjar og makar koma einnig við sögu, sem og forsvarsmenn opinberra aðila. Í þessu tilfelli voru það framfærslufulltrúi og fulltrúi barnaverndarnefndar. Einnig var leitað til fólks sem þótti áreiðanlegir samfélagsborgarar og því vel fært um að gæta hagsmuna þess einstaklings sem óskað hafði verið eftir að gerður yrði ófrjór skv. 4. gr. (sjá töflu 9).

Tafla 9. Þeir sem skipaðir voru tilsjónarmenn samkvæmt lögum nr. 16/1938, 1938–75.

Tilsjónarmenn	Fjöldi
Foreldrar	12
Systkini	2
Aðrir ættingjar	1
Maki	1
Fulltrúi barnaverndarnefndar	1
Framfærslufulltrúi	1
Aðrir	5
Alls	23

3.15 Hvenær var nefnd skv. 5. gr. síðast skipuð og hvenær kom hún síðast saman?

Nefnd sú er landlæknir hafði til ráðuneytis við framkvæmd laga nr. 16/1938 var fyrst skipuð í febrúar árið 1938 og starfaði þar til um miðjan júní 1975. Hún var skipuð þremur fulltrúum, lækni, lögfræðingi og leikmanni. Nokkrar mannabreytingar urðu í nefndinni á tímabilinu en þeirri reglu var viðhaldið að í henni væru læknir og lögfræðingur.

3.16 Eru dæmi þess að landlæknir hafi synjað umsókn um aðgerð skv. 2. mgr. 6. gr. laganna?

Samkvæmt þeim heimildum sem þessi rannsókn byggist á eru engin dæmi þess að landlæknir hafi synjað umsókn um vönun skv. 2. mgr. 6. gr. laganna, þ.e. sett sig á móti vilja viðkomandi nefndar með því að synja leyfis er meiri hluti hennar mælti með. Ekki þurfti því að grípa til þess ákvæðis laganna sem heimilaði umsækjanda að leita úrskurðar dómsmálaráðherra, sem þá mátti fela nefndinni að gefa út leyfið í stað landlæknis. Öll leyfi sem nefndin veitti til ófrjósemisaðgerða sem komu til framkvæmda voru samkvæmt „samhljóða samþykki“ hennar.

4. Samantekt.

Lög nr. 16/1938 um að heimila í vissum tilfellum ófrjósemisaðgerðir á fólki voru í gildi í um 38 ár. Fyrsta aðgerðin samkvæmt lögunum var gerð sama ár og þau tóku gildi og sú síðasta árið 1975. Alls voru framkvæmdar 726 ófrjósemisaðgerðir. Þar af voru 722 í flokknum „vananir“, þ.e. þegar rásum til kynkirtla er lokað með skurðaðgerð og 4 aðgerðir á körlum í flokknum „afkynjanir“, þ.e. skurðaðgerð þegar kynkirtlar eru numdir brott. Tilgangurinn með fyrrnefndu aðgerðinni (vönun) var sá að gera viðkomandi ófrjóan án þess að raska kyngetu en þeirri síðarnefndu (afkynjun) var auk þess ætlað að svipta mann getu og kynhvöt.

Konur voru í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra er gengust undir ófrjósemisaðgerðir („vananir“) samkvæmt lögum nr. 16/1938, eða um 98%. Alls gengust 707 konur undir aðgerð og 19 karlar (4 „afkynjanir“ meðtaldar).

Um 55% þeirra er gengust undir ófrjósemisaðgerðir bjuggu í Reykjavík og nærliggjandi sveitarfélögum og um 45% voru úr öðrum kaupstöðum og sveitum landsins.

Tvö dæmi eru um að heimilaðar hafi verið aðgerðir á systkinum. Í öðru var heimiluð aðgerð á fjórum einstaklingum en í hinu var heimiluð aðgerð á tveimur einstaklingum. Annar þeirra gekkst undir aðgerð en ekki liggja fyrir upplýsingar um að komið hafi til aðgerðar á hinum.

83,4% ófrjósemisaðgerða, eða alls 602 aðgerðir, voru framkvæmdar af læknisfræðilegum ástæðum, þ.e. vegna sjúkdóma eða langvarandi veikinda viðkomandi, hættu á veikindum konu á meðgöngu eða misförum hennar eða barns í fæðingu, sterkum líkum á fósturskaða ef um frekari meðgöngur yrði að ræða eða erfðagöllum. Heimilt var að taka tillit til erfiðra félagslegra aðstæðna ásamt læknisfræðilegum og var það gert ef ástæða þótti til. Óheimilt var að taka tillit til félagslegra aðstæðna eingöngu.

Í 16,6% ófrjósemisaðgerða, eða alls 120 aðgerðum, var andlegur vanþroski eða geðveiki sögð meginástæða aðgerðar.

Um 90% þeirra umsókna um ófrjósemisaðgerðir sem komu til framkvæmda voru undirritaðar af þeim sem gekkst undir aðgerð eða alls 646 umsóknir. Alls 17 umsóknir voru undirritaðar af þeim er gera átti ófrjóan ásamt öðrum aðila. Oftast voru það foreldrar en einnig systkini eða skipaðir tilsjónarmenn. 59 einstaklingar voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita beiðni um það. Í meiri hluta þeirra tilfella voru foreldrar umsækjendur eða í 42 tilvikum. Í 10 þeirra sótti foreldri um sem skipaður tilsjónarmaður barns síns þar sem það hafði náð 16 ára aldri.

Fulltrúar barnaverndarnefnda undirrituðu alls fimm beiðnir um aðgerðir sem komu til framkvæmda og framfærslufulltrúi bæjarfélags undirritaði eina. Þess utan eru dæmi um að frumkvæði að því að fólk var gert ófrjótt hafi komið frá einhverjum utan fjölskyldunnar. Hér er átt við fulltrúa félagsmálastofnana, barnaverndarnefnda, bæjarstjórna eða lækna. Upplýsingar um fjölda slíkra málsatvika liggja ekki endanlega fyrir.

Í þessari skýrslu er ekki unnt að svara því hvernig staðið var að því að fá samþykki einhvers fyrir að gangast undir aðgerð þegar frumkvæði kom frá einhverjum öðrum. Það verður einungis að geta sér þess til að viðkomandi hafi látið tilleiðast eftir röksemdafærslu, ráðleggingar eða þrýsting frá þeim sem lögðu að honum að gangast undir slíka aðgerð.

Fyrirmæli voru um að nefndin sem dómsmálaráðherra skipaði landlækni til ráðuneytis við afgreiðslu umsókna um aðgerðir samkvæmt lögum nr. 16/1938 skyldi vera skipuð lækni, lögfræðingi og leikmanni. Engin reglugerð var sett um störf nefndarinnar. Hún studdist við ramma laganna þegar hún afgreiddi umsóknir og byggði ákvarðanir sínar um synjun eða samþykki á þeim gögnum sem fylgdu umsókn og vottuðu um heilsufar eða andlegt ástand viðkomandi, þ.e. læknisvottorðum og vottorðum sálfræðinga eða geðlækna (þegar um slíkt var að ræða). Nefndin var fyrst skipuð snemma í febrúar 1938 og kom síðast saman um miðjan júní 1975. Nokkrar mannabreytingar urðu í henni á tímabilinu.

Sá læknir sem leitað var til þegar sótt var um ófrjósemisaðgerð átti að veita þeim er gangast átti undir aðgerðina upplýsingar um eðli og afleiðingar hennar. Hann átti einnig að tilkynna landlækni á umsókn viðkomandi hvort það hafði verið gert. Hvað snertir um 85% umsókna svara læknar þessu játandi, neitandi í um 5% tilfella og í um 10% tilvika er því látið ósvarað.

Fimmtíu og níu einstaklingar voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita sjálfir beiðnir um það. Andlegur vanþroski er skráður ástæða aðgerða í flestum tilvikum og geðveiki í nokkrum. Þeir einstaklingar sem voru gerðir ófrjóir án þess að undirrita sjálfir umsókn, þ.e. samkvæmt beiðni annarra, voru á aldursbilinu 11–46 ára. Þar af voru 37 um og innan við tvítugt. Fimmtán voru á þrítugsaldri, fimm á fertugsaldri og tveir á fimmtugsaldri.

Vitað er um eitt dæmi þess að læknir hafi framkvæmt ófrjósemisaðgerð á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lög nr. 16/1938 byggðust á án leyfis landlæknis skv. 6. gr. Dómur féll í slíku máli árið 1979 og var viðkomandi læknir og sveitarfélag, sem ábyrgðaraðili sjúkrahússins þar sem aðgerðin var gerð, dæmt til að greiða hlutaðeigandi einstaklingi skaðabætur. Upplýsingar um fleiri slík mál liggja ekki fyrir í þeim heimildum sem þessi rannsókn styðst við.

Aðila var skipaður tilsjónarmaður skv. 4. gr. í 21 skipti þegar um „vönun“ var að ræða og tvisvar við „afkynjun“ eða alls í 23 tilvikum. Þar af var rétt um helmingur skipaðra tilsjónarmanna foreldrar þess er gera átti aðgerð á eða 12 manns.

Samkvæmt þeim heimildum sem hér er stuðst við synjaði landlæknir aldrei umsókn um ófrjósemisaðgerð skv. 2. mgr. 6. gr laga nr. 16/1938, þ.e. umsókn sem meiri hluti nefndar hafði samþykkt. Það kom því aldrei til þess að dómsmálaráðherra hafi þurft að hnekkja slíkri synjun landlæknis.

Heimildir.

Eugenics and the Welfare State. Sterilization Policy in Denmark, Sweden, Norway, and Finland. Ritstj. Gunnar Broberg og Nils Roll-Hansen. East Lansing 1996.

„Fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.“ *Rit Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins* 4. Reykjavík 1973.

Stjórnartíðindi A 1938. Reykjavík 1938.

Tydén, Mattias: *Från politik till praktik. De Svenska steriliseringslagarna 1935–1975.* Stokkhólmur 2000.

Unnur Birna Karlsdóttir: *Mannkynbætur. Hugmyndir um bætta kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld.* Reykjavík 1998.

Vilmundur Jónsson: *Afkynjanir og vananir. Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.* Reykjavík 1937.

Weindling, Paul: „International Eugenics: Swedish Sterilization in Context.“ *Scandinavian Journal of History* 24. árg., 2. tbl. 1999, 179–197.

Zaremba, Maciej: *De rena och de andra. Om tvångssteriliseringar, rashygien och arvsynd.* Falkenberg 1999.

Óbirtar heimildir.

Unnur Birna Karlsdóttir: „Ófrjósemisaðgerðir á Íslandi árin 1938–1975: Hugmynd og framkvæmd.“ (Óbirt rannsókn.)

Ýmis skjöl úr skjalasafni landlæknisembættisins frá tímabilinu 1938–1975.

1056. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um fasteignakaup.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen frá dómsmálaráðuneyti, Viðar Má Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, Sigurð Líndal, Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins, Guðrúnu Árnadóttur og Björn Þorra Viktorsson frá

Félagi fasteignasala, Magnús Sædal byggingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg, Berg Hauksson og Garðar Friðjónsson frá Þyrpingu, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Frey Jóhannesson og Ingvar Sveinbjarnarson frá Matsmannafélagi Íslands, Sigurð Helga Guðjónsson frá Húseigendafélaginu, Erlend Gíslason frá Lögmannafélagi Íslands, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Guðmund B. Helgason og Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Ársæl Hafsteinsson frá Búnaðarbanka Íslands hf. Þá var haldinn símafundur með Gunnari Sverrissyni skoðunarmanni í Noregi.

Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi fasteignasala, Arkitektafélagi Íslands, Verkfræðingafélagi Íslands, ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, Dómarafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Matsmannafélagi Íslands, Húseigendafélaginu og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Á Íslandi gilda ekki sérstök lög um fasteignakaup. Reglum um lausafjárkaup og almennum reglum kröfuréttar hefur verið beitt með ýmsum hætti eftir því sem við hefur átt en sú réttaróvissa hefur sætt gagnrýni á síðustu árum og hafa kostnaðarsöm málaferli verið algeng. Við samningu frumvarpsins var tekið mið af lögum um lausafjárkaup enda ótvíræður kostur að samræmi sé milli reglna um lausafjárkaup og fasteignakaup. Þau lög voru að norskri fyrirmynd og var því talið rétt að hafa norsk lög á þessu sviði jafnframt til hliðsjónar.

Efni reglna frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi lúta ákvæði þess að réttarsambandi kaupanda og seljanda. Um er að ræða kröfuréttarlegar reglur sem einkum mæla fyrir um skyldur kaupanda og seljanda og hverju það varði ef þær eru ekki efndar. Í öðru lagi eru reglur um ástandsskýrslur sem er algert nýmæli í íslenskri löggjöf.

Frumvarpið skiptist í níu kafla. Í I. kafla er að finna almenn ákvæði sem eru öll nýmæli, svo sem skilyrði neytendakaupa, krafa um skriflegt form, fyrirvara í fasteignakaupum og réttaráhrif hans, tilkynningarskyldu og fresti vegna forkaupsréttar. Með II. kafla sem fjallar um afhendingu o.fl. er að mestu verið að lögfesta reglur sem gilt hafa í fasteignaviðskiptum. Sama gildir um III. kafla um eiginleika fasteigna, galla, fylgifé o.fl. að frátöldum nokkrum ákvæðum, svo sem skilgreiningu á gallahugtakinu, skilyrðinu um að galli þurfi að rýra verðmæti fasteignar svo nokkru varði, ítarlegri reglum um fylgifé og skilgreiningu á þýðingu almennra fyrirvara í fasteignakaupum. Þá eru reglur í IV. kafla um vanefndaúrræði kaupanda, V. kafla um vanefndaúrræði seljanda, VI. kafla um sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir og VII. kafla um sameiginleg ákvæði um skaðabætur og vexti nýmæli þótt efni þeirra sé í flestum tilvikum sniðið að reglum laga um lausafjárkaup. VIII. kafli um ástandsskýrslur er eins og fyrr greinir algert nýmæli. Í IX. kafla er að finna gildistökuákvæði og breytingar á öðrum lögum.

Nefndin vill vekja athygli á prentvillu í athugasemdum með 2. mgr. 49. gr. en greinin fjallar að sjálfsögðu um úrræði seljanda en ekki kaupanda.

Nefndin lítur svo á að afar brýnt sé að lögfesta reglur um fasteignakaup til að eyða þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur á þessu sviði og telur að málaferlum muni fækka í kjölfarið. Nefndin mælir því með að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin heppilegra að fjallað verði um greiðslumark bújarðar sem fylgifé fasteignar samfara endurskoðun á jarðalögum sem nú á sér stað í landbúnaðarráðuneytinu og leggur því til að 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins falli brott. Þá ræddi nefndin ítarlega reglur VIII. kafla frumvarpsins um ástandsskýrslur. Nefndinni bárust ábendingar um þær sem hún telur þurfa frekari skoðunar við og m.a. þurfi að kanna nánar reynslu af slíkum skýrslum annars staðar á Norðurlöndunum. Nefndin leggur því til að VIII.

kafli frumvarpsins falli brott. Hins vegar telur nefndin reglurnar afar áhugaverðar og er sammála um að þær eigi að koma til umfjöllunar hjá nefndinni strax á næsta þingi. Þá er lagt til að lögin taki eingöngu til þeirra samninga sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra. Loks leggur nefndin til smávægilegar orðalagsbreytingar og nokkrar breytingar vegna brottfalls VIII. kafla.

Jónína Bjartmarz og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 25. mars 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Kjartan Ólafsson.	Katrín Fjeldsted.
Stefanía Óskarsdóttir.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

1057. Breytingartillögur [253. mál]

við frv. til l. um fasteignakaup.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. 3. mgr. falli brott.
2. Við 14. gr. Í stað orðsins „honum“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: gagnaðila hans.
3. Við 22. gr. Í stað orðsins „geta“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: geti.
4. Við 23. gr. Fyrir aftan orðin „skuli renna til hluta“ í b-lið komi: eða búnaðar.
5. Við 25. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 30. gr. Á eftir orðinu „gefur“ í 1. mgr. komi: ekki.
7. Við 42. gr. Í stað orðanna „skv. 39. eða 40. gr.“ í 2. mgr. komi: sbr. 39. eða 40. gr.
8. Við 52. gr. Í stað orðsins „varð“ í 2. mgr. komi: verður.
9. Við 55. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tilkynningar.*
10. VIII. kafli, **Ástandsskýrsla o.fl.**, 62.–68. gr., falli brott.
11. Við 69. gr., sem verði 62. gr. Greinin orðist svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002. Lögin gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku þeirra.
12. Við 70. gr. Greinin falli brott.
13. Fyrirsögn IX. kafla, sem verði VIII. kafli, verði: **Gildistaka.**

1058. Svar [495. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um verðmyndun á kindakjöti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er háttað verðmyndun á kindakjöti frá bónda til stórmarkaðar og hversu margar krónur koma í hlut hvers milliliðar þegar haft er í huga að nú kostar 1 kg af kindakjöti sem selt er í hálfum skrokkum 680 kr. í einum af stórmörkuðunum?

Verðmyndun kindakjöts til framleiðenda fer eftir ákvæðum 8. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Samkvæmt þeim ákvæðum metur verðlagsnefnd búvara við upphaf hvers verðlagsárs framleiðslukostnað sauðfjárafurða fyrir meðalbú. Landssamtökum sauðfjárbænda er heimilt að gefa út viðmiðunarverð til framleiðenda fyrir einstaka flokka sauðfjárafurða. Skv. 13. gr. sömu laga ákveður verðlagsnefnd heildsöluverð búvara sem verðlagðar eru skv. 8. gr. að teknu tilliti til afurðaverðs til framleiðenda og rökstuddra upplýsinga um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara. Af ákvæðum þessara tveggja greina leiðir að verðmyndun á kindakjöti er ekki opinber en fer fram á markaði hverju sinni.

Ekki er að finna opinbera skýrslu um verð einstakra tegunda af kindakjöti sem hægt væri að styðjast við til að svara þessari fyrirspurn nema þær verðupplýsingar sem Hagstofa Íslands safnar vegna útreikninga á verðlagsbreytingum í smásölu. Leitað var til Bændasamtaka Íslands vegna fyrirspurnarinnar sem leituðu eftir upplýsingum hjá þremur sláturleyfishöfum um verð til bænda á þeim verðflokki dilkakjöts sem ætla má að um sé spurt. Niðurstaðan var sú að verðið mætti áætla 284–285 kr. á kg án virðisaukaskatts. Hvað varðaði verðlagningu kjötsins við sölu frá sláturleyfishafa kom fram við könnunina að afsláttarkjör sláturleyfishafa eru breytileg. Athugunin sem Bændasamtökin gerðu gaf tilefni til að áætla að heildsöluverð á niðursöguðum heilum og hálfum skrokkum gæti legið á bilinu 429–488 kr. á kg án virðisaukaskatts.

Hafa verður í huga við athugun þessara talna að skilgreiningu á gæðum vantar og jafnframt að samkvæmt verðtöku Hagstofu Íslands er verð á dilkakjöti í heilum skrokkum til neytenda í byrjun febrúar 2002 talið 610 kr. á kg.

1059. Fyrirspurn [655. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hver eru áform ráðherra varðandi húsnæðismál Kvikmyndasafns Íslands?

1060. Fyrirspurn [656. mál]

til utanríkisráðherra um framlag Íslands til þróunarsamvinnu og niðurstöður Monterrey-ráðstefnunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvert er mat ráðherra á niðurstöðum Monterrey-ráðstefnunnar?
2. Hver eru viðhorf ráðherra til þeirra sjónarmiða sem bandarísk stjórnvöld settu fram á ráðstefnunni?
3. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess hvort auka beri framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu sérstaklega í framhaldi af ráðstefnunni?

1061. Frumvarp til laga [657. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Dóra Líndal Hjartardóttir, Karl V. Matthíasson, Einar Már Sigurðarson, Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 28. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þá getur Náttúruvernd ríkisins falið sveitarstjórn eða sveitarstjórnum sem land eiga að þjóðgarði umsjón og rekstur hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Náttúruvernd ríkisins verði heimilt að fela sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnum umsjón og rekstur þjóðgarða. Skv. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, hefur Náttúruvernd ríkisins umsjón, rekstur og eftirlit með náttúruverndarsvæðum í samræmi við lög. Í 3. gr. laganna eru þjóðgarðar skilgreindir sem náttúruverndarsvæði. Þá kemur fram í 28. gr. að Náttúruvernd ríkisins geti falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða að þjóðgörðum undanskildum.

Samfylkingin er hlynnt valddreifingu og hefur beitt sér fyrir því að verkefni séu færð frá ríki til sveitarfélaga. Í samræmi við það þykir eðlilegt að sveitarstjórn eða sveitarstjórnir sem land eiga að þjóðgarði geti farið með stjórn hans. Þannig er í senn ýtt undir dreifingu valdsins og um leið nýtist þekking og vinnuafl heimamanna á svæðinu.

Samkvæmt framangreindu hlutverki Náttúruverndar ríkisins þykir rétt að gerður verði samningur um umsjón og rekstur svæðisins milli viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og Náttúruverndar ríkisins, svo sem nánar er kveðið á um í 28. gr. laganna.

1062. Nefndarálit [363. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Benedikt Árnason og Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti, Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Jón H.B. Snorrason og Helga Magnús Gunnarsson frá ríkislögreglustjóranum, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Helgu Hlín Hákonardóttur frá Íslandsbanka og Ólaf Arinbjörn Sigurðsson frá Verðbréfaþingi Íslands. Umsagnir bárust um málið frá Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, ríkislögreglustjóranum, Verðbréfaþingi Íslands, Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að taka af allan vafa um það að þeim sem búa yfir trúnaðarupplýsingum (innherjum) sé óheimilt að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim verðbréfum sem trúnaðarupplýsingarnar tengjast, óháð því hvort um ásetnings- eða gáleysisbrot er að ræða. Í því skyni er lagt til að í stað núgildandi ákvæðis 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, um að innherjum sé óheimilt að nýta trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa, komi ákvæði þess efnis að innherjum sé óheimilt að afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.

Frumvarpið er lagt fram í tilefni af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. október 2001, en þar var talið að fyrrgreint ákvæði laga um verðbréfaviðskipti yrði ekki skilið öðruvísi en svo að í því væri áskilinn beinn og eindreginn ásetningur.

Í meðferð nefndarinnar á frumvarpinu vakti það athygli að ekki er tekið afdráttarlaust fram í frumvarpstextanum að gáleysi nægi til sakfellingar samkvæmt ákvæðinu. Með hliðsjón af því leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu þess efnis að bætt verði við það ákvæði um saknæmisskilyrði sem verði 4. mgr. 69. gr. laganna. Þar verði tekið afdráttarlaust fram að brot gegn lögunum varði refsingu, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Nefndin ræddi einnig töluvert um framvirka samninga og hvort rétt væri að setja sérstakt undantekningarákvæði í lögin vegna þeirra. Niðurstaða nefndarinnar var að ekki væri ástæða til þess. Nefndin tekur þó fram að efnd á framvirkum samningi sem hefur verið gerður með lögmætum hætti getur aldrei talist brot á meðferð trúnaðarupplýsinga, þ.e. framkvæmd framvirks samnings sem er fyrir fram ákveðinn og bindandi og gerður hefur verið áður en viðkomandi fékk í hendur trúnaðarupplýsingar varðar ekki refsingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:

Við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Össur Skarphéðinsson, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ragnheiður Hákonardóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

1063. Nefndarálit [454. mál]

um frv. til l. um rafeyrisfyrirtæki.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Benedikt Árnason og Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu og Stefán Jón Friðriksson frá Icepro. Umsagnir bárust um málið frá Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Persónuvernd, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Fjármálaeftirlitinu, Icepro og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða í íslenskan rétt tilskipanir 2000/46/EB um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim og 2000/28/EB um breytingu á tilskipun 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, báðar frá 18. september 2000. Bankalaganefnd sem nú er að störfum hyggst leggja til að ákvæði um rafeyrisfyrirtæki verði hluti af frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að leggja fram á næsta löggjafarþingi, en þar sem Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða tilskipanirnar tvær fyrir 27. apríl nk. er nauðsynlegt að afgreiða frumvarpið fyrir þann tíma þó svo að lög um rafeyrisfyrirtæki komi líklega ekki til með að vera lengi í gildi í því formi sem hér er lagt til.

Með ákvæðum frumvarpsins er kveðið á um stofnun, starfsemi, rekstur o.fl. í tengslum við rafeyrisfyrirtæki, en það eru lögpersónur sem hafa heimild til að gefa út greiðslumiðil í formi rafeyris. Samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. frumvarpsins er með rafeyri átt við peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda, sem eru geymd á rafrænum miðli og gefin út í skiptum fyrir fjárhæð, sem er ekki lægri en hin útgefnu peningalegu verðmæti, og samþykkt sem greiðslumiðill af öðrum fyrirtækjum en útgefanda.

Nefndin telur að notkun rafeyris eigi eftir að aukast verulega og loks koma í stað smámyntar sem greiðslumiðill við greiðslu lágra upphæða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Össur Skarphéðinsson, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ragnheiður Hákonardóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

1064. Nefndarálit [489. mál]

um frv. til l. um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Benedikt Árnason og Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu, Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Stefán Jón Friðriksson frá Icepro og Önnu Birnu Halldórsdóttur frá Samkeppnisstofnun. Umsagnir bárust um málið frá Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Persónuvernd, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Icepro og Samkeppnisstofnun.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti"). Tilskipunin miðar að því að tryggja að meginreglan um frjálst flæði þjónustu gildi einnig um rafræna þjónustu, þ.e. að unnt verði að veita þjónustuna á öllu Evrópska efnahagssvæðinu svo framarlega sem hún fullnægir lögum upprunalands. Tilskipunin hefur að geyma ákveðin lágmarksákvæði sem þeir sem hyggjast veita þjónustuna þurfa að fullnægja, en með rafrænni þjónustu er samkvæmt skilgreiningu í frumvarpinu átt við þjónustu sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega.

Nefndin ræddi töluvert um tölvumarkpóst (óumbeðnar viðskiptaorðsendingar í tölvupósti skv. 5. tölul. 4. gr. frumvarpsins) við meðferð málsins og aflaði sér m.a. upplýsinga um bannskrár Hagstofunnar. Þá voru nefndinni látnar í té þær upplýsingar að ákvæði laga um tölvumarkpóst væru nú í skoðun í viðskiptaráðuneytinu með tilliti til þróunar í Evrópu á þessu sviði.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Þær eru þessar:

1. Í lokamálsgrein 6. gr. frumvarpsins segir að sé verð rafrænnar þjónustu gefið upp skuli sérstaklega tekið fram hvort skattar og afhendingarkostnaður felist í verði. Þar er um að ræða beina innleiðingu á 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Nefndin telur það of mikla byrði fyrir þjónustuveitendur að skoða skattlagningu í öllum löndum sem þeir beina þjónustu sinni til með hliðsjón af því að veita ávallt upplýsingar um þá skatta sem féllu á þjónustuna, en telur neytendavernd nægilega tryggða með því að gefið verði upp hvort skattar

felist í verði þegar markaðssetning beinist eingöngu að íslenskum neytendum og leggur til breytingu á ákvæðinu þess efnis.

2. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um skilyrði þess að rafrænn samningur sé aðgengilegur. Í 3. tölul. 9. gr. segir hins vegar að veittar skuli upplýsingar um „hvort“ samningur verði aðgengilegur. Ef sett er skilyrði skv. 8. gr. telur nefndin eðlilegt að jafnframt verði tilgreint „hvernig“ slíkur samningur sé aðgengilegur og gerir breytingartillögu þess efnis.
3. Loks leggur nefndin til að ákvæði um að skylt sé að það komi fram með ótvíræðum hætti strax við móttöku að um markpóst sé að ræða bætist við 4. mgr. 28. gr. laga um persónuvernd í stað 2. mgr. sömu greinar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Össur Skarphéðinsson, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Ragnheiður Hákonardóttir.
Kristinn H. Gunnarsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

1065. Breytingartillögur [489. mál]

við frv. til l. um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 6. gr. 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Þegar rafrænni þjónustu er eingöngu beint að íslenskum neytendum skulu skattar innifaldir í verði.
2. Við 9. gr. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: hvort og þá hvernig samningur verði aðgengilegur.
3. Við 23. gr. Í stað „2. mgr.“ í inngangsmálslið komi: 4. mgr.

1066. Svar [570. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar um verð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvert verður samningsbundið upphafsverð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun til Reyðaráls ef af framkvæmdum verður?*
2. *Hvert verður áætlað meðalverð á raforku á samningstímanum og á hvaða forsendum er það mat byggt hvað varðar þróun álverðs og aðra þætti sem máli skipta?*

Í gildi er trúnaðarsamningur milli Landsvirkjunar og Reyðaráls hf. sem kemur í veg fyrir að hægt sé að gefa orkuverðið í raforkusamningi þeirra upp opinberlega. Enn fremur ber að hafa í huga að Landsvirkjun hefur gert samninga við önnur stóriðjufyrirtæki með þeim skilmálum að verð sé ekki gefið upp og hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt að fara með það sem trúnaðarmál.

Stjórn Landsvirkjunar staðfestir alla orkusamninga fyrirtækisins við stóriðjufyrirtæki og iðnaðarnefnd Alþingis hefur fengið trúnaðarupplýsingar um orkuverð til stóriðju í tengslum við afgreiðslu þingmála, sem snerta slíka samninga.

Landsvirkjun telur sér ekki fært að birta opinberlega áætlanir um meðalverð á raforku á samningstímanum. Umsamið meðalverð á raforku til Reyðaráls hf. verður tengt heimsmarkaðsverði á áli. Til þess að meta þróun álverðs á samningstímanum hefur Landsvirkjun leitað til erlendra sérfræðinga á því sviði, m.a. til James F. King, sem er sjálfstæður ráðgjafi í Bretlandi, og Robin Adams hjá Resource Strategies Inc. í Bandaríkjunum. Þeir gera báðir ráð fyrir lækkandi heimsmarkaðsverði á áli á samningstímanum vegna framleiðniaukningar í greininni. Landsvirkjun hefur tekið fullt tillit til þessa í mati sínu á tekjum af Kárahnjúkaverkefninu.

1067. Svar [573. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um takmarkanir á tóbaksreykingum.

1. *Var heilbrigðisnefndum falið að gera sérstakt átak eftir 1. ágúst 2001 til að framfylgja ákvæðum II. kafla laga um tóbaksvarnir um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks?*

Framkvæmd tóbaksvarnaeftirlits er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en Hollustuvernd ríkisins sér um samræmingu eftirlitsins.

Að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið gekkst Hollustuvernd ríkisins fyrir kynningu á breytingum á tóbaksvarnalögunum í ágúst sl. Þar var athygli heilbrigðiseftirlitsins sérstaklega vakin á ákvæðum 7. og 9. mgr. 8. gr. laganna, þar sem segir m.a. „Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak“ og: „Til þess að selja tóbak í smásölu þarf sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði.“

Heilbrigðisráðuneytið setti 7. júlí sl. reglugerð um tímabundnar undanþágur frá 18 ára aldurstakmarki vegna sölu tóbaks, nr. 543/2001. Reglugerðin var sett að tilhlutan heilbrigðiseftirlitsins og umhverfisráðuneytisins og í henni voru undanþáguákvæði til sex mánaða með ákveðnum skilyrðum. Ekki er annað vitað en vel hafi gengið að framfylgja ákvæði tóbaksvarnalaganna um söluleyfi.

2. *Var heilbrigðisnefndum falið að gera sérstakt átak skv. III. kafla sömu laga um takmörkun og verndun gegn tóbaksreyk?*

Frá því að fyrstu heildarlögin um tóbaksvarnir öðluðust gildi 1. janúar 1985 hefur heilbrigðisráðuneytið framfylgt lögum um tóbaksvarnir og þar með þeim ákvæðum þeirra sem lúta að takmörkun og banni reykinga á stöðum sem almenningur á aðgang að. Það er óhætt að segja að mikið hafi áunnist í þeim efnum. Hvað varðar hert ákvæði 9. greinar tóbaksvarnalaganna, m.a. um reyklaus svæði og bætta loftræstingu, hefur heilbrigðiseftirlitið gert viðkomandi aðilum grein fyrir þeim. Oft þarf viðamiklar breytingar á húsnæði veitinga- og skemmtistaða vegna þessara hertu ákvæða. Flestir rekstraraðilar eru af vilja gerðir að

uppfylla ákvæði um aukið rými fyrir reyklaus svæði og bætta loftræstingu á veitinga- og skemmtistöðum. Það getur þó reynst erfitt nema gefinn sé sanngjarn frestur til úrbóta, sérstaklega á skemmtistöðum. Reglubundið heilbrigðiseftirlit fer að jafnaði fram árlega á starfsleyfisskyldum og eftirlitsskyldum stöðum og oftar ef út af er brugðið. Úttekt fer fram á nýrri og breyttri starfsemi.

3. *Hve hátt hlutfall er þetta eftirlit af venjubundnum eftirlitsstörfum heilbrigðisfulltrúanna?*

Heilbrigðiseftirliti sveitafélaga, sem rekið er á 10 svæðum, ber að framfylgja fjölda laga og reglugerða. Eftirlit vegna tóbaksvarna er alla jafnan unnið sem hluti af almennu heilbrigðiseftirliti auk þess sem kvörtunum er sinnt. Flest svæðin reikna með að hlutfall eftirlits vegna tóbaksvarna sé á bilinu 5–10% en hafi verið nokkru meira í byrjun eins og gefur að skilja þegar fylgja þarf eftir nýmælum.

4. *Hefur heilbrigðisfulltrúum verið fjölgað vegna þessa eftirlits?*

Heilbrigðisfulltrúum hefur ekki verið fjölgað vegna tóbaksvarnaeftirlits, en á stöku svæði var ráðið í hlutastarf vegna álags þegar lögin tóku gildi.

5. *Hefur verið gerð úttekt á veitinga- og skemmtistöðum og öðru húsnæði sem lögin taka til? Ef ekki, stendur til að gera slíka úttekt?*

Fá svæði hafa gert sérstaka úttekt en önnur svæði hyggjast gera hana þegar ár verður liðið frá gildistöku laganna. Úttekt er hins vegar gerð við reglubundið eftirlit.

6. *Hve margir staðir falla undir eftirlitsskyldu heilbrigðisnefndanna?*

Þessari spurningu er ekki hægt að svara tæmandi. Heilbrigðiseftirlitið hefur m.a. eftirlitsskyldu samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og lögum nr 93/1995, um matvæli. Undir eftirlitið falla stofnanir og fyrirtæki eins og allir útsölustaðir tóbaks, veitinga- og skemmtistaðir, skólar og heilbrigðisstofnanir, verslanir, framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki svo og staðir sem veita almenningi þjónustu. Sem dæmi má nefna að undir heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur falla um 1.500 fyrirtæki á matvæla- og hollustuháttasviði.

7. *Hve margir staðir hafa staðist úttekt heilbrigðisfulltrúa?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þetta. Eftirlit með tóbaksvörnum er fellt inn í almennt heilbrigðiseftirlit og við það eru væntanlega gerðar ýmsar athugasemdir sem varða bæði tóbaksvarnir og annað sem bæta þarf úr.

8. *Hvaða athugasemdir eru algengastar*
   a. *hjá heilbrigðisfulltrúum,*
   b. *frá neytendum?*

Algengustu athugasemdirnar varðandi tóbaksvarnaeftirlit eru: a) að reyklaus svæði vanti, b) að reykur berist yfir á reyklaus svæði.

9. *Hefur komið til kæru vegna brota á þeim ákvæðum laganna sem snúa að hollustuvernd?*

Komið hefur til kæru vegna sölu á tóbaki til ungmenna. Heilbrigðiseftirlitið starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og beitir þvingunarúrræðum þeirra gerist þess þörf, oftast áminningu sem er þá undanfari frekari þvingunaraðgerða. Þar sem tiltölulega

stutt er síðan ný tóbaksvarnalög öðluðust gildi hefur lítið reynt á þvingunarúrræðin enn sem komið er.

1068. Fyrirspurn [658. mál]

til hagstofuráðherra um skráningu í þjóðskrá.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

1. Hvaða reglur gilda um skráningu nafna í þjóðskrá?
2. Hvaða stoð hafa þessar reglur í lögum og reglugerðum?
3. Hve margir hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá undanfarin fimm ár, sundurliðað eftir árum?
4. Hve margir eru ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá?
5. Hve margir eru nafnlausir í þjóðskrá vegna þess að þeir eða forráðamenn þeirra sætta sig ekki við gildandi reglur?
6. Telur ráðherra ástæðu til að breyta reglum um skráningu nafna í þjóðskrá?

Skriflegt svar óskast.

1069. Fyrirspurn [659. mál]

til fjármálaráðherra um starfsmannafjölda hjá Fasteignamati ríkisins og Landskrá fasteigna.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver var þróun starfsmannafjölda og stöðugilda hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár og hver var þróun starfsmannafjölda á umdæmisskrifstofum Fasteignamats ríkisins á sama tíma?
2. Hver er menntun þeirra sem hafa verið ráðnir hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár?
3. Hvernig er skipurit Fasteignamats ríkisins og hvaða breytingar hafa orðið á því að undanförnu?
4. Hverjar voru fjárfestingar í húsnæði og búnaði hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár?
5. Hvað líður flutningi Landskrár fasteigna til Akureyrar?
6. Hversu margir starfa hjá Landskrá fasteigna í Reykjavík?

Skriflegt svar óskast.

1070. Fyrirspurn [660. mál]

til dómsmálaráðherra um öryggisráðstafanir lögreglunnar í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO í Reykjavík 14.–15. maí nk.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Til hvaða öryggisráðstafana mun lögreglan grípa í tengslum við fund utanríkisráðherra NATO í Reykjavík 14.–15. maí nk.?
2. Hver er heildarkostnaður ríkisins við þær öryggisráðstafanir?
3. Hver er sundurliðaður kostnaður lögreglunnar við tækjakaup í tengslum við fundinn og í hverju felst sá kostnaður?
4. Hefur sérstök sveit óeirðalögreglumanna verið þjálfuð fyrir fundinn? Ef svo er, hvers vegna, hvert er hlutverk hennar og hver er kostnaðurinn við þjálfun og störf slíkrar sveitar?

1071. Fyrirspurn [661. mál]

til menntamálaráðherra um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001 um textun íslensks sjónvarpsefnis þar sem ráðherra var falið að stuðla að því að íslenskt sjónvarpsefni yrði textað eftir föngum til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk?

Skriflegt svar óskast.

1072. Frumvarp til raforkulaga. [662. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

1. Skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.
4. Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. *Dreifikerfi:* Raflínur ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug sem ekki teljast til flutningskerfisins. Enn fremur mælar og mælabúnaður hjá notendum.
2. *Dreifing:* Flutningur raforku um dreifikerfi.
3. *Dreifiveita:* Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
4. *Dreifiveitusvæði:* Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
5. *Endurnýjanlegar orkulindir:* Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
6. *Flutningsfyrirtæki:* Sá sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
7. *Flutningskerfi:* Raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá og með aflrofum á háspennuhlið stöðvarspenna virkjana til og með aflrofum fyrir aðveituspenna dreifiveitna.
8. *Flutningsvirki:* Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
9. *Flutningur:* Flutningur raforku um flutningskerfi.
10. *Gjaldskrársvæði:* Svæði þar sem sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu.
11. *Meginflutningskerfi:* Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Til meginflutningskerfisins teljast jafnframt tengilínur við raforkuver sem eru yfir 7 MW og hafa meira en 3.000 klst. árlegan nýtingartíma.
12. *Notandi:* Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
13. *Orkulindir:* Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur og sólarljós, en einnig olíu- og gaslindir og kolanámur.
14. *Raflína:* Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfis.
15. *Raforkukerfi:* Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
16. *Raforkumarkaður:* Skipulegur markaður með raforku.
17. *Raforkuver/virkjun:* Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.
18. *Sölufyrirtæki:* Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
19. *Viðskipti:* Kaup og sala raforku.

20. *Vinnsla/raforkuvinnsla:* Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku, í raforku.
21. *Vinnslufyrirtæki:* Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
22. *Virkjunarleyfi:* Leyfi sem veitt er til að reisa og reka raforkuver.

II. KAFLI
Raforkuvinnsla.

4. gr.
Veiting virkjunarleyfis.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi.

Virkjunarleyfi fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á eignarlandi á grundvelli leyfis þarf að hafa náðst samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða ákvörðun um eignarnám skv. 23. gr. að liggja fyrir. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið óskað innan 90 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta gildir einnig um nýtingu auðlinda í þjóðlendum eftir því sem við á.

5. gr.
Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð.

Tengja skal virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Samningur um tengingu við flutningskerfið skal liggja fyrir þegar sótt er um leyfi. Ráðherra er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að víkja frá tengiskyldu vegna virkjana sem eru undir 3,5 MW og varðandi eldsneytisstöðvar sem fyrst og fremst eru nýttar þegar truflanir koma upp í flutnings- eða dreifikerfinu.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á viðkomandi vatnasviði. Ef ekki näst samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum þeim sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Ráðherra er heimilt að endurskoða ákvæði virkjunarleyfis með tilliti til þessa og bæta í það ákvæðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins.

6. gr.
Efni virkjunarleyfis.

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Afmörkun virkjunarsvæðis.
2. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, Löggildingarstofu og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.
4. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
5. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
6. Ráðstöfun mannvirkja og tækja að rekstrartíma loknum.
7. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

7. gr.

Starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækis.

Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkar niðugreiðslur skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi. Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem bæði vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslu raforku aðskildum frá reikningum vegna annarrar vinnslu.

Í þeim tilvikum þegar samningur skv. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. nægir ekki til að flutningsfyrirtækið geti stillt saman raforkuþörf og raforkuframboð skulu vinnslufyrirtæki breyta vinnslu virkjana sinna eftir kröfum flutningsfyrirtækisins.

III. KAFLI
Flutningur.

8. gr.

Rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Eitt fyrirtæki, sem ráðherra tilnefnir, skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Fyrirtækið skal vera sjálfstæður lög- og skattaðili.

Ráðherra skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis um rekstur flutningskerfisins meðal þeirra sem eiga flutningsvirki hér á landi við gildistöku laganna. Náist að stofna slíkt fyrirtæki gerir ráðherra samning við fyrirtækið um þau atriði sem greinir í 1. mgr. og tilnefnir það síðan sem flutningsfyrirtækið. Heimilt er að tímabinda slíkan samning.

Takist ekki að stofna fyrirtæki skv. 2. mgr. skal stofna fyrirtæki í eigu ríkisins til að annast rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórnun.

Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögum þessum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Flutningsfyrirtækið skal í bókhaldi sínu halda reikningum vegna kerfisstjórnunar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum og öðrum starfsmönnum vinnslufyrirtækja og raforkusölufyrirtækja er óheimilt að sitja í stjórn flutningsfyrirtækisins. Hið sama gildir um aðra þá sem sérstaka hagsmuni geta haft af ákvörðunum sem þar eru teknar.

Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings skv. 2. mgr. eða annarra samninga sem tengjast honum skal ráð-

herra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum.

9. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækisins.

Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Fyrirtækið hefur eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki.

Leyfi ráðherra þarf ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Ráðherra getur bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá, sbr. 12. gr. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
3. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
4. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
5. Sjá til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins.

Flutningsfyrirtækið ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í slíkri kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi.
2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins.
3. Ákvarða notkunarferla þar sem aflmæling fer ekki fram.
4. Mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við reglur þar að lútandi, halda utan um mælingar og skila gögnum til viðkomandi aðila svo að unnt sé að gera upp viðskipti með raforku.
5. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í viðskiptum með raforku.

Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja reglur um kerfisstjórnunina sem ráðherra staðfestir. Í reglunum skal m.a. kveðið nánar á um þau atriði sem tilgreind eru í 1.–5. tölul. 4. mgr.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn ber flutningsfyrirtækinu að grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi flutningsfyrirtækisins, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við flutningskerfið.

10. gr.

Eigendur flutningsvirkja.

Aðrir eigendur flutningsvirkja en flutningsfyrirtækið skulu veita því full afnot af virkjum sínum. Afnotin skulu vera gegn endurgjaldi sem byggjast skal á viðmiðum 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. eftir því sem við á. Ágreiningi um endurgjald verður skotið til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr.

Eigendum flutningsvirkja ber að viðhalda virkjum sínum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau. Telji flutningsfyrirtækið að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur það látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um samskipti eigenda flutningsvirkja, afnot flutningsfyrirtækis af flutningsvirkjum og endurgjald fyrir þau.

11. gr.

Flutningsvirki utan flutningskerfis.

Dreifiveitur geta óskað þess að ráðherra undanskilji flutningskerfinu flutningsvirki sem flytja raforku alfarið innan sama dreifiveitusvæðis enda tengist þau ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Sækja má um leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda telji flutningsfyrirtækið kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. og 2. mgr. sömu skilyrðum og greinir í 2. mgr. 9. gr. eigi viðkomandi línur að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri.

12. gr.

Gjaldskrá.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk flutningsfyrirtækisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutöp, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi eigin fjár sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi eigin fjár hjá fyrirtækinu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Gjaldskráin skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina skal gjald fyrir mötun og úttekt í hverjum tengipunkti flutningskerfisins.

Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í öllum tengipunktum flutningskerfisins og fyrir úttekt í öllum tengipunktum meginflutningskerfisins. Þó skal taka tillit til afhendingaröryggis. Gjald fyrir úttekt í öðrum hlutum flutningskerfisins skal metið út frá eðlilegum kostnaði, sbr. 1. tölul. 2. mgr., vegna viðkomandi flutningsvirkja og afhendingaröryggi, auk kostnaðar í viðkomandi tengipunkti meginflutningskerfisins.

2. Einstakir notendur sem tengjast flutningskerfinu skulu njóta betri kjara ef þeir sýna fram á að viðskipti þeirra leiða eða hafa leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála og gjaldskrá, þ.m.t. um afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

IV. KAFLI
Dreifing.

13. gr.
Sérleyfi til dreifingar.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

14. gr.
Skilyrði sérleyfis.

Dreifiveita skal vera sjálfstæður skatt- og lögaðili.

Ráðherra er heimilt að binda leyfi skv. 13. gr. skilyrðum er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu til að byggja upp og reka dreifikerfið og öðrum skilyrðum sem eiga að tryggja öryggi, skilvirkni og hagkvæmni kerfisins og umhverfisvernd. Dreifikerfi skal tengjast flutningskerfinu. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði við sérstakar aðstæður, svo sem ef um lítið einangrað svæði er að ræða. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða skal umsækjandi leggja fram lýsingu á kerfinu og áætlun um framkvæmdir og sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu með viðunandi hætti, sbr. þó 3. málsl.

15. gr.
Efni sérleyfis.

Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
2. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, Löggildingarstofu og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögunum.
3. Öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma.
4. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.
5. Hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum.
6. Önnur atriði er tengast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

16. gr.

Starfsemi og skyldur dreifiveitu.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Stundi dreifiveita aðra starfsemi en raforkudreifingu skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi. Reki sama dreifiveita dreifikerfi á fleiri en einu gjaldskrársvæði skal fyrirtækið halda aðskilda reikninga í bókhaldi sínu fyrir hvert svæði. Eigi dreifiveita flutningsvirki skal fyrirtækið í bókhaldi sínu aðskilja reikninga vegna þeirra frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Óheimilt er dreifiveitu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sem hún stundar af starfsemi vegna dreifingar eða annarri sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.

Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd.
2. Tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins.
3. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
4. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við reglur þar að lútandi. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingum.
6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.
7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveita getur krafist þess að notkun einstakra notenda sé mæld með samfelldri aflmælingu á kostnað notanda ef notkun samræmist ekki notkunarferlum eða umfang notkunar er mikil. Notendur og sölufyrirtæki geta farið fram á samfellda aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Við slíka skömmtun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið.

17. gr.

Gjaldskrá.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Dreifiveita skal birta gjaldskrána opinberlega.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk einstakra dreifiveitna út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerf-

ið, fjármagnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi eigin fjár sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtæki veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi eigin fjár dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Ráðherra skal skilgreina gjaldskrársvæði í reglugerð. Heimilt er ráðherra, ef með þarf, að breyta skilgreiningu gjaldskrársvæðis. Á hverju gjaldskrársvæði skal vera samræmd gjaldskrá fyrir alla notendur.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, afskriftareglur, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

18. gr.
Leyfi til að stunda raforkuviðskipti.

Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa. Leyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Umsækjandi skal sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar.

Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

19. gr.
Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:
1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Veita Orkustofnun upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
3. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.
4. Tilkynna Orkustofnun og flutningsfyrirtæki um öll viðskipti með raforku.
5. Tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur.

Heimilt er sölufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða söluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja slíkar niðurgreiðslur skal fyrirtækið í bókhaldi sínu halda reikningum fyrir sölustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi.

20. gr.
Orkuviðskipti.

Notandi og sölufyrirtæki skulu gera skriflegan samning um kaup á raforku.

Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku

til hans enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við gerða samninga getur hann kvartað til Orkustofnunar.

Orkukaupandi skal geta sagt upp orkusölusamningi með þriggja mánaða eða skemmri fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 1 GWst af raforku.

Nánari reglur um viðskipti með raforku skulu settar í reglugerð, þ.m.t. um uppgjör þegar skipt er um raforkusala, lokanir og samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

VI. KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

21. gr.
Umferðarréttur.

Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum. Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflínur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrr en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Við afnot og nýtingu lands samkvæmt lögum þessum ber að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningi í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skal þess gætt að ekki sé valdið óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang svæðis ef nýting leggst af.

22. gr.
Skaðabætur.

Nú hefur aðili rétt samkvæmt lögum þessum til umferðar eða framkvæmda á eignarlandi og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi, mannvirkjum og öðrum eignum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

23. gr.
Eignarnám.

Nú nær fyrirtæki ekki samkomulagi við landeiganda eða eiganda orkulinda vegna framkvæmda á grundvelli laga þessara, þar með talið um endurgjald fyrir landnot, vatnsréttindi, jarðhitaréttindi eða aðrar orkulindir, og getur ráðherra þá tekið eignarnámi nauðsynlegt land, landgæði, mannvirki, aðstöðu og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Ráðherra getur heimilað fyrirtækinu að framkvæma eignarnámið og ber það allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi orkulindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu, sbr. 1. mgr., eða til að koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu orkulindar utan landareignarinnar.

Ef eignarnám skv. 1. og 2. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

Nú fellur leyfi til dreifingar úr gildi og samkomulag næst ekki um afnot nýs leyfishafa af

dreifikerfinu og er ráðherra þá heimilt að ákveða að taka dreifikerfið eignarnámi og afhenda það nýjum leyfishafa. Ráðherra getur heimilað leyfishafa að framkvæma eignarnámið. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu. Sama gildir um flutningskerfið eftir því sem við á.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulinda skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

VII. KAFLI
Eftirlit og úrræði.

24. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum. Orkustofnun skal hafa samráð við Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu um eftirlit með starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna eftir því sem við á.

Orkustofnun getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. fyrir sína hönd. Í reglugerð skal kveða nánar á um eftirlit faggiltra skoðunarstofa.

25. gr.
Heimildir Orkustofnunar.

Orkustofnun getur krafið eftirlitsskylda aðila um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Orkustofnun getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið. Þá getur Orkustofnun krafist þess að eftirlitsskyldur aðili komi á innra eftirliti í samræmi við kröfur sem stofnunin setur.

Orkustofnun getur í eftirlitsstörfum sínum krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

Orkustofnun getur við rannsókn mála gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eftirlitsskylds aðila og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum leyfis, ákvæðum samnings skv. 8. gr. eða öðrum heimildum. Við framkvæmd slíkra aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

26. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Telji Orkustofnun að eftirlitsskyld starfsemi samræmist ekki skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðum samnings skv. 8. gr., skilyrðum leyfis eða öðrum heimildum getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið frá 10–500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Ákvarðanir um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Fari leyfishafi ekki að tilmælum Orkustofnunar skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Telji Orkustofnun að gjaldskrá sem tilkynnt hefur verið uppfylli ekki kröfur laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim tekur gjaldskráin ekki gildi fyrr en úr hefur verið bætt að mati stofnunarinnar. Þá getur Orkustofnun gert flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum að breyta gjaldskrá sinni að viðlögðum dagsektum.

27. gr.

Eftirlit Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnislög gilda um atvinnustarfsemi sem lög þessi ná til.

Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.

28. gr.

Eftirlit Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa skal hafa tæknilegt eftirlit með því að gæði raforku og afhendingaröryggi sé fullnægjandi. Skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirlitskerfi í samræmi við kröfur Löggildingarstofu. Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með innra eftirliti vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna og framkvæma úttektir hjá þeim ef nauðsynlegt þykir. Löggildingarstofa getur krafið eftirlitsskyldan aðila um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Löggildingarstofa setur. Löggildingarstofa getur einnig skyldað þessa aðila til að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við eftirlitið.

Löggildingarstofa getur falið faggiltri skoðunarstofu, sbr. lög um vog, mál og faggildingu, að framkvæma fyrir sína hönd eftirlit skv. 1. mgr. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd slíks eftirlits.

Notendur geta borið fram kvartanir er lúta að gæðum raforku og afhendingaröryggi til Löggildingarstofu.

Leiði eftirlit í ljós að kröfum um gæði raforku og afhendingaröryggi er ekki fullnægt getur Löggildingarstofa krafist þess að úr verði bætt innan tiltekinna tímamarka að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Verði ekki farið að tilmælum Löggildingarstofu skal hún veita ráðherra upplýsingar um málið.

Í reglugerð skal kveða á um gæði raforku og afhendingaröryggi og eftirlit faggiltra skoðunarstofa á grundvelli þessarar greinar.

29. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn stofnana sem annast eftirlit á grundvelli laga þessara eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um sérfræðinga sem starfa á vegum stofnananna eða aðra þá sem sinna eftirliti fyrir þær, svo sem starfsmenn faggiltra skoðunarstofa.

30. gr.

Úrskurðarnefnd raforkumála.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Löggildingarstofu og Orkustofnun á grundvelli laga þessara og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

Í nefndinni sitja þrír menn sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

Sú stofnun er tók hina kærðu ákvörðun skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á að afla frá henni.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni barst kæra.

Formaður stýrir störfum nefndarinnar. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

Nefndarmenn og ráðgjafar þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. 29. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum fer um meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum. Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um málsmeðferð og starfshætti nefndarinnar.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

Ákvarðanir sem aðeins verða kærðar til úrskurðarnefndar verða ekki bornar undir dómstóla fyrr en niðurstaða hennar liggur fyrir. Þetta gildir þó ekki frá þeim tíma þegar sex mánuðir eru liðnir frá því að kæra barst nefndinni án þess að hún hafi lagt úrskurð á málið.

31. gr.

Gjaldtaka.

Til að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld sem hér segir:

1. Flutningsfyrirtækið skal greiða gjald af raforku sem er mötuð inn á flutningskerfið sem nemur 0,50 aurum á hverja kWst.
2. Dreifiveitur skulu greiða gjald af raforku sem er móttekin frá flutningskerfi eða beint frá virkjunum sem nemur 1,1 eyri á hverja kWst.

Orkustofnun skal annast innheimtu gjalda þessara fyrir ríkissjóð. Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert vegna þess almanaksárs og byggjast á rauntölum vegna fyrri helmings ársins en áætlun fyrir seinni helminginn. Við álagningu næsta árs skal taka tillit til frávika rauntalna frá áætlun fyrir seinni helming liðins árs. Aðför má gera til fullnustu kröfum um gjaldið án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa, enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar.

32. gr.
Framsal leyfisveitingarvalds.

Ráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald samkvæmt lögum þessum að hluta eða öllu leyti. Fer Orkustofnun þá einnig með heimildir ráðherra skv. 36. gr.

33. gr.
Gjaldtaka vegna útgáfu leyfa.

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir virkjunarleyfi, sbr. 4. gr., skal greiða gjald sem er í hlutfalli við stærð virkjunar. Gjaldið skal vera 100.000 kr. fyrir hvert MW en þó aldrei hærra en 1.000.000 kr.
2. Fyrir leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. 13. gr., skal greiða gjald sem er í hlutfalli við íbúafjölda á dreifiveitusvæðinu. Gjaldið skal nema 100 kr. fyrir hvern íbúa en þó aldrei vera lægra en 100.000 kr. og aldrei hærra en 1.000.000 kr.
3. Fyrir leyfi til að stunda raforkuviðskipti, sbr. 18. gr., skal greiða 50.000 kr.

34. gr.
Málsmeðferð.

Leyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Áður en ráðherra veitir virkjunarleyfi, leyfi til að byggja flutningsvirki eða sérleyfi til dreifingar raforku skal hann leita umsagnar Orkustofnunar. Áður en sérleyfi til dreifingar raforku er veitt skal ráðherra auk þess leita umsagnar viðkomandi sveitarfélaga. Umsagnir skulu berast innan tveggja mánaða frá því að beiðni þar að lútandi var send.

Ráðherra skal kynna umsókn með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Umsækjandi skal kosta birtingu slíkrar auglýsingar.

Synjun um leyfi samkvæmt lögum þessum skal rökstudd.

35. gr.
Framsal leyfa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

36. gr.
Afturköllun leyfis.

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur ráðherra þó afturkallað það án aðvörunar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.
Yfirstjórn.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar og Löggildingarstofu, sem ekki verða kærðar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr., verða kærðar til iðnaðarráðherra. Kæra til iðnaðarráðherra skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

38. gr.
Framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign.

Ráðherra hefur heimild til að semja við flutningsfyrirtækið og þá aðila, sem fá leyfi samkvæmt lögum þessum til framkvæmda á eignarlöndum ríkisins, um endurgjald fyrir land og landgæði þau er um ræðir hverju sinni. Haft skal samráð við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Um framkvæmdir á þjóðlendum fer samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

39. gr.
Raforkuskýrsla.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi á fjögurra ára fresti skýrslu um raforkumálefni. Í skýrslunni skal m.a. fjalla um:

1. Yfirlit um sölu og notkun raforku síðastliðin fjögur ár.
2. Raforkuþörf og yfirlit um líklega þróun til lengri tíma á grundvelli raforkuspár og áætlana um orkufrekan iðnað og aðra starfsemi sem raforkuspá tekur ekki til.
3. Rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra til raforkuvinnslu.
4. Raforkuvinnslu með hliðsjón af raforkuþörf og öryggi raforkukerfisins.
5. Styrkingu flutningskerfisins í samræmi við aukna raforkuþörf.
6. Gæði raforku, m.a. með hliðsjón af öryggi afhendingar.
7. Þjóðhagslega þýðingu áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála og áhrif þeirra á atvinnulíf og byggð í landinu.

40. gr.
Veiting rannsóknarleyfa.

Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda um leyfi til þess að kanna og rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Auk þeirra skilyrða sem þar eru talin skal umsækjandi um rannsóknarleyfi leggja fram mat á því hvernig tengja megi fyrirhugaða virkjun raforkukerfi landsins.

41. gr.
Ársreikningar.

Um ársreikninga fyrirtækja sem falla undir ákvæði laga þessara fer samkvæmt lögum um ársreikninga.

Ef fyrirtæki á samkvæmt lögum þessum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi sinnar aðskildum í bókhaldi skal gera sérstaka grein fyrir hverri þeirra í ársreikningi. Sú sundurliðun má koma fram í skýringum með ársreikningi.

Fastafjármunum sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt á hverja þeirra í þeim hlutföllum sem eru á milli þeirra fastafjármuna sem heimfæranlegir eru. Hið sama gildir um afskriftir af þeim eignum sem ekki er unnt að skipta. Hreinu veltufé, að frádregnum afborgunum næsta árs af langtímaskuldum, skal skipt í þeim hlutföllum sem eru milli beinna tekna af hverri einstakri starfsemi. Langtímaskuldir skal heimfæra á einstaka starfsemi í sömu hlutföllum og fastafjármuni. Rekstrartekjum og rekstrarkostnaði sem ekki er unnt að heimfæra beint á einstaka starfsemi skal skipt í þeim hlutföllum sem eru á milli tekna og kostnaðar sem heimfæranlegur er.

Starfræki vinnslufyrirtæki jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og afhendir aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal við bókhaldslegan aðskilnað skipta þeim þáttum í rekstrar- og efnhagsreikningi sem getið er um í 3. mgr. þessarar greinar í hlutfalli við verðmæti þeirra orku sem afhent er. Verðmæti raforkunnar skal miðast við meðalverð á raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis. Verðmæti annarrar orku, svo sem heits vatns og gufu, skal miðast við að arður af fastafjármunum sem eru bundnir í jarðvarmaorkuverinu sé svipaður og heildararður af fastafjármunum fyrirtækisins.

Nú telur fyrirtæki að eðli starfsemi sinnar eða umfang leiði til þess að skiptireglur skv. 3. eða 4. mgr. eigi ekki við um starfsemi fyrirtækisins. Getur fyrirtækið þá óskað eftir því við Orkustofnun með rökstuddri beiðni að því sé heimilt að byggja á öðrum skiptigrundvelli. Orkustofnun skal innan sex vikna frá móttöku beiðni taka rökstudda ákvörðun um þann skiptigrundvöll sem byggt skal á.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um bókhaldslegan aðskilnað, þ.m.t. þær upplýsingar sem skulu koma fram í ársreikningi fyrirtækja sem falla undir ákvæði þessarar greinar, og um skiptigrundvöll milli mismunandi starfsemi.

42. gr.

Tryggingar.

Ráðherra getur krafist þess að þeir sem starfa á grundvelli laga þessara taki ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar eða leggi fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur jafngildar og bæta tjón er þeir kunna að valda með störfum sínum. Kveðið skal nánar á um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingarskilmála, í reglugerð.

43. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

44. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

45. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Raforkuskýrsla skv. 39. gr. laga þessara skal í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á árinu 2004.

II.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

III.

Þeir sem við gildistöku laga þessara hafa rétt til að reisa eða reka kerfi til dreifingar raforku halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara.

IV.

Til og með 31. desember 2003 geta eingöngu þeir sem kaupa 100 GWst af raforku eða meira á ári keypt raforku af öðrum en dreifiveitu á sínu dreifiveitusvæði. Frá 1. janúar 2004 skulu allir geta valið þann raforkusala sem þeir eiga viðskipti við. Dreifiveitum er skylt að selja raforku til þeirra notenda sem ekki eiga þess kost að velja sér raforkusala vegna bráðabirgðaákvæðis þessa.

V.

Fyrirtæki sem eiga samkvæmt lögunum að halda reikningum vegna mismunandi starfsemi aðskildum í bókhaldi skulu fyrir 1. nóvember 2002 skila Orkustofnun árshlutareikningi miðað við 30. júní 2002 ásamt greinargerð til þess að sýna með hvaða hætti fyrirtækið hyggst uppfylla skilyrði 41. gr. Telji Orkustofnun að árshlutareikningurinn sé ekki í samræmi við lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim skal hún mæla fyrir um breytingu þar á.

Mat á varanlegum rekstrarfjármunum og undirbúningskostnaði skal byggjast á bókfærðu verði eins og það er í árslok 2002 samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Sömu reikningsskilaaðferðum skal beitt við mat þeirra og fyrirtækin hafa beitt á undanförnum árum. Þó skal ekki beita verðleiðréttingum á árinu 2002.

VI.

Frá gildistöku laga þessara til loka ársins 2006 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd laganna. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að stuðla að greiðri framkvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af iðnaðarráðherra og í henni skulu sitja átta fulltrúar. Orkustofnun, Samkeppnisstofnun, Löggildingarstofa, Samorka, Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu tilnefna einn fulltrúa hver en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

1.1. Almennt.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Það var lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi og vísað til iðnaðarnefndar sem hafði það til umfjöllunar. Frumvarpið er nú lagt fram á ný með breytingum sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 1.2. Samhliða frumvarpinu er lagt fram frumvarp til laga um

breytingu á ýmsum lögum á orkusviði sem gera þarf vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi þessu.

Búast má við að enn frekari breytinga sé þörf á annarri löggjöf á næstunni sem tengjast frumvarpi þessu. Hinn 11. desember 2000 skipaði fjármálaráðherra starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Að því er stefnt að frá og með 1. janúar 2003 gildi almennar skattareglur um raforkufyrirtæki. Iðnaðarráðherra skipaði 23. febrúar 2001 nefnd til að meta umfang óarðbærra eininga í raforkukerfinu og koma með tillögur um hvernig staðið skuli að jöfnuði vegna þeirra og skilaði hún skýrslu til ráðherra í maí 2001, sbr. fylgiskjal V. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku þar sem kveðið er á um hvernig kostnaði við óarðbærar einingar verður mætt. Hinn 11. júní 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Starf nefndarinnar er nú langt komið og er stefnt að því að leggja á þessu þingi fram til kynningar frumvarp til laga um Orkustofnun. Þá skipaði iðnaðarráðherra 20. ágúst 2001 nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar, m.a. í ljósi þess að nýskipan orkumála kallar á breytingar á því fyrirkomulagi sem viðhaft hefur verið. Nefndin skilaði áliti sínu 28. febrúar 2002 og hefur frumvarp til laga um niðurgreiðslu á raforku til húshitunar verið lagt fram á Alþingi. Skipunarbréf þessara nefnda fylgja frumvarpi þessu, sjá fylgiskjöl I–IV. Í vatnalögum, nr. 15/1923, er fjallað um vatnsréttindi. Er þar m.a. kveðið á um áveitur, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun. Í iðnaðarráðuneytinu er nú unnið að heildarendurskoðun laganna. Enn fremur er unnið að endurskoðun laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og löggjafar um hitaveitur.

Frumvarp þetta byggist á nýjum viðhorfum í raforkumálum sem hafa verið að ryðja sér til rúms víða um heim á undanförnum árum. Meginefni þeirra felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins (flutning og dreifingu) og þá þætti þar sem samkeppni verður við komið (vinnslu og sölu). Þannig hefur verið lagður grunnur að markaðsbúskap í raforkukerfi margra landa. Í ríkjum Evrópusambandsins hefur þróunin almennt grundvallast á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn varð tilskipunin hluti af EES-samningnum. Ísland er skuldbundið til að innleiða efni tilskipunarinnar í íslenska löggjöf fyrir 1. júlí 2002.

Hefðbundin viðhorf til raforkumála hafa því verið að breytast. Hér áður fyrr var það viðtekin skoðun að hið opinbera hefði óhjákvæmilega lykilhlutverki að gegna á öllum sviðum þeirra vegna þess að markaðslausnir ættu þar ekki við, meðal annars vegna einkaréttar í starfsemi af þessu tagi. Á síðustu árum hafa hins vegar verið þróaðar aðferðir þar sem markaðsöflum hefur verið beitt á þessu sviði, einkum í vinnslu og sölu raforku. Þessar aðferðir hafa í aðalatriðum reynst vel og er nú almennt talið að meiri árangur náist að jafnaði í vinnslu og sölu þar sem samkeppni ríkir en þar sem hefðbundinn einkaréttur er allsráðandi.

Þessi nýju sjónarmið og reynslu annarra er sjálfsagt að færa sér í nyt á Íslandi þótt hér eins og annars staðar þurfi jafnframt að taka mið af aðstæðum. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni með markaðssjónarmið að leiðarljósi í vinnslu og sölu raforku. Aðskilnaður samkeppnis- og einokunarþátta er þar höfuðatriði. Í tengslum við slíkar skipulagsbreytingar mælir jafnframt margt með því að hlutafélagsformið taki við af núverandi rekstrarformi. Þannig væri meðal annars unnt að draga úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju. Mikilvægt er að hagkvæm orkufram-

leiðsla hér á landi verði til þess að styrkja samkeppnisstöðu almenns atvinnulífs gagnvart fyrirtækjum í öðrum löndum. Við það bætist að leggja þarf drög að skilvirku eftirlitskerfi í ljósi skipulagsbreytinga í þessa átt með áherslu á hagkvæmni og aðhald í flutnings- og dreifikerfinu. Jafnframt er lögð áhersla á að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða. Einnig er mikilvægt að tryggja frekar hagsmuni neytenda með reglum um gæði og afhendingaröryggi, skýrari skyldum sérleyfishafa, skilvirku eftirliti og einföldum kvörtunarleiðum.

Þótt einsýnt virðist í hvaða átt beri að halda er heppilegasti vegurinn vandrataður að settu marki. Fyrir vikið er ráðlegt að stilla breytingum í byrjun í hóf. Í þeim efnum blasir við að byrja á því að skapa forsendur fyrir samkeppni með því að aðskilja einkasölu- og samkeppnisþætti og koma á frelsi til viðskipta með raforku í áföngum. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að samkeppni geti þróast eðlilega á þeim sviðum þar sem hún á við og að efla eftirlitskerfið á sviðum einkaréttar. Ástæðurnar til þess að fara ber varlega í byrjun eru margþættar. Þar á meðal má nefna víðtækar skyldur Landsvirkjunar samkvæmt núverandi skipan, svo sem skyldur varðandi framboð raforku. Jafnframt er íslenska raforkukerfið lítið og ótengt öðrum kerfum þar sem eitt fyrirtæki er langstærst og því er erfiðara að koma hér á fullnægjandi samkeppni en í flestum öðrum löndum. Fyrir vikið kann að vera óhjákvæmilegt að búa hér við slíkar aðstæður, að minnsta kosti fyrst um sinn.

1.2. Aðdragandi og undirbúningur frumvarpsins.

Árið 1996 skipaði iðnaðarráðherra tvær nefndir sem báðar skiluðu skýrslu sinni sama ár. Önnur var viðræðunefnd eignaraðila Landsvirkjunar, sem fjallaði um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins. Hin var ráðgjafarnefnd vegna endurskoðunar löggjafar um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku.

Í ráðgjafarnefndinni áttu sæti fulltrúar orkufyrirtækja, stjórnmálaflokka, sveitarfélaga og aðila á vinnumarkaði. Álit nefndarinnar var gefið út í ítarlegri skýrslu, *Framtíðarskipan orkumála – tillögur um breytingar*. Nefndin taldi mikilvægt að framtíðarskipan raforkumála hér á landi yrði mótuð á þeim trausta grunni sem væri til staðar um leið og menn færðu sér í nyt reynslu og rannsóknir annarra þjóða í þessum efnum eftir því sem við ætti. Vísaði nefndin sérstaklega til framfara í öðrum löndum sem byggðust á því að virkja markaðsöflin í því skyni að auka hagkvæmni í raforkubúskapnum. Í skýrslunni var gert ráð fyrir að sett yrðu sérstök raforkulög. Helstu tillögur nefndarinnar fólust í eftirfarandi atriðum:

- Að vinnsla, flutningur, dreifing og sala á rafmagni verði aðskilin, a.m.k. bókhaldslega.
- Að raforkuvinnsla verði gefin frjáls í áföngum.
- Að stofnað verði sjálfstætt félag um meginflutningskerfið, hugsanlega að hluta í eigu Landsvirkjunar.
- Að einkaleyfi rafveitna til sölu á rafmagni á tilteknu orkusölusvæði verði afnumin í áföngum.
- Að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum.
- Að lagður verði grundvöllur að því að unnt verði að fá einkafjármagn inn í raforkugeirann, meðal annars með því að gera arðkröfur til fjármagns sem bundið er í greininni.
- Að stefna beri að verkefnafjármögnun nýrra stórverkefna í orkumálum með þátttöku innlendra og erlendra fjárfesta, þannig að þau verði ekki á ábyrgð ríkisins eða Landsvirkjunar.

Niðurstöður viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar, sem eigendur samþykktu, fólu meðal annars í sér eftirfarandi:

- Skýr markmið sett um að lækka verð á raforku til almennings, sem tryggi 3% árlega raunlækkun frá 2001 til 2010.

- Rekstrarformi Landsvirkjunar sem sameignarfélags verði ekki breytt að sinni.
- Stjórnskipulag félagsins verði samræmt ákvæðum hlutafélagalaga, meðal annars hvað varðar hlutverk ársfundar og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Stefnu að því er varðar arðsemi og meðferð arðs.
- Endurmat á eigendaframlögum sem verði notuð sem arðgreiðslustofn.
- Að Landsvirkjun verði heimiluð þátttaka í félögum á sviði orkumála, til dæmis að því er varðar meginflutningskerfið.

Að tillögu nefndarinnar samþykktu eigendur Landsvirkjunar breytingu á sameignarsamningi um fyrirtækið. Jafnframt samþykkti Alþingi breytingu á lögum um Landsvirkjun í ljósi tillagna nefndarinnar. Í tillögum sínum gekk nefndin út frá þeirri meginforsendu að staða Landsvirkjunar yrði í aðalatriðum óbreytt hvað varðar orkusölu til almenningsveitna fram yfir miðjan næsta áratug.

Í samninginn um breytingu á sameignarsamningnum var sett ákvæði um að endurskoða skuli samninginn fyrir 1. janúar 2004, þ.m.t. að ákveða hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um fyrirtækið.

Í kjölfar nefndarstarfsins mælti iðnaðarráðherra fyrir tillögu til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála (lögð fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98). Byggðist tillagan að verulegu leyti á starfi og niðurstöðum nefndanna tveggja og var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að unnið verði að því að breyta skipulagi raforkumála þannig að sköpuð verði skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í upphafi skal unnið að aðskilnaði vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku innan orkufyrirtækjanna, endurskipulagningu á meginflutningskerfi raforkunnar og breyttu fyrirkomulagi á orkusölu til stórra notenda. Í kjölfarið verði unnið að því að koma á samkeppni í viðskiptum með raforku.

Alþingi felur iðnaðarráðherra:

1. *Að yfirfara rekstrarform raforkufyrirtækja sem ríkið á eignarhlut í og meta markaðsvirði þeirra með það að markmiði að samræma arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið þeirra, m.a. með hliðsjón af breytingum á sameignarsamningi um Landsvirkjun sem gerðar voru á árinu 1996.*
2. *Að láta fara fram könnun á tæknilegum og fjárhagslegum forsendum fyrir breyttu fyrirkomulagi á flutningi raforku um meginflutningskerfið.*
3. *Að beita sér fyrir því, í ljósi niðurstöðu könnunar skv. 2. tölul., að fram fari viðræður milli raforkufyrirtækjanna um forsendur fyrir stofnun félags um meginflutningskerfið.*
4. *Að móta skilyrði um veitingu virkjunarleyfa, sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðlis vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda. Slík skilyrði þurfa jafnframt að fela í sér nauðsynlegan sveigjanleika til að tryggja sem best nýtingu orkulindanna til atvinnuuppbyggingar. Sett verði skýr ákvæði um eignarrétt á orkulindum á afréttum og almenningum.*
5. *Að kanna nýjar leiðir til nýtingar orkulindanna til atvinnuuppbyggingar og undirbúa að í samningum um nýja stóriðju verði laðað fram aukið eigið fé til vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku.*
6. *Að kanna tæknilega, fjárhagslega og umhverfislega kosti og galla þess að tengja íslenska orkukerfið við raforkukerfi á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.*
7. *Að gefa þinginu skýrslu um framgang málsins eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. desember árið 2000.“*

Talsverðar umræður urðu um tillöguna á Alþingi. Lýstu þingmenn ýmist yfir stuðningi sínum við hana eða gagnrýndu einstaka þætti hennar. Var gagnrýni á þingsályktunartillöguna

aðallega þríþætt. Í fyrsta lagi var gagnrýnt að ekki væri nægilega fjallað um umhverfissjónarmið við orkunýtingu, í öðru lagi að betur þyrfti að fjalla um jöfnun orkuverðs og í þriðja lagi að ekkert væri í tillögunni sem ráðherra gæti ekki gert og tekið ákvörðun um án atbeina Alþingis.

Var tillögunni í kjölfar umræðnanna vísað til iðnaðarnefndar sem tók hana til umfjöllunar. Fékk nefndin á sinn fund marga aðila, þar á meðal fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, ýmissa opinberra stofnana, Samorku, Landsvirkjunar og allra rafveitna. Þá fékk nefndin fjölda umsagna. Í niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar sagði m.a.:

„Markmið breytinga á skipulagi raforkumála er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda með því að markaðsumhverfi starfseminnar leiði til uppbyggingar í krafti fjárfestingaákvarðana sem byggðar eru á hagkvæmnissjónarmiðum. Það er álit meiri hluta nefndarinnar að til þess að ná þessu markmiði þurfi í fyrsta lagi að móta löggjöf sem skapar starfsumhverfi raforkufyrirtækja á þann veg að þeim verði tryggður jafn aðgangur að orkulindum og markaði og að þau geti á þeim grunni mótað eigin stefnu og áform um fjárfestingar, fjármögnun og umsvif. Þá verði í öðru lagi að haga verðjöfnunaraðgerðum þannig að í reikningi birtist allur kostnaður við orkuöflun, flutning og dreifingu orkunnar, sem og ráðstafanir til orkuverðsjöfnunar.

Samkeppni hefur rutt sér til rúms í viðskiptum með raforku hjá grannríkjum Íslands og þar er komið á markaðsumhverfi. Undirbúningi að sameiginlegum raforkumarkaði í Evrópu miðar vel. Í þeim ríkjum sem samkeppni hefur þegar verið innleidd er ljóst að breytingar í frjálsræðisátt hafa skilað árangri með aukinni hagkvæmni og sveigjanleika í rekstri og hefur það leitt til lægra raforkuverðs.

Fram undan eru miklar fjárfestingar vegna raforkuöflunar. Líklega má telja að sá háttur sem hingað til hefur verið á hafður, að fjármagna raforkuver einungis með lántökum, muni ekki duga til þegar takast þarf á við stærstu verkefnin á þessu sviði. Því þarf að opna leið fyrir fjárfesta til að leggja áhættufé í slík mannvirki og laða fjármagn til þeirra eins og annarrar atvinnustarfsemi. Að mati meiri hlutans verður það best gert með því að skapa fyrirtækjum og fjárfestum í raforkugeiranum starfsumhverfi sambærilegt því sem aðrir atvinnuvegir búa við. Það yrði byggt á möguleikum þeirra til stefnumótunar, fjárfestinga og umsvifa í samkeppni á opnum markaði. Til þess að raforkufyrirtækin geti nýtt sér þessa möguleika er nauðsynlegt að breyta eignarformi þeirra í hlutafélög. Það form hefur reynst mjög vel í stefnumótun og stjórn við þær aðstæður sem hér er lýst.

Megininntak þeirra skipulagsbreytinga sem gera þarf er aðskilnaður ýmissa þátta starfseminnar sem til þessa hafa verið á einni hendi, þ.e. vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, sem og flutnings raforku frá orkuverum til kaupenda og dreifiveitna um meginflutningskerfi eða landsnet.“

Meiri hluti nefndarinnar gerði síðan tímaáætlun sem hann lagði til að fylgt yrði við framgang þeirra verkefna sem iðnaðarráðherra yrðu falin með samþykkt tillögunnar. Meiri hlutinn lagði einnig til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á tillögunni til frekari áherslu. Þannig var í breytingunum lögð áhersla á að ný skipan raforkumála leiddi til þjóðhagslega hagkvæmrar nýtingar orkulinda í sátt við umhverfi landsins. Þá var lagt til að mörkuð yrði stefna í rannsóknum á orkulindum og ítrekað að við mótun skilyrða fyrir veitingu virkjunarleyfa yrði sérstaklega litið til afhendingaröryggis. Meiri hlutinn taldi jafnframt að kanna þyrfti rækilega á hvern hátt verðjöfnun yrði best komið fyrir við nýskipan raforkumála. Með vísan til framangreindra breytinga mælti meiri hlutinn (sex þingmenn af níu) með samþykkt tillögunnar í nefndaráliti sínu, dags. 17. apríl 1998, á þingskjali 1347, 227. mál. Alþingi afgreiddi þó ekki tillöguna.

Í október 1998 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um stofnun fyrirtækis til að sjá um flutning orku frá virkjunum til dreifiveitna (flutningsnefndin). Nefndin lauk störfum í febrúar 2000 og var álit nefndarinnar gefið út í sérstöku riti og kynnt öllum helstu hagsmunaaðilum vorið 2000.

Í meginniðurstöðum nefndarinnar segir m.a.:

Á undanförnum árum hefur skipulagi raforkumála verið umbylt í flestum nágrannalanda okkar með það í huga að auka samkeppni og búa þessum mikilvæga þjóðfélagsþætti eðlileg viðskipta- og starfsskilyrði. Meginmarkmið slíkra breytinga er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Hér á landi hefur á undanförnum misserum verið unnið að undirbúningi slíkra breytinga og eru menn sammála um að til að koma á samkeppni í vinnslu og sölu raforku þurfi að aðgreina samkeppnisþættina (vinnslu og sölu) frá sérleyfisþáttunum (flutningi og dreifingu). Nefndin er sammála um að slíkar skipulagsbreytingar á raforkuflutningi séu mikilvægar og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1) *Stofnað verði sjálfstætt fyrirtæki til að sjá um flutning raforku, Íslandsnet hf., sem verði í eigu orkuveitnanna sem leggja eignir til fyrirtækisins en stjórnunarlega aðskilið frá eigendum sínum. Fyrirtækið verði stofnað á árinu 2001 og taki til starfa í ársbyrjun 2002. Lagt er til að í upphafi taki fyrirtækið að minnsta kosti til flutningskerfis Landsvirkjunar og flutningslína sem tengja Nesjavallavirkjun og orkuverið í Svartsengi við það kerfi. Á þann hátt yrðu allar helstu virkjanir landsins tengdar Íslandsneti sem tryggir jafnræði vinnsluaðila á samkeppnismarkaði. Í framhaldi af þessu starfi þarf að skoða fyrirkomulag aðveitukerfisins sem gæti leitt til stærra Íslandsnets.*
2) *Nefndin gerir ráð fyrir að skipulag Landsvirkjunar verði lagað að breyttu fyrirkomulagi raforkuflutnings. Þetta má t.d. gera með að stofnað verði eignarhaldsfélag, sem færi með stefnumótun og yfirstjórn, og dótturfyrirtæki um einstök svið eftir því sem við ætti. Íslandsnet hf. verði eitt þessara fyrirtækja og í byrjun yrði það að stórum hluta í eigu eignarhaldsfyrirtækis Landsvirkjunar. Tengslin milli fyrirtækjanna yrðu hins vegar eingöngu fjárhagsleg. Þetta þýðir í aðalatriðum að stjórn Íslandsnetsins og framkvæmdastjóri verði óháð eignarhaldsfélaginu. Þannig verði komið á stjórnunarlegum aðskilnaði milli vinnslu, flutnings og annarra þátta.*
3) *Gjaldskrá fyrir flutning raforku á að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna og því er mikilvægt að notendur fái merki um að kostnaður sé breytilegur við raforkuflutning. Af þeim sökum er lagt til að gjaldskrá fyrir hann verði byggð upp á þann hátt að gjöld verði ákveðin sérstaklega fyrir hvern mötunar- og úttektarstað í flutningskerfinu og að gjöld verði breytileg eftir árstíma (punktgjaldskrá). Á þann hátt er m.a. hægt að gefa kaupendum og seljendum raforku merki um að töp í flutningskerfinu eru mismunandi eftir því hvar og hvenær vinnsla eða notkun á sér stað. Ef talið er nauðsynlegt sökum byggðaþróunar að jafna kostnað við flutning og dreifingu raforku eða að ráðast í framkvæmdir í flutningskerfinu sem flutningsgjöld geta ekki staðið undir (félagslegar framkvæmdir) er mikilvægt að það sé gert með skatttekjum svo að það hindri ekki samkeppni eða dragi úr hagkvæmni kerfisins. Hafa verður í huga að slíkt mun væntanlega flokkast sem ríkisstyrkir samkvæmt EES-samningnum.*
4) *Til að tryggja jafnræði milli allra fyrirtækja sem stunda vinnslu, flutning, dreifingu eða sölu raforku þurfa þau að búa við sömu starfsskilyrði óháð eignarhaldi. Af þeim sökum er lagt til að öll fyrirtæki í greininni verði hlutafélög og þar með talið Íslandsnet hf. Opinberir aðilar hafa eftirlit með sérleyfisþáttunum en mikilvægt er að sníða eftirlitinu*

hóflegan stakk og byggja fremur á öflugu innra eftirliti fyrirtækjanna. Eftirlitið yrði tvískipt eða samkeppnis- og tæknilegt eftirlit.

Samhliða nefndarstarfinu var unnið að frumvarpi til raforkulaga í iðnaðarráðuneytinu og voru drög kynnt hagsmunaaðilum í apríl 1999. Haldinn var kynningarfundur og óskað eftir athugasemdum við frumvarpsdrögin. Fjöldi athugasemda barst sem hafðar voru til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við frumvarpið.

Í kjölfar skýrslu flutningsnefndarinnar var í iðnaðarráðuneytinu lögð aukin vinna í lokaundirbúning frumvarpsins. Myndaður var fimm manna starfshópur innan iðnaðarráðuneytisins undir forustu Þorgeirs Örlygssonar ráðuneytisstjóra og kvaddir til sérfræðingar utan ráðuneytisins til ráðgjafar við vinnuna (á sviði hagfræði, verkfræði, stærðfræði og lögfræði). Þá var ráðinn lögfræðingur til að vinna að frumvarpinu. Fulltrúar ráðuneytisins og Orkustofnunar kynntu sér fyrirkomulag og skipan mála í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ráðuneyti, eftirlitsstofnanir og hagsmunasamtök í viðkomandi löndum voru sótt heim. Sérstaklega var leitað eftir upplýsingum um fyrirkomulag við opnun raforkumarkaðar í viðkomandi löndum, skipulag flutnings og dreifingar, verkaskiptingu og hlutverk stofnana við framkvæmd laganna og reynslu ríkjanna af núverandi fyrirkomulagi.

Við lokafráganginn tók frumvarpið nokkrum breytingum. Bauð iðnaðarráðuneytið fulltrúum frá öllum rafveitum að kynna sér frumvarpið og gera athugasemdir við það. Í því skyni komu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum á fundi í ráðuneytinu: Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar, Bæjarveitum Vestmannaeyja, Orkubúi Vestfjarða, Selfossveitum, Rafveitu Sauðárkróks, Akranesveitum, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Samorku. Tekið var að nokkru leyti tillit til ábendinga sem komu frá framangreindum aðilum.

Frumvarpið var lagt fram til kynningar á 126. löggjafarþingi. Ekki var mælt fyrir frumvarpinu en samþykkt var að það færi til umfjöllunar iðnaðarnefndar. Iðnaðarnefnd sendi frumvarpið til umsagnar eftirtalinna aðila: Akraneskaupstaður, Akranesveita, Akureyrarbær, Alþýðusamband Íslands, Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar hf., Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf., Bæjarveitur Vestmannaeyja, Eyþing – Samband sveitarfélaga Norðurlandskjördæmis eystra, Fjarðabyggð, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Frumherji hf., Hafnarfjarðarbær, Hitaveita Suðurnesja, Húsavíkurkaupstaður, Hveragerðisbær, Íslenska álfélagið hf., Íslenska járnblendifélagið hf., Landspítali – háskólasjúkrahús, Landssamtök raforkubænda, Landsvirkjun, Löggildingarstofa, Neytendasamtökin, Norðurorka, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rafiðnaðarsamband Íslands, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafveita Hafnarfjarðar, Rafveita Reyðarfjarðar, Rafveita Sauðárkróks, Reykjanesbær, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Samkeppnisstofnun, Samorka, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, Selfossveitur, Sorpeyðing höfuðborgarsvæðis, Staðlaráð Íslands Rafstaðlaráð, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Skagafjörður, Tæknifræðingafélag Íslands, Veitustofnanir Hveragerðis, Verkfræðingafélag Íslands, Vestmannaeyjabær og Vindorka og óskaði eftir athugasemdum þeirra í byrjun september 2001. Fjölmargar athugasemdir bárust. Fékk iðnaðarráðuneytið þær til skoðunar. Athugasemdirnar eru misjafnlega veigamiklar allt frá umfangsmiklum efnisbreytingum að minni háttar orðalagsbreytingum. Í þessu frumvarpi hefur verið tekið tillit til margra þeirra, bæði efnislegra og þeirra er lúta að orðalagi. Þá hélt iðnaðarnefnd

Alþingis fund á Hvolsvelli í september 2002 með fulltrúum raforkufyrirtækja og fulltrúum iðnaðarráðuneytis þar sem skipst var á skoðunum um efni frumvarpsins. Veigamestu breytingar frá fyrri gerð frumvarpsins eru:

1. Fallið hefur verið frá tímabindingu virkjunarleyfis, sbr. áður 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Þess í stað verður hugað að tímabindingu nýtingarleyfa í löggjöf er varða auðlindanýtingu, þ.e. lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og endurskoðuðum vatnalögum, eftir því sem eðlilegt þykir.
2. Ekki er lengur gert ráð fyrir að í gjaldskrá sé tekið mið af jaðartöpum, sbr. 3. mgr. 12. gr., heldur meðaltöpum, en með því verður uppbygging gjaldskrárinnar einfaldari.
3. Fallið hefur verið frá kröfum um að dreifiveitur megi ekki stunda vinnslu eða sölu á raforku eða aðra samkeppnisstarfsemi, sbr. áður 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Einnig er fallið frá því að vinnslu- og sölufyrirtæki megi ekki stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði, sbr. áður 1. mgr. 5. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins. Þess í stað er lagt til að fyrirtækin verði að halda aðskilda reikninga í bókhaldi vegna hvers þessara þátta fyrir sig og gerðar tillögur um skýrar reglur um hvernig bókhaldslegum aðskilnaði verði háttað, sbr. 41. gr. frumvarpsins og bráðabirgðaákvæði V. Reglurnar eiga að tryggja gagnsæi og koma í veg fyrir að samkeppnisstarfsemi sé niðurgreidd með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í frumvarpinu er með skýrum hætti mælt fyrir um að óheimilt sé að niðurgreiða sölu og vinnslu á raforku með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu og að samkeppnisráð geti fyrirskipað fyrirtækjaaðskilnað, sbr. nú 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 16. gr., 2. mgr. 19. gr. og 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins.
4. Lagðar eru til ítarlegri reglur um raforkuviðskipti, sbr. nú 20. gr. frumvarpsins.
5. Lagt er til í bráðabirgðaákvæði IV að fyrsta skref í opnun markaðarins verði 1. janúar 2003 og nái til þeirra sem nota 100 GWst á ári eða meira en ekki þeirra sem nota 5 GWst eða meira eins og lagt var til í fyrra frumvarpi. Þannig verður í raun engin breyting frá núverandi ástandi fyrr en næsta skref til opnunar verður tekið 1. janúar 2004. Er þá gert ráð fyrir að markaðurinn verði opnaður að fullu.
6. Stjórnsýsluferlar samkvæmt frumvarpinu hafa verið skerptir eins og nánar kemur fram í athugasemdum við einstakar greinar.
7. Gert er ráð fyrir að skipuð verði samráðsnefnd um framkvæmd laganna þar sem fulltrúar þeirra sem raforkulögin varða helst hafi aðkomu. Gert er ráð fyrir að nefndin starfi til loka ársins 2006.

Hér á eftir fer heildaryfirlit yfir þær breytingar sem gerðar eru frá fyrra frumvarpi. Tilvísanir til töluliða og málsgreina miðast við fyrra frumvarp:

1. gr. Markmið frumvarpsins hafa verið endurorðuð með það í huga að gera þau skýrari.

3. gr. Orðalagi einstakra skilgreininga hefur verið breytt til að gera inntak þeirra skýrara. Bætt hefur verið við skilgreiningu á hugtakinu dreifing, sbr. nú 2. tölul. 2. mgr., og hugtakinu gjaldskrársvæði, sbr. nú 10. tölul. Þá hefur skilgreiningu á hugtakinu meginflutningskerfi verið breytt þannig að það nær nú einnig til tengilína virkjana sem eru yfir 7 MW, sbr. 11. tölul.

4. gr. 1. málsl. 2. mgr. um tímabindingu virkjunarleyfis hefur verið felldur brott. Sá tímafrestur sem virkjunarleyfishafi hefur til að hefja framkvæmdir hefur verið lengdur úr fimm árum frá útgáfu leyfis í 10 ár og frestur til að hefja vinnslu úr 10 árum frá útgáfu leyfis í 15 ár. Einnig hafa verið gerðar orðalagsbreyt-

ingar til að tryggja samræmi í orðalagi í frumvarpinu. Þá hefur 4. mgr. 4. gr. verið felld brott þar sem efnislega sama ákvæði er nú í 2. mgr. 5. gr.

5. gr. 2.–4. málsl. 1. mgr. hafa verið felldir brott þar sem fallið er frá kröfum um að vinnslufyrirtæki megi ekki stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Þess í stað eru gerðar kröfur um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi, sbr. nú 1. mgr. 7. gr., til að tryggja að samkeppnisstarfsemi sé ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi. Ákvæði 2. mgr. hefur verið fellt brott þar sem slíkt ákvæði á betur heima í löggjöf um viðkomandi auðlindir. Kemur til skoðunar hvort slíkt ákvæði á heima í annarri löggjöf við endurskoðun laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og vatnalaga, nr. 15/1923. Við 3. mgr. hefur verið bætt tveimur nýjum málsliðum er lúta að setningu reglugerðar um skilyrði leyfis. Bæst hefur við ný málsgrein sem verður 3. mgr. Málsgreinin var áður 1. mgr. 7. gr. og hefur orðalagi hennar verið breytt lítillega til frekari skýrleika. Þá hafa verið gerðar orðalagsbreytingar á 5. gr. til að skýra frekar efni hennar.

6. gr. Gerðar hafa verið breytingar á orðalagi 1. mgr. sem leiða af breytingu á 2. mgr. 4. gr. Þá hafa verið gerðar orðalagsbreytingar á 6. gr. sem miða að því að gera greinina fyllri og skýrari. 6. tölul. 1. mgr hefur verið felldur brott þar sem 4. tölul. nær yfir efni hans. Nýr töluliður, sem verður 6. tölul., hefur bæst við 1. mgr. Þar er mælt er fyrir um að í leyfi skuli tilgreina önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögunum. Er með því leitast við að afmarka frekar þau atriði sem á að mæla fyrir um í leyfi.

7. gr. Bætt hefur verið við málsgrein sem verður 1. mgr. Hún lýtur að kröfu um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi vegna vinnslu annars vegar og annarrar sérleyfisstarfsemi hins vegar, þ.m.t. sérleyfisstarfsemi en einnig t.d. sölustarfsemi. Í fyrra frumvarpi var gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað, sbr. 1. mgr. 5. gr. Í athugasemdum sem gerðar voru við frumvarpið komu fram áhyggjur af því að fyrirtæki sem hefði með höndum bæði vinnslu og sölu gæti mismunað viðskiptaaðilum sínum á óeðlilegan hátt. Er með þessu leitast við að tryggja gagnsæi sem mun auðvelda eftirlit með viðskiptaháttum fyrirtækja sem bæði hafa með höndum vinnslu og sölu. Ákvæði 1. mgr. 7. gr. hefur verið fært og er nú lítillega breytt í 3. mgr. 5. gr. 3. mgr. hefur verið felld brott þar sem mælt er fyrir um innra eftirlit í 25. og 28. gr. frumvarpsins.

8. gr. Greinin hefur verið endurorðuð að nokkru leyti. Bætt hefur verið við þremur nýjum málsgreinum sem verða 2., 3. og 5. mgr. Þar er mælt er fyrir um hvernig skuli staðið að tilnefningu flutningsfyrirtækis. Þá kemur fram að náist ekki að stofna flutningsfyrirtæki með aðild þeirra sem eiga flutningsvirki við gildistöku laganna skuli stofna ríkisfyrirtæki sem skuli annast flutning og dreifingu. Í 5. mgr. er mælt fyrir um riftun samnings skv. 2. mgr.

9. gr. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt m.t.t. breytinga á 8. gr. og til að gera greinina skýrari. Þá er nú í greininni mælt fyrir um þau skilyrði sem ráðherra getur sett fyrir leyfi til að reisa flutningsvirki. Einnig hefur verið bætt við ákvæði sem verður 5. mgr. sem gerir ráð fyrir að flutningsfyrirtækið skuli setja reglur er lúta að stýringu kerfisins.

10. gr. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt lítillega m.t.t. breytinga á 8. og 9. gr. Þá hefur 3. mgr. verið felld brott þar í samræmi við breytingar á kröfum um aðskilnað milli sérleyfis- og samkeppnisþátta.

11. gr. Bætt hefur verið við nýrri málsgrein sem verður 1. mgr. Hún var áður 3. málsl. 7. tölul. 3. gr. Þá hefur kemur orðið „notandi“ í stað orðsins „stórnotandi“ í 1. mgr. Einnig hefur verið bætt við nýrri málsgrein sem verður 3. mgr. Fjallar hún um skilyrði leyfis vegna flutningsvirkja, sbr. einnig 1. mgr. 9. gr. Að lokum hafa verið gerðar orðalagsbreytingar.

12. gr. Til að stuðla að skilvirkara og einfaldara eftirliti er lagt til að Orkustofnun þurfi ekki að staðfesta gjaldskrá áður en hún tekur gildi. Þá er gert ráð fyrir því að í stað jaðartapa verði tekið tillit til meðaltapa. Einnig hafa verið gerðar nokkrar orðalagsbreytingar til fyllingar og skýringar.

13. gr. Gerðar hafa verið orðalagsbreytingar til fyllingar og skýringar.

14. gr. 2.–4. málsl. 1. mgr. hafa verið felldir brott þar sem fallið hefur verið frá kröfum um fyrirtækjaaðskilnað. Um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi dreifiveitna er nú mælt í 2. mgr. 16. gr. Efni 5.–7. málsl. 1. mgr. er nú í 2. mgr. 16. gr. Efni 8. málsl. 1. mgr. er nú innifalið í 2. mgr. 14. gr. Þá hefur 2. mgr. verið endurorðuð með það að markmiði að greina með skýrari hætti á milli leyfa til reksturs dreifiveitna sem fyrir eru og til að reisa og reka ný dreifikerfi.

15. gr. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. hefur verið fellt brott og verða leyfi til dreifingar því ótímabundin. 6. tölul. 1. mgr. var felldur brott þar sem efni hans er innifalið í 4. tölul. 1. mgr. Þá hefur verið bætt nýjum tölulið við 1. mgr. er verður 6. tölul. Þar segir að í leyfi skuli tilgreina önnur atriði er tengjast skilyrðum leyfis og skyldum dreifiveitna samkvæmt lögunum. Að lokum hafa verið gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á 15. gr. til frekari skýringa.

16. gr. Bætt hefur verið við nýrri málsgrein sem verður 2. mgr. Fjallar hún um kröfur um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi milli dreifistarfsemi og annarrar starfsemi þess fyrirtækis sem sér um dreifingu. Í fyrra frumvarpi var gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað, sbr. 1. mgr. 14. gr. Áfram er gerð krafa um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi milli einstaka sérleyfisþátta. Þá hefur 1. tölul. 2. mgr. verið felldur brott en um skyldu til að gæta jafnræðis er nú kveðið í 8. tölul. sömu málsgreinar. Að lokum hafa verið gerðar orðalagsbreytingar á greininni til skýringar og fyllingar hennar.

17. gr. Greinin hefur verið endurorðuð með þeim hætti að efnisákvæði 12. gr. sem eiga við um dreifingu eru tekin upp í greininni en í fyrra frumvarpi var látið nægja að vísa til 12. gr. eftir því sem við ætti. Er ákvæðið nú skýrara. Þá hefur greininni verið breytt með hliðsjón af því að nú er gerður greinarmunur á dreifiveitusvæðum og gjaldskrársvæðum, sbr. nú 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

18. gr. Lokamálsliður 1. mgr. þar sem kveðið var á um tímabindingu viðskiptaleyfis hefur verið felldur brott. Tímabinding söluleyfis getur valdið erfiðleikum vegna langtímasamninga. Þá hefur verið bætt nýjum málslið við 1. mgr. er mælir fyrir um skyldu umsækjanda leyfis til að sýna fram á fjárhagslega hæfni til að standa við skuldbindingar sínar. Ákvæði 2. mgr. hafa verið felld brott að mestu leyti þar sem ekki var samræmi milli krafna sem gerðar voru til framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sölufyrirtækja og annarra raforkufyrirtækja.

19. gr. Efni 2. tölul. hefur verið fært í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins. Bætt hefur verið við nýjum tölulið er verður 5. tölul. Fjallar hann um tilkynningarskyldu sölu-

fyrirtækja til dreifiveitna. Þá hefur verið bætt við nýrri málsgrein er fjallar um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi sölufyrirtækja milli sölu annars vegar og annarrar starfsemi hins vegar.

20. gr. Bætt hefur verið við nýrri málsgrein sem verður 1. mgr. Í henni er að finna ákvæði sem heimilar lokun fyrir afhendingu á raforku vegna vanskila orkukaupanda og kvörtunarheimild kaupanda vegna vanefnda orkuseljanda. Ákvæði 2. mgr. hefur verið endurorðað þar sem fyrra orðalag tryggði ekki þau markmið sem að var stefnt. Ákvæði 3. mgr. hefur verið fellt brott þar sem það var óþarft. Að lokum hefur nýrri málsgrein verið bætt við. Um er að ræða reglugerðarheimild þar sem nauðsynlegt getur verið að kveða á um ýmis atriði er varða samskipti raforkufyrirtækja, greiðslumiðlun o.fl. í reglugerð.

21.–23. gr. Orðalagi hefur verið breytt nokkuð til að gera ákvæðin skýrari.

24. gr. Orðalagi hefur verið breytt töluvert til að afmarka á skýrari hátt eftirlitshlutverk Orkustofnunar.

25.–26. gr. Orðalagi hefur verið breytt lítillega.

27. gr. Orðalagi 1. mgr. hefur verið breytt þar sem fyrra orðalag þótti of þröngt. Þá hefur verið bætt við nýrri málsgrein sem verður 2. mgr. Hún áréttar heimildir samkeppnisráðs til að kveða á um aðskilnað milli fyrirtækja til að tryggja að samkeppnisstarfsemi verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða annarri starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Þessi breyting er gerð í ljósi þess að fallið hefur verið frá skilyrðislausri kröfu um fyrirtækjaaðskilnað.

28. gr. Orðalagi hefur verið breytt lítillega og bætt hefur verið við skýrum heimildum fyrir Löggildingarstofu til að krefjast upplýsinga af eftirlitsskyldum aðilum.

29. gr. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt lítillega til að tryggja skýrleika.

30. gr. Orðalagi greinarinnar hefur verið breytt til að gera hana skýrari. Þá hefur verið bætt við reglum er lúta að starfsháttum úrskurðarnefndarinnar og málsmeðferð fyrir henni.

33. gr. Ákvæðinu hefur verið breytt þar sem eðlilegt þykir að taka tillit til umfangs viðkomandi starfsemi. Þá hefur 4. tölul. verið felldur brott þar sem hann er nú óþarfur.

34. gr. Gerðar hafa verið breytingar á orðalagi.

37. gr. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar er lúta að kæruleiðum og stjórnsýslu.

41. gr. Bætt hefur verið við greinina fimm nýjum málsgreinum þar sem nánar er útfært hvað felist í bókhaldslegum aðskilnaði og hvaða sjónarmiðum eigi að beita til að skipta sameiginlegum þáttum í starfsemi fyrirtækis.

45. gr. Áfram er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi við birtingu þeirra en komi til framkvæmda 1. janúar 2003 í stað 1. júlí 2002.

Brbákv. I. Í stað ártalsins „2003“ kemur „2004“ þar sem opnun markaðarins samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV hefur verið frestað.

Brbákv. II. Bætt hefur verið við orðunum „enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara“.

Brbákv. III. Bætt hefur verið við orðunum „enda uppfylli þeir skilyrði laga þessara“.

Brbákv. IV. Ákvæðinu hefur verið breytt í ljósi þess að dreifiveitur munu geta stundað sölustarfsemi þar sem fallið hefur verið frá fyrirtækjaaðskilnaði. Þá er lagt til að opnun markaðarins breytist með þeim hætti að eingöngu þeir sem nota 100 GWst af raforku á ári eða meira geti skipt um raforkusala til 1. janúar 2004. Fyrra frumvarp gerði ráð fyrir því að 1. júlí 2002 gætu þeir sem nota 5 GWst

af raforku eða meira á ári skipt um söluaðila. Frá 1. janúar 2004 geta hins vegar allir skipt um raforkusala eins og fyrra frumvarp gerði ráð fyrir.

Brbákv. V. Bætt hefur verið við nýju ákvæði þar sem mælt er fyrir um tilkynningarskyldu raforkufyrirtækja til Orkustofnunar um hvernig þau ætli að haga bókhaldslegum aðskilnaði. Með ákvæðinu á að tryggja að frá 1. janúar 2003 verði reikningar færðir í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um hvernig eigi að meta varanlega rekstrarfjármuni og undirbúningskostnað.

Brbákv. VI. Bætt hefur verið við nýju ákvæði þar sem mælt er fyrir um skipun samráðsnefndar til að tryggja greiða framkvæmd laganna og virk skoðanaskipti þeirra sem lögin snerta helst.

2. Þróun og skipulag raforkumarkaðar og löggjafar.

2.1. Orkulindir.

Íslendingar búa við nokkra sérstöðu í orkumálum borið saman við önnur lönd í Evrópu. Landið hefur yfir að ráða miklum endurnýjanlegum orkulindum – bæði vatnsorku og jarðvarma – sem einungis hafa verið hagnýttar að hluta til enn sem komið er. Vaxandi áhersla á nýtingu hreinna orkugjafa stuðlar að því að slíkar orkulindir séu nýttar fremur en jarðefnaeldsneyti og kjarnorka.

2.2. Uppbygging raforkukerfisins.

Íslendingum varð ljóst snemma á síðustu öld að landið bjó yfir miklum orkulindum og fyrstu grunnrannsóknir á þeim hófust á fyrstu áratugum aldarinnar. Rafvæðing landsins hófst í byrjun 20. aldarinnar. Í upphafi var einkum um að ræða rafvæðingu í þéttbýli en á fjórða áratug aldarinnar var aukin áhersla lögð á rafvæðingu landsins alls. Var þá ráðist í byggingu Ljósafossstöðvar og Laxárvirkjunar ásamt tilheyrandi flutningslínum frá þessum virkjunum. Fram á miðjan sjöunda áratuginn var megináhersla lögð á rafvæðingu dreifbýlisins og byggingu samveitna innan landsvæða. Minni virkjanir voru víða reistar til að anna örri aukningu á almennri eftirspurn eftir raforku á þessum árum.

Á árabilinu 1965–1985 urðu nokkur þáttaskil í uppbyggingu raforkukerfis landsins. Með stofnun Landsvirkjunar árið 1965 var farið inn á þá braut að virkja stórt og nýta raforkuna jöfnum höndum fyrir stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Samtenging hinna ýmsu samveitusvæða hófst árið 1974 og var lokið við hringtengingu byggðalínunnar árið 1984. Með því átaki má heita að lokið hafi tímabili innfluttra orkugjafa til raforkuvinnslu hér á landi. Jafnframt var lögum um Landsvirkjun breytt árið 1983, Laxárvirkjun gekk inn í fyrirtækið og varð allt landið orkuveitusvæði þess. Með samningi við ríkið árið 1982 yfirtók Landsvirkjun rekstur byggðalínukerfisins og lauk við hringtengingu þess.

Uppbygging raforkudreifikerfis í stærri þéttbýlisstöðum hófst á þriðja og fjórða áratugnum samhliða byggingu fyrstu virkjana hér á landi. Átak við uppbyggingu dreifikerfis landsbyggðarinnar hófst um miðja öldina og stóð yfir fram á áttunda áratuginn. Stuttu síðar var gert átak við að auka rafhitun í strjálbýli í kjölfar olíukreppunnar sem leiddi til þess að víða þurfti verulega að styrkja og endurbyggja dreifikerfið. Á síðasta áratug hefur endurnýjun dreifiveitna að mestu verið í því fólgin að leggja jarðstrengi í stað loftlína og hefur það mjög aukið öryggi og minnkað viðhaldskostnað.

Raforkuflutningskerfi landsins hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur

verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarflutningskerfi raforku.

2.3. Raforkufyrirtæki.

Skipulag orkumála hér á landi hefur verið á þann veg að fyrirtæki sem vinna, dreifa og selja orku eru að langmestu leyti í opinberri eigu. Ýmist er hér um að ræða fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða fyrirtæki sem eru í sameign þessara aðila. Hið sama gildir um rannsóknastofnanir á þessu sviði þó svo að þar hafi einkaaðilar haslað sér völl í nokkrum mæli á undanförnum árum.

Stærsti raforkuframleiðandinn, Landsvirkjun, sinnir framleiðslu, flutningi raforku og heildsölu til dreifiveitna og sölu til stórnotenda. Önnur stærstu raforkufyrirtækin, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja hf., Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf., hafa með höndum framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu til einstakra notenda. Þá er Orkuveita Húsavíkur einnig með nokkra vinnslu.

Á undanförnum árum hefur það orðið æ algengara að rekstur rafveitna og hitaveitna sé sameinaður í eitt fyrirtæki og oft og tíðum fylgir þá vatnsveita sveitarfélags með. Nú eru átta fyrirtæki starfandi sem reka bæði raf- og hitaveitu og eru fimm þeirra í eigu eins sveitarfélags, en þrjár veitur ná yfir stærra svæði og er ríkið eignaraðili að þeim fyrirtækjum. Um er að ræða eftirtaldar veitur: Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf., Orkubú Vestfjarða hf., Orkuveitu Húsavíkur, Bæjarveitur Vestmannaeyja, Selfossveitur og Norðurorku.

Samhliða fjölgun orkuveitna hefur fyrirtækjum fækkað sem eingöngu sinna raforkuvinnslu, flutningi og/eða dreifingu. Nú starfa þrjú fyrirtæki sem teljast til þessa flokks: Landsvirkjun, Rafveita Sauðárkróks og Rafveita Reyðarfjarðar.

Rafveitur og raforkufyrirtæki landsins eru samtengd í gegnum flutnings- og aðveitukerfi raforku. Einungis mjög lítil svæði eru utan samtengds raforkukerfis, en þau helstu eru Inndjúp á Vestfjörðum, Hólsfjöll og Grímsey. Landsvirkjun á og rekur meginflutningskerfið og sér til þess að raforkuvinnslan samsvari álaginu á hverjum tíma.

2.4. Raforkuvinnsla.

Mikil aukning hefur orðið í raforkuframleiðslu hér á landi sl. sex ár eins og meðfylgjandi tafla sýnir (í GWst):

	1995	**1996**	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**
Vatnsorka	4.678	4.764	5.203	5.617	6.043	6.352
Jarðhiti	290	346	375	655	1.138	1.323
Olía	8	4	3	4	4	4
Samtals	**4.977**	**5.113**	**5.581**	**6.276**	**7.185**	**7.679**

Aukning raforkuframleiðslu á þessu tímabili er um 54%. Notkun hefur aukist mikið á tímabilinu eða 96% hjá stóriðju og 13% hjá almennum notendum. Á þessu tímabili hefur orðið mikil aukning í raforkuframleiðslu jarðgufuvirkjana og fyrirsjáanleg er enn frekari aukning með þeim orkugjafa á næstu 1–2 árum. Þá jók Landsvirkjun raforkuframleiðslu sína á þessu tímabili með stækkun Kröflu og aukinni framleiðslu Blönduvirkjunar, byggingu Sultartangavirkjunar svo og aukinni miðlun á Þjórsár–Tungnársvæðinu.

Raforkuvinnsla Landsvirkjunar nam um 85,7% af heildarvinnslunni á landinu árið 2000 og hlutur annarra fyrirtækja var því 14,3%. Hlutur annarra skiptist svo: Orkuveita Reykja-

víkur 43,9%, Hitaveita Suðurnesja hf. 33,7%, RARIK 12%, Orkubú Vestfjarða hf. 7%, Andakílsárvirkjun 2,9% og aðrir 0,5%.

2.5. Löggjöf.

Eftirtalin löggjöf snertir skipan raforkumála almennt:

1. Orkulög, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Þar er fjallað um Orkustofnun, vinnslu raforku, vinnslu jarðhita, héraðsrafmagnsveitur, hitaveitur og Rafmagnsveitur ríkisins.
2. Vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Þar er m.a. fjallað um vatnsréttindi, notkun vatnsorku og vatnsmiðlun.
3. Lög um Orkusjóð, nr. 49/1999. Hlutverk hans er fjármögnun grunnrannsókna á sviði orkumála annars vegar og fjárhagslegur stuðningur við ýmsar framkvæmdir og verkefni hins vegar.
4. Lög um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Þar eru taldar þær virkjunarframkvæmdir sem heimilaðar hafa verið með lögum. Þá er þar kveðið á um að ráðherra skuli ákveða röð virkjanaframkvæmda og þau sjónarmið sem hún á að byggjast á.
5. Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Þar er fjallað um rafmagnsöryggi og eftirlit með því.

Þá eru í gildi ýmis sérlög um fyrirtæki. Þau eru:

1. Lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.
2. Lög um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.
3. Lög um hitaveitu Reykjavíkur, nr. 38/1940.
4. Lög um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001.

Auk þess ber að nefna lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, og lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem öll snerta þá starfsemi sem frumvarpið fjallar um.

Samkvæmt orkulögum getur ráðherra veitt rafveitum og hitaveitum einkarétt til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni á tilteknu veitusvæði. Um þessar veitur gilda reglugerðir og staðfestir ráðherra gjaldskrár þeirra.

Til vinnslu raforku þarf leyfi Alþingis fyrir raforkuveri sem er stærra en 2 MW og leyfi ráðherra fyrir raforkuveri sem er á bilinu 0,2–2 MW, nema hvað heimilt er að reka varastöð allt að 1 MW án sérstaks leyfis.

Í orkulögum þar sem fjallað er um héraðsrafmagnsveitur kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Rafveitur veita raforku um tiltekið orkuveitusvæði, sem ráðherra ákveður að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags, og selja neytendum á því svæði. Ráðherra getur veitt einkarétt og bundið hann ákveðnum skilyrðum til að tryggja jafnrétti notenda.
- Sveitarfélag hefur forgang til að reka rafveitu. Ef sveitarstjórnir nýta ekki rétt sinn hafa Rafmagnsveitur ríkisins forgangsrétt.
- Rafveitu, sem hlotið hefur einkarétt, er skylt að selja öllum sem þess óska á orkuveitusvæðinu rafmagn með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum og með reglugerð.
- Gjald fyrir raforku frá rafveitu, sem veittur hefur verið einkaréttur, skal ákveða í gjaldskrá sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Gjaldskrána skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Í lögum um Landsvirkjun eru lagðar víðtækar skyldur á fyrirtækið og nýtur það ákveðinna forréttinda. Segir m.a. að fyrirtækið skuli hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Ber Landsvirkjun að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari

uppbyggingu meginstofnlínukerfisins með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

3.1. Almennt.

Eins og áður hefur komið fram hefur skipan raforkumála víða um lönd tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Í ársbyrjun 1992 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögur að tilskipunum um innri markað fyrir raforku og jarðgas sem lagt var til að tækju gildi árið 1993. Tilskipunin öðlaðist gildi 19. febrúar 1997 eftir miklar deilur innan Evrópusambandsins og áttu aðildarríkin að koma henni í framkvæmd eigi síðar en 19. febrúar 1999. Belgía og Írland fengu þó frest til 19. febrúar árið 2000 og Grikkland til 19. febrúar árið 2001.

Hornsteinar tilskipunarinnar um innri markað á sviði raforku eru í fyrsta lagi afnám einkaréttar starfandi orkufyrirtækja, sé hann fyrir hendi, m.a. til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku, a.m.k. í bókhaldi. Í þriðja lagi takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum, þannig að þeir orkukaupendur sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki setur á grundvelli tilskipunar geti gert samninga við orkuvinnslufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfið. Hér verður lýst helstu þáttum tilskipunarinnar.

3.2. Meginefni tilskipunarinnar.

Tilskipunin skiptist í eftirtalda átta kafla auk formála eða aðfaraorða: 1. Gildissvið og skilgreiningar. 2. Almennar reglur um skipan raforkumála. 3. Vinnsla. 4. Rekstur flutningskerfisins. 5. Rekstur dreifikerfisins. 6. Aðskilnaður og gagnsæi reikninga. 7. Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi. 8. Lokaákvæði.

Í formála er gerð ítarleg grein fyrir tilganginum með því að setja reglur um innri markað fyrir raforku. Þar segir m.a. að samkvæmt sáttmála ESB skuli tryggja frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns á innri markaðinum. Mikilvægt skref sé að koma á samkeppni á raforkumarkaðinum til að koma á innri markaði fyrir orku. Með því verði vinnsla, flutningur og dreifing raforku skilvirkari en ella um leið og afhendingaröryggi sé aukið og samkeppnisstaða Evrópusambandsríkjanna batni. Sömuleiðis er talið að slíkur markaður stuðli að samtengingu raforkukerfanna í Evrópu.

Gert er ráð fyrir að komið verði á innri markaði fyrir rafmagn í áföngum með það fyrir augum að raforkugeirinn geti lagað sig að nýjum skilyrðum með skilvirkum hætti. Þar sem hætta kann að vera á að viss ríki eigi erfitt með að aðlaga sig sameiginlegum meginreglum gefur tilskipunin möguleika á aðlögunartíma eða varanlegum undanþágum frá tilteknum ákvæðum, einkum vegna reksturs lítils og einangraðs raforkukerfis. Eins og nánar er skýrt hér á eftir fellur íslenska raforkukerfið ekki undir skilgreiningu á litlu, einangruðu kerfi.

Í samræmi við nálægðarregluna er miðað við að almenn skilyrði og skilmálar fyrir innri markaðinn séu settir sameiginlega, en einstök ríki ráði hvernig þau uppfylla þá. Þá er talið að nauðsynlegt kunni að reynast að leggja á kvaðir um almannaþjónustu til þess að tryggja afhendingaröryggi og til að vernda neytendur og náttúrulegt umhverfi og eru ákvæði þar að lútandi. Skilyrði sem beitt verður eiga að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki leiða til mismununar.

Í 1. kafla tilskipunarinnar er fjallað um gildissvið og skilgreiningar. Þar kemur m.a. fram að tilskipunin feli í sér sameiginlegar reglur um vinnslu, flutning og dreifingu rafmagns. Með

henni sé kveðið á um hvernig stýra skuli raforkumálum, hvernig fá megi aðgang að markaðinum, um skilyrði og starfshætti sem skuli hafa í heiðri við útboð eða leyfisveitingar sem og um rekstur kerfisins. Í kaflanum eru jafnframt 23 skilgreiningar.

Í 2. kafla eru almennar reglur um skipan raforkumála. Kveðið er á um að ríkin skuli sjá til þess að raforkufyrirtæki séu rekin í samræmi við tilskipunina til þess að koma á samkeppnismarkaði á raforkusviðinu. Ríkin geti eigi að síður með vísan til almannaþjónustu lagt kvaðir um opinbera þjónustu á fyrirtækin. Þær geti varðað öryggi, þ.m.t. öryggi orkuafhendingar, gæði og verð sem og vernd náttúrulegs umhverfis. Þessar kvaðir skuli vera skýrt skilgreindar, gagnsæjar, þær mega ekki leiða til mismununar og það þarf að vera unnt að hafa eftirlit með þeim. Birta skal opinberlega upplýsingar um kvaðir sem settar verða og tilkynna þær framkvæmdastjórninni.

Í 3. kafla er fjallað um vinnslu rafmagns. Ríkin geta valið milli leyfisveitinga og útboða þegar ný orkuver eru reist. Hvort tveggja skal byggt á hlutlægum og gagnsæjum skilyrðum án þess að mismuna þeim sem sækja um eða leggja fram tilboð. Þessi skilyrði geta varðað tiltekin atriði sem talin eru upp. Þau eru: öryggi og áreiðanleiki raforkukerfisins, umhverfisvernd, landnotkun og staðarval, nýting lands í almannaeign og almannaþjónustu, skilvirkni, eðli orkulinda, hæfni og geta umsækjanda/tilboðsgjafa, svo sem tæknilega og efnahagslega, og að lokum opinberar kvaðir, sbr. það sem segir um 2. kafla tilskipunarinnar Með þessum skilyrðum er gert ráð fyrir að ríkin geti haft nauðsynlega stjórn á raforkuvinnslunni jafnframt því sem opnuð er leið til samkeppni. Ef útboðsleiðin er valin eiga ríkin að sjá til þess að gerðar verði spár um aukna þörf fyrir raforkuvinnslu til langs tíma sem útboðin byggjast á. Í þeim ríkjum sem fara þessa leið eiga svokallaðir „sjálfstæðir framleiðendur“ jafnframt að geta sótt um leyfi til raforkuvinnslu, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum sem sett verða. Slík skilyrði verða að vera hlutlæg, gagnsæ og mega ekki mismuna aðilum sem sækja um leyfi.

Í 4. kafla er fjallað um rekstur flutningskerfisins. Ríkin eiga að útnefna svokallaðan ábyrgan aðila til að sjá um rekstur flutningskerfisins, tryggja nauðsynlegt viðhald þess, viðbætur við það og afhendingaröryggi. Sá aðili skal vera rekstrarlega óháður raforkuvinnslu, raforkudreifingu og annarri starfsemi sem ekki tengist flutningskerfinu með beinum hætti. Álagsstýringin á að byggjast á hlutlægum opinberum skilyrðum með það fyrir augum að tryggja skilvirkan innri markað fyrir raforku. Ríkin geta þó gert kröfur til þess að orkuvinnsla sem byggist á endurnýjanlegum orkulindum hafi forgang. Ábyrgi aðilinn má ekki mismuna aðilum og hann skal fara með allar upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna starfsemi sinnar og eru viðkvæmar sem trúnaðarmál.

Samkvæmt túlkun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins felst eftirfarandi í rekstrarlegu sjálfstæði kerfisstjóra:

- Stjórnendur kerfisstjóra mega ekki sitja í stjórn móðurfyrirtækisins eða öðru fyrirtæki sem tengist kerfisstjóranum lóðrétt.
- Tryggja þarf sjálfstæði stjórnenda kerfisstjórans þannig að einkahagsmunir hafi ekki áhrif á ákvörðunartöku þeirra. Í því sambandi er t.d. átt við starfsframa.
- Sá sem annast kerfisstjórnun má ekki vera háður öðrum deildum eða einingum fyrirtækisins varðandi viðgerðir, viðhald og þróun flutningskerfisins.
- Þagnarskylda þeirra sem koma að kerfisstjórnun varðandi viðskiptaupplýsingar sem þeir hafa vegna hlutverks kerfisstjórans.

Auk þessa þarf að tryggja bókhaldslegan aðskilnað frá áðurnefndri starfsemi og kerfi sem tryggir nauðsynlegt fjárhagslegt sjálfstæði til að flutningskerfið sé rekið á viðskiptalegum grundvelli. Í flestum ríkjum Evrópusambandsins hafa verið stofnuð sérstök fyrirtæki um

flutningskerfið. Þau eru ábyrg fyrir álagsstýringu og fyrir samrekstri með öðrum flutningskerfum.

Í 5. kafla eru ákvæði um dreifingu. Ríkin eiga að útnefna aðila, einn eða fleiri, sem verða ábyrgir fyrir rekstri dreifikerfisins, viðhaldi og styrkingu. Þessir aðilar eiga að tryggja áreiðanlegan og skilvirkan rekstur kerfisins á tilteknu svæði. Þeir mega ekki viðhafa mismunun og skulu gæta trúnaðar vegna viðkvæmra upplýsinga sem þeir þurfa á að halda. Ríkin geta krafist þess að raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða úr sorpi sé veittur forgangur. Ríkin geta jafnframt skyldað dreifiveiturnar til að afhenda rafmagn til notenda á tilteknu svæði. Setja má reglur um gjaldskrá vegna slíkrar afhendingar til að tryggja jafnræði notenda.

Í 6. kafla er fjallað um aðskilnað og gagnsæi reikninga. Fyrirtæki sem sinna vinnslu, flutningi og dreifingu skulu færa bókhald fyrir hvern þessara þátta í því skyni að koma í veg fyrir að aðilum sé mismunað og til að hindra aðgerðir sem trufla samkeppni. Ákvæði eru um að ársreikningar raforkufyrirtækja skuli gerðir með samræmdum hætti samkvæmt tilskipunum sem fjalla um gerð ársreikninga.

Í 7. kafla er fjallað um aðgang að flutnings- og dreifikerfi. Ríkin geta heimilað aðgang að flutnings- og dreifikerfi á viðskiptagrundvelli eða á grundvelli reglna sem kveða á um rétt á aðgangi gegn greiðslu gjalds sem byggist á birtri gjaldskrá. Þá geta ríkin útnefnt lögaðila, svokallaðan „eina kaupanda“ („single buyer“), sem hefði einkarétt til viðskipta með rafmagn á tilteknu svæði. Ríkin eiga að sjá til þess að forgangsnotendur geti með frjálsum hætti gert samninga um orkukaup til að mæta raforkuþörf sinni af framleiðendum eða orkusölum utan þess svæðis sem kerfi viðkomandi „eina kaupanda“ nær til. Ríkin eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lágmarksopnun raforkumarkaðanna samkvæmt ofangreindum leiðum. Tilskipunin gerir ráð fyrir opnun markaðarins í áföngum. Kveðið er á um að löndin skuli opna ákveðið hlutfall raforkumarkaðar síns. Opnun í einstökum löndum miðaðist upphaflega við hlutfall notkunar þeirra sem notuðu 40GWst af raforku á ári eða meira af heildarnotkun í Evrópubandalaginu. Nú eru mörkin 20 GWst á ári en 19. febrúar 2003 lækka þau niður í 9. GWst á ári. Þó skulu allir notendur sem nota meira en 100 GWst á ári geta valið seljanda. Framkvæmdastjórnin reiknar hlutfallið út árlega. Hlutfall opnunar árið 2000 var samkvæmt þessu 30% en verður u.þ.b. 35% árið 2003. Lokaákvæði eru í 8. kafla tilskipunarinnar. Þar kemur fram að ríkjunum verður heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða ef upp kemur neyðarástand. Slíkar aðgerðir ber að tilkynna og skulu þær hafa í för með sér eins litla truflun á markaðinum og unnt er. Ákvæði eru um að ríkin geti sótt um tímabundinn aðlögunartíma ef þau sýna fram á að ákvæði tilskipunarinnar valdi því að ekki sé unnt að standa við rekstrarskyldur eða ábyrgðir sem gefnar hafa verið áður en hún var sett. Þá er einnig ákvæði um að hægt sé að sækja um undanþágur frá ákvæðum 4. kafla (rekstur flutningskerfa), 5. kafla (rekstur dreifikerfa), 6. kafla (aðskilnaður og gagnsæi reikninga) og 7. kafla (skipulagning kerfisaðgangs) vegna lítilla einangraðra raforkukerfa. Slík kerfi eru skilgreind þannig að raforkunotkunin sé minni en 2500 GWst á ári jafnframt því sem innan við 5% árlegrar orkunotkunar sé mætt með viðskiptum við önnur raforkukerfi. Tekið er fram að þetta ákvæði eigi jafnframt við um Lúxemborg. Raforkuvinnsla á Íslandi var 7679 GWst á árinu 2000 og fellur íslenska raforkukerfið því ekki undir þetta ákvæði.

3.3. Framtíðarþróun.

Ráðherraráð Evrópusambandsins ályktaði á fundi, sem haldinn var í Lissabon í apríl 2000, að hraða ætti opnun raforkumarkaðarins. Í framhaldi af ályktun ráðherraráðsins mótaði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur sem m.a. fela í sér breytingar á tilskipun

96/92/EB um innri markað raforku. Þær voru kynntar 13. mars 2001. Helstu efnisatriði þeirra eru að allir notendur, aðrir en einstaklingar, skulu geta keypt raforku á frjálsum markaði frá 1. janúar 2003. Fullt frelsi í viðskiptum með raforku á að vera komið á 1. janúar 2005. Þá eru ríkari kröfur um aðskilnað milli einokunar og samkeppnisþátta. Segir í tillögunum að það sé nauðsynlegt til að tryggja forsendur samkeppni. Er gerð krafa um fyrirtækjaaðskilnað og stjórnunarlegt sjálfstæði. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna smárra dreifiveitna, þ.e. þeirra sem þjóna færri notendum en 100.000. Í ljósi reynslunnar er lagt til að heimild til vinnslu raforku skuli byggjast á útgáfu leyfa en ekki útboðum. Hins vegar skuli ríki geta boðið út rafmagnsframleiðslu ef hætta er á ófullnægjandi framboði á raforku. Þá er talið að tryggja verði betur jafnræði aðila að raforkukerfinu. Í því sambandi er lagt til að aðgangur að því skuli byggjast á fyrir fram settum reglum og birtri gjaldskrá. Samkvæmt því falla brott aðrar leiðir, þ.e. samningsleið og „franska leiðin" um einn kaupanda á afmörkuðu svæði. Þá er lagt til að ríkin skuli hafa sjálfstæðan eftirlitsaðila sem skuli m.a. hafa eftirlit með gjaldskrá einokunarfyrirtækjanna. Þá er gert ráð fyrir að ríkin þurfi að tryggja vernd neytenda, m.a. með því að gera kröfur til raforkusölufyrirtækja um upplýsingagjöf, sem og með því að tryggja aðgengilega kvörtunarferla. Gangi tillögur framkvæmdastjórnarinnar eftir og breytingar á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku verða innleiddar í samninginn um Evrópska efnhagssvæðið getur þurft að gera breytingar á lögum miðað við þann frumvarpstexta sem hér er lagður til. Þó má segja að frumvarpið sé að mörgu leyti í samræmi við þær áherslur sem settar eru fram í tillögum framkvæmdastjórnarinnar.

4. Raforkumarkaður annarra ríkja.

4.1. Almennt.

Tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku hefur knúið aðildarríki sambandsins til að breyta skipan raforkumála í löndum sínum. Breytingar í frjálsræðisátt höfðu þó hafist í sumum löndum áður en tilskipunin tók gildi. Má þar helst nefna Bretland.

Framkvæmdastjórnin hefur útbúið eftirfarandi töflu um innleiðingu tilskipunarinnar árið 2000.

	Opnun markaðar	**Vinnsla**	**Aðskilnaður flutnings**	**Aðgangur að flutnings- og dreifikerfi**
Austurríki	32%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna
Belgía	35%	Sama	Sama	Sama
Danmörk	90%	Sama	Sama	Sama
Finnland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
Frakkland	30%	Sama	Stjórnunarlegur	Sama
Þýskaland	100%	Sama	Sama	Samningsbundinn
Grikkland	30%	Sama	Sama	Á grundvelli settra reglna
Írland	30%	Sama	Fyrirtækjaaðskilnaður	Sama
Ítalía	35%	Sama	Sama	Sama
Holland	33%	Sama	Sama	Sama
Lúxemborg	40%	Sama	Sama	Sama
Portúgal	30%	Útboð	Sama	Sama
Spánn	45%	Leyfisbundin	Sama	Sama
Svíþjóð	100%	Sama	Sama	Sama
Bretland	100%	Sama	Reglur um eignaraðild	Sama
ESB	65%			

Í Noregi er staðan eftirfarandi:

Noregur	100%	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna

Verði frumvarpið að lögum ætti eftirfarandi við um Ísland:

Ísland	100% 1.1. 2004	Leyfisbundin	Fyrirtækjaaðskilnaður	Á grundvelli settra reglna

Hvað aðskilnað milli dreifingar og samkeppnisstarfsemi varðar hafa ríkin einnig valið nokkuð mismunandi leiðir. Sum láta bókhaldslegan aðskilnað nægja, svo sem Finnland, Þýskaland, Grikkland og Írland. Önnur krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar, svo sem Holland, Spánn, Svíþjóð, Danmörk og Bretland.

Hér á eftir fer nokkuð ítarlegri umfjöllun um Bretland, Danmörku, Finnland, Noreg, Nýja-Sjáland og Svíþjóð.

4.2. Bretland.

Bretland var eitt af fyrstu ríkjum heimsins sem kom á samkeppni á raforkumarkaði. Raforkusala var gefin frjáls í áföngum, fyrst (1990) fyrir notendur sem notuðu meira en 1 MW (um 5.000 notendur). Árið 1994 voru mörkin útvíkkuð til þeirra sem notuðu meira en 100 kW (um 67 þúsund notendur) og loks 1999 fyrir alla notendur.

Fyrir kerfisbreytinguna í Bretlandi var til staðar eitt stórt opinbert framleiðslu- og orkuflutningsfyrirtæki, Central Electricity Generating Board (CEGB). Það seldi 12 svæðisbundnum rafveitum orku, en þessar rafveitur höfðu einkaleyfi til dreifingar og sölu, hver á sínu svæði. CEGB var upp úr 1989 skipt upp í þrjú framleiðslufyrirtæki í samkeppni, PowerGen, National Power og Nuclear Electric og stofnað var flutningsfyrirtækið National Grid Co. (NGC). Dreifiveitur sem stofnaðar voru upp úr hinum 12 svæðisbundnu rafveitum héldu um sinn einkaleyfi að hluta á sínu svæði.

Um 34% raforkuvinnslu byggist á gasi, um 33% á kolum, um 25% á kjarnorku og aðrir orkugjafar eru um 8%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur verða að uppfylla skilyrði sem eru í samræmi við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku.

Öll stærri orkuviðskipti hafa til þessa farið um uppboðsmarkaðinn „Electricity Pool". Verðlagningin byggðist í stuttu máli á hæsta tilboðsverði framleiðenda fyrir hvern dag, sem allir bjóðendur fengu greitt samkvæmt. Fram komu smám saman gallar við þetta fyrirkomulag og er verið að taka í notkun nýtt fyrirkomulag um viðskipti með raforku. Nokkrir helstu gallar fyrrnefnds uppboðsmarkaðar hafa t.d. reynst vera talsverður óstöðugleiki í verði, verðlagningin hefur reynst of flókin og hún er ekki í takt við raunverulegan framleiðslukostnað.

Með nýja kerfinu er boðið upp á tvíhliða samninga um raforkuviðskipti fram í tímann. Enn fremur er komið upp sérstökum jafnvægismarkaði til að ná jafnvægi milli framleiðslu og notkunar í „rauntíma". Þessi markaður miðast sérstaklega við 3,5 klst. hlaupandi tímaramma fram í tímann þar sem kaupendur og seljendur takast á um frávik frá fyrir fram gerðum samningum til að ná nauðsynlegu jafnvægi framboðs og eftirspurnar á hverju augnabliki í raforkukerfinu.

Flutningsfyrirtækið tryggir opinn aðgang framleiðenda og kaupenda að flutningskerfinu og greiða þeir fyrir flutninginn tengigjöld og gjöld byggð á notkun netsins. Kerfinu er skipt

upp í nokkur svæði til að endurspegla staðbundinn kostnað við orkuframleiðslu í tengslum við staðsetningu álagsins. Gjaldskráin er undir opinberu eftirliti eftirlitsaðilans OFGEM.

Á árinu 2000 höfðu um 18% allra raforkunotenda í Bretlandi skipt um raforkusala. Dreifiveiturnar hafa annaðhvort hætt orkusölu eða hún hefur verið aðskilin í bókhaldi þeirra. Dreifing raforku er háð einkaleyfi og er undir hliðstæðu opinberu eftirliti OFGEM og gildir um orkuflutning. Dreififyrirtækin eru sum í eigu erlendra fjárfesta, t.d. er rafveitan London Electricity nú í eigu franska fyrirtækisins Electricité de France.

4.3. Danmörk.

Frá 1. janúar 1998 gátu einstakir notendur sem notuðu meira en 100 GWst á ári keypt raforku á frjálsum markaði. Einungis 7 notendur náðu þessu lágmarki. Samanlagt notuðu þeir um 5% af raforku sem seld var í Danmörku. 1. apríl 2000 var lágmarkinu breytt í 10 GWst og 1. janúar 2001 í 1 GWst. Frá og með 1. janúar 2003 geta allir notendur keypt rafmagn á frjálsum markaði.

Raforkuvinnsla byggist aðallega á brennslu eldsneytis eða 90%, þar af er kolaorka um 60%. Dregið hefur úr notkun kola á síðustu árum en í byrjun níunda áratugarins voru u.þ.b. 90% af raforku framleidd með kolaorku. Stefnt er að því að draga enn frekar úr notkun kola og auka frekar notkun gass og vindorku.

Sölufyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Notendur eiga rétt á að tengjast raforkukerfinu og fá raforku á sanngjörnu verði kjósi þeir ekki að nýta sér viðskiptafrelsið. Eiga má viðskipti í Danmörku á Nord Pool raforkumarkaðinum.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Uppboðsaðferðinni er þó beitt vegna vindmyllna á hafi. Ekki er heimilt að reisa kjarnorkuver.

Tvö ótengd flutningskerfi eru í Danmörku. Annað á Jótlandi og Fjóni sem er rekið af Eltra og hitt á Sjálandi sem er rekið af Elkraft System. Eltra og Elkraft System annast kerfisstjórnun. Fyrirtækin eru í eigu dreifiveitnanna. Dreifikerfið er í eigu ýmissa sveitarfélaga, notendafélaga og sjóða.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Gjaldtaka vegna flutninga í hvoru flutningskerfi er óháð staðsetningu notenda. Gjaldskráin sætir eftirliti og á að grundvallast á kostnaði og hæfilegri arðsemi. Sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu innan hvers dreifiveitusvæðis.

Gerð er krafa um fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnis- og einokunarþátta.

Sérstakt stjórnvald, sem er sjö manna sjálfstæð sérfræðinganefnd, fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Nefndin er skipuð af umhverfis- og orkumálaráðherra. Nefndinni til aðstoðar eru samkeppnisyfirvöld og orkustofnun. Ákvarðanir nefndarinnar sæta kæru til sérstakrar kærunefndar.

4.4. Finnland.

Breytingar til aukins frelsis á raforkumarkaði hófust árið 1995 í Finnlandi. Var þá notendum sem notuðu meira en 500 kWst af raforku heimilt að velja um raforkusala. Árið 1997 var öllum hindrunum aflétt. Raforkulöggjöfin hefur verið í nokkurri þróun undanfarin ár, þannig hefur t.d. reglum um raforkustýringu og mælaeign verið breytt. Þá hafa verið gerðar breytingar til að auka neytendavernd.

Um 400 raforkuver eru í Finnlandi og er u.þ.b. helmingur þeirra vatnsorkuver. 120 fyrirtæki koma að vinnslu raforku. Tölur frá 1998 sýna að stærstu framleiðendurnir eru: Fortum (fyrrum ríkisfyrirtækið IVO) 40%, Pohjolan Voima Oy (PVO) 23%, framleiðslufyrirtæki í eigu stóriðju 16% og aðrir 21%. Árið 1998 var raforkunotkun í Finnlandi 76,5

TWst. Þar af voru 12% innflutt frá Svíþjóð, Noregi og Rússlandi. Raforka framleidd með eldsneyti var 42%, með kjarnorku 27% og vatnsorku 19%.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði er lúta að landnotkun, umhverfisvernd o.fl.

Stærstur hluti raforkuviðskipta fer fram með langtímasamningum milli framleiðenda og söluaðila. Í Finnlandi er starfræktur uppboðsmarkaður með raforku (EL-EX). Árið 1998 voru 10% af seldri orku í Finnlandi seld á markaðinum. Markaðurinn er hluti af Nord Pool, norrænum uppboðsmarkaði með raforku, en er sérstakt svæði innan hans.

Raforkunetið skiptist í þrjá hluta, þ.e. flutningskerfi, aðveitukerfi og dreifikerfi. Flutningskerfið er í eigu Fingrid. Það rekur flutningskerfið og stýrir raforkukerfinu. Um er að ræða sjálfstætt fyrirtæki í eigu ríkisins, fagfjárfesta og stærstu raforkuframleiðendanna. Aðveitu- og dreifikerfið er í eigu veitufyrirtækjanna. Um er að ræða u.þ.b. 110 fyrirtæki. Þar af eru ⅔ í eigu sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á veitusvæðum sínum.

Gjaldskrá fyrir flutning er óháð staðsetningu þeirra sem tengjast flutningskerfinu. Sama gjaldskrá gildir innan hvers aðveitu- og dreifiveitusvæðis. Fyrirtækin setja gjaldskrá sem er birt opinberlega. Gjaldskráin verður að vera sanngjörn og má ekki mismuna aðilum. Hún þarf að byggjast á raunverulegum kostnaði og eðlilegri arðsemi. Verð til notenda er mjög breytilegt milli dreifiveitusvæða, aðallega vegna mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar og arðsemismarka hjá veitunum.

Flutningskerfið er eins og fyrr segir rekið sem sjálfstætt fyrirtæki sem má ekki koma að framleiðslu eða dreifingu raforku. Því er þó heimilt að kaupa raforku til að mæta töpum í kerfinu. Dreifiveitur verða að halda bókhaldi vegna dreifingar aðskildu frá bókhaldi vegna sölu og vinnslustarfsemi.

Framkvæmd raforkulaganna er í höndum sérstaks opinbers stjórnvalds. Eftirlitið er að stærstum hluta fjármagnað með gjaldi sem innheimt er af orkufyrirtækjum. Það veitir m.a. leyfi vegna flutnings- og dreifistarfsemi og hefur eftirlit með starfsemi raforkufyrirtækja og verðákvörðunum einokunarfyrirtækja.

4.5. Noregur.

Noregur og Bretland voru fyrstu ríkin í Evrópu sem komu á frjálsum viðskiptum með raforku. Í Noregi voru gerðar breytingar á raforkulögum 1991 sem fólu í sér aðskilnað framleiðslunnar frá flutningi og dreifingu. Fyrir breytingarnar voru um 70 framleiðendur og 230 dreifiveitur í landinu. Raforkukerfið í heild var að ¾ hlutum í opinberri eigu. Ríkisfyrirtækið, Statkraft, átti um 30% af virkjunum og 80% af miðnetinu. Bæjar- og sveitarfélög áttu 55% af framleiðslugetunni, en um 15% voru í eigu einkafyrirtækja. Eignarhald hefur lítið breyst við endurskipulagninguna í Noregi, en dreififyrirtækjum hefur heldur fækkað.

Norski raforkumarkaðurinn, Nord Pool, er hluti af norræna markaðinum og er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga. Sérstakt leyfi þarf fyrir raforkusölu, en miðlarar þurfa ekki leyfi. Slíkir aðilar eru nú 21 í Noregi. Sölufyrirtæki eru yfirleitt hlutafélög og stundar 71 fyrirtæki aðeins sölu. Allt fram til ársins 1998 höfðu flest heimili áfram viðskipti við söludeild dreifiveitu sinnar þar eð afar dýrt var að skipta um seljanda. Árið 1998 var reglum breytt þannig að ódýrara var að skipta um söluaðila. Árið 2000 höfðu 13% notenda skipt um raforkuframleiðanda.

Orkuvinnslufyrirtæki eru nú 158 og eru 108 þeirra rekin sem hlutafélög, en um 50 eru í eigu sveitarfélaga eða fylkja.

Ríkisfyrirtækið Statnett var skilið frá Statkraft árið 1996. Nú á Statnett 85% meginflutningskerfisins, en aðrir aðilar, um 20 rafveitur og framleiðendur, eiga um 15% flutningslína. Statnett annast kerfisstjórn alls flutningskerfisins, en greiðir öðrum eigendum flutningslína fyrir afnot af línum þeirra.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu kerfi. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum og umhverfislögum. Endanleg ákvörðun um nýjar stærri virkjanir er tekin af ráðherra og staðfest af Stórþinginu.

Flutnings- og dreifikerfinu er skipt í þrjú stig, miðnetið, svæðisveitur og dreifiveitur. Statnett annast rekstur miðnetsins en fylkin og sveitarfélög í sumum tilvikum annast svæðisdreifinguna en sveitarfélög staðbundnari dreifingu. Miðnetið er skilgreint sem þær línur sem eru reknar á yfir 132 kV spennu, svæðisnetið eru línur niður að 22 kV spennu og dreifiveitur eru með spennu þar fyrir neðan. Samtals eru nú um 215 netfyrirtæki í Noregi, þar af eru 54 sem sinna einungis flutningi og dreifingu, hin hafa einnig með höndum framleiðslu og sölu.

Heimila verður aðgang að flutnings- og dreifikerfinu á grundvelli birtrar gjaldskrár. Greitt er fyrir úttekt og mötun, þ.e. punktgjaldskrá. Í miðnetinu er sama gjaldskrá að teknu tilliti til jaðartapa og afhendingaröryggis. Í svæðisnetinu er hins vegar reiknaður raunverulegur kostnaður á hverju svæði. Dreifikerfið skiptist í dreifiveitusvæði og gildir sama gjaldskrá á hverju svæði.

Eins og fram hefur komið er flutningskerfið rekið sem sérstakt fyrirtæki en dreifiveitum ber að halda vinnslu eða sölu raforku aðskilinni frá dreifistarfseminni í bókhaldi.

NVE (norska orkustofnunin) er hinn almenni eftirlitsaðili með leyfum. Kostnaður greiðist af leyfishöfum. Stofnunin setur netfyrirtækjum tekjuramma við gjaldskrárgerð þeirra og annast eftirlit með starfsemi þeirra. Samningar eru milli NVE og samkeppnisstofnunarinnar norsku um verkaskiptingu á eftirliti raforkufyrirtækjanna. Löggildingarstofan (Produkttilsynet) hefur tæknilegt eftirlit með raforkufyrirtækjunum.

4.6. Nýja-Sjáland.

Fyrsta skrefið í átt að breytingu á raforkumarkaði í Nýja-Sjálandi var tekið árið 1987 með því að gera raforkudeild orkuráðuneytisins að sérstöku fyrirtæki, Electricity Corporation of New Zealand (ECNZ), sem sá um mestalla vinnslu (95%) og flutning á raforku. Ný raforkulög komu til framkvæmda árið 1993. Á grundvelli þeirra var frelsi í viðskiptum komið á í tveimur áföngum þannig að fullt frelsi komst á árið 1994.

Nýja-Sjáland líkist Íslandi að því leyti að raforkukerfið byggist að mestu á vatnsafli (60%) og er ekki tengt við önnur lönd. Gas og kol anna þó um 36% framleiðslunnar og jarðvarmi að mestu því sem á vantar en heildarframleiðslugeta er rúmlega 8300 MW.

Flutningskerfi Electricity Corporation of New Zealand var aðskilið frá framleiðslunni árið 1993. Þremur árum síðar (1996) var Contact Energy stofnað með um 22% af eignum ECNZ í virkjunum. Frekari sundurgreining framleiðslunnar átti sér stað 1998 með stofnun þriggja nýrra framleiðslufyrirtækja úr eignum ECNZ sem áfram eru þó í eigu ríkisins. Ekkert af fjórum stærstu orkuframleiðslufyrirtækjanna var á sl. ári með meira en 30% markaðshlutdeild og samtals þjóna þau um 85% markaðarins.

Fyrir markaðsvæðingu sáu um 60 mismunandi rafveitur um raforkudreifingu. Þessum fyrirtækjum hefur fækkað og voru þau á sl. ári orðin 30 í eigu bæði opinberra aðila og einkaaðila.

Í október 1996 var stofnaður raforkumarkaður (NZEM), þar sem nú er verslað með um ¾ allrar raforku í landinu. Afgangurinn eru beinir tvíhliða samningar kaupenda og seljenda. Markaðinum þjónar flutningafyrirtækið Transpower, sem einnig sér um kerfisstjórn, og fyrir-

tækið EMCO sem rekur markaðinn. Markaðurinn er svokallaður „blindur" markaður, þ.e. kaupandi og seljandi vita ekki deili hvor á öðrum þegar þeir bjóða. Jaðarverð á markaðinum er skilgreint í hálfrar klst. tímaeiningum fyrir hverja 244 afhendingarpunkta kerfisins, þar sem tekið er tillit til orkutapa og flutningstakmarkana. Verðið ræðst af því tilboðsverði, þegar eftirspurn er jöfn framboði. Upprunaleg tilboð eru síðan aðlöguð 1–2 klst. fram í tímann. Kerfisstjóri stýrir framleiðslu og gangsetningu virkjana miðað við tilboð á markaðinum þannig að jafnvægi náist. Sérstakt samkomulag er um mælingar og uppgjör sem nær einnig til viðskipta utan NZEM svo og um gæði og afhendingaröryggi hjá flutningsaðilanum Transpower.

Gjald fyrir orkuflutning hjá Transpower er metið á grundvelli hagkvæmustu endurnýjunar flutningsvirkja og er gjaldið, sem er mismunandi eftir afhendingarpunktum, metið út frá flæði aflsins um flutningskerfið. Sérstaklega er hugað að því að „sokkinn" kostnaður eldri mannvirkja hafi ekki áhrif á verðlagninguna en á hinn bóginn er hvatt til að flutningstakmarkanir hafi í gegnum verðlagningu hvetjandi áhrif á fjárfestingar Transpower til að aflétta slíkum takmörkunum.

4.7. Svíþjóð.

Frelsi í viðskiptum með raforku var komið á árið 1996. Löggjöfin hefur verið í þróun síðan og tekið nokkrum breytingum. Meðal annars hefur reglum um mælaeign og gjaldskrá verið breytt. Reglur um mælaeign voru með þeim hætti að notendur urðu að greiða mælakostnað þegar skipt var um seljanda. Kostnaðurinn nam u.þ.b. 80.000 ísl. kr. og kom nær alveg í veg fyrir að notendur skiptu um seljanda. Nú bera notendur nær engan kostnað vegna þessa.

Í Svíþjóð eru starfrækt u.þ.b. 300 vinnslufyrirtæki. Þar af eru átta fyrirtæki með langstærstan hluta markaðarins eða 90%. Vattenfall er þeirra stærst með um 55% af framleiðslunni. Það er alfarið í eigu ríkisins. Sydkraft er næststærst með u.þ.b. 20% af framleiðslunni. Það er í eigu sveitarfélaga og nokkurra orkufyrirtækja, þar á meðal norskra og þýskra. Vinnsla raforku er aðallega byggð á vatns- og kjarnorku. Heildarframleiðsla árið 1999 var 150,5 TWst. Þar af var vatnsorka 70,4 TWst en kjarnorka 70,1 TWst. Sænska þingið samþykkti orkuáætlun árið 1997. Stefnt er að því að draga úr notkun kjarnorku við raforkuframleiðslu. Ekki má veita nein ný leyfi vegna kjarnorkuvera.

Sænski uppboðsmarkaðurinn er sameiginlegur þeim norska og nefnist Nord Pool. Hann er opinn fyrir alla notendur. Meiri hluti viðskipta á sér þó stað á grundvelli langtímasamninga sem gerðir voru áður en markaðurinn var opnaður. Fram til ársins 1999 þegar fullu frelsi í raforkusölu var komið á var dreifiveitum skylt að selja notendum orku á svæðinu. Slíkum skyldum hefur nú verið aflétt. Um 10% notenda hafa skipt um seljanda.

Heimildir til að reisa og reka ný raforkuver byggjast á opinberu leyfi. Raforkulögin innihalda þó engar reglur um veitingu virkjanaleyfa. Til þess að byggja ný raforkuver þarf að uppfylla kröfur sem settar eru í skipulagslögum, umhverfislögum og auðlindalögum.

Netið skiptist í þrjú stig, flutningskerfið (220 kV og hærra), aðveitukerfið (20 kV og hærra) og dreifikerfið. Flutningskerfið er í eigu ríkisins og rekið af Svenska Kraftnät sem einnig annast stýringu raforkukerfisins. Aðveitur eru í eigu átta stórra raforkuframleiðenda. Dreifikerfið er í eigu um 250 fyrirtækja sem flest eru í eigu sveitarfélaga. Flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum ber að tengja nýja viðskiptavini á grundvelli gjaldskrár sem skal birt opinberlega. Dreifiveitur hafa sérleyfi til dreifingar á svæðum sínum.

Gjaldskrá verður að taka mið af hagsmunum notenda og verður að vera stöðug og sanngjörn. Á hverju dreifiveitusvæði gildir sama gjaldskrá. Gjaldskrá vegna flutnings er byggð

upp með þeim hætti að aflgjaldið og orkugjaldið er breytilegt eftir staðsetningu inntaks og úttaks. Þannig er dýrara að taka út orku í Suður-Svíþjóð en í norðurhluta landsins en því er öfugt farið með innmötun. Helgast það af lengd landsins og því að meiri hluti virkjana er í norðurhluta landsins.

Krafist er fyrirtækjaaðskilnaðar milli einokunar- og samkeppnisþátta á orkusviði. Ef flutnings- eða dreififyrirtæki tekur þátt í annars konar starfsemi verður að aðgreina þá starfsemi í bókhaldi.

Sérstök deild innan sænsku orkustofnunarinnar (Energimyndigheten) fer með eftirlit samkvæmt raforkulögunum. Almennt samkeppniseftirlit er í höndum samkeppnisyfirvalda.

5. Öryggi raforkuframboðs.

Stöðugt og öruggt framboð raforku er gríðarlega mikilvægt fyrir alla starfsemi í þjóðfélaginu. Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, ber Landsvirkjun skylda til að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma. Orkusvæði Landsvirkjunar er landið allt. Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er lagt til að framangreind skylda Landsvirkjunar falli niður.

Á því er byggt í frumvarpi þessu að lögmál markaðarins um framboð og eftirspurn tryggi fullnægjandi framboð raforku. Lykilatriði til að tryggja nægilegt framboð raforku í markaðskerfi er að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Til að stuðla að virkni markaðarins og öryggi í raforkuframboði er nauðsynlegt að upplýsingar um framleiðslu og framtíðareftirspurn séu ábyggilegar og greinargóðar. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að flutningsfyrirtækið skuli standa að spá um framboð og eftirspurn raforku og áætlun um uppbyggingu raforkukerfisins. Á fjögurra ára fresti á ráðherra að gefa Alþingi skýrslu um raforkumál. Slík skýrslugjöf til Alþingis er mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf og framtíðarstefnumótun í orkumálum. Til að tryggja frekar framboð raforku er í frumvarpinu mælt fyrir um að við veitingu virkjunarleyfis megi setja skilyrði til að tryggja framboð raforku. Geta slík skilyrði lotið að því að virkjunarleyfishafi verði að fullnýta vinnslugetu virkjunar ef þörf krefur vegna raforkueftirspurnar. Þá er lagt til að flutningsfyrirtækið geti í neyðartilvikum gripið til skömmtunar raforku.

Í áðurnefndum tillögum framkvæmdastjórnar EB um breytingar á tilskipun 96/92/EB er vikið að nauðsyn þess að tryggja nægilegt framboð raforku. Fjallað er um mikilvægi upplýsingasöfnunar um framboð og eftirspurn og skýrsluskylda lögð á ríkin í þessu sambandi. Þá er lagt til að ríkin eigi að geta boðið út nýja framleiðslu ef þörf krefur. Ekki þykir rétt á þessu stigi að innleiða slíka útboðsleið í lög.

Eftirfarandi myndir sýna raforkunotkun á Íslandi árin 1990–2000, orkuvinnslu og orkuvinnslugetu á sama tímabili og orkuspá fram til ársins 2024. Mynd 1 sýnir heildarvinnslu en mynd 2 eingöngu forgangsorku. Mynd 3 sýnir spá orkuspárnefndar um orkuþörf til 2024.

Mynd 1.


8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
GWh/ári
Orkugeta
Heildarvinnsla (stóriðja+alm. notkun+töp)
Stóriðja
Almenn notkun
Flutningstöp
1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000

Mynd 2.


8.000
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
0
GWh/ári
Orkugeta
Forgangsorka (stóriðja+alm. notkun+töp)
Stóriðja
Almenn notkun
Flutningstöp
1990 1991 1992 1993 1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000

Mynd 3.



Reynsla ríkja af markaðsvæðingu hefur almennt verið góð með tilliti til öryggis í framboði raforku. Að undanförnu hefur raforkuskortur í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum verið mikið til umræðu. Óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því við Friðrik Má Baldursson, rannsóknarprófessor við Háskóla Íslands, að hann tæki saman greinargerð um orsakir raforkuskortsins og hvað Íslendingar gætu lært af þeim. Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal VI, kemur m.a. fram að margir þættir hafi lagst á eitt í Kaliforníu. Markaðsvæðingin sem slík hafi ekki verið orsakavaldur í því sambandi heldur frekar ýmsar hömlur sem inn í hana hafi verið byggðar svo og aðrir þættir, svo sem flóknar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem hafi stöðvað byggingu nýrra orkuvera. Telur hann að miðað við drög að frumvarpi til raforkulaga sé ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kalifornía.

6. Efni frumvarpsins.

6.1. Almennt.

Með frumvarpinu er stefnt að því að skapa forsendur fyrir samkeppni, auka skilvirkni í flutningi og dreifingu og tryggja gæði og öryggi afhendingar og neytendavernd. Taka á tillit til umhverfissjónarmiða og í því sambandi stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Með þessu á að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Þetta verður best gert með því að endurskipuleggja raforkubúskapinn á núverandi grunni. Tryggja verður jafnræði aðila á markaði. Aðskilnaður samkeppnisþáttanna, vinnslu og sölu, frá einokunarstarfsemi, flutningi og dreifingu, afnám einkaréttinda og skyldna í samkeppnisþáttum og jafnt aðgengi að flutnings- og dreifikerfi eru þar höfuðatriði. Þá er stefnt að auknu aðhaldi í rekstri flutnings- og dreifikerfis og auknu gagnsæi neytendum til hagsbóta. Ættu breytingarnar að gera vinnslu, flutning, dreifingu og viðskipti með raforku eins skilvirk og hagkvæm og kostur er. Breytingarnar miða að því að koma á markaðsbúskap

í viðskiptum með raforku. Samhliða er stefnt að því að draga úr opinberum rekstri. Breytingar í frjálsræðisátt í öðrum löndum urðu oftast af því að talið var að það skipulag sem var við lýði hefði leitt til óhagkvæmni og ósveigjanleika í rekstri, fjárfestingu og verðlagningu. Markaðsskipulagið hefur sannað yfirburði sína í viðskiptum með vöru og þjónustu og leiðir til hagkvæms skipulags og fjölbreyttrar og sveigjanlegrar þjónustu.

Frumvarpið byggir á því að öll vinnsla, flutningur, dreifing og sala á raforku verði rekin á einkaréttarlegum grundvelli. Ætlunin er að vinnsla og sala á raforku verði rekin á samkeppnisgrundvelli í markaðskerfi með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Aftur á móti verði starfsemi þeirra fyrirtækja er annast flutning og dreifingu á raforku byggð á sérleyfi enda um náttúrulega einokun að ræða. Af þeim sökum verða settar ítarlegar reglur um flutning og dreifingu í reglugerð til viðbótar ákvæðum laganna til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu á raforku hins vegar. Jafnframt verða þau fyrirtæki, er starfa að flutningi og dreifingu, háð opinberu eftirliti Orkustofnunar en stjórnvaldsákvarðanir hennar þar að lútandi verða kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála, sbr. 30. gr. frumvarpsins.

Hvað flutningskerfið varðar er í frumvarpinu að verulegu leyti stuðst við niðurstöður flutningsnefndarinnar, sbr. kafli 1.2. Í nokkrum atriðum er þó vikið frá áliti hennar og ber þar helst að nefna:

1. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að flutningsnetið nái niður á 30 kV spennu og dreifikerfi taki við á spennu neðan 30 kV.
2. Lagt er til að iðnaðarráðherra beiti sér fyrir stofnun fyrirtækis um flutningskerfið, en ekki verði um þvingaða eignaraðild eigenda flutningsvirkja. Um tilnefningu fyrirtækisins er fjallað í 8. gr. frumvarpsins. Eigendur flutningslína verða að veita flutningsfyrirtækinu afnot af þeim gegn endurgjaldi. Fyrirtækið getur eitt byggt ný flutningsvirki.
3. Í frumvarpinu er ekki gerð krafa um að raforkufyrirtæki verði rekin í hlutafélagaformi. Landsnetsnefndin lagði til að öll fyrirtæki skyldu rekin í formi hlutafélags. Með því átti m.a. að tryggja skattalegt jafnræði allra aðila á markaði. Miðað er við að tryggja jafnræði milli fyrirtækja í skattalegu tilliti óháð eignarformi þeirra með breytingum á skattalöggjöf. Hlutafélagaformið er þó æskilegt m.a. til að fá innlenda og erlenda fjárfesta til að taka þátt í byggingu virkjana hér á landi og draga þar með úr áhættu hins opinbera af fjárfestingu í orkuvinnslu vegna stóriðju.

6.2. Aðskilnaður vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á rafmagni – forsenda samkeppni.

Forsenda samkeppni í viðskiptum með raforku er aðskilnaður samkeppnisstarfsemi og einokunarþátta, þ.e. vinnslu og sölu annars vegar og flutnings og dreifingar hins vegar. Með aðskilnaðinum er lagður grunnur að markaðskerfi. Í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku er þess krafist að ríki tryggi a.m.k. bókhaldslegan aðskilnað milli einokunar- og samkeppnisþátta. Þá er þess krafist að sá er annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Eins og fram kemur í 3. kafla athugasemdanna hefur framkvæmdastjórn EB kynnt tillögur um breytingar þar sem gerðar eru kröfur um fyrirtækjaaðskilnað. Í sumum löndum EB hefur verið farin sú leið að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar milli samkeppnis- og einokunarþátta. Ítarlegri umfjöllun um þetta er í 4. kafla. Í því frumvarpi sem lagt var fram til kynningar á 126. löggjafarþingi var lagt til að sú leið yrði farin hér á landi. Með því þótti tryggt að engar óeðlilegar millifærslur gætu átt sér stað milli samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi og að eftirlit yrði auðveldara. Ekki voru gerðar kröfur um eignaraðild. Því nægði þeim fyrirtækjum sem í dag stunda t.d. vinnslu, dreifingu og sölu að stofna dótturfyrirtæki til að

fullnægja aðskilnaðarkröfum. Gerð var krafa um bókhaldslegan aðskilnað milli einstakra sérleyfisþátta, svo sem dreifingar á fleiri dreifiveitusvæðum. Þá urðu dreifiveitur líkt og flutningsfyrirtækið að vera stjórnunarlega sjálfstæðar. Fulltrúar dreifiveitna gerðu athugasemdir við að krafist væri fyrirtækjaaðskilnaðar. Töldu þeir rangt að ganga lengra en tilskipun 96/92/EB krefst. Bent var á smæð íslenskra fyrirtækja og að aðskilnaður þeirra mundi leiða til aukins kostnaðar í rekstri. Vegna þeirrar sterku andstöðu sem kom fram var leitað leiða til að tryggja eins og kostur er sömu markmið og um væri að ræða fyrirtækjaaðskilnað. Til að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af sérleyfisstarfsemi verða dreifiveitur samkvæmt frumvarpinu í bókhaldi sínu að skilja reikninga vegna dreifingar frá samkeppnisstarfsemi. Þá verður að halda bókhaldi vegna vinnslu og vegna sölu aðskildu frá bókhaldi vegna annarrar starfsemi. Kveðið er á um að niðurgreiðslur á samkeppnisrekstri af sérleyfisrekstri séu óheimilar. Þá er samkeppnisráði veitt heimild til að mæla fyrir um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisþátta fyrirtækja. Ljóst er að þessi breyting hefur í för með sér aukið eftirlit sem verður bæði umfangsmeira og kostnaðarsamara. Virkt eftirlit samkeppnisyfirvalda er afar mikilvægt. Samkeppnisráð skal grípa til þessarar aðskilnaðarheimildar telji það að öðrum kosti verði ekki tryggt að niðurgreiðslur eigi sér ekki stað. Kann samkeppnisráð að komast að slíkri niðurstöðu, m.a. vegna þess að upplýst er að brot hafi átt sér stað eða það telji hættuna á slíkum brotum réttlæta aðskilnað.

Líkt og í fyrra frumvarpi er flutningsfyrirtæki óheimilt að taka þátt í annarri starfsemi en nauðsynlegt er vegna hlutverks þess samkvæmt frumvarpinu. Mikilvægt er að fyrirtækið njóti trausts og hlutleysi þess verði ekki dregið í efa.

Áfram er krafist reikningslegs aðskilnaðar í bókhaldi milli einstakra sérleyfisþátta. Er það nauðsynlegt vegna gjaldskrárreglna.

Aðskilnaðarkröfur frumvarpsins fela það í sér skv. 41. gr. að sundurliða verður ársreikning, bæði rekstrarreikning og efnhagsreikning, eftir mismunandi starfsemi fyrirtækis. Miklu máli skiptir að fyrirtæki geri grein fyrir því hvernig tekjum, kostnaði og eignum og eftir atvikum langtímaskuldum sem ekki er unnt að heimfæra beint á tiltekna starfsemi er skipt. Fyrirtækjunum eru sett viðmið í þessu sambandi sem þau verða að fylgja en þó getur verið eðlilegt að skiptingin sé að einhverju leyti mismunandi frá einu fyrirtæki til annars. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að Orkustofnun geti veitt heimild til að beita öðrum aðferðum en mælt er fyrir um. Sundurliðaður ársreikningur gæti litið svona út:

Rekstrarreikningur	Starfsemi A	Starfsemi B	Starfsemi C	Starfsemi D	Útjöfnun	Samtals
Rekstrartekjur						
Sala	100	120	140	160		520
Sala milli mismunandi starfsemi		50		20	(70)	0
Aðrar tekjur	10	5	5	8		28
	110	**175**	**145**	**188**	**(70)**	**548**
Rekstrargjöld						
Beinn kostnaður	50	60	80	90		280
Aðkeypt milli mismunandi starfsemi		20	20	30	(70)	0
Sameiginlegur kostnaður – skipt	40	40	45	45		170
	90	**120**	**145**	**165**	**(70)**	**450**
Rekstrarhagnaður	20	55	0	23	0	98
Vaxtatekjur						
Beinar	4					4
Skipt	2	2	2	2		8
Vaxtagjöld						
Bein	-5					-5
Skipt	(15)	(20)	(10)	(10)		-55
Hagnaður fyrir skatta	6	37	(8)	15	0	50
Skattar	-2	-11	2	-5	0	-15
Hagnaður án óreglulegra liða	4	26	(6)	11	0	35
Óreglulegir rekstrarliðir	12	0	0	0	0	12
Hagnaður (tap) tímabilsins	**16**	**26**	**(6)**	**11**	**0**	**47**

Efnahagsreikningur	Starfsemi A	Starfsemi B	Starfsemi C	Starfsemi D	Útjöfnun	Samtals
Eignir í rekstri:						
Fastafjármunir						
Tengd starfsemi	150	160	180	200		690
Sameiginleg – skipt	10	10	10	10		40
Aðrar langtímaeignir	5	5	5	5		20
Veltufjármunir	20	25	30	40		115
Skammtímaskuldir	(15)	(18)	(20)	(25)		(78)
Eignir í rekstri alls	**170**	**182**	**205**	**230**	**0**	**787**
Fjármögnun:						
Eigið fé	30	40	120	160		350
Langtímaskuldir	140	142	85	70		437
Fjármögnun alls	**170**	**182**	**205**	**230**	**0**	**787**

Orkustofnun mun hafa eftirlit með því að ársreikningurinn sé í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og eiga ákvæði VII. kafla frumvarpsins við m.a. um heimildir og úrræði Orkustofnunar vegna eftirlitsins. Rétt er þó að árétta að samkeppnisyfirvöld hafa einnig eftirlit með aðskilnaði í bókhaldi fyrirtækja á grundvelli samkeppnislaga.

6.3. Raforkuvinnsla.

Lagt er til að vinnsla raforku verði gefin frjáls. Verði frumvarpið að lögum munu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að reisa eða reka raforkuver halda þeim rétti sínum, sbr. bráðabirgðaákvæði II. Á það t.d. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þær skyldur sem vinnslufyrirtæki verða að uppfylla eiga þó við um alla leyfishafa, svo sem um bókhald og skyldu til að tengjast flutningskerfinu.

Eins og frá greinir í 3. kafla athugasemdanna er í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku gert ráð fyrir tveimur kostum við val á nýjum virkjanaframkvæmdum. Annars vegar útboðsleið og hins vegar leyfisveitingarleið. Í báðum tilvikum verður að byggja á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum sem eiga að tryggja jafnræði. Öll ríki EB að einu undanskildu hafa valið leyfisveitingarleiðina og er lagt til að svo verði einnig gert hér. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur og gefist vel. Er byggt á leyfisveitingum í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Samkvæmt frumvarpinu þarf því leyfi ráðherra til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver. Leyfi ráðherra þarf þó ekki ef um er að ræða virkjun undir 1 MW. Þess er krafist að framkvæmdir séu hafnar innan 10 ára og lokið innan 15 ára frá útgáfu leyfis.

Líkt og samkvæmt lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er heimilt að innheimta gjald fyrir nýtingu auðlinda á jörðum í ríkiseign. Um innheimtu slíks gjalds í þjóðlendum fer samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. 38. gr. frumvarpsins.

Lagt er til í 40. gr. frumvarpsins að um rannsóknir á auðlindum til raforkuvinnslu fari samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt þeim getur rannsóknarleyfishafi fengið fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.

Lagt er til að fyrirtækjaform verði frjálst en að fyrirtækin séu sjálfstæðir skatt- og lögaðilar. Hefur fjármálaráðherra skipað starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði.

Í frumvarpinu eru talin upp þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og reka raforkuver. Talningin er tæmandi og byggist á tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Ekki er heimilt að synja um virkjunarleyfi á þeirri forsendu einni að framboð raforku sé fullnægjandi.

6.4. Raforkuflutningur.

6.4.1. Stærð flutningskerfisins.

Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í sambandi við hvaða línur skuli falla undir flutningskerfið. Þeir eru helstir:

1. Núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar.
2. Flutningskerfi Landsvirkjunar auk tilgreindra annarra lína. (Landsnetsnefndin lagði til að flutningskerfið næði til kerfis Landsvirkjunar, Nesjavallalínu og Svartsengislínu.)
3. Allt flutnings- og aðveitukerfi raforku, þ.e. niður á 30 kV.
4. Allt flutnings- og dreifikerfið, þ.e. allt til endanlegra notenda.

Í frumvarpinu er leið 3 lögð til með smávægilegum frávikum, sbr. 3. og 11. gr. frumvarpsins. Í skýrslu landsnetsnefndar var talið að ef flutningskerfið næði niður á 30 kV mætti ná fram hagræðingu í rekstri. Með þessu er einnig tryggt að allar dreifiveitur tengjast flutningskerfinu. Leiðir 1 og 2 tryggja ekki slíka tengingu. Leið 4 er einföld og fyrir henni má færa ákveðin hagkvæmnisrök. Hins vegar kemur hún í veg fyrir að rekstrarlegur samanburður náist milli dreifiveitna. Þá er ólíklegt að um hana náist nægileg samstaða.

Lagt er til að flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Annars vegar er meginflutningskerfið sem er núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar en að auki tengilínur að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja en það eru í dag virkjanir í Svartsengi og á Nesjavöllum auk Andakílsárvirkjunar, Laxárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar, sbr. nánari skilgreiningu í 3. gr. Hins vegar teljist til flutningskerfisins önnur flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Skýrist skiptingin af mismunandi sjónarmiðum um gjaldskrá í hvorum hluta.

RAFORKUKERFI ÍSLANDS



Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Tekið er tillit til þess að lína getur í eðli sínu verið dreifilína óháð spennu. Þannig telst lína sem liggur alfarið innan dreifiveitusvæðis ekki flutningslína þó hún sé á 30 kV eða hærri spennu enda tengist hún ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu. Mörk dreifiveitusvæða eru því mikilvæg í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir því að fyrirtæki sem vinna raforku, sölufyrirtæki og notendur geti undir vissum kringumstæðum sótt um sérstakt leyfi til ráðherra til að leggja raflínu og flytja raforku beint frá virkjun til viðkomandi notanda. Slík lína teldist ekki hluti af flutningskerfinu. Meginreglan er hins vegar sú að allar línur sem sinna raforkuflutningi frá virkjun eiga að vera hluti af flutningskerfinu.

6.4.2. Kerfisstjórnun og rekstur flutningskerfisins.

Í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins verður að tryggja að flutningskerfið tryggi gæði raforku og öryggi og áreiðanleika raforkuafhendingar fyrir landið í heild á hagkvæman hátt. Í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku er gerð sú krafa að stýring raforkukerfisins sé falin ákveðnum aðila sem skuli bera ábyrgð á henni og er þar kveðið á um hvert skuli vera hlutverk hans. Nokkrir möguleikar hafa verið ræddir í þessu sambandi:

1. Einn eigandi að öllu flutningskerfinu sem einnig verði kerfisstjóri. Stofnað verði fyrirtæki og öll flutningsfyrirtæki verði að leggja flutningsvirki sín inn í það. Verðmæti eignanna verði metið til hlutafjár. Þetta var tillaga landsnetsnefndarinnar.
2. Margir eigendur að flutningskerfinu en eitt fyrirtæki sem ráðherra tilnefnir reki flutningskerfið og annist kerfisstjórnun. Fyrirtækjum verði gert að heimila flutningsfyrirtækinu afnot af flutningsvirkjum sínum gegn eðlilegu endurgjaldi. Úrskurðarnefnd ákvarði leiguna ef samkomulag næst ekki. Flutningsfyrirtækið beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins og hafi eitt heimild til að reisa nýjar línur.
3. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Eitt netfyrirtæki sem ráðherra tilnefnir beri ríkari skyldur en önnur. Viðkomandi fyrirtæki væri kerfisstjóri og bæri að byggja upp kerfið eftir því sem almannahagsmunir krefjast. Lagt verði mat á hver sé kostnaður vegna öryggis og uppbyggingar og innheimt verði gjald af öllum virkjunum eða notendum til að standa undir slíkum kostnaði.
4. Margir eigendur að flutningskerfinu og hver reki sína línu. Ekkert fyrirtæki beri ábyrgð umfram önnur. Kerfisstjóri getur verið opinber aðili eða einkaaðili. Hann geri áætlun um uppbyggingu kerfisins. Enginn beri ábyrgð á uppbyggingunni og við það sé miðað að einkafyrirtæki muni vilja byggja upp línur séu þær hagkvæmar. Séu línur ekki hagkvæmar eigi almennt ekki að ráðast í byggingu þeirra. Ef þess er engu að síður þörf standi ríkið á einn eða annan hátt að slíkri byggingu.

Í frumvarpinu er lagt til að leið 2 sé farin. Gagnrýna má leið 4 að því leyti að hún tryggi ekki nægilegt öryggi þar sem á skortir að einhver beri ábyrgð á uppbyggingu kerfisins. Leið 1 hefur einkenni eignarnáms og er því mjög íþyngjandi. Hún sætti töluverðri gagnrýni þegar frumvarpið var kynnt hagsmunaaðilum 1999. Leið 2 og 3 eiga báðar að geta náð tilsettum markmiðum um öryggi og áreiðanleika að því gefnu að haft sé eftirlit með hinu ábyrga fyrirtæki. Á það bæði við um að öryggi sé ekki vanrækt og að þörf þess sé ekki ofmetin. Leið 2 er einfaldari en leið 3 í framkvæmd og tryggir betur samkvæmni í gjaldskrá.

Þó ekki sé lagt til í frumvarpinu að stofnað verði sérstakt flutningsfyrirtæki með lagaboði er æskilegt að þróunin verði sú að eitt fyrirtæki bæði eigi og reki allt flutningskerfið. Ætti það að geta leitt til einfaldari og hagkvæmari reksturs. Miða ákvæði 8. og 9. gr. frumvarpsins að þessu markmiði. Ekki er tilgreint í frumvarpinu hver skuli vera kerfisstjóri og rekstraraðili kerfisins. Lýst er hvernig ráðherra skuli standa að vali á viðkomandi aðila. Hann skal beita sér fyrir stofnun fyrirtækis með aðkomu eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna. Ekki er skilyrði að allir eigendur flutningsvirkja eigi aðild að fyrirtækinu þó það sé æskilegast. Náist ekki að stofna slíkt fyrirtæki er gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki til að

annast þessa starfsemi. Til að tryggja hlutleysi kerfisstjóra er m.a. gerð krafa um að hann sé rekstrarlega og stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi.

6.4.3. Gjaldskrá.

Flutningskerfi raforku hefur verið byggt upp á síðustu áratugum til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Af þessum sökum hefur verið unnt að ráðast í hagkvæmar virkjanir fjarri þeim svæðum þar sem raforkunotkunin er mest en það hefur síðan skilað sér í hagkvæmu heildarkerfi. Eðlilegt er að allir landsmenn taki jafnan þátt kostnaði vegna meginflutningskerfisins með líkum hætti og verið hefur. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldskrá vegna flutnings endurspegli þessi sjónarmið. Gjaldskrá fyrir flutning raforku getur verið með ýmsum hætti. Hún þarf að vera einföld, gagnsæ og stöðug. Jafnframt þarf hún að tryggja flutningsfyrirtækinu nægilegar tekjur til að standa undir kostnaði við rekstur og uppbyggingu kerfisins. Kostnaði flutningsfyrirtækisins má skipta niður á eftirtalda þætti:

- Fjármagnskostnað.
- Kostnað við viðhald og rekstur kerfisins.
- Kostnað við yfirstjórn.
- Óbeinan kostnað, t.d. vegna eftirlits, leyfisgjalda o.fl.
- Kostnað vegna orkutapa.
- Kostnað við ýmsa þjónustu, svo sem launafl.
- Kostnað við varaafl til að tryggja rekstur kerfisins.

Síðustu þrír liðirnir eru breytilegir en að öðru leyti er um fastan kostnað að ræða.

Þrjár meginaðferðir hafa verið notaðar við að skipta kostnaði við flutning niður á notendur. Þær eru:

- *Meðalkostnaðaraðferð.* Þá er fjármagns- og rekstrarkostnaði skipt niður á notendur í hlutfalli við notkun þeirra á flutningskerfinu.
- *Viðbótarkostnaðaraðferð.* Þá þurfa nýir notendur að greiða fyrir þann kostnað sem verður vegna notkunar þeirra á kerfinu.
- *Jaðarkostnaðaraðferð.* Þá greiða notendur verð í samræmi við kostnað kerfis af aukinni notkun.

Hér á landi hefur meðalkostnaðaraðferð verið beitt og auk þess viðbótarkostnaðaraðferð í samningum vegna stóriðju. Í frumvarpinu er svipuð leið farin.

Helstu leiðir sem til greina koma við uppbyggingu gjaldskrár fyrir flutningskerfið eru:

- *Vegalengdarleið.* Samkvæmt henni er gjaldið reiknað miðað við flutningsleið frá framleiðanda til úttaks fyrir rafmagnið. Með þessari leið er hægt að nálgast kostnað við flutning til einstakra notenda en hún kallar á flókna reikninga og er illskiljanleg fyrir notendur. Sjaldgæft er að þessi leið sé farin.
- *Punktgjaldskrá.* Í nágrannalöndunum eru gjaldskrár nánast alltaf byggðar upp sem punktgjaldskrár, þ.e. notandinn sér einungis gjald í þeim punkti sem hann tengist óháð því hvaðan orkan kemur. Einstakir gjaldaliðir geta síðan verið breytilegir eða þeir sömu á milli punkta. Slík gjaldskrá er því ekki háð vegalengd flutnings. Í punktgjaldskrá er tekið gjald fyrir mötun og úttekt af kerfinu í hverjum tengipunkti, þ.e. afhendingar- og mötunarstað flutningskerfisins. Er þá unnt að taka tillit til raunverulegs kostnaðar við flutning í hverjum punkti.
- *Póstleið.* Í þessari leið er kostnaður óháður fjarlægð en gjaldið er hins vegar háð því magni sem flutt er. Þessari aðferð svipar því til gjaldskrár fyrir póstþjónustu og jafnar

kostnað við flutning til notenda. Ókostur við þessa aðferð er að notendur sjá ekki raunverulegan kostnað vegna notkunar sinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að um punktgjaldskrá verði að ræða. Lagt er til að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna meginflutningskerfisins en tekið verði tillit til mismunandi stofn- og rekstrarkostnaðar í öðrum hlutum þess. Í frumvarpinu er að mestu leyti byggt á sömu sjónarmiðum og í skýrslu landsnetsnefndarinnar. Miðað er við að gjaldaliðir séu eins í öllum punktum meginflutningskerfisins. Sama á við um innmötun í öðrum hlutum flutningskerfisins. Þar taki hins vegar úttektargjald mið af eiginlegum stofn- og rekstrarkostnaði auk kostnaðar vegna meginflutningskerfisins. Lagt er til að taka skuli tillit til afhendingaröryggis í gjaldskrá.

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna verður að byggjast á eðlilegum kostnaði og arðsemismörkum. Viðmið sem Orkustofnun á að nota við mat á eðlilegum arðsemismörkum eru sett fram í frumvarpinu en þau verða skilgreind nánar í reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu verður unnt að krefjast þess að fram komi hagræðing í rekstri ár hvert sem á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Hagræðingarkrafan getur verið breytileg á milli fyrirtækja og tekur hún mið af eðlilegum kostnaði við þá þjónustu sem fyrirtækið veitir út frá tekjuramma sem Orkustofnun setur. Tekjurammi gefur viðmið um eðlilegar tekjur miðað við þann rekstur sem um er að ræða. Hagræðingarkrafan verður nánar skilgreind í reglugerð. Við gerð frumvarpsins var óskað eftir því að Þjóðhagsstofnun legði mat á eðlileg arðsemismörk. Hún skrifaði álitsgerð sem fylgir frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal VII. Þau arðsemismörk sem þar koma fram eru innan þeirra viðmiða sem sett eru í frumvarpinu.

Eftirfarandi dæmi sýna virkni punktgjaldskrár samkvæmt frumvarpinu. Hafa ber í huga að um dæmi er að ræða og ýmsir þættir geta haft áhrif á samanburð á milli staða.

Dæmi 1. Notandi sem tekur orku beint frá aðveitustöð á meginflutningskerfinu:

Þessi notandi greiðir gjald sem miðast við afl sem hann tekur út úr kerfinu á háálagstíma sem skilgreindur verður í gjaldskrá. Gjaldtakan miðast við kostnað í meginflutningskerfinu. Orkugjald reiknast út frá orkutöpum og verði á þeirri orku sem flutningsfyrirtækið þarf að kaupa til að sjá fyrir töpunum í kerfinu.

Dæmi 2. Notandi sem tekur orku frá geislakerfi sem liggur frá meginflutningskerfinu:

Notandinn greiðir samkvæmt gjaldskrá sem gildir fyrir tengipunkt og er hún ekki sundurgreind á milli meginflutningskerfisins og geislalínunnar sem liggur frá meginflutningskerfinu. Við úttekt frá geislalínunni greiðist gjald sem á að standa undir kostnaði við úttekt frá meginflutningskerfinu, eins og rakið er í dæmi 1, auk kostnaðar vegna geislalínunnar sem byggist á raunkostnaði við þá línu. Aflgjald er því hærra en fyrir úttekt beint frá meginflutningskerfinu. Orkugjaldið vegna tapa hækkar einnig þar sem taka þarf tillit til tapa í geislalínunni.

Dæmi 3. Notandi sem tekur orku frá dreifikerfi sem tengist flutningskerfinu í dæmi 2:

Notandi sem tengist dreifikerfinu greiðir fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá dreifiveitunnar sem rekur dreifikerfið á svæðinu. Innifalinn er kostnaður vegna dreifingar og flutnings og sér dreifiveitan um uppgjör við flutningsfyrirtækið. Gjaldskrá er yfirleitt einfaldari þegar komið er út í dreifikerfið en í flutningskerfinu og fyrir smáa notendur gæti verið um fastagjald og orkugjald að ræða. Samkvæmt rauntölum liggur meira en helmingur af kostnaði við flutning og dreifingu hér á landi í dreifingunni og er gjaldið hér því verulega hærra en í dæmi 3.

Dæmi 4. Virkjun sem matar orku inn á meginflutningskerfið:
Virkjunin greiðir til meginflutningskerfisins fyrir mötun inn á kerfið samkvæmt gjaldskrá sem er eins byggð upp og gjaldskrá fyrir úttekt. Orkugjald reiknast út frá orkutöpum fyrir mötun. Gjöldin eru þau sömu óháð því hvort mötunin er beint inn á meginflutningskerfið eða um geislalínur inn á kerfið.

6.4.5. Raforkudreifing.
Dreifikerfið tekur við þar sem flutningskerfinu sleppir. Í orkulögum, nr. 58/1967, er mælt fyrir um hlutverk rafveitna í dag, forgang sveitarfélaga til að reka rafveitu og forgangsrétt Rafmagnsveitna ríkisins nýti sveitarfélög ekki rétt sinn. Frumvarp þetta kveður á um hlutverk dreifiveitna og leysir því af hólmi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, með síðari breytingum, hvað það efni snertir. Forgangur sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins fellur því niður. Til að hefja eða hætta rekstri dreifiveitna þarf leyfi ráðherra. Þó skulu þeir sem við gildistöku laganna hafa rétt til að reisa eða reka búnað til raforkudreifingar halda þeim rétti sínum enda uppfylli þeir skilyrði laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði III við frumvarpið. Ráðherra gefur út sérleyfi til dreifingar raforku á afmörkuðum dreifiveitusvæðum. Kostnaði við dreifingu má skipta niður í sömu þætti og við flutning orkunnar. Gerðar eru sömu kröfur til gjaldskrár fyrir dreifingu raforku og fyrir flutning en sama gjaldskrá skal gilda innan hvers afmarkaðs gjaldskrársvæðis. Hver dreifiveita getur annast dreifingu á fleiri en einu gjaldskrársvæði en þá verður hún að halda hverju svæði aðskildu í bókhaldi. Þá getur dreifiveita átt flutningsvirki sem hún verður að halda aðskildu í bókhaldi.

Þeir aðilar sem hafa leyfi til dreifingar munu hafa viðtækar skyldur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Má þar m.a. nefna að leyfishöfum er skylt að tengja alla þá sem eftir því sækjast á dreifiveitusvæðinu við dreifikerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt gjaldskrá. Þá er dreifiveitum skylt að tryggja öryggi og gæði raforku við afhendingu og að endurbæta og auka við raforkukerfi sitt í því skyni að svara þörfum notenda.

6.4.6. Raforkuviðskipti.
Í frumvarpinu er lagt til að viðskipti með raforku verði gefin frjáls í áföngum, sbr. bráðabirgðaákvæði IV með frumvarpinu. Í því kemur fram að frá því að lögin koma til framkvæmda og þar til 1. janúar 2004 geta þeir sem kaupa meira en 100 GWst á ári hverju skipt um seljendur. Frá og með 1. janúar 2004 verður öllum frjálst að skipta.

Raforka er að mörgu leyti sérstök söluvara. Hún er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi og verður raforka því ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir áþreifanlegir hlutir. Í ljósi sérstaks eðlis raforku hefur hún verið undanskilin gildissviði kaupalaga. Um kaup og sölu raforku, svo sem vanefndaúrræði, fer því samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar nema sérstakar reglur séu settar. Í því sambandi þykir ástæða til að kveða sérstaklega á um heimildir til að stöðva afhendingu á raforku standi kaupandi ekki í skilum. Er tekið fram að vanefni seljandi skyldur sínar geti kaupandi kvartað til Orkustofnunar. Þá er í frumvarpinu við það miðað að settar séu reglur um gæði og afhendingaröryggi raforku. Standist raforka ekki settar kröfur geta notendur kvartað til Löggildingarstofu. Löggildingarstofa getur gert viðkomandi að bæta gæði raforku eða afhendingaröryggi auk þess sem gert er ráð fyrir að öryggi afhendingar endurspeglist í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku.

Söluaðilar verða að fá leyfi fyrir starfsemi sinni. Er þess krafist þar sem rétt þykir að hafa sýn yfir þá sem stunda raforkusölu.

Viðskipti með raforku fara fram með þeim hætti að notandi gerir samning við sölufyrirtæki um kaup á raforku. Samningurinn getur verið ótímabundinn eða til tiltekins tíma. Allir sem tengdir eru raforkukerfinu eiga rétt á því að nýta bæði flutnings- og dreifikerfi gegn greiðslu samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Samningssamband er því almennt annars vegar milli kaupanda og seljanda og hins vegar milli seljanda og vinnslu. Samband aðila vegna flutnings og dreifingar byggist almennt á settum reglum. Gert er ráð fyrir því að það sé háð samningi milli söluaðila og dreifiveitu hvernig uppgjöri er háttað þegar söluaðilinn er annar en dreifiveitan. Hvor aðili fyrir sig getur sent notanda reikning fyrir sinni þjónustu en einnig geta aðilar samið sín á milli um að annar þeirra eða þriðji aðili sjái um innheimtu. Reikningsgerðin byggist alltaf á mælingunni sem dreifiveitan ber ábyrgð á. Það kann hins vegar að þykja óþarflega flókið og kostnaðarsamt að reikningagerð og innheimta sé á tveim höndum. Af þeim sökum er heimilt að mæla fyrir um tiltekinn hátt við uppgjörið í reglugerð.

Ekki er í frumvarpinu kveðið á um stofnun raforkumarkaðar. Ekki er þó með því útilokað að slíkum markaði verði komið á fót. Getur flutningsfyrirtækið gert það til að mynda með það fyrir augum að jafna framboð og eftirspurn raforku til skamms tíma.

Lýsa má sambandi aðila á markaði með eftirfarandi hætti:

Notandi og dreifiveita: Notandi sækir um tengingu til dreifiveitu. Hann á rétt á henni samkvæmt settum reglum enda greiði hann tengigjald. Dreifiveitu ber að afhenda notandanum raforku ef notandi hefur samning við söluaðila um orkukaup. Dreifiveitan getur sjálf innheimt gjald samkvæmt gjaldskrá eða falið það öðrum aðila, t.d. seljanda. Standi notandi ekki í skilum getur dreifiveitan stöðvað afhendingu. Uppfylli dreifiveita ekki skyldur sínar samkvæmt settum reglum getur notandinn kvartað til Orkustofnunar. Lúti kvörtunarefnið að gæðum eða afhendingaröryggi rafmagns getur notandinn kvartað til Löggildingarstofu.

Notandi og söluaðili: Söluaðili gerir samning við notanda um orkusölu og söluaðilinn sendir honum reikning með reglulegu millibili. Söluaðili getur látið dreifiveitu loka fyrir afhendingu ef greiðslur berast ekki frá notanda. Það er háð samningi milli dreifiveitu og söluaðila, ef um sinn hvorn aðilann er að ræða, hvort reikningurinn er einnig vegna dreifingar. Þá kann seljandinn að semja við dreifiveituna um að hún annist innheimtu gjaldsins.

Söluaðili og dreifiveita: Þetta getur verið einn og sami aðilinn. Ef svo er ekki, kunna þessir aðilar að gera samkomulag sín á milli um að annar aðilinn skuli annast innheimtu. Þyki það heppilegt kann einnig að vera mælt fyrir um það í reglugerð að innheimtuhlutverkið skuli vera í höndum seljanda. Söluaðili tilkynnir þá viðkomandi dreifiveitu um sölu til notanda og greiðir dreifiveitunni fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá. Standi söluaðili ekki í skilum getur dreifiveita gengið að söluaðilanum en ekki notandanum.

Söluaðili og vinnsla: Þetta kann að vera einn og sami aðilinn. Ef svo er ekki gerir söluaðili samning við vinnsluaðila um kaup á orku. Ef söluaðili stendur ekki í skilum getur vinnsluaðili gengið að honum en ekki að notandanum enda er ekki um að ræða samningssamband á milli þeirra.

Söluaðili og flutningsfyrirtækið (vegna kerfisstjórnunar): Ef ekki er samræmi í orkukaupum og sölu hjá söluaðila þarf flutningsfyrirtækið að mæta því. Flutningsfyrirtækið sendir söluaðila reikning vegna þess kostnaðar.

Dreifing og flutningur: Dreifiveitur eiga rétt á að tengjast flutningskerfinu enda greiði þær tengigjald. Dreifiveitur greiða flutningsfyrirtækinu fyrir flutning samkvæmt birtri gjaldskrá. Ef nýr aðili tekur við dreifingu þarf að tilkynna flutningskerfinu um það.

Dreifing og vinnsla: Dreifiveitur gera samninga við vinnslufyrirtæki vegna kaupa á orku til að mæta töpum í dreifikerfinu og vegna varaafls.

Flutningur og vinnsla: Vinnslufyrirtæki sækja um tengingu virkjunar við flutningskerfið. Vinnslur eiga rétt á slíkri tengingu samkvæmt settum reglum enda greiði þær tengigjald. Vinnslufyrirtækin greiða fyrir flutning samkvæmt birtri gjaldskrá. Flutningsfyrirtækið gerir samning við vinnslufyrirtæki um kaup á orku vegna frávika milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, vegna kaupa á orku til að mæta töpum í flutningskerfinu og vegna varaafls, launafls og reiðuafls.

6.4.7. Eftirlit.

Til að tryggja að markmiðum frumvarpsins verði náð þarf opinbert eftirlit með því að leyfishafar uppfylli sett skilyrði og að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur ræki skyldur sínar og gæti jafnræðis. Tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku leggur þá skyldu á ríki að þau tryggi að settum reglum, t.d. varðandi jafnan rétt til afnota af raforkukerfinu, sé fylgt. Ekki er þó kveðið á um með hvaða hætti það skuli gert. Þá er gerð sú krafa að ríki tilnefni hlutlausan aðila til að ákvarða í deilumálum er lúti að skyldum flutningsfyrirtækja og dreifiveitna. Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar um breytingar á tilskipuninni, sbr. kafla 3.3 hér að framan, er lagt til að sjálfstæður eftirlitsaðili í hverju ríki annist eftirlit með því að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt.

Mikilvægt er að opinbert eftirlit sé ekki umfram það sem nauðsyn ber til og að því sé hagað á þann veg að kostnaður vegna þess sé í lágmarki. Af þeim sökum er miðað við að eftirlitið verði sem mest hjá fyrirtækjunum sjálfum, þ.e. innra eftirlit. Hjá beinu eftirliti verður þó ekki komist. Felst það í tilkynningarskyldu til eftirlitsaðila, gagnasöfnun vegna tiltekinna mála og vettvangsskoðunum. Þar sem því verður við komið þykir rétt að faggiltar skoðunarstofur annist eftirlit fyrir hönd opinberra eftirlitsaðila.

Starfsemi raforkufyrirtækja sætir nú m.a. eftirliti Samkeppnisstofnunar samkvæmt samkeppnislögum og Löggildingarstofu samkvæmt lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Orkustofnun hefur ákveðið eftirlitshlutverk samkvæmt orkulögum og auðlindalögum. Þannig segir í auðlindalögum að Orkustofnun skuli annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi á grundvelli laganna hafa verið veitt. Þá er Orkustofnun ríkinu til ráðuneytis um orkumál samkvæmt orkulögum. Henni er m.a. ætlað að halda skrár um orkulindir landsins, vinna áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap og hagnýtingu orkulinda þjóðarinnar og safna skýrslum um orkuvinnslu. Í lögum um raforkuver er kveðið á um að áður en iðnaðarráðherra ákveður röð virkjanaframkvæmda skuli liggja fyrir greinargerð Orkustofnunar.

Kannað var hvernig eftirliti með starfsemi raforkufyrirtækja væri háttað í nokkrum nágrannalöndum okkar, þ.m.t. Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi. Í flestum löndum hefur verið sett á fót sérstök stofnun sem ber ábyrgð á öllu eftirliti með starfsemi netfyrirtækja. Í Danmörku hefur sú leið þó verið valin að fela stjórnskipaðri nefnd yfirstjórn neteftirlitsins. Henni til liðsinnis eru systurstofnanir Orkustofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Landsnetsnefndin lagði til að eftirlit yrði í höndum Samkeppnisstofnunar og Löggildingarstofu. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að meginþungi eftirlitsins verði hjá Orkustofnun þar sem stofnunin annast þegar ákveðið eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk á orkusviði og nauðsynlegt þykir að styrkja frekar stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar. Hins vegar er Orkustofnun gert að hafa samráð við Samkeppnisstofnun svo að samræmd túlkun á lögmæti hegðunar einokunarfyrirtækja verði tryggð. Þá þykir heppilegt að fela Löggildingarstofu tæknilegt eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi. Löggildingarstofa hefur nú eftirlit á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og verður því allt tæknilegt eftirlit með raf-

orkufyrirtækjum á einni hendi. Þar sem Orkustofnun þarf á upplýsingum um gæði og afhendingaröryggi að halda við eftirlit sitt er nauðsynlegt að stofnanirnar hafi samráð sín á milli.

Samkeppnisyfirvöld munu hafa eftirlit með raforkumarkaði líkt og öðrum mörkuðum. Eftirlit samkeppnisyfirvalda með aðskilnaði milli samkeppnis- og sérleyfisþátta verður mikilvægt. Sérstaklega er mælt fyrir um að samkeppnisráð geti fyrirskipað fyrirtækjaaðskilnað til að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur verði niðurgreiddur af sérleyfisstarfsemi.

Í ljósi þess aukna eftirlitshlutverks sem lagt er til í frumvarpinu að Orkustofnun fái er brýnt að skipulag Orkustofnunar verði ekki með þeim hætti að draga megi hlutleysi stofnunarinnar í efa. Verður því að fara fram skoðun á hlutverki og skipulagi Orkustofnunar. Iðnaðarráðherra skipaði í júní 2001 nefnd til að fjalla um skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af lögbundnum verkefnum hennar og tillögum frumvarpsins. Nefndin mun ljúka störfum innan skamms og er stefnt að því að leggja fram á þessu þingi til kynningar frumvarp til laga um Orkustofnun.

Unnt er að kæra þær stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar og Löggildingarstofu á grundvelli laganna er lúta að gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna til sérstakrar kærunefndar. Framselji iðnaðarráðherra leyfisveitingarvald sitt til Orkustofnunar sæta ákvarðanir Orkustofnunar um útgáfu leyfa kæru til iðnaðarráðherra.

Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlitsskyldir aðilar greiði kostnað vegna eftirlitsins. Um þann kostnað vísast til fylgiskjals VIII.

7. Áhrif frumvarpsins.

7.1. Samningar um stóriðju.

Samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir að fyrirtækið selji raforku „til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu“. Í lögunum er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til slíkra samninga ef iðjuverin nota meira en 100 GWst á ári. Það má því segja að nú þegar hafi stærri iðjuver nokkra möguleika að semja beint við Landsvirkjun um orkukaup. Landsvirkjun hefur til þessa gert samninga um sölu á raforku til nýrrar stóriðju. Jafnframt hefur fyrirtækið gert samninga við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um kaup á rafmagni sem notað er í þessu skyni. Í 13. gr. laga um Landsvirkjun segir um stóriðjusamninga: „Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.“

Í samningum um stóriðjufyrirtæki, ÍSAL, Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál hf., hefur verið byggt á 20 ára samningstíma í upphafi. Í slíkum samningum er jafnframt gert ráð fyrir framlengingu samninga með tilteknum hætti og viðræðum á milli aðila áður en samningar falla úr gildi. Á sömu sjónarmiðum hefur verið byggt í viðræðum við Reyðarál hf. um fyrirhugað álver á Reyðarfirði og í viðræðum við Norðurál hf. um fyrirhugaða stækkunar álversins á Grundartanga. Stóriðjusamningar sem gerðir hafa verið til þessa eru byggðir á tilteknum forsendum sem ætlast er til að verði virtar áfram í meginatriðum við gildistöku nýrra laga á þessu sviði.

Allir núgildandi stóriðjusamningar voru gerðir á grundvelli skattleysis Landsvirkjunar. Skattlagning getur breytt þeim forsendum sem lágu fyrir um verðlagningu til stóriðjunnar og er því nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvernig með þessa samninga skuli fara. Hið sama gildir um samninga til stóriðju sem eru á lokastigi við gildistöku laga þessara.

Gildandi stóriðjusamningar taka mið af þeim forsendum er lágu fyrir við samningsgerð varðandi kostnað við flutning raforkunnar frá virkjunum til kaupanda. Hefur stóriðjan fengið að njóta þess hagræðis sem leiðir af því að flutningslínur sem byggðar hafa verið hafa nýst

á hagkvæman hátt þegar frá upphafi. Í frumvarpinu er við það miðað að gjaldskrá vegna flutnings til þessara aðila taki tillit til þessa. Erfitt getur hins vegar verið að reikna út hver hagræðingin hefur verið áður. Af þeim sökum getur þurft að meta hana að álitum. Er það Landsvirkjunar að sýna fram á að hagræðing hafi orðið. Flutningsfyrirtækið verður að meta þær upplýsingar sem það fær og áætla hagræðinguna samkvæmt þeim en Orkustofnun hefur eftirlit með að matið sé rétt.

Iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun hafa um alllangt skeið staðið sameiginlega að rekstri sjálfstæðrar upplýsinga- og fjárfestingarskrifstofu undir heitinu Fjárfestingarskrifstofan – orkusvið. Skrifstofan hefur haft frumkvæði að því að ná til erlendra stórkaupenda raforku og stuðla jafnframt að atvinnuuppbyggingu á sviði stóriðju á Íslandi. Með auknu sjálfstæði orkufyrirtækja má gera ráð fyrir að núgildandi fyrirkomulag breytist í þessu efni og að einstök orkufyrirtæki sýni meira sjálfstæði og frumkvæði á þessu sviði. Hugsa má sér að stærstu orkufyrirtækin standi með sjálfstæðum hætti að rekstri slíkra upplýsinga- og fjárfestingarskrifstofu eða nokkur saman, með beinum eða óbeinum stuðningi iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins.

7.2. Sokkinn kostnaður.

Breytingar á skipulagi raforkumála geta haft áhrif á möguleika orkufyrirtækja til að efna skuldbindingar sínar og ábyrgðir sem þau hafa gengist undir í tíð eldra skipulags. Til að auðvelda breytingar á skipulagi raforkumála er í 24. gr. tilskipunar 96/92/EB um innri markað raforku kveðið á um að aðildarríki geti sótt um tímabundnar undanþágur frá ákvæðum IV., VI. og VII. kafla tilskipunarinnar.

Þegar tilskipunin öðlaðist gildi í Evrópusambandinu sóttu öll aðildarríki Evrópusambandsins, nema Finnland, Ítalía og Svíþjóð, um aðlögun á grundvelli 24. gr. tilskipunarinnar vegna sokkins kostnaðar. Þessar umsóknir byggðust hins vegar flestar á einhvers konar styrkjafyrirkomulagi vegna sokkins kostnaðar en ekki undanþágum frá ákvæðum tilskipunarinnar og vísaði framkvæmdastjórnin þeim umsóknum frá.

Styrkir sem aðildarríki EES-samningsins veita eru háðir reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Fébætur vegna sokkins kostnaðar geta verið skaðlegar nýjum samkeppnisaðilum á nýjum mörkuðum og skekkt samkeppnisaðstöðu á markaði. Í 63. gr. EES-samningsins er hins vegar kveðið á um að aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða geti talist samrýmanleg framkvæmd samningsins, enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

Til að útskýra afstöðu sína hvað varðar beitingu ríkisaðstoðar sendi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá sér yfirlýsingu um aðferðafræði við greiningu ríkisstyrkja í tengslum við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Yfirlýsingin fjallar um hvernig framkvæmdastjórnin hyggst beita reglum um ríkisstyrki vegna sokkins kostnaðar í tengslum við skipulagsbreytingar í raforkumálum. Með þessu á að tryggja að allar fébætur séu metnar í samhengi og á réttlátan hátt.

Í yfirlýsingunni koma fram þau skilyrði sem skuldbindingar og ábyrgðir þurfa að uppfylla til að geta talist sokkinn kostnaður. Þá er og fjallað um skilyrði sem styrkir vegna sokkins kostnaðar verða að uppfylla.

Gert er ráð fyrir að skipaður verði starfshópur til að skoða hvernig fara beri með sokkinn kostnað hér á landi ef hann er til staðar. Við þá vinnu verður augljóslega að hafa samráð við orkufyrirtæki.

7.3. Raforkuverð.

Núverandi fyrirkomulag raforkuviðskipta er flókið og felur í sér tilfærslur af ýmsu tagi. Því er erfitt að segja til um hvernig samkeppnin mun birtast notandanum. Í skýrslu landsnetsnefndar kemur fram að ekki hefur verið gerð eins ströng krafa um arðsemi fjármagns sem bundið er í greininni og jafnan er gert í annarri atvinnustarfsemi. Fyrir vikið kunni aukin hagkvæmni fremur að koma fram í meiri arði til eigenda fyrirtækjanna en í lægra verði til notenda. Ljóst sé þó að aukin þjóðhagsleg hagkvæmni skili sér til notenda. Eftir að samkeppni hefur verið komið á í vinnslu og sölu á rafmagni mun raforkuverð frá framleiðanda fyrst og fremst ráðast af framboði og eftirspurn. Þegar viðskipti með rafmagn hafa verið gefin frjáls eiga því sams konar notendur alls staðar á landinu að hafa sömu stöðu gagnvart vinnslufyrirtækjunum. Það verður því að verulegu leyti undir notendunum sjálfum komið hversu vel þeim tekst til á markaðinum. Orkuverð sem þeir greiða á hverjum tíma mun meðal annars ráðast af því hvaða áhættu þeir eru tilbúnir til að taka. Ljóst er að sumir notendur munu kjósa að gera samninga til nokkurra ára um orkukaup sín, aðrir að gera samninga til nokkurra mánaða eða árs í senn. Þegar vatnsbúskapurinn er góður má búast við að verð lækki, en í lélegu vatnsári og þegar orkugetan er fullnýtt má ætla að verð hækki.

Með skipulagsbreytingunum er stefnt að aukinni hagræðingu. Þeim verður þó ekki komið á án nokkurs kostnaðar. Frelsi í raforkuviðskiptum kallar á auknar mælingar og skráningar sem geta haft aukinn kostnað í för mér sér. Þá er miðað við að flutningsfyrirtækið og dreifiveitur greiði gjald vegna eftirlits, sbr. 31. gr. frumvarpsins. Að lokum skal áréttað að nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins hefur nú til skoðunar skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja. Skattlagning þeirra kann að hafa áhrif á raforkuverð.

7.4. Óarðbærar einingar í aðveitu- og dreifikerfinu.

Kostnaður við að koma raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Þessi svæði eru að mestu leyti á orkuveitusvæði Rariks en þó einnig t.d. Orkubús Vestfjarða. Núverandi gjaldskrá Rarik fyrir dreifingu og flutning raforku er jöfnunargjaldskrá fyrir allt landið og tekur ekki tillit til þessara aðstæðna. Þetta hefur valdið verulegum erfiðleikum í rekstri Rarik undanfarin ár. Sú ábyrgð hvílir á fyrirtækinu að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu og íbúum í þéttbýli. Margar framkvæmdir fyrirtækisins standast ekki eðlilegar arðsemiskröfur, en fyrirtækinu er eigi að síður skylt að framkvæma þær. Óarðbær framkvæmda-, rekstrar- og þjónustuverkefni, sem nauðsynlegt er að ráðast í til að fullnægja þjónustuskyldu, afhendingaröryggi og þjónustugæðum á strjálbýlum svæðum hafa oft verið kölluð félagslegur þáttur í starfsemi fyrirtækisins. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða þrátt fyrir takmarkaða notkun, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Á undanförnum árum hafa verið gerðar athuganir á því hve mikill þessi kostnaður hefur verið hjá Rarik. Þessar athuganir leiða í ljós að árlegur hallarekstur miðað við eðlilegar arðsemiskröfur í dreifikerfi fyrirtækisins nemur um 300–400 millj. kr. og að auki um 100 millj. kr. í flutningskerfi fyrirtækisins. Þennan halla hafa íbúar dreifiveitusvæðis þurft að bera að hluta í hærri gjaldskrá. Íbúar þéttbýlissvæða á dreifiveitusvæðinu hafa í raun greitt niður raforku í strjálbýli og ekki dugað til. Því hefur ríkið þurft að koma til með því að aflétta skuldum af raforkufyrirtækjum.

Ríkið hefur á undanförnum árum veitt fjármunum til félagslegra framkvæmda í raforkukerfinu þar sem kostnaður hefur verið mikill þannig að orkusala hefur ekki nægt til. Þetta var á svæðum þar sem Orkusjóður stóð á sínum tíma undir stórum hluta kostnaðar við rafvæðingu sveitanna. Á árunum 1966 til 1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu til almennra

nota sem síðan rann til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Á þessum tuttugu árum voru á þennan hátt greiddir um 15 milljarðar kr. til verðjöfnunar sem kostuð var af öllum almennum raforkunotendum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af árið 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það meginástæða þess að ríkissjóður yfirtók skuldir þessara fyrirtækja, en sú lausn hefur þó ekki nægt til að fyrirtækin stæðu jafn vel að vígi og áður. Hér er um að ræða samtals um 9,7 milljarða króna. Með yfirtöku skulda dreifiveitnanna var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins þar sem miðað er við að fyrirtækið greiði 2% arð af eigin fé að frádregnum fjármunum í dreifikerfinu í sveitum og að hluti þessarar arðgreiðslu renni síðan til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum. Í fjárlögum hefur þessi upphæð numið um 150 millj. kr. á ári síðustu 2–3 ár.

Æskilegt er að notendur raforku hafi vitneskju um raunkostnað í raforkukerfinu til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu þess. Því er miðað við að gjaldtaka verði sem mest í samræmi við raunkostnað og félagslegum aðgerðum vegna óarðbærra eininga í dreifikerfinu og þess hluta flutningskerfisins sem ekki fellur undir meginflutningskerfið verði haldið utan við gjaldskrá vegna flutnings og dreifingar. Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að skilgreina kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi raforku og koma með tillögur um hvernig megi mæta honum svo að tryggt verði að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Samkvæmt skipunarbréfinu skal við það miðað að jöfnunaraðgerðir taki mið af núverandi umfangi jöfnunar. Nefndin skilaði áliti sínu til iðnaðarráðherra 9. maí 2001. Í álitinu leggur starfshópurinn til að þar sem kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mestur verði því mætt á eftirfarandi hátt:

a) *Á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur við flutning og dreifingu verði greiðslur til notenda fyrir þessa þjónustu lækkaður með framlagi til viðkomandi dreifiveitu. Framkvæmd þessara aðgerða verði eftirfarandi:*
   1. *Meðalkostnaður við flutning og dreifingu er tekinn saman fyrir hvert dreifiveitusvæði út frá rauntölum síðasta árs. Einungis er litið á forgangsorku.*
   2. *Dreifiveitur eiga rétt á framlagi fyrir ákveðið dreifiveitusvæði ef meðalkostnaður við flutning og dreifingu (áður er tekið er tillit til framlags) fer yfir ákveðin mörk í kr/kWh sem metin eru árlega af eftirlitsaðila.*
   3. *Framlag til þessara aðgerða er ákvarðað í fjárlögum hverju sinni.*
   4. *Framlaginu er skipt hlutfallslega niður á veitusvæði út frá kostnaði umfram fyrrnefnd mörk og út frá því reiknuð lækkun gjaldskrár á orkueiningu vegna framlagsins. Ekki er því gert ráð fyrir að framlagið greiði kostnað umfram þessi mörk að fullu. Framlagið er ekki gert upp eftir árið fyrir einstaka notendur en eftirlitsaðili fylgist með því að lækkun gjaldskrár sé í samræmi við upphæð framlags. Notendur skulu fá upplýsingar um það hve mikið framlagið lækkar gjaldskrána í kr/kWh að meðaltali.*

b) *Tvær leiðir koma helst til greina varðandi fjáröflun ríkissjóðs til þessara aðgerða:*
   1. *Fjármagn komi af almennu skattfé. Þessi leið hefur verið farin frá 1986, er verðjöfnunargjald á raforku var lagt niður, og þá með þeim hætti að ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum dreifiveitna í strjálbýli og fjármagns til greiðslu afborgana og vaxta verið aflað með almennu skattfé. Einnig hefur arðgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð verið notuð til þessara aðgerða.*
   2. *Fjármagn komi af sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu vegna almennrar notkunar. Þetta er svipuð leið og farin er varðandi verðjöfnun á olíu og sementi og var viðhöfð varðandi raforku allt fram til 1986 en að vísu var þá lagt gjald á smásölu raforku en ekki vinnslu.*

c) Framlag til þessara aðgerða verði allt að 500 m.kr. á ári þannig að heildarumfang þeirra verði svipað og á undanförnum árum. Efri mörkin taka mið af því að krafa sé gerð um 6% arð af eigin fé dreifiveitnanna.

d) Metið verði á hvern hátt þörf verður á auknum niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis frá því sem nú er til að mæta því að sama gjaldskrá mun gilda í nýju skipulagi fyrir alla úttekt á hverju dreifiveitusvæði óháð því til hvers orkan er notuð. Nú er tekið lægra gjald fyrir dreifingu á raforku til húshitunar en til annarra nota. Ekki er fjallað frekar um þennan þátt þar sem hann er utan verksvið hópsins.

Til viðbótar þeim leiðum sem nefndin taldi að kæmu helst til greina við fjáröflun ríkissjóðs má nefna tvær aðrar leiðir. Annars vegar er unnt að leggja gjaldið á söluaðila í stað þess að leggja gjaldið á raforkuvinnslu. Hins vegar er unnt að leggja gjaldið á dreifiveiturnar og þegar um er að ræða úttekt beint af flutningskerfinu utan meginflutningskerfisins á flutningsfyrirtækið. Sú leið er eðlileg í ljósi tilgangs gjaldtökunnar sem er að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku.

Ekki er mælt fyrir um framkvæmd niðurgreiðslna í þessu frumvarpi. Verður það gert í sjálfstæðu frumvarpi þar sem mælt verður fyrir um sérstakt gjald á dreifiveitur og flutningsfyrirtækið. Verður frumvarpið lagt fram samhliða frumvarpi þessu.

7.5. Niðurgreiðsla raforku til hitunar íbúðarhúsa.

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu, Landsvirkjun og dreifiveitunum. Á fjárlögum ársins 2002 eru ætlaðar 843 millj. kr. til þessara niðurgreiðslna. Jafnframt hefur Landsvirkjun veitt afslátt sem er um 100 millj. kr. og dreifiveitur um 20 millj. kr. Þar að auki er virðisaukaskattur af húshitun endurgreiddur að hluta til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts. Þegar virðisaukaskattur var lagður á orku til hitunar húsnæðis var samhliða ákveðið að endurgreiða hluta skattsins til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts (14%). Miðað var við að hann næmi aldrei meira en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á orku til hitunar húsnæðis. Þessar aðgerðir tóku gildi 1. janúar 1993. Gæti sú endurgreiðsla numið um 90 millj. kr. á árinu 2000.

Með bréfi dagsettu 20. ágúst 2001 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að koma með tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar. Hefur slíkt frumvarp nú verið lagt fram á Alþingi.

8. Framkvæmdin.

Verði frumvarpið að lögum verða umtalsverðar breytingar á skipulagi raforkumála hér á landi. Fyrst um sinn verða það einkum raforkufyrirtækin sem verða breytinga vör. Stofna verður sérstakt fyrirtæki um flutning raforku sem þarf að hefja starfsemi eigi síðar en 1. janúar 2003. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra falið að tilnefna flutningsfyrirtækið. Flutningsfyrirtækinu er ætlað mikilvægt hlutverk og verða allir ferlar, svo sem vegna mælinga, að vera til reiðu. Raforkufyrirtækin verða 1. janúar 2003 að geta uppfyllt kröfur frumvarpsins varðandi bókhald. Þá verður gjaldskrá vegna flutnings og dreifingar á sama tímamarki að fullnægja ákvæðum frumvarpsins. Fram til 1. janúar 2004 verður í raun engin breyting frá núverandi fyrirkomulagi við sölu á raforku þar sem eingöngu þeir sem nota meira en 100 GWst á ári eða meira geta skipt um raforkusala. Nauðsynlegt þykir að gefa raforkufyrirtækjum aðlögunartíma vegna breytinganna. Hinn 1. janúar 2004 munu allir geta skipt um

raforkusala. Í frumvarpinu eru settar almennar reglur og við það miðað að um framkvæmdina verði nánar mælt í reglugerð.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum kemur fram hver markmið frumvarpsins eru, gildissvið þess og nauðsynlegar skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í frumvarpinu.

Um 1. gr.

Í greininni eru markmið frumvarpsins sett fram. Meginmarkmiðið er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi, þar með talið þjóðhagslega hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu. Til þess að svo megi verða þarf raforkukerfið í heild sinni að vera byggt upp og rekið á hagkvæman hátt til að nýta framleiðsluþætti þess sem best. Þær leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði eru m.a. að koma á samkeppnisumhverfi í vinnslu og sölu og setja arðsemisramma og hagræðingarkröfur varðandi flutning og dreifingu. Taka verður tillit til mikilvægra almannahagsmuna, svo sem varðandi öryggi raforkuafhendingar. Áfram skal tryggt að öryggi raforkukerfisins verði sem best og eru lagðar skyldur á dreifiveitur og flutningsfyrirtækið til að svo megi verða. Leitast er við að tryggja hagsmuni neytenda sem best með skilvirku eftirliti og skýrum kvörtunarleiðum og málsmeðferðarreglum. Enn fremur er gert ráð fyrir að settar verði reglur sem eiga að tryggja að neytendur fái ákveðin gæði og afhendingaröryggi. Þá eru í frumvarpinu ákvæði sem stuðla að áframhaldandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi við framleiðslu raforku og umhverfisvernd að öðru leyti. Er ráðherra heimilt að binda leyfi til vinnslu skilyrðum í því sambandi. Leyfi til dreifingar og leyfi til að reisa flutningsvirki yfir ákveðnum mörkum verða einnig bundin skilyrðum er lúta að umhverfisvernd.

Með frumvarpinu er tilskipun 96/92/EB innleidd í íslenska löggjöf. Tilskipunin setur lágmarkskröfur og er samkvæmt henni unnt að velja milli mismunandi leiða við innleiðingu eins og nánar er rakið í 3. kafla í almennum athugasemdum. Með frumvarpinu eru lágmarkskröfur tilskipunarinnar uppfylltar en auk þess gengið lengra en tilskipunin krefst á sumum sviðum, svo sem varðandi frelsi í raforkuviðskiptum, eftir því sem talið er nauðsynlegt til að ná fram markmiðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið frumvarpsins. Meginþættir frumvarpsins eru fjórir, vinnsla, flutningur, dreifing og viðskipti með raforku. Að því er vinnslu varðar er því ætlað að gilda hvort sem til hennar eru notaðar innlendar orkulindir eða innflutt eldsneyti. Frumvarpið tekur til landsins alls og efnahagslögsögu þess, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Um starfsemi sem fellur undir frumvarpið gilda einnig önnur lög, svo sem náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög, lög um umhverfismat o.fl.

Um 3. gr.

Hér eru skýrð þýðingarmestu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtökin dreifikerfi og flutningskerfi eru meðal þeirra hugtaka sem skýrð eru. *Dreifikerfið* nær allt frá endimörkum flutningskerfis til og með heimtaug. Mælar og mælabúnaður eru á ábyrgð dreifiveitunnar og teljast samkvæmt því einnig til dreifikerfisins. Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu *flutningskerfi* eru mörkin milli flutnings og dreifingar dregin við 30 kV spennu. Flutningskerfið

skal ná frá og með aflrofum á háspennuhlið stöðvarspenna virkjana til og með aflrofum á háspennuhlið aðveituspenna dreifiveitna. Þetta þýðir að núverandi flutningskerfi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur telst flutningskerfi í skilningi frumvarpsins. Flutningskerfið skiptist í tvo hluta. Annars vegar er *meginflutningskerfið* sem er skilgreint sem núverandi kerfi Landsvirkjunar og viðbætur við það, þ.e. allar nýjar línur sem eru á 132 kV eða hærri spennu og ekki eru reknar sem geislalínur, en að auki tengilínur að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja en það eru nú virkjanir í Svartsengi og á Nesjavöllum auk Andakílsárvirkjunar, Laxárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar. Með geislalínum er átt við línur sem tengjast flutningskerfinu á einum stað. Hins vegar eru öll önnur flutningsvirki sem falla undir fyrrgreinda skilgreiningu á flutningskerfi. Þó þykir rétt að hafa ákveðinn sveigjanleika í ljósi þess að línur kunna að þjóna dreifingarhlutverki óháð spennu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Því geta flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV eða hærri spennu og eru alfarið innan dreifiveitusvæðis, þ.e. flytja ekki orku til eða um önnur dreifiveitusvæði en þess sem þær liggja um, talist dreifilínur. Forsenda þess er þó að flutningsvirki tengist ekki virkjun sem er skylt að tengjast flutningskerfinu, en eins og nánar er rakið í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að allar virkjanir verða að tengjast flutningskerfinu. Þær raflínur og tilheyrandi búnaður sem ekki fellur undir skilgreiningu á hugtakinu „flutningskerfi“ eða undanskilinn er flutningskerfinu á grundvelli framangreindrar heimildar telst til dreifikerfisins eins og áður segir. Hugtakið *notandi* er skilgreint sem sá er kaupir raforku til eigin nota. Af því leiðir m.a. að dreifiveita telst ekki notandi og ekki heldur raforkumiðlarar sem kaupa raforku til endursölu. Hugtakið *raforkuver* er skilgreint sem mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun. Ekki er unnt að komast hjá mörkum sem sett eru í frumvarpinu, svo sem fyrir leyfi í 4. gr. og fyrir tengingu við flutningskerfið í 5. gr. með því að setja upp margar vélar sem hver um sig er undir settum mörkum. Hugtakið *viðskipti* í frumvarpinu tekur til kaupa og sölu á raforku í smásölu og heildsölu.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuvinnslu, þ.m.t. leyfisbindingu, skilyrði leyfis, efni þess og skyldur leyfishafa.

Um 4. gr.

Mörk leyfisskyldrar vinnslu eru dregin við 1 MW og eiga þau mörk við orkuver en ekki einstakar vélar í orkuveri, sbr. skilgreiningu á hugtakinu raforkuver í 3. gr. Slíkar stöðvar eru einkum ætlaðar til eigin nota eða til að framleiða varaafl og hafa takmörkuð eða engin áhrif á raforkukerfið. Því þykir ekki ástæða til að krefjast leyfis ráðherra. Þó verður að tilkynna Orkustofnun á hverju ári um vinnslu í slíkum orkuverum ef þau setja orku inn á samtengt raforkukerfi landsins eða orkan er seld frá orkuverinu.

Í 2. mgr. segir að virkjunarleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir hefjast ekki eða þeim lýkur ekki innan tiltekinna tímamarka. Er með þessu ætlað að sporna við því að einstakir aðilar geti „tekið frá“ hagkvæma virkjunarkosti og komið þannig í veg fyrir að þeir verði nýttir af öðrum. Hins vegar er ljóst að undirbúningur raforkuvinnslu getur tekið mjög langan tíma. Tillit verður að taka til þess og því er mögulegt að fá leyfi endurnýjað ef upphaflegi tíminn er ekki talinn nægjanlegur. Sé vilji virkjanaleyfishafa augljós til að nýta leyfi sitt og tafir eðlilegar er rétt að líta svo á að leyfið skuli framlengt fari hann fram á það.

Í 3. mgr. kemur fram að leyfishafi skuli leita samninga eða ákvörðun um eignarnám að liggja fyrir vegna nýtingar orkulinda eða eignarlands í eigu annarra áður en til framkvæmda kemur. Settir eru ákveðnir frestir í þessu sambandi.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði og sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu virkjunarleyfis og eru þau tæmandi talin.

Í 1. mgr. segir að vinnslufyrirtæki skuli vera sjálfstæður lög- og skattaðili. Þetta hefur það í för með sér að stofna verður einkaréttarlegt félag um þau fyrirtæki sem nú eru rekin af sveitarfélögum. Ekki eru neinar kröfur hvað félagaform varðar og geta fyrirtækin t.d. verið rekin í formi sameignarfélaga eða hlutafélaga.

Í 2. mgr. eru talin sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu leyfis til að reisa og reka raforkuver. Eru þau í samræmi við þau sjónarmið sem talin eru í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku og rakin eru í 3. kafla almennra athugasemda. Þau verður að útfæra í reglugerð þar sem fram koma hlutlæg og gagnsæ skilyrði fyrir útgáfu leyfis. Samkvæmt tilskipuninni verða skilyrðin að auki að vera með þeim hætti að unnt sé að sannreyna ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Í ákvæðinu segir í fyrsta lagi að heimilt sé að binda leyfi skilyrðum er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku. Í því sambandi getur ráðherra t.d. sett skilyrði um afkastagetu og að leyfishafi skuli fullnýta afkastagetu virkjunar ef eftirspurn er fyrir hendi. Ekki er heimilt að hafna útgáfu virkjunarleyfis á þeirri forsendu einni að framboð raforku sé nægilegt. Í öðru lagi segir að heimilt sé að setja skilyrði er lúti að öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins enda er um að ræða eitt samtengt kerfi og ný virkjun hefur áhrif á rekstur þess. Tryggja þarf að ekki verði um óæskileg áhrif vegna hennar að ræða. Í þriðja lagi er heimilt að setja skilyrði sem eiga að tryggja að nýttar séu endurnýjanlegar orkulindir. Ráðherra getur samkvæmt þessu ákveðið að eingöngu skuli heimila nýjar virkjanir er nýta endurnýjanlegar orkulindir. Í fjórða lagi getur ráðherra bundið leyfi skilyrðum er lúta að umhverfisvernd. Með því er fyrst og fremst átt við að veiting leyfis verður bundin því skilyrði að fram fari mat á umhverfisáhrifum ef við á, sbr. lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Þá kann að þurfa að útfæra ýmis skilyrði í leyfi sem leiða af mati á umhverfisáhrifum. Í fimmta lagi má samkvæmt ákvæðinu binda leyfi skilyrðum er lúta að landnýtingu. Um landnýtingu fer samkvæmt skipulags- og byggingarlöggjöf. Ekki er við það miðað að iðnaðarráðherra fari inn á svið þeirrar löggjafar. Hann getur hins vegar sett skilyrði um að leyfi sé háð því að sú löggjöf sé uppfyllt. Þá kann að vera talið nauðsynlegt, t.a.m. vegna mats á umhverfisáhrifum, að setja kröfur sem tengjast landnýtingu. Í sjötta lagi getur ráðherra sett skilyrði er varða tæknilega og fjárhagslega getu virkjunarleyfishafa. Með þessu er átt við að umsækjendur um leyfi verði að sýna fram á tæknilega getu til að reisa viðkomandi virkjun og fjárhagslegt bolmagn. Fram kemur í 3. mgr. að skylt sé að tengja virkjun flutningskerfinu. Flutningsfyrirtækið reisir og rekur viðkomandi flutningsvirki gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá. Með því að skylda allar virkjanir til að tengjast flutningskerfinu er tryggður aðgangur virkjana að raforkumarkaði á öllu landinu og að allar virkjanir séu á samkeppnismarkaði. Jafnframt er stuðlað að öruggum rekstri raforkukerfisins. Frá þessu skilyrði má víkja að því er varðar virkjanir sem eru minni en 3,5 MW ef sérstakar ástæður mæla með því, svo sem staðsetning þeirra gagnvart flutningskerfinu. Þá er tekið fram í 4. mgr. að ráðherra sé heimilt að setja sérstök skilyrði þegar fleiri en einn aðili hyggjast nýta sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Slík skilyrði eiga að tryggja hagkvæma nýtingu viðkomandi svæðis.

Um 6. gr.

Í greininni kemur fram hvert skuli vera efni virkjunarleyfis. Í því skulu koma fram atriði er lúta að afmörkun virkjunarsvæðis, sbr. 1. tölul. og fyrirmæli um hvenær framkvæmdir skuli hefjast og hvenær þeim skuli lokið, sbr. 2. tölul. Enn fremur á ráðherra skv. 3. tölul. að mæla fyrir um upplýsingaskyldu leyfishafa til Löggildingarstofu, Orkustofnunar og flutningsfyrirtækisins. Um getur verið að ræða útfærslu á upplýsingaskyldu á grundvelli 25. og 28. gr. Slík útfærsla mundi þó ekki leiða til takmörkunar á upplýsingaskyldu. Samkvæmt 4. tölul. skal mæla fyrir um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og skv. 5. tölul. skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu. Um þessi skilyrði vísast til þess sem segir í 5. gr. Í 6. tölul. segir að tilgreina skuli ráðstöfun mannvirkja að rekstrartíma loknum, þ.e. þegar vinnslu er hætt. Getur ráðherra m.a. mælt fyrir um að mannvirki skuli fjarlægð. Af 7. tölul. má ráða að ekki er um tæmandi talningu að ræða á efni virkjunarleyfis. Heimilt er að tilgreina önnur atriði er lúta að útfærslu á þeim skilyrðum og skyldum sem leiða af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Ekki verða lagðar aðrar skyldur á leyfishafa í virkjunarleyfi en leiða má af ákvæðum frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni eru skyldur vinnslufyrirtækja taldar. Skv. 1. mgr. skal vinnslufyrirtæki í bókhaldi sínu halda reikningum vegna vinnslustarfsemi aðskildum frá annarri starfsemi sem fyrirtækið stundar. Með því á að tryggja að vinnsla, sem er samkvæmt frumvarpinu samkeppnisstarfsemi, sé ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Þannig má nefna að hitaveitustarfsemi er ekki sérleyfisskyld. Einnig á að tryggja gagnsæi í verðmyndun raforku. Til áréttingar er tekið fram að halda verði aðskilda reikninga í bókhaldi vegna vinnslu á raforku annars vegar og annarrar orkuvinnslu hins vegar, svo sem á heitu vatni eða gufu þegar eitt og sama orkuverið framleiðir hvoru tveggja. Um nánari útskýringar á því hvað felist í þessum aðskilnaðarkröfum og rök fyrir þeim vísast til 41. gr. frumvarpsins, ákvæði til bráðabirgða V og kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Samkvæmt 2. mgr. er vinnslufyrirtæki skylt að breyta vinnslu sinni eftir kröfum flutningsfyrirtækisins. Heimildinni á aðeins að beita ef upp koma ófyrirséð atvik og samningar skv. 1. tölul. 4. mgr. 9. gr. nægja ekki til að unnt sé að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um flutning raforku og stýringu raforkukerfisins. Fram kemur að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki rekstur flutningskerfisins og kerfisstjórn. Fjallað er um hlutverk og skyldur fyrirtækisins sem jafnframt er kerfisstjóri og skyldur eigenda flutningsvirkja.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að ráðherra skuli fela einu fyrirtæki að stjórna rekstri flutningskerfisins og samræma stjórn raforkukerfisins. Þá eru þar ákvæði um hvernig skuli staðið að tilnefningu fyrirtækisins.

Almannahagsmunir af öruggum flutningum og öruggri stjórn kerfisins eru ríkir og verður ábyrgð viðkomandi fyrirtækis því mikil. Segir að ráðherra skuli beita sér fyrir því að stofnað sé fyrirtæki með þátttöku eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna. Í ljósi framangreindra almannahagsmuna er æskilegt að flutningsfyrirtækið eigi öll flutningsvirki og þess vegna að allir eigendur flutningsvirkja leggi flutningsvirki sín til fyrirtækisins. Ekki er þó um skyldu að ræða. Náist ekki samkomulag milli allra eigenda flutningsvirkja við gildistöku laganna skal stuðlað að stofnun fyrirtækis með þátttöku þeirra sem hafa yfir að ráða sem

stærstum hluta flutningskerfisins. Náist ekki að stofna fyrirtæki með ofangreindum hætti er gert ráð fyrir að stofnað verði ríkisfyrirtæki sem sjái um flutningsstarfsemi og kerfisstjórnun. Mikilvægt er að fyrirtækið verði stofnað sem fyrst eftir gildistöku laganna þar sem það verður að geta hafið starfsemi sína þegar lögin koma til framkvæmda.

Þess er krafist að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis við starfsemi sína. Af þeim sökum er gerð krafa um að viðkomandi aðili stundi enga aðra starfsemi en nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Hins vegar getur verið mikilvægt að komið sé á markaði með raforku, t.d. til að jafna framboð og eftirspurn til skamms tíma, og er eðlilegt í ljósi hlutverks flutningsfyrirtækisins sem kerfisstjóra að það geti rekið slíkan markað. Vegna gjaldskrárreglna er þess krafist að flutningsfyrirtækið haldi í bókhaldi sínu aðskilda reikninga milli einstakra þátta í starfsemi sinni.

Stjórnarmenn verða að vera óháðir vinnslu- og sölufyrirtækjum og mega enga hagsmuni hafa af ákvörðunum flutningsfyrirtækisins. Eins og rakið er í 3. kafla í almennum athugasemdum er í tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku þess krafist að sá sem annast kerfisstjórnun sé stjórnunarlega aðskilinn frá annarri starfsemi. Krafa er gerð um að bókhald vegna kerfisstjórnar sé aðskilið frá bókhaldi vegna flutningsstarfsemi þar sem æskilegt er að kostnaður vegna kerfisstjórnunar komi fram í gjaldskrá enda getur hann skipst á annan hátt niður á notendur raforkukerfisins en flutningskostnaður. Til að tryggja að flutningsfyrirtækið sinni skyldum sínum er Orkustofnun falið eftirlit með því hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldur flutningsfyrirtækisins. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldur þess sem rekstraraðila flutningskerfisins og í 4. mgr. er mælt fyrir um kerfisstjórnunarhlutverkið. Í 5.–8. mgr. eru ýmsar almennar skyldur taldar.

Frumvarpið byggist á því að það fyrirtæki sem annast mun flutning raforku og kerfisstjórnun sé rekið á einkaréttarlegum grundvelli. Í ljósi meginmarkmiðs frumvarpsins, svo sem það er skilgreint í 1. gr., munu eigi að síður gilda ítarlegar reglur um starfsemi þess til þess að tryggja hagsmuni neytenda svo og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu. Þótt starfsemi flutningsfyrirtækisins teljist ekki til opinberrar stjórnsýslu er engu að síður mælt svo fyrir í 1. tölul. 3. mgr. að ákvörðun þess um að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu skuli vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma. Hver sá sem telur flutningsfyrirtækið brjóta á rétti sínum með ákvörðunum, framkvæmdum eða athafnaleysi getur borið málið undir Orkustofnun. Að undangengnum lögmæltum undirbúningi og rannsókn máls tekur Orkustofnun stjórnvaldsákvörðun um hvort sú starfsemi flutningsfyrirtækisins, sem málið lýtur að, sé í samræmi við lögin, reglugerðir settar samkvæmt þeim eða skilyrðum samnings. Ef starfsemi flutningsfyrirtækisins er ekki í samræmi við framangreindar heimildir getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar í málum er varða flutningsfyrirtækið eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr.

Flutningsfyrirtækið annast alla raforkuflutninga. Samkvæmt 1. mgr. er því skylt að reisa nýjar flutningslínur og endurbyggja línur ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðanleika kerfisins og gæði raforku. Á sömu forsendum er flutningsfyrirtækinu skylt að viðhalda eigin línum. Þar sem fyrirtækið á að bera ábyrgð á uppbyggingu flutningskerfisins hefur það eitt heimild til að reisa nýjar flutningslínur, þ.e. línur sem ekki geta talist hluti af dreifikerfinu, sbr. 11. gr. Orkustofnun verður að hafa eftirlit með því að flutningsfyrirtækið hafi ofangreind sjónarmið um hagkvæmni, öryggi, skilvirkni og áreiðan-

leika og gæði raforku að leiðarljósi við uppbyggingu kerfisins. Orkustofnun verður því að fylgjast með hvort nauðsynlegar línur séu byggðar og enn fremur að ekki sé ráðist í byggingu nýrra lína sem ekki er þörf á samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum.

Samkvæmt 2. mgr. þarf leyfi ráðherra ef reisa á línur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri. Talin eru upp þau sjónarmið sem ráðherra má taka tillit til við veitingu leyfis. Tryggja verður að kerfið í heild sinni sé eins hagkvæmt, öruggt og skilvirkt og kostur er. Þá er vikið að umhverfissjónarmiðum. Áður en leyfi er veitt verður mat á umhverfisáhrifum að liggja fyrir og getur þurft að útfæra leyfið með hliðsjón af þeim atriðum sem þar koma fram. Að lokum verða línurnar að uppfylla skipulagslöggjöf. Mörk leyfisskyldu eru dregin við 66 kV þar sem eðlilegt þykir að þau haldist í hendur við skilyrði í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Mörkin eru óháð mörkum um stærð flutningskerfisins sem eins og áður segir miðast við 30 kV.

Í 1.–5. tölul. 3. mgr. er nánar kveðið á um hvað felist í rekstri flutningsfyrirtækisins. Í 1. tölul. er mælt fyrir um tengiskyldu þess. Þar sem um sérleyfisstarfsemi er að ræða er mikilvægt að allar virkjanir og allir notendur hafi jafnan aðgang að kerfinu. Það kemur í hlut flutningsfyrirtækisins að reisa viðkomandi línur. Sá sem óskar eftir tengingu, hvort sem um er að ræða virkjun eða notanda, verður hins vegar að greiða tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja um aðgang að kerfinu. Þau sjónarmið sem leggja má til grundvallar eru tæmandi talin og eru þau í samræmi við tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku. Í 2. tölul. segir að flutningsfyrirtækið skuli útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu. Fyrirtækið verður að semja um kaup á orku vegna þessa við vinnslufyrirtæki og verður kostnaður metinn inn í gjaldskrá. Töp koma því ekki inn í samninga milli kaupenda og seljenda raforku. Í 3. tölul. kemur fram að flutningsfyrirtækið eigi að útvega launafl fyrir kerfið. Launafl er nauðsynlegur þáttur í raforkukerfi til þess að draga úr orkutöpum og tryggja spennugæði. Launafl má fá frá virkjunum með spennustýringu þeirra með sérstökum þéttivirkjum. Flutningsfyrirtækið þarf að taka tillit til launafls í áætlunum um rekstur og uppbyggingu kerfisins til að flutningskerfið verði sem hagkvæmast og verður kostnaður vegna þessa tekinn inn í gjaldskrá. Í 4. tölul. er lögð sú skylda á flutningsfyrirtækið að tryggja afhendingaröryggi. Fyrirtækið metur á hvern hátt slíku verði mætt svo sem með frekari uppbyggingu flutningskerfisins eða með notkun varastöðva. Í því felst m.a. að tryggja nægilegt framboð varaafls vegna truflana í flutningskerfinu. Slíkt getur flutningsfyrirtækið gert með samningum við virkjanir, dreifiveitur og með rekstri eigin varaaflstöðva. Í bilanatilvikum eða þegar mikil hætta er á truflunum getur fyrirtækið haft áhrif á vinnslu einstakra virkjana í þessum tilgangi enda ber það kostnað af slíkum breytingum. Miðað er við að settar séu í reglugerð kröfur um afhendingaröryggi og ef þeim er ekki mætt komi það fram í gjaldtöku fyrir flutninginn. Með þeim hætti sést hver kostnaður er vegna öryggisins sem fyrirtækið getur notað til að meta hagkvæmustu uppbyggingu varaafls. Í 5. tölul. er kveðið á um að flutningsfyrirtækið sjái til þess að fyrir liggi spá um raforkuþörf og áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Spá um raforkuþörf er til þess ætluð að fyrirtækið geti sem best sinnt flutningshlutverki sínu. Orkuspár geta áfram verið í höndum orkuspárnefndar og Orkustofnunar. Spár um uppbyggingu flutningskerfisins eru nauðsynlegar til að tryggja að flutningsfyrirtækið og stjórnvöld hafi fulla yfirsýn yfir þörf fyrir uppbyggingu kerfisins og flutningsfyrirtækið geti annað raforkuflutningum.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um kerfisstjórnun. Meginhlutverkið felst í að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf, sbr. 1. tölul. Stjórnstöð flutningsfyrirtækisins sér um stjórnun flutningskerfisins en þar að auki er gert ráð fyrir að hún tengist öllum virkjunum til að geta stillt saman vinnslu og notkun raforku á hverjum tíma og til að geta brugðist við truflunum í

kerfinu. Vinnslufyrirtæki verða því að tilkynna flutningsfyrirtækinu um alla sölusamninga og láta vita hvernig rekstri virkjana eigi að vera háttað til að mæta þessum samningum. Alltaf verða einhver frávik milli umsaminnar notkunar og raunnotkunar og þarf flutningsaðilinn að gera samninga við vinnsluaðila um að mæta þeim og kostnaður vegna þessa verður síðan innheimtur hjá þeim aðilum þar sem um frávik er að ræða. Í 5. mgr. er m.a. gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið setji reglur hvað þetta snertir. Í 2. tölul. er sú skylda lögð á flutningsfyrirtækið að tryggja nægilegt framboð reiðuafls við rekstur kerfisins og er það gert með samningum við vinnsluaðila. Kostnaður af því endurspeglast í gjaldskrá flutningsfyrirtækisins. Á hverju augnabliki þarf að vera tiltækt afl í kerfinu til að mæta því ef einhver vinnslueining dettur úr rekstri og verður slíkt að gerast samstundis því ekki er hægt að bíða eftir því að ný eining komi í rekstur. Í 3. tölul. er kveðið á um að í kerfisstjórnun felist að ákvarða notkunarferla. Slíkir notkunarferlar eru nauðsynlegir í þeim tilvikum þegar aflmæling fer ekki fram eins og á sér stað hjá litlum notendum. Dreifing álagsins innan ársins er þá metin út frá orkunotkuninni og slíkum ferlum. Hver orkumældur notandi mundi þá teljast til ákveðins hóps. Þetta hlutverk er falið flutningsfyrirtækinu en ekki dreififyrirtækjum þar sem það þarf að stilla saman raforkuþörf og vinnslu. Þá er með því unnt að tryggja samræmda framkvæmd. Í 4. tölul. er lögð mæliskylda á flutningsfyrirtækið. Fyrirtækinu ber því að sjá til þess að allt flæði inn og út af kerfinu sé mælt og að viðkomandi vinnslu- og söluaðilar hafi aðgang að þessum mælingum. Fyrirtækið getur annast mælingar sjálft eða falið það öðrum, svo sem sérhæfðu mælifyrirtæki. Flutningsfyrirtækið ber þó ætíð ábyrgð á þeim og verður að tryggja að trúnaði sé haldið um þessi gögn. Þau gögn sem hér um ræðir eru einnig grundvöllur uppgjörs flutningskerfisins og eru því nauðsynleg til að flutningsfyrirtæki geti innheimt tekjur sínar. Einnig eru þau á sama hátt grundvöllur viðskipta einstakra aðila svo sem milli söluaðila og vinnslufyrirtækja. Í 5. tölul. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu flutningsfyrirtækisins. Mikilvægt er að veittar verði góðar og ítarlegar upplýsingar um viðskipti með raforku. Almennar opinberar upplýsingar um raforkumarkaðinn stuðla að jafnræði í viðskiptum og virkni raforkumarkaðarins. Kaupendur og seljendur raforku geta þá tekið upplýstar ákvarðanir og óskað skýringa á mismunandi verði raforku milli tengipunkta, þ.e. afhendingarstaða. Eftirlitsaðilar þurfa einnig greinargóðar upplýsingar um raforkuviðskipti. Slík upplýsingaskylda veitir aðhald og dregur úr þörf á beinu eftirliti.

Í 5. mgr. segir að flutningsfyrirtækið skuli í samráði við raforkufyrirtæki setja reglur um kerfisstjórnunina, þ.m.t. nánari reglur um þau atriði sem tilgreind eru í 1.–5. tölul. 4. mgr. sem ráðherra staðfestir.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu vinnslufyrirtækja, dreifiveitna og raforkusala gagnvart flutningsfyrirtækinu. Getur flutningsfyrirtækið óskað eftir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að það geti rækt hlutverk sitt samkvæmt lögum, reglugerðum og samningi, sbr. 8. gr.

Í 7. mgr. er m.a. kveðið á um trúnaðarskyldu flutningsfyrirtækisins. Hún er afar mikilvæg í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrirtækið hefur aðgang að. Getur ráðherra í samningi við flutningsfyrirtækið eða á grundvelli 9. mgr. kveðið nánar á um hvaða reglum skuli fylgja í því sambandi. Geta þær byggst á alþjóðlegum stöðlum um öryggi upplýsinga.

Í 8. mgr. er kveðið á um skyldu flutningsfyrirtækisins til raforkuskömmtunar þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Náttúruhamfarir eða aðrir ófyrirsjáanlegir atburðir geta valdið truflunum í raforkukerfinu og minna framboði á raforku án þess að úr því verði bætt með tiltækum ráðum. Flutningsfyrirtækið skal þá skammta raforku til notenda og beita við það málefnalegum aðferðum sem skulu skilgreindar í reglugerð. Áður en til skömmtunar kemur verður að beita öllum öðrum tiltækum ráðum, svo sem keyrslu varaaflstöðva.

Í 9. mgr. er mælt fyrir um reglugerð sem ráðherra skal setja. Í reglugerðinni skal mæla fyrir um þær skyldur og þau réttindi flutningsfyrirtækisins sem leiða af lögum þessum og nauðsynlegar eru til að markmiðum laganna verði náð. Skýra skal hlutverk flutningsfyrirtækisins og hvað felst í kerfisstjórnun og hvernig skuli staðið að tengingu virkjana við flutningskerfið.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur eigenda flutningsvirkja sem nauðsynlegar eru til að flutningsfyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Aðrir eigendur flutningsvirkja en flutningsfyrirtækið skulu veita fyrirtækinu full afnot af flutningsvirkjum sínum gegn endurgjaldi sem skal taka mið af viðmiðum 12. gr., þ.e. kostnaði vegna viðhalds, afskriftum og fjármagnskostnaði auk eðlilegrar arðsemi. Náist ekki samkomulag tekur úrskurðarnefnd raforkumála, sbr. 30. gr., ákvörðun um endurgjaldið. Um málsmeðferð í þessu sambandi verður mælt fyrir í reglugerð, sbr. 9. mgr. 30. gr.

Samkvæmt 2. mgr. er eigandi flutningsvirkis ábyrgur fyrir viðhaldi á virkjum í hans eigu. Á það að sjálfsögðu bæði við um flutningsfyrirtækið og aðra eigendur flutningsvirkja. Þar sem flutningsfyrirtækinu ber að tryggja örugga stýringu raforkukerfisins verður það að geta gripið inn í ef eigandi virkis vanrækir skyldur sínar til viðhalds. Flutningsfyrirtækið á kröfu á hendur eiganda flutningsvirkis vegna slíks kostnaðar.

Í 3. mgr. er að finna reglugerðarheimild. Getur m.a. verið æskilegt að mæla fyrir um ákveðinn samstarfsvettvang eigenda flutningsvirkja til að tryggja nægilegt samráð og samvinnu þeirra á milli.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er að finna heimild til að undanskilja flutningskerfinu línur sem eru á hærri spennu en 30 kV. Rétt þykir að hafa ákveðinn sveigjanleika í ljósi þess að línur kunna að þjóna dreifingarhlutverki óháð spennu. Því er lagt til að flutningsvirki sem flytja raforku á 30 kV eða hærri spennu og eru alfarið innan dreifiveitusvæðis, þ.e. flytja ekki orku til annarra dreifiveitusvæða en þess sem þær liggja um, geti talist dreifilínur. Forsenda þess er þó að flutningsvirki tengist ekki virkjun sem er skylt að tengjast flutningskerfinu, en eins og nánar er rakið í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að allar virkjanir verða að tengjast flutningskerfinu.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að leggja línur milli einstakra virkjana og notenda. Viðkomandi lína telst þá ekki hluti af flutningskerfinu. Hún yrði ekki rekin af flutningsfyrirtækinu og yrði alfarið á ábyrgð eiganda línunnar. Dæmi um slíkt gæti t.d. verið ef sami aðili mundi reisa stóriðjuver og virkjun sem annaði raforkuþörf iðjuversins. Meginreglan er sú að flutningsvirki skuli tengjast flutningskerfinu og vera hluti af því. Telji flutningsfyrirtækið hins vegar að það geti ekki tengt notanda við flutningskerfið vegna sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins er heimilt að reisa slíkar beinar línur. Ljóslega verða bæði notandinn og virkjunaraðilinn að vera samþykkir því að reist sé bein lína. Eðlilegast er að aðilar sæki sameiginlega um leyfið en semji sín á milli um eignarhald og annað sem viðkemur flutningsvirkinu. Í 3. mgr. segir að eigi lína að flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri geti ráðherra bundið leyfi skv. 1. og 2. mgr. sömu skilyrðum og tilgreind eru í 2. mgr. 9. gr. Vísast til þess sem segir í athugasemdum við 2. mgr. 9. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er settur rammi sem ber að fara eftir við ákvörðun gjaldskrár fyrir þjónustu flutningsfyrirtækisins. Gjaldskráin verður að vera einföld, skilvirk, gagnsæ og takmarka verðsveiflur. Auk þess er mikilvægt að kostnaður vegna kerfisins sé sýnilegur notendum. Eiga sömu sjónarmið að gilda eftir því sem við á um gjaldskrá vegna dreifingar að breyttu breytanda, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig tekjumörk flutningsfyrirtækisins skuli ákvörðuð. Í 1. tölul. 2. mgr. er talinn upp kostnaður sem heimilt er að byggja á. Um er að ræða allan kostnað sem tengist flutningsstarfsemi og kerfisstjórnun. Í 2. tölul. 2. mgr. er fjallað um arðsemiskröfur. Ákveðin er hámarks- og lágmarksarðsemi auk þess sem tilgreint er hvaða arðsemiskröfu ber að miða við í upphafi. Fengið var álit Þjóðhagsstofnunar um þessi atriði, sbr. fylgiskjal VII. Var tekið mið af álitinu þegar arðsemismörkun voru ákveðin. Í 3. tölul. 2. mgr. kemur fram að gera skuli hagræðingarkröfu. Eðlilegt er að skipta hagræðingarkröfunni í tvennt, annars vegar í almenna hagræðingarkröfu sem gerð verður til allra fyrirtækja í sérleyfisstarfseminni og hins vegar í sérstaka kröfu sem gerð verður til hvers fyrirtækis fyrir sig og verður byggð á rekstri viðkomandi fyrirtækis. Lykiltölugreining getur verið skynsamleg í þessu sambandi. Eru þá skilgreind ákveðin samanburðarviðmið sem notuð eru til að greina árangur í rekstri. Ekki er í frumvarpinu unnt að tilgreina hagræðingarhlutföll enda verður að meta þau eftir ítarlegar athuganir á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækisins og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið. Í grannlöndunum er yfirleitt reynt að áætla eðlilega tekjuþörf fyrirtækja í flutningi og dreifingu út frá þeirri þjónustu sem þau veita. Slíkur tekjurammi er síðan leiðarljós um hagræðingarkröfu. Stefnt er að álíka fyrirkomulagi hérlendis. Hagræðing í rekstri ár hvert á að skila sér til notenda kerfisins í raunlækkun gjaldskrár. Ef fyrirtækið nær ekki þeirri hagræðingu sem miðað er við minnkar arðsemin og því er öfugt farið ef því tekst að hagræða meira en miðað er við. Með þessu móti er innbyggður hvati til hagræðingar. Í 4. tölul. kemur fram að Orkustofnun metur árlega hvort gjaldskráin sé í samræmi við settar kröfur. Í því sambandi er litið til síðustu þriggja ára við mat á því hvort arðsemin séu innan settra marka. Ef arðsemin er utan þessara marka þegar litið er á tímabilið í heild verður að taka tillit til þess við mat á gjaldskrá fyrirtækisins fyrir næsta ár.

Í 1. tölul. 3. mgr. kemur fram að gjaldskráin skuli vera punktgjaldskrá, þ.e. taka skuli gjald fyrir mötun og úttekt úr kerfinu. Í frumvarpinu er flutningskerfinu skipt í tvo hluta og gilda ólík sjónarmið við ákvörðun gjalds vegna úttekta í hvorum hluta. Flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu hefur verið byggt upp til að tryggja öruggan flutning raforku til allra landsmanna og til að anna orkuþörf stóriðjufyrirtækja. Það tryggir öruggan rekstur alls kerfisins og allir aðilar njóta góðs af rekstri þess, t.d. við truflanir. Því er eðlilegt að allir landsmenn taki þátt í kostnaði vegna þess og áframhaldandi uppbyggingu til að auka flutninga um það. Kerfi Landsvirkjunar auk tengilína að helstu virkjunum annarra orkufyrirtækja er í frumvarpinu nefnt „meginflutningskerfið“. Þar skal að meginstofni til gilda samræmd gjaldskrá. Þó skal taka tillit til afhendingaröryggis. Með samræmdri gjaldskrá er ekki átt við að allir greiði sama gjald á orkueiningu þar sem það getur t.d. verið háð dreifingu notkunar. Í öðrum hlutum flutningskerfisins verður að reikna gjald fyrir úttekt með tilliti til kostnaðar af viðkomandi flutningsvirkjum, þ.e. stofn- og rekstrarkostnaðar og afhendingaröryggis, auk kostnaðar við meginflutningskerfið óháð því hvort raforka er flutt um meginflutningskerfið eða ekki. Tengingin við meginflutningskerfið veitir öryggi og notendum val við kaup á orku sem eðlilegt er að greitt sé gjald fyrir óháð notkun. Þetta þýðir að reikna verður eðlilegt gjald í hverjum úttektarpunkti. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir mötun í flutn-

ingskerfinu, þ.e. óháð því hvar virkjun er. Þó á að taka tillit til afhendingaröryggis, sbr. það sem áður segir.

Í 2. tölul. 3. mgr. segir að taka megi tillit til þess ef einstakir notendur leiða eða hafa leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Tilkoma stórra notenda getur kallað á nýjar flutningslínur sem fullnýtast strax og þær koma í notkun sem er mun hagkvæmara en þegar það tekur t.d. áratug að fullnýta nýja línu. Ákvæðið tekur til notenda hvort sem þeir tengjast kerfinu fyrir eða eftir gildistöku laganna. Það er sölufyrirtækisins eða viðkomandi notanda að sýna flutningsfyrirtækinu fram á að tenging notandans við kerfið leiði til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Bera verður saman kerfið með og án notandans. Slíkur samanburður er erfiðari vegna þeirra sem þegar hafa tengst kerfinu og getur í sumum tilvikum þurft að meta að álitum þá hagkvæmni sem hlýst af því að viðkomandi aðili notar kerfið. Orkustofnun hefur eftirlit með því mati sem fer fram. Í flestum tilvikum eiga notendur að falla undir almenna gjaldskrá. Ákvæðinu verður því aðeins beitt í undantekningartilfellum. Ákvæðið tekur ekki til dreifiveitna.

Í 4. mgr. er kveðið á um að nýir viðskiptavinir, þ.e. bæði vinnslur og notendur, þurfi að greiða kostnað vegna tengingar við kerfið ef tekjur vegna tengingarinnar standa ekki undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði. Við mat á því hvað skuli teljast eðlilegur stofn- og rekstrarkostnaður verður að byggja á sömu sjónarmiðum og í 1. tölul. 2. mgr. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um dreifingu raforku. Mælt er fyrir um leyfisveitingu, skilyrði hennar, efni leyfis og skyldur dreifiveitna.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um að leyfi ráðherra þurfi til að reisa og reka dreifikerfi innan dreifiveitusvæðis og til að hætta slíkum rekstri. Gæta verður jafnræðis við úthlutun leyfa og er rétt að auglýsa leyfi til umsóknar opinberlega ef um nýtt dreifikerfi er að ræða. Við veitingu leyfis þar sem dreifikerfi er þegar til nýtur sá forgangs sem ræður yfir dreifikerfinu.

Leyfi til dreifingar lýtur að dreifiveitusvæði í heild. Af þeim sökum þarf ekki að sækja um leyfi fyrir hverri línu eða virki innan dreifiveitusvæðisins. Ákvæði um að leita þurfi leyfis til að hætta rekstri er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna af öryggi afhendingar. Leyfishafi verður þó ekki þvingaður til að halda rekstri sínum áfram nema um takmarkaðan tíma. Gefur slíkur tími svigrúm til að veita öðrum aðila leyfi. Eins og fram kemur í kafla 6.4.5. í almennum athugasemdum við frumvarpið er horfið frá forgangi sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins við veitingu leyfa. Í bráðabirgðaákvæði III í frumvarpinu kemur fram að þeir sem í dag hafa rétt til að reisa eða reka dreifikerfi haldi honum enda uppfylli þeir skilyrði laganna. Sækja þarf um leyfi samkvæmt frumvarpinu ef annar lögaðili en sá sem nú annast dreifingu á að taka við henni. Á það t.d. við um fyrirtæki sem stofnuð verða eftir gildistöku laganna vegna skilyrða um sjálfstæðan lög- og skattaðila.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að dreifiveita skuli vera sjálfstæður lög- og skattaðili. Um það skilyrði vísast til þess sem segir um 5. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. eru talin skilyrði sem sérstaklega snerta umsækjanda. Lúta þau að atriðum sem skulu tryggja að viðkomandi fyrirtæki geti rækt hlutverk sitt og skyldur og tryggt sé öryggi og skilvirkni kerfisins. Meginreglan er að dreifiveita skuli tengjast flutningskerfinu. Það er þó ekki einhlítt þar sem frá því má víkja

þegar sérstakar aðstæður gera það nauðsynlegt. Sem dæmi má nefna lítil einangruð svæði, svo sem Inndjúp Vestfjarða eða Grímsey. Sé um nýtt dreifikerfi að ræða verður umsækjandi að sýna fram á að unnt sé að tengja dreifikerfið flutningskerfinu.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um efni sérleyfis. Talningin er ekki tæmandi.

Samkvæmt 1. tölul. á að afmarka í leyfinu svæðið sem sérleyfi til dreifingar nær til. Í 2. tölul. er gert ráð fyrir að mælt sé fyrir um upplýsingaskyldu dreifiveitu til Orkustofnunar, Löggildingarstofu og flutningsfyrirtækisins í sérleyfi. Stofnanirnar geta farið fram á upplýsingar frá dreifiveitum á grundvelli 25. og 28. gr. Útfærsla á upplýsingaskyldu í leyfi takmarkar ekki rétt stofnananna til að óska upplýsinga á grundvelli þessara ákvæða. Í 3. tölul. kemur fram að mæla eigi fyrir um öryggis- og umhverfisráðstafanir á framkvæmda- og rekstrartíma í leyfi. Kann m.a. að þurfa að mæla fyrir um hvernig að frágangi mannvirkja skuli staðið. Í 4. tölul. segir að setja skuli skilyrði í leyfi er lúta að tæknilegri og fjárhagslegri getu leyfishafa. Við það ber að miða að tryggt sé að leyfishafi hafi burði til að reisa og reka viðkomandi dreifikerfi. Í 6. tölul. segir að fram skuli koma hvernig skuli ráðstafa mannvirkjum og búnaði að rekstrartíma loknum. M.a. er haft í huga að af umhverfis- eða öryggisástæðum getur verið eðlilegt að mannvirki, þ.m.t. leiðslur, hvort sem er ofan- eða neðanjarðar, verði fjarlægð þegar þau eru ekki lengur í notkun.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Hlutverk þeirra er að dreifa raforku frá flutningskerfi til notenda á öruggan og hagkvæman hátt og annast kerfisstjórnun á viðkomandi dreifiveitusvæði. Þær bera ábyrgð á viðhaldi, endurbótum og uppbyggingu dreifikerfisins.

Frumvarpið byggist á því að dreifiveitur séu reknar á einkaréttarlegum grundvelli. Aftur á móti munu mjög ítarlegar reglur gilda um starfsemi þeirra til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa að framleiðslu og sölu hins vegar. Þótt starfsemi dreifiveitna teljist ekki til opinberrar stjórnsýslu er engu að síður mælt svo fyrir í 1. tölul. 3. mgr. að ákvörðun þess um að synja nýjum aðilum um aðgang að dreifikerfi skuli vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma. Hver sá sem telur dreifiveitu brjóta á rétti sínum með ákvörðunum, framkvæmdum eða athafnaleysi getur borið málið undir Orkustofnun. Að undangengnum lögmæltum undirbúningi og rannsókn máls tekur Orkustofnun stjórnvaldsákvörðun um hvort sú starfsemi dreifiveitunnar, sem málið lýtur að, sé í samræmi við lögin, reglugerðir settar samkvæmt þeim eða skilyrði leyfis. Ef starfsemi dreifiveitu er ekki í samræmi við framangreindar heimildir getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum, sbr. 26. gr. Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar í málum er varða dreifiveitu eru kæranlegar til úrskurðarnefndar raforkumála skv. 30. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi dreifiveitna. Ber dreifiveitu í bókhaldi sínu að halda reikningum vegna dreifingar aðskildum frá reikningum vegna annarra rekstrarþátta. Af 7. gr. frumvarpsins leiðir að stundi fyrirtæki einnig vinnslu og sölu verður fyrirtækið að halda sérstaka reikninga í bókhaldi sínu vegna hvors þessara þátta. Nái sérleyfi fyrirtækisins yfir fleiri gjaldskrársvæði verður að halda reikningum vegna hvers svæðis aðskildum í bókhaldi. Þá segir einnig í 2. mgr. að eigi fyrirtækið flutningsvirki verði það einnig að halda reikningum vegna þeirra aðskildum frá annarri starfsemi í bókhaldi sínu. Eins og ráða má af 7. og 19. gr. frumvarpsins og eins og fram kemur í kafla 6.2 í almennum athugasemdum við frumvarpið eru gerðar kröfur um aðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og

sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu til að tryggja að mismunun og niðurgreiðslur eigi sér ekki stað og samkeppni verði ekki hindruð. Því þykir nauðsynlegt að árétta sérstaklega í 2. mgr. að óheimilt sé að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi með sérleyfisstarfsemi eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Kröfur um reikningslegan aðskilnað í bókhaldi í 2. mgr. leiðir þó einnig af gjaldskrárreglum 17. gr. frumvarpsins. Um aðskilnaðarkröfur frumvarpsins vísast nánar til 41. gr., bráðabirgðaákvæðis V og kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Í 3. mgr. eru starfsskyldur dreifiveitu taldar. Gert er ráð fyrir að þær verði frekar útfærðar í reglugerð. Skyldurnar geta lotið að öllu því sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan, skilvirkan og hagkvæman rekstur kerfisins. Skv. 1. tölul. 3. mgr. verða dreifiveitur að tengja alla sem eftir því sækjast við kerfið, enda séu tæknileg skilyrði uppfyllt og kostnaður vegna tengingar greiddur. Í undantekningartilfellum er heimilt að synja nýjum aðilum um tengingu við dreifikerfið. Skv. 2. tölul. 3. mgr. verða dreifiveitur að tryggja áreiðanleika í rekstri kerfisins. Þær verða m.a. að tryggja að þær geti afhent rafmagn þótt einstaka línur detti út, svo sem með því að reka varaaflstöðvar. Slíkar stöðvar má aðeins reka í þeim tilgangi en ekki til að stunda viðskipti með raforku. Flutningsfyrirtækið getur samið við dreifiveitur um afnot af varaaflstöðvunum við truflanir í flutningskerfinu. Á sama hátt og flutningsfyrirtækið þarf að afla orku vegna tapa í flutningskerfinu þurfa dreifiveitur að afla orku vegna tapa í dreifikerfinu, sbr. 3. tölul. 3. mgr. Miðað er við að tekið verði tillit til þessa í gjaldskrá. Einnig þurfa þær að afla launafls til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði, sbr. 4. tölul. 3. mgr., hvort sem það fæst frá flutningskerfinu eða með öðrum hætti. Kostnaður vegna þessa endurspeglast í gjaldskrá. Skv. 5. tölul. 3. mgr. eiga dreifiveitur að sjá um að mæla þá raforku sem þær afhenda eða taka við. Er því miðað við að mælar verði á ábyrgð dreifiveitna og að þær annist mælingu sjálfar eða feli það öðrum. Álitamál getur verið í hverra eigu mælarnir eiga að vera en nú eru þeir almennt í eigu dreifiveitnanna sem einnig eru söluaðilar. Ekki er kveðið á um eignarhald í frumvarpinu. Eignarhaldið má þó ekki leiða til þess að notendur verði að greiða kostnað vegna eigendaskipta þar sem slíkt getur komið í veg fyrir að notendur skipti um söluaðila og þar með hamlað virkri samkeppni. Í 6. tölul. 3. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu dreifiveitna. Er ákvæðið bundið við upplýsingar sem eru nauðsynlegar við mat á því hvort fyrirtækið sinni skyldum sínum og vegna þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir. Í 7. tölul. 3. mgr. er fjallað um skyldu dreifiveitna til að gæta jafnræðis og trúnaðar. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um trúnaðarskylduna og tekið mið af alþjóðlegum stöðlum í því sambandi.

Samkvæmt 4. mgr. er dreifiveitum heimilt að krefjast þess að notkun vegna einstakra notenda sé aflmæld með samfelldri aflmælingu. Allir stærri notendur yrðu aflmældir en fyrir smáa notendur svarar slíkt ekki kostnaði og eru þá notaðir notkunarferlar til að dreifa notkuninni innan ársins. Ef dreifiveitan hefur grun um að verið sé að misnota slíkt getur hún krafist aflmælingar en einnig ef notkunin fer yfir mörk sem tilgreind yrðu í reglugerð. Notendur og sölufyrirtæki geta ætíð farið fram á aflmælingu enda greiða þau kostnaðinn af henni.

Um skýringu á 5. mgr. vísast til 8. mgr. 9. gr.

Í 6. mgr. kemur fram að ráðherra skuli setja reglugerð um hlutverk og starfsemi dreifiveitna. Í reglugerðinni verður mælt fyrir um réttindi og skyldur dreifiveitna sem leiðir af frumvarpinu. Getur þar m.a. þurft að mæla nánar fyrir um hvernig skuli staðið að tengingu, mælingar, kerfisstjórnunarhlutverk dreifiveitna, trúnaðarskyldu, skömmtun o.fl.

Um 17. gr.

Um 1. og 2. mgr. vísast til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins. Við mat á því hvað skuli teljast til kerfisstjórnunar dreifiveitu má hafa hliðsjón af 3. mgr. 9. gr. Í 3. mgr. kemur fram að ráðherra skuli tilgreina gjaldskrársvæði í reglugerð. Við ákvörðun gjaldskrársvæða verður höfð hliðsjón af markmiðum frumvarpsins, skipan byggða, svo sem hvort um dreifbýli eða þéttbýli er að ræða svo og staðsetningu byggða gagnvart raforkukerfinu. Skipan byggða getur breyst og af þeim sökum og til að ná fram markmiðum frumvarpsins getur verið nauðsynlegt að breyta gjaldskrársvæðum eftir að þau hafa verið ákveðin.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um raforkuviðskipti. Kveðið er á um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og raforkusölusamninga.

Um 18. gr.

Ráðherra veitir leyfi til raforkuviðskipta. Raforka er afar mikilvægur þáttur í allri starfsemi í þjóðfélaginu og geta legið mikil verðmæti í einstökum viðskiptum. Því þykir nauðsynlegt að setja almenn hæfisskilyrði og tryggja sýn yfir þá sem stunda raforkuviðskipti. Verður umsækjandi að sýna fram á að hann hafi fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Er þar einkum átt við gerða orkusölusamninga. Getur hann þurft að leggja fram tryggingu eða sýna fram á tiltekna eiginfjárstöðu.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar ákveðnar skyldur á sölufyrirtæki. Þeim ber samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. að útvega þá raforku sem nauðsynleg er til að þau geti staðið við gerða orkusölusamninga. Að öðrum kosti verður flutningsfyrirtækið sem stjórnandi raforkukerfisins að grípa inn í og kaupa raforku. Viðkomandi sölufyrirtæki ber skv. 3. tölul. 1. mgr. að greiða flutningsfyrirtækinu fyrir orkuna á því verði sem flutningsfyrirtækið þurfti að greiða. Eðlilegt er að flutningsfyrirtækið innheimti þóknun vegna umsýslu sem leggst einnig á viðkomandi sölufyrirtæki. Ef aftur á móti notkun er minni en umsamin kaup þarf flutningsfyrirtækið að sjá til þess að dregið sé úr vinnslu í samræmi við samninga sem flutningsfyrirtækið gerir um það og ber sölufyrirtækið kostnaðinn af því. Ábyrgð sölufyrirtækja á kostnaði vegna frávika á að vera með þeim hætti að ekki sé hvati til of- eða vanáætlunar á notkun. Í 4. tölul. 1. mgr. er mælt fyrir um upplýsingaskyldu fyrirtækisins til Orkustofnunar og flutningsfyrirtækis um raforkuviðskipti. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. eiga sölufyrirtæki að upplýsa dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka aðila. Um er að ræða nauðsynlegar upplýsingar vegna tengiskyldu dreifiveitna. Þá verða dreifiveitur enn fremur að hafa upplýsingar um raforkunotkun. Þær upplýsingar hafa dreifiveiturnar undir höndum þar sem þær skulu bera ábyrgð á mælingum. Takmarka verður upplýsingaskyldu sölufyrirtækja gagnvart dreifiveitum eins og kostur er vegna samkeppnissjónarmiða þar sem dreifiveitur geta haft með höndum sölustarfsemi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um aðskilnað reikninga í bókhaldi sölufyrirtækja. Ber að halda reikningum vegna sölustarfsemi aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í þeim tilgangi að sala verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi í sambærilegri stöðu. Um aðskilnað vísast nánar til þess sem segir í 41. gr. frumvarpsins, bráðabirgðaákvæði V og í kafla 6.2 í almennum athugasemdum.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um orkusölusamninga. Raforka er sérstök söluvara þar sem afhending hennar fer fram í órofinni starfsemi. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um lausafjárkaup kemur fram að raforka falli ekki undir gildissvið þeirra laga. Um viðskipti með raforku fer því samkvæmt samningalögum og almennum reglum kröfuréttar nema öðruvísi sé mælt í lögum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að gera skuli skriflega samninga. Er það nauðsynlegt m.a. vegna þess að dreifiveitur, flutningsfyrirtækið og Orkustofnun verða að hafa sannanlegar upplýsingar um sölusamninga. Þá stuðla skriflegir samningar að því að neytendur verða betur upplýstir um efni samningsins. Rafrænir samningar geta einnig talist skriflegir samningar sbr. lög um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001, enda séu skilyrði þeirra laga uppfyllt við gerð slíkra samninga. Í 2. mgr. er mælt fyrir um ákveðin vanefndaúrræði. Þau útiloka ekki önnur úrræði samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku til notanda sem ekki stendur í skilum. Tekur það bæði til vanskila gagnvart seljanda og dreifiveitu greiði notandi til hennar. Innheimti seljandi gjald dreifiveitu og seljandi stendur ekki í skilum við dreifiveitu verður hins vegar ekki lokað fyrir afhendingu til notanda sem hefur greitt það sem honum ber. Standi sölufyrirtæki ekki við gerða samninga getur notandi kvartað til Orkustofnunar. Orkustofnun rannsakar þá málið og telji hún að seljandi brjóti gegn skyldum sínum tilkynnir hún það iðnaðarráðuneytinu. Getur iðnaðarráðherra svipt seljanda leyfi til sölustarfsemi hafi hann ekki uppfyllt skyldur sínar, sbr. 36. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er ákveðinn hámarksuppsagnarfrestur sem heimilt er að semja um í viðskiptum við notendur. Þykir hann hæfilegur þrír mánuðir. Er með ákvæðinu leitast við að tryggja að langtímasamningar hamli ekki samkeppni. Þá verður uppsagnarfrestur að vera nægilega langur til að sölufyrirtæki nái að skipuleggja starfsemi sína. Ástæða þykir til að heimila að samið sé um lengri uppsagnarfrest þegar um er að ræða stærri notendur. Mörkin miðast við 1 GWst. Slíkir notendur eru orðnir svo stórir að meira jafnræði er milli samningsaðila. Um ýmis framkvæmdaatriði varðandi viðskipti með raforku verður að mæla reglugerð. Á það t.d. við um hvernig skuli staðið að mælingum þegar skipt er um raforkusala og uppgjöri fyrir slík skipti. Um viðskiptaferla vegna raforkuviðskipta vísast til þess sem segir í kafla 6.4.6. í almennum athugasemdum.

Um VI. kafla.

Í kaflanum eru ákvæði um skyldur landeigenda og eignarnáms- og bótaákvæði.

Um 21. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 26. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, sem aftur byggðist á 18. gr. þágildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. þágildandi námulaga, nr. 24/1973, að breyttu breytanda.

Um 22. gr.

Greinin á sér hliðstæðu í 28. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Um 23. gr.

Í greininni eru talin þau tilvik þar sem ráðherra er heimilt að framkvæma eignarnám. Getur ráðherra framkvæmt eignarnám vegna virkjunarframkvæmda eða lagningar dreifi- eða flutningslína og byggingar mannvirkja sem þeim tengjast. Eignarnámið getur náð til orkulinda

ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og annarra réttinda landeiganda. Ráðherra afhendir viðkomandi fyrirtæki hin eignarnumdu verðmæti sem ber allan kostnað af eignarnáminu. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið fyrirtæki að framkvæma eignarnámið.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 2. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í 3. mgr. er eðlileg sanngirnisregla vegna hagsmuna landeiganda og á hún sér hliðstæður í 4. mgr. 29. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

Í 4. mgr. er að finna eignarnámsheimild ráðherra sem nær til flutningskerfisins og dreifikerfa. Heimildin er nauðsynleg til að eigendur þeirra geti ekki í krafti eignarréttar síns hindrað flutning eða dreifingu raforku. Mjög óhagkvæmt er að reisa nýtt dreifikerfi ef slíkt er þegar til staðar.

Um VII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um opinbert eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum þessum. Eins og nánar kemur fram í einstökum greinum er eftirlitið í höndum þriggja stofnana, þ.e. Orkustofnunar, Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk Orkustofnunar sem felst í eftirliti með því að farið sé að ákvæðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum heimildum sem um starfsemina gilda, svo sem leyfum og samningum. Á þetta bæði við um starfsemi á samkeppnis- og sérleyfissviði. Þó fer Löggildingarstofa með eftirlit með gæðum og afhendingaröryggi skv. 28. gr.

Hvað flutningsfyrirtækið varðar ber Orkustofnun t.d. að hafa eftirlit með því að fyrirtækið byggi flutningskerfið upp og viðhaldi því með tilliti til öryggis, hagkvæmni og skilvirkni kerfisins. Í því sambandi getur Orkustofnun þurft að meta hvort byggja eigi línur eða ekki. Þá verður Orkustofnun að fylgjast með því að flutningsfyrirtækið sinni kerfisstjórnunarhlutverki sínu. Sama á við um dreifiveitur. Orkustofnun verður einnig að meta og samþykkja gjaldskrár flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna, sbr. 12. og 17. gr. frumvarpsins. Í eftirlit með gjaldskrá fléttast óhjákvæmilega ákveðið tæknilegt mat, svo sem á gæðum raforku og nauðsyn viðhalds, endurbyggingar eða nýbyggingar. Við það er miðað að þar sem slíkt er hagkvæmt verði faggiltum skoðunarstofum falið að framkvæma eftirlitið á vegum Orkustofnunar og getur ráðherra sett reglur um hvernig slíku eftirliti skuli háttað. Ber orkufyrirtækjum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Um 25. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlitsheimildir Orkustofnunar. Í frumvarpinu er við það miðað að eftirlit byggist eins og kostur er á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Ekki verður þó hjá ákveðnu beinu eftirliti komist. Á það einkum við gjaldskráreftirlit. Samkvæmt 12. og 17. gr. er flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum skylt að senda Orkustofnun upplýsingar um gjaldskrá með ákveðnum fyrirvara. Í þessari grein er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti enn fremur óskað eftir gögnum frá eftirlitsskyldum aðilum. Slík gagnasöfnun getur verið liður í eftirliti með innra eftirliti fyrirtækjanna eða þáttur í sérstakri könnun. Sérstakar kannanir getur Orkustofnun framkvæmt að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga

annarra. Orkustofnun fær ríkar rannsóknarheimildir verði frumvarpið að lögum. Við það ber að miða að Orkustofnun beiti eins hóflegum aðferðum og kostur er við eftirlit sitt. Hins vegar verður stofnunin að geta gripið til vettvangskannana ef sérstakar ástæður krefjast þess, svo sem ef ætla má að upplýsingum sé haldið frá stofnuninni. Þá getur verið nauðsynlegt að framkvæma vettvangskannanir við eftirlit með því að skilyrðum, t.d. í virkjanaleyfi, sé fylgt við uppbyggingu og rekstur virkjana. Getur Orkustofnun eins og greinir í 24. gr. falið faggiltri skoðunarstofu framkvæmd eftirlits á sínum vegum. Ber eftirlitsskyldum aðilum að greiða fyrir kostnað vegna eftirlitsins enda sé ekki um úrtakseftirlit að ræða, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um úrræði Orkustofnunar í eftirlitsstarfsemi sinni. Stofnunin getur lagt á dagsektir ef ekki er farið að tilmælum hennar. Þá getur Orkustofnun komið í veg fyrir gildistöku gjaldskrár. Ber fyrirtækjum að tilkynna stofnuninni um gjaldskrárbreytingar með tveggja mánaða fyrirvara. Á þeim tíma fer Orkustofnun yfir gjaldskrána og telji hún hana ekki samræmast þeim reglum sem um gjaldskrána gilda hafnar hún gildistöku hennar. Þá er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti einnig gert fyrirtækjum að breyta gjaldskrá sem tekið hefur gildi. Íhlutun Orkustofnunar getur þannig verið fyrir fram eða eftir á.

Um 27. gr.

Í greininni kemur fram að samkeppnislög gilda um starfsemi sem lög þessi taka til. Þar er áréttað að samkeppnisyfirvöld annast eftirlit með samkeppni á raforkumarkaði í samræmi við markmið og ákvæði samkeppnislaga. Til að taka af tvímæli er mælt fyrir um heimildir samkeppnisráðs til að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar til að tryggja að sala og vinnsla á raforku verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi, svo sem dreifingu og flutningi raforku, eða starfsemi sem er í sambærilegri stöðu. Samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, þurfa hitaveitur ekki sérleyfi til starfsemi sinnar. Telja verður að hitaveita sem á og rekur dreifikerfi og hefur ekki sérleyfi sé í sambærilegri stöðu og hitaveita sem hefur sérleyfi, m.a. vegna þess að kostnaður við uppbyggingu kerfisins er mjög hár.

Um 28. gr.

Í greininni er Löggildingarstofu falið tæknilegt eftirlit með orkufyrirtækjum, þ.e. gæðum raforku og afhendingaröryggi. Á eftirlitið fyrst og fremst að byggjast á innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfra. Gert er ráð fyrir að Löggildingarstofa geti falið faggiltum skoðunarstofum að framkvæma eftirlitið. Eru þá fyrst og fremst hafðar í huga árlegar úttektir til að kanna hvort rétt sé að innra eftirlitinu staðið. Faggiltar rafskoðunarstofur annast slíkt eftirlit nú á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Ætti að vera unnt að sameina þessar skoðanir að miklu leyti og þar með koma í veg fyrir að fjöldi eftirlitsheimsókna aukist. Ber orkufyrirtækjunum að greiða fyrir þjónustu faggiltra skoðunarstofa, sbr. 31. gr.

Löggildingarstofa getur framkvæmt eða látið framkvæma skoðanir í fyrirtækjum að eigin frumkvæði eða vegna kvartana eða ábendinga. Slíkar skoðanir ber eingöngu að framkvæma þegar rökstuddur grunur er fyrir hendi. Komist Löggildingarstofa að því að einhverju sé áfátt getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Lagt er til að sérstök úrskurðarnefnd, úrskurðarnefnd raforkumála, fjalli um stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar og Löggildingarstofu er lúta að starfsemi og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna. Um skýringu á því í hverju slíkar ákvarðanir geta falist vísast til athugasemda við 24. gr. Úrskurðarnefndin á einnig að hafa það hlutverk að skera úr um hvert skuli vera endurgjald vegna afnota flutningsfyrirtækisins af flutningsvirkjum í eigu annarra. Þær stjórnvaldsákvarðanir sem sæta kæru til úrskurðarnefndarinnar varða rekstur og starfsemi fyrirtækja sem ríkið á stóra eignarhluti í og iðnaðarráðherra fer með. Sjálfstæð úrskurðarnefnd er því æskileg til að tryggja sem best að hlutleysi úrskurðaraðila verði ekki dregið í efa. Lagt er til að formaður og varamaður hans fullnægi skilyrðum hæstaréttardómara. Ekki er kveðið á um hæfisskilyrði annarra en eðlilegt er að um aðila sé að ræða, hagfræðing og verkfræðing eða menn með sambærilega menntun, sem hafa sérþekkingu á starfsemi fyrirtækja sem nefndin fjallar um. Um hæfi þeirra fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum. Í greininni er mælt fyrir um málsmeðferðarreglur en jafnframt gert ráð fyrir því að frekari reglur kunni að þurfa að setja.

Um 31. gr.

Lagt er til að innheimt verði gjald til að standa undir eftirlitskostnaði samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. kostnaði vegna úrskurðarnefndar raforkumála. Meginþungi eftirlitsins mun vera með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum. Til að tryggja jafna og eðlilega dreifingu gjaldsins er mælt fyrir um að það verði lagt á flutningsfyrirtækið við mötun inn á flutningskerfið og á dreifiveitur við úttekt af flutningskerfinu til dreifiveitna. Hlutfallstölurnar taka mið af því að árleg orkunotkun til almennra nota sé 2.700 GWst og samtals sé orkunotkun um 8.000 Gwst á ári. Miðað við að lagt verði gjald á flutningsfyrirtækið sem nemur 0,50 aurum á kWst vegna orku sem mötuð er inn á flutningskerfið ber flutningsfyrirtækið því um 40 millj. kr. á ári. Miðað við að lagt sé gjald á dreifiveitur sem nemur 1,1 eyri á kWst vegna raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu bera dreifiveitur um 30 millj. kr. á ári.

Í 3. mgr. segir að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða fyrir kostnað vegna eftirlits faggiltra skoðunarstofa. Er þá einkum haft í huga reglubundið eftirlit eða sérstakt eftirlit sem af einhverjum ástæðum er nauðsynlegt að hafa með ákveðnum aðilum, svo sem vegna framkvæmda á grundvelli leyfis. Sérstaklega er tekið fram að eftirlitsskyldum aðilum beri ekki að greiða kostnað vegna úrtakseftirlits.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum eru almenn ákvæði um leyfisveitingar, svo sem um framsal leyfa, gjaldtöku, málsmeðferð o.fl.

Um 32. gr.

Lagt er til að ráðherra geti framselt vald sitt til útgáfu leyfa til Orkustofnunar. Þar sem leyfi eiga að byggjast á hlutlægum, gagnsæjum viðmiðum og tæknilegri þekkingu getur verið hagkvæmt og eðlilegt að framselja vald ráðherra til fagstofnunar ráðuneytisins. Ef framsalsheimildinni er beitt er unnt að kæra ákvarðanir er lúta að leyfum til iðnaðarráðuneytisins.

Um 33. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um heimild leyfisveitanda til gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa. Almennt má gera ráð fyrir að því umfangsmeiri sem starfsemi er þeim mun meiri sé kostnaður við undirbúning að útgáfu leyfa. Byggist gjaldtökuákvæðið á þeim sjónarmiðum.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til málsmeðferðarreglur sem eiga að tryggja faglega, hlutlæga og gagnsæja meðferð máls. Viðkomandi leyfi snerta ríka almannahagsmuni og því er eðlilegt að kynna umsókn almenningi. Mælt er fyrir um ákveðinn frest umsagnaraðila til að skila inn umsögnum sínum. Á með því að hraða málsmeðferð. Þegar ráðherra hefur fengið öll gögn í hendur vegna málsins ber honum að taka ákvörðun eins fljótt og kostur er.

Um 35. gr.

Samkvæmt frumvarpinu verður umsækjandi um leyfi að uppfylla bæði almenn og sérstök skilyrði. Af þeim sökum er eðlilegt að ráðherra meti hvort framselja megi leyfi.

Um 36. gr.

Í greininni er mælt fyrir um úrræði ráðherra vegna vanefnda leyfishafa. Getur ráðherra breytt eða afturkallað leyfi. Áður en að þessum úrræðum kemur hefur Orkustofnun eða Löggildingarstofa að jafnaði beitt öðrum vægari úrræðum til að reyna að knýja á um að leyfishafi uppfylli skyldur sínar. Tekið er fram að í vissum tilvikum megi svipta leyfishafa leyfi án aðvörunar, þar á meðal ef um er að ræða aðstæður þar sem leyfishafi getur ekki uppfyllt skyldur sínar. Gjaldþrotaskipti leyfishafa eru dæmi um aðstæður sem almennt ættu að leiða til þess að leyfi verði afturkallað.

Um IX. kafla.

Í kaflanum eru ýmis ákvæði, svo sem um yfirstjórn, framkvæmdir á landsvæðum í ríkiseign, raforkuskýrslu, veitingu rannsóknarleyfa o.fl.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í 31. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í flestum tilvikum fer landbúnaðarráðuneytið með málefni jarða í ríkiseign, sbr. ákvæði jarðalaga. Um leyfi til framkvæmda og um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Um 39. gr.

Raforka er afar mikilvæg í allri starfsemi í landinu. Nauðsynlegt er að raforkumálum sé þannig háttað að framboð sé nægt og afhending raforku sé tryggð. Upplýsingagjöf um ástand raforkumarkaðarins er mikilvæg í því sambandi og þykir rétt að ráðherra upplýsi Alþingi reglulega um þróun mála.

Um 40. gr.

Í greininni er kveðið á um að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, taki til rannsókna á orkulindum til raforkuvinnslu. Oft getur málum verið svo háttað að ekki er vitað hvort rannsóknir leiði til raforkuvinnslu eða framleiðslu á heitu vatni. Þá getur verið stefnt að hvoru tveggja. Því er mikilvægt að samræmi sé við útgáfu leyfa til rannsókna óháð því til hvers þær eru stundaðar.

Um 41. gr.

Í þessari grein er fjallað um það með hvaða hætti fyrirtæki sem falla undir ákvæði laga þessara skuli semja ársreikninga sína. Í 1. mgr. kemur fram að lög um ársreikninga gildi um fyrirtækin. Til viðbótar þeim almennu reglum, sem mælt er fyrir um í þeim lögum, er í 2.–6. mgr. mælt fyrir um frekari kröfur sem ársreikningar orkufyrirtækja verða að uppfylla. Markmið greinarinnar er að tryggja gagnsæi þannig að samkeppnisstarfsemi verði ekki niðurgreidd af sérleyfisstarfsemi eða starfsemi í sambærilegri stöðu. Reglur greinarinnar eiga að tryggja að sömu markmiðum verði náð eins og ef mælt hefði verið fyrir um fyrirtækjaaðskilnað.

Í 7., 8., 16. og 19. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um þá skyldu fyrirtækja sem starfa samkvæmt lögum þessum að halda reikningum í bókhaldi vegna tilgreindrar starfsemi aðskildum. Til að ná fram markmiðum bókhaldslegs aðskilnaðar er í 2. mgr. þessarar greinar mælt fyrir um að mismunandi starfsemi fyrirtækjanna skuli sérgreind í ársreikningi þannig að fram komi sundurliðaðar upplýsingar um hverja starfsemi fyrir sig. Er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um ársreikninginn verði í reglugerð. Í kafla 6.2 í almennum athugasemdum er dæmi um hvernig ársreikningur gæti litið út.

Í 3. mgr. eru settar reglur sem eiga að gilda við skiptingu á sameiginlegum eignum, skuldum, gjöldum og tekjum. Meginregla greinarinnar er sú að skipta beri þessum þáttum þar sem því verði við komið. Þar sem því verður ekki við komið ber að beita þeim skiptireglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Þær reglur kunna að eiga illa við í einstökum tilvikum og er því í 5. mgr. mælt fyrir um að Orkustofnun geti veitt undanþágu frá þeim.

Í 4. mgr. segir hvernig staðið skuli að bókhaldslegum aðskilnaði þegar um er að ræða jarðvarmaorkuver sem vinnur raforku og aðra orku, svo sem heitt vatn eða gufu. Erfitt er að skipta einstökum þáttum efnahags- og rekstrarreiknings í jarðvarmaorkuveri milli framleiðslu á raforku og annarri orku. Því þarf að setja reglur um hvernig skipta beri þessum sameiginlegu þáttum milli starfseminnar. Hér er lagt til að skipt verði í hlutfalli við verðmæti þeirrar orku sem afhent er. Í því sambandi skal verðmæti raforku ákveðið sem meðalverð raforku við stöðvarvegg í viðskiptum til almennra nota hérlendis. Þó er nauðsynlegt að aðgreina þá raforku sem fer til stóriðjunota samkvæmt langtímasamningum frá annarri raforkusölu enda ræðst verð á raforku í slíkum samningum af öðrum sjónarmiðum en á almennum markaði. Þá er lagt til að önnur orkuafhending verði verðlögð með óbeinum hætti. Til að unnt sé að beita þeirri aðferð þarf fyrst að ákvarða arð af þeim heildarfjármunum sem bundnir eru í orkuverinu enda skal arður af fastafjármunum þeim sem bundnir eru í jarðvarmaorkuverinu vera svipaður heildararði af fastafjármunum fyrirtækisins, samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar. Þó er eðlilegt að taka tillit til þess að arðshlutföll af mismunandi starfsemi fyrirtækisins kunna að vera ólík. Áhætta í raforkuframleiðslu sem er samkeppnisrekstur samkvæmt frumvarpinu er væntanlega meiri en áhætta í vinnslu heits vatns sem er náttúruleg einokunarstarfsemi. Nauðsynlegt er að kveða nánar á um útfærslu þessa ákvæðis í reglugerð en þar þarf m.a. að setja ákvæði um eftirfarandi þætti: Í fyrsta lagi hvernig verðmeta beri þá raforku sem afhent er frá orkuverinu. Í öðru lagi þarf að ákvarða hvernig sé eðlilegt að heildararður af starfseminni skiptist á milli raforkuframleiðslu og framleiðslu á annarri orku. Í þriðja lagi skal ákvarða hvernig í kjölfarið skuli verðmeta aðra orku en raforku.

Samkvæmt 5. mgr. er Orkustofnun heimilt að víkja frá þeim reglum sem fram koma í ákvæðinu enda leggi fyrirtækið fram fullnægjandi rökstuðning fyrir því að beita þurfi öðrum aðferðum en hér er mælt fyrir um.

Um 42.–44. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Mælt er fyrir um í greininni að lögin skuli þegar öðlast gildi en koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 2003. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 168/1999 frá 26. nóvember 1999 um breytingu á viðauka IV við EES-samninginn er Ísland skuldbundið til að innleiða tilskipun 96/92/EB um innri markað raforku fyrir 1. júlí 2002. Ljóst er að um afar viðmikið mál er að ræða og bæði fyrirtæki sem starfa á raforkumarkaði og stjórnvöld þurfa tíma til aðlögunar að breyttu umhverfi. Gert er ráð fyrir stofnun nýs fyrirtækis um flutning raforku, gerðar eru kröfur um aðskilnað í bókhaldi fyrirtækja og að fylgt sé tilteknum reglum við gjaldskrárgerð. Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir um fjölmörg atriði. Frá gildistöku laganna og þar til þau koma að fullu til framkvæmda verður að undirbúa þessi atriði svo að allir þættir verði frágengnir þegar lögin eiga að koma til framkvæmda.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið á að tryggja að þeir sem nú eiga rétt til að reisa eða reka raforkuver samkvæmt heimild í lögum haldi þeim rétti sínum. Á það m.a. við um leyfi sem grundvallast á lögum nr. 60/1981, um raforkuver. Þeir verða engu að síður að uppfylla skilyrði frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Ákvæðið á að tryggja að dreifiveitur sem starfandi eru við gildistöku nýrra raforkulaga haldi rétti sínum til dreifingar á dreifiveitusvæðum sínum. Dreifiveitur verða að uppfylla skilyrði laganna við starfsemi sína og getur rétturinn til dreifingar fallið niður ef þau eru ekki uppfyllt. Eigi nýr lögaðili að taka við dreifingu á tilteknu svæði eftir gildistöku laganna verður að gefa út leyfi samkvæmt þeim.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu eru sett tíma- og stærðarmörk fyrir opnun raforkumarkaðarins. Við það er miðað að 1. janúar 2003 til 31. desember sama ár geti eingöngu þeir sem kaupa 100 GWh af raforku á ári eða meira keypt raforku af öðrum en þeirri dreifiveitu sem þeir skipta við við gildistöku laganna. Af því leiðir að á því tímabili verður um nánast óbreytt ástand að ræða frá því sem nú er þar eð aðeins stóriðjufyrirtæki kaupa meiri raforku en 100 GWh á ári. Þær skyldur sem dreifiveitur hafa gagnvart notendum sínum nú haldast óbreyttar. Fullt frelsi verður í viðskiptum með raforku frá og með 1. janúar 2004 eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi til raforkulaga er lagt var fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi. Reynsla annarra þjóða eins og t.d. Norðmanna sýnir að opnun markaðarins án mikilla takmarkana á stærð notenda hefur reynst einna best.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að fyrirtæki sem eiga að halda reikningum vegna rekstrarþátta aðskildum í bókhaldi skuli fyrir 1. nóvember 2002 skila Orkustofnun drögum að slíku yfirliti. Markmiðið er að þegar lögin koma til framkvæmda liggi skýrt fyrir hvernig bókhaldslegum aðskilnaði skuli háttað.

Í 2. mgr. kemur fram að mat á varalnegum rekstrarfjármunum og undirbúningskostnaði skuli byggjast á bókfærðu verði eins og það er í árslok 2002. Þó skuli ekki beita verðleiðréttingum á árinu 2002.

Um ákvæði til bráðabirgða VI.

Lagt er til að skipuð verð samráðsnefnd til að stuðla að greiðri framkvæmd laganna og til að tryggja vettvang fyrir þá sem lögin snerta helst til að tjá sig og skiptast á skoðunum.

Fylgiskjal I.

Bréf fjármálaráðuneytis.
(11. desember 2000.)

Um þessar mundir er í undirbúningi í iðnaðarráðuneyti gerð frumvarps er varðar nýskipan raforkumála í samræmi við tilskipun ESB nr. 92/96. Í dag er eignarform raforkufyrirtækja með þeim hætti að þau eru undanþegin skattskyldu, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá er einnig að finna ákvæði í sérlögum sem tryggja einstökum raforkufyrirtækjum skattfrelsi.

Í tengslum við framangreindar breytingar í samræmi við tilskipun ESB er nauðsynlegt að tryggja að skattalegt jafnræði ríki á þessu sviði, óháð eigna- og félagaformi orkufyrirtækja. Fjármálaráðherra hefur því ákveðið að skipa starfshóp um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja, með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöfinni á því sviði.

Þér eruð hér með skipuð í starfshópinn. Aðrir í starfshópnum eru: Marianna Jónasdóttir, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, formaður, Guðmundur Guðbjarnarson, viðskiptafræðingur hjá ríkisskattstjóra, Bragi Gunnarsson, lögfræðingur hjá ríkisskattstjóra, og Ólafur Páll Gunnarsson, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu.

Fjármálaráðherra ákveður nefndarmönnum þóknun að fengnum tillögum þóknananefndar.

Fylgiskjal II.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(23. febrúar 2001.)

Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til raforkulaga. Í því er m.a. kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Við það er miðað að félagslegum skyldum verði aflétt af raforkufyrirtækjum. Af því leiðir að kostnaður þeirra vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá veitufyrirtækja.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Við það ber að miða að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. apríl 2001.

Í starfshópinn eru skipaðir:
Friðrik Már Baldursson prófessor,
Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, sem jafnframt er skipaður formaður,
Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur,
Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri,
Lúðvík Guðjónsson viðskiptafræðingur,
Starfsmaður hópsins verður Jón Vilhjálmsson verkfræðingur.

Fylgiskjal III.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(11. júní 2001)

Orkustofnun hefur verið falið aukið stjórnsýsluhlutverk með lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í frumvarpi til raforkulaga sem ráðherra hefur lagt fram til kynningar á Alþingi og ráðherra mun leggja fram á ný á komandi haustþingi er gert ráð fyrir að stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar aukist enn til muna.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara skipulag Orkustofnunar með hliðsjón af því aukna stjórnsýsluhlutverki sem stofnuninni hefur verið falið og hlutverki hennar samkvæmt frumvarpi til raforkulaga og koma með tillögur um framtíðarskipulag stofnunarinnar.

Nefndin skal meta hvernig hið aukna stjórnsýsluhlutverk samræmist núverandi skipulagi stofnunarinnar og hvort og þá hvernig þörf sé að breyta eða aðlaga skipulagið að breyttu hlutverki. Sérstaklega skal nefndin athuga hvort að nauðsynlegt sé að aðskilja orkumálahluta stofnunarinnar frá orkurannsóknarhluta hennar að hluta eða öllu leyti. Ef svo er skal nefndin koma með tillögur um í hvaða formi orkurannsóknarhlutinn skuli rekinn í framtíðinni.

Nefndin skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 1. september 2001.
Í nefndina eru skipuð:
Eyjólfur Árni Rafnsson, stjórnarformaður Orkustofnunar,
Helgi Bjarnason skrifstofustjóri,
Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur, sem einnig er starfsmaður nefndarinnar,
Páll Hreinsson, prófessor, sem skipaður er formaður,
Þorkell Helgason orkumálastjóri.

Fylgiskjal IV.

Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(20. ágúst 2001.)

Reglur um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis eru að stofni til frá árinu 1986. Frá þeim tíma hefur hlutur niðurgreiðslna aukist verulega jafnframt því sem orkufyrirtæki veita nú afslátt af raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis. Fram hafa komið ábendingar

frá orkufyrirtækjum um að gildandi reglur séu ekki nægilega skýrar jafnframt því sem þær takmarki möguleika fyrirtækjanna til að draga úr kostnaði við rekstur og aðlaga gjaldskrár að breyttum forsendum bæði varðandi mælitæki og orkuöflun. Einnig hefur verið á það bent að eftirlit með niðurgreiðslunum er mjög erfitt. Þá mun breytt skipan orkumála sem unnið er að líklega kalla á breytingar á þessum reglum.

Með vísan til þess sem að ofan segir og að fé til niðurgreiðslna var aukið í 760 m.kr. á fjárlögum ársins 2000 og í 790 m.kr. á fjárlögum yfirstandandi árs hefur iðnaðarráðherra ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um frumvarp til laga um niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Með tillögunum skulu núgildandi reglur lagaðar að breyttum aðstæðum og tryggður skýr lagagrundvöllur fyrir úthlutun á fé til niðurgreiðslna. Þá skal nefndin gera tillögur um með hvaða hætti viðkomandi orkufyrirtæki geta komið upplýsingum um niðurgreiðslur til notenda.

Þér eruð hér með skipaðir í nefndina. Í nefndinni eiga sæti:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti, formaður.

Árni Ragnarsson, deildarstjóri á orkubúskapardeild Orkustofnunar, tilnefndur af Orkustofnun.

Elías B. Elíasson, deildarstjóri þróunarmála hjá Landsvirkjun, tilnefndur af Landsvirkjun.

Friðrik Friðriksson, veitustjóri hjá Bæjarveitum Vestmannaeyja, tilnefndur af Bæjarveitum Vestmannaeyja.

Guðmundur Guðmundsson, deildarstjóri markaðs- og söludeildar Rafmagnsveitna ríkisins, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða hf., tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða hf.

Magnús B. Jónsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, tilnefndur af samtökunum.

Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti.

Starfsmaður nefndarinnar verður Jón Vilhjálmsson rafmagnsverkfræðingur. Jafnframt mun Margrét Einarsdóttir laganemi starfa með nefndinni.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. nóvember 2001.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar verður metin af þóknananefnd.

Fylgiskjal V.

Skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.
(Maí 2001.)

BRÉF TIL IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Vísað er til bréfs iðnaðar- og viðskiptaráðherra dagsett 23. febrúar 2001 um skipan starfshóps til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði. Í meðfylgjandi skýrslu koma fram niðurstöður hópsins og samræmast þær þeim

skipulagsbreytingum sem framundan eru samkvæmt frumvarpi til raforkulaga. Jafnframt eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem unnar hafa verið fyrir hópinn og niðurstöður hans byggjast á. Hópurinn hefur alls haldið 13 fundi.

9. maí 2001

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneyti,
formaður.

Friðrik Már Baldursson,
rannsóknaprófessor við HÍ.

Kristín Haraldsdóttir,
lögfræðingur iðnaðarráðuneyti.

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri.

Lúðvík Guðjónsson,
viðskiptafræðingur fjármálaráðuneyti.

Jón Vilhjálmsson, starfsmaður nefndarinnar,
rafmagnsverkfræðingur hjá Verkfræðistofunni AFLi ehf.

SAMANTEKT – TILLÖGUR STARFSHÓPSINS

Kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mismunandi á milli svæða á landinu og þar sem kostnaður hefur verið mestur hefur hann verið lækkaður með framlagi úr ríkissjóði og millifærslum milli svæða hjá raforkufyrirtækjum. Þessar aðgerðir hafa að mestu snúið að afmörkuðum hlutum aðveitukerfis raforku utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja og dreifikerfinu í strjálbýli. Með frumvarpi iðnaðarráðherra til raforkulaga sem lagt er fyrir 126. löggjafarþingið 2000–2001 er gert ráð fyrir breyttu skipulagi raforkumála og í ljósi þess er þörf á að endurskoða framkvæmd þessara mála. Þar er gert ráð fyrir að landinu verði skipt niður í dreifiveitusvæði og innan hvers svæðis gildi síðan sama gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu þannig að áfram verður viss jöfnun í dreifingunni en hún nær til afmarkaðri svæða en áður. Hópurinn leggur til að þar sem kostnaður við flutning og dreifingu raforku er mestur verði því mætt á eftirfarandi hátt:

a) Á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur við flutning og dreifingu verði greiðslur notenda fyrir þessa þjónustu lækkaðar með framlagi til viðkomandi dreifiveitu. Framkvæmd þessara aðgerða verði eftirfarandi:
   1) Meðalkostnaður við flutning og dreifingu er tekinn saman fyrir hvert dreifiveitusvæði út frá rauntölum síðasta árs. Einungis er litið á forgangsorku.
   2) Dreifiveitur eiga rétt á framlagi fyrir ákveðið dreifiveitusvæði ef meðalkostnaður við flutning og dreifingu (áður en tekið er tillit til framlags) fer yfir ákveðin mörk í kr/kWh sem metin eru árlega af eftirlitsaðila.
   3) Framlag til þessara aðgerða er ákvarðað í fjárlögum hverju sinni.
   4) Framlaginu er skipt hlutfallslega niður á veitusvæði út frá kostnaði umfram fyrrnefnd mörk og út frá því reiknuð lækkun gjaldskrár á orkueiningu vegna framlagsins. Ekki er því gert ráð fyrir að framlagið komi á móti kostnaðinum sem er umfram þessi mörk að fullu. Framlagið er ekki gert upp eftir árið fyrir einstaka notendur en eftirlitsaðili fylgist með því að lækkun gjaldskrár sé í samræmi við upphæð framlags. Notendur skulu fá upplýsingar um það hve mikið framlagið lækkar gjaldskrána í kr/kWh að meðaltali.

b) Tvær leiðir koma helst til greina varðandi fjáröflun ríkissjóðs til þessara aðgerða:
   1) Fjármagn komi af almennu skattfé. Þessi leið hefur verið farin frá 1986, er verðjöfnunargjald á raforku var lagt niður, og þá með þeim hætti að ríkissjóður hefur yfirtekið hluta af skuldum dreifiveitna í strjálbýli og fjármagns til greiðslu afborgana og vaxta verið aflað með almennu skattfé. Einnig hefur arðgreiðsla Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð verið notuð til þessara aðgerða.
   2) Fjármagn komi af sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu vegna almennrar notkunar. Þetta er svipuð leið og farin er varðandi verðjöfnun á olíu og sementi og var viðhöfð varðandi raforku allt fram til 1986 en að vísu var þá lagt gjald á smásölu raforku en ekki vinnslu.
c) Framlag til þessara aðgerða verði allt að 500 m.kr. á ári þannig að heildarumfang þeirra verði svipað og á undanförnum árum. Efri mörkin taka mið af því að krafa sé gerð um 6% arð af eigin fé dreifiveitnanna.
d) Metið verði á hvern hátt þörf verður á auknum niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis frá því sem nú er til að mæta því að sama gjaldskrá mun gilda fyrir flutning og dreifingu í nýju skipulagi fyrir alla úttekt á hverju dreifiveitusvæði óháð því til hvers orkan er notuð. Nú er tekið lægra gjald fyrir dreifingu á raforku til húshitunar en til annarra nota. Ekki er fjallað frekar um þennan þátt þar sem hann er utan verksviðs hópsins.

INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2001 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að til að meta kostnað vegna óarðbærra einninga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Samkvæmt skipunarbréfi hópsins ber að miða við að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra einninga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár. Eftirtaldir voru skipaðir í hópinn:

Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, formaður.
Friðrik Már Baldursson, rannsóknaprófessor við HÍ.
Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur iðnaðarráðuneyti.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.
Lúðvík Guðjónsson, viðskiptafræðingur fjármálaráðuneyti.

Starfsmaður hópsins var Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Verkfræðistofunni AFLi ehf.

Hópurinn hefur samtals haldið 13 fundi og hér eru teknar saman niðurstöður starfsins og lagðar fram tillögur um hvernig beri að mæta kostnaði vegna óarðbærra einninga í nýju umhverfi á raforkumarkaði. Nokkuð hefur verið rætt í hópnum um tengda þætti sem geta haft áhrif á framkvæmd þessara aðgerða svo sem skiptingu landsins niður í dreifiveitusvæði og niðurgreiðslur á rafhitun. Mikilvægt er að aðgerðir sem þessar hafi ekki áhrif á samkeppnisþætti á raforkumarkaði, að þær séu einfaldar í framkvæmd og gagnsæjar þannig að allir aðilar hafi upplýsingar um umfang þeirra. Einnig er mikilvægt að þær hvetji ekki til óhagræðis við rekstur aðveitu- og dreifikerfa.

Hér að aftan eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem hópurinn hefur tekið saman í starfi sínu.

KOSTNAÐUR VIÐ FLUTNING OG DREIFINGU RAFORKU

Í skýrslu landsnetsnefndar liggja fyrir tölur um flutnings og aðveitukerfi raforku og því til viðbótar hefur nú verið safnað gögnum um dreifingu raforku. Tölurnar í skýrslu landsnetsnefndar eru fyrir árið 1997 og til samræmis eru gögnin fyrir dreifinguna nú fyrir sama ár. Ekki liggja fyrir gögn frá öllum veitum og eru tölurnar því að hluta áætlaðar. Byggt er á ársskýrslum veitnanna og þar vantar skýrslur frá Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, og Rafveitu Hveragerðis. Þetta ætti ekki að valda verulegri skekkju í gögnunum.

Flutnings- og dreifikerfi raforku er hér skipt niður í þrjá þætti eða í flutningskerfi, aðveitukerfi og dreifikerfi. Með flutningskerfi er hér átt við flutningskerfi Landsvirkjunar en mestur hluti þess er skilgreindur sem meginflutningskerfi í frumvarpi til raforkulaga (línur á 220 og 132 kV spennu). Þær línur sem flytja orku frá flutningskerfinu að hinu eiginlega dreifikerfi eru hér flokkaðar sem aðveitukerfi. Samkvæmt fyrrnefndu frumvarpi tilheyrir aðveitukerfið ýmist flutningskerfi landsins eða dreifikerfinu. Dreifikerfið er skilgreint þar á lægri spennu en 30 kV og þær raflínur sem eru á hærri spennu geta einnig tilheyrt því ef þær flytja einungis raforku innan eins dreifiveitusvæðis og tengjast ekki virkjun.

1.1 Stofn- og rekstrarkostnaður

Stofnkostnaður, afskriftir og bókfærð verðmæti veitukerfa eru sýndur í töflu 1. Rekstrarkostnaður fyrir utan fjármagnskostnað er áætlaður eins og fram kemur í töflu 2.

Tafla 1 Stofnkostnaður, afskriftir og bókfærð verðmæti flutnings-, aðveitu- og dreifikerfa rafveitna árið 1997.

Kerfishluti	Framreiknað grunnverð m.kr.	Fengnar afskriftir m.kr.	Bókfært verð m.kr.
Flutningskerfi	28.662	14.983	13.679
Aðveitukerfi	15.245	7.403	7.842
Dreifikerfi	32.853	21.073	11.780
Annað	5.491	2.827	2.663
Samtals	82.251	46.286	35.964

Tafla 2 Rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu- og dreifikerfa árið 1997.

Kerfishluti	Rekstrarkostnaður m.kr.
Flutningskerfi	702
Aðveitukerfi	477
Dreifikerfi	2.195
Samtals	3.374

1.2 Orkunotkun

Í töflu 3 eru sýndar orkunotkunartölur fyrir árið 1997 sem hér er miðað við.

Tafla 3 Orkunotkun og vinnsla á Íslandi árið 1997

Kerfishluti	Orka GWh
Vinnsla Landsvirkjunar	5.203
Vinnsla annarra	378
Orkunotkun stóriðju	2.822
Eigin notkun LV, HR og HS	103
Orkunotkun á almennum markaði	2.276
Töp	380

1.3 Starfsmenn

Fjöldi starfsmanna árið 1997 er áætlaður eins og fram kemur í töflu 4 og hefur þar verið bætt við fjölda fyrir dreifingu við það sem fram kemur í skýrslu landsnetsnefndar.

Tafla 4 Fjöldi starfsmanna við flutning og dreifingu raforku árið 1997.

Kerfishluti	Starfsmenn Fjöldi
Flutningskerfi	96
Aðveitukerfi	79
Dreifikerfi	560
Samtals	735

1.4 Tekjuþörf

Út frá þessum tölum má áætla tekjuþörfina miðað við stöðuna árið 1997. Hér er miðað við 6% reiknivexti af bókfærðri eign og 30 ára afskriftatíma. Tekjurnar eru áætlaðar í töflu 5 og kemur þar fram að tekjuþörfin er rúmir 8 milljarðar kr.. Hafa ber í huga að þessar eignir bera ekki nú 6% ávöxtun m.a. vegna óarðbærra eininga í dreifbýlinu og því eru þessar tölur hærri en núverandi tekjur. Einnig er líklegt að hægt sé að ná nokkru hagræði í þessum rekstri og lækka þannig almenna rekstrarkostnaðinn sem er um 40% af heildarkostnaðinum. Endingartími flutningsvirkja er lengri en 30 ár og því er nokkuð um afskrifaðar einingar í rekstri og bókaðar afskriftir því lægri en þær sem hér eru reiknaðar út frá endurmetnu stofnvirði.

Uppbygging rafdreifikerfisins í strjálbýli hefur að mestu verið greidd beint af ríkinu og á það einnig við um hluta af aðveitukerfi raforku. Áætlað er út frá tölum frá Rafmagnsveitum ríkisins að um 1/3 af verðmæti dreifikerfisins sé í strjálbýli og þá eru afskriftir og vextir af því um 600 m.kr. Hluti af þessu kerfi getur staðið undir einhverju af þessum fjárfestingum og ef gert er ráð fyrir því að það komi á móti óarðbærum einingum í aðveitukerfinu mætti segja að kostnaðurinn vegna slíkra þátta sé um 600 M.kr á ári. Þá er gert ráð fyrir að tekjur

geti staðið undir rekstri þessara kerfa. Þar að auki þarf að leggja fram fjármagn til að endurnýja kerfi sem ekki eru talin geta staðið undir kostnaði við slíkt og þá má nefna að rúm 60% af fyrrnefndri upphæð eru afskriftir.

Tafla 5 Áætluð tekjuþörf flutnings-, aðveitu- og dreifikerfisins árið 1997 miðað við 6% ávöxtun eigna.

Þáttur	Tekjuþörf M.kr
Almennur rekstrarkostnaður	3.374
Afskriftir	2.742
Vextir og arður	2.159
Samtals	8.275

1.5 Kostnaður á orkueiningu

Út frá þessum tölum má áætla kostnað á orkueiningu eins og hann var á árinu 1997 en þá ber að hafa í huga það sem nefnt er hér að framan að eignir bera ekki 6% ávöxtun nú eins og hér er reiknað með og því eru þessar tölur eitthvað hærri en innheimt var árið 1997. Tölurnar eru settar fram á þennan hátt til að fram komi eðlilegur samanburður milli landshluta og ef kostnaður er talinn óhóflegur á einhverju svæði þarf að taka á því með sérstökum aðgerðum. Niðurstaða þessara reikninga er sýnd í töflu 6 og þar er kostnaður sýndur í hlutfalli við orku en hafa ber í huga að flutnings- og dreifikerfið er aflhannað og því er ekki síður áhugavert að tengja kostnaðinn við afl.

Tafla 6 Fjármagns- og rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu og dreifikerfis raforku á notaða orkueiningu árið 1997.

Kerfishluti	Fjármagns-kostnaður kr/kWh	Rekstrar-kostnaður kr/kWh	Samtals kr/kWh
Flutningskerfi	0,38	0,15	0,53
Annað, flutningskerfið	0,03	0,00	0,03
Aðveitukerfi	0,43	0,21	0,64
Dreifikerfi	0,79	0,96	1,75
Annað	0,15	0,00	0,15
Samtals	1,78	1,32	3,10
Samtals, án stóriðju	1,84	1,32	3,16

Í töflu 6 er miðað við að flutningar um flutningskerfið sé almenn notkun að frádreginni vinnslu annarra en Landsvirkjunar auk stórnotkunar. Varðandi aðveitu- og dreifikerfið er aftur á móti miðað við orkunotkun á almennum markaði utan eigin notkunar. Í tölunni; Samtals án stóriðju, er tekið tillit til þess að stóriðjan nýtir aðallega flutningskerfi Landsvirkjunar

á Suðurlandi sem er með minni kostnað á orkueiningu en byggðalínukerfið. Hafa ber þó í huga að munur á í raun að vera meiri þarna á milli þar sem nýtingartími stóriðju er mun hærri en almennrar notkunar auk þess sem stóriðja nýtir mun betur nýframkvæmdir.

Meðalkostnaður fyrir hvern landshluta er sýndur í töflu 7 og er þar miðað við sama kostnað vegna flutningskerfisins í öllum landshlutum. Hafa ber í huga að nokkur óvissa er í þessum tölum, m.a. um skiptingu rekstrarkostnaðar hjá Rafmagnsveitum ríkisins niður á landshluta og kostnað hjá nokkrum smærri veitum sem var áætlaður. Eftir er að skoða kostnað í hlutfalli við afl.

Tafla 7 Áætlaður fjármagns- og rekstrarkostnaður flutnings-, aðveitu- og dreifikerfis raforku eftir landshlutum á notaða orkueiningu árið 1997.

Kerfishluti	SN kr/kWh	HS kr/kWh	VL kr/kWh	VF kr/kWh	NL kr/kWh	AL kr/kWh	SL kr/kWh	Samtals kr/kWh
Flutningskerfi	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62	0,62
Aðveitukerfi	0,80	0,46	0,55	0,70	0,68	0,85	0,76	0,64
Dreifikerfi	1,44	1,92	1,91	2,08	1,74	1,29	1,72	1,75
Annað	0,10	0,19	0,16	0,14	0,12	0,12	0,16	0,15
Samtals, án stóriðju	2,96	3,19	3,24	3,54	3,16	2,88	3,26	3,16

AÐGERÐIR HINS OPINBERA TIL JÖFNUNAR RAFORKUKOSTNAÐAR Á UNDANFÖRNUM ÁRUM OG ÁRATUGUM

Undanfarna áratugi hefur ríkisvaldið staðið fyrir ýmsum aðgerðum til jöfnunar orkuverðs og lækkunar húshitunarkostnaðar. Raforka til hitunar húsnæðis hefur verið greidd niður, skuldir hafa verið yfirteknar af raf- og hitaveitum, verðjöfnunargjald hefur verið lagt á orkusölu sem runnið hefur til rafveitna í dreifbýlinu, Orkusjóður hefur fjármagnað framkvæmdir í dreifikerfi raforku til sveita, nýjar hitaveitur hafa verið styrktar og fleira. Hér verður tekið saman yfirlit um þessar aðgerðir síðustu áratugi hvað varðar raforkukerfið. Ekki liggja fyrir tölur um allar aðgerðir ríkisins undanfarna áratugi en upphæð þeirra aðgerða árin 1980–2000, sem hér eru teknar saman, er samtals um 30 milljarðar kr. á verðlagi í árslok 1999, sem er álíka mikið og allt eigið fé Landsvirkjunar í árslok 1999.

Hér er alls staðar notuð vísitala byggingarkostnaðar við framreikning til samræmis en í sumum tilvikum væri eðlilegra að nota aðrar vísitölur en slíkt breytir niðurstöðunum einungis smávægilega.

1.6 Niðurgreiðsla raforku til hitunar íbúðarhúsa

Raforka til hitunar íbúðarhúsa hefur í tæpa tvo áratugi verið greidd niður af ríkinu, Landsvirkjun og dreifiveitunum. Á fjárlögum ársins 2001 eru ætlaðar 790 m.kr. til þessara niðurgreiðslna, afsláttur Landsvirkjunar er um 100 m.kr. og afsláttur dreifiveitnanna um 20 m.kr. Alls gætu því niðurgreiðslur á rafhitun til húshitunar numið rúmum 900 m.kr. á árinu 2001.

Í töflu 8 eru sýndar niðurgreiðslurnar fram til 2000 og þær framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999 til samræmis við aðrar tölur í skýrslunni. Notuð er vísitala byggingarkostnaðar til samræmis við annan framreikning hér sem tengist meira framkvæmdum og þar því eðlilegt að nota þá vísitölu. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber að hafa í huga að rafhitun hefur heldur minnkað á undanförnum árum. Eins og fram kemur í töflunni hafa tæpir 9 milljarðar

kr. verið lagðir í þessar niðurgreiðslur til loka árs 2000. Endurgreiðsla virðisaukaskatts af hitun íbúðarhúsa er ekki inni í þessum tölum.

Við verðlagningu á raforku til húshitunar hefur þar að auki verið litið á þessa notkun sem viðbótarnotkun og dreifing hennar verið verðlögð út frá því.

Tafla 8 Niðurgreiðslur ríkisins á raforku til hitunar íbúðarhúsa árin 1982–2000. Tölur framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999.
Heimild: Orkustofnun.

Ár	Vísitala byggingar-kostnaðar	Niðurgreiðslur ríkisins m.kr.	Framreiknaðar niðurgreiðslur (236,7) m.kr.
1982	24,1	4	42
1983	41,2	77	444
1984	51,2	144	666
1985	66,6	183	649
1986	84,4	189	531
1987	99,6	182	432
1988	117,9	191	384
1989	145,2	191	312
1990	171,0	223	309
1991	184,0	272	351
1992	188,4	348	437
1993	192,5	374	460
1994	197,3	405	486
1995	203,6	456	530
1996	213,5	445	493
1997	223,0	457	485
1998	230,8	477	489
1999	236,0	592	594
2000	243,4	765	744
Samtals			8.838

1.7 Endur- og niðurgreiðsla virðisaukaskatts

Þegar virðisaukaskattur var lagður á orku til hitunar húsnæðis var samhliða ákveðið að endurgreiða hluta skattsins til þeirra sem bera hlutfallslega háan húshitunarkostnað auk þess sem húshitun er í lægra þrepi virðisaukaskatts (14%). Miðað var við að hann næmi aldrei meiru en 11% af vegnu meðalverði rafveitna og hitaveitna á orku til hitunar húsnæðis. Þessar aðgerðir tóku gildi 1. janúar 1993.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti gæti hafa numið um 90 m.kr. á árinu 2000. Niðurgreiðslur ríkisins á raforku til húshitunar gera það einnig að verkum að tekjustofn til virðis-

aukaskatts lækkar og miðað við 765 m.kr. niðurgreiðslur ríkisins er þar um að ræða rúmar 100 m.kr. Tímabilið 1993–2000 gætu því þessi tveir þættir numið um 1,1 milljarði kr.

1.8 Verðjöfnun við flutning raforku

Samkvæmt lögum um Landsvirkjun er fyrirtækinu skylt að láta sömu gjaldskrá gilda um afhendingu rafmagns til almenningsveitna á öllum afhendingarstöðum. Sú skylda hefur verið túlkuð af stjórn Landsvirkjunar á þann hátt að verðleggja beri flutning og framleiðslu rafmagns á sama hátt á öllum sölustöðum. Gjaldskrá fyrirtækisins fyrir heildsölu rafmagns hefur því verið sú sama frá 1983 í öllum afhendingarstöðum í meginflutningskerfinu. Þessi verðjöfnun var gerð möguleg þegar Landsvirkjun yfirtók byggðalínuna frá ríkissjóði en þá voru veitt lán með lágum vöxtum. Í töflu 9 er yfirlit um þessa yfirtöku og er niðurgreiðsla vaxta vegna lána sem ríkið veitti Landsvirkjun reiknuð út frá 6% raunvöxtum. Einnig lagði ríkið hluta af kaupverðinu til Landsvirkjunar til að halda hlut sínum í fyrirtækinu áfram 50% samhliða því að Akureyrarbær gerðist eignaraðili með því að leggja Laxárvirkjun inn í Landsvirkjun. Á undanförnum árum hefur Landsvirkjun endurbætt byggðalínuna en sá kostnaður kemur ekki inn í matið í töflu 9.

Tafla 9 Stofnkostnaður byggðalínu og yfirtaka ríkisins á skuldum vegna þeirra framkvæmda. Tölur framreiknaðar til verðlags í lok árs 1999.

	Verðlag frá	Vísitala byggingar-kostnaðar	Upphaflegt verðmæti	Framreiknað verðmæti (236,7)
	Dagsetning		m.kr.	þús. kr.
Byggðalínur	Mitt ár 1982	24,1	640	6.286.781
Aðveitustöðvar	Mitt ár 1982	24,1	183	1.795.139
Fjargæsla	Mitt ár 1982	24,1	16	157.401
Samtals	Mitt ár 1982		839	8.239.321
Afskriftir fram til 1983*	Mitt ár 1982	24,1	131	1.287.795
Alls við yfirtöku	**Mitt ár 1982**	**24,1**	**708**	**6.951.526**
Eignir 1. janúar 1982	Upphaf árs 1982	19,1	438	5.421.793
Viðbætur 1982	Mitt ár 1982	24,1	103	1.016.406
Kaupverð			541	**6.438.199**
Yfirtekið af ríkinu				513.327
Niðurgreiddir vextir				1.081.137
Samtals yfirtekið				1.594.464
Suðurlína, 1984				3.040.429
Samtals stofnkostnaður				11.279.750
Yfirtaka ríkisins, %				0,14

* Afskriftir áætlaðar fram til 1983

1.9 Verðjöfnun með yfirtöku skulda rafveitna

Ríkið hefur lagt fram fjármagn í aðveitu- og dreifikerfi í strjálbýli þar sem kostnaður hefur verið mikill þannig að orkusala hefur ekki verið talin geta staðið undir honum. Þetta á t.d. við um dreifbýlið þar sem Orkusjóður stóð á sínum tíma undir stórum hluta kostnaðar við rafvæðingu sveitanna. Í kjölfar afnáms verðjöfnunargjalds á raforku árið 1989 yfirtók ríkið langtímaskuldir Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar, sjá töflu 10.

Tafla 10 Yfirtaka ríkisins á skuldum rafveitna (framreiknað með vísitölu byggingarkostnaðar til verðlags í lok árs 1999).

Yfirtaka frá	Vísitala byggingar kostnaðar	Rafmagns-veitur ríkisins	Orkubú Vestfjarða	Rafveita Siglufjarðar	Samtals	Fram-reiknað verðmæti (236,7)
Dagsetning		m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Febrúar 1987	91,5	1.927	538	15	2.480	6.415
Júlí 1989	145,3	1.415	588	0	2.003	3.263
ALLS						9.678

Í kjölfar yfirtöku ríkisins á skuldum veitnanna var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins þar sem miðað er við að fyrirtækið greiði 2% arð af eigin fé að frádregnum fjármunum í dreifikerfinu í sveitum og að hluti þessarar arðgreiðslu renni síðan til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum. Á árinu 1999 var hér um 150 m.kr. að ræða. Einnig var ákvæði í samningi við Orkubú Vestfjarða um árlegt gjald í hlutfalli við greiðsluafgang.

1.10 Verðjöfnunargjald á raforku

Á árunum 1966 til 1986 var lagt gjald á raforkusölu til jöfnunar orkuverðs og rann þetta gjald til rafveitna í dreifbýli sbr. töflu 11. Gjald þetta lagðist á alla almenna raforkusölu bæði í þéttbýli og dreifbýli þannig að nokkur hluti þess kom frá þeim svæðum sem síðan voru styrkt með þessum fjármunum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það grundvöllur þess að ríkissjóður yfirtók skuldir þessara fyrirtækja sbr. það sem fram kom hér að framan.

Tafla 11 Upphæð verðjöfnunargjalds raforku framreiknuð til verðlags í lok árs 1999 með vísitölu byggingarkostnaðar.

Ár	Vísitala Byggingar-kostnaðar	Greitt til Rafmagnsveitna ríkisins m.kr.	Greitt til Orkubús Vestfjarða m.kr.	Samtals m.kr.	Framreiknað gjald m.kr.
1966*	2,99	0,35	0,00	0,35	272
1967*	3,10	0,35	0,00	0,35	262
1968*	3,39	0,35	0,00	0,35	240
1969*	4,20	0,44	0,00	0,44	242
1970*	4,92	0,70	0,00	0,70	330
1971*	5,56	0,70	0,00	0,70	292
1972*	6,72	0,70	0,00	0,70	242
1973*	8,38	0,70	0,00	0,70	194
1974*	12,50	3,83	0,00	3,83	711
1975	18,37	5,66	0,00	5,66	715
1976	22,89	6,62	0,00	6,62	671
1977	29,61	8,82	0,00	8,82	691
1978	44,03	10,25	2,56	12,81	675
1979	64,41	21,61	5,40	27,01	973
1980	100,00	35,34	8,84	44,18	1.025
1981	152,40	53,12	13,28	66,40	1.011
1982	236,70	98,39	24,60	122,99	1.206
1983	403,40	226,53	56,72	283,25	1.629
1984	505,30	300,74	79,12	379,86	1.745
1985	667,90	300,36	80,94	381,30	1.325
1986	831,90	96,75	24,19	120,94	337
Samtals					14.788

* Áætlað

1.11 Yfirtaka skulda vegna Kröfluvirkjunar

Landsvirkjun keypti Kröfluvirkjun af ríkinu 1. janúar 1986 og var kaupverðið 1.170 m.kr.. sem greiddist á 25 árum. Á verðlagi í lok árs 1999 eru þetta um 3.500 m.kr.. Kostnaður við byggingu virkjunarinnar var mun meiri en sem nam kaupverðinu og sátu því eftir skuldir hjá ríkinu en þær tölur hafa ekki verið teknar saman.

1.12 Uppbygging rafdreifikerfisins í sveitum

Orkuráð hefur að stórum hluta kostað uppbyggingu rafdreifikerfisins í sveitum landsins. Á undanförnum árum hefur hluti af arðgreiðslum Rafmagnsveitna ríkisins runnið til þessa þáttar. Ekki liggur fyrir nein samantekt á heildarupphæð sem ríkið hefur lagt til þessa þáttar.

ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FLUTNINGS- OG DREIFIKERFA ÁRIÐ 1999 EFTIR SVÆÐUM

Hér eru teknar saman rauntölur úr ársreikningum orkuveitna árið 1999 samkvæmt ársskýrslum. Einnig er skoðaður fjármagnskostnaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins eftir svæðum og þá byggt á afskriftagrunni fyrirtækisins.

1.13 Ársreikningar rafveitna árið 1999

Í töflu 12 eru sýndar nokkrar tölur úr ársreikningum flutningsfyrirtækja og dreifiveitna. Nokkur óvissa er í þessum tölum þar sem margar veitnanna eru með aðra starfsemi svo sem rekstur hita- og vatnsveitna og í þeim tilvikum þarf að greina þessa þætti frá rafveitustarfseminni. Einnig þarf að greina vinnslu og sölu raforku frá dreifingunni. Auk þess geta verið önnur atriði sem skekkja myndina milli veitna svo sem meðhöndlun götuljósa sem oft eru að stórum hluta kostuð af rafveitunni en ekki viðkomandi sveitarfélagi. Við þessa samantekt er miðað við eftirfarandi:

- Hlutur flutnings í tekjum Landsvirkjunar sé 28%.
- Hlutur sölustarfsemi í tekjum veitna sé 5%.
- 5% af orkukaupum séu vegna tapa í dreifikerfinu.
- Hlutur raforku í kostnaði jarðvarmaorkuvers sem bæði er nýtt til vinnslu á heitu vatni og rafmagni sé 30%.
- Hlutur flutnings og dreifingar í hagnaði HS og OR sé 30%.
- Hlutur raforkudreifingar í hagnaði OV sé 70%.
- Hlutur raforkudreifingar í hagnaði SV sé 50%.
- Sameiginlegur kostnaður Rarik skiptis þannig að hlutur flutnings sé 25%, dreifingar 50%, sölu 9% og vinnslu 16%.
- Ef eigið fé í raforkumannvirkjum er ekki tilgreint í ársskýrslu er það sett jafnt eign í veitumannvirkjum rafveitu.
- Við kostnað á orkueiningu hjá veitum sem tengjast kerfi Rarik er lagður kostnaður við aðveitukerfi þeirra (0,50 kr/kWh) og er miðað við sömu tölu hjá öllum veitunum en í raun er kostnaðurinn breytilegur en ekki verður farið í að skoða það hér.

Tekjur þær sem fram koma í töflunni eru lægri en þær sem eru áætlaðar í kafla 2 og er það vegna eftirfarandi þátta:

1) Einungis eru áætlaðar tekjur vegna almennrar notkunar en ekki vegna stóriðju. Tekjur flutningskerfisins vegna stóriðju gætu hafa numið rúmum einum milljarði árið 1999.
2) Hér er miðað við bókfærðar afskriftir en í kafla 2 eru þær reiknaðar út frá endurmetnu stofnvirði og eru því mun hærri þar.
3) Miðað er við 6% fjármagnskostnað en í raun gæti hann hafa verið lægri árið 1999.
4) Arður er mun lægri en 6% af eigin fé.
5) Ótryggð orka er tekin með í orkutölunum í kafla 2 en hér er einungis sýnd forgangsorka.

Í töflunni eru tekjur án Landsvirkjunar um 4,2 milljarðar kr. Tekjur Landsvirkjunar gætu síðan verið um 2,8 milljarðar kr og aukinn hagnaður er um 1,2 milljarðar þannig að þá fæst svipuð tala og í kafla 2 en að vísu er þar verið að horfa á annað ár en hér.

1.14 Áætlaður fjármagnskostnaður vegna flutnings- og dreifikerfa Rafmagnsveitna ríkisins árið 1999

Á myndum 1 til 4 er sýndur reiknaður fjármagnskostnaður Rafmagnsveitna ríkisins vegna aðveitu- og dreifikerfis fyrirtækisins. Kostnaðurinn er reiknaður út frá afskriftagrunni og þá horft á flutningsvirki, aðveitu- og dreifistöðvar. Afskriftir eru reiknaðar út frá framreiknuðu stofnverði og miðað við 30 ára afskriftatíma og síðan er miðað við 6% vexti/arð af bókfærðu verðmæti. Reiknuðu afskriftirnar eru hærri en bókaðar afskriftir hjá fyrirtækinu þar sem sumar einingar eru að fullu afskrifaðar. Tölurnar eru lægri en þær í kafla 4.1 þar sem rekstrarkostnaður er ekki tekinn með hér þar sem erfitt er að skipta honum á milli svæða.

Kostnaður er breytilegur á milli svæða svo sem vegna skiptingar milli þétt- og strjálbýlis, fjarlægðar svæðis frá meginflutningskerfinu og vegna mismunandi mikils álags á svæðunum. Á þeim svæðum þar sem hús eru hituð með rafmagni er notkun mun meiri en á öðrum svæðum og verður kostnaður þar á orkueiningu því lægri. Á myndum 3 og 4 sést vel hve mikill munur er á fjármagnskostnaði milli þéttbýlis og strjálbýlis og er munurinn um þrefaldur. Væntanlega er einnig dýrara að reka kerfin í strjálbýlinu.

Tafla 12 Lykilupplýsingar úr ársreikningum rafveitna 1999 ásamt áætluðum kostnaði á orkueiningu við flutning og dreifingu.

	Tekjur alls Mkr.	Tekjur flutningur/ dreifing Mkr.	Orkusala almenningsv forgangsorka GWh	Flutnings-verð kr/kWh	Hagnaður Mkr.	Eigið fé Mkr.	Hagnaður ef 6% af eigin fé Mkr.	Hækkun kostnaðar vegna arðs kr/kWh	Leiðrétt flutnings-verð kr/kWh	Kostnaður ef hámark 2,70 kr/kWh Mkr
Raforkusala Landsvirkjunar til almenningsveitna	6.272	1.756	2.180,0	0,8	538,8	9.197,7	551,9	0,01	0,8	
Raforkusala Hitaveitu Suðurnesja	837	439	196,2	2,2	169,5	1.700,0	102,0	-0,34	1,9	
Raforkusala Orkuveitu Reykjavíkur	4.323	1.326	737,7	1,8	135,6	8.199,0	491,9	0,48	2,3	
Raforkusala Rafveitu Hafnarfjarðar	476	197	79,8	2,5	53,6	792,4	47,5	-0,08	2,4	
Raforkusala Akranesveitu	228	93	44,3	2,6	25,7	186,0	11,2	-0,33	2,3	
Aðveitukerfi Rarik, sala til annarra		88	176,6	0,5						
Raforkusala Rarik til endanlegra notenda	4.625	1.463	680,4	2,2	-117,3	10.595,0	635,7	1,11	3,3	379
Raforkusala Orkubús Vestfjarða	613	276	119,0	2,3	-48,3	1.500,0	90,0	1,16	3,5	93
Raforkusala, Rafveitu Sauðárkróks*	124	25	17,9	1,9	-4	172,2	10,3	0,80	2,7	
* 7,1 Mkr dregin frá vegna ótryggðrar orku										
Raforkusala Norðurorku	467	151	85,3	1,8	24,1	874,4	52,5	0,33	2,1	
Raforkusala Orkuveitu Húsavíkur										
Raforkusala Bæjarveitna Vestmannaeyja	220	68	38,1	2,3	2,7	193,0	11,6	0,23	2,5	
Raforkusala Selfossveitna	224	78	35,0	2,7	18,0	184,9	11,1	-0,2	2,5	
Samtals án Landsvirkjunar	12.137	4.204	2.034	2,1	260	24.397	1.463,8	0,59	2,7	472



Mynd 1 Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) alls á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.



Mynd 2 Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) aðveitukerfisins á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.



Mynd 3 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) sveitakerfa á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**



Mynd 4 **Fjármagnskostnaður (reiknaðar afskriftir út frá stofnverði og 30 ára afskriftum og 6% arður/vextir) innanbæjarkerfa á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.**

RITASKRÁ

Ársskýrslur rafveitna fyrir árin 1997 og 1999.
Iðnaðarráðuneytið, 2001: „Frumvarpi til raforkulaga". Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.
Nefnd um stofnun landsnets, 2000: „Framtíðarskipulag raforkuflutnings á Íslandi". Iðnaðarráðuneytið
Orkunefnd iðnaðarráðherra, 1996a: „Framtíðarskipan orkumála. Tillögur um breytingar". Iðnaðarráðuneytið.

VIÐAUKI 1 – SKIPUNARBRÉF STARFSHÓPSINS

(23. febrúar 2001.)

Í iðnaðarráðuneytinu er unnið að frumvarpi til raforkulaga. Í því er m.a. kveðið á um aðskilnað samkeppnis- og einokunarþátta í rekstri raforkufyrirtækja þannig að framleiðsla og sala verður aðskilin frá flutningi og dreifingu. Við það er miðað að félagslegum skyldum verði aflétt af raforkufyrirtækjum. Af því leiðir að kostnaður þeirra vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu mun endurspeglast í gjaldskrá veitufyrirtækja.

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til að meta kostnað vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfi landsins í dag og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Við það ber að miða að heildarumfang verðjöfnunar vegna óarðbærra eininga í aðveitu- og dreifikerfinu verði svipað og síðastliðin ár.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra eigi síðar en 15. apríl 2001.

Í starfshópinn eru skipaðir:
Friðrik Már Baldursson, rannsóknaprófessor við HÍ.
Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri, sem jafnframt er skipaður formaður.
Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur.
Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri.
Lúðvík Guðjónsson viðskiptafræðingur.
Starfsmaður hópsins verður Jón Vilhjálmsson verkfræðingur.

VIÐAUKI 2 – HELSTU LEIÐIR TIL JÖFNUNAR Á KOSTNAÐI NOTENDA VIÐ RAFORKUÖFLUN

Hér verða teknar saman punktar um helstu leiðir sem gætu komið til greina varðandi jöfnun kostnaðar við raforkuöflun. Notaðar eru eftirfarandi skilgreiningar sem fram koma í skýrslu landsnetsnefndar:

Verðjöfnun: Verð á raforku til notenda á ákveðnu svæði er lækkað frá því sem það þyrfti að vera ef greiða ætti allan kostnað við að koma orkunni til notenda. Kostnaður er breytilegur eftir svæðum og hann er að jafnaði meiri í dreifbýli en þéttbýli og er verðjöfnun oft notuð ef jafna á slíkan aðstöðumun.

Niðurgreiðslur: Greiðslur notenda fyrir orkukaup eru lækkaðar þar sem ríkið tekur á sig að greiða hluta kostnaðarins og greiðslurnar ná til allra sambærilegra notenda hvar sem á landinu þeir eru búsettir. Hér er t.d. um að ræða niðurgreiðslur ríkisins á orku til húshitunar. Aftur á móti ætti framlag orkuveitnanna til lækkunar húshitunarkostnaðar fremur að flokkast sem verðjöfnun þótt sá hluti sé að jafnaði tekinn með niðurgreiðslunum og verður þeirri venju haldið hér. Gera má ráð fyrir að þessar greiðslur hverfi í nýju kerfi.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Kostnaður við að koma raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða m.a. vegna byggðasjónarmiða. Slíkir þættir hafa verið sagðir óarðbærir en jafnframt er hér um verðjöfnunaraðgerð að ræða.

Þessir þrír þættir eru nátengdir og er því eðlilegast að fjalla um þá saman í heild sinni og verður því þessi umræða ekki takmörkuð við óarðbæru einingarnar. Landsnetsnefnd lagði til að þessum kostnaði yrði haldið fyrir utan raforkukerfið og að hann væri fjármagnaður með sköttum eða álagi á raforkuvinnslu. Hafa ber þó í huga að alltaf verður einhver jöfnun í kerfinu þar sem ómögulegt er að reikna sérstaklega kostnað við hvern og einn notanda.

Í leiðum 3 og 4 er einnig fjallað um framkvæmd þessara aðgerða þar sem það eru þær leiðir sem starfshópurinn hefur horft mest á.

Líklegt er að nýtt skipulag raforkudreifingar kalli á að gjald fyrir dreifingu raforku til hitunar hækki en að á móti mundi kostnaður fyrir aðra notkun lækka þar sem erfitt verður að vera með gjaldskrá háða tegund notkunar. Slíkt gæti kallað á auknar niðurgreiðslur.

Einnig væri mikilvægt að samræma allar jöfnunaraðgerðir hins opinbera til að ekki séu í gangi mismunandi aðgerðir sem ekki er samræmi á milli eins og dæmi eru um varðandi húshitun. Ef allar slíkar jöfnunaraðgerðir eru sýnilegar er einnig líklegra að fjármunum sé varði á skynsamlegan hátt.

Hér að aftan er fjallað um helstu leiðir sem hér koma til greina varðandi þennan kostnað en þessi upptalning er ekki tæmandi og einnig gæti útfærslan verið önnur en fram kemur í þessum leiðum.

V2.1 Núverandi fyrirkomulag

Í núverandi fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Lægri gjaldskrá er fyrir dreifingu á orku til hitunar húsa en fyrir aðra notkun.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum. Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins leggja þó einnig nokkra upphæð til niðurgreiðslna.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið hefur fjármagnað óarðbærar einingar í raforkukerfinu svo sem dreifikerfið í sveitum og aðveitulínur sem ekki hafa staðið undir sér.

Um miðja síðustu öld var komið á því fyrirkomulagi að ríkið greiddi það sem á vantaði í sveitakerfunum þegar notendur höfðu greitt tengigjöld. Á 9. áratugi aldarinnar hefði þurft að auka flutningsgetu kerfanna og lagði ríkið fram fjármagn til þess. Ekki hefur alltaf fengist nægjanlegt fé frá ríkinu vegna óarðbærra eininga og hefur þá verið tekið á þessum kostnaði eftir að hann hefur hlaðist upp hjá veitufyrirtækjunum. Fram til 1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu en eftir að það var lagt af yfirtók ríkið skuldir dreifiveitna í strjálbýli og þá var gerður samningur um arðgreiðslu Rafmagnsveitna ríkisins í ríkissjóð sem skyldi að stórum hluta varið til þessara aðgerða.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.

Gallar:
- Verðjöfnun er að vissu leyti óréttlát þar sem notendur á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins standa undir verðjöfnun sem aðrir landsmenn taka ekki þátt í. Hví á notandi á Flúðum að jafna verði til notanda í Þistilfirði fremur en notandi á Selfossi? Þetta kerfi myndar hvata fyrir þau svæði sem best eru staðsett til að stofna eigin dreifiveitu en þó hefur það ekki orðið raunin á undanförnum árum.
- Erfitt er að fá fjármagn vegna óarðbærra eininga þar sem sækja þarf slíkt á hverju ári til ríkisins. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Kostnaður vegna óarðbærra eininga er ógagnsær og hvergi kemur fram hver hann er né hvernig hann skiptist á einstök svæði. Notendur, sveitarfélög eða aðrir hafa ekki hugmynd um hver sé kostnaður ríkisins af þessum aðgerðum gagnvart einstökum notendum.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.2 Hið opinbera greiði kostnað við óarðbærar framkvæmdir

Gert er ráð fyrir að litið sé á einstakar framkvæmdir í kerfinu og óarðbær þáttur þeirra reiknaður og ríkið greiði þann kostnað þegar ráðist er í framkvæmd. Einnig er gert ráð fyrir að gjaldskrá sé breytt þannig að ekki sé um mismunun að ræða eftir því til hvers orkan er notuð.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið fjármagnar óarðbærar framkvæmdir í raforkukerfinu með beinum framlögum til einstakra framkvæmda. Áætlað er hve stóran hluta fjárfestingarinnar notkunin stendur ekki undir og út frá þeim reikningum komi framlög úr ríkissjóði. Halda þarf því fjármagni sem fæst á þennan hátt utan við tekjuramma veitunnar svo að það komi ekki inn í mat á arði af starfseminni.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.
- Fjármagn til óarðbærra framkvæmda kemur úr ríkissjóði.
- Upplýsingar liggja fyrir um kostnað vegna einstakra óarðbærra framkvæmda.
- Verðjöfnun sem notendur standa undir með millifærslum frá „hagstæðum“ notendum til „óhagstæðari“ notenda sem liggja verr við kerfinu verður sambærilegt hjá öllum veitum.

Gallar:
- Erfitt gæti verið að fá fjármagn til þessara aðgerða þó svo að komið sé á slíku fyrirkomulagi og hætt er við að smám saman dragi úr slíkum framlögum eins og raun hefur orðið á áður. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Erfitt er að reikna kostnað vegna óarðbærra eininga í dreifikerfum í sveitum og þetta getur kallað á að byggt verði upp óhóflega dýrt kerfi þar.
- Flóknir reikningar þar sem ýmsar forsendur geta verið umdeildar svo sem reiknivextir, afskriftatími o.fl.
- Notendur gera sér enga grein fyrir kostnaði sem ríkisvaldið leggur í vegna notkunar þeirra.
- Kostnaður er reiknaður út frá notkuninni eins og hún er þegar ráðist er í framkvæmdina og áætlaðri þróun en hún getur orðið nokkuð önnur. Veiturnar taka því vissa áhættu sem gæti skilað sér í aukinni verðjöfnun þegar fram í sækir.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.3 Hið opinbera greiði kostnað vegna einstakra óarðbærra framkvæmda í flutningskerfinu og stofnkostnað og endurnýjun í strjálbýlinu

Í þessari leið er miðað við að allt sé óbreytt frá leið 2 nema kostnaðurinn í dreifikerfinu í strjálbýli. Gert er ráð fyrir að litið sé á einstakar framkvæmdir í flutningskerfinu og óarðbær þáttur þeirra reiknaður og ríkið greiði þann kostnað þegar ráðist er í framkvæmd. Ríkið greiðir aftur á móti ákveðna upphæð árlega vegna stofnkostnaðar og endurnýjunar dreifikerfisins í strjálbýlinu.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Hver rafveita jafnar verði innan síns veitusvæðis óháð því hve umfangsmikið svæðið er. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið fjármagnar óarðbærar framkvæmdir í raforkukerfinu með beinum framlögum. Í flutningskerfinu verði óarðbær þáttur hverrar framkvæmdar fyrir sig reiknaður út frá áætluðum tekjum og gjöldum vegna framkvæmdarinnar á áætluðum líftíma.
Í dreifikerfinu í strjálbýli verði stofnkostnaður umfram það sem notendur greiða sjálfir í formi tengigjalda greiddur að fullu úr ríkissjóði. Metið er í upphafi hvaða hlutar dreifikerfisins falli undir þennan þátt og eftirlitsaðili meti síðan árlega hvaða framlag þarf til þessa þáttar. Dreifiveitur verji a.m.k. þessu framlagi til viðbótar og endurnýjunar á þeim kerfishlutum sem um ræðir.
Halda þarf því fjármagni sem ríkið veitir til óarðbærra framkvæmda utan við tekjuramma veitunnar svo að það komi ekki inn í mat á arði af starfseminni.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.
- Fjármagn vegna óarðbærra eininga kemur úr ríkissjóði.
- Upplýsingar liggja fyrir um kostnað ríkisins vegna einstakra framkvæmda.

Gallar:
- Erfitt gæti verið að fá fjármagn vegna óarðbærra eininga þó svo að komið sé á slíku fyrirkomulagi og hætt er við að smám saman dragi úr slíkum framlögum eins og raun hefur orðið á áður. Hætt er við að slíkt fáist ekki fyrr en í óefni er komið og að þetta sé þá að hluta leyst með verðjöfnun innan veitusvæða Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
- Flóknir reikningar þar sem ýmsar forsendur geta verið umdeildar svo sem reiknivextir, afskriftatími og fl.
- Notendur gera sér enga grein fyrir kostnaði sem ríkisvaldið leggur í vegna notkunar þeirra.
- Kostnaður er reiknaður út frá notkuninni eins og hún er þegar ráðist er í framkvæmdina og áætlaðri þróun en hún getur orðið nokkuð önnur. Veiturnar taka því vissa áhættu sem gæti skilað sér í aukinni verðjöfnun þegar fram í sækir.
- Þau svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá ekki að njóta þess.

V2.3.1 Framkvæmd

Framkvæmd þessara aðgerða yrði eftirfarandi:

Nýjar framkvæmdir í flutningskerfinu:

Samkvæmt þessari leið mundu flutningsfyrirtæki /dreifiveitur gera áætlanir um allar framkvæmdir í flutningskerfinu og hve stór hluti þeirra væri óarðbær. Setja þyrfti skýrar reglur um það á hvern hátt óarðbæri kostnaðurinn yrði metinn. Ár hvert mundi flutningsfyrirtæki/dreifiveitur senda til iðnaðarráðuneytisins áætlun um þessar framkvæmdir og þaðan færi hún inn í fjárlög. Sem eftirlitsaðili mundi Orkustofnun fara yfir þessa áætlun. Ef flutningsfyrirtækið færi út í slíka framkvæmd án þess að framlag kæmi frá ríkinu mætti það ekki jafna kostnaðinum heldur bæri því að láta notendur mannvirkisins bera kostnaðinn. Framkvæmdir sem fjármagnaðar væru á þennan hátt færu ekki inn sem eign fyrirtækisins heldur væri haldið fyrir utan þannig að fyrirtækið fengi ekki afskriftir af henni né kæmi hún inn í mat á leyfilegum arði. Óarðbæri kostnaðurinn kæmi því á engan hátt inn í gjaldskrá. Við endurnýjun flutningslína þyrfti einnig að meta þennan þátt.

Framkvæmdir í dreifikerfum í strjálbýli:

Dreifiveitur mundu ár hvert koma með tillögur að fjármagni sem færi til styrkingar dreifikerfinu í strjálbýli hvort sem um nýframkvæmd eða endurnýjun er að ræða og mundi ríkið þannig kosta að fullu uppbyggingu sveitakerfanna utan tengigjalda. Iðnaðarráðuneytið mundi afgreiða þessar tillögur að fenginni umsögn Orkustofnunar. Framkvæmdir sem fjármagnaðar væru á þennan hátt færu ekki inn sem eign fyrirtækisins heldur væri haldið fyrir utan þannig að fyrirtækið fengi ekki afskriftir af henni né kæmi hún inn í mat á leyfilegum arði. Óarðbæri kostnaðurinn kæmi því á engan hátt inn í gjaldskrá.

Framkvæmdir í dreifikerfum í þéttbýli:

Dreifikerfi í þéttbýli yrðu ætíð að standa undir sér og því kæmi aldrei til aðgerða þar.

Mat á núverandi kerfum:

Ríkið hefur lagt fjármuni til óarðbærra framkvæmda síðustu áratugi og þessir fjármunir eiga að nýtast áfram. Meta þyrfti óarðbæran hluta einstakra flutningsvirkja í núverandi flutningskerfi og taka hann út úr eignum fyrirtækjanna. Eftir stæðu þá eignir sem gætu borið sig með þeim tekjum sem fengjust af flutningnum og afskriftir og arður fyrirtækisins miðaðist einungis við þessar eignir.

Niðurgreiðslur á rafhitun:

Niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis yrði haldið áfram með sama hætti og nú. Auka þyrfti þessar niðurgreiðslu um 300 m.kr. lauslega áætlað vegna þess að gjaldskrá verður ekki breytilegt eftir því til hvers orkan er notuð.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af húshitun: Skoða þarf hvort breyta eigi endurgreiðslu á virðisaukaskatti af húshitun þar sem það er flókið kerfi með mismunandi virðisaukaskatti.

Reikningar fyrir úttekt: Á reikningum sem notendur mundu fá frá dreifiveitunni kæmi fram gjald það sem þeir greiddu fyrir úttekt. Hugsanlega mætti sýna kostnað vegna óarðbærra eininga á reikningnum út frá því fjármagni sem liggur í kerfinu og ekki er inni í eign veitunnar en þá verður að halda utan um þann þátt eins og aðrar eignir. Alla vega væri það lágmarkskrafa að fjármagn sem varið er til þessara þátta komi fram í raforkuskýrslu og einnig hve mikil áhrif þessar aðgerðir hafa á raforkuverðið.

Eftirlit: Í þessu kerfi væri lítið aðhald með óarðbærum fjárfestingum hvort sem um væri að ræða flutningskerfið eða dreifikerfi í strjálbýlinu. Veiturnar mundu væntanlega vilja frekar að lagðir væru meiri en minni fjármunir í þessi kerfi þar sem slíkt kallar á minni athugasemdir frá notendum, auðveldari rekstur og hugsanlega möguleika á aukinni notkun. Hagræðingarhvatinn sem settur er á fyrirtækin hefur engin áhrif á þessar fjárfestingar og jafnvel mundi hann hafa öfug áhrif þar sem dýrara kerfi gæti verið ódýrara í rekstri. Eftirlit Orkustofnunar yrði því að vera mjög virkt í þessu tilviki.

V2.4 Hið opinbera greiði niður orkuverð á þeim svæðum þar sem kostnaður er mestur

Hér er gert ráð fyrir að farin sé önnur leið en nú og að ekki sé sett sem skilyrði að um verðjöfnun sé að ræða hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Skilgreina þyrfti dreifiveitusvæði og innan þeirra væri verðjöfnun.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Verði er jafnað innan dreifiveitusvæðis og getur ein veita verið með mörg slík svæði. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni er greidd niður og að stærstum hluta eru þessar niðurgreiðslur fjármagnaðar með skatttekjum þar sem þær eru á fjárlögum.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Ríkið leggur árlega fram fjármagn vegna óarðbærra eininga í raforkukerfinu.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:

- Niðurgreiðslur á rafhitun eru að mestu fjármagnaðar með sköttum og einstakir notendur sjá upphæð niðurgreiðslna sem kemur í þeirra hlut.
- Veitufyrirtæki fá sama verð fyrir flutning óháð því til hvers hún er notuð.

- Framlög vegna óarðbærra eininga yrðu sýnileg notendum eins og niðurgreiðsla húshitunar.
- Ef ríkisvaldið vildi ekki leggja fjármagn vegna óarðbærra eininga kæmi það fram í verði til notenda á þeim svæðum sem þurfa á slíku að halda. Vilji stjórnvalda kæmi því beint fram gagnvart notendum.
- Svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá að njóta þess og því verður minni hvati en ella til að stofna nýjar veitur.

Gallar:
- Þessi leið er flóknari fyrir dreifiveiturnar þar sem dreifiveita getur þurft að vera með fleiri en eina gjaldskrá.
- Halda þarf sérstaklega utanum kostnað á mismunandi svæðum til að hægt sé að vera með mismunandi gjaldskrár.
- Hvati til aðhalds í rekstri getur minnkað þar sem ríkið greiðir niður flutningskostnaðinn og aukinn kostnaður kallar þá á aukið framlag. Eftirlitsaðili þarf því að fylgjast vel með þessum þætti.

V2.4.1 Framkvæmd

Framkvæmd þessara aðgerða yrði eftirfarandi:

Nýjar framkvæmdir í flutningskerfinu: Samkvæmt þessari leið mundu flutningsfyrirtæki /dreifiveitur alfarið kosta uppbyggingu flutningskerfisins og sá kostnaður kæmi fram í gjaldskrám fyrirtækjanna. Þessum kostnaði yrði jafnað innan hvers dreifiveitusvæðis. Þar sem kostnaður væri talinn óhóflegur mundi ríkið leggja fram fjármuni til lækkunar gjaldskrár. Þetta framlag mundi lækka í samræmi við hagræðingarkröfuna sem sett væri á viðkomandi dreifiveitu. Í undantekningartilvikum yrði hægt að endurskoða framlag svo sem ef ráðast þarf í umfangsmiklar nýjar framkvæmdir með stærri óarðbæran þátt en var fyrir á viðkomandi dreifiveitusvæði. Slíkt ætti að vera algjör undantekning og ekki koma til greina nema eftir ítarlega skoðun Orkustofnunar.

Framkvæmdir í dreifikerfum í strjálbýli: Dreifiveitur mundu alfarið kosta uppbyggingu dreifikerfisins í strjálbýlinu og kæmi kostnaðurinn fram í gjaldskrá fyrirtækisins. Kostnaðinum yrði jafnað innan dreifiveitusvæðis. Miklum kostnaði í þessum kerfum yrði mætt með framlagi ríkisins. Þetta framlag mundi lækka í samræmi við hagræðingarkröfuna sem sett væri á viðkomandi dreifiveitu.

Framkvæmdir í dreifikerfum í þéttbýli: Dreifikerfi í þéttbýli yrðu ætíð að standa undir sér og því kæmi aldrei til framlag frá ríkinu þar fyrir utan rafhitun íbúðarhúsnæðis.

Mat á núverandi kerfum: Ríkið hefur lagt fjármuni vegna óarðbærra eininga síðustu áratugi og þessir fjármunir eiga að nýtast áfram. Dreifiveitan fengi þó arð af þessum eignum og þyrfti því að fara yfir eignamatið við skipulagsbreytinguna. Þar sem ríkið hefur eignast Orkubú Vestfjarða má ætla að allir þættir

kerfisins sem ekki bera sig séu í eigu þess og gæti því arðurinn af rekstrinum runnið að hluta til þessara aðgerða.

Niðurgreiðslur á rafhitun: Niðurgreiðslum á rafhitun íbúðarhúsnæðis yrði haldið áfram með sama hætti og nú. Auka þyrfti þessar niðurgreiðslur um 300 m.kr. lauslega áætlað vegna þess að gjaldskrá verður ekki breytilegt eftir því til hvers orkan er notuð.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af húshitun: Skoða þarf hvort breyta eigi endurgreiðslu á virðisaukaskatti af húshitun þar sem það er flókið kerfi með mismunandi virðisaukaskatti.

Reikningar fyrir úttekt: Á reikningum sem notendur mundu fá frá dreifiveitunni kæmi fram gjald það sem þeir greiddu fyrir úttekt auk þess sem lækkun gjaldskrár vegna framlags ríkisins kæmi þar fram. Yfirlit um þessi framlög kæmi síðan fram í raforkuskýrslu.

Eftirlit: Hætt er við því að í þessu kerfi yrði stöðugur þrýstingur á aukin framlög bæði frá veitufyrirtækjunum og notendum. Ef ekki væri fylgt föstum reglum um að hagræðingarkrafan næði einnig til niðurgreiðslna er hætt við að veiturnar fengju lítið kostnaðaraðhald heldur kæmi fram krafa um aukin framlög. Ef fyrirtækin fara út í óþarflega dýrar fjárfestingar eiga þau að bera kostnað af því en slíkt ætti ekki að vera kostað með auknum framlögum. Orkustofnun þyrfti að fara vel yfir þau undantekningartilvik sem kæmu upp varðandi dýrar framkvæmdir sem ekki kölluðu á aukin framlög nema stofnunin teldi þær nauðsynlegar og væri búin að meta áhrif þeirra.

V2.5 Hið opinbera hætti niðurgreiðslum og fjárhagslegum stuðningi við óarðbærar einingar en í staðinn komi styrkir utan raforkukerfisins

Samkvæmt þessari leið yrði kostnaður við raforkudreifingu sýnilegur og verð breytilegt milli svæða. Notendur fengju þá merki um raunverulegan kostnað en á móti yrði íbúar og atvinnustarfsemi styrkt á þeim svæðum þar sem kostnaður væri mikill.

Í þessu fyrirkomulagi er eftirfarandi:

Verðjöfnun: Verði er jafnað innan orkuveitusvæðis og getur ein veita verið með mörg orkuveitusvæði. Um allan orkuflutning gildir sama gjaldskrá óháð því til hvers orkan er notuð.

Niðurgreiðslur: Hætt yrði niðurgreiðslum á rafhitun.

Kostnaður vegna óarðbærra eininga: Kostnaður við raforkudreifingu kæmi að fullu fram í gjaldskrá dreifiveitna.

Kostir og gallar þessarar leiðar eru eftirfarandi:

Kostir:
- Kostnaður verður sýnilegur og notendur sjá þá raunverulegan kostnað við flutning og dreifingu.
- Ef ríkisvaldið vildi ekki leggja fjármagn til að styðja byggðir þar sem kostnaður er mikill við raforkudreifingu kæmi slíkt fram. Vilji stjórnvalda kæmi því fram gagnvart notendum.
- Svæði sem liggja vel við raforkukerfinu fá að njóta þess og því verður ekki til staðar hvati til að stofna nýjar veitur.

Gallar:
- Þessi leið er heldur flóknari fyrir dreifiveiturnar þar sem dreifiveita getur þurft að vera með fleiri en eina gjaldskrá.
- Halda þarf sérstaklega utanum kostnað á mismunandi svæðum til að hægt sé að vera með mismunandi gjaldskrár.
- Kostnaður notenda við raforkuöflun gæti orðið nokkuð hár á vissum svæðum sem mundi leiða af sér minni notkun en við núverandi aðstæður auk þess sem rafhitanotendur mundu spara orku til hitunar. Búið er að ráðast í uppbyggingu dreifikerfisins á þessum svæðum og því mætti segja að stór hluti kostnaðar sé fastur óháður notkun. Ef notkunin minnkaði þyrfti gjaldskráin því að hækka.

Hér hafa verið nefndar 5 leiðir en margar aðrar gætu einnig komið til greina sem t.d. gætu verið blanda af þessum leiðum.

Fylgiskjal VI.

Friðrik Már Baldursson,
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands:

Hvað geta Íslendingar lært af óförum raforkumarkaðarins í Kaliforníu?

(1. mars 2001.)

Undanfarna mánuði hafa raforkumál í Kaliforníu verið áberandi í fréttum. Ástæðan er skortur á raforku sem lýsir sér í gríðarlegum verðhækkunum og jafnvel skömmtun á álagstímum. Raforkumarkaður fylkisins er nú kominn í algerar ógöngur og stærstu veitufyrirtækin ramba á barmi gjaldþrots. Í fjölmiðlum er skuldinni oft á tíðum skellt á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Þetta er kannski eðlilegt því í stað þeirrar gnægðar af hreinni og ódýrri orku sem markaðsvæðingin átti að færa neytendum ríkir skortur og hátt verð. Að auki er farið að ræða tilslakanir í umhverfismálum til að ástandið megi batna!

Markmiðið hér er að fara stuttlega yfir þróunina í Kaliforníu, bakgrunn hennar og hugsanlegar ástæður. Á erlendum vettvangi er mikið fjallað um færar leiðir úr ógöngunum, en það er ekki ætlunin hér, heldur verður fjallað um framtíðina á Íslandi í ljósi þessara atburða, hvort hætta er á að svipað ástand komi upp hérlendis í framhaldi af nýju skipulagi raforkumála og hvað ber að varast í því sambandi. Áður en lengra er haldið er ástæða til að minna á hin fjölmörgu lönd og raunar einnig fylki í Bandaríkjunum sem hafa komið á markaðsbúskap í

raforkukerfum sínum og gengið vel. Þróunin í Kaliforníu er undantekning, en ekki regla og ástæðan til að skoða hana er fyrst og fremst sú að reyna að átta sig á hvað ber að varast.

Helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður úr þessari skoðun eru eftirfarandi:

- Margir þættir lögðust á eitt í Kaliforníu og ýttu undir hækkanir heildsöluverðs á rafmagni. Þeir helstu eru:
  - Spurn eftir raforku síðasta áratuginn hefur aukist um fjórðung, en framboð hefur nánast staðið í stað. Lítil umframorka var því til reiðu síðastliðið vor.
  - Óvænt aukning eftirspurnar varð síðasta sumar þegar óvenjulega heitt var í vesturfylkjum Bandaríkjanna. Þurrkar í norðvesturfylkjunum minnkuðu framboð á vatnsorku og mikið var um óvæntar lokanir gasorkuvera vegna bilana og viðhalds.
  - Vinnslukostnaður raforku úr gasi og öðru jarðefnaeldsneyti margfaldaðist á síðasta ári vegna verðhækkana á gasi og losunarheimildum fyrir mengunarvalda.
- Framangreindir þættir hefðu leitt til þurrðar á raforku og aukins kostnaðar við orkuöflun óháð ríkjandi markaðsskipulagi. Alvarlegir brestir í hönnun markaðarins gerðu ástandið enn verra en ella og leiddu á endanum til þess að stærstu rafveitur Kaliforníu komust í greiðsluþrot. Hér ber að nefna eftirfarandi atriði:
  - Veitur voru látnar selja orkuver sín, en var ekki leyft að gera langtímasamninga um orkukaup. Þær urðu því að gera öll innkaup á dægurmarkaði og var ókleift að stýra áhættu sinni.
  - Hámark (þak) var sett á smásöluverð frá veitunum, en heildsöluverð á dægurmarkaði hefur verið mun hærra en þakið frá maí sl. Afleiðingin varð tap sem nam 12 milljörðum bandaríkjadala (1.000 milljörðum ISK) í janúar sl.
  - Stærstu veiturnar hættu að greiða af skuldum sínum í janúar. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari.
  - Vegna verðþaks hafa neytendur enga efnahagslega hvata til að draga úr notkun sinni. Eina færa leiðin þegar eftirspurn fer fram úr orkuframboði er því skömmtun.
  - Fyrirkomulag markaðarins er mjög flókið. Samhæfing og stjórnun er því erfið. Dæmi um þetta er aðskilnaður dægurmarkaðar frá kerfisstjórn með 25 manna stjórnum hagsmunaaðila fyrir hvora stofnun.
- Vísbendingar eru um að einhverjir vinnsluaðilar hafi notfært sér ástandið til að hækka verð á raforku. Þurrð á raforku, flókið markaðskerfi og slæleg samhæfing gerir slíkt auðveldara en ella.
- Veigamesta ástæðan fyrir orkuskortinum er að sjálfsögðu vöntun á fjárfestingum í nýjum orkuverum. Líklegt er að meginástæðan þar séu flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði. Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna frá fyrri árum hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn.
- Miðað við fyrirliggjandi drög að frumvarpi til nýrra raforkulaga er ákaflega ólíklegt að Ísland lendi í sömu ógöngum og Kalifornía. Brestir þeir sem eru á skipulagi raforkumarkaðarins í Kaliforníu eru einfaldlega ekki til staðar. Þó er ástæða til að huga vandlega að því að efnahagslegir hvatar séu til að byggja ný orkuver með nægjanlegum fyrirvara.
- Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað sveiflum í eftirspurn rafveitna án þess að samningar um slíkt liggi fyrir. Líklega mun þetta breytast í nýju umhverfi, en ekki er

ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að hvetja markaðsaðila til að gera samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkuviðskipta sinna.

- Ástæða er til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að heimildir til skerðingar orkusölu til stóriðju verði áfram til staðar við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku.
- Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Mynd 1. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu.
USD/MWh við hámarksálag.



Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Skipulag raforkumála í Kaliforníu.

Raforkukerfið í Kaliforníu fram til ársins 1996 einkenndist af hefðbundnum veitufyrirtækjum sem sáu um alla þætti raforkumarkaðarins, allt frá vinnslu til smásölu, á tilteknu svæði og höfðu einkarétt til slíkrar starfsemi, hvert á sínu svæði. Verðlagning byggðist á framleiðslukostnaði fyrirtækjanna. Þau gátu því velt auknum kostnaði óhindrað út í verðlag sem leiddi til offjárfestingar og hás raforkuverðs.

Markaðsvæðing raforkumála í Kaliforníu hófst árið 1996 að undangenginni mikilli umræðu og undirbúningi. Í grófum dráttum má segja að nýskipanin hafi falist í skiptingu raforkugeirans í fjögur meginsvið – vinnslu, flutning, dreifingu og sölu – svipaðri þeirri sem stuðst var við í Bretlandi og Noregi og síðar í tilskipun ESB um innri markað fyrir raforku. Raunar áttu skipulagsbreytingarnar í Bretlandi að vera fyrirmyndin að því sem varð í Kaliforníu. Í mjög stuttu máli er hugmyndin að baki þessari skiptingu sú að tryggja að samkeppni ríki í vinnslu og sölu raforku eins og með hverja aðra vöru eða þjónustu. Hins vegar er talið að flutningur og dreifing raforku séu náttúruleg einkaréttarsvið. Einhverjum einum aðila er

því falið að sjá um flutning og/eða dreifingu á tilteknum svæðum, en tveir fyrrnefndu þættirnir eru gefnir frjálsir.[1] Í skipulagi af þessu tagi er hlutverk kerfisstjóra, sem sér til þess að jafna ávallt framboð og eftirspurn, mjög mikilvægt. Víðast hvar rekur kerfisstjórinn skyndimarkað fyrir raforku, dægurmarkað, þar sem gerð eru tilboð um kaup og sölu til skamms tíma, yfirleitt einn dag fram í tímann. Í tengslum við slíkan markað þróast yfirleitt staðlaðir, framvirkir samningar um raforkukaup.

Þrátt fyrir að þessi hugmynd liggi að baki skipulagsbreytingunum í Kaliforníu var hart tekist á um breytingarnar. Ýmsir þrýstihópar og stjórnmálamenn, sem eflaust töldu sig vera að gæta almannahagsmuna, náðu fram takmörkunum af ýmsu tagi á athöfnum veitufyrirtækjanna. Enn fremur varð kerfið mjög flókið sem varð til þess að samhæfing er erfið og viðbrögð við vandkvæðum slæleg. Í þessu sambandi má nefna að kerfisstjórn og skyndimarkaður eru hvort um sig rekin af sérstökum fyrirtækjum sem lúta 25–26 manna stjórnum þar sem sitja fulltrúar hinna ýmsu hagsmunaaðila („stakeholders"). Enn fremur er allt regluverkið og eftirlitskerfið mjög flókið með afskiptum fylkis og alríkis á öllum stigum. Við þetta bætast strangar og flóknar reglur í umhverfismálum sem hafa veruleg áhrif á byggingu og rekstur vinnslu og flutningsmannvirkja. Undirbúningstími að fjárfestingum í nýrri flutnings- eða vinnslugetu er því mjög langur og mun vera að jafnaði tvöfalt lengri en víðast hvar annars staðar í Bandaríkjunum.[2] Vinnslustöðvar sem brenna jarðefnaeldsneyti eru sérstaklega háðar takmörkunum á losun efna sem valda staðbundinni mengun (NO_x).[3]

Það sem átti eftir að reynast sérstaklega afdrifaríkt í Kaliforníu var að veitufyrirtækjunum í Kaliforníu var gert að selja megnið af vinnslugetu sinni, en var jafnframt bannað að gera samninga til lengri tíma um orkukaup við þá sem keyptu vinnsluhlutann eins og tíðkast hefur víðast hvar annars staðar. Í stað þess var veitunum gert skylt að kaupa orkuna á skyndimarkaðnum á verði hvers tíma. Jafnframt var sett þak á smásöluverð raforku (USD 65/MWh – u.þ.b. 5,7 kr./kWh). Markmiðið með þessu var að koma ætluðum ávinningi af markaðsvæðingunni strax til neytenda, en jafnframt var veitunum gert ókleift að tryggja sig gegn sveiflum í markaðsverði. Til að gefa veitunum kost á að aðlagast nýja kerfinu var hins vegar komið á sérstöku gjaldi („Competition Transition Charge" – CTC) sem lagt er á söluaðila til ársins 2002. Tekjum af gjaldinu er ætlað að greiða niður offjárfestingar fyrri ára að hluta. Áhrifin eru að sjálfsögðu þau að draga úr samkeppni og nýju framboði á markaðnum.

Þróunin á markaðnum.

Allt fram í maí á síðasta ári gekk markaðurinn bærilega þrátt fyrir allt þótt raunar væri bent á að verðlag væri hærra en eðlilegt væri ef full samkeppni ríkti á markaðnum.[4] Sjaldan kom til þess að skortur yrði á raforku og meðalverð á skyndimarkaðnum var oftast vel fyrir neðan það verðþak sem veitufyrirtækin sættu.[5] Í maí varð hins vegar gerbreyting á þessu,

---

[1] Sjá nánar um þetta í skýrslu orkunefndar frá 1996. Sjá einnig stutt yfirlit í greinum höfundar sem birtust í Morgunblaðinu í maí 2000 og eru einnig á vefslóðinni www.hi.is/~fmbald.

[2] California's Power Crisis, The Economist January 20th 2001.

[3] Sjá kafla 4 í skýrslu Federal Energy Regulatory Commission (FERC): Staff Report to the Federal Energy Regulatory Commission on Western Markets and the Causes of the Summer 2000 Price Abnormalities. Federal Energy Regulatory Commission, November 1, 2000.

[4] Sjá t.d. Borenstein, Bushnell og Wolak, „Diagnosing Market Power in California's Deregulated Wholesale Electricity Market", University of California Energy Institute, August 2000. Niðurstaðan er að markaðsverð hafi verið 16% hærra en verð á samkeppnismarkaði á gagnatímabilinu sem var júní 1998 til september 1999.

[5] Sjá 2. kafla skýrslu FERC.

verð hækkaði mikið og fjöldi skilgreindra neyðartilvika þar sem þurrð varð á raforku margfaldaðist frá fyrri árum. Verðtoppar á skyndimarkaðnum fóru í mörg hundruð dollara á MWh og meðalverð á markaðnum síðasta sumar var á bilinu 100–160 USD/kWh (sjá mynd 2). Veitufyrirtækin hafa því þurft að kaupa rafmagn á mun hærra verði en þau hafa mátt selja og tap þeirra hefur verið gríðarlegt.

Mynd 2. Verð á skyndimarkaðnum í Kaliforníu janúar – nóvember 2000.
Sýnt er meðalverð („average“) og hámarksverð („max“) í hverjum mánuði.



Heimild: William Hogan, Harvard-háskóli.

Aðeins dró úr vandræðunum í október, en síðan ágerðust þau aftur og komið hefur til skömmtunar raforku með því að taka straum af svæðum til skiptis. Í janúar sl. höfðu veiturnar safnað skuldum sem námu 12 milljörðum dollara, eða um 1.000 milljörðum íslenskra króna. Lánstraust þeirra varð þá að engu, sem gerði orkuinnkaup fyrirtækjanna erfiðari, og virðist allt stefna í þjóðnýtingu þessara fyrirtækja af hálfu fylkisins þótt ekki sé komin niðurstaða í það mál þegar þetta er ritað.

Skýringar.

Það er freistandi að skella skuldinni af þessum óförum á markaðsvæðingu raforkukerfisins. Er það ekki gríðarlega hátt verðlag á skyndimarkaðnum sem hefur sett veitufyrirtækin í Kaliforníu á hausinn? Þegar grannt er skoðað er skýringanna þó öllu fremur að leita í alvarlegum ágöllum á fyrirkomulagi markaðarins sem gera kerfið viðkvæmt fyrir áföllum. Það kann að hljóma einkennilega nú, en viðkomandi ákvæðum var ætlað að gefa veitunum kost á að aðlagast nýju umhverfi. Verstu gallarnir eru því tímabundnir og með heppni hefði þessi slæma staða aldrei komið upp. Það sem gerðist síðastliðið ár var að hitar og þurrkar gerðu hvort tveggja að auka eftirspurn eftir raforku og draga úr framboði vatnsorku sem er mikilvæg á þessu svæði. Í haust og vetur voru síðan miklir kuldar í norðvesturfylkjum Bandaríkjanna sem bættu gráu ofan á svart. Því fór sem fór.

Mynd 3. Raforka í Kaliforníu.



Vinstri mynd: eftirspurn í GWh. Hægri mynd: Vinnslugeta í MW.
Heimild: www.economist.com /Cambridge Energy Research Associates.

Við fyrstu sýn virðast skýringar á verðþróuninni í Kaliforníu einfaldar. Mikill hagvöxtur í fylkinu undanfarin ár hefur leitt til þess að eftirspurn raforku hefur aukist hröðum skrefum. Framboð hefur hins vegar staðið í stað (sjá mynd 3). Þetta kemur ekki svo mikið að sök meðan umframafkastageta er í kerfinu eða ef hægt er að flytja inn orku frá nágrannaríkjum. Ef það er ekki hægt hækkar dægurverð (verð á skyndimarkaði) og við eðlilegar aðstæður jafnar það eftirspurn og framboð. Verðbreytingar hafa raunar almennt takmörkuð áhrif á spurn eftir raforku og því getur dægurverðið orðið mjög hátt þegar komið er að mörkum þess sem vinnslan afkastar. Vegna þaks á smásöluverði hjá veitunum í Kaliforníu draga neytendur ekki úr notkun sinni þótt verð hækki og fortölur og beiðnir um að draga úr orkunotkun hafa að jafnaði ekki mikil áhrif. Hækkanir á heildsöluverði verða því ávallt töluverðar við þær aðstæður sem lýst er hér og verða enn meiri vegna þaksins á smásöluverði. Þegar kemur að því að afkastageta er uppurin og ekki er hægt að fá orku annars staðar frá kemur til skammtana í kerfi sem þessu þar sem skilaboð þau sem felast í háu markaðsverði ná aldrei til neytenda.

Síðastliðið vor var mjög lítil umframafkastageta í raforkukerfi Kaliforníu og raunar í öllum vesturfylkjum Bandaríkjanna. Miklir hitar og hagvöxtur í fylkinu og nágrannafylkjum ollu því að eftirspurn jókst hröðum skrefum. Á svokölluðu vestursvæði var raforkunotkun í maí og júní yfir 10% meiri en árið 1999. Framboð var hins vegar minna en árið áður vegna þurrka sem drógu úr framleiðslugetu vatnsorkuvera og vegna lokana á gasorkuverum, sem mörg hver eru orðin gömul og léleg. Enn fremur jókst útflutningur raforku frá Kaliforníu.

Kostnaður við vinnslu raforku með gasi og öðru jarðefnaeldsneyti hækkaði mjög mikið á árinu 2000. Verð á náttúrulegu gasi þrefaldaðist og verð á NOx losunarheimildum áttfaldaðist. Þetta lagði sitt lóð á vogarskálarnar því rekstrarkostnaður á gastúrbínum þrefaldaðist frá ársbyrjun og fram á sumar.

Það fóru því saman mikil eftirspurn og minnkandi framboð á svæði sem þegar var orðið aðkreppt með orku. Að auki hækkaði kostnaður við orkuvinnslu. Raforkuverð hefði því ávallt hækkað við þessar kringumstæður hvernig sem í pottinn var búið. Allt eru þetta góðar og gildar skýringar á því hvers vegna raforkuverð hækkaði. Því er samt ósvarað hvernig stendur á því að framboð á orku hefur staðið í stað síðustu árin á meðan eftirspurn hefur vaxið hröðum skrefum? Eru aðrir ágallar á skipulagi markaðarins sem leiddu til þess að verð varð svo

hátt? Enn fremur er ástæða til að velta því fyrir sér hvort einhverjir vinnsluaðilar eða orkuheildsalar hafi markvisst beitt aðstöðu sinni til að hækka orkuverð og maka krókinn. Erfitt er að skera úr um síðastnefnda atriðið, en þó er talið að verð hafi orðið hærra en hægt er að skýra með samspili framboðs og eftirspurnar eða hækkandi framleiðslukostnaði.[6] Það er raunar svo að þegar álag verður mjög mikið á raforkukerfi getur aðili með tiltölulega litla markaðshlutdeild haft veruleg áhrif á dægurverð á uppboðsmarkaði.

Töluvert hefur verið fjallað um ástæður þess að engin orkuver hafa verið byggð síðustu 10 ár í Kaliforníu, en á sama tíma hefur eftirspurn aukist um fjórðung. Líklegt er að meginástæðan þar sé flóknar, strangar og síbreytilegar reglur í umhverfismálum sem fela í sér verulega áhættu fyrir fjárfesta vegna hættu á málaferlum, töfum og ófyrirsjáanlegum kostnaði við fjárfestingar.[7] Enn fremur hefur fjármögnun nýrra söluaðila á óhagkvæmum fjárfestingum veitufyrirtækjanna á fyrri árum eflaust hamlað því að nýir aðilar komi inn á markaðinn hvort heldur er í Kaliforníu eða í nágrannafylkjunum. Það er þó von á töluverðri vinnslugetu inn á markaðinn á næstu árum, en það verður líklega ekki fyrr en í fyrsta lagi að tveimur árum liðnum sem úr rætist (sjá mynd 4).

Mynd 4. Raforkujöfnuður í Kaliforníu.



Heimild: Cambridge Energy Research Associates (www.cera.com).

Hvað markaðsskipulagið sjálft varðar eru afdrifaríkustu mistökin líklega þau að banna veitunum að gera samninga til lengri tíma um orkuverð þegar þau seldu vinnsluhluta sinn frá sér. Þau hafa því ekki haft möguleika til að skipuleggja sig til lengri tíma og verið að mestu komin upp á dægurmarkaðinn. Verðþak á smásöluverð einangraði neytendur algerlega frá hinum raunverulegu markaðsaðstæðum þannig að þeir höfðu engan hvata annan en borgara-

---

[6] Sjá 5. kafla skýrslu FERC og Joskow og Kahn, „A Quantitative Analysis of Pricing Behavior in California's Wholesale Electricity Market During Summer 2000", Sloan School of Business, MIT, November 21 2000.

[7] Oft er talað um „the NIMBY (not in my backyard) syndrome", eða „ekki í mínum bakgarði heilkennin". Tímaritið The Economist gerði grín að ástandinu og skrifaði um BANANA („build absolutely nothing anywhere near anybody") lýðveldið Kaliforníu (8. febrúar 2001).

lega vitund til að draga úr neyslu sinni þrátt fyrir skort á raforku og að auki leiddi þakið til stórfellds taps veitnanna (sjá mynd 5). Að auki eru ýmsir ágallar vegna aðskilnaðar kerfisstjórnarinnar og dægurmarkaðarins sem of langt mál yrði að rekja hér.[8]

Mynd 5. Meðalverð á innkaupsverði raforku í heildsölu hjá veitufyrirtækinu Southern California Edison (SCE) auk smásöluverðs frá fyrirtækinu.



Heimild: www.sce.com.

Mergurinn málsins er að þegar farið var út í markaðsvæðingu að breskri fyrirmynd þá gleymdist að huga að þeim möguleika að ekki yrði nægt framboð á raforku. Veitunum var gert ókleift að skipuleggja raforkukaup til lengri tíma og treyst á að hagnaður af heildsölu raforku yrði nægjanlega aðlaðandi til að nýir vinnsluaðilar kæmu inn á markaðinn þrátt fyrir þá þröskulda sem voru í veginum.

Hvað um Ísland?

Það er eðlilegt að spurt sé hvort Ísland geti lent í svipuðum hremmingum og Kalifornía. Munu skipulagsbreytingar þær er felast í drögum að nýju frumvarpi til raforkulaga leiða okkur í sömu ógöngur? Að hverju þarf að hyggja til að koma í veg fyrir að þetta gerist?

---

[8] William Hogan, virtur hagfræðingur á sviði raforkumála sem gegnir prófessorsembætti við Harvard háskóla, orðar þetta svo (ásamt John Chandley og Scott Harvey): „...the design of the California market embraced the notion that what little the system operator would do should be done inefficiently in order to leave even more coordination problems for the market to solve." Tilvitnun úr „Electricity Market Reform in California", John F. Kennedy School of Government, Harvard, November 2000. Það skal tekið fram að Hogan varaði við aðskilnaði kerfisstjórnar og dægurmarkaðar í grein sem birtist 1995 í Electricity Journal.

Lykilatriðið varðandi framboð á raforku í markaðskerfi er augljóslega að efnahagslegir hvatar séu til að byggja nýjar virkjanir með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir vaxandi eftirspurn og ekki séu illfærar tálmanir af öðru tagi í vegi fyrir því. Nokkur atriði eru mikilvæg í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er mikilvægt að hið opinbera leiki ákveðið samræmingarhlutverk, m.a. með því að vinna vandaðar orkuspár og miðla upplýsingum til markaðarins. Einnig verði festa í stefnu stjórnvalda í öllum atriðum sem snerta markaðinn, þ.m.t. skattamálum, samkeppniseftirliti og umhverfismálum. Markaðsóvissa er næg þótt stjórnvöld auki ekki á hana. Enn fremur þarf að gæta hófs í reglusetningu, t.d. í samkeppnismálum, þannig að fjárfestum sé kleift að tryggja sér sölu á tilteknum hluta orku frá nýjum virkjunum til lengri tíma. Engu síður þarf að gæta þess að ráðandi aðilar misbeiti ekki aðstöðu sinni til að hækka verðlag á raforku til lengri eða skemmri tíma umfram það sem eðlilegt er eða hamla innkomu nýrra aðila á markaðinn með óeðlilegum hætti. Enn síður eiga stjórnvöld að hindra innkomu eins og gert var í Kaliforníu.

Það er nokkuð ljóst að ef sömu brestum væri komið á hér og í Kaliforníu gæti Ísland lent í svipuðum óförum þrátt fyrir að aðstæður séu að mörgu leyti ólíkar. Engir möguleikar eru að svo stöddu á innflutningi raforku og ef ófyrirsjáanleg aukning eftirspurnar yrði á nægjanlega skömmum tíma gæti orðið þurrð á raforku með sömu afleiðingum ef markaðsfyrirkomulagið væri áþekkt. Það er hins vegar mjög ólíklegt að slík staða kæmi upp ef litið er til þess fyrirkomulags sem felst í frumvarpsdrögunum. Að því er best verður séð verða aðilar frjálsir að því að gera samninga til lengri tíma og raunar er alls ekki kveðið á um tilvist dægurmarkaðar hvað þá að seljendur raforku séu skyldaðar til að eiga viðskipti á slíkum markaði. Ekki er heldur ætlunin að skylda dreifiveitur til að selja virkjanir sínar. Í núverandi skipulagi hefur Landsvirkjun svarað eftirspurn rafveitna án þess að til staðar séu samningar. Í nýju umhverfi mun þetta breytast, en ekki er ljóst hvernig markaðurinn mun þróast og hvort dægurmarkaður verður til staðar.

Það er ástæða til að taka fram í þessu sambandi að dægurmarkaðir eru mikilvægur hlekkur í raforkukerfum þeirra landa sem hafa komið á markaðsbúskap og hefur gengið vel eins og alls staðar utan Kaliforníu. Dægurmörkuðum er ætlað að jafna framboð og eftirspurn eftir raforku til mjög skamms tíma. Megnið af orkukaupum fer fram með tvíhliða samningum til mismunandi langs tíma svo yfirleitt fer einungis brot af heildarviðskiptum um slíka markaði, en verðsveiflur geta verið miklar á þessum takmarkaða hluta orkuviðskiptanna. Því er fásinna að skylda aðila til að gera öll orkukaup á slíkum markaði án þess að stýra áhættu með framvirkum samningum.

Eins og áður sagði er ekki ljóst hvernig fyrirkomulag verður á viðskiptum hér vegna skammtímasveiflna í framboði og eftirspurn og hvort þörf er á dægurmarkaði þar sem allir markaðsaðilar geta lagt inn tilboð um kaup og sölu. Ef Landsvirkjun og aðrir vinnsluaðilar eru ekki tilbúnir að afhenda raforku fyrirvaralaust eins og verið hefur virðist nauðsynlegt að komið sé á tilboðsmarkaði fyrir dægurviðskipti. Með hliðsjón af reynslunni í Kaliforníu virðist skynsamlegt að tiltaka hver skuli reka slíkan markað ef hann verður til og þá að kerfisstjóri, þ.e. flutningsfyrirtækið, fari með það hlutverk. Einnig er ástæða til að hvetja seljendur til að skipuleggja orkukaup sín með gerð samninga til lengri tíma um tiltekið hlutfall orkunotkunar sinnar. Vegna samkeppnissjónarmiða er ekki ráðlegt að samningar til langs tíma verði yfirgnæfandi í orkuviðskiptum. Betri lausn er að fyrirtæki hafi á hverjum tíma safn samninga til mismunandi langs tíma og finni þannig jafnvægi milli áhættustýringar og sveigjanleika.

Þrátt fyrir þetta er hugsanlegt að upp komi tilvik þar sem skortur er á raforku ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Landsvirkjun hefur hingað til tryggt að ekki komi til skerð-

ingar orkusölu til almennings í slíkum tilvikum með því að skerða afhendingu svokallaðrar afgangsorku, m.a. til stóriðju. Það er ástæða til að huga að því að í hinu nýja umhverfi verði tryggt með samningum eða ákvæðum í vinnsluleyfum að slíkt verði áfram mögulegt við tilteknar aðstæður. Enn fremur gæti kerfisstjóri samið um framsal á orku við stóriðjufyrirtæki ef óvænt þurrð verður á orku. Ef verðmyndun á markaðnum er skilvirk ætti að vísu að verða hagkvæmt fyrir stóriðjuna að draga úr framleiðslu og selja raforku þess í stað inn á almenna markaðinn við slíkar aðstæður, en rétt er að viðhafa fyrirhyggju í þessu efni. Raforkunotkun stóriðju er svo hátt hlutfall af heildarnotkun á Íslandi að ekki þarf hátt hlutfall hennar til að sjá fyrir töluvert mikilli aukningu í eftirspurn almenna markaðarins. Skerðingu orkusölu til stórnotenda ætti þó aðeins að líta á sem neyðarúrræði til að mæta ófyrirsjáanlegum sveiflum og heimildir til slíks ætti að skapa með samningum.

Seljendur raforku geta stuðlað að skilvirkari markaði með því að koma á verðlagningu sem breytist eftir álagstímum. Það krefst þess að notkun sé mæld fyrir mismunandi tíma dags. Fram til þessa hefur búnaður til slíks hefur verið of dýr til að þetta hafi borgað sig, en framfarir í upplýsingatækni eru óðum að breyta því.

Fylgiskjal VII.

Greinargerð um arðsemis- og hagræðingarkröfur til flutnings- og dreififyrirtækja raforku.

Í greinargerð þessari er að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fjallað um hverjar séu eðlilegar arðsemiskröfur, hámark og lágmark, af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku og hvernig megi skilgreina þær hagræðingarkröfur sem beri að gera til þeirra.

Fyrirtæki geta í grundvallaratriðum fjármagnað starfsemi sína með tvennum hætti. Annars vegar með hlutafjárframlögum og með því að halda eftir hagnaði af rekstrinum. Myndar slík fjármögnun eigið fé. Hins vegar geta fyrirtæki gefið út skuldabréf eða tekið lán með öðrum hætti. Við útreikning á arðsemiskröfu af bókfærðri eign er miðað við vegið meðaltal ávöxtunarkröfu fjármagns af hvorri tegund. Ávöxtunarkrafa á bæði eigið fé og skuldabréf veltur á eiginfjárhlutfalli fyrirtækis enda hefur hlutfallið áhrif á áhættu fjárfesta. Við mat á eðlilegri arðsemiskröfu þarf því að gefa sér ákveðnar forsendur um eiginfjárhlutfallið. Í útreikningum þeim sem hér eru framkvæmdir er í grunntilfelli gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall flutnings- og dreififyrirtækja raforku verði 35%. Þessi forsenda er gerð með vísan í tillögur eftirlitsstofnunar fyrir gas og rafmagnsmarkaði í Bretlandi, Ofgem (The Office of Gas and Electricity Markets), um verðeftirlit með flutningsfyrirtæki raforku í Englandi og Wales, NGC (The National Grid Company). Þar var 30–40% eiginfjárhlutfall talið eðlilegt viðmið. Einnig er höfð hliðsjón af eiginfjárhlutfalli traustra íslenskra fyrirtækja.

Að teknu tilliti til forsendu um 35% eiginfjárhlutfall, ávöxtunarkröfu á skuldabréf traustra íslenskra fyrirtækja með svipað eiginfjárhlutfall og því að rekstrarumhverfi flutnings- og dreifingarfyrirtækja raforku verður að öllum líkindum tiltölulega stöðugt þá er ekki ósennilegt að ávöxtunarkrafa á skuldabréf þeirra verði í námunda við ávöxtun ríkisskuldabréfa að viðbættu 1½ prósentustigs álagi. Ávöxtunarkrafan veltur að vísu einnig á seljanleika bréfanna á markaði og gæti verið hærri hjá smærri fyrirtækjum en lægri hjá þeim stærstu og einnig ef eiginfjárhlutfallið er hærra en 35%. Við mat á eðlilegri arðsemi er því miðað við ávöxtunarkröfu á skuldabréf á bilinu 1¼–1¾ prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa. Við mat á ávöxtunarkröfu hlutafjár er oft notast við svokallað CAPM líkan (Capital Asset Pricing

Model). Samkvæmt því veltur ávöxtunarkrafa umfram „áhættulausa“ ávöxtun á því hversu mikil áhætta hlutabréfa er í hlutfalli við „markaðseignasafnið“, þ.e. eignasafn sem samanstendur af öllum mögulegum fjárfestingarkostum. Iðulega er miðað við að áhættulausa ávöxtun megi nálgast með vöxtum ríkisskuldabréfa og að breytingar í hlutabréfavísitölum nái utan um ávöxtun markaðseignasafnsins. Svonefnt beta gildi er notað til að lýsa áhættunni í hlutfalli við markaðinn. Ef beta gildi viðkomandi hlutabréfa er stærra en 1 er ávöxtunarkrafa þeirra hærri en að meðaltali á markaðinum og lægri ef beta gildið er minna en 1. Ávöxtunarkrafa á hlutafé reiknast þá sem summa ávöxtunar á ríkisskuldabréf og margfeldis beta gildisins og áhættuálags markaðseignasafnsins, þ.e. ávöxtun þess umfram vexti ríkisskuldabréfa.

Þegar eðlileg ávöxtunarkrafa á hlutafé flutnings- og dreififyrirtækja raforku hér á landi er metin með CAPM líkaninu koma einkum upp tvö álitamál. Annars vegar hvert sé áhættuálag markaðseignasafnsins og hins vegar við hvaða beta gildi eigi að miða. Þar sem saga virks verðbréfamarkaðar er stutt hér á landi er stuðst við mat frá Bretlandi og Bandaríkjunum á áhættuálaginu. Í áðurnefndum tillögum Ofgem í Bretlandi var notast við 3½ prósentustig. Samanburður á sögulegri ávöxtun hlutabréfa umfram ríkisskuldabréf í Bandaríkjunum gefur allt að tvöfalt hærra mat en færa má góð rök fyrir því að þar sé um nokkuð ofmat á raunverulegu áhættuálagi að ræða. Með öðrum aðferðum má fá mat sem er ekki fjarri 4–4½ prósentustigum að meðaltali undanfarna fjóra áratugi. Í útreikningunum hér er því miðað við að áhættuálag markaðseignasafnsins sé á bilinu 3½–5 prósentustig og 4 prósentustig í grunntilfelli.

Að því er varðar viðmiðunargildi fyrir beta stuðulinn þá valdi eftirlitsstofnunin í Bretlandi í fyrrnefndri skýrslu að miða við gildið 1, þ.e. gert var ráð fyrir að áhættuálag á hlutabréf dreififyrirtækis raforku (NGC) væri jafnt áhættuálagi á markaðseignasafnið. Hér er einnig notast við beta gildið 1 í grunntilfelli. Þetta kann að þykja nokkuð hátt í ljósi þess að gera má ráð fyrir fremur stöðugu rekstrarumhverfi. Einnig má nefna að beta gildi fyrir NGC í Bretlandi er nokkuð lægra og beta gildi bandarískra raforkugeirans er að meðaltali á milli 0,5 og 0,6. Það verður hins vegar að hafa í huga í þessum samanburði að eiginfjárhlutfall hefur áhrif á beta gildi að gefnu rekstrarumhverfi. Að öðru jöfnu veldur lækkun eiginfjárhlutfallsins hækkun beta gildis. Eiginfjárhlutfall það sem hér er reiknað með er nokkuð lægra en hjá áðurnefndum fyrirtækjum. Því eru útreikningar einnig framkvæmdir þar sem gert er ráð fyrir lægra beta gildi og hærra eiginfjárhlutfalli en í grunntilfellinu.

Þær forsendur sem raktar hafa verið hér á undan leiða til þeirrar niðurstöðu að eðlileg arðsemiskrafa fjárfesta af bókfærðri eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku fyrir greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna sé á bilinu 3 til 4½ prósentustig umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa. Niðurstaðan er háð því að bókfærð eign gefi góða mynd af bundnu fé í rekstrinum. Þessi arðsemiskrafa samsvarar ávöxtun á bundið fé á bilinu 1½ til 3 prósentustig umfram vexti ríkisskuldabréfa eftir að tekið hefur verið tillit til greiðslu tekjuskatts fyrirtækjanna. Taflan hér á eftir sýnir hvaða forsendur liggja að baki útreikningum á eðlilegri arðsemiskröfu.

Þannig að hvatar séu til hagræðingar mætti miða við að eðlileg arðsemiskrafa náist einungis að því tilskildu að hagræðing nái fram að ganga. Til álita kæmi t.d. að gera kröfu um ákveðna árlega hlutfallslækkun verðs til notenda, svipað því sem Ofgem gerir í Bretlandi. Verðlækkunin gæti miðað við að fyrirtækjunum tækist að lækka raunkostnað við starfsemina um ákveðið hlutfall. Hér væri þó einungis miðað við þann kostnað sem fyrirtækin hafa góða stjórn á en annar kostnaður undanskilinn (svo sem afskriftir og álögð gjöld). Ekki er hér komið með tillögur um hversu mikil árleg verðlækkun gæti talist eðlileg hagræðingarkrafa, enda krefjast slíkar tillögur nokkuð ítarlegrar athugunar bæði á kostnaðaruppbyggingu fyrirtækjanna og því hvað getur talist raunsæ árleg lækkun á hverjum kostnaðarlið.

Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign flutnings- og dreififyrirtækja raforku umfram ávöxtun ríkisskuldabréfa.
Prósentustig nema annars sé getið.

	Grunntilfelli	Lágmark	Hámark
Eiginfjárhlutfall	35%	50%	35%
Raunávöxtun ríkisskuldabréfa	6%	6%	6%
Áhættuálag á markaðseignasafn (RPM)	4,0	3,5	5
Beta gildi	1,0	0,6	1
Áhættuálag á hlutafé (beta*RPM)	4	2,1	5
Tekjuskattshlutfall	30%	30%	30%
Ávöxtunarkrafa á eigið fé fyrir gr. tekjuskatts	14,3%	11,6%	15,7%
Áhættuálag á skuldabréf	1,50	1,25	1,75
Ávöxtunarkrafa á skuldabréf	7,50%	7,25%	7,75%
Eðlileg arðsemiskrafa á bókfærða eign	**9,9%**	**9,4%**	**10,5**
Eðlileg umframarðsemiskr. á bókf. eign[#]	3,9	3,4	4,5
Vegin umframávöxtun til fjárfesta e. tekjusk.[+]	**2,4**	**1,7**	**2,9**

[#] Eðlileg umframarðsemiskrafa fyrir tekjuskatt hækkar (lækkar) um 0,15–0,20 prósentustig við eins prósentustigs hækkun (lækkun) raunávöxtunar ríkisskuldabréfa að öðrum forsendum óbreyttum.

[+] Vegið meðaltal ávöxtunar eigenda skuldabréfa og hlutafjár eftir greiðslu tekjuskatts fyrirtækja.

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til raforkulaga.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda til raforkuvinnslu í því skyni að efla atvinnulíf og byggð í landinu.

Samhliða þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á við lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Einnig eru lagðar til breytingar á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923. Nauðsynlegt þykir að breyta þessum lögum svo að ákvæði raforkulagafrumvarps nái fram að ganga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að innheimt verði eftirlitsgjald. Miðað er við að 0,5 aurar verði lagðir á hvert kWst sem sett eru inn á flutningskerfið. Miðað við að raforkuframleiðsla verði 8.000 GWst og er gert ráð fyrir að innheimtur verði 40 m.kr. skattur á ári. Flutningsfyrirtæki, sbr. skilgreiningu í 3. gr., standa skil á gjaldinu. Að auki er miðað

við 1,1 eyris gjald fyrir hverja kílóvattstund raforku sem móttekin er frá flutningskerfinu eða beint frá virkjunum. Gert er ráð fyrir að dreifiveitur greiði vegna þessa 30 m.kr. árlegan skatt miðað við 2.700 GWst notkun. Loks er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti innheimti gjöld fyrir leyfi samkvæmt lögum þessum. Áætluð upphæð þessara gjalda er um 1 m.kr. á ári.

Gert er ráð fyrir að kostnaður Orkustofnunar af framkvæmd laganna verði 40 m.kr. en stofnunin fær víðtækt stjórnsýslulegt hlutverk. Talið er að ráða þurfi fjóra sérfræðinga til þessara starfa, auk kostnaðar við skrifstofuþjónustu og aðkeypta sérfræðivinnu. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun hefji þegar undirbúning og að áætlaður kostnaður við hann verði um 40 m.kr. 2002. Áætlað er að frá og með árinu 2003 renni 9,5 m.kr. til Löggildingarstofu, sem hefur eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Reiknað er með að ráða þurfi í eitt og hálft starf við stofnunina vegna þessa og að hún beri kostnað af nokkurri sérfræðivinnu. Samkeppnisstofnun er ætlað að hafa eftirlit með starfsemi vinnslufyrirtækja og raforkusala á grundvelli samkeppnislaga. Gert er ráð fyrir að ráða þurfi tvo starfsmenn til stofnunarinnar vegna þessa og er áætlaður árlegur kostnaður fyrstu tvö árin 13 m.kr. á ári. Árlegur kostnaður stofnunarinnar lækkar svo um 5 m.kr. eftir árið 2004. Loks er gert ráð fyrir að sett verði á stofn kærunefnd raforkumála og áætlaður kostnaður nemi 2 m.kr. árið 2003, en lækki svo um 0,5 m.kr. og verði 1,5 m.kr. árlega. Að auki er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti ráði starfsmann sem sjái um stjórnsýslulega yfirstjórn málaflokksins. Einnig er gert ráð fyrir ýmsum sérfræðikostnaði og lagavinnu. Áætlað er að kostnaður vegna þessa verði 8 m.kr. 2002, og 8 m.kr. á ári eftir það. Alls er gert ráð fyrir að eftirlitsgjöldin hækki verð á rafmagni til almennings um 1,6 aura hverja kWst eða sem nemur tveggja prómilla hækkun.

Verði frumvarðið óbreytt að lögum verður kostnaðurinn 48 m.kr. fyrsta árið sem greiðist úr ríkissjóði. Eftir það verður árlegur kostnaður um 70 m.kr. og verður staðið undir honum með eftirlitsgjöldum.

Kostnaður vegna nýrra raforkulaga.

	2002	2003	2004	Síðar
Iðnaðarráðuneyti	8	8	8	8
Áfrýjunarnefnd		2	1,5	1,5
Samtals yfirstjórn	8	10	9,5	9,5
Orkustofnun, eftirlit	40	40	40	40
Samtals Orkustofnun	40	40	40	40
Samkeppnisstofnun		13	13	8
Löggildingarstofa		9,5	9,5	9,5
Eftirlit samtals	**48**	**72,5**	**72**	**67**
Eftirlitsgjald vegna flutnings		40	40	40
Eftirlitsgjald vegna dreifiveitna		30	30	30
Innheimta virkjanagjalda		1	1	1
Samtals innheimta	**0**	**71**	**71**	**71**
Mismunur greiddur úr ríkissjóði	**48**	**1,5**	**1**	**-4**

1073. Frumvarp til laga [663. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað 1.– 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Með lögum nr. 61/1981 var ríkisstjórninni veitt heimild til að taka þátt í stofnun Steinullarverksmiðjunnar hf. á Sauðárkróki. Stofnsamningur fyrir Steinullarverksmiðjuna hf. var undirritaður 2. desember 1982 og lagði íslenska ríkið fram 40% hlutafjár en Steinullarfélagið hf. 60%. Á árinu 1983 ákváðu Kaupfélag Skagfirðinga, Samband íslenskra samvinnufélaga og OY Partek A/B í Finnlandi að gerast hluthafar í félaginu. Steinullarverksmiðjan hóf starfsemi árið 1985. Núverandi eigendur verksmiðjunnar eru eftirtaldir:

Ríkissjóður	30,11%
Paroc Group	27,68%
Bæjarsjóður Sauðárkróks	23,98%
GLD heildverslun	12,38%
Kaupfélag Skagfirðinga	4,92%
Aðrir	0,93%

2. Rekstur Steinullarverksmiðjunnar hf.

Rekstur Steinullarverksmiðjunnar var erfiður í byrjun. Erfiðleikarnir stöfuðu annars vegar af tæknilegum ástæðum og hins vegar af mikilli skuldsetningu fyrirtækisins í erlendri mynt á tímum óðaverðbólgu. Fljótlega tókst að leysa tæknileg vandamál við framleiðsluna og afurðir fyrirtækisins urðu fyllilega samkeppnishæfar við afurðir frá öðrum framleiðendum. Með tímanum tókst að byggja upp markað í Færeyjum, Bretlandi og víðar, en útflutningur á afurðum fyrirtækisins hefur gert það að verkum að afkastagetan hefur verið að mestu fullnýtt frá því starfsemin hófst.

Árið 1989 tóku eigendur, lánadrottnar og starfsmenn höndum saman um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Hlutafé var aukið um 90 millj. kr. og jók finnska fyrirtækið Partek (nú Paroc Group) eignarhlut sinn úr 8% í 27,7%. Jafnframt var samið um nokkra lækkun vaxta og lengingu á endurgreiðslutíma lána. Ástæður þess að svo víðtæk samstaða náðist um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins var sú að tekjur fyrirtækisins jukust, fyrirtækið hafði náð góðum tökum á framleiðslunni og afurðir fyrirtækisins reyndust fyllilega standast kröfur markaðarins. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins

var gert sérstakt hluthafasamkomulag á milli stærstu eigenda þess, þ.e. ríkissjóðs, Partek, bæjarsjóðs Sauðárkróks, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Kaupfélags Skagfirðinga. Síðar eignuðust Byko og Húsasmiðjan hf. hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga og stofnuðu þessir aðilar fyrirtækið GLD heildverslun um eignarhluti sína.

Þær langtímaáætlanir sem lagðar voru til grundvallar hinni fjárhagslegu endurskipulagningu árið 1989 hafa gengið eftir. Fyrirtækinu hefur tekist að þróa nýjar vörutegundir bæði fyrir innanlandsmarkað og til útflutnings. Í þeim efnum hefur fyrirtækið notið góðs af samstarfi við Partek á sviði tækni- og vöruþróunar. Markaðsstaða fyrirtækisins er traust og mikil umsvif í byggingariðnaði hér á landi á síðustu árum hafa leitt til þess að efnahagur fyrirtækisins er sterkur. Fyrirtækið hefur staðið vel að viðhaldi og endurnýjun framleiðslubúnaðar og síðasta haust var tekinn í notkun nýr og fullkominn pökkunarbúnaður.

3. Viðræður um sölu.

Í ágúst 2001 samþykkti byggðaráð Skagafjarðar að óska eftir formlegum viðræðum við aðra ráðandi hluthafa í Steinullarverksmiðjunni hf. um sölu á hlutabréfum sveitarsjóðs í félaginu. Hinn 5. október sl. var haldinn fundur fulltrúa stærstu hluthafa Steinullarverksmiðjunnar hf. og var tilefni hans að ræða ósk sveitarfélagsins um sölu á hlut þess. Á fundinum kom fram að sveitarfélagið stefndi að því að selja allan hlut sinn og var af hálfu þess lögð áhersla á að sem best sátt ríkti milli aðila hluthafasamkomulagsins frá 1989 um framkvæmd sölunnar. Var niðurstaða fundarins sú að sveitarfélagið legði fram nánari hugmyndir um sölu bréfanna og tæki í framhaldi af því upp viðræður við einstaka hluthafa.

Í lok nóvember 2001 gerði sveitarfélagið aðilum hluthafasamkomulagsins skriflegt tilboð um að kaupa hlut þess á genginu 3,05. Byggðist tilboðið á mati sérfræðinga á virði Steinullarverksmiðjunnar hf., en matið var á bilinu 794,6–842,4 millj. kr. Það svarar til gengis á bilinu 2,88–3,05 fyrir hvern hlut. Í bréfinu kom fram að stefna sveitarfélagsins væri að selja bréfin fyrir lok ársins og var þess óskað að svör bærust fyrir 5. desember.

Af hálfu ríkisins var tilboði um kaup á hlut sveitarfélagsins hafnað. Í síðari hluta desembermánaðar gerðu GLD heildverslun og Kaupfélag Skagfirðinga sameiginlegt tilboð í 52% hlut sveitarfélagsins og Paroc Group í fyrirtækinu. Ef tilboðinu hefði verið tekið hefði hlutur GLD heildverslunar og Kaupfélags Skagfirðinga orðið tæp 70%. Þegar eftir að ríkinu varð kunnugt um að slíkt tilboð hefði komið fram var óskað eftir fundi með aðilum hluthafasamkomulagsins til að ræða breyttar forsendur sem upp væru komnar og framtíðareignarhald á félaginu. Á fundinum lýstu fulltrúar ríkisins því yfir að þar sem fyrir lægi að Paroc hefði breytt um afstöðu og vildi nú selja hlut sinn í fyrirtækinu þá vildi ríkið jafnframt taka til athugunar að selja sinn hlut. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ríkisins að það vildi láta á það reyna hvort hægt væri að ná samstöðu um að bjóða bréf ríkisins, sveitarfélagsins og jafnvel Parocs til sölu með sameiginlegu útboði. Af hálfu sveitarfélagsins og Paroc var þeirri leið hafnað.

Hinn 18. febrúar sl. barst bárust ríkinu, Paroc Group og sveitarfélaginu Skagafirði kauptilboð í eignarhluti framangreindra aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. frá Húsasmiðjunni hf., BYKO hf. og Kaupfélagi Skagfirðinga. Hinn 1. mars sl. náðist samkomulag á grundvelli sameiginlegs gagntilboðs ríkisins, Paroc Group og sveitarfélagsins Skagafjarðar um sölu á hlutum þessara aðila í Steinullarverksmiðjunni hf. til þeirra þriggja fyrirtækja sem stóðu að kauptilboðinu frá 18. febrúar. Samkvæmt samkomulaginu er gengi hlutabréfanna 2,65 og koma 220.124.476 kr. í hlut ríkisins. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að greiddar verði 39.950.000 kr. í arð fyrir árið 2001 sem skiptist í samræmi við núverandi hlutafjáreign. Miðað við þá fjárhæð nemur hlutur ríkisins rúmum 12 millj. kr. Heildarfjárhæðin sem kemur í

hlut ríkisins verði af þessum viðskiptum nemur því rúmlega 232 millj. kr. Samkvæmt samkomulaginu verða 65% af kaupverðinu greidd við undirritun samnings, sem gert er ráð fyrir að verði 30. apríl 2002, en eftirstöðvarnar 30. ágúst 2002.

Í samkomulaginu kemur fram að eftirfarandi skilyrði þurfi að uppfylla áður en gengið verður frá endanlegum samningi um viðskiptin:

a. að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði,
b. að seljandi heimili lagalega og/eða fjárhagslega áreiðanleikaskoðun af hálfu aðila sem kaupandi tilnefnir og að niðurstaða áreiðanleikaskoðunarinnar verði án efnislegra athugasemda,
c. að eftirfarandi samningar verði undirritaðir samhliða:
   i. „samstarfs- og leyfissamningur“ til langs tíma milli félagsins og Paroc Group Oy AB, Finnlandi, samkvæmt tillögunni sem merkt er 2001/IV, og
   ii. „dreifingarsamningur“ milli félagsins og Paroc Group Oy AB, Finnlandi,
d. að Alþingi, sveitarstjórn Skagafjarðar og allar félagsstjórnir sem málið varðar staðfesti og heimili kaupin, tilboðið og kaupsamninginn milli aðilanna (hér eftir nefndur „kaupsamningurinn“),
e. að kaupandi gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að halda áfram rekstri félagsins á Sauðárkróki,
f. að sveitarstjórn Skagafjarðar gefi skriflega yfirlýsingu um að halda áfram að veita félaginu þjónustu, t.d. heitt og kalt vatn, hafnaraðstöðu og viðeigandi og samþykkt svæði til úrgangslosunar; gjöld fyrir þessa þjónustu skulu vera á sambærilegum kjörum og gilda fyrir önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu,
g. að ríkisstjórn Íslands gefi skriflega yfirlýsingu um þá ætlun sína að aðstoða við umsóknarferli og greiða í góðri trú fyrir endurnýjun starfsleyfis félagsins á sanngjörnum kjörum.

Þá er það hluti af samkomulaginu að minni hluthöfum í Steinullarverksmiðjunni hf., sem eiga samanlagt tæplega 1%, verði gert sambærilegt tilboð um kaup á hlutabréfum þeirra í fyrirtækinu.

Fulltrúar fyrirtækjanna þriggja sem stóðu að kauptilboðinu hafa lýst því yfir að ef kaupin ná fram að ganga hyggist þau stofna nýtt félag um eignarhaldið á Steinullarverksmiðjunni hf. Er gert ráð fyrir að hvert hinna þriggja fyrirtækja eigi 24,5% hlut í hinu nýja félagi og starfsmenn verksmiðjunnar 15%, auk annarra aðila.

Í 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, segir m.a. að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að selja eignarhluta í félögum. Með vísan til þessa er í frumvarpinu lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að helmingur af söluandvirðinu renni til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar hf. á Sauðárkróki, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Er þetta efnislega hliðstætt ákvæði 1. gr. laga nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, þar sem segir að söluandvirðið skuli renna til atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Tilgangur frumvarpsins er að veita iðnaðarráðherra heimild til að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf.

Samkvæmt kaupsamningi er söluverðmæti hluta íslenska ríkisins um 220 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verja 50% af söluandvirðinu eða 110 m.kr. til samgöngubóta og/eða atvinnuuppbyggingar í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar á Sauðarkróki.

Verði frumvarpið að lögum aukast því útgjöld tímabundið um 110 m.kr., en á móti koma 220 m.kr. tekjur í ríkissjóð auk 12 m.kr. sem er arðgreiðsla fyrir árið 2001.

1074. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti og Ástu Valdimarsdóttur og Lilju Aðalsteinsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Umsagnir bárust um málið frá áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, Samtökum atvinnulífsins, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Samtökum iðnaðarins, Einkaleyfastofunni og laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að laga lög um einkaleyfi að breytingum á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (PCT-sáttmálanum) og koma á því fyrirkomulagi að umboðsmenn einkaleyfishafa þurfi ekki að vera búsettir hér á landi, en það skilyrði núgildandi laga stríðir gegn meginmarkmiðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálst flæði þjónustu.

Nefndin gerir smávægilegar breytingartillögur við frumvarpið. Þær eru þessar:

1. Lagt er til að ákvæði 6. gr. verði bráðabirgðaákvæði þar sem sú regla sem það hefur að geyma er í eðli sínu tímabundin og eðlilegt að hún standi ekki til frambúðar í einkaleyfalögum.
2. Nefndin leggur jafnframt til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt, en útlit er fyrir að það verði ekki að lögum fyrir 1. apríl nk. eins og gert var ráð fyrir, en á þingi Alþjóðahugverkastofnunarinnar sl. haust var ákveðið að þær breytingar sem stafa af breytingum á samstarfssáttmálanum um einkaleyfi skyldu leiddar í lög aðildarríkja fyrir þennan tíma. Þess í stað leggur nefndin til að í gildistökuákvæði verði kveðið á um að lögin öðlist þegar gildi svo að unnt verði að beita ákvæðum þeirra strax eftir birtingu í Stjórnartíðindum.

Nefndin bendir einnig á að í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins segir að sé umboðsmaður ekki tilnefndur fari um birtingu stefnu eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991,

með síðari breytingum. Í þeim lögum sé m.a. kveðið á um birtingu stefnu þegar stefndi eigi heimili eða aðsetur erlendis, sbr. einkum 89.– 91. gr. laganna. Nákvæmara væri hins vegar að fjalla almennt um birtingu stefnu eftir einkamálalögunum, nr. 91/1991, hvort sem umboðsmaður hefur verið tilnefndur eða ekki og án nánari tilgreiningar þannig að eingöngu kæmi fram að um birtingu stefnu færi eftir lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Jón Bjarnason.		Kjartan Ólafsson.

1075. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. Greinin verði ákvæði til bráðabirgða.
2. Við 7. gr. (er verði 6. gr.). Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

1076. Svar [270. mál]

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um þróun matvöruverðs á Norðurlöndum.

1. *Hvernig hefur verðlagsvísitala eftirtalinna flokka matvara þróast í Danmörku, í Finnlandi, á Íslandi, í Noregi og í Svíþjóð á árunum 1990–2000, sundurliðað eftir árum og á tímabilinu í heild:*
   a. grænmetis,
   b. landbúnaðarafurða,
   c. allra matvæla?
   Óskað er eftir því að verðlagsvísitölur fyrir innlendar og innfluttar vörur séu aðgreindar en einnig reiknuð út heildarvísitala yfir þróun hvers flokks.

Í svarinu er stuðst við gögn úr neysluverðsvísitölum fyrir tímabilið 1990–95 sem safnað var frá hagstofum Norðurlandanna. Árin 1995–2000 er miðað við samræmda neysluverðsvísitölu í EES-ríkjum en hún er reiknuð af Eurostat, hagstofu ESB. Grunnárið er 1996 (1996=100), en það er viðmiðunarár fyrir samræmdu evrópsku neysluverðsvísitöluna. Flokkunin er byggð á COICOP-flokkunarkerfinu (classification of individual consumption by purpose) sem er alþjóðlegur staðall sem notaður er til að flokka neysluútgjöld og neysluverðsvísitölur.

Í fyrirspurninni er óskað eftir því að greint sé á milli verðlags á innfluttum og innlendum vörum, en þær upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi. Vísitölurnar sýna eingöngu verðbreytingar innan lands í hverju ríki og af niðurstöðunum verður því ekkert ráðið um mun á verðlagi milli ríkjanna.

Í eftirfarandi töflum koma fram upplýsingar um þróun verðs á matvælum, grænmeti og landbúnaðarafurðum.

Matvæli eru matur og drykkjarvörur (flokkur 01). Tölurnar fyrir Danmörku árin 1990–95 eru eingöngu fyrir matvörur.

Grænmeti nær yfir grænmeti, kartöflur o.fl. (flokkur 0117).

Landbúnaðarafurðir eru samtala fyrir kjöt, mjólk, osta, egg og grænmeti, kartöflur o.fl. (flokkar 0112, 0114 og 0117).

Tafla 1. Vísitölur fyrir matvæli á Norðurlöndum, 1990–2000 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Danmörk	90,7	91,3	92,8	92,6	95,3	98,2	100,0	103,4	104,8	104,8	106,4
Finnland	103,0	107,1	108,0	107,8	107,9	101,9	100,0	101,5	103,2	102,8	103,9
Svíþjóð	103,3	108,0	102,5	103,2	105,0	106,5	100,0	101,0	102,4	103,8	104,0
Noregur	93,8	96,0	97,1	96,0	98,2	99,3	100,0	103,1	108,0	111,1	113,3
Ísland	90,4	92,9	94,2	96,3	94,1	96,8	100,0	102,9	105,7	109,2	113,7

Tafla 2. Vísitölur fyrir grænmeti á Norðurlöndum, 1990–2000 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Danmörk	87,1	90,6	91,5	91,8	96,2	100,9	100,0	97,2	96,3	93,8	87,6
Finnland	112,9	116,2	116,0	121,1	112,9	101,1	100,0	99,9	106,5	106,3	105,4
Svíþjóð	96,8	103,1	95,2	99,1	106,7	111,1	100,0	98,0	101,2	108,5	103,3
Noregur	85,1	85,6	87,0	85,2	93,9	100,2	100,0	99,9	108,7	112,3	116,8
Ísland	78,9	75,6	72,4	89,1	82,9	91,2	100,0	103,7	108,1	111,2	115,0

Tafla 3. Vísitölur fyrir landbúnaðarvörur á Norðurlöndum, 1990–2000 (1996=100).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Danmörk	95,1	94,0	95,0	94,5	95,7	98,2	100,0	103,2	102,8	102,3	103,3
Finnland	114,1	117,4	116,7	115,9	114,9	102,7	100,0	100,0	101,1	100,3	101,4
Svíþjóð	107,8	112,2	105,8	106,3	107,9	107,0	100,0	100,0	100,5	102,2	102,2
Noregur	98,3	99,9	101,1	99,1	99,2	99,2	100,0	103,1	107,6	110,1	111,7
Ísland	95,4	127,7	101,0	99,5	95,7	96,6	100,0	101,8	105,7	108,5	112,3

2. *Ef veruleg frávik eru í þróun vísitalna milli landa, hverjar eru taldar helstu ástæður þeirra? Er skýringa að leita í mismunandi tengslum ríkjanna við Evrópusambandið, mismunandi framleiðslu- og verslunarháttum eða sérstökum verndaraðgerðum í þágu innlendrar framleiðslu?*

Ýmsar almennar skýringar kunna að vera á mismunandi þróun matvöruverðs eftir löndum. Við samanburð á breytingum á verðlagi milli ríkjanna skipta allmargir þættir máli, svo sem náttúrufar, verðlagningar- og styrkjakerfi í landbúnaði, innflutningsvernd, tollar og önnur gjöld. Ekki eru tök á að ráðast í nákvæman samanburð á matvöruframleiðslu og verslunarháttum á Norðurlöndunum, né þeim skilyrðum sem þeim greinum sem hér um ræðir, þ.e. matvælaframleiðslu og matvöruverslun, eru búin í hverju landi um sig.

Árin 1990–95 voru Danir einir ríkjanna í ESB, en árið 1995 gengu Finnar og Svíar í sambandið og féllu þá undir sameiginlegan innri markað ESB-ríkja. Í upphafi árs 1994 tók EES-samningurinn gildi, en Íslendingar og Norðmenn eiga aðild að honum. Ekki liggur fyrir greining á handbærum tölfræðigögnum um verðlagsþróun sem skýrt gæti mismunandi þróun þeirra vísitalna sem vísað er til í svari þessu.

Ljóst er að breytingar á virðisaukaskatti hafa áhrif á verðmælingarnar. Á Íslandi var í janúar 1994 komið á 14% virðisaukaskatti á matvæli, en fram að því var 10% virðisaukaskattur endurgreiddur af mjólkurvörum, kjöti, fiski og innlendu grænmeti. Í Svíþjóð var tekinn upp 12% virðisaukaskattur á matvæli í upphafi árs 1996 í stað 25% VSK áður. Í töflunni koma fram verðbreytingar. Neysluverðlag sýnir breytingar á neysluverðsvísitölum í ríkjunum.

Tafla 4. Hlutfallslegar verðbreytingar eftir flokkum og tímabilum.

	1990–2000	1990–1995	1995–2000
Neysluverðlag			
Danmörk	23,6	10,2	12,1
Finnland	20,9	12,0	8,0
Svíþjóð	25,5	22,6	2,3
Noregur	26,2	11,9	12,8
Ísland	36,8	19,0	15,0
Matvæli			
Danmörk	17,4	8,3	8,4
Finnland	0,9	-1,0	2,0
Svíþjóð	0,6	3,1	-2,4
Noregur	20,8	5,8	14,2
Ísland	25,8	7,2	17,4
Grænmeti			
Danmörk	0,6	15,8	-13,2
Finnland	-6,7	-10,4	4,2
Svíþjóð	6,6	14,7	-7,0
Noregur	37,2	17,7	16,6
Ísland	45,8	15,6	26,1
Landbúnaðarafurðir			
Danmörk	8,7	3,3	5,2
Finnland	-11,1	-9,9	-1,3
Svíþjóð	-5,2	-0,8	-4,5
Noregur	13,6	0,9	12,5
Ísland	17,6	1,2	16,3

1077. Svar [611. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um kindakjötsframleiðslu.

1. *Hvað jókst kindakjötsframleiðsla mikið árlega frá 1998 til ársloka 2001?*

Árleg kindakjötsframleiðsla 1998–2000.

Ár	Framleiðsla, tonn	Aukning, tonn
1998	8.176	
1999	8.644	468
2000	9.735	1.091
2001	8.612	-1.123

2. *Hver var birgðastaða kindakjöts í lok hvers árs 1998–2001?*

Birgastaða í árslok 1998–2000.

Ár	Birgðir, tonn
1998	5.607
1999	6.136
2000	6.886
2001	6.608

3. *Hver var árleg framleiðsla kindakjöts hjá framleiðendum án greiðslumarks í sauðfjárframleiðslu sömu ár?*

Framleiðsla framleiðenda án greiðslumarks 1998–2000.

Ár	Framleiðsla á lögbýlum, tonn	Framleiðsla utan lögbýla, tonn	Alls
1998	252	34	286
1999	290	29	319
2000	293	35	328
2001	272	30	302

1078. Svar [612. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um útflutning kindakjöts.

1. *Hver var árlegur útflutningur kindakjöts árin 1998–2001? Hvert var meðaltal fob-verðs og skilaverð til bænda af þessum útflutningi?*

Útflutningur samkvæmt hagskýrslum.

Ár	Tonn	Meðalverð, fob	Frystir heilir skrokkar
1998	793	244	237
1999	833	257	227
2000	1332	234	212
2001	1.500	299	269

Skilaverð til bænda liggur ekki fyrir vegna þessa útflutnings.

2. *Til hvaða landa var kindakjöt flutt út á þessum árum? Hve mikið kjöt var flutt til hvers lands og hvaða meðalverð fékkst við útflutninginn, annars vegar fob-verð og hins vegar skilaverð til bænda, sundurliðað eftir löndum?*

Skilaverð til bænda eftir útflutningslöndum.

	2001		2000		1999		1998	
Land	**Magn, kg**	**Kr./kg**	**Magn, kg**	**Kr./kg**	**Magn, kg**	**Kr./kg**	**Magn, kg**	**Kr./kg**
Bandaríkin	47.722	761	36.372	604 *)	11.363	532	26.799	541
Belgía			1.000		2.903	1.029	18.995	689
Bretland	320.115	222	70.827	114	5.235	238		
Danmörk	151.432	401	149.867	258	148.802	351	187.994	235
Finnland	44.803	101						
Frakkland			105	257				
Færeyjar	384.016	343	506.037	248	414.335	245	388.045	243
Grikkland							12.232	235
Grænland							17.768	239
Holland	16.200	88	237	430	292	428	566	320
Ítalía	19.956	342	24	344			12.265	290
Japan	162.275	195	120.777	122	97.955	160	88.052	137
Jórdanía			19.202 *)	98	80	763		
Kanada	28						260	338
Kýpur			10.080	252				
Lúxemborg	7	1.143					220	982
Noregur	351.276	293	369.155	256	132.429	246	20	1.350
Rússland							14.935	95
Svíþjóð	2.427	344	48.869	96	20.309	87	25.666	109
Þýskaland			171	485	70	429	84	440
Alls	**1.500.257**	**299**	**1.332.723**	**246**	**833.773**	**257**	**793.901**	**244**

*) Verð ekki marktækt.

3. *Hver er áætluð útflutningsskylda sauðfjárbænda á óskertri framleiðslu á þessu ári og næstu þremur árum miðað við framleiðslu kindakjöts, birgðastöðu og útflutningsverð síðustu fjögurra ára?*

Að mati framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda er áætluð útflutningsskylda 25–30% haustið 2002. Spár fyrir næstu þrjú ár er ógerlegt að gera með viðunandi nákvæmni, m.a. vegna óvissu um markaðsþróun þessi ár.

1079. Svar [613. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um sauðfjárframleiðslu.

1. *Hver var fjöldi ásettra líflamba hvert haust árin 1998–2001?*

Líflömb 1998–2001.

Ár	Fjöldi
1998	78.400
1999	89.230
2000	80.289*
2001	84.403

* Tölur vantar úr Garðabæ, Reykjavík og Bessastaðahreppi.

2. *Hvaða fjármunum hefur ríkissjóður varið til leigu eða uppkaupa á búmarki, fullvirðisrétti og greiðslumarki í sauðfé á árunum 1990–94, árunum 1995–99 og árlega síðan?*

Eftirfarandi tölur sýna fjármuni sem var ráðstafað úr ríkissjóði til uppkaupa. Fjárhæðir eru allar uppfærðar til verðlags í janúar 2002 með vísitölu neysluverðs í janúar 2002 frá ársmeðaltali vísitölu neysluverðs fyrir viðkomandi ár.

Fjármunir til uppkaupa, 1990–2002.

Ár	Þús. kr.
1990–94	3.210.363
1995–99	594.010
2000	8.715
2001	871.380
2002	166.658
Alls á tímabilinu	**4.851.126**

Fjárhæðir eru skráðar á því ári sem þær eru greiddar út. Greiðslur árin 2001 og 2002 eru vegna samninga sem gerðir voru seinni hluta árs 2000 og 2001 en komu til greiðslu í janúar árið eftir.

3. *Liggja fyrir upplýsingar um heimaslátrun sauðfjárframleiðenda, m.a. um gærusölu bænda umfram gærusölu frá sláturleyfishöfum?*

Gögnum hefur ekki verið safnað. Upplýsingar um heimanot bænda hafa byggst á meðalfallþunga og fjárfjölda hverju sinni.

1080. Fyrirspurn [664. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarþátttöku sjúklinga við endurhæfingu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig skiptist kostnaður við endurhæfingu á milli sjúklings og hins opinbera eftir því hvar endurhæfingin er veitt og hvar sjúklingurinn dvelur á meðan meðferð stendur, þ.e. hvort hann:
   a. er innritaður á sjúkrahús,
   b. dvelur á Rauðakrosshótelinu,
   c. dvelur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði,
   d. er heima hjá sér,
   e. dvelur á öldrunarstofnun?
2. Hver greiðir hvað hverju sinni, svo sem lyf, læknishjálp, rannsóknir, hjálpartæki, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.

1081. Frumvarp til laga [665. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Ríkið starfræki stofnun, þjónustu- og endurhæfingarstöð fyrir sjónskerta, sem nefnist Sjónstöð Íslands.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (6. gr.)

Auk þjónustu við sjónskerta skal stofnunin annast þjónustu við börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Skal stofnunin í samráði við landlækni og augnlækni viðkomandi barns halda skrá yfir öll þau börn yngri en 18 ára sem þurfa á gleraugum að halda. Sjónmælingar og augnskoðun þessa hóps skal alla jafna ekki vera á verksviði stofnunarinnar heldur hjá augnlækni viðkomandi barns.

b. (7. gr.)

Sérhver sjónskertur einstaklingur yngri en 18 ára skal eiga rétt á sjónglerjum án tillits til orsaka sjónskerðingar. Þá skulu allir einstaklingar sem þurfa á gleraugum að halda í lækningaskyni eiga rétt á sjónglerjum. Umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði skv. 1. mgr. Greiðslur skulu aldrei vera lægri en sem nemur tveimur þriðju hlutum kostnaðar við kaup nauðsynlegra sjónglerja. Stjórn Sjónstöðvar Íslands ákveður hvað skuli teljast nauðsynleg sjóngler í hverju og einu tilfelli. Hver einstaklingur á ekki rétt á endurgreiðslu vegna sjónglerja oftar en einu sinni á hverju tveggja ára tímabili nema læknisfræðilegar ástæður liggi að baki að mati yfirlæknis stofnunarinnar. Ríkið skal ekki taka þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugnaumgjörðum.

3. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Sjónstöð Íslands.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 122., 125. og 126. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu og er nú flutt aftur nær óbreytt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði einstaklinga yngri en 18 ára. Stefnt er að því að stíga skref í átt til jöfnunar á réttindum þeirra sem eiga við sjónvandamál að stríða gagnvart öðrum hópum samfélagsins sem þurfa á sjúkrahjálp að halda. Einnig er lagt til í frumvarpinu að nafn Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem komið var á fót með lögum nr. 18/1984, verði fært til samræmis við það nafn sem stofnunin hefur sjálf tekið sér. Undanfarin ár hefur stofnunin notað nafnið Sjónstöð Íslands.

Staðan nú.

Hér á landi hafa verið sett lög til að koma þeim þegnum þjóðfélagsins til hjálpar sem á sjúkrahjálp þurfa að halda. Má í þessu sambandi nefna lög nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, og lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þessum lögum er á ýmsan hátt vikið að því hvernig haga megi þátttöku ríkisins í kostnaði sem af slíkri fötlun hlýst.

Einn hópur hefur fram til þessa verið nokkuð afskiptur við þessa lagasetningu. Það eru þeir sem þurfa á gleraugum að halda en falla ekki í flokk sjónskertra samkvæmt lögum nr. 18/1984. Þau lög taka einungis til þeirra sem hafa verri sjón en sem nemur ⅓ af venjulegri sjón með aðstoð bestu mögulegra hjálpartækja, sbr. greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 18/1984. Er viðmiðun þessi fengin úr skilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, á því hverjir teljist sjónskertir. Aðrir sem við sjónvandamál eiga að stríða hafa ekki átt þess kost samkvæmt lögum að ríkið tæki þátt í kostnaðinum sem hlýst af þeim, þar með talið gleraugnakaupum.

Frá því er reyndar ein undantekning. Sjónstöð Íslands hefur á fjárlögum ár hvert fengið fjárveitingu til þess að taka þátt í kostnaði ákveðinna einstaklinga sem hafa þurft á gleraugum að halda í lækningaskyni. Í lækningaskyni hefur í þessum skilningi verið túlkað mjög þröngt og hafa nærsýnir til dæmis algjörlega fallið utan þess flokks. Vakin skal athygli á því að

þessi undantekning er án lagaheimildar og byggist eingöngu á samstarfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Sjónstöðvar Íslands. Í lögum er einungis kveðið á um að Sjónstöðin sinni sjónskertum samkvæmt framangreindri skilgreiningu WHO, sbr. lög nr. 18/1984 og reglur nr. 59/1987. Ekki er því nein hlutlæg regla til um það hver geti átt rétt á slíkum greiðslum og hver ekki. Sjónstöð Íslands er í raun falið ákveðið sjálfdæmi innan mjög þröngs fjárlagaramma að ákveða hvernig staðið skuli að endurgreiðslum vegna sjónglerja í lækningaskyni.

Með núverandi fyrirkomulagi er gert upp á milli gleraugnanotenda eftir því af hvaða völdum sjónskerðingin er. Nærsýnir einstaklingar hafa ekki fengið aðstoð þar sem nærsýni er venjulega ekki orsök starfrænnar sjóndepru (varanleg sjóndepra vegna vanþroska sjónar) en fjarsýnir hafa fengið aðstoð þar sem fjarsýni kann í sumum tilfellum að leiða til þess að sjón þroskist ekki eðlilega. Bent skal á að nærsýni getur í sumum tilfellum talist félagslegur sjúkdómur, þ.e. valdið viðkomandi ýmiss konar félagslegum óþægindum.

Einnig má benda á þann mun sem er á þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp heyrnarskertra og tannsjúkra annars vegar og hins vegar sjónskertra sem þurfa á sjónglerjum að halda.

Allir heyrnarskertir einstaklingar á skólaskyldualdri eiga rétt á nauðsynlegum heyrnartækjum sér að kostnaðarlausu, sbr. reglur nr. 160/1986, með síðari breytingum. Auk þess eiga allir heyrnarskertir 18 ára og eldri rétt á því að ríkið greiði 60% af kostnaði þeirra við nauðsynleg heyrnartæki. Vakin skal athygli á því að ekki er gerður neinn greinarmunur á því af hvaða orsökum heyrnaskerðing stafar, eins og gert er varðandi sjónvandamál.

Sama á við um þátttöku ríkisins í tannlækniskostnaði. Fyrir öll börn og unglinga, 15 ára og yngri, greiðir ríkið 75% af tannlækniskostnaði, öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð. Fyrir 16 ára unglinga eru greidd 50% og 75% kostnaðar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta fullrar tekjutryggingar. Ekki fer fram nein flokkun á því til hvers rekja megi tannskemmdirnar. Tannskemmdir má oft rekja til hirðuleysis barna og/eða foreldra, en vandamál tengd sjón barna verða ekki tengd slíku hirðuleysi.

Af þessu má sjá að misræmið er mikið milli þessara tegunda heilbrigðisvandamála og sjúkrahjálpar, þrátt fyrir að mismunur þeirra frá læknisfræðilegu sjónarhorni sé enginn.

Markmið frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að bæta réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem þurfa nauðsynlega á gleraugum að halda. Auk þess er það markmið frumvarpsins að skjóta stoðum undir endurgreiðslur til þeirra sem eiga rétt á sjónglerjum í lækningaskyni.

Allir geta verið sammála um óréttlætið sem felst í mismun milli heyrnarskertra og sjónskertra hvað varðar þátttöku ríkisins í sjúkrahjálp þeirra. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands eru vandamál tengd sjón, heyrn og tönnum jafnmikilvæg í læknisfræðilegum skilningi. Öll heilsuskerðing sem þeim tengist er jafnlíkleg til þess að valda þeim einstaklingum sem eiga í hlut erfiðleikum, óþægindum og kostnaði.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að teknar verði upp sambærilegar reglur um sjónskerta og heyrnarskerta heldur er hér einungis um að ræða fyrsta skrefið í þá átt. Reynslan verður að skera úr um hvort þörf verður á því að ganga lengra. Frumvarpið tekur einungis til aukinna réttinda sjónskertra einstaklinga yngri en 18 ára. Ríkið mun taka þátt í greiðslu sjónglerja að tveimur þriðju hlutum að lágmarki hjá sérhverjum þeim sem þarf á gleraugum að halda innan þess hóps.

Sjón barna breytist mjög ört og þau þurfa því að skipta oft um gleraugu, ólíkt því sem gildir um fullorðna. Þá hvílir skólaskylda á börnum og þeim börnum, sem er nauðsyn á gleraugum en fá þau ekki, er hættara en öðrum til að verða fyrir erfiðleikum í námi og jafnvel

einelti. Þá má benda á að það er þung byrði á barnmörgum fjölskyldum ef kaupa þarf tvenn eða þrenn gleraugu á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands er sjónlag ættarfylgja og því algengt að systkin noti bæði eða öll gleraugu. Börn ráða ekki hvernig foreldrar ráðstafa heimilistekjunum og geta því ekki tekið ákvörðun um það sjálf að kaupa sér gleraugu og skera niður annars staðar. Samkvæmt upplýsingum Augnlæknafélags Íslands koma foreldrar sjaldnar en ella með börn sín í augnskoðun vegna þess hversu dýrt er að kaupa gleraugu fyrir börnin komi í ljós að þau þurfi á þeim að halda. Í ljósi þessara röksemda nær frumvarpið einungis til einstaklinga yngri en 18 ára. Það nær hins vegar til allra barna og í því eru engar takmarkanir sem gætu leitt til mismununar. Þannig verða lögin og þær heimildir sem þau veita bæði skýrari og einfaldari í framkvæmd og eftirliti.

Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hversu langt á að ganga og hvað er raunhæft í fyrstu atrennu, hvernig verja skal fjármunum sem ríkið hefur úr að spila á hverjum tíma. Með frumvarpinu er að mati Sjónstöðvar Íslands og Augnlæknafélags Íslands stigið fyrsta skrefið í þá átt að jafna rétt sjónskertra við rétt annarra.

Þá skal þess getið varðandi þann þátt frumvarpsins sem lýtur að endurgreiðslum sjónglerja í lækningaskyni að gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi áfram og gilt hafi en þeim verði nú í fyrsta skipti veitt lagastoð.

Að lokum skal bent á að samkvæmt upplýsingum frá Augnlæknafélagi Íslands hefur sjón ungra Íslendinga hrakað mjög undanfarin ár, nærsýnum hefur fjölgað umtalsvert, sérstaklega í grunn- og framhaldsskólum. Mikilvægt er að bregðast við breyttri þjóðfélagsmynd og gera börnum yngri en 18 ára kleift að eignast gleraugu, óháð efnahag. Þá er ekki síður mikilvæg sú breyting sem lögð er til að Sjónstöð Íslands muni í samráði við landlækni og sjálfstætt starfandi augnlækna koma upp virku eftirliti og skráningu á sjón þessa hóps. Slíkt er brýnt þegar horft er til framtíðar, bæði fyrir rannsóknir og forvarnir á þessu sviði.

Kostnaður af framkvæmd frumvarpsins.

Að mati yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna lögfestingar þessa frumvarps verða um 50 millj. kr. árlega, miðað við þær forsendur sem þekktar eru um sjón þessa hóps og meðalkostnað sem hlotist hefur af endurgreiðslu sjónglerja í lækningaskyni hjá Sjónstöð Íslands. Reikna má með að 12–15% af heildarfjölda barna yngri en 18 ára þurfi að nota gleraugu og meðalkostnaður við endurgreiðslu sjónglerja hefur verið um 9.750 kr. á hvert par sjónglerja og tveir þriðju hlutar þess eru 7.300 kr. Börn undir 18 ára aldri eru 80 þús. Samtals nota því um 12 þús. börn gleraugu (15% af 80 þús. börnum). Af þeim fá nú þegar um 1.300 endurgreiðslur af læknisfræðilegum orsökum. Kostnaður eykst því um 80 millj. kr. árlega, miðað við að allir þyrftu ný gleraugu á hverju ári (10.700 börn sinnum 7.300 kr.). Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að meginreglan sé sú að börn fái ný gleraugu á tveggja ára fresti nema í undantekningartilfellum sem þar eru greind. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að kostnaðaraukinn yrði um 50 millj. kr. árlega, þar af 10 millj. kr. vegna barna sem þurfa gleraugu á hverju ári af læknisfræðilegum ástæðum. Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands telur að þessar forsendur séu í rýmra lagi og fullyrðir að reglur þær sem fram koma í frumvarpinu muni ekki leiða til þess að börn fari að nota gleraugu að óþörfu. Þvert á móti megi fullyrða að enginn gangi með gleraugu ótilneyddur.

Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna lögfestingar heimildar til að endurgreiða sjóngler í lækningaskyni. Gert er ráð fyrir því að sömu endurgreiðslureglur gildi áfram.

Viðbótarkostnað ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins má bera saman við kostnað sem ríkissjóður ber nú vegna tannviðgerða og hjálpartækja fyrir heyrnaskerta. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1998 var gert ráð fyrir því að 760 millj. kr. yrði varið í tannlækniskostnað sjúkra-

trygginga, 10 millj. kr. í Tannverndarsjóð og rúmum 104 millj. kr. í rekstur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Þá má einnig benda á að framlög til Sjónstöðvar Íslands hafa staðið í stað mörg undanfarin ár.

Samkvæmt upplýsingum yfirlæknis Sjónstöðvar Íslands mun viðbótarþjónusta á vegum stofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins ekki hafa í för með sér aukinn kostnað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til breyting á nafni stofnunarinnar eins og vikið var að í upphafi greinargerðarinnar. Samkvæmt lögunum skyldi stofnunin heita Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Það nafn hefur hins vegar ekki verið notað síðari ár heldur nafnið Sjónstöð Íslands.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um breiðara verksvið Sjónstöðvar Íslands og aukna þátttöku ríkisins í kostnaði þeirra einstaklinga, yngri en 18 ára, sem þurfa á gleraugum að halda.

Um a-lið (6. gr.).

Hér er mælt fyrir um að Sjónstöð Íslands skuli hafa ákveðna eftirlitsskyldu með sjón einstaklinga yngri en 18 ára. Meðal annars skal Sjónstöð Íslands halda skrá yfir sjón þeirra þannig að í framtíðinni verði auðveldara að stunda rannsóknir og stuðla að forvörnum. Með breytingunni er þó ekki ætlast til þess að Sjónstöð Íslands sjái um sjónmælingar eða aðra þætti þeim tengda. Eðlilegt er að allt eftirlit, bæði með sjón og endurgreiðslum vegna sjónglerja, verði á vegum Sjónstöðvar Íslands, þar er fyrir hendi sérfræðiþekking.

Um b-lið (7. gr.).

Hér er mælt fyrir um skyldu ríkisins til þátttöku í kostnaði við sjónglerjakaup einstaklinga yngri en 18 ára. Með sjónglerjum er átt við gleraugnagler, þar með talið plast, ásamt snertilinsum. Lagt er til að greiddur verði kostnaður hvers einstaklings sem þarf á gleraugum að halda að tveimur þriðju hlutum að lágmarki vegna ódýrustu sjónglerja sem telja verður nauðsynleg. Þó skal í hverju tilfelli stefna að þeirri lausn sem miðar að þörfum hins sjónskerta. Stjórn stofnunarinnar skal að höfðu samráði við yfirlækni hennar setja viðmið um það hvað teljist nauðsynleg sjóngler. Í vafatilvikum er það stjórn Sjónstöðvar Íslands sem tekur ákvörðun. Í því sambandi má vekja athygli á því að til eru margar tegundir sjónglerja og er verðlag þeirra mjög mismunandi. Einstaklingum verður að sjálfsögðu boðið að greiða mismuninn sjálfir kjósi þeir dýrari sjóngler. Þá er tiltekið að umsókn frá augnlækni er skilyrði fyrir endurgreiðslu sjónglerja.

Um 3. gr.

Sjá athugasemdir við 1. gr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

1082. Frumvarp til lokafjárlaga [666. mál]

fyrir árið 1998.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1998 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,1	0,1
Menntamálaráðuneyti	-34,7	-26,0
Utanríkisráðuneyti	7,0	-5,0
Landbúnaðarráðuneyti	24,4	-174,3
Sjávarútvegsráðuneyti	-0,9	57,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-3,7	-3,7
Félagsmálaráðuneyti	-426,2	-426,2
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	3,3	3,3
Fjármálaráðuneyti	15,3	15,3
Samgönguráðuneyti	-160,0	-160,0
Iðnaðarráðuneyti	51,5	42,9
Viðskiptaráðuneyti	42,5	38,9
Hagstofa Íslands	39,8	39,8
Umhverfisráðuneyti	-2,0	-5,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**-443,6**	**-602,6**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1998 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-12,8	-12,8
Forsætisráðuneyti	-3,0	-3,0
Menntamálaráðuneyti	9,9	9,9
Utanríkisráðuneyti	27,7	27,7
Landbúnaðarráðuneyti	50,5	50,5
Sjávarútvegsráðuneyti	18,8	18,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-34,8	-34,8
Félagsmálaráðuneyti	90,6	-371,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	366,4	480,8
Fjármálaráðuneyti	-10.018,7	-374,9
Samgönguráðuneyti	-49,2	-49,2
Iðnaðarráðuneyti	-96,2	-96,2
Viðskiptaráðuneyti	0,7	-2,3
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	25,7	-89,4
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-164,0	-2.232,9
Samtals	**-9.788,4**	**-2.679,7**

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. tölul. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1998:

Í stað orðanna "allt að 16.500 m.kr.„ í lið 3.3 kemur: allt að 19.500 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 1998 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.42 Grænlandssjóður	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

01-211 Þjóðhagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðhagsstofnun	2,1
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	2,1

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,1**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	-1,4
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	-61,2
Gjöld samtals	**-62,6**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-62,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-2,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,8

02-236 Vísindasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Vísindasjóður	11,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	11,4

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Sáttmálasjóður	3,7
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	3,7

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.15 Prófkostnaður	-0,4

02 Menntamálaráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,4

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.02 Annað en kennsla	7,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	7,5

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:	
1.01 Kvikmyndaskoðun	-1,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-1,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:	
6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana	-30,9
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-30,9

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:	
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld	38,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	38,2

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	-3,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	5,2
Viðskiptahreyfingar	-8,7

m.kr.

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva ..... -17,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -17,0

02-976 Menningarsjóður

Almennur rekstur:
1.01 Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993 ..... -5,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,6

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.51 Höfundaréttarsjóður 34,0
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ..... -2,2
1.76 Menningarsjóður félagsheimila ..... -3,5
Almennur rekstur samtals 28,3

Gjöld samtals **28,3**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 28,3

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-34,7**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-26,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-8,7**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	9,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	9,0

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-1,3
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	8,3
Almennur rekstur samtals	7,0
Gjöld samtals	**7,0**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	7,0

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	-11,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-11,4

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	2,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-9,6
Viðskiptahreyfingar	12,0

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**7,0**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-5,0**
Viðskiptahreyfingar	**12,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.12 Mat á búvörum	-2,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,0

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-0,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-0,4

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirdýralæknir	-1,4
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-11,9
Almennur rekstur samtals	-13,3
Gjöld samtals	**-13,3**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-13,3

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins	-1,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-1,2

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk	90,6

04 Landbúnaðarráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	90,6

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:	
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins	-59,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-112,0
Viðskiptahreyfingar	52,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Búnaðarsjóður	-1,4
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-43,7
Viðskiptahreyfingar	42,3

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:	
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins	27,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-32,3
Viðskiptahreyfingar	59,5

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:	
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara	-3,2
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-37,8
Viðskiptahreyfingar	34,6

m.kr.

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -1,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,7

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður ..... -41,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -52,4
Viðskiptahreyfingar 11,1

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -7,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -5,7
Viðskiptahreyfingar ..... -1,6

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 36,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 36,3

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 1,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,3

05 Sjávarútvegsráðuneyti

	m.kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**24,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-174,3**
Viðskiptahreyfingar	**198,7**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	25,1
1.10 Landamærastöðvar	-3,0
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-4,0
Almennur rekstur samtals	18,1
Gjöld samtals	**18,1**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	18,1

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	-7,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-7,8

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	-2,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,5

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-5,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	53,7
Viðskiptahreyfingar	-58,7

05 Sjávarútvegsráðuneyti

m.kr.

05-818 Síldarútvegsnefnd

Almennur rekstur:
1.10 Síldarútvegsnefnd ..... -3,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,7

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-0,9**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **57,8**
Viðskiptahreyfingar ..... **-58,7**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:

1.01 Lögbirtingablað ..... -4,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -4,1

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:

1.01 Ríkislögreglustjóri ..... -0,1

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,1

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík 3,8

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum 3,8

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn 1,5

1.10 Ökunám ..... -4,8

Almennur rekstur samtals ..... -3,3

Gjöld samtals ..... **-3,3**

Fjármögnun:

Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-3,7**

Greitt úr ríkissjóði **0,0**

Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-3,7**

Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-273 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla

Stofnkostnaður:
6.21 Tryggingarsjóður vegna byggingargalla ..... -24,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -24,3

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 39,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 39,4

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Yfirstjórn ..... -100,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 43,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 43,7

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -370,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0

m.kr.

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -15,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -15,0

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-426,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-426,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.15 Bætur til framfærslu 169,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 169,2

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 1,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 1,1

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur ..... -100,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -100,0

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur ..... -48,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -48,4

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins ..... -1,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -1,0

m.kr.

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjanefnd ..... -11,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -11,2

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður ..... -6,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -6,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **3,3**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum **3,3**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík	10,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	10,5

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	109,8
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	109,8

09-971 Ríkisábyrgðir

Stofnkostnaður:	
6.01 Ríkisábyrgðir	-105,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-105,0

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**15,3**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**15,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:	
6.10 Nýframkvæmdir	-19,3
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-19,3

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	-13,5
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	-16,9
Gjöld samtals	**-30,4**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-30,4

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	-5,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-5,0

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	-51,8
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	-17,9
Gjöld samtals	**-69,7**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-69,7

10 Samgönguráðuneyti

m.kr.

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin ..... -35,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -35,6

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-160,0**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-160,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	33,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	33,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:	
1.10 Samtök iðnaðarins	17,0
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	8,4
Viðskiptahreyfingar	8,6

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.19 Staðlaráð	1,5
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	1,5

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**51,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**42,9**
Viðskiptahreyfingar	**8,6**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Icepro-nefnd 0,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 0,7

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 18,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 18,5

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Vátryggingaeftirlitið ..... -2,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -2,3

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 19,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 15,6
Viðskiptahreyfingar 3,6

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 6,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 6,4

13 Hagstofa Íslands

	m.kr.
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**42,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**38,9**
Viðskiptahreyfingar	**3,6**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	6,4
1.50 Þjóðskráin	33,4
Almennur rekstur samtals	39,8
Gjöld samtals	**39,8**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	39,8

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**39,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**39,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:
1.01 Veiðistjóri ..... -0,2

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,2

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:
1.10 Hreindýraráð 4,3

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 4,3

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Hollustuvernd ríkisins ..... -3,1

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -3,1

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Eyðing spilliefna ..... -89,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -89,4

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 12,0

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 8,5
Viðskiptahreyfingar 3,5

14 Umhverfisráðuneyti

m.kr.

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun 7,6

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 7,6

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands ..... -0,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -0,7

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 67,5

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 67,5

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-2,0**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum ..... **-5,5**
Viðskiptahreyfingar **3,5**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	-6,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,3

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	-6,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,5

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**-12,8**
Greitt úr ríkissjóði	**-12,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.91 Heimssýning í Lissabon	-14,3
Sértekjur:	
Sértekjur	13,0
Gjöld umfram tekjur	**-1,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,3

01-901 Húsameistari ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Húsameistari ríkisins	-1,8
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**-1,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,7

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-3,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-3,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:	
1.25 Nám flugvirkja í Svíþjóð	6,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	6,0

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	-0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,7

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	4,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,6

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**9,9**
Greitt úr ríkissjóði	**9,9**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2,1
1.31 Gufuskálar	2,6
1.90 Ýmis verkefni	5,2
Almennur rekstur samtals	9,9
Gjöld samtals	**9,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,9

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,3
1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	0,2
Almennur rekstur samtals	0,5
Gjöld samtals	**0,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-1,8
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	1,1
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	1,9
1.39 Evrópuráðið	-0,8
1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	0,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	6,2
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	-2,6
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	17,1

	m.kr.
1.72 EFTA-dómstóllinn	20,8
1.73 Þróunarsjóður EFTA	-13,8
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	-11,3
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,7
Almennur rekstur samtals	17,3
Gjöld samtals	**17,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,3
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**27,7**
Greitt úr ríkissjóði	**27,7**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.16 Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	3,8
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	4,8
Almennur rekstur samtals	8,6
Gjöld samtals	**8,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	8,6

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:	
1.01 Beinar greiðslur til bænda	26,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	26,2

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:	
1.01 Lán til fiskeldis	-15,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-15,6

04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar

Almennur rekstur:	
1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	31,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,3

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**50,5**
Greitt úr ríkissjóði	**50,5**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.49 Úrskurðarnefndir	9,4
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	2,3
1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	6,1
1.53 Ár hafsins	-0,6
1.71 Hvalasjóður	-2,2
Almennur rekstur samtals	15,0
Gjöld samtals	**15,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	2,7
Gjöld umfram tekjur	**17,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,7

05-221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Almennur rekstur:	
1.01 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,1

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**18,8**
Greitt úr ríkissjóði	**18,8**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	2,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,5

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.21 Próf málflytjenda	-2,1
1.22 Próf skjalaþýðenda	-0,1
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	0,5
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	0,2
1.46 Landskjörstjórn	-0,7
Almennur rekstur samtals	-2,2
Gjöld samtals	**-2,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,5
Gjöld umfram tekjur	**-2,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,7

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-74,5
Sértekjur:	
Sértekjur	90,1
Gjöld umfram tekjur	**15,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,6

m.kr.

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð	-11,2
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	7,4
Almennur rekstur samtals	-3,8
Gjöld samtals	**-3,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	3,7
Gjöld umfram tekjur	**-0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur brotaþola	9,3
Sértekjur:	
Sértekjur	0,6
Gjöld umfram tekjur	**9,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,9

06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn	-6,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,2

06-341 Áfengis- og fíkniefnamál

Almennur rekstur:	
1.10 Matsnefnd vínveitingahúsa	-1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,5

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður	-25,3
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	6,6
Almennur rekstur samtals	-18,7
Gjöld samtals	**-18,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-18,7

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Kirkjumálasjóður	0,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,7

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:	
1.11 Kirkjugarðar	-23,0
1.13 Kirkjugarðasjóður	-1,3
Almennur rekstur samtals	-24,3
Gjöld samtals	**-24,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-24,3

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:	
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	11,2
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga	-8,0
1.30 Sóknargjöld til Háskóla Íslands	-10,8
Almennur rekstur samtals	-7,6
Gjöld samtals	**-7,6**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -7,6

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna ..... -2,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,4

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-34,8**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-34,8**
Hlutdeild í ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	2,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,1

07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi

Almennur rekstur:	
1.86 Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	-1,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,2

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:	
1.72 Skaftholt	1,8
1.86 Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	-6,7
Almennur rekstur samtals	-4,9
Gjöld samtals	**-4,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,9

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.20 Sambýli	-9,1
1.30 Vinnustofan Ás	-2,5
1.60 Dagvistun Lækjarási	-3,3
1.61 Dagvistun Bjarkarási	-7,2
1.62 Dagvistun Lyngási	-13,0
1.63 Skammtímavistun Víðihlíð 9	-3,8
Almennur rekstur samtals	-38,9
Gjöld samtals	**-38,9**

07 Félagsmálaráðuneyti

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 10,8

Gjöld umfram tekjur ..... **-28,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -28,1

07-720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið Skálatúni ..... -0,7

Sértekjur:
Sértekjur 2,5

Gjöld umfram tekjur **1,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,8

07-722 Sólheimar Grímsnesi

Almennur rekstur:
1.70 Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi ..... -3,3

Sértekjur:
Sértekjur 2,8

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,5

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO 0,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

07 Félagsmálaráðuneyti

m.kr.

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota 74,7

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum 43,7
Viðskiptahreyfingar 31,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -23,1
1.15 Hlutdeild í rekstri Vinnumálastofnunar 0,1
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva ..... -56,0
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -0,2
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 112,3
1.41 Framlög og styrkir 11,6
1.45 Starfsmenntasjóður ..... -1,0
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda ..... -30,7
1.81 Vaxtatekjur ..... -7,9
Almennur rekstur samtals 5,1

Gjöld samtals **5,1**

Sértekjur:
Sértekjur 37,0

Gjöld umfram tekjur **42,1**

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -370,0
Viðskiptahreyfingar 412,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga 4,4

Fjármögnun:
Hlutdeild í ríkistekjum ..... -15,0
Viðskiptahreyfingar 19,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

	m.kr.
07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**90,6**
Greitt úr ríkissjóði	**-30,6**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-341,3**
Viðskiptahreyfingar	**462,5**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.10 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	-192,9
1.11 Mæðra - og feðralaun	180,0
1.15 Umönnunarbætur	-96,3
1.21 Makabætur	6,7
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	5,5
1.31 Endurhæfingalífeyrir	34,8
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	0,6
1.41 Heimilisuppbót	-18,3
1.45 Sérstök heimilisuppbót	5,9
1.51 Uppbætur	212,9
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	-20,5
Almennur rekstur samtals	118,4
Gjöld samtals	**118,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	118,4

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	-90,3
1.15 Örorkulífeyrir	75,1
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	-45,7
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	92,0
1.31 Örorkustyrkur	-17,1
1.35 Barnalífeyrir	47,2
1.41 Fæðingarorlof	90,6
1.91 Annað	-8,0
Almennur rekstur samtals	143,8
Gjöld samtals	**143,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	4,6
Gjöld umfram tekjur	**148,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	148,4

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	52,1
1.15 Lyf	-29,2
1.21 Hjálpartæki	16,5
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	-27,2
1.31 Þjálfun	24,4
1.35 Tannlækningar	-17,0
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	7,7
1.45 Brýn meðferð erlendis	30,5
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-11,5
1.55 Sjúkradagpeningar	11,8
1.91 Annað	16,3
Almennur rekstur samtals	74,4
Gjöld samtals	**74,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	0,3
Gjöld umfram tekjur	**74,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	74,7

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	-15,8
1.15 Bætur til framfærslu	54,8
1.21 Stjórnunarkostnaður	-5,6
Almennur rekstur samtals	33,4
Gjöld samtals	**33,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	20,6
Gjöld umfram tekjur	**54,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,8
Hlutdeild í ríkistekjum	169,2
Viðskiptahreyfingar	-114,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit ..... -6,4
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 ..... -0,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi 6,5
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 2,1
Almennur rekstur samtals 1,9

Gjöld samtals **1,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,9

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Sunnuhlíð, Kópavogi ..... -14,7

Sértekjur:
Sértekjur 5,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-9,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,5

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skjól ..... -8,0

Sértekjur:
Sértekjur 1,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-6,8**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,8

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Eir ..... -8,1

Sértekjur:
Sértekjur 7,2

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,9

08-411 Garðvangur, Garði

Almennur rekstur:
1.01 Garðvangur, Garði ..... -0,5

Sértekjur:
Sértekjur 0,7

Gjöld umfram tekjur **0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær ..... -32,0

Sértekjur:
Sértekjur 14,6

Gjöld umfram tekjur ..... **-17,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,4

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum ..... -24,4

Sértekjur:
Sértekjur ..... -0,7

Gjöld umfram tekjur ..... **-25,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -25,1

08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrastofnanir SÁÁ ..... -66,1

Sértekjur:
Sértekjur 54,9

Gjöld umfram tekjur ..... **-11,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -11,2

08-421 Víðines

Almennur rekstur:
1.01 Víðines 15,1

Sértekjur:
Sértekjur 8,3

Gjöld umfram tekjur **23,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,4

08-422 Hlaðgerðarkot

Almennur rekstur:
1.01 Hlaðgerðarkot ..... -0,3

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,3

08-430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun 4,4

Viðhaldsverkefni:
5.21 Viðhald fasteignar 3,0

Gjöld samtals **7,4**

Sértekjur:
Sértekjur 3,4

Gjöld umfram tekjur **10,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,8

08-431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Endurhæfingardeild ..... -257,2
1.10 Heilsuhælisdeild 161,8
Almennur rekstur samtals ..... -95,4

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaðarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 15,0

Gjöld samtals ..... **-80,4**

Sértekjur:
Sértekjur 92,9

Gjöld umfram tekjur **12,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,5

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-432 Vistheimilið Bjarg

Almennur rekstur:
1.01 Vistheimilið Bjarg ..... -0,4

Sértekjur:
Sértekjur 0,1

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,3

08-435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða

Almennur rekstur:
1.01 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða ..... -2,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,8

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 1,1
1.13 Hornbrekka, Ólafsfirði ..... -26,3
1.15 Dalbær, Dalvík ..... -9,9
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði ..... -18,7
1.19 Hjallatún, Vík 0,4
1.21 Höfði, Akranesi ..... -18,2
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum ..... -1,1
1.25 Barmahlíð, Reykhólum ..... -4,8
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi 0,7
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði ..... -1,8
1.31 Naust, Þórshöfn ..... -3,4
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi ..... -2,6
1.35 Jaðar, Ólafsvík ..... -0,2
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri 0,8
1.39 Lundur, Hellu ..... -30,1
1.41 Hrafnista, Reykjavík 54,6
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði ..... -14,1

	m.kr.
1.45 Grund, Reykjavík	-90,4
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-4,9
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	-0,2
1.51 Fellsendi, Búðardal	2,8
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	-11,4
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	-3,4
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	0,6
1.59 Reynslusveitarfélag Akureyri	-4,2
1.61 Reynslusvetiarfélag Höfn	-6,7
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	0,7
1.65 Lindargata, Reykjavík	1,4
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	1,0
1.69 Múlabær, Reykjavík	-1,9
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	24,1
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,8
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	107,0
Almennur rekstur samtals	-54,3
Gjöld samtals	**-54,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	27,0
Gjöld umfram tekjur	**-27,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-27,3

08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslustöðin Lágmúla	-6,1
Sértekjur:	
Sértekjur	4,1
Gjöld umfram tekjur	**-2,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2,0

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-553 Reynslusveitarfélagið Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Akureyri 15,4

Sértekjur:
Sértekjur 9,8

Gjöld umfram tekjur **25,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,2

08-568 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði

Almennur rekstur:
1.01 Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði ..... -4,8

Sértekjur:
Sértekjur 5,0

Gjöld umfram tekjur **0,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,2

08-715 St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið ..... -4,8
1.11 Sjúkrasvið 4,5
Almennur rekstur samtals ..... -0,3

Gjöld samtals ..... **-0,3**

Sértekjur:
Sértekjur 1,0

Gjöld umfram tekjur **0,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **366,4**
Greitt úr ríkissjóði **311,6**
Hlutdeild í ríkistekjum **169,2**
Viðskiptahreyfingar ..... **-114,4**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.20 Olíugjald	-1,4
1.30 Þungaskattur	1,7
Almennur rekstur samtals	0,3
Gjöld samtals	**0,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,3

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-77,2
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5,2
Almennur rekstur samtals	-72,0
Stofnkostnaður:	
6.91 Uppgjör stofnkostnaðar	-13,8
Gjöld samtals	**-85,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	65,3
Gjöld umfram tekjur	**-20,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-20,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-8.142,3
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	135,2
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	27,1
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-698,0
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	29,5
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	4,3

09 Fjármálaráðuneyti

	m.kr.
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-312,8
Almennur rekstur samtals	-8.957,0
Gjöld samtals	**-8.957,0**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-8.957,0

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	45,0
Sértekjur:	
Sértekjur	7,8
Gjöld umfram tekjur	**52,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	52,8

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	-875,7
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-875,7

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	75,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	75,9

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	83,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	83,0

m.kr.

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur ..... -22,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -22,4

09-972 Lánasýsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lánasýsla ríkisins ..... -11,0

Sértekjur:
Sértekjur 38,4

Gjöld umfram tekjur **27,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,4

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:
6.11 Tapaðar kröfur 188,9
6.15 Tjónabætur 13,2
Stofnkostnaður samtals 202,1

Gjöld samtals **202,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,2
Viðskiptahreyfingar 188,9

09-974 Framkvæmdasjóður Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Framkvæmdasjóður Íslands ..... -74,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -74,1

m.kr.

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga ..... -1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,1

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 82,7

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður 15,0

Gjöld samtals **97,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 97,7

09-997 Framkvæmdir við iðnaðarlóð

Stofnkostnaður:
6.01 Framkvæmdir við iðnaðarlóð ..... -493,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -493,8

09-998 Flekkuvík, jarðarkaup

Stofnkostnaður:
6.01 Flekkuvík, jarðarkaup ..... -159,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -159,9

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið 0,2
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 23,6

	m.kr.
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	5,5
1.15 Kjararannsóknir	-1,8
1.22 Kaup á dagblöðum skv. 6.gr. fjárlaga 97	-0,3
1.31 Lífeyrissjóður bænda	17,6
1.45 Ýmsar nefndir	-3,8
1.50 Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	-0,1
1.60 Dómkröfur	-1,6
1.65 Kjaradómur og kjaranefnd	-6,7
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	4,7
1.92 Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl.	-2,9
Almennur rekstur samtals	34,4
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	-11,1
Gjöld samtals	**23,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	23,3
Gjöld umfram tekjur	**46,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	46,6
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-10.018,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-374,9**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**-9.643,8**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1
1.90 Ýmislegt	-0,3
Almennur rekstur samtals	-0,2
Stofnkostnaður:	
6.01 Breytingar á húsnæði	0,2
Gjöld samtals	**0,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

10-337 Flekkuvík, hafnargerð

Stofnkostnaður:	
6.01 Flekkuvík, hafnargerð	-49,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-49,2

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-49,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-49,2**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:	
1.21 Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	1,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,5

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun	-77,7
1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum	-20,0
Almennur rekstur samtals	-97,7
Gjöld samtals	**-97,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-97,7

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-96,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-96,2**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-401 Vátryggingaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Vátryggingaeftirlitið	3,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-2,9
Gjöld umfram tekjur	**0,7**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-2,3
Viðskiptahreyfingar	3,0
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**0,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-2,3**
Viðskiptahreyfingar	**3,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Eyðing spilliefna	25,3
Sértekjur:	
Sértekjur	0,4
Gjöld umfram tekjur	**25,7**
Fjármögnun:	
Hlutdeild í ríkistekjum	-89,4
Viðskiptahreyfingar	115,1
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**25,7**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Hlutdeild í ríkistekjum	**-89,4**
Viðskiptahreyfingar	**115,1**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-147,1
1.20 Inneignarvextir af ríkistekjum	-16,9
Almennur rekstur samtals	-164,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2.232,9
Viðskiptahreyfingar	2.068,9
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-164,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-2.232,9**
Hlutdeild í ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.068,9**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 1998 var lagt fyrir Alþingi á haustþingi 2001 en var ekki afgreitt þá og er nú endurflutt. Lagagreinar frumvarpsins eru óbreyttar frá því að það var síðast lagt fram, en þrjár breytingar hafa verið gerðar á fylgiskjali með frumvarpinu og eru þær í samræmi við bréf sem sent var fjárlaganefnd 2. apríl 2001. Breytingar á fylgiskjalinu eru í fyrsta lagi að staða fjárheimilda Sjúkrahúss Reykjavíkur í árslok 1998 er lækkuð um 429,3 m.kr. og er þar um leiðréttingu að ræða vegna yfirfærslu fjárlaga af greiðslugrunni á rekstrargrunn. Í öðru lagi er staða fjárheimilda Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar hækkuð um 7,8 m.kr. af sömu ástæðu og að ofan greinir um Sjúkrahús Reykjavíkur. Í þriðja og síðasta lagi er í fylgiskjalinu lagt til að 0,7 m.kr. staða Icreponefndar í árslok 1998 verði flutt til næsta árs, en villa var í fylgiskjalinu sem nú er leiðrétt. Vakin er athygli á því að staða fjárheimilda í árslok og flutningur stöðu til ársins 1999 samkvæmt ríkisreikningi 1998 og 1999 er ekki í öllum tilvikum eins og í frumvarpinu þar sem gengið var frá því talnaefni áður en viðmiðanirnar fyrir uppgjörinu í frumvarpinu voru fullmótaðar. Þar sem það á við eru fjárheimildirnar þá leiðréttar til samræmis við frumvarpið í reikningi næsta árs.

Frumvarp til lokafjárlaga er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og er til staðfestingar á ríkisreikningi 1998. Samkvæmt 45. grein fjárreiðulaga skal í lokafjárlögum leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir ársins og á ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar á milli ára. Jafnframt skal í frumvarpinu leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimild er í lögunum til að greiða slík umframgjöld af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal í frumvarpinu gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika á öðrum rekstrartekjum og mörkuðum tekjum miðað við fjárlög, nánari skipting er í sundurliðun 1. Er um að ræða breytingar í samræmi við niðurstöður ársins 1998 þar sem skilað er lögboðnum ríkistekjum til þeirra verkefna sem þær eru ætlaðar eða fjárheimild lækkuð í þeim tilfellum að tekjurnar hafa verið ofáætlaðar í fjárlögum 1998.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum sem ekki flytjast á milli ára og er vísað til nánari skiptingar í sundurliðun 2. Í sumum tilfellum eru heimildir felldar niður í árslok og er þar um nokkuð hefðbundna afgreiðslu að ræða sem breytist lítið á milli ára. Veigamikil breyting er þó fólgin í því að nú eru fjárlög á rekstrargrunni og því sýnd rekstrarstaða stofnana sem ekki eru með efnahag í A-hluta ríkisreiknings, eru það einkum sjálfseignarstofnanir. Lagt er til að staða þessara stofnana miðað við fjárheimildir verði felld niður í árslok, enda miðast framlög til þeirra við

fjárveitingar í fjárlögum og skuldir eða inneignir þessara stofnana eru við aðila utan ríkisins. Einnig er sótt um breytingar á fjárheimildum lögboðinna tilfærsluverkefna, svo sem almannatrygginga, og til breytinga á ríkistekjum sem meðal annars eru taldar í 1. gr.

Í fylgiskjali er í samræmi við 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins birt yfirlit yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Í 37. gr. laganna er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsársins og með sama hætti að draga umframgjöld fyrra árs frá fjárveitingu ársins.

Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 1998 og er vísað til greinargerðar í fjáraukalögum og í ríkisreikningi fyrir árið 1998 um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála það ár og um helstu frávik á tekjum og útgjöldum á því ári. Þá hefur Ríkisendurskoðun lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 1998 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Afgangsheimildir og umframgjöld. Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um niðurfellingu á afgangsheimildum og á gjöldum umfram heimildir, í fylgiskjali er yfirlit yfir fluttar afgangsheimildir og umframgjöld í samræmi við 45. gr. fjárreiðulaga. Afgangsheimildir stofnana og verkefna námu alls um 11,9 milljörðum króna í árslok 1998, en gjöld umfram veittar fjárheimildir námu samtals um 18,3 milljörðum króna Mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra gjalda var því neikvæður um 6,4 milljarða króna, nettó. Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um niðurfellingu á 2,8 milljörðum króna afgangsheimildum og niðurfellingu á um 12,6 milljarða króna gjöldum umfram heimildir sbr. sundurliðun 2. Alls er þannig gert ráð fyrir að niður falli neikvæð staða sem nemur 9,8 milljörðum króna, nettó. Í fylgiskjali er listi yfir þær heimildir sem flytjast á milli ára. Þar eru um 9,1 milljarðar króna ónýttar heimildir, sem bætast við fjárheimildir næsta árs, og um 5,8 milljarða króna umframgjöld til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Samtals flytjast því um 3,3 milljarðar króna frá árinu 1998 til 1999. Þar af eru tæplega 200 m.kr. vegna reksturs stofnana, um 1,1 milljarður króna vegna tilfærsluútgjalda og 2 milljarðar króna til ýmissa viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna, en þar vega þyngst um 230 m.kr. stofnkostnaður undir samgönguráðuneyti og 425 m.kr. til byggingar hafrannsóknarskips. Um nánari skiptingu er vísað í fylgiskjal með skrá yfir fyrirhugaðar breytingar á fjárheimildum 1999 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1998, eða svonefndar yfirfærslur á milli ára. Fjárhæðir í fylgiskjalinu eru sundurgreindar í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú framsetning að formi til óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Ónýttar lántökuheimildir á árinu 1998. Í fjárlögum fyrir árið 1998 var ríkissjóði heimilað að endurlána allt að 9,6 milljarða króna, en niðurstaðan samkvæmt ríkisreikningi var 7,8 milljarðar króna. Endurlán til Byggingasjóðs ríkisins voru um 1,3 milljarði króna minni en áætlað var í fjárlögum. Þá urðu endurlán til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins 750 m.kr. minni en ráðgert var þar sem smíði á hafrannsóknarskipi seinkaði. Loks frestuðust lántökur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um eitt ár. Nánari grein er gerð fyrir lánveitingum ríkissjóðs í ríkisreikningi og skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1998.

Lánveitingar umfram heimildir í fjárlögum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1998 láðist að sækja um auknar lántökuheimildir fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. Sótt var um heimildir til aukinnar lántöku til fjárlaganefndar Alþingis með bréfi dags. 30. október 1998, þar sem farið var fram á að húsbréfadeild Byggingasjóðs ríkisins yrði heimilt að gefa út húsbréf fyrir allt að 19,5 milljarða króna á árinu 1998 í stað 16,5 milljarða króna eins og heimilað var í fjárlögum. Nefndin gaf skriflegt svar, dags. 3. nóvember 1998, þar sem erindið var samþykkt og á þeirri forsendu var útgáfa húsbréfa árið 1998 reist. Eins og að framan greinir láðist að afla heimildarinnar í fjáraukalögum 1998 og var þá ákveðið að hennar yrði aflað í uppgjörsfjáraukalögum 1998. Þykir rétt að sækja um sérstaka breytingu á lánsfjárheimild húsbréfadeildar Byggingasjóðs ríkisins í samræmi við þau áform sem uppi voru síðla árs 1998.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sótt um að fjárheimildir lækki samtals um 443,6 m.kr. svo þær verði í samræmi við niðurstöðu ríkistekna og markaðra tekna og skilað er til stofnana árið 1998. Sýnd er breyting á hvert ráðuneyti og nánari skipting á verkefni er í sundurliðun 1. Lækkun fjárheimilda skýrist að stórum hluta af minni skilum, en áætlað var í fjárlögum, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og minni tekjum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Spilliefnasjóðs. Þá voru tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands minni en áætlað var, breyting er gerð vegna niðurfellingar á skilum á ríkisábyrgðagjaldi og minni rekstrartekjum hjá stofnunum samgönguráðuneytis. Þá er lögð til breyting á færslu tekna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til samræmis við ríkisreikning. Á móti kemur að lagt er til að fjárheimildir hækki vegna tekna umfram áætlanir til Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins, verðtilfærslugjald á mjólk var umfram áætlun, hlutur Ábyrgðasjóðs launa í tryggingagjaldi varð meiri en áætlað var, tekjur Hagstofu Íslands af þjóðskrá og tekjur Einkaleyfastofu urðu einnig umfram áætlun. Þá eru tekjur af afnotagjaldi Ríkisútvarpsins hærri en áætlun og loks er lögð til breyting á framsetningu tekna Fasteignamats ríkisins og Slysatrygginga. Vísað er í sundurliðun 1 um aðrar breytingar.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sótt um heimildir til niðurfellingar á umframgjöldum, það er útgjöldum umfram fjárheimildir, og til niðurfellingar á afgangsheimildum sem lagt er til að flytjist ekki á milli ára. Skipting á stofnanir og verkefni er í sundurliðun 2. Samtals er sótt um niðurfellingu á 9.788,4 m.kr. gjöldum nettó. Munar þar mestu um 8.957 m.kr. umframgjöld til áfallinna skuldbindinga lífeyrissjóða með bakábyrgð ríkisins. Skuldbindingarnar voru vanmetnar í fjárlögum þar sem aðlögunarsamningar, sem fólu í sér að ýmsar aukagreiðslur voru færðar inn í dagvinnulaun, voru gerðir fyrr en áætlað var og koma umframútgjöld ekki til lækkunar á fjárheimildum næsta árs. Þá er lagt til að fjöldi liða með lögboðnum útgjöldum falli niður, sem og staða sjálfseignastofnana í árslok, þar sem þær eru ekki með efnahag í A-hluta. Lagt er til að felld verði niður umframgjöld til jarðakaupa og hafnargerðar í Flekkuvík og framkvæmdir við iðnaðarlóð á Grundartanga. Loks falla niður vaxtagjöld ríkissjóðs umfram áætlun. Stærstu ónotuðu fjárheimildirnar, sem lagt er til að verði felldar niður, eru hjá almannatryggingum, Ábyrgðasjóði launa og Atvinnuleysistryggingasjóði. Í ríkisreikningi er haldið um inneign sjóðanna af mörkuðum tekjum og verður farið á sama hátt með umframgjöld þeirra. Þá falla niður heimildir til sjóða umfram greiðslur eða innheimtu tekna svo og umframheimildir tilfærsluliða. Nánari skipting á niðurfelldum umframgjöldum og afgangsheimildum er í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er sótt um að lántökuheimild fyrir húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins hækki um 3 milljarða króna frá því sem heimilað var í fjárlögum fyrir árið 1998.

Um 4. gr.

Lagt er til að í gildistökuákvæðum verði jafnframt staðfesting Alþingis á ríkisreikningi fyrir árið 1998. Með breytingu á 43. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög nr. 100/1995, er ekki lengur kveðið á um staðfestingu ríkisreiknings með sérstökum lögum. Sama breyting er gerð með fjárreiðulögum og í greinargerð með þeim er beinlínis tekið fram að í lögunum felist sú breyting að ríkisreikningur verði ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum. Lög gera þannig ekki ráð fyrir því að ríkisreikningur sé staðfestur með sérstökum lögum, enda er eðli ríkisreiknings sem slíks þannig að honum verður vart breytt þegar hann hefur verið undirritaður af fjármálaráðherra auk ríkisbókara og áritaður af ríkisendurskoðanda. Eðlilegt er því talið að með staðfestingu á lokafjárlögum felist staðfesting á ríkisreikningi.

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**-241,8**	**1.145,7**	**-50,4**	**2.061,5**	**2.915,0**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***10,9***	***-2,5***	***15,7***	***-8,5***	***15,6***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**1,0**	**-0,2**	**0,5**	**0,2**	**1,5**
101-1.01	Yfirstjórn	-27,3				-27,3
101-1.30	Bessastaðir	31,1				31,1
101-1.50	Fálkaorðan	-0,1				-0,1
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-2,7	-0,2			-2,9
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			0,5		0,5
101-6.01	Tæki og búnaður				0,2	0,2
00-201	**Alþingi**	**7,7**	**-1,4**	**15,2**	**-7,4**	**14,1**
201-1.01	Alþingiskostnaður	15,7				15,7
201-1.03	Fastanefndir	-4,4				-4,4
201-1.04	Alþjóðasamstarf	1,0	-2,1			-1,1
201-1.06	Almennur rekstur	3,1	-0,4			2,7
201-1.07	Sérverkefni	-4,4	1,1			-3,3
201-1.10	Rekstur fasteigna	-3,3				-3,3
201-5.20	Fasteignir			15,2		15,2
201-6.01	Tæki og búnaður				-3,4	-3,4
201-6.21	Fasteignir				-4,0	-4,0
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**2,5**	**2,5**
205-6.21	Fasteignir				20,0	20,0
205-6.50	Nýbygging				-17,5	-17,5
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**3,0**				**3,0**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	3,0				3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**-0,8**	**-0,9**		**-3,8**	**-5,5**
620-1.01	Ríkisendurskoðun	-0,8	-0,9			-1,7
620-6.01	Tæki og búnaður				-3,8	-3,8
01 Forsætisráðuneyti		***3,0***	***26,6***	***6,0***	***51,8***	***87,4***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-3,6**	**4,2**		**-4,6**	**-4,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-3,6	4,2			0,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,6	-4,6
01-190	**Ýmis verkefni**	**0,4**	**18,5**		**13,0**	**31,9**
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag		12,0			12,0
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	4,4	-0,1			4,3
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	-0,3				-0,3
190-1.23	Hrafnseyri	2,9	0,2			3,1
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,1	1,9			1,8
190-1.42	Grænlandssjóður		-0,5			-0,5
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	1,0	-0,9			0,1
190-1.53	Landafundanefnd	-1,2	-0,1			-1,3
190-1.90	Ýmis verkefni	-6,3	6,0			-0,3
190-6.52	Minningarkapella á Ljósavatni				13,0	13,0
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**6,2**		**3,6**		**9,8**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	-0,3				-0,3
201-1.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	6,4				6,4
201-1.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	0,1				0,1
201-5.20	Stjórnarráðshús			-4,8		-4,8
201-5.21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu			5,3		5,3
201-5.22	Ráðherrabústaður Þingvöllum			0,4		0,4
201-5.24	Bessastaðir			0,9		0,9
201-5.25	Staðastaður			1,8		1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
01-205	**Mannvirkjagerð á Bessastöðum**				**3,5**	**3,5**
205-6.21	Mannvirkjagerð á Bessastöðum				3,5	3,5
01-211	**Þjóðhagsstofnun**	**7,3**				**7,3**
211-1.01	Þjóðhagsstofnun	7,3				7,3
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**6,7**	**3,9**		**-1,5**	**9,1**
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	6,5	-10,3			-3,8
231-1.61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	0,2	14,2			14,4
231-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
01-241	**Umboðsmaður barna**	**0,6**			**-2,0**	**-1,4**
241-1.01	Umboðsmaður barna	0,6				0,6
241-6.01	Tæki og búnaður				-2,0	-2,0
01-251	**Safnahús**	**-1,9**				**-1,9**
251-1.01	Safnahús	-1,9				-1,9
01-301	**Lýðveldissjóður**					
301-1.10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar		8,1			8,1
301-1.15	Efling íslenskrar tungu		-8,1			-8,1
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-12,7**		**2,4**	**43,4**	**33,1**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-12,7				-12,7
902-5.01	Fasteignir			2,4		2,4
902-6.01	Nýframkvæmdir				33,4	33,4
902-6.21	Fasteignir				10,0	10,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02	***Menntamálaráðuneyti***	***-657,7***	***135,2***	***150,3***	***325,7***	***-46,5***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-9,4**	**2,4**		**-1,7**	**-8,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-9,4	2,4			-7,0
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,7	-1,7
02-199	**Ráðstöfunarfé**		**7,2**			**7,2**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		7,2			7,2
02-201	**Háskóli Íslands**	**-121,1**	**-107,4**	**34,8**	**-10,5**	**-204,2**
201-1.01	Yfirstjórn	-71,0	-0,8			-71,8
201-1.02	Sameiginleg útgjöld	124,4	-18,1			106,3
201-1.03	Rekstur fasteigna	3,5				3,5
201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	-122,2	-88,0			-210,2
201-1.06	Kennslu- og vísindadeildir	-62,5	-3,8			-66,3
201-1.07	Alþjóðaskrifstofa	-4,7	6,5			1,8
201-1.09	Verkfræðistofnun	10,2	-3,2			7,0
201-1.20	Rannsóknarnám	1,2				1,2
201-5.50	Fasteignir			34,8		34,8
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				-10,5	-10,5
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**40,2**	**-5,7**			**34,5**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	40,2	-5,7			34,5
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-11,3**	**0,8**		**3,8**	**-6,7**
203-1.01	Yfirstjórn	1,4	1,2			2,6
203-1.02	Rekstur fasteigna	-2,6				-2,6
203-1.03	Rannsóknastofur	-10,1	-0,4			-10,5
203-6.11	Bifreiðar				3,8	3,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**0,2**				**0,2**
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	0,2				0,2
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**-0,2**	**0,4**			**0,2**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	3,1	0,4			3,5
205-1.20	Bókaútgáfa	-3,3				-3,3
02-206	**Orðabók Háskólans**	**10,6**	**0,6**			**11,2**
206-1.01	Orðabók Háskólans	10,6	0,6			11,2
02-207	**Íslensk málstöð**	**-2,7**				**-2,7**
207-1.01	Íslensk málstöð	-2,7				-2,7
02-208	**Örnefnastofnun**	**1,8**				**1,8**
208-1.01	Örnefnastofnun	1,8				1,8
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-19,2**	**4,6**		**-21,0**	**-35,6**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	19,3	-0,5			18,8
210-1.02	Rannsóknastarfsemi	-38,5	5,1			-33,4
210-6.10	Fasteignir				-21,0	-21,0
02-211	**Tækniskóli Íslands**	**-45,0**	**-0,1**			**-45,1**
211-1.01	Tækniskóli Íslands	-45,0	-0,1			-45,1
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-76,1**	**61,5**			**-14,6**
215-1.01	Yfirstjórn	-5,3	-0,7			-6,0
215-1.02	Rannsóknastarfsemi	-24,8	33,7			8,9
215-1.03	Rekstur fasteigna	-11,7	-0,6			-12,3
215-1.04	Stoðþjónusta	-8,5				-8,5
215-1.05	Kennsla	-13,5	1,1			-12,4
215-1.10	Íslenska menntanetið	-4,8				-4,8
215-1.20	Endurmenntun	5,8	-1,3			4,5
215-1.30	Vettvangsnám	-13,3	29,3			16,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-223	**Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**	**-0,3**				**-0,3**
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-0,3				-0,3
02-231	**Rannsóknarráð Íslands**	**7,0**	**-5,5**			**1,5**
231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	7,0	-5,5			1,5
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**				**50,0**	**50,0**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				50,0	50,0
02-236	**Vísindasjóður**	**-3,8**	**-5,8**		**-36,1**	**-45,7**
236-1.01	Yfirstjórn	-3,8	-5,8			-9,6
236-6.60	Vísindasjóður				-36,1	-36,1
02-237	**Tæknisjóður**	**-2,7**	**-1,6**		**-51,3**	**-55,6**
237-1.01	Yfirstjórn	-2,7	-1,6			-4,3
237-6.60	Tæknisjóður				-51,3	-51,3
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**				**40,1**	**40,1**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður				40,1	40,1
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**-0,9**	**-15,4**			**-16,3**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	-0,9	-15,4			-16,3
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**31,8**	**31,9**	**63,7**
269-5.21	Viðhald			31,8		31,8
269-6.21	Stofnkostnaður				31,9	31,9
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-7,7**	**22,6**			**14,9**
299-1.12	Undirbúningur miðstöðvar fyrir háskólanám og endurmenntun á	8,0	-4,8			3,2
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-15,7	27,4			11,7
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**10,7**	**-0,4**			**10,3**
301-1.01	Almennur rekstur	10,7	-0,4			10,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-30,9**				**-30,9**
302-1.01	Almennur rekstur	-38,4				-38,4
302-1.09	Önnur verkefni	7,5				7,5
02-303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**	**-21,0**				**-21,0**
303-1.01	Almennur rekstur	-21,0				-21,0
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**-0,8**	**-0,5**			**-1,3**
304-1.01	Almennur rekstur	-5,6	-0,5			-6,1
304-1.09	Önnur verkefni	4,8				4,8
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-17,4**				**-17,4**
305-1.01	Almennur rekstur	-17,4				-17,4
02-306	**Framhaldsskóli Vestfjarða**	**-13,0**	**-0,6**			**-13,6**
306-1.01	Almennur rekstur	-23,3	-0,6			-23,9
306-1.09	Önnur verkefni	10,3				10,3
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**-2,5**	**-0,8**			**-3,3**
307-1.01	Almennur rekstur	-23,5	-0,8			-24,3
307-1.09	Önnur verkefni	21,0				21,0
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-45,9**	**-0,5**			**-46,4**
308-1.01	Almennur rekstur	-36,8	-0,5			-37,3
308-1.09	Önnur verkefni	-9,1				-9,1
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**			**76,6**		**76,6**
316-5.21	Viðhald			20,8		20,8
316-5.51	Sérstök viðhaldsverkefni			55,8		55,8
02-317	**Sameignir skólanna á Laugarvatni**	**2,6**				**2,6**
317-1.01	Sameignir skólanna á Laugarvatni	2,6				2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**			**-2,1**	**115,4**	**113,3**
318-5.80	Viðhald herma			1,7		1,7
318-5.90	Viðhald			-3,8		-3,8
318-6.40	Tæki og búnaður				0,2	0,2
318-6.50	Tölvubúnaður				-1,7	-1,7
318-6.90	Byggingarframkvæmdir				116,9	116,9
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**117,7**	**-28,1**			**89,6**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	3,6	-2,2			1,4
319-1.12	Orlof kennara	11,2	-3,1			8,1
319-1.13	Forfallakennsla	2,1				2,1
319-1.14	Sérkennsla	4,6				4,6
319-1.15	Prófkostnaður	-30,6	-0,3			-30,9
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	9,4	7,4			16,8
319-1.17	Námsskrárgerð	13,3	-11,1			2,2
319-1.18	Námsefnisgerð	14,7	-13,2			1,5
319-1.19	Kennslueftirlit	3,9	-2,7			1,2
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	8,8	-4,0			4,8
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	1,6	-0,8			0,8
319-1.26	Þróunarsjóður	-0,3	22,5			22,2
319-1.27	Íslenskukennsla	8,5	-5,2			3,3
319-1.28	Mat á skólastarfi	16,8	-6,6			10,2
319-1.30	Endurmenntun	14,2	-9,1			5,1
319-1.40	Framhaldsskólar, óskipt	35,9	0,3			36,2
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-69,4**				**-69,4**
350-1.01	Almennur rekstur	-26,3				-26,3
350-1.09	Önnur verkefni	-43,1				-43,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**-8,6**	**-6,7**			**-15,3**
351-1.01	Almennur rekstur	-15,8	-6,7			-22,5
351-1.09	Önnur verkefni	7,2				7,2
02-352	**Flensborgarskóli**	**-10,6**	**-0,6**			**-11,2**
352-1.01	Almennur rekstur	-11,7	-0,6			-12,3
352-1.09	Önnur verkefni	1,1				1,1
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**9,3**	**-3,1**	**3,9**		**10,1**
353-1.01	Almennur rekstur	12,3	-3,1			9,2
353-1.09	Önnur verkefni	-3,0				-3,0
353-5.01	Viðhald fasteigna			3,9		3,9
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**5,1**	**-0,4**	**-9,2**		**-4,5**
354-1.01	Almennur rekstur	-7,0	-0,4			-7,4
354-1.09	Önnur verkefni	12,1				12,1
354-5.01	Viðhald fasteigna			-9,2		-9,2
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**-1,7**	**-0,1**			**-1,8**
355-1.01	Almennur rekstur	-7,5	-0,1			-7,6
355-1.09	Önnur verkefni	5,8				5,8
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-16,7**	**-0,5**			**-17,2**
356-1.01	Almennur rekstur	-27,6	-0,5			-28,1
356-1.09	Önnur verkefni	10,9				10,9
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**1,9**	**-0,5**	**0,2**		**1,6**
357-1.01	Almennur rekstur	-13,1	-0,5			-13,6
357-1.09	Önnur verkefni	15,0				15,0
357-5.01	Viðhald fasteigna			0,2		0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**-0,9**	**-1,2**			**-2,1**
358-1.01	Almennur rekstur	-7,5	-1,2			-8,7
358-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-23,2**	**-0,7**	**1,0**		**-22,9**
359-1.01	Almennur rekstur	2,0	-0,7			1,3
359-1.09	Önnur verkefni	-25,2				-25,2
359-5.01	Viðhald fasteigna			1,0		1,0
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-31,4**	**-0,3**			**-31,7**
360-1.01	Almennur rekstur	-31,4	-0,3			-31,7
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**-5,1**				**-5,1**
361-1.01	Almennur rekstur	-6,4				-6,4
361-1.09	Önnur verkefni	1,3				1,3
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**-8,0**				**-8,0**
362-1.01	Almennur rekstur	-9,4				-9,4
362-1.09	Önnur verkefni	1,4				1,4
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-5,7**	**-0,2**			**-5,9**
363-1.01	Almennur rekstur	-8,3	-0,2			-8,5
363-1.09	Önnur verkefni	2,6				2,6
02-365	**Borgarholtsskóli**	**-40,1**	**-0,1**			**-40,2**
365-1.01	Almennur rekstur	-46,7	-0,1			-46,8
365-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-6,5**	**3,2**			**-3,3**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-3,5	-2,1			-5,6
430-1.02	Nám táknmálstúlka	-3,5	6,7			3,2
430-1.03	Völundur, námsgagnagerð	0,5	-1,4			-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**-8,5**				**-8,5**
441-1.01	Kennsla	-11,5				-11,5
441-1.02	Annað en kennsla	3,0				3,0
02-506	**Vélskóli Íslands**	**3,3**				**3,3**
506-1.01	Almennur rekstur	2,9				2,9
506-1.09	Önnur verkefni	0,4				0,4
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-6,8**				**-6,8**
507-1.01	Almennur rekstur	-13,4				-13,4
507-1.09	Önnur verkefni	6,6				6,6
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**7,2**	**-1,5**			**5,7**
514-1.01	Almennur rekstur	16,8	-1,5			15,3
514-1.09	Önnur verkefni	-9,6				-9,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**-0,7**		**-0,1**		**-0,8**
516-1.01	Almennur rekstur	-0,7				-0,7
516-5.01	Viðhald fasteigna			-0,1		-0,1
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,2**				**0,2**
541-1.01	Kennsla	-4,0				-4,0
541-1.02	Annað en kennsla	4,2				4,2
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**	**-0,2**				**-0,2**
551-1.01	Kennsla	-0,2				-0,2
02-561	**Myndlista- og handíðaskóli Íslands**	**-5,0**	**-1,9**			**-6,9**
561-1.01	Kennsla í dagskóla	5,6				5,6
561-1.02	Annað en kennsla	-10,6	-1,9			-12,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-562	**Leiklistarskóli Íslands**	**-8,9**				**-8,9**
562-1.01	Kennsla í dagskóla	-7,3				-7,3
562-1.02	Annað en kennsla	-1,6				-1,6
02-564	**Listdansskólinn**	**-11,2**	**-0,1**			**-11,3**
564-1.01	Kennsla	-14,8				-14,8
564-1.02	Annað en kennsla	3,6	-0,1			3,5
02-571	**Sjómannaskólahúsið**	**0,3**				**0,3**
571-1.01	Sjómannaskólahúsið	0,3				0,3
02-581	**Verslunarskóli Íslands**					
581-1.01	Almennur rekstur	-50,1				-50,1
581-1.03	Háskólastig	46,2				46,2
581-1.09	Önnur kennsla	3,9				3,9
02-606	**Framhaldsskólinn Skógum**	**0,3**				**0,3**
606-1.01	Kennsla	4,0				4,0
606-1.02	Annað en kennsla	-3,7				-3,7
02-610	**Héraðsskólar**	**3,4**	**-0,2**			**3,2**
610-1.10	Héraðsskólinn Núpi	0,7	-0,2			0,5
610-1.20	Héraðsskólinn Reykjanesi	0,2				0,2
610-1.30	Héraðsskólinn Reykholti	2,7				2,7
610-1.40	Eiðaskóli	-0,2				-0,2
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-0,7**	**-3,2**		**3,4**	**-0,5**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	19,3	-23,9			-4,6
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-0,2	1,7			1,5
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	-18,4	15,7			-2,7
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-0,7	3,5			2,8
720-1.90	Grunnskólar, óskipt	-0,7	-0,2			-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
720-6.90	Tölvuvæðing í grunnskólum				3,4	3,4
02-725	**Námsgagnastofnun**	**-8,3**				**-8,3**
725-1.01	Námsgagnastofnun	-8,3				-8,3
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-1,8**				**-1,8**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-1,8				-1,8
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-27,6**	**33,4**			**5,8**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði		-2,0			-2,0
884-1.10	Skólaakstur	-27,6	35,4			7,8
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**2,1**	**4,2**			**6,3**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	1,1	2,4			3,5
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	1,0	1,8			2,8
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-21,6**	**4,9**			**-16,7**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-21,6	-0,5			-22,1
903-1.11	Héraðsskjalasöfn		5,4			5,4
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**-7,2**	**3,6**		**19,2**	**15,6**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	-7,2	3,6			-3,6
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur				19,8	19,8
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands				4,0	4,0
905-6.71	Íslenskar fornbókmenntir á Netinu				-4,6	-4,6
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**2,4**	**-0,3**			**2,1**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	2,4	-0,3			2,1
02-907	**Listasafn Íslands**	**1,6**	**-0,4**		**8,1**	**9,3**
907-1.01	Listasafn Íslands	-1,1	-0,4			-1,5
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	2,7				2,7
907-6.01	Listaverkakaup				8,1	8,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**1,3**				**1,3**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	1,3				1,3
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-0,2**	**4,8**			**4,6**
919-1.90	Söfn	-0,2	4,8			4,6
02-950	**Rekstrarhagræðing**	**15,4**				**15,4**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	15,4				15,4
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**13,4**	**167,2**	**180,6**
969-5.21	Viðhald			13,4		13,4
969-6.21	Endurbótasjóður menningarstofnana				167,2	167,2
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**-12,5**	**-0,1**		**-4,7**	**-17,3**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-12,5	-0,1			-12,6
972-6.01	Stofnkostnaður				-4,7	-4,7
02-973	**Þjóðleikhús**		**-1,5**			**-1,5**
973-1.01	Þjóðleikhús		-1,5			-1,5
02-976	**Menningarsjóður**	**-0,2**	**-6,6**			**-6,8**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	-0,2	-6,6			-6,8
02-978	**Listasjóðir**	**-2,8**	**58,2**			**55,4**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-2,8	58,2			55,4
02-979	**Húsafriðunarsjóður**				**0,1**	**0,1**
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				0,1	0,1
02-980	**Listskreytingasjóður**				**3,2**	**3,2**
980-6.01	Listskreytingasjóður				3,2	3,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-981	**Kvikmyndasjóður**	**-44,1**	**27,4**		**-5,4**	**-22,1**
981-1.01	Kvikmyndasjóður	-49,5	27,4			-22,1
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	5,4				5,4
981-6.20	Kvikmyndasafn, Hafnarfirði				-5,4	-5,4
02-982	**Listir, framlög**	**-12,6**	**29,5**			**16,9**
982-1.14	Rithöfundasjóður Íslands	-0,2				-0,2
982-1.15	Þýðingarsjóður		9,9			9,9
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa		4,9			4,9
982-1.25	Starfsemi hljómsveita		0,3			0,3
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-1,8	0,8			-1,0
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-0,2	0,4			0,2
982-1.30	Íslenska óperan		-1,1			-1,1
982-1.40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi		-0,4			-0,4
982-1.51	Höfundaréttarsjóður		6,1			6,1
982-1.70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis		1,0			1,0
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila		-3,1			-3,1
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík	-2,7	2,5			-0,2
982-1.81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík		1,5			1,5
982-1.90	Listir	-7,7	6,7			-1,0
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-9,0**	**7,2**			**-1,8**
983-1.10	Fræðistörf		-11,1			-11,1
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,2	7,0			7,2
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-5,9	8,8			2,9
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-3,3	2,7			-0,6
983-1.23	Hið íslenska bókmenntafélag		-0,2			-0,2
02-984	**Norræn samvinna**	**-4,4**	**2,0**			**-2,4**
984-1.90	Norræn samvinna	-4,4	2,0			-2,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-32,6**	**36,2**			**3,6**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-32,6	36,2			3,6
02-988	**Æskulýðsmál**	**-0,3**	**1,8**			**1,5**
988-1.90	Æskulýðsmál	-0,3	1,8			1,5
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-11,8**	**16,7**		**4,5**	**9,4**
989-1.15	Skólaíþróttir	-0,9	2,4			1,5
989-1.16	Íþróttafélög	-0,7	1,6			0,9
989-1.18	Íþróttamiðstöð Íslands	-0,5	1,0			0,5
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-8,9	8,5			-0,4
989-1.30	Bridgesamband Íslands		2,0			2,0
989-1.90	Ýmis íþróttamál	-0,8	1,2			0,4
989-6.51	Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum				4,5	4,5
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**9,5**	**9,5**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				9,5	9,5
02-999	**Ýmislegt**	**-3,5**	**4,6**			**1,1**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,5	3,0			2,5
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-3,3	1,6			-1,7
999-1.43	Skriðuklaustur	0,2	3,2			3,4
999-1.90	Ýmis framlög	0,1	-3,2			-3,1
03 Utanríkisráðuneyti		***-142,0***	***348,3***	***7,4***	***209,9***	***423,6***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**5,4**	**-2,2**		**-4,6**	**-1,4**
101-1.01	Yfirstjórn	13,6	-2,0			11,6
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-6,6	-0,2			-6,8
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-1,6				-1,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,6	-4,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-190	**Ýmis verkefni**	**-0,5**	**7,4**			**6,9**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-0,5	1,8			1,3
190-1.22	American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa		5,6			5,6
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**8,6**		**2,0**	**2,0**	**12,6**
201-1.01	Yfirstjórn	0,9				0,9
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	6,6				6,6
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	-6,0				-6,0
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	7,1				7,1
201-5.20	Fasteignir			2,0		2,0
201-6.01	Tæki og búnaður				3,0	3,0
201-6.10	Bifreiðar				-1,0	-1,0
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	**66,2**	**54,5**		**-7,7**	**113,0**
211-1.01	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	66,2	54,5			120,7
211-6.01	Tæki og búnaður				-7,7	-7,7
03-301	**Sendiráð Íslands í Bonn**	**2,1**				**2,1**
301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn	2,1				2,1
03-302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**	**3,8**				**3,8**
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3,8				3,8
03-303	**Sendiráð Íslands í London**	**10,2**			**-5,9**	**4,3**
303-1.01	Sendiráð Íslands í London	10,2				10,2
303-6.23	Sendiráðið í London, húsnæði				-5,6	-5,6
303-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**	**-5,1**			**-0,6**	**-5,7**
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-5,1				-5,1
304-6.90	Stofnkostnaður				-0,6	-0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-305	**Sendiráð Íslands í Ósló**	**3,6**				**3,6**
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	3,6				3,6
03-306	**Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO**	**-2,3**	**-0,2**		**-1,0**	**-3,5**
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO	-2,3	-0,2			-2,5
306-6.24	Sendiráðið í París, húsnæði				-0,9	-0,9
306-6.90	Stofnkostnaður				-0,1	-0,1
03-307	**Sendiráð Íslands í Stokkhólmi**	**3,9**				**3,9**
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	3,9				3,9
03-308	**Sendiráð Íslands í Washington**	**-5,8**			**1,1**	**-4,7**
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	-5,8				-5,8
308-6.22	Sendiráðið í Washington, húsnæði				-21,6	-21,6
308-6.22	Sendiráðið í Washington, húsnæði				22,7	22,7
03-309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Ísla**	**5,6**				**5,6**
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í	5,6				5,6
03-310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu**	**7,2**			**-2,3**	**4,9**
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	7,2				7,2
310-6.90	Stofnkostnaður				-2,3	-2,3
03-311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**	**8,0**			**-0,3**	**7,7**
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	8,0				8,0
311-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**	**-1,1**				**-1,1**
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1,1				-1,1
03-314	**Sendiráð Íslands í Peking**	**1,6**			**-3,5**	**-1,9**
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	1,6				1,6
314-6.90	Stofnkostnaður				-3,5	-3,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-317	**Sendiráð Íslands í Helsinki**	**7,8**				**7,8**
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	7,8				7,8
03-318	**Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu**	**1,7**			**-0,3**	**1,4**
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	1,7				1,7
318-6.90	Stofnkostnaður				-0,3	-0,3
03-320	**Sendiráð, almennt**	**-46,9**		**5,4**	**230,5**	**189,0**
320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-46,9				-46,9
320-5.90	Viðhald			5,3		5,3
320-5.90	Viðhald			0,1		0,1
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				90,1	90,1
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				-4,5	-4,5
320-6.23	Sendiráð Íslands í London				84,2	84,2
320-6.23	Sendiráð Íslands í London				1,2	1,2
320-6.24	Sendiráð Íslands í París				36,2	36,2
320-6.24	Sendiráð Íslands í París				-0,9	-0,9
320-6.90	Tæki og búnaður				15,9	15,9
320-6.90	Tæki og búnaður				8,3	8,3
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**-165,0**	**176,6**			**11,6**
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	-165,0	176,6			11,6
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-1,3**	**60,7**		**2,5**	**61,9**
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael		3,8			3,8
391-1.15	Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna		1,0			1,0
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	-1,3	54,0			52,7
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð		1,9			1,9
391-6.01	Tæki og búnaður				2,5	2,5
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**-49,7**	**51,5**			**1,8**
401-1.85	Friðargæsla	-49,7	51,5			1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-611	**Útflutningsráð Íslands**					
611-1.10	Útflutningsráð Íslands					
04	***Landbúnaðarráðuneyti***	***-206,5***	***178,2***	***16,9***	***10,1***	***-1,3***
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,3**	**1,2**		**-1,2**	**-4,3**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,3	1,2			-3,1
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
04-190	**Ýmis verkefni**	**-1,0**	**-0,2**			**-1,2**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	2,1	-1,4			0,7
190-1.12	Mat á búvörum	-12,1				-12,1
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	0,2				0,2
190-1.21	Landþurrkun		0,6			0,6
190-1.40	Landgræðslu- og skógræktaráætlanir	1,7				1,7
190-1.90	Ýmis verkefni	7,1	0,6			7,7
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**-2,9**	**4,7**	**2,4**	**17,5**	**21,7**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-2,9	4,7			1,8
211-5.01	Viðhald			2,4		2,4
211-6.01	Tæki og búnaður				16,2	16,2
211-6.20	Fasteignir				1,3	1,3
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-2,1**	**4,9**		**-3,2**	**-0,4**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-2,1	4,9			2,8
221-6.01	Tæki og búnaður				-3,2	-3,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-41,2**	**-1,0**	**4,9**	**0,8**	**-36,5**
233-1.01	Yfirdýralæknir	-8,3	-1,0			-9,3
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-28,2				-28,2
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	9,4				9,4
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-14,1				-14,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
233-5.90	Dýralæknisbústaðir			4,9		4,9
233-6.21	Krufningastofa á Keldum				0,8	0,8
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**1,8**				**1,8**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	1,8				1,8
04-261	**Bændaskólinn á Hvanneyri**	**-38,1**	**-0,5**	**0,6**	**-9,0**	**-47,0**
261-1.01	Bændaskólinn á Hvanneyri	-38,1	-0,5			-38,6
261-5.01	Viðhaldsfé			0,6		0,6
261-6.01	Tæki og búnaður				-6,4	-6,4
261-6.20	Fasteignir og lóðir				-2,6	-2,6
04-271	**Bændaskólinn á Hólum**	**-4,2**	**-1,7**	**-13,9**	**15,0**	**-4,8**
271-1.01	Bændaskólinn á Hólum	-4,2	-1,7			-5,9
271-5.01	Viðhaldsfé			-13,9		-13,9
271-6.20	Fasteignir og lóðir				15,0	15,0
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**-16,4**	**-0,4**	**2,1**	**-10,4**	**-25,1**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-16,4	-0,4			-16,8
283-5.01	Viðhald			2,1		2,1
283-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
283-6.25	Tilraunagróðurhús				-11,7	-11,7
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**-0,3**				**-0,3**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,3				-0,3
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**-1,3**	**21,6**	**5,1**	**-22,1**	**3,3**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	26,2	-7,4			18,8
311-1.90	Fyrirhleðslur	-27,5	29,0			1,5
311-5.01	Viðhaldsfé			5,1		5,1
311-6.01	Tæki og búnaður				-16,7	-16,7
311-6.20	Fasteignir				-5,4	-5,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-63,1**	**14,5**	**15,7**	**10,2**	**-22,7**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-50,0	-11,3			-61,3
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-21,6	9,5			-12,1
321-1.90	Sérstök verkefni	8,5	16,3			24,8
321-5.01	Viðhaldsfé			15,7		15,7
321-6.01	Tæki og búnaður				5,1	5,1
321-6.20	Fasteignir, óskipt				5,1	5,1
04-324	**Landgræðslusjóður**				**52,8**	**52,8**
324-6.60	Landgræðslusjóður				52,8	52,8
04-331	**Héraðsskógar**	**0,4**	**3,6**			**4,0**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	0,4	3,6			4,0
04-341	**Átak í landgræðslu og skógrækt**	**-32,9**	**32,0**			**-0,9**
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt	-32,9	32,0			-0,9
04-343	**Suðurlandsskógar**	**-1,2**	**-6,1**			**-7,3**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-1,2	-6,1			-7,3
04-801	**Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**		**5,0**			**5,0**
801-1.02	Lífeyrissjóður bænda		5,0			5,0
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**55,1**			**55,1**
805-1.01	Beinar greiðslur til bænda		3,1			3,1
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum		-13,0			-13,0
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður		20,0			20,0
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti		30,1			30,1
805-1.32	Afsetning birgða		-17,1			-17,1
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun		21,3			21,3
805-1.34	Umhverfisverkefni		10,7			10,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-811	**Bændasamtök Íslands**					
811-1.10	Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri		1,4			1,4
811-1.95	Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri		-1,4			-1,4
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**-40,3**	**-40,3**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				-40,3	-40,3
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**0,3**	**45,5**			**45,8**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	0,3	45,5			45,8
05	***Sjávarútvegsráðuneyti***	***368,0***	***35,8***	***-11,7***	***546,5***	***938,6***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,4**	**-0,1**			**4,3**
101-1.01	Yfirstjórn	1,8	-0,1			1,7
101-1.11	Fiskveiðisamningar	2,6				2,6
05-190	**Ýmis verkefni**	**-12,7**	**53,4**		**-2,4**	**38,3**
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	11,5	-3,2			8,3
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-18,9	31,1			12,2
190-1.42	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	-13,0	22,4			9,4
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	8,3				8,3
190-1.90	Ýmislegt	-0,6	3,1			2,5
190-6.01	Undirbúningur sjávarútvegsgarðs				8,5	8,5
190-6.02	Tæki og búnaður				-10,9	-10,9
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**2,1**			**2,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	2,1			2,0
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**39,0**	**-23,8**	**-12,9**	**38,6**	**40,9**
202-1.01	Almenn starfsemi	45,5	-15,3			30,2
202-1.20	Útibú	-13,5	-0,8			-14,3
202-1.30	Rannsóknaskip	7,6				7,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
202-1.36	Veiðarfærakostnaður	-3,6				-3,6
202-1.39	Annar skiparekstur	-5,9				-5,9
202-1.41	Lúðueldi á Reykjanesi	-7,1				-7,1
202-1.43	Fjölstofnarannsóknir	19,5	-3,2			16,3
202-1.44	Rannsókn á þorskklaki	5,1				5,1
202-1.49	Ýmsar rannsóknir	-18,3	-0,6			-18,9
202-1.61	Sjávarútvegsskóli Háskóla S.þ.	9,7	-3,9			5,8
202-5.31	Viðhald skipa			-12,9		-12,9
202-6.31	Tæki og búnaður í skip				30,3	30,3
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa				8,3	8,3
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-46,4**	**7,6**		**27,3**	**-11,5**
203-1.01	Almenn starfsemi	-46,4	7,6			-38,8
203-6.01	Tæki og búnaður				27,3	27,3
05-204	**Fiskistofa**	**117,3**	**-0,1**		**-12,5**	**104,7**
204-1.01	Fiskistofa	83,7	-0,1			83,6
204-1.10	Landamærastöðvar	16,0				16,0
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	17,6				17,6
204-6.01	Tæki og búnaður				-12,5	-12,5
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**1,2**	**24,4**			**25,6**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	1,2	24,4			25,6
05-208	**Bygging hafrannsóknaskips**				**-1,2**	**-1,2**
208-6.41	Bygging hafrannsóknaskips				-1,2	-1,2
05-209	**Byggingarsjóður hafrannsóknaskips**				**424,6**	**424,6**
209-6.60	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips				424,6	424,6
05-211	**Kvótaþing**	**-8,8**			**10,0**	**1,2**
211-1.01	Kvótaþing	-8,8				-8,8
211-6.01	Tæki og búnaður				10,0	10,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**3,7**	**-1,0**		**10,0**	**12,7**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	3,7	-1,0			2,7
213-6.01	Tæki og búnaður				10,0	10,0
05-215	**Gengismunasjóður**	**59,7**	**-4,2**			**55,5**
215-1.01	Gengismunasjóður	59,7	-4,2			55,5
05-216	**Ríkismat sjávarafurða**	**17,3**	**-1,5**			**15,8**
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður	17,3	-1,5			15,8
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**11,0**	**-8,0**			**3,0**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	11,0	-8,0			3,0
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**22,6**				**22,6**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	22,6				22,6
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**30,8**	**-12,7**			**18,1**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	30,8	-12,7			18,1
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**-3,3**			**52,1**	**48,8**
272-1.01	Bygging rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	-3,3				-3,3
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				52,1	52,1
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**51,2**				**51,2**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	51,2				51,2
05-274	**Matvæla- og sjávarútvegsgarður**	**55,3**				**55,3**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	55,3				55,3
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**25,8**	**-0,3**	**1,2**		**26,7**
901-1.01	Yfirstjórn	-3,7	-0,1			-3,8
901-1.30	Keldnaholt	29,5	-0,2			29,3
901-5.30	Keldnaholt, viðhald			1,2		1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06	*Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*	*-15,9*	*-8,7*	*11,9*	*120,3*	*107,6*
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**4,0**	**-1,2**			**2,8**
101-1.01	Yfirstjórn	4,0	-1,2			2,8
06-102	**Stjórnartíðindi**	**6,3**				**6,3**
102-1.01	Stjórnartíðindi	6,3				6,3
06-103	**Lagasafn**	**21,0**				**21,0**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	21,0				21,0
06-105	**Lögbirtingablað**	**34,8**				**34,8**
105-1.01	Lögbirtingablað	34,8				34,8
06-190	**Ýmis verkefni**	**37,9**	**2,1**			**40,0**
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	-1,5				-1,5
190-1.23	Próf fasteignasala	0,5				0,5
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta	1,5				1,5
190-1.32	Tölvunefnd	-1,8				-1,8
190-1.33	Mannanafnanefnd	-0,5				-0,5
190-1.34	Örorkumatsnefnd	32,9				32,9
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns	1,0				1,0
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,4	-0,1			0,3
190-1.51	Innheimta meðlaga	1,5				1,5
190-1.53	Kostnaður vegna lögræðislaga	4,0				4,0
190-1.73	Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	-0,1	2,4			2,3
190-1.90	Ýmislegt		-0,2			-0,2
06-201	**Hæstiréttur**	**4,6**				**4,6**
201-1.01	Yfirstjórn	5,6				5,6
201-1.02	Útgáfa hæstaréttardóma	-1,0				-1,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-211	**Héraðsdómur Reykjavíkur**	**-9,8**				**-9,8**
211-1.02	Héraðsdómur Reykjavíkur	-9,8				-9,8
06-212	**Héraðsdómur Vesturlands**	**0,1**				**0,1**
212-1.02	Héraðsdómur Vesturlands	0,1				0,1
06-213	**Héraðsdómur Vestfjarða**	**-0,4**				**-0,4**
213-1.02	Héraðsdómur Vestfjarða	-0,4				-0,4
06-214	**Héraðsdómur Norðurlands vestra**	**1,4**				**1,4**
214-1.02	Héraðsdómur Norðurlands vestra	1,4				1,4
06-215	**Héraðsdómur Norðurlands eystra**	**-0,2**				**-0,2**
215-1.02	Héraðsdómur Norðurlands eystra	-0,2				-0,2
06-216	**Héraðsdómur Austurlands**	**-0,9**				**-0,9**
216-1.02	Héraðsdómur Austurlands	-0,9				-0,9
06-217	**Héraðsdómur Suðurlands**	**0,9**				**0,9**
217-1.02	Héraðsdómur Suðurlands	0,9				0,9
06-218	**Héraðsdómur Reykjaness**	**8,6**				**8,6**
218-1.02	Héraðsdómur Reykjaness	8,6				8,6
06-290	**Dómsmál, ýmis kostnaður**	**1,9**				**1,9**
290-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	1,9				1,9
06-291	**Húsnæði og búnaður dómstóla**			**1,0**	**-2,4**	**-1,4**
291-5.01	Viðhald húseigna			1,0		1,0
291-6.01	Húsnæði Hæstaréttar				-2,8	-2,8
291-6.60	Upplýsingakerfi dómstóla				0,4	0,4
06-301	**Ríkissaksóknari**	**4,9**				**4,9**
301-1.05	Ríkissaksóknari	4,9				4,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**-1,1**				**-1,1**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	-1,1				-1,1
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**1,1**				**1,1**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	1,1				1,1
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**-111,2**			**8,8**	**-102,4**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-111,2				-111,2
311-6.01	Tæki og búnaður				6,4	6,4
311-6.80	Bifreiðir				2,4	2,4
06-321	**Almannavarnir ríkisins**	**1,0**	**-0,5**			**0,5**
321-1.01	Almannavarnir ríkisins	1,0	-0,5			0,5
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**0,6**	**-0,7**			**-0,1**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	0,6	-0,7			-0,1
06-331	**Umferðarráð**	**-6,2**	**-3,3**			**-9,5**
331-1.01	Yfirstjórn	10,8	-3,3			7,5
331-1.10	Ökunám	-23,1				-23,1
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	6,1				6,1
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**0,7**	**3,0**			**3,7**
341-1.20	Fíkniefnamál	1,0	3,0			4,0
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-0,3				-0,3
06-390	**Ýmis löggæslukostnaður**	**19,8**	**-3,1**		**-3,3**	**13,4**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-1,2	-2,7			-3,9
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	10,6				10,6
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	10,7				10,7
390-1.14	Löggæsla í Bosníu	-0,4	-0,4			-0,8
390-1.15	Biðlaun fyrrum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins	0,1				0,1
390-6.01	Tæki og búnaður				24,8	24,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
390-6.03	Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot				-3,6	-3,6
390-6.10	Bifreiðir				-24,5	-24,5
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**			**12,7**	**10,0**	**22,7**
391-5.01	Viðhald húseigna			12,7		12,7
391-6.21	Fasteignir				10,0	10,0
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-20,5**	**-13,5**		**8,8**	**-25,2**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-20,5	-13,5			-34,0
395-6.01	Tæki og búnaður				8,8	8,8
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**44,6**	**44,6**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				44,6	44,6
06-397	**Schengen samstarf**	**-2,9**	**11,0**		**20,0**	**28,1**
397-1.01	Schengen samstarf	-2,9	11,0			8,1
397-6.01	Tæki og búnaður				20,0	20,0
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**0,9**				**0,9**
411-1.01	Yfirstjórn	0,9				0,9
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**-23,9**				**-23,9**
412-1.01	Yfirstjórn	-1,7				-1,7
412-1.20	Löggæsla	-22,2				-22,2
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-8,0**				**-8,0**
413-1.01	Yfirstjórn	-10,1				-10,1
413-1.20	Löggæsla	4,6				4,6
413-1.40	Tollgæsla	-2,5				-2,5
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**-7,4**				**-7,4**
414-1.01	Yfirstjórn	-9,5				-9,5
414-1.20	Löggæsla	2,1				2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**-1,7**				**-1,7**
415-1.01	Yfirstjórn	-0,4				-0,4
415-1.20	Löggæsla	-1,3				-1,3
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-6,9**				**-6,9**
416-1.01	Yfirstjórn	-4,9				-4,9
416-1.20	Löggæsla	-2,0				-2,0
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-1,0**				**-1,0**
417-1.01	Yfirstjórn	-0,8				-0,8
417-1.20	Löggæsla	-0,2				-0,2
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**0,1**				**0,1**
418-1.01	Yfirstjórn	-4,8				-4,8
418-1.20	Löggæsla	8,1				8,1
418-1.40	Tollgæsla	-3,2				-3,2
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**0,1**				**0,1**
419-1.01	Yfirstjórn	1,9				1,9
419-1.20	Löggæsla	-1,8				-1,8
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**3,9**				**3,9**
420-1.01	Yfirstjórn	0,4				0,4
420-1.20	Löggæsla	3,5				3,5
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-1,7**				**-1,7**
421-1.01	Yfirstjórn	-1,2				-1,2
421-1.20	Löggæsla	-0,5				-0,5
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**1,9**				**1,9**
422-1.01	Yfirstjórn	0,7				0,7
422-1.20	Löggæsla	1,2				1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**-2,1**				**-2,1**
423-1.01	Yfirstjórn	0,4				0,4
423-1.20	Löggæsla	-2,5				-2,5
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**-4,8**				**-4,8**
424-1.01	Yfirstjórn	-12,4				-12,4
424-1.20	Löggæsla	8,4				8,4
424-1.40	Tollgæsla	-0,8				-0,8
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**4,1**				**4,1**
425-1.01	Yfirstjórn	-1,7				-1,7
425-1.20	Löggæsla	5,8				5,8
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-3,8**				**-3,8**
426-1.01	Yfirstjórn	-9,2				-9,2
426-1.20	Löggæsla	6,2				6,2
426-1.40	Tollgæsla	-0,8				-0,8
06-427	**Sýslumaðurinn í Neskaupstað**	**-2,2**				**-2,2**
427-1.01	Yfirstjórn	-0,2				-0,2
427-1.20	Löggæsla	-2,0				-2,0
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**5,0**				**5,0**
428-1.01	Yfirstjórn	1,3				1,3
428-1.20	Löggæsla	3,7				3,7
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**-0,3**				**-0,3**
429-1.01	Yfirstjórn	-2,3				-2,3
429-1.20	Löggæsla	2,4				2,4
429-1.40	Tollgæsla	-0,4				-0,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-3,3**				**-3,3**
430-1.01	Yfirstjórn	-1,4				-1,4
430-1.20	Löggæsla	-1,9				-1,9
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**-2,4**				**-2,4**
431-1.01	Yfirstjórn	-1,3				-1,3
431-1.20	Löggæsla	-1,1				-1,1
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**6,0**				**6,0**
432-1.01	Yfirstjórn	0,1				0,1
432-1.20	Löggæsla	6,6				6,6
432-1.40	Tollgæsla	-0,7				-0,7
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**-15,8**	**-0,1**			**-15,9**
433-1.01	Yfirstjórn	-17,3	-0,1			-17,4
433-1.20	Löggæsla	4,4				4,4
433-1.40	Tollgæsla	-2,9				-2,9
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**-13,2**				**-13,2**
434-1.01	Yfirstjórn	-8,9				-8,9
434-1.20	Löggæsla	-3,8				-3,8
434-1.40	Tollgæsla	-0,5				-0,5
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**18,6**				**18,6**
436-1.01	Yfirstjórn	-0,6				-0,6
436-1.20	Löggæsla	24,6				24,6
436-1.40	Tollgæsla	-5,4				-5,4
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**9,3**				**9,3**
437-1.01	Yfirstjórn	-1,5				-1,5
437-1.20	Löggæsla	10,8				10,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**-0,1**				**-0,1**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	-3,5				-3,5
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	5,9				5,9
490-1.60	Gagnalínukostnaður	-2,5				-2,5
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**-5,5**	**-5,0**	**-10,5**
491-5.01	Viðhald húseigna			-5,5		-5,5
491-6.14	Húsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi				6,1	6,1
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði				-0,8	-0,8
491-6.33	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi				-4,4	-4,4
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				-5,9	-5,9
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**18,4**	**-2,3**	**3,7**	**2,1**	**21,9**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	18,4	-2,3			16,1
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			3,7		3,7
501-6.01	Tæki og búnaður				2,1	2,1
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**36,7**	**36,7**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				36,7	36,7
06-701	**Biskup Íslands**	**18,0**	**-0,1**			**17,9**
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	18,0	-0,1			17,9
07	***Félagsmálaráðuneyti***	***136,2***	***12,8***		***101,0***	***250,0***
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**9,1**	**-1,3**		**-5,4**	**2,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,6	-1,1			-6,7
101-1.90	Reynslusveitarfélög	17,2				17,2
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	-2,5	-0,2			-2,7
101-6.21	Innréttingar í skrifstofu og fundarherb.				-5,4	-5,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-272	**Byggingarsjóður verkamanna**				**62,7**	**62,7**
272-6.01	Byggingarsjóður verkamanna				62,7	62,7
07-273	**Tryggingarsjóður vegna byggingargalla**				**15,7**	**15,7**
273-6.21	Tryggingarsjóður vegna byggingargalla				15,7	15,7
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**2,4**				**2,4**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	2,4				2,4
07-311	**Jafnréttisráð**	**0,7**	**-0,7**			
311-1.01	Jafnréttisráð	-3,4	-0,2			-3,6
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,7	-0,5			1,2
311-1.12	Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	2,4				2,4
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**29,3**	**-0,5**		**-0,8**	**28,0**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	29,3	-0,5			28,8
331-6.01	Tæki og búnaður				-0,8	-0,8
07-400	**Málefni barna og ungmenna**	**-9,7**	**18,9**		**-7,1**	**2,1**
400-1.01	Barnaverndarstofa	-0,2	-0,2			-0,4
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	-28,5	29,6			1,1
400-1.21	Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	20,9	-10,3			10,6
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-1,9	-0,2			-2,1
400-6.01	Tæki og búnaður				-4,3	-4,3
400-6.20	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar				-2,8	-2,8
07-401	**Barnaverndarráð**	**-2,4**				**-2,4**
401-1.01	Barnaverndarráð	-2,4				-2,4
07-700	**Málefni fatlaðra**	**109,4**	**-57,1**			**52,3**
700-1.03	Samráðsnefnd um ferlimál	-1,0				-1,0
700-1.20	Vistun geðfatlaðra	31,6	-35,1			-3,5
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	0,2	-3,8			-3,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
700-1.80	Starfsþjálfun	-1,3	-11,0			-12,3
700-1.81	Tölvumiðstöð fatlaðra		-2,9			-2,9
700-1.90	Ýmis verkefni	-1,1	21,4			20,3
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	80,6	-25,7			54,9
700-1.93	Ný sambýli	0,4				0,4
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-34,9**	**26,2**		**-11,6**	**-20,3**
701-1.01	Svæðisskrifstofa	-39,7	26,2			-13,5
701-1.10	Svæðisráð	-0,5				-0,5
701-1.20	Sambýli	24,4				24,4
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	-4,2				-4,2
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-12,8				-12,8
701-1.60	Dagvistun	6,6				6,6
701-1.65	Skammtímavistun Hólabergi	-3,2				-3,2
701-1.70	Heimili einhverfra	2,7				2,7
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	-8,2				-8,2
701-6.20	Stofnkostnaður vegna framl. úr Framkv.sj				-11,6	-11,6
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-20,7**	**9,5**		**-2,3**	**-13,5**
702-1.01	Svæðisskrifstofa	-42,6	12,1			-30,5
702-1.10	Svæðisráð	0,9				0,9
702-1.20	Sambýli	28,2				28,2
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra		-1,8			-1,8
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	2,3				2,3
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík	-0,5				-0,5
702-1.60	Skammtímavistun	-31,7				-31,7
702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,4				0,4
702-1.64	Hæfingarstöðvar	-3,9	-0,8			-4,7
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	6,3				6,3
702-1.72	Gistiheimili Kópavogi	0,1				0,1
702-1.73	Vistheimili fyrir börn	19,8				19,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
702-6.20	Sambýli				-1,0	-1,0
702-6.30	Verndaður vinnustaður, Örvi				-1,4	-1,4
702-6.60	Skammtímavistun				0,1	0,1
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**3,1**	**1,8**			**4,9**
703-1.01	Svæðisskrifstofa	0,2	1,8			2,0
703-1.10	Svæðisráð	0,1				0,1
703-1.20	Sambýli Akranesi	8,9				8,9
703-1.21	Sambýli Borgarnesi	-1,5				-1,5
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,4				0,4
703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	-1,4				-1,4
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,9				0,9
703-1.61	Skammtímavistun	-4,5				-4,5
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**12,4**	**0,9**		**-0,5**	**12,8**
704-1.01	Svæðisskrifstofa	-6,6	0,9			-5,7
704-1.10	Svæðisráð	1,0				1,0
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	7,8				7,8
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	11,6				11,6
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	-0,6				-0,6
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	-0,8				-0,8
704-6.01	Tæki og búnaður				-0,5	-0,5
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**0,2**	**-0,3**			**-0,1**
705-1.01	Svæðisskrifstofa	2,6	1,3			3,9
705-1.20	Sambýli	6,1				6,1
705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4,0	-1,6			2,4
705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	2,8				2,8
705-1.60	Skammtímavistun	-1,1				-1,1
705-1.61	Dagvistun	-14,2				-14,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**0,2**	**-2,4**		**-0,4**	**-2,6**
706-1.01	Svæðisskrifstofa	1,0	-1,2			-0,2
706-1.10	Svæðisráð	0,5				0,5
706-1.20	Sambýli	-1,8	-0,5			-2,3
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,5	-0,7			-0,2
706-6.50	Hæfingarstöð, framlag frá Framkvæmdasj.				-0,4	-0,4
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-3,6**	**6,1**			**2,5**
707-1.01	Svæðisskrifstofa	2,0	6,4			8,4
707-1.10	Svæðisráð	0,8				0,8
707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	-4,0				-4,0
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-3,6				-3,6
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	-1,6				-1,6
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	2,8	-0,3			2,5
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-3,3**	**2,2**			**-1,1**
708-1.01	Svæðisskrifstofa	-2,6	4,8			2,2
708-1.10	Svæðisráð	0,6				0,6
708-1.20	Sambýli Selfossi	1,1	1,6			2,7
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	8,2	-4,2			4,0
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	-9,5				-9,5
708-1.31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	0,1				0,1
708-1.50	Vistheimili fyrir börn	1,7				1,7
708-1.70	Lambhagi	-2,9				-2,9
07-710	**Meðferðarheimili og sambýli einhverfra**	**0,3**				**0,3**
710-1.70	Heimili einhverfra	0,3				0,3
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-2,7**			**-1,3**	**-4,0**
750-1.01	Yfirstjórn	-2,7				-2,7
750-6.01	Tæki og búnaður				-1,3	-1,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**				**51,3**	**51,3**
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				51,3	51,3
07-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**		**33,4**			**33,4**
801-1.10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		33,4			33,4
07-950	**Rekstrarhagræðing**	**8,5**				**8,5**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	8,5				8,5
07-980	**Vinnumálastofnun**	**53,7**	**-118,8**		**2,8**	**-62,3**
980-1.01	Yfirstjórn	53,7	-118,8			-65,1
980-6.01	Tæki og búnaður				2,8	2,8
07-981	**Vinnumál**	**-9,2**	**41,4**		**-2,1**	**30,1**
981-1.10	Félagsdómur	-0,6				-0,6
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit		13,0			13,0
981-1.32	Starfsmenntun í atvinnulífinu		5,6			5,6
981-1.70	Atvinnumál kvenna		9,8			9,8
981-1.90	Ýmislegt	-8,6	13,0			4,4
981-6.10	Félagsdómur, tæki og búnaður				-2,1	-2,1
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-6,6**	**53,5**			**46,9**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-0,5	12,9			12,4
999-1.11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992		3,5			3,5
999-1.30	Sjómannastofur		2,4			2,4
999-1.31	Félagasamtök, styrkir		7,7			7,7
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-1,3				-1,3
999-1.53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994,	-1,9				-1,9
999-1.60	Verkefni á sviði húsnæðismála	-1,7	-0,8			-2,5
999-1.90	Ýmis framlög	-1,2	27,8			26,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08	***Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti***	***-693,5***	***108,2***	***-85,5***	***-0,2***	***-671,0***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-2,0**	**0,4**		**-2,3**	**-3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-2,0	0,4			-1,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-2,3	-2,3
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-44,0**	**-9,0**		**15,2**	**-37,8**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-59,0	-9,0			-68,0
201-1.90	Rekstrarhagræðing	15,0				15,0
201-6.01	Tæki og búnaður				15,2	15,2
08-301	**Landlæknir**	**-16,1**	**-0,2**			**-16,3**
301-1.01	Yfirstjórn	-19,1	-0,2			-19,3
301-1.10	Læknaráð	-1,4				-1,4
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	0,4				0,4
301-1.30	Slysavarnaráð	2,5				2,5
301-1.40	Siðaráð	1,5				1,5
08-311	**Héraðslæknir í Reykjavík**	**1,9**				**1,9**
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	1,9				1,9
08-315	**Héraðslæknir á Norðurlandi eystra**	**-0,5**				**-0,5**
315-1.01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-0,5				-0,5
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-66,0**	**31,3**		**1,0**	**-33,7**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-66,0	31,3			-34,7
324-6.10	Fasteign				1,0	1,0
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-28,5**	**26,3**			**-2,2**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-28,5	26,3			-2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**-3,7**	**-1,6**		**-1,5**	**-6,8**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	-3,7	-1,6			-5,3
327-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
08-330	**Manneldisráð**	**0,4**				**0,4**
330-1.01	Manneldisráð	0,4				0,4
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-1,0**	**8,2**		**2,7**	**9,9**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra		-1,1			-1,1
340-1.80	Gigtarráð	-1,0	2,4			1,4
340-1.90	Ýmis starfsemi		6,9			6,9
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				2,7	2,7
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**-2,0**	**-0,5**	**-18,1**	**35,4**	**14,8**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	-2,0	-0,5			-2,5
358-5.01	Fasteign			-18,1		-18,1
358-6.01	Tæki og búnaður				10,8	10,8
358-6.50	Nýbygging				24,6	24,6
08-368	**Sólvangur, Hafnarfirði**	**-28,4**				**-28,4**
368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	-28,4				-28,4
08-370	**Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**	**39,2**	**-0,3**		**-1,3**	**37,6**
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	19,3	-0,3			19,0
370-1.91	Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	19,9				19,9
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar				-1,3	-1,3
08-371	**Ríkisspítalar**	**73,7**	**-18,0**	**-103,2**	**-21,4**	**-68,9**
371-1.01	Ríkisspítalar	73,7	-18,0			55,7
371-5.60	Stjórnarnefnd, viðhald			-103,2		-103,2
371-6.01	Tæki og búnaður				0,4	0,4
371-6.21	Barnaspítali				173,4	173,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
371-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður				-159,3	-159,3
371-6.70	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð				-35,9	-35,9
08-375	**Sjúkrahús Reykjavíkur**	**-152,6**		**24,9**	**11,1**	**-116,6**
375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	-152,6				-152,6
375-5.01	Viðhald			24,9		24,9
375-6.01	Tæki og búnaður				11,1	11,1
08-378	**Læknishéraðasjóður**	**-0,9**	**7,5**			**6,6**
378-1.01	Læknishéraðasjóður	-0,9	7,5			6,6
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**88,9**				**88,9**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	88,9				88,9
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**			**11,4**	**-4,4**	**7,0**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt			11,4		11,4
381-6.60	Tækjakaup, óskipt				37,8	37,8
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða				-42,2	-42,2
08-385	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-12,0**		**-41,5**	**-62,6**
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	-9,1	-12,0			-21,1
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur				-41,5	-41,5
08-393	**Lyfjamál**	**2,5**				**2,5**
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	-0,9				-0,9
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	1,7				1,7
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin	0,2				0,2
393-1.61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	-0,1				-0,1
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja	1,6				1,6
08-395	**Lyfjaeftirlit ríkisins**	**10,2**				**10,2**
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	10,2				10,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-396	**Lyfjanefnd**	**7,0**			**-3,1**	**3,9**
396-1.01	Lyfjanefnd	7,0				7,0
396-6.01	Tæki og búnaður				-3,1	-3,1
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**-26,7**	**41,5**			**14,8**
399-1.53	Tóbaksvarnir	-29,8	19,5			-10,3
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili		2,0			2,0
399-1.63	Áfallahjálp		1,9			1,9
399-1.67	Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	3,9				3,9
399-1.71	Norræni heilsugæsluskólinn		2,6			2,6
399-1.72	Bláalónsnefnd	-0,6				-0,6
399-1.90	Ýmis framlög		15,2			15,2
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-0,2	0,3			0,1
08-400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-20,1**				**-20,1**
400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-20,1				-20,1
08-407	**Sundabúð II, Vopnafirði**	**-14,2**				**-14,2**
407-1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	-14,2				-14,2
08-490	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-3,1**				**-3,1**
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-3,1				-3,1
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**6,3**	**-18,9**	**-0,5**	**8,7**	**-4,4**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	6,3	-18,9			-12,6
500-5.01	Viðhald, óskipt			-0,5		-0,5
500-6.01	Tæki og búnaður				-2,6	-2,6
500-6.90	Tölvuvæðing				11,3	11,3
08-501	**Sjúkraflutningar**	**4,6**	**7,5**			**12,1**
501-1.11	Sjúkraflutningar	4,6	5,7			10,3
501-1.15	Sjúkraflug		1,8			1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-39,7**	**44,4**			**4,7**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-39,7	44,4			4,7
08-511	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra**	**-27,1**				**-27,1**
511-1.10	Heilsugæslustöðin Árbæ	-16,4				-16,4
511-1.20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	-10,7				-10,7
08-512	**Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra**	**-15,1**				**-15,1**
512-1.10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	-12,6				-12,6
512-1.20	Heilsugæslustöðin Mjódd	-2,5				-2,5
08-513	**Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi**	**-8,0**				**-8,0**
513-1.10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	-8,0				-8,0
08-514	**Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi**	**-19,0**				**-19,0**
514-1.10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	-7,8				-7,8
514-1.20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	-11,2				-11,2
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**2,0**	**-0,2**			**1,8**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	2,0	-0,2			1,8
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-1,3**				**-1,3**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-1,3				-1,3
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,5**				**0,5**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,5				0,5
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**-1,0**				**-1,0**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	-1,0				-1,0
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**-8,7**				**-8,7**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-8,7				-8,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**1,0**				**1,0**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,0				1,0
08-558	**Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu**	**4,0**				**4,0**
558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	4,0				4,0
08-561	**Heilsugæslustöðin Vopnafirði**	**1,0**				**1,0**
561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	1,0				1,0
08-565	**Heilsugæslustöðin Eskifirði**	**-3,3**				**-3,3**
565-1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-3,3				-3,3
08-566	**Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði**	**0,1**				**0,1**
566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	0,1				0,1
08-567	**Heilsugæslustöðin Djúpavogi**	**3,3**				**3,3**
567-1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	3,3				3,3
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**0,4**				**0,4**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,4				0,4
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**0,4**				**0,4**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,4				0,4
08-574	**Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**	**3,5**				**3,5**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	3,5				3,5
08-575	**Heilsugæslustöðin Hellu**	**0,2**				**0,2**
575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,2				0,2
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**0,4**				**0,4**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	0,4				0,4
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**0,4**				**0,4**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	0,4				0,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**1,0**				**1,0**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	1,0				1,0
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-19,4**	**-0,8**			**-20,2**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-19,4	-0,8			-20,2
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**0,3**				**0,3**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	0,3				0,3
08-584	**Heilsugæslustöðin Kópavogi**	**18,3**				**18,3**
584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	18,3				18,3
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**-3,3**				**-3,3**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-3,3				-3,3
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**10,4**				**10,4**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	10,4				10,4
08-621	**Forvarnasjóður**	**-9,9**	**3,2**			**-6,7**
621-1.10	Áfengisvarnaráð	-7,2	0,8			-6,4
621-1.90	Forvarnasjóður	-2,7	2,4			-0,3
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-58,9**				**-58,9**
711-1.01	Heilsugæslusvið	-18,4				-18,4
711-1.11	Sjúkrasvið	-40,5				-40,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-4,9**				**-4,9**
721-1.01	Heilsugæslusvið	8,4				8,4
721-1.11	Sjúkrasvið	-13,3				-13,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**2,8**				**2,8**
725-1.01	Heilsugæslusvið	0,2				0,2
725-1.11	Sjúkrasvið	2,6				2,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**0,3**				**0,3**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-3,6				-3,6
731-1.11	Sjúkrasvið	3,9				3,9
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-2,4**				**-2,4**
735-1.01	Heilsugæslusvið	4,7				4,7
735-1.11	Sjúkrasvið	-7,1				-7,1
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**-20,2**				**-20,2**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-12,1				-12,1
741-1.11	Sjúkrasvið	-8,1				-8,1
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**-21,6**				**-21,6**
745-1.01	Heilsugæslusvið	-8,5				-8,5
745-1.11	Sjúkrasvið	-13,1				-13,1
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**6,2**			**1,2**	**7,4**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-2,6				-2,6
751-1.11	Sjúkrasvið	8,8				8,8
751-6.01	Tæki og búnaður				1,2	1,2
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**3,2**				**3,2**
755-1.01	Heilsugæslusvið	2,6				2,6
755-1.11	Sjúkrasvið	0,6				0,6
08-761	**Heilbrigðisstofnunin Húsavík**	**-25,3**				**-25,3**
761-1.01	Heilsugæslusvið	-15,8				-15,8
761-1.11	Sjúkrasvið	-9,5				-9,5
08-765	**Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum**	**-11,5**	**-0,6**			**-12,1**
765-1.01	Heilsugæslusvið	-10,6	-0,6			-11,2
765-1.11	Sjúkrasvið	-0,9				-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-771	**Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði**	**-16,7**				**-16,7**
771-1.01	Heilsugæslusvið	-5,2				-5,2
771-1.11	Sjúkrasvið	-11,5				-11,5
08-775	**Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað**	**-89,8**				**-89,8**
775-1.01	Heilsugæslusvið	-15,4				-15,4
775-1.11	Sjúkrasvið	-74,4				-74,4
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-40,0**				**-40,0**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-17,1				-17,1
781-1.11	Sjúkrasvið	-22,9				-22,9
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-46,2**				**-46,2**
785-1.01	Heilsugæslusvið	-10,4				-10,4
785-1.11	Sjúkrasvið	-35,8				-35,8
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-75,7**				**-75,7**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-12,8				-12,8
791-1.11	Sjúkrasvið	-62,9				-62,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09	*Fjármálaráðuneyti*	*438,1*	*124,3*	*-102,1*	*240,0*	*700,3*
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**6,5**	**-0,2**		**-8,2**	**-1,9**
101-1.01	Yfirstjórn	6,5	-0,2			6,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-8,2	-8,2
09-103	**Ríkisbókhald**	**12,0**			**-1,7**	**10,3**
103-1.01	Ríkisbókhald	12,0				12,0
103-6.01	Tæki og búnaður				-1,7	-1,7
09-104	**Ríkisfjárhirsla**	**4,9**			**3,0**	**7,9**
104-1.01	Ríkisfjárhirsla	4,9				4,9
104-6.01	Tæki og búnaður				3,0	3,0
09-105	**Ríkislögmaður**	**0,1**			**1,3**	**1,4**
105-1.01	Ríkislögmaður	0,1				0,1
105-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-45,5**	**-0,4**		**24,6**	**-21,3**
201-1.01	Yfirstjórn	-32,6	-0,4			-33,0
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	-13,6				-13,6
201-1.20	Skatteftirlit	0,7				0,7
201-6.01	Tæki og búnaður				24,6	24,6
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**2,5**	**-0,2**		**12,7**	**15,0**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	2,5	-0,2			2,3
202-6.01	Tæki og búnaður				12,7	12,7
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-2,7**				**-2,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-2,7				-2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**-0,7**				**-0,7**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,7				-0,7
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**5,2**	**-0,1**			**5,1**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	5,2	-0,1			5,1
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**2,9**				**2,9**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	2,9				2,9
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,3**			**5,0**	**4,7**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,3				-0,3
208-6.21	Fasteignir				5,0	5,0
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**1,0**				**1,0**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	1,0				1,0
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**4,9**	**-0,2**			**4,7**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	4,9	-0,2			4,7
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**18,7**			**9,7**	**28,4**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	-1,1	-0,2			-1,3
212-1.03	Forúrskurðir í skattamálum	5,3				5,3
212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	9,5				9,5
212-1.10	Skatteftirlit	4,2				4,2
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		0,2			0,2
212-1.40	Fjármagnstekjuskattur	0,8				0,8
212-6.01	Tæki og búnaður				9,7	9,7
09-214	**Yfirskattanefnd**	**6,3**			**0,9**	**7,2**
214-1.01	Yfirskattanefnd	6,3				6,3
214-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-1,1**	**-0,1**		**0,7**	**-0,5**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-1,1	-0,1			-1,2
215-6.01	Tæki og búnaður				0,7	0,7
09-261	**Ríkistollstjóri**	**4,8**			**4,1**	**8,9**
261-1.01	Ríkistollstjóri	4,8				4,8
261-6.01	Tæki og búnaður				4,1	4,1
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**80,9**	**-0,5**		**-17,7**	**62,7**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	80,9	-0,5			80,4
262-6.01	Tæki og búnaður				-17,7	-17,7
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**69,3**			**-6,0**	**63,3**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	70,7				70,7
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	-1,4				-1,4
402-6.01	Tæki og búnaður				-6,0	-6,0
09-901	**Framkvæmdasýslan**	**23,0**				**23,0**
901-1.01	Framkvæmdasýslan	23,0				23,0
09-905	**Ríkiskaup**	**7,9**	**-0,1**			**7,8**
905-1.01	Ríkiskaup	7,9	-0,1			7,8
09-950	**Rekstrarhagræðing**	**22,1**				**22,1**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	22,1				22,1
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**18,7**			**-15,4**	**3,3**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	24,2				24,2
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-5,5				-5,5
980-6.21	Húsnæði				-21,4	-21,4
980-6.41	Tölvubúnaður				6,0	6,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**				**112,5**	**112,5**
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				11,8	11,8
981-6.23	Skattstofa Suðurlands				-6,5	-6,5
981-6.24	Tryggingastofnun ríkisins				50,0	50,0
981-6.40	Tollhúsið við Tryggvagötu				18,2	18,2
981-6.60	Sölvhóll				6,5	6,5
981-6.80	Listaskóli				30,0	30,0
981-6.90	Aðrar húseignir				2,5	2,5
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**218,1**		**-102,1**		**116,0**
984-1.01	Almennur rekstur	218,1				218,1
984-5.21	Fasteignir			-102,1		-102,1
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**45,6**			**45,6**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		45,6			45,6
09-995	**Skýrsluvélakostnaður**	**-46,3**			**114,5**	**68,2**
995-1.01	Launagreiðslukerfi	19,3				19,3
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	6,9				6,9
995-1.03	Skattvinnslukerfi	-85,1				-85,1
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-3,7				-3,7
995-1.05	Innheimtuskilakerfi	-1,0				-1,0
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	16,8				16,8
995-1.09	Fjárlagakerfi	0,5				0,5
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				38,6	38,6
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				2,7	2,7
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				5,2	5,2
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				28,0	28,0
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				26,8	26,8
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				11,0	11,0
995-6.90	Tölvukerfi, óskipt				2,2	2,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-999	**Ýmislegt**	**24,9**	**80,5**			**105,4**
999-1.09	Rekstrarhagræðing	2,4				2,4
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	0,4				0,4
999-1.13	Kjarasamningar	2,6	-0,1			2,5
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	4,2				4,2
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur	-0,2	3,8			3,6
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		50,0			50,0
999-1.21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	4,5				4,5
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	9,2	7,7			16,9
999-1.90	Óviss útgjöld	1,8	19,1			20,9
10 Samgönguráðuneyti		***210,9***	***181,0***	***-87,1***	***315,1***	***619,9***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-5,6**	**0,9**			**-4,7**
101-1.01	Yfirstjórn	-5,6	0,9			-4,7
10-190	**Ýmis verkefni**	**58,8**	**74,7**			**133,5**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar		5,9			5,9
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	8,0	10,1			18,1
190-1.16	Landflutningasjóður	0,1	4,0			4,1
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	-0,6				-0,6
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	1,5	-0,9			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-2,0	10,0			8,0
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-6,6			3,4
190-1.25	GPS-staðsetningarkerfi	24,4				24,4
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands		-2,8			-2,8
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-0,6	42,6			42,0
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,7				0,7
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	12,7			9,6
190-1.40	Stefnumótun í ferðamálum	-1,2				-1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf	18,5	-3,1			15,4
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni		3,0			3,0
190-1.63	Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	1,0	-0,2			0,8
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	2,1				2,1
10-211	**Vegagerðin**	**-40,0**	**-1,6**	**-87,1**	**24,9**	**-103,8**
211-1.01	Yfirstjórn	-60,0	14,4			-45,6
211-1.11	Styrkir til sérleyfishafa	20,0	-16,0			4,0
211-5.05	Þjónusta			-61,9		-61,9
211-5.10	Viðhald			-52,7		-52,7
211-5.52	Þéttbýlisvegir			27,5		27,5
211-6.10	Nýframkvæmdir				-340,1	-340,1
211-6.10	Nýframkvæmdir				-200,7	-200,7
211-6.11	Framkvæmdaátak				500,0	500,0
211-6.21	Landsvegir				-15,8	-15,8
211-6.40	Tilraunir				-6,9	-6,9
211-6.43	Safnvegir				-14,4	-14,4
211-6.45	Styrkvegir				4,5	4,5
211-6.47	Reiðvegir				3,1	3,1
211-6.55	Ferjur og flóabátar				191,2	191,2
211-6.55	Ferjur og flóabátar				-96,0	-96,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**0,6**	**-2,0**		**286,5**	**285,1**
335-1.01	Yfirstjórn	0,6	-2,0			-1,4
335-6.01	Tæki og búnaður				-8,3	-8,3
335-6.60	Vitabyggingar				11,5	11,5
335-6.70	Hafnamannvirki				94,6	94,6
335-6.70	Hafnamannvirki					
335-6.90	Hafnabótasjóður, framlag				-16,7	-16,7
335-6.99	Hafnarframkvæmdir breyting skuldbindinga				205,4	205,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-471	**Flugmálastjórn**	**259,9**	**43,1**			**303,0**
471-1.01	Flugmálastjórn	264,1	-9,7			254,4
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	38,6				38,6
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-42,8	52,8			10,0
10-472	**Flugvellir**	**-55,9**			**3,7**	**-52,2**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-55,9				-55,9
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				3,7	3,7
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-3,2**				**-3,2**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-3,2				-3,2
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**54,7**	**0,3**			**55,0**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	54,7	0,3			55,0
10-651	**Ferðamálaráð**	**-58,4**	**65,6**			**7,2**
651-1.01	Ferðamálaráð	-0,3	1,5			1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	10,1	-3,7			6,4
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-68,2	67,8			-0,4
11	***Iðnaðarráðuneyti***	***150,9***	***9,6***		***-11,9***	***148,6***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-6,7**	**-0,1**		**-1,1**	**-7,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-6,7	-0,1			-6,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,1	-1,1
11-102	**Einkaleyfastofan**	**52,0**			**-0,6**	**51,4**
102-1.01	Einkaleyfastofan	52,0				52,0
102-6.01	Tæki og búnaður				-0,6	-0,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**-2,1**			**9,4**	**7,3**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-2,1				-2,1
201-6.01	Tæki og búnaður				9,4	9,4
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**20,2**	**-2,6**		**-2,1**	**15,5**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	20,2	-2,6			17,6
203-6.01	Tæki og búnaður				-2,1	-2,1
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**4,0**				**4,0**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	1,4	-0,6			0,8
240-1.41	Vegalagning vegna álvers á Grundartanga	4,0				4,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**13,5**	**22,6**			**36,1**
299-1.19	Staðlaráð	-1,2	7,8			6,6
299-1.24	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	-2,5				-2,5
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	3,2	-3,0			0,2
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn ESB	4,3				4,3
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-4,1	10,6			6,5
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	13,4	7,2			20,6
299-1.70	Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni	0,4				0,4
11-301	**Orkustofnun**	**68,3**	**-9,7**		**-17,5**	**41,1**
301-1.01	Yfirstjórn	-166,2	-9,7			-175,9
301-1.02	Orkumálasvið	74,2				74,2
301-1.03	Orkurannsóknir	163,6				163,6
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-25,5	-25,5
301-6.21	Fasteignir				8,0	8,0
11-399	**Ýmis orkumál**	**-2,7**				**-2,7**
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur	0,2				0,2
399-1.21	Orkunefnd	-2,9				-2,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
11-950	**Rekstrarhagræðing**	**3,0**				**3,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	3,0				3,0
12 Viðskiptaráðuneyti		***52,6***	***5,8***		***-2,8***	***55,6***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-8,0**	**-0,5**			**-8,5**
101-1.01	Yfirstjórn	-8,0	-0,5			-8,5
12-190	**Ýmis verkefni**	**-7,7**	**6,3**			**-1,4**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,7			-1,7
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir		1,0			1,0
190-1.20	Icepro-nefnd		0,7			0,7
190-1.30	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar	-0,4	-0,2			-0,6
190-1.40	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	-0,9	-0,2			-1,1
190-1.46	Prófnefndir		-1,4			-1,4
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-6,4	8,1			1,7
12-302	**Löggildingarstofa**	**62,6**			**-1,2**	**61,4**
302-1.01	Löggildingarstofa	62,6				62,6
302-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**4,7**			**-1,6**	**3,1**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	4,7				4,7
902-6.01	Tæki og búnaður				-1,6	-1,6
12-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
13 Hagstofa Íslands		***7,2***	***8,8***		***-18,2***	***-2,2***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**6,2**	**8,8**		**-18,2**	**-3,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-16,7	8,8			-7,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
101-1.02	Sérstakar kannanir	9,3				9,3
101-1.50	Þjóðskráin	13,6				13,6
101-6.01	Tæki og búnaður				-18,2	-18,2
13-950	**Rekstrarhagræðing**	**1,0**				**1,0**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	1,0				1,0
14 Umhverfisráðuneyti		***96,0***	***-17,7***	***27,8***	***182,7***	***288,8***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,3**	**-1,6**		**-1,5**	**-7,4**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,3	-1,6			-5,9
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,5	-1,5
14-190	**Ýmis verkefni**	**-4,7**	**3,5**			**-1,2**
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum	-0,7				-0,7
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	-15,1	-5,5			-20,6
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	4,0	-5,6			-1,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	0,7	10,4			11,1
190-1.39	Mengunarslys	0,3				0,3
190-1.40	Alþjóðastofnanir		3,2			3,2
190-1.53	Undirbúningur náttúrustofa		0,1			0,1
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	3,1	4,0			7,1
190-1.55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	1,5				1,5
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	3,3	-3,5			-0,2
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	3,1				3,1
190-1.59	Náttúruverndarráð	-2,7	0,4			-2,3
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-2,2				-2,2
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-1,8**	**-0,3**			**-2,1**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,8	-0,3			-2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-0,6**	**-0,9**	**5,9**	**-2,2**	**2,2**
205-1.01	Yfirstjórn	-9,6	-0,9			-10,5
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	9,0				9,0
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			5,9		5,9
205-6.01	Tæki og búnaður				-2,2	-2,2
14-210	**Veiðistjóri**	**7,5**	**-5,9**			**1,6**
210-1.01	Veiðistjóri	7,5	-5,9			1,6
14-213	**Hreindýraráð**	**4,7**	**-5,0**			**-0,3**
213-1.10	Hreindýraráð	4,7	-5,0			-0,3
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**-3,0**			**-5,7**	**-8,7**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	-3,0				-3,0
221-6.01	Tæki og búnaður				-5,7	-5,7
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**				**46,1**	**46,1**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga				46,1	46,1
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-4,0**				**-4,0**
285-1.01	Almennur rekstur	-4,0				-4,0
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-17,2**	**-8,7**			**-25,9**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-33,3	-8,7			-42,0
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	6,3				6,3
301-1.12	Skipulag miðhálendis	9,8				9,8
14-310	**Landmælingar Íslands**	**-6,9**			**1,1**	**-5,8**
310-1.01	Landmælingar Íslands	-6,9				-6,9
310-6.01	Tæki og búnaður				1,1	1,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 1999 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1998

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**147,2**	**2,9**		**-7,0**	**143,1**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	144,8				144,8
321-1.10	Námssjóður	-0,1	2,9			2,8
321-1.20	Brunamálaskóli	2,5				2,5
321-6.01	Tæki og búnaður				-7,0	-7,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**				**160,3**	**160,3**
381-6.60	Ofanflóðasjóður				160,3	160,3
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-18,7**	**-0,1**	**1,9**	**-8,4**	**-25,3**
401-1.01	Yfirstjórn	6,2	-0,1			6,1
401-1.02	Setur í Reykjavík	-23,9				-23,9
401-1.03	Setur á Akureyri	-1,0				-1,0
401-5.21	Fasteignir			1,9		1,9
401-6.01	Tæki og búnaður				-8,4	-8,4
14-403	**Náttúrustofur**	**14,4**	**-1,5**			**12,9**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	7,7				7,7
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-2,3	-1,5			-3,8
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi	6,9				6,9
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	2,1				2,1
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**5,1**				**5,1**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	5,1				5,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-21,7**	**-0,1**	**20,0**		**-1,8**
410-1.01	Almenn starfsemi	-21,7	-0,1			-21,8
410-5.20	Viðhald fasteigna			20,0		20,0

1083. Frumvarp til lokafjárlaga [667. mál]

fyrir árið 1999.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1999 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Menntamálaráðuneyti	236,9	119,1
Utanríkisráðuneyti	52,0	66,2
Landbúnaðarráðuneyti	25,7	83,1
Sjávarútvegsráðuneyti	-131,2	-80,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	10,7	10,7
Félagsmálaráðuneyti	-694,0	-694,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	49,3	49,3
Fjármálaráðuneyti	28,1	28,1
Samgönguráðuneyti	61,3	61,3
Iðnaðarráðuneyti	48,7	50,6
Viðskiptaráðuneyti	19,2	17,6
Hagstofa Íslands	26,5	26,5
Umhverfisráðuneyti	47,8	42,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**-219,0**	**-218,8**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1999 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-27,9	-27,9
Forsætisráðuneyti	2,3	2,3
Menntamálaráðuneyti	-40,1	-40,1
Utanríkisráðuneyti	105,9	105,9
Landbúnaðarráðuneyti	-15,1	-15,1
Sjávarútvegsráðuneyti	313,8	313,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14,7	14,7
Félagsmálaráðuneyti	-428,1	-824,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	261,1	261,1
Fjármálaráðuneyti	-6.125,9	-977,2
Samgönguráðuneyti	32,0	32,0
Iðnaðarráðuneyti	-8,6	-8,6
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	1,0	1,0
Umhverfisráðuneyti	158,5	158,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-752,0	-2.553,1
Samtals	**-6.508,4**	**-3.557,0**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 1999 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

m.kr.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.05 Aðrar stofnanir og verkefni	-1,4
Stofnkostnaður:	
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	144,1
Gjöld samtals	**142,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-1,4
Innheimt af ríkistekjum	144,1

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:	
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum	-0,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-0,9

02-238 Bygginga- og tækjasjóður

Stofnkostnaður:	
6.60 Bygginga- og tækjasjóður	17,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	17,1

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.02 Annað en kennsla	-2,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,3

m.kr.

02-804 Kvikmyndaskoðun

Almennur rekstur:
1.01 Kvikmyndaskoðun ..... -2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -2,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 105,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -25,4
Viðskiptahreyfingar 130,7

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands 0,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,1

02-975 Menningarsjóður útvarpsstöðva

Almennur rekstur:
1.10 Menningarsjóður útvarpsstöðva ..... -37,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -37,2

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.51 Höfundaréttarsjóður 16,1
1.53 Myndlistarsjóður Íslands, fylgiréttargjald ..... -3,0
1.54 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við kirkjulegar athafnir 1,0
Almennur rekstur samtals 14,1

Gjöld samtals **14,1**

03 Utanríkisráðuneyti

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,0
Viðskiptahreyfingar	-12,9
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**236,9**
Greitt úr ríkissjóði	**-11,5**
Innheimt af ríkistekjum	**130,6**
Viðskiptahreyfingar	**117,8**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.02 Varnarmálaskrifstofa	-1,5
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,5

03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	1,9
1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	-1,6
Almennur rekstur samtals	0,3
Gjöld samtals	**0,3**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	34,7
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	34,7

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	18,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,7
Viðskiptahreyfingar	-14,2

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**52,0**
Greitt úr ríkissjóði	**32,7**
Innheimt af ríkistekjum	**33,5**
Viðskiptahreyfingar	**-14,2**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.12 Mat á búvörum ..... -1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -1,3

04-211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 6,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,3

04-233 Yfirdýralæknir

Almennur rekstur:
1.01 Yfirdýralæknir 0,4
1.61 Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum 2,5
Almennur rekstur samtals 2,9

Gjöld samtals **2,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,0
Innheimt af ríkistekjum 3,9

04-236 Aðfangaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Aðfangaeftirlit ríkisins 2,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 2,7

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk ..... -2,8

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -44,2
Viðskiptahreyfingar 41,4

04-813 Framleiðsluráð landbúnaðarins

Almennur rekstur:
1.01 Framleiðsluráð landbúnaðarins ..... -117,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -45,8
Viðskiptahreyfingar ..... -71,8

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 70,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,7
Viðskiptahreyfingar 20,0

04-823 Lánasjóður landbúnaðarins

Stofnkostnaður:
6.60 Lánasjóður landbúnaðarins 16,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,6
Viðskiptahreyfingar ..... -10,7

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara ..... -9,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,9
Viðskiptahreyfingar ..... -14,8

m.kr.

04-826 Stofnverndarsjóður búfjár

Almennur rekstur:
1.10 Stofnverndarsjóður búfjár ..... -1,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -1,1

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður ..... -30,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -10,6
Viðskiptahreyfingar ..... -19,5

04-829 Útflutningsgjald á hross

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsgjald á hross ..... -17,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -15,7
Viðskiptahreyfingar ..... -2,0

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 105,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 105,9

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,8

	m.kr.
04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**25,7**
Greitt úr ríkissjóði	**-25,4**
Innheimt af ríkistekjum	**108,5**
Viðskiptahreyfingar	**-57,4**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:	
1.01 Fiskistofa	26,8
1.11 Eftirlit með úthafsveiðum	-29,0
Almennur rekstur samtals	-2,2
Gjöld samtals	**-2,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-9,1
Innheimt af ríkistekjum	6,9

05-207 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla

Almennur rekstur:	
1.10 Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	2,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	2,8

05-210 Sjóður til síldarrannsókna

Almennur rekstur:	
1.10 Sjóður til síldarrannsókna	-7,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-7,0

05-211 Kvótaþing

Almennur rekstur:	
1.01 Kvótaþing	-4,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-4,1

05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Stofnkostnaður:	
6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-120,7

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-69,7
Viðskiptahreyfingar	-51,0
05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-131,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-82,9**
Innheimt af ríkistekjum	**2,7**
Viðskiptahreyfingar	**-51,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-105 Lögbirtingablað

Almennur rekstur:	
1.01 Lögbirtingablað	-4,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-4,2

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.23 Próf fasteignasala	-1,6
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-1,6

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri	0,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,4

06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

06-331 Umferðarráð

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	3,2
1.10 Ökunám	11,9
Almennur rekstur samtals	15,1
Gjöld samtals	**15,1**

07 Félagsmálaráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2
Innheimt af ríkistekjum	11,9

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**10,7**
Greitt úr ríkissjóði	**4,6**
Innheimt af ríkistekjum	**6,1**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 25,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,9
Innheimt af ríkistekjum 4,8

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ..... -28,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -68,5
Innheimt af ríkistekjum 40,1

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -680,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -680,0

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -11,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -11,3

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-694,0**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-738,9**
Innheimt af ríkistekjum **44,9**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna 18,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,5

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Geislavarnir ríkisins 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahús Reykjavíkur 2,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,1

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður og endurbætur 23,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 23,3

08-395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjaeftirlit ríkisins ..... -9,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -9,5

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-396 Lyfjanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Lyfjanefnd 12,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,4

08-621 Forvarnasjóður

Almennur rekstur:
1.90 Forvarnasjóður 1,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,8

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **49,3**
Greitt úr ríkissjóði **46,5**
Innheimt af ríkistekjum **2,8**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Fasteignamat ríkisins	28,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5
Innheimt af ríkistekjum	28,6

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**28,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-0,5**
Innheimt af ríkistekjum	**28,6**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Vegagerðin

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	1,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,7

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	2,6
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnamannvirki	10,1
Gjöld samtals	**12,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,8
Innheimt af ríkistekjum	-0,1

10-471 Flugmálastjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn	41,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,5
Innheimt af ríkistekjum	25,3

10-472 Flugvellir

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur flugvalla	-14,8
Stofnkostnaður:	
6.80 Flugvellir, framkvæmdir	7,7
Gjöld samtals	**-7,1**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -14,8
Innheimt af ríkistekjum 7,7

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin 12,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -3,7
Innheimt af ríkistekjum 15,9

10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur 61,3
Greitt úr ríkissjóði 12,5
Innheimt af ríkistekjum 48,8
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-102 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:
1.01 Einkaleyfastofan 40,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,1

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 49,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 51,2
Viðskiptahreyfingar ..... -1,9

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.19 Staðlaráð 9,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,3

11-371 Orkusjóður

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir ..... -50,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -50,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 48,7
Greitt úr ríkissjóði 60,5
Innheimt af ríkistekjum ..... -9,9
Viðskiptahreyfingar ..... -1,9

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.20 Icepro-nefnd 0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,8

12-302 Löggildingarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Löggildingarstofa 28,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,2
Innheimt af ríkistekjum 11,6

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið ..... -24,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -24,8

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara ..... -4,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -6,6
Viðskiptahreyfingar 1,8

12-821 Flutningssjóður sements

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður sements 19,2

13 Hagstofa Íslands

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	19,4
Viðskiptahreyfingar	-0,2
12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**19,2**
Greitt úr ríkissjóði	**30,8**
Innheimt af ríkistekjum	**-13,2**
Viðskiptahreyfingar	**1,6**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn	0,9
1.50 Þjóðskráin	25,6
Almennur rekstur samtals	26,5
Gjöld samtals	**26,5**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	26,5
13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur	**26,5**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**26,5**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-210 Veiðistjóri

Almennur rekstur:

1.01 Veiðistjóri ..... -0,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -0,3

14-213 Hreindýraráð

Almennur rekstur:

1.10 Hreindýraráð 9,6

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 9,6

14-221 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Hollustuvernd ríkisins ..... -3,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -0,5

Innheimt af ríkistekjum ..... -3,2

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:

1.10 Eyðing spilliefna ..... -27,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -27,8

14-289 Endurvinnslan hf., skilagjald

Almennur rekstur:

1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald 1,1

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -3,8

Viðskiptahreyfingar 4,9

m.kr.

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Skipulagsstofnun ..... -5,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -5,4

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landmælingar Íslands ..... -2,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -2,6

14-381 Ofanflóðasjóður

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 76,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 76,9

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **47,8**
Greitt úr ríkissjóði **46,1**
Innheimt af ríkistekjum ..... **-3,2**
Viðskiptahreyfingar **4,9**

m.kr.

Sundurliðun 2

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkisstjórn	-21,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-21,2

00-401 Hæstiréttur

Almennur rekstur:	
1.01 Hæstiréttur	-6,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-6,7

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**-27,9**
Greitt úr ríkissjóði	**-27,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar	-1,1
Sértekjur:	
Sértekjur	1,2
Gjöld umfram tekjur	**0,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,1

01-205 Mannvirkjagerð á Bessastöðum

Stofnkostnaður:	
6.21 Mannvirkjagerð á Bessastöðum	-0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,5

01-231 Norræna ráðherranefndin

Almennur rekstur:	
1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	2,5
Sértekjur:	
Sértekjur	0,2
Gjöld umfram tekjur	**2,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,7

01-301 Lýðveldissjóður

Almennur rekstur:	
1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar	10,3
1.15 Efling íslenskrar tungu	-14,3
Almennur rekstur samtals	-4,0
Gjöld samtals	**-4,0**

02 Menntamálaráðuneyti

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	4,0
Gjöld umfram tekjur	**0,0**
01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**2,3**
Greitt úr ríkissjóði	**2,3**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla í dagskóla	22,4
1.02 Annað en kennsla	-95,5
Almennur rekstur samtals	-73,1
Gjöld samtals	**-73,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	17,6
Gjöld umfram tekjur	**-55,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-55,5

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:	
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	1,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,0

02-985 Alþjóðleg samskipti

Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB	14,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	14,4

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-40,1**
Greitt úr ríkissjóði	**-40,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	-0,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,3

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:	
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	0,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,5

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:	
1.10 Sameinuðu þjóðirnar, UN	-2,3
1.13 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,9
1.15 Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	0,6
1.16 Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	-0,6
1.17 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	-19,8
1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	-5,2
1.39 Evrópuráðið	0,9
1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO	9,3
1.70 Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	3,0
1.71 Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	2,4
1.72 EFTA-dómstóllinn	13,5
1.73 Þróunarsjóður EFTA	100,0
1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	3,8
1.81 Samningur um bann við tilraunum með kjarnavopn	-0,8
Almennur rekstur samtals	105,7
Gjöld samtals	**105,7**

04 Landbúnaðarráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	105,7
03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**105,9**
Greitt úr ríkissjóði	**105,9**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.51 Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ..... -0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,4

04-233 Yfirdýralæknir

Stofnkostnaður:
6.21 Krufningastofa á Keldum 0,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,8

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 25,9
1.02 Lífeyrissjóður bænda ..... -1,5
Almennur rekstur samtals 24,4

Gjöld samtals **24,4**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,4

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda ..... -45,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -45,4

04-840 Lán til fiskeldis

Almennur rekstur:
1.01 Lán til fiskeldis ..... -22,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -22,0

04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar

Almennur rekstur:
1.90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar 27,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 27,5

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-15,1**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-15,1**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 Verðlagsráð sjávarútvegsins	1,1
1.49 Úrskurðarnefndir	10,5
1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	2,2
Almennur rekstur samtals	13,8
Gjöld samtals	**13,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	13,8

05-209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips

Stofnkostnaður:	
6.60 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	277,9
Sértekjur:	
Sértekjur	22,1
Gjöld umfram tekjur	**300,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	300,0

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**313,8**
Greitt úr ríkissjóði	**313,8**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:	
1.10 Kosningar	1,7
Sértekjur:	
Sértekjur	0,1
Gjöld umfram tekjur	**1,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1,8

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.43 Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	0,2
1.44 Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	-0,4
Almennur rekstur samtals	-0,2
Gjöld samtals	**-0,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,2

06-210 Héraðsdómstólar

Almennur rekstur:	
1.11 Meðdómsmenn	-8,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-8,9

06-231 Málskostnaður í opinberum málum

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum	-83,3
1.20 Réttargæslumenn	4,0
Almennur rekstur samtals	-79,3
Gjöld samtals	**-79,3**

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 78,7

Gjöld umfram tekjur ..... **-0,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -0,6

06-232 Opinber réttaraðstoð

Almennur rekstur:
1.10 Opinber réttaraðstoð ..... -41,1
1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga 7,1
Almennur rekstur samtals ..... -34,0

Gjöld samtals ..... **-34,0**

Sértekjur:
Sértekjur 16,8

Gjöld umfram tekjur ..... **-17,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -17,2

06-235 Bætur brotaþola

Almennur rekstur:
1.10 Bætur brotaþola 3,1

Sértekjur:
Sértekjur 19,1

Gjöld umfram tekjur **22,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,2

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs 9,6

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,6

06-733 Kirkjugarðsgjöld

Almennur rekstur:
1.11 Kirkjugarðar ..... -2,7
1.13 Kirkjugarðasjóður 10,7
Almennur rekstur samtals 8,0

Gjöld samtals **8,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **14,7**
Greitt úr ríkissjóði **14,7**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-711 Styrktarfélag vangefinna

Almennur rekstur:	
1.20 Sambýli	1,2
1.30 Vinnustofan Ás	17,3
1.60 Dagvistun Lækjarási	3,0
1.61 Dagvistun Bjarkarási	4,2
1.62 Dagvistun Lyngási	13,0
1.63 Skammtímavistun Víðihlíð 9	3,4
Almennur rekstur samtals	42,1
Gjöld samtals	**42,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-14,1
Gjöld umfram tekjur	**28,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28,0

07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-78,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-78,8

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:	
1.81 Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	-0,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-0,1

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	-141,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 114,3

Gjöld umfram tekjur ..... **-26,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -68,5
Innheimt af ríkistekjum 40,1
Viðskiptahreyfingar 1,5

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur ..... -584,7
1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva 23,4
1.31 Kjararannsóknarnefnd ..... -3,7
1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði 136,0
1.41 Framlög og styrkir 16,9
1.45 Starfsmenntasjóður ..... -10,9
1.51 Rekstur úthlutunarnefnda 11,0
Almennur rekstur samtals ..... -412,0

Gjöld samtals ..... **-412,0**

Sértekjur:
Sértekjur 103,1

Gjöld umfram tekjur ..... **-308,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -680,0
Viðskiptahreyfingar 371,1

07-987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Almennur rekstur:
1.10 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ..... -2,0

Sértekjur:
Sértekjur 14,3

Gjöld umfram tekjur **12,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -11,3
Viðskiptahreyfingar 23,6

07 Félagsmálaráðuneyti

m.kr.

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Meðlög samkvæmt lögum nr. 20/1992 ..... -53,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -53,7

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-428,1**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-864,4**
Innheimt af ríkistekjum **40,1**
Viðskiptahreyfingar **396,2**

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:	
1.11 Mæðra - og feðralaun	6,2
1.15 Umönnunarbætur	-2,0
1.21 Makabætur	-0,1
1.25 Ekkju- og ekkilsbætur	12,2
1.31 Endurhæfingarlífeyrir	-28,8
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar	1,1
1.41 Heimilisuppbót	8,4
1.45 Sérstök heimilisuppbót	11,0
1.51 Uppbætur	-13,0
1.55 Bifreiðakaupastyrkir	-13,4
Almennur rekstur samtals	-18,4
Gjöld samtals	**-18,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-18,4

08-204 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Ellilífeyrir	50,7
1.15 Örorkulífeyrir	-29,2
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega	32,2
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	14,0
1.31 Örorkustyrkur	34,7
1.35 Barnalífeyrir	-10,0
1.41 Fæðingarorlof	-18,0
1.91 Annað	-18,8
Almennur rekstur samtals	55,6
Gjöld samtals	**55,6**
Sértekjur:	
Sértekjur	4,1
Gjöld umfram tekjur	**59,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	59,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

m.kr.

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Lækniskostnaður	-46,9
1.15 Lyf	-37,6
1.21 Hjálpartæki	-43,9
1.25 Hjúkrun í heimahúsum	5,9
1.31 Þjálfun	38,3
1.35 Tannlækningar	-25,7
1.41 Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	10,9
1.45 Brýn meðferð erlendis	64,5
1.51 Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	-5,7
1.55 Sjúkradagpeningar	-11,4
1.91 Annað	-61,4
Almennur rekstur samtals	-113,0
Gjöld samtals	**-113,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-113,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.11 Bætur vegna lækn- og sjúkrakostnaðar	-1,6
1.15 Bætur til framfærslu	-56,1
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	153,5
1.21 Stjórnunarkostnaður	-9,0
Almennur rekstur samtals	86,8
Gjöld samtals	**86,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	32,8
Gjöld umfram tekjur	**119,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	119,6

08-214 Eftirlaunasjóður aldraðra

Almennur rekstur:	
1.10 Eftirlaunasjóður aldraðra	-10,2

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur 16,1

Gjöld umfram tekjur **5,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,9

08-379 Sjúkrahús, óskipt

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir 34,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 34,6

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.40 Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975 ..... -0,3
1.42 Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi ..... -1,3
1.71 Norræni heilsugæsluskólinn 3,3
1.72 Bláalónsnefnd ..... -0,6
1.81 Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO 0,1
Almennur rekstur samtals 1,2

Gjöld samtals **1,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,2

08-495 Daggjaldastofnanir

Almennur rekstur:
1.11 Seljahlíð, Reykjavík 19,3
1.12 Nýtt hjúkrunarheimili í Reykjavík 63,8
1.15 Dalbær, Dalvík ..... -8,8
1.17 Hulduhlíð, Eskifirði ..... -3,2
1.19 Hjallatún, Vík 0,1
1.21 Höfði, Akranesi ..... -34,6

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

	m.kr.
1.23 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	-16,9
1.25 Barmahlíð, Reykhólum	-5,2
1.27 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	0,9
1.29 Fellaskjól, Grundarfirði	-4,7
1.33 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	-11,5
1.35 Jaðar, Ólafsvík	-3,0
1.37 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	-0,3
1.41 Hrafnista, Reykjavík	-33,9
1.43 Hrafnista, Hafnarfirði	-14,1
1.45 Grund, Reykjavík	-2,4
1.47 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-36,5
1.49 Kumbaravogur, Stokkseyri	-7,9
1.51 Fellsendi, Búðardal	-3,1
1.53 Reykjalundur, Mosfellsbæ	-76,2
1.55 D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	7,9
1.57 Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	3,6
1.63 Hlíðabær, Reykjavík	24,7
1.65 Lindargata, Reykjavík	1,3
1.67 MS-félag Íslands, Reykjavík	-10,8
1.69 Múlabær, Reykjavík	-2,0
1.71 Dagvistun aldraðra, aðrar	-3,4
1.73 Sjóður til aðstoðar minni daggjaldastofnunum	4,9
1.75 Óskipt framlag til breytinga á daggjöldum	284,6
1.81 Hjúkrunarheimili í Garðabæ	25,2
1.95 Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra	-0,6
Almennur rekstur samtals	157,2
Gjöld samtals	**157,2**
Sértekjur:	
Sértekjur	14,3
Gjöld umfram tekjur	**171,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	171,5
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**261,1**
Greitt úr ríkissjóði	**261,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Almennur rekstur:	
1.30 Þungaskattur	0,4
1.40 Fjármagnstekjuskattur	2,3
Almennur rekstur samtals	2,7
Gjöld samtals	**2,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,7

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis innheimtukostnaður	-82,6
1.20 Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5,7
Almennur rekstur samtals	-76,9
Gjöld samtals	**-76,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	54,4
Gjöld umfram tekjur	**-22,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-22,5

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:	
1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-1.065,4
1.02 Lífeyrissjóður alþingismanna	-262,6
1.03 Lífeyrissjóður ráðherra	-248,0
1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	820,9
1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	27,2
1.07 Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands	66,0
1.08 Eftirlaun hæstaréttardómara	-1,8
1.19 Lífeyrissjóðir sveitarfélaga	-4.000,0

	m.kr.
1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun	-26,5
Almennur rekstur samtals	-4.690,2
Gjöld samtals	**-4.690,2**
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-4.690,2

09-385 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna

Almennur rekstur:	
1.01 Mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar launamanna	-137,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-137,6

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:	
6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	-17,1
Sértekjur:	
Sértekjur	4,8
Gjöld umfram tekjur	**-12,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-12,3

09-711 Afskriftir skattkrafna

Almennur rekstur:	
1.11 Afskriftir skattkrafna	-634,3
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar	-634,3

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:	
1.11 Fjármagnstekjuskattur	-61,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-61,5

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Barnabætur	-82,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-82,4

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:	
1.11 Vaxtabætur	-169,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-169,7

09-973 Tapaðar kröfur og tjónabætur

Stofnkostnaður:	
6.11 Tapaðar kröfur	175,8
6.15 Tjónabætur	16,6
Stofnkostnaður samtals	192,4
Gjöld samtals	**192,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	16,6
Viðskiptahreyfingar	175,8

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:	
6.40 Tollhúsið við Tryggvagötu	18,2
6.91 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga	2,5
6.92 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga	0,6
6.93 Ýmsar fasteignir skv. 7. gr. fjárlaga	-44,3
Stofnkostnaður samtals	-23,0
Gjöld samtals	**-23,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-23,0

09 Fjármálaráðuneyti

m.kr.

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál ..... -412,6

Stofnkostnaður:
6.01 Stofnkostnaður 15,0

Gjöld samtals ..... **-397,6**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -397,6

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir 24,1
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum ..... -30,3
1.15 Kjararannsóknir ..... -2,1
1.31 Lífeyrissjóður bænda 23,9
1.60 Dómkröfur ..... -103,2
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 3,3
1.92 Rekstrarkostn. biðreikn. Útvegsb. Ísl. ..... -5,6
Almennur rekstur samtals ..... -89,9

Gjöld samtals ..... **-89,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -89,9

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-6.125,9**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-977,2**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar ..... **-5.148,7**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	31,9
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1
Almennur rekstur samtals	32,0
Gjöld samtals	**32,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**32,0**
Greitt úr ríkissjóði	**32,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.70 Til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni 0,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,4

11-371 Orkusjóður

Stofnkostnaður:
6.11 Virkjanarannsóknir ..... -50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -50,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.15 Niðurgreiðsla á rafhitun 41,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... **-8,6**
Greitt úr ríkissjóði ..... **-8,6**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

13 Hagstofa Íslands

13-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:

1.90 Rekstrarhagræðing 1,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði 1,0

13 Hagstofa Íslands, gjöld umfram tekjur 1,0

Greitt úr ríkissjóði 1,0

Innheimt af ríkistekjum 0,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.55 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 1,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1,5

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 137,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 137,7

14-285 Spilliefnasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Eyðing spilliefna 19,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,2

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Stofnkostnaður:
6.11 Bifreiðar 0,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 0,1

14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur **158,5**
Greitt úr ríkissjóði **158,5**
Innheimt af ríkistekjum **0,0**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	-687,2
1.20 Inneingnarvextir af ríkistekjum	-64,8
Almennur rekstur samtals	-752,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-2.553,1
Viðskiptahreyfingar	1.801,1

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**-752,0**
Greitt úr ríkissjóði	**-2.553,1**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**1.801,1**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur. Í frumvarpi þessu eru lagðar fram niðurstöður ríkisrekstursins 1999 og lagðar til breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna frá áætlun auk tillagna um niðurfellingu fjárheimilda í árslok. í fylgiskjali er yfirlit yfir geymdar fjárveitingar til ársins 2000 og umframgjöld sem færast til lækkunar á fjárheimildum þess árs. Í frumvarpinu eru notaðar sömu vinnureglur og stuðst er við í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 1998.

Við ákvörðun um skil á rekstrartekjum stofnana og mörkuðum tekjum í 1. gr. frumvarpsins er miðað við eftirfarandi vinnureglur: 1. Miðað er við innheimtar tekjur og er meginreglan sú að mismunur á áætluðum tekjum og niðurstöðu ríkisreiknings kemur til breytinga á fjárheimild ársins. 2. Í nokkrum tilfellum er fjárheimild miðuð við skil á tekjum og á það við um verkefni þar sem sérstök lög ákvarða útgjöldin óháð tekjunum. Það á t.d. við um útgjöld til atvinnuleysistrygginga og Ábyrgðasjóðs launa. 3. Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða tekjur sem renna til aðila utan ríkisins er miðað við álagðar tekjur en ekki innheimtar. Má þar nefna sem dæmi iðnaðamálagjald til Samtaka iðnaðarins og gjöld sem innheimt eru af búvöruframleiðslu og renna til Bændasamtakanna. 4. Fjórða reglan sem stuðst er við er þegar útgjöld eins og þau eru ákvörðuð í fjárlögum ráða skilum á tekjum. Þar má nefna sem dæmi framlög til vegagerðar og þau tilvik að tekjustofn er skertur með lögum.

Við tillögur um niðurfelldar fjárveitingar í árslok í 2. gr. frumvarpsins er stuðst við þá reglu að í þeim tilfellum að útgjöldin ráðast af öðrum lögum en fjárlögum eða af hagrænum þáttum er staðan ekki færð á milli ára. Dæmi um slíka liði eru útgjöld almannatrygginga, vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Þá er felld niður staða fjárlagaliða þar sem verkefni er lokið eða að framlag lýtur ekki stjórn ákveðins ábyrgðaraðila, eða svonefndir greiðsluliðir t.d. launa- og verðlagsliðir. Er um hefðbundna afgreiðslu að ræða sem hefur lítið breyst frá fyrri árum, ef frá er talin sú breyting að fjárlög eru nú á rekstrargrunni og í reikningi er sýnd niðurstaða rekstrar stofnana sem ekki eru ríkisaðilar, einkum sjálfseignarstofnanir. Er staða þeirra stofnana miðað við fjárheimildir felld niður í árslok enda eru skuldir eða inneignir þessara stofnana við aðila utan ríkissjóðs.

Staða fjárheimilda í árslok og flutningur til ársins 2000 er ekki í öllum tilfellum í samræmi við ríkisreikning. Til að fækka slíkum frávikum er í nokkrum tilfellum í samræmi við ríkisreikning árið 1999 skilað tekjum til aðila og hreinsuð uppsöfnuð staða fyrri ára en ekki miðað við almennu regluna um innheimtar tekjur ársins.

Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 1999 og er vísað til greinargerðar í fjárlögum, fjáraukalögum og skýringa við ríkisreikning fyrir árið 1999 um framvindu ríkisfjármála það ár. Þá liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1999 og um hana hefur verið fjallað í fjárlaganefnd.

Afgangsheimildir og umframgjöld. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að staða fjárheimilda í árslok færist ekki á milli ára, með öðrum orðum er sótt um niðurfellingu á afgangsheimildum og á gjöldum umfram heimildir. Í fylgiskjali með frumvarpinu er í samræmi við 45. gr. fjárreiðulaga listi yfir fluttar afgangsheimildir og umframgjöld sem koma til viðbótar eða frádráttar fjárheimildum árið 2000. Afgangsheimildir námu samtals 14,7 milljörðum króna í árskok 1999 og gjöld umfram veittar fjárheimildir námu 17,7 milljörðum. Mismunur fjárheimilda og reikningsfærðra gjalda var því neikvæður um 3,0 milljarða króna. Í 2. gr. er sótt um niðurfellingu á 3,3 miljörðum króna í afgangsheimildum og niðurfellingu á um 9,9 milljarða útgjöldum umfram fjárheimildir. Er sundurliðun þeirra tillagna sýnd í sundurliðun 2. Þær afgangsheimildir og umframgjöld sem lagt er til að ekki verði felldar niður og flytjast yfir á árið 2000 eru sýndar í fylgiskjali. Þar af flytjast 11,4 milljarðar í ónýttum fjárheimildum til viðbótar fjárheimildum næsta árs og lagt er til að útgjöld að fjárhæð 7,9 milljarðar umfram heimildir komi til lækkunar fjárheimildum árið 2000. Samtals flytjast því nettó 3,5 milljarða fjárheimildir frá 1999 til 2000. Þar af eru 1.052 m.kr. vegna reksturs, 890 m.kr. vegna tilfærsluútgjalda og 1.558 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar. Vísað er í fylgiskjal með frumvarpinu um nánari sundurliðun.

Nýting lántökuheimilda árið 1999. Í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 1999 var ríkissjóði heimilt að taka að láni samtals 20,3 milljarða króna og endurlána þar af tæplega 4,9 milljarða. Samkvæmt ríkisreikningi voru lántökurnar hinsvegar 22,5 milljarðar og þar af endurlán 6,3 milljarðar. Skýring á lántökum umfram heimildir er að ríkissjóður yfirtók lánveitingar frá Framkvæmdasjóði Íslands og voru þær færðar með nýjum lánum. Nánari upplýsingar um lánsfjármál og samanburð við heimildir er að finna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1999 og í ríkisreikningi fyrir árið 1999.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sótt um að fjárheimildir lækki um 219 m.kr. til samræmis við niðurstöður markaðra tekna og annarra rekstrartekna í samræmi við þær verklagsreglur sem lýst er í inngangi hér að framan. Helstu frávikin til hækkunar eru 144 m.kr. tekjur af Happdrætti Háskóla Íslands umfram áætlun, 105 m.kr. tekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum og 106 m.kr. tekjur Jarðasjóðs af sölu jarða. Helstu fráviki til lækkunar eru 118 m.kr. lægri tekjur af gjaldi á búvörur til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en áætlað var í fjárlögum, 121 m.kr. tekjur af gjaldi í Þróunarsjóð sjávarútvegsins og 680 m.kr. minni skil tekna til Atvinnuleysistryggingasjóðs en áætlað var. Nánari sundurliðun á frávikum ríkistekna er að finna í sundurliðun 1.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er sótt um niðurfellingu á tæplega 6,3 milljarða króna umframgjöldum á rekstrargrunni, eða 3,4 milljörðum á greiðslugrunni. Helstu niðurfellingar á umframgjöldum eru 309 m.kr. útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs umfram áætlanir, 113 m.kr útgjöld sjúkratrygginga, 4.690 m.kr. lífeyrisskuldbindingar, 634 m.kr. afskriftir skattkrafna, 170 m.kr. vaxtabætur, tæplega 400 m.kr. launa- og verðlagsbætur og rúmlega 750 m.kr. vaxtagjöld umfram áætlun. Á móti koma ónýttar fjárheimildir sem lagt er til að falli niður, þar má nefna 100 m.kr. til Þróunarsjóðs EFTA, 300 m.kr. til Byggingarsjóðs hafrannsóknarskips sem fært var með öðrum hætti, um 120 m.kr. útgjöld Slysatrygginga, 170 m.kr. útgjöld daggjaldastofnana, 192 m.kr. fjárheimild vegna tapaðra krafna og tjónabóta og 137 m.kr. fjárheimild vegna minni Styrkja til fráveitna sveitarfélaga en fjárlög gerðu ráð fyrir. Nánari skiptingu á hvert verkefni er að finna í sundurliðun 2.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
Samtals öll ráðuneyti		**1.062,7**	**888,0**	**-430,1**	**1.984,6**	**3.505,2**
00 Æðsta stjórn ríkisins		***-1,9***	***-2,8***	***30,8***	***0,5***	***26,6***
00-101	**Embætti forseta Íslands**	**-16,6**	**-0,2**	**0,3**	**1,6**	**-14,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-66,9				-66,9
101-1.30	Bessastaðir	64,8				64,8
101-1.50	Fálkaorðan	-0,2				-0,2
101-1.81	Opinberar heimsóknir	-14,3	-0,2			-14,5
101-5.20	Laufásvegur 72, viðhald			0,3		0,3
101-6.01	Tæki og búnaður				1,3	1,3
101-6.11	Bifreiðar				0,3	0,3
00-201	**Alþingi**	**3,8**	**-0,4**	**30,5**	**-13,5**	**20,4**
201-1.01	Alþingiskostnaður	15,8				15,8
201-1.03	Fastanefndir	-8,8				-8,8
201-1.04	Alþjóðasamstarf	6,6	-2,0			4,6
201-1.06	Almennur rekstur	11,8	-0,4			11,4
201-1.07	Sérverkefni	-11,7	2,0			-9,7
201-1.10	Rekstur fasteigna	-9,9				-9,9
201-5.20	Fasteignir			30,5		30,5
201-6.01	Tæki og búnaður				-9,5	-9,5
201-6.21	Fasteignir				-4,0	-4,0
00-205	**Framkvæmdir á Alþingisreit**				**12,4**	**12,4**
205-6.50	Nýbygging				12,4	12,4
00-610	**Umboðsmaður Alþingis**	**2,4**	**-0,1**			**2,3**
610-1.01	Umboðsmaður Alþingis	2,4	-0,1			2,3
00-620	**Ríkisendurskoðun**	**8,5**	**-2,1**			**6,4**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
620-1.01	Ríkisendurskoðun	8,5	-2,1			6,4
01 Forsætisráðuneyti		***139,5***	***-83,4***	***4,9***	***65,7***	***126,7***
01-101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-19,9**	**3,9**			**-16,0**
101-1.01	Yfirstjórn	-18,1	3,9			-14,2
101-1.20	Stjórnarráðshús	-1,8				-1,8
01-190	**Ýmis verkefni**	**143,8**	**-77,4**		**12,2**	**78,6**
190-1.12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	3,0	4,1			7,1
190-1.13	Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag		16,6			16,6
190-1.15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	35,7	-0,1			35,6
190-1.17	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga	-0,3				-0,3
190-1.23	Hrafnseyri	2,9	-2,8			0,1
190-1.25	Vesturfarasetrið á Hofsósi		16,0			16,0
190-1.40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	-0,5	2,5			2,0
190-1.42	Grænlandssjóður	-1,0	0,5			-0,5
190-1.52	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	14,9	7,9			22,8
190-1.53	Landafundanefnd	101,1	-125,7			-24,6
190-1.54	Ráðstefnan konur og lýðræði	-3,0				-3,0
190-1.90	Ýmis verkefni	-9,0	3,6			-5,4
190-6.52	Minningarkapella á Ljósavatni				6,0	6,0
190-6.53	Stafkirkja í Vestmannaeyjum				6,2	6,2
01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	**2,3**		**4,1**		**6,4**
201-1.01	Fasteignir forsætisráðuneytis	2,3				2,3
201-5.29	Fasteignir forsætisráðuneytis			4,1		4,1
01-211	**Þjóðhagsstofnun**	**11,6**				**11,6**
211-1.01	Þjóðhagsstofnun	11,6				11,6
01-231	**Norræna ráðherranefndin**	**17,2**	**-9,9**			**7,3**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
231-1.01	Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis	17,2	-9,9			7,3
01-241	**Umboðsmaður barna**	**1,5**				**1,5**
241-1.01	Umboðsmaður barna	1,5				1,5
01-251	**Safnahús**	**-0,4**				**-0,4**
251-1.01	Safnahús	-0,4				-0,4
01-261	**Óbyggðanefnd**	**1,6**				**1,6**
261-1.01	Óbyggðanefnd	1,6				1,6
01-271	**Ríkislögmaður**	**-4,6**				**-4,6**
271-1.01	Ríkislögmaður	-4,6				-4,6
01-902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum**	**-13,6**		**0,8**	**50,5**	**37,7**
902-1.01	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-13,6				-13,6
902-5.01	Fasteignir			0,8		0,8
902-6.01	Nýframkvæmdir				19,7	19,7
902-6.21	Fasteignir				30,8	30,8
01-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**3,0**	**3,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				3,0	3,0
02 Menntamálaráðuneyti		***-292,5***	***18,8***	***93,7***	***383,3***	***203,3***
02-101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-10,9**	**10,0**			**-0,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-10,9	10,0			-0,9
02-199	**Ráðstöfunarfé**		**9,3**			**9,3**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		9,3			9,3
02-201	**Háskóli Íslands**	**225,4**	**-273,5**	**29,2**	**5,5**	**-13,4**
201-1.01	Yfirstjórn	-238,2	-4,2			-242,4
201-1.02	Sameiginleg útgjöld	162,6	-70,9			91,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-1.03	Rekstur fasteigna	-46,2	-11,8			-58,0
201-1.05	Aðrar stofnanir og verkefni	-76,1	-188,5			-264,6
201-1.06	Kennslu- og vísindadeildir	354,2	-5,6			348,6
201-1.07	Alþjóðaskrifstofa	-4,5	12,4			7,9
201-1.09	Verkfræðistofnun	27,4	-4,9			22,5
201-1.20	Rannsóknarnám	46,2				46,2
201-5.50	Fasteignir			29,2		29,2
201-6.50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup				5,5	5,5
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	**40,8**	**-6,4**			**34,4**
202-1.01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	38,0	-6,1			31,9
202-1.10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	2,8	-0,3			2,5
02-203	**Raunvísindastofnun Háskólans**	**-5,8**	**1,5**			**-4,3**
203-1.01	Yfirstjórn	9,8	1,6			11,4
203-1.02	Rekstur fasteigna	-5,1				-5,1
203-1.03	Rannsóknastofur	-10,5	-0,1			-10,6
02-204	**Stofnun Sigurðar Nordals**	**0,2**	**-0,6**			**-0,4**
204-1.01	Stofnun Sigurðar Nordals	-0,3	-0,5			-0,8
204-1.11	Íslenskukennsla erlendis	0,5	-0,1			0,4
02-205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi**	**0,7**	**-3,2**			**-2,5**
205-1.01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1,0	0,8			1,8
205-1.20	Bókaútgáfa	-0,3	-4,0			-4,3
02-206	**Orðabók Háskólans**	**9,0**	**1,4**			**10,4**
206-1.01	Orðabók Háskólans	9,0	1,4			10,4
02-207	**Íslensk málstöð**	**-4,3**				**-4,3**
207-1.01	Íslensk málstöð	-4,3				-4,3
02-208	**Örnefnastofnun Íslands**	**1,7**				**1,7**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
208-1.01	Örnefnastofnun Íslands	1,7				1,7
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	**-4,5**	**15,5**		**16,5**	**27,5**
210-1.01	Háskólinn á Akureyri	64,2	-1,5			62,7
210-1.02	Rannsóknastarfsemi	-68,7	17,0			-51,7
210-6.10	Fasteignir				16,5	16,5
02-211	**Tækniskóli Íslands**	**-57,1**	**-0,1**			**-57,2**
211-1.01	Tækniskóli Íslands	-57,1	-0,1			-57,2
02-215	**Kennaraháskóli Íslands**	**-109,9**	**90,7**			**-19,2**
215-1.01	Almennur rekstur	-38,8	-2,3			-41,1
215-1.02	Rannsóknastarfsemi	-50,9	64,7			13,8
215-1.05	Kennsla	-14,8	30,4			15,6
215-1.10	Íslenska menntanetið	-11,0				-11,0
215-1.20	Endurmenntun	5,6	-2,1			3,5
02-223	**Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála**	**1,2**				**1,2**
223-1.01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	1,2				1,2
02-231	**Rannsóknarráð Íslands**	**9,1**	**-8,8**			**0,3**
231-1.01	Rannsóknarráð Íslands	9,1	-8,8			0,3
02-234	**Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora**	**-0,6**				**-0,6**
234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	-0,6				-0,6
02-235	**Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum**				**6,1**	**6,1**
235-6.60	Rannsóknir og þróun í upplýsingatækni og umhverfismálum				6,1	6,1
02-236	**Vísindasjóður**	**3,1**	**-18,9**		**-36,8**	**-52,6**
236-1.01	Yfirstjórn	3,1	-18,9			-15,8
236-6.60	Vísindasjóður				-36,8	-36,8
02-237	**Tæknisjóður**	**5,0**	**-8,2**		**-66,2**	**-69,4**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
237-1.01	Yfirstjórn	5,0	-8,2			-3,2
237-6.60	Tæknisjóður				-66,2	-66,2
02-238	**Bygginga- og tækjasjóður**				**60,4**	**60,4**
238-6.60	Bygginga- og tækjasjóður				60,4	60,4
02-239	**Rannsóknarnámssjóður**	**1,2**	**-15,0**			**-13,8**
239-1.01	Rannsóknarnámssjóður	1,2	-15,0			-13,8
02-269	**Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**7,1**	**64,1**	**71,2**
269-5.21	Viðhald			7,1		7,1
269-6.21	Stofnkostnaður				64,1	64,1
02-299	**Háskóla- og rannsóknastarfsemi**	**-29,1**	**33,1**			**4,0**
299-1.90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-29,1	33,1			4,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	**31,9**	**-0,7**			**31,2**
301-1.01	Almennur rekstur	31,9	-0,7			31,2
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	**-11,2**				**-11,2**
302-1.01	Almennur rekstur	-26,2				-26,2
302-1.09	Önnur verkefni	15,0				15,0
02-303	**Menntaskólinn á Laugarvatni**	**-7,1**				**-7,1**
303-1.01	Almennur rekstur	-14,1				-14,1
303-1.09	Önnur verkefni	7,0				7,0
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	**26,1**	**-0,6**			**25,5**
304-1.01	Almennur rekstur	7,5	-0,6			6,9
304-1.09	Önnur verkefni	18,6				18,6
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	**-11,6**	**-0,1**			**-11,7**
305-1.01	Almennur rekstur	-11,6	-0,1			-11,7
02-306	**Framhaldsskóli Vestfjarða**	**-12,5**	**-0,8**			**-13,3**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
306-1.01	Almennur rekstur	-28,9	-0,8			-29,7
306-1.09	Önnur verkefni	16,4				16,4
02-307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum**	**4,4**	**-1,7**			**2,7**
307-1.01	Almennur rekstur	-29,5	-1,7			-31,2
307-1.09	Önnur verkefni	33,9				33,9
02-308	**Menntaskólinn í Kópavogi**	**-76,2**	**-2,6**			**-78,8**
308-1.01	Almennur rekstur	-76,9	-2,6			-79,5
308-1.09	Önnur verkefni	0,7				0,7
02-309	**Kvennaskólinn í Reykjavík**	**2,4**	**-0,5**			**1,9**
309-1.01	Almennur rekstur	2,4	-0,5			1,9
02-316	**Fasteignir framhaldsskóla**			**44,0**		**44,0**
316-5.21	Viðhald			44,0		44,0
02-318	**Framhaldsskólar, stofnkostnaður**				**120,4**	**120,4**
318-6.56	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra				5,0	5,0
318-6.60	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ				17,0	17,0
318-6.65	Borgarholtsskóli				-62,8	-62,8
318-6.90	Byggingarframkvæmdir, óskipt				154,2	154,2
318-6.95	Tæki og búnaður, óskipt				7,0	7,0
02-319	**Framhaldsskólar, almennt**	**202,2**	**-97,8**			**104,4**
319-1.11	Sameiginleg þjónusta	4,9	-3,0			1,9
319-1.12	Orlof kennara	16,6	-6,5			10,1
319-1.13	Forfallakennsla	-7,2				-7,2
319-1.14	Sérkennsla	16,5				16,5
319-1.15	Prófkostnaður	-21,2	-4,9			-26,1
319-1.16	Nýjungar í skólastarfi	8,8	-4,9			3,9
319-1.17	Námsskrárgerð	27,6	-28,6			-1,0
319-1.18	Námsefnisgerð	30,0	-29,6			0,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
319-1.19	Kennslueftirlit	4,3	-5,2			-0,9
319-1.20	Framhaldsdeildir	4,3				4,3
319-1.21	Nám tannsmiða	0,1				0,1
319-1.22	Námskeið skipstjórnarmanna	14,4	-6,5			7,9
319-1.23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	0,9	-0,8			0,1
319-1.26	Þróunarsjóður	-0,5	27,4			26,9
319-1.27	Íslenskukennsla	17,6	-11,5			6,1
319-1.28	Mat á skólastarfi	35,8	-18,3			17,5
319-1.30	Endurmenntun	-1,4	1,2			-0,2
319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	50,7	-6,6			44,1
02-350	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**	**-91,4**	**-0,2**			**-91,6**
350-1.01	Almennur rekstur	-34,6	-0,2			-34,8
350-1.09	Önnur verkefni	-56,8				-56,8
02-351	**Fjölbrautaskólinn Ármúla**	**-17,6**	**-13,1**			**-30,7**
351-1.01	Almennur rekstur	-31,6	-13,1			-44,7
351-1.09	Önnur verkefni	14,0				14,0
02-352	**Flensborgarskóli**	**-17,2**	**-1,4**			**-18,6**
352-1.01	Almennur rekstur	-13,3	-1,4			-14,7
352-1.09	Önnur verkefni	-3,9				-3,9
02-353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**	**34,9**	**-5,1**			**29,8**
353-1.01	Almennur rekstur	38,9	-12,1			26,8
353-1.09	Önnur verkefni	-4,0	7,0			3,0
02-354	**Fjölbrautaskóli Vesturlands**	**-16,2**	**-0,4**			**-16,6**
354-1.01	Almennur rekstur	-36,3	-0,4			-36,7
354-1.09	Önnur verkefni	20,1				20,1
02-355	**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**	**9,0**	**-0,5**			**8,5**
355-1.01	Almennur rekstur	0,7	-0,5			0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
355-1.09	Önnur verkefni	8,3				8,3
02-356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**	**-20,7**	**-0,6**			**-21,3**
356-1.01	Almennur rekstur	-41,6	-0,5			-42,1
356-1.09	Önnur verkefni	20,9	-0,1			20,8
02-357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**	**-1,3**	**-0,6**			**-1,9**
357-1.01	Almennur rekstur	-27,4	-0,6			-28,0
357-1.09	Önnur verkefni	26,1				26,1
02-358	**Verkmenntaskóli Austurlands**	**15,8**	**-2,0**			**13,8**
358-1.01	Almennur rekstur	1,3	-1,5			-0,2
358-1.09	Önnur verkefni	14,5	-0,5			14,0
02-359	**Verkmenntaskólinn á Akureyri**	**-32,0**	**-1,0**			**-33,0**
359-1.01	Almennur rekstur	-5,9	-1,0			-6,9
359-1.09	Önnur verkefni	-26,1				-26,1
02-360	**Fjölbrautaskólinn í Garðabæ**	**-7,6**	**-0,7**			**-8,3**
360-1.01	Almennur rekstur	-15,7	-0,7			-16,4
360-1.09	Önnur verkefni	8,1				8,1
02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	**0,8**	**-0,1**			**0,7**
361-1.01	Almennur rekstur	-5,3	-0,1			-5,4
361-1.09	Önnur verkefni	6,1				6,1
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	**1,7**				**1,7**
362-1.01	Almennur rekstur	-2,4				-2,4
362-1.09	Önnur verkefni	4,1				4,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	**-4,9**	**-0,3**			**-5,2**
363-1.01	Almennur rekstur	-9,8	-0,3			-10,1
363-1.09	Önnur verkefni	4,9				4,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-365	**Borgarholtsskóli**	**-21,2**	**-0,2**			**-21,4**
365-1.01	Almennur rekstur	-33,6	-0,2			-33,8
365-1.09	Önnur verkefni	12,4				12,4
02-430	**Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra**	**-12,8**	**9,4**			**-3,4**
430-1.01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-8,1	-4,5			-12,6
430-1.02	Nám táknmálstúlka	-4,7	13,9			9,2
02-441	**Fullorðinsfræðsla fatlaðra**	**4,8**	**-0,5**			**4,3**
441-1.01	Kennsla	4,5				4,5
441-1.02	Annað en kennsla	0,3	-0,5			-0,2
02-506	**Vélskóli Íslands**	**13,8**				**13,8**
506-1.01	Almennur rekstur	10,9				10,9
506-1.09	Önnur verkefni	2,9				2,9
02-507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík**	**-2,3**				**-2,3**
507-1.01	Almennur rekstur	-13,7				-13,7
507-1.09	Önnur verkefni	11,4				11,4
02-514	**Iðnskólinn í Reykjavík**	**27,2**	**-3,4**			**23,8**
514-1.01	Almennur rekstur	33,3	-3,4			29,9
514-1.09	Önnur verkefni	-6,1				-6,1
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	**5,9**				**5,9**
516-1.01	Almennur rekstur	5,9				5,9
02-541	**Hússtjórnarskólinn í Reykjavík**	**0,1**	**-0,1**			
541-1.01	Kennsla	-9,2				-9,2
541-1.02	Annað en kennsla	9,3	-0,1			9,2
02-551	**Hússtjórnarskólinn Hallormsstað**					
551-1.01	Kennsla	-0,9				-0,9

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
551-1.02	Annað en kennsla	0,9				0,9
02-562	**Leiklistarskóli Íslands**	**-9,4**				**-9,4**
562-1.01	Kennsla í dagskóla	-12,1				-12,1
562-1.02	Annað en kennsla	2,7				2,7
02-564	**Listdansskólinn**	**-20,8**	**-0,1**			**-20,9**
564-1.01	Kennsla	-19,4				-19,4
564-1.02	Annað en kennsla	-1,4	-0,1			-1,5
02-571	**Sjómannaskólahúsið**	**-1,6**				**-1,6**
571-1.01	Sjómannaskólahúsið	-1,6				-1,6
02-581	**Verslunarskóli Íslands**	**3,6**				**3,6**
581-1.01	Almennur rekstur	3,6				3,6
02-606	**Framhaldsskólinn Skógum**					
606-1.01	Kennsla	0,7				0,7
606-1.02	Annað en kennsla	-0,7				-0,7
02-610	**Fasteignir héraðsskóla**	**1,1**	**-0,4**			**0,7**
610-1.10	Fasteignir Héraðsskólans á Núpi	-1,6	-0,4			-2,0
610-1.20	Fasteignir Héraðsskólans á Reykjanesi	-3,6				-3,6
610-1.30	Fasteignir Héraðsskólans í Reykholti	4,6				4,6
610-1.40	Fasteignir Alþýðuskólans á Eiðum	1,7				1,7
02-720	**Grunnskólar, almennt**	**-18,4**	**16,1**			**-2,3**
720-1.31	Sérstök fræðsluverkefni	19,5	-26,1			-6,6
720-1.33	Þróunarsjóður leikskóla	-0,5	1,5			1,0
720-1.35	Samræmd próf		4,0			4,0
720-1.70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	-35,5	32,4			-3,1
720-1.82	Þróunarstarf í grunnskólum	-1,9	4,3			2,4
02-725	**Námsgagnastofnun**	**-62,9**				**-62,9**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
725-1.01	Námsgagnastofnun	-62,9				-62,9
02-804	**Kvikmyndaskoðun**	**-6,7**				**-6,7**
804-1.01	Kvikmyndaskoðun	-6,7				-6,7
02-884	**Jöfnun á námskostnaði**	**-53,6**	**79,8**			**26,2**
884-1.01	Jöfnun á námskostnaði	-0,1	12,8			12,7
884-1.10	Skólaakstur	-53,5	67,0			13,5
02-902	**Þjóðminjasafn Íslands**	**-65,7**	**4,7**		**-6,2**	**-67,2**
902-1.01	Þjóðminjasafn Íslands	-67,7	2,2			-65,5
902-1.10	Byggða- og minjasöfn	2,0	2,5			4,5
902-6.01	Tæki og búnaður				-6,2	-6,2
02-903	**Þjóðskjalasafn Íslands**	**-5,4**	**-0,5**			**-5,9**
903-1.01	Þjóðskjalasafn Íslands	-5,4	-0,5			-5,9
02-905	**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**	**13,1**	**3,7**		**33,2**	**50,0**
905-1.01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	13,1	3,7			16,8
905-6.05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur				28,1	28,1
905-6.06	Bókakaup, Ritakaupasjóður Háskóla Íslands				9,7	9,7
905-6.71	Íslenskar fornbókmenntir á Netinu				-4,6	-4,6
02-906	**Listasafn Einars Jónssonar**	**1,2**	**0,5**			**1,7**
906-1.01	Listasafn Einars Jónssonar	1,2	0,5			1,7
02-907	**Listasafn Íslands**	**14,5**	**-0,4**		**6,8**	**20,9**
907-1.01	Listasafn Íslands	10,6	-0,4			10,2
907-1.02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	3,9				3,9
907-6.01	Listaverkakaup				6,8	6,8
02-909	**Blindrabókasafn Íslands**	**3,0**	**-0,3**			**2,7**
909-1.01	Blindrabókasafn Íslands	3,0	-0,3			2,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-919	**Söfn, ýmis framlög**	**-0,4**	**4,9**			**4,5**
919-1.10	Listasafn ASÍ		2,0			2,0
919-1.90	Söfn	-0,4	2,9			2,5
02-950	**Rekstrarhagræðing**	**12,7**				**12,7**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	12,7				12,7
02-969	**Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**			**13,4**	**200,7**	**214,1**
969-5.21	Viðhald			13,4		13,4
969-6.21	Endurbótasjóður menningarstofnana				191,4	191,4
969-6.93	Tónlistarhús- og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík				9,3	9,3
02-972	**Íslenski dansflokkurinn**	**-16,3**	**-0,2**			**-16,5**
972-1.01	Íslenski dansflokkurinn	-16,3	-0,2			-16,5
02-973	**Þjóðleikhús**		**-0,1**			**-0,1**
973-1.01	Þjóðleikhús		-0,1			-0,1
02-976	**Menningarsjóður**	**0,4**	**-6,9**			**-6,5**
976-1.01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	0,4	-6,9			-6,5
02-978	**Listasjóðir**	**-6,4**	**50,4**			**44,0**
978-1.01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	-6,4	50,4			44,0
02-979	**Húsafriðunarsjóður**				**-35,7**	**-35,7**
979-6.10	Húsafriðunarsjóður				-35,7	-35,7
02-980	**Listskreytingasjóður**				**10,1**	**10,1**
980-6.01	Listskreytingasjóður				10,1	10,1
02-981	**Kvikmyndasjóður**	**-30,8**	**14,0**			**-16,8**
981-1.01	Kvikmyndasjóður	-33,0	14,1			-18,9
981-1.02	Kvikmyndasafn Íslands	2,2	-0,1			2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
02-982	**Listir, framlög**	**-28,3**	**26,1**			**-2,2**
982-1.15	Þýðingarsjóður	-0,1	9,2			9,1
982-1.16	Bókmenntakynningarsjóður	-3,2	3,1			-0,1
982-1.24	Starfsemi atvinnuleikhópa	-0,1	2,5			2,4
982-1.25	Starfsemi hljómsveita		0,5			0,5
982-1.27	Tónlist fyrir alla	-3,4	2,7			-0,7
982-1.28	Barnamenningarsjóður	-0,2	0,8			0,6
982-1.30	Íslenska óperan		-1,1			-1,1
982-1.51	Höfundaréttarsjóður		-5,8			-5,8
982-1.76	Menningarsjóður félagsheimila		-3,9			-3,9
982-1.80	Listahátíð í Reykjavík	-6,6	5,5			-1,1
982-1.90	Listir	-14,7	12,6			-2,1
02-983	**Ýmis fræðistörf**	**-9,5**	**19,1**			**9,6**
983-1.10	Fræðistörf		-9,5			-9,5
983-1.11	Styrkir til útgáfumála	0,2	7,4			7,6
983-1.13	Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	10,0				10,0
983-1.20	Iðnsaga Íslands	-13,4	15,2			1,8
983-1.21	Tónlistarsaga Íslands	-6,3	6,0			-0,3
02-984	**Norræn samvinna**	**-10,3**	**7,5**			**-2,8**
984-1.90	Norræn samvinna	-10,3	7,5			-2,8
02-985	**Alþjóðleg samskipti**	**-75,1**	**75,4**			**0,3**
985-1.90	Alþjóðleg samskipti	-75,1	75,4			0,3
02-988	**Æskulýðsmál**	**-1,5**	**4,4**			**2,9**
988-1.10	Æskulýðsráð ríkisins	-1,0	1,9			0,9
988-1.90	Æskulýðsmál	-0,5	2,5			2,0
02-989	**Ýmis íþróttamál**	**-15,3**	**18,8**			**3,5**
989-1.15	Skólaíþróttir	-2,2	3,8			1,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
989-1.16	Íþróttasjóður	-2,5	4,9			2,4
989-1.22	Launasjóður stórmeistara í skák	-16,5	15,2			-1,3
989-1.90	Ýmis íþróttamál	5,9	-5,1			0,8
02-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**4,4**	**4,4**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				4,4	4,4
02-999	**Ýmislegt**	**3,9**	**1,1**			**5,0**
999-1.11	Forvarnastarf í skólum	-0,5	4,0			3,5
999-1.13	Útvarpsréttarnefnd	-6,0	3,1			-2,9
999-1.43	Skriðuklaustur	-4,6	8,2			3,6
999-1.45	Eiríksstaðanefnd		-15,0			-15,0
999-1.90	Ýmis framlög	15,0	0,8			15,8
03 Utanríkisráðuneyti		***-494,1***	***666,6***	***-39,7***	***90,9***	***223,7***
03-101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-11,4**	**-2,5**		**-4,2**	**-18,1**
101-1.01	Yfirstjórn	7,0	-2,3			4,7
101-1.02	Varnarmálaskrifstofa	-18,3	-0,2			-18,5
101-1.53	Þýðingamiðstöð	-10,9				-10,9
101-1.91	Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða	10,8				10,8
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,2	-4,2
03-190	**Ýmis verkefni**	**-40,7**	**6,4**			**-34,3**
190-1.11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	-0,5	2,7			2,2
190-1.14	Heimssýning í Hannover	-39,2	-0,1			-39,3
190-1.22	American Scandinavian Foundation, styrkur til húsakaupa		-1,1			-1,1
190-1.90	Ýmis verkefni	-1,0	4,9			3,9
03-201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**	**-11,2**		**3,0**	**2,6**	**-5,6**
201-1.01	Yfirstjórn	5,4				5,4
201-1.10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	-15,0				-15,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
201-1.20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	-13,4				-13,4
201-1.30	Fíkniefnaeftirlit	11,8				11,8
201-5.20	Fasteignir			3,0		3,0
201-6.01	Tæki og búnaður				2,6	2,6
03-211	**Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli**	**106,9**	**55,9**	**-3,5**	**-2,5**	**156,8**
211-1.01	Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	106,9	55,9			162,8
211-5.21	Fasteignir			-3,5		-3,5
211-6.01	Tæki og búnaður				-2,5	-2,5
03-301	**Sendiráð Íslands í Bonn**	**0,5**				**0,5**
301-1.01	Sendiráð Íslands í Bonn	0,5				0,5
03-302	**Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn**	**-0,1**				**-0,1**
302-1.01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	-0,1				-0,1
03-303	**Sendiráð Íslands í London**	**7,1**				**7,1**
303-1.01	Sendiráð Íslands í London	7,1				7,1
03-304	**Sendiráð Íslands í Moskvu**	**-0,1**				**-0,1**
304-1.01	Sendiráð Íslands í Moskvu	-0,1				-0,1
03-305	**Sendiráð Íslands í Ósló**	**-1,9**				**-1,9**
305-1.01	Sendiráð Íslands í Ósló	-1,9				-1,9
03-306	**Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO**	**-6,4**	**-0,5**			**-6,9**
306-1.01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD, UNESCO og FAO	-6,4	-0,5			-6,9
03-307	**Sendiráð Íslands í Stokkhólmi**	**5,2**				**5,2**
307-1.01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	5,2				5,2
03-308	**Sendiráð Íslands í Washington**	**0,3**	**-1,5**			**-1,2**
308-1.01	Sendiráð Íslands í Washington	0,3	-1,5			-1,2
03-309	**Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Ísla**	**0,2**				**0,2**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
309-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í	0,2				0,2
03-310	**Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu**	**5,8**				**5,8**
310-1.01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	5,8				5,8
03-311	**Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu**	**-6,7**				**-6,7**
311-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	-6,7				-6,7
03-312	**Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf**	**-1,1**				**-1,1**
312-1.01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1,1				-1,1
03-313	**Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu**	**8,6**				**8,6**
313-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	8,6				8,6
03-314	**Sendiráð Íslands í Peking**	**3,3**				**3,3**
314-1.01	Sendiráð Íslands í Peking	3,3				3,3
03-315	**Aðalræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg**	**-0,7**				**-0,7**
315-1.01	Aðalræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg	-0,7				-0,7
03-317	**Sendiráð Íslands í Helsinki**	**14,5**				**14,5**
317-1.01	Sendiráð Íslands í Helsinki	14,5				14,5
03-318	**Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu**	**6,8**				**6,8**
318-1.01	Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	6,8				6,8
03-320	**Sendiráð, almennt**	**-77,4**		**-39,2**	**95,0**	**-21,6**
320-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda	-77,4				-77,4
320-5.90	Viðhald			-39,2		-39,2
320-6.21	Sendiráð Íslands í Berlín				86,3	86,3
320-6.90	Tæki og búnaður				8,7	8,7
03-390	**Þróunarsamvinnustofnun Íslands**	**-370,7**	**385,0**			**14,3**
390-1.01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	-370,7	385,0			14,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
03-391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**	**-6,8**	**58,2**			**51,4**
391-1.14	Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael		3,8			3,8
391-1.22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	-1,4	49,9			48,5
391-1.30	Mannúðarmál og neyðaraðstoð	-5,4	4,5			-0,9
03-401	**Alþjóðastofnanir**	**-118,1**	**165,6**			**47,5**
401-1.85	Friðargæsla	-118,1	165,6			47,5
04 Landbúnaðarráðuneyti		***-324,3***	***91,4***	***29,3***	***50,7***	***-152,9***
04-101	**Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**				**-1,0**	**-1,0**
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,0	-1,0
04-190	**Ýmis verkefni**	**14,5**	**-22,0**			**-7,5**
190-1.11	Framkvæmd búvörusamnings	7,9	-1,7			6,2
190-1.12	Mat á búvörum	-16,4				-16,4
190-1.15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	1,6				1,6
190-1.90	Ýmis verkefni	21,4	-20,3			1,1
04-211	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins**	**-8,8**	**6,6**	**5,6**	**17,0**	**20,4**
211-1.01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-8,8	6,6			-2,2
211-5.01	Viðhald			5,6		5,6
211-6.01	Tæki og búnaður				14,4	14,4
211-6.20	Fasteignir				2,6	2,6
04-221	**Veiðimálastofnun**	**-9,9**	**9,8**			**-0,1**
221-1.01	Veiðimálastofnun	-9,9	9,8			-0,1
04-222	**Veiðimálastjóri**	**-1,2**	**1,0**			**-0,2**
222-1.01	Veiðimálastjóri	-1,2	1,0			-0,2
04-233	**Yfirdýralæknir**	**-18,6**	**-1,3**	**5,2**		**-14,7**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
233-1.01	Yfirdýralæknir	2,1	-1,3			0,8
233-1.25	Sauðfjárveikivarnir	-33,1				-33,1
233-1.52	Eftirlit og eftirlitsferðir	18,1				18,1
233-1.61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	-5,7				-5,7
233-5.90	Dýralæknisbústaðir			5,2		5,2
04-236	**Aðfangaeftirlit ríkisins**	**2,9**				**2,9**
236-1.01	Aðfangaeftirlit ríkisins	2,9				2,9
04-261	**Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**	**-59,5**	**-0,9**	**-1,6**	**-0,4**	**-62,4**
261-1.01	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði	-59,5	-0,9			-60,4
261-5.01	Viðhaldsfé			-1,6		-1,6
261-6.01	Tæki og búnaður				-4,8	-4,8
261-6.20	Fasteignir og lóðir				4,4	4,4
04-271	**Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal**	**4,4**	**-2,5**	**-14,2**	**11,3**	**-1,0**
271-1.01	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	4,4	-2,5			1,9
271-5.01	Viðhaldsfé			-14,2		-14,2
271-6.01	Tæki og búnaður				-2,6	-2,6
271-6.20	Fasteignir og lóðir				13,9	13,9
04-283	**Garðyrkjuskóli ríkisins**	**-25,2**	**-0,8**	**5,1**	**21,2**	**0,3**
283-1.01	Garðyrkjuskóli ríkisins	-25,2	-0,8			-26,0
283-5.01	Viðhald			5,1		5,1
283-6.01	Tæki og búnaður				3,2	3,2
283-6.25	Tilraunagróðurhús				7,0	7,0
283-6.26	Garðyrkjumiðstöð				11,0	11,0
04-293	**Hagþjónusta landbúnaðarins**	**-0,6**				**-0,6**
293-1.01	Hagþjónusta landbúnaðarins	-0,6				-0,6
04-311	**Landgræðsla ríkisins**	**-26,6**	**42,9**	**9,1**	**-42,2**	**-16,8**
311-1.01	Landgræðsla ríkisins	23,9	-14,1			9,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
311-1.90	Fyrirhleðslur	-50,5	57,0			6,5
311-5.01	Viðhaldsfé			9,1		9,1
311-6.01	Tæki og búnaður				-33,4	-33,4
311-6.20	Fasteignir				-8,8	-8,8
04-321	**Skógrækt ríkisins**	**-116,7**	**30,1**	**20,1**	**24,4**	**-42,1**
321-1.01	Skógrækt ríkisins	-94,6	-9,6			-104,2
321-1.10	Rannsóknastöðin Mógilsá	-46,1	14,4			-31,7
321-1.90	Sérstök verkefni	24,0	25,3			49,3
321-5.01	Viðhaldsfé			20,1		20,1
321-6.01	Tæki og búnaður				10,2	10,2
321-6.20	Fasteignir, óskipt				14,2	14,2
04-324	**Landgræðslusjóður**				**139,4**	**139,4**
324-6.60	Landgræðslusjóður				139,4	139,4
04-331	**Héraðsskógar**	**-1,7**	**9,3**			**7,6**
331-1.10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	-1,7	9,3			7,6
04-341	**Átak í landgræðslu og skógrækt**	**-75,2**	**72,9**			**-2,3**
341-1.10	Átak í landgræðslu og skógrækt	-75,2	72,9			-2,3
04-343	**Suðurlandsskógar**	**-3,5**	**-3,9**			**-7,4**
343-1.10	Suðurlandsskógar	-3,5	-3,9			-7,4
04-805	**Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu**		**-103,0**			**-103,0**
805-1.05	Niðurgreiðslur á ull og gærum		-42,4			-42,4
805-1.10	Vaxta- og geymslukostnaður		-113,4			-113,4
805-1.30	Uppkaup á fullvirðisrétti		28,2			28,2
805-1.32	Afsetning birgða		-17,1			-17,1
805-1.33	Hagræðing og vöruþróun		32,4			32,4
805-1.34	Umhverfisverkefni		9,3			9,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
04-811	**Bændasamtök Íslands**					
811-1.10	Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri		1,4			1,4
811-1.95	Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri		-1,4			-1,4
04-818	**Búnaðarsjóður**		**5,3**			**5,3**
818-1.10	Búnaðarsjóður		5,3			5,3
04-823	**Lánasjóður landbúnaðarins**				**-5,3**	**-5,3**
823-6.60	Lánasjóður landbúnaðarins				-5,3	-5,3
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**				**-113,7**	**-113,7**
831-6.20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				-113,7	-113,7
04-843	**Fiskræktarsjóður**	**1,4**	**44,9**			**46,3**
843-1.10	Fiskræktarsjóður	1,4	44,9			46,3
04-891	**Sérstakar greiðslur í landbúnaði**		**3,0**			**3,0**
891-1.91	Loðdýrafóður		3,0			3,0
05	***Sjávarútvegsráðuneyti***	***442,5***	***4,8***	***0,3***	***39,9***	***487,5***
05-101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**	**6,1**	**-0,6**			**5,5**
101-1.01	Yfirstjórn	3,1	-0,6			2,5
101-1.11	Fiskveiðisamningar	3,0				3,0
05-190	**Ýmis verkefni**	**-7,3**	**45,7**			**38,4**
190-1.21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	12,4	-4,6			7,8
190-1.32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	-19,3	26,9			7,6
190-1.42	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	-15,3	24,6			9,3
190-1.46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	17,4				17,4
190-1.90	Ýmislegt	-2,5	-1,2			-3,7
05-199	**Ráðstöfunarfé**	**-0,1**	**2,2**			**2,1**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	-0,1	2,2			2,1
05-202	**Hafrannsóknastofnunin**	**89,2**	**-29,6**		**7,8**	**67,4**
202-1.01	Almenn starfsemi	80,8	-29,6			51,2
202-1.30	Rannsóknaskip	8,4				8,4
202-6.31	Tæki og búnaður í skip				7,3	7,3
202-6.90	Tæki og búnaður deilda og útibúa				0,5	0,5
05-203	**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins**	**-60,4**	**15,8**		**40,4**	**-4,2**
203-1.01	Almenn starfsemi	-60,4	15,8			-44,6
203-6.01	Tæki og búnaður				40,4	40,4
05-204	**Fiskistofa**	**98,9**	**-0,1**		**-14,2**	**84,6**
204-1.01	Fiskistofa	83,4	-0,1			83,3
204-1.10	Landamærastöðvar	14,7				14,7
204-1.11	Eftirlit með úthafsveiðum	0,8				0,8
204-6.01	Tæki og búnaður				-14,2	-14,2
05-207	**Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla**	**8,0**	**41,5**			**49,5**
207-1.10	Gjaldtökusjóður ólögmæts sjávarafla	8,0	41,5			49,5
05-208	**Bygging hafrannsóknaskips**				**-34,5**	**-34,5**
208-6.41	Bygging hafrannsóknaskips				-34,5	-34,5
05-211	**Kvótaþing**	**0,9**				**0,9**
211-1.01	Kvótaþing	0,9				0,9
05-213	**Verðlagsstofa skiptaverðs**	**19,3**	**-3,5**			**15,8**
213-1.01	Verðlagsstofa skiptaverðs	19,3	-3,5			15,8
05-215	**Gengismunasjóður**	**63,7**	**-18,2**			**45,5**
215-1.01	Gengismunasjóður	63,7	-18,2			45,5
05-216	**Ríkismat sjávarafurða**	**17,9**	**-5,5**			**12,4**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
216-1.01	Gæða- og orkufjársjóður	17,9	-5,5			12,4
05-217	**Sjávarspendýrasjóður**	**11,0**	**-8,0**			**3,0**
217-1.01	Sjávarspendýrasjóður	11,0	-8,0			3,0
05-218	**Veiðarfærarannsóknir**	**24,0**	**-15,4**			**8,6**
218-1.01	Veiðarfærarannsóknir	24,0	-15,4			8,6
05-219	**Tækjasjóður matvælarannsókna**	**32,2**	**-18,1**			**14,1**
219-1.01	Tækjasjóður matvælarannsókna	32,2	-18,1			14,1
05-272	**Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins**	**5,6**			**41,1**	**46,7**
272-1.01	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	5,6				5,6
272-6.10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins				41,1	41,1
05-273	**Sjávarútvegshús, undirbúningur**	**56,9**				**56,9**
273-1.01	Sjávarútvegshús, undirbúningur	56,9				56,9
05-274	**Matvæla- og sjávarútvegsgarður**	**59,4**				**59,4**
274-1.01	Húsbyggingarsjóður	59,4				59,4
05-811	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**				**-0,7**	**-0,7**
811-6.41	Þróunarsjóður sjávarútvegsins				-0,7	-0,7
05-901	**Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**	**17,2**	**-1,4**	**0,3**		**16,1**
901-1.01	Yfirstjórn	20,4	-0,2			20,2
901-1.30	Keldnaholt	-3,2	-1,2			-4,4
901-5.30	Keldnaholt, viðhald			0,3		0,3
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		***177,9***	***-12,7***	***0,3***	***53,7***	***219,2***
06-101	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-0,8**	**-3,6**		**0,5**	**-3,9**
101-1.01	Yfirstjórn	-0,8	-3,6			-4,4
101-6.01	Tæki og búnaður				0,5	0,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-102	**Stjórnartíðindi**	**10,2**				**10,2**
102-1.01	Stjórnartíðindi	10,2				10,2
06-103	**Lagasafn**	**17,8**				**17,8**
103-1.10	Útgáfa lagasafns	17,8				17,8
06-105	**Lögbirtingablað**	**33,0**				**33,0**
105-1.01	Lögbirtingablað	33,0				33,0
06-190	**Ýmis verkefni**	**27,5**	**4,7**			**32,2**
190-1.10	Fastanefndir	-25,3				-25,3
190-1.11	Námsleyfi lögfræðinga	0,2				0,2
190-1.21	Próf málflytjenda	2,5				2,5
190-1.22	Próf skjalaþýðenda	0,9				0,9
190-1.23	Próf fasteignasala	0,6				0,6
190-1.31	Matsnefnd eignarnámsbóta	3,5				3,5
190-1.32	Tölvunefnd	2,8				2,8
190-1.33	Mannanafnanefnd	-0,3				-0,3
190-1.34	Örorkumatsnefnd	32,9				32,9
190-1.41	Útgáfa norræns dómasafns	1,4				1,4
190-1.42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	0,6	-0,1			0,5
190-1.51	Innheimta meðlaga	0,2				0,2
190-1.53	Kostnaður vegna lögræðislaga	8,2				8,2
190-1.73	Rannsókn á viðurlögum við afbrotum	-0,7	4,8			4,1
06-201	**Hæstiréttur**	**-2,3**	**-0,1**			**-2,4**
201-1.01	Yfirstjórn	-2,3	-0,1			-2,4
06-210	**Héraðsdómstólar**	**-1,6**	**-0,5**	**1,0**	**2,4**	**1,3**
210-1.01	Héraðsdómstólar	-1,6	-0,5			-2,1
210-5.01	Viðhald húseigna			1,0		1,0
210-6.01	Tæki og búnaður				2,4	2,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-301	**Ríkissaksóknari**	**11,8**				**11,8**
301-1.05	Ríkissaksóknari	11,8				11,8
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	**2,2**	**-0,5**		**31,0**	**32,7**
303-1.01	Ríkislögreglustjóri	3,7	-0,5			3,2
303-1.05	Innheimta sekta	-1,5				-1,5
303-6.01	Tæki og búnaður				31,0	31,0
06-305	**Lögregluskóli ríkisins**	**2,8**				**2,8**
305-1.01	Lögregluskóli ríkisins	2,8				2,8
06-311	**Lögreglustjórinn í Reykjavík**	**-13,4**			**4,9**	**-8,5**
311-1.01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-13,4				-13,4
311-6.01	Tæki og búnaður				-1,2	-1,2
311-6.80	Bifreiðir				6,1	6,1
06-321	**Almannavarnir ríkisins**	**-1,4**	**-0,5**			**-1,9**
321-1.01	Almannavarnir ríkisins	-1,4	-0,5			-1,9
06-325	**Neyðarsímsvörun**	**1,9**	**-0,7**			**1,2**
325-1.10	Neyðarsímsvörun	1,9	-0,7			1,2
06-331	**Umferðarráð**	**12,6**	**-4,2**			**8,4**
331-1.01	Yfirstjórn	24,9	-4,2			20,7
331-1.10	Ökunám	-21,5				-21,5
331-1.11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	9,2				9,2
06-341	**Áfengis- og fíkniefnamál**	**1,3**	**-0,2**			**1,1**
341-1.20	Fíkniefnamál	1,6	-0,2			1,4
341-1.25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	-0,3				-0,3
06-390	**Ýmis löggæslumál**	**63,8**	**-2,2**		**-76,4**	**-14,8**
390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	-0,6	-2,2			-2,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
390-1.12	Tölvulesanleg vegabréf	45,9				45,9
390-1.13	Undirbúningur að smíði varðskips	28,0				28,0
390-1.22	Löggæsla vegna skemmtanahalds	2,2				2,2
390-1.30	Rekstur lögreglubifreiða	-11,7				-11,7
390-6.01	Tæki og búnaður				-43,1	-43,1
390-6.03	Tölvukerfi varðandi umferðarlagabrot				-3,6	-3,6
390-6.10	Bifreiðir				-29,7	-29,7
06-391	**Húsnæði löggæslustofnana**			**12,7**	**22,2**	**34,9**
391-5.01	Viðhald húseigna			12,7		12,7
391-6.21	Fasteignir				22,2	22,2
06-395	**Landhelgisgæsla Íslands**	**-2,0**	**-19,4**		**7,9**	**-13,5**
395-1.90	Landhelgisgæsla Íslands	-2,0	-19,4			-21,4
395-6.01	Tæki og búnaður				7,9	7,9
06-396	**Landhelgissjóður Íslands**				**29,9**	**29,9**
396-6.41	Landhelgissjóður Íslands				29,9	29,9
06-397	**Schengen samstarf**	**-15,7**	**18,7**		**7,1**	**10,1**
397-1.01	Schengen samstarf	-15,7	18,7			3,0
397-6.01	Tæki og búnaður				7,1	7,1
06-398	**Útlendingaeftirlitið**	**-13,6**			**-3,9**	**-17,5**
398-1.01	Útlendingaeftirlitið	-13,6				-13,6
398-6.01	Tæki og búnaður				-3,9	-3,9
06-411	**Sýslumaðurinn í Reykjavík**	**1,9**				**1,9**
411-1.01	Yfirstjórn	1,9				1,9
06-412	**Sýslumaðurinn á Akranesi**	**4,6**				**4,6**
412-1.01	Yfirstjórn	9,0				9,0
412-1.20	Löggæsla	-4,4				-4,4

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-413	**Sýslumaðurinn í Borgarnesi**	**-6,4**				**-6,4**
413-1.01	Yfirstjórn	-11,9				-11,9
413-1.20	Löggæsla	5,5				5,5
06-414	**Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**	**-8,0**				**-8,0**
414-1.01	Yfirstjórn	-15,7				-15,7
414-1.20	Löggæsla	7,7				7,7
06-415	**Sýslumaðurinn í Búðardal**	**-1,4**				**-1,4**
415-1.01	Yfirstjórn	0,7				0,7
415-1.20	Löggæsla	-2,1				-2,1
06-416	**Sýslumaðurinn á Patreksfirði**	**-12,1**				**-12,1**
416-1.01	Yfirstjórn	-8,4				-8,4
416-1.20	Löggæsla	-3,7				-3,7
06-417	**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**	**-0,2**				**-0,2**
417-1.01	Yfirstjórn	-1,7				-1,7
417-1.20	Löggæsla	1,5				1,5
06-418	**Sýslumaðurinn á Ísafirði**	**-0,5**				**-0,5**
418-1.01	Yfirstjórn	-8,8				-8,8
418-1.20	Löggæsla	12,0				12,0
418-1.40	Tollgæsla	-3,7				-3,7
06-419	**Sýslumaðurinn á Hólmavík**	**1,1**				**1,1**
419-1.01	Yfirstjórn	2,5				2,5
419-1.20	Löggæsla	-1,4				-1,4
06-420	**Sýslumaðurinn á Blönduósi**	**2,9**				**2,9**
420-1.01	Yfirstjórn	1,7				1,7
420-1.20	Löggæsla	1,2				1,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-421	**Sýslumaðurinn á Sauðárkróki**	**-5,6**				**-5,6**
421-1.01	Yfirstjórn	-4,2				-4,2
421-1.20	Löggæsla	-1,4				-1,4
06-422	**Sýslumaðurinn á Siglufirði**	**3,0**				**3,0**
422-1.01	Yfirstjórn	1,1				1,1
422-1.20	Löggæsla	1,9				1,9
06-423	**Sýslumaðurinn á Ólafsfirði**	**0,2**				**0,2**
423-1.01	Yfirstjórn	2,2				2,2
423-1.20	Löggæsla	-2,0				-2,0
06-424	**Sýslumaðurinn á Akureyri**	**-2,0**				**-2,0**
424-1.01	Yfirstjórn	-5,6				-5,6
424-1.20	Löggæsla	4,1				4,1
424-1.40	Tollgæsla	-0,5				-0,5
06-425	**Sýslumaðurinn á Húsavík**	**3,0**				**3,0**
425-1.01	Yfirstjórn	0,4				0,4
425-1.20	Löggæsla	2,6				2,6
06-426	**Sýslumaðurinn á Seyðisfirði**	**-2,9**				**-2,9**
426-1.01	Yfirstjórn	-15,4				-15,4
426-1.20	Löggæsla	15,1				15,1
426-1.40	Tollgæsla	-2,6				-2,6
06-427	**Sýslumaðurinn í Neskaupstað**	**-4,7**				**-4,7**
427-1.01	Yfirstjórn	-0,4				-0,4
427-1.20	Löggæsla	-4,3				-4,3
06-428	**Sýslumaðurinn á Eskifirði**	**7,0**				**7,0**
428-1.01	Yfirstjórn	1,2				1,2
428-1.20	Löggæsla	5,8				5,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
06-429	**Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði**	**-2,7**				**-2,7**
429-1.01	Yfirstjórn	-5,3				-5,3
429-1.20	Löggæsla	2,6				2,6
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	**-6,0**				**-6,0**
430-1.01	Yfirstjórn	-2,4				-2,4
430-1.20	Löggæsla	-3,6				-3,6
06-431	**Sýslumaðurinn á Hvolsvelli**	**-4,0**				**-4,0**
431-1.01	Yfirstjórn	-2,7				-2,7
431-1.20	Löggæsla	-1,3				-1,3
06-432	**Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum**	**10,5**				**10,5**
432-1.01	Yfirstjórn	0,2				0,2
432-1.20	Löggæsla	11,2				11,2
432-1.40	Tollgæsla	-0,9				-0,9
06-433	**Sýslumaðurinn á Selfossi**	**-31,6**	**-0,1**			**-31,7**
433-1.01	Yfirstjórn	-26,1	-0,1			-26,2
433-1.20	Löggæsla	-1,5				-1,5
433-1.40	Tollgæsla	-4,0				-4,0
06-434	**Sýslumaðurinn í Keflavík**	**-18,2**				**-18,2**
434-1.01	Yfirstjórn	-13,7				-13,7
434-1.20	Löggæsla	-3,6				-3,6
434-1.40	Tollgæsla	-0,9				-0,9
06-436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**	**23,1**				**23,1**
436-1.01	Yfirstjórn	-13,5				-13,5
436-1.20	Löggæsla	41,6				41,6
436-1.40	Tollgæsla	-5,0				-5,0
06-437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**	**8,8**				**8,8**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
437-1.01	Yfirstjórn	-7,9				-7,9
437-1.20	Löggæsla	16,7				16,7
06-490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**	**-5,9**				**-5,9**
490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	-3,2				-3,2
490-1.11	Útgáfa vegabréfa og ökuskírteina	-6,3				-6,3
490-1.20	Kostnaður við löggæslunám	5,9				5,9
490-1.60	Gagnalínukostnaður	-2,3				-2,3
06-491	**Húsnæði og búnaður sýslumanna**			**18,2**	**18,1**	**36,3**
491-5.01	Viðhald húseigna			18,2		18,2
491-6.01	Tæki og búnaður				0,4	0,4
~~491-6.14~~	~~Húsnæði sýslumanns í Stykkishólmi~~				~~7,4~~	~~7,4~~
491-6.19	Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík				-15,3	-15,3
491-6.23	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi				8,5	8,5
491-6.26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði				-1,6	-1,6
491-6.33	Húsnæði sýslumannsins á Selfossi				-4,4	-4,4
491-6.60	Upplýsingakerfi sýslumanna				23,1	23,1
06-501	**Fangelsismálastofnun ríkisins**	**47,8**	**-3,6**	**-31,6**		**12,6**
501-1.01	Fangelsismálastofnun ríkisins	47,8	-3,6			44,2
501-5.01	Viðhald fangelsisbygginga			-31,6		-31,6
06-591	**Fangelsisbyggingar**				**-2,8**	**-2,8**
591-6.10	Stofnframkvæmdir				-2,8	-2,8
06-701	**Biskup Íslands**	**42,1**	**-0,5**			**41,6**
701-1.01	Þjóðkirkja Íslands	42,1	-0,6			41,5
701-1.16	Langamýri í Skagafirði		0,1			0,1
06-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**12,8**	**12,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				12,8	12,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07 Félagsmálaráðuneyti		*190,9*	*-78,5*		*-104,5*	*7,9*
07-101	**Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**7,8**	**-3,7**			**4,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-3,3	-1,4			-4,7
101-1.90	Reynslusveitarfélög	10,2				10,2
101-1.99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	0,9	-2,3			-1,4
07-205	**Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir**					
205-6.01	Byggingarsjóður verkamanna				62,7	62,7
205-6.21	Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir				-62,7	-62,7
07-273	**Tryggingarsjóður vegna byggingargalla**				**15,7**	**15,7**
273-6.21	Tryggingarsjóður vegna byggingargalla				15,7	15,7
07-302	**Ríkissáttasemjari**	**8,0**				**8,0**
302-1.01	Ríkissáttasemjari	8,0				8,0
07-311	**Jafnréttisráð**	**1,0**	**-1,5**			**-0,5**
311-1.01	Jafnréttisráð	1,0	-0,8			0,2
311-1.10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	0,1	-0,7			-0,6
311-1.12	Aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum	-0,1				-0,1
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	**37,4**	**-1,1**		**-2,2**	**34,1**
331-1.01	Vinnueftirlit ríkisins	37,4	-1,1			36,3
331-6.01	Tæki og búnaður				-2,2	-2,2
07-400	**Barnaverndarstofa**	**49,0**	**-31,7**			**17,3**
400-1.01	Yfirstjórn	-16,7	-0,2			-16,9
400-1.20	Heimili fyrir börn og unglinga	-18,1	36,9			18,8
400-1.21	Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs	96,7	-68,0			28,7
400-1.50	Meðferðarstöð ríkisins	-12,9	-0,4			-13,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-401	**Barnaverndarráð**	**-0,1**				**-0,1**
401-1.01	Barnaverndarráð	-0,1				-0,1
07-700	**Málefni fatlaðra**	**93,3**	**-36,0**			**57,3**
700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	-3,6	-8,9			-12,5
700-1.90	Ýmis verkefni	6,3	4,4			10,7
700-1.91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	90,2	-31,5			58,7
700-1.93	Ný sambýli	0,4				0,4
07-701	**Málefni fatlaðra, Reykjavík**	**-85,7**	**46,6**		**-11,9**	**-51,0**
701-1.01	Svæðisskrifstofa	-72,8	46,6			-26,2
701-1.10	Svæðisráð	-1,3				-1,3
701-1.20	Sambýli	14,7				14,7
701-1.26	Sambýli Stigahlíð 71	-7,2				-7,2
701-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-33,1				-33,1
701-1.60	Dagvistun	43,3				43,3
701-1.65	Skammtímavistun Hólabergi	-13,0				-13,0
701-1.70	Heimili einhverfra	-1,9				-1,9
701-1.77	Vistheimili fyrir börn	-14,4				-14,4
701-6.20	Stofnkostnaður vegna framl. úr Framkv.sj				-11,9	-11,9
07-702	**Málefni fatlaðra, Reykjanesi**	**-17,7**	**20,1**		**-7,1**	**-4,7**
702-1.01	Svæðisskrifstofa	-68,4	24,7			-43,7
702-1.10	Svæðisráð	1,2				1,2
702-1.20	Sambýli	65,4				65,4
702-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-1,8	-2,7			-4,5
702-1.30	Verndaður vinnustaður, Örvi	2,6				2,6
702-1.40	Leikfangasafn Keflavík	-0,6				-0,6
702-1.60	Skammtímavistun	-52,0				-52,0
702-1.61	Dagvistun Keflavík	0,8				0,8
702-1.64	Hæfingarstöðvar	3,7	-1,9			1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
702-1.70	Vistheimilið Tjaldanesi	3,9				3,9
702-1.73	Vistheimili fyrir börn	27,5				27,5
702-6.20	Sambýli				-0,3	-0,3
702-6.73	Heimili f. einhverfa				-6,8	-6,8
07-703	**Málefni fatlaðra, Vesturlandi**	**3,0**	**3,3**		**-4,8**	**1,5**
703-1.01	Svæðisskrifstofa	-4,8	3,6			-1,2
703-1.10	Svæðisráð	0,4				0,4
703-1.20	Sambýli Akranesi	18,1				18,1
703-1.21	Sambýli Borgarnesi	-3,7				-3,7
703-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7	-0,3			0,4
703-1.30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	-0,3				-0,3
703-1.40	Leikfangasöfn Vesturlandi	0,1				0,1
703-1.61	Skammtímavistun	-7,5				-7,5
703-6.20	Sambýli				-4,8	-4,8
07-704	**Málefni fatlaðra, Vestfjörðum**	**10,2**	**2,0**			**12,2**
704-1.01	Svæðisskrifstofa	-4,4	2,0			-2,4
704-1.10	Svæðisráð	1,6				1,6
704-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	12,1				12,1
704-1.31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	6,1				6,1
704-1.32	Þjónusta í Strandasýslu	-2,7				-2,7
704-1.33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	-1,0				-1,0
704-1.34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	-1,5				-1,5
07-705	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra**	**102,2**	**-102,1**		**-0,2**	**-0,1**
705-1.01	Svæðisskrifstofa	14,0	2,6			16,6
705-1.10	Svæðisráð	-0,2				-0,2
705-1.20	Sambýli	72,0				72,0
705-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	8,5	2,1			10,6
705-1.40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	8,7				8,7
705-1.60	Skammtímavistun	5,6				5,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
705-1.61	Dagvistun	-6,4				-6,4
705-1.86	Samningur við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra		-106,8			-106,8
705-6.40	Leikfangasöfn, framlag frá Framkvæmdasj.				-0,2	-0,2
07-706	**Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra**	**2,1**	**-3,8**		**-1,4**	**-3,1**
706-1.01	Svæðisskrifstofa	2,0	-1,4			0,6
706-1.10	Svæðisráð	0,6				0,6
706-1.20	Sambýli	-1,7	-1,0			-2,7
706-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,2	-1,4			-0,2
706-6.50	Hæfingarstöð, framlag frá Framkvæmdasj.				-1,4	-1,4
07-707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**	**-9,7**	**9,4**			**-0,3**
707-1.01	Svæðisskrifstofa	-0,5	9,7			9,2
707-1.10	Svæðisráð	0,9				0,9
707-1.20	Sambýli Egilsstöðum	-6,1				-6,1
707-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	-6,5				-6,5
707-1.30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	-1,9				-1,9
707-1.50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	4,4	-0,3			4,1
07-708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**	**-12,1**	**2,4**			**-9,7**
708-1.01	Svæðisskrifstofa	-3,4	8,0			4,6
708-1.10	Svæðisráð	0,6				0,6
708-1.20	Sambýli Selfossi	-2,3	3,3			1,0
708-1.29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	11,4	-8,9			2,5
708-1.30	Verndaður vinnustaður Selfossi	-17,1				-17,1
708-1.50	Vistheimili fyrir börn	4,3				4,3
708-1.70	Lambhagi	-5,6				-5,6
07-750	**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**	**-13,6**				**-13,6**
750-1.01	Yfirstjórn	-13,6				-13,6
07-795	**Framkvæmdasjóður fatlaðra**				**-92,6**	**-92,6**
795-6.01	Framkvæmdasjóður fatlaðra				-92,6	-92,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
07-950	**Rekstrarhagræðing**	**5,3**				**5,3**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	5,3				5,3
07-980	**Vinnumálastofnun**	**37,3**	**-109,0**			**-71,7**
980-1.01	Yfirstjórn	37,3	-109,0			-71,7
07-981	**Vinnumál**	**-18,3**	**36,9**			**18,6**
981-1.30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit		16,2			16,2
981-1.70	Atvinnumál kvenna		-0,2			-0,2
981-1.90	Ýmislegt	-18,3	20,9			2,6
07-999	**Félagsmál, ýmis starfsemi**	**-8,5**	**89,7**			**81,2**
999-1.10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	-0,9	-6,6			-7,5
999-1.30	Sjómannastofur		2,8			2,8
999-1.31	Félagasamtök, styrkir		12,0			12,0
999-1.50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	0,1				0,1
999-1.90	Ýmis framlög	-7,7	81,5			73,8
08	***Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti***	***-369,8***	***217,9***	***-143,2***	***-47,5***	***-342,6***
08-101	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**1,4**	**2,8**		**-5,1**	**-0,9**
101-1.01	Yfirstjórn	1,4	2,8			4,2
101-6.01	Tæki og búnaður				-5,1	-5,1
08-201	**Tryggingastofnun ríkisins**	**-76,8**	**-15,9**		**41,1**	**-51,6**
201-1.01	Tryggingastofnun ríkisins	-91,8	-15,9			-107,7
201-1.90	Rekstrarhagræðing	15,0				15,0
201-6.01	Tæki og búnaður				41,1	41,1
08-301	**Landlæknir**	**-31,5**	**-2,6**			**-34,1**
301-1.01	Yfirstjórn	-44,4	-2,4			-46,8
301-1.10	Læknaráð	-2,1				-2,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
301-1.20	Sjúkraflutningaráð	0,3				0,3
301-1.30	Slysavarnaráð	12,7	-0,2			12,5
301-1.40	Siðaráð	2,0				2,0
08-311	**Héraðslæknir í Reykjavík**	**4,0**				**4,0**
311-1.01	Héraðslæknir í Reykjavík	4,0				4,0
08-324	**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**	**-106,1**	**96,3**		**2,0**	**-7,8**
324-1.01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-106,1	96,3			-9,8
324-6.10	Fasteign				2,0	2,0
08-326	**Sjónstöð Íslands**	**-54,2**	**53,0**			**-1,2**
326-1.01	Sjónstöð Íslands	-54,2	53,0			-1,2
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	**3,7**	**-3,5**		**-1,4**	**-1,2**
327-1.01	Geislavarnir ríkisins	3,7	-3,5			0,2
327-6.01	Tæki og búnaður				-1,4	-1,4
08-330	**Manneldisráð**	**0,9**				**0,9**
330-1.01	Manneldisráð	0,9				0,9
08-340	**Málefni fatlaðra**	**-2,9**	**0,8**		**1,9**	**-0,2**
340-1.10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra		-1,1			-1,1
340-1.80	Gigtarráð	-2,9	4,0			1,1
340-1.90	Ýmis starfsemi		-2,1			-2,1
340-6.90	Styrkir til ýmissa framkvæmda				1,9	1,9
08-358	**Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri**	**0,3**	**-0,5**	**-46,8**	**-4,2**	**-51,2**
358-1.01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	0,3	-0,5			-0,2
358-5.01	Fasteign			-46,8		-46,8
358-6.01	Tæki og búnaður				8,2	8,2
358-6.50	Nýbygging				-12,4	-12,4
08-368	**Sólvangur, Hafnarfirði**	**15,3**				**15,3**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
368-1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	15,3				15,3
08-370	**Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi**	**76,5**	**-0,3**		**3,1**	**79,3**
370-1.01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	26,8	-0,3			26,5
370-1.91	Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili	49,7				49,7
370-6.50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar				3,1	3,1
08-371	**Ríkisspítalar**	**283,4**	**-39,6**	**13,2**	**-234,3**	**22,7**
371-1.01	Ríkisspítalar	283,4	-39,6			243,8
371-5.60	Stjórnarnefnd, viðhald			13,2		13,2
371-6.01	Tæki og búnaður				0,1	0,1
371-6.21	Barnaspítali				300,7	300,7
371-6.60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður				-535,1	-535,1
08-373	**Sjúkrahús í Reykjavík**	**40,5**				**40,5**
373-1.01	Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni	40,5				40,5
08-375	**Sjúkrahús Reykjavíkur**	**-444,0**		**-101,1**	**182,6**	**-362,5**
375-1.01	Sjúkrahús Reykjavíkur	-444,0				-444,0
375-5.01	Viðhald			-101,1		-101,1
375-6.01	Tæki og búnaður				182,6	182,6
08-378	**Læknishéraðasjóður**	**-1,3**	**9,7**			**8,4**
378-1.01	Læknishéraðasjóður	-1,3	9,7			8,4
08-379	**Sjúkrahús, óskipt**	**95,6**				**95,6**
379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	95,6				95,6
08-381	**Sjúkrahús og læknisbústaðir**			**4,1**	**-47,8**	**-43,7**
381-5.50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt			4,1		4,1
381-6.60	Tækjakaup, óskipt				50,3	50,3
381-6.90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða				-98,1	-98,1
08-385	**Framkvæmdasjóður aldraðra**	**-9,1**	**-11,0**		**-32,4**	**-52,5**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
385-1.01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða	-9,1	-11,0			-20,1
385-6.01	Stofnkostnaður og endurbætur				-32,4	-32,4
08-393	**Lyfjamál**					
393-1.11	Lyfjaverðsnefnd	-1,5				-1,5
393-1.41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	-1,2				-1,2
393-1.51	Evrópska lyfjaskráin	0,4				0,4
393-1.61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	0,1				0,1
393-1.71	Samheitaverðskrá lyfja	2,2				2,2
08-395	**Lyfjaeftirlit ríkisins**	**16,1**				**16,1**
395-1.01	Lyfjaeftirlit ríkisins	16,1				16,1
08-396	**Lyfjanefnd**	**11,1**				**11,1**
396-1.01	Lyfjanefnd	11,1				11,1
08-399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**	**-84,2**	**83,3**			**-0,9**
399-1.13	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	-0,8				-0,8
399-1.15	Nefnd um rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði	-16,4				-16,4
399-1.17	Vísindasiðanefnd	-0,9				-0,9
399-1.50	Tannverndarsjóður	-10,3	9,9			-0,4
399-1.53	Tóbaksvarnir	-56,8	52,5			-4,3
399-1.58	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili		2,0			2,0
399-1.63	Áfallahjálp		2,4			2,4
399-1.65	Heilsuefling	0,1				0,1
399-1.67	Verkefnisstjórn um slysavarnir fyrir börn og unglinga	3,8				3,8
399-1.90	Ýmis framlög	-1,4	14,9			13,5
399-1.95	Kynsjúkdómar, alnæmi	-1,5	1,6			0,1
08-400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**	**-18,5**				**-18,5**
400-1.01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	-18,5				-18,5
08-407	**Sundabúð II, Vopnafirði**	**-3,1**				**-3,1**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
407-1.01	Sundabúð II, Vopnafirði	-3,1				-3,1
08-490	**Vistun ósakhæfra afbrotamanna**	**-1,3**				**-1,3**
490-1.01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	-1,3				-1,3
08-500	**Heilsugæslustöðvar, almennt**	**32,1**	**-14,1**	**-12,6**	**32,2**	**37,6**
500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	32,1	-14,1			18,0
500-5.01	Viðhald, óskipt			-12,6		-12,6
500-6.01	Tæki og búnaður				-1,1	-1,1
500-6.90	Tölvuvæðing				33,3	33,3
08-501	**Sjúkraflutningar**	**9,9**	**-0,3**			**9,6**
501-1.11	Sjúkraflutningar	9,9	1,2			11,1
501-1.15	Sjúkraflug		-1,5			-1,5
08-505	**Heilsugæsla í Reykjavík**	**-13,5**	**-0,1**			**-13,6**
505-1.01	Heilsugæsla í Reykjavík	-13,5	-0,1			-13,6
08-510	**Heilsuverndarstöðin í Reykjavík**	**-55,6**	**57,0**			**1,4**
510-1.01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-55,6	57,0			1,4
08-522	**Heilsugæslustöðin Borgarnesi**	**-0,1**	**-0,2**			**-0,3**
522-1.01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-0,1	-0,2			-0,3
08-524	**Heilsugæslustöðin Ólafsvík**	**-5,9**	**-0,2**			**-6,1**
524-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-5,9	-0,2			-6,1
08-525	**Heilsugæslustöðin Grundarfirði**	**0,8**				**0,8**
525-1.01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,8				0,8
08-526	**Heilsugæslustöðin Búðardal**	**1,3**				**1,3**
526-1.01	Heilsugæslustöðin Búðardal	1,3				1,3
08-551	**Heilsugæslustöðin Ólafsfirði**	**4,5**				**4,5**
551-1.01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	4,5				4,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-552	**Heilsugæslustöðin Dalvík**	**1,4**				**1,4**
552-1.01	Heilsugæslustöðin Dalvík	1,4				1,4
08-558	**Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu**	**-2,3**				**-2,3**
558-1.01	Heilsugæslustöðin Norður-Þingeyjarsýslu	-2,3				-2,3
08-561	**Heilsugæslustöðin Vopnafirði**	**4,8**				**4,8**
561-1.01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	4,8				4,8
08-565	**Heilsugæslustöðin Eskifirði**	**-4,4**	**-0,2**			**-4,6**
565-1.01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-4,4	-0,2			-4,6
08-566	**Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði**	**4,7**				**4,7**
566-1.01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	4,7				4,7
08-567	**Heilsugæslustöðin Djúpavogi**	**3,3**				**3,3**
567-1.01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	3,3				3,3
08-571	**Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri**	**0,8**				**0,8**
571-1.01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	0,8				0,8
08-572	**Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal**	**-0,5**				**-0,5**
572-1.01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-0,5				-0,5
08-574	**Heilsugæslustöðin Hvolsvelli**	**1,6**				**1,6**
574-1.01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	1,6				1,6
08-575	**Heilsugæslustöðin Hellu**	**0,1**				**0,1**
575-1.01	Heilsugæslustöðin Hellu	0,1				0,1
08-576	**Heilsugæslustöðin Laugarási**	**-1,0**				**-1,0**
576-1.01	Heilsugæslustöðin Laugarási	-1,0				-1,0
08-578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**	**4,1**				**4,1**
578-1.01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	4,1				4,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**	**0,3**				**0,3**
579-1.01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,3				0,3
08-582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**	**-2,3**	**-1,1**			**-3,4**
582-1.01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-2,3	-1,1			-3,4
08-583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**	**6,3**				**6,3**
583-1.01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	6,3				6,3
08-584	**Heilsugæslustöðin Kópavogi**	**10,0**	**-0,5**			**9,5**
584-1.01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	10,0	-0,5			9,5
08-585	**Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi**	**-2,2**				**-2,2**
585-1.01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-2,2				-2,2
08-586	**Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ**	**-0,4**				**-0,4**
586-1.01	Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	-0,4				-0,4
08-621	**Forvarnasjóður**	**-13,0**	**5,8**			**-7,2**
621-1.10	Áfengis- og vímuvarnaráð	-12,4	1,5			-10,9
621-1.90	Forvarnasjóður	-0,6	4,3			3,7
08-711	**Heilbrigðisstofnunin Akranesi**	**-50,4**				**-50,4**
711-1.01	Heilsugæslusvið	-13,9				-13,9
711-1.11	Sjúkrasvið	-36,5				-36,5
08-721	**Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði**	**-4,7**				**-4,7**
721-1.01	Heilsugæslusvið	1,6				1,6
721-1.11	Sjúkrasvið	-6,3				-6,3
08-725	**Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ**	**-11,2**				**-11,2**
725-1.01	Heilsugæslusvið	-14,4				-14,4
725-1.11	Sjúkrasvið	3,2				3,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
08-731	**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík**	**2,6**				**2,6**
731-1.01	Heilsugæslusvið	-12,2				-12,2
731-1.11	Sjúkrasvið	14,8				14,8
08-735	**Heilbrigðisstofnunin Hólmavík**	**-7,5**				**-7,5**
735-1.01	Heilsugæslusvið	6,1				6,1
735-1.11	Sjúkrasvið	-13,6				-13,6
08-741	**Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga**	**1,0**				**1,0**
741-1.01	Heilsugæslusvið	-8,8				-8,8
741-1.11	Sjúkrasvið	9,8				9,8
08-745	**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**	**4,5**				**4,5**
745-1.01	Heilsugæslusvið	1,6				1,6
745-1.11	Sjúkrasvið	2,9				2,9
08-751	**Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki**	**7,5**				**7,5**
751-1.01	Heilsugæslusvið	-9,8				-9,8
751-1.11	Sjúkrasvið	17,3				17,3
08-755	**Heilbrigðisstofnunin Siglufirði**	**3,1**				**3,1**
755-1.01	Heilsugæslusvið	0,2				0,2
755-1.11	Sjúkrasvið	2,9				2,9
08-761	**Heilbrigðisstofnunin Húsavík**	**-7,2**				**-7,2**
761-1.01	Heilsugæslusvið	-16,9				-16,9
761-1.11	Sjúkrasvið	9,7				9,7
08-765	**Heilbrigðisstofnunin Egilsstöðum**	**13,2**	**-0,7**			**12,5**
765-1.01	Heilsugæslusvið	-6,3	-0,7			-7,0
765-1.11	Sjúkrasvið	19,5				19,5
08-771	**Heilbrigðisstofnunin Seyðisfirði**	**11,1**				**11,1**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
771-1.01	Heilsugæslusvið	-2,7				-2,7
771-1.11	Sjúkrasvið	13,8				13,8
08-775	**Heilbrigðisstofnunin Neskaupstað**	**12,6**				**12,6**
775-1.01	Heilsugæslusvið	3,0				3,0
775-1.11	Sjúkrasvið	9,6				9,6
08-777	**Heilbrigðisstofnun Austurlands**	**-2,8**				**-2,8**
777-1.01	Heilsugæslusvið	-12,4				-12,4
777-1.11	Sjúkrasvið	9,6				9,6
08-781	**Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum**	**-8,6**				**-8,6**
781-1.01	Heilsugæslusvið	-11,6				-11,6
781-1.11	Sjúkrasvið	3,0				3,0
08-785	**Heilbrigðisstofnunin Selfossi**	**-5,0**				**-5,0**
785-1.01	Heilsugæslusvið	1,0				1,0
785-1.11	Sjúkrasvið	-6,0				-6,0
08-791	**Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum**	**-28,6**				**-28,6**
791-1.01	Heilsugæslusvið	-9,3				-9,3
791-1.11	Sjúkrasvið	-19,3				-19,3
08-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**14,8**	**14,8**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				14,8	14,8
09 Fjármálaráðuneyti		***963,9***	***87,3***	***-329,9***	***155,7***	***877,0***
09-101	**Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**10,6**	**-0,3**		**-13,0**	**-2,7**
101-1.01	Yfirstjórn	10,6	-0,3			10,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-13,0	-13,0
09-103	**Ríkisbókhald**	**16,6**			**-2,5**	**14,1**

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
103-1.01	Ríkisbókhald	16,6				16,6
103-6.01	Tæki og búnaður				-2,5	-2,5
09-104	**Ríkisfjárhirsla**	**9,1**			**4,0**	**13,1**
104-1.01	Ríkisfjárhirsla	9,1				9,1
104-6.01	Tæki og búnaður				4,0	4,0
09-199	**Ráðstöfunarfé**		**6,6**			**6,6**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		6,6			6,6
09-201	**Ríkisskattstjóri**	**-39,4**	**-0,8**		**31,4**	**-8,8**
201-1.01	Yfirstjórn	-36,9	-0,8			-37,7
201-1.10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	-4,3				-4,3
201-1.20	Skatteftirlit	1,8				1,8
201-6.01	Tæki og búnaður				31,4	31,4
09-202	**Skattstofan í Reykjavík**	**9,2**	**-0,7**		**7,3**	**15,8**
202-1.01	Skattstofan í Reykjavík	9,2	-0,7			8,5
202-6.01	Tæki og búnaður				7,3	7,3
09-203	**Skattstofa Vesturlands**	**-0,7**				**-0,7**
203-1.01	Skattstofa Vesturlands	-0,7				-0,7
09-204	**Skattstofa Vestfjarða**	**-0,8**				**-0,8**
204-1.01	Skattstofa Vestfjarða	-0,8				-0,8
09-205	**Skattstofa Norðurlands vestra**	**-0,3**				**-0,3**
205-1.01	Skattstofa Norðurlands vestra	-0,3				-0,3
09-206	**Skattstofa Norðurlands eystra**	**3,1**	**-0,2**			**2,9**
206-1.01	Skattstofa Norðurlands eystra	3,1	-0,2			2,9
09-207	**Skattstofa Austurlands**	**1,8**				**1,8**
207-1.01	Skattstofa Austurlands	1,8				1,8

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-208	**Skattstofa Suðurlands**	**-0,8**				**-0,8**
208-1.01	Skattstofa Suðurlands	-0,8				-0,8
09-209	**Skattstofa Vestmannaeyja**	**-1,0**				**-1,0**
209-1.01	Skattstofa Vestmannaeyja	-1,0				-1,0
09-211	**Skattstofa Reykjaness**	**4,5**	**-0,4**			**4,1**
211-1.01	Skattstofa Reykjaness	4,5	-0,4			4,1
09-212	**Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld**	**48,6**			**4,0**	**52,6**
212-1.01	Ýmis sameiginleg útgjöld	4,3	-0,2			4,1
212-1.02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	2,5				2,5
212-1.03	Forúrskurðir í skattamálum	10,7				10,7
212-1.04	Útgáfa úrskurða í skattamálum	11,5				11,5
212-1.05	Gæða- og þjónustumál skattstofa	8,7				8,7
212-1.06	Rekstrarleiga tölvubúnaðar fyrir skattkerfið	-1,8				-1,8
212-1.07	Athugun á virðisaukaskattskerfi	1,7				1,7
212-1.10	Skatteftirlit	11,0				11,0
212-1.15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli		0,2			0,2
212-6.45	Tölvuvæðing útflutningsskýrslna				4,0	4,0
09-214	**Yfirskattanefnd**	**15,1**			**0,3**	**15,4**
214-1.01	Yfirskattanefnd	15,1				15,1
214-6.01	Tæki og búnaður				0,3	0,3
09-215	**Skattrannsóknarstjóri ríkisins**	**-0,6**	**-0,2**		**0,9**	**0,1**
215-1.01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	-0,6	-0,2			-0,8
215-6.01	Tæki og búnaður				0,9	0,9
09-261	**Ríkistollstjóri**	**43,0**	**-0,3**		**-4,5**	**38,2**
261-1.01	Ríkistollstjóri	43,0	-0,3			42,7
261-6.01	Tæki og búnaður				-4,5	-4,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-262	**Tollstjórinn í Reykjavík**	**83,1**	**-2,6**		**-40,3**	**40,2**
262-1.01	Tollstjórinn í Reykjavík	83,1	-2,6			80,5
262-6.01	Tæki og búnaður				-40,3	-40,3
09-402	**Fasteignamat ríkisins**	**104,4**			**-11,4**	**93,0**
402-1.01	Fasteignamat ríkisins	106,1				106,1
402-1.05	Yfirfasteignamatsnefnd	-1,7				-1,7
402-6.01	Tæki og búnaður				-11,4	-11,4
09-901	**Framkvæmdasýslan**	**28,0**				**28,0**
901-1.01	Framkvæmdasýslan	28,0				28,0
09-905	**Ríkiskaup**	**-0,3**	**-1,1**			**-1,4**
905-1.01	Ríkiskaup	-0,3	-1,1			-1,4
09-950	**Rekstrarhagræðing**	**27,1**				**27,1**
950-1.90	Rekstrarhagræðing	27,1				27,1
09-972	**Lánasýsla ríkisins**	**-36,0**				**-36,0**
972-1.01	Lánasýsla ríkisins	-36,0				-36,0
09-980	**Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól**	**34,0**			**-35,1**	**-1,1**
980-1.01	Rekstur húsnæðis	48,1				48,1
980-1.05	Rekstur tölvukerfis	-14,1				-14,1
980-6.21	Húsnæði				-45,6	-45,6
980-6.41	Tölvubúnaður				10,5	10,5
09-981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**				**48,0**	**48,0**
981-6.05	Stjórnarráðsbyggingar				7,8	7,8
981-6.23	Skattstofa Suðurlands				-7,6	-7,6
981-6.60	Sölvhóll				8,1	8,1
981-6.80	Listaskóli				39,7	39,7

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
09-984	**Fasteignir ríkissjóðs**	**471,0**		**-329,9**		**141,1**
984-1.01	Almennur rekstur	471,0				471,0
984-5.21	Fasteignir			-329,9		-329,9
09-990	**Ríkisstjórnarákvarðanir**		**35,7**			**35,7**
990-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar		35,7			35,7
09-995	**Skýrsluvélakostnaður**	**18,9**			**154,6**	**173,5**
995-1.01	Launagreiðslukerfi	24,4				24,4
995-1.02	Tekjubókhaldskerfi	-17,2				-17,2
995-1.03	Skattvinnslukerfi	1,6				1,6
995-1.04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	-12,9				-12,9
995-1.06	Forsendukerfi innheimtugagna	24,4				24,4
995-1.07	Tollakerfi vegna EDI- samskipta	-3,7				-3,7
995-1.09	Fjárlagakerfi	2,3				2,3
995-6.01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi				76,1	76,1
995-6.02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi				45,9	45,9
995-6.03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi				-18,0	-18,0
995-6.04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR				36,3	36,3
995-6.08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal				0,1	0,1
995-6.09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi				14,5	14,5
995-6.90	Tölvukerfi, óskipt				-0,3	-0,3
09-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**				**12,0**	**12,0**
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið				12,0	12,0
09-999	**Ýmislegt**	**115,7**	**51,6**			**167,3**
999-1.09	Rekstrarhagræðing	2,4				2,4
999-1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	13,2				13,2
999-1.12	Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á	-0,7				-0,7
999-1.13	Kjarasamningar	0,3	-0,1			0,2
999-1.17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	9,1				9,1

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
999-1.19	Ýmsar endurgreiðslur	-0,2	9,6			9,4
999-1.20	Endurgreiðslur til sveitarfélaga		30,1			30,1
999-1.45	Ýmsar nefndir	-6,4				-6,4
999-1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	-12,8				-12,8
999-1.70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	98,3	-4,8			93,5
999-1.90	Óviss útgjöld	12,5	16,8			29,3
10 Samgönguráðuneyti		***186,7***	***27,1***	***-107,4***	***978,4***	***1.084,8***
10-101	**Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-4,8**	**-5,4**			**-10,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-4,8	-5,4			-10,2
10-190	**Ýmis verkefni**	**20,9**	**46,9**			**67,8**
190-1.12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	-0,1	2,5			2,4
190-1.14	Tækniþróunarverkefni í Namibíu á sviði flugmála	1,4	20,1			21,5
190-1.16	Landflutningasjóður	0,2	8,0			8,2
190-1.20	Rannsóknanefnd sjóslysa	1,4				1,4
190-1.21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	2,9	-2,3			0,6
190-1.22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	-2,8	11,0			8,2
190-1.23	Slysavarnaskóli sjómanna	10,0	-16,0			-6,0
190-1.24	Tilkynningaskylda íslenskra skipa		-1,0			-1,0
190-1.27	Slysavarnafélag Íslands		-2,8			-2,8
190-1.28	Sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa	-4,5	27,2			22,7
190-1.33	Flugeftirlitsnefnd	0,3				0,3
190-1.34	Flugskóli Íslands	-3,1	3,0			-0,1
190-1.42	Ferðamál og markaðsstarf	5,5	-5,6			-0,1
190-1.43	Heilsárshótel á landsbyggðinni		3,0			3,0
190-1.46	Uppbygging ferðamála í Scoresbysundi	-0,1				-0,1
190-1.63	Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	1,0	-0,2			0,8
190-1.90	Ýmislegt	5,8				5,8
190-1.91	Athugun á öryggi fiskiskipa	3,0				3,0

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-211	**Vegagerðin**	**-27,4**	**-65,4**	**-107,4**	**549,8**	**349,6**
211-1.01	Yfirstjórn	-101,4	-1,4			-102,8
211-1.11	Styrkir til sérleyfishafa	74,0	-64,0			10,0
211-5.05	Þjónusta			-138,8		-138,8
211-5.10	Viðhald			-59,2		-59,2
211-5.52	Þéttbýlisvegir			90,6		90,6
211-6.10	Nýframkvæmdir				384,6	384,6
211-6.21	Landsvegir				-30,3	-30,3
211-6.40	Tilraunir				-10,4	-10,4
211-6.43	Safnvegir				-22,5	-22,5
211-6.45	Styrkvegir				-3,2	-3,2
211-6.47	Reiðvegir				29,5	29,5
211-6.55	Ferjur og flóabátar				202,1	202,1
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	**7,1**	**-2,9**		**332,3**	**336,5**
335-1.01	Yfirstjórn	7,1	-2,9			4,2
335-6.01	Tæki og búnaður				-7,4	-7,4
335-6.60	Vitabyggingar				10,7	10,7
335-6.70	Hafnamannvirki				94,6	94,6
335-6.99	Hafnarframkvæmdir breyting skuldbindinga				234,4	234,4
10-471	**Flugmálastjórn**	**331,7**	**-95,0**			**236,7**
471-1.01	Flugmálastjórn	277,4	-9,7			267,7
471-1.70	Alþjóðaflugþjónusta	155,0	-199,4			-44,4
471-1.81	Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	-100,7	114,1			13,4
10-472	**Flugvellir**	**-82,8**			**96,3**	**13,5**
472-1.01	Rekstur flugvalla	-82,8				-82,8
472-6.80	Flugvellir, framkvæmdir				96,3	96,3
10-481	**Rannsóknanefnd flugslysa**	**-0,2**				**-0,2**
481-1.01	Rannsóknanefnd flugslysa	-0,2				-0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	**84,9**	**0,6**			**85,5**
512-1.01	Póst- og fjarskiptastofnunin	84,9	0,6			85,5
10-651	**Ferðamálaráð**	**-142,7**	**148,3**			**5,6**
651-1.01	Ferðamálaráð	-4,2	3,5			-0,7
651-1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	-11,4	10,2			-1,2
651-1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	15,0	-3,7			11,3
651-1.81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	-142,1	138,3			-3,8
11 Iðnaðarráðuneyti		***238,8***	***-20,3***		***-26,1***	***192,4***
11-101	**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-12,0**	**-0,2**			**-12,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-12,0	-0,2			-12,2
11-102	**Einkaleyfastofan**	**83,6**			**0,5**	**84,1**
102-1.01	Einkaleyfastofan	83,6				83,6
102-6.01	Tæki og búnaður				0,5	0,5
11-201	**Iðntæknistofnun Íslands**	**-20,3**	**-10,0**		**18,8**	**-11,5**
201-1.01	Iðntæknistofnun Íslands	-20,3	-10,0			-30,3
201-6.01	Tæki og búnaður				18,8	18,8
11-203	**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins**	**23,7**	**-4,7**		**-5,7**	**13,3**
203-1.01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	23,7	-4,7			19,0
203-6.01	Tæki og búnaður				-5,7	-5,7
11-240	**Iðnaðarrannsóknir og stóriðja**	**6,8**	**2,9**			**9,7**
240-1.01	Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	2,8	2,9			5,7
240-1.41	Vegalagning vegna álvers á Grundartanga	4,0				4,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	**7,1**	**-0,9**			**6,2**
299-1.19	Staðlaráð	-1,8	18,3			16,5

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
299-1.24	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	-2,8				-2,8
299-1.30	Alþjóðlegt samstarf	8,3	-5,3			3,0
299-1.31	Starf hjá framkvæmdastjórn EB	3,3				3,3
299-1.48	Átak til atvinnusköpunar	-14,2	-12,9			-27,1
299-1.50	Nýsköpun og markaðsmál	14,3	-1,0			13,3
11-301	**Orkustofnun**	**149,5**	**-22,0**		**-39,7**	**87,8**
301-1.01	Yfirstjórn	-267,0	-10,4			-277,4
301-1.02	Orkumálasvið	173,4	-10,8			162,6
301-1.03	Orkurannsóknir	246,4	-0,8			245,6
301-1.04	Sala rannsókna	-3,3				-3,3
301-6.01	Tæki og búnaður				-39,7	-39,7
11-399	**Ýmis orkumál**	**0,4**	**14,6**			**15,0**
399-1.14	Aðstoð við litlar hitaveitur	0,2	-17,5			-17,3
399-1.18	Hitaveitur á köldum svæðum		32,1			32,1
399-1.21	Nýskipan orkumála	0,2				0,2
12 Viðskiptaráðuneyti		***100,6***	***4,8***		***-1,9***	***103,5***
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**-9,6**	**-0,6**			**-10,2**
101-1.01	Yfirstjórn	-9,6	-0,6			-10,2
12-190	**Ýmis verkefni**	**-6,8**	**5,4**			**-1,4**
190-1.10	Neytendasamtökin		-1,7			-1,7
190-1.11	Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir		1,0			1,0
190-1.20	Icepro-nefnd		1,5			1,5
190-1.46	Prófnefndir		-1,4			-1,4
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	-6,8	6,0			-0,8
12-302	**Löggildingarstofa**	**78,6**			**-2,2**	**76,4**
302-1.01	Löggildingarstofa	78,6				78,6

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
302-6.01	Tæki og búnaður				-2,2	-2,2
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**35,5**				**35,5**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	35,5				35,5
12-902	**Samkeppnisstofnun**	**2,9**			**0,3**	**3,2**
902-1.01	Samkeppnisstofnun	2,9				2,9
902-6.01	Tæki og búnaður				0,3	0,3
13 Hagstofa Íslands		***-28,8***	***12,6***		***-1,9***	***-18,1***
13-101	**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**	**-28,8**	**12,6**		**-1,9**	**-18,1**
101-1.01	Yfirstjórn	-53,3	12,6			-40,7
101-1.02	Sérstakar kannanir	9,3				9,3
101-1.50	Þjóðskráin	15,2				15,2
101-6.01	Tæki og búnaður				-1,9	-1,9
14 Umhverfisráðuneyti		***133,3***	***-45,6***	***30,8***	***347,7***	***466,2***
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**0,9**	**-1,2**		**-4,7**	**-5,0**
101-1.01	Yfirstjórn	0,9	-1,2			-0,3
101-6.01	Tæki og búnaður				-4,7	-4,7
14-190	**Ýmis verkefni**	**23,8**	**-12,2**			**11,6**
190-1.22	Stefnumörkun í umhverfismálum	-0,7				-0,7
190-1.23	Ýmis umhverfisverkefni	6,4	-21,7			-15,3
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	5,5	-6,6			-1,1
190-1.35	Umhverfisvöktun	-2,7	11,8			9,1
190-1.39	Mengunarslys	0,3				0,3
190-1.40	Alþjóðastofnanir	1,5	0,9			2,4
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	7,1	5,0			12,1
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	3,7	-3,5			0,2

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190-1.57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	5,6				5,6
190-1.59	Náttúruverndarráð	-2,5	1,9			-0,6
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	-0,4				-0,4
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-1,1**	**-0,3**			**-1,4**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-1,1	-0,3			-1,4
14-205	**Náttúruvernd ríkisins**	**-8,3**	**-1,6**	**8,4**	**-10,3**	**-11,8**
205-1.01	Yfirstjórn	-15,9	-1,4			-17,3
205-1.10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	7,6	-0,2			7,4
205-5.01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði			8,4		8,4
205-6.01	Tæki og búnaður				-25,3	-25,3
205-6.02	Gestastofa í Skaftafelli				15,0	15,0
14-210	**Veiðistjóri**	**9,0**	**-12,8**			**-3,8**
210-1.01	Veiðistjóri	9,0	-12,8			-3,8
14-213	**Hreindýraráð**	**15,1**	**-14,8**			**0,3**
213-1.10	Hreindýraráð	15,1	-14,8			0,3
14-221	**Hollustuvernd ríkisins**	**-21,1**	**-3,0**		**-6,8**	**-30,9**
221-1.01	Hollustuvernd ríkisins	-21,1	-3,0			-24,1
221-6.01	Tæki og búnaður				-6,8	-6,8
14-285	**Spilliefnasjóður**	**-5,8**				**-5,8**
285-1.01	Almennur rekstur	-5,8				-5,8
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-21,6**	**4,6**			**-17,0**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-43,8	4,6			-39,2
301-1.11	Mat á umhverfisáhrifum	12,1				12,1
301-1.12	Skipulag miðhálendis	10,1				10,1
14-310	**Landmælingar Íslands**	**7,3**			**-8,5**	**-1,2**
310-1.01	Landmælingar Íslands	7,3				7,3

Breytingar á fjárveitingum ársins 2000 vegna afgangsheimilda og umframgjalda í árslok 1999

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
310-6.01	Tæki og búnaður				-8,5	-8,5
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**152,2**	**3,9**		**-9,6**	**146,5**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	149,7	-1,0			148,7
321-1.10	Námssjóður	-0,2	4,9			4,7
321-1.20	Brunamálaskóli	2,7				2,7
321-6.01	Tæki og búnaður				-9,6	-9,6
14-381	**Ofanflóðasjóður**				**389,0**	**389,0**
381-6.60	Ofanflóðasjóður				389,0	389,0
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-23,7**	**0,1**	**2,4**		**-21,2**
401-1.01	Yfirstjórn	-0,1	0,9			0,8
401-1.02	Setur í Reykjavík	-21,3	-0,8			-22,1
401-1.03	Setur á Akureyri	-2,3				-2,3
401-5.21	Fasteignir			2,4		2,4
14-403	**Náttúrustofur**	**15,2**	**-8,1**			**7,1**
403-1.10	Náttúrustofa Austurlands	8,4	-5,1			3,3
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-1,2	-3,0			-4,2
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki	7,0				7,0
403-1.15	Náttúrustofa Reykjanesi	1,0				1,0
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**6,8**			**0,1**	**6,9**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	6,8				6,8
407-6.01	Tæki og búnaður				0,1	0,1
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**-15,4**	**-0,2**	**20,0**	**-1,5**	**2,9**
410-1.01	Almenn starfsemi	-15,4	-0,2			-15,6
410-5.20	Viðhald fasteigna			20,0		20,0
410-6.01	Tæki og búnaður				-0,5	-0,5
410-6.11	Bifreiðar				-1,0	-1,0

1084. Frumvarp til laga [668. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldeyri í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldeyri í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að samræmis verði gætt á milli ákvæða laga um alþjóðleg viðskiptafélög annars vegar og laga um bókhald og ársreikninga hins vegar að því er varðar heimildir alþjóðlegra viðskiptafélaga til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldeyri. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingar á áðurnefndum lögum sem gerir fyrirtækjum þetta kleift.

Frumvarp þetta þarfnast ekki frekari útskýringa og vísast til fyrrgreinds frumvarps varðandi efnislega umfjöllun.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Markmiðið með frumvarpinu er að veita alþjóðlegum viðskiptafélögum heimild til að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldeyri í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og nr. 144/1994, um ársreikninga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1085. Frumvarp til laga [669. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun og hávaðamengun tækja sem lögin ná til, svo og áhrif á umhverfi auk annars er varðar rekstur þeirra.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til merkinga og staðlaðra upplýsinga um heimilistæki, bifreiðar og tæki eða búnað til hitunar húsnæðis og upphitunar á vatni sem kveðið er á um í reglugerð.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, skal láta neytendum í té upplýsingar um orkunotkun, orkunýtni, hávaða og annað er varðar rekstur þeirra tækja sem seld eru, leigð, boðin til sölu eða leigu og tilgreindar eru í reglugerð sem sett er á grundvelli laga þessara. Upplýsingar þessar skulu vera á íslensku og þær skal samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð vera að finna á merkimiðum, sérstökum upplýsingablöðum eða veggspjöldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á gildandi lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

11. maí 1994 samþykkti Alþingi lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr 72/1994. Við samningu laganna var höfð til hliðsjónar tilskipun ráðs Evrópubandalagsins frá 22. september 1992 (92/75/EBE) um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum. Tilskipun 92/75/EBE er rammatilskipun en í kjölfar hennar hafa verið settar nokkrar tilskipanir um merkingar og vörulýsingar á einstökum heimilistækjum sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Það eru tilskipun 94/2/EBE um rafknúna kæli- og frystiskápa, tilskipun 95/12/EBE um þvottavélar, tilskipun 95/13/EB um þurrkara, tilskipun 96/60 um sambyggðar þvottavélar og þurrkara, tilskipun 97/17/EB um uppþvottavélar og tilskipun 98/11 um lampa. Á grundvelli heimilda í lögum nr. 72/1994 hefur iðnaðarráðherra innleitt ákvæði þessara tilskipana með setningu reglugerða um einstakar tegundir tækja. Þá var við undirritun EES-samningsins í gildi tilskipun 86/594/EBE um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum og voru ákvæði hennar innleidd með reglugerð nr. 524/1994.

13. desember 1999 samþykktu Evrópuþingið og ráðið tilskipun 1999/94/EB um aðgengi neytenda að upplýsingum um eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun við markaðssetningu nýrra fólksbifreiða. Tilskipunin á að tryggja almenningi aðgengilegar upplýsingar um eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun nýrra fólksbifreiða með auglýsingum og auglýsingaskiltum á sölustöðum bifreiða. Tilskipunin var felld inn í XX. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8 frá 31. janúar 2001. Markmið hennar er að reyna að draga úr eldsneytisnotkun og koltvísýringslosun frá bifreiðum með því að hafa áhrif á val neytenda með upplýsingagjöf. Slíkt er til þess fallið að hvetja neytendur til að velja frekar bifreiðar sem þurfa minna eldsneyti en aðrar og draga þannig úr losun koltvísýrings.

Samkvæmt upplýsingum orkuspárnefndar nam notkun bifreiða og annarra tækja á bensíni og gasolíu u.þ.b. 250 þús. tonnum árið 2000. Meðalnotkun bifreiða á eldsneyti hefur minnkað undanfarna áratugi. Á móti kemur að bifreiðum hefur fjölgað. Í eldsneytisspá orkuspárnefndar 2001–2030 er gert ráð fyrir að orkunýting bifreiða haldi áfram að batna þó að það gerist ekki eins hratt og síðustu tvo áratugi. Orkuspárnefnd miðar við að meðaleldsneytisnotkun bifreiða á ekinn kílómetra minnki um 7% til loka spátímabilsins. Miðað við þessar forsendur verður eldsneytisnotkun bifreiða og tækja 300 þús. tonn árið 2030.

Heildarlosun koltvísýrings (CO_2) vegna innlendrar eldsneytisnotkunar nam tæplega 2.200.000 tonnum árið 2000. Um það bil ⅓ af losun koltvísýrings á Íslandi er vegna samgangna og frá tækjum en langstærstur hluti þessa, eða u.þ.b. 600 þús. tonn, er frá bifreiðum. Samkvæmt eldsneytisspá orkuspárnefndar má gera ráð fyrir að losun frá samgöngum og tækjum aukist um tæplega 20% fram til 2030.

Ákvæðum tilskipunarinnar má skipta í fjóra þætti. Í fyrsta lagi er kveðið á um að aðildarríki skuli sjá til þess að miði um eldsneytiseyðslu og losun CO_2 sé greinilega festur við hverja nýja fólksbifreið á sölustað eða komið fyrir í grennd við hana. Í öðru lagi skulu aðildarríki sjá til þess að í samráði við framleiðendur og í samræmi við kröfur tilskipunarinnar verði að minnsta kosti ár hvert samið yfirlit yfir eldsneytiseyðslu og losun CO_2. Í þriðja lagi skulu aðildarríki sjá til þess að fyrir hverja bifreiðategund verði komið fyrir veggspjöldum með lista yfir þekkta eldsneytiseyðslu og losun CO_2 allra nýrra fólksbifreiða sem eru sýndar eða boðnar til sölu eða leigu á sölustað eða í umboði sölustaðar. Í fjórða lagi er lagt á aðildarríki að sjá til þess að í öllum kynningarritum séu upplýsingar um þekkta eldsneytiseyðslu og losun CO_2 frá þeirri fólksbifreið sem vísað er til.

Gildissvið laga nr. 72/1994 takmarkast við heimilistæki og tæki eða búnað til hitunar húsnæðis og upphitunar á vatni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Þá ná lögin ekki til notaðra tækja eða búnaðar, sbr. 2. mgr. 2. gr. Að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið var talið heppilegast að reglugerðir sem ætlað er að innleiða ákvæði tilskipana um upplýsingagjöf um orkunotkun o.fl. til neytenda byggðust allar á sömu lagastoð. Svo að unnt sé að innleiða ákvæði tilskipunar 1999/94/EB í íslenskan rétt með setningu reglugerðar er hins vegar nauðsynlegt að útvíkka gildissvið laganna. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af danskri og norskri löggjöf um sama efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að upplýsingum um áhrif á umhverfi verði bætt við upptalningu á þeim upplýsingum sem neytendur eiga að hafa greiðan aðgang að. Hér er einkum átt við upplýsingar um losun ýmissa lofttegunda og annað sem hlýst af notkun tækjanna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað með því að láta þau ná til bifreiða auk þeirra tækja sem gildandi lög taka til.

Um 3. gr.

Í 3. gr. laga nr. 72/1994 er kveðið á um að birgðasali skuli láta neytendum í té upplýsingar um orkunotkun, orkunýtni og hávaða tækja og búnaðar sem seld eru, leigð, boðin til sölu eða leigu. Til að taka af öll tvímæli er lagt til að þessu til viðbótar verði kveðið á um að birgðasala sé einnig skylt að láta neytendum í té upplýsingar um annað er snertir notkun þeirra og samræmist tilgangi laganna, sbr. 1. gr. Þá felur breytingin í sér að heimilt er að skylda birgðasala til að setja upp veggspjöld með upplýsingum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Tilgangur með frumvarpinu er að útvíkka gildissvið laga nr. 72/1994 þannig að það nái til bifreiða og innleiði þannig tilskipun nr. 1999/94/EB sem kveður á um að seljendur nýrra bifreiða birti með skýrum hætti eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun þeirra bifreiða sem þeir hafa til sölu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi teljandi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1086. Frumvarp til laga [670. mál]

um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu þeirra á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, skal það skip sem í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hófust aftur frá Íslandi árið 1994 eftir 27 ára hlé. Á því ári veiddu Íslendingar 21 þús. lestir af síld. Árið 1995 gerðu Íslendingar og Færeyingar með sér tvíhliða samkomulag um nýtingu síldarinnar eftir árangurslausar viðræður þessara þjóða við Rússa og Norðmenn. Árið 1996 tókust samningar milli Færeyinga, Norðmanna, Rússa og Íslendinga um nýtingu síldarstofnsins og árið 1997 bættist Evrópusambandið í hóp samningsaðila. Hlutur Íslands á ári úr leyfilegum heildarafla hefur síðan 1995 verið á bilinu 132–233 þús. lestir.

Um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum giltu á árunum 1998–2001 sérstök lög, nr. 38 11. maí 1998, sem féllu úr gildi í lok síðustu síldarvertíðar. Samkvæmt þeim lögum hefur veiðiskipum verið skipt upp í tvo hópa eftir því hvort þau stunduðu veiðar eða ekki á árunum 1995, 1996 eða 1997 og þeim úthlutað sérstöku aflahámarki í síld. Samkvæmt þeim lögum bar að skipta a.m.k. 90% heildarkvótans milli þeirra skipa sem stunduðu veiðar á þeim viðmiðunarárum og skipa sem komu í stað skipa sem stunduðu veiðar þann tíma. Þá bar að skipta allt að 10% kvótans milli þeirra skipa sem ekki höfðu stundað veiðar á viðmiðunarárunum. Þeim kvóta sem þannig kom í hlut hvors skipaflokks var skipt milli einstakra skipa þannig að 60% var skipt jafnt en 40% var skipt á grundvelli burðargetu þeirra. Sú takmörkun var á úthlutun til skipa sem ekki höfðu stundað veiðar á viðmiðunarárunum að aldrei mátti meira magn koma í hlut hvers skips en nam 25% af meðatalsaflahámarki skipa í hinum flokknum. Þau skip sem stunduðu veiðar á viðmiðunarárunum eða komið hafa stað þeirra hafa nýtt sér heimildir til veiða en önnur ekki. Heimildir til framsals aflahámarks voru takmarkaðar á árunum 1998 og 1999 og miðuðust við veiði skipsins á fyrri síldarvertíðum en tvær síðustu vertíðir var framsalsheimild skipa sem höfðu stundað veiðar á viðmiðunarárunum rýmkuð verulega.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, er fjallað um hvernig standa skuli að úthlutun aflahlutdeildar til einstakra skipa þegar ákvörðun er tekin um að takmarka heildarafla úr stofni sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands. Samkvæmt þessari grein skal hlutdeild hvers skips ákveðin á grundvelli veiðireynslu þess miðað við þrjú bestu veiðitímabil þess á undangengnum sex veiðitímabilum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að vikið verði frá úthlutunarreglu 2. mgr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands með tvennum hætti. Í fyrsta lagi verði aflareynslan alveg frá upphafi síldveiða á árinu 1994 látin ráða aflahlutdeildinni og í öðru lagi verði kveðið með skýrum hætti á um það að hafi skip komið í stað skips þá flytjist aflareynslan jafnframt á milli skipanna. Ástæða þess að lagt er til að miðað verði við veiðar frá upphafi við úthlutun aflahlutdeildar er sú að hluta tímabilsins hefur stjórn veiðanna verið með þeim hætti að skipum hefur verið úthlutað ákveðnu aflahámarki sem hefur verið framseljanlegt, að minnsta kosti að hluta. Framsal aflaheimilda hefur því haft mikil áhrif á aflareynslu skipanna og þar af leiðandi aflahlutdeild þeirra. Með því að miða við veiðar öll árin í stað þriggja þeirra bestu er í raun komið í veg fyrir að sama skipið geti notið fullrar aflareynslu en hafi jafnframt haft áhrif á aflareynslu annarra skipa með framsali. Að aflareynsla flytjist milli skip er í raun í samræmi við þá framkvæmd er tíðkast hefur við sambærilegar úthlutanir veiðiheimilda en ástæða þykir til að kveða með skýrum hætti á um það hér.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða á um úthlutunarreglur úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Frumvarpið er ekki talið hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

1087. Fyrirspurn [671. mál]

til utanríkisráðherra um þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver er fjöldi starfsmanna þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins?
2. Hver er menntun starfsmanna þýðingamiðstöðvarinnar?
3. Starfa einhverjir hjá þýðingamiðstöðinni í fjarvinnslu? Ef ekki, eru áform um að ráða fólk til fjarvinnslustarfa hjá þýðingamiðstöðinni?

1088. Frumvarp til laga [672. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 133/1993, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda með sama hætti um útlendinga sem falla undir stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. málsl. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæði II. og III. bálks I. hluta fylgiskjalsins skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

III. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

5. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis" í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

6. gr.

l. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

7. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

8. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaraskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

9. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

11. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 17. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingu.

12. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 116/1993, orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í.

13. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Breyting á ljósmæðralögum nr. 67/1984, með síðari breytingu.

14. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

15. gr.

Á eftir orðunum „utan EES-svæðisins“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993:

a. Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. kemur: og í Sviss.
b. Á eftir orðunum „aðra en ríkisborgara frá EES-landi“ í 3. málsl. kemur: og frá Sviss.

18. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

19. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

21. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

22. gr.

3. mgr. 40. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í ríki sem samningur hefur verið gerður við um almannatryggingar, sbr. og 64. og 54. gr., og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt ákvæðum samningsins.

23. gr.

2. málsl. 66. gr. laganna orðast svo: Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum.

24. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 108/2000:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.
b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

26. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 108/2000, kemur: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

27. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmdastjórnar EB“ í síðari málslið 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

28. gr.

Á eftir 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 108/2000, kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um lyfjamál með aðlögun vegna EES-samningsins og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.

29. gr.

Við fyrri málslið 4. tölul. 3. gr. laganna bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IV. KAFLI
Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1997, bætist: svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu í öðru aðildarríki stofnsamningsins.

31. gr.

6. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun.

32. gr.

Á eftir orðunum „á EES-svæðinu“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

V. KAFLI
Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

33. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 62/1993, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eru með sama hætti undanþegnir skilyrði um heimilisfesti.

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 62/1993 og 24. gr. laga nr. 23/1991, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur.

35. gr.

2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þó er stjórnarmaður sem er ríkisborgari aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettur í einhverju þessara ríkja undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

VI. KAFLI

Utanríkisráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

36. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VII. KAFLI

Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

37. gr.

3. málsl. 2. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 46/1996 og 4. gr. laga nr. 12/1993:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.
b. 2. mgr. orðast svo: Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettir eru í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra sérlaga.

39. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1996, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar um er að ræða fjárfestingu frá aðila aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal gætt ákvæða 40. og 41. gr. í stofnsamningnum.

Breyting á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 11. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

41. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 103/1992, um umboðssöluviðskipti.

42. gr.

Á eftir orðunum „utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 21. gr. kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

43. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 21/1996, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríkjum stofnsamningsins.

44. gr.

Við 2. mgr. 38. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 17/1994, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

45. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

46. gr.

Á eftir 2. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

1. og 2. mgr. gilda einnig um svissneskar lánastofnanir, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til lánastofnana með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

47. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., sem orðast svo: Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í Sviss sem hafa fengið starfsleyfi þar, sbr. 64. og 65. gr.

48. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

49. gr.

2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.

50. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta stofnsett útibú hér á landi með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

51. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta veitt þjónustu án starfsstöðvar hérlendis með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

52. gr.

4. málsl. 1. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.
b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

54. gr.

Á eftir 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

55. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

56. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

57. gr.

Við 2. tölul. 118. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.
b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

59. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

60. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

61. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997, kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

62. gr.

2. málsl. 2. tölul. 144. gr. laganna orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingu.

63. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

65. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

66. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. tölul. 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í b-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

67. gr.

Á eftir 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1998, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

68. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

69. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

70. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

71. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 38. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

72. gr.

Við 1. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir

í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

73. gr.

Við 83. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

74. gr.

Við 84. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þessi grein gildir einnig um svissneska viðskiptabanka og sparisjóði, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

75. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingu.

76. gr.

Á eftir orðunum „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 84/1998:

a. Við 2. tölul. bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. tölul. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

78. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

79. gr.

Við 2. málsl. 3. gr. laganna bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

80. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þrátt fyrir að aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) hafi fækkað á undanförnum árum og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) hafi tekið við hlutverki EFTA-samningsins (Stokkhólmssamningsins) sem mikilvægasti samningurinn um samskipti EES/EFTA-ríkjanna þriggja, Íslands Noregs og Liechtenstein, hefur stofnsamningur EFTA, Stokkhólmssamningurinn frá 1960, gegnt mikilvægu hlutverki. Í fyrsta lagi hefur hann haldið gildi sínu í samskiptum Íslands, Noregs og Liechtenstein annars vegar við Sviss hins vegar og í öðru lagi hefur samningurinn öðlast meira vægi á undanförnum árum vegna aukinnar áherslu á gerð fríverslunarsamninga EFTA-ríkja við þriðju ríki.

Efnisákvæði Stokkhólmssamningsins stóðu óbreytt í rúm fjörutíu ár. Samningurinn er barn síns tíma þegar ríki í Evrópu tóku fyrstu skref til afnáms haftastefnu í viðskiptum sín á milli. Samningurinn náði fyrst og fremst til vöruviðskipta. Í samningnum voru engin ákvæði um m.a. hugverkarétt, þjónustuviðskipti, fjármagnsflutninga, samkeppnisreglur og ákvæðin um vöruviðskipti voru ófullnægjandi. Hann uppfyllti því engan veginn þær kröfur sem gerðar eru til nútímafríverslunarsamninga, þar á meðal þeirra sem EFTA-ríkin hafa gert við þriðju ríki. Þannig ganga fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Mexíkó og Eistland, svo að dæmi séu tekin, lengra en Stokkhólmssamningurinn varðandi viðskipti ríkjanna innbyrðis.

Eitt mikilvægasta hlutverk EFTA í dag er að vinna að gerð fríverslunarsamninga við þriðju ríki og sjá um framkvæmd þeirra. Á því sviði hefur Stokkhólmssamningurinn reynst EFTA-ríkjunum vera byrði fremur en ávinningur sökum úreltra ákvæða hans. Í samningum þar sem reynt hefur á nútímalegri ákvæði fríverslunarsamninga, svo sem ákvæði er varða þjónustuviðskipti eða hugverkaréttindi, hafa viðsemjendur spurst fyrir um þær reglur sem gilda milli EFTA-ríkjanna. Þess eru dæmi að samningar hafi torveldast þegar í ljós hefur komið að slík ákvæði gildi ekki milli EFTA-ríkjanna innbyrðis.

Af þessum ástæðum m.a. var nauðsyn að ráðast í gerð nýs stofnsamnings EFTA og var hann undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001, Vaduz-samningurinn. Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda hann. Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er gerð nákvæm grein fyrir tilurð og aðdraganda endurskoðunar á Stokkhólmssamningnum sem og efnisákvæðum hins nýja stofnsamnings.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna þeirra breytinga sem gera þarf á innlendri löggjöf vegna Vaduz-samningsins. Lýtur frumvarpið að þeim atriðum innlendrar löggjafar sem fjalla um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar. Eigi er talin ástæða til þess að skýra einstakar greinar þess nánar heldur vísað til tillögunnar til þingsályktunar sem áður er getið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Tilgangur frumvarpsins er að breyta ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Breytingarnar ganga út á að veita ríkisborgurum EFTA-ríkjanna sama rétt og ríkisborgarar EES/EFTA-ríkjanna hafa nú þegar á grundvelli EES-samningsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1089. Frumvarp til laga [673. mál]

um jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til almennra notenda.

2. gr.
Stjórnsýsla.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Hann getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

3. gr.
Gjaldskrársvæði.

Gjaldskrársvæði er svæði þar sem sama gjaldskrá gildir fyrir dreifingu raforku samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli raforkulaga.

4. gr.
Skilyrði fyrir lækkun kostnaðar.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til að lækka kostnað almennra notenda vegna flutnings og dreifingar raforku skal hann greiddur niður á þeim gjaldskrársvæðum þar sem meðalkostnaður notenda í kr./kWst er umfram viðmiðunarmörk sem iðnaðarráðherra setur í reglugerð. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum skal skipt hlutfallslega niður á gjaldskrársvæði miðað við kostnað umfram þessi mörk.

5. gr.
Fjármögnun.

Afla skal fjár til að lækka kostnað almennra notenda vegna flutnings og dreifingar með því að leggja sérstakt gjald á hverja kWst raforku sem fer um dreifikerfið og þann hluta flutningskerfis landsins sem er utan meginflutningskerfisins. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki greiða gjaldið af afhentri raforku sem fer til endanlegra nota frá dreifikerfi eða frá flutningskerfinu utan meginflutningskerfisins og nemur gjaldið 19 aurum á kWst. Uppgjörstímabil og gjalddagar eru hinir sömu og fyrir virðisaukaskatt. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða til ríkissjóðs gjald það sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum.

6. gr.
Framkvæmd.

Dreifiveita sem starfar á gjaldskrársvæði þar sem lækka á kostnað vegna flutnings og dreifingar skal fá greitt framlag í samræmi við innsendar upplýsingar um rekstur og þau viðmiðunarmörk sem ákvörðuð eru, sbr. 4. gr. Dreifiveita skal ákvarða gjaldskrár óháð framlaginu og lækkar gjaldið síðan út frá reiknuðu framlagi fyrir alla notendur á gjaldskrársvæðinu. Notendur skulu fá upplýsingar um hve mikið framlagið lækkar gjaldskrána í kr./kWst að meðaltali.

7. gr.
Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Dreifiveitum og flutningsfyrirtæki ber að veita Orkustofnun sundurgreindar upplýsingar um kostnað vegna flutnings og dreifingar á gjaldskrársvæði þegar stofnunin fer fram á slíkt.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við eftirlit samkvæmt lögum þessum og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður við eftirlit Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til að lækka kostnað við flutning og dreifingu raforku til notenda.

8. gr.
Úrræði Orkustofnunar.

Ef Orkustofnun telur að lækkun gjaldskrár á gjaldskrársvæði dreifiveitu hafi á síðasta ári verið minni en nemur framlagi til lækkunar kostnaðar við flutning og dreifingu raforku getur stofnunin krafist þess að frávikið framreiknað með byggingarvísitölu komi til lækkunar gjaldskrár á næsta ári.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra raforkulaga. Markmið laganna er að stuðla að jöfnuði kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til almennra nota.

Kostnaður við flutning og dreifingu raforku til landsmanna er mismikill og á sumum svæðum er hann svo mikill að erfitt er fyrir notendur að standa undir honum. Þessi svæði eru að mestu leyti á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins en þó einnig hjá Orkubúi Vestfjarða. Þetta hefur valdið verulegum erfiðleikum í rekstri Rafmagnsveitna ríkisins undanfarin ár. Sú ábyrgð hvílir á fyrirtækinu að veita íbúum og fyrirtækjum strjálbýlli svæða sömu þjónustu og íbúum í þéttbýli. Margar framkvæmdir fyrirtækisins standast ekki eðlilegar arðsemiskröfur, en fyrirtækinu er eigi að síður skylt að ráðast í þær. Óarðbær framkvæmda-, rekstrar- og þjónustuverkefni, sem nauðsynlegt er að ráðast í til að fullnægja þjónustuskyldu, afhendingaröryggi og þjónustugæðum á strjálbýlum svæðum hafa oft verið kölluð *félagslegur þáttur* í starfsemi fyrirtækisins. Talið hefur verið nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi raforkuafhendingu til slíkra svæða þrátt fyrir takmarkaða notkun, m.a. vegna byggðasjónarmiða. Á undanförnum árum hafa verið gerðar athuganir á því hve mikill þessi kostnaður hefur verið hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þessar athuganir leiða í ljós að árlegur hallarekstur miðað við eðlilegar arðsemiskröfur í dreifikerfi fyrirtækisins nemur um 300–400 millj. kr. og að auki um 100 millj. kr. í flutningskerfi fyrirtækisins. Þennan halla hafa notendur á veitusvæði fyrirtækisins þurft að bera að hluta til í hærri gjaldskrá, en ekki dugað til. Því hefur ríkið þurft að styrkja frá upphafi rekstur dreifiveitna í strjálbýli og hefur á undanförnum áratugum veitt fjármunum til félagslegra framkvæmda og reksturs í raforkukerfinu. Á árunum 1966–1986 var lagt verðjöfnunargjald á raforkusölu til almennra nota sem síðan rann til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Á þessum tuttugu árum voru á þennan hátt greiddir um 15 milljarðar kr. á verðlagi 1999 til verðjöfnunar sem kostuð var af öllum almennum raforkunotendum. Þegar verðjöfnunargjaldið var lagt af árið 1986 gáfu stjórnvöld út þá yfirlýsingu að þeim fyrirtækjum sem höfðu notið gjaldsins yrði bættur tekjumissirinn að fullu og var það meginástæða þess að ríkissjóður yfirtók að hluta skuldir þessara fyrirtækja, á árunum 1987 og 1989, en sú lausn hefur þó ekki nægt til að fyrirtækin stæðu jafnvel að vígi og áður. Hér er um að ræða samtals um 9,7 milljarða króna lækkun á skuldum fyrirtækjanna á verðlagi 1999. Einnig ber að nefna að á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða gildir sama gjaldskrá og íbúar þéttbýlissvæða þar hafa því í raun greitt í nokkrum mæli niður kostnað við dreifingu raforku á strjálbýlustu og óhagkvæmustu veitusvæðum þessara fyrirtækja. Þessum aðferðum til jöfnunar verður ekki beitt í nýju raforkulagaumhverfi þar sem miðað er við að gjaldtaka verði sem mest í samræmi við raunkostnað en félagslegum kostnaði verði haldið utan við gjaldskrá vegna flutnings og dreifingar.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði í febrúar 2001 sérstakan starfshóp til að meta kostnað af óarðbærum einingum í aðveitu- og dreifikerfi landsins og koma með tillögur um hvernig beri að mæta þeim kostnaði í breyttu skipulagi á raforkumarkaði svo að allir landsmenn taki sem jafnastan þátt í honum. Nefndin lauk störfum 9. maí 2001 og skilaði skýrslu til ráðherra með tillögum um þennan þátt. Þar er lagt til að framlag til þessara aðgerða verði allt að 500 millj. kr. á ári þannig að heildarumfang þeirra verði svipað og á undanförnum árum. Efri mörkin taka mið af því að krafa sé gerð um 6% arð af eigin fé dreifiveitnanna. Nefndin lagði til að aflað yrði fjár til þessara jöfnunaraðgerða annaðhvort með fjármagni af almennu skattfé eða lagt yrði á sérstakt gjald á almenna notkun raforku. Í frumvarpinu er miðað við að fjárins verði aflað með sérstöku gjaldi á raforku, sem fer um dreifiveitur og þann hluta flutningskerfisins sem er utan meginflutningskerfisins. Ýmsir möguleikar eru á því að innheimta slíkt gjald í raforkukerfinu. Starfshópur iðnaðarráðherra lagði til, eins og áður segir, að gjald yrði lagt á raforkuframleiðslu, enda er það á margan hátt auðvelt í framkvæmd. Áætla þyrfti þá skiptingu flutningstapa niður á stóriðju og almenna notkun sem er ókostur. Sú leið sem hér er farin leggur gjaldið á þann kerfishluta þar sem jafna á kostnaði

og nær því til alls dreifikerfisins og flutningskerfisins utan meginflutningskerfisins. Sama gjaldskrá gildir alls staðar í meginflutningskerfinu og því nær þessi jöfnun ekki til þess þáttar.

Samkvæmt frumvarpinu ber dreifiveitum að skila rekstrarlegum gögnum og upplýsingum varðandi einstök gjaldskrársvæði til Orkustofnunar. Jöfnun kostnaðar við aðveitu- og dreifikerfi miðast við hvert gjaldskrársvæði dreifiveitu. Þannig geta sum svæði einnar og sömu dreifiveitu fengið greitt jöfnunargjald en önnur svæði þar sem dreifingarkostnaður er innan viðmiðunarmarka fengju ekki jöfnunargjald. Jöfnunargjald fer eftir því hver raunkostnaður við rekstur gjaldskrársvæðisins hefur verið í samræmi við þau tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett fyrir hvert gjaldskrársvæði í samræmi við ákvæði í 17. gr. frumvarps til raforkulaga sem lagt er fram á Alþingi samhliða frumvarpi þessu. Dreifiveitu ber að tilgreina á reikningi sínum til notenda hver raunkostnaður við rekstur aðveitu/dreifiveitu er á hverja kílówattstund og einnig þá lækkun er þeir fá í samræmi við það jöfnunarframlag sem hér er lagt til. Ekki er gert ráð fyrir því að gjaldtaka fyrir flutning og dreifingu sé breytileg eftir því til hvers orkan er notuð eins og nú er. Í dag er t.d. kostnaður við dreifingu raforku til húshitunar víðast hvar í lágmarki í gjaldskrám veitufyrirtækja og stendur vart undir rekstrarkostnaði. Í nýju raforkuumhverfi verður dreifikostnaður raforku óháður því til hvers hún er notuð og innan hvers gjaldskrársvæðis munu allir notendur njóta jafnræðis varðandi kostnað við flutning og dreifingu.

Í samræmi við frumvarp til raforkulaga mun Orkustofnun sjá um eftirlit með flutningi og dreifingu raforku. Því þykir eðlilegt að stofnuninni verði falið að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga. Ber henni í störfum sínum að fara eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Þær upplýsingar sem Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu munu liggja fyrir hjá stofnuninni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt greininni er markmið frumvarpsins að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til almennra notenda. Með almennum notendum er átt við alla raforkunotendur landsins að undanskildum stóriðjunotendum. Allur raforkuflutningur til stóriðju fer aðeins um meginflutningskerfið og sú notkun nær því ekki til annars hluta flutningskerfisins eða dreifikerfis landsins sem efni þessa frumvarps fjallar um.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Með gjaldskrársvæði er átt við landsvæði þar sem sama gjaldskrá gildir fyrir flutning og dreifingu raforku í samræmi við frumvarp til raforkulaga.

Um 4. gr.

Rekstur raforkudreifingar á að standa undir sér alls staðar á landinu og ef það kallar á að gjaldskrá dreifiveitu verði það há á ákveðnu svæði að það geti valdið búseturöskun er talið rétt að greiða niður dreifingarkostnað með framlagi ríkisins til viðkomandi veitu. Þessar aðgerðir ná einungis til þeirra gjaldskrársvæða þar sem kostnaður við dreifingu er mestur. Setur iðnaðarráðherra í reglugerð viðmiðunarmörk sem þar skal miða við.

Einungis skal litið til kostnaðar við flutning og dreifingu á forgangsorku. Framlag ræðst síðan af þeirri fjárhæð sem lögð er til þessa þáttar í fjárlögum.

Um 5. gr.

Framlag til lækkunar kostnaðar vegna flutnings og dreifingar raforku skal fjármagnað með gjaldi á flutning utan meginflutningskerfisins eða dreifingu raforku. Í meginflutningskerfinu gildir sama gjaldskrá í öllum afhendingarstöðum og til að stuðla að jöfnuði í öðrum hlutum flutningskerfisins og dreifingu er gjald lagt á það kerfi sem jöfnunin á að ná til. Gjaldstofninn er afhent orka frá þessu kerfi og nær bæði til forgangsorku og ótryggðrar orku. Miðað er við að uppgjörstímabil sé það sama og fyrir virðisaukaskatt, þ.e. uppgjör verði á tveggja mánaða fresti.

Um 6. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að Orkustofnun verði falið eftirlit með framkvæmd laganna. Mun það einkum felast í skráningu upplýsinga um kostnað við flutning og dreifingu raforku og með því að fylgjast með því að framlag skili sér að fullu til lækkunar gjaldskrár á einstökum gjaldskrársvæðum. Augljóslega verður Orkustofnun að leita eftir upplýsingum frá dreifiveitunum við framkvæmd eftirlitsins og er lögð sú skylda á dreifiveiturnar að þær afhendi stofnuninni slík gögn.

Orkustofnun þarf árlega að meta kostnað sinn við eftirlitið og ef ráðherra samþykkir þá áætlun er kostnaðurinn tekinn af því fé sem samþykkt er í fjárlögum til þessa þáttar.

Um 7. gr.

Ef framlag til lækkunar kostnaðar við flutning og dreifingu skilar sér ekki til notenda að mati Orkustofnunar getur hún krafist þess að það sem á vantaði komi fram á næsta ári og að upphæðin verði þá framreiknuð með byggingarvísitölu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um jöfnum kostnaðar við flutning og dreifingu raforku.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til almennra notenda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lagt verði 19 aura gjald á hverja kWst sem fer um dreifikerfið og þann hluta flutningskerfis landsins sem er utan meginflutningskerfisins. Áætlað er að gjaldið skili um 500 m.kr. í ríkissjóð en sömu fjárhæð verður varið til jöfnunar á kostnaði við flutning og dreifingu raforku vegna óarðbærra rekstrareininga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum aukast tekjur og gjöld ríkissjóðs sem nemur hækkun á raforkuverði er af verðjöfnunargjaldinu leiðir. Talið er að gjaldið muni hækka meðalverð til almennings um 19 aura fyrir hverja kWst eða sem svarar til um 3% hækkunar á raforkuverði. Mun sú hækkun leiða af sér um 20 m.kr. hækkun á kostnaði ríkisins vegna raforkukaupa ríkisfyrirtækja í A-hluta ríkissjóðs.

1090. Frumvarp til laga [674. mál]

um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 49. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Um leyfi til að virkja fallvatn fer samkvæmt raforkulögum.

2. gr.

2. mgr. 50. gr. og 54.–67. gr. laganna falla brott.

II. KAFLI

Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

3. gr.

II. og IV. kafli laganna falla brott.

4. gr.

1. mgr. 61. gr. laganna orðast svo:

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það hlutverk, annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki, að stunda starfsemi á orkusviði.

5. gr.

62.–67. gr. og 3. tölul. 68. gr. laganna falla brott.

6. gr.

79. gr. laganna orðast svo:

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og gjaldskrám settum samkvæmt þeim má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu hitaorku ef ekki er staðið í skilum á greiðslu á settum gjalddaga.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 60 4. júní 1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

7. gr.

4.–7. mgr. 2. gr. og 3. og 6. gr. laganna falla brott.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

8. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

9. gr.

3. gr., 4. mgr. 6. gr., 7. gr., 13. og 18. gr. laganna falla brott.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 10 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja.

10. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

11. gr.

10. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 40 30. maí 2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða.

12. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Orkubús Vestfjarða hf., að ákveða að rekstur einstakra orkumannvirkja skuli vera undanþeginn einkarétti félagsins, svo sem bygging og rekstur jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna með kyndistöðvum innan þeirra sveitarfélaga sem þess óska.

13. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 139 21. desember 2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

14. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Gjaldskrár fyrir sölu á heitu vatni öðlast eigi gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af iðnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. janúar 2003.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga sem felast í frumvarpi til raforkulaga en það er lagt fram samhliða þessu frumvarpi. Nauðsynlegt þykir að gera breytingar á vatnalögum, nr. 15/1923, orkulögum, nr. 58/1967, lögum um raforkuver, nr. 60/1981, lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983,

lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, og lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur.

Um starfsemi Landsvirkjunar er fjallað í lögum um Landsvirkjun, reglugerð sem sett er á grundvelli þeirra, nr. 259/1997, og sameignarsamningi eigenda frá 27. febrúar 1981, með síðari breytingum. Lagðar eru til lágmarksbreytingar á lögum um Landsvirkjun svo að starfsemi fyrirtækisins samræmist þeim breytingum á skipan raforkumála sem fram koma í frumvarpi til raforkulaga. Í framhaldinu verður nauðsynlegt að breyta framangreindri reglugerð um Landsvirkjun. Í frumvarpi til raforkulaga er m.a. lagt til að skapaðar verði forsendur til samkeppni í vinnslu og sölu raforku og orkufyrirtækjum gert skylt að halda aðgreindum reikningum fyrir samkeppnisstarfsemi annars vegar og einokunarstarfsemi hins vegar. Er því gert ráð fyrir að öllum skyldum verði aflétt af Landsvirkjun og forréttindi fyrirtækisins falli niður. Með sama hætti eru lagðar til breytingar á hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins svo að það samræmist áðurgreindum breytingum á skipan raforkumála og lögum um Hitaveitu Suðurnesja hf. og Orkubú Vestfjarða hf.

Í tengslum við breytingar á fyrirkomulagi raforkumála er stefnt að því að breyta skattalöggjöf svo að öll raforkufyrirtæki standi jafnfætis gagnvart skattalöggjöf. Þar sem breytingar á skattalöggjöf koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2003 er nauðsynlegt að núgildandi ákvæði sérlaga um skatta haldi gildi sínu.

Ekki eru gerðar breytingar á I. kafla orkulaga, er m.a. fjallar um hlutverk Orkustofnunar, þar sem starfandi er nefnd á vegum iðnaðarráðherra sem er ætlað að fjalla um hlutverk Orkustofnunar, m.a. í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga. Í kjölfar þeirrar vinnu kunna að verða gerðar lagabreytingar í þessu sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 2. og 3. mgr. 49. gr. vatnalaga í ljósi þess að lagt er til í frumvarpi til raforkulaga að þar verði kveðið á um leyfi til að virkja fallvötn.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að þau ákvæði vatnalaga sem fjalla um atriði sem mælt er fyrir um í frumvarpi til raforkulaga, svo sem eignarnám vegna vinnslu raforku, dreifingu og flutning, gjaldtöku og fleira.

Um 3. gr.

Lagt er til að II og IV. kafli laganna falli brott þar sem um vinnslu og dreifingu raforku er kveðið í frumvarpi til raforkulaga.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 61. gr. orkulaga er kveðið á um hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins. Í greininni er gert ráð fyrir að Rafmagnsveiturnar stundi bæði starfsemi sem samkvæmt frumvarpi til raforkulaga telst samkeppnisstarfsemi og einokunarstarfsemi. Er í 6. gr. þessa frumvarps lagt til að hlutverkið breytist svo það samræmist þeim tillögum sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að 62.–67. gr. orkulaga falli brott en þar er kveðið á um atriði sem lagt er til að verði breytt með frumvarpi til raforkulaga, svo sem gjaldskrá, rétt til að reisa ný raforkuver og fleira. Þá er lagt til að 3. tölul. 68. gr. falli brott.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að lögtaksheimild 79. gr. orkulaga vegna rafmagnsgjalda falli brott svo og heimild til að stöðva afhendingu rafmagns.

Um 7. gr.

Í 1. gr. og 1.–3 mgr. 2. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, er mælt fyrir um tilteknar virkjanir og framkvæmdir tengdar þeim sem tilgreindum aðilum er heimilt að ráðast í. Flestar þær virkjanaheimildir sem þar eru taldar hafa þegar verið nýttar en aðrar gilda áfram. Þykir ekki ástæða til að fella þessar heimildir úr gildi þó að í bráðabirgðaákvæði II við frumvarp til raforkulaga komi fram að þær heimildir sem veittar hafa verið fyrir gildistöku laganna haldi gildi sínu. Þær almennu heimildir sem fram koma í 2. gr. laga um raforkuver þykir þó rétt að fella úr gildi þar sem um virkjanaleyfi er fjallað í frumvarpi til raforkulaga. Í frumvarpi til laga um raforkuver er kveðið á um sjónarmið sem leggja má til grundvallar við veitingu virkjanaleyfa og verður því að fella brott 3. gr. laga um raforkuver um röð virkjanaframkvæmda. Að lokum er í 6. gr. eignarnámsheimild sem fella verður brott enda er gert ráð fyrir eignarnámsheimild í frumvarpi til raforkulaga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um Landsvirkjun er m.a. kveðið á um að Landsvirkjun skuli flytja raforku og selja m.a. til iðjufyrirtækja að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka sölu. Í frumvarpi til raforkulaga er gerð sú krafa að það fyrirtæki sem annast flutning taki ekki þátt í neinni annarri starfsemi en nauðsynleg er til að það geti rækt skyldur sínar. Tilgangur Landsvirkjunar getur því ekki verið bæði að flytja og selja raforku. Þá er í 2. mgr. 2. gr. laga um Landsvirkjun mælt fyrir um að Landsvirkjun megi ekki taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði. Nú er gert ráð fyrir að öll forréttindi Landsvirkjunar verði felld niður og á Landsvirkjun því að geta tekið þátt í samkeppni á þessu sviði. Í þessari grein frumvarpsins eru lagðar til nauðsynlegar breytingar vegna ofangreindra atriða.

Um 9. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um Landsvirkjun sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um orkusvæði, sbr. 3. gr. laga um Landsvirkjun, forgöngu um virkjanir, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna, leyfi ráðherra til byggingar mannvirkja, sbr. 7. gr. laganna, gjaldskrá og samrekstrarsamninga, sbr. 13. gr. laganna og eignarnám, sbr. 18. gr. laganna.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að iðnaðarráðherra veiti Hitaveitu Suðurnesja hf. einkaleyfi til starfrækslu rafveitu. Almenn ákvæði um slíkar leyfisveitingar er að finna í frumvarpi til raforkulaga.

Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja hf. sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 10. gr. laganna.

Um 12. gr.

Með breytingu þeirri sem lögð er til í þessari grein frumvarpsins er lagt til að felld verði brott heimild iðnaðarráðherra til að undanþiggja rekstur mannvirkja til raforkudreifingar einkarétti Orkubús Vestfjarða hf. Almenn ákvæði um einkaleyfi til raforkudreifingar er að finna í frumvarpi til raforkulaga.

Um 13. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða hf. sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 8. gr. laganna.

Um 14. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lagt til að ákvæði laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur sem ekki samrýmast frumvarpi til raforkulaga eða óeðlilegt er að standi áfram í breyttu fyrirkomulagi raforkumála falli brott. Þannig þykir ekki eðlilegt að kveða á um gjaldskrá, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar í stað en komi til framkvæmda á sama tíma og gert er ráð fyrir að raforkulög komi til framkvæmda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til nokkrar breytingar á lögum á orkusviði sem eru nauðsynlegar vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpi til raforkulaga og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

1091. Tillaga til þingsályktunar [675. mál]

um aðild að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995. Samþykktin er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samþykktin var gerð á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) sem haldin var í Lundúnum dagana 26. júní til 7. júlí 1995 og tóku 74 ríki þátt í ráðstefnunni. Samþykktin, sem oftast er nefnd STCW-F samþykktin, hefur að geyma ákvæði um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða meira. Samþykktin er fyrsta tilraunin sem gerð er á alþjóðavettvangi til þess að samræma bindandi lágmarksviðmiðanir um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa. Samþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki fullgilda, staðfesta eða samþykkja hana eða gerast aðilar að henni. Hinn 28. febrúar 2002 höfðu tvö ríki fullgilt samþykktina, Danmörk og Rússland. IMO áformar að gera sérstakt átak til að fá aðildarríki sín til að fullgilda samþykktina.

Í I. kafla samþykktarinnar er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum auk ákvæða um gildissvið, tilhögun eftirlits, miðlun upplýsinga, útgáfu skírteina, áritanir skírteina, lagaskil, undanþágur og lágmarkskröfur.

Í II. kafla eru ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra og yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum, þar með talið um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði eru um námskrá sem skal vera undirstaða prófs til tiltekinna atvinnuréttinda skipstjórnarmanna.

Í II. kafla eru jafnframt ákvæði um lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og 2. vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri, þar með talið ákvæði um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði er jafnframt að finna um námskrá sem skal vera undirstaða prófs til tiltekinna atvinnuréttinda yfirvélstjóra og 2. vélstjóra.

Í 6. reglu í II. kafla eru ákvæði um lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi fjarskiptamanns um borð í fiskiskipum, þar með talið um viðeigandi skírteini, aldur, heilbrigði, siglingatíma, nám og próf. Ítarleg ákvæði eru um námskrá sem skal vera undirstaða prófs til að gegna stöðu fjarskiptamanns um borð í fiskiskipi.

Í 7. og 8. reglu í II. kafla eru ákvæði um lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun skipstjóra, yfirmanna siglingavakta, vélstjóra og fjarskiptamanns.

Í III. kafla eru ákvæði um grunnmenntun og þjálfun áhafnar fiskiskips.

Í IV. kafla samþykktarinnar eru ákvæði um grundvallaratriði sem fylgja ber við siglingavakt um borð í fiskiskipum.

Í viðbæti við samþykktina er að finna ýmis form skírteina, m.a. form fyrir alþjóðlegt skírteini til starfa á fiskiskipi gefin út til ríkisborgara útgáfuríkis og áritun sem staðfestir viðurkenningu á skírteini erlends ríkisborgara.

Hinn 5. júní 2000 skipaði samgönguráðherra nefnd með fulltrúum hagsmunaaðila í sjávarútvegi og siglingum sem var falið að gera tillögur til ráðuneytisins um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa. Nefndin skilaði áliti sínu 8. nóvember 2000 með bréfi formanns nefndarinnar til samgönguráðherra. Í því fólust tillögur um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa, ásamt tillögu um að Ísland gerðist aðili að samþykktinni. Á grundvelli tillagna nefndarinnar lagði samgönguráðherra á 126. löggjafarþingi fram frumvarp til laga um áhafnir íslenskra skipa þar sem m.a. voru gerðar tillögur um lagabreytingar vegna aðildar Íslands að samþykktinni. Utanríkisráðherra lagði á sama þingi fram tillögu til þingsályktunar um aðild að samþykktinni. Vegna kjaradeilu sjómanna á fiskiskipum varð 2001 ákvað samgönguráðherra að fresta þeim hluta frumvarpsins sem fjallaði um fiskiskip, en hluti frumvarpsins varð að lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Í ljósi þessa var þingsályktunartillaga utanríkisráðherra ekki afgreidd á því löggjafarþingi.

Samgönguráðherra hefur nú á 127. löggjafarþingi lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/2001 sem hefur að geyma þann hluta frumvarpsins frá 126. löggjafarþingi sem frestað var og fjallaði um fiskiskip. Frumvarpið byggist á því að Ísland gerist aðili að samþykktinni og taka ákvæði frumvarpsins mið af ákvæðum hennar. Tillaga til þingsályktunar um aðild að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa er því lögð fram að nýju.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

AÐILAR AÐ SAMÞYKKT ÞESSARI,

VEITA ATHYGLI alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (hér eftir nefnd „alþjóðasamþykktin frá 1978"),

ÆSKJA þess að tryggja frekar öryggi mannslífa og eigna á sjó og verndun náttúrlegs umhverfis sjávar með því að samþykkja, með almennu samkomulagi, alþjóðlegar viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa,

TELJA að þessu markmiði verði best náð með gerð alþjóðasamþykktar um viðmiðanir fyrir menntun og

INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

THE PARTIES TO THIS CONVENTION,

NOTING the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978 (hereinafter referred to as the "1978 STCW Convention"),

DESIRING to further promote safety of life and property at sea and the protection of the marine environment by establishing in common agreement international standards of training, certification and watchkeeping for personnel employed on board fishing vessels,

CONSIDERING that this end may be best achieved by the conclusion of an International Convention on

þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, hér eftir nefnd „samþykktin“,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skyldur.

1. Aðilar skuldbinda sig til þess að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd og viðaukans við hana sem er óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar. Allar vísanir til samþykktarinnar eru jafnframt vísanir til viðaukans.

2. Aðilar skuldbinda sig til þess að birta öll lög, úrskurði, fyrirmæli og reglur og gera allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að samþykktin komi til framkvæmda í einu og öllu í því skyni að tryggja, með hliðsjón af öryggi mannslífa og eigna á sjó og verndun náttúrlegs umhverfis sjávar, að áhafnir fiskiskipa, sem sigla á opnu hafi, séu hæfar til að sinna skyldum sínum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samþykkt þessari gilda eftirfarandi skilgreiningar, nema annað sé tekið fram sérstaklega:

1. *Aðili,* ríki þar sem samþykktin hefur öðlast gildi.
2. *Stjórnvöld,* ríkisstjórn aðila sem heimilar að skip sigli undir fána hans.
3. *Skírteini,* gilt skjal, hvaða nafni sem það nefnist, gefið út eða viðurkennt í samræmi við ákvæði samþykktarinnar, sem heimilar þeim, sem það gildir fyrir, að vinna þau störf sem eru tilgreind í skjalinu eða eru heimiluð samkvæmt reglum viðkomandi lands.
4. *Skírteinishafi,* réttmætur handhafi skírteinis.
5. *Stofnunin,* Alþjóðasiglingamálastofnunin.
6. *Aðalframkvæmdastjóri,* aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar.
7. *Fiskiskip* eða *skip,* hvert það skip sem er notað í atvinnuskyni til fiskveiða eða til þess að veiða aðrar lifandi auðlindir hafsins.
8. *Fiskiskip sem siglir á opnu hafi,* fiskiskip annað en það sem siglir eingöngu á innri vatnaleiðum eða á svæðum innan eða í námunda við hafsvæði sem eru í skjóli lands eða á svæðum þar sem hafnarreglur gilda.

Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, hereinafter referred to as "the Convention",

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1
General obligations

1 The Parties undertake to give effect to the provisions of the Convention and the Annex thereto, which shall constitute an integral part of the Convention. Every reference to the Convention constitutes at the same time a reference to the Annex hereto.

2 The Parties undertake to promulgate all laws, decrees, orders and regulations and to take all other steps which may be necessary to give the Convention full and complete effect, so as to ensure that, from the point of view of safety of life and property at sea and the protection of the marine environment, seagoing fishing vessel personnel are qualified and fit for their duties.

ARTICLE 2
Definitions

For the purpose of the Convention, unless expressly provided otherwise:

.1 "Party" means a State for which the Convention has entered into force.

.2 "Administration" means the Government of the Party whose flag the vessel is entitled to fly.

.3 "Certificate" means a valid document, by whatever name it may be known, issued or recognized in accordance with the provisions of the Convention, authorizing the holder to serve as stated in this document or as authorized by national regulations.

.4 "Certificated" means properly holding a certificate.

.5 "Organization" means the International Maritime Organization.

.6 "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

.7 "Fishing vessel" or "vessel" means any vessel used commercially for catching fish or other living resources of the sea.

.8 "Seagoing fishing vessel" means a fishing vessel other than those which navigate exclusively in inland waters or in waters within, or closely adjacent to, sheltered waters or areas where port regulations apply.

3. gr.
Gildissvið.

Samþykktin gildir um áhafnir fiskiskipa sem sigla á opnu hafi og heimild er fyrir að sigli undir fána aðila.

4. gr.
Miðlun upplýsinga.

Hver aðili skal senda aðalframkvæmdastjóranum eftirfarandi upplýsingar:

1. skýrslu um ráðstafanir sem hann hefur gert til þess að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd í einu og öllu, þar með talið sýnishorn af skírteinum sem eru gefin út samkvæmt samþykktinni; og
2. aðrar upplýsingar sem kunna að vera tilgreindar eða kveðið er á um í reglu I/5.

5. gr.
Aðrir samningar og túlkun.

1. Allir fyrri sáttmálar, samþykktir og samkomulag um menntun og þjálfun, réttindi og vaktstöður áhafna fiskiskipa, sem eru í gildi milli aðila, skulu gilda áfram í einu og öllu út umsaminn tíma að því er varðar:

1. áhafnir fiskiskipa sem ákvæði samþykktar þessarar gilda ekki um; og
2. áhafnir fiskiskipa, sem ákvæði samþykktar þessarar gilda um, að því er varðar málefni sem ekki er kveðið á um sérstaklega í samþykkt þessari.

2. Aðilar skulu, að því marki sem slíkir sáttmálar, samþykktir eða samkomulag samræmist ekki ákvæðum samþykktarinnar, engu að síður endurskoða skuldbindingar sínar samkvæmt fyrrnefndum sáttmálum, samþykktum og samkomulagi í því skyni að tryggja að ekki sé um ósamræmi að ræða mili fyrrnefndra skuldbindinga og kvaða sem eru lagðar á þá samkvæmt samþykktinni.

3. Öll atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í samþykkt þessari skulu áfram háð löggjöf aðila.

6. gr.
Réttindi.

Gefa skal út skírteini til áhafna fiskiskipa í samræmi við ákvæði viðaukans við samþykkt þessa.

7. gr.
Innlend ákvæði.

1. Hver aðili skal samþykkja aðferðir og málsmeðferð við óvilhalla rannsókn þegar tilkynnt er um vanhæfni, athöfn eða vanrækslu handhafa skírteina eða áritana, sem sá aðili gefur út, í tengslum við þau

ARTICLE 3
Application

The Convention shall apply to personnel serving on board seagoing fishing vessels entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 4
Communication of information

Each Party shall communicate to the Secretary-General the following information:

.1 a report on the measures it has taken to give full and complete effect to the provisions of the Convention, including a specimen of certificates issued in compliance with the Convention; and

.2 other information which may be specified or provided for in regulation I/5.

ARTICLE 5
Other treaties and interpretation

1 All prior treaties, conventions and arrangements relating to standards of training, certification and watchkeeping for fishing vessel personnel in force between the Parties, shall continue to have full and complete effect during the terms thereof as regards:

.1 fishing vessel personnel to whom this Convention does not apply; and
.2 fishing vessel personnel to whom this Convention applies, in respect of matters for which it has not expressly provided.

2 To the extent, however, that such treaties, conventions or arrangements conflict with the provisions of the Convention, the Parties shall review their commitments under such treaties, conventions and arrangements with a view to ensuring that there is no conflict between these commitments and their obligations under the Convention.

3 All matters which are not expressly provided for in the Convention remain subject to the legislation of Parties.

ARTICLE 6
Certification

Fishing vessel personnel shall be certificated in accordance with the provisions of the Annex to this Convention.

ARTICLE 7
National provisions

1 Each Party shall establish processes and procedures for the impartial investigation of any reported incompetency, act or omission, that may pose a direct threat to safety of life or property at sea or to the

skyldustörf, sem kveðið er á um í skírteinum þeirra, sem kann, með beinum hætti, að ógna öryggi mannslífa eða eigna á sjó eða umhverfi sjávar og aðferðir og málsmeðferð við afturköllun, tímabundna sviptingu og ógildingu slíkra skírteina af fyrrgreindum ástæðum og til að koma í veg fyrir svik.

2. Hver aðili skal mæla fyrir um refsingar eða viðurlög vegna tilvika þegar ákvæðum innlendra laga hans til framkvæmdar samþykkt þessari er ekki fylgt með tilliti til skipa, sem heimild er fyrir að sigli undir fána hans, eða til áhafna fiskiskipa sem hafa skírteini gefin út með viðeigandi hætti af þeim aðila.

3. Einkum skal mæla fyrir um slíkar refsingar eða viðurlög og beita þeim í tilvikum þegar:

1. eigandi, umboðsmaður eiganda eða skipstjóri hefur ráðið mann til starfa sem er ekki handhafi skírteinis eins og krafist er samkvæmt samþykkt þessari;
2. skipstjóri hefur leyft að maður, sem er ekki handhafi tilskilins skírteinis eða undanþágu, gegni hlutverki eða skyldu, í hvaða stöðu sem er, sem reglur þessar krefjast að maður, sem er handhafi tilskilins skírteinis, gegni; eða
3. maður hefur, með svikum eða fölsuðum skjölum, fengið starf þar sem hann gegnir hlutverki eða skyldu, í hvaða stöðu sem er, sem reglur þessar krefjast að maður, sem er handhafi skírteinis eða undanþágu, gegni eða uppfylli.

4. Aðili, sem hefur lögsögu þar sem eigandi, umboðsmaður eiganda eða hver sá maður, sem full ástæða er til að ætla að sé ábyrgur fyrir eða sé kunnugt um allt það sem er augljóslega í ósamræmi við samþykktina og er tilgreint í 3. mgr., hefur höfuðstöðvar sínar, skal bjóðast til þess að eiga alla þá samvinnu, sem hugsast getur, við hvern þann aðila sem tilkynnir honum um þau áform sín að hefja málsmeðferð innan lögsögu sinnar.

8. gr.
Eftirlit.

1. Þegar fiskiskip eru í höfn annars aðila eru þau háð eftirliti starfsmanna sem sá aðili hefur veitt fullt umboð til að sannreyna hvort allir, sem starfa um borð og skulu vera skírteinishafar samkvæmt samþykkt þessari, séu það eða hafi viðeigandi undanþágu.

2. Þegar ágalli, sem um getur í 3. mgr. reglu I/4, að því marki sem hann stofnar mönnum, eignum eða umhverfi í hættu, er ekki lagfærður, skal aðilinn, sem framkvæmir eftirlitið, gera ráðstafanir til þess að tryggja að viðkomandi skip sigli ekki, nema og fyrr en þessum kröfum er fullnægt að því marki að fyrrnefndri hættu sé afstýrt. Tilkynna ber aðalframmarine environment, by the holders of certificates or endorsements issued by that Party in connection with their performance of duties related to their certificates and for the withdrawal, suspension and cancellation of such certificates for such cause and for the prevention of fraud.

2 Each Party shall prescribe penalties or disciplinary measures for cases in which the provisions of its national legislation giving effect to this Convention are not complied with in respect of vessels entitled to fly its flag or of fishing vessel personnel duly certificated by that Party.

3 In particular, such penalties or disciplinary measures shall be prescribed and enforced in cases in which:

.1 an owner, owner's agent or skipper has engaged a person not holding a certificate as required by this Convention;

.2 a skipper has allowed any function or service in any capacity required by these regulations to be performed by a person holding an appropriate certificate to be performed by a person not holding an appropriate certificate or dispensation; or

.3 a person has obtained by fraud or forged documents an engagement to perform any function or serve in any capacity required by these regulations to be performed or filled by a person holding a certificate or dispensation.

4 A Party within whose jurisdiction there is based an owner or owner's agent or any person who is believed on clear grounds to have been responsible for, or to have knowledge of, any apparent non-compliance with the Convention specified in paragraph 3, shall extend all co-operation possible to any Party which advises it of its intention to initiate proceedings under its jurisdiction.

ARTICLE 8
Control

1 Fishing vessels, while in the port of another Party, are subject to control by officers duly authorized by that Party to verify that all persons serving on board who are required to be certificated by this Convention are so certificated or hold an appropriate dispensation.

2 In the event of failure to correct any deficiency referred to in paragraph 3 of regulation I/4 in so far as it poses a danger to persons, property or the environment, the Party carrying out the control shall take steps to ensure that the vessel will not sail unless and until these requirements are met to the extent that the danger has been removed. The facts concerning the

kvæmdastjóranum og stjórnvöldum um þau málsatvik sem leiddu til þeirra aðgerða sem var gripið til.

3. Við framkvæmd eftirlits skal:

1. forðast í lengstu lög að halda skipi eða tefja það með óréttmætum hætti. Fyrir að halda skipi eða tefja það með óréttmætum hætti skulu koma bætur ef tap verður eða tjón hlýst af; og

2. nærgætni, sem áhöfnum erlendra fiskiskipa er sýnd, ekki vera minni en sýnd er áhöfnum skipa sem sigla undir fána hafnarríkisins.

4. Beita ber ákvæðum þessarar greinar eins og nauðsyn krefur til þess að tryggja að skip, sem heimild er fyrir að sigli undir fána ríkis, sem er ekki aðili að samþykkt þessari, hljóti ekki hagstæðari meðferð en skip sem siglir undir fána aðila.

9. gr.

Efling samvinnu tæknilegs eðlis.

1. Aðilar að samþykkt þessari skulu, að höfðu samráði við og með aðstoð stofnunarinnar, hvetja til stuðnings við þau ríki sem óska eftir tæknilegri aðstoð við:

1. að mennta og þjálfa starfsmenn sem sinna stjórnunar- og tæknistörfum;
2. að setja á stofn mennta- og þjálfunarstofnanir fyrir áhafnir fiskiskipa;
3. að útvega tæki og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir;
4. að semja viðhlítandi námsskrár sem ná yfir verklega þjálfun á fiskiskipum sem sigla á opnu hafi; og
5. að auðvelda aðrar ráðstafanir og fyrirkomulag í því skyni að auka hæfni áhafna fiskiskipa,

helst á innlendum eða svæðisbundnum vettvangi eða vettvangi innan svæða, í því augnamiði að nálgast markmið og tilgang samþykktarinnar, að teknu tilliti til sérþarfa þróunarlandanna í þessu efni.

2. Fyrir sitt leyti skal stofnunin leitast við að ná framangreindum markmiðum, eftir því sem við á, í samráði eða samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, einkum Alþjóðavinnumálastofnunina og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

Breytingar.

1. Heimilt er að gera breytingar á samþykktinni samkvæmt annarri þeirra aðferðum sem eru tilgreindar í þessari grein.

2. Breytingar eftir umfjöllun innan stofnunarinnar:

action taken shall be reported promptly to the Secretary-General and to the Administration.

3 When exercising control:

.1 all possible efforts shall be made to avoid a vessel being unduly detained or delayed. If a vessel is unduly detained or delayed, it shall be entitled to compensation for any loss or damage resulting therefrom; and

.2 the discretion allowed in the case of the personnel of foreign fishing vessels shall not be less than that afforded to the personnel of vessels flying the flag of the port State.

4 This article shall be applied as may be necessary to ensure that no more favourable treatment is given to a vessel entitled to fly the flag of a non-Party than is given to a vessel entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 9

Promotion of technical co-operation

1 Parties to the Convention shall promote, in consultation with and with the assistance of the Organization, support for those States which request technical assistance for the:

.1 training of administrative and technical personnel;

.2 establishment of institutions for training of fishing vessel personnel;

.3 supply of equipment and facilities for training institutions;

.4 development of adequate training programmes, including practical training on seagoing fishing vessels; and

.5 facilitation of other measures and arrangements to enhance the qualifications of fishing vessel personnel,

preferably on a national, sub-regional or regional basis, to further the aims and purposes of the Convention, taking into account the special needs of developing countries in this regard.

2 On its part, the Organization shall pursue the aforesaid efforts, as appropriate, in consultation or association with other international organizations, particularly the International Labour Organization and the Food and Agriculture Organization of the United Nations.

ARTICLE 10

Amendments

1 The Convention may be amended by either of the procedures specified in this article.

2 Amendments after consideration within the Organization:

1. Senda ber aðalframkvæmdastjóranum allar breytingatillögur aðila sem dreifir þeim til allra aðila að stofnuninni, allra aðila og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en sex mánuðum áður en þær eru teknar til umfjöllunar.

2. Öllum breytingartillögum, sem eru lagðar fram og dreift sem að ofan greinir, skal beint til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til umfjöllunar.
3. Aðilar, hvort sem þeir eru aðilar að stofnuninni eða ekki, skulu hafa rétt til þess að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndarinnar við umfjöllun og samþykkt breytingartillagna.
4. Breytingartillögur skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila, sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í siglingaöryggisnefndinni, víkkaðri eins og kveðið er á um í málsgrein 2.3 (hér eftir nefnd „víkkuð siglingaöryggisnefnd"), að því tilskildu að að minnsta kosti þriðjungur aðila sé viðstaddur þegar atkvæði eru greidd.
5. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingar sem eru samþykktar samkvæmt málsgrein 2.4.
6. Líta ber svo á að breyting hafi verið staðfest þann dag þegar tveir þriðju aðilanna hafa staðfest hana.
7. Líta ber svo á að breyting á viðaukanum eða á viðbætinum við hann hafi verið staðfest:

   7.1. þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi er hún var samþykkt; eða
   7.2. við lok annars tímabils, sem skal ekki vera styttra en eitt ár, ef ákvörðun þess efnis er tekin þegar hún er samþykkt af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í víkkaðri siglingaöryggisnefnd.

   Líta ber svo á að breytingin hafi ekki hlotið staðfestingu ef meira en þriðjungur aðilanna tilkynnir aðalframkvæmdastjóranum, innan tilgreinds frests, að þeir séu henni mótfallnir.
8. Breyting á grein skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum, sem hafa staðfest hana, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa hlotið staðfestingu og gagnvart hverjum aðila, sem staðfestir hana eftir þann dag, sex mánuðum eftir þann dag er sá aðili staðfestir hana.

9. Breyting á viðaukanum og á viðbætinum við viðaukann skal öðlast gildi gagnvart öllum aðilum, öðrum en þeim sem hafa andmælt breytingunni samkvæmt málsgrein 2.7 og hafa ekki dregið

.1 Any amendment proposed by a Party shall be submitted to the Secretary-General, who shall then circulate it to all Members of the Organization, to all the Parties and to the Director-General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, at least six months prior to its consideration.
.2 Any amendment proposed and circulated as above shall be referred to the Maritime Safety Committee of the Organization for consideration.

.3 Parties whether or not Members of the Organization shall be entitled to participate in the proceedings of the Maritime Safety Committee for the consideration and adoption of amendments.
.4 Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the Maritime Safety Committee, expanded as provided for in paragraph 2.3 (hereinafter referred to as "the expanded Maritime Safety Committee"), on condition that at least one-third of the Parties shall be present at the time of voting.
.5 Amendments adopted in accordance with paragraph 2.4 shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties.
.6 An amendment to an article shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two-thirds of the Parties.
.7 An amendment to the Annex or to an appendix to the Annex shall be deemed to have been accepted:
   .7.1 at the end of two years from the date of adoption; or
   .7.2 at the end of a different period, which shall not be less than one year, if so determined at the time of its adoption by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee.

   If, within the specified period, more than one-third of the Parties notify the Secretary-General that they object to the amendment, it shall be deemed not to have been accepted.
.8 An amendment to an article shall enter into force, with respect to those Parties which have accepted it, six months after the date on which it is deemed to have been accepted, and with respect to each Party which accepts it after that date, six months after the date of that Party's acceptance.

.9 An amendment to the Annex and to an appendix to the Annex shall enter into force with respect to all Parties, except those which have objected to the amendment under paragraph 2.7 and which

andmæli sín til baka, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa hlotið staðfestingu. Engu að síður getur hver aðili tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum, fyrir ákveðinn gildistökudag, að hann undanskilji sig því að láta breytinguna koma til framkvæmda, þó ekki lengur en eitt ár frá því að hún öðlast gildi, nema lengri frestur sé ákveðinn af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í víkkaðri siglingaöryggisnefnd þegar breytingatillagan er samþykkt.

3. Breyting gerð á ráðstefnu:

1. Að ósk aðila sem nýtur stuðnings að minnsta kosti þriðjungs aðila skal stofnunin, í samvinnu eða samráði við aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hvorn um sig, boða til ráðstefnu aðila til þess að fjalla um breytingar á samþykkt þessari.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum hverja þá breytingu til staðfestingar sem er samþykkt á fyrrnefndri ráðstefnu af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
3. Ákveði ráðstefnan ekki annað telst breyting hafa hlotið staðfestingu og skal öðlast gildi í samræmi við málsmeðferðina, sem er tilgreind í málsgreinum 2.6 og 2.8 eða 2.7 og 2.9, hverri um sig, þó með því skilyrði að litið sé svo á að vísanir í fyrrnefndum málsgreinum til víkkaðrar siglingaöryggisnefndar séu vísanir til ráðstefnunnar.

4. Hverja yfirlýsingu um staðfestingu á, eða andmæli gegn, breytingu eða tilkynningu samkvæmt málsgrein 2.9 skal senda aðalframkvæmdastjóranum skriflega sem skal tilkynna öllum aðilum um hverja slíka sendingu og þann dag sem henni var veitt viðtaka.

5. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um allar breytingar sem öðlast gildi og hvaða dag hver slík breyting öðlast gildi.

have not withdrawn such objections, six months after the date on which it is deemed to have been accepted. However, before the date set for entry into force any Party may give notice to the Secretary-General that it exempts itself from giving effect to that amendment for a period not longer than one year from the date of its entry into force, or for such longer period as may be determined by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee at the time of the adoption of the amendment.

3 Amendment by a Conference:

.1 Upon the request of a Party concurred with by at least one-third of the Parties, the Organization shall convene, in association or consultation with the Director-General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, a Conference of the Parties to consider amendments to the present Convention.
.2 Every amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of the Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties for acceptance.

.3 Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraphs 2.6 and 2.8 or 2.7 and 2.9 respectively, provided that references in those paragraphs to the expanded Maritime Safety Committee shall be taken to mean references to the Conference.

4 Any declaration of acceptance of, or objection to, an amendment or any notice given under paragraph 2.9 shall be submitted in writing to the Secretary-General, who shall inform all Parties of any such submission and the date of its receipt.

5 The Secretary-General shall inform all the Parties of any amendments which enter into force, together with the date on which each such amendment enters into force.

11. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samþykktin skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar frá 1. janúar 1996 til 30. september 1996 og skal eftir það vera opin til aðildar. Ríki geta gerst aðilar að samþykktinni með því að:

1. undirrita hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða

ARTICLE 11
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1 The Convention shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 January 1996 until 30 September 1996 and shall thereafter remain open for accession. States may become Parties to the Convention by:

.1 signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

2. undirrita hana með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki sem síðar verði fullgilt, staðfest eða samþykkt; eða
3. gerast aðili að henni.

2. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal öðlast gildi þegar skjölum þar að lútandi er komið í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

12. gr.
Gildistaka.

1. Samþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að að minnsta kosti 15 ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða hafa afhent tilskilin skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar eða aðild að henni til vörslu í samræmi við 11. gr.

2. Gagnvart ríkjum, sem hafa afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu með tilliti til samþykktarinnar eftir að kröfum um gildistöku hennar hefur verið fullnægt en áður en hún öðlast gildi, skal fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi sama dag og samþykktin öðlast gildi, eða þremur mánuðum eftir að skjalið er afhent til vörslu, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.

3. Gagnvart ríkjum, sem hafa afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eftir að samþykktin hefur öðlast gildi, skal samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að skjalið er afhent til vörslu.

4. Eftir daginn, sem litið er svo á að breyting á samþykktinni hafi verið staðfest samkvæmt 10. gr., skal hvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu, gilda um samþykktina með áorðnum breytingum.

13. gr.
Uppsögn.

1. Hverjum aðila er heimilt að segja samþykktinni upp hvenær sem er að fimm árum liðnum frá þeim degi þegar samþykktin öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðila.

2. Uppsögn kemur til framkvæmda með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

3. Uppsögn skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsögn viðtöku eða síðar eins og kann að vera tilgreint í tilkynningunni.

14. gr.
Vörsluaðili.

1. Afhenda skal samþykktina aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar til vörslu (hér eftir nefndur „vörsluaðili").

.2 signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptanceor approval; or
.3 accession.

2 Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

ARTICLE 12
Entry into force

1 The Convention shall enter into force 12 months after the date on which not less than 15 States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance, or approval, or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article 11.

2 For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the Convention after the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of the Convention or three months after the date of deposit of the instrument, whichever is the later date.

3 For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention entered into force, the Convention shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.

4 After the date on which an amendment to the Convention is deemed to have been accepted under article 10, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the Convention as amended.

ARTICLE 13
Denunciation

1 The Convention may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which the Convention enters into force for that Party.

2 Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General.

3 A denunciation shall take effect 12 months after receipt of the denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

ARTICLE 14
Depositary

1 The Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as "the depositary").

2. Vörsluaðili skal:

1. tilkynna ríkisstjórnum allra ríkja, sem hafa undirritað samþykktina eða gerst aðilar að henni, um:
   1.1. hverja nýja undirskrift eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu og viðeigandi dagsetningu,
   1.2. daginn þegar samþykktin öðlast gildi,
   1.3. afhendingu hvers skjals um uppsögn samþykktarinnar til vörslu og hvenær því var veitt móttaka og hvenær uppsögnin öðlast gildi; og
2. senda ríkisstjórnum allra ríkja, sem hafa undirritað samþykkt þessa eða gerst aðilar að henni, staðfest rétt afrit af samþykktinni.

3. Strax og samþykktin öðlast gildi skal vörsluaðili senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af henni til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

15. gr.
Tungumál.

Samþykktin er gerð í einu frumriti í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykktina.

GJÖRT Í LUNDÚNUM 7. júlí 1995.

2 The depositary shall:

.1 inform the Governments of all States which have signed the Convention or acceded theretoof:
   .1.1 each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;
   .1.2 the date of entry into force of the Convention;
   .1.3 the deposit of any instrument of denunciation of the Convention, together with the date on which it was received and the date on which the denunciation takes effect; and
.2 transmit certified true copies of the Convention to the Governments of all States which have signed the present Convention or acceded thereto.

3 As soon as the Convention enters into force a certified true copy thereof shall be transmitted by the depositary to the Secretary-General of the United Nations, for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 15
Languages

The Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the Convention.

DONE AT LONDON, this seventh day of July, one thousand nine hundred and ninety five.

VIÐAUKI

I. KAFLI
Almenn ákvæði.
1. regla
Skilgreiningar.

Í þessum viðauka gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. *Reglur,* reglur sem viðaukinn við samþykktina hefur að geyma.
2. *Samþykktur,* samþykktur af aðila í samræmi við reglurnar.
3. *Skipstjóri,* sá sem fer með æðsta vald á fiskiskipi.
4. *Yfirmaður,* skipverji, annar en skipstjórinn, sem er tilgreindur sem slíkur samkvæmt landslögum

ANNEX

CHAPTER I
GENERAL PROVISIONS
Regulation 1
Definitions

For the purpose of this Annex the following definitions apply.

1 "Regulations" means regulations contained in the Annex to the Convention.
2 "Approved" means approved by the Party in accordance with the regulations.
3 "Skipper" means the person having command of a fishing vessel.
4 "Officer" means a member of the crew, other than the skipper, designated as such by national

eða innlendum reglum eða, ef ekki er um slíka tilgreiningu að ræða, samkvæmt almennu samkomulagi eða venju.

5. *Yfirmaður siglingavaktar,* yfirmaður sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/2 eða II/4 í samþykkt þessari.
6. *Vélstjóri,* yfirmaður sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/5 í samþykkt þessari.
7. *Yfirvélstjóri,* æðsti vélstjóri sem ber ábyrgð á vélum, sem knýja skipið, og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.
8. *Annar vélstjóri,* sá vélstjóri sem er næst settur yfirvélstjóra og ber, í forföllum yfirvélstjóra, ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.
9. *Fjarskiptamaður,* sá sem hefur tilskilið skírteini sem stjórnvöld gefa út eða viðurkenna samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.
10. *Alþjóðafjarskiptareglurnar,* alþjóðafjarskiptareglurnar, sem eru viðauki við, eða taldar viðauki við, nýjasta alþjóðafjarskiptasamninginn sem er í gildi á hverjum tíma.
11. *Alþjóðasamþykktin frá 1978,* Alþjóðasamþykktin um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 með áorðnum breytingum.
12. *Torremólínos-bókunin frá 1993,* Torremólínos-bókunin frá 1993 sem tengist Torremólínos-alþjóðasamningnum um öryggi fiskiskipa frá 1977.
13. *Vélarafl,* heildarhámark samfellds útafls allra aðalvéla skipsins mælt í kílówöttum sem kemur fram í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
14. *Takmarkað hafsvæði,* hafsvæði í nágrenni við aðila, eins og stjórnvöld hans skilgreina það, þar sem talið er að visst öryggi sé til staðar sem gerir kleift að gera minni kröfur um hæfni og réttindi skipstjóra og yfirmanna á fiskiskipum en þegar um er að ræða störf sem eru unnin utan skilgreindra marka. Þegar ákveða á takmörk fyrrnefnds hafsvæðis skulu stjórnvöld hafa til hliðsjónar viðmiðunarreglur sem stofnunin semur.
15. *Ótakmarkað hafsvæði,* hafsvæði utan takmarkaðs hafsvæðis.
16. *Lengdin (L),* 96% af mestu lengd í vatnslínu við

law or regulations or, in the absence of such designation, by collective agreement or custom.

5 "Officer in charge of a navigational watch" means an officer qualified in accordance with regulation II/2 or II/4 of this Convention.

6 "Engineer officer" means an officer qualified in accordance with regulation II/5 of this Convention.

7 "Chief engineer officer" means the senior engineer officer responsible for the mechanical propulsion and operation and maintenance of mechanical and electrical installations of the vessel.

8 "Second engineer officer" means the engineer officer next in rank to the chief engineer officer and upon whom the responsibility for the mechanical propulsion and the operation and maintenance of the mechanical and electrical installations of the vessel will fall in the event of the incapacity of the chief engineer officer.

9 "Radio operator" means a person holding an appropriate certificate issued or recognized by an Administration under the provisions of the Radio Regulations.

10 "Radio Regulations" means the Radio Regulations annexed to, or regarded as being annexed to, the most recent International Telecommunication Convention which may be in force at any time.

11 "1978 STCW Convention" means the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978, as amended.

12 "1993 Torremolinos Protocol" means the Torremolinos Protocol of 1993 relating to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977.

13 "Propulsion power" means the total maximum continuous rated output power in kilowatts of all the vessel's main propulsion machinery which appears on the vessel's certificate of registry or other official document.

14 "Limited waters" means those waters in the vicinity of a Party as defined by its Administration within which a degree of safety is considered to exist which enables the standards of qualification and certification for skippers and officers of fishing vessels to be set at a lower level than for service outside the defined limits. In determining the extent of limited waters the Administration shall take into consideration the guidelines developed by the Organization.

15 "Unlimited waters" means waters beyond limited waters.

16 "Length" (L) shall be taken as 96 per cent of the

85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónlínu), eða lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef sú lengd er meiri. Í skipum, sem eru hönnuð með kjölhalla, skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínu.

17. *Mótaða dýptin,* lóðrétta fjarlægðin sem er mæld frá kjöllínunni (spónfarslínunni) að efri brún á þilfarsbita aðalþilfarsins út við síðu.

2. regla
Gildissvið.

Stjórnvöld aðila geta ákveðið, telji þau vanhugsað eða óraunhæft að uppfylla allar kröfur reglna II/3, II/4 og II/5 og kröfur um að áhafnir fiskiskipa, sem eru undir 45 metrum á lengd, einungis gerð út frá heimahöfn aðilans og eru á veiðum innan takmarkaðs hafsvæðis hans, noti ensku, hverjar þessara reglna skuli ekki gilda um áhafnir slíkra skipa, að hluta til eða að öllu leyti, án þess að vikið sé frá meginreglum samþykktarinnar um öryggi. Í slíku tilviki skulu viðkomandi stjórnvöld tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um einstaka þætti þeirra ráðstafana sem þau hafa gert með tilliti til menntunar og þjálfunar og réttinda áhafna slíkra skipa.

3. regla
Skírteini og áritanir.

1. Skírteini fyrir áhafnir fiskiskipa skal því aðeins gefa út að kröfum um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun, þjálfun, hæfni og próf sé fullnægt í samræmi við þessar reglur.

2. Skírteini, sem aðili gefur út í samræmi við 1. mgr., skal áritað af þeim aðila sem vottar útgáfu skírteinisins í þeirri mynd sem er mælt fyrir um í 1. eða 2. viðbæti.

3. Skírteini og áritanir skulu gefin út á opinbera tungumáli eða tungumálum þess lands sem gefur þau út. Ef tungumálið, sem er notað, er annað en enska skal textinn innifela þýðingu yfir á það tungumál.

4. Ef um er að ræða fjarskiptamenn geta aðilar:

1. fellt þá viðbótarþekkingu, sem er krafist samkvæmt reglu II/6, inn í próf til útgáfu skírteinis samkvæmt alþjóðafjarskiptareglunum; eða

2. gefið út sérstakt skírteini sem gefur til kynna að handhafi þess hafi þá viðbótarþekkingu sem er krafist samkvæmt reglu II/6.

5. Stjórnvöld, sem hafa viðurkennt skírteini, sem annar aðili gefur út eða heimilar að sé gefið út í samræmi við 7. reglu, skulu gefa út áritun til að votta að skírteinið hafi verið viðurkennt í þeirri mynd sem mælt er fyrir um í 3. viðbæti.

total length on a waterline at 85 per cent of the least moulded depth measured from the keel line, or as the length from the foreside of the stem to the axis of the rudder stock on that waterline, if that be greater. In vessels designed with rake of keel the waterline on which this length is measured shall be parallel to the designed waterline.

17 "Moulded depth" is the vertical distance measured from the keel line to the top of the working deck beam at side.

Regulation 2
Application

The Administration of a Party, if it considers it unreasonable or impracticable to apply the full requirements of regulations II/3, II/4 and II/5 and the requirement of the use of English language to personnel serving on board a fishing vessel of less than 45 metres in length operating exclusively from its ports and fishing within its limited waters, may determine which of these regulations should not apply, wholly or in part, to such personnel, without derogation from the principles of safety in the Convention. In such a case, the Administration concerned shall report to the Secretary-General on the details of the measures it has taken with respect to the training and certification of such personnel.

Regulation 3
Certificates and endorsements

1 Certificates for fishing vessel personnel shall only be issued if the requirements for service, age, medical fitness, training, qualification and examinations are met in accordance with these regulations.

2 A certificate issued by a Party in compliance with paragraph 1 shall be endorsed by that Party attesting the issue of that certificate in the form as prescribed in appendix 1 or appendix 2.

3 Certificates and endorsements shall be issued in the official language or languages of the issuing country. If the language used is not English, the text shall include a translation into that language.

4 In respect of radio operators, Parties may:

.1 include the additional knowledge required by regulation II/6 in the examination for the issue of a certificate complying with the Radio Regulations; or

.2 issue a separate certificate indicating that the holder has the additional knowledge required by regulation II/6.

5 The Administration which has recognized a certificate issued by or under the authority of another Party in compliance with regulation 7 shall issue an endorsement attesting the recognition of that certificate in the form prescribed in appendix 3.

6. Áritunin skal falla úr gildi um leið og gildistími áritaðs skírteinis rennur út, það er afturkallað, um tímabundna sviptingu er að ræða eða það ógilt af hálfu þess aðila, sem gaf það út, og, hvað sem öðru líður, eigi síðar en fimm árum eftir útgáfudag.

7. Öll tilskilin skírteini, útgefin samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar frá 1978, þar sem handhafa þeirra er heimilað að starfa sem yfirvélstjóri, vélstjóri eða fjarskiptamaður, skulu talin samsvara þeim skírteinum, sem um getur í 1. mgr., með tilliti til fiskiskipa.

8. Stjórnvöldum er heimilt, með fyrirvara um þau frávik sem eru leyfð samkvæmt 1., 2. eða 3. viðbæti, að nota aðra framsetningu en þá sem er sýnd í fyrrnefndum viðbætum, að því tilskildu að í slíkri framsetningu sé að minnsta kosti gert ráð fyrir áskildum upplýsingum og því að einstök atriði séu færð inn með rómönsku letri og arabískum tölustöfum.

4. regla

Tilhögun eftirlits.

1. Eftirlit, framkvæmt af starfsmanni, sem hefur til þess fullt umboð samkvæmt 8. gr., skal takmarkað við eftirfarandi:

1. staðfestingu þess að öll áhöfn fiskiskips, sem ber að hafa skírteini samkvæmt samþykkt þessari, hafi slík skírteini eða gildar undanþágur. Samþykkja ber slík skírteini nema ærin ástæða sé til að ætla að skírteinið hafi verið fengið með sviksamlegum hætti eða að handhafi skírteinisins sé ekki sá sem skírteinið var upphaflega gefið út fyrir; og

2. mat á hæfni áhafnar fiskiskipsins til að uppfylla kröfur um vaktstöðu samkvæmt samþykktinni sé ærin ástæða til að ætla að þær kröfur séu ekki uppfylltar af þeirri ástæðu að eftirtalin atvik hafi átt sér stað:

   2.1. skipið hafi lent í árekstri, tekið niðri eða strandað, eða

   2.2. efni, sem eru ólögleg samkvæmt alþjóðasamþykktinni, hafi verið losuð úr skipinu meðan það var á siglingu, lá fyrir akkeri eða við bryggju, eða

   2.3. skipinu hafi verið stjórnað með tilviljunarkenndum eða ótryggum hætti og ekki fylgt reglum stofnunarinnar um leiðastjórnun eða viðteknum venjum og reglum um öruggar siglingar, eða

   2.4. skipinu hafi að öðru leyti verið stjórnað þannig að mönnum, eignum eða umhverfi hafi verið hætta búin.

2. Þegar ágallar koma í ljós samkvæmt 1. mgr. skal starfsmaðurinn, sem framkvæmir eftirlitið, til-

6 The endorsement shall expire as soon as the certificate endorsed expires or is withdrawn, suspended or cancelled by the Party which issued it and, in any case, not more than five years after the date of issue.

7 Any appropriate certificate issued under the provisions of the 1978 STCW Convention, for the holder to serve as a Chief Engineer Officer, an Engineer Officer or Radio Operator shall be deemed to be a corresponding certificate for the purposes of paragraph 1 with regard to fishing vessels.

8 Subject to the variations permitted under appendices 1, 2 and 3, Administrations may use a format different from the format given in those appendices provided that such format contains, as a minimum, the required information and that the particulars are inserted in Roman characters and Arabic figures.

Regulation 4

Control procedures

1 Control exercised by a duly authorized officer under article 8 shall be limited to the following:

.1 verification that all fishing vessel personnel serving on board who are required to be certificated by this Convention are so certificated or hold the required dispensation. Such certificates shall be accepted unless there are clear grounds for believing that a certificate has been fraudulently obtained or that the holder of a certificate is not the person to whom that certificate was originally issued; and

.2 assessment of the ability of the fishing vessel personnel to maintain watchkeeping standards as required by the Convention if there are clear grounds for believing that such standards are not being maintained, because the following have occurred:

.2.1 the vessel has been involved in a collision, grounding or stranding; or

.2.2 there has been a discharge of substances from the vessel when underway, at anchor or at berth which is illegal under international conventions; or

.2.3 the vessel has been manoeuvred in an erratic or unsafe manner, whereby routeing measures adopted by the Organization, or safe navigation practices and procedures, have not been followed; or

.2.4 the vessel is otherwise being operated in such a manner as to pose a danger to persons, property or the environment.

2 In the event that deficiencies are found under paragraph 1, the officer carrying out the control shall

kynna það skipstjóra skipsins og viðkomandi stjórnvöldum skriflega án tafar til þess að gera megi viðeigandi ráðstafanir. Í tilkynningunni skal tilgreina nákvæmlega í hverju ágallarnir, sem hafa komið í ljós, eru fólgnir og ástæður þess að aðili telur að mönnum, eignum eða umhverfi geti stafað hætta af þessum ágöllum.

3. Ágallar, sem telja má að mönnum, eignum eða umhverfi geti stafað hætta af, geta meðal annars verið eftirfarandi:

1. skortur á að menn, sem eiga að vera skírteinishafar, hafi tilskilið skírteini eða undanþágu;
2. vaktafyrirkomulag á stjórnpalli eða í vélarúmi samræmist ekki þeim kröfum sem stjórnvöld tilgreina að skuli gilda fyrir skipið;
3. vantað hafi á vakt hæfan mann til þess að stjórna nauðsynlegum tækjum til að tryggja örugga siglingu og fjarskipti eða koma í veg fyrir mengun; eða
4. vangeta til að sjá til þess að óþreyttir menn séu á fyrstu vakt í byrjun siglingar og síðan á eftirkomandi vöktum.

5. regla

Miðlun upplýsinga.

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal, sé þess óskað, miðla aðilum öllum upplýsingum sem honum eru veittar samkvæmt 4. gr.

2. Aðili, sem miðlar ekki upplýsingum, sem er krafist samkvæmt 4. gr., innan 24 mánaða frá því að samþykktin öðlast gildi gagnvart aðila, skal ekki öðlast rétt samkvæmt samþykkt þessari fyrr en framkvæmdastjórinn hefur fengið upplýsingarnar í hendur.

6. regla

Réttindaumsýsla.

1. Hver aðili skuldbindur sig til þess að koma á og viðhalda vinnureglum sem tryggja að fylgst sé reglulega með áætlunum, sem hafa að geyma nauðsynleg fyrirmæli og verklega þjálfun til þess að unnt sé að uppfylla hæfniskröfur, þannig að skilvirkni þeirra sé tryggð.

2. Hver aðili skuldbindur sig til þess, eftir því sem við verður komið, að halda skrá eða skrár yfir öll skírteini og áritanir sem um getur í 3. reglu og reglum II/1 til II/6 og hafa verið gefin út, eru útrunnin eða hafa verið endurnýjuð, tilkynnt glötuð, afturkölluð tímabundið eða ógilt og undanþágur, sem hafa verið gefnar út, og veita upplýsingar um stöðu slíkra skírteina, áritana og undanþágna þegar annar aðili óskar þess.

forthwith inform, in writing, the skipper of the vessel and the Administration, so that appropriate action may be taken. Such notification shall specify the details of the deficiencies found and the grounds on which the Party determines that these deficiencies pose a danger to persons, property or the environment.

3 Deficiencies which may be deemed to pose a danger to persons, property or the environment include the following:

.1 failure of persons, required to hold a certificate, to have an appropriate certificate or dispensation;
.2 failure of navigational or engineering watch arrangements to conform to the requirements specified for the vessel by the Administration;
.3 absence in a watch of a person qualified to operate equipment essential to safe navigation, safety radiocommunications or the prevention of pollution; or
.4 inability to provide rested persons for the first watch at the commencement of a voyage, and for subsequent relieving watches.

Regulation 5

Communication of information

1 The Secretary-General shall, on request, provide Parties with any information communicated to him under article 4.

2 A Party which fails to communicate information required by article 4 within twenty-four months after the date of entry into force of the Convention for a Party shall not be entitled to claim the privileges of this Convention until such time as the information has been received by the Secretary-General.

Regulation 6

Administration of certification arrangements

1 Each Party undertakes to establish and maintain a means of ensuring that programmes incorporating such instruction and practical training as is necessary to achieve the competency standards are regularly monitored to ensure their effectiveness.

2 Each Party undertakes, to the extent practicable, to maintain a register or registers of all certificates and endorsements specified in regulations 3 and II/1 to II/6 which are issued, have expired, or have been revalidated, reported lost, suspended or cancelled, and of dispensations issued, and provide information on the status of such certificates, endorsements and dispensations when so requested by another Party.

7. regla
Viðurkenning skírteina.

1. Hver stjórnvöld skulu, í því skyni að viðurkenna, með áritun í samræmi við 3. reglu, skírteini sem annar aðili hefur gefið út eða er gefið út samkvæmt umboði hans, tryggja að kröfur um hæfni og kröfur um útgáfu og áritun skírteina af hálfu þess aðila séu uppfylltar að fullu.

2. Eigi skal viðurkenna skírteini sem ríki, sem er ekki aðili að samþykktinni, gefur út eða er gefið út samkvæmt umboði þess.

3. Stjórnvöld geta, þrátt fyrir kröfu 1. mgr. þessarar reglu og 5. mgr. 3. reglu og ef aðstæður krefjast þess, heimilað manni að starfa í allt að þrjá mánuði um borð í skipi, sem heimild er fyrir að sigli undir fána þeirra, sé hann handhafi tilskilins og gilds skírteinis sem annar aðili gefur út og er ekki áritað eins og er krafist samkvæmt 5. mgr. 3. reglu, að því tilskildu að skjalfest sönnun sé lögð fram fyrir því að lögð hafi verið fram umsókn um áritun hjá umræddum stjórnvöldum.

Regulation 7
Recognition of certificates

1 Each Administration shall ensure, in order to recognize, by endorsement in accordance with regulation 3, a certificate issued by or under the authority of another Party, that the requirements for standards of competence, as well as the issue and endorsement of certificates by that Party, are fully complied with.

2 Certificates issued by or under the authority of a non-Party shall not be recognized.

3 Notwithstanding the requirement of paragraph 1 of this regulation and paragraph 5 of regulation 3, an Administration may, if circumstances require, allow a person to serve for a period not exceeding three months on board a vessel entitled to fly its flag while holding an appropriate and valid certificate issued by another Party without it being endorsed as required by paragraph 5 of regulation 3 provided that documented proof is made available that application for an endorsement has been submitted to the Administration.

8. regla
Bráðabirgðaákvæði.

1. Skírteini um hæfni eða störf í stöðu, sem samþykkt þessi krefst skírteinis fyrir, sem aðili gefur út áður en samþykktin öðlaðist gildi gagnvart honum, í samræmi við lög hans eða alþjóðafjarskiptareglurnar, skal viðurkennt að gildi eftir að samþykktin öðlast gildi gagnvart þeim aðila.

2. Eftir að samþykktin hefur öðlast gildi gagnvart aðila getur hann gefið áfram út hæfnisskírteini í allt að fimm ár í samræmi við fyrri verklagsreglur sínar. Viðurkenna ber gildi slíkra skírteina að því er samþykkt þessa varðar. Á þessu aðlögunartímabili skal aðeins gefa slík skírteini út til manna sem hófu störf sín á sjó áður en samþykktin öðlaðist gildi gagnvart fyrrnefndum aðila á þeim skipum sem skírteinin gilda um. Viðkomandi aðili skal tryggja að allir aðrir umsækjendur um réttindi gangist undir próf og fái skírteini í samræmi við samþykktina.

3. Aðila er heimilt, í tvö ár eftir að samþykktin öðlast gildi gagnvart honum, að gefa út skírteini til áhafnarmanna fiskiskipa sem hvorki eru handhafar tilskilins skírteinis samkvæmt samþykktinni né hæfnisskírteinis, sem er gefið út samkvæmt lögum hans áður en samþykktin öðlast gildi gagnvart honum, en sem hafa:

1. gegnt því starfi, sem þeir sækja um skírteini fyrir, eigi skemur en þrjú ár á sjó næstu sjö ár áður en að samþykktin öðlast gildi gagnvart þeim aðila;

Regulation 8
Transitional provisions

1 A certificate of competency or of service in a capacity for which this Convention requires a certificate and which before entry into force of the Convention for a Party is issued in accordance with the laws of that Party or the Radio Regulations, shall be recognized as valid for service after entry into force of the Convention for that Party.

2 After the entry into force of the Convention for a Party, it may continue to issue certificates of competency in accordance with its previous practices for a period not exceeding five years. Such certificates shall be recognized as valid for the purpose of the Convention. During this transitional period such certificates shall be issued only to persons who had commenced their sea service before entry into force of the Convention for that Party within the specific ship department to which those certificates relate. The Party shall ensure that all other candidates for certification shall be examined and certificated in accordance with the Convention.

3 A Party may, within two years after entry into force of the Convention for that Party, issue a certificate of service to fishing vessel personnel who hold neither an appropriate certificate under the Convention nor a certificate of competency issued under its laws before entry into force of the Convention for that Party but who have:

.1 served in the capacity for which they seek a certificate of service for not less than three years at sea within the last seven years preceding entry

2. lagt fram vitnisburð þess efnis að þeir hafi leyst störf sín af hendi á fullnægjandi hátt; og
3. fullnægi kröfum aðila um heilbrigði, meðal annars sjón og heyrn, að teknu tilliti til aldurs þeirra þegar umsókn er lögð fram.

Að því er varðar samþykkt þessa skal litið svo á að starfsskírteini, sem gefið er út samkvæmt þessari málsgrein, jafngildi skírteini sem er gefið út samkvæmt samþykktinni.

9. regla
Undanþágur.

1. Stjórnvöldum er heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til og telji þau að það stofni mönnum, eignum eða umhverfi ekki í hættu, að veita manni undanþágu til að vinna störf á tilgreindu fiskiskipi í tiltekinn tíma, eða í allt að sex mánuði, sem hann hefur ekki tilskilið skírteini fyrir, nema störf fjarskiptamanns, með fyrirvara um ákvæði viðkomandi alþjóðafjarskiptareglna, að því tilskildu að sá sem undanþáguna fær sé fullhæfur til þess að sinna því lausa starfi, sem um er að ræða, á öruggan hátt að mati stjórnvalda.

2. Undanþágu vegna stöðu skal aðeins veita manni sem hefur tilskilið skírteini fyrir næstu stöðu þar fyrir neðan. Ef réttinda er ekki krafist vegna næstu stöðu fyrir neðan samkvæmt samþyktinni er heimilt að veita manni undanþágu, sem hefur hæfni og reynslu að mati stjórnvalda sem augljóslega jafngilda þeim kröfum sem eru settar fyrir veitingu stöðunnar, að því tilskildu, sé viðkomandi ekki handhafi viðeigandi skírteinis, að honum sé gert að standast próf sem stjórnvöld samþykkja og gefur til kynna að öruggt sé að veita slíka undanþágu. Að auki skulu stjórnvöld tryggja að handhafi viðeigandi skírteinis sé ráðinn í viðkomandi stöðu eins fljótt og auðið er.

3. Hver aðili skal, eins fljótt og auðið er eftir 1. janúar ár hvert, senda framkvæmdastjóranum skýrslu með upplýsingum um fjölda undanþágna með tilliti til hvers þess starfs sem skírteinis er krafist vegna, jafnvel þó að ekki sé um neinar undanþágur að ræða.

10. regla
Jafngildi.

1. Samþykktin skal ekki koma í veg fyrir það að aðili haldi áfram úti eða samþykki aðra menntun eða þjálfun sem meðal annars er fólgin í störfum á sjó og skipulagi um borð sem miðast einkum við tækniþróun og sérhönnuð skip, að því tilskildu að störf á sjó, þekking og hæfni á sviði siglingafræði og tæknilegrar stjórnunar skipa tryggi öryggi á sjó og forvarnir

into force of the Convention for that Party;
.2 produced evidence that they have performed that service satisfactorily; and
.3 satisfied the Party as to medical fitness, including eyesight and hearing, taking into account their age at the time of application.

For the purpose of the Convention, a certificate of service issued under this paragraph shall be regarded as the equivalent of a certificate issued under the Convention.

Regulation 9
Dispensation

1 In circumstances of exceptional necessity, an Administration, if in its opinion this will not cause danger to persons, property or the environment, may issue a dispensation permitting a person to serve in a specified fishing vessel for a specified period not exceeding six months in a capacity, other than that of the radio operator, except as provided by the relevant Radio Regulations, for which the person does not hold the appropriate certificate, provided that the person to whom the dispensation is issued shall be adequately qualified to fill the vacant post in a safe manner, to the satisfaction of the Administration.

2 Any dispensation granted for a post shall be granted only to a person properly certificated to fill the post immediately below it. Where certification of the post below is not required by the Convention, a dispensation may be issued to a person whose competence and experience are, in the opinion of the Administration, clearly equivalent to the requirements for the post to be filled, provided that, if such a person holds no appropriate certificate, the person shall be required to pass a test accepted by the Administration as demonstrating that such a dispensation may safely be issued. In addition, the Administration shall ensure that the post in question is filled by the holder of an appropriate certificate as soon as possible.

3 Each Party shall as soon as possible after 1 January each year send a report to the Secretary-General giving information of the total number of dispensations in respect of each capacity for which a certificate is required, including nil returns.

Regulation 10
Equivalents

1 The Convention shall not prevent a Party from retaining or adopting other educational and training arrangements, including those involving seagoing service and shipboard organization especially adapted to technical developments and to special types of vessels, provided that the level of seagoing service, knowledge and efficiency as regards navigational

með tilliti til mengunar sem eru að minnsta kosti sambærileg við kröfur samþykktarinnar.

2. Gefa ber nákvæma lýsingu á fyrrnefndri menntun og þjálfun í skýrslunni sem um getur í 4. gr.

II. KAFLI
Réttindi skipstjóra, yfirmanna, vélstjóra og fjarskiptamanna.

1. regla
Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Allir skipstjórar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og athafnar sig á ótakmörkuðu hafsvæði skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um réttindi skulu:

1. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn;
2. fullnægja kröfum til að afla sér réttinda yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 12 mánuði sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á fiskiskipum sem eru 12 metrar að lengd eða styttri. Samt sem áður geta stjórnvöld samþykkt þess í stað allt að 6 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem sigla á opnu hafi og falla undir alþjóðasamþykktina frá 1978; og
3. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu. Ekki er nauðsynlegt að umsækjandi um að þreyta próf, sem er handhafi gilds hæfnisskírteinis sem er gefið út í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978, endurtaki próf í þeim greinum sem taldar eru upp í viðbætinum og hann hefur staðist próf í og eru á hærra eða sambærilegu stigi með tilliti til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt.

Viðbætir við 1. reglu
Lágmarkspekking sem krafist er til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og at-

and technical handling of vessels ensures a degree of safety at sea and has a preventive effect as regards pollution at least equivalent to the requirements of the Convention.

2 Details of such arrangements shall be included in the report under article 4.

CHAPTER II
CERTIFICATION OF SKIPPERS, OFFICERS, ENGINEER OFFICERS AND RADIO OPERATORS

Regulation 1
Mandatory minimum requirements for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 Every skipper on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in unlimited waters shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:

.1 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;
.2 meet the requirements for certification as an officer in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters, and have approved seagoing service of not less than 12 months as an officer in charge of a navigational watch or skipper on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Party may allow the substitution of a period not exceeding six months of approved seagoing service as an officer in charge of a navigational watch on seagoing ships covered by the 1978 STCW Convention; and
.3 have passed an appropriate examination or examinations for assessment of competence to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate.

Appendix to Regulation 1
Minimum knowledge required for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over

hafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði. Með það í huga að skipstjórinn ber ætíð endanlega ábyrgð á öryggi skipsins og áhafnar þess, meðal annars þegar skipið er á veiðum, skal prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort umsækjandinn hafi aflað sér á réttan hátt allrar tiltækrar vitneskju, sem hefur áhrif á öryggi skipsins og áhafnar þess, í samræmi við yfirlitið.

2. Sigling skips og staðarákvarðanir.

2.1. Siglingaáætlun og siglingar skips við allar aðstæður:

1. með viðurkenndum aðferðum við að setja út stefnu skips á rúmsjó;
2. á þröngum hafsvæðum;
3. þar sem það á við, þegar siglt er í ís;
4. í takmörkuðu skyggni;
5. þar sem það á við, á aðskildum siglingaleiðum; og
6. á svæðum, þar sem sjávarfalla og hafstrauma gætir.

2.2. Staðarákvörðun:

1. með athugun himinhnatta;
2. með athugunum á kennileitum á jörðu, meðal annars með kunnáttu í að taka mið af kennileitum og siglingamerkjum, svo sem vitum og leiðar- og sjómerkjum í sameiningu við viðeigandi sjókort, notkun tilkynninga til sjófarenda og annarra gagna til að meta nákvæmni staðarákvörðunar; og
3. með því að nota, á fullnægjandi hátt að dómi viðkomandi aðila, nútímarafeindatæki til skipasiglinga sem fiskiskip eru búin, að teknu sérstöku tilliti til þekkingar á því hvernig tækin starfa í meginatriðum, á takmörkunum þeirra, skekkjuvöldum, greiningu á röngum og villandi upplýsingum og á því hvernig gera eigi leiðréttingu til að fá fram nákvæma staðarákvörðun.

3. Vaktstaða.

3.1. Sýna staðgóða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, einkum II. og IV. viðauka sem fjalla um örugga siglingu skipa.

3.2. Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

4. Ratsjársigling.

4.1. Sýna með notkun ratsjárhermis eða, sé hann ekki til staðar, stjórnborðs þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og getu til að stjórna og nota ratsjá og til að túlka og greina upplýsingar sem tækið veitir, en í því felst eftirfarandi:

1. að kunna skil á þáttum sem hafa áhrif á virkni og nákvæmni ratsjár;

operating in unlimited waters. Bearing in mind that the skipper has ultimate responsibility for the safety of the vessel and its crew at all times including during fishing operations, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safety of the vessel and its crew in accordance with the syllabus.

2 Navigation and position determination

2.1 Voyage planning and navigation for all conditions:

.1 by acceptable methods of determining ocean tracks;
.2 within restricted waters;
.3 where applicable, in ice;
.4 in restricted visibility;
.5 where applicable, in traffic separation schemes; and
.6 in areas affected by tides or currents.

2.2 Position determination:

.1 by celestial observations;
.2 by terrestrial observations, including the ability to use bearings from landmarks and aids to navigation such as lighthouses, beacons and buoys in conjunction with appropriate charts, notices to mariners and other publications to assess the accuracy of the resulting position fix; and

.3 by using, to the satisfaction of the Party, modern ship electronic navigational aids as provided in fishing vessels, with specific reference to knowledge of their operating principles, limitations, sources of error, detection of misrepresentation of information and methods of correction to obtain accurate position fixing.

3 Watchkeeping

3.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, specially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

3.2 Demonstrate knowledge of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

4 Radar navigation

4.1 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;

2. að stilla endurvarp á myndskjá ratsjár og viðhalda því;
3. að greina rangar og villandi upplýsingar, falskt endurvarp og endurvarp frá sjó;
4. að stilla inn fjarlægð og miðun;
5. að þekkja þýðingarmikið endurvarp;
6. að reikna út stefnu og hraða annarra skipa;
7. að finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip eru í minnstri fjarlægð þegar leiðir skerast við þau, þeim er mætt eða þegar siglt er fram úr þeim;
8. að greina stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
9. að finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
10. að beita ákvæðum samþykktarinnar um alþjóða reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972.

5. Segul- og gýróáttavitar.

5.1. Geta til þess að ákvarða og leiðrétta skekkjur á segul- og gýróáttavita með því að skoða kennileiti á jörðu og himinhnetti.

6. Veður- og haffræði.

6.1. Þekkja tæki til veðurathugana og kunna að nota þau.

6.2. Geta notað tiltækar veðurfræðilegar upplýsingar.

6.3. Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa, þar á meðal, eftir ákvörðun viðkomandi aðila, hvirfilvinda í hitabeltinu og hvernig forðast megi miðjur fellibylja og hina hættulegu fjórðungsboga hvirfilvinda.

6.4. Þekkja veðurskilyrði, eins og þoku, sem geta haft hættu í för með sér fyrir skipið.

6.5. Geta notað viðeigandi birt gögn fyrir sjófarendur um sjávarföll og hafstrauma.

6.6. Geta reiknað út tíma flóðs og fjöru, fundið stöðu sjávarfalla og metið stefnu og hraða sjávarfallastrauma.

7. Stjórntök fiskiskips og meðferð.

7.1. Stjórntök og meðferð fiskiskips við allar aðstæður, en í því felst eftirfarandi:

1. að fara frá og leggja að bryggju og nota akkeri við ýmis skilyrði vinda og sjávarfalla;
2. stjórntök á grunnsævi;
3. stjórntök og meðferð fiskiskips í vondu veðri, meðal annars að sigla á hæfilegum hraða, einkum þegar siglt er undan sjó og vindi eða þegar sjór og vindur stendur skuthallt á skipið, aðstoð við skip eða loftför í háska, hvernig á að halda skipi, sem ekki er hægt að stýra, upp í sjó og vind og hvernig á að draga úr reki;
4. stjórntök skips við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

.2 setting up and maintaining displays;

.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;

.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Magnetic and gyro-compasses

5.1 Ability, using terrestrial and celestial means, to determine and apply the errors of the magnetic and gyro-compasses.

6 Meteorology and oceanography

6.1 Knowledge of meteorological instruments and their application.

6.2 Ability to apply meteorological information available.

6.3 Knowledge of characteristics of various weather systems, including, at the discretion of the Party, tropical revolving storms and avoidance of storm centres and the dangerous quadrants.

6.4 Knowledge of weather conditions, such as fog, liable to endanger the vessel.

6.5 Ability to use appropriate navigational publications on tides and currents.

6.6 Ability to calculate times and heights of high and low water and estimate the direction and rate of tidal streams.

7 Fishing vessel manoeuvring and handling

7.1 Manoeuvring and handling of a fishing vessel in all conditions including the following:

.1 berthing, unberthing and anchor work under various conditions of wind and tide;
.2 manoeuvring in shallow water;
.3 management and handling of fishing vessels in heavy weather, including appropriate speed, particularly in following and quartering seas, assisting a ship or aircraft in distress, means of keeping an unmanageable vessel out of a sea trough and lessening drift;

.4 manoeuvring the vessel during fishing operations, with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;

5. Varúðarráðstafanir við stjórntök þegar björgunarbátar eða -för eru sjósett í vondu veðri;
6. aðferðir við að taka um borð skipbrotsmenn úr björgunarbátum og -förum;
7. að gera raunhæfar ráðstafanir, þar sem það á við, þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip;
8. að sigla eftir aðskildum siglingaleiðum og beita þar viðeigandi stjórntökum;
9. mikilvægi þess að draga úr hraða til að forðast skemmdir af völdum eigin stafn- eða skutbylgju;
10. umskipun afla á sjó yfir í verksmiðjuskip eða önnur skip; og
11. að taka eldsneyti á hafi úti.

8. Smíði fiskiskipa og stöðugleiki.

8.1. Almenn þekking á helstu smíðahlutum skips og réttum nöfnum hinna ýmsu hluta.

8.2. Þekking á lögmálum og þáttum sem hafa áhrif á stafnhalla og stöðugleika og nauðsynlegar ráðstafanir til tryggja öruggan stafnhalla og stöðugleika.

8.3. Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

8.4. Þekkja, eftir því sem við á, áhrif óhefts yfirborðs og áhrif ísingar.

8.5. Þekkja áhrif sjávar á þilfari.

8.6. Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa trausta veður- og vatnsþétta loka.

9. Meðferð afla og hleðsla.

9.1. Hleðsla og öruggur frágangur afla og veiðarfæra um borð í skipi.

9.2. Lestun og losun með sérstöku tilliti til hallavægis og þungavægis afla og veiðarfæra.

10. Aflvélar fiskiskipa.

10.1. Meginreglur um rekstur aðalvéla í fiskiskipum.

10.2. Hjálparvélar í skipi.

10.3. Alhliða þekking á tæknihugtökum á sviði skipsvéla.

11. Eldvarna- og slökkvibúnaður.

11.1. Skipulag brunaæfinga.

11.2. Flokkar elda og efnasamsetning þeirra.

11.3. Slökkvikerfi.

11.4. Þátttaka í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

11.5. Þekking á birgðum viðvíkjandi slökkvitækjum.

12. Neyðarráðstafanir.

12.1. Varúðarráðstafanir þegar skipi er rennt á land.

.5 precautions in manoeuvring for launching rescue boats or survival craft in bad weather;
.6 methods of taking on board survivors from rescue boats or survival craft;
.7 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice, icebergs or conditions of ice accretion on board the vessel;
.8 the use of, and manoeuvring in, traffic separation schemes;
.9 the importance of navigating at reduced speed to avoid damage caused by own vessel's bow or stern wave;
.10 transferring fish at sea to factory ships or other vessels; and
.11 refuelling at sea.

8 Fishing vessel construction and stability

8.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel and the proper names of the various parts.

8.2 Knowledge of the theories and factors affecting trim and stability and measures necessary to preserve safe trim and stability.

8.3 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

8.4 Knowledge of effects of free surfaces and ice accretion, where applicable.

8.5 Knowledge of effects of water on deck.

8.6 Knowledge of the significance of weathertight and watertight integrity.

9 Catch handling and stowage

9.1 The stowage and securing of the catch on board vessels, including fishing gear.

9.2 Loading and discharging operations, with special regard to heeling moments from gear and catch.

10 Fishing vessel power plants

10.1 Operating principles of marine power plants in fishing vessels.

10.2 Vessel's auxiliary machinery.

10.3 General knowledge of marine engineering terms.

11 Fire prevention and fire-fighting appliances

11.1 Organization of fire drills.

11.2 Classes and chemistry of fire.

11.3 Fire-fighting systems.

11.4 Participation in an approved fire-fighting course.

11.5 Knowledge of provisions concerning fire-fighting equipment.

12 Emergency procedures

12.1 Precautions when beaching a vessel.

12.2. Aðgerðir sem ber að grípa til fyrir og eftir að skip strandar.

12.3. Aðgerðir sem ber að grípa til þegar veiðarfæri festast í botni eða öðrum hindrunum.

12.4. Strönduðu skipi náð á flot með eða án aðstoðar.

12.5. Aðgerðir sem ber að grípa til í kjölfar áreksturs.

12.6. Þétting leka til bráðabirgða.

12.7. Ráðstafanir til að vernda áhafnir og tryggja öryggi þeirra þegar neyðarástand skapast.

12.8. Ráðstafanir til þess að takmarka tjón og bjarga skipi eftir bruna eða sprengingu.

12.9. Skip yfirgefið.

12.10. Neyðarstýring, uppsetning og notkun neyðarstýringar og hvernig á að útbúa neyðarstýri, þar sem því verður komið við.

12.11. Björgun manna af skipi í sjávarháska eða úr flaki.

12.12. Björgun manns sem fellur fyrir borð.

12.13. Annað skip tekið í tog og eigið skip dregið.

13. Heilsugæsla.

13.1. Kunna að veita skyndihjálp.

13.2. Þekking á því hvernig læknisráða er leitað með fjarskiptum.

13.3. Þekkja til hlítar notkun eftirfarandi rita:

1. Alþjóðleg læknisráðgjöf fyrir skip eða sambærileg rit einstakra þjóða; og
2. Læknisráðgjöf Alþjóðamerkjabókarinnar.

14. Sjóréttur.

14.1. Þekkingu á alþjóðasiglingalögum, eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum, að því marki sem þau varðar sérstaka ábyrgð og skyldur skipstjóra, einkum hvað viðkemur öryggi og vörnum gegn mengun sjávar. Sérstakt tillit skal tekið til eftirfarandi atriða:

1. skírteina og annarra skjala sem skylt er að hafa um borð í fiskiskipum samkvæmt alþjóðasamþykktum og hvernig sé unnt að afla þeirra, ennfremur gildistíma þeirra;
2. ábyrgðar samkvæmt viðeigandi kröfum Torremólínos-bókunarinnar frá 1993;
3. ábyrgðar samkvæmt viðeigandi kröfum V. kafla alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974;
4. ábyrgðar samkvæmt I. og V. viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978;
5. yfirýsinga um heilbrigði á hafinu og krafna alþjóðlegra heilbrigðisreglna;

12.2 Action to be taken prior to, and after, grounding.

12.3 Action to be taken when the gear becomes fast to the ground or other obstruction.

12.4 Floating a grounded vessel, with and without assistance.

12.5 Action to be taken following a collision.

12.6 Temporary plugging of leaks.

12.7 Measures for the protection and safety of crew in emergencies.

12.8 Limiting damage and salving the vessel following a fire or explosion.

12.9 Abandoning ship.

12.10 Emergency steering, rigging, and use of jury steering and the means of rigging a jury rudder, where practicable.

12.11 Rescuing persons from a ship in distress or from a wreck.

12.12 Man-overboard procedures.

12.13 Towing and being towed.

13 Medical care

13.1 Knowledge of first aid procedures.

13.2 Knowledge of procedures for obtaining medical advice by radio.

13.3 A thorough knowledge of the use of the following publications:

.1 International Medical Guide for Ships or equivalent national publications; and

.2 Medical section of the International Code of Signals.

14 Maritime law

14.1 A knowledge of international maritime law as embodied in the international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the skipper, particularly those concerning safety and the protection of the marine environment. Particular regard shall be paid to the following subjects:

.1 certificates and other documents required to be carried on board fishing vessels by international conventions, how they may be obtained and the period of their legal validity;

.2 responsibilities under the relevant requirements of the 1993 Torremolinos Protocol;

.3 responsibilities under the relevant requirements of chapter V of the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974;

.4 responsibilities under Annex I and Annex V of the International Convention for the Prevention of Pollution from Ships, 1973, as modified by the Protocol of 1978 thereto;

.5 maritime declarations of health and the requirements of the international health regulations;

6. ábyrgðar samkvæmt samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972; og

7. ábyrgðar samkvæmt öðrum alþjóðlegum gerningum sem hafa áhrif á öryggi skips og áhafnar.

14.2. Viðkomandi aðila er í sjálfsvald sett hversu víðtækrar þekkingar hann krefst á eigin siglingalöggjöf, en þó skal krefjast þekkingar á því hvernig gildandi alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum skuli framfylgt í viðkomandi landi.

15. Enska.

Fullnægjandi kunnátta í enskri tungu sem gerir skipstjóra kleift að nota sjókort og önnur siglingarit, skilja veðurfræðilegar upplýsingar og ráðstafanir er varða öryggi skipsins og rekstur þess og geta til að tjá sig á ensku í fjarskiptum við önnur skip eða strandastöðvar. Hæfni til að skilja og nota staðlaðan orðalista Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar um viðskipti skipa.

16. Fjarskipti.

16.1. Almenn þekking á nauðsynlegum grundvallarreglum og -atriðum til þess að geta notað öll undirkerfi og tækjabúnað, sem hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) gerir kröfu um, á öruggan og skilvirkan hátt.

16.2. Þekking á siglinga- og veðurfræðilegum aðvörunarkerfum og hæfni til að velja þá fjarskiptaþjónustu sem við á hverju sinni.

16.3. Þekking á alvarlegum afleiðingum þess að misnota slíkan fjarskiptabúnað.

16.4. Hafi aðili prófað umsækjendur í þessum greinum á lægri réttindastigum er þeim í sjálfsvald sett hvort þeir gangast á ný undir próf í þessum greinum.

16.5. Geta til þess að senda og taka á móti morsljósmerkjum og nota Alþjóðamerkjabókina.

17. Björgun mannslífa.

17.1. Þekkja til hlítar björgunarbúnað og hvernig staðið er að björgun.

17.2. Þekkja til hlítar neyðarráðstafanir, hvernig staðið er að útköllum og björgunaræfingum.

18. Leit og björgun.

18.1. Þekkja til hlítar handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun kaupskipa.

19. Leiðarvísir FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa.

19.1. Þekkja efni A-hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa.

20. Aðferðir við að sýna hæfni.

20.1. Sigling skips.

20.1.1. Sýna notkun sextants, miðunarskífu, azimút-spegils og færni í að setja út staðarákvarðanir, stefnu og miðanir.

20.2. Sýna fram á staðgóða þekkingu á efni,

.6 responsibilities under the Convention on International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972; and

.7 responsibilities under other international instruments affecting the safety of the ship and crew.

14.2 The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but shall include national arrangements for implementing applicable international agreements and conventions.

15 English language

Adequate knowledge of the English language enabling the skipper to use charts and other nautical publications, to understand meteorological information and measures concerning the vessel's safety and operation, and to communicate with other ships or coast stations. Ability to understand and use the IMO Standard Marine Communication Phrases.

16 Communications

16.1 General knowledge of the principles and basic factors necessary for the safe and efficient use of all sub-systems and equipment required by the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

16.2 Knowledge of navigational and meteorological warning systems and the selection of the appropriate communication services.

16.3 Knowledge of the adverse effect of misuse of such communication equipment.

16.4 Where the Party has examined candidates in these subjects at lower levels of certification, they may have the option of not re-examining in these subjects.

16.5 Ability to transmit and receive signals by Morse light and to use the International Code of Signals.

17 Life-saving

17.1 A thorough knowledge of life-saving appliances and arrangements.

17.2 A thorough knowledge of emergency procedures, musters and drills.

18 Search and rescue

18.1 A thorough knowledge of the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR).

19 The FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels

19.1 Knowledge of part A of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels

20 Methods for demonstration of proficiency

20.1 Navigation

20.1.1 Demonstrate the use of sextant, pelorus, azimuth mirror and ability to plot position course and bearings.

20.2 Demonstrate thorough knowledge of the

gildissviði og markmiðum samþykktarinnar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972,

20.2.1. með því að nota lítil líkön sem sýna rétt merki eða ljós eða með því að nota siglingaljósahermi.

20.3. Ratsjá,

20.3.1. með því að fylgjast með siglingu í ratsjárshermi eða á stjórnborði.

20.4. Slökkvistörf,

20.4.1. með þátttöku í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

20.5. Fjarskipti,

20.5.1. með verklegu prófi.

20.6. Björgun mannslífa,

20.6.1. með meðhöndlun björgunarbúnaðar, þar með talið hvernig klæðast skuli björgunarvestum og, eftir því sem við á, flotbúningum.

2. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Allir yfirmenn siglingavaktar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og athafnar sig á ótakmörkuðu hafsvæði skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

1. hafa náð 18 ára aldri;
2. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn;
3. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en tvö ár á þilfari á fiskiskipum sem eru 12 metrar á lengd eða lengri. Samt sem áður geta stjórnvöld heimilað að í stað siglingatíma komi sérþjálfunartími í allt að eitt ár, að því tilskildu að sérþjálfunartíminn jafngildi að minnsta kosti þeim siglingatíma sem er krafist og hann kemur í staðinn fyrir, eða viðurkenndur siglingatími sem viðurkennd sjóferðabók staðfestir sem er fjallað um í alþjóðasamþyktinni frá 1978;
4. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu. Ekki er nauðsynlegt að umsækjandi um að þreyta próf, sem er handhafi gilds hæfnisskírteinis sem er gefið út í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978, endurtaki próf í þeim greinum sem taldar eru upp í viðbætinum og hann hefur staðist próf í og eru á hærra eða sambærilegu

content, application and intent of the Convention on the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972

20.2.1 By the use of small models displaying proper signals or lights or by the use of a navigation light simulator.

20.3 Radar

20.3.1 By observation of radar simulators or manoeuvring boards.

20.4 Fire fighting

20.4.1 By participation in an approved fire-fighting course.

20.5 Communications

20.5.1 By practical test.

20.6 Life-saving

20.6.1 By handling of life-saving appliances, including the donning of lifejackets and, as appropriate immersion suit.

Regulation 2

Mandatory minimum requirements for certification of officersin charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 Every officer in charge of a navigational watch on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in unlimited waters shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.3 have approved seagoing service of not less than two years in the deck department on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Administration may allow the substitution of the seagoing service by a period of special training not exceeding one year, provided that the period of the special training programme shall be at least equivalent in value to the period of the required seagoing service it substitutes or by a period of approved seagoing service evidenced by an approved record book covered by the 1978 STCW Convention.

.4 have passed an appropriate examination or examinations for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equi-

stigi með tilliti til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt;
5. fullnægja gildandi kröfum 6. reglu sem er nauðsynlegt til þess að geta unnið tiltekin skyldustörf á sviði fjarskipta í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina.

valent level for issue of the Convention certificate;
.5 meet the applicable requirements of regulation 6, as appropriate for performing designated radio duties in accordance with the Radio Regulations.

Viðbætir við 2. reglu

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á ótakmörkuðu hafsvæði.

2. Sigling með athugun himinhnatta.

Kunna að ákvarða kompásskekkju með athugun himinhnatta.

3. Sigling eftir kennileitum á jörðu og með ströndum fram.

3.1. Kunna að staðsetja skip með því að nota:

1. kennileiti;
2. siglingamerki, svo sem vita, leiðar- og sjómerki; og
3. beita leiðarreikningi, að teknu tilliti til vinda, sjávarfalla, hafstrauma og siglingahraða miðað við snúningshraða skrúfu á mínútu og skriðmælis.

3.2. Kunna til hlítar að nota sjókort og siglingarit, til dæmis um siglingaleiðir, töflur um sjávarföll, tilkynningar til sjófarenda og viðvaranir í útvarpi um siglingar.

4. Ratsjársigling.

4.1. Sýna með notkun ratsjárhermis eða sé hann ekki til staðar, stjórnborðs, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og getu til að stjórna og nota ratsjá og til að túlka og greina upplýsingar sem tækið veitir, en í því felst eftirfarandi:

1. að kunna skil á þáttum sem hafa áhrif á virkni og nákvæmni ratsjár;
2. að stilla endurvarp á myndskjá ratsjár og viðhalda því;
3. að greina rangar og villandi upplýsingar, falskt endurvarp og endurvarp frá sjó;
4. að stilla inn fjarlægð og miðun;
5. að þekkja þýðingarmikið endurvarp;
6. að reikna út stefnu og hraða annarra skipa;
7. að finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip eru í minnstri fjarlægð þegar leiðir skerast við þau, þeim er mætt eða þegar siglt er fram úr þeim;

Appendix to Regulation 2

Minimum knowledge required for certification of officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in unlimited waters.

2 Celestial navigation

Ability to use a celestial body to determine compass errors.

3 Terrestrial and coastal navigation

3.1 Ability to determine the vessel's position by the use of:
.1 landmarks;
.2 aids to navigation, including lighthouses, beacons and buoys; and
.3 dead reckoning, taking into account winds, tides, currents, speed by propeller revolutions per minute and by log.

3.2 Thorough knowledge of and ability to use navigational charts and publications such as sailing directions, tide tables, notices to mariners and radio navigational warnings.

4 Radar navigation

4.1 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:
.1 factors affecting performance and accuracy;
.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;

8. að greina stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
9. að finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
10. að beita ákvæðum samþykktarinnar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972.

5. Vaktstaða.

5.1. Sýna staðgóða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, einkum II. og IV. viðauka sem fjalla um örugga siglingu skipa.

5.2. Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

6. Rafeindakerfi til staðarákvarðana og siglingar.

Geta notað rafeindasiglingatæki til þess að staðsetja skip með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila.

7. Veðurfræði.

7.1. Þekkja tæki um borð til veðurathugana og notkun þeirra.

7.2. Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa.

8. Segul- og gýróáttavitar.

Meðferð og notkun áttavita og skylds búnaðar.

9. Fjarskipti.

1. Almenn þekking á nauðsynlegum grundvallarreglum og -atriðum til þess að geta notað öll undirkerfi og tækjabúnað, sem hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) gerir kröfu um, á öruggan og skilvirkan hátt.
2. Þekking á siglinga- og veðurfræðilegum aðvörunarkerfum og hæfni til að velja þá fjarskiptarás sem við á hverju sinni.
3. Þekkja alvarlegar afleiðingar ef slíkur fjarskiptabúnaði er misnotaður.

10. Eldvarnir og slökkvibúnaður.

1. Þekkja flokka elda og efnasamsetningu þeirra.
2. Þekkja slökkvikerfi og kunna að beita þeim.
3. Þátttaka í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

11. Björgun mannslífa.

Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og vita hvernig nota á björgunarbúnað og fylgihluti hans, þar með talinn tvíátta talstöðvabúnað. Aðferðir við að komast lífs af á sjó, þar með talin þátttaka í viðurkenndu námskeiði í því að komast lífs af á sjó.

.8 detecting course and speed changes of other ships;
.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and
.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Watchkeeping

5.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, especially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

5.2 Demonstrate knowledge of the content of the Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

6 Electronic systems of position-fixing and navigation

Ability to determine the ship's position by the use of electronic navigational aids to the satisfaction of the Party.

7 Meteorology

7.1 Knowledge of shipborne meteorological instruments and their application.

7.2 Knowledge of the characteristics of the various weather systems.

8 Magnetic and gyro-compasses

Care and use of compasses and associated equipment.

9 Communications

.1 General knowledge of the principles and basic factors necessary for the safe and efficient use of all sub-systems and equipment required by the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

.2 Knowledge of navigational and meteorological warning systems and the selection of the appropriate communication circuits.
.3 Knowledge of the adverse effect of misuse of such communication equipment.

10 Fire prevention and fire-fighting appliances

.1 Knowledge of classes and chemistry of fire.
.2 Knowledge of fire-fighting systems and procedures.
.3 Participation in an approved fire-fighting course.

11 Life-saving

Ability to direct abandon ship drills and knowledge of the operations of life-saving appliances and their equipment, including the two-way radio-telephone apparatus. Survival at-sea techniques including participation in an approved survival at-sea course.

12. Neyðarúrræði og öruggar vinnuaðferðir áhafna fiskiskipa.

Þekkja atriðin sem eru talin upp í viðeigandi hlutum leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa, kafla A, og í VIII. kafla í viðaukanum við Torremólínos-bókunina frá 1993.

13. Stjórntök fiskiskips og meðferð.

Undirstöðuþekking á stjórntökum og meðferð fiskiskips, en í því felst eftirfarandi:

1. fara frá, leggja að bryggju og beita akkeri og stjórntök við að leggja að öðrum skipum á rúmsjó;
2. stjórntök við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er á veiðum;
3. áhrif vinda, sjávarfalla og hafstrauma á stjórntök;
4. stjórntök á grunnsævi;
5. stjórntök fiskiskips í vondu veðri;
6. björgun manna og aðstoð við skip eða loftfar sem er í hættu statt;
7. skip dregið eða tekið í tog;
8. björgun manns sem fellur fyrir borð; og
9. gera, þar sem það á við, raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip.

14. Smíði fiskiskipa.

Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips.

15. Stöðugleiki skips.

Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

16. Meðferð afla og hleðsla.

Kunna örugga meðhöndlun og hleðslu afla og þekkja áhrif þessara atriða á öryggi skipsins.

17. Enska.

Fullnægjandi kunnátta í enskri tungu sem gerir yfirmanni kleift að nota sjókort og önnur siglingarit, skilja veðurfræðilegar upplýsingar og skeyti er varða öryggi skipsins og rekstur þess. Hæfni til að skilja og nota staðlaðan orðalista Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar um viðskipti skipa.

18. Læknishjálp.

Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðileg leiðbeiningargögn og þegið læknisráðgjöf með fjarskiptum.

19. Leit og björgun.

Fullnægjandi þekking á aðferðum sem er beitt við leit og björgun og eru byggðar á handbók Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um leit og björgun kaupskipa.

12 Emergency procedures and safe working practices for fishing vessel personnel

Knowledge of the items listed in the appropriate sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels, part A, and in chapter VIII of the Annex to the 1993 Torremolinos Protocol.

13 Fishing vessel manoeuvring and handling

Basic knowledge of manoeuvring and handling a fishing vessel, including the following:

.1 berthing, unberthing, anchoring and manoeuvring alongside other vessels at sea;

.2 manoeuvring during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;

.3 effects of wind, tide and current on ship handling;

.4 manoeuvring in shallow water;

.5 management of fishing vessels in heavy weather;

.6 rescuing persons and assisting a ship or aircraft in distress;

.7 towing and being towed;

.8 man-overboard procedure; and

.9 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or in conditions of ice accretion on board the vessel.

14 Fishing vessel construction

General knowledge of the principal structural members of a vessel.

15 Vessel stability

Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

16 Catch handling and stowage

Knowledge of safe handling and stowage of catch and the effect of these factors on the safety of the vessel.

17 English language

Adequate knowledge of the English language enabling the officer to use charts and other nautical publications, to understand meteorological information and messages concerning ship's safety and operation. Ability to understand and use the IMO Standard Marine Communication Phrases.

18 Medical aid

Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

19 Search and rescue

Adequate knowledge of search and rescue procedures based on the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR).

20. Varnir gegn mengun náttúrulegs umhverfis sjávar.

Kunna skil á varúðarráðstöfunum sem grípa þarf til svo koma megi í veg fyrir mengun náttúrulegs umhverfis sjávar.

21. Aðferðir við að sýna hæfni.

Aðili skal mæla fyrir um hvernig sýna ber hæfni að því er varðar viðeigandi kröfur þessa viðbætis.

3. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði.

1. Allir skipstjórar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og athafnar sig á takmörkuðu hafsvæði skulu, nema þeir hafi skírteini samkvæmt 1. reglu, hafa viðeigandi skírteini sem er gefið út í samræmi við ákvæði þessarar reglu að minnsta kosti.

2. Allir umsækjendur um réttindi skulu:

1. fullnægja kröfum viðkomandi aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn;
2. fullnægja kröfum til að öðlast réttindi yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og sigla á takmörkuðu hafsvæði og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma eigi skemmri en 12 mánuði sem yfirmaður siglingavaktar eða skipstjóri á fiskiskipum sem eru 12 metrar að lengd eða styttri. Samt sem áður geta stjórnvöld samþykkt þess í stað allt að 6 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður siglingavaktar á kaupskipum;
3. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu.

3. Viðkomandi aðili skal, með hliðsjón af áhrifum á öryggi allra skipa og mannvirkja sem kann að vera haldið úti á sama takmarkaða hafsvæði, hafa í huga það takmarkaða hafsvæði sem hann hefur skilgreint í samræmi við reglu I/1 og taka ákvörðun um viðbótarnámsefni til prófs.

4. Ekki er nauðsynlegt að umsækjandi um að þreyta próf, sem er handhafi gilds hæfnisskírteinis sem er gefið út í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978, endurtaki próf í þeim greinum sem taldar eru upp í viðbætinum og hann hefur staðist próf í og eru á hærra eða sambærilegu stigi með tilliti til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt.

20 Prevention of pollution of the marine environment

Knowledge of the precautions to be observed to prevent pollution of the marine environment.

21 Methods to demonstrate proficiency

The Party shall prescribe methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

Regulation 3

Mandatory minimum requirements for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 Every skipper on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in limited waters shall, unless they hold certificates issued in compliance with regulation 1, hold an appropriate certificate issued in compliance with at least the provisions of this regulation.

2 Every candidate for certification shall:

.1 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;
.2 meet the requirements for certification as an officer in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited or unlimited waters, and have approved seagoing service of not less than 12 months as an officer in charge of a navigational watch or skipper on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, a Party may allow the substitution of a period not exceeding six months of approved seagoing service as officer in charge of a navigational watch on merchant ships;
.3 have passed an appropriate examination or examinations for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation.

3 The Party, bearing in mind the effect on the safety of all ships and structures which may be operating in the same limited waters, should consider the limited waters it has defined in accordance with the definition given in regulation I/1 and determine any additional material that should be included in the examination or examinations.

4 A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provision of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate.

Viðbætir við 3. reglu

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi skipstjóra á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði. Með það í huga að skipstjórinn ber ætíð endanlega ábyrgð á öryggi skipsins og áhafnar þess, meðal annars þegar skipið er á veiðum, skal prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort umsækjandinn hafi aflað sér á réttan hátt allrar tiltækrar vitneskju, sem hefur áhrif á öryggi skipsins og áhafnar þess, í samræmi við yfirlitið.

2. Sigling skips og staðarákvarðanir.

2.1. Siglingaáætlun og siglingar skips við allar aðstæður:

1. með viðurkenndum aðferðum við að setja út stefnu skips;
2. á þröngum hafsvæðum;
3. þar sem það á við, þegar siglt er í ís;
4. í takmörkuðu skyggni;
5. þar sem það á við, á aðskildum siglingaleiðum; og
6. á svæðum, þar sem sjávarfalla og hafstrauma gætir.

2.2. Staðarákvörðun:

1. með athugunum á kennileitum á jörðu, meðal annars með kunnáttu í að taka mið af kennileitum og siglingamerkjum, svo sem vitum og leiðar- og sjómerkjum í sameiningu við viðeigandi sjókort, notkun tilkynninga til sjófarenda og annarra gagna til að meta nákvæmni staðarákvörðunar; og
2. með því að nota, á fullnægjandi hátt að dómi viðkomandi aðila, nútímarafeindatæki til skipasiglinga sem viðkomandi fiskiskip er búið.

3. Vaktstaða.

3.1. Sýna staðgóða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, einkum II. og IV. viðauka sem fjalla um örugga siglingu skipa.

3.2. Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

4. Ratsjársigling.

4.1. Viðkomandi aðili skal ákveða hvort fella skuli yfirlitið um ratsjár hér að aftan inn í almennar kröfur vegna réttinda skipstjóra. Ákveði aðilinn að fella yfirlitið ekki inn í almennu kröfurnar skal hann tryggja að yfirlitið sé haft til hliðsjónar þegar veita á skipstjórum réttindi sem starfa á skipum sem eru

Appendix to Regulation 3

Minimum knowledge required for certification of skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as skippers on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters. Bearing in mind that the skipper has ultimate responsibility for the safety of the vessel and its crew at all times including during fishing operations, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safety of the vessel and its crew in accordance with the syllabus.

2 Navigation and position determination

2.1 Voyage planning and navigation for all conditions:

.1 by acceptable methods of determining tracks;

.2 within restricted waters;
.3 where applicable, in ice;
.4 in restricted visibility;
.5 where applicable, in traffic separation schemes; and
.6 in areas affected by tides or currents.

2.2 Position determination:

.1 by terrestrial observations, including the ability to use bearings from landmarks and aids to navigation such as lighthouses, beacons and buoys in conjunction with appropriate charts, notices to mariners and other publications, and assessment of the accuracy of the resulting position fix; and

.2 by using, to the satisfaction of the Party, modern ship electronic navigational aids as provided in the fishing vessels concerned.

3 Watchkeeping

3.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, especially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

3.2 Demonstrate knowledge of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

4 Radar navigation

4.1 The Party shall decide whether or not to incorporate the radar syllabus below in the general requirements for certification of skippers. If the Party decides not to include the syllabus in the general requirements, it shall ensure that the syllabus is taken into account for purposes of certification of skippers

búin ratsjárbúnaði og haldið úti á takmörkuðu hafsvæði.

4.2. Sýna með notkun ratsjárhermis eða sé hann ekki til staðar, stjórnborðs, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og getu til að stjórna og nota ratsjá og til að túlka og greina upplýsingar sem tækið veitir, en í því felst eftirfarandi:

1. að kunna skil á þáttum sem hafa áhrif á virkni og nákvæmni ratsjár;
2. að stilla endurvarp á myndskjá ratsjár og viðhalda því;
3. að greina rangar og villandi upplýsingar, falskt endurvarp og endurvarp frá sjó;
4. að stilla inn fjarlægð og miðun;
5. að þekkja þýðingarmikið endurvarp;
6. að reikna út stefnu og hraða annarra skipa;
7. að finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip eru í minnstri fjarlægð þegar leiðir skerast við þau, þeim er mætt eða þegar siglt er fram úr þeim;
8. að greina stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;
9. að finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
10. að beita ákvæðum samþykktarinnar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972.

5. Áttavitar.

5.1. Kunna að ákvarða og leiðrétta kompásskekkju.

6. Veður- og haffræði.

6.1. Þekkja tæki til veðurathugana og notkun þeirra.

6.2. Kunna að nota tiltækar veðurfræðilegar upplýsingar.

6.3. Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa sem hafa áhrif innan þess takmarkaða hafsvæðis sem við á, eftir ákvörðun viðkomandi aðila.

6.4. Þekkja veðurskilyrði innan þess takmarkaða hafsvæðis sem við á og stofnað geta skipinu í hættu, eftir ákvörðun viðkomandi aðila.

6.5. Geta notað viðeigandi birt gögn fyrir sjófarendur um sjávarföll og hafstrauma, eftir því sem við á.

7. Stjórntök fiskiskips og sigling.

7.1. Stjórntök og meðferð fiskiskips við allar aðstæður, en í því felst eftirfarandi:

1. að fara frá og leggja að bryggju og nota akkeri við ýmis skilyrði vinda og sjávarfalla;
2. stjórntök á grunnsævi;
3. stjórntök og meðferð fiskiskips í vondu veðri, meðal annars að sigla á hæfilegum hraða, einkum þegar siglt er undan sjó og vindi eða þegar sjór og vindur stendur skuthallt á skipið, aðstoð við

serving on vessels fitted with radar equipment and plying within limited waters.

4.2 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board, knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;

.2 setting up and maintaining displays;

.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea return;

.4 range and bearing;

.5 identification of critical echoes;

.6 course and speed of other ships;

.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;

.8 detecting course and speed changes of other ships;

.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and

.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

5 Compasses

5.1 Ability to determine and apply compass errors.

6 Meteorology and oceanography

6.1 Knowledge of meteorological instruments and their application.

6.2 Ability to apply meteorological information available.

6.3 Knowledge of characteristics of various weather systems affecting the limited waters concerned, at the discretion of the Party.

6.4 Knowledge of weather conditions affecting the limited waters concerned liable to endanger the vessel, at the discretion of the Party.

6.5 Where applicable, ability to use appropriate navigational publications on tides and currents.

7 Fishing vessel manoeuvring and handling

7.1 Manoeuvring and handling of a fishing vessel in all conditions including the following:

.1 berthing, unberthing and anchor work under various conditions of wind and tide;

.2 manoeuvring in shallow water;

.3 management and handling of fishing vessels in heavy weather, including appropriate speed, particularly in following and quartering seas, assisting a ship or aircraft in distress, means of keep-

skip eða loftför í háska, hvernig á að halda skipi, sem ekki er hægt að stýra, upp í sjó og vind og hvernig á að draga úr reki;

4. stjórntök skips við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er að veiðum;

5. Varúðarráðstafanir við stjórntök þegar björgunarbátar eða -för eru sjósett í vondu veðri;
6. aðferðir við að taka um borð skipbrotsmenn úr björgunarbátum og -förum;
7. að gera raunhæfar ráðstafanir, þar sem það á við, þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip;
8. að sigla eftir aðskildum siglingaleiðum og beita þar viðeigandi stjórntökum;
9. mikilvægi þess að draga úr hraða til að forðast skemmdir af völdum eigin stafn- eða skutbylgju; og
10. umskipun afla á sjó yfir í verksmiðjuskip eða önnur skip.

8. Smíði fiskiskipa og stöðugleiki.

8.1. Almenn þekking á helstu smíðahlutum skips og réttum nöfnum hinna ýmsu hluta.

8.2. Þekking á lögmálum og þáttum sem hafa áhrif á stafnhalla og stöðugleika og nauðsynlegar ráðstafanir til tryggja öruggan stafnhalla og stöðugleika.

8.3. Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

8.4. Þekkja, eftir því sem við á, áhrif óhefts yfirborðs og áhrif ísingar.

8.5. Þekkja áhrif sjávar á þilfari.

8.6. Gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa trausta veður- og vatnsþétta loka.

9. Meðferð afla og hleðsla.

9.1. Hleðsla og öruggur frágangur afla og veiðarfæra um borð í skipi.

9.2. Lestun og losun með sérstöku tilliti til hallavægis og þungavægis afla og veiðarfæra.

10. Aflvélar fiskiskipa.

10.1. Meginreglur um rekstur aðalvéla í fiskiskipum.

10.2. Hjálparvélar í skipi.

10.3. Alhliða þekking á tæknihugtökum á sviði skipsvéla.

11. Eldvarna- og slökkvibúnaður.

11.1. Skipulag brunaæfinga.

11.2. Flokkar elda og efnasamsetning þeirra.

11.3. Slökkvikerfi.

11.4. Þátttaka í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

ing an unmanageable vessel out of a sea trough and lessening drift;

.4 manoeuvring the vessel during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessel's safety during such operations;
.5 precautions in manoeuvring for launching rescue boats or survival craft in bad weather;
.6 methods of taking on board survivors from rescue boats or survival craft;
.7 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or conditions of ice accretion on board the vessel;
.8 where applicable, the use of, and manoeuvring in, traffic separation schemes;
.9 the importance of navigating at reduced speed to avoid damage caused by own vessel's bow or stern wave; and
.10 transferring fish at sea to factory ships or other vessels.

8 Fishing vessel construction and stability

8.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel and the proper names of the various parts.

8.2 Knowledge of the theories and factors affecting trim and stability and measures necessary to preserve safe trim and stability.

8.3 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

8.4 Where applicable, knowledge of effects of free surfaces and ice accretion.

8.5 Knowledge of effects of water on deck.

8.6 Knowledge of the significance of weathertight and watertight integrity.

9 Catch handling and stowage

9.1 The stowage and securing of catch on board vessels, including fishing gear.

9.2 Loading and discharging operations, with special regard to heeling moments from gear and catch.

10 Fishing vessel power plants

10.1 Operating principles of marine power plants in fishing vessels.

10.2 Vessel's auxiliary machinery.

10.3 General knowledge of marine engineering terms.

11 Fire prevention and fire-fighting appliances

11.1 Organization of fire drills.

11.2 Classes and chemistry of fire.

11.3 Fire-fighting systems.

11.4 Participation in an approved fire-fighting course.

11.5. Þekking á birgðum viðvíkjandi slökkvitækjum.

12. Neyðarráðstafanir.

12.1. Varúðarráðstafanir þegar skipi er rennt á land.

12.2. Aðgerðir sem ber að grípa til fyrir og eftir að skip strandar.

12.3. Aðgerðir sem ber að grípa til þegar veiðarfæri festast í botni eða öðrum hindrunum.

12.4. Strönduðu skipi náð á flot með eða án aðstoðar.

12.5. Aðgerðir sem ber að grípa til í kjölfar áreksturs.

12.6. Þétting leka til bráðabirgða.

12.7. Ráðstafanir til að vernda áhafnir og tryggja öryggi þeirra þegar neyðarástand skapast.

12.8. Ráðstafanir til þess að takmarka tjón og bjarga skipi eftir bruna eða sprengingu.

12.9. Skip yfirgefið.

12.10. Neyðarstýring, uppsetning og notkun neyðarstýringar og hvernig á að útbúa neyðarstýri, þar sem því verður komið við.

12.11. Björgun manna af skipi í sjávarháska eða úr flaki.

12.12. Björgun manns sem fellur fyrir borð.

12.13. Annað skip tekið í tog og eigið skip dregið.

13. Heilsugæsla.

13.1. Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðilegar leiðbeiningar og þegið læknisráðgjöf með fjarskiptum.

13.2. Geta hagnýtt læknisfræðilegar leiðbeiningar og þegið læknisráðgjöf með fjarskiptum, geta, meðal annars, gert skilvirkar ráðstafanir þegar um er að ræða slys eða veikindi sem líklegt er að geti orðið um borð í skipi.

14. Sjóréttur.

14.1. Með hliðsjón af takmörkuðu hafsvæði eins og viðkomandi aðili skilgreinir það skal vera til staðar þekking á alþjóðasiglingalögum, eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum, að því marki sem þau varða sérstaka ábyrgð og skyldur skipstjóra á þeim hafsvæðum sem um er að ræða, einkum hvað viðkemur öryggi og vörnum gegn mengun sjávar.

14.2. Viðkomandi aðila er í sjálfsvald sett hversu víðtækrar þekkingar hann krefst á eigin siglingalöggjöf, en þó skal krefjast þekkingar á því hvernig gildandi alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum skuli framfylgt í viðkomandi landi.

15. Björgun mannslífa.

Þekkja björgunarbúnað um borð í fiskiskipi. Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og búnaðurinn notaður.

11.5 Knowledge of provisions concerning firefighting equipment.

12 Emergency procedures

12.1 Precautions when beaching a vessel.

12.2 Action to be taken prior to, and after, grounding.

12.3 Action to be taken when the gear becomes fast to the ground or other obstruction.

12.4 Floating a grounded vessel, with and without assistance.

12.5 Action to be taken following a collision.

12.6 Temporary plugging of leaks.

12.7 Measures for the protection and safety of crew in emergencies.

12.8 Limiting damage and salving the vessel following a fire or explosion.

12.9 Abandoning ship.

12.10 Emergency steering, rigging and use of jury steering and the means of rigging a jury rudder, where practicable.

12.11 Rescuing persons from a ship in distress or from a wreck.

12.12 Man-overboard procedures.

12.13 Towing and being towed.

13 Medical care

13.1 Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

13.2 Practical application of medical guides and advice by radio, including the ability to take effective action based on such knowledge in the case of accidents or illnesses that are likely to occur on board the vessel.

14 Maritime law

14.1 Taking into account the limited waters as defined by the Party, a knowledge of international maritime law as embodied in the international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the skipper in the waters concerned, particularly those related to safety and the protection of the marine environment.

14.2 The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but should include national arrangements for implementing applicable international agreements and conventions.

15 Life-saving

Knowledge of life-saving appliances provided on fishing vessels. Organization of abandon ship drills and the use of the equipment.

16. Leit og björgun.

Þekking á sviði leitar og björgunar.

17. Leiðarvísir FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa, hluti A.

Þekking á efni þeirra hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa sem viðkomandi aðili kann að gera kröfu um.

18. Aðferðir við að sýna hæfni.

Viðkomandi aðili skal mæla fyrir um aðferðir við að sýna hæfni að því er varðar viðeigandi kröfur þessa viðbætis.

4. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði.

1. Allir yfirmenn siglingavaktar á fiskiskipi sem er 24 metrar að lengd og lengra og athafnar sig á takmörkuðu hafsvæði skulu annað hvort hafa skírteini sem gefið er út í samræmi við 2. reglu eða hafa viðeigandi skírteini sem er gefið út í samræmi við ákvæði þessarar reglu að minnsta kosti.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:

1. hafa náð 18 ára aldri;
2. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn;
3. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en tvö ár á þilfari á fiskiskipum sem eru 12 metrar á lengd eða lengri. Samt sem áður geta stjórnvöld heimilað að í stað siglingatíma komi sérþjálfunartími í allt að eitt ár, að því tilskildu að sérþjálfunartíminn jafngildi að minnsta kosti þeim siglingatíma sem er krafist og hann kemur í staðinn fyrir, eða viðurkenndur siglingatími sem viðurkennd sjóferðabók staðfestir sem er fjallað um í alþjóðasamþykktinni frá 1978;
4. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu. Ekki er nauðsynlegt að umsækjandi um að þreyta próf, sem er handhafi gilds hæfnisskírteinis sem er gefið út í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978, endurtaki próf í þeim greinum sem taldar eru upp í viðbætinum og hann hefur staðist próf í og eru á hærra eða sambærilegu stigi með tilliti til útgáfu skírteinis samkvæmt þeirri samþykkt;
5. fullnægja gildandi kröfum 6. reglu sem er nauðsynlegt til þess að geta unnið tiltekin skyldustörf á sviði fjarskipta í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina.

16 Search and rescue

Knowledge of search and rescue procedures.

17 The FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels, Part A

Knowledge of such sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels as may be required by the Party.

18 Methods for demonstration of proficiency

The Party shall prescribe appropriate methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

Regulation 4

Mandatory minimum requirements for certification of officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 Every officer in charge of a navigational watch on a fishing vessel of 24 metres in length and over operating in limited waters shall either hold a certificate issued in compliance with regulation 2 or hold an appropriate certificate issued in compliance with at least the provisions of this regulation.

2 Every candidate for certification shall:

.1 be not less than 18 years of age;

.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing;

.3 have approved seagoing service of not less than two years in the deck department on fishing vessels of not less than 12 metres in length. However, the Administration may allow the substitution of the seagoing service by a period of special training not exceeding one year, provided that the period of the special training programme shall be at least equivalent in value to the period of the required seagoing service it substitutes or by a period of approved seagoing service evidenced by an approved record book covered by the 1978 STCW Convention;

.4 have passed an appropriate examination or examinations for assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination or examinations shall include the material set out in the appendix to this regulation. A candidate for examination who holds a valid certificate of competency issued in accordance with the provisions of the 1978 STCW Convention need not be re-examined in those subjects listed in the appendix which were passed at a higher or equivalent level for issue of the Convention certificate; and

.5 meet the applicable requirements of regulation 6, as appropriate for performing designated radio duties in accordance with the Radio Regulations.

Viðbætir við 4. reglu

Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirmanna siglingavakta á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi yfirmanns siglingavaktar á fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd og lengri og athafna sig á takmörkuðu hafsvæði.

2. Sigling eftir kennileitum á jörðu og með ströndum fram.

2.1. Kunna að staðsetja skip með því að nota:

1. kennileiti;
2. siglingamerki, svo sem vita, leiðar- og sjómerki; og
3. beita leiðarreikningi, að teknu tilliti til vinda, sjávarfalla, hafstrauma og siglingahraða miðað við snúningshraða skrúfu á mínútu og skriðmælis.

2.2. Kunna til hlítar að nota sjókort og siglingarit, til dæmis um siglingaleiðir, töflur um sjávarföll, tilkynningar til sjófarenda og viðvaranir í útvarpi um siglingar.

3. Ratsjársigling.

3.1. Viðkomandi aðili skal ákveða hvort fella skuli yfirlitið um ratsjár hér að aftan inn í almennar kröfur vegna réttinda yfirmanna siglingavakta. Ákveði aðilinn að fella yfirlitið ekki inn í almennu kröfurnar skal hann tryggja að yfirlitið sé haft til hliðsjónar þegar veita á yfirmönnum siglingavakta réttindi sem starfa á skipum sem eru búin ratsjárbúnaði og haldið úti á takmörkuðu hafsvæði.

3.2. Sýna með notkun ratsjárhermis eða sé hann ekki til staðar, stjórnborðs, þekkingu á grundvallaratriðum ratsjár og getu til að stjórna og nota ratsjá og til að túlka og greina upplýsingar sem tækið veitir, en í því felst eftirfarandi:

1. að kunna skil á þáttum sem hafa áhrif á virkni og nákvæmni ratsjár;
2. að stilla endurvarp á myndskjá ratsjár og viðhalda því;
3. að greina rangar og villandi upplýsingar, falskt endurvarp og endurvarp frá sjó;
4. að stilla inn fjarlægð og miðun;
5. að þekkja þýðingarmikið endurvarp;
6. að reikna út stefnu og hraða annarra skipa;
7. að finna hvenær og í hvaða fjarlægð skip eru í minnstri fjarlægð þegar leiðir skerast við þau, þeim er mætt eða þegar siglt er fram úr þeim;
8. að greina stefnu- og hraðabreytingu annarra skipa;

Appendix to Regulation 4

Minimum knowledge required for certification of officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as officers in charge of a navigational watch on fishing vessels of 24 metres in length and over operating in limited waters.

2 Terrestrial and coastal navigation

2.1 Ability to determine the vessel's position by the use of:

.1 landmarks;
.2 aids to navigation, including lighthouses, beacons and buoys; and
.3 dead reckoning, taking into account winds, tides, currents and speed by propeller revolutions per minute and by log.

2.2 Thorough knowledge of and ability to use navigational charts and publications such as sailing directions, tide tables, notices to mariners and radio navigational warnings.

3 Radar navigation

3.1 The Party shall decide whether or not to incorporate the radar syllabus below in the general requirements for certification of officers in charge of a navigational watch. If the Party decided not to include the syllabus in the general requirements, it shall ensure that the syllabus is taken into account for purposes of certification of officers in charge of a navigational watch serving on vessels fitted with radar equipment and plying within limited waters.

3.2 Demonstrate using a radar simulator or, when not available, manoeuvring board, knowledge of the fundamentals of radar and ability in the operation and use of radar, and in the interpretation and analysis of information obtained from the equipment including the following:

.1 factors affecting performance and accuracy;
.2 setting up and maintaining displays;
.3 detection of misrepresentation of information, false echoes, sea returns;
.4 range and bearing;
.5 identification of critical echoes;
.6 course and speed of other ships;
.7 time and distance of closest approach of crossing, meeting or overtaking ships;
.8 detecting course and speed changes of other ships;

9. að finna áhrif breytinga á stefnu eða hraða eigin skips eða hvort tveggja; og
10. að beita ákvæðum samþykktarinnar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972.

4. Vaktstaða.

4.1. Sýna staðgóða þekkingu á efni, gildissviði og markmiðum alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972, einkum II. og IV. viðauka sem fjalla um örugga siglingu skipa.

4.2. Sýna þekkingu á efni IV. kafla um grundvallaratriði siglingavakta.

5. Rafeindakerfi til staðarákvarðana og siglingar.

5.1. Geta notað rafeindasiglingatæki til þess að staðsetja skip með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila.

6. Veðurfræði.

6.1. Þekkja tæki um borð til veðurathugana og notkun þeirra.

6.2. Þekkja sérkenni ýmissa veðurkerfa sem hafa áhrif á þau takmörkuðu hafssvæði sem um er að ræða.

7. Áttavitar.

7.1. Kunna að ákvarða og leiðrétta kompásskekkju.

8. Slökkvistörf.

8.1. Kunna skil á eldvörnum og notkun slökkvibúnaðar.

8.2. Þátttaka í viðurkenndu námskeiði í slökkvistörfum.

9. Björgun mannslífa.

9.1. Þekkja björgunarbúnað um borð í fiskiskipi. Geta stjórnað æfingum þar sem skip er yfirgefið og búnaðurinn notaður.

9.2. Þátttaka í viðurkenndu námskeiði í því að komast lífs af á sjó.

10. Neyðarúrræði og öruggar vinnuaðferðir áhafna fiskiskipa.

10.1. Þekkja atriði sem tilgreind eru í viðeigandi hluta leiðarvísis FAO/ILO/IMO um öryggi fiskimanna og fiskiskipa, kafli A og í VIII. kafla í viðauka við Torremólínos-bókunina frá 1993.

11. Stjórntök fiskiskips og meðferð.

11.1. Undirstöðuþekking á stjórntökum og meðferð fiskiskips, en í því felst eftirfarandi:

1. fara frá, leggja að bryggju og beita akkeri og stjórntök við að leggja að öðrum skipum á rúmsjó;
2. stjórntök við fiskveiðar með sérstöku tilliti til þátta sem gætu stofnað öryggi skipsins í hættu þegar það er á veiðum;

.9 effect of changes in own vessel's course or speed or both; and

.10 application of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972.

4 Watchkeeping

4.1 Demonstrate thorough knowledge of the content, application and intent of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, specially Annexes II and IV concerned with safe navigation.

4.2 Demonstrate knowledge of the content of Basic Principles to be Observed in Keeping a Navigational Watch as prescribed in chapter IV.

5 Electronic systems of position fixing and navigation

5.1 Ability to determine the ship's position by the use of electronic navigational aids, where applicable, to the satisfaction of the Party.

6 Meteorology

6.1 Knowledge of shipborne meteorological instruments and their application.

6.2 Knowledge of the characteristics of the various weather systems affecting the limited waters concerned.

7 Compasses

7.1 Ability to determine and apply compass errors.

8 Fire fighting

8.1 Knowledge of fire prevention and use of fire-fighting appliances.

8.2 Participation in an approved fire-fighting course.

9 Life-saving

9.1 Knowledge of life-saving appliances provided on fishing vessels. Organization of abandon ship drills and the use of the equipment.

9.2 Participation in an approved survival at-sea course.

10 Emergency procedures and safe working practices for fishing vessel personnel

10.1 Knowledge of the items listed in the appropriate sections of the FAO/ILO/IMO Code of Safety for Fishermen and Fishing Vessels, part A, and in chapter III of the Annex to the 1993 Torremolinos Protocol.

11 Fishing vessel manoeuvring and handling

11.1 Basic knowledge of manoeuvring and handling a fishing vessel, including the following:

.1 berthing, unberthing, anchoring and manoeuvring alongside other vessels at sea;

.2 manoeuvring during fishing operations with special regard to factors which could adversely affect the vessels during such operations;

3. áhrif vinda, sjávarfalla og hafstrauma á stjórntök;
4. stjórntök á grunnsævi;
5. stjórntök fiskiskips í vondu veðri;
6. björgun manna og aðstoð við skip eða loftfar sem er í hættu statt;
7. skip dregið eða tekið í tog;
8. björgun manns sem fellur fyrir borð; og
9. gera, þar sem það á við, raunhæfar ráðstafanir þegar siglt er í ís, í námunda við borgarís eða þegar ís hleðst á skip.

12. Stöðugleiki skips.

12.1. Sýna kunnáttu í að nota stöðugleikagögn, stöðugleika- og hleðslutöflur og reikna út væntanlegan stöðugleika á siglingu skipsins.

13. Meðferð afla.

13.1. Kunna örugga meðhöndlun og hleðslu afla og þekkja áhrif þessara atriða á öryggi skipsins.

14. Smíði fiskiskipa.

14.1. Almenn þekking á helstu byggingarhlutum skips.

15. Læknishjálp

15.1. Kunna að veita skyndihjálp. Geta hagnýtt læknisfræðilegar leiðbeiningar og þegið læknisráðgjöf með fjarskiptum.

16. Leit og björgun.

16.1. Þekking á aðferðum sem er beitt við leit og björgun.

17. Varnir gegn mengun náttúrlegs umhverfis sjávar.

17.1. Kunna skil á varúðarráðstöfunum sem grípa þarf til svo koma megi í veg fyrir mengun náttúrlegs umhverfis sjávar.

18. Aðferðir við að sýna hæfni.

18.1. Viðkomandi aðili skal mæla fyrir um hvernig sýna ber hæfni að því er varðar viðeigandi kröfur þessa viðbætis.

.3 effects of wind and tide/current on ship handling;
.4 manoeuvring in shallow water;
.5 management of fishing vessels in heavy weather;
.6 rescuing persons and assisting a ship or aircraft in distress;
.7 towing and being towed;
.8 man-overboard procedure; and
.9 where applicable, practical measures to be taken when navigating in ice or in conditions of ice accretion on board the vessel.

12 Vessel stability

12.1 Demonstrate ability to use stability data, stability and trim tables and pre-calculated operating conditions.

13 Catch handling

13.1 Knowledge of safe handling and stowage of catch and the effect of these factors on the safety of the vessel.

14 Fishing vessel construction

14.1 General knowledge of the principal structural members of a vessel.

15 Medical aid

15.1 Knowledge of first aid procedures. Practical application of medical guides and advice by radio.

16 Search and rescue

16.1 Knowledge of search and rescue procedures.

17 Prevention of pollution of the marine environment

17.1 Knowledge of the precautions to be observed to prevent pollution of the marine environment.

18 Methods to demonstrate proficiency

18.1 The Party shall prescribe methods for the demonstration of proficiency in relevant requirements of this appendix.

5. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og annars vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri.

1. Allir yfirvélstjórar og þeir sem gegna starfi annars vélstjóra á fiskiskipum sem sigla á opnu hafi og eru með 750 kW aðalvél eða stærri skulu hafa viðeigandi skírteini.

2. Allir umsækjendur um skírteini skulu:
1. hafa náð 18 ára aldri;
2. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn;
3. vegna réttinda annars vélstjóra, hafa að baki viðurkenndan siglingatíma í vélarúmi sem er eigi

Regulation 5

Mandatory minimum requirements for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1 Every chief engineer officer and second engineer officer serving on a seagoing fishing vessel powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more shall hold an appropriate certificate.

2 Every candidate for certification shall:
.1 be not less than 18 years of age;
.2 satisfy the Party as to medical fitness, including eyesight and hearing;
.3 for certification as second engineer officer, have not less than 12 months approved seagoing ser-

skemmri en 12 mánuði. Samt sem áður má stytta þennan tíma í sex mánuði krefjist viðkomandi aðili sérstakrar þjálfunar sem hann metur til jafns við viðurkenndan siglingatíma sem hún kemur í staðinn fyrir;

4. vegna réttinda yfirvélstjóra, hafa viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en 24 mánuði, en af þeim tíma skulu 12 mánuðir vera vegna starfa sem fullgiltur annar vélstjóri;

5. hafa sótt viðurkennt námskeið í slökkvistörfum; og

6. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu, að því undanskildu að aðili getur breytt prófkröfum og kröfum um viðurkenndan siglingatíma yfirmanna á fiskiskipum sem athafna sig á takmörkuðu hafsvæði, en þó skal ávallt taka tillit til vélarafls og áhrifa á öryggi allra fiskiskipa sem kunna að vera á veiðum á sama svæði.

3. Menntun og þjálfun til þess að öðlast nauðsynlega fræðilega þekkingu og verklega reynslu skal vera með hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum og tilmælum.

4. Kröfur um kunnáttu samkvæmt hinum ýmsu málsgreinum viðbætisins geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða skírteini fyrir yfirvélstjóra eða annan vélstjóra.

vice in the engine-room; however, this period may be reduced to not less than 6 months if the Party requires special training which it considers to be equivalent to the approved seagoing service it replaces;

.4 for certification as chief engineer officer, have not less than 24 months approved seagoing service, of which not less than 12 months shall be served while qualified to serve as second engineer officer;

.5 have participated in an approved practical fire-fighting course; and

.6 have passed an appropriate examination for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination shall include the material set out in the appendix to this regulation, except that the Party may vary the requirements for examination and seagoing service for officers of fishing vessels engaged in voyages in limited waters bearing in mind the power of the propulsion machinery and the effect on the safety of all fishing vessels which may be operating in the same waters.

3 Training to achieve the necessary theoretical knowledge and practical experience shall take into account relevant international regulations and recommendations.

4 The level of knowledge required under the different paragraphs of the appendix may be varied according to whether the certificate is being issued at chief engineer officer or second engineer officer level.

Viðbætir við 5. reglu
Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og annars vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi yfirvélstjóra eða annars vélstjóra á fiskiskipum með 750 kw. aðalvél eða stærri. Með það í huga að annar vélstjóri kann að þurfa að axla ábyrgð yfirvélstjóra hvenær sem er skal prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort umsækjandinn hafi aflað sér á réttan hátt allrar tiltækrar vitneskju sem hefur áhrif á öruggan rekstur vélbúnaðar fiskiskipsins.

2. Að því er varðar málsgreinar 3.4 og 4.1 hér að aftan getur viðkomandi aðili fellt niður kröfur um þekkingu á öðrum gerðum vélbúnaðar en þeirri sem skírteinið, sem gefa á út, gildir um. Skírteini, sem gefið er út á grundvelli þessa, skal ekki gilda um

Appendix to Regulation 5
Minimum knowledge required for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vesselspowered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1 The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as chief engineer officer or second engineer officer of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more. Bearing in mind that a second engineer officer will be in a position to assume the responsibilities of the chief engineer officer at any time, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safe operation of the fishing vessel's machinery.

2 With respect to paragraphs 3.4 and 4.1 below, the Party may omit knowledge requirements for types of propulsion machinery other than machinery installations for which the certificate to be awarded is to be valid. A certificate awarded on such a basis

neinn flokk vélbúnaðar, sem hefur verið sleppt, fyrr en vélstjórinn hefur sýnt fram á kunnáttu sína í viðkomandi greinum að dómi aðilans. Allar slíkar takmarkanir skal skrá í skírteinið.

3. Allir umsækjendur skulu hafa næga fræðilega undirstöðuþekkingu til að skilja þau meginlögmál sem gilda í þeim greinum sem hér fara á eftir:
1. brunaferli;
2. varmaflutningur;
3. vélfræði og vökvavélafræði;
4. eftir því sem við á:
   4.1. dísilvélar í skip;
   4.2. gufuvélar í skip;
   4.3. gashverflar í skip;
5. stýrisbúnaður;
6. eiginleikar eldsneytis og smurefna;
7. eiginleikar efna;
8. eldslökkviefni;
9. rafbúnaður skipa;
10. sjálfvirkni, tækjabúnaður og stjórnkerfi;
11. smíði fiskiskipa, meðal annars stöðugleiki og aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón;
12. hjálparkerfi; og
13. kælikerfi.

4. Allir umsækjendur skulu hafa nægilega verklega þekkingu í að minnsta kosti eftirtöldum greinum:
1. rekstri og viðhaldi á, eftir því sem við á:
   1.1. skipadieselvélum;
   1.2. skipagufuvélum;
   1.3. skipagashverflum;
2. rekstri og viðhaldi hjálparvéla, þar með talið stýrisbúnaðar;
3. rekstri, prófun og viðhaldi raf- og stjórntækja;
4. viðhaldi veiðibúnaðar og vélbúnaðar á þilfari;
5. greiningu bilana, staðsetningu bilana og úrræðum til að koma í veg fyrir skemmdir;
6. skipulagningu öruggra aðferða við viðhald og viðgerðir;
7. aðferðum til að koma í veg fyrir eldsvoða og finna þá, slökkva eld og notkun viðeigandi hjálpartækja;
8. reglugerðum sem framfylgja ber varðandi mengun sjávar og aðferðum og ráðum til að koma í veg fyrir slíka mengun;
9. skyndihjálp vegna meiðsla sem búast má við í vélarúmum og notkun viðeigandi tækja;
10. verkun og notkun tækja til björgunar mannslífa;
11. aðferðum við að draga úr skemmdum einkum með tilliti til þeirra úrræða sem grípa skal til ef sjór streymir inn í vélarúm; og

shall not be valid for any category of machinery installation which has been omitted until the engineer officer proves to be competent in these items to the satisfaction of the Party. Any such limitation shall be stated in the certificate.

3 Every candidate shall possess sufficient elementary theoretical knowledge to understand the basic principles involved in the following subjects:
.1 combustion processes;
.2 heat transmission;
.3 mechanics and hydromechanics;
.4 as appropriate:
   .4.1 marine diesel engines;
   .4.2 marine steam propulsion plant;
   .4.3 marine gas turbines;
.5 steering gear systems;
.6 properties of fuels and lubricants;
.7 properties of materials;
.8 fire-extinguishing agents;
.9 marine electrical equipment;
.10 automation, instrumentation and control systems;
.11 fishing vessel construction, including stability and damage control;
.12 auxiliary systems; and
.13 refrigeration systems

4 Every candidate shall possess adequate practical knowledge in at least the following subjects:

.1 operation and maintenance of, as appropriate:
   .1.1 marine diesel engines;
   .1.2 marine steam propulsion plant;
   .1.3 marine gas turbines;
.2 operation and maintenance of auxiliary machinery systems, including steering gear systems;
.3 operation, testing and maintenance of electrical and control equipment;
.4 maintenance of catch handling equipment and deck machinery;
.5 detection of machinery malfunction, location of faults and action to prevent damage;
.6 organization of safe maintenance and repair procedures;
.7 methods of, and aids for, fire prevention, detection and extinction;
.8 regulations to be observed regarding operational or accidental pollution of the marine environment and methods and aids to prevent such pollution;
.9 first aid related to injuries which might be expected in machinery spaces and use of first aid equipment;
.10 functions and use of life-saving appliances;
.11 methods of damage control with specific reference to action to be taken in the event of flooding of seawater into the engine-room; and

12. öruggum vinnuaðferðum.

5. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á alþjóðalögum, eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum, að því marki sem þau varða sérstaka ábyrgð og skyldur þeirra sem vinna í vélarúmi, einkum hvað viðkemur öryggi og vörnum gegn mengun sjávar. Viðkomandi aðila er í sjálfsvald sett hversu víðtækrar þekkingar hann krefst á eigin siglingalöggjöf, en þó skal krefjast þekkingar á því hvernig alþjóðasamningum og alþjóðasamþykktum skuli framfylgt.

6. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á verkstjórn, skipulagningu og þjálfun um borð í fiskiskipum.

6. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi starfsmanna sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti um borð í fiskiskipum.

Skýring.

Lögbundin ákvæði um fjarskiptavakt eru sett fram í alþjóðaradíóreglugerðinni og Torremólínos-bókuninni frá 1993. Lögbundin ákvæði um viðhald eru sett fram í Torremólínos-bókuninni frá 1993 og leiðbeiningum sem stofnunin hefur samþykkt.

Gildissvið.

1. Ákvæði þessarar reglu skulu gilda um starfsmenn sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti á skipi sem ber samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti að hafa fjarskiptabúnað fyrir tíðni og sem gerður er fyrir tækni sem hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) gerir ráð fyrir, samanber þó 2. gr.

2. Áhafnir skipa, þar sem ekki er krafist fjarskiptabúnaðar samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti, þurfa ekki að fullnægja ákvæðum þessarar reglu, en skulu engu að síður uppfylla ákvæði alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Stjórnvöld skulu tryggja að viðeigandi skírteini, sem uppfylla ákvæði alþjóðaradíóreglugerðarinnar, séu gefin út til slíkra starfsmanna eða viðurkennd að því er þá varðar.

Lágmarkskröfur vegna réttinda starfsmanna sem annast GMDSS-fjarskipti.

1. Allir, sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti í skipi, skulu vera handhafar viðeigandi skírteinis eða skírteina sem stjórnvöld gefa út eða viðurkenna samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

2. Lágmarksþekking, skilningur og hæfni, sem er krafist vegna réttinda samkvæmt þessari reglu, skulu nægja starfsmönnum til að annast fjarskipti á öruggan og skilvirkan hátt.

.12 safe working practices.

5 Every candidate shall possess a knowledge of international law as embodied in international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the engine department, particularly those concerning safety and the protection of the marine environment. The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but shall include arrangements for implementing international agreements and conventions.

6 Every candidate shall possess a knowledge of personnel management, organization and training aboard fishing vessels.

Regulation 6

Mandatory minimum requirements for certification of personnel in charge of or performing radiocommunication duties on board fishing vessels

Explanatory note

Mandatory provisions relating to radio watchkeeping are set forth in the Radio Regulations and the 1993 Torremolinos Protocol. Provisions for radio maintenance are set forth in the 1993 Torremolinos Protocol and the guidelines adopted by the Organization.

Application

1 Except as provided in paragraph 2, the provisions of this regulation shall apply to personnel in charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel required by international agreement or national law to carry radio equipment using the frequencies and techniques of the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).

2 Personnel on vessels for which carriage of radio equipment is not compulsory under international agreements or national law are not required to meet the provisions of this regulation, but are nevertheless required to comply with the Radio Regulations. The Administration shall ensure that the appropriate certificates meeting the requirements of the Radio Regulations are issued or recognised in respect of such personnel.

Minimum requirements for certification of GMDSS radio personnel

1 Every person in charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel shall hold an appropriate certificate or certificates issued or recognised by the Administration under the provisions of the Radio Regulations.

2 The minimum knowledge, understanding and proficiency required for certification under this regulation shall be sufficient for radio personnel to carry out their radio duties safely and efficiently.

3. Allir umsækjendur um réttindi skulu:
1. hafa náð 18 ára aldri;
2. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn; og
3. fullnægja kröfum viðaukans við þessa reglu.

4. Allir umsækjendur um réttindi skulu standast próf með fullnægjandi hætti að dómi viðkomandi aðila.

5. Vegna áritunar skírteina af öllum gerðum sem eru gefin út samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og talin uppfylla kröfur samþykktarinnar er þekking, skilningur og hæfni, sem gerð er krafa um, sett fram í viðbætinum við þessa reglu. Þegar ákveða skal viðeigandi stig þekkingar, menntunar og þjálfunar skal viðkomandi aðili einnig taka mið af viðeigandi tilmælum stofnunarinnar.

Viðbætir við 6. reglu

Lágmarkskröfur um viðbótarþekkingu, menntun og þjálfun starfsmanna sem annast GMDSS-fjarskipti.

1. Allir umsækjendur um réttindi skulu, auk þess að uppfylla kröfur um útgáfu skírteinis sem er í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina, hafa þekkingu á:

1. því að láta í té fjarskiptaþjónustu í neyðartilvikum;
2. fjarskiptum við leit og björgun, meðal annars aðferðum sem um getur í handbók um leit og björgun kaupskipa;
3. leiðum til að koma í veg fyrir að falskt neyðarkall sé sent og leiðum til að draga úr áhrifum falsks neyðarkalls sem sent hefur verið út;
4. tilkynningarkerfi skipa;
5. læknisþjónustu gegnum fjarskipti;
6. notkun alþjóðamerkjakerfisins og staðlaðs orðalista í fjarskiptum á sjó; og
7. fyrirbyggjandi ráðstöfunum vegna öryggis skips og áhafnar í tengslum við hættu sem fjarskiptabúnaður getur valdið, meðal annars hættu samfara rafmagni og ójónandi geislun.

7. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun skipstjóra, yfirmanna og vélstjóra.

1. Allir skipstjórar eða yfirmenn, sem hafa skírteini og starfa á sjó eða ætla að hverfa aftur til starfa á sjóinn eftir tíma í landi, skulu, til þess að teljast áfram hæfir til starfa á sjó, færa stjórnvöldum sönnur á eftirtalin atriði á að minnsta kosti fimm ára fresti:

1. heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn; og

2. siglingatíma sem skipstjóri eða yfirmaður í að minnsta kosti í eitt ár á síðustu 5 árum, eða

3 Every candidate for certification shall:
.1 be not less than 18 years of age;
.2 satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and
.3 meet the requirements of the appendix to this regulation.

4 Every candidate for certification shall be required to pass an examination or examinations to the satisfaction of the Party.

5 For endorsement of all types of certificates issued under the provisions of the Radio Regulations as meeting the requirements of the Convention, the required knowledge, understanding and proficiency is given in the appendix to this regulation. In determining the appropriate level of knowledge and training the Party shall also take into account the relevant recommendations of the Organization.

Appendix to Regulation 6

Minimum additional knowledge and training requirements for GMDSS radio personnel

1 In addition to satisfying the requirements for the issue of a certificate in compliance with the Radio Regulations, every candidate for certification shall have knowledge of:
.1 provision of radio services in emergencies;

.2 search and rescue radiocommunications, including procedures in the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR);
.3 the means to prevent the transmission of false distress alerts and the procedures to mitigate the effects of false distress alerts;
.4 ship reporting systems;
.5 radio medical services;
.6 use of the International Code of Signals and the Standard Marine Communication Phrases; and
.7 preventive measures for the safety of the vessel and personnel in connection with hazards related to radio equipment, including electrical and non-ionising radiation hazards.

Regulation 7

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for skippers, officers and engineer officers

1 Every skipper or officer holding a certificate who is serving at sea or intends to return to sea after a period ashore shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required at regular intervals not exceeding five years, to satisfy the Administration as to:
.1 medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and
.2 seagoing service as skipper or officer of at least one year during the preceding five years; or

3. getu til þess að inna af hendi verkleg störf um borð í fiskiskipi sem eiga skylt við þau störf sem jafna má við skírteini af sömu gráðu og viðkomandi hefur og sem eru talin að minnsta kosti sambærileg við siglingatímann sem er krafist samkvæmt málsgrein 1.2, eða með því að:
   3.1. standast viðurkennt próf; eða
   3.2. ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða viðeigandi námskeiði fyrir skipstjóra og yfirmenn sem starfa á fiskiskipum, einkum fyrir þá sem eru að koma aftur til starfa á þeim skipum; eða
   3.3. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður í að minnsta kosti þrjá mánuði á fiskiskipi sem aukamaður, rétt áður en hann tekur við þeirri stöðu sem skírteinið gildir um.

2. Stjórnvöld skulu samþykkja endurmenntunarnámskeið sem er krafist samkvæmt þessari reglu og á þeim skal fjallað um texta nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á hafinu og varnir gegn mengun sjávar.

3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á hafinu og varnir gegn mengun sjávar sé tiltækur um borð í skipum sem lögsaga þeirra nær til.

.3 ability to perform fishing vessel operational duties relating to the duties appropriate to the grade of certificate held which are considered to be at least equivalent to the seagoing service required in paragraph 1.2, or by:
   .3.1 passing an approved test; or
   .3.2 successfully completing an approved course or course appropriate, for skippers and officers who are serving on fishing vessels, especially for re-entrants to seagoing service on these vessels; or
   .3.3 having completed approved seagoing service as an officer for a period of not less than three months on a fishing vessel in a supernumerary capacity, immediately prior to taking up the position for which the certificate is valid.

2 The refresher and updating courses required by this regulation shall be approved by the Administration and include the text of recent changes in international regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment.

3 The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment are made available to ships under its jurisdiction.

8. regla

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun starfsmanna GMDSS-fjarskipta.

1. Allir sem annast GMDSS-fjarskipti og eru handhafar skírteinis eða skírteina, sem viðkomandi aðili gefur út eða viðurkennir, skulu, til þess að teljast áfram hæfir til starfa á sjó, færa stjórnvöldum sönnur á eftirtalin atriði:

1. heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn, reglulega á fimm ára fresti; og

2. hæfni í starfi:
   2.1. með staðfestum siglingatíma við fjarskiptastörf í að minnsta kosti í eitt ár alls á síðustu fimm árum; eða

   2.2. með því að hafa gegnt hlutverki sem á skylt við þau störf sem jafna má við skírteini af sömu gráðu og viðkomandi hefur og sem eru talin að minnsta kosti sambærileg við siglingatímann sem er krafist samkvæmt málsgrein 1.2.1; eða

   2.3. með því að standast viðurkennt próf eða ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu

Regulation 8

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for GMDSS radio personnel

1 Every GMDSS radio personnel holding a certificate or certificates issued or recognized by the Party shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required to satisfy the Party as to the following:

.1 medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing, at regular intervals not exceeding five years; and

.2 professional competence:
   .2.1 by approved seagoing service involving radiocommunication duties of at leastone year in total during the preceding five years; or
   .2.2 by virtue of having performed functions relating to the duties appropriate to thegrade of certificate held which are considered to be at least equivalent to theseagoing service required in paragraph 1.2.1; or

   .2.3 by passing an approved test or successfully completing an approved trainingcourse or

þjálfunarnámskeiði eða námskeiðum á sjó eða í landi sem skulu hafa að geyma þá grunnþætti sem varða með beinum hætti öryggi mannslífa á hafinu og eiga við um það skírteini sem viðkomandi hefur, í samræmi við kröfur Torremólínos-bókunarinnar frá 1993.

2. Þegar til stendur að nýjar venjur, búnaður eða vinnubrögð verði lögbundnar um borð í skipum sem mega sigla undir fána aðila, getur viðkomandi aðili krafist þess að starfsmenn, sem annast GMDSS-fjarskipti, standist viðurkennt próf eða ljúki með fullnægjandi hætti viðeigandi þjálfunarnámskeiði eða námskeiðum á sjó eða í landi með sérstöku tilliti til öryggisstarfa.

3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um fjarskipti og sem varða öryggi mannslífa á hafinu sé tiltækur um borð í skipum sem mega sigla undir fána þess.

courses at sea or ashore which shall include those elements which areof direct relevance to the safety of life at sea, and which are applicable for the certificate that the person is holding, in accordance with the requirements of the1993 Torremolinos Protocol.

2 When new modes, equipment or practices are to become mandatory aboard vessels entitled to fly the flag of a Party, the Party may require GMDSS radio personnel to pass an approved test or successfully complete an appropriate training course or courses, at sea or ashore, with particular reference to safety duties.

3 The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations relating to radiocommunications and relevant to the safety of life at sea are available to ships entitled to fly its flag.

III. KAFLI
Grunnþjálfun áhafna fiskiskipa á sviði öryggis.

1. regla
Grunnþjálfun áhafna fiskiskipa á sviði öryggis.

1. Áhöfn fiskiskips skal, áður en henni eru falin störf um borð í skipi, fá grunnþjálfun, sem stjórnvöld samþykkja, á eftirfarandi sviðum:

1. hverning bjarga má lífi sínu, meðal annars hvernig klæðast á björgunarvestum og, eftir því sem við á, flotbúningum;
2. brunavörnum og slökkvistarfi;
3. neyðarúrræðum;
4. skyndihjálp;
5. vörnum gegn mengun sjávar; og
6. slysavörnum um borð í skipi.

2. Þegar ákvæði 1. mgr. koma til framkvæmda skulu stjórnvöld ákveða hvort og að hve miklu leyti ákvæði þessi skuli gilda um áhafnir lítilla fiskiskipa eða áhafnir sem þegar eru á fiskiskipum.

CHAPTER III
BASIC SAFETY TRAINING FOR ALL FISHING VESSEL PERSONNEL

Regulation 1
Basic safety training for all fishing vessel personnel

1 Fishing vessel personnel shall, before being assigned to any shipboard duties, receive basic training approved by the Administration in the following areas:

.1 personal survival techniques including donning of lifejackets and, as appropriate, immersion suits;
.2 fire prevention and fire fighting;
.3 emergency procedures;
.4 elementary first-aid;
.5 prevention of marine pollution; and
.6 prevention of shipboard accidents.

2 In implementing the provisions of paragraph 1, the Administration shall determine whether and, if so to what extent, these provisions shall apply to personnel of small fishing vessels or personnel already employed on fishing vessels.

IV. KAFLI
Vaktstaða.

1. regla
Grundvallaratriði sem fylgja ber á siglingavakt um borð í fiskiskipum.

1. Stjórnvöld skulu beina athygli eiganda skipa og rekstraraðila fiskiskipa, skipstjóra og þeirra sem ganga vaktir að eftirfarandi meginreglum sem ber að virða í því skyni að tryggja að ávallt sé staðin örugg vakt.

CHAPTER IV
WATCHKEEPING

Regulation 1
Basic principles to be observed in keeping a navigational watch on board fishing vessels

1 Administrations shall direct the attention of owners and operators of fishing vessels, skippers and watchkeeping personnel to the following principles, which shall be observed to ensure that a safe navigational watch is maintained at all times.

2. Skipstjóri á hverju fiskiskipi skal tryggja að fyrirkomulag vakta nægi til þess að ávallt sé staðin örugg siglingavakt. Yfirmenn á vakt eru, undir almennri stjórn skipstjóra, ábyrgir fyrir öruggri siglingu fiskiskipsins meðan á vaktstöðu þeirra stendur og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

3. Um borð í öllum fiskiskipum ber, meðal annars en þó ekki einvörðungu, að hafa hliðsjón af eftirfarandi meginreglum. Samt sem áður getur aðili undanskilið mjög lítil fiskiskip, sem eru á veiðum á takmörkuðum hafsvæðum, frá því að fylgja þessum meginreglum í einu og öllu.

4. Á leið til og frá fiskimiðum.

4.1. *Fyrirkomulag siglingavaktar.*

4.1.1. Ávallt skal manna vakt á fullnægjandi og tilhlýðilegan hátt miðað við ríkjandi aðstæður og skilyrði og þess skal gætt að hafa dyggilegan útvörð.

4.1.2. Þegar vakt er mönnuð skal meðal annars taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. brúin skal aldrei vera mannlaus;

2. veðurskilyrða, skyggnis og hvort bjart sé af degi eða myrkur;
3. nálægðar yfirvofandi hættu með tilliti til siglingar sem kann að skapa þörf á að yfirmaðurinn á vakt fylgist enn nánar með siglingu skipsins;
4. notkunar og ganghæfni siglingatækja eins og ratsjár eða annarra staðarákvörðunartækja sem og allra annarra tækja sem hafa áhrif á örugga siglingu skipsins;
5. hvort skipið sé búið sjálfstýringu; og

6. óvenjulegs álags á þá sem standa siglingavakt sem kann að leiða af sérstökum aðstæðum vegna siglingar skipsins.

4.2. *Hæfni til skyldustarfa.*

Fyrirkomulag vakta skal vera með þeim hætti að þreyta dragi ekki úr árvekni þeirra sem standa vaktir. Vaktir skal skipuleggja þannig að þeir sem taka fyrstu vakt í upphafi sjóferðar og síðan þeir sem leysa af og ganga næstu vaktir séu nægilega hvíldir og að öðru leyti vel á sig komnir til að gegna skyldustörfum.

4.3. *Sigling.*

4.3.1. Væntanlega siglingaleið skal ákvarða fyrirfram, að því marki sem unnt er, með hliðsjón af öllum viðeigandi upplýsingum og yfirfara ber allar stefnur, sem settar hafa verið út í kort, áður en sjóferðin hefst.

4.3.2. Á vakt skal sannreyna, með reglulegu millibili og nægilega oft, stýrða stefnu skipsins, staðAnd

2 The skipper of every fishing vessel shall ensure that watchkeeping arrangements are adequate for maintaining a safe navigational watch. Under the skipper's general direction, the officers of the watch are responsible for navigating the fishing vessel safely during their periods of duty, when they will be particularly concerned with avoiding collision and stranding.

3 The basic principles, including but not limited to the following, shall be taken into account on all fishing vessels. However, a Party may exclude very small fishing vessels operating in limited waters from fully observing the basic principles.

4 En route to or from fishing grounds

4.1 *Arrangements of the navigational watch*

4.1.1 The composition of the watch shall at all times be adequate and appropriate to the prevailing circumstances and conditions, and shall take into account the need for maintaining a proper look-out.

4.1.2 When deciding the composition of the watch the following factors, inter alia, shall be taken into account:

.1 at no time shall the wheelhouse be left unattended;
.2 weather conditions, visibility and whether there is daylight or darkness;
.3 proximity of navigational hazards which may make it necessary for the officer in charge of the watch to carry out additional navigational duties;
.4 use and operational condition of navigational aids such as radar or electronic position-indicating devices and of any other equipment affecting the safe navigation of the vessel;
.5 whether the vessel is fitted with automatic steering; and
.6 any unusual demands on the navigational watch that may arise as a result of special operational circumstances.

4.2 *Fitness for duty*

The watch system shall be such that the efficiency of watchkeeping personnel is not impaired by fatigue. Duties shall be so organized that the first watch at the commencement of a voyage and the subsequent relieving watches are sufficiently rested and otherwise fit for duty.

4.3 *Navigation*

4.3.1 The intended voyage shall, as far as practicable, be planned in advance taking into consideration all pertinent information, and any course laid down shall be checked before the voyage commences.

4.3.2 During the watch the course steered, position and speed shall be checked at sufficiently fre-

setningu og hraða með því að beita öllum tiltækum siglingatækjum sem eru nauðsynleg í því skyni að tryggja að skipið sigli eftir útsettri stefnu.

4.3.3. Yfirmaður á vakt skal vita nákvæmlega hvar öll öryggis- og siglingatæki eru um borð í skipinu og hvernig ber að nota þau og skulu honum vera ljós notkunartakmörk þessara tækja og taka mið af þeim.

4.3.4. Yfirmaður á siglingavakt skal hvorki taka að sér né skulu honum falin nein þau skyldustörf sem gætu truflað örugga siglingu skipsins.

4.4. *Siglingatæki.*

4.4.1. Yfirmenn á vakt skulu nota til hins ítrasta öll siglingatæki sem þeir hafa yfir að ráða.

4.4.2. Við notkun ratsjár skal yfirmaður á vakt hafa í huga nauðsyn þess að fylgja ávallt reglum um notkun ratsjár sem eru í gildandi reglugerðum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

4.4.3. Ef þörf krefur skal yfirmaður á siglingavakt ekki hika við að nota stýri, vélarafl og hljóð- og ljósmerkjatæki skipsins.

4.5. *Skyldur og ábyrgð vegna siglingar skipsins.*

4.5.1. Yfirmaður vaktar skal:

1. standa vakt í brúnni;
2. ekki víkja af stjórnpalli undir neinum kringumstæðum fyrr en hann hefur verið leystur af vakt á tilhlýðilegan og viðunandi hátt;
3. hafa áfram ábyrgð á öruggri siglingu skipsins, þrátt fyrir nærveru skipstjóra á stjórnpalli, þar til honum er tilkynnt sérstaklega að skipstjórinn hafi tekið yfir ábyrgð á vaktinni og gagnkvæmur skilningur ríki þar um;
4. hafa samband við skipstjóra sé hann í nokkrum vafa um hvað gera skuli til að tryggja öryggi skipsins; og
5. skila ekki af sér vakt til yfirmanns, sem á að leysa af, sé ástæða til að ætla að sá síðarnefndi sé ekki fær um að standa siglingavakt af árvekni og skal tilkynna það skipstjóra.

4.5.2. Þegar yfirmaður leysir af vakt skal hann sannreyna ágiskaða eða raunverulega staðsetningu skipsins, útsetta stefnu í korti, stýrða stefnu og hraða og gæta að hvers konar hættu sem skipinu kann að vera búin á siglingu sinni á vaktinni.

4.5.3. Halda skal nákvæma leiðarbók eða dagbók um siglingu skipsins og annað það sem hendir á vaktinni og varðar siglingu skipsins.

quent intervals, using any available navigational aids necessary, to ensure that the vessel follows the planned course.

4.3.3 The officer in charge of the watch shall have full knowledge of the location and operation of all safety and navigational equipment on board the vessel, and shall be aware and take account of the operating limitations of such equipment.

4.3.4 The officer in charge of a navigational watch shall not be assigned or undertake any duties which would interfere with the safe navigation of the vessel.

4.4 *Navigational equipment*

4.4.1 The officers in charge of the watch shall make the most effective use of all navigational equipment at their disposal.

4.4.2 When using radar the officer in charge of the watch shall bear in mind the necessity to comply at all times with the provisions on the use of radar contained in the applicable regulations for preventing collisions at sea.

4.4.3 In cases of need the officer of the watch shall not hesitate to use the helm, engines, sound and light signalling apparatus.

4.5 *Navigational duties and responsibilities*

4.5.1 The officer in charge of the watch shall:

.1 keep watch in the wheelhouse;

.2 in no circumstances leave the wheelhouse until properly relieved;

.3 continue to be responsible for the safe navigation of the vessel despite the presence of the skipper in the wheelhouse until informed specifically that the skipper has assumed that responsibility and this is mutually understood;

.4 notify the skipper when in any doubt as to what action to take in the interest of safety; and

.5 not hand over the watch to a relieving officer if there is reason to believe that the latter is not capable of carrying out the watchkeeping duties effectively, in which case the skipper shall be notified.

4.5.2 On taking over the watch the relieving officer shall confirm and be satisfied as to the vessel's estimated or true position and confirm its intended track, course and speed, and shall note any dangers to navigation expected to be encountered during the watch.

4.5.3 Whenever practicable a proper record shall be kept of the movements and activities during the watch relating to the navigation of the vessel.

4.6. *Útvörður.*

4.6.1. Hafa ber viðeigandi útvörð í samræmi við 5. reglu samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972. Hann skal þjóna því markmiði:

1. að huga með stöðugri árvekni, jafnt með auga og eyra sem og öllum tiltækum ráðum, að öllum breytingum sem geta skipt máli fyrir stjórn skipsins;
2. að leggja fullkomið mat á aðstæður og hættuna á árekstri og strandi og aðra hættu sem skipinu er búin á siglingu sinni; og
3. að greina skip eða loftför sem eru í nauðum stödd, skipreika menn, flök og rekgóss.

4.6.2. Þegar ákveðið er hvernig siglingavakt skuli mönnuð svo fullnægjandi sé til að tryggja að ávallt sé hafður öruggur útvörður skal skipstjóri taka tillit til allra þátta sem máli skipta, meðal annars þeirra sem er lýst í málsgrein 4.1 í þessari reglu sem og eftirfarandi atriða:

1. skyggnis, veðurs og sjólags;
2. fjölda skipa á siglingaleið og annarra umsvifa á því svæði þar sem skipið siglir;
3. árvekni sem er brýn þegar siglt er á eða nærri aðskildum siglingaleiðum og annarra reglna um leiðastjórnun;
4. auka vinnuálags vegna þeirra verkefna sem skipið er notað til að leysa, knýjandi aðstæðna við stjórn skipsins og fyrirsjáanlegra stjórntaka;
5. stjórnar stýris og skrúfu og þess hvernig skipið lætur að stjórn;
6. starfshæfni allra í áhöfn skipsins sem eru í viðbragsstöðu og kunna að verða kallaðir á vakt;
7. vitneskju um og tiltrúar á starfshæfni yfirmanna og áhafnar skipsins;
8. reynslu yfirmanns á siglingavakt og þekkingar þess yfirmanns á tækjabúnaði skipsins, verklagsreglum og því hvernig skipið lætur að stjórn;
9. umsvifa um borð í skipinu á hverjum tíma og hvaða aðstoðar er að vænta sem kalla má umsvifalaust á í brúnni þegar nauðsyn krefur;
10. gangfærni tækja og stjórnborða í brúnni, þar með talin viðvörunarkerfi;
11. stærðar skipsins og sjónsviðs frá stjórnpalli;
12. byggingarlags brúarinnar, að því marki sem það gæti komið í veg fyrir að vaktmaður sjái eða heyri það sem fer fram fyrir utan; og
13. allra viðeigandi staðla, verklagsreglna og leiðbeininga sem varða fyrirkomulag vakta og starfs-

4.6 *Look-out*

4.6.1 A proper look-out shall be maintained in compliance with Rule 5 of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972. It shall serve the purpose of:

.1 maintaining a continuous state of vigilance by sight and hearing as well as by all other available means, with regard to any significant changes in the operating environment;
.2 fully appraising the situation and the risk of collision, stranding and other dangers to navigation; and
.3 detecting ships or aircraft in distress, shipwrecked persons, wrecks and debris.

4.6.2 In determining that the composition of the navigational watch is adequate to ensure that a proper look-out can continuously be maintained, the skipper shall take into account all relevant factors, including those described under paragraph 4.1 of this regulation, as well as the following factors:

.1 visibility, state of weather and sea;
.2 traffic density, and other activities occurring in the area in which the vessel is navigating;
.3 the attention necessary when navigating in or near traffic separation schemes and other routeing measures;
.4 the additional workload caused by the nature of the vessel's functions, immediate operating requirements and anticipated manoeuvres;
.5 rudder and propeller control and vessel manoeuvring characteristics;
.6 the fitness for duty of any crew members on call who may be assigned as members of the watch;
.7 knowledge of and confidence in the professional competence of the vessel's officers and crew;
.8 the experience of the officer of the navigational watch and the familiarity of that officer with the vessel's equipment, procedures, and manoeuvring capability;
.9 activities taking place on board the vessel at any particular time, and the availability of assistance to be summoned immediately to the wheelhouse when necessary;
.10 the operational status of instrumentation in the wheelhouse and controls, including alarm systems;
.11 the size of the vessel and the field of vision available from the conning position;
.12 the configuration of the wheelhouse, to the extent such configuration might inhibit a member of the watch from detecting by sight or hearing any external developments; and
.13 any relevant standards, procedures and guidelines relating to watchkeeping arrangements and fit-

hæfni og Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

4.7. *Verndun náttúrulegs umhverfis sjávar.*

Skipstjóri og yfirmaður á vakt skulu sérstaklega hafa í huga hinar alvarlegu afleiðingar sem mengun af völdum reksturs skipsins eða mengunarslys hafa á náttúrulegt umhverfi sjávar og skulu gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíka mengun, einkum í samræmi við og innan ramma viðeigandi alþjóðareglna og hafnarreglugerða.

4.8. *Veðurskilyrði.*

Yfirmaður siglingavaktar skal gera viðeigandi ráðstafanir og upplýsa skipstjóra ef óhagstæðar breytingar á veðri geta haft áhrif á öryggi skipsins, þar með talin veðurskilyrði sem geta leitt til ísingar.

5. Sigling með hafnsögumann um borð.

Nærvera hafnsögumanns um borð leysir hvorki skipstjóra né yfirmann á vakt undan skyldum og skuldbindingum vegna öryggis skipsins. Skipstjóri og hafnsögumaður skulu skiptast á upplýsingum um tilhögun siglingar skipsins, staðbundnar aðstæður og eiginleika skipsins. Skipstjóri og yfirmaður á siglingavakt skulu hafa nána samvinnu við hafnsögumanninn og fylgjast áfram nákvæmlega með stað skipsins og siglingu.

6. Skip á fiskveiðum eða í leit að fiski.

6.1. Auk þeirra meginreglna, sem eru taldar upp í 4. mgr., skal yfirmaður vaktar hafa eftirfarandi atriði í huga og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra:

1. önnur skip á veiðum og veiðarfæri þeirra, það sem einkennir stjórntök eigin skips, einkum stöðvunarvegalengd þess og þvermál hrings þegar skipinu er snúið við á siglingu og með veiðarfæri úti;
2. öryggi áhafnar á þilfari;
3. óhagstæð áhrif á öryggi skipsins og áhafnarinnar vegna minnkandi stöðugleika og fríborðs sem eru til komin vegna óvenjulegra krafta sem rekja má til veiðanna, meðferðar afla og hleðslu og óvenjulegra sjávar- og veðurskilyrða;
4. nálægð við mannvirki á hafi úti með sérstöku tilliti til öryggissvæða; og
5. skipsflök og aðrar hindranir neðansjávar sem gætu verið veiðarfærum hættuleg.

6.2. Þegar afli er lestaður skal, þegar siglt er til löndunarhafnar, huga að mikilvægum kröfum um nægjanlegt fríborð, nægjanlegan stöðugleika og traustleika vatnsþéttra skilrúma og athuga eldsneytiseyðslu og birgðastöðu, líkur á óhagstæðum veðurskilyrðum og, einkum að vetrarlagi, hættu á ísness for duty which have been adopted by the Organization.

4.7 *Protection of the marine environment*

The skipper and the officer in charge of the watch shall be aware of the serious effects of operational or accidental pollution of the marine environment, and shall take all possible precautions to prevent such pollution, particularly within the framework of relevant international and port regulations.

4.8 *Weather conditions*

The officer in charge of the watch shall take relevant measures and notify the skipper when adverse changes in weather could affect the safety of the vessel, including conditions leading to ice accretion.

5 Navigation with pilot embarked

The presence of a pilot on board does not relieve the skipper or officer in charge of the watch from their duties and obligations for the safety of the vessel. The skipper and the pilot shall exchange information regarding navigation procedures, local conditions and the vessel's characteristics. The skipper and the officer in charge of the watch shall cooperate closely with the pilot and maintain an accurate check of the vessel's position and movement.

6 Vessels engaged in fishing or searching for fish

6.1 In addition to the principles enumerated in paragraph 4, the following factors shall be considered and properly acted upon by the officer in charge of the watch:

.1 other vessels engaged in fishing and their gear, own vessel's manoeuvring characteristics, particularly its stopping distance and the diameter of turning circle at sailing speed and with the fishing gear overboard;
.2 safety of the crew on deck;
.3 adverse effects on the safety of the vessel and its crew through reduction of stability and freeboard caused by exceptional forces resulting from fishing operations, catch handling and stowage, and unusual sea and weather conditions;
.4 the proximity of offshore structures, with special regard to the safety zones; and
.5 wrecks and other underwater obstacles which could be hazardous for fishing gear.

6.2 When stowing the catch, attention shall be given to the essential requirements for adequate freeboard, adequate stability and watertight integrity at all times during the voyage to the landing port, taking into consideration consumption of fuel and stores, risk of adverse weather conditions and, especially in winter, risk of ice accretion on or above ex-

ingu á eða yfir óvörðu þilfari á svæðum þar sem vænta má ísingar.

7. Akkerisvakt.

Skipstjóri skal tryggja, með tilliti til öryggis skipsins og áhafnar þess, að viðeigandi vakt sé ávallt staðin í brú eða á þilfari fiskiskips sem liggur við akkeri.

8. Fjarskiptavakt.

Skipstjóri skal tryggja að staðin sé fullnægjandi fjarskiptavakt þegar skipið er á sjó, á viðeigandi tíðnum, að teknu tilliti til krafna alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

posed decks in areas where ice accretion is likely to occur.

7 Anchor watch

The skipper shall ensure, with a view to the safety of the vessel and the crew, that a proper watch is maintained at all times from the wheelhouse or deck on fishing vessels at anchor.

8 Radio watchkeeping

The skipper shall ensure that an adequate radio watch is maintained while the vessel is at sea, on appropriate frequencies, taking into account the requirements of the Radio Regulations.

1. viðbætir

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta útgáfu skírteinis skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins og ákvæðum um skráningu endurnýjana gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um útgáfu nýs skírteinis í stað þess sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

SKÍRTEINI GEFIÐ ÚT SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn ..... staðfestir að handhafi þessa skírteinis fullnægir ákvæðum .....reglu ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessa skírteinis er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Skírteini nr. ..... gefið út .....
(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda
.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann ....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Appendix 1

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the certificate is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

CERTIFICATE ISSUED UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

The Government of ..... certifies that the holder of this certificate has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf:

The lawful holder of this certificate may serve in the following capacity or capacities.

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Certificate No. ..... issued on .....
(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

.Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

2. viðbætir

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta útgáfu skírteinis skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins og ákvæðum um skráningu endurnýjana gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um nýja áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR ÚTGÁFU SKÍRTEINIS SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn ..... staðfestir að skírteini nr. ..... hefur verið gefið út til ....., sem fullnægir ákvæðum .....reglu ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Áritun nr. ..... gefin út .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Appendix 2

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE ISSUE OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL 1995

The Government of ..... certifies that certificate No. ..... has been issued to ..... who has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ..... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf:

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the applicable safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Endorsement No. ..... issued on .....

(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

.Date of revalidation ....
Name of duly authorized official

3. viðbætir

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta viðurkenningu á skírteini skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins og ákvæðum um skráningu endurnýjana gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um nýja áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR VIÐURKENNINGU Á SKÍRTEINI SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn ..... staðfestir að skírteini nr. ..... gefið út til ..... af eða fyrir hönd ríkisstjórnar ..... er viðurkennt í samræmi við ákvæði reglu I/7 ofannefndrar samþykktar og að löglegur handhafi er hæfur til neðangreindra starfa með þartilgreindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Áritun nr. ..... gefin út .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins .....
Undirskrift handhafa skírteinisins .....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Áritun þessi er endurnýjuð til .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Appendix 3

The form used to attest the recognition of a certificate shall be as shown hereunder, except that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE RECOGNITION OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, [1995]

The Government of ..... certifies that Certificate No. ..... issued to ..... by or on behalf of the Government of ..... is duly recognized in accordance with the provisions of regulation I/7 of the above Convention, and the lawful holder is authorized to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf:

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Endorsement No. ..... issued on .....

(Official Seal)

.....
Signature of duly authorized official
.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate .....
Signature of the holder of the certificate .....
Photograph of the holder of the certificate

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal)

.....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation .....

.....
Name of duly authorized official

The validity of this endorsement is hereby extended until .....

(Official seal)

.....
Signature of duly authorized official

.Date of revalidation .....

.....
Name of duly authorized official

1092. Frumvarp til laga [676. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við A-lið 30. gr. bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2004.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattalagningar kemur, þó að hámarki 400.000 kr. á ári.

Frádráttarheimild þessi gildir ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda eru slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1. tölul. A-liðar 30. gr. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnum á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað gegn slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig virkað vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003 og komi til framkvæma við álagningu árið 2004. 127. löggjafarþing 2001–2002.

1093. Tillaga til þingsályktunar [677. mál]

um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.

Flm.: Þuríður Backman, Drífa Hjartardóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Katrín Fjeldsted, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að landbúnaðarráðherra skuli þegar í stað koma á fót sérstakri áætlun um vernd íslensku mjólkurkýrinnar.

Greinargerð.

Í október árið 2000 heimilaði landbúnaðarráðherra innflutning á fósturvísum úr norskum kúm í tilraunaskyni í því augnamiði að gera afmarkaða tilraun sem leiða ætti í ljós hvort hagkvæmt væri að taka kýr af þeim stofni eða blendingsgripi af íslenskum og norskum stofni til notkunar við mjólkurframleiðslu á Íslandi. Ákvörðunin vakti upp hörð viðbrögð og á Búnaðarþingi 2001 var samþykkt að fresta innflutningi fósturvísanna á meðan málið yrði skoðað nánar. Hinn 15. nóvember 2001 fór fram kosning um það hvort Bændasamtökin og Landssamband kúabænda ættu að standa fyrir tilraunainnflutningi fósturvísa úr norskum kúm. Skemmst er frá því að segja að 75% kúabænda höfnuðu innflutningi á norskum fósturvísum. Þrátt fyrir þetta lagði Nautgriparæktarfélag Íslands fram umsókn um innflutning á norskum fósturvísum og eftir því sem næst verður komist hefur sú umsókn ekki enn hlotið afgreiðslu.

Hugmyndir um innflutning á norska kúakyninu hafa verið alllengi til umræðu og verið mjög umdeildar. Hér skulu á engan hátt tíunduð þau trúverðugu rök sem fram hafa verið færð gegn slíkum innflutningi þar sem t.d. hefur verið bent á mikilvægi þess að vernda fágæta dýrastofna, en af slíkum stofni er íslenska kýrin, og vakin athygli á einstæðum kostum hennar til mjólkurframleiðslu. Undir þessi rök er að sönnu tekið. Hins vegar virðist umræðunni ekki lokið og því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til verndar íslenska kúastofninum sem verið hefur hér frá því land var numið.

Í þessari þingsályktunartillögu er farið fram á að landbúnaðarráðherra annist um að gerð verði sérstök áætlun til verndar íslensku mjólkurkúnni en það er í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni frá 1992 en samningurinn tók gildi hér á landi 11. desember 1994. Um leið er vakin athygli á hættunni samfara leyfi til innflutnings á fósturvísum úr erlendum stofnum. Með innflutningi erlendra fósturvísa eru óhjákvæmilega veiktar verulega þær varnir sem drýgstar hafa verið til verndunar íslenskum dýrastofnum og opnaðar leiðir fyrir alvarlega smitsjúkdóma sem haft gætu ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Eftir langa einangrun á eylandi er íslenskt búfjárkyn viðkvæmt og innflutningsbann hefur verið sú vörn gegn smitsjúkdómum sem best hefur reynst að mati færustu sérfræðinga. Hvað eftir annað hafa dunið yfir stór áföll í kjölfar ógætilegs innflutnings og annarra óhappa sem ekki verða öll skýrð. Nægir í því sambandi að vísa til hitasóttar í hrossum sem olli miklum usla fyrir tveimur árum. Minnt skal á að þrátt fyrir varnarlínur sem upp voru settar og aðrar varúðarráðstafanir sem áttu að koma í veg fyrir smit dreifðist hrossapestin um land allt. Það eitt sannar að komi upp nýr smitsjúkdómur af einhverju tagi í búfé er mjög erfitt eða jafnvel útilokað að tryggja að smit berist ekki frá einu landsvæði til annars.

Nokkur undanfarin ár hefur kúariðu og skyldra sjúkdóma orðið vart í Evrópulöndum. Í Englandi hafa þessir sjúkdómar valdið miklum usla og haft veruleg áhrif á útflutning þarlendra landbúnaðarafurða, t.d. til Frakklands. Kúariða hefur einnig komið upp í Þýskalandi og Portúgal svo að dæmi séu nefnd. Þar til nýlega hafa Norðurlöndin ekki orðið fyrir áföllum af þessu tagi. Hins vegar vildi svo til að sama dag og landbúnaðarráðherra heimilaði ofangreinda tilraun var greint frá því að nýtt afbrigði af hinum alvarlega og ólæknanlega heilahrörnunarsjúkdómi sem kenndur er við Creutzfeldt Jakob hefði komið upp í Noregi en sjúkdómurinn er það afbrigði kúariðusmits sem finnst í mönnum. Við nánari athugun reyndist þetta ekki vera nýja afbrigðið heldur það sem áður var þekkt. Hins vegar sýnir þetta hve tæpt við stöndum hvað varðar varnir landsins.

Danir hafa til þessa talið sig lausa við sjúkdóminn en svo reynist ekki vera, þar fannst kúariða í danskfæddri kú snemma árs 2000 og upplýst var í vönduðum sjónvarpsþætti í Dan-

mörku að allar líkur væru til þess að dönsk kýr sem flutt var til Írlands nokkru áður hafi borið sjúkdóminn með sér þangað. Auk þess hefðu verið fluttar þúsundir tonna af kjöt- og beinamjöli til Danmerkur frá löndum þar sem kúariða hefur fundist og það þótt slíkur innflutningur hefði verið bannaður í áratugi (frá 1933). Kúariða getur því verið að búa um sig á nýjum stöðum í Danmörku. Í Noregi hefur sauðfjárriða verið útbreidd. Norðmenn telja sig lausa við kúariðu en þeir hafa flutt lifandi nautgripi frá Danmörku hundruðum saman síðustu árin í þeirri trú að kúariða væri ekki í Danmörku. Enn fremur kom fyrir fáum dögum í ljós að norskar kýr hafa verið fóðraðar á kjöt- og beinamjöli sem ekki var samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum þar. Það kæmi því ekki á óvart að kúariða væri farin að búa um sig í Noregi þótt hún hafi ekki fundist enn þá. Slíkur sjúkdómur getur dulist í áratug áður en hans verður vart.

Smitleiðir kúariðu eru ekki að fullu ljósar, en hins vegar er vitað að kúariða getur smitast milli dýrategunda og í menn. Sjúkdómurinn er skyldur riðuveiki í sauðfé en óþarft er að minna á hvílíkum skaða sá sjúkdómur hefur valdið hér á landi og hversu erfitt hefur verið að ráða niðurlögum hans. Því hefur verið haldið fram að litlar líkur séu á því að kúariða geti smitast með fósturvísum. Það hefur hins vegar ekki verið afsannað og í ljós hefur komið að smitandi slímhúðarpest í nautgripum (BVD) getur smitast með fósturvísum.

Að lokum skal vísað til greinargerðar Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis á Keldum, sem snemma á þessu ári varaði við hættu sem fylgt gæti innflutningi á norsku kúakyni. Þar segir m.a.:

„Sagt er: Þetta er óraunhæf sjúkdómahræðsla. Hafa ekki verið flutt inn gæludýr og svín og frjóvguð egg alifugla um árabil án vandræða? Svarið er: Innflutningur á nýju kúakyni til Íslands er ekki sambærilegur við þetta. Í svínum, hænsnum og gæludýrum eru margir sömu smitsjúkdómar og finnast í nágrannalöndum, meðal annars vegna innflutningsins. Það er ekki hvað kýrnar varðar. Erlendis þekkjast smitsjúkdómar af ýmsum toga í kúm, sem ekki hafa borist hingað enn þá. Svín eru lokuð inni alla sína ævi við stranga sjúkdómavörn og sama gildir um fiðurfé, en kýrnar hafa fengið og fá vonandi áfram að ganga frjálsar úti hluta ársins. Oft eru þær í bland við aðrar dýrategundir, m.a. sauðfé. Smithætta frá kúm er því allt önnur og meiri ef illa fer. Sauðfé gæti sýkst af innfluttum kúasjúkdómi og dreift honum um landið. Þannig tilkominn sauðfársjúkdómur gæti breiðst út án þess að vörnum yrði við komið og orðið landsplága. Slíkt hefur gerst áður. Varla eru menn búnir að gleyma því hvernig hrossapestin dreifðist um allt land þrátt fyrir varnarlínur. Hún gæti valdið árlegu tjóni um ókomin ár ef hún er landlæg orðin hér."

Full ástæða er fyrir okkur Íslendinga að gæta ýtrustu varúðar við allar breytingar á búfjárstofnum okkar enda hafa þeir vissulega notið þeirrar einangrunar sem við búum við hér á landi. Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að kynna íslenskar landbúnaðarafurðir erlendis og vinna þeim markað sem hreinni, ómengaðri vöru.

Neytendur eru – ekki síst vegna kúariðufársins í Evrópu – mjög á varðbergi og krefjast þess að gæði, hreinleiki og heilbrigði allrar vöru sé sannað og staðfest. Tilraun af því tagi sem hér er fjallað um getur haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir markaðssetningu íslenskra landbúnaðarafurða og gert að engu það brautryðjendastarf sem þegar hefur verið unnið á þeim vettvangi.

Því hefur verið haldið fram að framleiðni íslenska kúakynsins sé of lítil og því sé framleiðslukostnaður óhjákvæmilega hár. Vel má vera að nyt íslenska kúakynsins sé ekki að fullu sambærileg við sumar erlendar tegundir en úr því má bæta með ræktun, fóðrun og betri mjaltatækni. Rannsóknir hafa sýnt að efnasamsetning íslensku mjólkurinnar er með eindæmum góð. Mjólk frá íslenska kúakyninu er auðug af mjólkurpróteininu kappa-kasein B sem er m.a. mjög heppilegt við ostagerð en inniheldur lítið af próteininu beta-kasein A1 sem finnst

meira af hjá öðrum tegundum, t.d. norska kúakyninu. Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna líkur á að beta-kasein A1 geti valdið hættu á insúlínháðri sykursýki hjá börnum. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið en áður en niðurstaða fæst er óforsvaranlegt að hefja hér mjólkurframleiðslu með erlendu kúakyni. Íslenska kýrin hefur sýnt okkur hvað hún hefur að bjóða og nauðsynlegt er að standa vörð um þá eiginleika hennar. Þá má benda á það ef rannsóknir sýna að beta-kasein A1 hafi þessa hættulegu eiginleika er ljóst að íslenska mjólkin og afurðir úr henni geta verið geysiverðmæt útflutningsvara.

Skuldbindingar Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum krefjast þess að við stöndum vörð um hið íslenska kúakyn, landnámskúna en markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni, sjálfbæra notkun efnisþátta hennar og réttláta skiptingu hagnaðar sem stafar af nýtingu erfðaauðlinda. Jafnframt er viðurkennt að aðildarríkin eigi fullveldisrétt yfir eigin líffræðilegu auðlindum og jafnframt að þau beri ábyrgð á verndun þessara auðlinda. Eiginleikar íslensku kýrinnar er tvímælalaust verðmæt auðlind sem okkur ber skylda til að vernda.

Í ljósi þess sem hér er komið fram er því skorað á landbúnaðarráðherra að annast um að gerð verði sérstök verndaráætlun fyrir íslensku mjólkurkúna og tryggja þar með hagsmuni allra Íslendinga og ímynd landsins út á við en það verður seint ofmetið að geta tryggt sérstöðu okkar sem þjóðar sem framleiðir hreinar, hollar og góðar landbúnaðarafurðir. Miðað við það sem að framan er rakið er augljóst að hagsmunum okkar er betur borgið með verndarstefnu til lengri tíma litið.

Með þingsályktunartillögu þessari eru sem fylgiskjöl tvær blaðagreinar sem birtust í Morgunblaðinu á árinu 2000.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Innflutningur fósturvísa norskra kúa er ótímabær. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir á Keldum. (Morgunblaðið, 15. janúar 2000.)

II. Kúainnflutningur: Er óhagkvæmt að flytja inn norskar kýr? Stefán Aðalsteinsson, doktor í búfjárfræði. (Morgunblaðið, 3. febrúar 2000.)

1094. Frumvarp til laga [678. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2001, bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988.
15. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 26. október 1979.

2. gr.

Við 2. mgr. 165. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir ef gripið er inn í stjórn skips eða botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

3. gr.

Við 1. mgr. 168. gr. laganna, sbr. 80. gr. laga nr. 82/1998, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir ef raskað er öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

4. gr.

Á eftir 169. gr. laganna kemur ný grein, 169. gr. a, svohljóðandi:

Hver sá sem ólöglega tekur við, hefur í vörslum sínum, notar, flytur, breytir, losar eða dreifir kjarnakleyfum efnum og stofnar með því lífi manna, heilsu eða eignum í háska skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot skv. 1. mgr. hefur í för með sér almannahættu varðar það fangelsi allt að 16 árum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er samið í dómsmálaráðuneytinu, er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á almennum hegningarlögum til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt þremur alþjóðasamningum, samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988 (hér á eftir nefndur samningurinn um öryggi í siglingum á sjó), bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988 (hér á eftir nefnd bókun um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu) og um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

Hryðjuverkaárásin á Bandaríkin 11. september 2001 hefur haft djúpstæð áhrif á ríki heims og hvatt þau til að efla varnir gegn hryðjuverkum. Í kjölfar árásarinnar var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman og með ályktun þess nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu þeim að baki og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki heims hvött til að fullgilda þá alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum sem þegar höfðu verið gerðir og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Íslensk stjórnvöld brugðust skjótt við ályktun öryggisráðsins og hófust þegar handa við að undirbúa fullgildingu þeirra alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum sem ekki höfðu verið fullgiltir. Alls voru alþjóðasamningar sem hafa verið gerðir og varða hryðjuverk þrettán talsins, en Ísland hafði fullgilt sjö þeirra. Með þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 8. mars 2002 var ríkisstjórninni veitt heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvo alþjóðasamninga, annars vegar um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og hins vegar um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999. Samhliða framlagningu þingsályktunartillögunnar lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp sem kvað á um nauðsynlegar lagabreytingar vegna fullgildingar samninganna. Í þingsályktunartillögunni var þess getið að stefnt væri að því að fullgilda þá fjóra samninga sem eftir stæðu fyrir vorið 2002.

Samhliða því að frumvarp þetta er lagt fram mun utanríkisráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um aðild að þeim fjórum alþjóðasamningum sem eftir standa. Þrír þeirra

samninga gáfu tilefni til breytinga á löggjöf og eru það þeir samningar sem frumvarp þetta lýtur að. Fjórði samningurinn um merkingu plastsprengiefna til að unnt sé að bera kennsl á þau frá 1. mars 1991 kallaði ekki á lagabreytingar.

Samningurinn um öryggi í siglingum á sjó og bókun við hann um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, sem voru gerð í Róm, 10 mars 1988, öðluðust gildi 1. mars 1992, 90 dögum eftir að 15 ríki höfðu gerst aðilar að þeim. Hinn 28. febrúar 2002 voru aðilar að samningnum 67 og að bókuninni 60 talsins. Um er að ræða samning sem kveður á um að ákveðin háttsemi sem er til þess fallin að ógna öryggi skipa sé afbrot sem samningríki skuli gera refsivert í löggjöf sinni. Þeirri háttsemi er lýst í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins. Þá eru ákvæði í samningnum um hvernig refsilögsögu ríkja skuli háttað. Samningurinn tekur ekki til herskipa, skipa í ríkiseigu eða ríkisrekstri sem eru notuð sem hjálparskip flotans eða toll- eða löggæsluskip eða skipa sem ekki er lengur siglt eða hefur verið lagt upp.

Bókunin við samninginn um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu tekur til sömu atriða og samningurinn, en í bókuninni er miðað við að öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu sé ógnað í stað skipa. Í bókuninni merkir „botnfast mannvirki“ manngerða eyju eða uppsetningu eða byggingu sem er fest við sjávarbotn að staðaldri í því skyni að leita að auðlindum eða nýta þær eða í öðrum efnahagslegum tilgangi.

Samningurinn um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vín 26. október 1979 öðlaðist gildi 8. febrúar 1987, þrjátíu dögum eftir að 21 ríki hafði gerst aðili að honum. Hinn 20. mars 2002 voru 75 ríki orðin aðilar að samningnum. Samningurinn hefur tvenns konar markmið. Annars vegar gerir hann tilteknar kröfur um hvernig gæslu kjarnakleyfra efna sem nota skal í friðsamlegum tilgangi skuli háttað á meðan slík efni eru flutt milli landa, og hins vegar mælir hann fyrir um til hvers konar ráðstafana aðildarríki skuli grípa vegna ólögmætra athafna varðandi slík efni á meðan þau eru flutt milli landa eða eru í notkun, geymslu eða flutningi innan lands.

Ákvæði samningsins um hvernig gæslu kjarnkleyfra efna skuli háttað eiga eingöngu við um flutning efnanna milli landa, en önnur ákvæði samningsins ná einnig til notkunar, geymslu og flutnings slíkra efna innan lands. Aðildarríkjunum er skylt að taka upp í landslög sín ákvæði er lýsa refsiverða þá háttsemi sem getið er í 7. gr. samningsins, en þeirri háttsemi er nánar lýst í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins. Þá hefur samningurinn einnig að geyma ákvæði um refsilögsögu og framsal sakamanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði beggja samninga innihalda ákveðnar reglur um refsilögsögu. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu ákvæði eru gerðar til að fullnægja áskilnaði 6. gr. samningsins um öryggi í siglingum á sjó, 3. gr. bókunar við þann samning um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu og 8. og 9. gr. samningsins um vörslu kjarnakleyfra efna. Hér er sami háttur hafður á og tíðkaður hefur verið við fullgildingu annarra alþjóðasamninga þar sem áskilnaður hefur verið um rýmkaða refsilögsögu.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hinir þrír töluliðir sem bætast við 6. gr. laganna fái númerin 13, 14 og 15. Rétt er að geta þess að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem felur m.a. í sér breytingu á 6. gr. almennra hegningarlaga. Það frumvarp var lagt fyrir Alþingi til að fullnægja samningsskuldbindingum samkvæmt tveimur alþjóðasamningum sem varða hryðjuverk, en þeirra var getið í almennum athugasemdum að framan; samningur um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og samningur um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9.

desember 1999. Þar er gert ráð fyrir að hinir tveir nýju töluliðir fái númerin 13 og 14. Verði það frumvarp fyrr að lögum en þetta frumvarp þarf að breyta númeri tölulíða ákvæðisins í samræmi við það og einnig tilvísun ákvæðisins í síðustu breytingarlög.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á 2. mgr. 165. gr. laganna.

Í 3. gr. samningsins um öryggi í siglingum á sjó og 2. gr. bókunar um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu er fjallað um þá háttsemi sem telst vera afbrot samkvæmt samningnum. Uppsetning nefndra ákvæða (hér á eftir nefnd „samningsákvæðin“) er sambærileg og sama háttsemi telst vera afbrot samkvæmt þeim, nema hvað samkvæmt samningnum beinist hún að skipum en samkvæmt bókuninni að botnföstum mannvirkjum landgrunnsins.

Samkvæmt 1. mgr. samningsákvæðanna að breyttu breytanda telst maður hafa framið afbrot ef hann með ólöglegum hætti og af ásetningi: a) yfirtekur skip/botnfast mannvirki eða stjórn þess með valdi eða hótar því eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum; eða b) beitir mann ofbeldi um borð í skipi/botnföstu mannvirki og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öryggi skipsins/botnfasta mannvirkisins í hættu; eða c) eyðileggur skip/botnfast mannvirki eða veldur tjóni á því eða skipsfarmi sem má telja líklegt að stofni öryggi skipsins/botnfasta mannvirkisins í hættu; eða d) kemur fyrir eða er valdur að því að komið er fyrir um borð í skipi/botnföstu mannvirki búnaði eða efni sem líklegt er að valdi eyðileggingu eða tjóni á skipinu/botnfasta mannvirkinu eða farmi þess sem stofnar, eða líklegt má telja að stofni, öryggi skipsins/botnfasta mannvirkinu í hættu; eða e) eyðileggur eða veldur alvarlegu tjóni á siglingatækjum eða truflar starfrækslu þeirra á alvarlegan hátt og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skipsins í hættu; eða f) kemur upplýsingum á framfæri sem hann veit að eru rangar og stofnar með því öruggri siglingu skipsins í hættu; eða g) særir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem er fjallað um í a–f-lið.

Samkvæmt 2. mgr. samningsákvæðanna telst maður einnig hafa framið afbrot skv. 1. mgr. ef hann gerir tilraun til þess, hvetur til þess eða á hlutdeild í því, jafnframt ef hann hótar að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í b-, c- og e-liðum að framan séu líkur á því að hótunin stofni öryggi skipsins/botnfasta mannvirkisins í hættu.

Ákvæði 168. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, tekur að mestu leyti til þeirrar háttsemi sem um getur í nefndum samningsákvæðum að svo miklu leyti sem hún varðar skip. Sú háttsemi sem lýst er í samningsákvæðunum telst afbrot ef hún hefur á einhvern hátt raskað öryggi þess andlags er þar greinir, sbr. b–f-lið hér að framan. Þá taka ákvæðin í III. kafla almennu hegningarlaganna um tilraun og hlutdeild til þeirrar háttsemi sem lýst er í 2. mgr. samningsákvæðanna. Hótun sem þar er lýst og er til þess fallin að stofna öryggi skips í hættu fellur undir 168. gr. almennu hegningarlaganna. Þó eru nokkur atriði í samningsákvæðunum sem ákvæði hegningarlaga ná ekki til og er ákvæðum frumvarpsins ætlað að bæta úr því.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. samningsins og 2. gr. bókunarinnar, sem sameiginlega er getið hér að framan undir a-lið samningsákvæðanna, telst sá maður hafa framið afbrot sem yfirtekur skip/botnfast mannvirki eða stjórn þess með valdi eða hótar því eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum. Í 165. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði sem tekur til slíkrar háttsemi ef hún er viðhöfð í loftfari. Því er hér lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að það sama gildi ef gripið er inn í stjórn skips eða botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að við 168. gr. laganna bætist nýr málsliður sem geri refsivert að raska öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Eins og getið er í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins tekur 168. gr. almennra hegningarlaga til þess þegar öryggi skipa er raskað. Þá tekur ákvæðið einnig til þess þegar öryggi járnbrautarvagna, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja eða umferðaröryggi á alfaraleiðum er raskað. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til botnfastra mannvirkja á landgrunninu eins og bókunin um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu gerir kröfu um. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til er ætlað að bæta úr því. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að uppfylla samningsskuldbindingu samkvæmt samningnum um vörslu kjarnakleyfra efna. Í 7. gr. samningsins er fjallað um þá háttsemi sem telst vera refsiverð samkvæmt samningnum. Sú háttsemi er ítarlega talin upp í nokkrum stafliðum í 1. mgr. ákvæðisins. Í 2. mgr. er svo kveðið á að aðildarríki skuli gera brotin sem lýst er í 1. mgr. refsiverð með viðeigandi viðurlögum sem miðast við hve alvarleg þau eru.

Ákvæði almennu hegningarlaganna taka að mestu leyti til þeirrar háttsemi sem getið er í 1. mgr. 7. gr. samningsins, en þó leikur vafi á hvort íslensk lög samræmist í öllu tilliti a-lið ákvæðisins. Þar segir að sá verknaður teljist refsiverður sem framinn er af ásetningi og feli í sér ólögmæta athöfn sem felist í móttöku, yfirráðum yfir, notkun, tilfærslu, breytingu, förgun eða dreifingu kjarnakleyfra efna og valdi eða sé líkleg til að valda dauða manna eða mönnum alvarlegum skaða eða verulegu eignatjóni.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á lögunum er vafalaust að samningsskuldbindingu skv. 7. gr. samningsins er fullnægt. Refsing er talin hæfileg fangelsi allt að sex árum ár skv. 1. mgr. ákvæðisins og allt að 16 árum skv. 2. mgr. ef almannahættu er valdið með því. Í því sambandi er höfð hliðsjón af öðrum ákvæðum í XVIII. kafla laganna og horft til þess hversu gríðarlega alvarlegt tjón getur hlotist af broti gegn ákvæðinu. Þess má geta að Norðmenn gerðu breytingu á sínum hegningarlögum þegar þeir fullgiltu samninginn og hefur hér verið höfð hliðsjón af þeirri lagabreytingu.

„Kjarnakleyft efni“ er skilgreint í 1. gr. samningsins, en það telst vera „plúton, að því undanskildu sem hefur yfir 80% samsætustyrk í plútoni 238; úran 233; úran auðgað í samsætu 235 eða 233; úran sem inniheldur þá blöndu af samsætum, sem kemur fyrir í náttúrunni, aðra en í mynd málmgrýtis eða málmgrýtisleifar; öll efni sem innihalda eitt eða fleiri fyrrnefndra atriða“.

Þá er þar einnig að finna skilgreiningu á „úrani auðguðu í samsætu 235 eða 233“ en það telst vera „úran sem inniheldur samsætu 235 eða 233 eða báðar í því magni að fjöldahlutfall milli summu þessara samsætna og samsætu 238 er hærra en hlutfallið milli samsætu 235 og samsætu 238 sem kemur fyrir í náttúrunni“.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á almennum hegningarlögum til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt tveimur alþjóðasamningum, annars vegar um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó, og bókunar við hann um öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, og hins vegar um vörslu kjarnakleyfra efna.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi beinan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

1095. Tillaga til þingsályktunar [679. mál]

um neysluvatn.

Flm.: Katrín Fjeldsted.

Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að

a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,
b. málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og
c. stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Greinargerð.

Sú merka auðlind sem felst í fersku lindarvatni er ekki öllum ljós. Þó er vitað er að við Íslendingar eigum yfir að ráða mun meira vatni en við þurfum sjálf á að halda þótt vatnsskorts geti gætt á einstaka stað á landinu. Samt er það svo að auðlindin er munaðarlaus og hvergi vistuð í stjórnsýslunni þar sem engin ein stofnun fer með markvissa ráðgjöf eða heldur utan um málefni hennar. Mikilvægt er að umgangast þessa auðlind þannig að komandi kynslóðir eigi aðgang að fersku neysluvatni í framtíðinni. Ferskt vatn á Íslandi er ekki takmörkuð auðlind. Núverandi heildarnotkun og vinnsla á neysluvatni er hvergi skráð og í stjórnsýslunni er hvergi haldið utan um þekkingu á auðlindinni á einum stað. Eðlilegt væri að fela Orkustofnun það verkefni.

Mestu skipta eftirtalin þrjú atriði:

- Auðlindin sjálf og stjórn á meðferð hennar hafa hvergi verið vistuð í stjórnsýslunni.
- Eftirlit með gæðum neysluvatns og vernd vatnsbóla í heimabyggð er í góðum höndum hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og Hollustuvernd ríkisins.
- Möguleikar eru á arðbærri nýtingu á neysluvatni umfram það sem þjóðin neytir sjálf.

Hver á vatnslindir?

Um 70% af yfirborði jarðar eru vatn en af heildarvatnsforðanum á jörðinni eru 97,4% salt vatn. Ferskvatn nemur aðeins 2,5% af öllu vatni og neysluhæft vatn er eingöngu 0,27%. Vatn er því takmörkuð auðlind, sérstaklega þegar þess er gætt að aðgangur að neysluhæfu vatni er mjög misjafn eftir landsvæðum á jörðinni.

Neysluvatn hefur verið skilgreint sem matvæli og vatnsveitur sem matvælafyrirtæki samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995, en þar segir í 4. gr.: „Matvæli eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn, sbr. þó einnig 2. mgr. 2. gr.“ Þar með þarf vatn að lúta ströngum gæðakröfum eins og önnur matvæli. Í lögunum er umhverfisráðherra falin yfirstjórn mála (5. gr.) að svo miklu leyti sem hún er ekki falin öðrum ráðherrum. Hollustuvernd ríkisins er ráðherra til ráðgjafar, en lög um matvæli heyra undir landbúnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Þá starfar samstarfsráð skv. 8. gr. Um vatn gilda einnig vatnalög, orkulög og lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en í þeim segir í 14. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.“ Í 15. gr. segir: „Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.“

Landeigendum er þannig samkvæmt lögum nr. 57/1998 heimil vatnstaka án leyfis iðnaðarráðherra allt að 70 l/sek. þótt 10 l/sek. séu taldir nægja fyllilega fyrir venjulegan búrekstur. 70 l/sek. eru 1.000 tonn á dag en það er sambærilegt við þarfir sveitarfélags með 500–1.000 íbúa. Nokkrar vatnsveitur á landinu nota meira en 70 l/sek., þ.e. í Reykjavík, á Akureyri, Suðurnesjum, Hafnarfirði, Akranesi og Selfossi. Víða á landinu er vatnsnotkun óeðlilega mikil vegna leka í dreifikerfi en í Reykjavík hefur markvisst verið leitað að leka á kaldavatnslögnum með þeim árangri að vatnið nýtist betur en áður og dregið hefur úr notkun, þrátt fyrir fólksfjölgun á þjónustusvæði Orkuveitunnar.

Hér á landi heyra vatnsveitulög undir félagsmálaráðuneyti, hitaveitur og rafveitur undir iðnaðarráðuneyti og Hollustuvernd ríkisins undir umhverfisráðuneyti. Í vatnalögum, nr. 15/1923, er í 151. gr. kveðið á um að atvinnumálaráðherra hafi yfirstjórn vatnamála á hendi. Gert er ráð fyrir að væntanleg matvælastofnun heyri undir sjávarútvegsráðuneyti.

Auðlindanefnd, sem skilaði skýrslu í september 2000, fjallaði um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, þ.e. nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum. Í skýrslunni kemur fram að eignarhald á náttúruauðlindum sé skilgreint í ýmsum lögum og eru sumar náttúruauðlindir á landi háðar einkaeignarrétti en aðrar eignarrétti ríkisins sem sérstaklega er kveðið á um í lögum. Skv. 3. gr. laga nr. 57/1998 er eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum, þ.m.t. innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, í höndum landeigenda. Hins vegar er lýst yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda og nær sá réttur m.a. til jarðefna, jarðhita og grunnvatns. Í 2. gr. vatnalaga segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni og stöðuvatni sem á henni er. Þessi réttur eiganda nær til nýtingar á vatnsorku, sbr. 49. gr. laganna. Í skýrslunni er þó fyrst og fremst fjallað um vatn út frá nýtingu þess sem vatnsorku þótt minnst sé á hreint vatn sem dæmi um umhverfisgæði. Í séráliti Geirs Oddssonar umhverfisfræðings segir að í raun megi skilgreina alla náttúruna (jarðveg, plöntur, dýr,

andrúmsloft, sól og vatn) sem mögulega náttúruauðlind. Almennt megi þó segja að hlutar náttúrunnar verði ekki að náttúruauðlind fyrr en þeir gegni einhverju skilgreindu hlutverki í efnahagsstarfsemi mannlegs samfélags eða í neyslu einstaklinga. Þannig geti náttúruauðlindir orðið til við nýja notkun á náttúrunni. Snjór sé t.d. náttúruauðlind í augum þeirra sem reka skíðasvæði. Náttúruauðlindir geti á sama hátt horfið, eins og gúanó á eyjum undan strönd Suður-Ameríku. Í flokkun Geirs Oddssonar á náttúruauðlindum koma fram nokkur atriði sem einkenna ferskvatn, þ.e. villtir fiskar, ómengað vatn, vatnsból, vatnsföll, útivist og örverur. Einnig kemur fram í séráliti hans að margar auðlindir sem eru á landi og í ferskvatni séu í einkaeign og því hafi þær ekki verið til umfjöllunar hjá auðlindanefnd.

Kostir vatns hér á landi.

Íslenskt vatn á gjöfulum linda- og grunnvatnssvæðum er hreint, gerla- og efnasnautt, en sýrustig þess á tökustað er fremur hátt, pH 8,5–9, svo það er heldur basískt. Talið er æskilegt að sýrustig neysluvatns sé 7–8. Vatnið kemur úr kísilríkum jarðvegi, harka þess er mjög lítil og bragðið ekki eins rammt og víða er. Þetta háa sýrustig tengist því að vatnsharka er lítil, vatnið er of „þunnt“ en með því að bæta í það kolsýru lækkar sýrustigið. Við það verður vatnið stöðugra og ekki eins dauft á bragðið, jafnvel þótt viðbótin nemi aðeins 30–50 mg/l en bragðið finnst ekki fyrr en við 400–500 mg/l viðbót af kolsýru. Íslenskt vatn hefur komið vel út í bragðprófunum.

Þá er ekki nítrat í íslensku grunnvatni, einkum vegna gróðurleysis á hálendinu. Magn nítrats er 0,1–0,3 mg/l en Evrópustaðallinn er 25–40 mg/l. Í ýmsum iðnaðarlöndum kringum Norðursjó, svo sem í Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi og Niðurlöndum, er nítrat í vatni farið að nálgast hættumörk. Víða hefur miklu verið spillt, t.d. með áburði og skordýraeitri. Danir hafa gert vatnsverndaráætlun (Handlingsplan for rent vand, Ökologisk råd, ecocouncil.dk) og taka vatn sitt neðanjarðar. Í Bandaríkjunum hefur EPA viljað lækka viss viðmiðunarmörk en ekki fengið því framgengt þar sem margar vatnsveitur gætu þá ekki séð fólki fyrir vatni.

Víða um lönd er almennt vatn aðgreint frá drykkjarvatni og gerðar mismunandi kröfur um efnainnihald og gæði. Í mörgum löndum er klórbragð af vatni enda klórblandað, sums staðar eru eiturefni en það er víðast hvar gerlafrítt. Arsenik er náttúrulegt efni í jarðvegi víða.

Vatnsmagn á Íslandi.

Í bæklingi frá Worldwatch Institute Norden frá 1998 kemur fram að Ísland er ferskvatnsauðugasta land veraldar, með 666.667 m^3 á mann á ári, Kongó hefur helming af því, Kanada 108.900 m^3, Noregur 97.268 m^3, Brasilía 46.631 m^3, Bandaríkin 9.913 m^3, Japan 4.428 m^3, Mexíkó 4.226 m^3 og Frakkland 3.262 m^3. Af þeim vatnssnauðustu hefur Jórdanía 327 m^3, Sádi-Arabía 306 m^3, Singapúr 221 m^3, Malta 85 m^3, Kúveit 75 m^3 og lestina rekur Djíbútí með 23 m^3 af fersku vatni á íbúa á ári. Ljóst er að vatnsskortur er orðinn verulegur í ýmsum stórborgum heims og má nefna Mexíkóborg og Ríó de Janeiro sem dæmi.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun koma 400.000 l/sek af grunnvatni upp í byggð á vatnsgæfum lindarsvæðum. Talið er að vatnsöflun í iðnaðarlöndunum sé um tífalt dýrari en hér og í grein eftir Freystein Sigurðsson jarðfræðing í AVS 1994 kemur fram að 1 m^3 af hreinu grunnvatni kosti um 20 kr. á Íslandi en 1 m^3 af vatni úr krana í Kaupmannahöfn kosti um 250 kr. (skattar meðtaldir). Vatn er selt út úr búð í útlöndum á 10–50 kr./l. Sé miðað við 25 kr./l eru 400.000 l á sekúndu um 10 millj. kr. virði. Augljóslega er það ekki nýtanlegt nema að hluta. Verð á 1 m^3 hérlendis var um 20 kr. á árinu 1994 en er nær því að vera 40 kr. nú. Verðmæti 400 m^3/sek af vatni er því meira en 500 milljarðar kr. á ári.

Taka þarf vatn við uppkomustað ef vel á að vera, t.d. undan hrauni nálægt sjó. Í almannaveitur og fiskeldi er nú nýtt um 1% af vatnsmagninu eða 4–5 m^3/sek. Væri það vatn allt selt sem neysluvatn á 25 kr./l mundi það skila 3 billj. kr. brúttó.

Það að taka t.d. 1% í viðbót mundi ekki hafa teljandi áhrif á lífríkið, en færi þó eftir því hvaðan vatnið væri tekið. Hugsa mætti sér að tekin yrðu 100 millj. tonna á ári eða jafnvel 150 millj. tonna. Til samanburðar má nefna að innflutt eldsneyti er um 1 millj. tonna á ári og nokkur hundruð þúsund tonn af fiski eru flutt út árlega.

Okkar möguleikar liggja helst í drykkjarvatni. Ef teknir væru 5.000 l/sek. á dag væru það 500 millj. lítra á dag. Hver maður neytir um tveggja lítra á dag og með þessu væri t.d. hægt að fullnægja þörfum allra íbúa Evrópusambandsins fyrir drykkjarvatn.

Samkeppni er gríðarleg í vatnssölu í veröldinni. Víða nota menn vatn sem fæst í heimabyggð og því er hver eining ekki dýr. Hár flutningskostnaður háir okkur mest við að koma vatni á markaði erlendis. Vatn hefur þó verið flutt út frá Íslandi. Frumkvöðull í því var Davíð Scheving Thorsteinsson, en síðastliðinn áratug hefur fyrirtækið Þórsbrunnur, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðal hluthafa, selt vatn úr landi, einkum á Bandaríkjamarkað og hefur vatnssalan lengst af verið í jafnvægi þótt tap hafi orðið á henni undanfarna mánuði. Ekki hefur verið kannað til hlítar hvort t.d. megi flytja og selja vatn með tankskipum til fjarlægari heimshluta eða hvort vatnsútflutningur gæti orðið liður í þróunaraðstoð Íslendinga.

Vatnsnotkun Íslendinga.

Í handbók um vistvernd í verki kemur fram að langflestir landsmenn (um 61%) eru tengdir vatnsveitum sem vinna vatn úr borholum, 32% nýta sér vatn úr uppsprettum og lindum, 3% úr brunnum og önnur 3% yfirborðsvatn. Eftir því sem vatnið er unnið úr efri jarðlögum er meiri hætta á mengun. Árið 1909 tók Vatnsveita Reykjavíkur til starfa og var hún mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í frá landnámi. Helstu vatnsból Reykvíkinga eru í Heiðmörk og sér vatnsveitan Reykvíkingum fyrir köldu vatni, svo og íbúum Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, eða alls um 140 þús. manns í árslok 1998. Áætlað er að hver einstaklingur noti um 210 l af köldu vatni á sólarhring. Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun heimila á sólarhring í þessum sveitarfélögum sé um 34 millj. lítra. Að auki fara um 19 millj. lítra til nota í iðnaði, 12 millj. lítra til viðskiptalífsins og um 10 millj. lítra til ríkis og borgar. Heildarnotkun á veitusvæðinu er því nálægt 75 millj. lítra á sólarhring. Meðalrennsli á veitusvæði Reykjavíkur var 491 l/sek. árið 1998 og er áætlað svipað nú.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur í mars 2002 notar hver íbúi í Reykjavík nú um 150–160 l af köldu vatni á sólarhring og til viðbótar um 50 l á sólarhring af heitu vatni eða alls rúmlega 200 l. Til samanburðar má nefna að hver íbúi í Danmörku notar um 105–110 l af vatni á sólarhring.

Hérlendis er vatnsskattur innheimtur sem lóðarskattur á eignir. Miðað er við rúmmál húss en ekki er borgað fyrir magn. Enginn hvati er því til þess að spara vatn. Við úttekt sem OECD gerði á umhverfismálum Íslendinga vorið 2001 var það talinn galli að notendur skuli ekki borga fyrir vatnsmagn. Orkuveita Reykjavíkur bendir á að það mundi auka kostnað neytenda að setja upp mæla í hvert hús og reka þá, enda nægt vatn fyrir hendi og vatnskostnaður á íbúa einungis um 10–15 þús. kr. á ári.

Alþjóðalög og samningar.

Til er tilskipun 98/83/EB um gæði neysluvatns og rammatilskipun 2000/60/EB um vatn gerir ráð fyrir að komið skuli á heildarvatnsstjórn fyrir allt landið.

Þá hafa Sameinuðu þjóðirnar beint tilmælum um mikilvægi drykkjarvatns til stjórnvalda í einstökum ríkjum. Vatn er hluti af því sem ríki heims fjölluðu um í Staðardagskrá 21. Það eru talin mannréttindi að eiga aðgang að vatni.

Vatnsskortur fyrirsjáanlegur í heiminum.

Árið 2050 munu 4,2 milljarðar manna búa í löndum sem ekki geta séð fyrir því sem Sameinuðu þjóðirnar mæla með af vatni, en það eru a.m.k. 50 l af vatni á dag til matseldar, þvotta og drykkjar að því er fram kom í frétt í breska blaðinu The Daily Telegraph 8. nóvember 2001.

Talið er að lönd með innan við 1.000 m^3 af endurnýjanlegu vatni árlega á hvern íbúa skorti vatn, en lönd þar sem vatnsmagnið er 1.000–1.700 m^3 eru talin sýna álagseinkenni. Í skýrslu frá The Worldwatch Institute um ástand heimsins árið 2002 (State of the World 2002) segir að 505 milljónir manna búi í löndum þar sem vatnsskorts gæti og er búist við að árið 2025 verði svo ástatt hjá helmingi heimsbyggðarinnar (2,4–3,4 milljarða manna), einkum í Mið-Austurlöndum, norður-, suður- og vesturhluta Afríku og suður- og vesturhluta Asíu. Vatnsskortur og lélegt vatn eru talin valda dauða 4 milljóna manna ár hvert, einkum barna. Talið er nauðsynlegt, eftir því sem fólki fjölgar í heiminum, að draga úr vatnsnotkun á mann og einnig að fara verði betur með vatn.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) telur að heiminn muni skorta ferskt vatn árið 2050 vegna fólksfjölgunar. Auðlindir veraldar séu nýttar meira nú en nokkru sinni fyrr í sögunni.

1096. Tillaga til þingsályktunar [680. mál]

um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árið 2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*

(Fjárhæðir í m.kr.)

	2002
1.1. Markaðar tekjur:	
1. Bensíngjald	5.434
2. Þungaskattur, km-gjald	2.499
3. Þungaskattur, árgjald	2.465
	10.398
1.2. Umsýslugjald 0,5%	-52
	10.346
1.3. Aðrar tekjur:	
1. Leyfisgjöld flutninga	9
2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála	123
	10.478
1.4. Viðbótarfé	500
1.5. Sérstök fjáröflun	2.300
1.6. Frestun framkvæmda	-1.616
	11.662
1.7. Lánsfé:	
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40
2. Vegna ferja	-263
Samtals	**11.359**

* Áætlunin er sett upp á áætluðu meðalverðlagi árið 2002 sem er 6740 stig, hækkunin frá 2001 nemur um 6% sem er í takt við forsendur fjárlaga 2002.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
GJÖLD		
2.1. Rekstur og þjónusta		
1. Yfirstjórn		**264**
2. Upplýsingaþjónusta		**56**
3. Umferðareftirlit		**52**
4. Þjónusta		**2.194**
1. Þjónustusvæði	300	
2. Vegir og vegyfirborð	385	
3. Brýr og veggöng	60	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	364	
5. Þéttbýlisvegir	263	
6. Vetrarþjónusta	822	
5. Almenningssamgöngur		**750**
1. Ferjur og flóabátar	518	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-263**
2. Áætlunarflug	123	
3. Sérleyfi á landi	109	
6. Rannsóknir		**98**
Rekstur og þjónusta samtals		**3.151**
2.2. Viðhald		
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**860**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**235**
3. Styrkingar og endurbætur		**543**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**179**
5. Öryggisaðgerðir		**130**
6. Vatnaskemmdir		**123**
Viðhald samtals		**2.070**
2.3. Stofnkostnaður		
1. Stofnvegir		**4.263**
1. Almenn verkefni	500	
2. Höfuðborgarsvæðið	1.287	
3. Stórverkefni	2.476	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfj. til ríkissjóðs		**-40**
2. Jarðgangaáætlun		**1.450**
3. Tengivegir		**477**
4. Til brúargerðar		**266**
1. Brýr 10 m og lengri	242	
2. Smábrýr	24	
5. Ferðamannaleiðir		**386**
6. Orku- og iðjuvegir		**300**
7. Girðingar		**55**
8. Landsvegir		**125**
9. Safnvegir		**282**
10. Styrkvegir		**54**
11. Reiðvegir		**39**
Frestun stofnkostnaðar		**-1.519**
Stofnkostnaður samtals		**6.138**
Samtals		**11.359**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. Inngangur.

Vorið 2000 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um vegáætlun 2000–2004. Samkvæmt vegalögum á að endurskoða vegáætlun þegar hún hefur gilt í tvö ár og því á reglubundin endurskoðun að fara fram nú.

Langtímaáætlun í vegagerð 1999–2010 var samþykkt á Alþingi 1998. Var henni skipt í þrjú tímabil og tekur hvert þeirra yfir fjögur ár, hið fyrsta yfir árin 1999–2002, bæði ár meðtalin. Langtímaáætlun skal endurskoðuð eftir fjögur ár í samræmi við vegalög.

Samgönguráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um samgönguáætlun, sem tekur til allra þátta samgangna, flugmála, siglingamála og vegamála. Samkvæmt frumvarpinu er samgönguáætlun tvíþætt. Annars vegar er tólf ára áætlun, sem skipt er í þrjú tímabil, fjögur ár hvert, hliðstætt því sem gert var í áðurnefndri langtímaáætlun og kemur hún í stað langtímaáætlunar. Hins vegar er fjögurra ára áætlun, sem tekur til stofnanaáætlana svo sem vegáætlunar og lýtur hún svipuðum reglum og stofnanaáætlanirnar hafa gert.

Miðað er við að frumvarp um samgönguáætlun verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Verður þá tillaga að samgönguáætlun, bæði tólf ára áætlun og fjögurra ára áætlun, lögð fram á næsta þingi. Gildistími tólf ára áætlunar verður þá 2003–2014, en fjögurra ára áætlunar 2003–2006.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir eðlilegt að endurskoðunin nú taki einungis til eins árs, þ.e. 2002, enda verði ný fjögurra ára áætlun afgreidd á næsta þingi.

Fjármagn 2002 er í samræmi við fjárlög 2002. Fjármagn til vegamála lækkar þá um 1.616 m.kr. frá gildandi vegáætlun. Þessi lækkun er dregin frá ríkisframlagi.

Á síðasta ári var ákveðið að Vegagerðin hefði umsjón með því áætlunarflugi sem ríkið styrkir. Þetta kemur nú inn í vegáætlun sem sérstakur liður sem greiddur er með ríkisframlagi.

Nokkur breyting er gerð á sundurliðun útgjalda. Hún er færð nær uppsetningu fjárlaga og til meira samræmis við uppsetningu annarra stofnanaáætlana í því skyni að undirbúa gerð samgönguáætlunar.

Þar sem endurskoðunin nú tekur einungis til eins árs er ekki fjallað hér um flokkun þjóðvega eða breytingar á þjóðvegum. Verður sú umfjöllun tekin fyrir við gerð fjögurra ára áætlunar á næsta þingi.

0.1. Frestun framkvæmda og heildarfjármagn.

Frestun framkvæmda 2002 frá gildandi vegáætlun er 1.616 m.kr. eins og áður var nefnt. Af þessari upphæð falla 97 m.kr. á rekstur og þjónustu og viðhald. Það sem eftir er, 1.519 m.kr., veldur frestun á stofnkostnaði. Á síðasta ári var framkvæmdum frestað fyrir 700 m.kr. Samkvæmt þessu þarf því að færa til verkefni sem eru í gildandi vegáætlun 2002 fyrir 2.219 m.kr.

Þrátt fyrir frestun framkvæmda 2002 er heildarfjármagnið heldur hærra að krónutölu en á síðasta ári.

0.2. Verðgrundvöllur.

Verðlag vegáætlunar er hið sama og verðlag fjárlaga 2002, en þar var gert ráð fyrir að hækkun milli áranna 2001 og 2002 væri 6%. Vísitala vegagerðar er þá 6740. Eins og áður sagði eru tölur ársins 2002 festar í fjárlögum ársins og hafa því í raun ekki verið hækkaðar til þessa verðlags.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 2002

1.1. Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Jafnan hefur verið miðað við byggingarvísitölu þegar upphæð bensíngjalds og gjaldskrá þungaskatts hafa verið ákveðnar og voru viðmiðunarmörk sett með lögum um fjáröflun til vegagerðar árið 1986. Bensíngjald var síðast hækkað 1. júní 1999 um 3,89%. Þungaskattur var síðast hækkaður 1. júní 1999 um 2%. Þungaskattur, km-gjald, var síðan **lækkaður** 11. febrúar 2001 um 10%. Dregið hefur verulega í sundur með gjaldskrám bensíngjalds og þungaskatts og byggingarvísitölu, þ.e. breytingar á gjaldskrám hafa ekki fylgt þróun byggingarvísitölu. Slaki í bensíngjaldi var í ársbyrjun 22,7% en 22,5% í gjaldskrá þungaskatts, árgjald, og 32,5% km-gjald. Hækkanir á gjaldskrám markaðra tekna Vegagerðarinnar hafa ekki þótt vænlegar á árunum 2000 og 2001 vegna verðhækkana á bensíni og dísilolíu.

Áætlað er að markaðar tekjur á árinu 2002 verði sem hér segir (fjárhæðir eru í m.kr.):

Ár	Bensín-gjald	Þungaskattur, km-gjald	Þungaskattur, árgjald	Alls
2002	5.434	2.499	2.465	10.398

1.2. Umsýslugjald.

Umsýslugjald er 0,5% af mörkuðum tekjum eins og verið hefur og rennur það í ríkissjóð.

1.3. Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur eru annars vegar fjárveitingar úr ríkissjóði til styrktar almenningssamgöngum með flugi og hins vegar leyfisgjöld flutninga. Framlög ríkisins til styrktar áætlunarflugi eru 123 m.kr. Vegagerðin sér um útgáfu leyfa til hópferða-, sér- og vöruflutningaleyfishafa og atvinnuleyfa til leigubílstjóra og innheimtir gjald fyrir leyfin samkvæmt lögum. Ný lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, nr. 73/2001, voru samþykkt á Alþingi síðasta vor og lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001, voru samþykkt í desember sl. og gjaldtaka fyrir leyfisveitingar var ákveðin með þeim. Áætlaðar tekjur af leyfisveitingum eru 9 m.kr.

1.4. Viðbótarfé.

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. viðbótarfé árlega árin 1999–2002 til nýbyggingar vega. Árið 2002 koma 500 m.kr. sem sérstakt framlag í viðbót við markaðar tekjur, sem á ekki að endurgreiða.

1.5. Sérstök fjáröflun.

Við afgreiðslu gildandi vegáætlunar á Alþingi vorið 2000 var tekin ákvörðun um að veita umtalsvert fjármagn úr ríkissjóði til vegamála og þá einkum árin 2002–2004. Þessa fjár var ætlað að afla meðal annars með sölu ríkiseigna. Árið 2002 var ætlað að inn kæmu í fjárframlög 2.300 m.kr. en hluta af því verður frestað, sjá kafla 1.6.

1.6. Frestun framkvæmda.

Með fjárlögum 2002 er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum fyrir 1.616 m.kr. og er þessi fjárhæð dregin frá framlagi ríkisins með sérstakri fjáröflun.

1.7. Lánsfé.

Árin 2002–2008 er gert ráð fyrir að endurgreiða lán sem tekið var vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga og er sú greiðsla 40 m.kr. á ári. Auk þess verður á árunum 2002–2007 haldið áfram að greiða afborganir af lánum vegna kaupa á ferjum. Árið 2002 er þessi greiðsla rúmlega 260 m.kr.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 2002–2005.

Eins og fram kom í inngangi eru nokkrar breytingar gerðar á sundurliðun útgjalda. Er uppsetning áætlunarinnar færð nær uppsetningu fjárlaga og annarra stofnanaáætlana.

Útgjöldum er nú skipt í þrjá meginkafla, þ.e. Rekstur og þjónustu, Viðhald og Stofnkostnað. Í gildandi áætlun eru kaflarnir fimm auk sex sérstaklega talinna verkefna.

Til fyrsta kaflans, Rekstrar og þjónustu, teljast eftirtaldir kaflar gildandi vegáætlunar: Stjórn og undirbúningur, Almenn þjónusta og Vetrarþjónusta. Því til viðbótar eru verkefnin Til tilrauna og Til flóabáta og sérleyfa.

Kaflinn Viðhald samsvarar kaflanum Viðhald þjóðvega í vegáætlun 2000–2004. Til kaflans Stofnkostnaður telst kaflinn Til nýrra þjóðvega í vegáætlun 2000–2004 og því til viðbótar verkefnin Til safnvega, Til landsvega, Til styrkvega og Til reiðvega.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum liðum áætlunarinnar.

2.1. Rekstur og þjónusta.

2.1.1. Yfirstjórn.

Undir þennan lið falla liðirnir yfirstjórn og skrifstofa, og tæknilegur undirbúningur (2.1.1. og 2.1.2.) í vegáætlun 2000–2004. Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar, stjórnsýslusvið, tæknisvið og þróunarsvið. Þessi svið sjá um fjármál stofnunarinnar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, fjárhags- og rekstraráætlanir, kostnaðareftirlit, lögfræði og starfsmannamál, hönnun verka, stjórnun verka og eftirlit með þeim, gerð áætlana, setningu staðla og ýmsar rannsóknir.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdirnar sem ráðist er í hafa stöðugt orðið stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari. Þá er vex stöðugt þörfin fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Mjög mikil vinna hefur reynst við stjórn og eftirlit nýrra verkefna varðandi fólks- og vöruflutninga og við gerð þjónustusamninga um almenningssamgöngur og eftirlit með þeim. Loks má nefna að auknar kröfur um upplýsingagjöf og þjónustu til vegfarenda auka kostnaðinn.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 264 m.kr.

2.1.2. Upplýsingaþjónusta.

Þessi liður er hluti liðar 2.1.3. Umferðareftirlit og þjónusta í vegáætlun 2000–2004. Upplýsingasöfnun um ástand vegakerfisins og um umferð hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Jafnframt hefur þörf á upplýsingagjöf til vegfarenda vaxið hröðum skrefum. Lagt er til að fjárveitingar verði 56 m.kr.

2.1.3. Umferðareftirlit.

Þessi liður er einnig hluti liðar 2.1.3. Umferðareftirlit og þjónusta í vegáætlun 2000–2004.

Verkefnum sem falla undir þennan lið fjölgar stöðugt. Frá ársbyrjun 1994 hefur umferðareftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti sem áður var í höndum fjármálaráðuneytis.

Frá árinu 1996 annast umferðareftirlit eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt. Á síðasta ári var bætt við leyfisveitingum og eftirliti með fólks-, vöru- og efnisflutningum og á þessu ári bætast við leyfisveitingar fyrir leigubifreiðar.

Gert er ráð fyrir að ýmis verkefni á sviði umferðaröryggis sem áður tilheyrðu þessum lið verði flutt á liðinn öryggisaðgerðir sem gerð verður grein fyrir síðar.

Lagt er til að fjárveiting verði 52 m.kr.

2.1.4. Þjónusta.

Þessi liður samsvarar kafla 2.2. Almenn þjónusta og kafla 2.3. Vetrarþjónusta í vegáætlun 2000–2004.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til almennrar þjónustu sé um 1.500–1.600 m.kr. á ári. Meðalkostnaður við vetrarþjónustu hefur verið rúmlega 900 m.kr. á ári undanfarin fimm ár. Lagt er til að fjárveiting verði 2.194 m.kr.

2.1.4.1. Þjónustusvæði.

Lagt er til að fjárveiting verði 300 m.kr. og verði varið til þess að greiða kostnað í umdæmum við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem stuðlar því að fólk komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt. Ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni verða einnig greidd af þessum lið.

2.1.4.2. Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til að fjárveiting verði 385 m.kr. en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnu slitlagi og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum.

2.1.4.3. Brýr og veggöng.

Lagt er til að fjárveiting verði 60 m.kr. og henni verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum, svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum.

2.1.4.4. Vegmerkingar og vegbúnaður.

Lagt er til að fjárveiting verði 364 m.kr. og verði henni varið til þess að greiða kostnað við lýsingu með fram vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og gerð og viðhald áningarstaða. Fjárþörf til þessara verkefna hefur aukist verulega á undanförnum árum, m.a. vegna aukinnar lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar.

2.1.4.5. Þéttbýlisvegir.

Fjárveitingum á þessum lið er varið til að greiða kostnað við þjónustu á þjóðvegum inni í þéttbýli.

Vegagerðin hefur í flestum tilfellum samið við viðkomandi sveitarfélög um að annast þessa þjónustu og er það ástæða þess að hagkvæmt þykir að halda þessum þætti sem sérstökum lið en í eðli sínu er þjónusta á þessum vegum á engan hátt frábrugðin þjónustu á öðrum vegum.

Lagt er til að fjárveiting verði 263 m.kr.

2.1.4.6. Vetrarþjónusta.

Vetrarþjónusta tekur, auk snjómoksturs og hálkuvarnar, til kostnaðar í umdæmum við eftirlit og upplýsingaþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum, svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og annars er varðar öryggi vegfaraenda að vetrarlagi. Kröfur til þessarar þjónustu aukast ört og þá ekki síst kröfur um auknar hálkuvarnir. Mun kostnaður því fara vaxandi.

Eins og áður kom fram hefur meðalkostnaður við vetrarþjónustu verið rúmlega 900 m.kr. á ári undanfarin fimm ár, lægstur um 750 m.kr. 2001 en hæstur um 1.020 m.kr. 2000. Fjárveitingar undanfarinna ára hafa ekki nægt fyrir kostnaði nema árið 2001 og hafa safnast verulegar skuldir á þennan lið sem námu rúmlega 260 m.kr. um síðustu áramót.

Lagt er til að fjárveiting verði 822 m.kr. sem er mun minna en æskilegt væri. Óhjákvæmilegt er að fjárveitingar hækki verulega á næstu árum, bæði til að mæta vaxandi kostnaði og til að greiða niður áðurnefnda skuld.

2.1.5. Almenningssamgöngur.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 750 m.kr.

2.1.5.1. Ferjur og flóabátar.

Af þessum lið eru greiddir rekstrarstyrkir til ferjurekstraraðila á leiðum sem falla undir ákvæði vegalaga, svo og kostnaður, afborganir af lánum og vextir vegna nýsmíði eða kaupa á ferjunum og búnaði þeirra. Greiðslur rekstrarstyrkja eru áætlaðar um 254 m.kr. á ári en stofnkostnaður, þ.m.t. afborganir og vextir af lánum, er áætlaður 263 m.kr.

Rekstur fimm ferjuleiða hefur verið boðinn út og þá hefur aðeins ein leið ekki verið boðin út, þ.e. rekstur Mjóafjarðarferjunnar, en þar er í gildi þjónustusamningur, sem gerður var án útboðs.

2.1.5.2. Áætlunarflug.

Árið 2001 var ákveðið að Vegagerðin hefði umsjón með því áætlunarflugi sem ríkið styrkir. Þetta kemur því inn í vegáætlun, sem nýr liður undir almenningssamgöngum. Á árinu 2001 voru sex áætlunarleiðir styrktar og sú sjöunda bættist við á árinu.

2.1.5.3. Sérleyfi.

Af þessum lið eru greiddir styrkir til sérleyfishafa. Þeir fengu áður endurgreiddan hluta þungaskatts af akstri á sérleyfisleiðum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar. Lögunum hefur nú verið breytt, endurgreiðslur þessar aflagðar en í staðinn hefur sérleyfishöfum verið greiddur styrkur af vegáætlun.

Vegagerðin hefur gert þjónustusamninga við stóran hluta sérleyfishafa og ætlunin er að því verði lokið fyrir 31. ágúst 2002. Samkvæmt lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi skal útboð á öllum sérleyfum hafa farið fram eigi síðar en árið 2005.

2.1.6. Rannsóknir.

Fjárveiting til þessa liðar er 1% af mörkuðum tekjum til vegagerðar í samræmi við 24. gr. vegalaga. Er áætlað að halda áfram rannsóknum sem snerta ýmsa þætti vegagerðar og umferðar.

2.2. Viðhald vega.

Viðhald vega miðar að því að varðveita verðmæti þeirra og hæfni til að bera þann umferðarþunga, sem þeim er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta vega með bundnu slitlagi og vega með malarslitlagi, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða og vatnaskemmda.

Árið 1979 voru vegir með bundnu slitlagi 270 km en þeir voru 3.966 km í árslok 2001 og hafa því að meðaltali bæst við 168 km á ári. Aukningin var mest á árunum 1985–1988 eða 266 km á ári. Gera má ráð fyrir að meðalendingartími efra burðarlags þessara vega sé um 20 ár. Um síðustu áramót voru stofn- og tengivegir um 47% af heildarlengd stofn- og tengivega, en umferðin á þeim var um 94% af heildarumferðinni. Með hliðsjón af þeim miklu verðmætum sem liggja í vegum með bundnu slitlagi, aukinni þungaumferð og kröfum vegfarenda um betra vegyfirborð, er nauðsynlegt að leggja meiri áherslu á styrkingu vega með bundnu slitlagi. Slík verkefni verða að falla undir viðhald meðan ekki fæst nýbyggingafjármagn til þeirra endurbóta.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð um 2.800–2.900 m.kr. og eykst með aukinni umferð. Hér er lagt til að fjárveiting verði 2.070 m.kr.

2.2.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem þar liggja. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu. Þar sem bundið slitlag í vegakerfinu eykst á hverju ári eykst þörf fyrir fé til viðhalds. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til að fjárveiting verði 860 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að viðhald bundinna slitlaga á stofn- og tengivegum í þéttbýli sé innifalið í þessum lið.

2.2.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Stofn- og tengivegir með malarslitlagi eru nú um 4.350 km, en um þá fer einungis um 6% af umferðinni á stofn- og tengivegum. Mikill hluti malarvega er án raunverulegs slitlags þar sem fjármagn til endurnýjunar þeirra hefur einungis verið um 60% af áætlaðri þörf, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti fjárþörf til þeirra að fara minnkandi.

Hér er lagt til að fjárveiting verði 235 m.kr.

2.2.3. Styrkingar og endurbætur.

Þessum lið er ætlað að kosta styrkingar og endurbætur á stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi og á malarvegum eða á um 8.200 km. Fyrst og fremst er um að ræða styrkingu á efra burðarlagi veganna sem brotnar niður undan aukinni og sífellt þyngri umferð en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot. Fyrir rúmlega 20 árum hófst að verulegu marki uppbygging vega með bundnu slitlagi en 20 ár eru talin eðlilegur endingartími burðarlaga. Nú þegar er komin fram veruleg þörf fyrir endurbætur á þessum vegum og mun hún fara vaxandi á næstu árum, sérstaklega þegar horft er til þeirrar miklu lengingar á vegum með bundnu slitlagi sem varð á 9. áratugnum.

Þörf fyrir fjármagn til styrkingar vega er metin á um 900 m. kr. á ári og er þá ekki tekið tillit til annarra endurbóta. Gera má ráð fyrir að fjárþörf til styrkingar vega með bundnu slitlagi aukist á næstu árum, en fjárþörf malarveganna standi nokkuð í stað. Hér er lagt til að fjárveiting verði 543 m.kr. Styrking stofn- og tengivega í þéttbýli er hér innifalin.

2.2.4. Brýr, varnargarðar og veggöng.

Verðmæti brúa er metið á um 28 milljarða kr. og eðlileg viðhaldsþörf um 1% á ári eða 280 m.kr. Rúmlega helmingur brúa í þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru hvorki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er núna né heldur þungann sem fer eftir vegunum. Endurbyggingu þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki dugað til að halda í horfinu.

Auk þessa er að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970 og viðhald jarðganga fer vaxandi. Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 179 m.kr.

2.2.5. Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi í umferðnni. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum og sérstök áhersla lögð á breikkun einbreiðra brúa. Unnið er að úttekt á slysastöðum og að endurbótum á þeim eftir sérstakri framkvæmdaáætlun. Einnig hefur verið samið um samstarf við lögregluna um aukið umferðareftirlit á vegum úti. Lagt er til að fjárveiting verði 130 m.kr.

2.2.6. Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 123 m.kr.

2.3. Stofnkostnaður.

Útgjöldum er skipt niður á vegflokka í samræmi við gildandi vegalög.

Sundurliðun verkefnaflokka er í samræmi við gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 með þeirri undantekningu til einföldunar að ekki er sundurliðað eftir uppruna fjármagns (viðbótarfé, sérstök verkefni) heldur er framkvæmdum sem fjármagnaðar eru utan markaðra tekna raðað eftir því sem við á í framkvæmdaflokka með öðrum framkvæmdum.

Í samræmi við fjárlög ársins 2002 er gert ráð fyrir að fresta stofnkostnaðarframkvæmdum fyrir 1.519 m.kr. á þessu ári, sbr. kafla 0.1. hér að framan.

Gert er ráð fyrir að útfærsla frestunarinnar verði nánar ákvörðuð við meðhöndlun tillögunnar á Alþingi og eru upphæðir til einstakra liða settar fram án tillits til frestunarinnar. Við meðhöndlun tillögunnar á Alþingi þarf einnig að taka tillit til frestunar framkvæmda árið 2001 en hún nam 700 m.kr. Fjármagn til endurgreiðslu láns vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga er innifalið í liðnum stórverkefni.

2.3.1. Stofnvegir.

Lagt er til að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

	2002 m.kr.
1. Almenn verkefni	500
2. Höfuðborgarsvæðið	1.287
3. Stórverkefni	2.476

2.3.1.1. Almenn verkefni.

Fjárveiting er í samræmi við gildandi vegáætlun.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Hér er miðað við að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamótum Krýsuvíkurvegar) í suðri og til Mosfellsbæjar (vegamótum Þingvallavegar) í norðri. Til austurs er miðað við vegamót Hringvegar og Hafravatnsvegar. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Fjárveitingar til þessa liðar taka mið af gildandi vegáætlun og eru teknar saman fjárveitingar sem voru á lið 2.5.1.2. Höfuðborgarsvæðið og fjárveitingar til vega á ofangreindu svæði sem voru á lið 2.5.8. Sérstök verkefni.

2.3.1.3. Stórverkefni.

Fjárveitingar eru miðaðar við gildandi vegáætlun og teknar saman fjárveitingar til stórverkefna, viðbótarfé og sérstök verkefni eftir því sem við á.

2.3.2. Jarðgangaáætlun.

Þegar fjallað var um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 á Alþingi var ákveðið að fella jarðgangaáætlun inn í hana og þannig var áætlunin samþykkt árið 2000.

Hér er gert ráð fyrir að sami háttur verði hafður á og eru fjárveitingar nú í samræmi við gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Undirbúið hefur verið útboð jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

2.3.3. Tengivegir.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega verði 477 m.kr.

2.3.4. Til brúargerðar.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 266 m.kr. Þessu til viðbótar koma fjárveitingar til brúargerðar af liðnum stórverkefni. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og smábrúa.

Að undanförnu hefur mest áhersla verið lögð á breikkun eða endurbyggingu einbreiðra brúa og endurbyggingu brúa sem ekki þola þá þyngd ökutækja sem heimiluð hefur verið í samræmi við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu Gert er ráð fyrir að áfram verði megináhersla lögð á þessi atriði.

2.3.5. Ferðamannaleiðir.

Í gildandi vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er samnefndur liður með 86 m.kr. fjárveitingu á ári 2002–2004. Þeirri upphæð var skipt jafnt á milli kjördæma. Í sömu áætlun eru 300 m.kr. á hverju áranna 2002–2004 veittar til jaðarbyggða og ferðamannaleiða undir liðnum Sérstök verkefni. Þessari upphæð er skipt annars vegar til ákveðinna verkefna og hins vegar fá öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins jafna upphæð.

Lagt er til að þessir liðir verði sameinaðir og fjárveiting verði 386 m.kr.

2.3.6. Orku- og iðjuvegir.

Þessi liður kom inn í vegáætlun 2000–2004 við samþykkt hennar árið 2000. Gert var ráð fyrir fjárveitingum árin 2000–2003.

Lagt er til að fjárveiting verði 300 m.kr., og er það sama tala og í gildandi vegáætlun.

2.3.7. Girðingar.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 55 m.kr.

2.3.8. Landsvegir.

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta og ekki teljast stofnvegir eða tengivegir auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta hluta þessara vega (þeirra sem opnir eru fyrir allri almennri umferð) verði greidd af liðum 2.1.4. og 2.2. Mikil þörf er á auknum fjárveitingum til þessa liðar vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna.

Lagt er til að fjárveiting verði 125 m.kr.

2.3.9. Safnvegir.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður. Lagt er til að fjárveiting verði 282 m.kr.

2.3.10. Styrkvegir.

Styrkvegir eru ýmsir vegir sem áður gátu verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 54 m.kr.

2.3.11. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting verði 39 m.kr.

Frestun stofnkostnaðar.

Eins og nefnt var í kafla 2.3. nemur frestun stofnkostnaðar 1.519 m.kr. Eftir er að ákvarða útfærslu frestunarinnar og er miðað við að það verði gert af Alþingi. Þá þarf einnig að taka tillit til frestunar framkvæmda 2001 fyrir 700 m.kr.

1097. Tillaga til þingsályktunar [681. mál]

um flugmálaáætlun árið 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Flugmálaáætlun	2002
TEKJUR OG FRAMLÖG	
Markaðar tekjur	
Flugvallagjald	721,0
Framlög úr ríkissjóði	*740,8*
Ríkistekjur	*111,8*
Sértekjur	
Tekjur af alþjóðaflugþjónustu	1.340,2
Aðrar sértekjur	227,7
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	3.141,5
Viðskiptahreyfingar	
Frestun framkvæmda	-68,0
Lántökur	331,0
Afborganir lána	0,0
Viðskiptahreyfingar samtals	*263,0*
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	3.404,5
GJÖLD	
Rekstur og þjónusta	
Yfirstjórn	219,8
Eftirlit og öryggismál	115,7
Flugvallaþjónusta	532,1
Flugumferðar- og leiðsöguþjónusta innan lands	289,2
Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
Minjar og saga	0,0
Rekstur samtals	*2.597,4*
Viðhald og styrkir	
Viðhaldssjóðir	17,0
Viðhald og styrkir samtals	*17,0*
Stofnkostnaður	
Flugvellir	664,8
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	125,3
Stofnkostnaður samtals	*790,1*
GJÖLD ALLS	3.404,5

II. FLOKKUN FLUGVALLA

2.1 Flokkur I.
Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

2.2 Flokkur II.
Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3 Flokkur III.
Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur.

2.4 Flokkur IV.
Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru flokkaðir í flokk IV: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur.

2.5 Flokkur V.
Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps-, Tungubakka- og Stykkishólmsflugvöllur.

2.6 Flokkur VI.
Eftirfarandi flugvellir og lendingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Forsæti, Geysir, Gunnarsholt, Grímsstaðir, Grundarfjörður, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Hrauneyjafoss, Hveravellir, Hvolsvöllur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksstaðamelar, Melgerðismelar, Múlakot, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Sandá, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Svínafell, Vík og Þórsmörk.

III. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

		2002
VIÐHALD		
3.1	**Viðhaldssjóðir (malbik, klæðing, málning)**	**17,0**
STOFNKOSTNAÐUR		
3.2	**Reykjavíkurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	529,9
	2. Byggingar	65,6
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	18,5
		614,0
3.3	**Akureyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	20,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5,5
		25,9

		2002
3.4	**Bakkaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	1,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		1,5
3.5	**Ísafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,7
	2. Byggingar	10,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		10,7
3.6	**Þingeyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,0
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,0
3.7	**Hornafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,8
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,8
3.8	**Þórshafnarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	1,7
		2,2
3.9	**Gjögurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
3.10	**Siglufjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
3.11	**Æfingaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,7
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,7
3.12	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir**	**4,0**
3.13	**Flugumferðar- og leiðsögubúnaður**	**34,7**
3.14	**Til leiðréttingar brýnna verkefna**	**12,5**
3.15	**Tækjasjóður**	**42,9**
3.16	**Stjórnunarkostnaður**	**15,0**
3.17	**Flugvernd, vopnaleit**	**20,2**
		125,3
	FLUGMÁLAÁÆTLUN SAMTALS	807,1

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.

Greinargerð þessi fjallar um endurskoðun og tillögur til nýframkvæmda á flugmálaáætlun fyrir árið 2002. Þeim framkvæmdum sem hér er fjallað um má skipta í tvo flokka, annars vegar viðhaldsframkvæmdir og hins vegar nýframkvæmdir. Til viðhaldsframkvæmda teljast aðeins meiri háttar framkvæmdir eins og slitlagsyfirlög á flugbrautir og hlöð, málun flugbrauta, endurbygging bygginga, endurnýjun tækjabúnaðar o.þ.h. Allur annar viðhaldskostnaður er færður á rekstur viðkomandi viðfangsefna. Endurnýjun slitlags og málun flugbrauta eru ekki tilgreind fyrir einstaka flugvelli, heldur er ráðgerð meðalnýting á malbiksslitlagi 18 ár, á klæðingarslitlagi átta ár og málningu þrjú til fjögur ár. Síðan er ráðgert á hverju ári viðhald og endunýjun slitlags og málningar í hlutfalli við þessa nýtingu. Allir flugvellir með slitlagi eru metnir árlega og slitlag og málning endurnýjuð þar sem mest er þörfin. Auk framkvæmda sem eru tengdar einstökum flugvöllum eru einnig áætlaðar framkvæmdir sem tengjast fjarskiptum og flugleiðsögu yfir Íslandi.

Framkvæmdaverkefni flugvalla.

Flokkun flugvalla í sex flokka hefur verið gerð til að stuðla að markvissri forgangsröðun verkefna. Fyrir hvern flokk, I–VI, eru skilgreindar mismunandi kröfur um eftirfarandi þætti sem verður að uppfylla:

- Flugbrautir.
- Öryggissvæði.
- Hlöð.
- Bílastæði.
- Flugturn.
- Flugstöð.
- Tækjageymsla.
- Sandgeymsla.
- Slökkvi- og björgunarbúnaður.
- Snjóhreinsibúnaður.
- Flugleiðsögubúnaður.
- Fjarskiptabúnaður.
- Veðurmælibúnaður.
- Flugbrautarljós.
- Hlaðlýsing.
- Raforkudreifikerfi.

Einstökum flugvöllum er skipað í viðeigandi flokka og færð rök fyrir flokkuninni. Rökin eru m.a. byggð á umferð síðustu ár, umferðarspá fyrir næstu ár, byggðarlegri stöðu flugvallarins og landslagi umhverfis flugvöllinn.

Flokkur I.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR42 eða sambærilegum flugvélum. Einnig eiga flugvellir í þessum flokki að geta þjónað a.m.k sem varaflugvellir fyrir þotuflugumferð í stærðarflokkum Boeing 757 eða sambærilegum flugvélum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta þjónað a.m.k. einni fullhlaðinni þotu til viðbótar við hefðbundna umferð. Tækjabúnaður skal þannig samsettur að bilun í einu tæki valdi ekki truflun á rekstri flugvall-

arins. Þetta á við um raforkukerfi, rafeindakerfi og tækjabúnað. Allur búnaður á flugvellinum, bæði aðflugstæki og ljósabúnaður, skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugvalla með CAT I nákvæmnisaðflug. Gerð er krafa til þess að hægt sé að opna flugbraut á innan við 30 mínútum miðað við 10 sm jafnfallna snjóþekju. Þá er miðað við að snjór sé ruddur og honum sópað í garða við brautarkanta. Gerð er krafa um að hægt sé að ryðja og blása öllum snjó út fyrir flugbrautarljós á innan við fjórum klukkustundum.

Flokkur II.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR42 eða öðrum sambærilegum flugvélum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta annað a.m.k. tveimur flugvélum í þessum stærðarflokki samtímis. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi flugvélar skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa til þess að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slík aðflug geta byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Flokkur III.

Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á 19 farþega flugvélum, t.d. Dornier 228 eða sambærilegum flugvélum. Mannvirki eins og flugbrautir, flughlöð, flugstöðvar, bílastæði o.þ.h. eiga að geta annað a.m.k. einni flugvél í þessum stærðarflokki. Búnaður flugvallarins skal þannig samsettur að allur búnaður sem er í notkun í aðflugi flugvélar skal uppfylla það skilyrði að bilun í einu tæki valdi ekki röskun á aðfluginu. Hins vegar er ekki gerð krafa til þess að allur búnaður sem er nauðsynlegur til að opna flugbraut uppfylli þetta skilyrði. Fyrir flugvelli í þessum flokki er gerð krafa um a.m.k. grunnaðflugsbúnað (Non Precision Approach). Slík aðflug geta byggst á hringvitum (NDB) eða GPS-leiðsögu.

Flokkur IV.

Í þessum flokki eru þjónustuflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Á þessa flugvelli er ekki flogið reglubundið áætlunarflug en þeir eiga að vera með flugvallarstjórn og mannaðir þegar þeir þjóna leigu- eða áætlunarflugi.

Flokkur V.

Í þessum flokki eru æfinga- og kennsluflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar en þá á að vera hægt að manna þegar á þarf að halda.

Flokkur VI.

Í þessum flokki eru sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar og ekki mannaðir.

Viðhaldsverkefni.

Í þessari flugmálaáætlun eru einungis 17 millj. kr. til ráðstöfunar úr viðhaldssjóðum en undir eðlilegum kringumstæðum þurfa að vera 50–60 millj. kr. til ráðstöfunar ár hvert. Stærstu þættir viðhaldsverkefna eru tengdir malbiki, klæðingu og málningu á flugbrautum. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími malbiks sé 18 ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er góð. Á 18 ára fresti er lagt nýtt 4 sm yfirlag. Milli þess sem yfirlög eru lögð verð-

ur að fara fram eftirfarandi viðhald: Á þriggja ára fresti fer fram holufylling og sprunguviðgerð. Á þriggja ára fresti er yfirsprautað með bindiefni. Heildarmagn malbikaðs yfirborðs í lok árs 2001 er um 470.000 m^2. Gert er ráð fyrir að meðalendingartími klæðingar sé átta ár ef útlögn hefur tekist vel og undirbygging er í lagi. Ekki er gert ráð fyrir viðhaldi milli þess sem yfirlagnir fara fram. Axlir á snúningssvæðum brautarenda skal yfirleggja á fjögurra ára fresti. Í báðum tilvikum skal yfirleggja með einföldu slitlagi. Heildarmagn klæðingar í lok árs 2001 er um 551.000 m^2. Gert er ráð fyrir að mála skuli flugbrautir á þriggja ára fresti. Vegna yfirlagsviðhalds er lagt til að malbikaðar flugbrautir verði málaðar á þriggja ára fresti, en brautir með klæðingu á fjögurra ára fresti. Heildarmagn málaðra flata í lok árs 1999 er um 71.000 m^2.

Framkvæmdir á einstökum flugvöllum.

Eftirfarandi er lýsing á framkvæmdum sem fram koma í fylgiskjali með tillögunni.

Reykjavíkurflugvöllur.

Framkvæmdir við endurbætur Reykjavíkurflugvallar hófust í október 1999 og miðað er við að þeim ljúki árið 2003. Framkvæmdir sem boðnar voru út og áætlað var að lyki í júlí 2002 eru endurbætur á flugbrautum, ný akbraut og endurbætur á eldri akbrautum, endurbætur á öryggissvæðum flugbrauta, nýtt afvötnunarkerfi, endurnýjun á öllum flugbrautar- og aðflugshallaljósum ásamt rörakerfi fyrir alla rafstrengi, ný fjarlægðar- og leiðbeiningaskilti við allar brautir, ný málning á öllum brautum. Annað sem verður unnið við er girðing, sjósetningaraðstaða fyrir björgunarbát, lokafrágangur ljósa og skilta ásamt uppsetningu veðurmælibúnaðar.

Vegna þess hversu mikið verðlag hefur hækkað á samningstímanum er ljóst að ekki verður unnt að ljúka þessum framkvæmdum í samræmi við gerða samninga. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að framkvæmdirnar kostuðu 1.520 millj. kr. Nú þegar hafa verið greiddar rúmlega 93 millj. kr. í verðbætur til verktaka og má búast við að þessar greiðslur fari í 115–120 millj. kr. í verklok. Heildarverkkostnaður er nú áætlaður liðlega 1.600 millj. kr. Því vantar um 80 millj. kr. upp á að hægt sé að standa við samninginn við verktakann á árinu 2002.

Flugbrautir og akbrautir.

Endurbyggingu flugbrauta er lokið, nema efra malbikslag vantar á austurenda brautar 13-31.

Girðing.

Undanfarin ár hefur verið unnið við endurgerð mannheldrar tveggja metra hárrar girðingar umhverfis flugvöllinn, alls er girðingin 7.200 m og eftir er að endurnýja 2.100 m. Nú hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, umhverfissvið, gefið út starfsleyfi fyrir völlinn og er þar krafa um að lokið verði við að girða völlinn fyrir október 2002 og koma á virkri stjórnun hliða þannig að óviðkomandi komist ekki inn á völlinn. Þetta er einnig í samræmi við hertar alþjóðaöryggisreglur flugvalla. Gert er ráð fyrir að öll hlið verði aðgangsstýrð á rafrænan hátt og þannig hægt að sjá hverjir eru inni á vellinum á hverjum tíma. Áætlaður kostnaður við girðinguna er 34 millj. kr.

Sjósetningaraðstaða fyrir björgunarbát.

Mikil umræða hefur farið fram um björgunarbátamál vallarins og núverandi áætlanir gera ráð fyrir að komið verði upp sjósetningaraðstöðu fyrir bát við suðurenda brautar 01-19, beint

út í Skerjafjörð. Í þessu skyni gæti þurft að byggja bátahús og frá því braut niður í sjó sem gæti kostað allt að 20 millj. kr. Gert er ráð fyrir að helmingur þessa fjármagns verði til reiðu á árinu 2002.

Flugstöð.

Á árinu 2002 eru til ráðstöfunar 5,6 millj. kr. frá árinu 2001 til undirbúnings að byggingu flugstöðvar.

Flugleiðsögubúnaður.

Reykjavíkurflugvöllur er með aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum og markvitum (ILS) fyrir aðflug inn á flugbraut 19. Aðflug inn á flugbraut 13 er byggt á aðflugsstefnusendi (LLZ). Inn á aðrar brautir er aðflug byggt á hringvitum (NDB). Báðir aðflugsstefnusendarnir eru orðnir mjög gamlir. Aðflugsstefnusendirinn fyrir braut 19 er frá árinu 1978 og sendirinn á braut 13 er frá árinu 1981. Á flugmálaáætlun fyrir árin 2000–2003 var ráðgert að endurnýja aðflugstefnusendinn á flugbraut 19 á árinu 2001. Í lok ársins 2001 voru kaup á þessum stefnusendi boðin út og er ráðgert að uppsetningu ljúki vorið 2002. Samhliða því sem búnaðurinn verður endurnýjaður verður hann fluttur inn á flugvallarsvæðið og nýtur því þeirrar verndar sem þar er, en núverandi búnaður er staðsettur í Kársnesi í Kópavogi. Þéttari byggð og aukin umferð umhverfis þennan búnað er áhyggjuefni.

Flugbrautarljós.

Samhliða endurnýjun flug- og akstursbrauta á Reykjavíkurflugvelli hefur verið unnið að endurnýjun flugbrautarljósa. Í árslok 2001 var endurnýjun flugbrautaljósa á flugbrautum 01/19 og 13/31 lokið.

Akureyrarflugvöllur.

Flugturn.

Nú er unnið að því að endurnýja búnað í flugturninum á Akureyrarflugvelli. Lokið er við að endurnýja raforkudreifingu, veðurmælikerfi hefur verið endurnýjað og fjarskiptastjórnkerfi var sett upp í lok ársins 2001. Á árinu 2002 er ráðgert að ljúka þessum framkvæmdum sem aðallega snúa að því að skipta út stjórnborði í flugturninum og bæta vinnuaðstöðu.

Flugstöð.

Flugstöðvarbyggingin hefur verið byggð í þremur áföngum. Fyrsti áfangi, 894 m^2, var byggður 1961, annar áfangi, 400 m^2, var byggður árið 1970 og þriðji áfangi, 415 m^2, var tekinn í notkun í maí 1996. Samtals er því flugstöðin ásamt flugturni um 1.709 m^2. Á árunum 1999 og 2000 var unnið við ýmsan frágang og viðbætur á þessum síðasta byggingaráfanga og mun þeim lagfæringum ljúka árið 2002. Um er að ræða lagfæringar í brottfararsal og endurnýjun á kaffiteríu. Byggð var 21 m^2 glerbygging út úr austurhlið brottfararsalar og aðkomugangur úr gleri að komusal. Einnig voru breytingar gerðar á norðurhluta flugstöðvarinnar. Þá var sett upp nýtt færiband og skjáupplýsingakerfi fyrir farþega auk annara lagfæringa á eldri áföngum. Áætlaður kostnaður er um 90 millj. kr. Frá árinu 2001 eru 6,5 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 2002 til að ljúka framkvæmdum í norðurenda sem var seinkað vegna óvissu um fyrirkomulag vegna vopnaleitar.

Deiliskipulag og hönnun vélageymslu.

Deiliskipulag hefur ekki verið gert fyrir flugvöllinn og verður nú ekki lengur komist hjá því, bæði vegna fyrirhugaðrar byggingar véla- og sandgeymslu og fyrirhugaðrar slökkvistöðvar og ekki síst þar sem komið er að því að girða völlinn í samræmi við nútímaöryggiskröfur. Gert er ráð fyrir að verja 3 millj. kr. í þennan lið á árinu 2002.

Girðing.

Nauðsynlegt er að endurbæta girðingu við suðurenda brautar þar sem fjölfarinn göngustígur liggur fyrir endann. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 2,5 millj. kr.

Flugleiðsögubúnaður.

Grunnaðflug að braut 19 byggist á hringvitum (NDB), en síðan tekur við nákvæmnisaðflug byggt á aðflugsstefnusendi (LLZ) og fjarlægðarmæli (DME). Einnig er veitt ratsjáraðflugsþjónusta inn á braut 01. Inn á braut 01 er aðeins grunnaðflug sem byggist á hringvitum (NDB). Ekki er talið að hringvitarnir þarfnist endurnýjunar á árunum 2000–2003. Hins vegar þarfnast aðflugsstefnusendirinn og fjarlægðarmælirinn endurnýjunar.

Aðflugsratsjáin er staðsett á flugvellinum. Ratsjáin er orðin 27 ára gömul, en árið 1988 var úrvinnslubúnaður hennar endurnýjaður með breyttri skiparatsjá. Nokkur vandi er á að tryggja fullan rekstur ratsjárinnar, sérstaklega í mikilli úrkomu. Við slíkar aðstæður er erfitt að greina í sundur endurkast frá flugvél og endurkast frá úrkomuskýjum. Á undanförnum tveimur árum hafa verið kannaðir möguleikar á að endurnýja ratsjána með nýrri eða notaðri aðflugsratsjá. Kostnaður við slíka framkvæmd er 100–250 millj. kr. Á árinu 2002 er ráðgert að vinna áfram við að kanna aðrar mögulegar leiðir til úrlausnar. Nú er unnið að því að hanna nýtt aðflug sem byggist á aðflugsstefnu- og aðflugshallasendum auk fjarlægðarmælis. Líklegt er að niðurstaða þessara athugana fáist á árinu 2003.

Flugbrautarljós.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu og endurbyggingu flugbrautarljósa á Akureyrarflugvelli. Á árinu 2002 er ráðgert að endurnýja ljósker meðfram flugbrautinni og endurnýja aðflugshallaljós.

Ísafjarðarflugvöllur.

Flugturn.

Núverandi turn þarfnast gagngerrar endurnýjunar og talið heppilegri kostur að byggja nýjan turn áfastan við véla- og tækjageymslu og hefur tillaga þegar verið hönnuð. Gert er ráð fyrir að ráðast í byggingu turnsins árið 2002 og ljúka henni árið 2003. Heildarkostnaður er áætlaður 15 millj. kr og verður framkvæmt fyrir 10 millj. kr. árið 2002.

Sjóvarnargarður.

Núverandi sjóvarnargarður er farinn að gefa sig og á nokkrum stöðum verður að framkvæma bráðabirgðaviðgerð sem er áætluð sumarið 2002 og kostar 0,7 millj. kr.

Hornafjarðarflugvöllur.

Öryggissvæði.

Árið 2001 var unnið við jöfnun öryggissvæða og átti sáningu einnig að ljúka en vegna anna verktaka, sem eru bændur nærliggjandi jarða, tókst ekki að sá og mun það verða framkvæmt sumarið 2002 og kostnaður verður 0,8 millj. kr.

Þórshafnarflugvöllur (Syðralón).
Öryggissvæði.

Árið 2001 voru hafnar framkvæmdir við lagfæringu öryggissvæðis og þeim líkur vorið 2002. Kostnaður verður 0,5 millj. kr.

Gjögurflugvöllur.
Sandgeymsla.

Byggð verður ný 150 m^3 sandgeymsla. Ráðgert er að framkvæmdir eigi sér stað árin 2002 og 2003. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr. sem skiptist í 0,5 millj. kr. árið 2002 og 1,5 millj. kr. 2003.

Bakkaflugvöllur.
Flugbrautir.

Austur–vestur flugbrautin ásamt flughlaði og tengibraut var endurbyggð árið 2001 og yfirborð klætt með tvöfaldri klæðingu. Einnig var sett rörakerfi fyrir væntanleg aðflugshallaljós og kaplar lagðir. Ráðgert var að styrkja norður–suðurbraut, sem er grasbraut, með því að setja í hana fingerða malaða möl sem féll til við framkvæmdina, en vegna veðurs og annarra aðstæðna tókst það ekki í lok framkvæmdanna 2001 og er það ráðgert snemma sumars 2002. Áætlaður kostnaður er 1,5 millj. kr.

Þingeyrarflugvöllur.
Flugbraut.

Til umræðu hefur verið að lengja flugbrautina um allt að 300 m, en það er nokkrum annmörkum háð, aðallega vegna flutnings þjóðvega sem liggja fast við báða enda brautarinnar. Ákveðið er að láta hanna þessa lengingu til að geta metið kosti. Áætlaður kostnaður er 2 millj. kr. á árinu 2002.

Siglufjarðarflugvöllur.
Flugstöð/Flugturn.

Flugstöðin á Siglufjarðarflugvelli er nægilega stór og uppfyllir kröfur flokks III. Flugturninn er sambyggður ofan á flugstöðinni. Á árinu 2002 eru ráðgerðar minni háttar viðhaldsframkvæmdir á byggingunni.

Tækjageymsla.

Tækjageymslan á Siglufjarðarflugvelli uppfyllir skilyrði flokks III. Á árinu 2002 eru ráðgerðar minni háttar viðhaldsframkvæmdir á byggingunni.

Æfingaflugvöllur.

Reiknað er með að verja 2,7 millj. kr. í undirbúning að byggingu æfingaflugvallar á árinu.

Flugumferðar- og flugleiðsögukerfi.

Eftirfarandi er lýsing á framkvæmdum sem fram koma í fylgiskjali með tillögunni.

Flugleiðsögukerfi að einstökum flugvöllum eru nú flokkuð með viðeigandi flugvelli, en leiðarflugsaga sem og þau kerfi sem eru sameiginleg öllum flugvöllum eru flokkuð hér. Þessi verkefni eru tengd gervihnattaleiðasögu, flugprófanabúnaði og veðurupplýsingakerfum. Einnig eru hér rannsóknarverkefni, kostnaður vegna hlutdeildar Íslands í verkefnum Alþjóða-

flugmálastofnunarinnar auk liðar til að koma til móts við aðkallandi verkefni sem upp geta komið.

Flugstjórnarmiðstöð.
Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í framkvæmdum Alþjóðaflugþjónustunnar.

Upplýsingakerfi.
Á árinu verður haldið áfram að setja upp búnað til að safna saman veðurupplýsingum á flugvöllum og að byggja upp miðlægt tölvukerfi fyrir öryggisupplýsingar til flugmanna.

Flugprófanabúnaður.
Í Beechcraft King Air flugvél Flugmálastjórnar er komið fyrir flugprófanabúnaði sem notaður er til að prófa aðflugsbúnað á öllum flugvöllum á Íslandi, auk flugvalla á Grænlandi og í Færeyjum. Þessi búnaður er nú kominn mjög til ára sinna (síðan 1979). Móttakarar og úrvinnslubúnaður er orðinn úr sér genginn og ekki af nýjustu gerð. Áætlað er að endurnýjun búnaðarins muni kosta um 250 millj. kr. Ráðgert er að vinna að vali búnaðarins á árinu 2002.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/LAAS.
Þessi liður greiðir kostnað Flugmálastjórnar vegna gervihnattaleiðsögu og aðflugshönnunar.

Rannsóknarverkefni.
Af þessum lið eru ýmis rannsóknarverkefni greidd. Þau verkefni sem þegar eru þekkt og unnið verður að á árinu 2002 eru ýmsar hávaðamælingar, hönnun kerfis til að hafa eftirlit með aðflugshalla á Reykjavíkurflugvelli og athuganir í veðurfarslíkönum.

Ýmis verkefni.
Undir þennan lið falla ýmis ófyrirséð verkefni sem upp koma á áætlunartímabilinu. Algengt er að búnaður sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu bili þannig að viðgerð verði ekki komið við og endurnýjun sé nauðsynleg.

Annar kostnaður.
Undir þennan lið falla sjóður til leiðréttinga og ófyrirséðra verkefna, tækjasjóður og stjórnunarkostnaður. Einnig eru þarna undir listskreytingar og flugvernd/vopnaleit. Alls er ráðgert að veita 90,6 millj. kr. til þessa liðar á árinu 2002.

Leiðréttingar og ófyrirséð verkefni.
Allar kostnaðaráætlanir í flugmálaáætlun eru gerðar með +/-30% skekkjumörkum. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að ekki er ráðlegt að hafa undir 20 millj. kr. til leiðréttingar á ári. Þessi upphæð er aðeins 2–3% af ráðstöfunarfé til framkvæmda.

Stjórnunarkostnaður.
Undir stjórnunarkostnað fellur allur kostnaður við umsýslu verkefna, þ.m.t. áætlanagerð, bókhald og eftirlit. Reynsla undanfarinna ára sýnir að hæfilegt er að gera ráð fyrir 15 millj. kr. á árinu til þessa verkliðar.

Tækjasjóður.

Þetta er í annað sinn sem flugmálaáætlun hefur tækjasjóð sem fjármagnar tæki til snjóruðnings og slökkvibúnað á flugvelli. Áætlað matsverð þess búnaðar sem nú er á flugvöllum er um 700 millj. kr. Eðlilegt er talið að gera ráð fyrir um 10% endurnýjun, þ.e. um 70 millj. kr., en á árinu 2002 er einungis gert ráð fyrir 42,9 millj. kr. Á árinu verður fjármagni úr tækjasjóði ráðstafað til kaupa á slökkvibifreið og björgunarbáti fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Flugvernd/vopnaleit.

Á árinu er gert ráð fyrir kaupum á vopnaleitarbúnaði og aðstöðu vegna leitar á farþegum og í handfarangri að upphæð 20,2 millj. kr. á áætlunarflugvöllum þaðan sem millilandaflug er stundað. Ekki er í þessari áætlun gert ráð fyrir fjármagni til kaupa á vopnaleitarbúnaði vegna innanlandsflugs né til leitar í lestarfarangri en niðurstaða Evrópusambandsins um kröfur til slíks búnaðar mun væntanlega liggja fyrir síðar á þessu ári.

Fylgiskjal.

Flugmálaáætlun fyrir árið 2002. Sundurliðun verkefna.

Liðir	Verk í vinnslu frá 2001 Heimild frá 2001	2002
Viðhaldssjóðir		
Yfirborðsviðhald (klæðing, malbik, málning)		17.000.000
Samtals		**17.000.000**
Reykjavík		
Flugbrautarsamningur	459.100.000	65.800.000
Fegrun svæða og umhverfis	5.000.000	
Aðflugsbúnaður, braut 19	18.500.000	
Flugvernd, flugvallargirðing		34.000.000
Björgunarbátur, sjósetning		10.000.000
Flugstöð	5.600.000	
Flugturn	16.000.000	
Samtals	**504.200.000**	**109.800.000**
Akureyri		
Flugstöð	6.500.000	
Flugvernd, girðing	2.500.000	
Turnviðgerðir	5.400.000	
Aðflugs og öryggisbúnaður	5.500.000	
Deiliskipulag og hönnun tækjageymslu		3.000.000
Flugminjasafn		3.000.000
Samtals	**19.900.000**	**6.000.000**

Liðir	Verk í vinnslu frá 2001 Heimild frá 2001	2002
Bakki		
Flugbraut	1.500.000	
Samtals	**1.500.000**	**0**
Ísafjörður		
Flugturn		10.000.000
Sjóvarnargarður	700.000	
Samtals	**700.000**	**10.000.000**
Þingeyri		
Lenging brautar, hönnun		2.000.000
Samtals	**0**	**2.000.000**
Hornafjörður		
Öryggissvæði, uppgræðsla	800.000	
Samtals	**800.000**	**0**
Þórshöfn		
Aðflugs og öryggisbúnaður	1.700.000	
Öryggissvæði	500.000	
Samtals	**2.200.000**	**0**
Gjögur		
Sandgeymsla		500.000
Samtals	**0**	**500.000**
Siglufjörður		
Flugstöð/tækjageymsla	300.000	200.000
Samtals	**300.000**	**200.000**
Æfingaflugvöllur	2.700.000	
Samtals	**2.700.000**	**0**
Aðrir flugvellir og lendingarstaðir		4.000.000
Samtals	**0**	**4.000.000**
Flugumferðar- og leiðsögubúnaður		
Flugstjórnarmiðstöð		5.000.000
Upplýsingakerfi		6.000.000
GPS/WAAS/NAAN/ADS/Aðflugsbúnaður	2.300.000	
Flugprófunarbúnaður	6.000.000	
Rannsóknarverkefni		3.000.000
Ýmis verkefni, flugleiðsaga og öryggisbúnaður		12.400.000
Samtals	**8.300.000**	**26.400.000**
Annar kostnaður		
Til leiðréttingar og ófyrirséðra verkefna		12.500.000
Tækjasjóður		42.900.000
Stjórnunarkostnaður		15.000.000
Flugvernd, vopnaleit	20.200.000	
Samtals	**20.200.000**	**70.400.000**
	560.800.000	246.300.000
Ráðstöfunarfé alls	**807.100.000**	

1098. Tillaga til þingsályktunar [682. mál]

um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni sem gerður var 22. maí 2001.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni sem gerður var 22. maí 2001. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningurinn tekur til takmörkunar á framleiðslu og notkun svonefndra þrávirkra lífrænna efna. Um er að ræða flokk efna sem brotna hægt niður í náttúrunni og geta borist langar leiðir með fartegundum, loft- eða hafstraumum og safnast fyrir í vistkerfum fjarri uppruna sínum. Þessi efni voru flest hver tekin í notkun um eða eftir síðari heimsstyrjöld. Þótt þessi efni hafi lítið verið notuð hér á landi eru þau vel mælanleg í íslensku umhverfi.

Efnin skiptast í fjóra flokka:

1. Plöntuvarnarefni (t.d. aldrín, díeldrín, endrín, klórdan, heptaklór, HCB, mírex og toxafen) sem hætta skal notkun og framleiðslu á, nema í sérstökum undantekningartilvikum.
2. Sæfiefni (t.d. DDT) sem gegna m.a. hlutverki í baráttu gegn malaríu.
3. Efni notuð í iðnaði (t.d. HCB, PCB og heptaklór).
4. Þrávirk lífræn efni sem verða til án ásetnings, t.d. við iðnaðarframleiðslu eða ófullkomna sorpbrennslu (díoxín, fúrön og HCB).

Samningurinn hefur að markmiði að vernda heilsu manna og umhverfið gegn þrávirkum lífrænum efnum og tekur hann í upphafi til þeirra tólf efna sem almennt er talið mikilvægast að takast á við. Þessi samningur er mikilvægur áfangi í umhverfismálum sökum þess að hér er ráðist að rót vandans og kveðið á um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir framleiðslu eða myndun efna sem hættuleg eru umhverfinu og heilsu manna.

Ísland hefur á alþjóðavettvangi lagt mikla áherslu á aðgerðir til þess að koma í veg fyrir losun þrávirkra lífrænna efna út í umhverfið vegna hættunnar á því að þessi efni safnist upp fjarri uppruna sínum, m.a. á norðlægum slóðum. Ísland átti mikinn þátt í því að farið var út í gerð þessa samnings og lagði fyrst ríkja fram tillögu um það á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó de Janeiró árið 1992. Íslensk stjórnvöld vöktu einnig athygli á málinu við undirbúning alþjóðlegrar aðgerðaáætlunar um varnir gegn mengun hafsins vegna mengunar frá landi sem samþykkt var í Washington 1995 og á síðasta undirbúningsfundi áætlunarinnar, sem ríkisstjórn Íslands bauð til í Reykjavík í mars 1995, komst skriður á málið.

Samningurinn var samþykktur á ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi 22. og 23. maí 2001. Hann liggur frammi til undirritunar í eitt ár, frá 23. maí 2001 til 22. maí 2002. Hinn 20. mars 2002 höfðu 119 ríki undirritað samninginn. Flest ríki, þar á meðal Ísland, undirrituðu samninginn á fyrsta degi. Hinn 20. mars höfðu eftirtalin fimm ríki fullgilt samninginn: Fídjieyjar, Holland, Kanada, Lesótó og Samóa. Samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fimmtugasta fullgildingarskjalsins, sbr. 26. gr. hans.

Samningurinn skiptist í formála, 30 greinar og 6 viðauka. Efnin sem samningurinn nær til eru talin upp í viðeigandi viðaukum þannig að unnt er að bæta við efnum án þess að breyta samningnum sjálfum.

Í 3. gr. er kveðið á um ráðstafanir til að draga úr eða stöðva losun þrávirkra lífrænna efna vegna framleiðslu og notkunar sem eru af ásetningi. Í greininni felst að ríki skuli banna eða stöðva framleiðslu og notkun á þeim níu efnum sem talin eru upp í viðauka A og takmarka framleiðslu og notkun á DDT. Einungis er heimilt að framleiða og nota efnin ef fyrir liggur sérstök undanþága, sem skrá þarf skv. 4. gr., eða viðurkenndur tilgangur eins og gildir um DDT.

Í 5. gr. er kveðið á um ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun efna vegna framleiðslu sem er ekki af ásetningi. Hér er átt við efni sem myndast í iðnaðarframleiðslu eða við ófullkomna sorpbrennslu (díoxín, fúrön og HCB) og eru þessi efni tilgreind í viðauka C. Skulu aðilar semja aðgerðaáætlun sem framkvæma skal sem hluta af framkvæmdaáætlun sem fjallað er um í 7. gr.

Einnig er kveðið á um ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun frá birgðum og úrgangi, sbr. 6. gr., og skal tryggja að birgðir og úrgangur sem innihalda efni í viðaukum A og B séu meðhöndluð með þeim hætti að heilsu manna og umhverfi stafi ekki hætta af.

Mikilvægur hluti samningsins er 8. gr. sem kveður á um hvernig skuli bæta nýjum efnum við samninginn. Þessi grein gerir það að verkum að samningurinn verður „lifandi", þ.e. unnt er að bæta við nýjum efnum ef þurfa þykir og skal beita varúðarnálgun við þær ákvarðanir.

Samningurinn tekur einnig til upplýsingaskipta milli aðildarríkja sem fara um skrifstofu samningsins, sbr. 9. gr., og skyldu aðildarríkja til að upplýsa og fræða almenning, sbr. 10. gr. Þá fjallar hann um rannsóknir, þróun og eftirlit, sbr. 11. gr., og mat á skilvirkni samningsins sem fara skal fram fjórum árum eftir að hann öðlast gildi, sbr. 16. gr.

Iðnríki skulu veita þróunarríkjunum tæknilega og fjárhagslega aðstoð skv. 12. og 13. gr. samningsins. Er sú aðstoð forsenda þess að árangur náist í því að takast á við þetta vandamál vegna þess að núverandi uppsprettur þessara efna eru að umtalsverðum hluta í þróunarríkjunum. Samkvæmt 14. gr. er Alþjóðlega umhverfissjóðnum falið að hafa milligöngu um fjárhagsaðstoðina.

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest að fullgilding samningsins kalli ekki á lagabreytingar hér á landi. Í eftirfarandi töflu eru taldar upp reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og taka til þeirra efna sem falla undir samninginn.

Ákvæði í reglugerðum nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, og nr. 323/1998, um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra, taka til þeirra efna sem eru skráð í viðaukum A og B við samninginn. Þessar reglugerðir taka að mestu leyti á ákvæðum 3. gr. samningsins um losun vegna notkunar þeirra efna sem talin eru upp í viðaukum A og B. Samkvæmt viðauka A mætti nota heptaklór og hexaklórbensen, HCB, í atvinnuskyni samkvæmt sérstökum undanþágum að því tilskildu að undanþágan sé skráð skv. 4. gr. Slík notkun er ekki bönnuð sérstaklega hér á landi, en þessi efni eru ekki framleidd hérlendis og ekki er ekki vitað til þess að þau séu flutt inn til landsins eða notuð hér.

Íslensk löggjöf	Efnaheiti	Viðauki/greinar samningsins	Aðgerðir
Reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, breytt með reglugerð nr. 623/2000.	Aldrín, DDT, díeldrín, endrín, heptaklór, hexaklórbensen, klórdan, mírex, toxafen	Viðaukar A og B; 3. gr.	Óheimilt að framleiða, flytja inn, selja og nota sem varnarefni í landbúnaði og garðyrkju eða til útrýmingar meindýra.
Reglugerð nr. 323/1998, um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengilsefna þeirra	PCB	Viðauki A; 3. gr.	Óheimilt að flytja inn og nota. Reglur um förgun.
Reglugerð nr. 805/1999, um úrgang	Díoxín, fúrön	Viðauki C; 5. og 6. gr.	Opin brennsla úrgangs er bönnuð
Reglugerð nr. 807/1999, um brennslu spilliefna	Díoxín, fúrön	Viðauki C; 5. og 6. gr.	Skilyrði fyrir brennslu spilliefna tilgreind, útstreymismörk fyrir díoxín og fúrön.
Reglugerð nr. 808/1999, um sorpbrennslustöðvar	Díoxín, fúrön	Viðauki C; 5. og 6. gr.	Skilyrði fyrir brennslu úrgangs; heimild til að setja útstreymismörk fyrir díoxín og fúrön.

Erfiðara er að fást við losun þeirra efna sem verða til án þess að um ásetning sé að ræða en markmið 5. gr. er að draga úr eða stöðva losun slíkra efna sem talin eru upp í viðauka C. Í reglugerðum nr. 805/1999, um úrgang, nr. 807/1999, um brennslu spilliefna, og nr. 808/1999, um sorpbrennslustöðvar, er að finna ákvæði sem taka til meðhöndlunar úrgangs og efnanna sem skráð eru í viðauka C við samninginn. Framangreindar reglugerðir taka til 5. gr. samningsins og einnig til 6. gr. hans varðandi meðhöndlun úrgangs. Enn sem komið er er ákvæðum þessara reglugerða um meðhöndlun úrgangs ekki að fullu framfylgt, en hér á landi er að finna bæði opna brennslu og lághitabrennslu úrgangs þótt verulega hafi dregið úr því á síðustu árum. Í 5. gr. samningsins kemur fram að krefjast skuli bestu fáanlegu tækni varðandi þær uppsprettur sem taldar eru upp í öðrum hluta viðauka C og að stuðla skuli að bestu umhverfisvenjum. Slíkt er gert með ákvæðum í starfsleyfum atvinnureksturs sem hefur í för með sér mengun samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 ásamt síðari breytingum.

Samkvæmt 5. gr. þarf enn fremur að semja aðgerðaáætlun vegna efna sem verða til án ásetnings. Hún skal m.a. innihalda:

a. Mat á núverandi losun og spá um framtíðarlosun efnanna.
b. Mat á skilvirkni laga og stefnumiða við að takmarka losun slíkra efna.
c. Hugleiðingar um hvernig skuli draga úr eða uppræta losun efnanna.
d. Upplýsingar um hvernig stuðlað skuli að fræðslu og þjálfun.

Í framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi, sem samþykkt var í ríkisstjórn í nóvember 2001, er talið mest aðkallandi að takast á við vandann sem stafar af þrávirkum lífrænum efnum. Þar er að finna lista yfir verkefni sem brýnt er að vinna að ásamt mati á umfangi þeirra og ábyrgðaraðila. Að verulegu leyti er því búið að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er skv. 5. og 7. gr. samningsins varðandi aðgerða- og framkvæmdaáætlun þó að útfæra þurfi einstök atriði nánar.

Til að uppfylla ákvæði samningsins um rannsóknir, þróun og eftirlit er nokkurt verk framundan til þess að öðlast yfirsýn yfir losun og magn díoxína og fúrana í umhverfinu hér á landi. Samhliða gagnaöflun verður að hefja vinnu að því að draga úr losun frá þekktum upp-

sprettum með markvissari hætti en áður, eins og gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi.

Fylgiskjal.

STOKKHÓLMSSAMNINGUR UM ÞRÁVIRK LÍFRÆN EFNI

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM

VIÐURKENNA að þrávirk lífræn efni eru eitrandi, niðurbrotsþolin, safnast fyrir í lífríkinu og berast með loftstraumum, vatni og fartegundum landa á milli og falla út langt frá upptökum sínum, þar sem þau safnast fyrir í vistkerfum láðs og lagar,

VITA AF áhyggjum af heilsufari, einkum í þróunarlöndum, sem stafa af váhrifum þrávirkra lífrænna efna, einkum á konur og þar af leiðandi á komandi kynslóðir,

HAFA Í HUGA að vistkerfum Norðurslóða og samfélögum frumbyggja þar stafar sérstök hætta af lífmögnun þrávirkra lífrænna efna og að aðskotaefni í hefðbundinni fæðu þeirra er almennt heilbrigðisvandamál,

ERU MEÐVITAÐIR UM þörfina fyrir aðgerðir á heimsvísu gegn þrávirkum lífrænum efnum,

ERU MINNUGIR ákvörðunar stjórnar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna nr. 19/13 C frá 7. febrúar 1997 um að hefja alþjóðlegar aðgerðir til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið með ráðstöfunum til að draga úr og/eða stöðva útstreymi og losun þrávirkra lífrænna efna,

MINNAST ákvæða um þessi mál í viðeigandi alþjóðasamningum um umhverfismál, einkum ákvæða Rotterdam-samningsins um starfsreglur um fyrirfram upplýst samþykki í tengslum við tiltekin hættuleg efni og varnarefni í alþjóðaviðskiptum og Baselsamningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, meðal annars ákvæða svæðisbundinna samninga sem hafa verið þróaðir á grundvelli 11. gr. hans,

MINNAST EINNIG ákvæða um þessi efni í Ríóyfirlýsingunni um umhverfi og þróun og í Dagskrá 21,

STOCKHOLM CONVENTION ON PERSISTENT ORGANIC POLLUTANTS

The Parties to this Convention,

Recognizing that persistent organic pollutants possess toxic properties, resist degradation, bioaccumulate and are transported, through air, water and migratory species, across international boundaries and deposited far from their place of release, where they accumulate in terrestrial and aquatic ecosystems,

Aware of the health concerns, especially in developing countries, resulting from local exposure to persistent organic pollutants, in particular impacts upon women and, through them, upon future generations,

Acknowledging that the Arctic ecosystems and indigenous communities are particularly at risk because of the biomagnification of persistent organic pollutants and that contamination of their traditional foods is a public health issue,

Conscious of the need for global action on persistent organic pollutants,

Mindful of decision 19/13 C of 7 February 1997 of the Governing Council of the United Nations Environment Programme to initiate international action to protect human health and the environment through measures which will reduce and/or eliminate emissions and discharges of persistent organic pollutants,

Recalling the pertinent provisions of the relevant international environmental conventions, especially the Rotterdam Convention on the Prior Informed Consent Procedure for Certain Hazardous Chemicals and Pesticides in International Trade, and the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal including the regional agreements developed within the framework of its Article 11,

Recalling also the pertinent provisions of the Rio Declaration on Environment and Development and Agenda 21,

HAFA Í HUGA að varúðarsjónarmið liggja til grundvallar áhyggjum allra aðila og eru felld inn í samning þennan,

Acknowledging that precaution underlies the concerns of all the Parties and is embedded within this Convention,

VIÐURKENNA að samningur þessi styður aðra alþjóðasamninga á sviði viðskipta og umhverfismála og öfugt,

Recognizing that this Convention and other international agreements in the field of trade and the environment are mutually supportive,

ÁRÉTTA að samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglum þjóðaréttar hafa einstök ríki óskoraðan rétt til þess að nýta eigin auðlindir samkvæmt eigin stefnu í umhverfis- og þróunarmálum en bera jafnframt ábyrgð á því að tryggja að starfsemi, sem fer fram innan lögsögu þeirra eða sem lýtur yfirráðum þeirra, skaði ekki umhverfi annarra ríkja eða svæða handan lögsögumarka,

Reaffirming that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

TAKA MIÐ AF aðstæðum og sérþörfum þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin og landa sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, einkum nauðsyn þess að auka getu þeirra til að hafa stjórn á notkun efna, meðal annars með því að miðla tækniþekkingu, með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð og með því að stuðla að samvinnu milli aðila,

Taking into account the circumstances and particular requirements of developing countries, in particular the least developed among them, and countries with economies in transition, especially the need to strengthen their national capabilities for the management of chemicals, including through the transfer of technology, the provision of financial and technical assistance and the promotion of cooperation among the Parties,

TAKA AÐ FULLU TILLIT TIL aðgerðaáætlunarinnar um sjálfbæra þróun smárra eyríkja sem teljast til þróunarlanda sem var samþykkt 6. maí 1994 á Barbados,

Taking full account of the Programme of Action for the Sustainable Development of Small Island Developing States, adopted in Barbados on 6 May 1994,

VEITA ATHYGLI getu iðnríkja og þróunarlanda hverra um sig sem og sameiginlegum en aðgreindum skyldum ríkja, eins og þær eru settar fram í 7. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,

Noting the respective capabilities of developed and developing countries, as well as the common but differentiated responsibilities of States as set forth in Principle 7 of the Rio Declaration on Environment and Development,

VIÐURKENNA mikilvægt framlag sem einkageirinn og frjáls félagasamtök eru fær um til þess að minnka og/eða að stöðva útstreymi og losun þrávirkra lífrænna efna,

Recognizing the important contribution that the private sector and non-governmental organizations can make to achieving the reduction and/or elimination of emissions and discharges of persistent organic pollutants,

LEGGJA ÁHERSLU Á mikilvægi þess að framleiðendur þrávirkra lífrænna efna axli ábyrgð og dragi úr neikvæðum áhrifum framleiðsluvara sinna og láti notendum, stjórnvöldum og almenningi í té upplýsingar um hættulega eiginleika þessara efna,

Underlining the importance of manufacturers of persistent organic pollutants taking responsibility for reducing adverse effects caused by their products and for providing information to users, Governments and the public on the hazardous properties of those chemicals,

ERU MEÐVITAÐIR UM þörf þess að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif þrávirkra lífrænna efna á öllum stigum líftíma þeirra,

Conscious of the need to take measures to prevent adverse effects caused by persistent organic pollutants at all stages of their life cycle,

ÁRÉTTA 16. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun, þar sem segir að yfirvöld í einstökum ríkjum skuli leitast við að stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að efnahagslegum stjórntækjum sé beitt, að teknu tilliti til þeirrar meginreglu að sá sem mengar skuli bera kostnað af menguninni og með tilhlýðilegu tilliti til almenningshagsmuna og án þess að raska alþjóðlegum viðskiptum og fjárfestingum,

Reaffirming Principle 16 of the Rio Declaration on Environment and Development which states that national authorities should endeavour to promote the internalization of environmental costs and the use of economic instruments, taking into account the approach that the polluter should, in principle, bear the cost of pollution, with due regard to the public interest and without distorting international trade and investment,

HVETJA aðila, sem ekki hafa komið á fyrirkomulagi til að meta og setja reglur um varnarefni og efni til notkunar í iðnaði, til þess að þróa slíkt fyrirkomulag,

Encouraging Parties not having regulatory and assessment schemes for pesticides and industrial chemicals to develop such schemes,

VIÐURKENNA mikilvægi þess að þróa og nota vistvæna valkosti með tilliti til vinnsluaðferða og efna,

Recognizing the importance of developing and using environmentally sound alternative processes and chemicals,

ERU STAÐRÁÐNIR Í að vernda heilsu manna og umhverfið fyrir skaðlegum áhrifum þrávirkra lífrænna efna

Determined to protect human health and the environment from the harmful impacts of persistent organic pollutants,

OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með samningi þessum, með hliðsjón af varúðarnálguninni, eins og hún er sett fram í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun, er að vernda heilsu manna og umhverfið gegn þrávirkum lífrænum efnum.

Article 1
Objective

Mindful of the precautionary approach as set forth in Principle 15 of the Rio Declaration on Environment and Development, the objective of this Convention is to protect human health and the environment from persistent organic pollutants.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „Aðili" merkir ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hafa samþykkt að vera bundin af samningi þessum og sem samningurinn gildir um;
b) „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu" merkir samtök sem fullvalda ríki á tilteknu svæði standa að og fengið hafa framselt vald frá aðildarríkjum sínum að því er varðar þau málefni sem samningur þessi gildir um og sem fengið hafa fullt umboð samkvæmt eigin verklagsreglum til að undirrita, fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að samningi þessum;
c) „aðilar sem eru viðstaddir og greiða atkvæði" merkir aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða á móti.

Article 2
Definitions

For the purposes of this Convention:

(a) "Party" means a State or regional economic integration organization that has consented to be bound by this Convention and for which the Convention is in force;
(b) "Regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Convention and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to this Convention;
(c) "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

3. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun vegna framleiðslu og notkunar sem eru af ásetningi.

1. Sérhver aðili skal:

a) banna og/eða grípa til þeirra réttar- eða stjórnvaldsaðgerða sem þörf er á til þess að stöðva:
   i) framleiðslu og notkun sína á þeim efnum sem skráð eru í viðauka A, með fyrirvara um ákvæði þess viðauka, og
   ii) innflutning og útflutning þeirra efna sem skráð eru í viðauka A, samanber ákvæði 2. mgr.; og
b) takmarka framleiðslu og notkun sína á þeim efnum sem skráð eru í viðauka B, samanber ákvæði þess viðauka.

2. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir til þess að tryggja:

a) að efni sem skráð er í viðauka A eða B sé aðeins flutt inn:
   i) í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr., eða
   ii) til notkunar eða í tilgangi sem viðkomandi aðila er heimill samkvæmt viðauka A eða B;
b) að efni, sem skráð er í viðauka A og fellur undir einhverja undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu eða notkun eða efni sem skráð er í viðauka B og fellur undir einhverja undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu eða notkun eða viðurkenndan tilgang, skuli, að teknu tilliti til hvers konar ákvæða sem kunna að eiga við í gildandi alþjóðasamningum um fyrirfram upplýst samþykki, einungis flutt út:
   i) í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr.,
   ii) til aðila sem er heimilt að nota viðkomandi efni samkvæmt viðauka A eða viðauka B, eða
   iii) til ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum en hefur veitt útflutningsaðilanum árlega vottun. Í vottorðinu skal tilgreina fyrirhugaða notkun efnisins og setja inn yfirlýsingu þess efnis að innflutningsaðilinn skuldbindi sig til þess, að því er varðar viðkomandi efni:
      a. að vernda heilsu manna og umhverfið með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að lágmarka eða koma í veg fyrir losun,
      b. að hlíta ákvæðum 1. mgr. 6. gr., og

Article 3

Measures to reduce or eliminate releases from intentional production and use

1. Each Party shall:

(a) Prohibit and/or take the legal and administrative measures necessary to eliminate:
   (i) Its production and use of the chemicals listed in Annex A subject to the provisions of that Annex; and
   (ii) Its import and export of the chemicals listed in Annex A in accordance with the provisions of paragraph 2; and
(b) Restrict its production and use of the chemicals listed in Annex B in accordance with the provisions of that Annex.

2. Each Party shall take measures to ensure:

(a) That a chemical listed in Annex A or Annex B is imported only:
   (i) For the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6; or
   (ii) For a use or purpose which is permitted for that Party under Annex A or Annex B;
(b) That a chemical listed in Annex A for which any production or use specific exemption is in effect or a chemical listed in Annex B for which any production or use specific exemption or acceptable purpose is in effect, taking into account any relevant provisions in existing international prior informed consent instruments, is exported only:
   (i) For the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6;
   (ii) To a Party which is permitted to use that chemical under Annex A or Annex B; or
   (iii) To a State not Party to this Convention which has provided an annual certification to the exporting Party. Such certification shall specify the intended use of the chemical and include a statement that, with respect to that chemical, the importing State is committed to:
      a. Protect human health and the environment by taking the necessary measures to minimize or prevent releases;
      b. Comply with the provisions of paragraph 1 of Article 6; and

c. að hlíta ákvæðum 2. mgr. II. hluta viðauka B þar sem við á.

Vottorðinu skulu einnig fylgja hvers kyns viðeigandi fylgiskjöl, til dæmis lög, reglugerðir, stjórnsýsluleiðbeiningar eða stefnumarkandi leiðbeiningar. Útflutningsaðilinn skal framsenda vottorðið til skrifstofunnar innan 60 daga frá móttöku;

c) að efni, sem skráð er í viðauka A og ekki fellur lengur, að því er varðar neinn aðila, undir undanþágu vegna tiltekinnar framleiðslu eða notkunar, sé ekki flutt þaðan út nema í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr.;

d) að því er varðar þessa málsgrein nær hugtakið „ríki sem ekki er aðili að samningi þessum“, með tilliti til tiltekins efnis, yfir ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem ekki hefur samþykkt að vera bundin af samningnum að því er varðar viðkomandi efni.

3. Sérhver aðili, sem hefur komið á fyrirkomulagi af einu eða öðru tagi til þess að meta og setja reglur um ný varnarefni eða ný efni til notkunar í iðnaði, skal gera ráðstafanir til þess að koma á stýringu í því skyni að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun nýrra varnarefna eða nýrra efna til notkunar í iðnaði sem, með hliðsjón af viðmiðunum í 1. mgr. viðauka D, sýna einkenni þrávirkra lífrænna efna.

4. Sérhver aðili, sem hefur komið á fyrirkomulagi af einu eða öðru tagi til þess að meta og setja reglur um ný varnarefni eða ný efni til notkunar í iðnaði, skal, þar sem við á, taka, innan þess fyrirkomulags, tillit til viðmiðananna í 1. mgr. viðauka D þegar varnarefni eða efni til notkunar í iðnaði, sem eru í notkun, eru metin.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um efni í því magni sem er ætlað til notkunar við rannsóknir á rannsóknastofum eða sem viðmiðunarstaðall, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

6. Aðili, sem nýtur sérstakrar undanþágu samkvæmt viðauka A eða nýtur sérstakrar undanþágu eða getur borið fyrir sig viðurkenndan tilgang samkvæmt viðauka B, skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að hvers konar framleiðsla eða notkun, samkvæmt slíkri undanþágu eða í slíkum tilgangi, sé með þeim hætti að komið sé í veg fyrir eða lágmörkuð séu váhrif á menn og losun út í umhverfið. Við notkun samkvæmt undanþágu eða í viðurkenndum tilgangi, sem felur í sér ásetningslosun út í umhverfið við eðlileg notkunarskilyrði, skal losun haldið í nauðsynlegu lágmarki, að teknu tilliti til hvers kyns viðeigandi staðla og viðmiðunarreglna.

c. Comply, where appropriate, with the provisions of paragraph 2 of Part II of Annex B.

The certification shall also include any appropriate supporting documentation, such as legislation, regulatory instruments, or administrative or policy guidelines. The exporting Party shall transmit the certification to the Secretariat within sixty days of receipt;

(c) That a chemical listed in Annex A, for which production and use specific exemptions are no longer in effect for any Party, is not exported from it except for the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6;

(d) For the purposes of this paragraph, the term "State not Party to this Convention" shall include, with respect to a particular chemical, a State or regional economic integration organization that has not agreed to be bound by the Convention with respect to that chemical.

3. Each Party that has one or more regulatory and assessment schemes for new pesticides or new industrial chemicals shall take measures to regulate with the aim of preventing the production and use of new pesticides or new industrial chemicals which, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, exhibit the characteristics of persistent organic pollutants.

4. Each Party that has one or more regulatory and assessment schemes for pesticides or industrial chemicals shall, where appropriate, take into consideration within these schemes the criteria in paragraph 1 of Annex D when conducting assessments of pesticides or industrial chemicals currently in use.

5. Except as otherwise provided in this Convention, paragraphs 1 and 2 shall not apply to quantities of a chemical to be used for laboratory-scale research or as a reference standard.

6. Any Party that has a specific exemption in accordance with Annex A or a specific exemption or an acceptable purpose in accordance with Annex B shall take appropriate measures to ensure that any production or use under such exemption or purpose is carried out in a manner that prevents or minimizes human exposure and release into the environment. For exempted uses or acceptable purposes that involve intentional release into the environment under conditions of normal use, such release shall be to the minimum extent necessary, taking into account any applicable standards and guidelines.

4. gr.

Skrá yfir sérstakar undanþágur.

1. Hér með er komið á skrá yfir aðila sem njóta sérstakra undanþága samkvæmt viðauka A eða B. Í henni skal ekki getið aðila sem færa sér í nyt ákvæðin í viðauka A eða B sem allir aðilar mega beita. Skrifstofan heldur skrána og skal hún aðgengileg almenningi.

2. Skráin skal hafa að geyma:

a) upptalningu tegunda sérstakra undanþága sem er tekin úr viðaukum A og B;
b) upptalningu aðila sem njóta sérstakrar undanþágu samkvæmt viðauka A eða B; og
c) upptalningu dagsetninga þegar gildistími hverrar undanþágu er út runninn.

3. Öllum ríkjum er heimilt, þegar þau gerast aðilar, að skrá sig, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, fyrir sérstökum undanþágum af einum eða öðrum toga samkvæmt viðauka A eða B.

4. Sé hvorki fyrri dagsetning tiltekin í skránni af hálfu aðila né framlenging veitt skv. 7. gr. falla allar skráningar á sérstökum undanþágum úr gildi fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi með tilliti til tiltekins efnis.

5. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila ákveða með hvaða hætti ber að endurmeta færslur í skránni.

6. Áður en færsla í skránni er endurmetin skal viðkomandi aðili skila skýrslu til skrifstofunnar þar sem rök eru færð fyrir áframhaldandi þörf hans fyrir skráningu undanþágunnar. Skrifstofan skal dreifa skýrslunni til allra aðila. Endurmat skráningar skal fara fram á grundvelli allra tiltækra upplýsinga. Að því loknu getur þing aðila sent viðkomandi aðila þau tilmæli sem því þykir við hæfi.

7. Þingi aðila er heimilt, að fenginni beiðni frá viðkomandi aðila, að ákveða að framlengja gildistíma sérstakrar undanþágu í allt að fimm ár. Þegar ákvörðun er tekin skal þing aðila taka tilhlýðilegt tillit til sérstöðu þróunarlanda og landa sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti.

8. Aðila er hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að afturkalla færslu í skránni um sérstaka undanþágu. Afturköllunin öðlast gildi þann dag sem er tilgreindur í tilkynningunni.

9. Þegar enginn aðili er lengur skráður fyrir sérstakri undanþágu af tilteknum toga er óheimilt að setja inn nýjar færslur að því er hana varðar.

Article 4

Register of specific exemptions

1. A Register is hereby established for the purpose of identifying the Parties that have specific exemptions listed in Annex A or Annex B. It shall not identify Parties that make use of the provisions in Annex A or Annex B that may be exercised by all Parties. The Register shall be maintained by the Secretariat and shall be available to the public.

2. The Register shall include:

(a) A list of the types of specific exemptions reproduced from Annex A and Annex B;
(b) A list of the Parties that have a specific exemption listed under Annex A or Annex B; and
(c) A list of the expiry dates for each registered specific exemption.

3. Any State may, on becoming a Party, by means of a notification in writing to the Secretariat, register for one or more types of specific exemptions listed in Annex A or Annex B.

4. Unless an earlier date is indicated in the Register by a Party, or an extension is granted pursuant to paragraph 7, all registrations of specific exemptions shall expire five years after the date of entry into force of this Convention with respect to a particular chemical.

5. At its first meeting, the Conference of the Parties shall decide upon its review process for the entries in the Register.

6. Prior to a review of an entry in the Register, the Party concerned shall submit a report to the Secretariat justifying its continuing need for registration of that exemption. The report shall be circulated by the Secretariat to all Parties. The review of a registration shall be carried out on the basis of all available information. Thereupon, the Conference of the Parties may make such recommendations to the Party concerned as it deems appropriate.

7. The Conference of the Parties may, upon request from the Party concerned, decide to extend the expiry date of a specific exemption for a period of up to five years. In making its decision, the Conference of the Parties shall take due account of the special circumstances of the developing country Parties and Parties with economies in transition.

8. A Party may, at any time, withdraw an entry from the Register for a specific exemption upon written notification to the Secretariat. The withdrawal shall take effect on the date specified in the notification.

9. When there are no longer any Parties registered for a particular type of specific exemption, no new registrations may be made with respect to it.

5. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun vegna framleiðslu sem er ekki af ásetningi.

Sérhver aðili skal að minnsta kosti gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að draga úr heildarlosun af manna völdum á sérhverju því efni, sem tilgreint er í viðauka C, í því skyni að lágmarka áfram losun og stöðva hana endanlega þar sem því verður komið við:

a) semja eigin aðgerðaáætlun eða, þar sem það á við, aðgerðaáætlun fyrir svæði eða svæðishluta innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er hann varðar og framkvæma hana síðan sem hluta af framkvæmdaáætlun sinni, sbr. 7. gr., í því skyni að finna, greina og fást við losun efnanna sem eru skráð í viðauka C og að greiða fyrir framkvæmd ákvæða b- til e-liða. Í aðgerðaáætluninni skulu meðal annars vera eftirfarandi atriði:
   i) mat á núverandi og áætlaðri losun, meðal annars gerð og viðhald skrár um uppsprettur og áætlaða losun frá þeim, með hliðsjón af uppsprettuflokkunum sem tilgreindir eru í viðauka C,
   ii) mat á skilvirkni laga og stefnumiða viðkomandi aðila sem fjalla um stjórnun slíkrar losunar,
   iii) áætlanir um að efna þær skuldbindingar sem kveðið er á um í þessari málsgrein, að teknu tilliti til matsins í i- og ii-lið,
   iv) aðgerðir til þess að stuðla að fræðslu og þjálfun í tengslum við þessar áætlanir og efla vitund almennings um þær,
   v) endurskoðun, á fimm ára fresti, á áætlunum þessum og árangri af þeim með tilliti til þess að efna skuldbindingarnar, sem um getur í þessari málsgrein, en fjalla ber um þessa endurskoðun í skýrslum sem skilað er skv. 15. gr.,
   vi) tímasett áætlun um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, meðal annars um þær áætlanir og ráðstafanir sem þar eru tilgreindar;

b) stuðla að því að gerðar verði tiltækar, hagkvæmar og raunhæfar ráðstafanir sem leiða til þess að unnt er með skjótum hætti að ná raunverulegum og markverðum árangri við að draga úr losun eða eyða uppsprettum;

c) stuðla að þróun og, þar sem viðeigandi þykir, krefjast notkunar staðgengilsefna eða breyttra efna, framleiðsluvara og vinnsluaðferða til þess að koma í veg fyrir myndun og losun efnanna, sem skráð eru í viðauka C, að teknu tilliti til almennra leiðbeininga um forvarnir og ráðstafana til þess að minnka losun sem er að finna í við-

Article 5

Measures to reduce or eliminate releases from unintentional production

Each Party shall at a minimum take the following measures to reduce the total releases derived from anthropogenic sources of each of the chemicals listed in Annex C, with the goal of their continuing minimization and, where feasible, ultimate elimination:

(a) Develop an action plan or, where appropriate, a regional or subregional action plan within two years of the date of entry into force of this Convention for it, and subsequently implement it as part of its implementation plan specified in Article 7, designed to identify, characterize and address the release of the chemicals listed in Annex C and to facilitate implementation of subparagraphs (b) to (e). The action plan shall include the following elements:
   (i) An evaluation of current and projected releases, including the development and maintenance of source inventories and release estimates, taking into consideration the source categories identified in Annex C;
   (ii) An evaluation of the efficacy of the laws and policies of the Party relating to the management of such releases;
   (iii) Strategies to meet the obligations of this paragraph, taking into account the evaluations in (i) and (ii);
   (iv) Steps to promote education and training with regard to, and awareness of, those strategies;
   (v) A review every five years of those strategies and of their success in meeting the obligations of this paragraph; such reviews shall be included in reports submitted pursuant to Article 15;
   (vi) A schedule for implementation of the action plan, including for the strategies and measures identified therein;

(b) Promote the application of available, feasible and practical measures that can expeditiously achieve a realistic and meaningful level of release reduction or source elimination;

(c) Promote the development and, where it deems appropriate, require the use of substitute or modified materials, products and processes to prevent the formation and release of the chemicals listed in Annex C, taking into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in Annex C and guidelines to be

auka C og viðmiðunarreglna sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

d) stuðla að og, í samræmi við tímaáætlun um framkvæmd aðgerðaáætlunar sinnar, krefjast notkunar á bestu fáanlegu tækni fyrir nýjar uppsprettur innan uppsprettuflokka, sem aðili hefur tilgreint að gefi tilefni til slíkra aðgerða í aðgerðaáætlun sinni, með sérstakri áherslu í upphafi á uppsprettuflokka sem tilgreindir eru í II. hluta viðauka C. Í öllu falli skal krafan um að nota bestu fáanlegu tækni fyrir nýjar uppsprettur í flokkunum, sem taldir eru upp í II. hluta þess viðauka, innleidd í áföngum svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en fjórum árum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er þann aðila varðar. Aðilar skulu stuðla að bestu umhverfisvenjum með tilliti til þeirra flokka sem hafa verið tilgreindir. Þegar viðhafðar eru besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur skulu aðilar taka mið af almennum leiðbeiningum um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og minnka losun sem settar eru fram í þeim viðauka, auk viðmiðunarreglna um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

e) stuðla, í samræmi við aðgerðaáætlun sína, að því að viðhafðar séu besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur:

   i) að því er varðar uppsprettur sem þegar eru fyrir hendi, innan þeirra uppsprettuflokka sem eru taldir upp í II. hluta viðauka C og innan uppsprettuflokka á borð við þá sem getið er um í III. hluta þess viðauka, og

   ii) að því er varðar nýjar uppsprettur, innan uppsprettuflokka á borð við þá sem eru taldir upp í III. hluta viðauka C og aðili hefur ekki fengist við skv. d-lið.

   Þegar viðhafðar eru besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur skulu aðilar taka tillit til hinna almennu leiðbeininga í viðauka C um forvarnir og ráðstafanir til þess að minnka losun, auk viðmiðunarreglna um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

f) Að því er varðar þessa málsgrein og viðauka C gilda eftirfarandi skilgreiningar:

   i) „besta fáanlega tækni“ merkir skilvirkasta og fullkomnasta stig þróunar starfsemi og aðferða við framkvæmd hennar sem gefur til kynna hve hentug tiltekin tækni er til þess að skapa, í grundvallaratriðum, forsendur fyrir losunartakmörkunum sem eru hugsaðar til þess að koma í veg fyrir og, ef það er óframkvæmanlegt, almennt minnka losun efna, sem eru talin upp í I. hluta viðauka C, og

adopted by decision of the Conference of the Parties;

(d) Promote and, in accordance with the implementation schedule of its action plan, require the use of best available techniques for new sources within source categories which a Party has identified as warranting such action in its action plan, with a particular initial focus on source categories identified in Part II of Annex C. In any case, the requirement to use best available techniques for new sources in the categories listed in Part II of that Annex shall be phased in as soon as practicable but no later than four years after the entry into force of the Convention for that Party. For the identified categories, Parties shall promote the use of best environmental practices. When applying best available techniques and best environmental practices, Parties should take into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in that Annex and guidelines on best available techniques and best environmental practices to be adopted by decision of the Conference of the Parties;

(e) Promote, in accordance with its action plan, the use of best available techniques and best environmental practices:

   (i) For existing sources, within the source categories listed in Part II of Annex C and within source categories such as those in Part III of that Annex; and

   (ii) For new sources, within source categories such as those listed in Part III of Annex C which a Party has not addressed under subparagraph (d).

   When applying best available techniques and best environmental practices, Parties should take into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in Annex C and guidelines on best available techniques and best environmental practices to be adopted by decision of the Conference of the Parties;

(f) For the purposes of this paragraph and Annex C:

   (i) "Best available techniques" means the most effective and advanced stage in the development of activities and their methods of operation which indicate the practical suitability of particular techniques for providing in principle the basis for release limitations designed to prevent and, where that is not practicable, generally to reduce releases of chemicals listed in Part I of

áhrif þeirra á umhverfið í heild. Í þessu sambandi gildir eftirfarandi:

ii) „tækni“ felur bæði í sér þá tækni sem er notuð og hvernig viðkomandi mannvirki er hannað, byggt, því haldið við, það starfrækt og tekið úr notkun,

iii) fáanleg „tækni“ merkir þær starfsaðferðir sem rekstraraðila eru tiltækar og eru þróaðar að því marki að hægt er að beita þeim í viðkomandi atvinnugrein við skilyrði sem eru hagstæð í efnahagslegu og tæknilegu tilliti, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, og

iv) „besta“ merkir skilvirkast til að ná fram háu almennu verndarstigi fyrir umhverfið í heild sinni,

v) „bestu umhverfisvenjur“ merkir að beitt sé þeirri heppilegustu samsetningu ráðstafana og áætlana á sviði umhverfisstjórnunar sem völ er á,

vi) „ný uppspretta“ merkir hvers konar uppsprettur, hafi bygging þeirra eða umtalsverðar breytingar á þeim hafist að minnsta kosti einu ári eftir dagsetningu:

a. gildistöku samnings þessa að því er viðkomandi aðila varðar, eða

b. gildistöku breytingar á viðauka C að því er viðkomandi aðila varðar þegar viðkomandi uppspretta fellur undir gildissvið ákvæða samnings þessa einungis vegna breytingarinnar;

g) aðila er heimilt að nota viðmiðunarmörk fyrir losun eða frammistöðustaðla til þess að efna skuldbindingar sínar varðandi bestu fáanlegu tækni samkvæmt þessari málsgrein.

Annex C and their impact on the environment as a whole. In this regard:

(ii) "Techniques" includes both the technology used and the way in which the installation is designed, built, maintained, operated and decommissioned;

(iii) "Available" techniques means those techniques that are accessible to the operator and that are developed on a scale that allows implementation in the relevant industrial sector, under economically and technically viable conditions, taking into consideration the costs and advantages; and

(iv) "Best" means most effective in achieving a high general level of protection of the environment as a whole;

(v) "Best environmental practices" means the application of the most appropriate combination of environmental control measures and strategies;

(vi) "New source" means any source of which the construction or substantial modification is commenced at least one year after the date of:

a. Entry into force of this Convention for the Party concerned; or

b. Entry into force for the Party concerned of an amendment to Annex C where the source becomes subject to the provisions of this Convention only by virtue of that amendment.

(g) Release limit values or performance standards may be used by a Party to fulfill its commitments for best available techniques under this paragraph.

6. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun frá birgðum og úrgangi.

1. Í því skyni að tryggja að birgðir, sem samanstanda af eða innihalda efni sem annaðhvort eru talin upp í viðauka A eða viðauka B, og úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir þegar þau verða að úrgangi, sem samanstendur af, inniheldur eða er mengaður af efni sem eru talin upp í viðauka A, B eða C, séu meðhöndluð með þeim hætti að heilsu manna eða umhverfinu stafi ekki hætta af skal sérhver aðili:

a) þróa viðeigandi áætlanir í því skyni að bera kennsl á:

i) birgðir sem samanstanda af eða innihalda efni sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B, og

Article 6

Measures to reduce or eliminate releases from stockpiles and wastes

1. In order to ensure that stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B and wastes, including products and articles upon becoming wastes, consisting of, containing or contaminated with a chemical listed in Annex A, B or C, are managed in a manner protective of human health and the environment, each Party shall:

(a) Develop appropriate strategies for identifying:

(i) Stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B; and

ii) framleiðsluvörur og hluti í notkun og úrgang sem samanstanda af, innihalda eða eru menguð af efni sem er talið upp í viðauka A, B eða C;

b) bera, að því marki sem unnt er, kennsl á birgðir sem samanstanda af eða innihalda efni sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B á grundvelli þeirra áætlana sem getið er um í a-lið;

c) meðhöndla birgðir, eftir því sem við á, á öruggan, skilvirkan og vistvænan hátt. Birgðir efna, sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B, eftir að ekki er lengur heimilt að nota þau samkvæmt sérstakri undanþágu samkvæmt viðauka A eða samkvæmt sérstakri undanþágu eða í viðurkenndum tilgangi samkvæmt viðauka B, að undanskildum birgðum sem heimilt er að flytja út skv. 2. mgr. 3 gr., teljast úrgangur og skulu meðhöndlaðar skv. d-lið;

d) gera viðeigandi ráðstafanir sem miða að því að slíkur úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir þegar þau verða að úrgangi:

i) hljóti meðferð, honum sé safnað saman, hann fluttur og geymdur á vistvænan hátt,

ii) slíkum úrgangi, meðal annars framleiðsluvörum og hlutum sem verða að úrgangi, sé fargað með þeim hætti að þrávirkum lífrænum efnum, sem hann inniheldur, sé eytt eða þau ummynduð á óafturtækan hátt, þannig að þau hafi ekki lengur einkenni þrávirkra lífrænna efna, eða þeim sé fargað á annan vistvænan hátt þegar eyðing þeirra eða óafturtæk ummyndun er ekki vistvænsti kosturinn eða þegar innihald þrávirka lífræna efnisins í úrganginum er lítið, með hliðsjón af alþjóðlegum reglum, stöðlum, og viðmiðunum, meðal annars þeim sem kunna að verða þróuð skv. 2. mgr., og viðeigandi hnattrænum og svæðisbundnum stjórntækjum sem tengjast meðhöndlun spilliefna,

iii) slíkum úrgangi, meðal annars framleiðsluvörum og hlutum sem verða að úrgangi, sé ekki fargað með aðferðum sem geta leitt til endurheimtar, endurvinnslu, endurnýtingar, beinnar endurnotkunar eða annars konar notkunar þrávirkra lífrænna efna, og

iv) slíkur úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir sem verða að úrgangi, sé ekki fluttur landa á milli án þess að hliðsjón sé höfð af gildandi alþjóðareglum, stöðlum og viðmiðunarreglum;

e) kappkosta að þróa viðeigandi áætlanir til þess að bera kennsl á staði sem eru mengaðir af efnum sem eru talin upp í viðaukum A, B eða C; verði

(ii) Products and articles in use and wastes consisting of, containing or contaminated with a chemical listed in Annex A, B or C;

(b) Identify, to the extent practicable, stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B on the basis of the strategies referred to in subparagraph (a);

(c) Manage stockpiles, as appropriate, in a safe, efficient and environmentally sound manner. Stockpiles of chemicals listed either in Annex A or Annex B, after they are no longer allowed to be used according to any specific exemption specified in Annex A or any specific exemption or acceptable purpose specified in Annex B, except stockpiles which are allowed to be exported according to paragraph 2 of Article 3, shall be deemed to be waste and shall be managed in accordance with subparagraph (d);

(d) Take appropriate measures so that such wastes, including products and articles upon becoming wastes, are:

(i) Handled, collected, transported and stored in an environmentally sound manner;

(ii) Disposed of in such a way that the persistent organic pollutant content is destroyed or irreversibly transformed so that they do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants or otherwise disposed of in an environmentally sound manner when destruction or irreversible transformation does not represent the environmentally preferable option or the persistent organic pollutant content is low, taking into account international rules, standards, and guidelines, including those that may be developed pursuant to paragraph 2, and relevant global and regional regimes governing the management of hazardous wastes;

(iii) Not permitted to be subjected to disposal operations that may lead to recovery, recycling, reclamation, direct reuse or alternative uses of persistent organic pollutants; and

(iv) Not transported across international boundaries without taking into account relevant international rules, standards and guidelines;

(e) Endeavour to develop appropriate strategies for identifying sites contaminated by chemicals listed in Annex A, B or C; if remediation of those

ráðist í úrbætur á slíkum stöðum skal það gert á vistvænan hátt.

2. Þing aðila skal vinna náið með þar til bærum stofnunum Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, í því skyni meðal annars:

a) að ákvarða það stig eyðingar og óafturtækrar ummyndunar sem er nauðsynlegt til þess að tryggja að eiginleikar þrávirkra lífrænna efna, sbr. 1. mgr. viðauka D, komi ekki í ljós;

b) finna hvaða aðferðir við förgun, sem getið er um hér að framan, teljast vistvænar; og

c) vinna að því að ákvarða, eftir því sem við á, styrk efnanna, sem skráð eru í viðaukum A, B og C, til þess að skilgreina lágt innihald þrávirkra lífrænna efna sem getið er um í ii-lið d-liðar 1. mgr.

7. gr.
Framkvæmdaáætlanir.

1. Sérhver aðili skal:

a) semja og leitast við að hrinda í framkvæmd áætlun um efndir skuldbindinga sinna samkvæmt samningi þessum;

b) senda framkvæmdaáætlun sína til þings aðila innan tveggja ára frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi að því er hann varðar; og

c) endurskoða og uppfæra, eftir því sem við á, framkvæmdaáætlun sína reglulega með þeim hætti sem tilgreint verður með ákvörðun sem þing aðila tekur.

2. Aðilar skulu, þar sem við á, starfa saman með beinum hætti eða á vettvangi hnattrænna eða svæðisbundinna stofnana eða stofnana sem starfa á tilteknum svæðishlutum og hafa samráð við innlenda hagsmunaaðila, meðal annars samtök kvenna og hópa sem láta sig varða heilsu barna, í þeim tilgangi að greiða fyrir þróun, framkvæmd og uppfærslu framkvæmdaáætlana sinna.

3. Aðilar skulu kappkosta að nýta og, þar sem þess er þörf, finna leiðir til þess að fella innlendar framkvæmdaáætlanir um þrávirk lífræn efni inn í áætlanir sínar um sjálfbæra þróun þar sem það á við.

8. gr.
Skráning efna í viðauka A, B og C.

1. Aðila er heimilt að leggja fram tillögu til skrifstofunnar um skráningu efnis í viðauka A, B og/eða C. Tillagan skal hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka D. Aðila er heimilt að fá að-

sites is undertaken it shall be performed in an environmentally sound manner.

2. The Conference of the Parties shall cooperate closely with the appropriate bodies of the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal to, *inter alia*:

(a) Establish levels of destruction and irreversible transformation necessary to ensure that the characteristics of persistent organic pollutants as specified in paragraph 1 of Annex D are not exhibited;

(b) Determine what they consider to be the methods that constitute environmentally sound disposal referred to above; and

(c) Work to establish, as appropriate, the concentration levels of the chemicals listed in Annexes A, B and C in order to define the low persistent organic pollutant content referred to in paragraph 1 (d)(ii).

Article 7
Implementation plans

1. Each Party shall:

(a) Develop and endeavour to implement a plan for the implementation of its obligations under this Convention;

(b) Transmit its implementation plan to the Conference of the Parties within two years of the date on which this Convention enters into force for it; and

(c) Review and update, as appropriate, its implementation plan on a periodic basis and in a manner to be specified by a decision of the Conference of the Parties.

2. The Parties shall, where appropriate, cooperate directly or through global, regional and subregional organizations, and consult their national stakeholders, including women's groups and groups involved in the health of children, in order to facilitate the development, implementation and updating of their implementation plans.

3. The Parties shall endeavour to utilize and, where necessary, establish the means to integrate national implementation plans for persistent organic pollutants in their sustainable development strategies where appropriate.

Article 8
Listing of chemicals in Annexes A, B and C

1. A Party may submit a proposal to the Secretariat for listing a chemical in Annexes A, B and/or C. The proposal shall contain the information specified

stoð við gerð tillögu sinnar frá öðrum aðilum og/eða skrifstofunni.

2. Skrifstofan skal sannprófa hvort tillagan hafi að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka D. Þegar skrifstofan hefur gengið úr skugga um að tillagan hafi að geyma þær upplýsingar, sem þannig eru tilgreindar, skal hún senda tillöguna áfram til endurmatsnefndar um þrávirk lífræn efni.

3. Nefndin fer yfir tillöguna og beitir þeim flokkunarviðmiðunum, sem tilgreindar eru í viðauka D, á sveigjanlegan og gagnsæjan hátt og skal hún taka tillit til allra upplýsinga, sem eru veittar, á heildstæðan og hlutlægan hátt.

4. Ákveði nefndin:

a) að flokkunarviðmiðunum hafi, að hennar mati, verið fullnægt skal hún, fyrir milligöngu skrifstofunnar, gera tillöguna og mat nefndarinnar aðgengileg öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og bjóða þeim að leggja fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka E; eða

b) að flokkunarviðmiðunum hafi ekki, að hennar mati, verið fullnægt skal hún, fyrir milligöngu skrifstofunnar, tilkynna það öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og gera tillöguna og mat nefndarinnar aðgengileg öllum aðilum og skal tillögunni þá vísað frá.

5. Sérhverjum aðila er heimilt að leggja tillögu, sem nefndin hefur vísað frá skv. 4. mgr., fyrir nefndina að nýju. Heimilt er, við endurflutning tillögu, að geta um hvers konar áhyggjuefni aðila og jafnframt láta fylgja rökstuðning fyrir frekari umfjöllun nefndarinnar. Ef nefndin vísar tillögunni frá að nýju að lokinni þessari málsmeðferð er viðkomandi aðila heimilt að véfengja ákvörðun nefndarinnar og fjallar þá þing aðila um málið á næsta fundi þingsins. Þingi aðila er heimilt, á grundvelli flokkunarviðmiðana í viðauka D og að teknu tilliti til mats nefndarinnar og hvers kyns frekari upplýsinga sem aðili eða áheyrnarfulltrúi veitir, að ákveða að taka tillöguna til áframhaldandi meðferðar.

6. Ef nefndin hefur ákveðið að flokkunarviðmiðunum hafi verið fullnægt eða ef þing aðila hefur ákveðið að taka skuli tillöguna til áframhaldandi meðferðar skal nefndin fara yfir tillöguna að nýju og taka tillit til hvers kyns frekari viðeigandi upplýsinga, sem kunna að hafa borist, og taka saman drög að áhættulýsingu í samræmi við viðauka E. Fyrir milligöngu skrifstofunnar skal nefndin gera drögin aðgengileg öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum, safna saman tæknilegum athugasemdum frá þeim og ganga endanlega frá áhættulýsingunni með hliðsjón af athugasemdunum.

7. Ef nefndin ákveður, á grundvelli áhættulýsingar sem gerð er samkvæmt viðauka E:

a) að efnið sé líklegt, vegna flutnings þess um lang-

in Annex D. In developing a proposal, a Party may be assisted by other Parties and/or by the Secretariat.

2. The Secretariat shall verify whether the proposal contains the information specified in Annex D. If the Secretariat is satisfied that the proposal contains the information so specified, it shall forward the proposal to the Persistent Organic Pollutants Review Committee.

3. The Committee shall examine the proposal and apply the screening criteria specified in Annex D in a flexible and transparent way, taking all information provided into account in an integrative and balanced manner.

4. If the Committee decides that:

(a) It is satisfied that the screening criteria have been fulfilled, it shall, through the Secretariat, make the proposal and the evaluation of the Committee available to all Parties and observers and invite them to submit the information specified in Annex E; or

(b) It is not satisfied that the screening criteria have been fulfilled, it shall, through the Secretariat, inform all Parties and observers and make the proposal and the evaluation of the Committee available to all Parties and the proposal shall be set aside.

5. Any Party may resubmit a proposal to the Committee that has been set aside by the Committee pursuant to paragraph 4. The resubmission may include any concerns of the Party as well as a justification for additional consideration by the Committee. If, following this procedure, the Committee again sets the proposal aside, the Party may challenge the decision of the Committee and the Conference of the Parties shall consider the matter at its next session. The Conference of the Parties may decide, based on the screening criteria in Annex D and taking into account the evaluation of the Committee and any additional information provided by any Party or observer, that the proposal should proceed.

6. Where the Committee has decided that the screening criteria have been fulfilled, or the Conference of the Parties has decided that the proposal should proceed, the Committee shall further review the proposal, taking into account any relevant additional information received, and shall prepare a draft risk profile in accordance with Annex E. It shall, through the Secretariat, make that draft available to all Parties and observers, collect technical comments from them and, taking those comments into account, complete the risk profile.

7. If, on the basis of the risk profile conducted in accordance with Annex E, the Committee decides:

(a) That the chemical is likely as a result of its long-

an veg, til að leiða til verulegra neikvæðra áhrifa á heilsu manna og/eða á umhverfið, sem réttlætir að gripið verði til alþjóðlegra aðgerða, skal tillagan tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Jafnvel þótt vísindaleg fullvissa liggi ekki fyrir skal það ekki koma í veg fyrir að tillagan sé tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Fyrir milligöngu skrifstofunnar skal nefndin bjóða öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum að leggja fram upplýsingar sem varða álitamálin sem tilgreind eru í viðauka F. Síðan skal hún taka saman áhættustjórnunarmat sem hefur meðal annars að geyma greiningu á hugsanlegum aðgerðum til að takmarka losun efnisins í samræmi við viðaukann; eða

b) að tillagan skuli ekki tekin til áframhaldandi málsmeðferðar skal nefndin, fyrir milligöngu skrifstofunnar, gera áhættulýsinguna aðgengilega öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og vísa tillögunni frá.

8. Að því er varðar tillögu, sem vísað er frá skv. b-lið 7. mgr., er aðila heimilt að fara fram á það við þing aðila að tekið verði til athugunar að fela nefndinni að leita eftir frekari upplýsingum frá þeim aðila, sem tillöguna gerði, sem og öðrum aðilum, en frestur til þess skal ekki vera lengri en eitt ár. Að þeim fresti liðnum og á grundvelli hvers kyns upplýsinga, sem hafa borist, skal nefndin endurmeta tillöguna skv. 6. mgr. og er forgangur þá ákveðinn af þingi aðila. Ef nefndin vísar tillögunni frá að nýju að lokinni þessari málsmeðferð er aðilanum heimilt að véfengja ákvörðun nefndarinnar og fjallar þá þing aðila um málið á næsta fundi þingsins. Þingi aðila er heimilt, á grundvelli áhættulýsingarinnar sem tekin var saman í samræmi við viðauka E og með hliðsjón af mati nefndarinnar og hvers kyns frekari upplýsingum sem hafa borist frá aðila eða áheyrnarfulltrúa, að ákveða að tillagan skuli tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Ákveði þing aðila að tillagan skuli tekin til áframhaldandi málsmeðferðar skal nefndin undirbúa áhættustjórnunarmatið.

9. Á grundvelli áhættulýsingarinnar, sem getið er um í 6. mgr., og áhættustjórnunarmatsins, sem getið er um í a-lið 7. mgr. eða 8. mgr., skal nefndin gera tillögu um hvort þing aðila skuli fjalla um efnið með það fyrir augum að skrá það í viðauka A, B og/eða C. Að teknu viðeigandi tilliti til tillagna nefndarinnar, meðal annars hvers kyns efasemda af vísindalegum toga, ákveður þing aðila, með allri varúð, hvort efnið skuli skráð í viðauka A, B og/eða C og viðeigandi aðgerðir tilgreindar til að takmarka losun þess.

range environmental transport to lead to significant adverse human health and/or environmental effects such that global action is warranted, the proposal shall proceed. Lack of full scientific certainty shall not prevent the proposal from proceeding. The Committee shall, through the Secretariat, invite information from all Parties and observers relating to the considerations specified in Annex F. It shall then prepare a risk management evaluation that includes an analysis of possible control measures for the chemical in accordance with that Annex; or

(b) That the proposal should not proceed, it shall, through the Secretariat, make the risk profile available to all Parties and observers and set the proposal aside.

8. For any proposal set aside pursuant to paragraph 7 (b), a Party may request the Conference of the Parties to consider instructing the Committee to invite additional information from the proposing Party and other Parties during a period not to exceed one year. After that period and on the basis of any information received, the Committee shall reconsider the proposal pursuant to paragraph 6 with a priority to be decided by the Conference of the Parties. If, following this procedure, the Committee again sets the proposal aside, the Party may challenge the decision of the Committee and the Conference of the Parties shall consider the matter at its next session. The Conference of the Parties may decide, based on the risk profile prepared in accordance with Annex E and taking into account the evaluation of the Committee and any additional information provided by any Party or observer, that the proposal should proceed. If the Conference of the Parties decides that the proposal shall proceed, the Committee shall then prepare the risk management evaluation.

9. The Committee shall, based on the risk profile referred to in paragraph 6 and the risk management evaluation referred to in paragraph 7 (a) or paragraph 8, recommend whether the chemical should be considered by the Conference of the Parties for listing in Annexes A, B and/or C. The Conference of the Parties, taking due account of the recommendations of the Committee, including any scientific uncertainty, shall decide, in a precautionary manner, whether to list the chemical, and specify its related control measures, in Annexes A, B and/or C.

9. gr.
Upplýsingaskipti.

1. Sérhver aðili skal greiða fyrir upplýsingaskiptum eða takast á hendur upplýsingaskipti varðandi:

a) minnkun eða stöðvun framleiðslu, notkunar og losunar þrávirkra lífrænna efna; og

b) aðra valkosti í stað þrávirkra lífrænna efna, meðal annars upplýsingar um áhættu þeim samfara og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar af notkun þeirra.

2. Aðilar skulu skiptast á upplýsingunum, sem getið er um í 1. mgr., annaðhvort með beinum hætti eða fyrir milligöngu skrifstofunnar.

3. Sérhver aðili skal tilgreina landsmiðstöð sem annast slík upplýsingaskipti.

4. Skrifstofan gegnir hlutverki dreifingarmiðstöðvar fyrir upplýsingar um þrávirk lífræn efni, meðal annars upplýsingar sem aðilar að samningi þessum veita, fjölþjóðlegar stofnanir og frjáls félagasamtök.

5. Í skilningi samnings þessa skoðast upplýsingar um heilsu og öryggi manna og um umhverfið ekki sem trúnaðarmál. Aðilar sem skiptast á öðrum upplýsingum samkvæmt samningi þessum skulu vernda hvers kyns trúnaðarupplýsingar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

Article 9
Information exchange

1. Each Party shall facilitate or undertake the exchange of information relevant to:

(a) The reduction or elimination of the production, use and release of persistent organic pollutants; and

(b) Alternatives to persistent organic pollutants, including information relating to their risks as well as to their economic and social costs.

2. The Parties shall exchange the information referred to in paragraph 1 directly or through the Secretariat.

3. Each Party shall designate a national focal point for the exchange of such information.

4. The Secretariat shall serve as a clearing-house mechanism for information on persistent organic pollutants, including information provided by Parties, intergovernmental organizations and non-governmental organizations.

5. For the purposes of this Convention, information on health and safety of humans and the environment shall not be regarded as confidential. Parties that exchange other information pursuant to this Convention shall protect any confidential information as mutually agreed.

10. gr.
Upplýsingar til almennings, vitund almennings og fræðsla.

1. Sérhver aðili skal, eftir mætti, stuðla að og greiða fyrir:

a) vitund um þrávirk lífræn efni meðal þeirra sem koma að stefnumörkun og ákvörðunartöku;

b) aðgengi almennings að öllum tiltækum upplýsingum um þrávirk lífræn efni, að teknu tilliti til ákvæða 5. mgr. 9. gr.;

c) gerð og framkvæmd áætlana um fræðslu og aukna vitund almennings um þrávirk lífræn efni, áhrif þeirra á heilsu og umhverfið og valkosti í stað þeirra og skal áætlunum þessum ekki síst beint að konum, börnum og þeim sem minnsta menntun hafa;

d) þátttöku almennings í þeirri viðleitni að fást við þrávirk lífræn efni og áhrif þeirra á heilsu og umhverfið og að skipuleggja viðeigandi viðbrögð, meðal annars tækifæri almennings til þess að hafa áhrif innanlands á framkvæmd samnings þessa;

e) þjálfun verkafólks, vísindamanna, leiðbeinenda, tæknimanna og stjórnenda;

f) gerð fræðsluefnis og skiptum á því og efnis sem er ætlað að efla vitund almennings innan lands og á alþjóðavísu; og

Article 10
Public information, awareness and education

1. Each Party shall, within its capabilities, promote and facilitate:

(a) Awareness among its policy and decision makers with regard to persistent organic pollutants;

(b) Provision to the public of all available information on persistent organic pollutants, taking into account paragraph 5 of Article 9;

(c) Development and implementation, especially for women, children and the least educated, of educational and public awareness programmes on persistent organic pollutants, as well as on their health and environmental effects and on their alternatives;

(d) Public participation in addressing persistent organic pollutants and their health and environmental effects and in developing adequate responses, including opportunities for providing input at the national level regarding implementation of this Convention;

(e) Training of workers, scientists, educators and technical and managerial personnel;

(f) Development and exchange of educational and public awareness materials at the national and international levels; and

g) skipulagningu og framkvæmd fræðslu- og þjálfunaráætlana á lands- og alþjóðavísu.

2. Sérhver aðili skal, eftir mætti, tryggja að almenningur hafi aðgang að þeim almennu upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. og að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega.

3. Sérhver aðili skal, eftir mætti, hvetja notendur þrávirkra lífrænna efna í iðnaði og í atvinnuskyni til þess að stuðla að og greiða fyrir því að látnar séu í té þær upplýsingar, sem getið er um í 1. mgr., í löndum þeirra og, þar sem við á, innan svæða eða svæðishluta og á heimsvísu.

4. Aðilar geta, þegar þeir láta í té upplýsingar um þrávirk lífræn efni og valkosti í stað þeirra, notað öryggisupplýsingablöð, skýrslur, fjölmiðla og aðrar miðlunarleiðir og geta einnig komið á fót upplýsingamiðstöðvum á lands- eða svæðisvísu.

5. Sérhver aðili skal taka til jákvæðrar athugunar að þróa úrræði, til dæmis skrár yfir losun og flutning mengunarefna, í því skyni að safna og miðla upplýsingum um áætlað árlegt magn þeirra efna, sem eru talin upp í viðaukum A, B eða C, sem er losað eða fargað.

(g) Development and implementation of education and training programmes at the national and international levels.

2. Each Party shall, within its capabilities, ensure that the public has access to the public information referred to in paragraph 1 and that the information is kept up-to-date.

3. Each Party shall, within its capabilities, encourage industry and professional users to promote and facilitate the provision of the information referred to in paragraph 1 at the national level and, as appropriate, subregional, regional and global levels.

4. In providing information on persistent organic pollutants and their alternatives, Parties may use safety data sheets, reports, mass media and other means of communication, and may establish information centres at national and regional levels.

5. Each Party shall give sympathetic consideration to developing mechanisms, such as pollutant release and transfer registers, for the collection and dissemination of information on estimates of the annual quantities of the chemicals listed in Annex A, B or C that are released or disposed of.

11. gr.

Rannsóknir, þróun og eftirlit.

1. Sérhver aðili skal, eftir mætti, á landsvísu og alþjóðavísu, hvetja til og/eða ráðast í rannsóknir, þróunarvinnu, eftirlit og samvinnu varðandi þrávirk lífræn efni og, þar sem það á við, aðra valkosti í stað þeirra og efni sem kunna að vera þrávirk lífræn efni, meðal annars að því er varðar:

a) uppsprettur þeirra og losun út í umhverfið;
b) tilvist þeirra, magn og þróun í líkama manna og í umhverfinu;
c) flutning þeirra í umhverfinu, afdrif og ummyndun;
d) áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfið;
e) félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif þeirra;
f) minnkun á losun þeirra og/eða eyðingu þeirra; og
g) samræmda aðferðarfræði við að taka saman skrár um uppsprettur þar sem þrávirk lífræn efni verða til og greiningartækni til nota við mælingu losunar.

2. Þegar gripið er til aðgerða skv. 1. mgr. skulu aðilar, eftir mætti:

a) styðja og þróa frekar, eftir því sem við á, alþjóðlegar áætlanir, samstarfsnet og stofnanir sem miða að því að skilgreina, stjórna, meta og fjármagna rannsóknir, gagnasöfnun og eftirlit, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að halda tvíverknaði í lágmarki;

Article 11

Research, development and monitoring

1. The Parties shall, within their capabilities, at the national and international levels, encourage and/or undertake appropriate research, development, monitoring and cooperation pertaining to persistent organic pollutants and, where relevant, to their alternatives and to candidate persistent organic pollutants, including on their:

(a) Sources and releases into the environment;
(b) Presence, levels and trends in humans and the environment;
(c) Environmental transport, fate and transformation;
(d) Effects on human health and the environment;
(e) Socio-economic and cultural impacts;
(f) Release reduction and/or elimination; and
(g) Harmonized methodologies for making inventories of generating sources and analytical techniques for the measurement of releases.

2. In undertaking action under paragraph 1, the Parties shall, within their capabilities:

(a) Support and further develop, as appropriate, international programmes, networks and organizations aimed at defining, conducting, assessing and financing research, data collection and monitoring, taking into account the need to minimize duplication of effort;

b) styðja innlenda og alþjóðlega viðleitni til þess að auka vísindalega og tæknilega rannsóknargetu í einstökum löndum, einkum hjá þróunarlöndum og löndum sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, og stuðla að aðgengi að og skiptum á gögnum og greiningu;
c) taka tillit til málefna og þarfa, einkum sem lúta að fjárhagslegum og tæknilegum úrræðum, sem varða þróunarlönd og lönd sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti og vinna saman að því að bæta getu þeirra til þess að taka þátt í aðgerðunum sem getið er um í a- og b-lið;
d) ráðast í rannsóknarvinnu sem miðar að því að draga úr áhrifum þrávirkra lífrænna efna á æxlunarheilsu;
e) gera niðurstöður rannsókna, þróunarstarfs og eftirlits, sem getið er um í þessari málsgrein, aðgengilegar almenningi í tíma og með reglubundnum hætti; og
f) hvetja til og/eða ráðast í samstarf um varðveislu og viðhald upplýsinga sem verða til við rannsóknir, þróun og eftirlit.

(b) Support national and international efforts to strengthen national scientific and technical research capabilities, particularly in developing countries and countries with economies in transition, and to promote access to, and the exchange of, data and analyses;
(c) Take into account the concerns and needs, particularly in the field of financial and technical resources, of developing countries and countries with economies in transition and cooperate in improving their capability to participate in the efforts referred to in subparagraphs (a) and (b);
(d) Undertake research work geared towards alleviating the effects of persistent organic pollutants on reproductive health;
(e) Make the results of their research, development and monitoring activities referred to in this paragraph accessible to the public on a timely and regular basis; and
(f) Encourage and/or undertake cooperation with regard to storage and maintenance of information generated from research, development and monitoring.

12. gr.
Tæknileg aðstoð.

1. Aðilar gera sér ljóst að viðeigandi tæknileg aðstoð, sem veitt er tímanlega þegar beiðni berst frá aðilum sem eru þróunarríki eða sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, er nauðsynleg ef framkvæmd samnings þessa á að skila árangri.

2. Aðilar skulu vinna saman að því að veita tímanlega og viðeigandi tæknilega aðstoð til aðila, sem eru þróunarríki og aðila sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, í því skyni að hjálpa þeim, með hliðsjón af þörfum hvers og eins, við að þróa og styrkja getu sína til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

3. Í þessu sambandi skal tæknileg aðstoð, sem aðilar, sem eru iðnríki, og aðrir aðilar munu veita eftir mætti, fela í sér, eftir því sem við á og gagnkvæmt samkomulag næst um, tæknilega aðstoð sem stuðlar að aukinni færni til að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum. Þing aðila skal veita frekari leiðsögn um þessi atriði.

4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til þess að veita tæknilega aðstoð og stuðla að miðlun tækniþekkingar til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, varðandi framkvæmd samnings þessa. Slíkar ráðstafanir skulu meðal annars felast í svæðisbundnum miðstöðvum og miðstöðvum, sem eru bundnar við svæðishluta, sem er ætlað að auka færni og miðla þekkingu í því skyni að aðstoða aðila

Article 12
Technical assistance

1. The Parties recognize that rendering of timely and appropriate technical assistance in response to requests from developing country Parties and Parties with economies in transition is essential to the successful implementation of this Convention.

2. The Parties shall cooperate to provide timely and appropriate technical assistance to developing country Parties and Parties with economies in transition, to assist them, taking into account their particular needs, to develop and strengthen their capacity to implement their obligations under this Convention.

3. In this regard, technical assistance to be provided by developed country Parties, and other Parties in accordance with their capabilities, shall include, as appropriate and as mutually agreed, technical assistance for capacity-building relating to implementation of the obligations under this Convention. Further guidance in this regard shall be provided by the Conference of the Parties.

4. The Parties shall establish, as appropriate, arrangements for the purpose of providing technical assistance and promoting the transfer of technology to developing country Parties and Parties with economies in transition relating to the implementation of this Convention. These arrangements shall include regional and subregional centres for capacity-building and transfer of technology to assist developing country Parties and Parties with economies in transi-

sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Þing aðila skal veita frekari leiðsögn um þessi atriði.

5. Aðilar skulu, með skírskotun til þessa ákvæðis og í aðgerðum sínum með tilliti til tæknilegrar aðstoðar, taka fullt tillit til sérþarfa hinna minnst þróuðu landa og vanþróaðra smárra eyríkja.

13. gr.

Fjármagn og skipulag.

1. Sérhver aðili skuldbindur sig, eftir mætti, til að veita fjárhagslegan stuðning og ívilnanir með tilliti til þeirrar starfsemi innan lands, sem er ætlað að stuðla að því að markmiðum samnings þessa verði náð, í samræmi við fyrirætlanir innan lands, forgangsröðun og áætlanir.

2. Aðilar, sem eru iðnríki, skulu leggja fram nýtt og aukið fjármagn til að gera aðilum sem eru þróunarlönd og aðilum, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, kleift að rísa undir öllum samningsbundnum viðbótarkostnaði af aðgerðum, sem ráðist er í til þess að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum, eftir samkomulagi milli viðtökuaðila og aðila að því kerfi sem er lýst í 6. mgr. Aðrir aðilar geta einnig lagt fram slíkt fjármagn að eigin frumkvæði og eftir mætti. Hvetja ber einnig til framlaga frá öðrum gjöfurum. Þegar skuldbindingar þessar eru efndar skal taka mið af nauðsyn þess að fjármagn sé nægilegt og greiðslur fyrirsjáanlegar og tímanlegar, svo og af mikilvægi þess að aðilar sem fjármagnið veita skipti með sér byrðinni.

3. Aðilum, sem eru iðnríki, sem og öðrum aðilum er einnig heimilt, eftir mætti og í samræmi við fyrirætlanir, forgangsröðun og áætlanir innan lands, að veita, og aðilum sem eru þróunarlönd og aðilum, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, er heimilt að færa sér í nyt, fjármagn til þess að stuðla að því að hrinda samningi þessum í framkvæmd, eftir öðrum tvíhliða, svæðisbundnum og fjölþjóðlegum leiðum.

4. Árangur aðila, sem eru þróunarlönd, af því að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum er undir því kominn að aðilar, sem eru iðnríki, efni skuldbindingar sínar með skilvirkum hætti samkvæmt samningi þessum að því er varðar fjármagn, tæknilega aðstoð og miðlun tækni. Fullt tillit verður tekið til þess að sjálfbær efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar eru fyrstu og brýnustu forgangsverkefni þeirra aðila að samningi þessum sem eru þróunarlönd, um leið og eðlilegt tillit er tekið til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Frekari leiðsögn um þessi atriði skal veita af hálfu ráðstefnu aðila.

5. The Parties shall, in the context of this Article, take full account of the specific needs and special situation of least developed countries and small island developing states in their actions with regard to technical assistance.

Article 13

Financial resources and mechanisms

1. Each Party undertakes to provide, within its capabilities, financial support and incentives in respect of those national activities that are intended to achieve the objective of this Convention in accordance with its national plans, priorities and programmes.

2. The developed country Parties shall provide new and additional financial resources to enable developing country Parties and Parties with economies in transition to meet the agreed full incremental costs of implementing measures which fulfill their obligations under this Convention as agreed between a recipient Party and an entity participating in the mechanism described in paragraph 6. Other Parties may also on a voluntary basis and in accordance with their capabilities provide such financial resources. Contributions from other sources should also be encouraged. The implementation of these commitments shall take into account the need for adequacy, predictability, the timely flow of funds and the importance of burden sharing among the contributing Parties.

3. Developed country Parties, and other Parties in accordance with their capabilities and in accordance with their national plans, priorities and programmes, may also provide and developing country Parties and Parties with economies in transition avail themselves of financial resources to assist in their implementation of this Convention through other bilateral, regional and multilateral sources or channels.

4. The extent to which the developing country Parties will effectively implement their commitments under this Convention will depend on the effective implementation by developed country Parties of their commitments under this Convention relating to financial resources, technical assistance and technology transfer. The fact that sustainable economic and social development and eradication of poverty are the first and overriding priorities of the developing country Parties will be taken fully into account,

ið til nauðsynjar þess að vernda heilsu manna og umhverfið.

5. Aðilar skulu taka fullt tillit til sérþarfa og sérstöðu hinna minnst þróuðu landa og vanþróaðra smárra eyríkja í fjármögnunaraðgerðum sínum.

6. Hér með er komið á kerfi sem er ætlað að útvega nægjanlegt fjármagn til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, í formi styrkja eða ívilnana í því skyni að aðstoða þá við framkvæmd samnings þessa. Rekstur kerfisins skal lúta stjórn og leiðsögn þings aðila, eftir því sem við á, og er endanleg ábyrgð á honum þess að því er varðar samning þennan. Rekstur kerfisins skal falinn einni eða fleiri stofnunum, meðal annars starfandi alþjóðlegum stofnunum, eftir ákvörðun þings aðila. Innan kerfis þessa geta og starfað aðrar stofnanir sem veita fjárhags- og tækniaðstoð sem er fjölþjóðleg, svæðisbundin og tvíhliða. Framlög til kerfisins skulu koma til viðbótar öðru fjármagni til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, eins og kemur fram í og er í samræmi við 2. mgr.

7. Í samræmi við markmið samnings þessa og 6. mgr. skal þing aðila samþykkja, á fyrsta fundi sínum, viðeigandi leiðsögn sem skal láta kerfinu í té og komast að samkomulagi við þá stofnun eða þær stofnanir, sem þátt taka í fjármögnunarkerfinu, um aðferðir til þess að hrinda því í framkvæmd. Aðstoð í formi leiðsagnar skal meðal annars ná til:

a) mótunar stefnu, langtímaáætlunar og forgangsröðunar, sem og nákvæmra og gagnsærra viðmiðana og leiðbeininga um skilyrði fyrir aðgangi að fjármagni og nýtingu þess, meðal annars eftirlits með slíkri nýtingu og reglulegs mats á henni;

b) reglulegrar skýrslugjafar af hálfu stofnunarinnar eða stofnananna til þings aðila um það hvort fjármögnun starfsemi, sem varðar framkvæmd samnings þessa, sé fullnægjandi og sjálfbær;

c) stuðnings við aðferðir, kerfi og fyrirkomulag á sviði fjörmögnunar þar sem um marga gjafara er að ræða;

d) þess hvernig skuli ákvarða, með fyrirsjáanlegum og skýrum hætti, upphæð þess fjármagns sem er nauðsynlegt og tiltækt verður til að hrinda samningi þessum í framkvæmd, með hliðsjón af því að áform um að hætta notkun þrávirkra lífrænna efna í áföngum kunna að kalla á fjárstuðning til langs tíma, og skilyrði fyrir reglulegri endurskoðun þessarar upphæðar; og

e) þess hvernig skuli aðstoða aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, varðandi þarfamat, upplýsingar

giving due consideration to the need for the protection of human health and the environment.

5. The Parties shall take full account of the specific needs and special situation of the least developed countries and the small island developing states in their actions with regard to funding.

6. A mechanism for the provision of adequate and sustainable financial resources to developing country Parties and Parties with economies in transition on a grant or concessional basis to assist in their implementation of the Convention is hereby defined. The mechanism shall function under the authority, as appropriate, and guidance of, and be accountable to the Conference of the Parties for the purposes of this Convention. Its operation shall be entrusted to one or more entities, including existing international entities, as may be decided upon by the Conference of the Parties. The mechanism may also include other entities providing multilateral, regional and bilateral financial and technical assistance. Contributions to the mechanism shall be additional to other financial transfers to developing country Parties and Parties with economies in transition as reflected in, and in accordance with, paragraph 2.

7. Pursuant to the objectives of this Convention and paragraph 6, the Conference of the Parties shall at its first meeting adopt appropriate guidance to be provided to the mechanism and shall agree with the entity or entities participating in the financial mechanism upon arrangements to give effect thereto. The guidance shall address, *inter alia*:

(a) The determination of the policy, strategy and programme priorities, as well as clear and detailed criteria and guidelines regarding eligibility for access to and utilization of financial resources including monitoring and evaluation on a regular basis of such utilization;

(b) The provision by the entity or entities of regular reports to the Conference of the Parties on adequacy and sustainability of funding for activities relevant to the implementation of this Convention;

(c) The promotion of multiple-source funding approaches, mechanisms and arrangements;

(d) The modalities for the determination in a predictable and identifiable manner of the amount of funding necessary and available for the implementation of this Convention, keeping in mind that the phasing out of persistent organic pollutants might require sustained funding, and the conditions under which that amount shall be periodically reviewed; and

(e) The modalities for the provision to interested Parties of assistance with needs assessment, in-

um tiltækt fjármagn og fjárveitingarmynstur, til þess að auðvelda samræmingu þeirra á milli.

8. Þing aðila skal, eigi síðar en á öðrum fundi sínum og reglulega eftir það, endurmeta skilvirkni kerfisins, sem var komið á fót samkvæmt þessari grein, getu þess til að sinna breytilegum þörfum aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, viðmiðanirnar og leiðbeiningarnar sem getið er um í 7. mgr., fjármögnunarstig og hve skilvirk frammistaða þeirra stofnana er sem var falið að starfrækja fjármögnunarkerfið. Þingið skal, á grundvelli slíkrar endurskoðunar, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að auka skilvirkni kerfisins, ef þurfa þykir, til dæmis með tilmælum og leiðbeiningum um ráðstafanir til þess að tryggja viðunandi og sjálfbæra fjármögnun til að unnt sé að mæta þörfum aðila.

14. gr.

Fjárhagsráðstafanir til bráðabrigða.

Stofnanagerð Alþjóðlega umhverfissjóðsins, sem er starfræktur í samræmi við gerning um stofnun hins endurskipulagða Alþjóðlega umhverfissjóðs, skal til bráðabirgða vera sá aðili sem að meginhluta er falin starfræksla fjármögnunarkerfisins, sem getið er um í 13. gr., frá gildistöku samnings þessa til fyrsta fundar þings aðila eða til þess tíma þegar þing aðila ákveður hvaða stofnanagerð skuli gilda skv. 13. gr. Stofnanagerð Alþjóðlega umhverfissjóðsins ætti að gegna þessu hlutverki með rekstrarfyrirkomulagi sem tengist þrávirkum lífrænum efnum sérstaklega, að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt kann að vera að gera nýjar ráðstafanir varðandi þennan málaflokk.

15. gr.

Skýrslugjöf.

1. Sérhver aðili skal skila skýrslu til þings aðila um ráðstafanir sem hann hefur gert til þess að uppfylla ákvæði samnings þessa og um skilvirkni slíkra ráðstafana í þeirri viðleitni að markmið hans nái fram að ganga.

2. Sérhver aðili skal láta skrifstofunni í té:

a) tölfræðilegar upplýsingar um heildarframleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju því efni, sem er talið upp í viðaukum A og B, eða réttmætt mat slíkra gagna; og

b) að því marki sem raunhæft getur talist, skrá yfir þau ríki sem hann hefur flutt hvert slíkt efni inn frá og skrá yfir þau ríki sem hann hefur flutt hvert slíkt efni út til.

formation on available sources of funds and on funding patterns in order to facilitate coordination among them.

8. The Conference of the Parties shall review, not later than its second meeting and thereafter on a regular basis, the effectiveness of the mechanism established under this Article, its ability to address the changing needs of the developing country Parties and Parties with economies in transition, the criteria and guidance referred to in paragraph 7, the level of funding as well as the effectiveness of the performance of the institutional entities entrusted to operate the financial mechanism. It shall, based on such review, take appropriate action, if necessary, to improve the effectiveness of the mechanism, including by means of recommendations and guidance on measures to ensure adequate and sustainable funding to meet the needs of the Parties.

Article 14

Interim financial arrangements

The institutional structure of the Global Environment Facility, operated in accordance with the Instrument for the Establishment of the Restructured Global Environment Facility, shall, on an interim basis, be the principal entity entrusted with the operations of the financial mechanism referred to in Article 13, for the period between the date of entry into force of this Convention and the first meeting of the Conference of the Parties, or until such time as the Conference of the Parties decides which institutional structure will be designated in accordance with Article 13. The institutional structure of the Global Environment Facility should fulfill this function through operational measures related specifically to persistent organic pollutants taking into account that new arrangements for this area may be needed.

Article 15

Reporting

1. Each Party shall report to the Conference of the Parties on the measures it has taken to implement the provisions of this Convention and on the effectiveness of such measures in meeting the objectives of the Convention.

2. Each Party shall provide to the Secretariat:

(a) Statistical data on its total quantities of production, import and export of each of the chemicals listed in Annex A and Annex B or a reasonable estimate of such data; and

(b) To the extent practicable, a list of the States from which it has imported each such substance and the States to which it has exported each such substance.

3. Þessum skýrslum skal skilað reglulega og á því formi sem þing aðila ákveður á fyrsta fundi sínum.

16. gr.
Mat á skilvirkni.

1. Fjórum árum eftir gildistöku samningsins, og reglulega þar á eftir samkvæmt nánari ákvörðun þings aðila, skal þingið leggja mat á skilvirkni samnings þessa.

2. Í því augnamiði að auðvelda slíkt mat skal þing aðila, á fyrsta fundi sínum, hefjast handa um að ákveða aðferðir til þess að afla sér samanburðarhæfra gagna um eftirlit með tilvist efnanna, sem eru skráð í viðaukum A, B og C, svo og um flutning þeirra í umhverfi innan svæða og á heimsvísu. Um þær aðferðir, sem eru valdar, gildir eftirfarandi:

a) aðilar skulu beita þeim innan svæða, þegar við á, í samræmi við tæknilega og fjárhagslega getu sína, styðjast við gildandi áætlanir um og aðferðir við eftirlit að því leyti sem unnt er og stuðla að samræmingu aðferða;

b) heimilt er að auka við þær ef nauðsyn krefur, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna milli svæða og getu þeirra til þess að framkvæma eftirlit; og

c) í þeim skal felast skýrslugerð til þings aðila um niðurstöður eftirlits innan svæða og á heimsvísu sem skal framkvæmd eins oft og þing aðila tilgreinir.

3. Matið, sem er lýst í 1. mgr., skal framkvæmt á grundvelli tiltækra vísinda-, umhverfis-, tækni- og fjárhagslegra upplýsinga, meðal annars:

a) skýrslna og annarra eftirlitsupplýsinga sem eru látnar í té skv. 2. mgr.;
b) innlendra skýrslna sem er skilað skv 15. gr.; og

c) upplýsinga um vanefndir sem berast samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er komið á skv. 17. gr.

17. gr.
Vanefndir.

Þing aðila skal, svo fljótt sem auðið er, móta og samþykkja starfsreglur og verklagsreglur stofnana til þess að ákvarða hvað skuli teljast til vanefnda á ákvæðum samnings þessa og hvaða meðferð aðilar, sem uppvísir verða að vanefndum, skuli hljóta.

3. Such reporting shall be at periodic intervals and in a format to be decided by the Conference of the Parties at its first meeting.

Article 16
Effectiveness evaluation.

1. Commencing four years after the date of entry into force of this Convention, and periodically thereafter at intervals to be decided by the Conference of the Parties, the Conference shall evaluate the effectiveness of this Convention.

2. In order to facilitate such evaluation, the Conference of the Parties shall, at its first meeting, initiate the establishment of arrangements to provide itself with comparable monitoring data on the presence of the chemicals listed in Annexes A, B and C as well as their regional and global environmental transport. These arrangements:

(a) Should be implemented by the Parties on a regional basis when appropriate, in accordance with their technical and financial capabilities, using existing monitoring programmes and mechanisms to the extent possible and promoting harmonization of approaches;
(b) May be supplemented where necessary, taking into account the differences between regions and their capabilities to implement monitoring activities; and
(c) Shall include reports to the Conference of the Parties on the results of the monitoring activities on a regional and global basis at intervals to be specified by the Conference of the Parties.

3. The evaluation described in paragraph 1 shall be conducted on the basis of available scientific, environmental, technical and economic information, including:

(a) Reports and other monitoring information provided pursuant to paragraph 2;
(b) National reports submitted pursuant to Article 15; and
(c) Non-compliance information provided pursuant to the procedures established under Article 17.

Article 17
Non-compliance

The Conference of the Parties shall, as soon as practicable, develop and approve procedures and institutional mechanisms for determining non-compliance with the provisions of this Convention and for the treatment of Parties found to be in non-compliance.

18. gr.
Lausn deilumála.

1. Aðilar að samningi þessum skulu leysa öll deilumál, sem kunna að rísa milli þeirra um túlkun eða beitingu samningsins, með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali.

2. Aðili að samningi þessum, sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, getur, þegar hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eða hvenær sem er síðar, sent vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að rísi deila vegna túlkunar eða beitingar samningsins skuldbindi sá aðili sig til að hlíta annarri eða báðum eftirfarandi leiðum til lausnar deilunni, svo fremi að annar deiluaðili geri það einnig:

a) deilunni verði vísað til gerðardóms samkvæmt starfsreglum sem þing aðila setur í viðauka svo fljótt sem auðið er;
b) deilunni verði vísað til Alþjóðadómstólsins.

3. Aðili að samningi þessum, sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, getur gefið yfirlýsingu, sem hefur svipuð áhrif að því er varðar gerðardómsmeðferð, í samræmi við það fyrirkomulag sem getið er um í a-lið 2. mgr.

4. Yfirlýsing, sem er gefin skv. 2. eða 3. mgr., gildir þar til hún rennur út samkvæmt eigin ákvæðum eða þar til þrír mánuðir eru liðnir frá því að skrifleg yfirlýsing um afturköllun hennar berst vörsluaðila.

5. Gildislok yfirlýsingar, tilkynning um afturköllun eða ný yfirlýsing hefur engin áhrif á mál sem bíða úrlausnar fyrir gerðardómi eða Alþjóðadómstólnum, nema deiluaðilar séu sammála um annað.

6. Hafi deiluaðilar ekki fallist á sömu leið eða hafi þeir fallist á hvoruga þá leið, sem getið er um í 2. mgr., og hafi þeir ekki getað leyst deilu sína innan 12 mánaða frá því að einn aðili tilkynnti öðrum að deila væri risin milli þeirra, skal deilan, að ósk hvaða deiluaðila sem er, lögð fyrir sáttanefnd. Sáttanefnd skal skila skýrslu með tilmælum. Frekari starfsreglur um sáttanefndina skal setja í viðauka sem verður samþykktur á þingi aðila eigi síðar en á öðrum fundi þess.

Article 18
Settlement of disputes

1. Parties shall settle any dispute between them concerning the interpretation or application of this Convention through negotiation or other peaceful means of their own choice.

2. When ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a Party that is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the depositary that, with respect to any dispute concerning the interpretation or application of the Convention, it recognizes one or both of the following means of dispute settlement as compulsory in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Conference of the Parties in an annex as soon as practicable;
(b) Submission of the dispute to the International Court of Justice.

3. A Party that is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedure referred to in paragraph 2 (a).

4. A declaration made pursuant to paragraph 2 or paragraph 3 shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until three months after written notice of its revocation has been deposited with the depositary.

5. The expiry of a declaration, a notice of revocation or a new declaration shall not in any way affect proceedings pending before an arbitral tribunal or the International Court of Justice unless the parties to the dispute otherwise agree.

6. If the parties to a dispute have not accepted the same or any procedure pursuant to paragraph 2, and if they have not been able to settle their dispute within twelve months following notification by one party to another that a dispute exists between them, the dispute shall be submitted to a conciliation commission at the request of any party to the dispute. The conciliation commission shall render a report with recommendations. Additional procedures relating to the conciliation commission shall be included in an annex to be adopted by the Conference of the Parties no later than at its second meeting.

19. gr.
Þing aðila.

1. Þing aðila er hér með stofnað.

2. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna boðar til fyrsta fundar þings aðila

Article 19
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established.

2. The first meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the Executive Director of

eigi síðar en einu ári eftir gildistöku samnings þessa. Eftir það skulu almennir fundir þings aðila haldnir með reglubundnum hætti eftir ákvörðun þingsins.

3. Aukafundir þings aðila skulu haldnir eftir því sem þingið kann að telja nauðsynlegt eða að fenginni skriflegri beiðni frá einhverjum aðila, enda hljóti beiðnin stuðning að minnsta kosti eins þriðja hluta aðila.

4. Þing aðila skal, með almennu samkomulagi á fyrsta fundi sínum, ákveða og samþykkja starfsreglur fyrir þingið og hverja þá undirstofnun sem þingið kann að koma á fót, svo og fjárhagsleg ákvæði varðandi rekstur skrifstofunnar.

5. Þing aðila skal kanna og endurmeta reglulega framkvæmd samnings þessa. Þingið skal inna af hendi þau störf sem því eru falin samkvæmt samningi þessum og skal í þeim tilgangi:

a) koma á fót, til viðbótar við það sem er krafist skv. 6. mgr., þeim undirstofnunum sem þingið telur nauðsynlegar til að hrinda samningnum í framkvæmd;
b) starfa, þar sem það á við, með þar til bærum alþjóðastofnunum, milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum;
c) endurmeta reglulega allar upplýsingar, sem aðilum eru tiltækar skv. 15. gr., meðal annars umfjöllun um skilvirkni iii-liðar b-liðar 2. mgr. 3. gr.; og
d) fjalla um og grípa til hverra þeirra viðbótaraðgerða sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná markmiðum samnings þessa.

6. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila koma á fót undirstofnun, sem ber heitið „Endurmatsnefnd um þrávirk lífræn efni“, í þeim tilgangi að vinna þau störf sem nefndinni eru falin með samningi þessum. Í þessu sambandi gildir eftirfarandi:

a) þing aðila skal tilnefna nefndarmenn í Endurmatsnefnd um þrávirk lífræn efni. Nefndarmenn skulu tilnefndir af stjórnvöldum og vera sérfræðingar á sviði mats efna eða umsjónar með efnum. Nefndarmenn skulu skipaðir á grundvelli sanngjarnrar landafræðilegrar dreifingar;

b) þing aðila tekur ákvörðun um verksvið, skipulag og starfsemi nefndarinnar; og

c) nefndin skal leita allra leiða til þess að ná almennu samkomulagi um tilmæli sín. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og samkomulag ekki tekist skulu

the United Nations Environment Programme no later than one year after the entry into force of this Convention. Thereafter, ordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at regular intervals to be decided by the Conference.

3. Extraordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party provided that it is supported by at least one third of the Parties.

4. The Conference of the Parties shall by consensus agree upon and adopt at its first meeting rules of procedure and financial rules for itself and any subsidiary bodies, as well as financial provisions governing the functioning of the Secretariat.

5. The Conference of the Parties shall keep under continuous review and evaluation the implementation of this Convention. It shall perform the functions assigned to it by the Convention and, to this end, shall:

(a) Establish, further to the requirements of paragraph 6, such subsidiary bodies as it considers necessary for the implementation of the Convention;
(b) Cooperate, where appropriate, with competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies;
(c) Regularly review all information made available to the Parties pursuant to Article 15, including consideration of the effectiveness of paragraph 2 (b) (iii) of Article 3; and
(d) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the objectives of the Convention.

6. The Conference of the Parties shall, at its first meeting, establish a subsidiary body to be called the Persistent Organic Pollutants Review Committee for the purposes of performing the functions assigned to that Committee by this Convention. In this regard:

(a) The members of the Persistent Organic Pollutants Review Committee shall be appointed by the Conference of the Parties. Membership of the Committee shall consist of government-designated experts in chemical assessment or management. The members of the Committee shall be appointed on the basis of equitable geographical distribution;
(b) The Conference of the Parties shall decide on the terms of reference, organization and operation of the Committee; and
(c) The Committee shall make every effort to adopt its recommendations by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no consensus reached, such recommendation shall as a

slík tilmæli, sem síðasta úrræði, samþykkt með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

7. Á þriðja fundi sínum skal þing aðila meta hvort áfram er þörf þeirrar málsmeðferðar sem er lýst í b-lið 2. mgr 3. gr. og fjalla meðal annars um skilvirkni hennar.

8. Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, sem og hverju því ríki sem ekki er aðili að samningi þessum, er heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á þingi aðila. Sérhverri annarri nefnd eða stofnun, hvort sem hún er innlend eða alþjóðleg, á vegum ríkis eða frjálsra félagasamtaka, sem er fullhæf á þeim sviðum sem samningur þessi fjallar um og hefur tilkynnt skrifstofunni um þá ósk sína að eiga áheyrnarfulltrúa á fundi þings aðila, er heimilt að veita aðgang, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila sé því mótfallinn. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal vera samkvæmt þeim starfsreglum sem þing aðila hefur samþykkt.

20. gr.
Skrifstofa.

1. Skrifstofa er hér með sett á stofn.

2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:

a) að undirbúa fundi þings aðila og undirstofnana þess og veita þeim þjónustu eftir þörfum;

b) að auðvelda aðstoð við aðila, einkum þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, við að hrinda samningi þessum í framkvæmd, þegar þess er óskað;

c) að tryggja nauðsynlegt samræmi við starfsemi skrifstofa annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana;

d) að semja og gera aðilum aðgengilegar reglulegar skýrslur sem eru byggðar á upplýsingum sem hafa borist skv. 15. gr. og öðrum tiltækum upplýsingum;

e) að gera, undir almennri leiðsögn þings aðila, stjórnunarlegar og samningsbundnar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi skrifstofunnar; og

f) að annast önnur skrifstofustörf, sem eru tilgreind í samningi þessum, og önnur þau störf sem þing aðila kann að ákveða.

3. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal sinna störfum skrifstofunnar, nema þing aðila ákveði með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að fela einni eða fleiri alþjóðastofnunum störf skrifstofunnar.

last resort be adopted by a two-thirds majority vote of the members present and voting.

7. The Conference of the Parties shall, at its third meeting, evaluate the continued need for the procedure contained in paragraph 2 (b) of Article 3, including consideration of its effectiveness.

8. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State not Party to this Convention, may be represented at meetings of the Conference of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, qualified in matters covered by the Convention, and which has informed the Secretariat of its wish to be represented at a meeting of the Conference of the Parties as an observer may be admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

Article 20
Secretariat

1. A Secretariat is hereby established.

2. The functions of the Secretariat shall be:

(a) To make arrangements for meetings of the Conference of the Parties and its subsidiary bodies and to provide them with services as required;

(b) To facilitate assistance to the Parties, particularly developing country Parties and Parties with economies in transition, on request, in the implementation of this Convention;

(c) To ensure the necessary coordination with the secretariats of other relevant international bodies;

(d) To prepare and make available to the Parties periodic reports based on information received pursuant to Article 15 and other available information;

(e) To enter, under the overall guidance of the Conference of the Parties, into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions; and

(f) To perform the other secretariat functions specified in this Convention and such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

3. The secretariat functions for this Convention shall be performed by the Executive Director of the United Nations Environment Programme, unless the Conference of the Parties decides, by a three-fourths majority of the Parties present and voting, to entrust the secretariat functions to one or more other international organizations.

21. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhverjum aðila að samningi þessum er heimilt að leggja til breytingar á honum.

2. Breytingar á samningi þessum skulu samþykktar á fundi þings aðila. Skrifstofan skal senda aðilum texta sérhverrar breytingartillögu að minnsta kosti sex mánuðum fyrir fundinn þar sem tillagan er tekin til umfjöllunar. Skrifstofan skal einnig senda breytingartillögur öllum þeim sem undirritað hafa samning þennan og einnig vörsluaðila til upplýsingar.

3. Aðilar að samningi þessum skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samkomulagi um breytingartillögur við samning þennan. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og hafi samkomulag ekki náðst skal tillagan, sem síðasta úrræði, samþykkt með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

4. Vörsluaðili skal senda breytinguna öllum aðilum að samningnum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.

5. Vörsluaðila skal tilkynnt skriflega um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingar. Breyting, sem hefur verið samþykkt í samræmi við 3. mgr., öðlast gildi, að því er varðar þá aðila að samningi þessum sem hafa staðfest hana, á nítugasta degi eftir að vörsluaðila hafa borist skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að samningnum. Eftir það skal breytingin öðlast gildi, að því er hvern annan aðila að samningnum varðar, á nítugasta degi frá þeim degi er sá aðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar.

22. gr.

Samþykki viðauka og breyting á þeim.

1. Viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans og ef ekki er beinlínis kveðið á um annað telst tilvísun í samning þennan jafnframt tilvísun í viðauka við hann.

2. Viðbótarviðaukar hvers konar skulu takmarkast við málsmeðferð og vísindaleg, tæknileg eða stjórnsýsluleg málefni.

3. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um tillögu um, samþykki og gildistöku viðbótarviðauka við samning þennan:

a) viðbótarviðaukar við samning þennan skulu bornir upp og samþykktir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr. 21. gr.;

b) hver sá aðili sem ekki getur samþykkt viðbótarviðauka við samning þennan skal tilkynna

Article 21

Amendments to the Convention

1. Amendments to this Convention may be proposed by any Party.

2. Amendments to this Convention shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties. The text of any proposed amendment shall be communicated to the Parties by the Secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The Secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to this Convention and, for information, to the depositary.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting.

4. The amendment shall be communicated by the depositary to all Parties for ratification, acceptance or approval.

5. Ratification, acceptance or approval of an amendment shall be notified to the depositary in writing. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 shall enter into force for the Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of deposit of instruments of ratification, acceptance or approval by at least three-fourths of the Parties. Thereafter, the amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment.

Article 22

Adoption and amendment of annexes

1. Annexes to this Convention shall form an integral part thereof and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention constitutes at the same time a reference to any annexes thereto.

2. Any additional annexes shall be restricted to procedural, scientific, technical or administrative matters.

3. The following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention:

(a) Additional annexes shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in paragraphs 1, 2 and 3 of Article 21;

(b) Any Party that is unable to accept an additional annex shall so notify the depositary, in writing,

vörsluaðila það skriflega innan eins árs frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki viðbótarviðaukans. Vörsluaðili skal tafarlaust tilkynna öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu sem berst. Aðila er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla fyrri yfirlýsingu um andmæli við viðbótarviðauka og öðlast viðaukinn þá gildi að því er þann aðila varðar, samanber þó ákvæði c-liðar; og

c) að einu ári liðnu frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki viðbótarviðauka skal viðaukinn öðlast gildi að því er varðar alla aðila að samningi þessum sem ekki hafa lagt fram tilkynningu í samræmi við ákvæði b-liðar.

4. Tillaga um breytingar og samþykki og gildistaka breytinga á viðauka A, B eða C skulu háð sömu málsmeðferð og tillaga um viðbótarviðauka við samninginn og samþykki og gildistaka slíks viðauka, að því undanskildu að breyting á viðauka A, B eða C öðlast ekki gildi að því er varðar aðila sem gefið hefur út yfirlýsingu um breytingar á þeim viðaukum skv. 4. mgr. 25. gr., en í slíku tilviki skal breytingin öðlast gildi að því er varðar viðkomandi aðila á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent vörsluaðila skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki viðkomandi breytingar.

5. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um tillögu um breytingu á viðauka D, E eða F og samþykki og gildistöku slíkrar breytingar:

a) tillögur um breytingar skulu gerðar samkvæmt þeirri tilhögun sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 21. gr.;

b) aðilar að samningi þessum skulu taka ákvarðanir um breytingar á viðauka D, E eða F með almennu samkomulagi; og

c) vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna aðilum ákvarðanir um breytingar á viðauka D, E eða F. Breytingar öðlast gildi að því er varðar alla aðila að samningi þessum á þeim degi sem er tilgreindur í ákvörðuninni.

6. Ef viðbótarviðauki eða breyting á viðauka tengist breytingu á samningi þessum öðlast viðbótarviðaukinn eða breytingin ekki gildi fyrr en breytingin á samningnum öðlast gildi.

23. gr.

Atkvæðisréttur.

1. Sérhver aðili að samningi þessum hefur eitt atkvæði með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 2. mgr.

within one year from the date of communication by the depositary of the adoption of the additional annex. The depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time withdraw a previous notification of non-acceptance in respect of any additional annex, and the annex shall thereupon enter into force for that Party subject to subparagraph (c); and

(c) On the expiry of one year from the date of the communication by the depositary of the adoption of an additional annex, the annex shall enter into force for all Parties that have not submitted a notification in accordance with the provisions of subparagraph (b).

4. The proposal, adoption and entry into force of amendments to Annex A, B or C shall be subject to the same procedures as for the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention, except that an amendment to Annex A, B or C shall not enter into force with respect to any Party that has made a declaration with respect to amendment to those Annexes in accordance with paragraph 4 of Article 25, in which case any such amendment shall enter into force for such a Party on the ninetieth day after the date of deposit with the depositary of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect to such amendment.

5. The following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of an amendment to Annex D, E or F:

(a) Amendments shall be proposed according to the procedure in paragraphs 1 and 2 of Article 21;

(b) The Parties shall take decisions on an amendment to Annex D, E or F by consensus; and

(c) A decision to amend Annex D, E or F shall forthwith be communicated to the Parties by the depositary. The amendment shall enter into force for all Parties on a date to be specified in the decision.

6. If an additional annex or an amendment to an annex is related to an amendment to this Convention, the additional annex or amendment shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention enters into force.

Article 23

Right to vote

1. Each Party to this Convention shall have one vote, except as provided for in paragraph 2.

2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, í málum er falla undir valdsvið hennar, neyta atkvæðisréttar síns með þeim fjölda atkvæða sem nemur fjölda þeirra aðildarríkja stofnunarinnar sem eru aðilar að samningi þessum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríkja hennar gerir það og öfugt.

24. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Stokkhólmi af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu hinn 23. maí 2001 og í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 24. maí 2001 til 22. maí 2002.

25. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Aðild að honum af hálfu ríkja og svæðisstofnanna um efnahagssamvinnu skal vera opin frá og með deginum eftir að fresti til undirritunar lýkur. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

2. Hver sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að samningi þessum án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Þegar um er að ræða slíka stofnun, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að samningi þessum, taka stofnunin og aðildarríki hennar ákvörðun um hvernig hvert og eitt þeirra efnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríkin ekki neytt réttar síns samkvæmt samningnum samtímis.

3. Stofnanir um efnahagssamvinnu skulu í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild lýsa yfir hvert valdsvið þeirra sé í þeim málum sem samningurinn nær til. Enn fremur skulu þær þegar í stað tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það öðrum aðilum að samningnum, ef veruleg breyting verður á valdsviði þeirra.

4. Í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er aðilum að samningnum heimilt að lýsa því yfir að hvað þá varðar muni hvers kyns breytingar á viðauka A, B eða C fyrst öðlast gildi þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að breytingunni er afhent til vörslu.

2. A regional economic integration organization, on matters within its competence, shall exercise its right to vote with a number of votes equal to the number of its member States that are Parties to this Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right to vote, and vice versa.

Article 24
Signature

This Convention shall be open for signature at Stockholm by all States and regional economic integration organizations on 23 May 2001, and at the United Nations Headquarters in New York from 24 May 2001 to 22 May 2002.

Article 25
Ratification, acceptance, approval or accession

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by States and by regional economic integration organizations. It shall be open for accession by States and by regional economic integration organizations from the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the depositary.

2. Any regional economic integration organization that becomes a Party to this Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to this Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. In its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, a regional economic integration organization shall declare the extent of its competence in respect of the matters governed by this Convention. Any such organization shall also inform the depositary, who shall in turn inform the Parties, of any relevant modification in the extent of its competence.

4. In its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, any Party may declare that, with respect to it, any amendment to Annex A, B or C shall enter into force only upon the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect thereto.

26. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fimmtugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

2. Að því er varðar hvert það ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir afhendingu fimmtugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu skjals viðkomandi ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki viðkomandi stofnunar hafa afhent til vörslu.

Article 26
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each State or regional economic integration organization that ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or regional economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. For the purpose of paragraphs 1 and 2, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of that organization.

27. gr.
Fyrirvarar.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

Article 27
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

28. gr.
Uppsögn.

1. Aðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum, með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila, hvenær sem er eftir að þrjú ár eru liðin frá því að samningurinn öðlast gildi að því er hann varðar.

2. Hver slík uppsögn skal öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögnina eða á þeim degi síðar sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni um uppsögn.

Article 28
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which this Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the depositary.

2. Any such withdrawal shall take effect upon the expiry of one year from the date of receipt by the depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

29. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

Article 29
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the depositary of this Convention.

30. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal falið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 30
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Gjört í Stokkhólmi hinn 22. maí 2001.

Done at Stockholm on this twenty-second day of May, two thousand and one.

Viðauki A.
EYÐING
I. hluti.

Efni	Starfsemi	Sérstök undanþága
Aldrín* CAS-nr.: 309-00-2	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Staðbundið útsníkla-eitur Skordýraeitur
Klórdan* CAS-nr.: 57-74-9	Framleiðsla	Skv. heimild aðila í skránni
	Notkun	Staðbundið útsníkla-eitur Skordýraeitur Hvítmauraeitur Hvítmauraeitur í bygg-ingum og stíflum Hvítmauraeitur í veg-um Aukefni í krossviðar-límí
Díeldrín* CAS-nr.: 60-57-1	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Í landbúnaði
Endrín* CAS-nr.: 72-20-8	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Engin
Heptaklór * CAS-nr.: 76-44-8	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Hvítmauraeitur Hvítmauraeitur í burðarvirkjum húsa Hvítmauraeitur (neðanjarðar) Viðarvörn Í notkun í kapalstokk-um neðanjarðar
Hexaklór-bensen CAS-nr.: 118-74-1	Framleiðsla	Skv. heimild aðila í skránni
	Notkun	Milliefni Leysiefni í plöntu-varnarefnum Milliefni notuð stað-bundið í lokuðu kerfi
Mírex* CAS-nr.: 2385-85-5	Framleiðsla	Skv. heimild til aðila í skránni
	Notkun	Hvítmauraeitur

Annex A
ELIMINATION
Part I

Chemical	Activity	Specific exemption
Aldrin* CAS No: 309-00-2	Production	None
	Use	Local ectoparasiticide Insecticide
Chlordane* CAS No: 57-74-9	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Local ectoparasiticide Insecticide Termiticide Termiticide in build-ings and dams Termiticide in roads Additive in plywood adhesives
Dieldrin* CAS No: 60-57-1	Production	None
	Use	In agricultural operations
Endrin* CAS No: 72-20-8	Production	None
	Use	None
Heptachlor* CAS No: 76-44-8	Production	None
	Use	Termiticide Termiticide in struc-tures of houses Termiticide (sub-terranean) Wood treatment In use in underground cable boxes
Hexachloro - benzene CAS No: 118-74-1	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Intermediate Solvent in pesticide Closed system site limited intermediate
Mirex* CAS No: 2385-85-5	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Termiticide

Efni	Starfsemi	Sérstök undanþága
Toxafen* CAS-nr.: 8001-35-2	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Engin
Fjölklóruð bífenýl (PCB)*	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Hlutir í notkun skv. ákvæðum II. hluta þessa viðauka.

Chemical	Activity	Specific exemption
Toxaphene* CAS No: 8001-35-2	Production	None
	Use	None
Poly-chlorinated Biphenyls (PCB)*	Production	None
	Use	Articles in use in accordance with the provisions of Part II of this Annex

Athugasemdir:

i) Ef annað er ekki tilgreint í samningi þessum skal litið svo á að ekki beri að skrá efni, sem koma fyrir sem óáformuð snefilaðskotaefni í framleiðsluvörum og hlutum, í viðauka þennan.

ii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Líta skal svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan efni, sem koma fyrir sem innihaldsefni í hlutum sem eru framleiddir eða eru þegar í notkun fyrir þann dag eða á þeim degi sem viðkomandi skuldbinding öðlast gildi, að því er varðar það efni, enda hafi aðili tilkynnt skrifstofunni að tiltekin tegund hlutar sé áfram í notkun á landsvæði hans. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar almenningi.

iii) Þessi athugasemd, sem gildir ekki um efni sem eru stjörnumerkt í efnadálknum í I. hluta þessa viðauka, telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Að því gefnu að ekki sé gert ráð fyrir að umtalsvert magn efnisins nái til manna og umhverfisins meðan á framleiðslu og notkun milliefnis stendur, sem er staðbundið í lokuðu kerfi, getur aðili, eftir að hafa tilkynnt skrifstofunni um það, heimilað framleiðslu og notkun efnis sem er skráð í þennan viðauka sem milliefni og notað staðbundið í lokuðu kerfi og er efnafræðilega ummyndað við framleiðslu á öðrum efnum sem, miðað við forsendur í 1. mgr. í viðauka D, sýna ekki eiginleika þrávirkra lífrænna efna. Tilkynningin skal hafa að geyma upplýsingar eða raunhæfa áætlun um heildarframleiðslu og notkun slíks efnis, svo og upplýsingar um eðli ferlisins innan staðbundna lokaða kerfisins, meðal annars um magn hvers kyns óummyndaðrar og óáformaðrar snefilmengunar upphafsefnis þrávirka lífræna efnisins í hinni endanlegu vöru. Þessi verklagsregla gildir nema annað sé tekið fram í þessum viðauka. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar þingi aðila og al-

Notes:

(i) Except as otherwise specified in this Convention, quantities of a chemical occurring as unintentional trace contaminants in products and articles shall not be considered to be listed in this Annex;

(ii) This note shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Quantities of a chemical occurring as constituents of articles manufactured or already in use before or on the date of entry into force of the relevant obligation with respect to that chemical, shall not be considered as listed in this Annex, provided that a Party has notified the Secretariat that a particular type of article remains in use within that Party. The Secretariat shall make such notifications publicly available;

(iii) This note, which does not apply to a chemical that has an asterisk following its name in the Chemical column in Part I of this Annex, shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Given that no significant quantities of the chemical are expected to reach humans and the environment during the production and use of a closed-system site-limited intermediate, a Party, upon notification to the Secretariat, may allow the production and use of quantities of a chemical listed in this Annex as a closed-system site-limited intermediate that is chemically transformed in the manufacture of other chemicals that, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants. This notification shall include information on total production and use of such chemical or a reasonable estimate of such information and information regarding the nature of the closed-system site-limited process including the amount of any non-transformed and unintentional trace contamination of the persistent organic pollutant-starting material in

menningi. Slík framleiðsla eða notkun telst ekki framleiðsla eða notkun samkvæmt undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun. Slíkri framleiðslu og notkun skal hætt að loknu 10 ára tímabili, nema aðilinn, sem um ræðir, skili inn nýrri tilkynningu til skrifstofunnar, en þá framlengist tímabilið um 10 ár til viðbótar, nema þing aðila ákveði annað að undangenginni athugun á framleiðslunni og notkuninni. Tilkynningarferlið má endurtaka.

iv) Aðilum er heimilt að beita öllum sérstökum undanþágum í viðauka þessum að því tilskildu að þeir hafi skráð undanþágur að því er þær varðar í samræmi við 4. gr., með þeirri undantekningu að notkun fjölklóraðra bífenýla (PCB) í hlutum, sem eru í notkun í samræmi við ákvæði II. hluta þessa viðauka, er öllum aðilum heimil.

II. hluti.

Fjölklóruð bífenýl.

Sérhver aðili skal:

a) í því augnamiði að stöðva notkun fjölklóraðra bífenýla í búnaði (t.d. spennubreytum, þéttum eða öðrum geymum er innihalda efnin í fljótandi formi) fyrir árið 2025, með fyrirvara um endurmat af hálfu þings aðila, grípa til aðgerða í samræmi við eftirfarandi forgangsröðun:
   i) beita ákveðnum aðgerðum til að leita uppi, merkja og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 10% fjölklóraðra bífenýla og meira en fimm lítra af þeim,
   ii) beita ákveðnum aðgerðum til að leita uppi, merkja og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 0,05% fjölklóraðra bífenýla og meira en fimm lítra af þeim,
   iii) leitast við að leita uppi og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 0,005% fjölklóraðra bífenýla og meira en 0,05 lítra af þeim;
b) stuðla að eftirfarandi ráðstöfunum til þess að draga úr váhrifum og áhættu í þeim tilgangi að hafa stjórn á notkun fjölklóraðra bífenýla í samræmi við forgangsröðina í a-lið:
   i) nota efnin einungis í heilum og ólekum búnaði og aðeins á svæðum þar sem áhættu vegna losunar út í umhverfið má halda í lágmarki og bæta úr með skjótum hætti,
   ii) nota þau ekki í búnaði á svæðum sem tengjast framleiðslu og vinnslu matvæla eða dýrafóðurs,

the final product. This procedure applies except as otherwise specified in this Annex. The Secretariat shall make such notifications available to the Conference of the Parties and to the public. Such production or use shall not be considered a production or use specific exemption. Such production and use shall cease after a ten-year period, unless the Party concerned submits a new notification to the Secretariat, in which case the period will be extended for an additional ten years unless the Conference of the Parties, after a review of the production and use decides otherwise. The notification procedure can be repeated;

(iv) All the specific exemptions in this Annex may be exercised by Parties that have registered exemptions in respect of them in accordance with Article 4 with the exception of the use of polychlorinated biphenyls in articles in use in accordance with the provisions of Part II of this Annex, which may be exercised by all Parties.

Part II

Polychlorinated biphenyls

Each Party shall:

(a) With regard to the elimination of the use of polychlorinated biphenyls in equipment (e.g. transformers, capacitors or other receptacles containing liquid stocks) by 2025, subject to review by the Conference of the Parties, take action in accordance with the following priorities:
   (i) Make determined efforts to identify, label and remove from use equipment containing greater than 10 per cent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 5 litres;
   (ii) Make determined efforts to identify, label and remove from use equipment containing greater than 0.05 per cent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 5 litres;
   (iii) Endeavour to identify and remove from use equipment containing greater than 0.005 percent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 0.05 litres;
(b) Consistent with the priorities in subparagraph (a), promote the following measures to reduce exposures and risk to control the use of polychlorinated biphenyls:
   (i) Use only in intact and non-leaking equipment and only in areas where the risk from environmental release can be minimised and quickly remedied;
   (ii) Not use in equipment in areas associated with the production or processing of food or feed;

iii) við notkun í byggð, meðal annars í skólum og sjúkrahúsum, gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að verjast rafmagnsbilunum sem leitt gætu til eldsvoða og gera reglulegar lekaprófanir á búnaðinum;

c) þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr., tryggja að búnaður, sem inniheldur fjölklóruð bífenýl, sbr. a-lið, sé ekki fluttur út eða inn nema til förgunar með vistvænum hætti;

d) ekki leyfa endurheimt vökva sem innihalda meira magn fjölklóraðra bífenýla en 0,005% til endurnotkunar í öðrum búnaði, nema þegar um er að ræða viðhald og þjónustu;

e) grípa til markvissra aðgerða í þeim tilgangi að stuðla að vistvænni meðhöndlun vökva sem innihalda fjölklóruð bífenýl og búnaðar sem er mengaður fjölklóruðum bífenýlum þar sem innihald fjölklóraðra bífenýla er yfir 0,005%, í samræmi við 1. mgr. 6 gr. og eins fljótt og auðið er en þó eigi síðar en árið 2028, með fyrirvara um endurmat af hálfu þings aðila;

f) í stað þess sem segir í athugasemd ii) í I. hluta þessa viðauka, kappkosta að leita uppi aðra hluti sem innihalda meira en 0,005% fjölklóraðra bífenýla (t.d. kapalslíður, verkað þéttiefni og máluð hluti) og meðhöndla þá í samræmi við 1. mgr. 6. gr.;

g) skila skýrslu um framvindu eyðingar fjölklóraðra bífenýla á fimm ára fresti og leggja hana fyrir þing aðila í samræmi við 15. gr.;

h) skýrslurnar, sem er lýst í g-lið, skulu, eftir því sem við á, teknar til umfjöllunar á þingi aðila þegar endurmat þess á fjölklóruðu bífenýli fer fram. Þing aðila skal endurmeta framvindu eyðingar fjölklóraðra bífenýla á fimm ára fresti, eða með öðrum fresti, eftir því sem við á, að teknu tilliti til fyrrnefndra skýrslna.

(iii) When used in populated areas, including schools and hospitals, all reasonable measures to protect from electrical failure which could result in a fire, and regular inspection of equipment for leaks;

(c) Notwithstanding paragraph 2 of Article 3, ensure that equipment containing polychlorinated biphenyls, as described in subparagraph (a), shall not be exported or imported except for the purpose of environmentally sound waste management;

(d) Except for maintenance and servicing operations, not allow recovery for the purpose of reuse in other equipment of liquids with polychlorinated biphenyls content above 0.005 per cent;

(e) Make determined efforts designed to lead to environmentally sound waste management of liquids containing polychlorinated biphenyls and equipment contaminated with polychlorinated biphenyls having a polychlorinated biphenyls content above 0.005 per cent, in accordance with paragraph 1 of Article 6, as soon as possible but no later than 2028, subject to review by the Conference of the Parties;

(f) In lieu of note (ii) in Part I of this Annex, endeavour to identify other articles containing more than 0.005 per cent polychlorinated biphenyls (e.g. cable-sheaths, cured caulk and painted objects) and manage them in accordance with paragraph 1 of Article 6;

(g) Provide a report every five years on progress in eliminating polychlorinated biphenyls and submit it to the Conference of the Parties pursuant to Article 15;

(h) The reports described in subparagraph (g) shall, as appropriate, be considered by the Conference of the Parties in its reviews relating to polychlorinated biphenyls. The Conference of the Parties shall review progress towards elimination of polychlorinated biphenyls at five year intervals or other period, as appropriate, taking into account such reports.

Viðauki B.
TAKMÖRKUN
I. hluti.

Efni	Starfsemi	Viðurkenndur tilgangur eða sérstök undanþága
DDT (1,1,1-tríklóró-2,2-bis(4-klóró-fenýl)etan) CAS-nr.: 50-29-3	Framleiðsla	*Viðurkenndur tilgangur:* Notkun við smitvarnir í samræmi við II. hluta þessa viðauka. *Sérstök undanþága:* Milliefni í framleiðslu díkófóls Milliefni
	Notkun	*Viðurkenndur tilgangur:* Smitvarnir í samræmi við II. hluta þessa viðauka. *Sérstök undanþága:* Framleiðsla díkófóls Milliefni

Athugasemdir:

i) Ef annað er ekki tilgreint í samningi þessum skal litið svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan það magn efnis sem fyrir kemur sem óáformað snefilaðskotaefni í framleiðsluvörum og hlutum.

ii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Líta skal svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan efni, sem fyrir koma sem innihaldsefni í hlutum sem eru framleiddir eða eru þegar í notkun fyrir þann dag eða á þeim degi sem viðkomandi skuldbinding öðlast gildi, að því er varðar það efni, enda hafi aðili tilkynnt skrifstofunni að tiltekin tegund hluta sé enn í notkun á landsvæði hans. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar almenningi.

iii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Að því gefnu að ekki sé gert ráð fyrir að umtalsvert magn efnisins nái til manna og umhverfisins meðan á framleiðslu og notkun milliefnis stendur, sem er staðbundið í lokuðu kerfi, getur aðili, eftir að hafa tilkynnt skrifstofunni um það, heimilað framleiðslu og notkun efnis sem er skráð í þennan viðauka sem milliefni og notað staðbundið í lokuðu kerfi og er efnafræðilega ummyndað við framleiðslu á öðr-

Annex B
RESTRICTION
Part I

Chemical	Activity	Acceptable purpose or specific exemption
DDT (1,1,1-trichloro-2,2-bis(4-chlorophenyl) ethane) CAS No: 50-29-3	Production	*Acceptable purpose:* Disease vector control use in accordance with Part II of this Annex *Specific exemption:* Intermediate in production of dicofol Intermediate
	Use	*Acceptable purpose:* Disease vector control in accordance with Part II of this Annex *Specific exemption:* Production of dicofol Intermediate

Notes:

(i) Except as otherwise specified in this Convention, quantities of a chemical occurring as unintentional trace contaminants in products and articles shall not be considered to be listed in this Annex;

(ii) This note shall not be considered as a production and use acceptable purpose or specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Quantities of a chemical occurring as constituents of articles manufactured or already in use before or on the date of entry into force of the relevant obligation with respect to that chemical, shall not be considered as listed in this Annex, provided that a Party has notified the Secretariat that a particular type of article remains in use within that Party. The Secretariat shall make such notifications publicly available;

(iii) This note shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Given that no significant quantities of the chemical are expected to reach humans and the environment during the production and use of a closed-system site-limited intermediate, a Party, upon notification to the Secretariat, may allow the production and use of quantities of a chemical listed in this Annex as a closed-system site-limited intermediate that is chemically transformed in the manufacture of

um efnum sem, miðað við forsendur í 1. mgr. í viðauka D, sýna ekki eiginleika þrávirkra lífrænna efna. Tilkynningin skal hafa að geyma upplýsingar eða raunhæfa áætlun um heildarframleiðslu og notkun slíks efnis, svo og upplýsingar um eðli ferlisins innan staðbundna lokaða kerfisins, meðal annars um magn hvers kyns óummyndaðrar og óáformaðrar snefilmengunar upphafsefnis þrávirka lífræna efnisins í hinni endanlegu vöru. Þessi verklagsregla gildir nema annað sé tekið fram í þessum viðauka. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar þingi aðila og almenningi. Slík framleiðsla eða notkun telst ekki framleiðsla eða notkun samkvæmt undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun. Slíkri framleiðslu og notkun skal hætt að loknu 10 ára tímabili, nema aðilinn, sem um ræðir, skili inn nýrri tilkynningu til skrifstofunnar, en þá framlengist tímabilið um 10 ár til viðbótar, nema þing aðila ákveði annað að undangenginni athugun á framleiðslunni og notkuninni. Tilkynningarferlið má endurtaka.

iv) Öllum sérstökum undanþágum í viðauka þessum er þeim aðilum heimilt að beita sem hafa skráð sig fyrir þeim í samræmi við 4. gr.

II. hluti.
DDT (1,1,1-tríklóró-2,2-bis(4-klórófenýl)etan).

1. Framleiðsla og notkun DDT skal stöðvuð nema hjá þeim aðilum sem tilkynnt hafa skrifstofunni um þá ætlun sína að framleiða og/eða nota það. DDT-skrá er hér með stofnuð og skal hún aðgengileg almenningi. Skrifstofan heldur DDT-skrána.

2. Hver sá aðili, sem framleiðir og/eða notar DDT, skal takmarka slíka framleiðslu og/eða notkun við smitvarnir í samræmi við tilmæli og leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um notkun DDT og aðeins þegar önnur efni sem eru örugg fyrir viðkomandi stað, skilvirk og á viðráðanlegu verði eru ekki tiltæk viðkomandi aðila.

3. Ákveði aðili, sem ekki er talinn upp í DDT-skránni, að hann þurfi DDT til smitvarna skal hann tilkynna skrifstofunni um það, svo fljótt sem auðið er, í því skyni að fá nafni sínu bætt í DDT-skrána þegar í stað. Hann skal jafnframt senda tilkynningu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

4. Sérhver aðili, sem notar DDT, skal á þriggja ára fresti láta skrifstofunni og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í té upplýsingar um það magn sem notað hefur verið, skilyrði fyrir notkuninni og gildi hennar fyrir sjúkdómavarnir sínar, með þeim hætti

other chemicals that, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants. This notification shall include information on total production and use of such chemical or a reasonable estimate of such information and information regarding the nature of the closed-system site-limited process including the amount of any non-transformed and unintentional trace contamination of the persistent organic pollutant-starting material in the final product. This procedure applies except as otherwise specified in this Annex. The Secretariat shall make such notifications available to the Conference of the Parties and to the public. Such production or use shall not be considered a production or use specific exemption. Such production and use shall cease after a ten-year period, unless the Party concerned submits a new notification to the Secretariat, in which case the period will be extended for an additional ten years unless the Conference of the Parties, after a review of the production and use decides otherwise. The notification procedure can be repeated;

(iv) All the specific exemptions in this Annex may be exercised by Parties that have registered in respect of them in accordance with Article 4.

Part II
DDT (1,1,1-trichloro-2,2-bis(4-chlorophenyl)ethane)

1. The production and use of DDT shall be eliminated except for Parties that have notified the Secretariat of their intention to produce and/or use it. A DDT Register is hereby established and shall be available to the public. The Secretariat shall maintain the DDT Register.

2. Each Party that produces and/or uses DDT shall restrict such production and/or use for disease vector control in accordance with the World Health Organization recommendations and guidelines on the use of DDT and when locally safe, effective and affordable alternatives are not available to the Party in question.

3. In the event that a Party not listed in the DDT Register determines that it requires DDT for disease vector control, it shall notify the Secretariat as soon as possible in order to have its name added forthwith to the DDT Register. It shall at the same time notify the World Health Organization.

4. Every three years, each Party that uses DDT shall provide to the Secretariat and the World Health Organization information on the amount used, the conditions of such use and its relevance to that Party's disease management strategy, in a format to be

sem þing aðila ákveður í samráði við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina.

5. Með það að markmiði að minnka, og að endingu stöðva, notkun DDT skal þing aðila hvetja til þess:

a) að hver sá aðili, sem notar DDT, semji og hrindi í framkvæmd aðgerðaáætlun sem hluta af framkvæmdaáætluninni sem er lýst í 7. gr. Slík aðgerðaáætlun skal m.a. fela í sér:
   i) þróun eftirlitskerfa og annarra úrræða til þess að tryggja að notkun DDT takmarkist við smitvarnir,
   ii) að taka í notkun viðeigandi framleiðsluvörur og framkvæma aðferðir og áætlanir sem komið geta í staðinn fyrir notkun DDT, meðal annars áætlanir til að koma í veg fyrir ónæmi, til að tryggja áframhaldandi virkni slíkra valkosta,
   iii) ráðstafanir til þess að efla heilsugæslu og draga úr nýgengi sjúkdómsins;
b) að aðilar stuðli eftir mætti að rannsóknum og þróun á öðrum öruggum kemískum og ókemískum framleiðsluvörum, aðferðum og áætlunum fyrir aðila sem nota DDT, þar sem tekið er mið af aðstæðum í viðkomandi löndum og þar sem markmiðið er að draga úr mannlegum og efnahagslegum byrðum vegna sjúkdóma. Meðal atriða sem leggja ber áherslu á þegar íhugaðir eru aðrir kostir, eða samsetningar kosta, eru áhættan fyrir heilsu manna og afleiðingarnar fyrir umhverfið. Raunhæfir valkostir í stað DDT skulu hafa í för með sér minni áhættu fyrir heilsu manna og umhverfið, hæfa sjúkdómavörnum við þær aðstæður sem ríkja hjá viðkomandi aðilum og vera studdir eftirlitsgögnum.

6. Þegar á fyrsta fundi sínum, og að minnsta kosti á þriggja ára fresti þar á eftir, skal þing aðila, í samráði við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, leggja mat á áframhaldandi þörf á DDT til smitvarna á grundvelli tiltækra vísindalegra, tæknilegra, umhverfislegra og efnahagslegra upplýsinga, meðal annars:

a) um framleiðslu og notkun DDT og skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr.;
b) um tilvist, nothæfi og framkvæmd valkosta í stað DDT; og
c) um framvindu þess að efla getu landa til þess að skipta með öruggum hætti yfir í slíka valkosti og reiða sig þá.

7. Aðila er hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að láta strika nafn sitt út úr DDT-skránni. Afturköllunin öðlast gildi þann dag sem er tilgreindur í tilkynningunni.

decided by the Conference of the Parties in consultation with the World Health Organization.

5. With the goal of reducing and ultimately eliminating the use of DDT, the Conference of the Parties shall encourage:

(a) Each Party using DDT to develop and implement an action plan as part of the implementation plan specified in Article 7. That action plan shall include:
   (i) Development of regulatory and other mechanisms to ensure that DDT use is restricted to disease vector control;
   (ii) Implementation of suitable alternative products, methods and strategies, including resistance management strategies to ensure the continuing effectiveness of these alternatives;
   (iii) Measures to strengthen health care and to reduce the incidence of the disease.
(b) The Parties, within their capabilities, to promote research and development of safe alternative chemical and non-chemical products, methods and strategies for Parties using DDT, relevant to the conditions of those countries and with the goal of decreasing the human and economic burden of disease. Factors to be promoted when considering alternatives or combinations of alternatives shall include the human health risks and environmental implications of such alternatives. Viable alternatives to DDT shall pose less risk to human health and the environment, be suitable for disease control based on conditions in the Parties in question and be supported with monitoring data.

6. Commencing at its first meeting, and at least every three years thereafter, the Conference of the Parties shall, in consultation with the World Health Organization, evaluate the continued need for DDT for disease vector control on the basis of available scientific, technical, environmental and economic information, including:

(a) The production and use of DDT and the conditions set out in paragraph 2;
(b) The availability, suitability and implementation of the alternatives to DDT; and
(c) Progress in strengthening the capacity of countries to transfer safely to reliance on such alternatives.

7. A Party may, at any time, withdraw its name from the DDT Registry upon written notification to the Secretariat. The withdrawal shall take effect on the date specified in the notification.

Viðauki C.
EFNI VEGNA FRAMLEIÐSLU SEM ER EKKI AF ÁSETNINGI

I. hluti.
Þrávirk lífræn efni sem falla undir kröfur 5. gr.

Viðauki þessi gildir um eftirfarandi þrávirk lífræn efni þegar þau verða til og eru losuð af manna völdum án þess að um ásetning sé að ræða.

Efni
Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF)
Hexaklórbensen (HCB) (CAS-nr.: 118-74-1)
Fjölklóruð bífenýl (PCB)

II. hluti.
Uppsprettuflokkar.

Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön, hexaklórbensen og fjölklóruð bífenýl eru efni sem myndast án þess að ætlunin sé að mynda þau og losna í varmaferlum þar sem lífræn efni og klór koma við sögu, sem afleiðing af ófullkomnum bruna eða efnahvörfum. Eftirfarandi uppsprettuflokkar í iðnaði geta valdið tiltölulega mikilli myndun þessara efna og losun þeirra út í umhverfið:

a) sorpbrennsluofnar, meðal annars sambrennsluofnar til brennslu úrgangs frá sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum, brennslu spilliefna eða seyru;
b) sementsofnar sem brenna spilliefni;
c) framleiðsla pappírskvoðu með notkun klórs eða klórmyndandi efna til bleikingar;

d) eftirfarandi varmaferli í málmvinnsluiðnaði:

   i) endurvinnsla kopars,
   ii) sindurverksmiðjur í járn- og stáliðnaði,
   iii) endurvinnsla áls,
   iv) endurvinnsla sínks.

III. hluti.
Uppsprettuflokkar.

Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön, hexaklórbensen og fjölklóruð bífenýl kunna einnig að myndast án þess að um ásetning sé að ræða og losna út í umhverfið frá eftirfarandi uppsprettuflokkum, sem eru meðal annars:

a) opin brennsla úrgangs, þ.m.t. brennsla á urðunarstöðum;
b) varmaferli í málmvinnsluiðnaði sem ekki er getið um í II. hluta;
c) brennsla á heimilum;

Annex C
UNINTENTIONAL PRODUCTION

Part I
Persistent organic pollutants subject to the requirements of Article 5

This Annex applies to the following persistent organic pollutants when formed and released unintentionally from anthropogenic sources:

Chemical
Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans (PCDD/PCDF)
Hexachlorobenzene (HCB) (CAS No: 118-74-1)
Polychlorinated biphenyls (PCB)

Part II
Source categories

Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans, hexachlorobenzene and polychlorinated biphenyls are unintentionally formed and released from thermal processes involving organic matter and chlorine as a result of incomplete combustion or chemical reactions. The following industrial source categories have the potential for comparatively high formation and release of these chemicals to the environment:

(a) Waste incinerators, including co-incinerators of municipal, hazardous or medical waste or of sewage sludge;

(b) Cement kilns firing hazardous waste;
(c) Production of pulp using elemental chlorine or chemicals generating elemental chlorine for bleaching;
(d) The following thermal processes in the metallurgical industry:
   (i) Secondary copper production;
   (ii) Sinter plants in the iron and steel industry;
   (iii) Secondary aluminium production;
   (iv) Secondary zinc production.

Part III
Source categories

Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans, hexachlorobenzene and polychlorinated biphenyls may also be unintentionally formed and released from the following source categories, including:

(a) Open burning of waste, including burning of landfill sites;
(b) Thermal processes in the metallurgical industry not mentioned in Part II;
(c) Residential combustion sources;

d) brennsla jarðefnaeldsneytis í kötlum veitustofnana og iðnfyrirtækja;
e) brennslubúnaður fyrir timbur og annað eldsneyti úr lífmassa;
f) sérstök efnaframleiðsluferli þar sem þrávirk lífræn efni, sem verða til án þess að um ásetning sé að ræða, losna, einkum framleiðsla klórfenóls og klóraníls;
g) líkbrennslur;
h) vélknúin ökutæki, einkum þau sem brenna bensíni sem inniheldur blý;
i) förgun dýraskrokka;
j) textíl- og leðurlitun (með klóraníli) og fullvinnsla (með basaútdrætti);
k) brotajárnsverksmiðjur sem vinna úr sér gengin ökutæki;
l) glóðarbruni koparkapla;
m) hreinsunarstöðvar fyrir úrgangsolíu.

IV. hluti.
Skilgreiningar.

1. Í viðauka þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „fjölklóruð bífenýl" merkir arómatísk efnasambönd sem myndast þannig að í stað vetnisfrumeindanna á bífenýlsameindinni (tveir bensenhringir tengdir saman með einföldu kolefnis-kolefnis efnatengi) geta komið allt að 10 klórsameindir; og
b) „fjölklóruð díbensó-p-díoxín" og „fjölklóruð díbensófúrön" merkja þríhringja arómatísk efnasambönd sem eru mynduð af tveimur bensenhringjum sem tengdir eru með tveimur súrefnisfrumeindum í fjölklóruðum díbensó-p-díoxínum og með einni súrefnisfrumeind og einu kolefnis-kolefnis efnatengi í fjölklóruðum díbensófúrönum og sem eru þannig að í stað vetnisfrumeindanna geta komið allt að átta klórfrumeindir.

2. Í viðauka þessum eru eituráhrif fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana tilgreind með því að nota hugtakið „eiturjafngildi" (toxic equivalency - TEQ) sem er mælieining fyrir hlutfall díoxín-líkrar eiturvirkni mismunandi afbrigða fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana og fjölklóraðra bífenýla í samanburði við 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxín. Eiturjafngildisstuðlar, sem eru notaðir í skilningi samnings þessa, skulu vera í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla, einkum eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna spendýra frá 1998 fyrir fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön og fjölklóruð bífenýl í sama slétta fleti (coplanar). Styrkur er tilgreindur í eiturjafngildum.

(d) Fossil fuel-fired utility and industrial boilers;
(e) Firing installations for wood and other biomass fuels;
(f) Specific chemical production processes releasing unintentionally formed persistent organic pollutants, especially production of chlorophenols and chloranil;
(g) Crematoria;
(h) Motor vehicles, particularly those burning leaded gasoline;
(i) Destruction of animal carcasses;
(j) Textile and leather dyeing (with chloranil) and finishing (with alkaline extraction);
(k) Shredder plants for the treatment of end of life vehicles;
(l) Smouldering of copper cables;
(m) Waste oil refineries.

Part IV
Definitions

1. For the purposes of this Annex:

(a) "Polychlorinated biphenyls" means aromatic compounds formed in such a manner that the hydrogen atoms on the biphenyl molecule (two benzene rings bonded together by a single carbon-carbon bond) may be replaced by up to ten chlorine atoms; and
(b) "Polychlorinated dibenzo-p-dioxins" and "polychlorinated dibenzofurans" are tricyclic, aromatic compounds formed by two benzene rings connected by two oxygen atoms in polychlorinated dibenzo-p-dioxins and by one oxygen atom and one carbon-carbon bond in polychlorinated dibenzofurans and the hydrogen atoms of which may be replaced by up to eight chlorine atoms.

2. In this Annex, the toxicity of polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans is expressed using the concept of toxic equivalency which measures the relative dioxin-like toxic activity of different congeners of polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans and coplanar polychlorinated biphenyls in comparison to 2,3,7,8-tetrachlorodibenzo-p-dioxin. The toxic equivalent factor values to be used for the purposes of this Convention shall be consistent with accepted international standards, commencing with the World Health Organization 1998 mammalian toxic equivalent factor values for polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans and coplanar polychlorinated biphenyls. Concentrations are expressed in toxic equivalents.

V. hluti.

Almennar leiðbeiningar um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur.

Þessi hluti veitir almennar leiðbeiningar til aðila um hvernig skuli koma í veg fyrir eða draga úr losun þeirra efna sem talin eru upp I. hluta.

A. Almennar forvarnir sem varða bæði bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur.

Umfjöllun um leiðir til þess að koma í veg fyrir myndun og losun efnanna, sem eru talin upp í I. hluta, ætti að hafa forgang. Meðal gagnlegra aðgerða gæti verið eftirfarandi:

a) að nota tækni sem leiðir til lítillar myndunar úrgangs;
b) að nota hættuminni efni;
c) að stuðla að endurheimt og endurvinnslu úrgangs og efna sem myndast og eru notuð í vinnsluferli;
d) að skipta út hráefnum sem eru þrávirk lífræn efni eða þar sem bein tengsl eru á milli hráefnanna og losunar þrávirkra lífrænna efna frá uppsprettunum;
e) að beita góðum starfsháttum og viðhaldsáætlunum til forvarna;
f) að endurbæta meðhöndlun úrgangs með það að markmiði að hætta opinni brennslu og annarri óstýrðri brennslu úrgangs, meðal annars brennslu á urðunarstöðum. Við umfjöllun um tillögur um að reisa nýjar sorpeyðingarstöðvar skulu aðrar lausnir teknar til athugunar, til dæmis aðgerðir til þess að lágmarka myndun úrgangs frá sveitarfélögum og heilbrigðisstofnunum, meðal annars með endurheimt hráefna, endurnotkun, endurvinnslu, flokkun úrgangs og aukinni notkun framleiðsluvara sem valda minni úrgangsmyndun. Samfara þessari leið ætti að huga vandlega að almennum heilbrigðissjónarmiðum;
g) að lágmarka magn þessara efna sem aðskotaefni í framleiðsluvörum;
h) að forðast notkun klórs eða klórmyndandi efna til bleikingar.

B. Besta fáanlega tækni.

Hugtakinu „besta fáanlega tækni“ er ekki ætlað að vera forskrift að einhverri einni tiltekinni aðferð eða tækniaðferð heldur felst í því að tekið sé tillit til tæknilegra eiginleika tiltekins búnaðar, staðsetningar hans og aðstæðna í umhverfi hans. Viðeigandi tækni til að draga úr losun efnanna, sem getið er um í I. hluta, er almennt sú sama. Við ákvörðun bestu fáanlegu tækni ber að íhuga sérstaklega eftirfarandi þætti, bæði almennt og í einstökum tilfellum, með

Part V

General guidance on best available techniques and best environmental practices

This Part provides general guidance to Parties on preventing or reducing releases of the chemicals listed in Part I.

A. General prevention measures relating to both best available techniques and best environmental practices

Priority should be given to the consideration of approaches to prevent the formation and release of the chemicals listed in Part I. Useful measures could include:

(a) The use of low-waste technology;
(b) The use of less hazardous substances;
(c) The promotion of the recovery and recycling of waste and of substances generated and used in a process;
(d) Replacement of feed materials which are persistent organic pollutants or where there is a direct link between the materials and releases of persistent organic pollutants from the source;
(e) Good housekeeping and preventive maintenance programmes;
(f) Improvements in waste management with the aim of the cessation of open and other uncontrolled burning of wastes, including the burning of landfill sites. When considering proposals to construct new waste disposal facilities, consideration should be given to alternatives such as activities to minimize the generation of municipal and medical waste, including resource recovery, reuse, recycling, waste separation and promoting products that generate less waste. Under this approach, public health concerns should be carefully considered;
(g) Minimization of these chemicals as contaminants in products;
(h) Avoiding elemental chlorine or chemicals generating elemental chlorine for bleaching.

B. Best available techniques

The concept of best available techniques is not aimed at the prescription of any specific technique or technology, but at taking into account the technical characteristics of the installation concerned, its geographical location and the local environmental conditions. Appropriate control techniques to reduce releases of the chemicals listed in Part I are in general the same. In determining best available techniques, special consideration should be given, generally or

hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi af ráðstöfunum og reglum um varúð og varnir:

a) almenn umhugsunaratriði:
   i) eðli, áhrif og massi þeirrar losunar sem um ræðir: tækni kann að vera breytileg eftir umfangi uppspretta,
   ii) heimildardagsetningar nýs búnaðar eða búnaðar sem þegar er í notkun,
   iii) tíminn sem þarf til að taka í notkun bestu fáanlegu tækni,
   iv) magn og eðli hráefna sem notuð eru í vinnsluferlinu og hagkvæmni orkunýtingar þess,
   v) þörfin á því að koma í veg fyrir eða lágmarka heildaráhrif losunar á umhverfið og áhættuna fyrir það,
   vi) þörfin á að því koma í veg fyrir slys og lágmarka áhrif þeirra á umhverfið,
   vii) nauðsyn þess að tryggja hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum,
   viii) sambærileg vinnsluferli, aðstaða eða starfsaðferðir sem hafa verið reyndar með góðum árangri í iðnaði,
   ix) tæknilegar framfarir og breytingar á vísindalegri þekkingu og skilningi;
b) almennar aðgerðir til þess að draga úr losun: Þegar fjallað er um tillögur um að byggja nýja aðstöðu eða gera verulegar breytingar á aðstöðu sem fyrir er og notuð eru vinnsluferli sem losa efni, sem talin eru upp í þessum viðauka, skal lögð aðaláhersla á að kanna aðra valkosti með tilliti til vinnsluferla, tækni eða venja sem koma að svipuðu gagni en forðast myndun og losun slíkra efna. Í þeim tilvikum, þar sem ný aðstaða er byggð eða aðstöðu sem fyrir er er verulega breytt, mætti einnig, til viðbótar þeim forvarnaraðgerðum sem er lýst í kafla A í V. hluta, taka til umfjöllunar eftirfarandi aðgerðir þegar teknar eru ákvarðanir um bestu fáanlegu tækni:
   i) notkun bættra aðferða til að hreinsa útblástur, til dæmis með hita- eða hvataoxun, rykútfellingu eða aðsogi,
   ii) meðhöndlun leifa, fráveituvatns, úrgangs og seyru, til dæmis með hitameðferð eða með því að gera þau óvirk eða beita efnahvörfum sem afeitra þau,
   iii) breytingar á vinnsluferlum sem leiða til minnkunar eða stöðvunar á losun, svo sem að skipta yfir í lokuð kerfi,
   iv) breytingar á vinnsluferlum til þess að bæta bruna og koma í veg fyrir myndun þeirra efna sem eru talin upp í viðauka þessum,

in specific cases, to the following factors, bearing in mind the likely costs and benefits of a measure and consideration of precaution and prevention:
(a) General considerations:
   (i) The nature, effects and mass of the releases concerned: techniques may vary depending on source size;
   (ii) The commissioning dates for new or existing installations;
   (iii) The time needed to introduce the best available technique;
   (iv) The consumption and nature of raw materials used in the process and its energy efficiency;
   (v) The need to prevent or reduce to a minimum the overall impact of the releases to the environment and the risks to it;
   (vi) The need to prevent accidents and to minimize their consequences for the environment;
   (vii) The need to ensure occupational health and safety at workplaces;
   (viii) Comparable processes, facilities or methods of operation which have been tried with success on an industrial scale;
   (ix) Technological advances and changes in scientific knowledge and understanding.
(b) General release reduction measures: When considering proposals to construct new facilities or significantly modify existing facilities using processes that release chemicals listed in this Annex, priority consideration should be given to alternative processes, techniques or practices that have similar usefulness but which avoid the formation and release of such chemicals. In cases where such facilities will be constructed or significantly modified, in addition to the prevention measures outlined in section A of Part V the following reduction measures could also be considered in determining best available techniques:
   (i) Use of improved methods for flue-gas cleaning such as thermal or catalytic oxidation, dust precipitation, or adsorption;
   (ii) Treatment of residuals, wastewater, wastes and sewage sludge by, for example, thermal treatment or rendering them inert or chemical processes that detoxify them;
   (iii) Process changes that lead to the reduction or elimination of releases, such as moving to closed systems;
   (iv) Modification of process designs to improve combustion and prevent formation of the chemicals listed in this Annex, through the

með því að hafa stjórn á breytum svo sem brennsluhita eða dvalartíma.

C. Bestu umhverfisvenjur.

Þingi aðila er heimilt að taka saman leiðbeiningar um bestu umhverfisvenjur.

control of parameters such as incineration temperature or residence time.

C. Best environmental practices

The Conference of the Parties may develop guidance with regard to best environmental practices.

Viðauki D.

UPPLÝSINGAKRÖFUR OG FLOKKUNARVIÐMIÐANIR

1. Aðili, sem leggur fram tillögu um að skrá efni í viðauka A, B og/eða C, skal tilgreina efnið með þeim hætti sem er lýst í a-lið og veita þær upplýsingar um efnið og ummyndunarefni þess, þar sem við á, sem tengjast flokkunarviðmiðununum í b- til e-lið:

a) *efnakenni:*
   i) heiti, meðal annars viðskiptaheiti, verslunarheiti og samheiti, CAS-nr. (skráningarnúmer samkvæmt Chemical Abstracts Service), efnaheiti samkvæmt Alþjóðasamtökum um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC), og
   ii) bygging, meðal annars með því að tilgreina ísómera, þar sem við á, og byggingu efnaflokksins;

b) *þrávirkni:*
   i) gögn sem sýna fram á að helmingunartími efnisins í vatni sé lengri en tveir mánuðir, eða að helmingunartími þess í jarðvegi sé lengri en sex mánuðir, eða að helmingunartími þess í seti sé meira en sex mánuðir, eða
   ii) gögn sem sýna að efnið sé að öðru leyti nægilega þrávirkt til þess að réttlæta umfjöllun um það samkvæmt samningi þessum;

c) *uppsöfnun í lífríkinu:*
   i) gögn sem sýna að lífþéttnigildi eða uppsöfnunargildi í lagartegundum fyrir efnið sé meira en 5 000 eða, ef slík gögn liggja ekki fyrir, að log Kow sé umfram 5,
   ii) gögn sem sýna að efnið gefi annað tilefni til þess að hafa af því áhyggjur, til dæmis mikla uppsöfnun í öðrum tegundum, mikla eiturvirkni eða visteiturhrif, eða
   iii) eftirlitsgögn úr lífríki sem benda til þess að uppsöfnunargeta efnisins sé nægjanleg til þess að réttlæta umfjöllun um það samkvæmt samningi þessum;

d) *hætta á flutningi um langan veg í umhverfinu:*

Annex D

INFORMATION REQUIREMENTS AND SCREENING CRITERIA

1. A Party submitting a proposal to list a chemical in Annexes A, B and/or C shall identify the chemical in the manner described in subparagraph (a) and provide the information on the chemical, and its transformation products where relevant, relating to the screening criteria set out in subparagraphs (b) to (e):

(a) *Chemical identity:*
   (i) Names, including trade name or names, commercial name or names and synonyms, Chemical Abstracts Service (CAS) Registry number, International Union of Pure and Applied Chemistry (IUPAC) name; and
   (ii) Structure, including specification of isomers, where applicable, and the structure of the chemical class;

(b) *Persistence:*
   (i) Evidence that the half-life of the chemical in water is greater than two months, or that its half-life in soil is greater than six months, or that its half-life in sediment is greater than six months; or
   (ii) Evidence that the chemical is otherwise sufficiently persistent to justify its consideration within the scope of this Convention;

(c) *Bio-accumulation:*
   (i) Evidence that the bio-concentration factor or bio-accumulation factor in aquatic species for the chemical is greater than 5,000 or, in the absence of such data, that the log Kow is greater than 5;
   (ii) Evidence that a chemical presents other reasons for concern, such as high bio-accumulation in other species, high toxicity or ecotoxicity; or
   (iii) Monitoring data in biota indicating that the bio-accumulation potential of the chemical is sufficient to justify its consideration within the scope of this Convention;

(d) *Potential for long-range environmental transport:*

i) mælt magn efnisins á stöðum sem eru langt frá uppsprettum losunar þess og er hugsanlegt áhyggjuefni,

ii) eftirlitsgögn sem sýna að flutningur efnisins um langan veg og hugsanleg tilfærsla þess yfir í annað umhverfi, kunni að hafa átt sér stað í lofti, vatni eða með fartegundum, eða

iii) eiginleikar sem lúta að afdrifum efnisins í umhverfinu og/eða niðurstöður sem eru raktar til líkana sem sýna fram á að efnið geti hugsanlega borist um langan veg í lofti, vatni eða með fartegundum, með hugsanlegri færslu yfir í móttökuumhverfi sem er langt frá uppsprettu losunar þess. Fyrir efni sem flyst að verulegu marki í lofti, skal helmingunartími vera lengri en tveir dagar; og

e) *neikvæð áhrif:*

i) ummerki um neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfið sem réttlæta að efnið hljóti umfjöllun samkvæmt samningi þessum, eða

ii) gögn um eiturvirkni- eða visteiturhrif sem benda til hugsanlegra skaðlegra áhrifa á heilsu manna eða umhverfið.

2. Aðilinn, sem gerir tillögu, skal leggja fram yfirlýsingu um ástæðurnar fyrir áhyggjum sínum, sem hefur meðal annars að geyma, ef því verður komið við, samanburð milli gagna um eiturvirkni eða visteiturhrif og mælds eða áætlaðs magns efnis, sem er tilkomið vegna flutnings þess um langan veg, ásamt stuttri yfirlýsingu um þörfina fyrir alþjóðlegt eftirlit.

3. Aðilinn, sem gerir tillögu, skal, að því marki sem unnt er og eftir mætti, veita frekari upplýsingar til stuðnings endurmati á tillögunni sem getið er um í 6. mgr. 8. gr. Við gerð slíkrar tillögu er aðilum heimilt að sækja tæknilega sérfræðiþekkingu hvert sem er.

(i) Measured levels of the chemical in locations distant from the sources of its release that are of potential concern;

(ii) Monitoring data showing that long-range environmental transport of the chemical, with the potential for transfer to a receiving environment, may have occurred via air, water or migratory species; or

(iii) Environmental fate properties and/or model results that demonstrate that the chemical has a potential for long-range environmental transport through air, water or migratory species, with the potential for transfer to a receiving environment in locations distant from the sources of its release. For a chemical that migrates significantly through the air, its half-life in air should be greater than two days; and

(e) *Adverse effects:*

(i) Evidence of adverse effects to human health or to the environment that justifies consideration of the chemical within the scope of this Convention; or

(ii) Toxicity or ecotoxicity data that indicate the potential for damage to human health or to the environment.

2. The proposing Party shall provide a statement of the reasons for concern including, where possible, a comparison of toxicity or ecotoxicity data with detected or predicted levels of a chemical resulting or anticipated from its long-range environmental transport, and a short statement indicating the need for global control.

3. The proposing Party shall, to the extent possible and taking into account its capabilities, provide additional information to support the review of the proposal referred to in paragraph 6 of Article 8. In developing such a proposal, a Party may draw on technical expertise from any source.

Viðauki E.
UPPLÝSINGAKRÖFUR VARÐANDI ÁHÆTTULÝSINGU

Tilgangur endurmatsins er að meta hvort efni sé líklegt, vegna flutnings um langan veg, til að leiða til verulega neikvæðra áhrifa á fólk og/eða umhverfið, þannig að alþjóðlegra aðgerða sé þörf. Í þessu skyni skal tekin saman áhættulýsing þar sem nánar eru skýrðar, og metnar, þær upplýsingar sem getið er um í viðauka D og þar sem meðal annars er að finna, að því marki sem unnt er, eftirfarandi upplýsingar:

a) uppsprettur, meðal annars eftir því sem við á:

Annex E
INFORMATION REQUIREMENTS FOR THE RISK PROFILE

The purpose of the review is to evaluate whether the chemical is likely, as a result of its long-range environmental transport, to lead to significant adverse human health and/or environmental effects, such that global action is warranted. For this purpose, a risk profile shall be developed that further elaborates on, and evaluates, the information referred to in Annex D and includes, as far as possible, the following types of information:

(a) Sources, including as appropriate:

i) gögn um framleiðslu, m.a. framleiðslumagn og framleiðslustað,
ii) notkun, og
iii) losun, til dæmis tæming, tap og útstreymi;

b) áhættumat fyrir endastað eða endastaði sem eru áhyggjuefni, meðal annars umfjöllun um eiturefnafræðilagar milliverkanir þar sem fleiri en eitt efni eiga í hlut;
c) afdrif í umhverfinu, meðal annars gögn og upplýsingar um efna- og eðlisfræðilega eiginleika efnisins og þrávirkni þess og hvernig þessir eiginleikar tengjast flutningi í umhverfinu, tilfærslu innan og á milli umhverfishólfa, niðurbroti og ummyndun í önnur efni. Ákvörðun lífþéttni- eða lífssöfnunarstuðla miðað við mæld gildi skal liggja fyrir, nema þegar eftirlitsgögn eru talin uppfylla þessa þörf;

d) eftirlitsgögn;
e) váhrif á afmörkuðum svæðum, sérstaklega í ljósi flutnings um langan veg í umhverfinu, auk upplýsinga um líffræðilegt aðgengi;
f) innlendar og alþjóðlegar áhættumatsgerðir, úttektir eða lýsingar og upplýsingar til nota við merkingar og áhættuflokkun, eftir því sem slíkt er tiltækt; og
g) staða efnisins samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Viðauki F.

UPPLÝSINGAR UM FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG MÁLEFNI

Ráðast skal í mat á hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum vegna efna sem til greina kemur að taka upp í samning þennan, þar sem farið er yfir alla valkosti, meðal annars stjórnun og eyðingu. Í þessu skyni skulu látnar í té viðeigandi upplýsingar varðandi félagsleg og efnahagsleg atriði sem hafa ber í huga og tengjast hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum til þess að gera þingi aðila kleift að taka ákvörðun. Slíkar upplýsingar skulu taka tilhlýðilegt mið af mismunandi getu og aðstæðum aðila og í þeim ætti að felast umfjöllun um atriðin í eftirfarandi leiðbeinandi upptalningu:

a) áhrif og skilvirkni hugsanlegra takmörkunarráðstafana við að ná því markmiði að minnka áhættu:
   i) tæknileg hagkvæmni, og
   ii) kostnaður, meðal annars umhverfis- og heilbrigðiskostnaður;
b) aðra valkosti (framleiðsluvörur og vinnsluferli):
   i) tæknileg hagkvæmni,

(i) Production data, including quantity and location;
(ii) Uses; and
(iii) Releases, such as discharges, losses and emissions;
(b) Hazard assessment for the endpoint or endpoints of concern, including a consideration of toxicological interactions involving multiple chemicals;

(c) Environmental fate, including data and information on the chemical and physical properties of a chemical as well as its persistence and how they are linked to its environmental transport, transfer within and between environmental compartments, degradation and transformation to other chemicals. A determination of the bio-concentration factor or bio-accumulation factor, based on measured values, shall be available, except when monitoring data are judged to meet this need;
(d) Monitoring data;
(e) Exposure in local areas and, in particular, as a result of long-range environmental transport, and including information regarding bio-availability;
(f) National and international risk evaluations, assessments or profiles and labelling information and hazard classifications, as available; and

(g) Status of the chemical under international conventions.

Annex F

INFORMATION ON SOCIO-ECONOMIC CONSIDERATIONS

An evaluation should be undertaken regarding possible control measures for chemicals under consideration for inclusion in this Convention, encompassing the full range of options, including management and elimination. For this purpose, relevant information should be provided relating to socio-economic considerations associated with possible control measures to enable a decision to be taken by the Conference of the Parties. Such information should reflect due regard for the differing capabilities and conditions among the Parties and should include consideration of the following indicative list of items:
(a) Efficacy and efficiency of possible control measures in meeting risk reduction goals:
   (i) Technical feasibility; and
   (ii) Costs, including environmental and health costs;
(b) Alternatives (products and processes):
   (i) Technical feasibility;

ii) kostnaður, meðal annars umhverfis- og heilbrigðiskostnaður,
iii) áhrif,
iv) áhætta,
v) fáanleiki, og
vi) aðgengi;

c) jákvæð og/eða neikvæð áhrif á samfélagið af því að koma á hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum:
i) heilsufar, meðal annars almannaheilbrigði, umhverfisheilbrigði og hollustuhættir á vinnustöðum,
ii) landbúnaður, meðal annars fiskeldi og skógrækt,
iii) lífríki (líffræðileg fjölbreytni),
iv) efnahagslegir þættir,
v) framfarir í átt til sjálfbærrar þróunar, og
vi) félagslegur kostnaður;

d) úrgangs- og förgunarmál (einkum, úreltar birgðir af varnarefnum og hreinsun mengaðra svæða):
i) tæknileg hagkvæmni, og
ii) kostnaður;

e) aðgang að upplýsingum og uppfræðslu almennings;

f) stöðu mála að því er varðar getu til stjórnunar og eftirlits; og

g) hvers kyns innlendar eða svæðisbundnar stjórnaðgerðir sem gripið hefur verið til, meðal annars upplýsingar um aðra valkosti, auk annarra viðeigandi upplýsinga um áhættustjórnun.

(ii) Costs, including environmental and health costs;
(iii) Efficacy;
(iv) Risk;
(v) Availability; and
(vi) Accessibility;

(c) Positive and/or negative impacts on society of implementing possible control measures:
(i) Health, including public, environmental and occupational health;
(ii) Agriculture, including aquaculture and forestry;
(iii) Biota (biodiversity);
(iv) Economic aspects;
(v) Movement towards sustainable development; and
(vi) Social costs;

(d) Waste and disposal implications (in particular, obsolete stocks of pesticides and clean-up of contaminated sites):
(i) Technical feasibility; and
(ii) Cost;

(e) Access to information and public education;

(f) Status of control and monitoring capacity; and

(g) Any national or regional control actions taken, including information on alternatives, and other relevant risk management information.

1099. Tillaga til þingsályktunar [683. mál]

um aðild að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu sem gerð voru í Róm 10. mars 1988.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem

stóðu á bak við þau og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Ísland er þegar aðili að meiri hluta hryðjuverkasamninganna, en stefnt er að fullgildingu þeirra samninga sem Ísland er ekki aðili að fyrir vorið 2002. Með ályktun 8. mars 2002 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda þá tvo samninga sem telja verður mikilvægasta af þessum samningum, þ.e. alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

Samningur um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun við þann samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, sem gerð voru í Róm 10. mars 1988, eru á meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó skal hvert aðildarríki leggja refsingu við þeim afbrotum, sem fjallað er um í 3. gr. samningsins, þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. telst maður hafa framið afbrot ef hann með ólögmætum hætti og af ásetningi:

a) tekur skip eða yfirtekur stjórn skips með valdi eða hótun um að beita valdi eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum;
b) beitir mann ofbeldi um borð í skipi og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skipsins í hættu;
c) eyðileggur skip eða veldur tjóni á skipi eða farmi þess sem líklegt má telja að stofni öruggri siglingu skipsins í hættu;
d) kemur fyrir, eða er valdur að því að komið sé fyrir, um borð í skipi, með hvaða hætti sem er, búnaði eða efni sem líklegt er að eyðileggi skipið eða valdi tjóni á skipinu eða farmi þess sem stofnar, eða líklegt má telja að stofni, öruggri siglingu skipsins í hættu;
e) eyðileggur eða veldur alvarlegu tjóni á siglingatækjum eða truflar starfrækslu þeirra á alvarlegan hátt og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skips í hættu;
f) kemur upplýsingum á framfæri sem hann veit að eru rangar og stofnar með því öruggri siglingu skips í hættu; eða
g) meiðir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í a- til f-lið.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. telst maður einnig hafa framið afbrot ef hann gerir tilraun til þess að fremja eitthvert áðurnefndra afbrota, hvetur til þeirra, er í vitorði með brotamanni eða hótar að fremja þau.

Samningurinn gildir um skip sem siglt er, eða áætlað er að sigla, inn í, gegnum eða út af hafsvæði sem er utan ytri marka landhelgi einstaks ríkis eða hliðlægra marka milli landhelgi þess og landhelgi aðliggjandi ríkja. Samningurinn gildir einnig í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður er á yfirráðasvæði aðildarríkis, sbr. 4. gr.

Samkvæmt 2. gr. samningsins gildir hann ekki um herskip, skip í ríkiseigu eða ríkisrekstri sem er notað sem hjálparskip flotans eða toll- eða löggæsluskip, eða skip sem er ekki lengur siglt eða hefur verið lagt upp.

Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um refsilögsögu, framsal og alþjóðlega réttaraðstoð.

Í bókuninni um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu eru ákvæði áðurnefnds samnings látin ná til afbrota sem beinast að slíkum mannvirkjum. Bókunin felur því í raun í sér víkkun á gildissviði samningsins að því er varðar þau aðildarríki samningsins sem gerast aðilar að bókuninni. Einungis þeim ríkjum, sem eru

aðilar að samningnum, er heimilt að gerast aðilar að bókuninni, sbr. 4. mgr. 5. gr. hennar.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunarinnar merkir hugtakið „botnfast mannvirki“ tilbúna eyju, útbúnað eða mannvirki sem er varanlega fest við hafsbotn í því skyni að rannsaka auðlindir eða nýta þær eða í öðrum efnahagslegum tilgangi.

Samningurinn um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó öðlaðist gildi 1. mars 1992, en aðildarríki hans voru hinn 28. febrúar 2002 alls 67. Bókunin um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu öðlaðist sömuleiðis gildi 1. mars 1992, en aðildarríki hennar voru hinn 28. febrúar 2002 alls 60. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari og bókunin sem fylgiskjal II.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og samgönguráðuneytið hafa farið yfir samninginn og bókunina. Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að lagt verði fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sem taki mið af ákvæðum samningsins og bókunarinnar. Samgönguráðuneytið hefur staðfest að aðild Íslands að samningnum og bókuninni kalli ekki á lagabreytingar á sviði þess ráðuneytis.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR **um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó.**	CONVENTION **for the Supression of Unlawful Acts Against the Safety of Maritime Navigation**
Aðildarríki samnings þessa,	The States Parties to this Convention,
HAFA Í HUGA tilgang og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um að varðveita frið og öryggi í heiminum og stuðla að vináttu og samvinnu meðal ríkja,	HAVING IN MIND the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of friendly relations and co-operation among States,
VIÐURKENNA einkanlega að allir menn eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi, eins og segir í almennu mannréttindayfirlýsingunni og alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi,	RECOGNIZING in particular that everyone has the right to life, liberty and security of person, as set out in the Universal Declaration of Human Rights and the International Covenant on Civil and Political Rights,
HAFA MIKLAR ÁHYGGJUR af vaxandi hryðjuverkastarfsemi í heiminum, í hverri mynd sem hún birtist, sem ógnar eða tortímir lífi saklauss fólks, stofnar mannfrelsi í hættu og skaðar stórlega mannlega reisn,	DEEPLY CONCERNED about the world-wide escalation of acts of terrorism in all its forms, which endanger or take innocent human lives, jeopardize fundamental freedoms and seriously impair the dignity of human beings,
TELJA að ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó stofni öryggi manna og eigna í hættu, hafi alvarleg áhrif á rekstur þjónustustarfsemi á sjó og grafi undan tiltrú þjóða heims á öryggi í siglingum á sjó,	CONSIDERING that unlawful acts against the safety of maritime navigation jeopardize the safety of persons and property, seriously affect the operation of maritime services, and undermine the confidence of the peoples of the world in the safety of maritime navigation,

TELJA að það sé öllu hinu alþjóðlega samfélagi mikið áhyggjuefni að slík voðaverk skuli vera framin,

CONSIDERING that the occurrence of such acts is a matter of grave concern to the international community as a whole,

ERU SANNFÆRÐ UM að brýna nauðsyn beri til að auka samvinnu ríkja á milli við að móta og taka upp árangursríkar og hentugar ráðstafanir til að koma í veg fyrir allar ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og að sækja þá, sem fremja slík afbrot, til saka og koma fram refsingu gagnvart þeim,

BEING CONVINCED of the urgent need to develop international co-operation between States in devising and adopting effective and practical measures for the prevention of all unlawful acts against the safety of maritime navigation, and the prosecution and punishment of their perpetrators,

MINNAST ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 40/61 frá 9. desember 1985 þar sem, meðal annars, „öll ríki, einhliða og í samvinnu við önnur ríki, svo og viðkomandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna eru hvött til þess að stuðla að því að uppræta orsakir alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi stig af stigi og að gefa sérstakan gaum öllum aðstæðum, meðal annars nýlendustefnu, kynþáttamisrétti og aðstæðum þar sem um er að ræða stórkostleg og svívirðileg brot á mannréttindum, brot gegn mannfrelsi og brot sem tengjast búsetu útlendinga, sem gætu komið af stað alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og ógnað friði og öryggi í heiminum“,

RECALLING resolution 40/61 of the General Assembly of the United Nations of 9 December 1985 which, *inter alia*, "urges all States unilaterally and in co-operation with other States, as well as relevant United Nations organs, to contribute to the progressive elimination of causes underlying international terrorism and to pay special attention to all situations, including colonialism, racism and situations involving mass and flagrant violations of human rights and fundamental freedoms and those involving alien occupation, that may give rise to international terrorism and may endanger international peace and security",

MINNAST ENN FREMUR þess að í ályktun nr. 40/61 eru „allar aðgerðir, aðferðir og viðleitni, sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, einróma fordæmdar sem glæpir, hvar sem þær eiga sér stað og hver sem stendur að þeim, þar með taldar aðgerðir, aðferðir og viðleitni sem tefla vinsamlegum samskiptum ríkja og öryggi þeirra í tvísýnu“,

RECALLING FURTHER that resolution 40/61 "unequivocally condemns, as criminal) all acts, methods and practices of terrorism wherever and by whomever committed, including those which jeopardize friendly relations among States and their security",

MINNAST EINNIG þess að Alþjóðasiglingamálastofnunin var hvött til þess með ályktun nr. 40/61 að „afla sér vitneskju um hryðjuverkastarfsemi um borð í, eða sem er beint gegn, skipum með það í huga að setja fram tilmæli um viðeigandi ráðstafanir“,

RECALLING ALSO that by resolution 40/61, the International Maritime Organization was invited to "study the problem of terrorism aboard or against ships with a view to making recommendations on appropriate measures",

HAFA Í HUGA ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.584(14) frá 20. nóvember 1985, þar sem farið var fram á að undirbúnar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir sem ógna öryggi skipa og farþega og áhafna um borð í þeim,

HAVING IN MIND resolution A.584(14) of 20 November 1985, of the Assembly of the International Maritime Organization, which called for development of measures to prevent unlawful acts which threaten the safety of ships and the security of their passengers and crews,

VEITA ÞVÍ ATHYGLI að aðgerðir áhafnar, sem venjulegar agareglur um borð í skipi gilda um, eru utan gildissviðs samnings þessa,

NOTING that acts of the crew which are subject to normal shipboard discipline are outside the purview of this Convention,

STAÐFESTA að æskilegt er að gaumgæfa reglur og staðla, sem tengjast því að koma í veg fyrir og hafa hemil á ólögmætum aðgerðum sem er beint gegn skipum og mönnum um borð í skipum, með það í huga að uppfæra þau eftir þörfum og, hvað þetta

AFFIRMING the desirability of monitoring rules and standards relating to the prevention and control of unlawful acts against ships and persons on board ships, with a view to updating them as necessary, and, to this effect, taking note with satisfaction of

varðar, veita með velþóknun athygli ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir, sem er beint gegn farþegum og áhöfnum um borð í skipum, sem siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hefur gert tillögu um,

STAÐFESTA ENN FREMUR að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar munu áfram gilda um málefni sem samningur þessi setur ekki reglur um,

VIÐURKENNA nauðsyn þess að öll ríki fari í einu og öllu eftir reglum og meginreglum almenns þjóðaréttar í baráttu sinni gegn ólögmætum aðgerðum gegn öryggi í siglingum á sjó,

OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir „skip“ skip af hvaða gerð sem er sem ekki er fest við hafsbotn að staðaldri, meðal annars hreyfiborið far, köfunartæki eða hvaða annað fljótandi far sem er.

2. gr.

1. Samningur þessi gildir ekki um:

a) herskip;
b) skip í ríkiseigu eða ríkisrekstri sem er notað sem hjálparskip flotans eða toll- eða löggæsluskip; eða
c) skip sem er ekki lengur siglt eða hefur verið lagt upp.

2. Samningur þessi hefur engin áhrif á friðhelgi herskipa og annarra ríkisskipa sem eru ekki gerð út í viðskiptaskyni.

3. gr.

1. Maður telst hafa framið afbrot ef hann með ólöglegum hætti og af ásetningi:

a) tekur skip eða yfirtekur stjórn skips með valdi eða hótun um að beita valdi eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum;
b) beitir mann ofbeldi um borð í skipi og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skipsins í hættu;
c) eyðileggur skip eða veldur tjóni á skipi eða farmi þess sem líklegt má telja að stofni öruggri siglingu skipsins í hættu;
d) kemur fyrir, eða er valdur að því að komið sé fyrir, um borð í skipi, með hvaða hætti sem er, búnaði eða efni sem líklegt er að eyðileggi skipið eða valdi tjóni á skipinu eða farmi þess sem stofnar, eða líklegt má telja að stofni, öruggri siglingu skipsins í hættu;

the Measures to Prevent Unlawful Acts against Passengers and Crews on Board Ships, recommended by the Maritime Safety Committee of the International Maritime Organization,

AFFIRMING FURTHER that matters not regulated by this Convention continue to be governed by the rules and principles of general international law,

RECOGNIZING the need for all States, in combating unlawful acts against the safety of maritime navigation, strictly to comply with rules and principles of general international law,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

For the purposes of this Convention, "ship" means a vessel of any type whatsoever not permanently attached to the sea-bed, including dynamically supported craft, submersibles, or any other floating craft.

ARTICLE 2

1. This Convention does not apply to:

(a) a warship; or
(b) a ship owned or operated by a State when being used as a naval auxiliary or for customs or police purposes; or
(c) a ship which has been withdrawn from navigation or laid up.

2. Nothing in this Convention affects the immunities of warships and other government ships operated for non-commercial purposes.

ARTICLE 3

1. Any person commits an offence if that person unlawfully and intentionally:

(a) seizes or exercises control over a ship by force or threat thereof or any other form of intimidation; or
(b) performs an act of violence against a person on board a ship if that act is likely to endanger the safe navigation of that ship; or
(c) destroys a ship or causes damage to a ship or to its cargo which is likely to endanger the safe navigation of that ship; or
(d) places or causes to be placed on a ship, by any means whatsoever, a device or substance which is likely to destroy that ship, or cause damage to that ship or its cargo which endangers or is likely to endanger the safe navigation of that ship; or

e) eyðileggur eða veldur alvarlegu tjóni á siglingatækjum eða truflar starfrækslu þeirra á alvarlegan hátt og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skips í hættu;
f) kemur upplýsingum á framfæri sem hann veit að eru rangar og stofnar með því öruggri siglingu skips í hættu; eða
g) meiðir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í a- til f-lið.

2. Maður telst einnig hafa framið afbrot ef hann:

a) gerir tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 1. mgr.;
b) hvetur til þess að eitthvert þeirra afbrota, sem fjallað er um í 1. mgr. og einhver maður gerir sig sekan um, sé framið eða er með öðrum hætti vitorðsmaður þess sem fremur slíkt afbrot; eða
c) hótar, með eða án skilyrðis, eins og kveðið er á um í landslögum, í því skyni að neyða einstakling eða lögaðila til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í b-, c- og e-liðum 1. mgr., séu líkur á að hótunin stofni öruggri siglingu viðkomandi skips í hættu.

4. gr.

1. Samningur þessi gildir ef skipi er siglt, eða áætlað er að sigla því, inn í, gegnum eða út af hafsvæði sem er utan ytri marka landhelgi einstaks ríkis eða hliðlægra marka milli landhelgi þess og landhelgi aðliggjandi ríkja.

2. Í þeim tilvikum sem samningur þessi gildir ekki skv. 1. mgr. skal hann engu að síður gilda þegar viðkomandi brotamaður eða meintur brotamaður er á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess ríkis sem um getur í 1. mgr.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum, sem fjallað er um í 3. gr., þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 3. gr., þegar afbrotið:

a) beinist gegn eða er framið um borð í skipi sem siglir undir fána þess á þeim tíma þegar afbrotið er framið;

(e) destroys or seriously damages maritime navigational facilities or seriously interferes with their operation, if any such act is likely to endanger the safe navigation of a ship; or
(f) communicates information which he knows to be false, thereby endangering the safe navigation of a ship; or
(g) injures or kills any person, in connection with the commission or the attempted commission of any of the offences set forth in subparagraphs (a) to (f).

2. Any person also commits an offence if that person:
(a) attempts to commit any of the offences set forth in paragraph 1; or
(b) abets the commission of any of the offences set forth in paragraph 1 perpetrated by any person or is otherwise an accomplice of a person who commits such an offence; or
(c) threatens, with or without a condition, as is provided for under national law, aimed at compelling a physical or juridical person to do or refrain from doing any act, to commit any of the of fences set forth in paragraph 1, subparagraphs (b), (c) and (e), if that threat is likely to endanger the safe navigation of the ship in question.

ARTICLE 4

1. This Convention applies if the ship is navigating or is scheduled to navigate into, through or from waters beyond the outer limit of the territorial sea of a single State, or the lateral limits of its territorial sea with adjacent States.

2. In cases where the Convention does not apply pursuant to paragraph 1, it nevertheless applies when the offender or the alleged offender is found in the territory of a State Party other than the State referred to in paragraph 1.

ARTICLE 5

Each State Party shall make the offences set forth in article 3 punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of those offences.

ARTICLE 6

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 3 when the offence is committed:
(a) against or on board a ship flying the flag of the State at the time the offence is committed; or

b) er framið á yfirráðasvæði fyrrnefnds ríkis, þar með talið innan landhelgi þess; eða
c) er framið af ríkisborgara fyrrnefnds ríkis.

2. Aðildarríki getur og aflað sér lögsögu vegna hvers slíks afbrots þegar:
a) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu í því ríki;
b) ríkisborgari þess ríkis er tekinn með valdi meðan afbrotið er framið, honum ógnað, hann meiddur eða honum banað; eða
c) afbrotið er framið í tilraun til þess að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

3. Hvert það aðildarríki, sem hefur aflað sér lögsögu sem um getur í 2. mgr., skal tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn"). Ógildi slíkt aðildarríki seinna fyrrnefnda lögsögu skal það tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 3. gr., þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem hefur aflað sér lögsögu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

7. gr.

1. Ef brotamaður eða meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það, er það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, hneppa hann í varðhald eða gera aðrar ráðstafanir, samkvæmt landslögum sínum, til að tryggja nærveru hans eins lengi og nauðsyn krefur til þess að unnt sé að höfða sakamál eða hefja málsmeðferð vegna framsals.

2. Sama aðildarríki skal án tafar láta fara fram undirbúningsrannsókn á málsatvikum í samræmi við eigin löggjöf.

3. Hver sá, sem ráðstöfununum, sem um getur í 1. mgr., er beint gegn, á rétt á:

a) að hafa tafarlaust samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisborgararétt eða þess ríkis sem á annan hátt er bært til að koma á slíku sambandi eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis sem yfirráðasvæði hefur þar sem hann hefur fasta búsetu;
b) að fulltrúi þess ríkis vitji hans.

4. Með réttindi þau, sem um getur í 3. mgr., skal farið í samræmi við lög og reglur í því ríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, þó með þeim fyrirvara að þau

(b) in the territory of that State, including its territorial sea; or
(c) by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
(a) it is committed by a stateless person whose habitual residence is in that State; or
(b) during its commission a national of that State is seized, threatened, injured or killed; or
(c) it is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act.

3. Any State Party which has established jurisdiction mentioned in paragraph 2 shall notify the Secretary-General of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Secretary-General"). If such State Party subsequently rescinds that jurisdiction, it shall notify the Secretary-General.

4. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 3 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 and 2 of this article.

5. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

ARTICLE 7

1. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, any State Party in the territory of which the offender or the alleged offender is present shall, in accordance with its law, take him into custody or take other measures to ensure his presence for such time as is necessary to enable any criminal or extradition proceedings to be instituted.

2. Such State shall immediately make a preliminary inquiry into the facts, in accordance with its own legislation.

3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 1 are being taken shall be entitled to:
(a) communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national or which is otherwise entitled to establish such communication or, if he is a stateless person, the State in the territory of which he has his habitual residence;
(b) be visited by a representative of that State.

4. The rights referred to in paragraph 3 shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the offender or the alleged offender is present, subject to the

lög og reglur nái að fullu þeim tilgangi sem réttindum þeim, sem kveðið er á um í 3. mgr., er ætlað að ná.

5. Þegar aðildarríki hefur hneppt mann í varðhald samkvæmt þessari grein skal það þegar tilkynna þeim ríkjum, sem hafa aflað sér lögsögu í samræmi við 1. mgr. 6. gr., og, ef það telur rétt að gera svo, öðrum ríkjum, sem láta sig það varða, um að maðurinn sé í varðhaldi og um þau atvik sem réttlæta varðhald hans. Ríkið sem annast undirbúningsrannsóknina, sem er ráðgerð skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal þegar skýra fyrrnefndum ríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

8. gr.

1. Skipstjóra skips aðildarríkis („fánaríkisins") er heimilt að afhenda yfirvöldum í öðru aðildarríki („móttökuríkinu") hvern þann mann sem hann hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hafi framið eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr.

2. Fánaríkið skal tryggja að skipstjóra skips þess sé skylt, þegar því verður komið við og ef unnt er áður en komið er inn í landhelgi móttökuríkisins, og þegar um borð er maður sem skipstjórinn hyggst afhenda í samræmi við 1. mgr., að tilkynna yfirvöldum í móttökuríkinu um þá fyrirætlun sína að afhenda manninn og ástæður þess.

3. Móttökuríkið skal samþykkja að viðkomandi sé afhentur, nema það hafi ástæðu til að ætla að samningurinn gildi ekki um þær aðgerðir sem eru tilefni afhendingar, og haga gerðum sínum í samræmi við ákvæði 7. gr. Móttökuríki, sem neitar að samþykkja afhendingu, skal jafnframt greina frá ástæðum neitunar.

4. Fánaríkið skal tryggja að skipstjóra skips þess sé skylt að láta yfirvöldum í móttökuríkinu í té þau sönnunargögn sem hann hefur undir höndum og varða meint afbrot.

5. Móttökuríki, sem hefur samþykkt afhendingu manns í samræmi við 3. mgr., er aftur á móti heimilt að fara þess á leit við fánaríkið að það samþykki afhendingu mannsins. Fánaríkið skal fjalla um hverja slíka beiðni og fallist það á hana skal það haga gerðum sínum í samræmi við ákvæði 7. gr. Hafni fánaríkið beiðni skal það afhenda móttökuríkinu yfirlýsingu um ástæður þess.

9. gr.

Samningur þessi skal engin áhrif hafa á reglur þjóðaréttar sem varða hæfni ríkja til þess að beita lögsögu á sviði rannsóknar eða fullnustu um borð í skipum sem sigla ekki undir fána þeirra.

proviso that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 are intended.

5. When a State Party, pursuant to this article, has taken a person into custody, it shall immediately notify the States which have established jurisdiction in accordance with article 6, paragraph 1 and, if it considers it advisable, any other interested States, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant his detention. The State which makes the preliminary inquiry contemplated in paragraph 2 of this article shall promptly report its findings to the said States and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

ARTICLE 8

1. The master of a ship of a State Party (the "flag State") may deliver to the authorities of any other State Party (the "receiving State") any person who he has reasonable grounds to believe has committed one of the offences set forth in article 3.

2. The flag State shall ensure that the master of its ship is obliged, whenever practicable, and if possible before entering the territorial sea of the receiving State carrying on board any person whom the master intends to deliver in accordance with paragraph 1, to give notification to the authorities of the receiving State of his intention to deliver such person and the reasons therefor.

3. The receiving State shall accept the delivery, except where it has grounds to consider that the Convention is not applicable to the acts giving rise to the delivery, and shall proceed in accordance with the provisions of article 1. Any refusal to accept a delivery shall be accompanied by a statement of the reasons for refusal.

4. The flag State shall ensure that the master of its ship is obliged to furnish the authorities of the receiving State with the evidence in the master's possession which pertains to the alleged offence.

5. A receiving State which has accepted the delivery of a person in accordance with paragraph 3 may, in turn, request the flag State to accept delivery of that person. The flag State shall consider any such request, and if it accedes to the request it shall proceed in accordance with article 7. If the flag State declines a request, it shall furnish the receiving State with a statement of the reasons therefor.

ARTICLE 9

Nothing in this Convention shall affect in any way the rules of international law pertaining to the competence of States to exercise investigative or enforcement jurisdiction on board ships not flying their flag.

10. gr.

1. Því aðildarríki, sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, er undantekningarlaust skylt, í málum sem 6. gr. gildir um og framselji það hann ekki og hvort sem afbrotið var framið á yfirráðasvæði þess eða ekki, að senda málið án tafar viðeigandi yfirvöldum sínum til saksóknar með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess. Fyrrnefnd yfirvöld skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og í öðrum alvarlegum brotamálum samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Hverjum þeim, sem málsmeðferð beinist að í tengslum við eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr., skal tryggð réttlát meðferð á öllum málsmeðferðarstigum, þar með talið að njóta allra þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um vegna slíkrar málsmeðferðar í landslögum þess ríkis sem hefur yfirráðasvæði þar sem viðkomandi er staddur.

11. gr.

1. Litið skal svo á að afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., séu meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem eru í gildi milli aðildarríkja. Aðildarríki skuldbinda sig til að telja slík afbrot meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem síðar kunna að verða gerðir milli þeirra.

2. Þegar aðildarríki, sem gerir framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, tekur við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur það aðildarríki, sem tekur við beiðninni, að eigin ákvörðun, litið svo á að samningur þessi sé lagalegur grunnur framsals með tilliti til þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr. Framsal skal háð þeim skilyrðum öðrum sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis sem tekur við framsalsbeiðninni.

3. Aðildarríki, sem gera ekki framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, skulu viðurkenna með gagnkvæmum hætti að þau afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., séu framsalsbrot, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem tekur við framsalsbeiðninni.

4. Ef nauðsynlegt er skal, að því er varðar framsal milli aðildarríkja, fara með þau afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., eins og þau hefðu ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað, heldur einnig á stað innan lögsögu þess aðildarríkis sem leggur fram framsalsbeiðni.

5. Aðildarríki, sem tekur við fleiri en einni framsalsbeiðni frá ríkjum, sem hafa aflað sér lögsögu í samræmi við 6. gr., og ákveður að ákæra ekki, skal, þegar velja á það ríki sem framselja á brotamanninn eða meintan brotamann til, taka eðlilegt tillit til

ARTICLE 10

1. The State Party in the territory of which the offender or the alleged offender is found shall, in cases to which article 6 applies, if it does not extradite him, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case without delay to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the law of that State.

2. Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences set forth in article 3 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings, including enjoyment of all the rights and guarantees provided for such proceedings by the law of the State in the territory of which he is present.

ARTICLE 11

1. The offences set forth in article 3 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between any of the States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, the requested State Party may, at its option, consider this Convention as a legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 3. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State Party.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 3 as extraditable offences between themselves, subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. If necessary, the offences set forth in article 3 shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in a place within the jurisdiction of the State Party requesting extradition.

5. A State Party which receives more than one request for extradition from States which have established jurisdiction in accordance with article 6 and which decides not to prosecute shall, in selecting the State to which the offender or alleged offender is to

hagsmuna og ábyrgðar þess aðildarríkis sem var fánaríki skips þegar afbrotið var framið.

6. Ríki, sem tekur við framsalsbeiðni, skal, þegar það fjallar um beiðni um framsal meints brotamanns samkvæmt samningi þessum, taka eðlilegt tillit til þess hvort unnt sé að framfylgja réttindum hans, eins og þau eru sett fram í 3. mgr. 7. gr., í aðildarríkinu sem leggur framsalsbeiðnina fram.

7. Að því er varðar afbrot, eins og þau eru skilgreind í samningi þessum, er ákvæðum allra framsalssamninga og tilhögunarreglna um framsal, sem eru í gildi milli aðildarríkja, breytt þeirra á milli að því marki sem þau eru í ósamræmi við samning þennan.

12. gr.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru sem mesta aðstoð í tengslum við saksókn vegna þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr., meðal annars aðstoð við að afla sönnunargagna í vörslu þeirra sem eru nauðsynleg vegna saksóknarinnar.

2. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. í samræmi við samninga um gagnkvæma aðstoð sem kunna að vera í gildi milli þeirra. Sé slíkum samningum ekki fyrir að fara skulu aðildarríki veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög sín.

13. gr.

1. Aðildarríki skulu hafa með sér samvinnu um að koma í veg fyrir þau afbrot sem fjallað er um í 3. gr., einkum:

a) með því að gera allar raunhæfar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að undirbúningur fari fram á yfirráðasvæði þeirra til að fremja slík afbrot innan þess eða utan;
b) með því að skiptast á upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og á öðrum sviðum, eftir því sem við á, til að koma í veg fyrir að framin séu afbrot sem fjallað er um í 3. gr.

2. Hafi siglingu skips verið frestað eða hún trufluð vegna afbrots, sem fjallað er um í 3. gr., er hverju því aðildarríki, sem yfirráðasvæði hefur þar sem skipið eða farþegar eða áhöfn þess er, skylt að gera allt sem í þess valdi stendur til að koma í veg fyrir að lagt sé hald á skip, farþega þess, áhöfn eða farm, eða að þau verði fyrir töfum, með óréttmætum hætti.

14. gr.

Hvert það aðildarríki, sem hefur ástæðu til að ætla að afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., verði frambe extradited, pay due regard to the interests and responsibilities of the State Party whose flag the ship was flying at the time of the commission of the offence.

6. In considering a request for the extradition of an alleged offender pursuant to this Convention, the requested State shall pay due regard to whether his rights as set forth in article 7, paragraph 3, can be effected in the requesting State.

7. With respect to the offences as defined in this Convention, the provisions of all extradition treaties and arrangements applicable between States Parties are modified as between States Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

ARTICLE 12

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the offences set forth in article 3, including assistance in obtaining evidence at their disposal necessary for the proceedings.

2. States Parties shall carry out their obligations under paragraph 1 in conformity with any treaties on mutual assistance that may exist between them. In the absence of such treaties, States Parties shall afford each other assistance in accordance with their national law.

ARTICLE 13

1. States Parties shall co-operate in the prevention of the offences set forth in article 3, particularly by:

(a) taking all practicable measures to prevent preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories;
(b) exchanging information in accordance with their national law, and co-ordinating administrative and other measures taken as appropriate to prevent the commission of offences set forth in article 3.

2. When, due to the commission of an offence set forth in article 3, the passage of a ship has been delayed or interrupted, any State Party in whose territory the ship or passengers or crew are present shall be bound to exercise all possible efforts to avoid a ship, its passengers, crew or cargo being unduly detained or delayed .

ARTICLE 14

Any State Party having reason to believe that an offence set forth in article 3 will be committed shall,

ið, skal, í samræmi við landslög sín, láta þeim ríkjum, sem það álítur þau ríki sem hafi aflað sér lögsögu í samræmi við 6. gr., í té allar upplýsingar sem skipta máli og þau ráða yfir, eins fljótt og við verður komið.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við landslög sín, láta aðalframkvæmdastjóranum í té, eins fljótt og við verður komið, allar upplýsingar sem máli skipta og það ræður yfir:

a) um aðstæður sem tengjast afbrotinu;
b) um þá aðgerð sem gripið er til skv. 2. mgr. 13. gr.;
c) um þær ráðstafanir, sem eru gerðar varðandi brotamanninn eða meintan brotamann, og einkum um niðurstöður framsalsmála eða annars málareksturs.

2. Aðildarríkið, þar sem meintur brotamaður er saksóttur, skal, í samræmi við landslög sín, skýra aðalframkvæmdastjóranum frá endanlegri niðurstöðu málsins.

3. Aðalframkvæmdastjórinn skal framsenda öllum aðildarríkjum, aðilum að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (hér á eftir nefnd „stofnunin"), öðrum ríkjum sem málið varðar og viðeigandi alþjóðlegum milliríkjastofnunum upplýsingarnar sem eru sendar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

16. gr.

1. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk eins þeirra. Geti aðilar ekki, innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað, komið sér saman um hvernig henni skuli hagað getur hver þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af einhverju eða öllum ákvæðum 1. mgr. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af þeim ákvæðum gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

3. Ríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 2. mgr., getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

in accordance with its national law, furnish as promptly as possible any relevant information in its possession to those States which it believes would be the States having established jurisdiction in accordance with article 6.

ARTICLE 15

1. Each State Party shall, in accordance with its national law, provide to the Secretary-General, as promptly as possible, any relevant information in its possession concerning:

(a) the circumstances of the offence;
(b) the action taken pursuant to article 13, paragraph 2;
(c) the measures taken in relation to the offender or the alleged offender and, in particular, the results of any extradition proceedings or other legal proceedings.

2. The State Party where the alleged offender is prosecuted shall, in accordance with its national law, communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General.

3. The information transmitted in accordance with paragraphs 1 and 2 shall be communicated by the Secretary-General to all States Parties, to Members of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Organization"), to the other States concerned, and to the appropriate international intergovernmental organizations.

ARTICLE 16

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If, within six months from the date of the request for arbitration, the parties are unable to agree on the organization of the arbitration any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Each State may at the time of signature or ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto, declare that it does not consider itself bound by any or all of the provisions of paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by those provisions with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Any State which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may, at any time, withdraw that reservation by notification to the Secretary-General.

17. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Róm 10. mars 1988 af hálfu ríkja, sem taka þátt í alþjóðaráðstefnunni um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó, og í höfuðstöðvum stofnunarinnar af hálfu allra ríkja frá 14. mars 1988 til 9. mars 1989. Hann skal eftir það áfram opinn til aðildar.

2. Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af samningi þessum með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
c) aðild.

3. Ganga skal frá fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar að lútandi til vörslu.

18. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir að fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans eða aðild að honum til vörslu.

2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samningsins eða aðild að honum til vörslu eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hans hefur verið fullnægt, skal fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi níutíu dögum eftir að slík afhending fer fram.

19. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp samningi þessum hvenær sem er eftir að eitt ár er liðið frá þeim degi þegar samningur þessi öðlast gildi að því er varðar viðkomandi ríki.

2. Uppsögn skal framkvæmd með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum uppsagnarskjal til vörslu.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsagnarskjalinu viðtöku, eða síðar eins og kann að vera tilgreint í uppsagnarskjalinu.

20. gr.

1. Stofnunin getur kallað saman þing í því skyni að endurskoða samning þennan eða breyta honum.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman þing aðildarríkja að samningi þessum í því skyni að endurskoða samninginn eða breyta honum ef þriðj-

ARTICLE 17

1. This Convention shall be open for signature at Rome on 10 March 1988 by States participating in the International Conference on the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation and at the Headquarters of the Organization by all States from 14 March 1988 to 9 March 1989. It shall thereafter remain open for accession.

2. States may express their consent to be bound by this Convention by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
(c) accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

ARTICLE 18

1. This Convention shall enter into force ninety days following the date on which fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval, or have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect thereof.

2. For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Convention after the conditions for entry into force thereof have been met, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect ninety days after the date of such deposit.

ARTICLE 19

1. This Convention may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Convention enters into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

ARTICLE 20

1. A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.

2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Convention for revising or amending the Convention, at the request of

ungur aðildarríkja fer þess á leit, eða tíu aðildarríki, eftir því hvor talan er hærri.

3. Líta ber svo á að skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu eftir að breyting á samningi þessum öðlast gildi, gildi um samninginn með áorðnum breytingum.

21. gr.

1. Samningur þessi skal vera í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal:

a) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað samning þennan eða gerst aðilar að honum, og öllum aðilum að stofnuninni um:
   i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu ásamt viðeigandi dagsetningu;
   ii) gildistökudag samnings þessa;
   iii) afhendingu allra skjala um uppsögn samnings þessa til vörslu og hvenær slík skjöl eru móttekin og hvenær uppsögnin tekur gildi;
   iv) móttöku allra yfirlýsinga og tilkynninga samkvæmt samningi þessum;
b) senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað samning þennan eða gerst aðilar að honum, staðfest rétt afrit af samningi þessum.

3. Jafnskjótt og samningur þessi öðlast gildi skal vörsluaðilinn senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af honum til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

22. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT Í RÓM hinn 10. mars 1988.

one third of the States Parties, or ten States Parties, whichever is the higher figure.

3. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the date of entry into force of an amendment to this Convention shall be deemed to apply to the Convention as amended.

ARTICLE 21

1. This Convention shall be deposited with the Secretary-General.

2. The Secretary-General shall:

(a) inform all States which have signed this Convention or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
   (i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession together with the date thereof;
   (ii) the date of the entry into force of this Convention;
   (iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
   (iv) the receipt of any declaration or notification made under this Convention;
(b) transmit certified true copies of this Convention to all States which have signed this Convention or acceded thereto.

3. As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 22

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WTNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Convention.

DONE AT ROME this tenth day of March one thousand nine hundred and eighty-eight.

Fylgiskjal II.

BÓKUN
um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Aðildarríki bókunar þessarar,

SEM ERU AÐILAR að samningnum um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó,

VIÐURKENNA að ástæður þess að samningurinn var gerður gilda einnig um botnföst mannvirki á landgrunninu,

TAKA MIÐ AF ákvæðum samningsins,

STAÐFESTA að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar munu áfram gilda um málefni sem bókun þessi setur ekki reglur um,

OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

1. Ákvæði 5. og 7. gr. og 10. til 16. gr. samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó (hér á eftir nefndur „samningurinn") skulu einnig gilda að breyttu breytanda um þau afbrot, sem fjallað er um í 2. gr. bókunar þessarar, þegar slík afbrot eru framin í eða gegn botnföstum mannvirkjum á landgrunninu.

2. Í þeim tilvikum sem bókun þessi gildir ekki skv. 1. mgr. skal hún engu að síður gilda þegar viðkomandi brotamaður eða meintur brotamaður er á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess ríkis þar sem viðkomandi botnfast mannvirki er staðsett á grunnsævi eða í landhelgi þess.

3. Í bókun þessari merkir „botnfast mannvirki" tilbúna eyju, útbúnað eða mannvirki sem er varanlega fest við hafsbotn í því skyni að rannsaka auðlindir eða nýta þær eða í öðrum efnahagslegum tilgangi.

2. gr.

1. Maður telst hafa framið afbrot ef hann með ólöglegum hætti og af ásetningi:

a) tekur botnfast mannvirki eða yfirtekur stjórn þess með valdi eða hótunum um að beita valdi eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum;

PROTOCOL
for the Supression of Unlawful Acts Against the Safety of Fixed Platforms Located on the Continental Shelf

The States Parties to this Convention,

BEING PARTIES to the Convention for the Suppression of Unlawful Acts Against the Safety of Maritime Navigation,

RECOGNIZING that the reasons for which the Convention was elaborated also apply to fixed platforms located on the continental shelf,

TAKING ACCOUNT of the provisions of that Convention,

AFFIRMING that matters not regulated by this Protocol continue to begoverned by the rules and principles of general International law,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

1. The provisions of articles 5 and 7 and of articles 10 to 16 of the Convention for the Suppression of unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation (hereafter referred to as "the Convention") shall also apply *mutatis mutandis* to the offences set forth in article 2 of this Protocol where such offences are committed on board or against fixed platforms located on the continental shelf.

2. In cases where this Protocol does not apply pursuant to paragraph 1, it nevertheless applies when the offender or the alleged offender is found in the territory of a State Party other than the State in whose international waters or territorial sea the fixed platform is located.

3. For the purposes of this Protocol, "fixed platform" means an artificial island, installation or structure permanently attached to the sea-bed for the purpose of exploration or exploitation of resources or for other economic purposes.

ARTICLE 2

1. Any person commits an offence if that person unlawfully and intentionally:

a. seizes or exercises control over a fixed platform by force or threat thereof or any other form of intimidation; or

b) beitir mann ofbeldi í botnföstu mannvirki og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öryggi þess í hættu;
c) eyðileggur botnfast mannvirki eða veldur tjóni á því sem líklegt má telja að stofni öryggi þess í hættu;
d) kemur fyrir, eða er valdur að því að komið sé fyrir, í botnföstu mannvirki, með hvaða hætti sem er, búnaði eða efni sem líklegt er að eyðileggi botnfasta mannvirkið eða líklegt má telja að stofni öryggi þess í hættu; eða
e) meiðir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í a- til d-lið.

2. Maður telst einnig hafa framið afbrot ef hann:

a) gerir tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 1. mgr.;
b) hvetur til þess að eitthvert slíkt afbrot sé framið, sem einhver maður gerir sig sekan um, eða er með öðrum hætti vitorðsmaður þess sem fremur slíkt afbrot; eða
c) hótar, með eða án skilyrðis, eins og kveðið er á um í landslögum, í því skyni að neyða einstakling eða lögaðila til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í b- og c-liðum 1. mgr., séu líkur á að hótunin stofni öryggi botnfasta mannvirkisins í hættu.

3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 2. gr., þegar afbrotið:
a) beinist gegn eða er framið í botnföstu mannvirki á þeim tíma þegar botnfasta mannvirkið er staðsett á landgrunni þess ríkis; eða
b) er framið af ríkisborgara fyrrnefnds ríkis.

2. Aðildarríki getur og aflað sér lögsögu vegna hvers slíks afbrots þegar:
a) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu í því ríki;
b) ríkisborgari þess ríkis er tekinn með valdi meðan afbrotið er framið, honum ógnað, hann meiddur eða honum banað; eða
c) afbrotið er framið í tilraun til þess að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

3. Hvert það aðildarríki, sem hefur aflað sér lögsögu sem um getur í 2. mgr., skal tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn"). Ógildi slíkt aðildarríki seinna fyrrnefnda lögsögu skal það tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það.

b. performs an act of violence against a person on board a fixed platform If that act is likely to endanger its safety; or
c. destroys a fixed platform or causes damage to it which is likely to endanger its safety; or
d. places or causes to be placed on a fixed platform, by any means whatsoever, a device or substance which is likely to destroy that fixed platform or likely to endanger its safety; or
e. injures or kills any person in connection with the commission or the attempted commission of any of the offences set forth In subparagraphs (a) to (d).

2. Any person also commits an offence if that person:
a. attempts to commit any of the offences set forth In paragraph 1; or
b. abets the commission of any such offences perpetrated by any person or is otherwise an accomplice of a person who commits such an offence; or
c. threatens, with or without a condition, as is provided for under national law, aimed at compelling a physical or juridical person to do or refrain from doing any act, to commit any of the offences set forth in paragraph 1, subparagraphs (b) and (c), If that threat is likely to endanger the safety of the fixed platform.

ARTICLE 3

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when the offence is committed:
a. against or on board a fixed platform while it is located on the continental shelf of that State; or
b. by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
a. it is committed by a stateless person whose habitual residence is in that State;
b. during its commission a national of that State is seized, threatened, injured or killed; or
c. it is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act.

3. Any State Party which has established jurisdiction mentioned in paragraph 2 shall notify the Secretary-General of the International Maritime Organisation (hereinafter referred to as "the Secretary-General"). If such State Party subsequently rescinds that Jurisdiction, it shall notify the Secretary-General.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 2. gr., þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem hefur aflað sér lögsögu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Bókun þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

4. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 and 2 of this article.

5. This Protocol does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

4. gr.

Bókun þessi skal engin áhrif hafa á reglur þjóðaréttar sem varða botnföst mannvirki á landgrunninu.

ARTICLE 4

Nothing In this Protocol shall affect in any way the rules of international law pertaining to fixed platforms located on the continental shelf.

5. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja, sem hafa undirritað samninginn, í Róm 10. mars 1988 og í höfuðstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefnd „stofnunin“) frá 14. mars 1988 til 9. mars 1989. Hún skal eftir það áfram opin til aðildar.

2. Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af bókun þessari með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
c) aðild.

3. Ganga skal frá fullgildingu staðfestingu, samþykki eða aðild með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar að lútandi til vörslu.

4. Einungis ríki, sem hefur undirritað samninginn án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hefur fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða gerst aðili að honum, er heimilt að gerast aðili að bókun þessari.

ARTICLE 5

1. This Protocol shall be open for signature at Rome on 10 March 1988 and at the Headquarters of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Organization") from 14 March 1988 to 9 March 1989 by any State which has signed the Convention. It shall thereafter remain open for accession.

2. States may express their consent to be bound by this Protocol by:

a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
c. accession.

3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

4. Only a State which has signed the Convention without reservation as to ratification, acceptance or approval, or has ratified, accepted, approved or acceded to the Convention may become a Party to this Protocol.

6. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir að þrjú ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar eða aðild að henni til vörslu. Bókun þessi skal þó ekki öðlast gildi áður en samninguri nn hefur öðlast gildi.

2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunarinnar eða aðild að henni til vörslu eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hennar hefur verið fullnægt, skal

ARTICLE 6

1. This Protocol shall enter into force ninety days following the date on which three States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval, or have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect thereof. However, this Protocol shall not enter into force before the Convention has entered into force.

2. For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol after the conditions for entry into force thereof have been met, the ratification, ac-

fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi níutíu dögum eftir að slík afhending fer fram.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er eftir að eitt ár er liðið frá þeim degi þegar bókun þessi öðlast gildi að því er varðar viðkomandi ríki.

2. Uppsögn skal framkvæmd með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum uppsagnarskjal til vörslu.

3. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsagnarskjalinu viðtöku, eða síðar eins og kann að vera tilgreint í uppsagnarskjalinu.

4. Líta ber á uppsögn samningsins af hálfu aðildarríkis sem uppsögn bókunar þessarar af hálfu þess aðila.

8. gr.

1. Stofnunin getur kallað saman þing í því skyni að endurskoða bókun þessa eða breyta henni.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman þing aðildarríkja að bókun þessari í því skyni að endurskoða bókunina eða breyta henni ef þriðjungur aðildarríkja fer þess á leit, eða fimm aðildarríki, eftir því hvor talan er hærri.

3. Líta ber svo á að skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu eftir að breyting á bókun þessari öðlast gildi, gildi um bókunina með áorðnum breytingum.

9. gr.

1. Bókun þessi skal vera í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal:

a) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, og öllum aðilum að stofnuninni um:
   i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu ásamt viðeigandi dagsetningu;
   ii) um gildistökudag bókunar þessarar;
   iii) afhendingu allra skjala um uppsögn bókunar þessarar til vörslu og hvenær slík skjöl eru móttekin og hvenær uppsögnin tekur gildi;
   iv) móttöku allra yfirlýsinga og tilkynninga samkvæmt bókun þessari eða samningnum sem varða bókun þessa;
b) senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, staðfest rétt afrit af bókun þessari.

3. Jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi skal

ceptance, approval or accession shall take effect ninety days after the date of such deposit.

ARTICLE 7

1. This Protocol may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Protocol enters into force for that State.

2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.

3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

4. A denunciation of the Convention by a State Party shall be deemed to be a denunciation of this Protocol by that Party.

ARTICLE 8

1. A conference for the purpose of revising or amending this Protocol may be convened by the Organization.

2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Protocol for revising or amending the Protocol, at the request of one third of the States Parties, or five States Parties, whichever is the higher figure.

3. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the date of entry into force of an amendment to this Protocol shall be deemed to apply to the Protocol as amended.

ARTICLE 9

1. This Protocol shall be deposited with the Secretary-General.

2. The Secretary-General shall:

a. inform all States which have signed this Protocol or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
   i. each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;
   ii. the date of entry into force of this Protocol;
   iii. the deposit of any instrument of denunciation of this Protocol together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
   iv. the receipt of any declaration or notification made under this Protocol or under the Convention, concerning this Protocol;
b. transmit certified true copies of this Protocol to all States which have signed this Protocol or acceded thereto.

3. As soon as this Protocol enters into force, a cer-

vörsluaðilinn senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af henni til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

GJÖRT Í RÓM hinn 10. mars 1988.

tified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 10

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised by their respective Governments for that purpose. have signed this Protocol.

DONE AT ROME this tenth day of March one thousand nine hundred and eighty-eight.

1100. Tillaga til þingsályktunar [684. mál]

um aðild að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerð var 10. desember 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerð var 10. desember 1997. Bókunin er prentuð sem fylgiskjal I með tillögu þessari.

Meðalhiti við yfirborð jarðar er nú um 15°C. Þetta er um 33 gráðum hærra en ef náttúrulegra gróðurhúsaáhrifa nyti ekki við. Án þeirra væri jörðin með öllu óbyggileg og meðalhiti -18°C. Gróðurhúsaáhrifin sjálf eru því ekki bölvaldur, heldur eru þau þvert á móti nauðsynleg til að skapa lífvænleg skilyrði á jörðinni. Styrkur þeirra lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum hefur hins vegar aukist verulega í andrúmsloftinu. Þessi aukning á að miklu leyti rætur að rekja til mannlegra athafna, einkum til bruna á jarðefnaeldsneyti og til skógareyðingar. Meðalhiti á jörðinni hefur hækkað um 0,6°C á síðustu hundrað árum og er hluti þeirrar hækkunar rekjanlegur til aukinna gróðurhúsaáhrifa af manna völdum.

Mest hefur aukningin orðið í útstreymi koltvíoxíðs, en einnig annarra lofttegunda svo sem metans, níturoxíðs, ósóns, vetnisflúorkolefna, flúorkolefna og brennisteinsflúors. Nokkur efni sem valda eyðingu ósonlagsins hafa einnig gróðurhúsaáhrif en dregið hefur verið úr útstreymi þessara lofttegunda, t.d. klórflúorkolefna og halóna. Styrkur koltvíoxíðs í andrúmsloftinu hefur aukist um tæpan þriðjung frá upphafi iðnbyltingarinnar.

Komið hefur verið á formlegum vettvangi fyrir vísindaráðgjöf og úttekt á þeim rannsóknum sem fram fara á veðurfarsbreytingum, orsökum þeirra, afleiðingum og leiðum til úrbóta. Þetta starf fer fram í milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC). Það

er alþjóðleg nefnd sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eiga aðild að og tengist Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO) og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP). IPCC stundar ekki rannsóknir en dregur saman það sem best er vitað hverju sinni á vísindasviðinu um loftslagsmálin. Skýrslur nefndarinnar eru sendar aðildarríkjum til umsagnar meðan þær eru í vinnslu og samantekt á niðurstöðum er samþykkt á fundum aðildarríkja.

IPCC hefur lagt mat á hugsanlega þróun í útstreymi gróðurhúsalofttegunda til næstu aldamóta og hefur í því sambandi skilgreint mismunandi sviðsmyndir sem eru byggðar á forsendum um fólksfjölgun, efnahagsþróun, tækniþróun og aðgerðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Hagstæðasta sviðsmyndin gerir ráð fyrir því að styrkur koltvíoxíðs verði 540 ppm um næstu aldamót en fari allt á versta veg getur þessi styrkur orðið 970 ppm. Til viðmiðunar var styrkurinn 280 ppm við upphaf iðnbyltingarinnar og 368 ppm árið 2000. Aukin gróðurhúsaáhrif leiða til röskunar veðurfars á jörðinni. Sterkar líkur eru á því að áfram muni hlýna á jörðinni. Hve mikil sú hlýnun verður ræðst af því hver þróunin verður í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og verður hún á bilinu 1,4 – 5,2°C næstu hundrað árin að mati IPCC. Slíkar breytingar hefðu í för með sér þurrka, hærra yfirborð sjávar og aðrar afleiðingar fyrir lífsskilyrði.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður í New York 9. maí 1992. Ísland gerðist aðili að samningnum 16. júní 1993 og öðlaðist hann gildi 21. mars 1994. Aðildarríki samningsins voru 186 talsins 12. mars 2002. Rammasamningurinn er stefnumarkandi alþjóðasamningur um viðbrögð við loftslagsbreytingum. Hann hefur ekki að geyma lagalega bindandi ákvæði um markmið eða einstakar aðgerðir. Með aðild að honum gengust aðildarríki, hvert um sig og sameiginlega, undir þá skuldbindingu að stemma stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og vega upp á móti útstreymi þessara lofttegunda með því að vernda og auka lífmassa, skóga og höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi, þannig að útstreymið yrði ekki meira um aldamótin en það var árið 1990.

Á fyrsta aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Berlín 1995 var samþykkt að skuldbindingar samningsins væru ekki fullnægjandi til að ná markmiðum hans og því væri nauðsynlegt að hrinda af stað nýju samningaferli til að auka skuldbindingar iðnríkja um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Afraksturinn af samningaferlinu, sem hófst í kjölfar aðildarríkjaþingsins í Berlín, var Kýótó-bókunin. Hún var samþykkt samhljóða á þriðja aðildarríkjaþingi rammasamningsins sem haldið var í Kýótó 1.–10. desember 1997.

Markmið Kýótó-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem hefur aukist undanfarin 150 ár, fyrst og fremst í iðnríkjunum. Bókunin kveður á um að aðildarríki skuli draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda, miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabil bókunarinnar er fimm ár, 2008–2012. Aðildarríki bókunarinnar skulu semja um ný skuldbindingartímabil í kjölfar þess fyrsta, sbr. 9. mgr. 3. gr. bókunarinnar. Eins og rammasamningurinn tekur bókunin ekki til gróðurhúsalofttegunda á skrá Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósónlagsins. Montreal-bókunin er bókun við Vínarsamninginn um vernd ósónlagsins.

Mikilvægasti þáttur Kýótó-bókunarinnar eru ákvæði um lagalega bindandi mörk fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar að því er varðar þau ríki sem getið er í I. viðauka við rammasamninginn. Þessi ríki eru aðildarríki Efnahagssamvinnu og þróunarstofnunarinnar (OECD), ríki Austur-Evrópu og nokkur ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum.

Meginákvæði bókunarinnar er að finna í 3. gr. hennar. Þar er framangreindum ríkjum gert að takmarka sameiginlega og hverju um sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem

skráðar eru í viðauka A við bókunina, þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu 2008–2012 verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990. Þessu markmiði skulu þau ná með því að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og með því að binda kolefni með ræktun. Hvert ríki skal sýna árið 2005 merkjanlegan árangur við að takmarka útstreymi.

Þær gróðurhúsalofttegundir sem um ræðir og taldar eru upp í viðauka A við bókunina eru: koltvíoxíð, metan, níturoxíð, vetnisflúorkolefni, flúorkolefni og brennisteinsflúor. Jafnframt því sameiginlega markmiði að minnka útstreymi þessara lofttegunda um 5,2% er hverju framangreindra ríkja, sem skráð eru í I. viðauka við rammasamninginn, veitt útstreymisheimild sem er hlutdeild í heildarmarkmiðinu. Þessar heimildir eru skráðar í viðauka B við bókunina. Ríki Evrópusambandsins, Mið- og Austur-Evrópu og Sviss skulu draga úr útstreymi um 8%, Bandaríkin um 7% og Kanada, Ungverjaland, Japan og Pólland um 6%. Rússlandi, Nýja-Sjálandi og Úkraínu ber að halda útstreymi innan við útstreymismagnið árið 1990 en Noregi er heimilt að auka útstreymi um allt að 1% og Ástralíu um allt að 8%. Útstreymisheimild Íslands er 10% aukning miðað við útstreymi árið 1990.

Jafnframt er þeim aðildarríkjum bókunarinnar sem skráð eru í I. viðauka við rammasamninginn gert að færa bókhald um útstreymi gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis, sbr. 5. gr., og greina frá aðgerðum til framkvæmdar bókunarinnar og útstreymisbókhaldi í árlegum skýrslum til skrifstofu samningsins, sbr. 7. gr. Þá eru í bókuninni ákvæði um samvinnu um stefnumörkun og þróun stjórntækja, sbr. 2. gr., samvinnu á sviði vísinda og miðlun tækni og upplýsinga, sbr. 10. gr., og um fjárhagsaðstoð til handa þróunarríkjunum, sbr. 11. gr.

Við samþykkt Kýótó-bókunarinnar var ljóst að samþykkja yrði ítarlegri ákvarðanir um framkvæmd einstakra atriða bókunarinnar áður en iðnríkin gætu fullgilt hana. Á fjórða aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Buenos Aires árið 1998 var samþykkt sérstök framkvæmdaáætlun um undirbúning þessara ákvarðana. Var hún upphafið að því samningaferli sem leitt var til lykta á sjöunda aðildarríkjaþingi rammasamningsins í Marakess í nóvember 2001.

Meginákvarðanir sjöunda aðildarríkjaþingsins varða hin svokölluðu sveigjanleikaákvæði, bindingu kolefnis, framfylgd bókunarinnar og aðstoð við þróunarríkin. Í stuttu máli fela ákvarðanirnar í sér eftirfarandi:

Sveigjanleikaákvæðin. Hér er um að ræða ferns konar markaðstæki sem ríkjum, sem hafa útstreymisheimild samkvæmt viðauka B við Kýótó-bókunina, er heimilt að beita til að fullnægja skuldbindingum sínum. Þau byggjast á 4., 6., 12. og 17. gr. bókunarinnar. Í fyrsta lagi er hér um að ræða viðskipti með útstreymisheimildir, sbr. 17. gr. Ríkjum er heimilað að kaupa slíkar heimildir frá öðrum ríkjum sem ekki nýta útstreymisheimildir sínar til fulls. Í öðru lagi er ríkjum í viðauka B heimilað að takast sameiginlega á hendur verkefni sem leiða til samdráttar í útstreymi gróðurhúsalofttegunda og skipta með sér þeim samdrætti sem um er að ræða, sbr. 6. gr. Í þriðja lagi er ríkjum í viðauka B heimilað að ráðast í verkefni í þróunarríkjunum sem leiða til samdráttar í útstreymi og telja sér til tekna þann samdrátt heima fyrir, sbr. 12. gr. Loks geta ríki í fjórða lagi bundist formlegu samkomulagi um sameiginlega útstreymisheimild og skiptingu hennar sín á milli, sbr. 4. gr. Evrópusambandið hefur ákveðið að nýta sér þennan kost. Gert er ráð fyrir að framangreindum sveigjanleikaákvæðum sé beitt til viðbótar við aðgerðir sem ríki grípa til heima fyrir til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða auka bindingu.Viðskipti með útstreymisheimildir geta hafist árið 2008, en sameiginlegar framkvæmdir á meðal ríkja í viðauka B geta hafist fyrr þó að samdráttur í útstreymi sem af því leiðir komi viðkomandi ríki ekki til góða fyrr en á fyrsta skuldbindingartímabilinu. Sameiginlegar framkvæmdir með þróunarríkjunum geta hafist nú þegar. Tvö

prósent eininga frá þessum verkefnum munu renna í sérstakan sjóð sem notaður verður til að aðstoða þróunarríki við aðlögun að loftslagsbreytingum. Sérstök framkvæmdastjórn mun hafa eftirlit með framkvæmd verkefna í þróunarríkjunum og mælingum á útstreymissamdrætti eða bindingu vegna þeirra.

Binding kolefnis með ræktun. Ákvæði bókunarinnar um bindingu kolefnis, sbr. 3. og 4. mgr. 3. gr., voru útfærð nánar í ákvörðunum sjöunda aðildarríkjaþingsins. Ríkjum í viðauka B verður heimilt að telja sér til tekna bindingu kolefnis eftir 1990 sem leiðir af beinum aðgerðum í landgræðslu og nýrækt skóga að frádreginni skógareyðingu. Einnig er ríkjum heimilt að taka inn í útstreymisbókhald sitt kolefnisbúskap allra skóglenda, akurlenda og beitilanda. Hvað kolefnisbúskap skóglenda varðar, þ.e. skóga sem voru til 1990, var sett hámark á það magn sem ríki mættu telja sér til tekna í þessu sambandi með ákvörðun aðildarríkjaþingsins í Marakess.

Framfylgd. Samkvæmt 18. gr. bókunarinnar ber aðildarríkjum að samþykkja reglur um framfylgd á fyrsta aðildarríkjafundi bókunarinnar. Hér er átt við hver viðurlög skuli vera við því ef ríki fara fram úr útstreymisheimildum eða standa ekki við aðrar skuldbindingar bókunarinnar. Samþykkt var að ríki sem fara fram úr útstreymisheimild á fyrsta skuldbindingartímabili (2008–2012) skuli bæta það upp á því næsta, sem væntanlega hefst árið 2013, með 30% álagi. Ríki sem sýna ekki fullnægjandi framfylgd skulu greina frá ástæðum þess og leggja fram tímasetta áætlun um úrbætur. Þau missa einnig heimild til þess að nýta sér sveigjanleikaákvæði bókunarinnar. Ekki var ákveðið hvort framangreind viðurlög yrðu lagalega bindandi og var ákvörðun þar að lútandi frestað fram á fyrsta aðildarríkjafund bókunarinnar. Ef niðurstaðan verður sú að viðurlögin verði lagalega bindandi verður gengið frá því með sérstökum samningi sem verður háður fullgildingu hvers aðildarríkis.

Aðstoð við þróunarríkin. Við útfærslu á ákvæðum Kýótó-bókunarinnar um tæknilega og fjárhagslega aðstoð við þróunarríkin til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga var byggt á yfirlýsingu aðildarríkja ESB, Íslands, Noregs, Nýja-Sjálands, Sviss og Kanada, sem gefin var í Bonn í júlí 2002, þess efnis að þau væru tilbúin að leggja fram sameiginlega 410 milljónir bandaríkjadala eigi síðar en árið 2005 til aðstoðar þróunarríkjunum. Þetta framlag kemur til viðbótar þeim fjármunum sem þróunarríkin hafa aðgang að í gegnum Alþjóðlega umhverfissjóðinn (GEF) og úr sérstökum sjóði sem fjármagnaður verður með 2% útstreymiseininga sem verða til vegna sameiginlegra framkvæmda með þróunarríkjunum.

Kýótó-bókunin lá frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 16. mars 1998 til 15. mars 1999. Bókunin var undirrituð af 84 ríkjum. Hinn 12. mars 2002 höfðu 49 ríki fullgilt bókunina, þar af aðeins tvö ríki, Rúmenía og Tékkland, af þeim sem skráð eru í I. viðauka og veitt hefur verið útstreymisheimild. Bókunin öðlast gildi á 90. degi eftir að minnst 55 aðildarríki að rammasamningnum, þar á meðal aðildarríki sem tilgreind eru í I. viðauka og voru ábyrg fyrir a.m.k. 55% af heildarútstreymi þeirra aðildarríkja sem tilgreind eru í I. viðauka á koltvíoxíði árið 1990, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sbr. 25. gr. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um þau aðildarríki sem tilgreind eru í I. viðauka stefna ríki Evrópusambandsins og Noregur að því að fullgilda bókunina fyrir leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem haldinn verður í Jóhannesarborg 26. ágúst til 4. september 2002.

Bókunin var ekki undirrituð fyrir hönd Íslands. Því var lýst yfir af hálfu ríkisstjórnar Íslands að ekki bæri að undirrita bókunina þar sem ekki væri sýnt að Ísland gæti fullnægt skuldbindingum hennar. Jafnframt var því lýst yfir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 28. maí 1999 að Ísland mundi gerast aðili að Kýótó-bókuninni þegar fyrir lægi ásættanleg niðurstaða í sérmálum þess.

Sérstaða Íslands.

Við samþykkt Kýótó-bókunarinnar var því lýst yfir af hálfu stjórnvalda að Ísland gæti ekki staðið við þau útstreymismörk sem tilgreind eru í viðauka B við bókunina, vegna smæðar efnahagskerfisins og sérstöðu hvað varðar samsetningu á útstreymi. Það sem veldur vanda í tilviki Íslands eru hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna á heildarútstreymi. Hér á landi vega einstök stóriðjuverkefni svo þungt hlutfallslega að áhrif stærstu verkefnanna hvers um sig eru meiri en þreföld samdráttarmarkmið Kýótó-bókunarinnar sem eru 5,2% eins og áður hefur komið fram. Ljóst var að ekki yrði mögulegt að meðhöndla slík verkefni með sama hætti og önnur smærri. Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því á aðildarríkjaþinginu í Kýótó 1997 að aðildarríkjaþing samningsins tæki þetta vandamál sérstaklega fyrir. Var það samþykkt og málsgrein sem vísar til þessa vanda var hluti af ákvörðun aðildarríkjaþingsins, þess efnis að leitað yrði lausnar á þessu máli. Var hún kölluð „íslenska ákvæðið". Umfjöllun um málið hófst á fundi undirnefndar samningsins um vísindalega og tæknilega ráðgjöf í júní 1998 og lauk á þinginu í Marakess með samþykkt ákvörðunar um útfærslu íslenska ákvæðisins.

Ákvörðunin er prentuð sem fylgiskjal II með þingsályktunartillögu þessari. Hún heimilar að koltvíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvers, sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar í útstreymi á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar (2008–2012), verði haldið utan við útstreymisheimild bókunarinnar eftir að útstreymisheimildir viðkomandi ríkis hafa verið fullnýttar. Ákvörðunin nær aðeins til þeirra ríkja þar sem útstreymi var minna en 0,05% af heildarkoltvíoxíðútstreymi iðnríkjanna árið 1990. Sett eru eftirtalin viðbótarskilyrði: Gerð er krafa um notkun endurnýjanlegrar orku, að notkun hennar leiði til samdráttar í útstreymi, að besta fáanlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisverndaraðgerða sé gætt við framleiðsluna. Ríkjum sem uppfylla þessi skilyrði og ætla sér að nýta sér þessa heimild ber að tilkynna um það fyrir 8. aðildarríkjaþing samningsins sem haldið verður í Nýju-Delí 23. október til 1. nóvember 2002.

Meiri kröfur eru gerðar til upplýsinga til skrifstofu rammasamningsins um útstreymi frá fyrirtækjum sem falla undir ákvörðunina en almennt gerist. Þannig er mælst til þess að aðildarríki með verkefni, sem uppfylla skilyrðin sem tilgreind voru hér að framan, veiti í árlegum skýrslum upplýsingar um útstreymi iðnaðarferla á hverja framleiðslueiningu, heildarútstreymi frá iðnaðarferlum þessara verkefna og mat á þeim samdrætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Einnig er mælst til þess að skrifstofa samningsins taki saman þessar upplýsingar og leggi fram samanburð við upplýsingar um útstreymi iðnaðarferla á hverja framleiðslueiningu frá öðrum aðildarríkjum og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðildarríkja eftir að Kýótó-bókunin hefur öðlast gildi.

Ákvörðunin nær einungis til koltvíoxíðsútstreymis að ákveðnu hámarki sem er 1,6 milljónir tonna. Ákvörðunin kemur í veg fyrir að Ísland geti selt útstreymisheimildir til annarra ríkja. Engar takmarkanir eru hins vegar á því að Ísland afli sér viðbótarútstreymisheimilda með viðskiptum eða sameiginlegri framkvæmd.

Með framangreindri ákvörðun er með fullnægjandi hætti tekið á sérstöðu Íslands og leystur sá vandi sem skilgreindur var á aðildarríkjaþinginu í Kýótó.

Stefnumörkun hér á landi.

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest að ákvæði Kýótó-bókunarinnar stangist ekki á við gildandi lög hér á landi og kallar aðild Íslands að bókuninni því ekki á breytingar á lögum.

Skuldbindingar samkvæmt bókuninni eru þess eðlis að þær kalla á víðtæka stefnumörkun og útfærslu. Ríkisstjórnin hefur samþykkt nýja stefnumörkun um ráðstafanir til að standa við

skuldbindingar loftslagssamningsins og Kýótó-bókunarinnar. Er hún prentuð sem fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari.

Stefnumörkunin felur í sér tillögur um eftirfarandi ráðstafanir á næstu árum sem leiða muni til lækkunar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eða aukinnar bindingar kolefnis:

- Dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með almennum aðgerðum og með breyttri skattlagningu á dísilbílum sem leiði til meiri innflutnings slíkra bíla til einkanota.
- Tryggt verði að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda útstreymi flúorkolefna frá framleiðslunni í lágmarki.
- Leitað verði leiða til að draga úr orkunotkun í fiskiskipaflotanum.
- Dregið verði úr urðun úrgangs og útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum.
- Aukin verði binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu.
- Áhersla verði lögð á rannsóknir á þeim þáttum sem áhrif hafa á útstreymi gróðurhúsalofttegunda og þróun lausna og úrræða til að mæta því.
- Efld verði fræðsla og upplýsingagjöf til almennings um leiðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Fylgiskjal I.

KÝÓTÓ-BÓKUN VIÐ RAMMASAMNING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM LOFTSLAGSBREYTINGAR

Aðilar að bókun þessari,

sem eiga aðild að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, í bókun þessari nefndur „samningurinn“,

stefna að lokamarkmiði samningsins eins og það er sett fram í 2. gr. hans,

minnast ákvæða samningsins,

hafa að leiðarljósi ákvæði 3. gr. samningsins,

í samræmi við Berlínarumboðið sem var samþykkt með ákvörðun nr. 1/CP.1 á fyrsta fundi þings aðila að samningnum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Í bókun þessari gilda skilgreiningar þær sem fram koma í 1. gr. samningsins. Enn fremur gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Þing aðila“ merkir þing aðila að samningi þessum.

KYOTO PROTOCOL TO THE UNITED NATIONS FRAMEWORK CONVENTION ON CLIMATE CHANGE

The Parties to this Protocol,

Being Parties to the United Nations Framework Convention on Climate Change, hereinafter referred to as "the Convention",

In pursuit of the ultimate objective of the Convention as stated in its Article 2,

Recalling the provisions of the Convention,

Being guided by Article 3 of the Convention,

Pursuant to the Berlin Mandate adopted by decision 1/CP.1 of the Conference of the Parties to the Convention at its first session,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Protocol, the definitions contained in Article 1 of the Convention shall apply. In addition:

1. "Conference of the Parties" means the Conference of the Parties to the Convention.

2. „Samningur“ merkir rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem var samþykktur í New York 9. maí 1992.
3. „Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar“ merkir milliríkjanefndina um loftslagsbreytingar sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna settu sameiginlega á stofn árið 1988.
4. „Montreal-bókunin“ merkir Montreal-bókunina um efni, sem valda rýrnun ósónlagsins, samþykkt í Montreal 16. september 1987, með síðari lagfæringum og breytingum.
5. „Aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ aðila sem viðstaddir eru og greiða með- eða mótatkvæði.
6. „Aðili“ merkir aðila að bókun þessari nema ráða megi annað af samhengi textans.
7. „Aðili sem getið er um í I. viðauka“ merkir aðila sem getið er um í I. viðauka við samninginn, eins og honum kann að verða breytt, eða aðila sem lagt hefur fram tilkynningu skv. g-lið 2. mgr. 4. gr. samningsins.

2. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal, þegar hann efnir skuldbindingar sínar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr., í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun:

a) hrinda í framkvæmd og/eða útfæra nánar stefnumið og aðgerðir í samræmi við aðstæður í sínu eigin landi, til dæmis:
   i) auka orkunýtingu í viðeigandi geirum þjóðarbúskapar,
   ii) vernda og auka viðtaka og forða gróðurhúsalofttegunda sem Montreal-bókunin gildir ekki um, að teknu tilliti til skuldbindinga hans samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum umhverfissamningum; stuðla að sjálfbærri skógvörslu, skógrækt og endurræktun skóga,
   iii) stuðla að sjálfbærum háttum í landbúnaði í ljósi atriða sem hafa ber í huga og lúta að loftslagsbreytingum,
   iv) rannsaka, stuðla að, þróa og auka notkun nýrrar og endurnýjanlegrar orku, tækni til að binda koltvíoxíð og þróaðrar, nýstárlegrar og umhverfisvænnar tækni,
   v) draga úr eða útiloka í áföngum markaðsgalla, efnahagshvata, skatta- og tollaundanþágur og niðurgreiðslur, sem eru andstæð markmiðum samningsins og torvelda að unnt sé að hafa not af markaðstækjum, inn-

2. "Convention" means the United Nations Framework Convention on Climate Change, adopted in New York on 9 May 1992.
3. "Intergovernmental Panel on Climate Change" means the Intergovernmental Panel on Climate Change established in 1988 jointly by the World Meteorological Organization and the United Nations Environment Programme.
4. "Montreal Protocol" means the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer, adopted in Montreal on 16 September 1987 and as subsequently adjusted and amended.
5. "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.
6. "Party" means, unless the context otherwise indicates, a Party to this Protocol.
7. "Party included in Annex I" means a Party included in Annex I to the Convention, as may be amended, or a Party which has made a notification under Article 4, paragraph 2(g), of the Convention.

Article 2

1. Each Party included in Annex I, in achieving its quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3, in order to promote sustainable development, shall:

(a) Implement and/or further elaborate policies and measures in accordance with its national circumstances, such as:
   (i) Enhancement of energy efficiency in relevant sectors of the national economy;
   (ii) Protection and enhancement of sinks and reservoirs of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, taking into account its commitments under relevant international environmental agreements; promotion of sustainable forest management practices, afforestation and reforestation;
   (iii) Promotion of sustainable forms of agriculture in light of climate change considerations;
   (iv) Research on, and promotion, development and increased use of, new and renewable forms of energy, of carbon dioxide sequestration technologies and of advanced and innovative environmentally sound technologies;
   (v) Progressive reduction or phasing out of market imperfections, fiscal incentives, tax and duty exemptions and subsidies in all greenhouse gas emitting sectors that run counter to the objective of the Convention

an þeirra geira þar sem útstreymi gróðurhúsalofttegunda á sér stað,

vi) hvetja til viðeigandi endurbóta innan viðkomandi geira í því skyni að vinna að framgangi stefnumiða og aðgerða sem lúta að því að takmarka eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem Montreal-bókunin gildir ekki um,

vii) vinna að því að takmarka og/eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, innan flutningageirans,

viii) takmarka og/eða minnka metanútstreymi með endurheimt og notkun samfara meðhöndlun úrgangs og við framleiðslu, flutning og dreifingu orku,

b) eiga samstarf við aðra slíka aðila í því skyni að auka skilvirkni stefnumiða og aðgerða, sem eru samþykkt samkvæmt þessari grein í samræmi við i-lið e-liðar 2. mgr. 4. gr. samningsins, hverra og einna og samofinna. Aðilar þessir skulu gera ráðstafanir í þessu skyni til þess að miðla hver öðrum af reynslu sinni og skiptast á upplýsingum um fyrrnefnd stefnumið og aðgerðir, meðal annars finna leiðir til þess að auka samanburðarhæfni þeirra, gagnsæi og skilvirkni. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal á fyrsta fundi sínum, eða eins fljótt og auðið er eftir það, kanna leiðir til að greiða fyrir slíku samstarfi, að teknu tilliti til allra upplýsinga sem máli skipta.

2. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja kapp á að takmarka eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem Montreal-bókunin gildir ekki um og kemur frá eldsneyti úr geymum loftfara og skipa, og vinna að því á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, eftir því sem við á.

3. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja áherslu á að hrinda í framkvæmd stefnumiðum og aðgerðum, sem um getur í þessari grein, á þann veg að draga úr skaðlegum áhrifum, meðal annars skaðlegum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga, áhrifum á alþjóðaviðskipti og félags-, umhverfis- og efnahagslegum áhrifum á aðra aðila, einkum þróunarlönd sem eru aðilar og sérstaklega þau sem um getur í 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins, að teknu tilliti til 3. gr. samningsins. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, getur gripið til frekari aðgerða, eftir því sem við á, til að stuðla að framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar.

4. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, ákveði það að til hagsbóta væri að samræma einhver þau stefnumið og aðgerðir

and application of market instruments;

(vi) Encouragement of appropriate reforms in relevant sectors aimed at promoting policies and measures which limit or reduce emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol;

(vii) Measures to limit and/or reduce emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol in the transport sector;

(viii) Limitation and/or reduction of methane emissions through recovery and use in waste management, as well as in the production, transport and distribution of energy;

(b) Cooperate with other such Parties to enhance the individual and combined effectiveness of their policies and measures adopted under this Article, pursuant to Article 4, paragraph 2(e)(i), of the Convention. To this end, these Parties shall take steps to share their experience and exchange information on such policies and measures, including developing ways of improving their comparability, transparency and effectiveness. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session or as soon as practicable thereafter, consider ways to facilitate such cooperation, taking into account all relevant information.

2. The Parties included in Annex I shall pursue limitation or reduction of emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol from aviation and marine bunker fuels, working through the International Civil Aviation Organization and the International Maritime Organization, respectively.

3. The Parties included in Annex I shall strive to implement policies and measures under this Article in such a way as to minimize adverse effects, including the adverse effects of climate change, effects on international trade, and social, environmental and economic impacts on other Parties, especially developing country Parties and in particular those identified in Article 4, paragraphs 8 and 9, of the Convention, taking into account Article 3 of the Convention. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol may take further action, as appropriate, to promote the implementation of the provisions of this paragraph.

4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, if it decides that it would be beneficial to coordinate any of the

sem um getur í a-lið 1. mgr. hér að framan, að teknu tilliti til ólíkra innlendra aðstæðna og hugsanlegra áhrifa, kanna leiðir og aðferðir til þess að útfæra samræmingu fyrrnefndra stefnumiða og aðgerða.

3. gr.

1. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu, hver um sig eða sameiginlega, tryggja að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá þeim af manna völdum, sem taldar eru upp í viðauka A, mælt í koltvíoxíðsígildum, fari ekki yfir úthlutað magn þeirra, sem er reiknað út á grundvelli skuldbindinga þeirra um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis sem eru settar fram í viðauka B og í samræmi við ákvæði þessarar greinar, með það fyrir augum að minnka heildarútstreymi slíkra lofttegunda frá sér um að minnsta kosti fimm af hundraði niður fyrir útstreymismagn ársins 1990 á skuldbindingartímabilinu 2008 til 2012.

2. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal, eigi síðar en 2005, hafa náð sýnilegum árangri í þeirri viðleitni að efna skuldbindingar sínar samkvæmt bókun þessari.

3. Hreinar breytingar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem eru afleiðing beinnar breytingar á landnotkun af manna völdum og starfsemi á sviði skógarnytja, sem takmarkast við skógrækt, endurræktun og skógeyðingu frá 1990, mældar sem sannanlegar breytingar á kolefnismagni á hverju skuldbindingartímabili, skal nota til þess að efna skuldbindingar hvers aðila, sem getið er um í I. viðauka, samkvæmt þessari grein. Gera skal grein fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem tengjast þessari starfsemi, á gagnsæjan og sannanlegan hátt og yfirfara í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr.

4. Áður en fyrsti fundur þings aðila er haldinn, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggja fram gögn, sem undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf tekur til umfjöllunar, er staðfesti kolefnismagn hans árið 1990 og geri kleift að meta breytingar á kolefnismagni viðkomandi aðila á eftirfarandi árum. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, á fyrsta fundi sínum eða eins fljótt og auðið er eftir það, ákveða aðferðir, reglur og viðmiðunarreglur um það hvernig og hvaða viðbótarstarfsemi manna, sem tengist breytingum á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum í flokkunum nytjajarðvegur og breytingar á landnotkun og skógarnytjar, skuli koma til viðbótar við eða til frádráttar frá úthlutuðu magni aðila, sem getið er um í I. viðauka, að teknu tilliti til óvissuþátta, gagnsæis skýrslugerðar, sannprófunar-

policies and measures in paragraph 1(a) above, taking into account different national circumstances and potential effects, shall consider ways and means to elaborate the coordination of such policies and measures.

Article 3

1. The Parties included in Annex I shall, individually or jointly, ensure that their aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A do not exceed their assigned amounts, calculated pursuant to their quantified emission limitation and reduction commitments inscribed in Annex B and in accordance with the provisions of this Article, with a view to reducing their overall emissions of such gases by at least 5 per cent below 1990 levels in the commitment period 2008 to 2012.

2. Each Party included in Annex I shall, by 2005, have made demonstrable progress in achieving its commitments under this Protocol.

3. The net changes in greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks resulting from direct human-induced land-use change and forestry activities, limited to afforestation, reforestation and deforestation since 1990, measured as verifiable changes in carbon stocks in each commitment period, shall be used to meet the commitments under this Article of each Party included in Annex I. The greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks associated with those activities shall be reported in a transparent and verifiable manner and reviewed in accordance with Articles 7 and 8.

4. Prior to the first session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, each Party included in Annex I shall provide, for consideration by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, data to establish its level of carbon stocks in 1990 and to enable an estimate to be made of its changes in carbon stocks in subsequent years. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session or as soon as practicable thereafter, decide upon modalities, rules and guidelines as to how, and which, additional human-induced activities related to changes in greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks in the agricultural soils and the land-use change and forestry categories shall be added to, or subtracted from, the assigned amounts for Parties included in Annex I, taking into account uncertainties, transpar-

hæfni, vinnu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar á sviði aðferðafræði, ráðgjafar sem undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf veitir í samræmi við 5. gr. og ákvarðana þings aðila. Slík ákvörðun skal gilda á öðru skuldbindingartímabili og þeim sem á eftir fara. Aðila er heimilt að beita slíkri ákvörðun á fyrsta skuldbindingartímabili sínu með tilliti til þessarar viðbótarstarfsemi manna, svo fremi umrædd starfsemi hafi átt sér stað eftir árið 1990.

5. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka og eru að skipta yfir í markaðsbúskap og sem viðmiðunarár eða -tímabil var ákveðið fyrir samkvæmt ákvörðun annars fundar þings aðila nr. 9/CP.2, skulu nota það viðmiðunarár eða -tímabil þegar þeir framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein. Hverjum öðrum aðila, sem getið er um í I. viðauka og er að skipta yfir í markaðsbúskap og sem hefur ekki enn lagt fram fyrstu landsskýrslu sína skv. 12. gr. samningsins, er einnig heimilt að tilkynna þingi aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, að hann hyggist nota liðið viðmiðunarár eða -tímabil, annað en 1990, þegar hann framkvæmir skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal ákveða hvort samþykkja skuli slíka tilkynningu.

6. Að teknu tilliti til 6. mgr. 4. gr. samningsins skal þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, heimila þeim aðilum, sem getið er um í I. viðauka og eru að skipta yfir í markaðsbúskap, vissan sveigjanleika við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt bókun þessari, annarra en þeirra sem falla undir þessa grein.

7. Á fyrsta skuldbindingartímabili fyrir magnbundnar takmarkanir og minnkun útstreymis, frá 2008 til 2012, skal úthlutað magn hvers aðila, sem getið er um í I. viðauka, jafngilda þeim hundraðshluta, sem er settur fram fyrir hann í viðauka B og sýnir heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda árið 1990 af manna völdum, mælt í koltvíoxíðsígildum, sem eru taldar upp í viðauka A, eða á viðmiðunarári eða viðmiðunartímabili, sem er ákveðið í samræmi við ákvæði 5. mgr. hér að framan, margfaldað með fimm. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, þar sem breyting á landnotkun og skógarnytjar voru hrein uppspretta útstreymis gróðurhúsalofttegunda árið 1990, skulu telja með, fyrir viðmiðunarárið eða -tímabilið 1990 fyrir útstreymi, heildarútstreymi af manna völdum, mælt í koltvíoxíðsígildum, frá uppsprettum, að frádreginni fjarlægingu með viðtökum árið 1990, sem má rekja til breytinga á landnotkun,

ency in reporting, verifiability, the methodological work of the Intergovernmental Panel on Climate Change, the advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice in accordance with Article 5 and the decisions of the Conference of the Parties. Such a decision shall apply in the second and subsequent commitment periods. A Party may choose to apply such a decision on these additional human-induced activities for its first commitment period, provided that these activities have taken place since 1990.

5. The Parties included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy whose base year or period was established pursuant to decision 9/CP.2 of the Conference of the Parties at its second session shall use that base year or period for the implementation of their commitments under this Article. Any other Party included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy which has not yet submitted its first national communication under Article 12 of the Convention may also notify the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol that it intends to use an historical base year or period other than 1990 for the implementation of its commitments under this Article. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall decide on the acceptance of such notification.

6. Taking into account Article 4, paragraph 6, of the Convention, in the implementation of their commitments under this Protocol other than those under this Article, a certain degree of flexibility shall be allowed by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol to the Parties included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy.

7. In the first quantified emission limitation and reduction commitment period, from 2008 to 2012, the assigned amount for each Party included in Annex I shall be equal to the percentage inscribed for it in Annex B of its aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A in 1990, or the base year or period determined in accordance with paragraph 5 above, multiplied by five. Those Parties included in Annex I for whom land-use change and forestry constituted a net source of greenhouse gas emissions in 1990 shall include in their 1990 emissions base year or period the aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions by sources minus removals by sinks in 1990 from land-use change for the purposes of calculating their assigned amount.

í því skyni að reikna út úthlutað magn þeirra.

8. Hverjum aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt að nota árið 1995 sem viðmiðunarár fyrir vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni og brennisteinshexaflúoríð í útreikningi þeim sem um getur í 7. mgr. hér að framan.

9. Skuldbindingar aðila, sem getið er um í I. viðauka, á eftirfarandi tímabilum skulu ákveðnar með breytingum á viðauka B við bókun þessa sem skal samþykkja í samræmi við ákvæði 7. mgr. 21. gr. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal eiga frumkvæði að því að fjalla um þessar skuldbindingar eigi síðar en sjö árum fyrir lok fyrsta skuldbindingartímabilsins sem um getur í 1. mgr. hér að framan.

10. Bæta skal öllum einingum fyrir minnkun útstreymis eða hlutum úthlutaðs magns, sem aðili útvegar sér frá öðrum aðila í samræmi við ákvæði 6. gr. eða 17. gr., við úthlutað magn þess aðila sem öðlast einingarnar eða hlutana.

11. Draga skal allar einingar fyrir minnkum útstreymis eða hluta úthlutaðs magns, sem aðili framselur öðrum aðila í samræmi við ákvæði 6. gr. eða 17. gr., frá úthlutuðu magni þess aðila sem framselur einingarnar eða hlutana.

12. Bæta skal staðfestri minnkun útstreymis, sem aðili útvegar sér frá öðrum aðila í samræmi við ákvæði 12. gr., við úthlutað magn þess aðila sem öðlast minnkun útstreymis.

13. Sé útstreymi aðila, sem getið er um í I. viðauka, minna á skuldbindingartímabili en úthlutað magn hans samkvæmt þessari grein skal bæta mismuninum, að hans eigin ósk, við úthlutað magn hans á þeim skuldbindingartímabilum sem eftir fara.

14. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal leggja kapp á að framkvæma þær skuldbindingar sem um getur í 1. mgr. á þann veg að dragi úr skaðlegum félags-, umhverfis- og efnahagslegum áhrifum á aðila sem eru þróunarlönd, einkum þá sem eru tilgreindir í 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal taka til umfjöllunar, í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila um framkvæmd þessara málsgreina, hvaða aðgerða er þörf til þess að draga úr skaðlegum áhrifum loftlagsbreytinga og/eða áhrifum viðbragðsaðgerða á þá aðila sem um getur í fyrrnefndum málsgreinum. Fjármögnun, tryggingar og miðlun tækni skulu vera meðal umfjöllunarefna.

4. gr.

1. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka og hafa gert samning um að efna skuldbindingar sínar skv. 3.

8. Any Party included in Annex I may use 1995 as its base year for hydrofluorocarbons, perfluorocarbons and sulphur hexafluoride, for the purposes of the calculation referred to in paragraph 7 above.

9. Commitments for subsequent periods for Parties included in Annex I shall be established in amendments to Annex B to this Protocol, which shall be adopted in accordance with the provisions of Article 21, paragraph 7. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall initiate the consideration of such commitments at least seven years before the end of the first commitment period referred to in paragraph 1 above.

10. Any emission reduction units, or any part of an assigned amount, which a Party acquires from another Party in accordance with the provisions of Article 6 or of Article 17 shall be added to the assigned amount for the acquiring Party.

11. Any emission reduction units, or any part of an assigned amount, which a Party transfers to another Party in accordance with the provisions of Article 6 or of Article 17 shall be subtracted from the assigned amount for the transferring Party.

12. Any certified emission reductions which a Party acquires from another Party in accordance with the provisions of Article 12 shall be added to the assigned amount for the acquiring Party.

13. If the emissions of a Party included in Annex I in a commitment period are less than its assigned amount under this Article, this difference shall, on request of that Party, be added to the assigned amount for that Party for subsequent commitment periods.

14. Each Party included in Annex I shall strive to implement the commitments mentioned in paragraph 1 above in such a way as to minimize adverse social, environmental and economic impacts on developing country Parties, particularly those identified in Article 4, paragraphs 8 and 9, of the Convention. In line with relevant decisions of the Conference of the Parties on the implementation of those paragraphs, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, consider what actions are necessary to minimize the adverse effects of climate change and/or the impacts of response measures on Parties referred to in those paragraphs. Among the issues to be considered shall be the establishment of funding, insurance and transfer of technology.

Article 4

1. Any Parties included in Annex I that have reached an agreement to fulfil their commitments

gr. í sameiningu, skulu teljast hafa staðið við fyrrnefndar skuldbindingar að því tilskildu að sameiginlegt heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem eru taldar upp í viðauka A, frá þeim, af manna völdum, mælt í koltvíoxíðsígildum, fari ekki upp fyrir úthlutað magn þeirra, reiknað út á grundvelli skuldbindinga þeirra um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis sem eru settar fram í viðauka B og í samræmi við ákvæði 3. gr. Í fyrrnefndum samningi skal tilgreina viðeigandi útstreymismagn sem er úthlutað hverjum samningsaðila.

2. Aðilar að öllum slíkum samningum skulu tilkynna skrifstofu samningsins um skilmála samningsins sama dag og þeir afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunar þessarar eða um aðild að henni. Skrifstofan skal síðan tilkynna aðilum og undirritunaraðilum samningsins um skilmála slíks samnings.

3. Allir slíkir samningar skulu gilda út skuldbindingartímabilið sem er tilgreint í 7. mgr. 3. gr.

4. Ef aðilar, sem starfa saman, gera það innan ramma svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu og með henni skal engin breyting á samsetningu stofnunarinnar, eftir að bókun þessi er samþykkt, hafa áhrif á gildandi skuldbindingar samkvæmt bókuninni. Breytingar á samsetningu stofnunarinnar skulu einungis eiga við að því er varðar skuldbindingar skv. 3. gr. sem eru samþykktar eftir slíkar breytingar.

5. Takist aðilum að slíkum samningi ekki að ná sameiginlegri heildarminnkun sinni á útstreymi skal hver aðili að þeim samningi vera ábyrgur fyrir eigin útstreymismagni sem er sett fram í samningnum.

6. Ef aðilar, sem starfa saman, gera það innan ramma svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu, sem sjálf er aðili að bókun þessari, og með henni skal hvert aðildarríki slíkrar svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu, eitt og sér og ásamt svæðisstofnuninni um efnahagssamvinnu sem starfar í samræmi við ákvæði 24. gr., vera ábyrgt fyrir eigin útstreymismagni, eins og það er tilkynnt í samræmi við ákvæði þessarar greinar, takist ekki að ná sameiginlegri heildarminnkun á útstreymi.

5. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal hafa komið á laggirnar landskerfi, eigi síðar en einu ári áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst, í því skyni að meta útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal setja viðmiðunar-

under Article 3 jointly, shall be deemed to have met those commitments provided that their total combined aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A do not exceed their assigned amounts calculated pursuant to their quantified emission limitation and reduction commitments inscribed in Annex B and in accordance with the provisions of Article 3. The respective emission level allocated to each of the Parties to the agreement shall be set out in that agreement.

2. The Parties to any such agreement shall notify the secretariat of the terms of the agreement on the date of deposit of their instruments of ratification, acceptance or approval of this Protocol, or accession thereto. The secretariat shall in turn inform the Parties and signatories to the Convention of the terms of the agreement.

3. Any such agreement shall remain in operation for the duration of the commitment period specified in Article 3, paragraph 7.

4. If Parties acting jointly do so in the framework of, and together with, a regional economic integration organization, any alteration in the composition of the organization after adoption of this Protocol shall not affect existing commitments under this Protocol. Any alteration in the composition of the organization shall only apply for the purposes of those commitments under Article 3 that are adopted subsequent to that alteration.

5. In the event of failure by the Parties to such an agreement to achieve their total combined level of emission reductions, each Party to that agreement shall be responsible for its own level of emissions set out in the agreement.

6. If Parties acting jointly do so in the framework of, and together with, a regional economic integration organization which is itself a Party to this Protocol, each member State of that regional economic integration organization individually, and together with the regional economic integration organization acting in accordance with Article 24, shall, in the event of failure to achieve the total combined level of emission reductions, be responsible for its level of emissions as notified in accordance with this Article.

Article 5

1. Each Party included in Annex I shall have in place, no later than one year prior to the start of the first commitment period, a national system for the estimation of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol. Guidelines for such national systems, which shall incorporate the methodologies specified in paragraph 2 below, shall

reglur um slík landskerfi sem skulu gilda um þá aðferðafræði sem er tilgreind í 2. mgr. hér að aftan.

2. Aðferðafræðin, sem er notuð til þess að meta útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, skal vera sú aðferðafræði sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar hefur staðfest og samþykkt var á þriðja fundi þings aðila. Í tilvikum, þar sem slík aðferðafræði er ekki notuð, skal grípa til viðeigandi lagfæringa samkvæmt þeirri aðferðafræði sem samþykkt er á fyrsta fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega og yfirfara, eftir því sem við á, fyrrnefnda aðferðafræði og lagfæringar með hliðsjón, meðal annars, af starfi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar og ráðgjöf undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, að teknu fullu tilliti til allra viðeigandi ákvarðana þings aðila. Eini tilgangurinn með endurskoðun aðferðafræði eða lagfæringa skal vera að ganga úr skugga um að skuldbindingar, sem um getur í 3. gr., séu efndar með tilliti til skuldbindingartímabila sem eru samþykkt í kjölfar slíkrar endurskoðunar.

3. Máttur hitahækkunar, sem er notaður til þess að reikna út útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem eru taldar upp í viðauka A, mælt í koltvíoxíðsígildum, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, skal vera sá sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar hefur staðfest og samþykktur var á þriðja fundi þings aðila. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega og yfirfara, eftir því sem við á, mátt hitahækkunar fyrir hverja slíka gróðurhúsalofttegund með hliðsjón, meðal annars, af starfi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar og ráðgjöf undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, að teknu fullu tilliti til allra viðeigandi ákvarðana þings aðila. Endurskoðun máttar hitahækkunar gildir einungis um skuldbindingar skv. 3. gr. með tilliti til skuldbindingartímabila sem eru samþykkt í kjölfar slíkrar endurskoðunar.

be decided upon by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol at its first session.

2. Methodologies for estimating anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol shall be those accepted by the Intergovernmental Panel on Climate Change and agreed upon by the Conference of the Parties at its third session. Where such methodologies are not used, appropriate adjustments shall be applied according to methodologies agreed upon by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol at its first session. Based on the work of, *inter alia,* the Intergovernmental Panel on Climate Change and advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall regularly review and, as appropriate, revise such methodologies and adjustments, taking fully into account any relevant decisions by the Conference of the Parties. Any revision to methodologies or adjustments shall be used only for the purposes of ascertaining compliance with commitments under Article 3 in respect of any commitment period adopted subsequent to that revision.

3. The global warming potentials used to calculate the carbon dioxide equivalence of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases listed in Annex A shall be those accepted by the Intergovernmental Panel on Climate Change and agreed upon by the Conference of the Parties at its third session. Based on the work of, *inter alia,* the Intergovernmental Panel on Climate Change and advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall regularly review and, as appropriate, revise the global warming potential of each such greenhouse gas, taking fully into account any relevant decisions by the Conference of the Parties. Any revision to a global warming potential shall apply only to commitments under Article 3 in respect of any commitment period adopted subsequent to that revision.

6. gr.

1. Hverjum aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt, í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr., að framselja eða útvega sér frá öðrum slíkum aðila einingar fyrir minnkun útstreymis sem rekja má til verkefna sem miða að því að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum frá uppsprettum eða auka fjarlægingu af manna völdum

Article 6

1. For the purpose of meeting its commitments under Article 3, any Party included in Annex I may transfer to, or acquire from, any other such Party emission reduction units resulting from projects aimed at reducing anthropogenic emissions by sources or enhancing anthropogenic removals by sinks of greenhouse gases in any sector of the economy, provided that:

með viðtökum í hvaða geira þjóðarbúskapar sem er, að því tilskildu að:

a) hlutaðeigandi aðilar samþykki hvert slíkt verkefni,
b) hvert slíkt verkefni leiði til minna útstreymis frá uppsprettum eða aukinnar fjarlægingar með viðtökum sem telst viðbót við það sem að öðrum kosti hefði orðið,
c) hann útvegi sér ekki neinar einingar fyrir minnkun útstreymis efni hann ekki skuldbindingar sínar skv. 5. og 7. gr., og
d) útvegun einninga fyrir minnkun útstreymis sé viðbót við aðgerðir innanlands sem þjóna þeim tilgangi að efna skuldbindingar skv. 3. gr.

2. Þingi aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, er heimilt, á fyrsta fundi sínum, eða eins fljótt og auðið er eftir það, að útfæra nánar viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar greinar, meðal annars um sannprófun og skýrslugerð.

3. Aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt að veita lögaðilum umboð til þess að taka þátt í aðgerðum, á sína ábyrgð, sem leiða til tilurðar, framsals eða útvegunar einninga fyrir minnkun útstreymis samkvæmt þessari grein.

4. Þó vafi leiki á, í samræmi við viðeigandi ákvæði 8. gr., að aðili, sem getið er um í I. viðauka, komi til móts við þær kröfur, sem um getur í þessari grein, getur framsal og útvegun einninga fyrir minnkun útstreymis farið fram, eftir að slíkur vafi er staðfestur, þó þannig að aðili getur ekki notað slíkar einingar, í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr., fyrr en álitamál um efndir hafa verið leyst.

7. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal fella inn í árlega skrá sína um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem er lögð fram í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila, nauðsynlegar viðbótarupplýsingar, sem ber að ákveða í samræmi við ákvæði 4. mgr. hér að aftan, í því skyni að tryggt sé að ákvæðum 3. gr. sé framfylgt.

2. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal fella inn í landsskýrslu sína, sem er lögð fram skv. 12. gr. samningsins, nauðsynlegar viðbótarupplýsingar, sem ber að ákveða í samræmi við ákvæði 4. mgr. hér að aftan, í því skyni að sýna fram á efndir skuldbindinga sinna samkvæmt bókun þessari.

3. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal árlega leggja fram þær upplýsingar, sem er krafist skv. 1. mgr. hér að framan; í upphafi fyrstu skrána sem leggja ber fram samkvæmt samningnum fyrir

(a) Any such project has the approval of the Parties involved;
(b) Any such project provides a reduction in emissions by sources, or an enhancement of removals by sinks, that is additional to any that would otherwise occur;
(c) It does not acquire any emission reduction units if it is not in compliance with its obligations under Articles 5 and 7; and
(d) The acquisition of emission reduction units shall be supplemental to domestic actions for the purposes of meeting commitments under Article 3.

2. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol may, at its first session or as soon as practicable thereafter, further elaborate guidelines for the implementation of this Article, including for verification and reporting.

3. A Party included in Annex I may authorize legal entities to participate, under its responsibility, in actions leading to the generation, transfer or acquisition under this Article of emission reduction units.

4. If a question of implementation by a Party included in Annex I of the requirements referred to in this Article is identified in accordance with the relevant provisions of Article 8, transfers and acquisitions of emission reduction units may continue to be made after the question has been identified, provided that any such units may not be used by a Party to meet its commitments under Article 3 until any issue of compliance is resolved.

Article 7

1. Each Party included in Annex I shall incorporate in its annual inventory of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, submitted in accordance with the relevant decisions of the Conference of the Parties, the necessary supplementary information for the purposes of ensuring compliance with Article 3, to be determined in accordance with paragraph 4 below.

2. Each Party included in Annex I shall incorporate in its national communication, submitted under Article 12 of the Convention, the supplementary information necessary to demonstrate compliance with its commitments under this Protocol, to be determined in accordance with paragraph 4 below.

3. Each Party included in Annex I shall submit the information required under paragraph 1 above annually, beginning with the first inventory due under the Convention for the first year of the com-

fyrsta ár skuldbindingartímabilsins eftir gildistöku bókunar þessarar að því er viðkomandi aðila varðar. Hver slíkur aðili skal leggja fram þær upplýsingar, sem er krafist skv. 2. mgr. hér að framan, sem hluta fyrstu landsskýrslunnar sem leggja ber fram samkvæmt samningnum eftir að bókun þessi hefur öðlast gildi að því er hann varðar og eftir að viðmiðunarreglur hafa verið samþykktar, eins og kveðið er á um í 4. mgr. hér að aftan. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, tekur ákvörðun um hversu oft skal síðan leggja fram þær upplýsingar sem er krafist samkvæmt þessari málsgrein, að teknu tilliti til tímaáætlana sem þing aðila ákveður fyrir afhendingu landsskýrslna.

4. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja, og endurskoða reglulega eftir það, viðmiðunarreglur um samantekt upplýsinga sem er krafist samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna um undirbúning landsskýrslna af hálfu aðila, sem getið er um í I. viðauka, sem þing aðila hefur samþykkt. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal einnig, áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst, ákveða reikningsskilaaðferðir með tilliti til úthlutaðs magns.

8. gr.

1. Upplýsingarnar, sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 7. gr., skulu endurskoðaðar af hópum endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila og í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, hefur samþykkt í þessu skyni skv. 4. mgr. hér að aftan. Upplýsingarnar, sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 1. mgr. 7. gr., skal endurskoða sem hluta af árlegri samantekt og útreikningum á skrám um útstreymi og á úthlutuðu magni. Auk þess skal fara fram endurskoðun þeirra upplýsinga sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 2. mgr. 7. gr., sem hluti endurskoðunar skýrslna.

2. Skrifstofa samningsins skal samræma störf hópa endurskoðenda sem sérfræðingar mynda, valdir eru úr hópi þeirra sem aðilar að samningnum tilnefna og, eftir því sem við á, milliríkjasamtök, í samræmi við leiðbeiningar sem þing aðila veitir í þessu skyni.

3. Í endurskoðuninni skal felast ítarlegt og alhliða tæknilegt mat á öllum þáttum sem lúta að framkvæmd ákvæða bókunar þessarar af hálfu aðila. Hópar endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði skulu semja skýrslu til þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, þar

mitment period after this Protocol has entered into force for that Party. Each such Party shall submit the information required under paragraph 2 above as part of the first national communication due under the Convention after this Protocol has entered into force for it and after the adoption of guidelines as provided for in paragraph 4 below. The frequency of subsequent submission of information required under this Article shall be determined by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, taking into account any timetable for the submission of national communications decided upon by the Conference of the Parties.

4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall adopt at its first session, and review periodically thereafter, guidelines for the preparation of the information required under this Article, taking into account guidelines for the preparation of national communications by Parties included in Annex I adopted by the Conference of the Parties. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall also, prior to the first commitment period, decide upon modalities for the accounting of assigned amounts.

Article 8

1. The information submitted under Article 7 by each Party included in Annex I shall be reviewed by expert review teams pursuant to the relevant decisions of the Conference of the Parties and in accordance with guidelines adopted for this purpose by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol under paragraph 4 below. The information submitted under Article 7, paragraph 1, by each Party included in Annex I shall be reviewed as part of the annual compilation and accounting of emissions inventories and assigned amounts. Additionally, the information submitted under Article 7, paragraph 2, by each Party included in Annex I shall be reviewed as part of the review of communications.

2. Expert review teams shall be coordinated by the secretariat and shall be composed of experts selected from those nominated by Parties to the Convention and, as appropriate, by intergovernmental organizations, in accordance with guidance provided for this purpose by the Conference of the Parties.

3. The review process shall provide a thorough and comprehensive technical assessment of all aspects of the implementation by a Party of this Protocol. The expert review teams shall prepare a report to the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, assessing the im-

sem lagt er mat á framkvæmd skuldbindinga viðkomandi aðila og gerð er grein fyrir hugsanlegum vandkvæðum samfara efndum á skuldbindingum og þáttum sem hafa áhrif á efndir. Skrifstofa samningsins skal dreifa slíkum skýrslum til allra aðila að samningnum. Skrifstofan skráir þær athugasemdir við framkvæmd, sem eru gerðar í fyrrnefndum skýrslum, til frekari umfjöllunar á þingi aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.

4. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja, og endurskoða reglulega eftir það, viðmiðunarreglur um endurskoðun hópa endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði á framkvæmd bókunar þessarar, að teknu tilliti til viðeigandi ákvarðana þings aðila.

5. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, með aðstoð undirnefndar fyrir framkvæmd samningsins og, eftir því sem við á, undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, fjalla um:

a) upplýsingarnar sem aðilar leggja fram skv. 7. gr. og skýrslur um endurskoðun sérfræðinga á þeim sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og
b) þær athugasemdir við framkvæmd sem skrifstofa samningsins skráir skv. 3. mgr. hér að framan og athugasemdir frá aðilum.

6. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, í samræmi við umfjöllun sína um upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr. hér að framan, taka ákvörðun um hvert það mál sem er aðkallandi fyrir framkvæmd bókunar þessarar.

9. gr.

1. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða bókun þessa reglulega með hliðsjón af bestu tiltækum vísindalegum upplýsingum og mati á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, svo og viðeigandi tæknilegum, félagslegum og efnahagslegum upplýsingum. Tryggja ber samræmi milli slíkrar endurskoðunar og viðeigandi endurskoðunar samkvæmt samningnum, einkum endurskoðunar sem krafa er gerð um skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. og a-lið 2. mgr. 7. gr. samningsins. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal grípa til viðeigandi aðgerða á grundvelli þessarar endurskoðunar.

2. Fyrsta endurskoðun skal fara fram á öðrum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Endurskoðun skal síðan fara fram reglulega og tímanlega.

plementation of the commitments of the Party and identifying any potential problems in, and factors influencing, the fulfilment of commitments. Such reports shall be circulated by the secretariat to all Parties to the Convention. The secretariat shall list those questions of implementation indicated in such reports for further consideration by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall adopt at its first session, and review periodically thereafter, guidelines for the review of implementation of this Protocol by expert review teams taking into account the relevant decisions of the Conference of the Parties.

5. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, with the assistance of the Subsidiary Body for Implementation and, as appropriate, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, consider:

(a) The information submitted by Parties under Article 7 and the reports of the expert reviews thereon conducted under this Article; and

(b) Those questions of implementation listed by the secretariat under paragraph 3 above, as well as any questions raised by Parties.

6. Pursuant to its consideration of the information referred to in paragraph 5 above, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall take decisions on any matter required for the implementation of this Protocol.

Article 9

1. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall periodically review this Protocol in the light of the best available scientific information and assessments on climate change and its impacts, as well as relevant technical, social and economic information. Such reviews shall be coordinated with pertinent reviews under the Convention, in particular those required by Article 4, paragraph 2(d), and Article 7, paragraph 2(a), of the Convention. Based on these reviews, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall take appropriate action.

2. The first review shall take place at the second session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. Further reviews shall take place at regular intervals and in a timely manner.

10. gr.

Allir aðilar skulu, að teknu tilliti til sameiginlegrar en innbyrðis ólíkrar ábyrgðar og sérstæðs forgangs með tilliti til lands- og svæðisbundinnar þróunar, markmiða og aðstæðna, án þess að leggja nýjar skuldbindingar á aðila sem ekki er getið um í I. viðauka, en jafnframt því að staðfesta gildandi skuldbindingar skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins og halda áfram að vinna að framkvæmd þessara skuldbindinga í því skyni að koma á sjálfbærri þróun, og að teknu tilliti til 3., 5. og 7. mgr. 4. gr. samningsins:

a) setja fram, þar sem það á við og að því marki sem er unnt, kostnaðarhagkvæmar landsáætlanir, og þar sem það á við, svæðisbundnar áætlanir í því skyni að betrumbæta staðbundna útstreymisþætti, upplýsingar um aðgerðir og/eða líkön, sem endurspegla félags- og efnahagslegar aðstæður hvers aðila, vegna undirbúnings og reglulegrar uppfærslu innlendra skráa um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum og nota til þess samanburðarhæfar aðferðir sem þing aðila skal samþykkja og eru í samræmi við viðmiðunarreglur um samningu landsskýrslna sem þing aðila hefur samþykkt,
b) setja fram, framkvæma, birta og uppfæra reglulega landsáætlanir, og þar sem það á við, svæðisbundnar áætlanir sem fela í sér ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum og ráðstafanir til að auðvelda nægilega aðlögun að loftslagsbreytingum:
   i) slíkar áætlanir myndu meðal annars varða orku-, flutnings- og iðnaðargeirana, svo og landbúnað, skógarnytjar og meðhöndlun úrgangs. Enn fremur myndi aðlögunartækni og aðferðir til að bæta landnotkunarskipulag auðvelda aðlögun að loftslagsbreytingum, og
   ii) aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja fram upplýsingar um aðgerðir samkvæmt bókun þessari, meðal annars landsáætlanir, í samræmi við ákvæði 7. gr. og aðrir aðilar skulu leitast við að fella inn í landsskýrslur sínar, eftir því sem við á, upplýsingar um áætlanir sem fela í sér ráðstafanir sem viðkomandi aðili telur akk í í baráttunni við loftslagsbreytingar og skaðleg áhrif þeirra, og lúta meðal annars að því að draga úr auknu útstreymi gróðurhúsalofttegunda og auka viðtaka og fjarlægingu með viðtökum, auka getu og gera ráðstafanir á sviði aðlögunar,
c) efna til samstarfs um að vinna að framgangi skil-

Article 10

All Parties, taking into account their common but differentiated responsibilities and their specific national and regional development priorities, objectives and circumstances, without introducing any new commitments for Parties not included in Annex I, but reaffirming existing commitments under Article 4, paragraph 1, of the Convention, and continuing to advance the implementation of these commitments in order to achieve sustainable development, taking into account Article 4, paragraphs 3, 5 and 7, of the Convention, shall:

(a) Formulate, where relevant and to the extent possible, cost-effective national and, where appropriate, regional programmes to improve the quality of local emission factors, activity data and/or models which reflect the socio-economic conditions of each Party for the preparation and periodic updating of national inventories of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, using comparable methodologies to be agreed upon by the Conference of the Parties, and consistent with the guidelines for the preparation of national communications adopted by the Conference of the Parties;

(b) Formulate, implement, publish and regularly update national and, where appropriate, regional programmes containing measures to mitigate climate change and measures to facilitate adequate adaptation to climate change:

   (i) Such programmes would, *inter alia,* concern the energy, transport and industry sectors as well as agriculture, forestry and waste management. Furthermore, adaptation technologies and methods for improving spatial planning would improve adaptation to climate change; and
   (ii) Parties included in Annex I shall submit information on action under this Protocol, including national programmes, in accordance with Article 7; and other Parties shall seek to include in their national communications, as appropriate, information on programmes which contain measures that the Party believes contribute to addressing climate change and its adverse impacts, including the abatement of increases in greenhouse gas emissions, and enhancement of and removals by sinks, capacity building and adaptation measures;

(c) Cooperate in the promotion of effective modali-

virkra aðferða við þróun, nýtingu og dreifingu á, og gera allar raunhæfar ráðstafanir til að stuðla að, auðvelda og fjármagna, eftir því sem við á, miðlun eða aðgengi að vistvænni tækniþekkingu, verkkunnáttu, aðferðum og starfsháttum sem varða loftslagsbreytingar, einkum í þróunarlöndum, þar með talin mótun stefnu og áætlana um skilvirka miðlun vistvænnar tækniþekkingar, sem er almenningseign eða lýtur yfirráðum hins opinbera, og sköpun hvetjandi aðstæðna fyrir einkageirann til að stuðla að og auka miðlun vistvænnar tækniþekkingar og aðgengi að henni,

d) efna til samstarfs um vísindalegar og tæknilegar rannsóknir og stuðla að viðhaldi og þróun kerfisbundins fyrirkomulags eftirlits og þróun gagnasafna til að draga úr óvissu um loftslagskerfið, skaðleg áhrif loftslagsbreytinga og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar ólíkra viðbragðsáætlana og stuðla að þróun og aukningu eigin getu og hæfni til að taka þátt í alþjóðlegu starfi og milliríkjastarfi, áætlunum og tengslanetum á sviði rannsókna og kerfisbundins eftirlits, að teknu tilliti til 5. gr. samningsins,

e) efna til samstarfs um og stuðla að því á alþjóðavettvangi, og, þar sem það á við, nota til þess stofnanir sem fyrir eru, að þróa og framkvæma menntunar- og þjálfunaráætlanir, þar með talið að auka getu þjóða, sérstaklega mannlega getu og hæfni stofnana, og starfsmannaskipti og tímabundinn flutning milli starfa í því skyni að þjálfa sérfræðinga á þessu sviði, einkum fyrir þróunarlönd, og auka vitund almennings á landsvísu um upplýsingar um loftslagsbreytingar og aðgengi að þeim. Þróa skal viðeigandi aðferðir til að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd á vettvangi viðkomandi stofnana samningsins, að teknu tilliti til ákvæða 6.gr. hans,

f) fella inn í landsskýrslur sínar upplýsingar um áætlanir og aðgerðir sem koma til framkvæmda samkvæmt þessari grein og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila, og

g) taka fullt tillit til ákvæða 8. mgr. 4. gr. samningsins við framkvæmd skuldbindinga samkvæmt þessari grein.

11. gr.

1. Við framkvæmd 10. gr. skulu aðilar taka tillit til ákvæða 4., 5., 7., 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins.

ties for the development, application and diffusion of, and take all practicable steps to promote, facilitate and finance, as appropriate, the transfer of, or access to, environmentally sound technologies, know-how, practices and processes pertinent to climate change, in particular to developing countries, including the formulation of policies and programmes for the effective transfer of environmentally sound technologies that are publicly owned or in the public domain and the creation of an enabling environment for the private sector, to promote and enhance the transfer of, and access to, environmentally sound technologies;

(d) Cooperate in scientific and technical research and promote the maintenance and the development of systematic observation systems and development of data archives to reduce uncertainties related to the climate system, the adverse impacts of climate change and the economic and social consequences of various response strategies, and promote the development and strengthening of endogenous capacities and capabilities to participate in international and intergovernmental efforts, programmes and networks on research and systematic observation, taking into account Article 5 of the Convention;

(e) Cooperate in and promote at the international level, and, where appropriate, using existing bodies, the development and implementation of education and training programmes, including the strengthening of national capacity building, in particular human and institutional capacities and the exchange or secondment of personnel to train experts in this field, in particular for developing countries, and facilitate at the national level public awareness of, and public access to information on, climate change. Suitable modalities should be developed to implement these activities through the relevant bodies of the Convention, taking into account Article 6 of the Convention;

(f) Include in their national communications information on programmes and activities undertaken pursuant to this Article in accordance with relevant decisions of the Conference of the Parties; and

(g) Give full consideration, in implementing the commitments under this Article, to Article 4, paragraph 8, of the Convention.

Article 11

1. In the implementation of Article 10, Parties shall take into account the provisions of Article 4, paragraphs 4, 5, 7, 8 and 9, of the Convention.

2. Aðilar, sem eru iðnríki og aðrir iðnvæddir aðilar, sem getið er um í II. viðauka við samninginn, skulu, í tengslum við framkvæmd 1. mgr. 4. gr. samningsins, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 4. gr. og 11. gr. samningsins og fyrir atbeina þeirrar stofnunar eða stofnana sem annast fjármálakerfi samningsins:

a) útvega nýtt fjármagn og viðbótarfjármagn til þess að standa að fullu undir samþykktum kostnaði sem aðilar, sem eru þróunarlönd, verða fyrir í tengslum við að hrinda í framkvæmd gildandi skuldbindingum skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. samningsins sem er fjallað um í a-lið 10. gr., og
b) útvega einnig þeim aðilum, sem eru þróunarlönd, nauðsynlegt fjármagn, meðal annars til að miðla tækni, til að standa undir fullum samþykktum viðbótarkostnaði sem tengist því að hrinda í framkvæmd gildandi skuldbindingum skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins sem fjallað er um í 10. gr. og samið hefur verið um milli aðila sem er þróunarland og alþjóðastofnunar eða -stofnana sem um getur í 11. gr. samningsins, í samræmi við ákvæði þeirrar greinar.

Við framkvæmd þessara gildandi skuldbindinga skal taka tillit til þeirrar nauðsynjar að fjármagnsflæði sé nægilegt og fyrirsjáanlegt og mikilvægis þess að aðilar, sem eru iðnríki, skipti fjármagnsbyrðum á milli sín með viðeigandi hætti. Leiðbeiningar til stofnunar eða stofnana sem er falið að annast fjármálakerfi samningsins, sem er að finna í viðeigandi ákvörðunum þings aðila, meðal annars þeim sem voru samþykktar áður en bókun þessi var samþykkt, skulu gilda að breyttu breytanda um ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Aðilum sem eru iðnríki og öðrum aðilum, sem eru iðnríki og getið er um í II. viðauka við samninginn, er einnig heimilt að útvega sér, og aðilum sem eru þróunarlönd að hagnýta sér, fjármagn til að hrinda ákvæðum 10. gr. í framkvæmd samkvæmt tvíhliða, svæðisbundnu eða annars konar marghliða fyrirkomulagi.

12. gr.

1. Hér með er komið á kerfi um hreina þróun.

2. Markmiðið með kerfi um hreina þróun skal vera að aðstoða aðila, sem ekki er getið um í I. viðauka, við að koma á sjálfbærri þróun og við að leggja sitt af mörkum til þess að ná fram lokamarkmiði samningsins og að aðstoða aðila, sem getið er um í I. viðauka, við að uppfylla skuldbindingar sínar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr.

3. Kerfi um hreina þróun:

2. In the context of the implementation of Article 4, paragraph 1, of the Convention, in accordance with the provisions of Article 4, paragraph 3, and Article 11 of the Convention, and through the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism of the Convention, the developed country Parties and other developed Parties included in Annex II to the Convention shall:

(a) Provide new and additional financial resources to meet the agreed full costs incurred by developing country Parties in advancing the implementation of existing commitments under Article 4, paragraph 1(a), of the Convention that are covered in Article 10, subparagraph (a); and
(b) Also provide such financial resources, including for the transfer of technology, needed by the developing country Parties to meet the agreed full incremental costs of advancing the implementation of existing commitments under Article 4, paragraph 1, of the Convention that are covered by Article 10 and that are agreed between a developing country Party and the international entity or entities referred to in Article 11 of the Convention, in accordance with that Article.

The implementation of these existing commitments shall take into account the need for adequacy and predictability in the flow of funds and the importance of appropriate burden sharing among developed country Parties. The guidance to the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism of the Convention in relevant decisions of the Conference of the Parties, including those agreed before the adoption of this Protocol, shall apply *mutatis mutandis* to the provisions of this paragraph.

3. The developed country Parties and other developed Parties in Annex II to the Convention may also provide, and developing country Parties avail themselves of, financial resources for the implementation of Article 10, through bilateral, regional and other multilateral channels.

Article 12

1. A clean development mechanism is hereby defined.

2. The purpose of the clean development mechanism shall be to assist Parties not included in Annex I in achieving sustainable development and in contributing to the ultimate objective of the Convention, and to assist Parties included in Annex I in achieving compliance with their quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3.

3. Under the clean development mechanism:

a) gerir aðilum, sem ekki er getið um í I. viðauka, kleift að njóta góðs af aðgerðum í tengslum við verkefni sem leiða til staðfestrar minnkunar útstreymis, og
b) heimilar aðilum, sem getið er um í I. viðauka, að nota staðfesta minnkun útstreymis, sem leiðir af slíkum verkefnatengdum aðgerðum, til að standa við hluta af skuldbindingum sínum um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr., samanber ákvörðun þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.

4. Kerfi um hreina þróun skal lúta stjórn og leiðsögn þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari og vera undir eftirliti framkvæmdastjórnar kerfis um hreina þróun.

5. Rekstraraðilar, sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, tilnefnir, skulu staðfesta minnkun útstreymis, sem leiðir af hverri verkefnatengdri aðgerð, á grundvelli:

a) frjálsrar þátttöku sem hver hlutaðeigandi aðili samþykkir,
b) ávinnings sem er raunverulegur, mælanlegur og til langs tíma og tengist aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum, og
c) minnkunar útstreymis sem er umfram þá sem myndi eiga sér stað án þeirrar staðfestu verkefnatengdu aðgerðar sem um ræðir.

6. Nota ber umrætt kerfi um hreina þróun, eftir því sem þörf krefur, til að aðstoða við fjármögnun staðfestra verkefnatengdra aðgerða.

7. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal útfæra aðferðir og starfshætti í því skyni að tryggja gagnsæi, skilvirkni og ábyrgð með óháðri endurskoðun og sannprófun verkefnatengdra aðgerða.

8. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal tryggja að hluti ágóða af staðfestum verkefnatengdum aðgerðum sé notaður til að greiða stjórnunarkostnað og aðstoða aðila, sem eru þróunarlönd og eru sérstaklega viðkvæmir fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga, við að bera kostnað vegna aðlögunar þeirra.

9. Þátttaka samkvæmt kerfi um hreina þróun, meðal annars í aðgerðum sem um getur í a-lið 3. mgr. hér að framan og í útvegun staðfestra eininga fyrir minnkun útstreymis, er frjáls einkaaðilum og/eða opinberum stofnunum og skal háð hverri þeirri leiðsögn sem framkvæmdastjórn kerfis um hreina þróun kann að veita.

10. Heimilt er að nota staðfesta minnkun útstreymis, sem næst frá árinu 2000 til upphafs fyrsta skuldbindingartímabils, í því skyni að hjálpa til við

(a) Parties not included in Annex I will benefit from project activities resulting in certified emission reductions; and

(b) Parties included in Annex I may use the certified emission reductions accruing from such project activities to contribute to compliance with part of their quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3, as determined by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

4. The clean development mechanism shall be subject to the authority and guidance of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol and be supervised by an executive board of the clean development mechanism.

5. Emission reductions resulting from each project activity shall be certified by operational entities to be designated by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, on the basis of:
(a) Voluntary participation approved by each Party involved;
(b) Real, measurable, and long-term benefits related to the mitigation of climate change; and

(c) Reductions in emissions that are additional to any that would occur in the absence of the certified project activity.

6. The clean development mechanism shall assist in arranging funding of certified project activities as necessary.

7. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, elaborate modalities and procedures with the objective of ensuring transparency, efficiency and accountability through independent auditing and verification of project activities.

8. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall ensure that a share of the proceeds from certified project activities is used to cover administrative expenses as well as to assist developing country Parties that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change to meet the costs of adaptation.

9. Participation under the clean development mechanism, including in activities mentioned in paragraph 3(a) above and in the acquisition of certified emission reductions, may involve private and/or public entities, and is to be subject to whatever guidance may be provided by the executive board of the clean development mechanism.

10. Certified emission reductions obtained during the period from the year 2000 up to the beginning of the first commitment period can be used to assist in

að uppfylla skuldbindingar á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

13. gr.

1. Þing aðila, sem er æðsta stofnun samningsins, skal gegna hlutverki fundar aðila að bókun þessari.

2. Aðilar að samningnum, sem eru ekki aðilar að bókun þessari, geta tekið þátt í störfum allra funda þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, sem áheyrnarfulltrúar. Þegar þing aðila gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari skulu aðeins þeir, sem eru aðilar að bókun þessari, taka ákvarðanir samkvæmt henni.

3. Þegar þing aðila gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari skal í stað hvers meðlims stjórnarnefndar þings aðila, sem er fulltrúi aðila að samningnum en, á þeim tíma, ekki aðila að bókun þessari, koma aukameðlimur sem skal kjörinn af og úr hópi aðila að bókun þessari.

4. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega framkvæmd bókunar þessarar og taka, samkvæmt umboði sínu, nauðsynlegar ákvarðanir til að stuðla að skilvirkri framkvæmd hennar. Þingið skal rækja þau störf sem því eru falin samkvæmt bókun þessari og skal:

a) leggja mat, á grundvelli allra upplýsinga sem því eru tiltækar í samræmi við ákvæði bókunar þessarar, á framkvæmd aðila á ákvæðum bókunarinnar, heildaráhrif ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt henni, einkum umhverfis-, efnahags- og félagsleg áhrif og samanlögð áhrif þeirra, og hversu vel miðar að ná markmiði samningsins,

b) kanna reglulega skyldur aðila samkvæmt bókun þessari og taka í því sambandi eðlilegt tillit til hverrar endurskoðunar, sem er krafist skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr. samningsins, í ljósi markmiðs samningsins, fenginnar reynslu við framkvæmd hans og þróunar vísinda- og tækniþekkingar og fjalla um og samþykkja, í þessu tilliti, reglubundnar skýrslur um framkvæmd bókunar þessarar,

c) stuðla að og auðvelda upplýsingaskipti um ráðstafanir sem aðilar samþykkja í því skyni að fást við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna, ábyrgðar og hæfni aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt bókun þessari,

d) auðvelda, að ósk tveggja eða fleiri aðila, samræmingu ráðstafana sem þeir samþykkja í því

achieving compliance in the first commitment period.

Article 13

1. The Conference of the Parties, the supreme body of the Convention, shall serve as the meeting of the Parties to this Protocol.

2. Parties to the Convention that are not Parties to this Protocol may participate as observers in the proceedings of any session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. When the Conference of the Parties serves as the meeting of the Parties to this Protocol, decisions under this Protocol shall be taken only by those that are Parties to this Protocol.

3. When the Conference of the Parties serves as the meeting of the Parties to this Protocol, any member of the Bureau of the Conference of the Parties representing a Party to the Convention but, at that time, not a Party to this Protocol, shall be replaced by an additional member to be elected by and from amongst the Parties to this Protocol.

4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall keep under regular review the implementation of this Protocol and shall make, within its mandate, the decisions necessary to promote its effective implementation. It shall perform the functions assigned to it by this Protocol and shall:

(a) Assess, on the basis of all information made available to it in accordance with the provisions of this Protocol, the implementation of this Protocol by the Parties, the overall effects of the measures taken pursuant to this Protocol, in particular environmental, economic and social effects as well as their cumulative impacts and the extent to which progress towards the objective of the Convention is being achieved;

(b) Periodically examine the obligations of the Parties under this Protocol, giving due consideration to any reviews required by Article 4, paragraph 2(d), and Article 7, paragraph 2, of the Convention, in the light of the objective of the Convention, the experience gained in its implementation and the evolution of scientific and technological knowledge, and in this respect consider and adopt regular reports on the implementation of this Protocol;

(c) Promote and facilitate the exchange of information on measures adopted by the Parties to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under this Protocol;

(d) Facilitate, at the request of two or more Parties, the coordination of measures adopted by them to

skyni að fást við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna, ábyrgðar og hæfni aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt bókun þessari,

e) stuðla að og veita leiðbeiningar, í samræmi við markmið samningsins og ákvæði bókunar þessarar og að teknu fullu tilliti til viðeigandi ákvarðana þings aðila, varðandi þróun og reglulegar betrumbætur á sambærilegum aðferðum við skilvirka framkvæmd bókunar þessarar sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal ná samkomulagi um,

f) gefa tilmæli um allt það sem er nauðsynlegt vegna framkvæmdar bókunar þessarar,

g) leitast við að útvega viðbótarfjármagn í samræmi við 2. mgr. 11. gr.,

h) koma á fót undirnefndum eftir því sem nauðsynlegt er talið vegna framkvæmdar bókunar þessarar,

i) leita eftir og hagnýta, þar sem við á, þjónustu og samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir, milliríkjastofnanir og óháða aðila og einnig upplýsingar sem slíkir aðilar veita, og

j) vinna önnur þau störf sem kann að verða krafist vegna framkvæmdar bókunar þessarar og fjalla um fyrirsett verkefni sem leiðir af ákvörðun þings aðila.

5. Beita ber starfsreglum þings aðila og málsmeðferð á sviði fjármála, sem er viðhöfð samkvæmt samningnum, að breyttu breytanda samkvæmt bókun þessari, nema annað sé ákveðið með almennu samkomulagi af þingi aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.

6. Skrifstofa samningsins skal kalla saman fyrsta fund þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, í tengslum við fyrsta fund þings aðila sem er ráðgerður eftir þann dag sem bókun þessi öðlast gildi. Reglulega fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal síðan halda ár hvert og í tengslum við reglulega fundi þings aðila, nema þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, ákveði annað.

7. Aukafundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal halda hvenær sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, telur nauðsynlegt eða samkvæmt skriflegri beiðni aðila, svo fremi hún hafi hlotið stuðning minnst þriðjungs aðila innan sex mánaða frá því að skrifstofa samningsins tilkynnir aðilum um hana.

address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under this Protocol;

(e) Promote and guide, in accordance with the objective of the Convention and the provisions of this Protocol, and taking fully into account the relevant decisions by the Conference of the Parties, the development and periodic refinement of comparable methodologies for the effective implementation of this Protocol, to be agreed on by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol;

(f) Make recommendations on any matters necessary for the implementation of this Protocol;

(g) Seek to mobilize additional financial resources in accordance with Article 11, paragraph 2;

(h) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of this Protocol;

(i) Seek and utilize, where appropriate, the services and cooperation of, and information provided by, competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies; and

(j) Exercise such other functions as may be required for the implementation of this Protocol, and consider any assignment resulting from a decision by the Conference of the Parties.

5. The rules of procedure of the Conference of the Parties and financial procedures applied under the Convention shall be applied *mutatis mutandis* under this Protocol, except as may be otherwise decided by consensus by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

6. The first session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be convened by the secretariat in conjunction with the first session of the Conference of the Parties that is scheduled after the date of the entry into force of this Protocol. Subsequent ordinary sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be held every year and in conjunction with ordinary sessions of the Conference of the Parties, unless otherwise decided by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

7. Extraordinary sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to the Parties by the secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

8. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og hvert aðildarríki þeirra eða áheyrnarfulltrúar að þeim sem eru ekki aðilar að samningnum, geta átt áheyrnarfulltrúa á fundum þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Hver stofnun, hvort heldur á landsvísu eða alþjóðleg, opinber eða óháð, sem er hæf til þess að vinna að málum sem bókun þessi fjallar um og hefur tilkynnt skrifstofu samningsins að hún óski eftir því að eiga áheyrnarfulltrúa á fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, getur fengið heimild þar að lútandi, nema minnst þriðjungur aðila, sem eiga fulltrúa á fundinum, hreyfi andmælum. Aðgengi og þátttaka áheyrnarfulltrúa eru háð starfsreglum sem um getur í 5. mgr. hér að framan.

8. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State member thereof or observers thereto not party to the Convention, may be represented at sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, which is qualified in matters covered by this Protocol and which has informed the secretariat of its wish to be represented at a session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol as an observer, may be so admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure, as referred to in paragraph 5 above.

14. gr.

1. Skrifstofan, sem var stofnsett skv. 8. gr. samningsins, skal gegna hlutverki skrifstofu bókunar þessarar.

2. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. samningsins, sem fjalla um störf skrifstofu samningsins, og 3. mgr. 8. gr. samningsins, sem fjalla um tilhögun starfsemi skrifstofunnar, skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda. Auk þess skal skrifstofan vinna þau störf sem henni eru falin samkvæmt bókun þessari.

Article 14

1. The secretariat established by Article 8 of the Convention shall serve as the secretariat of this Protocol.

2. Article 8, paragraph 2, of the Convention on the functions of the secretariat, and Article 8, paragraph 3, of the Convention on arrangements made for the functioning of the secretariat, shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol. The secretariat shall, in addition, exercise the functions assigned to it under this Protocol.

15. gr.

1. Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf og undirnefnd fyrir framkvæmd samningsins, sem var komið á fót skv. 9. og 10. gr. samningsins, skulu, hvor um sig, gegna hlutverki undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf vegna bókunar þessarar og undirnefndar fyrir framkvæmd hennar. Ákvæði samningsins um störf þessara tveggja nefnda skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda. Halda ber fundi undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf vegna bókunar þessarar og undirnefndar fyrir framkvæmd hennar í tengslum við fundi, hvorrar um sig, undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf og undirnefndar fyrir framkvæmd samningsins.

2. Aðilar að samningnum, sem eru ekki aðilar að bókun þessari, geta tekið þátt í störfum allra funda undirnefndanna sem áheyrnarfulltrúar. Þegar undirnefndirnar gegna hlutverki undirnefnda vegna bókunar þessarar skulu aðeins þeir, sem eru aðilar að bókun þessari, taka ákvarðanir samkvæmt henni.

3. Þegar undirnefndirnar, sem komið var á fót

Article 15

1. The Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation established by Articles 9 and 10 of the Convention shall serve as, respectively, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of this Protocol. The provisions relating to the functioning of these two bodies under the Convention shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol. Sessions of the meetings of the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of this Protocol shall be held in conjunction with the meetings of, respectively, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of the Convention.

2. Parties to the Convention that are not Parties to this Protocol may participate as observers in the proceedings of any session of the subsidiary bodies. When the subsidiary bodies serve as the subsidiary bodies of this Protocol, decisions under this Protocol shall be taken only by those that are Parties to this Protocol.

3. When the subsidiary bodies established by Ar-

skv. 9. og 10. gr. samningsins, vinna störf sín með tilliti til mála sem varða bókun þessa, skal í stað hvers meðlims stjórnarnefnda fyrrnefndra undirnefnda, sem er fulltrúi aðila að samningnum en, á þeim tíma, ekki aðila að bókun þessari, koma aukameðlimur sem skal kjörinn af og úr hópi aðila að bókun þessari.

16. gr.

Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, eins fljótt og auðið er, fjalla um framkvæmd hins fjölhliða ráðgjafarferlis, sem um getur í 13. gr. samningsins, með tilliti til bókunar þessarar og breyta því, eftir því sem við á, í ljósi viðeigandi ákvarðana sem þing aðila kann að taka. Hvert það fjölhliða ráðgjafarferli, sem kann að koma til framkvæmda gagnvart bókun þessari, skal verka með fyrirvara um þá málsmeðferð og það fyrirkomulag sem komið hefur verið á í samræmi við ákvæði 18. gr.

17. gr.

Þing aðila skal skilgreina viðeigandi meginreglur, aðferðir, reglur og viðmiðunarreglur, einkum að því er varðar sannprófun, skýrslugerð og ábyrgð að því er varðar viðskipti með útstreymisheimildir. Aðilar, sem getið er um í viðauka B, geta verið þátttakendur í viðskiptum með útstreymisheimildir í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr. Öll slík viðskipti skulu koma til viðbótar aðgerðum innanlands sem miða að því að efna skuldbindingar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis samkvæmt þeirri grein.

18. gr.

Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja viðeigandi og skilvirka málsmeðferð og fyrirkomulag við að skilgreina og fást við tilvik þar sem ákvæði bókunar þessarar eru ekki efnd, meðal annars með því að semja leiðbeinandi skrá um afleiðingar þess, að teknu tilliti til orsaka, eðlis, umfangs og tíðni tilvika þar sem um vanefndir er að ræða. Samþykkja ber málsmeðferð og fyrirkomulag, sem um getur í þessari grein og fela í sér bindandi afleiðingar, með breytingu á bókun þessari.

19. gr.

Ákvæði 14. gr. samningsins um lausn deilumála skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda.

20. gr.

1. Hverjum aðila er heimilt að leggja fram breytingartillögur við bókun þessa.

ticles 9 and 10 of the Convention exercise their functions with regard to matters concerning this Protocol, any member of the Bureaux of those subsidiary bodies representing a Party to the Convention but, at that time, not a party to this Protocol, shall be replaced by an additional member to be elected by and from amongst the Parties to this Protocol.

Article 16

The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, as soon as practicable, consider the application to this Protocol of, and modify as appropriate, the multilateral consultative process referred to in Article 13 of the Convention, in the light of any relevant decisions that may be taken by the Conference of the Parties. Any multilateral consultative process that may be applied to this Protocol shall operate without prejudice to the procedures and mechanisms established in accordance with Article 18.

Article 17

The Conference of the Parties shall define the relevant principles, modalities, rules and guidelines, in particular for verification, reporting and accountability for emissions trading. The Parties included in Annex B may participate in emissions trading for the purposes of fulfilling their commitments under Article 3. Any such trading shall be supplemental to domestic actions for the purpose of meeting quantified emission limitation and reduction commitments under that Article.

Article 18

The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, approve appropriate and effective procedures and mechanisms to determine and to address cases of non-compliance with the provisions of this Protocol, including through the development of an indicative list of consequences, taking into account the cause, type, degree and frequency of non-compliance. Any procedures and mechanisms under this Article entailing binding consequences shall be adopted by means of an amendment to this Protocol.

Article 19

The provisions of Article 14 of the Convention on settlement of disputes shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol.

Article 20

1. Any Party may propose amendments to this Protocol.

2. Samþykkja ber breytingar á bókun þessari á reglulegum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Skrifstofa samningsins skal senda aðilum texta allra breytingartillagna við bókun þessa eigi síðar en sex mánuðum fyrir fundinn þar sem leggja á fram tillögu um að breytingar verði samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda aðilum og undirritunaraðilum samningsins og, til upplýsingar, vörsluaðila texta allra breytingartillagna.

3. Aðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná almennu samkomulagi um breytingartillögur við bókun þessa. Reynist allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi árangurslausar skal breytingin, sem síðasta úrræði, teljast samþykkt ef hún hlýtur stuðning þriggja fjórðu hluta aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Skrifstofan skal senda vörsluaðila breytinguna, sem hefur verið samþykkt, og skal hann dreifa henni til allra aðila til staðfestingar.

4. Skjöl um staðfestingu breytingar skulu afhent vörsluaðila til vörslu. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við 3. mgr. hér að framan, skal öðlast gildi að því er varðar þá aðila, sem hafa staðfest hana, á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur tekið við staðfestingarskjali frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að bókun þessari.

5. Breytingin skal öðlast gildi, að því er varðar hvern annan aðila, á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent vörsluaðila skjal sitt um staðfestingu umræddrar breytingar.

21. gr.

1. Viðaukar við bókun þessa skulu vera óaðskiljanlegur hluti hennar og skal tilvísun til bókunar þessarar fela í sér tilvísun til allra viðauka við hana, nema kveðið sé sérstaklega á um annað. Allir viðaukar, sem eru samþykktir eftir að bókun þessi öðlast gildi, skulu takmarkast við skrár, eyðublöð og hvers kyns annað efni til útskýringar sem er vísinda-, tækni-, málsmeðferðar- eða stjórnsýslulegs eðlis.

2. Hverjum aðila er heimilt að leggja fram tillögur um viðauka við bókun þessa og getur lagt fram breytingartillögur við viðauka við bókun þessa.

3. Samþykkja ber viðauka við bókun þessa og breytingar á viðaukum við bókun þessa á reglulegum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Skrifstofa samningsins skal senda aðilum texta allra tillagna um viðauka eða breytingar á viðauka eigi síðar en sex mánuðum fyrir fundinn þar sem leggja á þær fram til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda aðilum og undirritunaraðilum

2. Amendments to this Protocol shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. The text of any proposed amendment to this Protocol shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate the text of any proposed amendments to the Parties and signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Protocol by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted amendment shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.

4. Instruments of acceptance in respect of an amendment shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 above shall enter into force for those Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of acceptance by at least three fourths of the Parties to this Protocol.

5. The amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of acceptance of the said amendment.

Article 21

1. Annexes to this Protocol shall form an integral part thereof and, unless otherwise expressly provided, a reference to this Protocol constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Any annexes adopted after the entry into force of this Protocol shall be restricted to lists, forms and any other material of a descriptive nature that is of a scientific, technical, procedural or administrative character.

2. Any Party may make proposals for an annex to this Protocol and may propose amendments to annexes to this Protocol.

3. Annexes to this Protocol and amendments to annexes to this Protocol shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. The text of any proposed annex or amendment to an annex shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat

samningsins og, til upplýsingar, vörsluaðila texta allra tillagna um viðauka eða breytingar á viðauka.

4. Aðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná almennu samkomulagi um tillögu um viðauka eða breytingu á viðauka. Reynist allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi árangurslausar skal viðaukinn eða breyting á viðauka, sem síðasta úrræði, teljast samþykkt ef hún hlýtur stuðning þriggja fjórðu hluta aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Skrifstofan skal senda vörsluaðila viðaukann eða breytingu á viðauka sem hefur verið samþykkt og skal hann dreifa henni til allra aðila til staðfestingar.

5. Viðauki eða breyting á viðauka, öðrum en viðauka A eða B, sem hefur verið samþykkt í samræmi við 3. og 4. mgr. hér að framan, skal öðlast gildi, að því er varðar alla aðila að bókun þessari, sex mánuðum eftir að vörsluaðili sendir þeim tilkynningu um samþykkt viðaukans eða breytingarinnar á viðaukanum, nema að því er varðar þá aðila sem hafa, áður en sá frestur er útrunninn, tilkynnt vörsluaðila skriflega að þeir staðfesti ekki viðaukann eða breytinguna á viðaukanum. Viðaukinn eða breyting á viðauka skal öðlast gildi að því er varðar aðila, sem afturkalla tilkynningu sína um að þeir staðfesti ekki viðaukann eða breytinguna á viðaukanum, á nítugasta degi eftir að vörsluaðila berst afturköllun slíkrar tilkynningar í hendur.

6. Feli samþykkt viðauka eða breytingar á viðauka í sér breytingu á bókun þessari skal viðaukinn eða breytingin á viðauka ekki öðlast gildi fyrr en breytingin á bókun þessari öðlast gildi.

7. Samþykkja ber breytingar á viðaukum A og B við bókun þessa, og skulu þær öðlast gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 20. gr., að því tilskildu að aðeins skal samþykkja breytingar á viðauka B að fengnu skriflegu samþykki hlutaðeigandi aðila.

22. gr.

1. Hver aðili skal hafa eitt atkvæði með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. hér að aftan.

2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að bókun þessari, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

shall also communicate the text of any proposed annex or amendment to an annex to the Parties and signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.

4. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed annex or amendment to an annex by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the annex or amendment to an annex shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted annex or amendment to an annex shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.

5. An annex, or amendment to an annex other than Annex A or B, that has been adopted in accordance with paragraphs 3 and 4 above shall enter into force for all Parties to this Protocol six months after the date of the communication by the Depositary to such Parties of the adoption of the annex or adoption of the amendment to the annex, except for those Parties that have notified the Depositary, in writing, within that period of their non-acceptance of the annex or amendment to the annex. The annex or amendment to an annex shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary.

6. If the adoption of an annex or an amendment to an annex involves an amendment to this Protocol, that annex or amendment to an annex shall not enter into force until such time as the amendment to this Protocol enters into force.

7. Amendments to Annexes A and B to this Protocol shall be adopted and enter into force in accordance with the procedure set out in Article 20, provided that any amendment to Annex B shall be adopted only with the written consent of the Party concerned.

Article 22

1. Each Party shall have one vote, except as provided for in paragraph 2 below.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to this Protocol. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right, and vice versa.

23. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili bókunar þessarar.

24. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar og er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu sem eru aðilar að samningnum. Hún skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 16. mars 1998 til 15. mars 1999. Bókun þessi skal liggja frammi til aðildar frá deginum eftir daginn sem henni er lokað fyrir undirritun. Skjöl um fullgildingu-, staðfestingu, samþykki eða aðild skulu afhent vörsluaðila til vörslu.

2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem verður aðili að bókun þessari án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili að henni, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt bókun þessari. Séu eitt eða fleiri aðildarríki að slíkri stofnun aðilar að bókun þessari skulu stofnunin og aðildarríki hennar taka ákvörðun um ábyrgð hvers og eins með tilliti til þess að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt bókun þessari. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríki hennar ekki notið réttinda samkvæmt bókun þessari samtímis.

3. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild lýsa því yfir hvert valdsvið þeirra er í málum sem bókun þessi nær til. Stofnanir þessar skulu enn fremur tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það aðilum, ef verulegar breytingar verða á valdsviði þeirra.

25. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að minnst 55 aðilar að samningnum, þar með taldir aðilar sem getið er um í I. viðauka og samtals voru ábyrgir fyrir að minnsta kosti 55 hundraðshlutum af heildarútstreymi koltvíoxíðs árið 1990 frá þeim aðilum sem getið er um í I. viðauka, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

2. Í þessari grein merkir „heildarútstreymi koltvíoxíðs árið 1990 frá þeim aðilum sem getið er um í I. viðauka“ það magn sem þeir aðilar, sem getið er um í I. viðauka, höfðu tilkynnt um, þann dag eða fyrir þann dag sem bókun þessi er samþykkt, í fyrstu landsskýrslu sinni sem lögð er fram í samræmi við ákvæði 12. gr. samningsins.

3. Að því er varðar hvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir bókun þessa eða gerist aðili að henni að

Article 23

The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of this Protocol.

Article 24

1. This Protocol shall be open for signature and subject to ratification, acceptance or approval by States and regional economic integration organizations which are Parties to the Convention. It shall be open for signature at United Nations Headquarters in New York from 16 March 1998 to 15 March 1999. This Protocol shall be open for accession from the day after the date on which it is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

2. Any regional economic integration organization which becomes a Party to this Protocol without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under this Protocol. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to this Protocol, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under this Protocol. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under this Protocol concurrently.

3. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by this Protocol. These organizations shall also inform the Depositary, who shall in turn inform the Parties, of any substantial modification in the extent of their competence.

Article 25

1. This Protocol shall enter into force on the ninetieth day after the date on which not less than 55 Parties to the Convention, incorporating Parties included in Annex I which accounted in total for at least 55 per cent of the total carbon dioxide emissions for 1990 of the Parties included in Annex I, have deposited their instruments of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For the purposes of this Article, "the total carbon dioxide emissions for 1990 of the Parties included in Annex I" means the amount communicated on or before the date of adoption of this Protocol by the Parties included in Annex I in their first national communications submitted in accordance with Article 12 of the Convention.

3. For each State or regional economic integration organization that ratifies, accepts or approves this Protocol or accedes thereto after the conditions

uppfylltum þeim skilyrðum fyrir gildistöku sem eru tilgreind í 1. mgr. hér að framan, skal bókun þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir að viðkomandi ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

4. Að því er varðar þessa grein skal ekki líta svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki stofnunarinnar afhenda til vörslu.

26. gr.

Enga fyrirvara má gera við bókun þessa.

27. gr.

1. Aðili getur sagt upp aðild sinni að bókun þessari, með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila, hvenær sem er eftir að þrjú ár eru liðin frá því að hún öðlast gildi að því er hann varðar.

2. Hver slík uppsögn skal öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögn eða á þeim degi síðar sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni um uppsögn.

3. Hver sá aðili, sem segir upp aðild að samningnum, skal einnig talinn hafa sagt upp aðild að bókun þessari.

28. gr.

Frumrit bókunar þessarar, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal falið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

GJÖRT í Kýótó hinn 11. desember 1997.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa á þeim degi sem tilgreindur er.

set out in paragraph 1 above for entry into force have been fulfilled, this Protocol shall enter into force on the ninetieth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

4. For the purposes of this Article, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of the organization.

Article 26

No reservations may be made to this Protocol.

Article 27

1. At any time after three years from the date on which this Protocol has entered into force for a Party, that Party may withdraw from this Protocol by giving written notification to the Depositary.

2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year from the date of receipt by the Depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

3. Any Party that withdraws from the Convention shall be considered as also having withdrawn from this Protocol.

Article 28

The original of this Protocol, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

DONE at Kyoto this eleventh day of December one thousand nine hundred and ninety-seven.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have affixed their signatures to this Protocol on the dates indicated.

Viðauki A.

Gróðurhúsalofttegundir

Koltvíoxíð (CO_2)
Metan (CH_4)
Níturoxíð (N_2O)
Vetnisflúorkolefni (HFC)
Perflúorkolefni (PFC)
Brennisteinshexaflúoríð (SF_6)

Flokkar eftir geirum og uppsprettum

Orka
- Eldsneytisbrennsla
  - Orkuiðnaður
  - Framleiðslu- og byggingariðnaður
  - Flutningastarfsemi
  - Aðrir geirar
  - Annað
- Dreift útstreymi frá eldsneyti
  - Eldsneyti í föstu formi
  - Olía og jarðgas
  - Annað

Iðnaðarvinnsla
- Jarðefni
- Efnaiðnaður
- Málmframleiðsla
- Önnur framleiðsla
- Framleiðsla halógenkolefna og brennisteinshexaflúoríðs
- Notkun halógenkolefna og brennisteinshexaflúoríðs
- Annað

Notkun leysiefna og annarra efna

Landbúnaður
- Iðragerjun
- Meðhöndlun húsdýraáburðar
- Hrísgrjónarækt
- Nytjajarðvegur
- Fyrirskipuð brennsla gresja
- Brennsla landbúnaðarleifa á ökrum
- Annað

Úrgangur
- Förgun úrgangs í föstu formi á landi
- Meðhöndlun skólps
- Sorpbrennsla
- Annað

Annex A.

Greenhouse gases

Carbon dioxide (CO_2)
Methane (CH_4)
Nitrous oxide (N_2O)
Hydrofluorocarbons (HFCs)
Perfluorocarbons (PFCs)
Sulphur hexafluoride (SF_6)

Sectors/source categories

Energy
- Fuel combustion
  - Energy industries
  - Manufacturing industries and construction
  - Transport
  - Other sectors
  - Other
- Fugitive emissions from fuels
  - Solid fuels
  - Oil and natural gas
  - Other

Industrial processes
- Mineral products
- Chemical industry
- Metal production
- Other production
- Production of halocarbons and sulphur hexafluoride
- Consumption of halocarbons and sulphur hexafluoride
- Other

Solvent and other product use

Agriculture
- Enteric fermentation
- Manure management
- Rice cultivation
- Agricultural soils
- Prescribed burning of savannas
- Field burning of agricultural residues
- Other

Waste
- Solid waste disposal on land
- Wastewater handling
- Waste incineration
- Other

Viðauki B.

Aðili	Skuldbinding um magnbundna takmörkun eða minnkun útstreymis (hundraðshluti af viðmiðunarári eða -tímabili)
Austurríki	92
Ástralía	108
Bandaríki Norður-Ameríku	93
Belgía	92
Búlgaría*	92
Danmörk	92
Eistland*	92
Evrópubandalagið	92
Finnland	92
Frakkland	92
Grikkland	92
Holland	92
Írland	92
Ísland	110
Ítalía	92
Japan	94
Kanada	94
Króatía*	95
Lettland*	92
Lichtenstein	92
Litháen*	92
Lúxemborg	92
Mónakó	92
Noregur	101
Nýja-Sjáland	100
Portúgal	92
Pólland*	94
Rúmenía*	92
Rússneska sambandsríkið*	100
Slóvakía*	92
Slóvenía*	92
Spánn	92
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands	92
Sviss	92
Svíþjóð	92
Tékkland*	92
Ungverjaland*	94
Úkraína*	100
Þýskaland	92

* Lönd sem eru að skipta yfir í markaðsbúskap.

Annex B.

Party	Quantified emission limitation or reduction commitment (percentage of base year or period)
Australia	108
Austria	92
Belgium	92
Bulgaria*	92
Canada	94
Croatia*	95
Czech Republic*	92
Denmark	92
Estonia*	92
European Community	92
Finland	92
France	92
Germany	92
Greece	92
Hungary*	94
Iceland	110
Ireland	92
Italy	92
Japan	94
Latvia*	92
Liechtenstein	92
Lithuania*	92
Luxembourg	92
Monaco	92
Netherlands	92
New Zealand	100
Norway	101
Poland*	94
Portugal	92
Romania*	92
Russian Federation*	100
Slovakia*	92
Slovenia*	92
Spain	92
Sweden	92
Switzerland	92
Ukraine*	100
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	92
United States of America	93

* Countries that are undergoing the process of transition to a market economy.

Fylgiskjal II.

Ákvörðun nr. 14/CP.7

Áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabilinu.

Þing aðila,

sem *minnist* ákvæða d-liðar 5. mgr. ákvörðunar sinnar nr. 1/CP.3,

sem *minnist einnig* ákvörðunar sinnar nr. 5/CP.6 sem inniheldur Bonn-samningana um framkvæmd Búenos Aíres-aðgerðaráætlunarinnar,

sem *taka tillit til* niðurstaðna undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf á framhaldsfundi þrettánda fundar hennar,[1]

sem *viðurkennir* mikilvægi endurnýjanlegrar orku þegar stefnt er að markmiði samningsins,

1. *ákveður,* að því er varðar ákvörðun þessa, að einstakt verkefni sé skilgreint sem starfsstöð til iðnaðarvinnslu á einum stað, sem hefur verið tekin í notkun eftir 1990, eða stækkun starfsstöðvar til iðnaðarvinnslu á einum stað sem var í notkun 1990,

2. *ákveður,* að því er varðar fyrsta skuldbindingartímabilið, að tilkynna skuli sérstaklega um útstreymi koltvíoxíðs frá einstöku verkefni í iðnaðarvinnslu, sem eykur, á einhverju einu ári fyrrnefnds tímabils, meira en fimm hundraðshlutum við heildarútstreymi koltvíoxíðs á árinu 1990 frá aðila, sem er talinn upp í viðauka B við bókunina, og að ekki skuli telja það með í heildarútstreymi frá viðkomandi aðila, að svo miklu leyti sem það myndi leiða til þess að aðilinn færi yfir það magn sem honum er úthlutað, að því tilskildu að:

a) heildarútstreymi koltvíoxíðs frá viðkomandi aðila hafi verið minna en 0,05 af hundraði af heildarútstreymi koltvíoxíðs frá aðilum, sem eru taldir upp í I. viðauka, árið 1990, reiknuðu út í samræmi við töfluna í viðaukanum við skjal FCCC/CP/1997/7/Add.1,

b) notuð sé endurnýjanleg orka sem leiði til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda fyrir hverja framleiðslueiningu,

c) besta framkvæmd sé viðhöfð með tilliti til umhverfisins og að besta tækni, sem völ er á, sé notuð til þess að lágmarka útstreymi frá vinnslu,

[1] FCCC/SBSTA/2000/14.

Decision 14/CP.7

Impact of single projects on emissions in the commitment period

The Conference of the Parties,

Recalling its decision 1/CP.3, paragraph 5 (d),

Recalling also, its decision 5/CP.6, containing the Bonn Agreements on the Implementation of the Buenos Aires Plan of Action,

Having considered the conclusions of the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice at its resumed thirteenth session[1],

Recognizing the importance of renewable energy in meeting the objective of the Convention,

1. *Decides* that, for the purpose of this decision, a single project is defined as an industrial process facility at a single site that has come into operation since 1990 or an expansion of an industrial process facility at a single site in operation in 1990;

2. *Decides* that, for the first commitment period, industrial process carbon dioxide emissions from a single project which adds in any one year of that period more than 5 per cent to the total carbon dioxide emissions in 1990 of a Party listed in Annex B to the Protocol shall be reported separately and shall not be included in national totals to the extent that it would cause the Party to exceed its assigned amount, provided that:

(a) The total carbon dioxide emissions of the Party were less than 0.05 per cent of the total carbon dioxide emissions of Annex I Parties in 1990 calculated in accordance with the table contained in the annex to document FCCC/CP/1997/7/Add.1;

(b) Renewable energy is used, resulting in a reduction in greenhouse gas emissions per unit of production;

(c) Best environmental practice is followed and best available technology is used to minimize process emissions;

[1] FCCC/SBSTA/2000/14.

3. *ákveður* að heildarútstreymi koltvíoxíðs frá iðnaðarvinnslu, sem aðili tilkynnir sérstaklega um í samræmi við 2. mgr. hér að framan, skuli ekki fara yfir 1,6 milljónir tonna koltvíoxíðs að meðaltali á ári á fyrsta skuldbindingartímabilinu og að þeim aðila sé óheimilt að framselja það eða öðrum aðila að útvega sér það skv. 6. og 17. gr. Kýótó-bókunarinnar,

4. *fer þess á leit* við hvern þann aðila, sem hyggst færa sér ákvæði ákvörðunar þessarar í nyt, að hann tilkynni þingi aðila, fyrir áttunda fund þess, um fyrirætlanir sínar,

5. *fer þess á leit* við hvern þann aðila, sem tekst á við verkefni sem uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar hér að framan, að hann veiti í skrám sínum, sem sendar eru árlega, upplýsingar um útstreymisþætti, heildarútstreymi frá vinnslu í tengslum við þessi verkefni og mat á þeim samdrætti í útstreymi sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum,

6. *fer þess á leit* við skrifstofu samningsins að hún taki saman upplýsingarnar, sem aðilar senda í samræmi við 5. mgr. hér að framan, láti í té samanburð við viðeigandi útstreymisþætti, sem aðrir aðilar veita upplýsingar um, og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að Kýótó-bókuninni.

3. *Decides* that the total industrial process carbon dioxide emissions reported separately by a Party in accordance with paragraph 2 above shall not exceed 1.6 million tonnes carbon dioxide annually on the average during the first commitment period and cannot be transferred by that Party or acquired by another Party under Articles 6 and 17 of the Kyoto Protocol;

4. *Requests* any Party that intends to avail itself of the provisions of this decision to notify the Conference of the Parties, prior to its eighth session, of its intention;

5. *Requests* any Party with projects which meet the requirements specified above, to report emission factors, total process emissions from these projects, and an estimate of the emission savings resulting from the use of renewable energy in these projects in their annual inventory submissions;

6. *Requests* the secretariat to compile the information submitted by Parties in accordance with paragraph 5 above, to provide comparisons with relevant emission factors reported by other Parties, and to report this information to the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to the Kyoto Protocol.

Fylgiskjal III.

Stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kýótó-bókunarinnar.

Kýótó-bókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var samþykkt á fundi aðildarríkja samningsins í árslok 1997. Eins og kunnugt er dróst nokkuð að endanlega yrði gengið frá útfærslu ákvæða bókunarinnar, þ.m.t. hinu svonefnda íslenska ákvæði en frá því var gengið á 7. fundi aðildarríkjaþings samningsins í Marakess í nóvember 2001 (sjá nánar í skýrslu umhverfisráðherra til 127. löggjafarþings, þskj. 349). Nú liggur því fyrir hverjar skuldbindingar Íslands og annarra ríkja verða samkvæmt Kýótó-bókuninni. Heimildir Íslands til útstreymis gróðurhúsalofttegunda eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi skal almennt útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990, þ.e. vera innan við 3.200 þús. tonn koltvíoxíðígilda árlega að meðaltali 2008–2012.

Í öðru lagi skal koltvíoxíðútstreymi frá nýrri stóriðju eftir árið 1990 sem fellur undir íslenska ákvæðið ekki vera meiri en 1.600 þús. tonn árlega að meðaltali árin 2008–2012.

Ráðstafanir til að mæta skuldbindingum bókunarinnar.

Umfangsmikið samráð hefur farið fram innan Stjórnarráðsins um stefnumörkun í loftslagsmálum. Sérstakur stýrihópur ráðuneytisstjóra fól starfshópi, skipuðum fulltrúum sömu ráðuneyta, að vinna drög að þessari stefnumörkun. Að þessu starfi hafa komið fulltrúar forsætis-, utanríkis-, fjármála-, sjávarútvegs-, iðnaðar-, samgöngu-, landbúnaðar- og umhverfisráðuneyta.

Stefnumörkunin felur í sér tillögur um eftirfarandi ráðstafanir á næstu árum sem leiða til minna útstreymis gróðurhúsalofttegunda eða aukinnar bindingar kolefnis. Þessar ráðstafanir eru:

- Dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með almennum aðgerðum og með breyttri skattlagningu á dísilbílum sem leiði til meiri innflutnings slíkra bíla til einkanota.
- Tryggt verði að fyrirtæki í áliðnaði geri fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda útstreymi flúorkolefna frá framleiðslunni í lágmarki.
- Leitað verði leiða til að draga úr orkunotkun í fiskiskipaflotanum.
- Dregið verði úr urðun úrgangs og útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum.
- Aukin verði binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu.
- Áhersla verði lögð á rannsóknir á þeim þáttum sem áhrif hafa á útstreymi gróðurhúsalofttegunda og þróun lausna og úrræða til að mæta því.
- Efld verði fræðsla og upplýsingagjöf til almennings um leiðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Endurskoðuð útstreymisspá.

Umhverfisráðuneytið skipaði starfshóp um útstreymisbókhald og útstreymisspár vegna gróðurhúsalofttegunda undir formennsku fulltrúa Hollustuverndar ríkisins með þátttöku fulltrúa Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Vegagerðar ríkisins, Orkustofnunar, Þjóðhagsstofnunar og Fiskifélags Íslands. Í samráði við þennan starfshóp hefur Hollustuvernd endurskoðað útstreymisspá fyrir þær gróðurhúsalofttegundir sem falla undir Kýótó-bókunina. Þessi endurskoðun byggist á nýrri eldsneytisspá orkuspárnefndar og útfærslu íslenska ákvæðisins. Þessi spá tekur mið af þeim ráðstöfunum sem taldar eru upp hér að framan að undanskildum bindingaraðgerðum og rannsóknum og fræðslu.

Samkvæmt þessari spá verður meðalútstreymi koltvíoxíðígilda á skuldbindingartímabilinu 3.200 þús. tonn eða við útstreymismörk áður en tekið hefur verið tillit til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt, sjá 1. töflu. Sú binding hefur þegar verið aukin um 100 þús. tonn frá árinu 1990. Varlega áætlað má gera ráð fyrir því að ný svæði sem tekin verða til landgræðslu eða skógræktar fram að fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar bæti öðrum 100 þús. tonnum við.

1. tafla. Spá um útstreymi frá Íslandi á fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar (án koltvíoxíðlosunar frá nýrri stóriðju eftir árið 1990).

	Spá um meðalútstreymi 2008–2012 (CO_2-ígildi á ári, þús. t.)
Samgöngur	764
Iðnaður	928
Fiskiskip	731
Tæki og vinnuvélar	217
Jarðhiti	163
Heimili	18
Ýmis önnur starfsemi	379
Heildarútstreymi	**3200**
Binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt	-200
Heildarútstreymi að teknu tilliti til bindingar	**3000**
Útstreymisheimild Íslands	**3200**

Eldsneytisnotkun ræður miklu um útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Útstreymisspáin byggist á spá orkuspárnefndar um eldsneytisnotkun. Orkuspárnefnd er samstarfsvettvangur nokkurra helstu fyrirtækja, stofnana og samtaka á sviði orkumála auk Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ný eldsneytisspá nefndarinnar kom út í júlí 2001. Til grundvallar spánni eru lagðar forsendur um þróun mannfjölda, landsframleiðslu, fiskveiða og flutninga á landi, í lofti og á legi, auk annarra þátta.

Eldsneytisspá orkuspárnefndar gerir ráð fyrir jafnri aukningu í útstreymi frá samgöngum vegna fjölgunar bíla. Á móti kemur um 7% minni meðaleldsneytisnotkun á ekinn km og minni akstur á hvern bíl. Miðað er við að 10% af bensínnotkuninni færist yfir í gasolíu vegna breyttrar skattlagningar á dísilbíla. Samgönguráðuneytið og Vegagerðin hafa unnið umfangsmikla úttekt á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum ásamt spá um losun til 2030. Sú spá er nokkru lægri en spá orkuspárnefndar og munar þar að meðaltali um 55 þús. tonnum á ári á skuldbindingartímabilinu. Ástæður þess eru einkum aðrar forsendur um þróun í bílaeign landsmanna, tækniframfarir í bílaiðnaði og þær aðgerðir sem stjórnvöld munu grípa til og áhrif þeirra. Spá samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir því að útstreymi frá samgöngum hafi þegar náð hámarki en verði 686 þús. tonn 2012 eða 8% hærri en hún var árið 1990. Gangi sú spá eftir verður losun frá samgöngum því heldur lægri en gert er ráð fyrir í töflu 1.

Undir útstreymi frá iðnaði fellur einnig allt útstreymi flúorkolefna frá álframleiðslu. Ljóst er að forsendur um útstreymi flúorkolefna hafa mikil áhrif á heildarútstreymið. Í spánni er gert ráð fyrir því að fyrirtækjum í áliðnaði takist að halda útstreymi flúorkolefna á hverja framleiðslueiningu innan við 0,14 tonn koltvíoxíðígilda á framleitt tonn af áli frá og með fjórða framleiðsluári eins og Reyðarál gefur upp í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er lægra en meðaltalið frá Íslandi sem hefur verið yfir 0,4 tonnum þótt það hafi farið mjög lækkandi frá árinu 1990. Munurinn á þessum tveimur stuðlum nemur yfir 300 þús. tonnum koltvíoxíðs miðað við áætlaða álframleiðslu á árinu 2012. Inni í útstreymisspá fyrir iðnað er einnig útstreymi frá fyrirhugaðri rafskautaverksmiðju Reyðaráls (49 þús. tonn).

Varðandi íslenska ákvæðið eru þrjú verkefni sem þegar hafa náð 5%[1] viðmiðunarmörkum íslenska ákvæðisins. Þetta eru stækkun verksmiðju Ísals, stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins og ný verksmiðja Norðuráls.

Tafla 2 sýnir áætlað útstreymi koltvíoxíðs frá nýrri stóriðju eftir árið 1990 sem fallið getur undir íslenska ákvæðið. Nákvæmar tímasetningar liggja ekki fyrir en í 2. töflu má sjá mat á áætluðu meðalútstreymi frá þessum verkefnum á skuldbindingartímabilinu, miðað við þær forsendur sem gefnar eru til skýringar neðanmáls. Standist þessar áætlanir verður útstreymi sem fellur undir íslenska ákvæðið að meðaltali 1.539 þús. tonn á tímabilinu og því nokkru lægri en losunarheimild samkvæmt ákvæðinu. Hámarkið miðast við meðaltal áranna fimm á skuldbindingartímabilinu, 2008–2012. Tímasetning verkefna innan tímabilsins skiptir því máli.

2. tafla. Áætlað útstreymi koltvíoxíðs frá nýrri stóriðju eftir árið 1990 sem fallið getur undir íslenska ákvæðið.

Verkefni	Meðalframleiðsla á skuldbindingartímabilinu (þús. t. á ári)	Meðalútsreymi á skuldbindingartímabilinu (CO_2-ígildi á ári, þús. t.)
Ísal[2]	408	483
Íslenska járnblendifélagið[3]	115	174
Norðurál[4]	276	417
Reyðarál[5]	308	465
Samtals		1539
„Íslenska ákvæðið“		1600
Mismunur		61

Rétt er að benda á að miðað við fullnýtingu framleiðslugetu mun árlegt útstreymi frá þessum fjórum verkefnum, þ.e. Ísal (460 þús. tonna framleiðsla), Íslenska járnblendifélagið (115 þús. tonna framleiðsla), Norðurál (300 þús. tonna framleiðsla) og Reyðarál (420 þús. tonna framleiðsla), verða 1.823 þús. tonn CO_2-ígildi á ári frá og með árinu 2012. Óvissa ríkir um sum þessara áforma og orkuöflun til þeirra.

Gert er ráð fyrir að heildarafli fiskiskipaflotans aukist. Hins vegar er reiknað með því að olíunotkun vélbáta á aflaeiningu minnki um 10% til 2015 og togskipa um 15% á sama tímabili. Orkunotkun fiskiskipaflotans eykst því ekki í beinu hlutfalli við aukinn afla. Spáin gerir ráð fyrir því að útstreymið nemi 741 þús. tonnum koltvíoxíðs árið 2012 sem er 12% hækkun frá árinu 1990 en þá var útstreymið 662 þús. tonn. Útstreymi frá fiskiskipaflotanum náði há-

---

[1] Þ.e. stærðarmörk sem einstök verkefni þurfa að ná til þess að falla undir íslenska ákvæðið sem miðast við það að koltvíoxíðsútstreymi frá nýju stóriðjuverkefni eða stækkun eftir 1990 auki útstreymi á einhverju ára skuldbindingartímabilsins um meira en 5% af koltvíoxíðsútstreymi frá Íslandi á árinu 1990.

[2] Ársframleiðsla Ísal var 88 þúsund árið 1990. Hér er miðað við að hún verði komin í 330 þús. tonn við upphaf skuldbindingartímabilsins og fari í 460 þús. tonn 2010.

[3] Ársframleiðsla Íslenska járnblendifélagsins var 68 þús. tonn árið 1990. Framleiðslugetan er nú 115 þús. tonn. Hér er ekki gert ráð fyrir frekari stækkun verksmiðjunnar fyrir lok skuldbindingartímabilsins.

[4] Hér er gert ráð fyrir því að ársframleiðsla Norðuráls verði komin í 240 þús. tonn við upphaf skuldbindingartímabilsins og að hún fari í 300 þús. tonn árið 2010.

[5] Hér er gert ráð fyrir því að ársframleiðsla Reyðaráls verði komin í 280 þús. tonn við upphaf skuldbindingartímabilsins og að hún fari í 420 þús. tonn árið 2012.

marki árið 1996 og var þá 843 þús. tonn. Fiskifélag Íslands hefur unnið umfangsmikla greiningu á samsetningu útstreymis frá fiskiskipaflotanum og leiðum til þess að auka orkunýtingu. Markmið stjórnkerfis fiskveiða nú og í framtíðinni er m.a. að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna sjávar. Hagkvæm nýting fiskistofna felur m.a. í sér að veiðar fari fram á sem hagkvæmastan hátt og liður í því er að kostnaður við hverja aflaeiningu verði sem minnstur, en minni olíunotkun stuðlar að því.

Spá Hollustuverndar gerir ráð fyrir jafnri aukningu eldsneytisnotkunar á tæki og vinnuvélar og að útstreymi verði 221 þús. tonn 2012. Fiskimjölsverksmiðjur eru stærsti olíunotandinn í iðnaði en notkun er mjög sveiflukennd vegna breytilegra loðnuveiða frá ári til árs. Gert er ráð fyrir því að fleiri verksmiðjur skipti yfir í rafskautakatla en á móti kemur að gert er ráð fyrir því að meðalolíunotkun verksmiðjanna aukist við það að fleiri verksmiðjur fari yfir í loftþurrkun sem gefur verðmætara mjöl.

Ábyrgðarskipting og endurskoðun.

Umhverfisráðueytið hefur heildarumsjón með framkvæmd loftslagssamningsins og Kýótó-bókunarinnar hér á landi. Aðgerðir í samgöngum verða á ábyrgð samgönguráðuneytisins, breytt skattlagning á dísilbílum á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, orkusparnaðaraðgerðir í fiskiskipaflotanum á ábyrgð sjávarútvegsráðuneytisins, ráðstöfun íslenska ákvæðisins og aðgerðir til þess að halda útstreymi flúorkolefna í lágmarki á ábyrgð iðnaðarráðuneytisins, takmörkun á urðun sorps og útstreymi frá urðunarstöðum á ábyrgð umhverfisráðuneytisins, binding kolefnis með ræktun á ábyrgð landbúnaðarráðuneytisins og rannsóknir, þróun og fræðsla sameiginlega á ábyrgð allra ráðuneytanna. Fulltrúar ráðuneytanna munu fylgjast með framkvæmd stefnunnar.

Þessi stefna verður endurskoðuð 2005 eftir því sem tilefni reynist til. Á því ári ber aðildarríkjum Kýótó-bókunarinnar að sýna fram á merkjanlegan árangur í þeirri viðleitni að efna skuldbindingar sínar samkvæmt bókuninni.

Nánar um ráðstafanir.

Samgöngur.

- Núverandi kerfi þungaskatts verði a.m.k. að hluta til breytt yfir í olíugjaldskerfi. Með því mun skapast efnahagslegur hvati til eldsneytissparnaðar. Gjaldtöku verði stillt af þannig að hlutfallslega hagkvæmara verði að reka litla dísilbíla en nú er.
- Stuðlað verði enn frekar að auknum innflutningi á sparneytnari bílum með breytingum á vörugjaldi af bifreiðum.
- Umferðarstjórnun verði bætt með aukinni samhæfingu umferðarljósa.
- Aukin áhersla verði lögð á leiðir til að draga úr umferðarþörf og að stytta leiðir milli staða við skipulag byggðar.
- Almenningssamgöngur verði efldar, t.d. með afnámi þungaskatts.

Fiskiskipaflotinn.

- Fræðsla til skipstjórnar- og útgerðarmanna um orkusparnað verði aukin.
- Stuðlað verði að því að þau nýju og endurnýjuðu skip sem koma inn í flotann á næstu árum verði búin bestu fáanlegri tækni til að bæta orkunýtingu.
- Dregið verði sem kostur er úr notkun HFC-kælimiðla.

Flúorkolefni við álframleiðslu.
- Gert verði samkomulag við álfyrirtæki í landinu um aðgerðir til þess að halda útstreymi flúorkolefna við álframleiðslu innan við 0,14 tonn koltvíoxíðígilda á framleitt tonn af áli.
- Komið verði á formlegu samráði umhverfisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins við fyrirtæki í áliðnaði um aðgerðir til þess að halda útstreymi gróðurhúsalofttegunda á hverja framleiðslueiningu í lágmarki.

Meðhöndlun úrgangs.
- Dregið verði úr urðun úrgangs, einkum lífræns úrgangs.
- Dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum.

Binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- Binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu verði aukin. Þær skógræktar- og landgræðsluaðgerðir sem ráðist verður í á næstu árum verði skipulagðar og framkvæmdar með þeim hætti að nettó binding kolefnis sem af þeim leiðir verði sem mest að teknu tilliti til annarra markmiða svo sem verndar líffræðilegs fjölbreytileika eða eflingar byggðar.

Rannsóknir og þróun.
- Áhersla verður lögð á rannsóknir og þróunarstarf sem stuðlar að auknum árangri af aðgerðum til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.
- Aukin áhersla verði lögð á að meta kolefnisbindinguna og að koma bindingarbókhaldi í fastar skorður.
- Rannsókna- og þróunarstarf sem hefur það að markmiði að auka nýtingu umhverfisvænna orkugjafa verður eflt.
- Rannsóknir á leiðum til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum verða efldar.
- Gerðar verði tilraunir með orkugjafa sem komið geta í stað olíu, svo sem vetni. Jafnframt verði vel fylgst með þróun annarrar nýrrar tækni hvað þetta svið varðar.

Fræðsla og upplýsingagjöf til almennings.
- Sérstakt átak verður gert til þess að fræða almenning um færar leiðir til þess að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda samfara heimilishaldi, úrgangsmyndun og samgöngum.
- Upplýsingagjöf til almennings um eldsneytisnotkun bifreiða, útstreymi gróðurhúsalofttegunda og afleiðingar loftslagsbreytinga verður aukin.

Aðrar skuldbindingar innan bókunarinnar og rammasamningins.

Þær aðgerðir sem tilgreindar hafa verið hér að ofan hafa það markmið að uppfylla skuldbindingar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda samkvæmt Kýótó-bókuninni. Bókunin felur einnig í sér skuldbindingar um:
a. almenn stefnumið og aðgerðir í loftslagsmálum,
b. um landskerfi til að meta útstreymi og kolefnisbindingu,
c. um upplýsingagjöf um útstreymi og bindingu og reikningsskil á úthlutuðu magni,
d. endurskoðun útstreymisbókhalds.

Landskerfi til að meta útstreymi og kolefnisbindingu skal komið á eigi síðar en 2007 samkvæmt nánari fyrirmælum sem samþykkt verða á þingi aðila að bókuninni. Íslensk stjórnvöld þurfa að ákveða fyrir 2008 hvort tekin verða með í bindingarbókhaldið á fyrsta skuldbindingartímabilinu landsvæði sem nýtt eru til beitar, skógræktar frá því fyrir árið 1990 eða annars landbúnaðar. Þessi landsvæði þarf að taka inn í bókhald á næsta skuldbindingartímabili sem væntanlega hefst 2013.

Kýótó-bókunin felur einnig í sér ákvæði um viðskipti milli landa með útstreymisheimildir. Útfærsla íslenska ákvæðisins takmarkar hins vegar þessi viðskipti þannig að Ísland getur ekki selt frá sér útstreymisheimildir. Ríkjum er í sjálfsvald sett hvort þau takmarki útstreymi innan lands með úthlutun útstreymisheimilda og viðskiptum með þær. Að athuguðu máli er ekki talin ástæða til þess að fara þá leið hér á landi. ESB hefur lagt fram drög að tilskipun um viðskipti með útstreymisheimildir á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þær tillögur ná hins vegar aðeins til útstreymis koltvíoxíðs og takmarkast við tiltekna flokka iðnaðar og ná ekki til áliðnaðar svo að dæmi sé tekið. Sú tilskipun mun því aðeins snerta lítinn hluta útstreymis frá Íslandi.

Rammasamningurinn felur í sér almennar skuldbindingar um fjárhagslega aðstoð til þróunarríkjanna. Alþjóðlega umhverfissjóðnum (*Global Environment Facility*) hefur verið falið að hafa milligöngu um þessa aðstoð. Nú stendur yfir þriðja endurfjármögnun sjóðsins og er nauðsynlegt að Ísland taki afstöðu til þátttöku í henni. Þessu til viðbótar lýsti hópur ríkja (Ísland, ríki ESB, Kanada, Nýja-Sjáland, Noregur, og Sviss) því yfir á framhaldsfundi 6. þings aðila samningsins að þessi ríki væru tilbúin að leggja fram sameiginlega 410 millj. bandaríkjadala eigi síðar en 2005 til aðstoðar þróunarríkjunum. Ekki hefur verið gengið frá því hvernig þetta framlag skiptist milli þessara ríkja.

1101. Tillaga til þingsályktunar [685. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 24. janúar og 28. febrúar 2002.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 24. janúar og 28. febrúar 2002. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2002.

Samkvæmt samningi þessum munu aðilar semja fyrir 20. júní 2002 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2003. Er eins og í samningi landanna frá árinu 2001 við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30.000 lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði sem máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi, en að óheimilt sé að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2002/2003 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2002.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Þegar samningur þessi var gerður var búist við því að á fyrstu mánuðum ársins 2002 yrðu gerðar breytingar á stjórn veiða úr kolmunnastofninum sem kalla mundu á endurskoðun þessa samnings. Var því kveðið á um það í samningnum að hann skyldi endurskoðaður fyrir 15. mars 2002. Eftir viðræður þeirra sem veiða úr kolmunnastofninum liggur hins vegar fyrir að engar breytingar verða á stjórn veiða úr stofninum að svo stöddu. Kemur samningurinn því ekki til endurskoðunar eins og ráðgert var.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 28. febrúar 2002 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 24. janúar 2002

Hr. lögmaður
Anfinn Kallsberg
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til samtala milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

1. gr.

Aðilar munu semja fyrir 20. júní 2002 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá 20. júní 2002 til apríl 2003. Er við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þús. lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á tímabilinu janúar til apríl um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2002/2003 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2002. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2002. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2002 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista yfir veiðiskip sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.

7. gr.

Aðilar eru sammála um að vegna væntanlegra breytinga á stjórn veiða úr kolmunnastofninum í lögsögu Íslands og/eða Færeyja verði samningur þessi endurskoðaður ásamt öðrum fiskveiðiréttindum sem aðilar njóta innan lögsögu hvor annars. Sú endurskoðun fari fram fyrir 15. mars 2002."

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf lögmanns Færeyja.

Tórshavn, 28. februar 2002

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið
Ísland

Harra uttanríkisráðharri.

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara dagsett 24. januar 2002, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2002.

Eg havi skilt, at semja er vordin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiði í íslendskum og føroyskum sjógvi í 2002.

1. gr.

Partarnir fara fyri 20. juni 2002 at gera sáttmála um veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í lodnutíðini, sum varar frá 20. juni 2002 til apríl 2003. Samráðingarstøðið er, at

veiðiheimildir hjá føroyskum nótaskipum í hesum tíðarskeiði verða um 30 túsund tons, treytað av at fyritreytir viðvíkjandi loyvdari heildarveiði og onnur viðurskifti, sum hava týdning, ikki broytast munandi.

Loyvt er at landa veiðina til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta tann partin av veiðini, sum er veiddur í tíðarskeiðnum januar til apríl um borð, og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2002/2003 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslendskum búskaparøki við veiðiheimildum, sum eru fíngnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 2002. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 2002. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.

Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2002 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.

7. gr.

Partarnir eru samdir um, at vegna væntandi broytingar í umsitingini av svartkjaftastovninum í íslendskum og/ella føroyskum sjógvi, verður henda semja endurskoðað saman við øðrum fiskiveiðirættindum, sum partarnir hava í íslendskum og/ella føroyskum sjógvi. Henda endurskoðun eigur at fara fram áðrenn 15. mars 2002."

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyribils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt."

Eg loyvi mær at staðfesta, at tað ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya landsstýris, og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við hávirðing,
Anfinn Kallsberg
løgmaður

1102. Tillaga til þingsályktunar [686. mál]

um aðild að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að heimila að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 3. mars 1980.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 3. mars 1980. Samningurinn er prentuður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 var öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kallað saman. Með ályktun öryggisráðsins nr. 1368 (2001) 12. september 2001 voru hryðjuverkin fordæmd og ríki heims hvött til að vinna saman að því að leita þá uppi sem stóðu á bak við þau og koma lögum yfir þá. Einnig voru ríki hvött til að fullgilda fyrirliggjandi alþjóðasamninga gegn hryðjuverkum og hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd.

Ísland er þegar aðili að meiri hluta hryðjuverkasamninganna, en stefnt er að fullgildingu þeirra samninga sem Ísland er ekki aðili að fyrir vorið 2002. Með ályktun 8. mars 2002 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda þá tvo samninga sem telja verður mikilvægasta af þessum samningum, þ.e. alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997 og alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna er á meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga. Hann hefur tvenns konar markmið. Annars vegar gerir hann tilteknar kröfur um hvernig vörslu kjarnakleyfra efna sem nota skal í friðsamlegum tilgangi skuli háttað þegar slík efni eru flutt milli landa. Hins vegar mælir hann fyrir um hvers konar ráðstafanir aðildarríki skuli gera vegna ólögmætra athafna með kjarnakleyf efni þegar þau eru flutt milli landa eða eru í notkun, geymslu eða flutningi innan lands.

Ákvæði samningsins um hvernig vörslu kjarnkleyfra efna skuli háttað eiga eingöngu við um flutning efnanna milli landa, en önnur ákvæði samningsins ná einnig til notkunar,

geymslu og flutnings slíkra efna innan lands. Aðildarríkjunum er skylt að taka upp í landslög sín ákvæði er lýsa refsiverð þau brot sem lýst er í 7. gr. samningsins og framin eru af ásetningi, þ.e. athafnir sem valda eða eru líklegar til að valda dauða eða alvarlegum skaða á fólki eða verulegu eignatjóni, þjófnaður eða rán á kjarnakleyfum efnum, ólögmæt taka eða öflun kjarnakleyfra efna með sviksamlegum hætti, athafnir sem fólgnar eru í því að krefjast kjarnakleyfra efna með hótunum, valdbeitingu eða annars konar ógnunum, hótanir um að nota kjarnakleyf efni til að valda dauða eða alvarlegum skaða á fólki eða verulegu eignatjóni og hótanir um þjófnað eða rán á kjarnakleyfum efnum í því skyni að þvinga einstakling eða lögpersónu, alþjóðastofnun eða ríki til að aðhafast eitthvað eða láta eitthvað ógert.

Samningurinn hefur einnig að geyma ákvæði um lögsögu og framsal sakamanna.

Samningurinn öðlaðist gildi 8. febrúar 1987, en 20. mars 2002 voru aðildarríki hans alls 75.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið og samgönguráðuneytið hafa farið yfir samninginn um vörslu kjarnakleyfra efna. Samkvæmt upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er gert ráð fyrir að á yfirstandandi löggjafarþingi verði lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sem tekur mið af ákvæðum samningsins. Samgönguráðuneytið hefur hins vegar staðfest að aðild Íslands að samningnum kalli ekki á lagabreytingar á sviði þess ráðuneytis.

Fylgiskjal.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna	**The Convention on the Physical Protection of Nuclear Material**
AÐILDARRÍKI SAMNINGS ÞESSA,	THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION,
VIÐURKENNA rétt allra ríkja til þess að þróa og nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi og réttmæta hagsmuni sem þau geta haft af hugsanlegum ávinningi af friðsamlegri notkun kjarnorku,	RECOGNIZING the right of all States to develop and apply nuclear energy for peaceful purposes and their legitimate interests in the potential benefits to be derived from the peaceful application of nuclear energy,
ERU SANNFÆRÐ UM nauðsyn þess að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um friðsamlega notkun kjarnorku,	CONVINCED of the need for facilitating international co-operation in the peaceful application of nuclear energy,
LÝSA YFIR VILJA SÍNUM til þess að afstýra hugsanlegri hættu sem stafar af ólögmætri töku og notkun kjarnakleyfra efna,	DESIRING to avert the potential dangers posed by the unlawful taking and use of nuclear material,
ERU SANNFÆRÐ UM að brot, sem tengjast kjarnakleyfum efnum, eru alvarlegt áhyggjuefni og að brýn þörf er á að samþykkja viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að komið verði í veg fyrir slík brot, þau verði upplýst og fyrir þau refsað,	CONVINCED that offences relating to nuclear material are a matter of grave concern and that there is an urgent need to adopt appropriate and effective measures to ensure the prevention, detection and punishment of such offences,
GERA SÉR LJÓST að alþjóðleg samvinna er nauðsynleg til þess að koma á skilvirkum ráðstöfunum,	AWARE OF THE NEED FOR international co-operation to establish, in conformity with the nation-

samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis og samningi þessum, vegna vörslu kjarnakleyfra efna,

ERU SANNFÆRÐ UM að samningur þessi ætti að auðvelda örugga tilfærslu kjarnakleyfra efna,

LEGGJA EINNIG ÁHERSLU Á mikilvægi vörslu kjarnakleyfra efna sem eru notuð, geymd og flutt innan lands,

VIÐURKENNA mikilvægi skilvirkrar vörslu kjarnakleyfra efna, sem eru notuð í hernaðarlegum tilgangi, og gera sér grein fyrir að slík efni eru og munu áfram verða í strangri vörslu,

og HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

a. „kjarnakleyft efni“ plúton, að því undanskildu sem hefur yfir 80% samsætustyrk í plútoni 238; úran 233; úran auðgað í samsætu 235 eða 233; úran sem inniheldur þá blöndu af samsætum, sem kemur fyrir í náttúrunni, aðra en í mynd málmgrýtis eða málmgrýtisleifar; öll efni sem innihalda eitt eða fleiri fyrrnefndra atriða;

b. „úran auðgað í samsætu 235 eða 233“ úran sem inniheldur samsætu 235 eða 233 eða báðar í því magni að fjöldahlutfall milli summu þessara samsætna og samsætu 238 er hærra en hlutfallið milli samsætu 235 og samsætu 238 sem kemur fyrir í náttúrunni;

c. „flutningur kjarnakleyfra efna milli landa“ flutningur farms af kjarnakleyfum efnum, með hvers konar flutningatæki, sem er ætlað að fara út fyrir landsvæði upprunaríkis sendingar og hefst með brottför frá stöð farmsendanda þess ríkis og lýkur við komu farmsins í stöð viðtakanda í því ríki þar sem endanlegur ákvörðunarstaður er.

2. gr.

1. Samningur þessi gildir um kjarnakleyf efni til friðsamlegra nota meðan á flutningi þeirra stendur milli landa.

2. Samningur þessi gildir einnig um kjarnakleyf efni til friðsamlegra nota meðan á notkun þeirra, geymslu og flutningi stendur innan lands, að undanskildum ákvæðum 3. og 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.

3. Ákvæði samnings þessa skal ekki túlka svo að hafi áhrif á fullveldisrétt ríkis að því er varðar notk-

al law of each State Party and with this Convention, effective measures for the physical protection of nuclear material,

CONVINCED that this Convention should facilitate the safe transfer of nuclear material,

STRESSING also the importance of the physical protection of nuclear material in domestic use, storage and transport,

RECOGNIZING the importance of effective physical protection of nuclear material used for military purposes, and understanding that such material is and will continue to be accorded stringent physical protection,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

a. "nuclear material" means plutonium except that with isotopic concentration exceeding 80% in plutonium-238; uranium-233; uranium enriched in the isotope 235 or 233; uranium containing the mixture of isotopes as occurring in nature other than in the form of ore or ore-residue; any material containing one or more of the foregoing;

b. "uranium enriched in the isotope 235 or 233" means uranium containing the isotope 235 or 233 or both in an amount such that the abundance ratio of the sum of these isotopes to the isotope 238 is greater than the ratio of the isotope 235 to the isotope 238 occurring in nature;

c. "international nuclear transport" means the carriage of a consignment of nuclear material by any means of transportation intended to go beyond the territory of the State where the shipment originates beginning with the departure from a facility of the shipper in that State and ending with the arrival at a facility of the receiver within the State of ultimate destination.

Article 2

1. This Convention shall apply to nuclear material used for peaceful purposes while in international nuclear transport.

2. With the exception of articles 3 and 4 and paragraph 3 of article 5, this Convention shall also apply to nuclear material used for peaceful purposes while in domestic use, storage and transport.

3. Apart from the commitments expressly undertaken by States Parties in the articles covered by

un, geymslu og flutning kjarnakleyfra efna innan lands að þeim skuldbindingum undanskildum sem aðildarríkin gangast sérstaklega undir samkvæmt þeim greinum, sem er fjallað um í 2. mgr., með tilliti til kjarnakleyfra efna til friðsamlegra nota meðan á notkun þeirra, geymslu og flutningi stendur.

3. gr.

Aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum og í samræmi við þjóðarétt til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að meðan á flutningi kjarnakleyfra efna stendur milli landa sé slíkra efna gætt, innan landsvæðis þess eða um borð í skipi eða loftfari sem lögsaga þess nær til, ef slíkt skip eða loftfar er í flutningum til eða frá sama ríki, samkvæmt þeim vörslustigum sem er lýst í I. viðauka.

4. gr.

1. Aðildarríki skal ekki flytja út eða heimila útflutning á kjarnakleyfum efnum nema aðildarríkið hafi móttekið tryggingu fyrir því að þeirra verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi stendur milli landa.

2. Aðildarríki skal ekki flytja inn eða heimila innflutning á kjarnakleyfum efnum frá ríki, sem er ekki aðili að samningi þessum, nema aðildarríkið hafi móttekið tryggingu fyrir því að þeirra verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi stendur milli landa .

3. Aðildarríki skal ekki veita leyfi til að kjarnakleyf efni séu flutt gegnum landsvæði þess, á landi, innhöfum eða um flughafnir eða hafnir við sjó, milli ríkja, sem eru ekki aðilar að samningi þessum, nema aðildarríkið hafi móttekið tryggingu, eftir því sem unnt er, fyrir því að kjarnakleyfu efnanna verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi þeirra stendur milli landa.

4. Aðildarríki skal beita vörslustigunum, sem er lýst í I. viðauka, samkvæmt landslögum sínum gagnvart kjarnakleyfum efnum sem eru flutt frá landshluta innan ríkisins til annars landshluta innan sama ríkis gegnum alþjóðleg hafsvæði eða loftrými.

5. Aðildarríki, sem samkvæmt 1. til 3. mgr. er ábyrgt fyrir móttöku tryggingar fyrir því að kjarnakleyfu efnanna verði gætt í samræmi við vörslustigin sem er lýst í I. viðauka, skal tilgreina þau ríki sem vænta má að kjarnakleyf efni verði flutt í gegnum á landi eða innhöfum eða að þau komi í flughafnir þeirra eða til hafna og tilkynna þeim það fyrirfram.

6. Heimilt er, með gagnkvæmum samningi, að færa ábyrgð á því að afla trygginga, sem getið er um í 1. mgr., til aðildarríkisins sem tekur þátt í flutningunum sem innflutningsríki.

paragraph 2 with respect to nuclear material used for peaceful purposes while in domestic use, storage and transport, nothing in this Convention shall be interpreted as affecting the sovereign rights of a State regarding the domestic use, storage and transport of such nuclear material.

Article 3

Each State Party shall take appropriate steps within the framework of its national law and consistent with international law to ensure as far as practicable that, during international nuclear transport, nuclear material within its territory, or on board a ship or aircraft under its jurisdiction insofar as such ship or aircraft is engaged in the transport to or from that State, is protected at the levels described in Annex I.

Article 4

1. Each State Party shall not export or authorize the export of nuclear material unless the State Party has received assurances that such material will be protected during the international nuclear transport at the levels described in Annex I.

2. Each State Party shall not import or authorize the import of nuclear material from a State not party to this Convention unless the State Party has received assurances that such material will during the international nuclear transport be protected at the levels described in Annex I.

3. A State Party shall not allow the transit of its territory by land or internal waterways or through its airports or seaports of nuclear material between States that are not parties to this Convention unless the State Party has received assurances as far as practicable that this nuclear material will be protected during international nuclear transport at the levels described in Annex I.

4. Each State Party shall apply within the framework of its national law the levels of physical protection described in Annex I to nuclear material being transported from a part of that State to another part of the same State through international waters or airspace.

5. The State Party responsible for receiving assurances that the nuclear material will be protected at the levels described in Annex I according to paragraphs 1 to 3 shall identify and inform in advance States which the nuclear material is expected to transit by land or internal waterways, or whose airports or seaports it is expected to enter.

6. The responsibility for obtaining assurances referred to in paragraph 1 may be transferred, by mutual agreement, to the State Party involved in the transport as the importing State.

7. Ákvæði þessarar greinar skal ekki túlka þannig að þau hafi með nokkrum hætti áhrif á óskoruð yfirráð ríkis yfir landsvæði og á lögsögu ríkis, þar með talið yfir loftrými þess og landhelgi.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu tilgreina og veita hvert öðru upplýsingar, með beinum hætti eða gegnum Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, um það stjórnvald og tengilið sem bera ábyrgð á vörslu kjarnakleyfra efna og samræmingu aðgerða til endurheimtar og viðbragða ef til óleyfilegs brottflutnings, notkunar eða breytinga á kjarnakleyfum efnum kemur eða ef slíku er hótað á trúverðugan hátt.

2. Ef kjarnakleyfum efnum er stolið, rænt eða þau tekin með ólögmætum hætti eða slíku er hótað á trúverðugan hátt skulu aðildarríki, í samræmi við landslög sín, efna til samstarfs við og aðstoða hvert það ríki, sem þess óskar og eins og frekast er unnt, við að endurheimta slík efni og gæta þeirra. Einkum:

a. skal aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tilkynna öðrum ríkjum, sem því virðist eiga hagsmuna að gæta og eins fljótt og frekast er unnt, um hvert tilvik er kjarnakleyfum efnum er stolið, rænt eða þau tekin með ólögmætum hætti eða slíku er hótað á trúverðugan hátt og tilkynna alþjóðastofnunum um það eftir því sem við á;
b. skulu þau aðildarríki, sem eiga hagsmuna að gæta, skiptast eftir atvikum á upplýsingum sín á milli eða við alþjóðastofnanir í því skyni að gæta kjarnakleyfra efna, sem er teflt í hættu, með því að sannprófa óskert ástand viðkomandi flutningageymis eða endurheimta kjarnakleyf efni, sem eru tekin með ólögmætum hætti, og skulu:
   i. samhæfa aðgerðir sínar eftir diplómatískum leiðum eða með öðrum hætti sem samkomulag er um;
   ii. veita aðstoð ef þess er óskað;
   iii. tryggja að kjarnakleyfum efnum, sem hefur verið stolið eða er saknað vegna fyrrnefndra atburða, sé skilað.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu ákvarða hvernig fyrrnefnt samstarf fer fram.

3. Aðildarríkin skulu, eftir atvikum, hafa samvinnu og samráð sín á milli, með beinum hætti eða gegnum alþjóðastofnanir, í því skyni að fá leiðbeiningar um hvernig móta skuli fyrirkomulag vörslu kjarnakleyfra efna, sem eru flutt milli landa, viðhalda því og bæta það.

7. Nothing in this article shall be interpreted as in any way affecting the territorial sovereignty and jurisdiction of a State, including that over its airspace and territorial sea.

Article 5

1. States Parties shall identify and make known to each other directly or through the International Atomic Energy Agency their central authority and point of contact having responsibility for physical protection of nuclear material and for co-ordinating recovery and response operations in the event of any unauthorized removal, use or alteration of nuclear material or in the event of credible threat thereof.

2. In the case of theft, robbery or any other unlawful taking of nuclear material or of credible threat thereof, States Parties shall, in accordance with their national law, provide co-operation and assistance to the maximum feasible extent in the recovery and protection of such material to any State that so requests. In particular:

a. a State Party shall take appropriate steps to inform as soon as possible other States, which appear to it to be concerned, of any theft, robbery or other unlawful taking of nuclear material or credible threat thereof and to inform, where appropriate, international organizations;

b. as appropriate, the States Parties concerned shall exchange information with each other or international organizations with a view to protecting threatened nuclear material, verifying the integrity of the shipping container, or recovering unlawfully taken nuclear material and shall:
   i. co-ordinate their efforts through diplomatic and other agreed channels;
   ii. render assistance; if requested;
   iii. ensure the return of nuclear material stolen or missing as a consequence of the above-mentioned events.

The means of implementation of this co-operation shall be determined by the States Parties concerned.

3. States Parties shall co-operate and consult as appropriate, with each other directly or through international organizations, with a view to obtaining guidance on the design, maintenance and improvement of systems of physical protection of nuclear material in international transport.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til þess að gæta þagnarskyldu varðandi trúnaðarupplýsingar sem þeim berast frá öðrum aðildarríkjum á grundvelli ákvæða þessa samnings eða þau fá vegna þátttöku í aðgerðum til framkvæmdar samningi þessum. Láti aðildarríki alþjóðastofnunum í té trúnaðarupplýsingar skal gera ráðstafanir til þess að tryggja að þagnarskyldu sé gætt varðandi slíkar upplýsingar.

2. Þess verður ekki krafist á grundvelli samnings þessa að aðildarríki láti í té upplýsingar sem þeim er óheimilt að miðla samkvæmt landslögum sínum eða myndu tefla öryggi hlutaðeigandi ríkis eða vörslu kjarnakleyfra efna í tvísýnu.

7. gr.

1. Ásetningsverknaður sem felur í sér:

a. ólögmæta athöfn sem felst í móttöku, yfirráðum yfir, notkun, tilfærslu, breytingu, förgun eða dreifingu kjarnakleyfra efna og veldur eða er líkleg til að valda dauða manna eða mönnum alvarlegum skaða eða verulegu eignatjóni;

b. þjófnað eða rán á kjarnakleyfum efnum;

c. ólögmæta töku eða öflun kjarnakleyfra efna með sviksamlegum hætti;

d. athöfn sem er fólgin í því að krefjast kjarnakleyfra efna með hótunum eða valdbeitingu eða annars konar ógnunum;

e. hótun um:

i. að nota kjarnakleyf efni til þess að valda dauða manna eða mönnum alvarlegum skaða eða verulegu eignatjóni, eða

ii. að fremja brot, sem er lýst í b-lið, í því skyni að þvinga einstakling eða lögpersónu, alþjóðastofnun eða ríki til þess að aðhafast eitthvað eða láta það ógert;

f. tilraun til brots sem er lýst í a-, b- eða c-lið; og

g. athöfn sem er fólgin í hlutdeild í broti sem er lýst í a- til f-lið,

skal vera refsiverður verknaður samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis.

2. Aðildarríki skulu gera brotin, sem er lýst í þessari grein, refsiverð með viðeigandi viðurlögum sem miðast við hve alvarleg þau eru.

8. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu í brotamálum sem er lýst í 7. gr. í eftirfarandi tilvikum:

Article 6

1. States Parties shall take appropriate measures consistent with their national law to protect the confidentiality of any information which they receive in confidence by virtue of the provisions of this Convention form another State Party or through participation in an activity carried out for the implementation of this Convention. If States Parties provide information to international organizations in confidence, steps shall be taken to ensure that the confidentiality of such information is protected.

2. States Parties shall not be required by this Convention to provide any information which they are not permitted to communicate pursuant to national law or which would jeopardize the security of the State concerned or the physical protection of nuclear material.

Article 7

1. The intentional commission of:

a. an act without lawful authority which constitutes the receipt, possession, use, transfer, alteration, disposal or dispersal of nuclear material and which causes or is likely to cause death or serious injury to any person or substantial damage to property;

b. a theft of robbery of nuclear material;

c. an embezzlement or fraudulent obtaining of nuclear material;

d. an act constituting a demand for nuclear material by threat or use of force or by any other form of intimidation;

e. a threat:

i. to use nuclear material to cause death or serious injury to any person or substantial property damage, or

ii. to commit an offence described in subparagraph (b) in order to compel a natural or legal person, international organization or State to do or to refrain from doing any act;

f. an attempt to commit any offence described in paragraphs (a), (b) or (c); and

g. an act which constitutes participation in any offence described in paragraphs (a) to (f)

shall be made a punishable offence by each State Party under its national law.

2. Each State Party shall make the offences described in this article punishable by appropriate penalties which take into account their grave nature.

Article 8

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 7 in the following cases;

a. brotið er framið á landsvæði aðildarríkisins eða um borð í skipi eða loftfari sem er skráð í aðildarríkinu;
b. meintur brotamaður er ríkisborgari aðildarríkisins.

2. Aðildarríki skulu ennfremur gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu í þessum brotamálum þegar meintur brotamaður er staddur á landsvæði þess og það framselur hann ekki samkvæmt 11. gr. til einhverra þeirra ríkja sem getið er um í 1. mgr.

3. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

4. Auk aðildarríkjanna, sem getið er um í 1. og 2. mgr., er hverju aðildarríki heimilt, í samræmi við þjóðarétt, að afla sér lögsögu í brotamálum, sem er lýst í 7. gr., þegar það er þátttakandi í flutningi kjarnakleyfra efna milli landa sem útflutnings- eða innflutningsríki.

9. gr.

Sé meintur brotamaður staddur á landsvæði aðildarríkis skal það gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum, að fenginni vissu fyrir því að aðstæður réttlæti slíkt, meðal annars beita varðhaldi í því skyni að tryggja nærveru hans til þess að unnt sé að sækja hann til saka eða framselja. Tilkynna skal þeim ríkjum, sem ber að afla sér lögsögu samkvæmt 8. gr., án tafar um ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, og öllum öðrum hlutaðeigandi ríkjum, eftir því sem við á.

10. gr.

Sé meintur brotamaður staddur á landsvæði aðildarríkis skal það, ef það framselur hann ekki, senda mál hans, án undantekningar og ótilhlýðilegrar tafar, til þar til bærra yfirvalda sinna eftir þeim leiðum, sem mælt er fyrir um í landslögum, til þess að unnt sé að leggja fram ákæru.

11. gr.

1. Líta ber þannig á að brot, sem getið er um í 7. gr., séu brot sem geta leitt til framsals í skilningi framsalssamninga sem eru í gildi milli aðildarríkja. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að fella þessi brot inn í alla framsalssamninga, sem þau gera sín á milli í framtíðinni, sem brot sem geta leitt til framsals.

2. Móttaki aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að um það gildi samningur, framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki, sem það hefur ekki gert framsalssamning við, er því heimilt, ef það svo kýs, að líta á samning þennan sem lagaheimild fyrir framsali að því er þessi brot varðar. Framsal skal háð öðr-

a. when the offence is committed in the territory of that State or on board a ship or aircraft registered in that State;
b. when the alleged offender is a national of that State.

2. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over these offences in cases where the alleged offender is presented in its territory and it does not extradite him pursuant to article 11 to any of the States mentioned in paragraph 1.

3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

4. In addition to the States Parties mentioned in paragraphs 1 and 2, each State Party may, consistent with international law, establish its jurisdiction over the offences set forth in article 7 when it is involved in international nuclear transport as the exporting or importing State.

Article 9

Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the alleged offender is present shall take appropriate measures, including detention, under its national law to ensure his presence for the purpose of prosecution or extradition. Measures taken according to this article shall be notified without delay to the States required to establish jurisdiction pursuant to article 8 and, where appropriate, all other States concerned.

Article 10

The State Party in whose territory the alleged offender is present shall, if it does not extradite him, submit, without exception whatsoever and without undue delay, the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State.

Article 11

1. The offences in article 7 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include those offences as extraditable offences in every future extradition treaty to be concluded between them.

2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may at its option consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of those offences. Extradition shall

um skilyrðum sem lög þess ríkis, sem beiðnina fær, kveða á um.

3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að um það gildi samningur, skulu viðurkenna með gagnkvæmum hætti að þessi brot geti leitt til framsals með fyrirvara um þau skilyrði sem lög þess ríkis, sem beiðnina fær, setja.

4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal farið með brot eins og það hafi ekki aðeins verið framið þar sem það átti sér stað heldur einnig á landsvæðum þeirra aðildarríkja sem ber að afla sér lögsögu í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

12. gr.

Tryggja skal hverjum einstaklingi, sem mál er höfðað gegn vegna einhverra þeirra brota sem er lýst í 7. gr., sanngjarna málsmeðferð á öllum stigum réttarhalda.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru alla þá aðstoð sem unnt er í tengslum við opinber mál sem eru höfðuð vegna þeirra brota sem er lýst í 7. gr., meðal annars afhenda handbær sönnunargögn sem eru nauðsynleg vegna réttarhaldanna. Lög þess ríkis, sem fær beiðni um aðstoð, skulu gilda í öllum tilvikum.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt öðrum samningum, tvíhliða eða marghliða, sem fjalla, í heild eða að hluta til, um gagnkvæma aðstoð í opinberum málum.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna vörsluaðila um lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem það setur til framkvæmdar samningi þessum. Vörsluaðili skal miðla þessum upplýsingum reglulega til allra aðildarríkja.

2. Aðildarríkið, þar sem meintur brotamaður er saksóttur, skal, þar sem því verður komið við, tilkynna fyrst þeim ríkjum, sem málið varðar beinlínis, um endanlega niðurstöðu réttarhaldanna. Aðildarríkið skal einnig tilkynna vörsluaðila um endanlega niðurstöðu sem tilkynnir öllum ríkjum um hana.

3. Þegar brot lýtur að kjarnakleyfum efnum til friðsamlegra nota, sem eru notuð, geymd eða flutt innan lands, og meintur brotamaður og hið kjarnakleyfa efni eru áfram á landsvæði aðildarríkisins þar sem brotið var framið skal ekki túlka samning þennan með þeim hætti að þess sé krafist að umrætt aðildarríki láti í té upplýsingar um opinber mál sem eru höfðuð vegna slíks brots.

be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize those offences as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. Each of the offences shall be treated, for the purpose of extradition between States Parties, as if it had been committed not only in the place in which it occurred but also in the territories of the States Parties required to establish their jurisdiction in accordance with paragraph 1 of article 8.

Article 12

Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences set forth in article 7 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings.

Article 13

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the offences set forth in article 7, including the supply of evidence at their disposal necessary for the proceedings. The law of the State requested shall apply in all cases.

2. The provisions of paragraph 1 shall not affect obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, which governs or will govern, in whole or in part, mutual assistance in criminal matters.

Article 14

1. Each State Party shall inform the depositary of its laws and regulations which give effect to this Convention. The depositary shall communicate such information periodically to all States Parties.

2. The State Party where an alleged offender is prosecuted shall, wherever practicable, first communicate the final outcome of the proceedings to the States directly concerned. The State Party shall also communicate the final outcome to the depositary who shall inform all States.

3. Where an offence involves nuclear material used for peaceful purposes in domestic use, storage or transport, and both the alleged offender and the nuclear material remain in the territory of the State Party in which the offence was committed, nothing in this Convention shall be interpreted as requiring that State Party to provide information concerning criminal proceedings arising out of such an offence.

15. gr.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

16. gr.

1. Vörsluaðili skal boða til ráðstefnu aðildarríkja fimm árum eftir gildistöku samnings þessa í því skyni að endurskoða framkvæmd samningsins og hvort hann sé fullnægjandi, að því er varðar inngangsorð, öll gildandi ákvæði og viðauka, í ljósi aðstæðna á þeim tíma.

2. Meiri hluti aðildarríkja getur, á að minnsta kosti fimm ára fresti þar eftir, fengið því framgengt að boðað verði til fleiri ráðstefna í sama tilgangi með því að leggja það til við vörsluaðila.

17. gr.

1. Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um með hvaða hætti beri að túlka samning þennan eða beita ákvæðum hans ber þeim aðildarríkjum að ráðgast sín á milli í því skyni að leysa ágreininginn með samningaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum til lausnar ágreiningi sem allir málsaðilar geta sætt sig við.

2. Allan ágreining af þessum toga, sem ekki er unnt að leysa með þeim hætti sem er lýst í 1. mgr., skal leggja í gerðardóm eða honum vísað til Alþjóðadómstólsins til úrlausnar að beiðni einhvers aðila að slíkum ágreiningi. Geti aðilar að ágreiningi, sem er lagður í gerðardóm, ekki komist að samkomulagi um skipulag gerðardóms innan sex mánaða frá því að beiðni um gerðardómsúrskurð er lögð fram getur málsaðili farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að hann tilnefni einn gerðardómsmann eða fleiri. Ef ósamhljóða beiðnir koma fram frá málsaðilum skal beiðnin, sem er send aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hafa forgang.

3. Aðildarríki er heimilt við undirritun samnings þessa, fullgildingu hans, staðfestingu, eða samþykki að lýsa því yfir að það telji sig óbundið af málsmeðferð til lausnar ágreiningi, sem kveðið er á um í 2. mgr., annarri eða báðum. Hin aðildarríkin eru óbundin af málsmeðferð til lausnar ágreiningi, sem kveðið er á um í 2. mgr., gagnvart aðildarríki sem hefur gert fyrirvara um sömu málsmeðferð.

4. Aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 3. mgr., er hvenær sem er heimilt að draga þann fyrirvara til baka með tilkynningu til vörsluaðila.

Article 15

The Annexes constitute an integral part of this Convention.

Article 16

1. A conference of States Parties shall be convened by the depositary of five years after the entry into force of this Convention to review the implementation of the Convention and its adequacy as concerns the preamble, the whole of the operative part and the annexes in the light of the then prevailing situation.

2. At intervals of not less than five years thereafter, the majority of States Parties may obtain, by submitting a proposal to this effect to the depositary, the convening of further conferences with the same objective.

Article 17

1. In the event of a dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention, such States Parties shall consult with a view to the settlement of the dispute by negotiation, or by any other peaceful means of settling disputes acceptable to all parties to the dispute.

2. Any dispute of this character which cannot be settled in the manner prescribed in paragraph 1 shall, at the request of any party to such dispute, be submitted to arbitration or referred to the International Court of Justice for decision. Where a dispute is submitted to arbitration, if, within six months from the date of the request, the parties to the dispute are unable to agree on the organization of the arbitration, a party may request the President of the International Court of Justice or the Secretary-General of the United Nations to appoint one or more arbitrators. In case of conflicting requests by the parties to the dispute, the request to the Secretary-General of the United Nations shall have priority.

3. Each State Party may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by either or both of the dispute settlement procedures provided for in paragraph 2. The other States Parties shall not be bound by a dispute settlement procedure provided for in paragraph 2, with respect to a State Party which has made a reservation to that procedure.

4. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 3 may at any time withdraw that reservation by notification to the depositary.

18. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 3. mars 1980 þar til hann öðlast gildi.

2. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem undirrita hann.

3. Öllum ríkjum er heimilt að gerast aðili að samningi þessum eftir að hann öðlast gildi.

4.

a. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu alþjóðastofnana og svæðastofnana á sviði samlögunar eða á öðrum sviðum og þeim er heimilt að gerast aðili að honum, að því tilskildu að slíkar stofnanir séu lögskipaðar af fullvalda ríkjum og til þess bærar að vinna að undirbúningi, gerð og framkvæmd alþjóðasamninga um málefni sem samningur þessi fjallar um.

b. Stofnanir þessar skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra og í eigin nafni, neyta þeirra réttinda sem samningur þessi veitir aðildarríkjum og uppfylla þær skyldur sem hann leggur þeim á herðar.

c. Þegar slíkar stofnanir gerast aðilar að samningi þessum skulu þær senda vörsluaðila yfirlýsingu þar sem tilgreind eru þau ríki, sem eru aðilar að henni, og hvaða greinar samnings þessa gilda ekki um hana.

d. Slík stofnun skal ekki fara með önnur atkvæði en atkvæði aðildarríkja sinna.

5. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda vörsluaðila.

19. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi frá þeim degi þegar tuttugasta og fyrsta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent vörsluaðila.

2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og fyrsta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða aðild hefur verið afhent, á þrítugasta degi frá því að ríkið afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

20. gr.

1. Aðildarríki er heimilt, með fyrirvara um 16. gr., að leggja fram tillögur að breytingum á samningi þessum. Breytingatillögu skal senda vörsluaðila sem skal dreifa henni án tafar til allra aðildarríkja. Óski

Article 18

1. This Convention shall be open for signature by all States at the Headquarters of the International Atomic Energy Agency in Vienna and at the Headquarters of the United Nations in New York from 3 March 1980 until its entry into force.

2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval by the signatory States.

3. After its entry into force, this Convention will be open for accession by all States.

4.

a. This Convention shall be open for signature or accession by international organizations and regional organizations of an integration or other nature, provided that any such organization is constituted by sovereign States and has competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by this Convention.

b. In matters within their competence, such organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the responsibilities which this Convention attributes to States Parties.

c. When becoming party to this Convention such an organization shall communicate to the depository a declaration indicating which States are members thereof and which articles of this Convention do not apply to it.

d. Such an organization shall not hold any vote additional to those of its Member States.

5. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with depositary.

Article 19

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-first instrument of ratification, acceptance or approval with the depositary.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the date of deposit of the twenty-first instrument of ratification, acceptance or approval, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 20

1. Without prejudice to article 16 a State Party may propose amendments to this Convention. The proposed amendment shall be submitted to the depositary who shall circulate it immediately to all

meiri hluti aðildarríkja eftir því við vörsluaðila að hann boði til ráðstefnu til að fjalla um breytingatillögurnar skal vörsluaðili bjóða öllum aðildarríkjum að sækja slíka ráðstefnu sem skal halda eigi fyrr en þrjátíu dögum eftir að boðin eru send. Vörsluaðili skal dreifa öllum breytingum, sem eru samþykktar á ráðstefnunni með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkja, tafarlaust til allra aðildarríkja.

2. Breyting skal öðlast gildi gagnvart ríki, sem afhendir til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, á þrítugasta degi frá þeim degi þegar tveir þriðju aðildarríkja hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Eftir það skal breyting öðlast gildi gagnvart öðrum aðildarríkjum á þeim degi þegar þau afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar.

States Parties. If a majority of States Parties request the depositary to convene a conference to consider the proposed amendments, the depositary shall invite all States Parties to attend such a conference to being not sooner than thirty days after the invitations are issued. Any amendment adopted at the conference by a two-thirds majority of all States Parties shall be promptly circulated by the depositary to all States Parties.

2. The amendment shall enter into force for each State Party that deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment on the thirtieth day after the date on which two thirds of the States Parties have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the depositary. Thereafter, the amendment shall enter into force for nay other State Party on the day on which that State Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment.

21. gr.

1. Hver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Uppsögn kemur til framkvæmda eitt hundrað og áttatíu dögum eftir þann dag er vörsluaðili móttekur tilkynningu.

Article 21

1. Any State Party any denounce this Convention by written notification to the depositary.

2. Denunciation shall take effect one hundred and eighty days following the date on which notification is received by the depositary.

22. gr.

Vörsluaðili skal tafarlaust senda öllum ríkjum tilkynningu um:

a. hverja undirritun samnings þessa;
b. hverja afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu;
c. fyrirvara og afturköllun í samræmi við ákvæði 17. gr.;
d. orðsendingar frá stofnun í samræmi við c-lið 4. mgr. 18. gr.;
e. gildistöku þessa samnings;
f. gildistöku hverrar breytingar við samning þennan; og
g. hverja uppsögn samkvæmt 21. gr.

Article 22

The depositary shall promptly notify all States of:

a. each signature of this Convention;
b. each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any reservation or withdrawal in accordance with article 17;
d. any communication made by an organization in accordance with paragraph 4(c) of article 18;
e. the entry into force of this Convention;
f. the entry into force of any amendment to this Convention; and
g. any denunciation made under article 21.

23. gr.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til vörslu sem sendir öllum ríkjum staðfest endurrit þess.

Article 23

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Director General of the International Atomic Energy Agency who shall send certified copies thereof to all States.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan sem lagður er fram til undirritunar í Vínarborg og New York 3. mars 1980.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized, have signed this Convention, opened for signature at Vienna and at New York on 3 March 1980.

I. VIÐAUKI
Vörslustig sem ber að nota við flutning kjarnakleyfra efna milli landa samanber flokkun í II. viðauka

1. Vörslustig, sem gilda fyrir kjarnakleyf efni meðan á geymslu þeirra stendur sem tengist flutningi milli landa, fela í sér eftirfarandi:

a. fyrir efni í III. flokki, geymslu innan svæðis þar sem aðgangi er stýrt;
b. fyrir efni í II. flokki, geymslu innan svæðis, sem er undir stöðugu eftirliti varða eða rafeindabúnaðar, umlukt áþreifanlegum hindrunum með takmörkuðum fjölda hliða þar sem viðeigandi eftirlit fer fram eða annars svæðis þar sem varsla er á sambærilegu stigi;
c. fyrir efni í I. flokki, geymslu innan varins svæðis, samanber skilgreiningu fyrir II. flokk hér að framan, þar sem aðgangur er auk þess takmarkaður við einstaklinga, sem hafa verið metnir með tilliti til trúverðugleika, og er undir eftirliti varða á vakt sem eru í nánu sambandi við viðeigandi viðbragðsliðsafla. Með sértækum ráðstöfunum, sem eru gerðar í þessu sambandi, skal stefnt að því að koma upp um og í veg fyrir árásir, aðgang í leyfisleysi eða brottflutning efnis í leyfisleysi.

2. Vörslustig, sem gilda fyrir kjarnakleyf efni meðan á flutningi þeirra stendur milli landa, fela í sér eftirfarandi:

a. að því er varðar efni í II. og III. flokki skal gera sérstakar varúðarráðstafanir þegar flutningur þeirra fer fram, meðal annars skulu sendandi, móttakandi og farmflytjandi gera sameiginlegar ráðstafanir fyrirfram og einstaklingar eða lögpersónur, sem eru háðir lögsögu eða stjórnvaldsfyrirmælum útflutnings- eða innflutningsríkis, skulu semja fyrirfram sín á milli um hvenær, hvar og með hvaða hætti skuli framselja ábyrgð á flutningum;
b. að því er varðar efni í I. flokki skal gera sérstakar varúðarráðstafanir, sem eru tilgreindar hér að framan fyrir flutning efna í II. og III. flokki, þegar flutningur þeirra fer fram og auk þess skal hann fara fram undir stöðugu eftirliti fylgdarliðs og við skilyrði sem tryggja náið samband við viðeigandi viðbragðsliðsafla;
c. að því er varðar náttúrlegt úran, annað en í formi málmgrýtis eða málmgrýtisleifar, skal varsla meðan á flutningi stendur, það er ef magnið er meira en 500 kílógrömm af úrani, felast í því að tilkynna fyrirfram um sendingu, það er tilgreina flutningsmáta og áætlaðan komutíma, og staðfesta viðtöku sendingar.

Annex 1
Levels of Physical Protection to be Applied in International Transport of Nuclear Materials as Categorized in Annex II

1. Levels of physical protection for nuclear material during storage incidental to international nuclear transport include:

a. For Category III materials, storage within an area to which access is controlled;
b. For Category II materials, storage within an area under constant surveillance by guards or electronic devices, surrounded by a physical barrier with a limited number of points of entry under appropriate control or any area with an equivalent level of physical protection;
c. For Category I material, storage within a protected area as defined for Category II above, to which, in addition, access is restricted to persons whose trustworthiness has been determined, and which is under surveillance by guards who are in close communication with appropriate responses forces. Specific measures taken in this context should have as their object the detection and prevention of any assault, unauthorized access or unauthorized removal of material.

2. Levels of physical protection for nuclear material during international transport include:

a. For Category II and III materials, transportation shall take place under special precautions including prior arrangements among sender, receiver, and carrier, and prior agreement between natural or legal persons subject to the jurisdiction and regulation of exporting and importing States, specifying time, place and procedures for transferring transport responsibility;
b. For Category I materials, transportation shall take place under special precautions identified above for transportation of Category II and III materials, and in addition, under constant surveillance by escorts and under conditions which assure close communication with appropriate response forces;
c. For natural uranium other than in the form of ore or ore-residue; transportation protection for quantities exceeding 500 kilograms uranium shall include advance notification of shipment specifying mode of transport, expected time of arrival and confirmation of receipt of shipment.

II. VIÐAUKI
Tafla: Flokkun kjarnakleyfra efna

Efni	*Form*	*Flokkur*		
		I	*II*	*III*[c]
1. Plúton[a]	Ógeislað[b]	2 kg eða meira	Minna en 2 kg en meira en 500 g	500 g eða minna en meira en 15 g
2. Úran 235	Ógeislað[b] – úran auðgað að 20% U^{235} eða þar yfir – úran auðgað að 10% U^{235} en minna en 20% – úran auðgað fram yfir náttúrlegt ástand en minna en 10% U^{235}	5 kg eða meira	Minna en 5 kg en meira en 1 kg 10 kg eða meira	1 kg eða minna en meira en 15 g Minna en 10 kg en meira en 1 kg 10 kg eða meira
3. Úran 233	Ógeislað[b]	2 kg eða meira	Minna en 2 kg en meira en 500 kg	500 g eða minna en meira en 15 g
4. Geislað eldsneyti			Rýrt eða náttúrlegt úran, þórín eða smáauðgað eldsneyti (undir 10% kjarnakleyft innihald)[d/e]	

[a] Allt plúton, að því undanskildu sem hefur yfir 80% samsætustyrk í plútoni 238.

[b] Efni sem er ekki geislað í kjarnaofni eða efni geislað í kjarnaofni en með geislunarmark sem jafngildir eða er lægra en 100 rad/klst í eins metra fjarlægð óvarið.

[c] Gæta ber magns sem fellur ekki undir III. flokk og náttúrlegs úrans í samræmi við stjórnunarhætti þar sem varfærni er höfð að leiðarljósi.

[d] Þrátt fyrir að þetta vörslustig sé ráðlagt er ríkjum samt sem áður heimilt, að fengnu mati á þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja, að tiltaka annan vörsluflokk.

[e] Heimilt er að lækka annað eldsneyti, sem vegna upprunalegs innihalds kjarnakleyfra efna er sett í I. eða II. flokk fyrir geislun, um einn flokk ef geislunarmark eldsneytisins er yfir 100 rad/klst í eins metra fjarlægð óvarið.

Annex II
Table: Categorization of Nuclear Material

Material	*Form*	*Category*		
		I	*II*	*III*[c/]
1. Plutonium[a/]	Unirradiated[b/]	2 kg or more	Less than 2 kg but more than 500 g	500 g or less but more than 15 g
2. Uranium-235	Unirradiated[b/] – uranium enriched to 20% ^{235}U or more – uranium enriched to 10% ^{235}U but less than 20% – uranium enriched above natural, but less than 10% ^{235}U	5 kg or more	Less than 5 kg but more than 1 kg 10 kg or more	1 kg or less but more than 15 g Less than 10 kg but more than 1 kg 10 kg or more
3. Uranium-233	Unirradiated[b/]	2 kg or more	Less than 2 kg but more than 500 kg	500 g or less but more than 15 g
4. Irradiated fuel			Depleted or natural uranium, thorium or low-enriched fuel (less than 10% fossile content)[d/e/]	

[a/] All plutonium except that with isotopic concentration exceeding 80% in plutonium-238.
[b/] Material not irradiated in a reactor or material irradiated in a reactor but with a radiation level equal to or less than 100 rads/hour at one meter unshielded.
[c/] Quantities not falling in Category III and natural uranium should be protected in accordance with prudent management practice.
[d/] Although this level of protection is recommended, it would be open to States, upon evaluation of the specific circumstances, to assign a different category of physical protection.
[e/] Other fuel which by virtue of its original fissile material content is classified as Category I and II before irradiation may be reduced one category level while the radiation level from the fuel exceeds 100 rads/hour at one metre unshielded.

1103. Svar [525. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um fjárfestingar Landssíma Íslands hf.

1. *Í hve mörgum fyrirtækjum hefur Landssími Íslands hf. keypt hluti, eða keypt að fullu, síðan rekstri fyrirtækisins var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins?*

Landssími Íslands hf. hefur keypt hluti í 41 fyrirtæki. Þar af eru tvö félög sem mynduð voru þannig að tilteknir þættir í starfsemi félagsins voru færðir yfir í dótturfélög, þ.e. Miðheimar ehf. og Grunnur – Gagnalausnir ehf. Um lýsingu á hverju félagi og um hlut Landssímans í þeim er vísað til yfirlits í fylgiskjali I.

2. *Hve miklum fjármunum hefur Landssíminn varið til kaupa í öðrum fyrirtækjum síðan rekstri hans var breytt í hlutafélag?*

Samtals 2.330.091 þús. kr. árin 1998–2001, sbr. fylgiskjal II. Árið 1997 var Póstur og sími hf. starfræktur og er það ekki talið með í þessari upptalningu. Á því ári var fjárfest fyrir

60.361 þús. kr. Í þessum tölum eru einnig fjárfestingar í erlendu „tungl"-félögunum en Póst- og símamálastofnun eignaðist hlut í þeim á sínum tíma.

3. *Í hvaða fyrirtækjum á Landssíminn hluti núna og hve stóra? Hverjir eru meðeigendur í þeim fyrirtækjum?*

Í fylgiskjali I kemur fram í hvaða fyrirtækjum Landssíminn á hluti núna og hve stóra. Eignarhlutdeild getur breyst bæði vegna þess að Síminn bætir við hlut sinn og síðan það að aðrir kaupa nýtt hlutafé. Í stórum dráttum er hlutdeildin svipuð í árslok 2001 og í september það ár. Rétt er að taka fram að hlutafé í IP fjarskiptum ehf. hefur verið afskrifað og eins hlutafé í Markhúsinu ehf. og síðan hefur Korti ehf. verið slitið. Gagarín ehf. (17,8%) og Tan Delta ehf. (7,7%) féllu niður í upptalningu í skráningarlýsingu.

4. *Hversu miklum fjármunum hefur Landssími Íslands hf. varið til kaupa á þróunarverkefnum eða þróunarvinnu af eigin fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem hann á hluti í? Af hvaða fyrirtækjum sem eru í eigu Landssímans hefur slík vinna verið keypt?*

Kaup á þróunarvinnu og þróunarverkefnum og samningar þar að lútandi eru þess eðlis að upplýsingar þar um eru viðkvæmar og geta skaðað samkeppnisstöðu Landssímans til framtíðar. Því er ekki unnt að veita þessar upplýsingar.

Fylgiskjal I.

Eignarhlutir Símans í öðrum félögum, mars 2002.

Anza hf. (68%).

Anza varð til við sameiningu Álits, Miðheima, Nett og Veftorgs 1. júlí 2001. Félagið starfar á sviði tölvurekstrarþjónustu og kerfisveitu með sama hætti og samrunafyrirtækin, auk m.a. öryggisráðgjafar og þróunar á rafrænu markaðstorgi ríkisins. Helstu eigendur Anza eru Síminn, starfsmenn og Talenta – Hátækni. Aðrir eignaraðilar eru Flugleiðir, Búnaðarbankinn, Landsbankinn, Árvakur, Sjóvá – Almennar og Íslandsbanki. Framkvæmdastjóri er Guðni B. Guðnason. Starfsmenn: 100.

Grunnur – Gagnalausnir ehf. (80%)

Fyrirtækið var stofnað árið 1999 og tók í ársbyrjun 2000 við sölu og þjónustu vegna einkasímstöðva, sem en sú starfsemi var áður innan Símans. Þá býður félagið heildarþjónustu og búnað á sviði tölvu- og fjarskiptakerfa, einkum fyrir stærri fyrirtæki. Opin kerfi eiga 20% hlut í félaginu á móti Landssímanum. Framkvæmdastjóri er Björn Jónsson. Starfsmenn: 35.

IceSign á Íslandi ehf. (50%)

Landssíminn keypti hlut sinn í félaginu í september árið 2001. Félagið var umboðsaðili fyrir Global Sign, sem gefur út auðkenni í tengslum við rafræn viðskipti. Umboðið hefur nú verið selt til Auðkennis og steft er að því að leysa félagið upp. Framkvæmdastjóri er Sigurður Erlingsson. Starfsmenn: 1.

Kast ehf. (50%)

Eignarhlutur keyptur í desember 2000. Fyrirtækið býður sérhæfða markpóst- og upplýsingaþjónustu byggða á SMS-tækni. Framkvæmdastjóri er Ómar Einarsson. Starfsmenn: 3.

Tækniakur hf. (50%)
Stofnað í febrúar 2000 í samvinnu við Landsafl ehf. Tilgangur félagsins eru kaup og sala fasteigna, þróun lóða til byggingarframkvæmda, fasteignarekstur og skyld starfsemi. Félagið á m.a. fasteignir að Suðurlandsbraut 34. Framkvæmdastjóri er Úlfar Örn Friðriksson. Starfsmenn: 1.

Tæknivörur ehf. (100%)
Í lok síðasta árs keypti Landssíminn öll hlutabréf í félaginu Tæknivörum ehf., sem hefur selt símabúnað, einkum fyrir heimili, um nokkurra ára skeið. Jafnframt var ákveðið að færa öll innkaup á símabúnaði fyrir einstaklinga til þessa félags, en þar munar mestu um innkaup á GSM-símum sem Síminn selur mjög mikið af. Framkvæmdastjóri er Ásgeir Sverrisson. Starfsmenn: 8.

ITSS ehf. (30%)
Landssíminn var meðal stofnaðila ITSS ehf. á síðasta ári en félagið vinnur að markaðssetningu og gerð sértækra hugbúnaðarlausna fyrir fyrirtæki og stofnanir á sviði símalausna, svonefndar CRM-lausnir. Starfsmenn: 2.

DOC hf. (30%)
Fyrirtækið vinnur að þróun rafræna lyfseðlakerfisins e-Pref fyrir lækna og apótek. Eignarhlutur var keyptur í febrúar 2000. Lyfsalahluti kerfisins er nú í notkun í um 30 apótekum landsins og læknahluti er nú í prófunum meðal lækna og gert ráð fyrir markaðssetningu á næstu mánuðum. Framkvæmdastjóri er Tómas Hermannsson. Starfsmenn: 10.

Íslandsvefir ehf. (100%)
Eignarhlutur keyptur í mars 2000. Fyrirtækið annast sölu og þjónustu á Autonomy greindarhugbúnaði auk ýmiss konar vefþjónustu. Framvæmdastjóri: Erlendur Steinn Guðnason. Starfsmenn: 2.

Íslenska vefstofan ehf. (28%)
Vefstofa Landssímans sameinaðist Íslensku vefstofunni í október 2000 og í kjölfarið eignaðist Landssíminn 28% hlut í því síðarnefnda. Fyrirtækið býður alhliða veflausnaþjónustu. Framkvæmdastjóri er Guðni Hreinsson. Starfsmenn: 18.

Margmiðlun hf. (24,5%)
Eignarhlutur keyptur 1997. Fyrirtækið annast alhliða internetþjónustu ásamt annarri tengdri starfsemi. Framkvæmdastjóri er Gestur G. Gestsson. Starfsmenn: 35.

Stefja ehf. (33%)
Eignarhlutur keyptur í þremur áföngum, þeim fyrsta í mars 1998. Fyrirtækið vinnur að þróun hugbúnaðar fyrir þráðlaus fjarskiptakerfi, t.d. til fjareftirlits, fyrir staðsetningarkerfi og sjálfvirka tilkynningarskyldu sjófarenda. Stefja hefur einnig skapað sér sérstöðu sem leiðandi fyrirtæki á sviði hugbúnaðarþróunar fyrir farsímakerfi. Í júlí 2001 var farsímadeild Gagaríns sameinuð Stefju en Landssíminn átti 15% hlut í Gagarín sem keyptur var í júlí 2000. Farsímadeild Gagaríns vann að gerð afþreyingarefnis í tengslum við farsíma og gagnvirkt sjónvarp. Framkvæmdastjóri er Ágúst Guðmundsson. Starfsmenn: 35.

Svar hf. (32%)
Landssíminn keypti eignarhlutinn snemma á árinu 2000. Svar varð til við samruna Símvirkjans og Ístel. Fyrirtækið annast sölu á símabúnaði og símakerfum fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Framkvæmdastjóri er Rúnar Sigurðsson. Starfsmenn: 18.

Auðkenni hf. (17%)
Félagið var stofnað síðasta haust og mun bjóða þjónustu sem lýtur að útgáfu rafrænna skilríkja. Landssíminn seldi Auðkennum 40% hlut í dótturfyrirtæki sínu Icesign. Framkvæmdastjóri er Guðlaugur Sigurgeirsson. Starfsmenn: 2.

Birtingarhúsið ehf. (14%)
Landssíminn átti aðild að stofnun fyrirtækisins í október 2000. Félagið býður alhliða birtingarþjónustu fyrir auglýsendur. Starfsmenn: 5

CCP hf. (19,9%)
Eignarhlutur keyptur í maí 2000. Félagið vinnur að gerð tölvuleikjarins EVE fyrir internetið, sem áætlað er að verði tilbúinn til dreifingar í haust. Framkvæmdastjóri er Sigurður Arnljótsson. Starfsmenn: 25.

eMR-hugbúnaður hf. (18%)
20% eignarhlutur var keyptur um áramót 2000. Fyrirtækið þróar og býður m.a. til kaups sjúkraskrárkerfið Sögu sem notað er á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum víða um land. Framkvæmdastjóri er Ágúst Guðmundsson. Starfsmenn: 20.

Ferðasmiðurinn hf. (7,5%)
Eignarhlutur keyptur í september 2000. Félagið vinnur að undirbúningu vefbundinnar bókunar- og upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn.

Form.is. (10%)
Eignarhlutur keyptur í júní 2000. Fyrirtækið rekur og býður alhliða þjónustutorg á internetinu með sérstakri áherlu á eyðublaðaþjónustu af ýmsu tagi. Framkvæmdastjóri er Lísa Björg Ingvarsdóttir. Starfsmenn: 4.

GoPro – Landsteinar Group hf. (4,5%)
Félagið þróar og dreifir m.a. hópvinnuhugbúnaðinum GoPro, sem byggist á grunni Lotus Notes hópvinnukerfisins. Eignarhlutur keyptur í október 1999. Framkvæmdastjóri er Ólafur Daðason. Starfsmenn: 300.

Króli verkfræðistofa ehf. (22%)
Eignarhlutur keyptur í apríl 2000. Fyrirtækið býður heildarlausnir fyrir þráðlausar handtölvur og þróar hugbúnað í tengslum við þær. Framkvæmdastjóri er Sigurður Hjalti Kristjánsson. Starfsmenn: 7.

Median – Rafræn miðlun ehf. (5%)
Eignarhlutur keyptur í mars 2000. Félagið starfar á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar og rekstri posakerfa. Framkvæmdastóri er Atli Örn Jónsson. Starfsmenn: 20.

Netverk plc. (1%)
Félagið vinnur að þróun og sölu hugbúnaðar fyrir farsíma- og gervitunglakerfi, MarStar ofl. Eignarhlutur keyptur í apríl 1999.

Smartkort ehf. (15%)
Fyrirtækið býður alhliða þjónustu í tengslum við smartkortatækni. Má þar nefna þróun aðgangsstýrikerfa, sölu og útleigu á posakerfum, útgáfu rafrænna mötuneytiskorta o.fl. Eignarhlutur keyptur í janúar 1999. Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Geirsson. Starfsmenn: 5.

Span hf.(17%)
Eignarhlutur keyptur í mars 2000. Tilgangur félagsins er þróun hugbúnaðar og tengdrar þjónustu fyrir viðskipti milli fyrirtækja á internetinu, stofnsetning og rekstur rafrænnar viðskiptamiðstöðvar, sem leiðir saman kaupendur og seljendur á fyrirtækjamarkaði. Framkvæmdastjóri er Örn Karlsson. Starfsmenn: 3.

Information Management ehf. (20%)
Síminn eignaðist hlut í IM í kjölfar samruna við Streymi ehf. Hið sameiginlega félag hefur m.a. með höndum þjónustu á eigin hugbúnaði fyrir CRM og Balanced Scorecard. Framkvæmdastjóri er Ragnar Bjartmarz. Starfsmenn: 18.

Veðvörur ehf. (Betware.) (2%)
Félagið annast þróun og sölu hugbúnaðarkerfa fyrir veðmálafyrirtæki ýmiss konar, svo sem fyrir Dansk tipstjeneste og Íslenskar getraunir. Framkvæmdastjóri er Stefán Hrafnkelsson. Starfsmenn: 8.

Pláneta ehf. (Áður Gagarín ehf.) (36%)
Félagið á um 11% hlut í Stefju ehf. í kjölfar samruna farsímahluta Gagaríns við Stefju hf. Um eiginlega starfsemi er ekki að ræða og stefnt er að því að leysa upp félagið á vordögum. Er í umsjón Íslenska hugbúnaðarsjóðsins.

Fylgiskjal II.

Fjárfestingar Landssímans í öðrum fyrirtækjum 1998–2001.

	2001	2000	1999	1998	Samtals
Fjárfesting í dótturfélögum	147.750	707.907	25.000	160.000	1.040.657
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	111.594	312.974	80.735	59.003	564.306
Fjárfesting í öðrum félögum	198.690	269.495	219.101	37.842	725.128
Samtals	**458.034**	**1.290.376**	**324.836**	**256.845**	**2.330.091**
Seldir eignarhlutir í félögum	-69	0	0	0	-69
Afkoma dótturfélaga	202.061	37.856	32.000	17.832	289.749
Afkoma hlutdeildarfélaga	103.522	102.875	14.193	4.074	224.664
Samtals	**305.583**	**140.731**	**46.193**	**21.906**	**514.413**

	2001	2000	1999	1998	Samtals
Afskrift og niðurfærsla eignarhluta í félögum	126.407	150.000	0	0	276.407
Afskrifuð viðskiptavild í félögum	23.818	295.290	35.071	25.000	379.179
Samtals	**150.225**	**445.290**	**35.071**	**25.000**	**655.586**

Við útdrátt úr útboðslýsingu er eftirfarandi að athuga: Íslandsvefir ehf. er dótturfélag í árslok 2001. Króli ehf. er hlutdeildarfélag í árslok 2001. Gagarín ehf. er ekki í upptalningu í útboðslýsingu en fellur undir önnur félög. Tan Delta ehf. er ekki í útboðslýsingu en fellur undir önnur félög. Engin starfsemi er í félaginu.
Þá á félagið lítinn hlut í gerfihnattafyrirtækjum frá eldri tíma. Intelsat Ltd., Eutelsat, Inmatrsat, New Skies Satellites Ltd.

1104. Svar [618. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um einsetningu grunnskóla.

1. *Hvaða sveitarfélög hafa samþykki ráðherra fyrir frestun á einsetningu grunnskóla?*

Samkvæmt lögum nr. 104/1999, um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, orðast 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum svo: Menntamálaráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn grunnskóla.

Þrjú sveitarfélög hafa samþykki ráðherra fyrir frestun á einsetningu grunnskóla, þ.e. Hafnarfjörður, Hveragerðisbær og Vestmannaeyjabær.

2. *Hvaða sveitarfélög hafa farið leið einkafjármögnunar til að uppfylla lagaskyldu um einsetningu grunnskóla?*

Menntamálaráðuneytið safnar ekki upplýsingum um með hvaða hætti skólar standa að einsetningu grunnskóla, þ.e. byggingu skólahúsnæðis til að unnt sé að uppfylla lagaskylduna um einsetningu grunnskóla. Ráðuneytinu er einungis kunnugt um að Hafnarfjarðarbær hefur farið leið einkafjármögnunar í tengslum við framangreinda lagaskyldu, þ.e. í tengslum við skólahald í Áslandsskóla í Hafnarfirði, enda er það eina málið sem komið hefur til kasta ráðuneytisins þar sem um er að ræða tilraun í samræmi við 53. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Hafnarfjarðarbær samdi við einkaaðila um kennslu nemenda í Áslandsskóla í tilraunaskyni með samþykki ráðuneytisins og fór einnig leið einkafjármögnunar við byggingu skólans.

Önnur sveitarfélög kunna að hafa valið leið einkafjármögnunar við byggingarframkvæmdir vegna einsetningar grunnskóla en um slíkt liggja ekki fyrir upplýsingar í menntamálaráðuneytinu.

1105. Svar [604. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um kostun á stöðum við háskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margar kennslu- eða rannsóknarstöður við háskóla landsins eru kostaðar af utanaðkomandi eða óskyldum aðilum og hver hefur þróunin verið undanfarinn áratug, sundurgreint eftir skólum, kostendum og stöðum?

Ef litið er tíu ár aftur í tímann varðandi kostun á stöðum við ríkisháskólana kemur í ljós nokkur aukning, sérstaklega í Háskóla Íslands en þar eru 14 stöður kostaðar af utanaðkomandi. Kennaraháskólinn hefur um langt árabil fengið kostun á einni lektorsstöðu í dönsku. Háskólinn á Akureyri undirritaði nýlega samning við Landsvirkjun um kostun á prófessorsstöðu til næstu fimm ára en skólinn er fremur með samstarfssamninga við utanaðkomandi en að kostaðar séu heilar stöður. Hjá Tækniskóla Íslands eru dæmi um að fyrirtæki styrki skólann með því að taka þátt í áfanga í kennslu. Sjá eftirfarandi yfirlit.

1. Háskóli Íslands (14).

Verkfræðideild (1).

Dósent í verkfræðideild, 50% starf kostað af Landsvirkjun.

Raunvísindadeild (2).

Dósent í eðlisfræðiskor, starf kostað af Veðurstofunni.

Persónubundið prófessorsstarf kostað af Umhverfisráðuneytinu.

Viðskipta- og hagfræðideild (1).

Prófessor í frumkvöðlafræði, starf kostað af Gunnari M. Björg í Lúxemborg.

Félagsvísindadeild (3).

Lektorsstarf (50%) í bókasafnsfræði styrkt af Hugviti hf.

Lektorsstarf í félagsráðgjöf kostað af Félagsþjónustunni í Reykjavík.

Rauði krossinn kostar eina lektorsstöðu sem enn hefur ekki verið ráðið í. (Unnið er að ráðningu.)

Læknadeild (7).

Dósentsstarf (37%) í klínískri ónæmisfræði kostað af AstraZeneca.

Dósentsstarf (37%) í öldrunarlækningum greitt af Öldrunarsjóði.

Dósentsstarf (50%) í gigtarrannsóknum, greitt af Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Prófessorsstarf (25%) í svæfingalækningum, kostað af Ísaga.

Prófessorsstarf (25%) í svæfingalækningum, kostað af Pharmaco.

Persónubundið prófessorstarf í lyflæknisfræði kostað af Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Dósentsstarf (50%) í heilbrigðisfræði kostað af Tryggingastofnun.

Útrunnar stöður (6).

Verkfræðideild. Prófessor í verkfræðideild, var í starfi kostuðu af Orkuveitunni sem er núna greitt af HÍ (sótti um auglýst starf).

Raunvísindadeild. Prófessor í raunvísindadeild, staða áður kostuð af Járnblendifélaginu en nú af HÍ.

Læknadeild. Prófessor í heimilislækningum, staða kostuð af Félagi heimilislækna var nýtt fyrir tvo lektora í heilbrigðisfræði og félagslækningum – nú greitt af HÍ.

Dósent í augnsjúkdómafræði, staða kostuð af Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Rann út 31. desember 2001.

Einn prófessor var á styrk frá Tryggingastofnun.

2. Kennaraháskóli Íslands.

Við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) er aðeins einn lektor kostaður af utanaðkomandi aðila. Um er að ræða lektor í dönsku sem er kostaður af danska menntamálaráðuneytinu samkvæmt samningi sem menntamálaráðuneytið danska og hið íslenska gerðu. Hefur þetta fyrirkomulag verið um árabil.

3. Háskólinn á Akureyri.

Frá miðju ári 2002 mun Landsvirkjun greiða stöðu prófessors til fimm ára við Háskólann á Akureyri (HA). Frá 1995–99 greiddi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH) eina prófessorsstöðu við skólann.

Háskólinn á Akureyri er að auki með samstarfssamninga við þrjár ríkisstofnanir um kennslu og rannsóknir. Starfsmennirnir eru á launum hjá viðkomandi stofnun og skólinn endurgreiðir stofnuninni sem nemur vinnuframlagi þeirra við skólann. Þetta eru Hafrannsóknastofnunin (tveir menn), Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (tveir menn) og Orkustofnun (tveir menn).

Jafnframt er til samningur við Íslenska erfðagreiningu (ÍE). HA ræður þrjá starfsmenn til starfa á upplýsinga- og tæknisviði skólans og eru þeir jafnframt starfsmenn ÍE á Akureyri. HA greiðir laun sem svara til grunnlauna lektors, dósents eða prófessors eins og við á en ÍE greiðir þeim síðan mismun á framangreindum launum og markaðslaunum sem endurgjald fyrir störf í þágu fyrirtækisins.

4. Tækniskóli Íslands (TÍ).

Fyrirtæki styður við 1. kennsluáfanga við TÍ og við annan að hluta. Um er að ræða framlag til kennslu en í mjög litlum mæli.

1106. Skýrsla [687. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd flugmálaáætlunar 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD

1.1 Flugmálaáætlun.

Þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árið 2000 gerði ráð fyrir að heildartekjur vegna flugmálaáætlunar ársins yrðu 654 millj. kr., en tekjurnar verða eingöngu til af flugvallargjaldi í innan- og utanlandsflugi. Þá var einnig gert ráð fyrir lántöku upp á 203 millj. kr. og frestun framkvæmda um 100 millj. kr., eða 757 millj. kr. til ráðstöfunar.

Gert var ráð fyrir að gjöld samkvæmt áætluninni yrðu enn fremur 757 millj. kr. sem skiptast á eftirfarandi hátt:

Til rekstrar flugvalla	66 millj. kr.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64 millj. kr.
Reykjavíkurflugvöllur	319 millj. kr.
Aðrir flugvellir o.fl.	308 millj. kr.
Samtals	757 millj. kr.

Tekjur. Heildartekjur ársins 2000 af flugvallargjöldum urðu 715 millj. kr., eða 9,3% hærri en gert var ráð fyrir í áætluninni og 15,6% hærri en árið áður. Munar þar mest um aukningu tekna af utanlandsflugi, um 100 millj. kr.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna þróun tekna flugmálaáætlunarinnar árin 1996–2000:

Tafla 1 Þróun tekna flugmálaáætlunar 1996-2000 (þús kr.)

	1996	1997	1998	1999	2000
Flugvallagjald, utanlandsflug	439.759	435.991	495.370	546.979	647.076
Flugvallagjald, innanlandsflug	60.443	62.332	69.332	71.631	67.840
Eldsneytisskattur	52.792	51.793	16.927	0	0
Samtals	**552.994**	**550.116**	**581.629**	**618.610**	**714.916**

Mynd 1 Tekjur flugmálaáætlunar 1996-2000 (þús. kr.)



Gjöld. Heildarútgjöld vegna flugmálaáætlunarinnar fyrir árið 2000 urðu 1.017 millj. kr., eða 302 millj. kr. útgjöld umfram tekjur. Alls 109 millj. kr. voru til ráðstöfunar frá fyrra ári, þannig að brúa þurfti bilið með lántökum upp á 193 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld flugmálaáætlunarinnar fyrir árið 2000 og samanburð við fyrra ár:

Tafla 2 Útgjöld flugmálaáætlunar árið 2000 (millj. kr.)

Verkefni	2000	1999	Breyting
Til rekstrar flugmálastjórnar	66	113	-47
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64	55	9
Alþjóðaflugþjónustan	5	20	-15
Framkvæmdakostnaður	827	344	483
Tæki og búnaður	54	70	-16
Opinber gjöld	1	1	0
Samtals	**1.017**	**603**	**414**

Eins og sést á töflunni er helsta breytingin að framkvæmdakostnaður hækkar úr 344 millj. kr. á fyrra ári í 827 millj. kr. árið 2000 og skýrist af miklum endurbótum sem nú eiga sér stað á Reykjavíkurflugvelli, en framkvæmt var á árinu fyrir 624 millj. kr.

1.2 Flugmálastjórn.

Þingsályktunin um flugmálaáætlun fyrir árið 2000 gerði ráð fyrir að heildartekjur og gjöld Flugmálastjórnar yrðu 1.109 millj. kr. Gerð verður grein fyrir tekjum og gjöldum Flugmálastjórnar samkvæmt niðurstöðum úr ársreikningi ársins 2000, en þær upphæðir eru á öðru verðlagi en því sem gert er ráð fyrir í þingsályktuninni og því ekki að öllu samanburðarhæft.

Tekjur. Heildartekjur Flugmálastjórnar á árinu 2000 urðu 1.390 millj. kr. og jukust um 12,9% frá árinu áður.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu tekna Flugmálastjórnar árið 2000 og samanburð við fyrra ár:

Tafla 3 Tekjur Flugmálastjórnar 1999 og 2000 (þús kr.)

Tekjur	2000	1999	Breyting
Þjónustutekjur	417.521	337.352	23,8%
Lendingargjöld	89.318	94.178	-5,2%
Leigutekjur flugvélar	42.693	35.986	18,6%
Flugleiðsögugjöld	23.036	0	
Fjármunatekjur	35.378	20.503	72,6%
Aðrar tekjur	44.291	42.880	3,3%
Framlag af flugmálaáætlun	66.000	113.000	-41,6%
Framlag úr ríkissjóði	671.800	587.700	14,3%
Samtals	**1.390.037**	**1.231.599**	**12,9%**

Eins og fram kemur í töflunni hefur framlag til rekstrar Flugmálastjórnar af flugmálaáætlun lækkað nokkuð, en á móti hefur framlag úr ríkissjóði hækkað sem skýrist af meiri fjármunum til endurbóta á Reykjavíkurflugvelli.

Gjöld. Útgjöld Flugmálastjórnar árið 2000 urðu 1.383 millj. kr., en voru 1.225 millj. kr. árið 1999 og höfðu því hækkað um 12,9% milli ára. Þess ber að geta að vegna góðrar afkomu stofnunarinnar á undanförnum árum var hægt að framkvæma ýmis nauðsynleg viðhaldsverkefni á árinu sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögunum, að upphæð 33 millj. kr. Afkoma ársins 2000 varð því þannig að tekjur umfram gjöld urðu 7,4 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gjöldum Flugmálastjórnar 1999 og 2000:

Tafla 4 Gjöld Flugmálastjórnar 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	761.622	742.116	2,6%
Önnur rekstrargjöld	621.009	482.941	28,6%
Samtals	**1.382.631**	**1.225.057**	**12,9%**

Taflan sýnir að launakostnaður hefur aðeins hækkað um 2,6% milli ára, en annar rekstrarkostnaður um 28,6% sem skýrist af því sem fyrr er getið um ýmis nauðsynleg viðhaldsverkefni sem voru framkvæmd á árinu.

Eftirfarandi tafla sýnir útgjöld flugmálastjórnar árið 2000 sundurliðuð samkvæmt uppsetningu í þingsályktun um flugmálaáætlun:

Tafla 5 Sundurliðuð gjöld Flugmálastjórnar 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Rekstur flugvalla	627.136	602.159	4,1%
Annar rekstur	690.688	565.042	22,2%
Hlutd. Flugmálastjórnar v/ Alþjóðaflugþjónustu	38.355	34.560	11,0%
Hlutd. Landss. og Veðurstofu v/ Alþjóðaflugþj.	26.452	23.296	13,5%
Samtals	**1.382.631**	**1.225.057**	**12,9%**

1.2.1 Rekstur flugvalla.

Útgjöld flugvallanna fyrir árið 2000 urðu 627 millj. kr. og hækkuðu um 4,1% frá árinu áður. Rekstrartekjur flugvallanna urðu 132 millj. kr. og höfðu lækkað um 4,5% frá fyrra ári.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna rekstrarafkomu flugvallanna árið 2000:

Tafla 6 Rekstrarafkoma flugvallanna árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Gjöld	Tekjur	Mismunur
Reykjavíkurflugvöllur	148.873	75.880	72.993
Flugvallasvið	288.594	56.555	232.039
Flugleiðsögusvið	34.141	0	34.141
Flugumferðarsvið	155.528	0	155.528
Samtals	627.136	132.435	494.701
Gjöld umfram tekjur	494.701	Hlutfall tekna af gjöldum	21,10%

Mynd 2 Útgjöld flugvalla eftir rekstrarsviðum.



Fram kemur í töflunni að gjöld umfram tekjur í rekstri flugvallanna eru 495 millj. kr., sem er 6,9% hækkun frá árinu áður.

Sem hlutfall af gjöldum eru tekjur flugvallanna aðeins 21,1%, en voru 23% á fyrra ári. Meðaltal framlegðar á hvern farþega sem fór um áætlunarflugvellina og aðra þjónustuflugvelli árið 2000 er 543 kr. og hefur hækkað um 59 kr. milli ára.

Hér á eftir verður gerð sundurliðuð grein fyrir rekstri fimm stærstu áætlunarflugvallanna, þ.e. Reykjavíkur-, Akureyrar-, Vestmannaeyja-, Egilsstaða- og Ísafjarðarflugvalla. Aðrir minni áætlunar- og þjónustuflugvellir verða teknir saman með einni niðurstöðutölu í töflum 17 og 18.

1.2.1.1 Reykjavíkurflugvöllur.

Þegar á heildina er litið gekk rekstur Reykjavíkurflugvallar nokkuð vel á árinu 2000. Heildarútgjöld allra rekstrarþátta fóru rúmlega 17 millj. kr. fram úr rekstraráætlun, eða 7,8%. Af því eru um 10 millj. kr. sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum en var hluti ráðstöfunar á hagnaði fyrri ára. Tekjur fóru hins vegar 9 millj. kr. fram úr áætlun sem varð til þess, að teknu tilliti til ráðstöfunar hagnaðar fyrri ára, að flugvöllurinn var gerður upp með 2 millj. kr. umfram áætlanir sem verður að teljast nokkuð vel viðunandi.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins 2000:

Tafla 7 Rekstrarútgjöld Reykjavíkurflugvallar árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvallasvið	148.873	121.109	27.764	22,9%
Flugleiðsögusvið	6.631	7.171	-540	-7,5%
Flugumferðarsvið	84.454	94.252	-9.798	-10,4%
Samtals	**239.958**	**222.532**	**17.426**	**7,8%**

Rekstur flugvallasviðs fer nokkuð úr böndum, þó að tekið sé tillit til ráðstöfunar hagnaðar fyrri ára um 10 millj. kr. eru tæplega 18 millj. kr. umfram rekstraráætlun, eða 12,1%. Mjög góð rekstrarafkoma flugturnsins á árinu bætir þetta að nokkru, en þar urðu útgjöldin tæpum 10 millj. kr. undir áætlun, eða sem svarar 10,4%.

Í töflu 8 er sýndur samanburður á rekstrarútgjöldum og tekjum ýmissa verkefna í starfsemi flugvallarins árin 2000 og 1999.

Tafla 8 Útgjöld og tekjur Reykjavíkurflugvallar árin 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2000**	**1999**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	40.391	34.374	6.017	17,5%
Snjómokstur	13.917	11.574	2.343	20,2%
Slökkviþjónusta	75.808	60.332	15.476	25,7%
Vélaverkstæði	10.972	8.715	2.257	25,9%
Trésmíðaverkstæði	7.785	6.249	1.536	24,6%
Aðflugs- og ljósabún.	6.631	7.170	-539	-7,5%
Flugturn	84.454	94.281	-9.827	-10,4%
Samtals	**239.958**	**222.695**	**17.263**	**7,8%**
Tekjur				
Lendingargjöld	51.203	51.211	-8	0,0%
Leigutekjur	15.153	15.616	-463	-3,0%
Verksala og þjónusta	9.524	8.057	1.467	18,2%
Samtals	**75.880**	**74.884**	**996**	**1,3%**
Gjöld umfram tekjur	164.078	147.811	16.267	11,0%
Hlutfall tekna af gjöldum	31,6%	33,6%		
Framlegð á hvern farþega kr.	372	326	46	14,0%

Eins og taflan sýnir eru gjöld umfram tekjur 164 millj. kr., eða 11% hærri en á árinu 1999. Hlutfall tekna af gjöldum er 31,6% og hefur lækkað frá árinu áður og framlegð á hvern farþega sem fór um flugvöllinn á árinu 2000 er 372 kr., eða 14% hærra en árið 1999, en þá fóru 12.082 fleiri farþegar um Reykjavíkurflugvöll og skýrir það þennan mismun að hluta.

1.2.1.2 Akureyrarflugvöllur.

Niðurstaða rekstrarreiknings Akureyrarflugvallar fyrir árið 2000 er ekki viðunandi því að rekstrarútgjöld fóru tæplega 5 millj. kr. fram úr áætlunum, eða um 5,5%. Rekstrarniðurstaða flugleiðsögusviðs og flugumferðarsviðs er nokkuð góð, en flugvallasviðið fer fram úr áætlunum á árinu, með 11,4% umframeyðslu.

Þá varð á árinu 2000 veruleg lækkun tekna frá fyrra ári, eða 16,7%. Skýringin er væntanlega minni samkeppni í innanlandsflugi sem leitt hefur til færri lendinga á flugvellinum og að starfsemi Íslandsflugs í flugstöðinni var hætt.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöldin árið 2000 eftir stjórnunarsviðum og samanburð við áætlun ársins:

Tafla 9 Rekstrarútgjöld Akureyrarflugvallar árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvallasvið	58.883	52.839	6.044	11,4%
Flugleiðsögusvið	5.235	5.862	-627	-10,7%
Flugumferðarsvið	29.637	30.169	-532	-1,8%
Samtals	**93.755**	**88.870**	**4.885**	**5,5%**

Eins og fram kemur í töflunni kostar rekstur Akureyrarflugvallar tæplega 94 millj. kr. á árinu 2000, án fjármagns- og stofnkostnaðar.

Taflan hér á eftir sýnir samanburð á rekstrarútgjöldum og tekjum milli áranna 1999 og 2000, ásamt hlutfalli tekna af gjöldum og framlegð á hvern farþega sem um flugvöllinn fóru árið 2000:

Tafla 10 Útgjöld og tekjur Akureyrarflugvallar árin 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2000**	**1999**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	58.883	53.588	5.295	9,9%
Rekstur aðflugs- og ljósabún.	5.235	5.862	-627	-10,7%
Rekstur flugturns	29.637	29.009	628	2,2%
Samtals	**93.755**	**88.459**	**5.296**	**6,0%**
Tekjur				
Lendingargjöld	14.765	16.487	-1.722	-10,4%
Leigutekjur	4.407	6.126	-1.719	-28,1%
Verksala og þjónusta	2.075	2.883	-808	-28,0%
Samtals	**21.247**	**25.496**	**-4.249**	**-16,7%**
Gjöld umfram tekjur	72.508	62.963	9.545	15,2%
Hlutfall tekna af gjöldum	22,7%	28,8%		
Framlegð á hvern farþega kr.	380	325	55	17,0%

Í töflunni kemur fram að gjöld umfram tekjur urðu 72,5 millj. kr. á árinu og höfðu hækkað um 15,2% frá fyrra ári. Hlutfall tekna af gjöldum var á árinu 2000 22,7% og hafði lækkað verulega frá fyrra ári. Framlegð á hvern farþega sem um flugvöllinn fór á árinu var 380 kr. og hefur hækkað um 55 kr. frá árinu áður.

1.2.1.3 Vestmannaeyjaflugvöllur.

Rekstrarútgjöld flugvallasviðs vegna Vestmannaeyjaflugvallar fóru verulega úr böndum á árinu 2000, eða tæpar 8 millj. kr. fram úr áætlun, sem er 36,7%. Hins vegar gekk rekstur flugumferðarsviðs á flugvellinum nokkuð vel miðað við rekstraráætlun, varð 14,4% undir

áætlun sem lagar nokkuð heildarrekstrarniðurstöðu flugvallarins á árinu, en hún varð engu síður 10,6% umfram áætlanir.

Næsta tafla sýnir rekstrarútgjöldin á árinu 2000 ásamt samanburði við áætlanir:

Tafla 11 Rekstrarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvallasvið	29.433	21.525	7.908	36,7%
Flugleiðsögusvið	2.665	2.237	428	19,1%
Flugumferðarsvið	19.990	23.340	-3.350	-14,4%
Samtals	**52.088**	**47.102**	**4.986**	**10,6%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarútgjöld Vestmannaeyjaflugvallar rúmar 52 millj. kr. og fóru tæpar 5 millj. kr. fram úr áætlun.

Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður á gjöldum og tekjum ársins 1999 og 2000 ásamt ýmsum öðrum upplýsingum:

Tafla 12 Útgjöld og tekjur Vestm.eyjaflugvallar árin 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld Verkefni	2000	1999	Mismunur	%
Rekstur flugvallar	29.433	22.714	6.719	29,6%
Rekstur aðflugs- og ljósabún.	2.665	3.221	-556	-17,3%
Rekstur flugturns	19.990	24.641	-4.651	-18,9%
Samtals	**52.088**	**50.576**	**1.512**	**3,0%**
Tekjur				
Lendingargjöld	6.158	7.803	-1.645	-21,1%
Leigutekjur	2.395	1.624	771	47,5%
Verksala og þjónusta	1.026	931	95	10,2%
Samtals	**9.579**	**10.358**	**-779**	**-7,5%**
Gjöld umfram tekjur	42.509	40.218	2.291	5,7%
Hlutfall tekna af gjöldum	18,4%	20,5%		
Framlegð á hvern farþega kr.	506	452	54	12,0%

Taflan sýnir að rekstur flugvallarins, þ.e. flugbrauta og bygginga, er 29,6% hærri á árinu 2000 en árið áður, en eins og fyrr er getið hefur náðst verulegur árangur í rekstri flugturnsins sem gerir þennan samanburð milli ára þegar á heildina er litið vel viðunandi.

Þá sýnir taflan einnig að hlutfall tekna af gjöldum hefur lækkað í 18,4% úr 20,5% árið áður og að framlegð á hvern farþega er 506 kr., eða 12% hærri en á fyrra ári.

1.2.1.4 Egilsstaðaflugvöllur.

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar fyrir árið 2000 og samanburð við rekstraráætlun ársins:

Tafla 13 Rekstrarútgjöld Egilsstaðaflugvallar árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvallasvið	39.448	35.476	3.972	11,2%
Flugleiðsögusvið	2.544	2.697	-153	-5,7%
Flugumferðarsvið	13.747	14.220	-473	-3,3%
Samtals	**55.739**	**52.393**	**3.346**	**6,4%**

Eins og taflan sýnir fóru heildarrekstrarútgjöld flugvallarins 6,4% fram úr áætlun og munar þar mestu um rekstur flugvallasviðs sem fór 11,2% fram úr áætlun, eða um 4 millj. kr.

Næsta tafla sýnir samanburð gjalda og tekna milli áranna 1999 og 2000, ásamt framlegð á hvern farþega sem um flugvöllinn fór.

Eins og fram kemur í töflunni hækkar rekstrarkostnaður flugbrauta og bygginga um 18,4% milli áranna 1999 og 2000, sem má að mestu leyti rekja til verulegs viðhalds sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun en nauðsynlegt var að framkvæma á árinu. Þegar á heildina er litið er hækkunin 12,2%.

Tafla 14 Útgjöld og tekjur Egilsstaðaflugvallar árin 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2000**	**1999**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	39.448	33.304	6.144	18,4%
Rekstur aðflugs- og ljósabún.	2.544	2.697	-153	-5,7%
Rekstur flugturns	13.747	13.673	74	0,5%
Samtals	**55.739**	**49.674**	**6.065**	**12,2%**
Tekjur				
Lendingargjöld	5.993	6.636	-643	-9,7%
Leigutekjur	1.297	1.330	-33	-2,5%
Verksala og þjónusta	190	198	-8	-4,0%
Samtals	**7.480**	**8.164**	**-684**	**-8,4%**
Gjöld umfram tekjur	48.259	41.510	6.749	16,3%
Hlutfall tekna af gjöldum	13,4%	16,4%		
Framlegð á hvern farþega kr.	661	539	122	22,6%

Taflan sýnir einnig að gjöld umfram tekjur hafa hækkað um 16,3% milli ára og hlutfall tekna af gjöldum hefur lækkað úr 16,4% árið 1999 í 13,4% árið 2000, sem skýrist af því að tekjur flugvallarins hafa lækkað nokkuð frá fyrra ári ásamt auknum rekstrarútgjöldum. Framlegð á hvern farþega hefur þannig hækkað um 22,6% frá árinu áður og er nú 661 kr.

1.2.1.5 Ísafjarðarflugvöllur.

Rekstur Ísafjarðarflugvallar gekk mjög vel á árinu eins og sjá má á töflunni hér að neðan:

Tafla 15 Rekstrarútgjöld Ísafjarðarflugvallar árið 2000 (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Flugvallasvið	28.499	26.577	1.922	7,2%
Flugleiðsögusvið	3.109	6.187	-3.078	-49,7%
Flugumferðarsvið	7.700	8.451	-751	-8,9%
Samtals	**39.308**	**41.215**	**-1.907**	**-4,6%**

Eins og taflan sýnir urðu heildarrekstrarútgjöld flugvallarins 4,6% undir rekstraráætlunum þar sem rekstur bæði flugleiðsögu- og flugumferðarsviðs varð verulega undir áætlunum, en rekstur flugvallasviðs fór 7,2% fram úr áætlun, sem er nokkuð lægra en á hinum stærri áætlunarflugvöllum.

Í töflu 16 er sýndur samanburður á útgjöldum og tekjum árin 1999 og 2000 ásamt öðrum upplýsingum. Þar kemur fram að rekstrarútgjöld ársins 2000 urðu 8,2% lægri en árið áður, eða sem svarar 3,5 millj. kr. Tekjur flugvallarins hækkuðu milli ára um 11,1%. Þetta gerði það að verkum að gjöld umfram tekjur lækkuðu um 4,3 millj. kr. frá árinu áður, eða um 12%, og hlutfall tekna af gjöldum ársins 2000 varð 20%, en var 16,6% árið áður. Framlegð á hvern farþega lækkaði frá árinu áður um 8,6% og er nú 605 kr.

Eins og fram hefur komið og töflurnar sýna var rekstur Ísafjarðarflugvallar á árinu 2000 mjög vel viðunandi.

Tafla 16 Útgjöld og tekjur Ísafjarðarflugvallar árin 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld				
Verkefni	**2000**	**1999**	**Mismunur**	**%**
Rekstur flugvallar	28.499	28.488	11	0,0%
Rekstur aðflugs- og ljósabún.	3.109	6.187	-3.078	-49,7%
Rekstur flugturns	7.700	8.126	-426	-5,2%
Samtals	**39.308**	**42.801**	**-3.493**	**-8,2%**
Tekjur				
Lendingargjöld	4.852	4.416	436	9,9%
Leigutekjur	1.915	1.778	137	7,7%
Verksala og þjónusta	1.105	891	214	24,0%
Samtals	**7.872**	**7.085**	**787**	**11,1%**
Gjöld umfram tekjur	31.436	35.716	-4.280	-12,0%
Hlutfall tekna af gjöldum	20,0%	16,6%		
Framlegð á hvern farþega kr.	605	661	-57	-8,6%

1.2.1.6 Aðrir áætlunarflugvellir.

Þegar á heildina er litið gekk rekstur annarra áætlunarflugvalla í innanlandsflugi nokkuð vel á árinu 2000 miðað við rekstraráætlanir.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á heildarútgjöldum flugvallanna og áætlun ásamt tekjum og öðrum upplýsingum á árinu 2000:

Tafla 17 Aðrir áætlunarflugvellir, ýmsar rekstrarupplýsingar ársins 2000

(Þús.kr.) Flugvellir	Gjöld árið 2000	Áætlun árið 2000	Tekjur árið 2000	Gjöld umfram tekjur	Hlutf.tekna af gjöldum	Framlegð á farþega
Hornafjörður	16.854	15.948	3.354	13.500	19,9%	698
Húsavík	13.158	16.805	1.161	11.997	8,8%	1.457
Sauðárkrókur	11.444	12.288	1.532	9.912	13,4%	736
Bíldudalur	7.930	8.854	709	7.221	8,9%	1.053
Grímsey	5.437	6.949	1.156	4.281	21,3%	1.388
Siglufjörður	6.397	6.214	205	6.192	3,2%	3.815
Þórshöfn	8.916	6.381	420	8.496	4,7%	4.136
Vopnafjörður	7.050	7.263	494	6.556	7,0%	2.939
Þingeyri	7.161	8.510	410	6.751	5,7%	11.104
Gjögur	4.781	4.979	584	4.197	12,2%	7.845
Patreksfjörður	7.313	8.140	352	6.961	4,8%	12.064
Bakki	6.206	3.931	0	6.206	0,0%	356
Samtals	**102.647**	**106.262**	**10.377**	**92.270**	**10,1%**	**1.574**

Eins og sést á töflunni urðu heildarrekstrarútgjöld flugvallanna 3,6 millj. kr. undir áætlun sem er 3,1%. Tekjur þessara flugvalla eru mjög litlar, eða tæpar 10,4 millj. kr., og því hlutfall tekna af gjöldum aðeins 10,1%. Framlegð á hvern farþega sem um flugvellina fór var að jafnaði 1.574 kr. Eins og taflan sýnir er framlegðin óheyrilega há á þeim flugvöllum sem hafa mjög litla flutninga en eru í fullum rekstri eins og flugvellirnir á Gjögri og Patreksfirði.

1.2.1.7 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

Aðrir flugvellir og lendingarstaðir skiptast í svokallaða þjónustuflugvelli annars vegar og lendingarstaði hins vegar. Þjónustuflugvellirnir eru alls 13 og hafa flestir verið áður áætlunarflugvellir þar sem áætlun hefur verið aflögð. Lendingarstaðir sem Flugmálastjórn rekur eru nú 38 talsins.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu útgjalda milli þjónustuflugvalla og lendingarstaða á árinu 2000, ásamt samanburði við rekstraráætlanir:

Tafla 18 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir, rekstur 2000 (þús kr.)

Gjöld	**2000**	**Áætlun**	**Breyting**
Þjónustuflugvellir	19.274	20.176	-4,5%
Lendingarstaðir	5.265	4.068	29,4%
Samtals	**24.539**	**24.244**	**1,2%**

Eins og taflan sýnir eru útgjöld vegna þessara flugvalla 24,5 millj. kr., en tekjur nánast engar.

1.2.2 Annar rekstur.

Annar rekstur Flugmálastjórnar en rekstur flugvalla er flugöryggissvið, flugleiðsögusvið, flugumferðarsvið og yfirstjórn. Undir yfirstjórn heyrir fjárvarsla og bókhald, alþjóðamál og skrifstofa flugmálastjóra.

Þegar tekið hefur verið mið af tekjuaukningu ársins 2000 umfram áætlun, gekk þessi rekstur mjög vel. Rekstrarútgjöld fóru reyndar 6,1% fram úr áætlun, en tekjur urðu 25,1% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þannig að afkoma þessara rekstrarsviða varð jákvæð um 61 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði og tekjum við áætlanir rekstrarsviðanna:

Tafla 19 Annar rekstur, skipting tekna og gjalda (þús kr.)

Rekstrarsvið	Útgjöld	Áætlun	Mismunur	%
Gjöld				
Yfirstjórn	155.448	148.573	6.875	4,6%
Flugöryggissvið	92.984	77.656	15.328	19,7%
Flugleiðsögusvið *	206.079	198.069	8.010	4,0%
Flugumferðarsvið *	223.350	206.171	17.179	8,3%
Alþjóðaflugþjónustan	62.651	75.700	-13.049	-17,2%
Samtals	**740.512**	**706.169**	**34.343**	**4,9%**
Tekjur				
Yfirstjórn	152.969	129.483	23.486	18,1%
Flugöryggissvið	90.327	68.225	22.102	32,4%
Flugleiðsögusvið	158.171	134.930	23.241	17,2%
Flugumferðarsvið	118.705	82.400	36.305	44,1%
Alþjóðaflugþjónustan	0	0	0	0,0%
Samtals	**520.172**	**415.038**	**105.134**	**25,3%**
Gjöld umfram tekjur	220.340	291.131	-70.791	-24,3%
Hlutfall tekna af gjöldum	70,2%			

* Kostnaður við rekstur ljósa- og aðflugsbúnaðar, flugprófana og flugturna sem færður hefur verið undir flugvelli, en fellur undir þessi rekstrarsvið, er hér dreginn frá.

Taflan sýnir að samanlagt hlutfall tekna af gjöldum þessara rekstrarsviða er 70,2%, en var árið áður 63,1% þannig að afkoman hefur verulega batnað.

Eftirfarandi töflur sýna laun og önnur rekstrargjöld ársins 2000, borin saman við árið 1999:

Tafla 20 Rekstur yfirstjórnar 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	91.144	71.212	28,0%
Önnur rekstrargjöld	64.304	51.576	24,7%
Samtals	**155.448**	**122.788**	**26,6%**
Tekjur	152.969	111.816	36,8%
Gjöld umfram tekjur	2.479	10.972	-77,4%

Rekstur yfirstjórnar hefur aukist nokkuð milli áranna, bæði hvað varðar útgjöld og tekjur, en gjöld umfram tekjur hafa lækkað um tæpar 8,5 millj. kr. frá árinu áður.

Tafla 21 Rekstur flugöryggissviðs 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	50.820	40.202	26,4%
Önnur rekstrargjöld	42.164	35.196	19,8%
Samtals	**92.984**	**75.398**	**23,3%**
Tekjur	90.327	79.180	14,1%
Gjöld umfram tekjur	2.657	-3.782	-170,3%

Eins og taflan sýnir hefur rekstur flugöryggissviðsins einnig aukist milli áranna og afkoman aðeins versnað á árinu 2000 miðað við fyrra ár, en þá var hún jákvæð um tæpar 3,8 millj. kr.

Tafla 22 Rekstur flugleiðsögusviðs 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	138.611	128.917	7,5%
Önnur rekstrargjöld	67.468	57.795	16,7%
Samtals	**206.079**	**186.712**	**10,4%**
Tekjur	158.171	121.587	30,1%
Gjöld umfram tekjur	47.908	65.125	-26,4%

Rekstur flugleiðsögusviðsins gekk nokkuð vel á síðasta ári þegar tekið er mið af tekjum og gjöldum. Rekstrargjöld urðu reyndar 10,4% hærri en árið áður, en tekjur hækkuðu verulega milli ára, eða um 30,1%.

Tafla 23 sýnir rekstur flugumferðarsviðsins á árunum 1999 og 2000. Í töflunni kemur fram að verulegar sveiflur eru í rekstrinum milli ára, launaútgjöld lækka aðeins frá árinu áður, en önnur rekstrarútgjöld hækka um tæp 100%. Samtals hækka rekstrarútgjöldin um 26,9% frá árinu áður, en á móti kemur veruleg tekjuaukning, eða 47,6%, sem gerir það að verkum að gjöld umfram tekjur hækka aðeins um 9,5% frá árinu 1999.

Tafla 23 Rekstur flugumferðarsviðs 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	125.562	127.008	-1,1%
Önnur rekstrargjöld	97.788	48.951	99,8%
Samtals	**223.350**	**175.959**	**26,9%**
Tekjur	118.705	80.414	47,6%
Gjöld umfram tekjur	104.645	95.545	9,5%

Eins og fyrr er getið varð afkoma A-hluta Flugmálastjórnar jákvæð um 7,4 millj. kr. á árinu 2000. Þess ber að geta að árið 2000 var varið til nauðsynlegra viðhaldsverkefna um 33 millj. kr. sem ekki voru á fjárlögum ársins og þar með örlítið gengið á eigið fé stofnunarinnar. Þannig er hagnaður af reglulegri starfsemi um 42 millj. kr.

Tafla 24 sýnir afkomu A-hluta Flugmálastjórnar árin 1999 og 2000:

Tafla 24 Heildarrekstur A-hluta Flugmálastjórnar 1999 og 2000 (þús kr.)

Gjöld	2000	1999	Breyting
Laun og launatengd gjöld	761.622	742.116	2,6%
Önnur rekstrargjöld	588.123	467.179	25,9%
Ráðstöfun hagnaðar fyrri ára	32.886	10.847	203,2%
Samtals	**1.382.631**	**1.220.142**	**13,3%**
Rekstrartekjur	652.237	530.899	22,9%
Framlag af flugmálaáætlun	66.000	113.000	
Framlag úr ríkissjóði	671.800	587.700	
Samtals	**1.390.037**	**1.231.599**	
Tekjur umfram gjöld	**7.406**	**11.457**	

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Á árinu 2000 urðu útgjöld flugmálaáætlunarinnar 1.016,5 millj. kr. Samtals 61,4% af útgjöldunum fór í endurbætur á Reykjavíkurflugvelli, eða 624 millj. kr. Til framkvæmda á öðrum innanlandsflugvöllum var varið 163 millj. kr., eða um 16%. Alls 66 millj. kr. fóru til reksturs flugvalla sem er 6,5% og veruleg lækkun frá fyrra ári. Til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var varið 64 millj. kr., sem er 9 millj. kr. hærra framlag en árið 1999. 5,1% fóru í flugumferðar- og flugleiðsögubúnað og 4,7% í annan kostnað, tækjasjóð o.fl.

Eftirfarandi töflur sýna útgjöld flugmálaáætlunar eftir verkefnaflokkum annars vegar og umdæmum hins vegar:

Tafla 25 Skipting útgjalda eftir verkefnaflokkum (þús. kr.).

Verkefnaflokkar	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Flugbrautir og hlöð	393.238	573.800	56,4%
Byggingar	120.099	82.883	8,2%
Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	41.963	129.962	12,8%
Flugumferðar- og flugleiðsögubún.	100.205	52.020	5,1%
Annar kostnaður	87.171	47.866	4,7%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64.000	64.000	6,3%
Til rekstrar flugvalla	66.000	66.000	6,5%
Samtals	872.676	1.016.531	100,0%

Tafla 26 Skipting útgjalda eftir umdæmum (þús. kr.).

Umdæmi og verkefni	Til framkvæmda	Framkvæmda-kostnaður	Hlutfall
Umdæmi 1, Suður- og Vesturland	63.380	58.641	5,8%
Umdæmi 2, Vestfirðir	19.000	15.661	1,5%
Umdæmi 3, Norðurland	95.000	76.784	7,6%
Umdæmi 4, Austurland	19.120	11.661	1,1%
Reykjavíkurflugvöllur	358.800	623.898	61,4%
Flugumferðar- og flugleiðsögubún.	100.205	52.020	5,1%
Annar kostnaður	87.171	47.866	4,7%
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64.000	64.000	6,3%
Til rekstrar flugvalla	66.000	66.000	6,5%
Samtals	872.676	1.016.531	100,0%

III. FLOKKUN FLUGVALLA OG ÞRÓUN FLUTNINGA

3.1 Flokkun flugvalla.

Með þingsályktun um flugmálaáætlun 2000–2003 breyttist flokkun innanlandsflugvallanna og eru þeir nú flokkaðir á eftirfarandi hátt:

3.1.1 Flokkur I. Áætlunarflugvellir.

Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlands- og utanlandsflugumferð á flugvélum af stærðunum Boeing 757, Boeing 737, Fokker 50 og ATR-42.

3.1.2 Flokkur II. Áætlunarflugvellir.

Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Húsavíkur-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsumferð á flugvélum af stærðunum Fokker 50 og ATR-42 eða öðrum sambærilegum.

3.1.3 Flokkur III. Áætlunarflugvellir.

Grímseyjar-, Siglufjarðar-, Vopnafjarðar-, Gjögurs-, Þingeyrar-, Patreksfjarðar- og Bakkaflugvöllur. Í þessum flokki eru flugvellir sem þjóna innanlandsflugumferð á 19 farþega flugvélum, t.d. Dornier 228.

3.1.4 Flokkur IV. Þjónustuflugvellir.

Kópaskers-, Mývatns-, Norðfjarðar-, Raufarhafnar- og Rifsflugvöllur. Í þessum flokki eru þjónustuflugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Á þessa flugvelli er ekki flogið reglubundið áætlunarflug, en þeir eiga að vera með flugvallarstjórn og mannaðir þegar þeir þjóna leigu- eða áætlunarflugi.

3.1.5 Flokkur V. Kennslu- og æfingaflugvellir.

Blönduóss-, Borgarness-, Dagverðarár-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur. Í þessum flokki eru æfinga- og kennslu-

flugvellir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallastjórnar, en þá á að vera hægt að manna þegar á þarf að halda.

3.1.6 Flokkur VI. Lendingarstaðir.

Í þessum flokki eru 48 sjúkraflugvellir og aðrir lendingarstaðir sem þjóna minnstu flugvélunum. Flugvellirnir eru án flugvallarstjórnar og ekki mannaðir.

Á undanförnum árum hefur áætlunarflugvöllum fækkað verulega. Nú eru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 17 talsins, þegar Bakkaflugvöllur er meðtalinn, en á þann flugvöll er nánast eingöngu flogið leiguflug milli lands og Vestmannaeyja. Þingeyrarflugvöllur er varaþjónustuflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og er því ekki beinlínis skilgreindur sem áætlunarflugvöllur þó að hann sé í flokki III. Fyrir rúmum áratug voru áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 31 talsins og hefur þeim því fækkað um 45% samhliða því að farþegum í innanlandsflugi hefur fjölgað mjög mikið á sama tíma.

3.2 Þróun flutninga.

Á undanförnum árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað jafnt og þétt. Á árunum 1982–2000 hefur aukningin orðið um 60%. Þróunin hefur orðið sú að farþegum sem fara um stærri flugvellina hefur fjölgað verulega, enda ferðatíðni meiri. Á móti hefur farþegum sem nota minni flugvellina fækkað, en það hefur leitt til þess að áætlunarflugi hefur verið hætt til margra áfangastaða undanfarin ár. Betri vegir út frá Reykjavík um Vesturland og norður í land hefur fyrst og fremst gert það að verkum að áætlunarflugi til flugvallanna á Snæfellsnesi, Hólmavík og Blönduósi var hætt, þar sem flugið gat ekki keppt við einkabílinn. Þá hefur einnig bætt vegakerfi milli byggða í einstökum landshlutum stuðlað að þessari þróun, t.d. á Vestfjörðum og Austurlandi. Einnig hefur arðsemiskrafa flugrekenda nú á allra síðustu árum leitt til þessarar þróunar, sbr. stöðu áætlunarflugs til Húsavíkur.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda farþega sem fóru um áætlunarflugvellina árin 1982 annars vegar og 2000 hins vegar:

Tafla 27 Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar 1982 og 2000

Flugvellir	1982	Hlutfall	2000	Hlutfall	Breyting
Reykjavík	258.595	45,0%	440.835	48,1%	70,5%
Akureyri	105.932	18,4%	191.014	20,8%	80,3%
Vestmannaeyjar	29.218	5,1%	84.077	9,2%	187,8%
Egilsstaðir	39.000	6,8%	73.097	8,0%	87,4%
Ísafjörður	44.013	7,7%	52.067	5,7%	18,3%
Hornafjörður	13.212	2,3%	19.347	2,1%	46,4%
Húsavík	16.193	2,8%	8.234	0,9%	-49,2%
Sauðárkrókur	11.375	2,0%	13.460	1,5%	18,3%
Bíldudalur	2.672	0,5%	6.855	0,7%	156,5%
Grímsey	1.783	0,3%	3.085	0,3%	73,0%
Siglufjörður	5.421	0,9%	1.623	0,2%	-70,1%
Þórshöfn	2.053	0,4%	2.054	0,2%	0,0%
Vopnafjörður	3.721	0,6%	2.231	0,2%	-40,0%
Þingeyri	2.449	0,4%	606	0,1%	-75,3%
Gjögur	863	0,2%	535	0,1%	-38,0%
Patreksfjörður	8.247	1,4%	577	0,1%	-93,0%
Bakki	0	0,0%	17.432	1,9%	0,0%
Áður áætlunarflugvellir	29.830	5,2%	0	0,0%	0,0%
Samtals	**574.577**	**100,0%**	**917.129**	**100,0%**	**59,6%**

Eins og fram kemur í töflunni halda fjórir stærstu áætlunarflugvellirnir ríflega hlutfalli sínu í farþegaflutningunum þegar árin 1982 og 2000 eru borin saman. Aðrir flugvellir halda í horfinu eða farþegum hefur fækkað mjög mikið. Bíldudalsflugvöllur sker sig úr en þar hefur orðið veruleg aukning, aðallega á kostnað Patreksfjarðarflugvallar, en eins og kunnugt er er jafnlöng vegalengd frá kaupstaðnum á Vatneyri til Patreksfjarðar- og Bíldudalsflugvalla.

Árið 1998 hófst skráning á farþegum sem fóru um Bakkaflugvöll í Austur-Landeyjum, en verulegt leiguflug fer um flugvöllinn frá Vestmannaeyjum, eða um og yfir 17.000 farþegar á ári.

Mynd 3 sýnir þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi á árunum 1982–2000:

Mynd 3 Farþegaflutningar í innanlandsflugi 1982-2000



Þegar þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi frá árinu 1982 er skoðuð eftir landshlutum kemur eftirfarandi í ljós:

Tafla 28 Farþegaflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2000	Hlutfall	Breyting
Vesturland	7.328	1,3%	0	0,0%	0,0%
Vestfirðir	66.077	11,5%	60.640	6,6%	-8,2%
Norðurland v.	20.897	3,7%	15.083	1,6%	-27,8%
Norðurland e.	130.431	22,8%	204.387	22,3%	56,7%
Austurland	59.925	10,5%	94.675	10,3%	58,0%
Suðurland	29.218	5,1%	101.509	11,1%	247,4%
Reykjavík	258.595	45,2%	440.835	48,1%	70,5%
Samtals	**572.471**	**100,0%**	**917.129**	**100,0%**	**60,2%**

Eins og taflan sýnir er hlutfallslega mest aukning farþega sem fóru um flugvellina á Suðurlandi, þ.e. Vestmannaeyja- og Bakkaflugvöll. Norðurland eystra og Austurland halda sínu, en farþegaflutningar um flugvelli á Vestfjörðum eru á undanhaldi, enda hefur verið nokkur fólksfækkun í landshlutanum á undanförnum árum.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun flutninganna eftir flugvallaflokkum:

Tafla 29 Áætlunarflugvellir, farþegaflutningar

Flugvellir	1982	Hlutfall	2000	Hlutfall	Breyting
Áætlunarflugv. I	403.527	70,2%	704.946	76,9%	74,7%
Áætlunarflugv. II	118.736	20,7%	186.094	20,3%	56,7%
Áætlunarflugv. III	22.484	3,9%	26.089	2,8%	16,0%
Áður áætlunarflugv.	29.830	5,2%	0	0,0%	0,0%
Samtals	**574.577**	**100,0%**	**917.129**	**100,0%**	**59,6%**

Eins og sést á töflunni fara 77% farþegaflutninganna um áætlunarflugvelli í flokki I, en það eru Reykjavíkur-, Akureyrar-, og Egilsstaðaflugvöllur.

Vöru- og póstflutningar með flugi hafa verið á stöðugu undanhaldi á undanförnum árum, eins og sést á myndinni hér að neðan:

Mynd 4 Vöru- og póstflutningar með flugi 1982 til 2000



Á töflunni hér að neðan sést hvernig þróunin hefur verið frá árinu 1982 eftir landshlutum:

Tafla 30 Vöru- og póstflutningar eftir landshlutum

Flugvellir	1982	Hlutfall	2000	Hlutfall	Breyting
Vestfirðir	1.066	12,6%	387	11,6%	-63,7%
Norðurland	2.325	27,5%	779	23,4%	-66,5%
Austurland	1.219	14,4%	432	13,0%	-64,6%
Suðurland	229	2,7%	201	6,0%	-12,2%
Reykjavík	3.604	42,7%	1.530	46,0%	-57,5%
Samtals	**8.443**	**100,0%**	**3.329**	**100,0%**	**-60,6%**

Taflan sýnir að hlutfallslega sama þróun á sér stað í öllum landshlutum nema á Suðurlandi, þ.e. Vestmannaeyjaflugvelli, sem á sér eðlilegar skýringar.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Árið 2000 var framkvæmt á innanlandsflugvöllunum fyrir 787 millj. kr. Þar af fóru 624 millj. kr. til endurbóta á Reykjavíkurflugvelli, en á árinu hófust framkvæmdir við 1. áfanga verksins. Framkvæmdir á flugvöllum skiptast í þrjá eftirfarandi verkefnaflokka:

1. *Flugbrautir og hlöð.* Undir þennan verkefnaflokk heyrir uppbygging flugbrauta, bundið slitlag, öryggissvæði, flughlað, bílastæði og lóð.
2. *Byggingar.* Flugstöð, farþegaskýli, tækja- og sandgeymsla.
3. *Aðflugs- og flugöryggisbúnaður.* Flugvallarlýsing og aðflugs- og raforkukerfi.

Fjárveitingar ársins 2000 til flugmálaframkvæmda eru þær hæstu sem verið hafa frá upphafi þingsályktunar um flugmálaáætlun, framreiknað til aprílmánaðar þessa árs eftir byggingarvísitölu, eða 732 millj. kr. (sjá fylgiskjal II).

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu hvers verkefnaflokks árið 2000:

Tafla 31 Greiðslustaða verkefnaflokka í ársloK 2000 (millj. kr.)

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Fram-kvæmda-kostnaður	Greiðslu-staða í árslok
Flugbrautir og hlöð	385,0	26,7	411,7	566,7	-155,0
Byggingar	75,0	46,1	121,1	83,0	38,1
Aðflugs- og flugöryggisbún.	18,0	-0,8	17,2	129,9	-112,7
Flugumferðar- og flug-leiðsöguþjónusta	37,0	63,2	100,2	52,0	48,2
Annar kostnaður	112,0	-20,5	91,5	54,8	36,7
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64,0		64,0	64,0	
Til reksturs flugvalla	66,0		66,0	66,0	
Samtals	757,0	114,7	871,7	1.016,4	-144,7

Í fremsta dálki er flugmálaáætlun ársins 2000 samkvæmt þingsályktun. Næsti dálkur sýnir þær breytingar sem orðið hafa frá fyrra ári, hvort um er að ræða inneign eða skuld á viðkomandi verkefnaflokki, eða aðrar tilfærslur. Í þriðja dálkinum kemur svo fram hversu mikið fé er til ráðstöfunar í einstakar framkvæmdir ársins. Fjórði dálkurinn sýnir framkvæmdakostnað ársins samkvæmt bókhaldi í árslok. Þá kemur fram greiðslustaða hvers verkefnaflokks í árslok 2000. Hafa ber í huga að verkefnum er oft ekki lokið í árslok og færast því fjármunir yfir á næsta ár og einnig að gerðar eru ýmsar skuldbindingar sem ekki koma til greiðslu fyrr en árið eftir.

4.1 Reykjavíkurflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2000 var unnið að endurbótum á austur–vestur flugbrautinni, þ.e. jarðvegsskiptum og malbikun. Um haustið árið 1999 var verkið í heild boðið út og samið við lægstbjóðanda sem var Ístak hf. Helstu undirverktakar eru: Hlaðbær-Colas hf. sem sér um malbikun, Björgun hf. sem er með efnisútvegun úr sjó, JVJ ehf. sem sér um efra burðarlag og Hefilverk sf./Fínverk ehf. sem sjá um jöfnun og frágang utan brauta.

Aðalhönnun verksins hefur verið í höndum Almennu verkfræðistofunnar hf. Aðrir hönnuðir eru Rafhönnun hf. sem sér um alla hönnun rafkerfa vegna flugbrautarljósa og Kjartan Mogensen landslagsarkitekt hefur séð um landslagsráðgjöf á svæðinu. Eftirlit með verkinu var boðið út og samið á grundvelli tilboðs við VSÓ ráðgjöf.

Vinna við verkið hófst í janúar 2000 við gerð sjóvarnargarðs og nokkru síðar við frárennslislagnir meðfram A–V flugbrautinni. Jarðvegsskipti hófust svo 15. mars og var byrjað frá vesturenda flugbrautarinnar. Verkið gekk í byrjun samkvæmt áætlun, en það sem helst tafði var efnisútvegun fyllingarefnis sem gekk nokkuð hægar en áætlanir gerðu ráð fyrir og var það viðvarandi vandamál allan verktímann. Vinna við strandvörn lagðist einnig af um tíma vegna mun meira sigs í garðinum en gert hafði verið ráð fyrir. Vinna við sjóvarnargarð var því stöðvuð á meðan mesta sigið átti sér stað.

Hinn 11. júlí hófust svo framkvæmdir við malbikun og var sem fyrr byrjað á vesturenda flugbrautarinnar. Verkið dróst nokkuð miðað við áætlun og var ekki lokið fyrr en 24. ágúst, en áætlun gerði ráð fyrir að verkinu yrði lokið 10. ágúst. Við undirbúning og endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar hefur sérstök áhersla verið lögð á að miklu skipti fyrir gæði verksins að malbikun tækist vel og uppfyllti þær kröfur sem settar voru fram. Við malbikun þess hluta sem lokið er nú hefur að mörgu leyti tekist að ná þeim markmiðum sem að var stefnt í upp

hafi. Sléttleiki brautarinnar og afvötnun er nokkuð góð. Þar sem verktíminn dróst nokkuð fram yfir áætlun óskaði verktakinn eftir því að fá að fresta lagningu efra malbikslags á austurenda brautarinnar frá brautarmótum, vegna þess að veðurskilyrði væru þannig að erfitt gæti reynst að uppfylla gæðakröfur og verður því malbiksyfirlagið sett á árið 2001. Til þess að verktaki gæti uppfyllt kröfur um þjöppun á neðra lagi malbiks á A–V flugbrautinni var fallist á að það yrði 5 cm í stað 4 cm eins og áætlað var.

Þá hófst vinna við jarðvegsskipti og malbikun brautarmóta A–V og N–S flugbrautanna sem átti samkvæmt áætlun að taka um 14 sólarhringa. Sú áætlun raskaðist lítillega, en framkvæmdum var lokið 8. september, eða aðeins tveim sólarhringum seinna en áætlun gerði ráð fyrir, sem telja verður mjög gott þar sem þetta er einn viðkvæmasti framkvæmdaþáttur verksins hvað flugumferð varðar.

Verktaki afhenti flugbrautina tilbúna til notkunar 21. október, eða um þremur vikum eftir áætlaðan tíma.

Í verki af þessari stærðargráðu má alltaf búast við að upp komi mál á framkvæmdatíma sem ekki eru fyrirséð við upphaf framkvæmda. Þetta kemur ekki á óvart, sérstaklega þegar litið er til þess að verkið er unnið í nágrenni við viðkvæman hluta borgarinnar og íbúðahverfi í tiltölulega lítilli fjarlægð frá vinnusvæðinu.

Ráðgert hafði verið að ýmsir hlutar verksins yrðu unnir allan sólarhringinn, en fljótlega eftir að byrjað var að brjóta upp steypu á A–V flugbrautinni komu kvartanir frá nágrönnum og var því ákveðið að hætta næturvinnu.

Í umhverfismati og áætlunum vegna framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir að fyllingarefni í flugbrautir sé að hluta til flutt sjóleiðina og því dælt inn að vinnusvæðinu. Einnig er gert ráð fyrir að óburðarhæfu efni sem tekið er upp úr brautarstæðum sé komið fyrir á flugvallarsvæðinu til þess að draga sem mest úr þungaumferð gegnum borgina. Með þetta í huga og einnig til þess að draga úr meintum hávaða á íbúðasvæði í Skerjafirði var uppgröfnu efni komið fyrir í mönum við Einarsnes sunnan við A–V flugbrautina. Fram kom nokkur óánægja meðal íbúa á svæðinu með áðurnefndar hljóðmanir, sem þeir töldu óþarfar og skertu útsýni þeirra til norðurs. Einnig hafði verið gert ráð fyrir að nýta mætti stór svæði við Vatnsmýrarveg til losunar á jarðefnum. Eftir að framkvæmdir hófust óskuðu borgaryfirvöld þess að þessi fyllingarsvæði við Vatnsmýrarveg yrðu ekki nýtt, þar sem þau væru að verulegu leyti á lóð Landspítalans. Ef ekki fæst leyfi til þess að losa efni innan flugvallarsvæðisins eins og ráð var fyrir gert mun það hafa í för með sér verulegt óhagræði og aukakostnað. Unnið er að lausnum á báðum þessum málum í samráði við borgaryfirvöld.

Framkvæmdin var kynnt sérstaklega fyrir nágrönnum flugvallarins á þremur kynningarfundum sem boðað var til bréflega í ákveðnum hverfum. Sá fyrsti var fyrir íbúa í Skerjafirði, síðan var fundur fyrir íbúa í Norðurmýri og Hlíðahverfi, en sá síðasti fyrir íbúa í Þingholtum og Kvosinni. Á fundunum var farið yfir áætlaðar framkvæmdir og framkvæmdatíma, en einnig voru kynnt sjónarmið fulltrúa flugrekenda við völlinn.

Á framkvæmdatímanum hefur rekstur flugvallarins gengið betur en gert var ráð fyrir. Ekki kom til þess að flytja þyrfti flugumferð til Keflavíkur eins og flugrekendur óttuðust í upphafi framkvæmda.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Samhliða jarðvegsskiptum var unnið að ídráttarkerfi fyrir ljósabúnað. Uppsetningu flugbrautarljósa á A–V flugbrautinni var lokið 27. október en ráðgert var að vinnu við uppsetningu flugleiðsögu- og leiðbeiningaskilta sem setja á upp í þessum verkáfanga lyki árið 2001. Starfsmenn Flugmálastjórnar sjá um þann verkþátt.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaðan heildarkostnað verksins, áætlun verkhlutans og kostnað sem féll til árið 2000, framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu í apríl 2001:

Tafla 32 Áætlanir og kostnaður við 1. verkhluta árið 2000

Verkþáttur	Heildar-áætlun	Áætlun 1. verkhluta	Kostnaður 1. verkhluta	Hlutfall heildaráæ.
Aðstaða og fl.	20,6	1,7	2,1	1,3%
Sjóvarnargarður	55,9	55,9	2,7	3,4%
Flugbrautir	698,5	334,2	409,3	43,0%
Akbrautir	232,8	6,5	28,2	14,3%
Regnvatnskerfi	54,4	15,1	20,4	3,3%
Ídráttarkerfi	106,4	40,9	52,5	6,5%
Ljósabúnaður	134,7	56,8	69,5	8,3%
Flughlað, skýli 1	80,8	0,0	0,0	5,0%
Uppkeyrslusvæði	43,1	0,0	0,0	2,7%
Aukaverk og annað	91,2	23,8	37,5	5,6%
Ýmis önnur verk	9,5	0,2	0,8	0,6%
Hönnun, umsj. eftirl.	96,9	27,1	49,2	6,0%
Samtals:	**1.624,8**	**562,2**	**672,2**	**100,0%**

Þess ber að geta að kostnaður og áætlun við 1. verkhluta er ekki alveg samanburðarhæfur þar sem framkvæmdur var á árinu hluti úr seinni áföngum.

4.2 Akureyrarflugvöllur.

Byggingar. Lokið var við þriðja og síðasta áfanga vegna stækkunar og endurbóta á flugstöðinni á Akureyrarflugvelli á árinu 2000. Verkið var boðið út og var samið við lægstbjóðanda, sem var Trétak ehf. Verkið gekk vel og stóðust allar verkáætlanir og var verkhlutinn sem eru endurbætur og stækkun á miðhluta hússins tekinn í notkun í byrjun nóvember sl.

Byrjað var á endurbótum á starfsaðstöðu í flugturni og slökkvistöð á árinu 2000 að kröfu Vinnueftirlitsins, en þeim verkefnum er ekki lokið.

Samtals var unnið við byggingar á Akureyrarflugvelli á árinu fyrir 62,7 millj. kr., þar af breytingar á flugstöðinni vegna Schengen að upphæð 2,5 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var áfram á árinu við endurnýjun flugbrautarljósa á flugvellinum og er verkinu ekki lokið, en endurbyggða ljósakerfið verður samkvæmt CAT-1 aðflugsstaðli. Framkvæmt var fyrir 10,8 millj. kr. á árinu í ljósakerfunum.

Þá var keyptur á árinu nýr upptökubúnaður fyrir flugturninn og er kostnaður 1,7 millj. kr.

4.3 Vestmannaeyjaflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2000 var lagt út nýtt klæðningaryfirlag á flugbrautirnar í Vestmannaeyjum. Eldra klæðningaryfirlagið var frá árinu 1990 og þurfti því nauðsynlegrar endurnýjunar við. Samið var við Vestmannaeyjabæ um efnisvinnslu, en klæðningarútlögnin var boðin út. Samið var við Klæðningu hf. sem átti lægsta tilboð, en Almenna verkfræðistofan sá um hönnun og eftirlit. Verkið var unnið fyrri hluta sumars og skilað á áætlun. Heildarkostnaður við verkið varð 34,6 millj. kr.

Byggingar. Lokið var á árinu mjög nauðsynlegum endurbótum á flugturninum í Vestmannaeyjum. Kostnaður sem til féll á árinu 2000 varð 8,8 millj. kr. Heildarkostnaður verksins er því 14,8 millj. kr.

Endurnýjaðir voru á árinu 2000 að hluta innanstokksmunir í flugstöðinni. Kostnaður var 1,3 millj. kr.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Unnið var við endurnýjun flugbrautaljósa á Vestmannaeyjaflugvelli á árinu fyrir 1,5 millj. kr. Verkinu er ekki lokið.

4.4 Egilsstaðaflugvöllur.

Byggingar. Lokið var við stækkun tækjageymslu á Egilsstaðaflugvelli. Samið var við Tréiðjuna Eini hf. um verkið á grundvelli einingarverða úr fyrra tilboði frá árinu áður. Kostnaður við verkið á árinu 2000 varð 3,4 millj. kr.

4.5 Ísafjarðarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Hafin var undirbúningur að stækkun flughlaðsins á Ísafjarðarflugvelli. Kostnaður sem til féll á árinu 2000 er 1,4 millj. kr., en framkvæmdir hefjast væntanlega á árinu 2001.

4.6 Hornafjarðarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var fyllingum í öryggissvæði flugvallarins og er þá eftir jöfnun og ræktun. Kostnaður á árinu varð 3,4 millj. kr.

Byggingar. Byrjað var á verulegum endurbótum á flugstöðinni á Hornafirði árið 2000. Lokið var þakendurbótum. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda sem var Imstak ehf. Áætlanir stóðust vel og kostnaður á árinu varð 1,9 millj. kr. Áfram verður unnið að endurbótunum á árinu 2001.

Aðflugs- og flugöryggisbúnaður. Lokið var í upphafi ársins 2000 við svokallað aðflug úr norðri. Framkvæmt var á árinu fyrir 2,7 millj. kr.

4.7 Bíldudalsflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Lokið var við gerð endaöryggissvæðis á norðurenda flugbrautarinnar á Bíldudal. Verkið var boðið út og samið við Norðurtak ehf., en fyrirtækið átti lægsta tilboð. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. á Ísafirði sá um hönnun og eftirlit. Verkáætlanir stóðust og varð kostnaður við verkið 11,1 millj. kr. Ráðgert er að sett verði bundið slitlag á öryggissvæðið til þess að það megi nýtast í flugtak til suðurs.

4.8 Siglufjarðarflugvöllur.

Byggingar. Kostnaður vegna viðhalds flugstöðvar og tækjageymslu á Siglufjarðarflugvelli árið 2000 var 1,6 millj. kr.

4.9 Þórshafnarflugvöllur.

Engar framkvæmdir voru á Þórshafnarflugvelli árið 2000.

4.10 Vopnafjarðarflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Unnið var við flugbrautina á Vopnafjarðarflugvelli á árinu 2000 fyrir 0,9 millj. kr.

4.11 Gjögursflugvöllur.

Byggingar. Lokið var á árinu við verulegar endurbætur á flugstöðinni á Gjögri. Húsið var einangrað og klætt að utan, þakjárn var endurnýjað, skipt um gólfefni, málað að innan og skipulagi innanhúss breytt til hagræðis fyrir starfsmann. Kostnaður við endurbæturnar varð 3,1 millj. kr.

4.12 Bakkaflugvöllur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu 2000 var hafinn undirbúningur að uppbyggingu flugbrautanna á Bakkaflugvelli í Austur-Landeyjum. Núverandi flugbrautir eru með grasyfirborði og nánast engri undirbyggingu. Fyrirhugað er að hafa jarðvegskipti í brautunum og koma upp nokkuð burðarþolnum malarflugbrautum. Almenna verkfræðistofan hf. annast hönnun verksins og ráðgert er að verkið verði boðið út á þessu ári. Kostnaður við undirbúning verksins á árinu 2000 varð 2,1 millj. kr.

4.13 Stóri-Kroppur.

Flugbrautir og hlöð. Á árinu var malarslitlag á flugvellinum á Stóra-Kroppi endurnýjað. Samið var við Borgarverk hf. um framkvæmdina og skilaði fyrirtækið verkinu á tilsettum tíma. Kostnaður á árinu 2000 varð 2,4 millj. kr.

4.14 Æfingaflugvöllur.

Fjárveitingar og framkvæmdir við nýjan kennslu- og æfingaflugvöll á höfuðborgarsvæðinu eru fyrirhugaðar árið 2003, samkvæmt þingsályktun um flugmálaáætlun árin 2000–2003. Engu síður hafa nú þegar farið fram nokkrar athuganir á staðsetningu slíks flugvallar í nágrenni þéttbýlisins og varð kostnaður á slíkum athugunum á árinu 2000 alls 1,2 millj. kr.

4.15 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta.

Upplýsingakerfi. Hér er um að ræða sérstakan búnað til útgáfu Flugmálahandbókar og til hönnunar og teikninga aðflugsferla. Búnaðurinn sem varð fyrir valinu var keyptur frá breska fyrirtækinu SERCO. Kostnaður á árinu 2000 var 14,9 millj. kr.

GPS/WAAS/NAAN/ADS/LAAS. Þessi liður greiðir kostnað Flugmálastjórnar við þátttöku í gerfihnattaleiðsögu. Hönnun, flugprófanir og útgáfa GPS-aðflugs er rekin af þessum lið. Einnig er þáttur Íslands í samstarfsverkefni bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAA), Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Íslands við víðáttustoðkerfið (WAAS) greiddur af þessum lið. Kostnaður á árinu 2000 var 9,8 millj. kr.

Veðurupplýsingakerfi. Unnið hefur verið að því að koma upp stöðluðum búnaði sem safnar saman veðurupplýsingum frá flugvöllum. Fyrir valinu varð búnaður frá finnska fyrirtækinu VAISALA. Kostnaður vegna þessa verkefnis á árinu 2000 var 10,4 millj. kr.

Rannsóknarverkefni. Þau rannsóknarverkefni sem unnið er að eru hávaðamælingar umhverfis Reykjavíkurflugvöll og athuganir vegna næturaðflugs inn til Ísafjarðarflugvallar. Kostnaður á árinu 2000 var 7,0 millj. kr.

Flugstjórnarmiðstöð. Af þessum lið er greiddur hlutur Íslands í hinum ýmsu framkvæmdum á vegum Alþjóðaflugþjónustunnar hér á landi. Á árinu 2000 var þessi kostnaður 5,0 millj. kr.

Ýmis búnaður. Á árinu 2000 var 4,9 millj. kr. varið í ýmsan tilfallandi tækjabúnað til flugleiðsögu- og flugumferðarþjónustu. Algengt er að búnaður sem ekki var ráðgert að endurnýja á tímabilinu bili þannig að viðgerð verði ekki komið við og endurnýjun sé nauðsynleg.

Fylgiskjal I.

Sundurliðun framkvæmda árið 2000 (millj. kr.)

Staður Verkefnaflokkur	Flugmála-áætlun	Breyting	Til fram-kvæmda	Fram-kvæmda-kostnaður	Greiðslu-staða í árslok
4.1 Reykjavíkurflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	319,0	24,7	343,7	510,6	-166,9
2. Byggingar	5,0	10,0	15,0	0,1	14,9
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0		0,0	113,2	-113,2
4.2 Akureyrarflugvöllur					
2. Byggingar	51,5	37,0	88,5	62,7	25,8
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	4,5	6,5	12,5	-6,0
4.3 Vestmannaeyjaflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	35,0	3,6	38,6	34,6	4,0
2. Byggingar	5,5	-0,9	4,6	10,2	-5,6
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	14,0	-10,0	4,0	1,5	2,5
4.4 Egilsstaðaflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	0,0		0,0	0,2	-0,2
2. Byggingar	4,0		4,0	3,4	0,6
4.5 Ísafjarðarflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	13,0	-6,0	7,0	1,4	5,6
4.6 Hornafjarðarflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	0,0	2,5	2,5	3,4	-0,9
2. Byggingar	6,0		6,0	1,9	4,1
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0	6,7	6,7	2,7	4,0
4.7 Bíldudalsflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	10,0		10,0	11,1	-1,1
4.8 Siglufjarðarflugvöllur					
2. Byggingar	1,0		1,0	1,6	-0,6
4.10 Vopnafjarðarflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	0,0	1,9	1,9	0,9	1,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	2,0	-2,0	0,0	0,0	
4.11 Gjögursflugvöllur					
2. Byggingar	2,0		2,0	3,1	-1,1
4.12 Bakkaflugvöllur					
1. Flugbrautir og hlöð	4,0		4,0	2,1	1,9
4.13 Stóri-Kroppur					
1. Flugbrautir og hlöð	4,0		4,0	2,4	1,6
4.15 Flugumferðar- og flug-leiðsöguþjónusta	37,0	63,2	100,2	52,0	48,2
4.16 Annar kostnaður	112,0	-20,5	91,5	54,8	36,7
4.17 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	64,0		64,0	64,0	
4.18 Til reksturs flugvalla	66,0		66,0	66,0	
Samtals	**757,0**	**114,7**	**871,7**	**1.016,4**	**-144,7**

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tafla og mynd sýna fjárveitingar til flugmálaframkvæmda frá því að fyrsta þingsályktun um flugmálaáætlun var samþykkt árið 1988:

Fjárveitingar til flugmálaframkvæmda 1988-2000 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkv. byggingarvísitölu. (apríl 2001, sem er 253,7)

Ár	Fjárhæð	Núvirði
1988	281.500	637.671
1989	272.000	487.375
1990	325.000	484.113
1991	349.000	482.538
1992	374.000	503.351
1993	393.000	525.290
1994	395.000	510.551
1995	355.000	441.698
1996	332.000	401.421
1997	400.000	453.847
1998	415.000	455.980
1999	485.000	521.597
2000	691.000	732.275
Samtals	**5.067.500**	**6.637.707**



Fylgiskjal III.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig fjárveitingar til einstakra flugvalla skiptast 1988-2000:

Fjárveitingar til flugvallaframkvæmda 1988-2000 (þús. kr.)
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (253,7 í apríl 2001)

Staður	1988-95	1996-99	2000	Samtals	Hlutfall
Reykjavík	293.203	208.533	338.685	840.421	16,2%
Akureyri	251.819	230.924	55.925	538.668	10,4%
Vestmannaeyjar	212.791	98.870	56.970	368.631	7,1%
Egilsstaðir	1.220.152	99.016	4.181	1.323.349	25,4%
Ísafjörður	148.898	119.028	13.589	281.515	5,4%
Hornafjörður	114.089	67.872	6.272	188.233	3,6%
Húsavík	177.119	71.938	0	249.057	4,8%
Sauðárkrókur	185.355	33.191	0	218.546	4,2%
Patreksfjörður	74.864	30.993	0	105.857	2,0%
Bíldudalur	84.960	21.117	10.453	116.530	2,2%
Grímsey	63.227	12.453	0	75.680	1,5%
Norðfjörður	53.921	0	0	53.921	1,0%
Vopnafjörður	23.939	34.038	2.091	60.068	1,2%
Siglufjörður	47.892	0	1.045	48.937	0,9%
Þórshöfn	162.332	36.492	0	198.824	3,8%
Hólmavík	72.109	0	0	72.109	1,4%
Gjögur	42.562	3.297	2.091	47.950	0,9%
Þingeyri	15.029	32.613	0	47.642	0,9%
Raufarhöfn	19.567	0	0	19.567	0,4%
Kópasker	25.765	0	0	25.765	0,5%
Flateyri	20.888	0	0	20.888	0,4%
Mývatn	7.513	22.532	0	30.045	0,6%
Bakkafjörður	1.284	0	0	1.284	0,0%
Borgarfjörður eystri	25.547	0	0	25.547	0,5%
Ólafsfjörður	2.893	0	0	2.893	0,1%
Breiðdalsvík	15.585	0	0	15.585	0,3%
Blönduós	15.969	0	0	15.969	0,3%
Stykkishólmur	7.129	0	0	7.129	0,1%
Rif	42.980	0	0	42.980	0,8%
Aðrir flugvellir	95.301	46.960	16.725	158.986	3,1%
Samtals	**3.524.682**	**1.169.867**	**508.027**	**5.202.576**	**100,0%**

Fylgiskjal IV.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarfjárveitingar til einstakra flugvalla 1988-2000, ásamt fjölda farþega sem fóru um flugvellina á sama tíma:

Framkvæmdir á flugvöllum 1988-2000.
Fjöldi farþega sem fóru um flugvellina 1988-2000.
Framreiknað til núvirðis samkvæmt byggingarvísitölu (253,7 í apríl 2001).

Staður	Fjárhæð í þús. kr.	Fjöldi farþega	Framlegð á hvern farþega
Reykjavík	840.421	4.609.380	182
Akureyri	538.668	1.855.987	290
Vestmannaeyjar	368.631	1.004.926	367
Egilsstaðir	1.323.349	744.536	1.777
Ísafjörður	281.515	663.920	424
Hornafjörður	188.233	222.203	847
Húsavík	249.057	180.239	1.382
Sauðárkrókur	218.546	164.425	1.329
Patreksfjörður	105.857	58.910	1.797
Bíldudalur	116.530	80.236	1.452
Grímsey	75.680	45.913	1.648
Norðfjörður	53.921	31.087	1.735
Vopnafjörður	60.068	44.094	1.362
Siglufjörður	48.937	44.059	1.111
Þórshöfn	198.824	25.749	7.773
Hólmavík	72.109	10.056	7.171
Gjögur	47.950	8.932	5.368
Þingeyri	47.642	29.169	1.633
Raufarhöfn	19.567	9.162	2.136
Kópasker	25.765	4.468	5.766
Flateyri	20.888	30.741	679
Mývatn	30.045	28.439	1.056
Bakkafjörður	1.284	776	1.655
Borgarfjörður eystri	25.547	1.491	17.134
Ólafsfjörður	2.893	6.012	481
Breiðdalsvík	15.585	3.068	5.080
Blönduós	15.969	11.247	1.420
Stykkishólmur	7.129	6.647	1.073
Rif	42.980	14.024	3.065
Samtals	**5.043.590**	**9.939.896**	**507**

Fylgiskjal V.

Þróun flutninga 1982- 2000.

Eftirfarandi myndir sýna þróun farþega-, vöru- og póstflutninga milli áranna 1982-2000. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað í farþegaflutningum í innanlandsflugi á fyrrgreindu tímabili. Flug til margra áfangastaða hefur lagst af, en stóraukist frá Reykjavík til stærri áfangastaða eins og Akureyrar, Vestmannaeyja og Egilsstaða. Þannig fóru árið 1982 um það bil 82% allra farþega um fimm stærstu innanlandsflugvellina, en 92% árið 2000.

Vöru- og póstflutningar í flugi hafa minnkað um 60% frá árinu 1982. Póstflutningar milli landshluta eru nú að mestu leyti með bílum og vöruflutningar einnig, nema til staða eins og Vestmannaeyja og Grímseyjar, þar sem flugið virðist vera í aðeins betri samkeppnisaðstöðu við ferjurnar en bílinn. Þá hafa vöruflutningar með flugi til Vopnafjarðar og til Gjögurs haldið velli á undanförnum árum.

Reykjavíkurflugvöllur





Akureyrarflugvöllur





Vestmannaeyjaflugvöllur





Egilsstaðaflugvöllur





Ísafjarðarflugvöllur





Hornafjarðarflugvöllur





Húsavíkurflugvöllur





Sauðárkróksflugvöllur





Bíldudalsflugvöllur





Grímseyjarflugvöllur





Siglufjarðarflugvöllur





Þórshafnarflugvöllur





Vopnafjarðarflugvöllur





Þingeyrarflugvöllur





Gjögursflugvöllur





Patreksfjarðarflugvöllur





Bakkaflugvöllur



Vöru- og póstflutningar ekki skráðir.

Stykkishólmsflugvöllur





Rifsflugvöllur





Hólmavíkurflugvöllur





Blönduóssflugvöllur





Kópaskersflugvöllur





Raufarhafnarflugvöllur





Breiðdalsvíkurflugvöllur





Norðfjarðarflugvöllur



Borgarfjarðarflugvöllur eystri





1107. Skýrsla [688. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar flugslysa fyrir árið 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996, í samræmi við lög nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Rannsóknarnefnd flugslysa tók þá við starfsemi flugslysarannsóknardeildar Flugmálastjórnar og flugslysanefndar sem þá voru lagðar niður.

Rannsóknarnefnd flugslysa er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra, en starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum, sbr. 6. gr. laganna. Hún annast rannsókn allra flugslysa, þ.m.t. alvarlegra flugatvika svo og flugumferðaratvika. Flugslysarannsóknir miða að því einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og að auka öryggi í flugi. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys fer samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn flugslysa.

Í skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa er gerð grein fyrir orsök eða líklegri orsök flugslyssins, auk þess sem þar eru ef við á gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum, svo og skal rannsóknarnefnd flugslysa gera tillögur um úrbætur í flugöryggismálum eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til. Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, enda er markmið flugslysarannsókna samkvæmt áðurnefndum lögum að greina orsakaþætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að draga fram sök eða ábyrgð.

Nefndina skipa nú eftirtaldir fimm menn:

- Þormóður Þormóðsson, B.S. í flugrekstrar- og tæknistjórnun, formaður og rannsóknarstjóri flugslysa,
- Þorkell Ágústsson, verkfræðingur M.Sc., aðstoðarrannsóknarstjóri flugslysa,
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins,
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf.,
- Þorsteinn Þorsteinsson, sjálfstætt starfandi flugvélaverkfræðingur.

Þeir Þormóður og Þorkell eru ráðnir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn og núverandi skipunartímabil þeirra nær til 1. júlí árið 2004.

Svo sem fram kom í skýrslu samgönguráðherra fyrir árið 2000 ákvað Skúli Jón Sigurðarson, formaður og rannsóknarstjóri flugslysa, að láta af störfum í lok ársins 2001. Þormóður Þormóðsson var ráðinn í lok ársins 2000 til þess að taka við starfi hans. Hann var í námi og starfsþjálfun framan af árinu og tók við starfinu 1. september 2001.

Þá sagði Sveinn Björnsson upp starfi sínu sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd flugslysa í lok ársins en hann hafði gegnt því frá stofnun hennar og hafði þar áður setið um langt árabil í flugslysanefnd sem starfaði samkvæmt eldri loftferðalögum. Þorsteinn Þorsteinsson, varaformaður og aðstoðarrannsóknarstjóri, sagði starfi sínu lausu í lok ársins 2001 og tók sæti Sveins Björnssonar í nefndinni.

Í stað Þorsteins Þorsteinssonar var Þorkell Ágústsson verkfræðingur ráðinn aðstoðarrannsóknarstjóri flugslysa frá og með 1. janúar 2002.

Skrifstofa rannsóknarnefndar flugslysa er í leiguhúsnæði á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík, við Flugvallarveg á Reykjavíkurflugvelli. Leigusamningur var gerður árið 1997 til tíu ára.

Kostnaðaryfirlit.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 voru 24 millj. kr. ætlaðar til starfsemi rannsóknarnefndar flugslysa.

	Millj. kr.
Fjárlög 2001	24,0
Skuld frá 2000	1,5
Aukafjárveiting 2001 og launabætur	3,4
Fjárheimild 2001	25,9
Heildarkostnaður 2001	28,3
Mismunur, færist til næsta árs	-2,4

Rannsóknir ársins urðu mun dýrari en ráð var fyrir gert. Nokkur atriði vega þar þungt og má nefna:

- Neðansjávarleit í þrjá daga að flaki erlendrar flugvélar sem fórst við Vestmannaeyjar 6. mars 2001, og flugmanna hennar.
- Greiðslu til tilkvaddra sérfræðinga vegna rannsókna á alvarlegu flugatviki yfir Breiðafirði 15. desember 2000, flugslysi við Þrídranga 6. mars 2001 og alvarlegu flugatviki þyrlu yfir Snæfellsnesi 25. maí 2001.
- Rannsóknarnefnd flugslysa lét tvisvar á árinu lesa ferðarita hjá rannsóknardeild flugslysa í Bretlandi (Air Accident Investigation Branch).

Yfirlit yfir skráð og rannsökuð mál árið 2001.

Árið 2001 lauk rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í sjö málum sem ólokið var í upphafi ársins. Það voru flugslys TF-FIR á Reykjavíkurflugvelli 16. júlí 2000, flugumferðaratvik CMN-703/AAL-80 við Færeyjar 20. júlí 2000, flugslys TF-GTI í Skerjafirði 7. ágúst 2000, flugumferðaratvik DAF-678/GRL-721 við Grænland 28. ágúst 2000, flugatvik TF-FTE á Reykjavíkurflugvelli 24. september 2000, flugatvik TF-GTR á Reykjavíkurflugvelli 31. október 2000 og flugatvik TF-FIT yfir Breiðafirði 15. desember 2000. Þá lauk rannsóknarnefnd flugslysa fimm öðrum málum frá árinu 2000 með bókun.

Árið 2001 skráði rannsóknarnefnd flugslysa samtals 89 atvik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. Af þessum atvikum tók rannsóknarnefnd flugslysa samtals 26 atvik sem skilgreind voru sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik til formlegrar meðferðar og rannsóknar. Nefndin lauk rannsókn á þremur þessara mála með útgáfu rannsóknarskýrslna, 19 málum var lokið með bókun og einu máli var lokið með bókun og sérstöku bréfi til Flugmálastjórnar.

Engin slys urðu á mönnum í flugi skráðra íslenskra loftfara á árinu, en eitt dauðaslys varð, er tveggja hreyfla bandarísk flugvél fórst með tveimur mönnum nálægt Þrídröngum undan suðurströndinni 6. mars.

Í árslok átti rannsóknarnefnd flugslysa eftir að ljúka gerð rannsóknarskýrslna vegna þriggja mála sem urðu árið 2001, eða flugslyssins við Þrídranga, flugslys kennsluvélarinnar

TF-JMB í Garðsárdal í Eyjafirði 6. ágúst og flugatviks sem varð á Hornafjarðarflugvelli 2. desember, þegar Metro-flugvél Flugfélags Íslands hlekktist þar á í lendingu.

Rannsóknarnefnd flugslysa átti töluvert samstarf við erlenda rannsakendur flugslysa, en nokkur minni háttar atvik hentu erlendar flugvélar hér á landi á árinu. Þá aðstoðaði nefndin rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku (Havarikommissionen Civil Luftfart) við rannsókn á dauðaslysi sem varð þegar þýsk einkaþota fórst í aðflugi að flugvellinum í Narssarsuaq á Grænlandi 5. ágúst en vélin hafði millilent á Keflavíkurflugvelli.

Rannsóknarnefnd flugslysa aðstoðaði erlenda rannsakendur við rannsókn á atvikum er hentu flugvélar skráðar á Íslandi erlendis. Rannsóknardeild flugslysa í Bretlandi (Air Accident Investigation Branch) lauk rannsókn og gaf út rannsóknarskýrslu vegna flugatviks sem varð á B-747 flugvél Atlanta hf. við Manchester 22. september 2000. Ólokið var rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa í Danmörku á flugatviki er henti B-757 flugvél Flugleiða hf. í Kaupmannahöfn 28. júní 2001 og ólokið var einnig af hálfu rannsóknardeildar flugslysa í Bretlandi rannsókn flugatviks sem henti B-747 flugvél Atlanta hf. yfir Ermarsundi 12. júní 2000.

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 14 tillögur til úrbóta í öryggisátt við rannsóknir sem hún lauk á árinu 2001 og skrifaði Flugmálastjórn sérstakt bréf vegna tiltekins atviks. Í nokkrum málanna voru að mati nefndarinnar ekki efni til þess að gera tillögur til úrbóta. Tillögum þessum var flestum beint til Flugmálastjórnar Íslands, en skv. 7. gr. laga nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa, er flugmálayfirvöldum skylt að sjá til þess að úrbótatillögur rannsóknarnefndar flugslysa séu teknar til formlegrar afgreiðslu. Þá beindi nefndin tillögum til Veðurstofu Íslands, samgönguráðuneytisins og tveggja flugrekenda.

Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik á íslenskum loftförum 1980–2001.

	Reglu-bundið flug	Flugslys og flug-atvik	Leigu-flug	Flugslys og flug-atvik	Þjónustu flug	Flugslys og flug-atvik	Verkflug	Flugslys og flug-atvik	Einka-flug	Flugslys og flug-atvik	Kennslu-flug	Flugslys og flug-atvik	Svifflug	Flugslys og flug-atvik	Flug-stundir samtals	Flugslys/ atvik sam-tals
1980	24.300	2	6.700	1	7.800	1	1.300	1	6.800	3	7.100	0	800	0	54.800	8
1981	23.000	0	6.100	2	8.600	1	1.300	1	7.600	7	6.700	1	800	1	54.100	13
1982	26.000	3	7.500	0	9.100	2	1.400	1	9.100	6	6.300	0	800	1	60.200	13
1983	27.600	2	6.100	1	9.000	4	1.400	2	14.800	6	6.000	0	800	0	65.700	15
1984	29.500	4	7.000	0	8.700	2	1.500	0	12.200	4	5.400	0	800	0	65.100	10
1985	30.000	1	6.500	0	9.100	1	3.000	0	14.000	7	6.900	5	800	0	70.300	14
1986	33.000	2	6.000	0	9.300	1	3.500	0	14.000	9	7.800	0	800	1	74.400	13
1987	37.200	1	6.900	0	8.800	3	4.000	2	15.500	9	9.200	2	800	1	82.400	18
1988	35.000	4	6.500	0	8.500	1	4.000	2	17.100	11	8.700	1	800	0	80.600	17
1989	33.000	4	4.000	0	6.800	1	2.800	0	16.700	6	9.100	3	800	1	73.200	15
1990	37.900	3	5.400	2	9.100	1	2.200	1	15.100	6	7.800	4	800	2	78.300	19
1991	38.500	0	11.900	0	8.500	0	1.900	0	12.700	10	8.500	0	800	0	82.800	8
1992	36.082	1	5.549	0	6.641	2	2.138	0	11.234	4	6.189	0	800	2	68.633	9
1993	34.517	1	10.320	0	6.825	0	1.751	0	9.510	4	8.237	0	800	1	71.996	6
1994	39.684	1	12.272	0	7.101	1	2.119	1	10.952	5	7.766	1	800	3	80.694	12
1995	41.694	1	13.881	0	10.087	1	2.475	0	13.025	5	6.316	4	800	2	88.278	13
1996	47.682	2	21.464	3	6.159	2	2.131	0	14.106	11	10.750	0	800	0	103.092	18
1997	51.930	3	25.452	2	5.826	2	1.729	4	14.805	7	13.318	2	800	0	113.060	20
1998	60.549	5	34.434	6	6.756	1	2.004	2	10.753	7	16.052	2	930	0	131.480	23
1999	65.847	5	34.885	4	3.481	1	1.730	0	10.995	11	16.843	3	797	0	134.578	24
2000	70.833	9	39.961	3	2.614	2	1.955	0	11.042	11	12.462	8	700	0	139.567	33
2001		2		12		1		1		2		2		0		20

Alvarleg flugatvik eru talin hér með frá 1995 og flugumferðaratvik frá 1997. Tölur um flugstundir fyrir árið 2001 lágu ekki fyrir þegar skýrslan var tekin saman.

1108. Skýrsla [689. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir árin 2001–2003.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.

Hinn 19. maí 2001 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi, en hún hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 99/2001. Í þingsályktuninni segir að samgönguráðherra skuli fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miðar í átt að settu marki.

II. Aðdragandi.

Í byrjun ársins 2000 ákvað samgönguráðherra að hefja vinnu við að gera langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að halda utan um verkið og var hún skipuð eftirfarandi fulltrúum, aðalmönnum og varamönnum: Frá samtökum sjómanna Guðjón Ármann Einarsson og Halldór A. Guðmundsson, frá samtökum útgerðarmanna Guðfinnur Johnsen og Örn Pálsson, frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu Hilmar Snorrason og Gunnar Tómasson, frá Siglingastofnun Íslands Jón Bernódusson og Ari Guðmundsson og frá samgönguráðuneyti Helgi Jóhannesson formaður og Jósef H. Þorgeirsson varaformaður.

Langtímaáætlunin var unnin í samráði við hagsmunaaðila og kynnt á fundum siglingaráðs. Undirbúningur verksins fór fram innan Siglingastofnunar Íslands sem réð til sín tímabundið Ingimund Valgeirsson verkfræðing til að vinna að verkefninu. Á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is/oryggi2000, var kynning á verkefninu og var öllum sem láta sig öryggismál sjómanna varða gefinn kostur á að koma eigin sjónarmiðum að. Til að geta betur metið leiðir sem þarf að fara til að bæta öryggi sjófarenda almennt var óskað eftir athugasemdum og tillögum frá sjómönnum, útgerðum og öllum sem málið varðar. Tekin voru saman ýmis sjónarmið sem fram hafa komið í skýrslum og almennri umræðu, svo sem í blöðum, tímaritum og á ráðstefnum. Sérsniðnar spurningar um öryggismál voru sendar til útgerðarfyrirtækja og sjómanna. Svör bárust frá um 120 starfandi sjómönnum og auk þess komu fram ýmsar aðrar skriflegar og munnlegar athugasemdir. Teknar voru saman upplýsingar úr þeim tilkynningum um slys á sjómönnum sem bárust Tryggingastofnun ríkisins árið 1999. Skoðaðar voru nýlegar sjóslysaskýrslur og rætt var við ýmsa aðila sem hafa góða þekkingu á ákveðnum sviðum öryggismálanna.

Þegar athugasemdir og tillögur lágu fyrir kom í ljós að af ýmsu var að taka. Nauðsynlegt var að meta athugasemdir og velja úr og forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi og umfangi. Í sumum athugasemdunum fólst talsverð gagnrýni á ákveðna aðila og sjálfsagt er hægt að grafast fyrir um hvort hún er á rökum reist en varast þarf að dæma heildina út frá einstaka tilvikum innan hvers málaflokks. Þegar áðurnefnd atriði höfðu verið skoðuð og metin dró verkefnisstjórn út atriði varðandi öryggismálin og tengd málefni sem skoða ætti sérstaklega.

III. Tilgangur og markmið.

Tilgangur með þingsályktun um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er að hrinda af stað átaki í öryggismálum sjófarenda og að unnið verði eftir sérstakri áætlun í þeim málum

á árunum 2001 til og með 2003. Markmið áætlunarinnar er að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra, sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Stefnt er að því að skilgreina hlutverk þeirra sem vinna að öryggismálum sjófarenda og að slysum til sjós fækki um að minnsta kosti þriðjung fram til ársins 2004.

IV. Fjármögnun.

Í þingsályktun Alþingis um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda er gert ráð fyrir að veittar verði til hennar 10 millj. kr. á árinu 2001, 15 millj. kr. á árinu 2002 og 20 millj. kr. á árinu 2003, alls 45 millj. kr. á tímabilinu öllu.

Í fjárlögum fyrir árið 2001 var ekki kveðið á um sérstaka fjárveitingu til áætlunarinnar á árinu 2001. Í ákvæði til bráðabirgða með lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem samþykkt voru á Alþingi 20. maí 2001 kom eftirfarandi fram: „Undanþágusjóður, sem starfar skv. 3. mgr. 21. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, skal lagður niður. Andvirði sjóðsins skal notað til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.“

Vegna þessa ákvæðis skrifaði samgönguráðuneytið bréf, dags. 15. maí 2001, til undanþágunefndar sem starfar samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna og vakti athygli nefndarinnar á nefndu ákvæði til bráðabirgða. Í bréfi ráðuneytisins kom þetta m.a. fram: „Í ljósi þessara breytinga telur ráðuneytið rétt að engar greiðslur eigi sér stað úr sjóðnum fram til 1. júlí nk. og að innheimt verði gjald fyrir veittar undanþágur til og með 30. júní nk. Svo fljótt sem verða má eftir þann tíma skal ganga frá uppgjöri sjóðsins og andvirði hans afhent Siglingastofnun Íslands til að standa straum af kostnaði við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda.“ Undanþágunefnd lauk uppgjöri undanþágusjóðs með bréfi til samgönguráðuneytis, dags. 23. nóvember 2001. Andvirði sjóðsins 1. júlí 2001 þegar hann var lagður niður reyndist vera 6.086.234 kr. og barst sú fjárveiting Siglingastofnun í desember 2001. Það sem upp á vantaði að 10 millj. kr. fjárveitingu væri náð til verkefnisins ráðstafaði samgönguráðuneytið af fjárlagaliðnum 10.190.1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna.

Fjárveiting til áætlunarinnar árið 2002 var ákveðin í fjárlögum fyrir það ár og sama verður gert vegna fjárveitingar ársins 2003.

V. Framkvæmd áætlunarinnar.

Samgönguráðuneytið fól Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 25. maí 2001 að annast framkvæmd áætlunarinnar, en í bréfinu segir m.a.:

„Ráðuneytið felur Siglingastofnun hér með að fara með framkvæmd langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí sl. Ráðuneytið leggur áherslu á að nú þegar verði hafist handa við að koma verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Sérstök athygli er vakin á því að samgönguráðherra skal fyrir 1. apríl hvers árs, fyrst árið 2002, leggja fyrir Alþingi skýrslu um framgang áætlunarinnar og hvernig henni miði í átt að settu marki.

Ráðuneytið telur rétt að verkefnisstjórn sem vann að málinu komi jafnframt að framkvæmd hennar til að stéttarfélög sjómanna, útgerðir og Slysavarnafélagið Landsbjörg hafi þar aðkomu og ábyrgð og verði hlutverk hennar að hafa ákveðið eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðla að samstarfi þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma.“

Eins og áður er komið fram skipaði samgönguráðherra verkefnisstjórn 16. febrúar 2000 til að undirbúa og gera tillögur að langtímaáætlun. Verkefnisstjórn skilaði tillögum sínum til samgönguráðherra með bréfi dags. 19. desember 2000, sem urðu grunnur að tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda sem samgönguráðherra lagði fram á Alþingi í byrjun árs 2001.

Siglingastofnun Íslands hefur, í samvinnu við verkefnisstjórn, gert sérstaka framkvæmdaáætlun um að koma einstökum verkefnum samkvæmt áætluninni í framkvæmd. Með bréfi dags. 21. desember 2001 óskaði Siglingastofnun Íslands eftir staðfestingu samgönguráðherra á þeirri framkvæmdaáætlun og staðfesti samgönguráðherra hana með bréfi dags. 19. febrúar 2002. Vegna þeirra tafa sem urðu við fjármögnun áætlunarinnar fyrir árið 2001 hefur dregist að setja sum verkefni af stað, en vonir standa til þess að á þessu ári takist að vinna upp þá seinkun. Meðfylgjandi er staðfest framkvæmdaáætlun sem hefur að geyma yfirlit um einstök verkefni áætlunarinnar, markmið þeirra, stöðu mála, ábyrgð og umsjón, fjármögnun, tímaramma, forgangsröðun og framvindu hvers verkefnis miðað við 15. mars 2002.

Framkvæmdaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001–2003.

1.1 Samræming sjómannamenntunar og aðlögun að alþjóðasamþykktum STCW og STCW-F
1.2 Endurmenntun skipstjórnarmanna
1.8 Ýmislegt fjarnám verði eflt og notað í eins miklum mæli og hægt er

Markmið

Að nám í íslenskum sjómannaskólum sé samræmt kröfum alþjóðasamþykkta. Að nám, þjálfun og endurmenntun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé skipulagt þannig að það skili viðkomandi einstaklingi sem mestu, bæði í sjómannsstarfinu og í mati á náminu/þekkingunni innan almenna skólakerfisins og til annarra starfa í þjóðfélaginu. Að auka möguleika sjómanna á að afla sér menntunar samhliða starfi sínu.

Staða mála

Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar hefur unnið að endurskoðun námskráa fyrir skipstjórnar- og vélstjórnarmenntun. Vorið 2001 voru sett lög nr. 76/2001, um áhafnir farþega- og flutningaskipa, sem grundvallast á STCW-samþykktinni, samþykkt á Alþingi. Þingsályktun um fullgildingu á STCW-F var þá frestað.

Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá. Lög nr. 76/2001 gera kröfu um að þeir yfirmenn sem ekki hafa farið á sjó í fimm ár fari á endurmenntunarnámskeið vegna endurnýjunar atvinnuréttinda.

Framboð á fjarnámi í ýmsum skólum hefur aukist síðustu ár og hafa sjómenn átt þess kost að stunda þannig nám. Notkun gervihnattasambands og farsíma gerir þetta mögulegt fyrir sjómenn sem eru á sjó en kostnaður við gagnaflutning er mjög hár við þessar aðstæður. Mikilvægt er að sjómenn hafi kost á fjarnámi á sem flestum sviðum og að kostnaði þeirra við það sé haldið í lágmarki.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd

Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Sjómannaskólar hafi yfirumsjón með öllu skipulögðu námi, þjálfun og endurmenntun sjómanna, og stuðli að fjarnámi fyrir sjómenn á sem flestum sviðum.

Samstarfsaðilar

Menntamálaráðuneyti, starfsgreinaráð, sjómannaskólar, samgönguráðuneyti, hagsmunasamtök sjómanna.

Áætluð fjármögnun

Vinna að þessum verkefnum sé fjármögnuð af menntamálaráðuneyti og viðkomandi stofnunum.
Langtímaáætlun styrki fjarnám sjómanna um:
0,4 millj. kr. árið 2001,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Samstarfsaðilar vinni að útfærslu þessara mála og Siglingastofnun Íslands verði virkari í skipulagningu sjómannamenntunar.

Námskrár sjómannaskóla þurfa að vera endurskoðaðar reglulega með tilliti til tækniframfara og alþjóðasamþykkta. Jafnframt skal stuðla að öflugri verklegri þjálfun og símenntun allra sjómanna.

Áætlanir verði gerðar um fjarnám sérstaklega ætlað sjómönnum.

Tímasetningar
Þess er vænst að sjómannamenntun sé metin og endurskoðuð reglulega í framtíðinni. Jafnframt sé þörf fyrir endurmenntun metin árlega og í boði séu viðeigandi námskeið og þjálfun fyrir sjómenn.

Lög og reglugerðir
Lög um áhafnir íslenskra farþega- og flutningaskipa, nr. 76/2001, 3. og 5. gr.
Reglugerð um nám til skipstjórnarréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna, nr. 531/2001.
Lög um framhaldskóla.
Lög um slysavarnaskóla sjómanna.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 14, 15, 18, 20 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Lagt hefur verið fram frumvarp um breytingu á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, sem miðar að því að víkka gildissvið laganna og láta þau taka til allra skipa. Með frumvarpinu eru leidd í lög nauðsynleg ákvæði vegna alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, vaktstöður og skírteini sjómanna á fiskiskipum, þ.e. STCW-F. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um endurmenntun skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna vegna alþjóðasamþykktarinnar. Samhliða frumvarpinu mun utanríkisráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á alþjóðasamþykktinni (STCW-F).

Siglingastofnun er að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til alþjóðlegra krafna STCW og hefur lokið því fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands.

Siglingastofnun er einnig að yfirfara námskrár sjómannaskóla með tilliti til endurmenntunarnámskeiða samkvæmt STCW, sjá ákvæði 5. gr. laga nr. 76/2001. Stýrimannaskólinn, Endurmenntun vélstjóra, LHS Fossvogi og Slysavarnaskóli sjómanna hafa í boði ýmis námskeið og endurmenntun fyrir sjómenn og aðila sem þjónusta þá.

Siglingastofnun Íslands mun leita eftir tillögum sjómannaskóla um fjarnám fyrir sjómenn.

1.3 Fræðsla og þjálfun í stöðugleika
3.1 Stöðugleikamál skipa og báta, hættur samfara ofhleðslu

Markmið
Að námskeið og fræðsla um stöðugleika smábáta séu sem aðgengilegust fyrir sjómenn um land allt og boðið verði upp á fjarnám á þeim vettvangi.

Staða mála
Samkvæmt rannsóknarnefnd sjóslysa hafa sjóslys oft verið rakin til ófullnægjandi þekkingar skipstjórnarmanna á stöðugleika eigin skipa (á einkum við um smábáta). Siglingastofnun hefur gert fræðsluefni og staðið fyrir átaksverkefnum í fræðslu um stöðugleika skipa, einnig eru í boði í Stýrimannaskólanum í Reykjavík sérstök námskeið í stöðugleika smábáta. Talin er þörf á að efla þessa fræðslu til muna.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun fer með ábyrgð og umsjón málsins.

Samstarfsaðilar
Stýrimannaskóli, Slysavarnaskóli sjómanna, Landssamband smábátaeigenda og tryggingafélög.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun kosti gerð fræðsluefnis og styrki námskeiðahald:
1,0 millj. kr. árið 2001,
1,5 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.
Jafnframt verði aflað viðbótarfjármagns hjá styrktaraðilum, svo sem með auglýsingum.

Framkvæmd
Gert verði fræðsluefni á myndbandi og DVD og bæklingur sem dreift verði til smábátasjómanna. Jafnframt verði haldið uppi áróðri í fjölmiðlum, svo sem fréttabréfum og boðið verði upp á verkleg námskeið í stöðugleika sem víðast. Samstarfsaðilar skilgreina og skipuleggja þetta verkefni nánar.

Tímasetningar
Gerð fræðsluefnis verði lokið fyrir ágúst 2002. Í framhaldi af því verði hafin áróðursherferð sem standi yfir í um tvo mánuði og verði síðan endurtekin að vori 2003. Námskeið verði í boði meðan áróðursherferðir standa yfir.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 11, 13, 14 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að fræðsluefni um stöðugleika verði útbúið og er undirbúningur þeirrar vinnu hafinn (tengist lið 4.1).

1.4 Verk- og öryggisstjórnunarfræðsla fyrir yfirmenn á skipum

Markmið
Að þekking yfirmanna í skipum um verkstjórn og vinnuhagræðingu sé almennt góð í öllum íslenska skipaflotanum. Að sem flestir yfirmenn í skipum sæki endurmenntun á námskeiðum í verkstjórn og öryggisstjórnun.

Staða mála
Nú er verkstjórnarfræðsla hluti af námi stýrimannsefna í Stýrimannaskólanum í Reykjavík en mikilvægt er að þeir sem luku námi áður en verkstjórnarfræðslan var tekin upp fái endurmenntun í þeim fræðum. Til að sjómenn og verkstjórnendur í skipum komi á slík námskeið þarf að vera fyrir hendi hvati þannig að eftirsóknarvert sé að fá slíka menntun.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Sjómannaskólar skipuleggi endurmenntunarnámskeið yfirmanna í þessum fræðum.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun Íslands.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun veiti styrk til námskeiðahalds um 0,5 millj. kr. árið 2002 og annar kostnaður greiðist af þátttakendum á námskeiðum.

Framkvæmd
Unnið verði fræðsluefni fyrir þátttakendur námskeiða í byrjun árs 2002 og verði námskeið síðan auglýst sem víðast.

Tímasetningar
Í boði verði nokkur námskeið á ári frá og með árinu 2002.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Slysavarnaskóli sjómanna býður upp á námskeið í öryggisstjórnun/verkstjórn í samvinnu við Endurmenntun vélstjóra og Öryggiskeðjuna.

1.5 Öryggisfræðsla sjómanna á fimm ára fresti

Markmið
Að sjómenn sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Staða mála
Í Slysavarnaskóla sjómanna eru haldin námskeið í öryggisfræðslu sjómanna sem standa í fimm daga vegna STCW-krafna en voru þau einungis fjórir dagar áður. Fræðsla og þjálfun skiptir miklu í öryggismálum og því nauðsynlegt að standa vel að þeim málum gagnvart sjómönnum. Það er staðreynd að ekki dugir að koma einu sinni á námskeið því fræðin sem kennd eru vilja falla í gleymsku og jafnframt er þróun öryggisbúnaðar í skipum sem betur fer nokkur og því þörf á að notkun nýrra tækja, búnaðar og aðferða sé kennd.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Samgönguráðuneyti setji kröfur um endurmenntun í öryggisfræðslu.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Kostnaður fjármagnast af þátttakendagjöldum á endurmenntunarnámskeiðum.

Framkvæmd
Sett verði reglugerð sem kveði á um þau skilyrði fyrir lögskráningu að skipverji sæki öryggisfræðslunámskeið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að skipuleggja og halda endurmenntunarnámskeið í öryggisfræðslu. Siglingastofnun samþykki umfang og námsefni endurmenntunarnámskeiða.

Tímasetningar
Á árinu 2002 verði haldin endurmenntunarnámskeið í öryggisfræðslu sjómanna.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna.
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002
Reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, gerir kröfu um endurmenntun á öryggisfræðslu sjómanna á fimm ára fresti, sjá 2. mgr. 4. gr. Skipverjar sem gengust undir námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila á árinu 1997 eða fyrr hafa frest til að gangast undir slíkt námskeið til 1. janúar 2005.

1.6 Námskeið í notkun og meðhöndlun búnaðar til hífinga (tengist 4.3)

Markmið
Í menntun sjómanna verði lögð aukin áhersla á þjálfun þeirra í stjórnun krana og vindu. Gerð verði krafa um sérstök réttindi þeirra sem sjá um stjórnbúnað krana eða vindu.

Staða mála
Í landi er þess krafist að stjórnendur krana sæki sérstök námskeið til að öðlast réttindi á þá, en í skipum er ekki gerð nein krafa um þjálfun eða réttindi þeirra sem hafa með höndum stjórnun krana eða vindu þrátt

fyrir að stjórnun krana í skipum sé mun erfiðari en krana í landi vegna hreyfingar skips. Mikilvægt er að gera áætlun um fræðslu og þjálfun sjómanna í notkun krana og vindu.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera tillögu að fyrirkomulagi námskeiða og að semja samræmt námsefni fyrir stjórnun krana og vindu í skipum.

Samstarfsaðilar
Samtök útgerða og stéttarfélaga sjómanna, Siglingastofnun, skipafélög og Vinnueftirlit ríkisins komi að þessu verkefni.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð samræmds fræðsluefnis um:
0,2 millj. kr. árið 2001,
0,3 millj. kr. árið 2002,
0,3 millj. árið 2003.
Aðrir kostnaðarliðir leggist á útgerðir viðkomandi skipa.

Framkvæmd
Samið verði sérstakt samræmt fræðsluefni um hífingar fyrir áhafnir skipa og haldin verði námskeið sem veiti þátttakendum réttindi til að stjórna krönum og vindum um borð í skipum.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins hafa verið í boði námskeið í notkun krana og mikilvægt er að gott samstarf náist við starfsmenn þess.

Tímasetningar
Gerð fræðsluefnis ljúki fyrri hluta ársins 2002 og frá júlí 2002 verði haldin nokkur námskeið á ári í stjórnun krana og vindu í skipum.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð fræðsluefnis um hífingar sem stefnt er að ljúka á fyrri hluta ársins 2002.

1.7 Námskeið fyrir leiðsögumenn/hafnsögumenn

Markmið
Að treysta öryggi íslenskra sem erlendra skipa á siglingu við land og inn á hafnir landsins.

Staða mála
Vandamál hafa komið upp varðandi leiðsögn skipa hér við land vegna misskilnings í samskiptum þar sem staðlað orðaval samkvæmt samþykkt IMO er ekki notað. Æskilegt er að leiðsögumenn/hafnsögumenn sæki sérstök námskeið og fái viðeigandi starfsþjálfun.

Sérstök námskeið fyrir hafnsögumenn hafa verið í boði hjá Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Samgönguráðuneyti og Siglingastofnun skilgreini kröfur til hafnsögumanna/leiðsögumanna.

Samstarfsaðilar
Stýrimannaskóli, hafnir og hafnasamlög.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki námskeiðahald um 0,2 millj. kr. árið 2001.

Framkvæmd
Stýrimannaskóli skipuleggi og haldi námskeið fyrir leiðsögumenn/hafnsögumenn.

Tímasetningar
Haldin verði námskeið eftir þörfum hvert ár.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 34/1993, um leiðsögu skipa.
Reglugerð um leiðsögu skipa.
Væntanlegt frumvarp um öryggi siglinga og öryggisþjónustu við skip.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 16.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Verið er að vinna að frumvarpi til laga um öryggi siglinga og fjarskipaþjónustu við skip þar sem m.a. verður fjallað um leiðsögu skipa og menntun og þjálfun leiðsögumanna.
Siglingastofnun mun, í samstarfi við Stýrimannaskólann, fjalla um námskeið fyrir starfsmenn hafna.

2.1 Áhættumat á siglingaleiðum farþegaskipa

Markmið
Að auka öryggi við siglingu skipa sem flytja farþega við landið. Að hættulegar siglingaleiðir séu kortlagðar og að sigling farþegaskipa verði takmörkuð við öruggar siglingaleiðir. Jafnframt að gerð sé áætlun fyrir viðbragðsaðila ef neyðarástand verður um borð í innlendu eða erlendu farþegaskipi við landið.

Staða mála
Siglingar með farþega í skemmti- og skoðunarferðum hafa aukist mikið hér við land síðustu ár og einungis hluti skipanna fellur undir ströngustu öryggiskröfur laga og reglugerða varðandi farþegaskip og farþegabáta. Samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa hafa orðið óhöpp hjá farþegaskipum vegna vanhugsaðra siglinga í slæmu veðri á ókortlögðu svæði og þegar siglt er of nærri landi.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Hafnasvið og skipasvið Siglingastofnunar hafi forgöngu um að áhættumat sé gert.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa, Landhelgisgæsla, Almannavarnir og björgunarsveitir.
Aðilar sem eru sérhæfðir í áhættugreiningu sambærilegra verkefna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki verkefnið um:
0,7 millj. kr. árið 2001,
1,2 millj. kr. árið 2002,
0,7 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Skipaður verði starfshópur sem vinni að áhættumati og tillögum til úrbóta. Helstu siglingaleiðir farþegaskipa og farþegabáta verði metnar með hliðsjón af farsviði hvers skips og ákvarðað hvort þörf sé á að takmarka eða banna siglingu þeirra á tilteknum svæðum og/eða árstímum. Starfshópurinn geri viðbragðsáætlanir vegna mismunandi neyðaraðstæðna hjá farþegaskipum á siglingaleiðum þeirra við landið.

Tímasetningar
Verkefninu verði lokið á árinu 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 13.

Framvinda verkefnis
Undirbúningur að áhættumati á siglingaleiðum er hafinn hjá Siglingastofnun.

2.2 Námskeið í stjórnun farþega á neyðarstundu

Markmið
Þekkingu og þjálfun áhafna farþegaskipa og farþegabáta sé viðhaldið til að tryggja eins og unnt er öryggi við siglingu með farþega á íslenskum skipum.

Staða mála
Í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, er kveðið á um að áhafnir farþegaskipa sæki námskeið um farþegaflutninga á skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem skipulagt sé af sjómannaskóla í samráði við Siglingastofnun.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Sjómannaskólar skipuleggi námskeið samkvæmt kröfum laga og reglugerða um slíkt nám.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa og Siglingastofnun.

Áætluð fjármögnun
Námskeiðahald verði fjármagnað með þátttakendagjöldum.

Framkvæmd
Áhafnir allra farþegaskipa og farþegabáta skulu hafa sótt námskeið í stjórnun mannfjölda á neyðarstundu eigi síðar en 1. júní 2002 og síðan verði haldin slík námskeið að vori hvers árs fyrir nýja áhafnarmeðlimi og sem símenntun áhafna farþegaskipa.

Setja þarf ákvæði í reglugerð um lögskráningu um að eftir 1. júní 2002 fái réttindamenn ekki lögskráningu á farþegaskip nema hafa farið á slíkt námskeið.

Tímasetningar
Námskeið verði haldin í þeim mæli að unnt sé að uppfylla kröfur laga nr. 76/2001.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, 3. mgr. 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 14.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Slysavarnaskóli sjómanna hefur fengið viðurkenningu Siglingastofnunar á námskrá fyrir námskeið í „neyðarstjórnun“ og „hópstjórnun“ og hafa slík námskeið þegar verið haldin. Námskeið verða haldin í þeim mæli að unnt sé að uppfylla kröfur laga nr. 76/2001.

2.3 Úrbótatillögur vinnuhóps framkvæmdar o.fl.

Markmið
Að bæta öryggi farþegaskipa og farþegabáta með því að koma á og viðhalda skipulögðu fyrirkomulagi í öryggismálum þeirra.

Staða mála
Vinnuhópur starfsmanna Siglingastofnunar og Slysavarnaskóla sjómanna gerði úttekt á öryggismálum í skipum með leyfi til farþegaflutnings og kynnti tillögur til úrbóta í byrjun árs 2000 þar sem staða mála var ekki í nægilega góðum farvegi. Þörf er á að taka öryggismál farþegaskipa föstum tökum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggur aðgerðir sem stuðla að bættu fyrirkomulagi öryggismála farþegaskipa.

Samstarfsaðilar
Sjómannaskólar, útgerðir farþegaskipa, LHG, lögregla og lögskráningarstjórar.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki verkefni um:
0,6 millj. kr. árið 2001,
0,8 millj. kr. árið 2002,
0,8 millj. kr. árið 2003.
Umframkostnaður greiðist af Siglingastofnun og útgerðum farþegaskipa.

Framkvæmd
1. Eftirlit Siglingastofnunar með skipum og búnaði verði aukið, t.d. tvær skoðanir á ári.
2. Öryggisbúnaður farþegaskipa verði skoðaður og metinn sérstaklega.
3. Áhafnamál séu metin og mönnun skoðuð með tilliti til öryggisþátta.
4. Markvisst verði unnið að eflingu sjálfshjálpar meðal farþega.
5. Farþegaskip og farþegabátar vinni samkvæmt gæðastaðli.
6. Í farþegaskipum haldi áhafnir æfingar með farþegum einu sinni eða oftar á sumri.
7. Öryggisplani sé viðhaldið og neyðaráætlun sé stöðugt uppfærð miðað við áhöfn hverju sinni.
8. Lýsandi merkingum við útgönguleiðir sé komið upp og þeim sé haldið við.
9. Í farþegaskipum sé fjórblöðungur um öryggismál viðkomandi skips.

Tímasetningar
Atriði í 5. tölul. verði lögleitt fyrir 2003 og vinna að öðrum atriðum hefjist í lok ársins 2001.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 463/1998, um leyfi til farþegaflutninga með skipum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 14.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Hluta þessara verkefna verður framfylgt samhliða lögum nr. 76/2001 sem fjalla m.a. um menntun og þjálfun áhafnar, öryggismönnun og vaktstöður á farþegaskipum. Sett hefur verið reglugerð á grundvelli þeirra laga um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum nr. 599/2001 og gerðar hafa verið kröfur um að allir í áhöfnum farþegaskipa sæki námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu, sbr. verkefni 2.2.

Í reglugerð nr. 666/2001 eru ítarleg ákvæði um smíði og búnað farþegaskipa í innanlandssiglingum sem taka til allra nýrra farþegaskipa og gamalla farþegaskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri.

Siglingastofnun mun efla þennan þátt eftirlits í aðalskoðunum og skipulagi skyndiskoðana.

Siglingastofnun mun gera drög að bæklingi fyrir farþega um öryggi farþegaskipa sem útgerðir skipanna gætu nýtt sér við gerð eigin bæklings.

3.2 Átak til að nýliðafræðslu sé betur sinnt
3.10 Frágangur og umgengni á neyðarbúnaði skipa
3.11 Mikilvægi skipulagðra æfinga og þjálfunar í skipum

Markmið
Að fækka slysum sem tengjast þekkingarleysi starfsmanna sem eru að hefja störf eða sinna nýju starfi um borð í skipi.

Að tryggja gott ástand neyðarbúnaðar og að rétt sé brugðist við ef neyðarástand verður í skipi.

Staða mála
Nýliðafræðsla er lögbundin skv. 8. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, en samkvæmt heimildum er brotalöm á að þetta ákvæði sé virt í íslenskum skipum. Sama má segja um björgunar- og eldvarnaæfingar, þ.e. að reglur eru til en almennt er ekki farið eftir þeim. Frágangur og umgengni um neyðarbúnað skipa eru stundum gagnrýnd. Stuðla þarf að því að rétt sé gengið frá búnaðinum í skipum.

Það er fullyrt að góð starfsþjálfun og nýliðafræðsla sé ein árangursríkasta leiðin til að fækka vinnuslysum til sjós og æfingar eru grundvöllur þess að rétt sé brugðist við raunverulegum neyðaraðstæðum og því mikilvægt að taka á þessum málum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera kynningarefni og halda uppi áróðri.
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir varðandi fyrirkomulag eftirlits.

Samstarfsaðilar
LÍU, SÍK, LHG og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til að gera kynningarefni og til áróðurs og auglýsingar:
0,5 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2002,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Gert verði sérstakt kynningarefni og átaki komið af stað til þess að:
- nýliðafræðslu sé sinnt betur,
- neyðarbúnaður sé rétt settur upp í skipum,
- umgengni um neyðarbúnað skipa sé ávallt góð,
- æfingar og þjálfun í skipum séu skipulagðar og haldnar samkvæmt kröfum.

Átakið feli í sér áróður sem beint verði til skipstjórnarmanna og áhafna. Jafnframt verði eftirlit Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu aukið með þessum þáttum öryggismálanna.

Tímasetningar
Átaksverkefni fari fram á árunum 2001–2003.

Lög og reglugerðir
Sjómannalög, nr. 35/1985, 8. gr.
Reglur nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.
Reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 8 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð fræðslubæklinga um ýmsa þætti öryggismála sem dreift verður til útgerða og sjómanna.

Unnið er að því að auka eftirlit Siglingastofnunar og Landhelgisgæslu með þessum þáttum öryggismála, sbr. verkefni 13.2 og 13.5.

3.3 Leiðbeiningar fyrir öryggisfulltrúa
12. Stuðla þarf að því að öryggistrúnaðarmannakerfi verði tekið upp til reynslu í fiskiskipum
13.4 Öryggisfulltrúar útgerða og áhafna séu skipaðir

Markmið
Að útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála í skipum sé í góðu horfi. Að áhafnir skipa axli ábyrgð gagnvart öryggi og heilsu og verði virkari í mótun öryggismála og vinnuumhverfis í eigin skipum.

Staða mála
Í fyrirtækjum á landi hefur það tíðkast um langt skeið að sérstakir öryggisfulltrúar séu skipaðir og hafa þeir samstarf við Vinnueftirlitið sem gerir fræðsluefni og heldur námskeið fyrir þá. Slíkt fyrirkomulag hefur ekki tíðkast í skipum, en vert væri að stuðla að því. Í reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna í skipum, er meðal annars ákvæði um tilnefningu öryggis- og heilbrigðisfulltrúa. Gera þarf átak til að kynna reglugerðina og fylgja þarf eftir að unnið sé eftir kröfum hennar.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun Íslands.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SÍK, SÍ, Slysavarnaskóli sjómanna, Vinnueftirlitið og samtök sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð fræðsluefnis og ráðgjöf fyrir öryggisfulltrúa um 1,0 millj. kr. á árinu 2002.

Framkvæmd
Útbúa þarf fræðslu- og leiðbeiningarefni fyrir öryggis- og heilbrigðisfulltrúa þar sem ábyrgð og verksvið þeirra er skilgreint. Til hliðsjónar væri hægt að hafa fyrirkomulag Vinnueftirlitsins eða það sem notað er hjá nágrannaþjóðum, svo sem í dönskum skipum.

Skipaðir öryggis- og heilbrigðisfulltrúar í skipum skulu tilkynntir til Siglingastofnunar.

Huga þarf að því hvort þörf sé á að hafa í boði sérstök námskeið fyrir öryggis- og heilbrigðisfulltrúa.

Meta þarf notagildi öryggistrúnaðarmannakerfis og hugsanlega taka upp slíkt kerfi til reynslu í íslenskum skipum.

Tímasetningar
Fræðsluefni verði útbúið á árinu 2002 og dreift til útgerða og skipaðra öryggisfulltrúa, t.d. á netinu.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna í skipum.

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 12 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að samningu fræðslurits fyrir öryggisfulltrúa í skipum. Eftirlit með skipan öryggisfulltrúa verður hjá Siglingastofnun.

3.4 Skipulegt eftirlit áhafna með öryggisþáttum, svo sem búnaði
(3.5 Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða)
3.6 Kostir öryggisstjórnunarkerfa fyrir útgerðir og áhafnir
11. Stuðla þarf að því að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi séu notuð á sem flestum sviðum

---

Markmið
Útgerðarmenn og áhöfn beri sameiginlega ábyrgð á því að fyrirkomulag öryggismála í skipum sé í góðu horfi. Að hvetja útgerðir og áhafnir til að vinna saman að reglulegu og virku eftirliti með öryggisþáttum í skipum.

Staða mála
Vegna alþjóðakrafna eru útgerðir kaupskipa að innleiða öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt ISM-staðli í skipum sínum. Vænlegt er að huga að sambærilegum leiðum varðandi öryggismál annarra skipa og sérstaklega fiskiskipa. Ljóst er að bæta má öryggismál í fiskiskipum með því að skipuleggja fyrirbyggjandi aðgerðir, fræðslu og þjálfun fyrir áhöfn og eftirlit með búnaði skipa. Hinn 21. apríl 1998 staðfestu fulltrúar FFSÍ, LÍÚ, SSÍ, VSFÍ og SVFÍ samþykkt um að æskilegt væri að skipuleggja samræmt öryggiskerfi fyrir sæfarendur og hefur SVFÍ í samvinnu við áhafnir nokkurra fiskiskipa unnið drög að slíku kerfi.

Í nýjustu reglugerðum er varða öryggismál fiskiskipa eru ákvæði um skipulagt forvarnarstarf, reglubundið eftirlit með búnaði og að notaðir séu gátlistar við eftirlit. Slíkar kröfur eru í samræmi við kröfur öryggisstjórnunarkerfa.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun setji fram kröfur til öryggisstjórnunarkerfa sem stofnunin mundi viðurkenna. Útgerðir sem velja að nota öryggisstjórnunarkerfi skipuleggi þau í samræmi við kröfur Siglingastofnunar.

Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að gera kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SSÍ, FFSÍ, VSFÍ og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð kynningarefnis, áróður og ráðgjöf um:
0,2 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2002,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Unnið verði kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi sem samræmast kröfum Siglingastofnunar til slíkra kerfa sem yrðu viðurkennd af stofnuninni eða öðrum aðilum sem stofnunin viðurkennir.

Velja þyrfti aðila sem tækju að sér að aðstoða útgerðarfélög við gerð öryggisstjórnunarkerfa og að koma þeim formlega á.

Huga þyrfti að leiðum til að hvetja útgerðir til að taka upp öryggisstjórnunarkerfi og til að tryggja að áhafnir vinni eftir skipulagi þess.

Tímasetningar
Kröfur til öryggistjórnunarkerfa verði skilgreindar fyrri hluta ársins 2002 og kynning fari fram seinni hluta þess.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 15 og 20.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Hjá Slysavarnaskóla sjómanna er verið að þróa öryggisstjórnunarkerfi fyrir fiskiskip og gætu útgerðir hugsanlega aflað fanga þar.Kynningarefni um öryggisstjórnunarkerfi almennt verður gert á árinu 2002.

3.5 Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða
3.8 Kynna að til sé margvíslegur öryggisbúnaður auk skyldubúnaðar
3.9 Kynning á öryggisbúnaði fyrir smábáta
3.13 Varnir gegn fallhættu

Markmið
Að sjómenn öðlist meiri vitneskju um áhættuþætti og fái betri upplýsingar um aðferðir og búnað sem hægt er að beita til að minnka áhættuna.

Staða mála
Oft er viðhorf áhafna skipa slíkt að ekki þurfi að huga að öryggismálum þar sem skipið sé skoðað einu sinni á ári af skoðunarmönnum í landi og því hljóti öll öryggisatriði að vera í góðu lagi á gildistíma haffærisskírteinis. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að skoðunarvottorð segir eingöngu til um hvernig ástand skips var á þeim degi þegar skoðað var og að lögbundinn öryggisbúnaður hafi verið um borð þann dag. Þess vegna þarf að leggja áherslu á að hvetja áhafnir til að viðhalda góðu ástandi skips og búnaðar milli skoðana og að hægt sé að gera betur í öryggismálum en eingöngu að uppfylla þær lágmarkskröfur sem tilgreindar eru í lögum og reglugerðum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Slysavarnaskóla sjómanna verði falið að útbúa kynningarefni og halda uppi áróðri um áhættu og varnir.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, SÍ og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til að gera kynningarefni og til áróðurs:
1,0 millj. kr. árið 2001,
1,0 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Samið verði sérstakt kynningarefni og hafið átak til þess að:
- kynna fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða, svo sem viðhald búnaðar, hreinlæti og umgengni,
- vekja áhafnir skipa til umhugsunar um fallhættu og varnir gegn henni,
- kynna ýmsar leiðir til að bæta öryggi um borð í skipum,

– kynna öryggisbúnað fyrir smábáta, svo sem líflínur, bárufleyg, öryggisslár.
Átakið feli í sér áróður sem beint verði til útgerða og áhafna.

Tímasetningar
Átaksverkefni fari fram á árunum 2001–2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 10, 11,12, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að samningu fræðslubæklinga um ýmsa þætti öryggismála sem dreift verður til útgerða og sjómanna.

3.7 Kynning á lögum og reglum sem taka gildi
13.3 Fræða þarf útgerðarmenn og áhafnir um tilgang laga og reglna

Markmið
Að útgerðir og áhafnir skipa fái ávallt vitneskju um lög og reglugerðir sem taka gildi.

Staða mála
Lög og reglugerðir sem taka gildi eru birt í Stjórnartíðindum og oft hefur Siglingastofnun kynnt þau í fréttabréfi sínu „Til sjávar". Komið hefur fyrir að Siglingastofnun haldi sérstaka kynningu um reglugerðir fyrir málsaðila. Í sjómannaalmanaki eru jafnframt lög og reglugerðir sem tengjast öryggi sjófarenda. Þrátt fyrir það virðist sem áhafnir skipa hafi almennt litla þekkingu eða vitneskju um mörg lög og reglur sem varða öryggismál þeirra. Finna þarf leiðir til að bæta þekkingu þeirra á lögum og reglum og tilgangi þeirra.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun Íslands.

Samstarfsaðilar
Samgönguráðuneyti.

Fjármögnun

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi og komi á formlegu fyrirkomulagi kynninga á lögum og reglugerðum og kynni þau mikilvægustu sem víðast.
Lög og reglugerðir um öryggismál sjómanna séu aðgengileg á heimasíðu Siglingastofnunar.

Tímasetningar
Lög og reglugerðir séu kynnt þeim er málið varðar við gildistöku þeirra.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 12, 15, 18, 21, 22 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Innan Siglingastofnunar er unnið að því að einfalda og samhæfa laga- og reglugerðarumhverfi öryggismála og verða þau aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

3.12 Greining áhættu í vinnuumhverfi sjómanna

Markmið
Að áhafnir skipa séu hæfar til að vinna skipulega að greiningu áhættu í eigin vinnuumhverfi og að vinna markvisst að forvörnum gegn slysum, óhöppum og heilsutjóni.

Staða mála
Á grundvelli tilskipunar Evrópuráðsins nr. 89/391/EBE var sett reglugerð nr. 786/1998 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum. Í reglugerðinni er ákvæði um forvarnarvinnu gegn áhættu í skipum sem felur m.a. í sér að framkvæmt sé hættumat varðandi öryggi og heilsu á vinnustað.

Í mörgum löndum Evrópusambandsins er þetta ákvæði tekið alvarlega og hafa stofnanir lagt metnað í að aðstoða áhafnir við gerð áhættumats í skipum, enda er tekið hart á þeim sem virða ekki þetta ákvæði. Mikilvægt er að stuðlað sé að því að áhættumat sé gert í íslenskum skipum samkvæmt reglugerðinni.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun ber ábyrgð á gerð áhættumats.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, LÍÚ, SÍK og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki gerð fræðsluefnis og ráðgjöf fyrir áhafnir um:
1,0 millj. kr. árið 2002,
1,3 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Útfærsla og umfang áhættumats sé skilgreint af Siglingastofnun, ásamt kröfum um upplýsingaskyldu til stjórnvalda og söfnun staðfestinga á að áhættumat hafi verið gert.

Gerðar verði leiðbeiningar fyrir áhafnir um áhættumat og forvarnir.

Kröfur reglugerðarinnar séu kynntar og því fylgt eftir að þær séu virtar í öllum viðkomandi skipum.

Tímasetningar
Áhættumat í skipum verði skilgreint og fræðsluefni gert á árinu 2002. Áhafnir skipa ljúki áhættumati um borð í eigin skipum á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 12, 13 og 15.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Árin 1998 og 1999 gerði SVFÍ tilraun með notkun viðurkenndrar áhættugreiningaraðferðar í samstarfi við áhafnir nokkurra fiskiskipa. Mögulega væri hægt að nýta reynslu sem fékkst við þá vinnu.

Leiðbeiningar um áhættumat verða gerðar aðgengilegar fyrir útgerðir og áhafnir á árinu 2002.

4.1 Handbækur, bæklingar eða myndbönd um öryggismál
4.2–4.5 Fræðsluefni um æfingar, hífingarbúnað, frágang neyðarbúnaðar, vinnuöryggi o.fl.

Markmið
Að stuðla að auknum forvörnum gegn slysum og óhöppum til sjós. Að fræðsluefni og leiðbeiningar um öryggismál sjófarenda sé til á íslensku og sé aðgengilegt sjómönnum um borð í eigin skipum, þannig að skipuleg fræðsla geti farið fram um borð til að viðhalda og efla þekkingu sjómanna á öryggismálum þeirra.

Staða mála
Ýmislegt fræðsluefni hefur verið gert, en mikið af því er komið til ára sinna, er úrelt eða ekki hæft til fjölföldunar og dreifingar. Jafnframt hafa verið gerð drög að margs konar fræðsluefni sem ekki hefur tekist að klára vegna skorts á fjármagni o.fl. Myndbanki sjómanna hefur verið óvirkur um árabil og þyrfti að huga að breytingum á fyrirkomulagi hans og styrkja sem víðast gerð, útgáfu og dreifingu fræðsluefnis um öryggismál sjófarenda.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun felur aðilum að vinna eða semja um ákveðna verkhluta.

Samstarfsaðilar
SÍK, LÍÚ, LS, FFSÍ, VSFÍ, SSÍ, Slysavarnaskóli sjómanna, Stýrimannaskóli, Vélskóli, Myndbanki sjómanna, Endurmenntun vélstjóra, Vinnueftirlitið.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrkir gerð og útgáfu fræðsluefnis um:
3,0 millj. kr. árið 2001,
4,0 millj. kr. árið 2002,
4,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
- Gerð verði samantekt á fræðsluefni sem gefið hefur verið út um öryggismál sjófarenda.
- Tekið verði saman hvaða efni er hæft til dreifingar og hvaða efni þyrfti að útbúa.
- Ákvarða skal hvaða nýtt fræðsluefni skuli gert og hverjir skuli vinna handrit og semja um útgáfu.
- Koma þyrfti sem mestu af góðu fræðsluefni, myndböndum og prentuðu máli, á tölvutækt form til dreifingar á tölvudiskum og á netinu.
- Semja þyrfti við erlenda framleiðendur fyrsta flokks fræðsluefnis um þýðingu efnis á íslensku og dreifingu þess hér á landi.
- Semja þarf við íslenska framleiðendur fræðsluefnis um söfnun, fjölföldun og dreifingu á efni frá þeim.

Tímasetningar
Ákvörðun um fræðsluefni sem á að vinna skal liggja fyrir í lok janúar 2002. Vinna að gerð fræðsluefnis og dreifing fari fram árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 8, 9, 15, 20 og 22.
Fundargerðir verkefnisstjórnar 2. og 3. fundur 2001.
Listi Siglingastofnunar um útgefið fræðsluefni.
Listi Slysavarnaskóla sjómanna um aðgengilegt og æskilegt fræðsluefni.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að endurgera ýmislegt eldra fræðsluefni. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að útbúa margvíslegt nýtt fræðsluefni um öryggismál sjófarenda. Þetta efni verður aðgengilegt á sérstakri heimasíðu um öryggismál sjófarenda og verður jafnframt dreift til útgerða og sjómanna.

4.6 Merkingar á hættusvæðum í skipum
4.7 Viðvörunarspjöld og leiðbeiningar

Markmið
Að auka öryggi í skipum með betri merkingum/viðvörunum um áhættu og betri aðgangi að leiðbeiningum um öryggistæki og öryggisráðstafanir.

Staða mála
Víða í skipum leynast hættur sem nauðsynlegt er að merkja og/eða benda á til að vekja athygli skipverja á hættunni. Mikilvægt er að merkja vel öll hættusvæði í skipum.

Kröfur um leiðbeiningar um notkun öryggisbúnaðar í skipum eru ekki uppfylltar í öllum tilvikum og þrýsta þarf á seljendur búnaðar og útgerðir um að leiðbeiningarnar séu aðgengilegar fyrir áhafnir skipa.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að hættusvæði í skipum séu merkt, að útbúin séu viðeigandi viðvörunarspjöld og að leiðbeiningar um meðferð öryggistækja séu aðgengilegar um borð í skipum.

Samstarfsaðilar
Útgerðir, stéttarfélög sjómanna, LHG, Slysavarnaskóli sjómanna, Vinnueftirlitið, söluaðilar öryggisbúnaðar.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 2 millj. kr. af fjárframlagi ársins 2003.

FramkvæmdSiglingastofnun skipuleggi aðgerðir til að bæta úr merkingum og aðgengi áhafna skipa að leiðbeiningum, og sér til þess í samvinnu við málsaðila að merkingar og leiðbeiningar sem vantar séu gerðar og settar upp í skipum. Merkingar verða að þola það álag sem þær verða fyrir á hverju svæði þar sem þær eru settar upp, t.d. það að límmiðar endast stutt á vinnusvæðum í skipum.

Tímasetningar
Verkefnum ljúki á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.
Reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 8, 9, 11, 14 og 20.
Listi Slysavarnaskóla sjómanna um aðgengilegt og æskilegt fræðsluefni.

Framvinda verkefnis
Mars 2001.
Gerð hefur verið tillaga að leiðbeiningum, viðvörunarspjöldum og merkingum sem þyrftu að vera til.

5.1 Slysa- og óhappaskráning í skipum
5.2 Sérstakt eyðublað í skip fyrir athugasemdir um öryggismál sjófarenda
5.5 Skráningarkerfi fyrir „næstum því slys og óhöpp“

Markmið
Að auka þekkingu á orsökum slysa og óhappa í íslenskum skipum og stuðla að bættri vitneskju um ástand öryggismála sjófarenda hverju sinni þannig að unnt sé að vinna markvisst að úrbótum.

Staða mála
Slysaskráningu hefur verið ábótavant og hingað til hafa upplýsingar um slys og orsakir þeirra ekki verið nægilega aðgengilegar þannig að óljóst hefur verið hvernig skuli standa að úrbótum í öryggismálum sjófarenda hér við land. Áhafnir mættu standa betur að skráningu slysa og óhappa í eigin skipum þannig að útgerðum gefist kostur á að bæta úr þeim atriðum sem aflaga hafa farið. Ábendingar sjófarenda um atriði sem þarfnast lagfæringar hafa ekki fengið formlega meðhöndlun hjá opinberum aðilum og því oft „týnst í kerfinu“. Nauðsynlegt er að bæta úr þessum atriðum og stuðla að meiri upplýsingasöfnun um þessi mál.

Virkja ber sjófarendur í að benda á það sem betur má fara víðs vegar við landið.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Rannsóknarnefnd sjóslysa hafi forgöngu um að fyrirkomulag slysa- og óhappaskráningar sé skilgreint. Siglingastofnun skilgreini fyrirkomulag vegna athugasemda um öryggismál sjófarenda.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, rannsóknarnefnd sjóslysa, Tryggingastofnun, landlæknisembættið, Slysaskrá Íslands, tryggingafélög, útgerðir og stéttarfélög sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Verkefnið verði kostað af fjárveitingum rannsóknarnefndar sjóslysa.

Framkvæmd
Komið verði upp gagnagrunni þar sem unnt verði að skrá öll slys og óhöpp sem verða á íslenskum skipum og þegar þörf er á verði upplýsingum miðlað aftur til útgerða og áhafna skipa, svo sem þegar alvarleg slys eða mörg sambærileg hafa orðið. Samhliða verði sendar út tillögur að úrbótum ef unnt er.

Fyrirkomulag vegna ábendinga sjófarenda um atriði sem bæta þarf úr verði skipulagt, skráningu athugasemda verði komið á og meðhöndlun upplýsinga verði með formlegum hætti.

Stuðlað verði að því að slysa- og óhappaskráning sé tekin upp í öllum skipum, úrbætur séu gerðar af áhöfnum og útgerðum og að upplýsingum sé miðlað til annarra sambærilegra skipa.

Leggja þarf áherslu á að slys og óhöpp séu skráð í skipsbækur.

Tímasetningar
Fyrirkomulag skráninga verði ákvarðað 2002 og unnið verði samkvæmt skipulagi eftir að það liggur fyrir.

Lög og reglugerðir
Lög nr. 68/2000, um rannsókn sjóslysa.
Reglugerð nr. 133/2001, um rannsókn sjóslysa.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 9, 10, 16, 19 og 21.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Rannsóknarnefnd sjóslysa vinnur að gerð eyðublaðs fyrir slysa- og óhappaskráningu í skipum sem skal útfylla og senda til nefndarinnar þegar slys eða atvik verða.

5.3 Endurnýjuð sjókort séu gefin út og þau séu aðgengileg sem víðast
5.4 Ákvörðun þarf að taka um siglingaleiðir olíuskipa

Markmið
Að treysta öryggi skipa sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Að minnka líkur á mengunarslysum við strendur Íslands.

Staða mála
Í nýjum mælingum hafa verulegar skekkjur komið fram í sumum sjókortum sem gerð voru eftir gömlum handlóðsmælingum. Mikilvægt er að siglingaleiðir við landið séu kortlagðar og úrelt kort séu endurnýjuð og gefin út.

Nefnd sem skipuð var til að móta reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu skilaði skýrslu í byrjun árs 2001. Mikilvægt er að ákvarðanir séu teknar um siglingaleiðir olíuskipa þannig að öryggi þeirra sé tryggt á siglingu við landið og komið sé í veg fyrir mengunarslys.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Landhelgisgæsla og Siglingastofnun geri áætlun um mælingar og útgáfu sjó- og hafnarkorta. Hollustuvernd ríkisins hafi frumkvæði að áhættugreiningu vegna siglinga skipa er flytja hættulegan farm.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Landhelgisgæsla, Sjómælingar, Hollustuvernd ríkisins, kaupskipaútgerðir, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um 0,6 millj. kr. árið 2002 og 0,8 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og viðkomandi samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir ráðuneytum sem gætu óskað fjármagns í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.
Skýrsla um niðurstöður nefndar um takmörkun siglinga við suðvesturströnd Íslands, janúar 2001.
Ráðstafanir til leiðarstjórnunar skipa við suðvesturströnd Íslands, skýrsla byggð á skýrslu DNV, febrúar 2001.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi um öryggi siglinga og öryggisþjónustu við skip. Umhverfisráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

Siglingastofnun Íslands á tiltæk kort með dýptarmælingum við hafnir vegna framkvæmda við þær. Unnið er að því að setja þessi kort á netið.

Undirbúningur að áhættumati á siglingaleiðum er hafinn hjá Siglingastofnun.

5.6 Aðgengi skipverja að upplýsingum um ástand skips
5.7 Sérstök heimasíða um öryggismál sjómanna
5.8 Upplýsingum dreift á netinu, með WAP-tækni og textavarpi

Markmið
Að allt aðgengi sjómanna að nauðsynlegum upplýsingum sem tengjast öryggi þeirra á sjó sé aukið.

Staða mála
Upplýsingar um ástand skipa, stöðugleika, athugasemdir skoðunarmanna, réttindamál áhafna o.s.frv. hafa ekki verið sérlega aðgengilegar fyrir áhafnir viðkomandi skipa. Nauðsynlegt er að þessar upplýsingar verði mun aðgengilegri en nú fyrir útgerðir, áhafnir og eftirlitsaðila, og jafnvel ætti að vera hægt að skoða þær á netinu.

Upplýsingar um öryggismál sjómanna almennt þyrftu að vera aðgengilegar á netinu og þar þyrfti að vera hægt að sækja og fylla út sem flest eyðublöð er varða sjófarendur.

Upplýsingakerfi SÍ um veður og sjólag er til bóta fyrir sjófarendur og skoða þarf möguleika á dreifingu upplýsinga sem víðast, svo sem í textavarpi sjónvarps og með nettengingu farsíma.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Siglingastofnun, Veðurstofa, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkisútvarpið o.fl.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þessi verkefni um:
0,7 millj. kr. árið 2001,
0,4 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við viðkomandi samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2001–2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 10 og 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Ákveðið hefur verið að setja upp sérstaka heimasíðu um öryggismál sjófarenda. Útbúin hafa verið drög að veftré fyrir síðuna og verður hún opnuð síðar á árinu 2002.

Unnið er að gerð nýrrar skipaskrár og er stefnt að því að upplýsingar um ástand skips verði aðgengilegar.

5.9 Úrbætur séu gerðar á farsímasambandi við land.
5.10 Skilgreind verði neyðarsímsvörun í 112 fyrir sjómenn

Markmið
Að öryggi skipa og báta á siglingu við landið verði aukið.

Staða mála
Víða nærri landi er farsímasamband lélegt og bæta þarf úr því á þeim svæðum þar sem það er mest aðkallandi með tilliti til öryggis sjófarenda.

Smábátasjómenn nota oft farsíma til að láta vita ef hætta steðjar að og því þyrfti að athuga hvort skilgreina ætti símanúmerið 112 þannig að sú neyðarsímsvörun gæti tekið við neyðarhringingum frá sjómönnum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun hafi forgöngu um þessi mál.

Samstarfsaðilar
Landhelgisgæsla, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landssíminn, Gufunes, Neyðarlínan, lögregla.

Áætluð fjármögnun
Verður fjármagnað af fjárlögum hverju sinni.

Framkvæmd
Vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun skipuleggi þessa vinnu í samráði við samstarfsaðila.

Tímasetningar
Unnið verði að þessum verkefnum árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 17.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð frumvarps til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip.

5.11 Veðurstöðvum sé fjölgað við land
5.12 Úrbætur vegna NAVTEX-sendinga

Markmið
Að bæta upplýsingasöfnun um veður við landið og bæta upplýsingastreymi um veður til skipa á hafsvæðum umhverfis allt land.

Staða mála
Veðurstöðvar þurfa að vera sem víðast við land og forgangsraða þarf uppsetningu þeirra eftir óskum sjófarenda.

Mikilvægt er að úrbætur séu gerðar á skilyrðum fyrir NAVTEX-sendingar norður og austur af landinu.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Hafnasvið og vitasvið Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnun geri áætlun um nauðsynlegar úrbætur vegna veðurupplýsinga til skipa á siglingu hér við land.

Samstarfsaðilar
Veðurstofa Íslands, Landssíminn, samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti.

Áætluð fjármögnun
Lagt er til að fjár til þessara verka verði óskað sérstaklega í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2003 og síðari ára.

Framkvæmd
Verkefni verði skipulögð af ábyrgðar-/umsjónaraðilum og samstarfsaðilum. Kostnaður vegna framkvæmda verði kynntur fyrir viðkomandi ráðuneytum sem gætu óskað eftir fjármagni í næstu fjárlagafrumvörpum.

Tímasetningar
Verkefni verði skipulögð árið 2002 og síðan unnin samkvæmt gerðu skipulagi.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 18.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að frumvarpi til laga um öryggi siglinga og fjarskiptaþjónustu við skip þar sem m.a. verður fjallað um NAVTEX-sendingar.

7.1 Gögn/ábendingar um stöðugleika séu á íslensku og stöðluð
7.2 Sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu smábáta (sbr. 4.7 og 14.1)
7.3 Merkingar á dyrum og lúgum sem eiga að vera lokaðar á rúmsjó (sbr. 4.7)
7.4 Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3)
Skipuleggja þyrfti öryggisviku í kringum alþjóðasiglingadaginn í september.

Markmið
Að upplýsingar um stöðugleika allra íslenskra skipa og báta séu til og að þær séu aðgengilegar og augljósar skipstjórnarmönnum viðkomandi skipa.

Staða mála
Siglingastofnun varðveitir stöðugleikagögn fyrir öll íslensk þilfarsskip og vinnur að uppfærslu þeirra. Mikilvægt er að nákvæmar upplýsingar um stöðugleika liggi fyrir á hverjum tíma, svo sem vegna breytinga á skipum. Siglingastofnun og rannsóknarnefnd sjóslysa hafa lagt til ýmsar tillögur til úrbóta í stöðugleikamálum íslenskra skipa og þörf er á að hrinda mörgum þeirra í framkvæmd.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun tryggi að stöðugleiki skipa sé þekktur og stuðli að því að áhafnir þeirra viti hvaða annmarkar eru á stöðugleika eigin skips.

Samstarfsaðilar
Útgerðir.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki úrbætur í stöðugleika skipa og báta um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,6 millj. kr. árið 2002,
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi framkvæmd úrbóta þannig að unnt sé að ljúka öllum nauðsynlegum verkefnum fyrir árslok 2003. Dæmi um atriði sem þarf að skoða:
- Reglur um hallaprófun allra skipa sem gerð eru út í atvinnuskyni.
- Reglur um hvernig gengið sé frá stöðugleikagögnum.
- Reglur um vatnsþétta niðurhólfun skips neðan og ofan aðalþilfars.
- Gögn/ábendingar um stöðugleika skipa séu á íslensku og stöðluð.
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta – sérstakt leiðbeiningarspjald um hleðslu (sbr. 4.7 og 14.1).
- Reglur um stöðugleikaprófun opinna báta.
- Dyr og lúgur sem ekki má opna á rúmsjó á að merkja sérstaklega (sbr. 4.7).
- Könnun á stöðugleika opinna báta (sbr. 14.3).
- Hleðslumerki á bátum með mestu lengd allt að 15 metrum (sbr. 13).
- (Ábyrgð vélaverkstæða, skipasmiðja og dráttarbrauta vegna breytinga á skipum.)

Tímasetningar
Öllum nauðsynlegum verkefnum verði lokið á árinu 2003.

Lög og reglugerðir
Reglugerð nr. 26/2000, um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.
Reglur um stöðugleika báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 11 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Innan Siglingastofnunar er verið að vinna að breytingum á reglugerð nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem felur það í sér að gildissvið reglugerðarinnar verður rýmkað í skip 15 metrar og lengri og taki einnig til gamalla skipa.
Unnið er að gerð fræðsluefnis um stöðugleikamál.
Hjá Siglingastofnun er verið að þróa stöðugleikagögn skipa með það að markmiði að gera þau einfaldari í notkun fyrir skipstjórnarmenn. Jafnframt er stefnt að því að tengja þau upplýsingakerfi stofnunarinnar um veður og sjólag og verða þau aðgengileg skipstjórnarmönnum þar.

11.1 Gæðastjórnunarkerfi séu notuð við skoðanir og eftirlit með skipum.
11.2–11.4 Öryggisstjórnunarkerfi séu notuð í öllum farþegaskipum og farþegabátum, við eftirlit með öryggi í höfnum, séu tekin upp í öllum íslenskum fiskiskipum o.fl.

Markmið
Að bæta skilvirkni og einsleitni opinbers eftirlits, sem og eftirlit einkaaðila með öryggisatriðum á stöðum sem þeir bera ábyrgð á.

Staða mála
Siglingastofnun hefur undanfarin ár unnið að gæðastjórnunarkerfi fyrir stofnunina sem stuðla á meðal annars að einsleitari skoðun eftirlits í öllum umdæmum. Mikilvægt er að þeirri vinnu miði vel áfram. Öryggisstjórnunarkerfi hafa verið að sanna gildi sitt við notkun á mörgum sviðum og því ætti að reyna notkun þeirra á öllum sviðum öryggismála sjófarenda.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að skilgreina kröfur til öryggisstjórnunarkerfa.

Samstarfsaðilar
Útgerðir farþegaskipa, SÍK, LÍÚ, hafnir og hafnasamlög og Slysavarnaskóli sjómanna.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki vinnu að gerð öryggisstjórnunarkerfa á ýmsum sviðum um:
0,1 millj. kr. árið 2001,
0,2 millj. kr. árið 2002,
1,2 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun ljúki vinnu við gerð gæðastjórnunarkerfis sem nær yfir starfsemi stofnunarinnar og skoðanir allra gerða skipa fyrir árslok 2002.
Siglingastofnun skilgreini kröfur til öryggisstjórnunarkerfa í skipum og höfnum á árinu 2002.

Tímasetningar
Sjá framkvæmd.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 14, 16, 19 og 20.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Unnið er að gerð gæðastjórnunarkerfa innan sjómannaskóla samkvæmt lögum nr. 76/2001. Siglingastofnun mun hafa eftirlit með að nám og kennsla í sjómannaskólum uppfylli kröfur alþjóðasamþykkta, þar á meðal kröfur um gæðastjórnunarkerfi.
Siglingastofnun er að leggja lokahönd á gerð gæðastjórnunarkerfis fyrir stofnunina sem m.a. á að leiða til einsleitari skipaskoðana og unnið er að öryggishandbók fyrir hafnir.

13.1 Efla þarf skilvirkni og samstarf eftirlitsaðila
13.2 Skipuleggja þarf fyrirkomulag skyndiskoðana í íslenskum skipum
13.5 Reglubundnar athuganir á æfingahaldi og starfsþjálfun í skipum
13.6 Reglum um öryggisráðstafanir við hífingar sé betur fylgt eftir
13.7 Skilvirkara eftirlit með aðbúnaði í skipum

Markmið
Að stuðla að því að samstarf eftirlitsaðila sé eflt þannig að skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti aukist og að meiri áhersla verði lögð á eftirfylgni með að lög og reglur séu virt.

Staða mála
Eftirlit um borð í skipum er á höndum margra aðila, SÍ, LHG, flokkunarfélaga, Póst- og fjarskipta-stofnunar, Hollustuverndar, Fiskistofu og einkaaðila. Mikilvægt er að allt eftirlit sé metið með tilliti til möguleika á aukinni samvinnu eftirlitsaðila þannig að hagkvæmni eftirlits og þjónusta við útgerðir skipa verði bætt. Eftirlit með öryggisatriðum þarf að bæta og fylgja þarf betur eftir að ástand skipa, búnaðar og áhafna sé samkvæmt lögum og reglum.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun skipuleggi aðgerðir er stuðla að bættu eftirliti og virðingu fyrir lögum og reglugerðum.

Samstarfsaðilar
SÍ, LHG, flokkunarfélög, Póst- og fjarskiptastofnun, Hollustuvernd, Fiskistofa, Vinnueftirlitið.

Áætluð fjármögnun
Verkefni verði kostuð af eftirlitsaðilum en langtímaáætlun styrki þau um:
0,3 millj. kr. árið 2001,
0,5 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að eftirlitsaðilar geri samkomulag um samstarf sem stuðli að aukinni skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti með búnaði og áhöfnum skipa. Samstarfsaðilar skipuleggi fyrirkomulag eftirlits og skyndiskoðana í skipum og við þá vinnu sé stuðst við ábendingar í þingsályktunartillögu um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda og ábendingar rannsóknarnefndar sjóslysa. Dæmi um atriði sem fylgja þarf eftir:
- Æfingahald og starfsþjálfun í skipum sé samkvæmt reglum.
- Öryggisráðstafanir við hífingar séu í samræmi við reglur.
- Aðbúnaður áhafna sé samkvæmt kröfum, svo sem loftræsting, hávaði, titringur.
- Skráning í skipsbækur sé samkvæmt lögum.
- Hleðslumerki séu á öllum fiskiskipum með mestu lengd allt að 15 metrum.
- Unnið sé samkvæmt þeim reglum sem gilda um vinnuöryggi almennt um borð í skipum.
- Frágangur stiga í lestum og landganga sé samkvæmt reglum.
- Öryggisatriði í höfnum séu samkvæmt reglum.
- Sigling, sjóbúnaður og viðhald skipa sé samkvæmt reglum þar að lútandi.

Tímasetningar
Vinna að þessum atriðum hefjist í byrjun árs 2002 og verði viðhaldið á komandi árum. Samkomulag um samstarf eftirlitsaðila liggi fyrir í lok ársins 2002.

Lög og reglugerðir
Öll lög og reglugerðir er varða öryggi sjófarenda.

Forgangsröð: A.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Gert er ráð fyrir að með notkun gæðastjórnunarkerfis Siglingastofnunar við eftirlit með skipum verði bætt úr flestum þessara atriða.

14.1 Auka þarf og festa í sessi samstarf Íslendinga og nágrannaþjóða í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna
14.2 Upplýsingum um ýmsar rannsóknir sem verið er að vinna að eða hafa verið gerðar ætti að safna saman á einn stað þannig að aðilar viti hver af öðrum
14.4 Rannsóknir á stjórnun stöðugleika fiskiskipa

Markmið
Að efla rannsóknir, þróun og hönnun á ráðstöfunum er aukið gætu öryggi sjómanna og stuðla að samstarfi sem víðast á þeim vettvangi. Að stuðla að því að upplýsingum um rannsóknir sé miðlað milli rannsóknaraðila til að efla samstarf og koma í veg fyrir tvíverknað.

Staða mála
Oft koma upp hugmyndir að lausnum er gætu stuðlað að auknu öryggi sjómanna, en oft vilja þær falla í dvala vegna tíma- eða fjárskorts. Einnig hafa verið unnar margar rannsóknir er tengjast öryggismálum sjómanna víða um heim, en talsvert vantar að upplýsingar um þessar rannsóknir séu aðgengilegar þannig að hætta er á að verið sé að endurtaka sömu hlutina margoft. Með því að safna saman og miðla upplýsingum um rannsóknir ásamt því að styrkja þær fjárhagslega er hægt að efla rannsóknarstarf til muna.

Siglingastofnun hefur unnið að rannsóknum á hreyfistöðugleika skipa í samvinnu við innlendar verkfræðistofur og erlenda aðila. Ágætt væri að þessir aðilar héldu áfram með rannsóknirnar.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum og fjármagni vænleg verkefni.

Samstarfsaðilar
Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma:

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun ráðstafi fé til upplýsingasöfnunar og samstarfsverkefna:
0,9 millj. kr. árið 2002,
1,4 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Siglingastofnun meti tillögur að samstarfsverkefnum í rannsóknum, þróun og hönnun og samþykki styrkveitingu til vænlegra verkefna. Auglýsa mætti þennan styrk til að hvetja hugvitsmenn til að koma með tillögur að úrlausnum í öryggismálum sjómanna. Dæmi um verkefni:
- Stöðugleikagögn fyrir smábáta.
- Vaktafyrirkomulag í skipum.
- Öryggisbúnaður við línuveiðar smábáta.
- Öryggi vegna vinnu við toghlera og á togþilförum.
- Landgangar fyrir minni tvíþilja fiskiskip.
- Fjarlækningabúnaður og lækningatæki.

Upplýsingum um rannsóknar- og þróunarverkefni sem varða öryggismál sjómanna verði safnað saman á heimasíðu Siglingastofnunar. Auglýsa þarf þessa söfnun sem víðast.

Tímasetningar
Ákvörðun um ráðstöfun fjár til verkefna skal liggja fyrir á fyrri hluta ársins 2002.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 7, 8, 10, 11, 13, 21 og 23.

Framvinda verkefnis
Mars 2002.
Borist hafa eftirfarandi erindi um rannsóknarverkefni:
1. Rannsókn á svefni, svefnmynstri og heilsu sjómanna.
2. Undirbúningur að verkefni um áhættu- og nertigreiningu.
3. Stöðugleikaforrit fyrir skip og báta.

14.3 Nauðsynlegt er að gerðar séu reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum

Markmið
Að stuðla að því að fyrirkomulag og ástand öryggisbúnaðar sé eins gott og mögulegt er hverju sinni.

Staða mála
Mörg atriði varðandi staðsetningu og frágang björgunar- og öryggisbúnaðar í skipum og í höfnum þarfnast skoðunar. Nauðsynlegt er að gera reglulega kannanir, úttektir og prófanir á ástandi og fyrirkomulagi öryggisbúnaðar og kynna fyrir málsaðilum niðurstöður og úrbótatillögur.

Ábyrgð og umsjón með framkvæmd
Siglingastofnun hafi forgöngu um að kannanir, úttektir og prófanir fari fram.

Samstarfsaðilar
Allir sem að öryggismálum sjófarenda koma.

Áætluð fjármögnun
Langtímaáætlun styrki þetta verkefni um:
0,5 millj. kr. árið 2002 (af fjárframlögum 2001),
1,0 millj. kr. árið 2003.

Framkvæmd
Setja þarf ákvæði í reglur þannig að hægt sé að standa vel að öllum könnunum, úttektum og prófunum, ásamt ákvæðum ef þörf er á að krefjast breytinga á fyrirkomulagi öryggisbúnaðar. Dæmi um atriði sem þarfnast skoðunar:
- Staðsetning björgunarbáta með losunar- og sjósetningarbúnaði.
- Frágangur gúmmíbjörgunarbáta í skipum.
- Staðsetning neyðarhandtalstöðva.
- Stærðir og gerð björgunarbúninga sem valdir eru í einstök skip.
- Staðsetning björgunarvesta og björgunarbúninga.
- Gerð, staðsetning, uppfærsla og kynning neyðaráætlana og öryggisplana.
- Fyrirkomulag neyðarútganga í skipum.
- Staðsetning og fyrirkomulag handslökkvitækja í skipum.
- Stöðugleiki opinna báta.
- Hálkuvarnir í skipum og á bryggjum og skóbúnaður sjómanna.
- Vinnuaðstæður við toghlera, í rennum, við frystitæki og í lestum.
- Aðstæður við landgöngu úr skipum.
- Öryggisbúnaður og aðstæður almennt í höfnum.

Tímasetningar
Verkefni verði unnin eftir því sem fjárhagur leyfir árin 2002 og 2003.

Lög og reglugerðir

Forgangsröð: A/B.

Tilvísanir
Þingsályktunartillaga um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda, bls. 6, 7, 11, 12, 13 og 16.

Framvinda verkefnis

1109. Skýrsla [690. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

INNGANGUR

Framkvæmdir við hafnargerð á árinu 2000 urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2000 millj. kr.	1999 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	652,7	1.191,9
Ferjubryggjur	19,6	4,7
Samtals	**672,3**	**1.196,6**

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2000 ákvað Alþingi að fresta um eitt ár tæplega 300 millj. kr. af þeirri upphæð sem verja átti af hálfu ríkisins til nýframkvæmda samkvæmt hafnaáætlun. Var þetta liður í aðgerðum stjórnvalda til að draga úr þenslu. Áður var haft samráð við heimamenn á þeim stöðum sem fyrir frestunum urðu.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað og sérstakir kaflar um starfsemi Siglingastofnunar Íslands og rannsóknir á sviði hafnamála. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og sagt frá framkvæmdum í höfnum sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem eru ekki ríkisstyrktar.)

Akranes.

Lokið var frágangi vegna verks sem unnið var á síðasta ári við endurbyggingu fremsta hluta grjótvarnar á aðalhafnargarðinum, jöfnun á plönum o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að lengja viðlegukantinn með því að sprengja og dýpka lengra upp með bryggjunni. Horfið var frá því og í staðinn ákveðið að lengja bryggjuna eins og hægt var fram að grjótgarði og fara auk þess í venjubundna viðhaldsdýpkun. Í apríl var samið við Arnodd Erlendsson um að grafa burt sand sem borist hafði að bryggjunni og lauk hann því verki í mánuðinum.

Í byrjun september var samið við Lárus Einarsson sf. um að lengja viðlegukantinn. Byggð var 8 m löng bryggja úr harðviði framan við bryggjuendann. Verkinu lauk skömmu fyrir mánaðamótin október–nóvember.

Hafinn var undirbúningur vegna lengingar grjótgarðs.

Rifshöfn: Áfram var unnið samkvæmt verksamningi frá í fyrra við Bjarna Vigfússon um að endurbyggja grjótvörnina á efsta hluta Norðurgarðs. Haft var samráð við minjavörð Vesturlands og Þjóðminjasafn Íslands um frágang kringum Rifsvör og tafðist verkið á meðan. Aðeins var unnið í um tvo mánuði á árinu og hluta verksins frestað fram á næsta ár. Samþykkt var á árinu 1998 að veita styrk úr Hafnabótasjóði, allt að 2,2 millj. kr. fyrir viðgerð á hluta af grjótvörn Norðurgarðs. Unnið var fyrir styrkinn í fyrra og að nokkru leyti í ár.

Heimild fékkst til að flýta viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn sem áætluð var árið 2002. Unnið var við mælingar og undirbúning og í október var samið við Björgun ehf. um dýpkunina, en ekki var byrjað að dýpka fyrir áramót.

Áfram var frestað verki sem áætlað var á síðasta ári við malbikun tengibrautar að trébryggju og breikkun þekju við stálþil.

Ólafsvík: Ákveðið var að fresta verki við björgunarstiga og lagnir á Bátabryggju. Verkið var boðið út í desember á síðasta ári og voru öll tilboð sem bárust yfir áætlun. Tilboðunum var því hafnað og ákveðið að endurskoða verkið og bjóða út síðar.

Framkvæmdakostnaður: 9,5 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 0,5 millj. kr.

Grundarfjörður.

Lenging Stórubryggju var eitt þeirra verkefna sem Alþingi ákvað að fresta að höfðu samráði við heimamenn. Þó var haldið áfram undirbúningi verksins og notuð til þess fjárveiting frá síðasta ári. Unnið var að botnrannsóknum, námurannsóknum, mælingum og hönnun verksins.

Heimild fékkst til að flýta framkvæmd við smábátaaðstöðu sem var á áætlun 2002 og að nota til þess hluta af fjárveitingu sem veitt var í Stórubryggju á síðasta ári. Keypt var 30 m löng flotbryggja frá Króla ehf. og bætt við flotbryggjuna sem sett var upp árið 1997. Bryggjan er nú alls 65 m löng. Frágangi bryggjunnar var ekki að fullu lokið um áramót.

Á síðasta ári var samþykkt að veita tjónastyrk til viðgerða á skjólgörðum norðan og sunnan hafnar. Viðgerðum lauk á þessu ári.

Framkvæmdakostnaður: 11,7 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 0,4 millj. kr.

Stykkishólmur.

Áfram var unnið við styrkingu á brúnni út í Stykkið, en samið var um það verk við Skipavík hf. á síðasta ári. Notuð var sérstök steypublanda til verksins þróuð af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, svokölluð „súlpaksteypa". Framleiðsla steypunnar var í höndum starfsmanna bæjarins undir handleiðslu RB. Alls voru framleiddir um 50 m^3 af súlpaksteypu til verksins. Nauðsynlegt reyndist að endurnýja handrið og lýsingu á brúnni og annaðist verktakinn það til viðbótar við samningsverkið. Verkinu lauk í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 9,2 millj. kr.

Dalabyggð.

Í janúar var boðin út gerð smábátahafnar í Búðardal. Samið var við lægstbjóðendur, Víðimelsbræður ehf. Í byrjun febrúar var hafist handa við að sprengja og dýpka hafnarkvína og byggja skjólgarða. Flatarmál dýpkunarsvæða var alls um 1.400 m^2 og í skjólgarða fóru um 6.000 m^3 af flokkuðu grjóti og kjarna. Auk framantalinna verkefna sá verktakinn um að steypa 4 x 30 m upptökubraut fyrir smábáta, landstöpul flotbryggju og endurröðun grjót-

varnar á gamla hafnargarðinum. Grjót í skjólgarða var unnið að hluta í námu 6 km norðan við Búðardal og að hluta var notað efni sem kom úr dýpkun. Verkinu lauk 31. maí.

Í mars var leitað til nokkurra aðila um smíði á flotbryggjum og frágang á lögnum og lýsingu við smábátahöfnina. Var samið um þessa verkþætti við lægstbjóðanda, Glerfell ehf. Smíðuð var 15 m löng flotbryggja úr timbureiningum, sett upp lýsing við höfnina og ljós á enda skjólgarða og vatnslögn lögð að flotbryggjunni. Framkvæmdum var að fullu lokið um mánaðamótin júní–júlí og 24. júní sigldi víkingaskipið Íslendingur úr höfn í Búðardal áleiðis til Vesturheims.

Framkvæmdakostnaður: 21,6 millj. kr.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir

Vesturbyggð.

Engar framkvæmdir.

Tálknafjörður.

Engar framkvæmdir

Bolungarvík.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmd við breikkun og styrkingu grjótvarnar á Grundargarði en þessu verkefni var frestað eitt ár samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Engar framkvæmdir.

Ísafjarðarbær.

Á árinu 1999 var veitt heimild til að vinna úrbætur á smábátaaðstöðu. Flotbryggja á Flateyri var lengd með einu timburfloti og settir upp rafmagnstenglar við smábátabryggjurnar á Flateyri, Suðureyri og Ísafirði. Þessi verk voru unnin haustið 1999. Kostnaður við þau var tilgreindur í töflu I í framkvæmdaskýrslu ársins 1999, en láðist að geta þeirra í texta.

Þingeyri: Engar framkvæmdir.

Flateyri: Í júní–júlí lauk Gáma- og tækjaleigan ehf. við að steypa kantbita, ganga frá fríholtum og stigum á stálþilið sem rekið var við hafnarkant á síðasta ári, en verkinu hafði verið frestað sl. haust þar til dregið hefði úr sigi á fremsta hluta bryggjunnar.

Frágangi á lögnum og þekju við hafnarkant, sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun, var frestað um eitt ár samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Suðureyri: Boðin var út í júlí styrking grjótvarnar við Brjótinn og á Norðurgarði ásamt lengingu sjóvarnar við Aðalstræti. Samið var við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. Sauðárkróki, um verkið. Framkvæmdir hófust í byrjun september og var lokið um miðjan nóvember. Grjótvörn utan við Brjótinn og fremst við Norðurgarð var tekin upp að hluta, henni endurraðað og bætt í grjóti. Alls var bætt í garðana um 2.200 m^3 af grjóti. Grjót til verksins var sótt í námuna í Dagverðardal Ísafirði.

Ísafjörður: Í fjárlögum voru veittar 11 millj. kr. til að ljúka framkvæmdum við lengingu austurkants Sundabakka, ganga frá lögnum og steypa þekju, en heimamenn ákváðu að fresta verkinu.

Samkvæmt ákvörðun Alþingis var frestað tveimur verkefnum sem gert hafði verið ráð fyrir í hafnaáætlun, bátahöfn við Olíumúla, endurbygging, og dýpkun við Olíumúla og viðgerðarbryggju.

Heimild fékkst til að gera aðstöðu fyrir ferðaþjónustubáta. Sett var upp 3,5 x 4,5 m flotbryggja við endann á ferjubrúnni. Samið var við Eirík og Einar Val hf. um verkið og lauk því í apríl.

Framkvæmdakostnaður: 14,5 millj. kr.

Súðavík.

Engar framkvæmdir.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Í september var samið við Grundarás ehf. um smíði upptökubrautar fyrir smábáta. Verkinu lauk um áramót. Steypt var rúmlega 15 m löng og 5 m breið skábraut.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj. kr.

Húnaþing vestra.

Hvammstangi: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmdum við dýpkun í höfninni og innsiglingu. Heimamenn ákváðu að fresta verkinu.

Engar framkvæmdir.

Blönduós.

Í apríl var samið við GP krana ehf. um dýpkun. Grabbað var upp meðfram bryggju og úr innsiglingaropi um 1.000 m^3 af grjóti og leðju. Efnið var sett í fyllingu upp af höfninni. Dýpkuninni lauk í maí, en dýptarmælingu og frágangi var ekki lokið um áramót.

Í nóvember var boðin út hækkun á bryggjukanti og samið við lægstbjóðanda, Jón Eiríksson ehf. Sett var 150 x 200 mm asobe ofan á kantinn sunnan megin á bryggjunni á 102 m kafla. Verkinu lauk í desember.

Framkvæmdakostnaður: 5,1 millj. kr.

Skagaströnd.

Lokið var við kantsteypu, malbikuð þekja og sett upp lýsing á Skúffugarðinn. Í ágúst var samið við Helga Gunnarsson verktaka á Skagaströnd um að steypa 44 m kantbita efst við garðinn. Króksverk hf. annaðist malbikun á 2.184 m^2 þekju og Neistinn ehf. sá um raflögn og lýsingu. Frágangi við Skúffugarðinn lauk um mánaðamótin nóvember–desember.

Framkvæmdakostnaður: 8,9 millj. kr.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Undirbúningur vegna stálþils Norðurgarði.

Hofsós: Engar framkvæmdir.

Haganesvík: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Siglufjörður.

Samkvæmt ákvörðun Alþingis var frestað fjárveitingu sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun að rynni til endurbyggingar á Bæjarbryggju. Í samkomulagi sem gert við heimamenn um frestunina var veitt heimild til að breyta framkvæmdaröð. Í stað endurbyggingar Bæjarbryggju yrði farið í stækkun á Óskarsbryggju og dýpkun. Í lok ársins var hafin undirbúningur framkvæmda.

Í desember var samið við Björgun ehf. um dýpkun innan skjólgarðs við Brjótinn og byrjað að dýpka en verkinu lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 1,1 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Ólafsfjörður: Gáma- og tækjaleiga Austurlands lauk við verkið styrking Norðurgarðs, sem boðið var út 1999. Verklok voru í nóvember. Reknar voru 52 stálþilsplötur utan um tvö fremstu kerin, steyptur 58 m kantur og 490 m² þekja. Enn fremur var rifin 92 m löng trébryggja innan á Norðurgarði og settur grjótflái í staðinn. Gert var við grjótvörn utan á Norðurgarði og hún lengd um 25 m. Magn í fyllingar og grjótvarnar var alls 6.700 m³. Efnið var sótt í grjótnámu Ólafsfjarðarbæjar. Veittur var tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði fyrir þeim hluta verksins sem fól í sér viðgerð á grjótvörn.

Dalvík: Í mars var lokið við að reka stálþil og steypa kant við fremsta hluta Norðurgarðs, verk sem byrjað var á í september 1999.

Árskógssandur: Nauðsynlegt var talið að bæta hafnaraðstöðu fyrir nýju Hríseyjarferjuna. Ekki var gert ráð fyrir þessu í hafnaáætlun, en heimild fékkst til að hefja framkvæmdir á árinu og í fjáraukalögum var ráðstafað 30 millj. kr. til verksins.

Í júlí var boðin út bygging á um 55 m löngum skjólgarði við ferjubryggju og lenging á brimvarnargarði um 75 m. Samið var við lægstbjóðanda, Eyjólf Þ. Jónsson í Hrísey. Efni í garða var sótt í Helluhöfða í landi Hellu. Verkinu var ekki lokið á árinu.

Í byrjun september var dýpkað við ferjubryggjuna. Hagtak hf. annaðist verkið. Fjarlægðir voru um 1.500 m³.

Hrísey: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 88,6 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 13,0 millj. kr.

Grímsey.

Áfram var unnið að styrkingu á grjótvörn aðalhafnargarðs, verki sem samið var um sl. haust við Jarðverk á Dalvík. Í júlí–ágúst voru fluttir frá Dalvík til Grímseyjar 114 steinar sem vógu 6–14 tonn hver og þeim komið fyrir í grjótvörninni á um 40 m kafla ofan við mastursbúsið.

Framkvæmdakostnaður: 8,9 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Engar framkvæmdir.

Akureyri: Í júní lauk Gáma- og tækjaleiga Austurlands samningsverki frá því í fyrra við vesturbakka fiskihafnarinnar. Rekið var niður 137 m langt þil, þar af 120 m með 9 m dýpi. Fylling að þili var alls 13.170 m³. Kom hún að hluta úr dýpkun en kjarnaefni var fengið úr Krossanesnámu. Steyptur var 127 m kantbiti á þilið og settir upp stigar og fríholt. Í ársbyrjun urðu nokkrar tafir á verkinu vegna veðurs og einnig var verktakinn fenginn til þess af hafnarsjóði að gera við Ísbryggjuna þar sem grafið hafði undan bakvegg.

Í desember var hafin bygging á 36 m langri léttbyggðri furubryggju fyrir lóðsbáta í suðurenda Fiskihafnarinnar. Þetta verkefni var ekki í hafnaáætlun. Heimilað var að nota til þess hluta af fjárveitingu sem veitt var í vesturbakka fiskihafnarinnar, en kostnaður við það verk var undir áætlun. Samið var við Gáma- og tækjaleiguna um smíði bryggjunnar. Staurar voru keyptir frá Rarik, annað bryggjutimbur frá Bykó. Verkinu var ekki lokið um áramót.
Svalbarðseyri: Engar framkvæmdir.

Grenivík: Í september var boðin út bygging á 116 m löngum skjólgarði við smábátahöfn og samið um verkið við lægstbjóðanda, Jarðverk ehf. á Dalvík. Efni í garðinn var sótt í grjótnámu við Bárðartjörn, alls 9.200 m^3 af flokkuðu grjóti og sprengdum kjarna. Verkinu lauk í byrjun desember.

Steyptur var landveggur og keypt 20 m löng flotbryggja og landgangur frá Króla ehf. og sett upp í smábátahöfninni. Boðin var út raflögn og lýsing við smábátaaðstöðuna og samið við Rafeyri ehf. Uppsetningu flotbryggjunnar var að mestu lokið fyrir áramót, en eftir var vinna við raflögn og lýsingu.

Auk framkvæmdakostnaðar, sem talinn er hér að neðan, var veittur ríkisstyrkur að upphæð 8 millj. kr. til að gera upp gamla skuld við sveitarsjóð Grýtubakkahrepps frá því fyrir myndun HN. Var þetta samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytisins til að greiða fyrir stofnun Hafnasamlags Norðurlands á sínum tíma.

Framkvæmdakostnaður: 69,5 millj. kr.

Húsavík.

Fjárveitingu til brimvarnargarðs á Böku var frestað um eitt ár samkvæmt ákvörðun Alþingis. Áfram var þó unnið að undirbúningi verksins og fjármagnaði hafnarsjóður Húsavíkur kostnaðinn. Jarðfræðistofan Stapi ehf. rannsakaði grjótnám. Fyrri hluta árs voru boraðar könnunarholur í Kötlum, Hlíðarhorni og á Reykjaheiði. Unnið var úr niðurstöðum og í október lokið við skýrslu um grjótnám fyrir brimvarnargarðinn.

Jarðfræðistofan Stapi og SÍ unnu að umhverfismati. Tillaga að matsáætlun varðandi efnisnám í Hlíðarhorni við Máná, af sjávarbotni við Héðinsvík og úr námu í Kötlum var lögð fram í september. Ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi tillöguna lá fyrir í seinni hluta október. Þar kom fram að efnisnám í Kötlum skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en matsáætlun fyrir grjótnámu við Hlíðarhorn var samþykkt. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hlíðarhornsnámu var lögð fram í nóvember en Skipulagsstofnun kvað ekki upp úrskurð sinn fyrr en eftir áramót. Hugmyndir voru um að nota uppdælt sjávarefni undir garðinn og var Björgun ehf. fengin til að leita að efni í Héðinsvík og fleiri stöðum í Skjálfanda en ekkert efni fannst.

Framkvæmdakostnaður: 11,1 millj. kr.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Heimamenn voru með hugmyndir um að nýta fjárveitingu frá því í fyrra til lagfæringa á smábátaaðstöðu við Leirhöfn. Til að það væri hægt þurfti hafnarsjóður að fá umráð yfir landsvæði við höfnina og breytingu hefði þurft að gera á hafnareglugerð. Þetta var kannað en niðurstaðan varð að hætt var við þessi áform.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Raufarhöfn.

Unnið var við frágang á stálþili sem rekið var árinu 1999 og undirbúningsvinna við lagnir og þekju á bryggjuna.

Einnig var unnið að undirbúningi uppsetningar á upplýsingakerfi fyrir sjófarendur.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj. kr.

Þórshöfn.

Unnið var að lokafrágangi vegna Suðurgarðs. Sett upp garðsendaljós og frágangur í námu.

Lokið var við lengingu Norðurgarðs, sett upp garðsendaljós og gengið frá grjótnámu.

Í febrúar var boðin út viðgerð á Norðurgarði. Tjón hafði orðið á grjótvörn garðsins á um 225 m kafla ofan við lenginguna og var samþykktur tjónastyrkur til verksins úr Hafnabótasjóði. Samið var um verkið við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf á Sauðárkróki. Efni til viðgerðarinnar var sótt í grjótnámu í landi Þórshafnarhrepps, alls 5.300 m³ af flokkuðu grjóti og sprengdum kjarna. Verkinu lauk í lok maí.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmd við tengibraut að hafskipabryggju meðfram botni bátahafnar. Heimamenn ákváðu að fresta því verkefni. Í staðinn var veitt heimild til að vinna endurbætur á raflögn á hafnarsvæðinu. Settir voru upp tenglaskápar á Bátabryggju og hafskipabryggju og lagðir rafstrengir að þeim.

Í árslok var keypt stálþil, 43 tonn frá ARBED af gerð AZ18, og 11 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder fyrir lengingu hafskipabryggju. Þilið er hannað fyrir 6,5 m dýpi.

Framkvæmdakostnaður: 22,9 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 9,1 millj. kr.

Bakkafjörður.

Engar framkvæmdir.

Vopnafjörður.

Unnið var að byggingu 80 m langrar stálþilsbryggju, löndunarbryggju, framan við fiskimjölsverksmiðju Tanga hf. Í mars var boðin út fylling að bryggjunni og samið við lægstbjóðanda, Eyjólf Jónsson frá Hrísey. Alls var ekið í fyllinguna 16.000 m³ af efni úr grjótnámunni á Kolbeinstanga, en þar af voru um 10.000 m³ utan styrkhæfnismarka bryggjunnar. Keypt voru 100 tonn af stálþili frá ARBED gerð AZ18+0,5 og 55 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Þilið var hannað fyrir 8 m dýpi. Rekstur þilsins, fylling að þili, steyptur kantur og bygging ljósamastursbúss var boðið út í júní. Samið var við lægstbjóðanda, Lúvís Pétursson frá Selfossi. Þann 19. september, þegar búið var að reka allt þilið en ólokið að setja stagbita á um 20 m kafla um miðhluta bryggjunnar, gerði sjógang og gengu 14 plötur upp á þeim kafla þar sem eftir var að setja bitann. Verktakanum tókst að koma plötunum niður aftur töluvert skökkum, fyllti síðan að þilinu, steypti kant og ljósamastursbús og var verkið langt komið um áramót. Grunur lék á að þilið hefði rifnað á þeim kafla þar sem það gekk upp, en ekki hafði gefist færi á því fyrir áramótin að skoða þilið neðansjávar né heldur var búið að mæla nákvæmlega hversu mikið plötur höfðu skekkst.

Framkvæmdakostnaður: 66,0 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Þann 5. mars varð tjón á Skarfaskersgarði, en garðurinn hafði áður skemmst nokkuð í aftakabrimi um mánaðamótin febrúar/mars 1998. Gerð var úttekt á garðinum og lagt til að farið yrði í viðgerð. Samþykkt var heimild fyrir tjónstyrk úr Hafnabótasjóði, allt að 5 millj.

kr. 21. október var samið við Jóhann H. Sigurðsson verktaka á Borgarfirði eystra um viðgerð á garðinum. Ekki var byrjað á verkinu um áramót.

Engar framkvæmdir.

Seyðisfjörður.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að ljúka frágangi lagna á Mjölhúsbryggjuna sem byggð var 1995/96 og endurbæta lýsingu við smábátahöfn. Þessum verkefnum var frestað.

Unnið var við lokafrágang dráttarbrautar. Vélsmiðjan Stál lagfærði skorður á sleða og gengið var frá raflögnum.

Ekki varð af dýpkun meðfram trébryggjum sunnan fjarðar. Þegar til átti að taka reyndist ekki hægt að dýpka frá landi með krana eins og ætlað var. Samningur við Kranabílinn hf. á Seyðisfirði var því felldur úr gildi og dýpkuninni slegið á frest í bili. Á vormánuðum barst erindi frá Seyðisfjarðarbæ varðandi aðstöðu fyrir nýja ferju sem Smiril Line ætlar að láta smíða. Kannaðir voru tveir möguleikar. Annars vegar að nota núverandi aðstöðu í Fjarðarhöfn og gera þar nauðsynlegar endurbætur, hins vegar að byggja upp nýja aðstöðu á leirunum sunnan fjarðar. Niðurstaða úr samanburði var að mun fleira mælti með síðari kostinum. Sérstaklega vó þungt að nýtt svæði á uppfyllingu framan við ós Fjarðarár yrði utan snjóflóðahættu. Farið var í ýmsar undirbúningsrannsóknir vegna dýpkunar og mannvirkjagerðar á hafnarsvæðinu, botnsýnatöku, jarðvegsrannsóknir, mælingar og gerð skipulagsuppdrátta. Í nóvember lá fyrir úrskurður umhverfisráðuneytisins um að fram skyldi fara mat á umhverfisáhrifum nýrra hafnarmannvirkja. Hönnun hf. á Reyðarfirði var falið að vinna umhverfismat vegna dýpkunar og mannvirkjagerðar á leirunum framan við ós Fjarðarár. Þeirri vinnu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 5,5 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Engar framkvæmdir.

Eskifjörður: Áfram var unnið við byggingu hafskipabryggju austan Bæjarbryggju. Í október lauk Guðlaugur Einarsson ehf. frágangi á stálþili og steypu kantbita á hafskipabryggju, verki sem frestað var á síðasta ári. Boðnar voru út lagnir og tæplega 3000 m^2 þekja á bryggjuna og samið við lægstbjóðanda, Þorstein Bjarnason á Fáskrúðsfirði. Verklok voru í nóvember.

Samið var við Björgun ehf. um dýpkun við hafskipabryggjuna og í september fjarlægði Perlan um 3300 m^3 úr viðlegunni við þilið. Ekki náðist þó alls staðar 10 m dýpi á því svæði sem áætlað var að dýpka og er ráðgert að ljúka dýpkuninni þegar grafskip verður næst á ferðinni fyrir austan.

Lokið var við að steypa þekju á Bræðslubryggju en verkið var boðið út á síðasta ári.

Reyðarfjörður: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 60,7 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Engar framkvæmdir.

Stöðvarfjörður.

Á áætlun var að ganga frá lýsingu og slitlagi á tengibraut að nýju smábátahöfninni. Lítils háttar var unnið í undirbúningi en framkvæmdum að öðru leyti frestað.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Í febrúar lágu fyrir niðurstöður úr líkantilraunum af höfn í Innri-Gleðivík. Samkvæmt þeim verður í fyrsta áfanga dýpkað og byggð 75 m löng stálþilsbryggja með 9 m dýpi vestan megin í víkinni. Í öðrum áfanga er síðan gert ráð fyrir um 150 m löngum skjólgarði. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hafnargerðar í Gleðivík var lögð fram í júlí og 10. október kvað Skipulagsstofnun upp úrskurð þar sem fallist var á byggingu hafnar í Innri-Gleðivík.

Dýpkun og sprengdur skurður fyrir stálþil var boðinn út og tilboð opnuð 20. desember. Lægstbjóðandi var Sæþór ehf. en ekki var búið að ganga frá samningi fyrir áramót.

Í árslok var keypt stálþil, 286 tonn frá ARBED af gerð AZ26, og 70 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Þilið er hannað fyrir 9 m dýpi. Rekstur þils, fyllingar og steyptur kantur var boðinn út, en tilboð ekki opnuð fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 34,1 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Unnið var að venjubundinni viðhaldsdýpkun innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu. Samkvæmt reynslu þarf 12–15 þús. m^3 árlega viðhaldsdýpkun og er gert ráð fyrir því í hafnaáætlun. Í ár var dælt 15.000 m^3 samkvæmt mælingum hafnarstarfsmanna með Birni lóðs.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að byrjað yrði á skjólgarði og dýpkun á nýju hafnarsvæði sunnan við Ósland, svonefndri Faxeyrarhöfn, en fjárveitingu til þessara verkefna var að mestu frestað samkvæmt ákvörðun Alþingis. Það lá fyrir að Faxeyrarhöfn væri matsskyld framkvæmd og verkfræðistofan Fjarhitun hf. hóf á árinu 1999 undirbúning að gerð umhverfismatsskýrslu. Í september lágu fyrir drög að matsáætlun. Eftir er að gera lífríkisrannsókn á Óslandsleiru (fuglatalning og rannsókn á botndýralífi) og botnrannsóknir á fyrirhuguðu hafnarstæði.

Bygging Þinganesgarðs milli Austurfjöru og Þinganesskerja var boðin út og tilboð opnuð 13. júní. Suðurverk ehf. átti lægsta boð, 73,6% af áætlun. Málaferlum vegna eignarnáms á grjótnámi í landi Hálsenda lauk í ágúst og féll dómur landeiganda í vil, efnistakan var óheimil. Var þá reynt að ná samningum við landeigandann um heimild til efnistöku í námunni. Samningar höfðu ekki tekist um áramót og verkið ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 11,6 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Lítils háttar var unnið í uppsetningu búnaðar fyrir upplýsingakerfið um veður og sjólag. Lagt var rör frá Skansfjöru að hafnarskrifstofu. Eftir er að setja upp vindmæli og sjávarhæðarnema við Skansfjöruna og tengja þessa mæla við tölvu á hafnarskrifstofunni.

Í lok maí var boðin út þekjusteypa við Friðarhafnarkant og samið við lægstbjóðanda, Vélaþjónustu Þórðar Magnússonar ehf., um að leggja ídráttarrör fyrir rafmagn að tveimur tenglaskápum og steypa 1.404 m^2 þekju. Verkinu lauk í byrjun september. Þá voru malbikaðir um 1.100 m^2 þannig að þekjan í heild var rúmlega 2.500 m^2. Starfsmenn bæjarins sáu um malbikunina. Í lok nóvember var samið við raftækjaverkstæðið Faxa hf. um smíði rafmagnstöflu, raflagnir í tenglaskápa og lýsingu við Friðarhafnarkantinn. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Lokið var við dýpkun í smábátahöfninni innan Nausthamarsbryggju. Gröfufleki Hagtaks hf. vann verkið. Grafnir voru upp um 1.400 m³.

Lokið var frágangi við lýsingu og raflögn á nýja stálþilinu austan Friðarhafnarkants. Samið var við Faxa ehf. um verkið og var því lokið í byrjun júní. Settur var upp einn ljósastaur, einn tenglaskápur og neyðarlýsing í stiga.

Unnið var að endurbyggingu Nausthamarsbryggju. Í ársbyrjun lágu fyrir tilboð í byggingu 60 m stálþilsbakka til austurs frá NA-horni bryggjunnar. Ákveðið var að semja við Lárus Einarsson sf., en í lok mars féll hann frá verkinu. Samningum var þá slitið og uppgjör fór fram á því sem lokið var, en það var mót og járn í 30 akkerisplötur. 13. apríl var undirritaður samningur við AVT-verktaka ehf., en þeir áttu næstlægsta tilboð í útboðinu sem fram fór í desember á síðasta ári. Í byrjun október var lokið við að ganga frá þilinu, fylla að og steypa kant. Sprengja þurfti rás fyrir þilinu nema á um 5 m kafla næst horni gömlu bryggjunnar. Ætlunin var að grafskip Vestmannaeyjahafnar dældi ofan af klöpp í þillínunni, en þegar til kom reyndist vera mjög hörð sandsteins- eða vikurhella 1–2 m á þykkt í botni. Undir þessari hellu var síðan laust millilag ofan á fasta botninum. Eftir nokkrar tilraunir hætti grafskip Vestmannaeyjahafnar dælingu og lauk gröfufleki frá Hagtaki hf. við að hreinsa ofan af klöppinni. Efni í 2. áfanga endurbyggingar Nausthamarsbryggju var keypt skömmu fyrir áramót. Stálþil 630 tonn frá ARBED og 118 tonn af festingaefni frá Anker Schroeder. Á norðurhlið bryggjunnar er stálþilið af gerðinni AZ 26 m hannað fyrir 9 m dýpi, en á suðurhliðinni er $AZ18^{+0.5}$ hannað fyrir 5 m dýpi.

Um mánaðamótin janúar febrúar var samið við 2–Þ ehf. um smíði á fjórum landstöplum fyrir flotbryggjur við smábátahöfnina innan Nausthamars. Tafir urðu m.a. vegna þess að í ljós kom að breyta þurfti staðsetningu stöplanna. Var verkinu ekki að fullu lokið um áramót. Á síðasta ári fékkst heimild til að flýta dýpkun í innsiglingunni móts við Skansfjöru. Í ljós kom að efnið var of gróft og samþjappað til að hægt væri að dæla því. Samið var við Hagtak hf. um að dýpka með gröfufleka. Voru alls um 26.000 m³ fjarlægðir úr innsiglingunni, 2.500 m³ í maí og 23.500 m³ í september–október.

Miklar framkvæmdir voru við Hringaskersgarð í Vestmannaeyjum vegna 1.000 ára afmælis kristnitöku. Heimild fékkst fyrir flotbryggju framan við stafkirkjuna, en þetta er nýtt verk sem ekki var á áætlun. Samið var við Króla ehf. um kaup og uppsetningu á 15 x 3 m flotbryggju.

Dýpka þurfti við Hringaskersgarðinn þar sem flotbryggjan átti að koma og var samið við Hagtak hf. um framkvæmdina. Sprengt var og grafið tæplega 400 m² svæði í tveggja til þriggja metra dýpi. Áður en dýpkunin hófst var nauðsynlegt að staðsetja vatnsleiðslu sem þarna liggur í botni. Dýpkuninni og niðursetningu flotbryggju var lokið í júlí.

Framkvæmdakostnaður: 168,3 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Engar framkvæmdir

Grindavík.

Lokið var frágangi vegna leiðarmerkja fyrir nýju innsiglinguna. Verkið var að mestu unnið síðastliðið haust, en kostnaður færist allur á þetta ár.

Fram fór undirbúningsvinna vegna hönnunar skjólgarða við innsiglinguna og vinna við mat á umhverfisáhrifum grjótnáms fyrir garðana.

Framkvæmdakostnaður: 17,5 millj. kr.

Sandgerði.

Samið var við Króla ehf. um kaup og uppsetningu á 40 m langri flotbryggju. Í byrjun desember var bryggjan sett niður framan við næstystu flotbryggjuna við Suðurgarð og er sú bryggja nú 80 m löng. Frágangi bryggjunnar var ekki að fullu lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Garður: Lýsing á bryggju var endurbætt og sett innsiglingarljós á bryggjuhaus. Bygging ljósamasturshúss var boðin út og samið við lægstbjóðanda, Braga Guðmundsson verktaka í Garði, um verkið. Sigurður Ingvarsson rafverktaki í Garði annaðist raflagnir og uppsetningu ljósabúnaðar.

Reykjanesbær: Á árunum 1996–1997 var unnið að viðgerð á aðalhafnargarðinum í Keflavík eftir tjón sem varð í óveðri 30. september 1995. Í tengslum við viðgerðina var farið í byggingu á ljósamasturshúsi og lagðar nýjar lagnir fyrir vatn og rafmagn á bryggjuna. Í hafnaáætlun fyrir árin 1997–2000 var gert ráð fyrir að þetta verkefni kæmi til framkvæmda á árunum 1999–2000. Kostnaður við verkið ljósamasturshús og lagnir á aðalhafnargarð varð 11,5 millj. kr. og var samþykkt að taka þá upphæð til uppgjörs árið 2000.

Tjónastyrkur var veittur úr Hafnabótasjóði vegna viðgerðar á aðalhafnargarðinum sem framkvæmd var á árunum 1996–1997. Lokið var við að greiða út styrkinn á árinu.

Vogar: Engar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður og uppgjör: 14,9 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmdum við Háabakka, en þeim framkvæmdum var frestað.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem eru ekki ríkisstyrktar.)

Garðabær.

Engar framkvæmdir.

Kópavogur.

Engar framkvæmdir.

Reykjavík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. (Sjá kaflann um hafnarframkvæmdir sem eru ekki ríkisstyrktar.)

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja ýmsar minni háttar framkvæmdir, svo sem til að lagfæra innsiglingarmerki, setja stiga á bryggjur, lýsingu og önnur öryggismál. Almennt er miðað við að einstakar framkvæmdir kosti ekki meira en um 1,0 millj. kr.

Á árinu var samþykkt að styrkja dýpkun sem framkvæmd var á Kópaskeri. Hreinsað var upp efni sem borist hafði að bryggjunni framan við bátarennuna.

Lokið var uppgjöri vegna innsiglingarljósa á Norðurfirði á Ströndum, en sú framkvæmd var samþykkt árið 1996.

Framkvæmdakostnaður: 0,9 millj. kr.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM ERU EKKI RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni, eða minni háttar nýbyggingar. Þó var unnið að nokkrum stærri verkefnum í höfnum á síðastliðnu ári. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Grundartangi.

Lokið var lítils háttar frágangi vegna þekju og lagna á nýju bryggjunni og unnið við hönnun og rannsóknir.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Á árinu var lokið uppgjöri við Ístak hf. vegna brimvarnargarðs. Kostnaður við það 91 millj. kr. Unnið var að frágangi við Hvaleyrarbakka fyrir 51 millj. kr. Samið var um smíði á nýjum dráttarbát og var kostnaður á árinu vegna bátsins 49 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 191,0 millj. kr.

Reykjavík.

Í fjárhags- og framkvæmdaáætlun hafnarinnar fyrir árin 2000–2002 var gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé hafnarsjóðs yrði að meginhluta varið til uppbyggingar hafnarmannvirkja og lands í Sundahöfn og bættrar aðstöðu við farmstöðvar skipafélaga í áætlanasiglingum.

Unnið var við lengingu Kleppsbakka í Vatnagörðum fyrir farmstöð Eimskips. Lokið var efnisskiptum og landfyllingum undir væntanlegum hafnarbakka og farg sett á svæðið til að ná fram landsigi áður en bygging bakkans gat hafist. Keypt var stálþil og stagefni og bygging hafnarbakka boðin út. Samhliða bakkagerð var unnið að landgerð og fergingu lands sunnan bakkans, en þar hefur Eimskip verið úthlutað 5 hektara viðbótarlandi.

Lokið var lengingu Vogabakka til suðurs, en framkvæmdir við byggingu þessa bakka hófust 1999. Samhliða frágangi bakka var lokið dýpkun viðlegu og landgerð við bakkann. Með lengingu Vogabakka til suðurs hefur verið brugðist við aðstöðuþörfum flutningsaðila og byggður nýr og afkastamikill fjölnota bakki, sem nýtist ýmsum aðilum svo sem í innflutningi byggingarvöru. Mikil nýting er þegar orðin á þessum bakka og hröð uppbygging á aðstöðu notenda við bakkann.

Unnið var við lengingu Vogabakka til norðurs fyrir farmstöð Samskipa í Kleppsvík. Lokið var efnisskiptum og landfyllingum undir væntanlegum hafnarbakka og farg sett á svæðið, en þar voru aðstæður varðandi botnlög svipaðar og við lengingu Kleppsbakka. Keypt var stálþil og stagefni og bygging hafnarbakka boðin út. Samhliða lengingu bakka var unnið að landgerð og fergingu lands á baksvæði bakka, en þar hefur Samskip verið úthlutað 2 hektara viðbótarlandi. Vegna aukinnar djúpristu skipa var hafinn undirbúningur að dýpkun nýrrar innsiglingar að Kleppsvík. Lokið var mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og fyrir liggur úrskurður skipulagsstjóra, þar sem framkvæmdir eru samþykktar. Um stórt dýpkunarverk er að ræða, sem alls er 500.000 m^3 og verður unnið í áföngum á næstu þremur árunum. Allt efni sem upp kemur verður nýtt til landgerðar. Útboð á verkinu fór fram í lok árs 2000.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð bæði í Gömlu höfninni og eins í Sundahöfn.

Framkvæmdakostnaður: 554,7 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Um miðjan ágúst var lokið endurbótum á bryggju í Flatey á Breiðafirði, en samið var um það verk við Skipavík hf. í Stykkishólmi í september á síðasta ári.

Unnið var að endurbótum á ferjubryggjum í Djúpi fyrir farþegabát Sjóferða ehf. sem nú annast ferjusiglingarnar. Í Vigur var smíðað og sett niður flotholt 2,5 m x 7,0 m utan á bryggjuna. Einnig var settur upp landgangur til að auðvelda móttöku ferðamanna. Í Ögri og Vatnsfirði var unnið að lítils háttar viðhaldi.

Í byrjun febrúar var boðin út viðgerð á ferjubryggjunni í Mjóafirði og samið um verkið við Guðlaug Einarsson frá Sauðárkróki. Viðgerðin fólst í að reknir voru niður 32 nýir staurar undir bryggjuna og skipt um tangir og skástífur. Verkinu lauk um mánaðamótin nóvember –desember.

Framkvæmdakostnaður: 19,6 millj. kr.

SJÓVARNARGARÐAR

Akranes: Snemma á árinu lauk Suðurverk hf. samningsverki frá síðasta ári við gerð sjóvarnargarðs við Krókalón. Alls var í þessum áfanga byggður sjóvarnargarður á um 320 m kafla til norðurs frá gatnamótum við Grundartún. Í september var boðin út sjóvörn á Breiðinni, frá olíutönkum að ÞÞÞ og samið við lægstbjóðanda, Ísar ehf. Byggður var nýr sjóvarnargarður og styrkt eldri vörn á alls 292 m kafla frá horninu við Lambhúsasund að olíutönkum. Í sjóvörnina fóru 3.700 m³ af grjóti og kjarna. Efni var tekið úr grjótnámu í landi Kirkjubóls. Verkinu lauk í byrjun nóvember.

Snæfellsbær: Lokið var frágangi og uppgjöri vegna sjóvarna sem unnið var að á síðasta ári við Keflavíkurgötu á Hellissandi og við verslunarmiðstöðina að Ólafsbraut 55 í Ólafsvík.

Dalabyggð: Styrkt var sjóvörn framan við sláturhúsið á um 350 m kafla. Um 1600 m³ af grjóti og kjarna fóru í vörnina. Samið var við Víðimelsbræður ehf. um þetta verk, en þeir unnu að gerð smábátahafnar í Búðardal. Verkið var unnið í apríl–maí.

Vesturbyggð: Unnið að undirbúningi vegna sjóvarnar á Bíldudal milli beitningahúss og saltfisksverkunar. Samið var um verkið við Norðurtak ehf. en framkvæmdir hófust ekki fyrr en eftir áramót.

Ísafjarðarbær: Unnið var í sjóvörn á Suðureyri við Aðalgötu. Verkið var boðið út með verkinu „Grjótvörn við Brjót“ og samið við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. frá Sauðárkróki. Sjóvarnargarðurinn við Aðalgötu var lengdur um 140 m og fóru um 3.500 m³ af grjóti og kjarna í verkið. Grjótið var sótt í námuna á Ísafirði. Í verklok var ákveðið að keyra um 830 m³ af kjarna úr námunni í sjóvarnargarðinn við Sundstræti á Ísafirði en þar höfðu myndast tvö skörð.

Hólmavíkurhreppur: Fylling ehf. lauk við sjóvarnir sem samið var um á síðasta ári við Fiskmarkaðshúsið Hafnarbraut, utan við Rifshaus og við Kópnesbraut. 2.500 m³ af grjóti og kjarna fóru í sjóvörnina. Efnið var tekið úr skriðu ofan við flugvöllinn. Afgangur var af fjármagni sem ætlað var til verksins og var samið við verktakann um að hann skyldi á næsta ári vinna við styrkingu á um 60 m kafla við Kópnesbraut.

Blönduósbær: Undir árslok var veitt heimild til að bjóða út 135 m langa sjóvörn norðan við skólphreinsistöð sem byggð hefur verið norðan við ós Blöndu. Verkið var ekki hafið um áramót.

Dalvíkurbyggð: Unnið var áfram í sjóvörn á Dalvík sunnan við Brimnesá, verk sem samið var um við Jarðverk ehf. á Dalvík á síðasta ári. Sjóvarnargarðurinn var lengdur til suðurs um 80 m. Eftir er nú að verja um 90 m kafla frá Blika að hafnargarði. Samið var við Eyjólf Þ. Jónsson um byggingu sjóvarnargarða við Árskógssand vestan við höfnina og við Brimnes,

en þessi sjóvörn var boðin út um leið og endurbætur á ferjuaðstöðunni. Ekki var byrjað á sjóvörnum við Árskógssand á árinu.

Hrísey: Lokið var uppgjöri við verktaka vegna sjóvarnargarðs sem unninn var á síðasta ári.

Grýtubakkahreppur: Eyjólfur Þ. Jónsson lauk samningsverki frá því í fyrra við 165 m sjóvarnargarð norðan gömlu bryggjunnar. Þar sem tilboð verktakans var hagstætt var samið við hann að vinna áfram á sama verði fyrir þá fjárveitingu sem kom árið 2000. Var sjóvarnargarðurinn norðan gömlu bryggjunnar lengdur 130 m í viðbót og 130 m garður byggður sunnan við gömlu bryggjunnar. Alls voru því kláraðir 425 m af sjóvörn. Heildarmagn af grjóti var um 9000 m^3.

Raufarhafnarhreppur: Unnin var sjóvörn sunnan hafskipabryggju. Verktaki var Iðufell ehf. Lengd sjóvarnar var um 350 m, heildarmagn um 4100 m^3.

Sveitarfélagið Árborg: Bergbrot ehf. vann að sjóvörn við barnaskólann á Eyrarbakka og við Gamla-Hraun, verki sem samið var um í nóvember á síðasta ári. Sjóvarnargarður við barnaskólann var lengdur um 150 m til austurs og við Gamla-Hraun var byggður 240 m langur sjóvarnargarður. Að auki var samið við verktakann um að lagfæra sjóvarnargarð við Hraunsá vestan við Stokkseyri. Sjóvörnin þar var styrkt á um 65 m kafla og bætt í hana um 350 m^3 af grjóti.

Ölfushreppur: Unnið var að undirbúningi sjóvarna á Hafnarnesi og við Malir. Ákveðið var að bjóða allt verkið út á næsta ári þegar nægilegt fjármagn yrði fyrir hendi.

Gerðahreppur: Byggður var um 200 m sjóvarnargarður frá gamla vitanum að byggða- og sjóminjasafninu. Við Lambastaði–Útskála var byggð 150 m sjóvörn. Alls fóru um 5.000 m^3 af grjóti og kjarna í sjóvörnina. Efnið var tekið í Garðsnámu. Verktaki var Ellert Skúlason. Alþingi samþykkti að veita 2,8 millj. kr. til sjóvarna við golfvöllinn í Leiru. Golfklúbburinn hefur undanfarin ár staðið þar í umtalsverðum framkvæmdum. Í ár var lokið við rúmlega 300 m kafla frá æfingarsvæði við Jóelinn að Hólmssundi. Verktaki var SEES ehf.

Bessastaðahreppur: Suðurverk hf. vann áfram að sjóvörnum í Bessastaðahreppi. Unnið var á svæðinu vestur frá Blikastíg í átt að Sjávargötu. Um 6.500 m^3 af grjóti og kjarna var ekið í sjóvörnina og tæplega 2.000 m^3 af grjóti var endurraðað. Á þessu svæði er nú eftir að styrkja um 250 m kafla á móts við Kasthúsatjörn.

Framkvæmdakostnaður: 72,4 millj. kr.

STARFSEMI SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS

Starfsemi Siglingastofnunar skiptist í þrjá höfuðþætti: hafnamál, skipamál og vita- og leiðsögumál. Í þessari skýrslu er fjallað ítarlega um hafnamálin og verkefni Siglingastofnunar á því sviði. Hér á eftir er lítillega drepið á nokkra aðra þætti í starfsemi stofnunarinnar árið 2000.

Á hverju ári gefur Siglingastofnun út skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Útgáfan er samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Um síðustu áramót voru 2.428 skip á aðalskipaskrá Siglingastofnunar. Þilfarsskipin voru 1.067 en opnir bátar 1.361. Þilfarsskipum fjölgaði alls um 53 á milli ára en opnum bátum fækkaði samtals um 37. Í brúttótonnum talið hefur stærð skipaflotans minnkað um tæp 8 þúsund tonn.

Skoðunarsvið Siglingastofnunar er með sjö umdæmisskrifstofur um land allt sem annast eftirlit með skipum. Árið 2000 voru gerðar samtals 9.386 skoðanir, 5.067 aðalskoðanir og 4.319 aukaskoðanir. Aðalskoðun skips skiptist í árlega búnaðar- og vélskoðun, bolskoðun sem gerð er annað hvert ár og öxulskoðun á fjögurra ára fresti. Aðrar skoðanir eru t.d.

skyndiskoðanir, skoðanir á fjarskiptatækjum, brunavarnakerfum, hallaprófanir, rafmagnsskoðanir, skoðanir vegna nýsmíði o.fl.

Ísland fékk fulla aðild að Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit á árinu. Tilgangur hafnarríkiseftirlitsins er að stemma stigu við siglingum skipa sem ekki uppfylla alþjóðakröfur um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti áhafna kaupskipa, atvinnuréttindi þeirra og mengun frá skipum. Reynt er að skoða a.m.k. 25% þeirra erlendu kaupskipa sem koma í höfn aðildarríkjanna árlega. Hér á landi voru 82 skip skoðuð sem er um það bil fjórðungur erlendra kaupskipa sem koma til landsins. Sjö skip voru sett í farbann. Skipin sem skoðuð voru hérlendis komu frá 19 fánaríkjum.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu atvinnuréttindaskírteina, þjónustu við mönnunar- og undanþágunefndir sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Þá er alþjóðasamstarf á sviði siglingamála mikið og tekur Siglingastofnun m.a. þátt í starfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.

Á árinu 2000 ýtti samgönguráðherra úr vör vinnu við gerð langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda. Siglingastofnun var falin framkvæmd verksins og í desember var ráðherra afhent skýrsla um málið.

Til að reka vita- og leiðsögukerfi við Ísland fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald. Samkvæmt vitalögum, nr. 132/1999, greiða allir bátar sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu vitagjald. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins.

Árlega fara starfsmenn Siglingastofnunar í alla vita og baujur til eftirlits með búnaði. Að jafnaði er reynt að sinna viðhaldi á fimmtu hverri vitabyggingu árlega en alls rekur stofnunin 104 ljósvita meðfram strönd landsins. Á árinu 2000 var unnið að meiri háttar viðhaldi í rúmlega 20 vitum.

Bandaríkjamenn hættu að rugla GPS-staðsetningarkerfið á árinu og er nú staðsetningarnákvæmni kerfisins 10 til 20 metrar. Leiðréttingarkerfið DGPS verður engu að síður rekið áfram þar sem það getur gefið aðvaranir ef skekkja verður í GPS-kerfinu eða ef gervihnöttur bilar.

Rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag gekk vel á árinu og var nýtt ölduduflsett út í vestanverðum Húnaflóa.

Fréttabréf Siglingastofnunar, *Til sjávar,* og heimasíða stofnunarinnar, www.sigling.is, mynda kjarnann í upplýsingastarfsemi stofnunarinnar. Fimm tölublöð komu út af *Til sjávar* árið 2000. Fréttabréfinu er dreift til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um það helsta sem er að gerast á vettvangi stofnunarinnar. Á www.sigling.is er einnig að finna allar helstu upplýsingar um starfsemina, lög og reglur, útboð, fréttabréf o.fl., að ógleymdu upplýsingakerfinu um veður og sjólag.

Tölur úr rekstri Siglingastofnunar 2000 (í millj. kr.).

Tekjur	Almennir viðskiptavinir	Af fjárlögum	Tekjur samtals
Ýmsar tekjur, bókhaldsþjónusta, þóknun, vaxtatekjur	22	6	28
Vitar og leiðsögukerfi, rekstur og stofnkostnaður	14	117	131
Rannsóknir	0	49	49
Hafnasvið, framkvæmdir og áætlanir	60	18	78
Skipaverkefni	6	50	56
Skoðunarsvið	42	83	125
Hafnarríkiseftirlit	0	13	13
Tækjaleiga og vörusala	10	0	10
Tekjur samtals	**154**	**336**	**490**

Gjöld	
Launakostnaður	304
Önnur gjöld	166
Stofnkostnaður	25
Gjöld samtals	**495**
Rekstrarhalli	-5
Samtals	**490**

RANNSÓKNIR Í HAFNAMÁLUM

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafnamála fyrir 45,7 millj. kr. Helstu verkefnisflokkar eru eftirfarandi:

Frumrannsóknir. Kostnaður 3,0 millj. kr. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Grunnkort af höfnum. Kostnaður 3,0 millj. kr. Dýptarmælingar voru gerðar utan Þorlákshafnar. Mældir voru inn grunnpunktar við Víkurfjöru, í Búðardal og mæld snið við Hornafjarðarós.

Sjávarföll og sjávarflóð. Kostnaður 1,0 millj. kr. Unnið var að uppsetningu og prófun á sjávarfallalíkani Siglingastofnunar þannig að líkanið geti keyrt sjálfvirkt sem hluti af upplýsingakerfinu um veður og sjólag. Haldið var áfram að kvarða sjávarfallamæla sem settir hafa verið upp í höfnum í samstarfi við Landmælingar Íslands og tengingu þeirra við landshæðarkerfið.

Líkantilraunir og frumáætlanir. Kostnaður 12,3 millj. kr. Lokið var við líkantilraunir af Djúpavogi. Byggt var líkan af Húsavíkurhöfn. Markmið tilraunanna var að kanna legu brimvarnargarðs til að skýla núverandi höfn. Niðurstaða tilraunanna var svonefndur Bökugarður sem er um 300 m langur og nær út á um 12 m dýpi. Með tilkomu garðsins fæst mun meiri kyrrð innan hafnar og betri nýting á núverandi höfn, auk þess verður hægt að byggja viðlegukant innan á garðinum með allt að 10 m dýpi. Ástæða fyrir þessari viðamiklu framkvæmd er sú mikla ókyrrð sem er inni í höfninni, bæði við norður- og suðurgarð. Það

er einungis í smábátahöfninni á Húsavík sem kyrrð uppfyllir þá staðla sem Siglingastofnun vinnur samkvæmt. Frá náttúrunnar hendi er Húsavíkurhöfn erfið.

Öldurannsóknir. Kostnaður 4,0 millj. kr. Unnið var að öldufarsreikningum fyrir iðnaðarhöfnina á Reyðarfirði og fiskihöfnina í Neskaupstað, auk viðbótarreikninga fyrir Húsavíkurhöfn. Unnið var að undirbúningi og uppsetningu á nýju öldusveigjuforriti, SWAN.

Almennar rannsóknir í höfnum. Kostnaður 7,0 millj. kr. Unnar voru ýmsar rannsóknir í höfnum. Unnið var að frumkönnun á úrbótum á innsiglingunni til Rifshafnar. Í lok árs var samþykkt þingsályktunartillaga um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum. Unnið var að tillögum um bætta hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn, bæði tillögur að stórskipahöfn ásamt tillögum að stækkun fiskihafnarinnar.

Reyðarfjörður. Unnið var fyrir 9,8 millj. kr., en stofnunin fékk tímabundið framlag 8,0 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við undirbúningsrannsóknir vegna hafnargerðar við álvershöfn sem hugsanlega verður byggð í Reyðarfirði. Vegna aukinnar skipaumferðar stærri skipa var unnin skýrsla um hættumat á siglingaleið um Reyðarfjörð. Í henni eru settar fram tillögur til að auka öryggi á siglingaleiðinni um fjörðinn og mynni hans. Gerðir voru öldufarsreikningar frá hafi og inn Reyðarfjörð, allt að fyrirhugaðri höfn við Hraun. Gerðar voru rannsóknir á lausum jarðlögum með borunum og sýnatökur. Niðurstöðurnar voru notaðar til að ákveða gerð og legu hafnarkants. Unnið var að frumhönnun hafnarmannvirkja.

Aðrar rannsóknir. Kostnaður 5,5 millj. kr.

Unnið var áfram að áhættumati á siglingum stórra skipa við Suðvesturland. Nefnd sem samgönguráðherra skipaði um takmörkun siglinga skipa við suðvesturströnd Íslands skilaði niðurstöðu á árinu. Í nefndarálitinu er gert ráð fyrir að fram fari rannsóknir á öldufari og straumum og áhrifum þess á siglingaöryggi mismunandi tegunda skipa á siglingaleiðum við Suðvesturland. Stefnt er að því að vinna skýrslu um siglingaöryggi mismunandi skipa og samanburður gerður á siglingaleiðum. Þessi skýrsla verður unnin í samvinnu við þá aðila sem starfað hafa með Siglingastofnun að þróun upplýsingakerfis um hættulegar öldur og stöðugleika minni fiskiskipa.

Í júní var haldin á vegum Siglingastofnunar ráðstefna alþjóðlegs sérfræðingahóps um öldurannsóknir. Þátttakendur vinna við ýmis ölduspálíkön, þróun líkana og notkun þeirra. Þátttakendur voru 60 frá 17 löndum.

Lokið var við útgáfu heimildarrits um rannsóknir á siglingaleið um Hornafjarðarós.

Á árinu var skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra gefin út. Siglingastofnun vann einkum að köflunum um hækkun sjávarborðs og ágang sjávar annars vegar og um áhrif veðurfarsbreytinga á hönnun mannvirkja.

Hönnun bermugarða var kynnt með rannsóknargreinum í samvinnu við jarðfræðistofuna Stapa. Á alþjóðlegu haf- og strandverkfræðiráðstefnunni ICCE'2000 í Ástralíu var birt greinin „Design Considerations of Berm Breakwaters" og á norrænu jarðtækniráðstefnunni NGM-2000 var fluttur lykilfyrirlestur fyrir Íslands hönd „Quarry Yield Prediction as a Tool in Breakwater Design". Þá var stofnuninni boðið að halda námskeið um bermugarða á alþjóðlegri haf- og strandverkfræðiráðstefnu í Ástralíu. Tekið var þátt í störfum alþjóðlegrar nefndar á vegum PIANC um gerð bermugarða.

Birt var grein um upplýsingakerfi um veður og sjólag í Árbók VFÍ/TFÍ 1999/2000. Í samvinnu við starfsmenn norsku sjóslysanefndarinnar fyrir fiskiskip og háskólans í Þrándheimi var birt grein á ráðstefnunni World Fish Tech í Noregi, „The Relation Between Environment, Stability and Operation for Fishing Vessels".

Unnið var að uppbyggingu og innsetningu gagna í gagnagrunn upplýsingakerfis um veður og sjólag. Þá var unnið að úrvinnslu mælinga á hreyfistöðugleika fiskiskips og niðurstöður bornar saman við mælingar á hreyfistöðugleika líkans með sömu öldur í líkani og náttúru.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Aðalhafnargarður: Styrking	75%	0,1	0,1	0,1
Snæfellsbær	Arnarstapi: Viðhaldsdýpkun	75%	0,9		
	Arnarstapi: Lenging grjótgarðs	75%	0,1		
	Arnarstapi: Lenging viðlegu	60%	6,8		
	Rif: Viðhaldsdýpkun í innsiglingu og höfn	75%	0,6		
	Rif: Skjólgarður	75%	0,5		
	Ólafsvík: Björgunarstigar og vatnslagnir	60%	0,1	9,0	5,7
Grundarfjörður	Flotbryggja	60%	5,9		
	Lenging Stórubryggju	60%	5,4	11,3	6,8
Stykkishólmur	Stykkisbryggja: Styrking landgangs, lýsing	60%	9,2	9,2	5,5
Dalabyggð	Smábátaaðstaða: Flotbryggja	60%	3,5		
	Smábátaaðstaða: Grjótgarður, dýpkun	75%	18,1	21,6	15,7
Ísafjörður	Ísafjörður: Ferjuaðstaða	60%	1,5		
	Flateyri: Stálþil	60%	6,2		
	Suðureyri: Grjótvörn við Brjót	75%	6,8	14,5	9,7
Súðavík	Leiðrétting vegna eldri framkvæmda	75%	0,3	0,3	0,2
Hólmavík	Upptökubraut	60%	1,2	1,2	0,7
Blönduós	Dýpkun hafnar	75%	3,9		
	Hækkun kants	60%	1,2	5,1	3,6
Skagaströnd	Skúffugarður: Steyptur kantur, þekja og lýsing	60%	8,9	8,9	5,3
Skagafjörður	Sauðárkrókur: Stálþil	60%	0,1	0,1	0,1
Siglufjörður	Óskarsbryggja, lenging	60%	0,2		
	Dýpkun	75%	0,9	1,1	0,8
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Dalvík: Norðurgarður. stálþil	60%	18,1		
	Ólafsfjörður: Norðurgarður, styrking	75%	28,7		
	Árskógssandur: Skjólgarður, Hríseyjarferja	75%	28,8	75,6	54,0
Grímsey	Styrking aðalhafnargarðs	75%	8,9	8,9	6,7
Hafnasamlag Norðurlands	Akureyri: Fiskihöfn, Vesturbakki, stálþil	60%	52,6		
	Akureyri: Lóðsbátabryggja	60%	4,4		
	Grenivík: Smábátaaðstaða, skjólgarður	75%	8,0		
	Grenivík: Flotbryggja	60%	4,5		
	Grenivík: Uppgjör skv. 23. gr. hafnalaga	100%	8,0	77,5	50,9
Húsavíkurhöfn	Brimvarnargarður, umhverfismat	75%	11,1	11,1	8,3
Kópasker	Viðlegubryggja smábáta	60%	0,1	0,1	0,1
Raufarhöfn	Upplýsingakerfi	75%	0,1		
	Löndunarbryggja, stálþil	60%	1,1	1,2	0,7
Þórshöfn	Suðurgarður	90%	0,9		
	Hafskipabryggja, stálþil	60%	4,6		
	Hafskipabryggja – Bátabryggja, raflagnir	60%	6,0		
	Norðurgarður, lenging	75%	1,5	13,0	8,3
Vopnafjörður	Stálþil	60%	66,0	66,0	39,6

Höfn	Verkefni	Styrk-hlutfall	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Seyðisfjörður	Smábátahöfn	60%	0,1		
	Fjarðarhöfn: Dýpkun	75%	3,9		
	Dráttarbraut	60%	1,5	5,5	3,9
Fjarðabyggð	Eskifjörður: Bræðslubryggja	60%	7,9		
	Eskifjörður: Stálþilsbryggja	60%	49,8		
	Eskifjörður: Dýpkun	75%	3,0	60,7	36,9
Stöðvarfjörður	Slitlag á tengibraut	60%	0,2	0,2	0,1
Djúpivogur	Gleðivík: Dýpkun	75%	7,1		
	Gleðivík: Stálþil	60%	27,0	34,1	21,5
Hornafjörður	Dýpkun hafnar	75%	7,3		
	Þinganesgarður	75%	4,3	11,6	8,7
Vestmannaeyjar	Friðarhafnarkantur, endurbyggt stálþil, lagnir, þekja	60%	24,7		
	Nýtt stálþil austan Friðarhafnarkants, lýsing, lagnir	60%	1,1		
	Nausthamarsbryggja, endurbygging	60%	104,4		
	Upplýsingakerfi	75%	0,3		
	Dýpkun innsiglingar	75%	21,8		
	Hringaskersgarður, flotbryggja	60%	3,8		
	Hringaskersgarður, dýpkun við flotbryggju	75%	7,9		
	Smábátaaðstaða innan Nausthamars, landstöplar o.fl.	60%	2,5		
	Smábátaaðstaða innan Nausthamars, dýpkun	75%	1,8	168,3	105,8
Þorlákshöfn	Dýpkun hafnarsvæðis	75%	0,2	0,2	0,2
Grindavík	Innsiglingarmerki	75%	15,7		
	Skjólgarðar vestan innsiglingar, undirbúningur	75%	1,8	17,5	13,1
Sandgerði	Flotbryggja	60%	3,0	3,0	1,8
Hafnasamlag Suðurnesja	Garður: Endurbætt lýsing	60%	3,4		
	Uppgjör vegna ljósahúss og lagna á aðalhafnargarði	60%	11,5	14,9	8,9
Af óskiptu fé	Kópasker, dýpkun	75%	0,4		
	Leiðrétt vegna framkvæmda fyrri ára	90%	0,5	0,9	0,8
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		**652,7**	**652,7**	**424,4**
		60%	448,5		
		75%	194,8		
		90%	1,4		
		100%	8,0		
	Samtals		**652,7**	**652,7**	**424,4**

II. Ferjubryggjur

Flatey á Breiðafirði	100%	3,9	3,9
Vigur	100%	3,4	3,4
Ögur	100%	0,6	0,6
Vatnsfjörður	100%	0,1	0,1
Reykjanes	100%	0,1	0,1
Arngerðareyri	100%	0,1	0,1
Æðey	100%	0,1	0,1
Mjóifjörður	100%	11,3	11,3
Samtals ferjubryggjur		**19,6**	**19,6**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sveitarfélag	Famkvæmda-kostnaður	Hluti ríkisins
Akranes	10,0	8,8
Snæfellsbær	1,7	1,5
Dalabyggð	0,3	0,3
Vesturbyggð	0,4	0,4
Ísafjarðarbær	8,1	7,1
Hólmavíkurhreppur	2,8	2,5
Blönduós	0,4	0,4
Dalvík	3,3	2,9
Grenivík	15,3	13,3
Hrísey	1,4	1,2
Raufarhöfn	5,2	4,6
Eyrarbakki	0,4	0,4
Árborg	3,2	2,8
Ölfushreppur	2,1	1,8
Garður	8,2	7,2
Vogar	0,3	0,3
Bessastaðahreppur	9,3	8,1
Samtals	**72,4**	**63,4**

Tafla III. Rannsóknarverkefni 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar rannsóknir, óskipt			4,7
Ýmsar hafnarrannsóknir			3,4
Umhverfisrannsóknir			7,1
Skiparannsóknir			0,2
Líkantilraunir:			
	Húsavík	9,8	
	Djúpivogur	0,5	
	Hreyfistöðugleiki skipa	0,3	
	Sameiginlegur kostnaður	1,9	12,5
Rannsóknarverkefni í höfnum:			
	Reyðarfjörður	9,8	
	Höfn í Hornafirði	1,6	
	Snæfellsbær	1,2	
	Þorlákshöfn	1	
	Neskaupstaður	1	
	Húsavík	0,4	
	Djúpivogur	0,2	
	Lagarfljót	0,2	
	Árskógssandur	0,2	
	Vestmannaeyjar	0,1	
	Grindavík	0,1	
	Raufarhöfn	0,1	
	Akureyri	0,2	
	Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,1	
	Rannsóknir í höfnum óskipt	1,7	17,8
		Samtals :	**45,7**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1999		Ríkishluti framkvæmda 2000	Fjárveiting 2000	Staða ríkissjóðs í árslok 2000	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes	6,7		0,1	6,7	0,1	
Borgarnes		0,1				0,1
Snæfellsbær		5,5	5,7	3,1		2,9
Grundarfjörður		20,5	6,8			13,7
Stykkishólmur	4,4		5,5		9,9	
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Búðardalur		12,5	15,7	4,1		0,9
Vesturbyggð	3,2			3,6		0,4
Tálknafjörður		2,3				2,3
Bolungarvík		5,9				5,9
Ísafjarðarbær		28,0	9,7	11,0		29,3
Súðavík	7,5		0,2	8,3		0,6
Drangsnes	0,3				0,3	
Hólmavík		7,5	0,7			6,8
Húnaþing vestra		4,7		8,4		13,1
Blönduós			3,6	5,2		1,6
Skagaströnd	0,1		5,3	4,4	1,0	
Skagafjörður		2,3	0,1			2,2
Siglufjörður		4,6	0,8			3,8
Hafnasamlag Eyjafjarðar	23,7		54,0	70,8	6,9	
Grímsey	1,4		6,7	6,4	1,7	
Hafnasamlag Norðurlands	13,6		42,9	72,8		8,3
Sérstök fjárv. til HN skv. 23. gr. laga nr. 6/1996			8,0			
Húsavík	32,4		8,3		40,7	
Tjörnes						
Kópasker		1,3	0,1			1,2
Raufarhöfn	5,5		0,7	11,2		5,0
Þórshöfn		3,0	8,3	14,0		8,7
Bakkafjörður						
Vopnafjörður	0,3		39,6	43,4		3,5
Borgarfjörður-eystri						
Seyðisfjörður		1,8	3,9	5,6		3,5
Fjarðabyggð	4,0		36,9	31,1	9,8	
Fáskrúðsfjörður	0,7				0,7	
Stöðvarfjörður			0,1	2,5		2,4
Breiðdalsvík		5,3				5,3
Djúpivogur	2,6		21,5	57,5		33,4
Höfn í Hornafirði		34,3	8,7	8,1		33,7
Vestmannaeyjar	4,6		105,8	76,1	34,3	
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	9,8		0,2	8,5	1,5	
Grindavík	427,9		13,1	143,0	298,0	
Sandgerði	52,7		1,8	32,8	21,7	
Hafnasamlag Suðurnesja	42,7		8,9	35,5	16,1	
Hafnarfjörður	9,0				9,0	
Garðabær						
Óskipt		10,4	0,8	0,6		10,2
Samtals	**653,1**	**151,1**	**424,4**	**674,7**	**451,7**	**199,9**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar hafnir			674,7
Lendingarbætur:			
	Búðir á Snæfellsnesi	0,3	
	Hesteyri	0,4	
	Broddanes	0,2	
	Kleifar í Ólafsfirði	0,5	
	Lagarfljótsbrú	0,8	
	Breiðdalsvík	0,3	2,5
Ferjubryggjur:			
	Ferjubryggjur		5,5
		Samtals fjárveitingar:	**682,7**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):

Akranes	6,6
Dalabyggð	1,3
Reykhólahreppur	0,5
Vesturbyggð	6,9
Ísafjarðarbær	6,5
Hólmavíkurhreppur	3,6
Blönduós	0,1
Höfðahreppur	0,2
Dalvíkurbyggð	9,1
Hríseyjarhreppur	3,2
Arnarneshreppur	0,1
Grýtubakkahreppur	5,4
Raufarhafnarhreppur	4,6
Vopnafjarðarhreppur	0,4
Ölfushreppur	9,4
Gerðahreppur	8
Reykjanesbær	0,2
Bessastaðahreppur	7,5
Óskipt	0,2
	73,8

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2000 (fjárhæðir í millj. kr.).

Styrkir:

a) Styrkir til nýframkvæmda:

Blönduóshöfn	1,0	
Búðardalur	3,4	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	4,0	
Sandgerðishöfn	3,2	
Skagastrandarhöfn	1,1	
Súðavíkurhöfn	1,7	
Vopnafjörður	8,0	22,4

b) Tjónastyrkir:

Hafnasamlag Suðurnesja	3,5	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	13,0	
Hafnasjóður Snæfellsbæjar	0,5	
Grundarfjarðarhöfn	0,4	
Þórshöfn	9,1	26,5
Styrkir alls:		48,9

Lán:

a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:

Vopnafjarðarhöfn	8,0	

b) Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu:

Tálknafjarðarhöfn	0,6	
Lán alls		8,6
Samtals lán og styrkir:		**57,5**

1110. Fyrirspurn [691. mál]

til menntamálaráðherra um nám í málm- og véltæknigreinum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver er stefna ráðherra varðandi nám í málm- og véltæknigreinum?
2. Hvert var markmiðið með flutningi námsins frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti til Borgarholtsskóla og hvernig hefur það reynst?
3. Hvar er fyrirhugað að kjarnaskóli verði fyrir greinina?
4. Hvernig er samstarfi við fræðsluráð málmiðnaðarins háttað?

1111. Fyrirspurn [692. mál]

til menntamálaráðherra um niðurfellingu aðflutningsgjalda af hljóðmagnarasettum til kennslu.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Áformar ráðherra að beita sér fyrir lagabreytingum sem heimila að aðflutningsgjöld verði felld niður af rafmagnshljóðmagnarasettum til kennslu í skólum, en slíkt magnarakerfi dregur mjög úr álagi á rödd kennara, nemendur heyra betur og það kemur heyrnarskertum börnum sérstaklega til góða?

1112. Fyrirspurn [693. mál]

til menntamálaráðherra um jöfnun námskostnaðar.

Frá Kristjáni L. Möller.

Hefur ráðherra áform um að taka reglugerð um jöfnun námskostnaðar til endurskoðunar fyrir upphaf næsta skólaárs?

1113. Fyrirspurn [694. mál]

til forsætisráðherra um ferðaþjónustu og stóriðju.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver er hlutdeild og hlutur ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í landsframleiðslu? Með ferðaþjónustu er átt við alla þjónustu sem snýr að erlendum og innlendum ferðamönnum í víðasta skilningi, t.d. flug, akstur og siglingu, gistingu, veitingar, verslun og skemmtanir. Með stóriðju er átt við allt sem þarf til framleiðslu áls og járnblendis, t.d. virkjanir, spennistöðvar, raflínur, verksmiðjur og flutninga.
2. Hverjar eru útflutningstekjur af ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
3. Hver er afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar í milljörðum króna og sem hlutfall af fjárfestingu?
4. Hvað eru mörg ársverk í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
5. Hver eru mánaðarlaun starfsmanna í ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar að meðaltali?
6. Hversu miklar árstíðasveiflur eru í rekstri ferðaþjónustu annars vegar og stóriðju hins vegar?
7. Hvaða mengun og umhverfisröskun valda ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar beint og óbeint? Spurt er um efnamengun (útblástur verksmiðja, bíla og flugvéla. skólp og sorp), umhverfisröskun (vegagerð, uppistöðulón, mannvirki, átroðslu), sjónmengun (verksmiðjur, hótel, bifreiðar, mannfjöldi) og hávaðamengun (flugvélar, bílar).

8. Hvaða opinberu styrkja nýtur ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar? Átt er við beina og óbeina styrki ríkis og sveitarfélaga, t.d. bein framlög, stofnstyrki, niðurgreiðslur á aðföngum, niðurgreiðslu vaxta, ábyrgðir og skattalækkanir. Enn fremur sértækar framkvæmdir í vegagerð, hafnargerð og flugi.
9. Bera ferðaþjónusta annars vegar og stóriðja hins vegar sérstaka skatta og aðrar opinberar álögur? Ef svo er, hverjar og hve miklar?
10. Er talið að stóriðja hafi áhrif á ferðaþjónustu og öfugt?

Skriflegt svar óskast.

1114. Fyrirspurn [695. mál]

til heilbrigðisráðherra um heyrn skólabarna.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hve stór hluti barna á grunnskólaaldri er með það alvarlega heyrnardeyfu að ætla má að þeim nýtist ekki til fulls almenn kennsla?

1115. Tillaga til þingsályktunar [696. mál]

um breiðbandsvæðingu landsins.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að ljúka skuli uppbyggingu fjarskipta- og gagnaflutninganets landsins á næstu þremur árum þannig að fyrirtæki, stofnanir og heimili hvar sem er í landinu hafi aðgang að bestu fáanlegu fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum með breiðbandinu eða annarri jafngildri tækni. Landssímanum verði, einum sér eða eftir atvikum í samstarfi við aðra, falið að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og endurbætur á grunnfjarskiptanetinu til að fyrrgreint markmið náist fram. Landssíminn verði undanþeginn arðgreiðslum til eigenda meðan á átakinu stendur.

Greinargerð.

Nú þegar ljóst er að ekki verður af sölu Landssímans í bráð er brýnt að snúa sér að því að skapa sátt um fyrirtækið og efla það á ný. Mestu máli skiptir að Landssíminn verði í stakk búinn til að sinna því hlutverki sínu vel að tryggja öllum landsmönnum aðgang að fyrsta flokks fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikum. Gera þarf átak til að tryggja að Ísland verði í fremstu röð á sviði fjarskipta og gagnaflutninga og landsmenn allir sitji við sama borð í þeim efnum.

Hið opinbera verður að tryggja að fullnægjandi tækni og fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikar séu fyrir hendi og standi öllum til boða án tillits til búsetu. Þetta er niðurstaða vinnuhóps á vegum Norðurlandaráðs sem fjallaði ítarlega um upplýsingasamfélagið, stöðu Norðurlanda í því sambandi og skyldur stjórnvalda. Í sömu skýrslu kom einnig fram að ekki sé líklegt að gervihnattasambönd eða önnur tækni leysi ljósleiðara eða breiðband af hólmi á allra næstu árum hvað varðar almenn fjarskipti og gagnaflutninga í miklu magni.

Á síðasta þingi lagði fyrsti flutningsmaður tillögunnar fram fyrirspurn um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins og er svar við henni fylgiskjal með tillögunni. Svarið, sem reyndar dróst í marga mánuði, veitir takmarkaðar upplýsingar í þessum efnum, en ljóst er þó að gera þarf nokkurt átak ef markmið tillögunnar eiga að nást. Sem stendur er unnið samkvæmt þeirri áætlun stjórnvalda að koma ISDN-tengingu á alla þéttbýlisstaði/heimili, en segja má að það markmið sé þegar að nokkru leyti úrelt eða ekki nógu metnaðarfullt.

Ljóst er að aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir væru í senn róttæk byggðaaðgerð og framsækin stefna sem miðaði að því að gera menn betur í stakk búna til að nýta sér alla möguleika í upplýsingasamfélaginu og möguleika til fjarvinnslu og hvers kyns gagnaflutninga. Í reynd er algjört úrslitaatriði að landsmönnum verði tryggt jafnræði í þessum efnum. Ef svo verður ekki eru þau svæði, sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að möguleikum upplýsingasamfélagsins, dæmd til að dragast aftur úr. Tryggja þarf ekki aðeins tæknilega möguleika og gæði, heldur líka að verð sé hið sama án tillits til þess hvar menn eru á landinu. Síðast en ekki síst þarf að sjálfsögðu að kappkosta að gera öllum kleift að nýta sér möguleika tækninnar og hafa hana á valdi sínu.

Fjárfestingin mun skila sér margfalt og þeim fjármunum, sem þjóðin hefur safnað og byggt upp í Landssímanum, er vel varið í arðsamar og framsæknar fjárfestingar af þessu tagi. Nota á styrk fyrirtækisins, sem aftur er nær alfarið í opinberri eigu, til þess að ljúka þessu brýna verkefni eins fljótt og unnt er. Þetta átak er að mati flutningsmanna ólíkt viturlegri ráðstöfun en mislukkuð einkavæðingaráform sem leggja ber á hilluna. Grunnnetið þannig uppbyggt verður síðan til staðar og aðgangur að því tryggður samkvæmt fjarskiptalögum hvað sem framtíðin ber í skauti sér að öðru leyti varðandi samkeppni á þessum markaði, rekstrarform fyrirtækja og eignarhald. Flutningsmönnum er að sjálfsögðu ljóst að fjárfestingum í fjarskipta- og gagnaflutningakerfum verður ekki lokið með svona átaki í eitt skipti fyrir öll, en hér væri um mjög mikilsverðan áfanga að ræða sem mundi í framhaldinu auðvelda að halda landinu í fremstu röð á þessu sviði.

Með tillögunni var fylgiskjal: Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað við ljósleiðaravæðingu landsins. Sjá þskj. 1131 (245. mál 126. löggjafarþings) bls. 4836–4838 í A-deild Alþt. 2000–2001.

1116. Fyrirspurn [697. mál]

til menntamálaráðherra um málefni Þjóðminjasafnsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður vinnu við endurbætur á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu og hvenær er gert ráð fyrir að safnið verði opnað að nýju?

1117. Fyrirspurn [698. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hver var kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins á árabilinu 1997–2002, sundurliðað eftir helstu verkþáttum og árum?

Skriflegt svar óskast.

1118. Fyrirspurn [699. mál]

til iðnaðarráðherra um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við undirbúning álvers í Reyðarfirði.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver er heildarkostnaður ríkissjóðs við undirbúning álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum, og af hvaða fjárlagaliðum hafa þeir fjármunir komið?
2. Hver hefur þátttaka Norsk Hydro/Hydro Aluminium verið í þessum kostnaði?
3. Hvert hefur verið hlutverk STAR, samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði, í þessum undirbúningi og hverjar voru árlegar heildargreiðslur til nefndarinnar á tímabilinu 1997–2002?
4. Hvaða hlutverki hefur eignarhaldsfélagið Hraun ehf. gegnt við undirbúning álvers í Reyðarfirði og er það enn starfandi? Hvaða geiðslur hafa runnið til félagsins úr ríkissjóði vegna undirbúnings álvers í Reyðarfirði, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1119. Fyrirspurn [700. mál]

til iðnaðarráðherra um þátttöku Landsvirkjunar í menningartengdu starfi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu miklum fjármunum hefur Landsvirkjun varið til menningarstarfsemi og menningartengdra verkefna, í eigin nafni og í samvinnu við aðra, á árabilinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?
2. Hvaða opinber og hálfopinber fyrirtæki og stofnanir hefur Landsvirkjun styrkt fjárhagslega á árabilinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?

Skriflegt svar óskast.

1120. Fyrirspurn [701. mál]

til iðnaðarráðherra um starfsemi Fjárfestingarstofu – orkusviðs.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hver eru helstu verkefni Fjárfestingarstofu – orkusviðs? Að hve miklu leyti tók stofan við hlutverki markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar þegar sú skrifstofa var lögð niður og hvaða ný verkefni komu til sögunnar?
2. Hvernig er háttað fjárhagslegum rekstri Fjárfestingarstofu – orkusviðs?
3. Hver hefur hlutur ríkissjóðs verið í rekstri hennar frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?
4. Hver hefur heildarkostnaður af rekstri stofunnar verið frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

1121. Fyrirspurn [702. mál]

til fjármálaráðherra um þátttöku opinberra stofnana í velvildarstarfi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvaða reglur gilda um fjárhagslega þátttöku opinberra og hálfopinberra fyrirtækja og stofnana í velvildarstarfi hvers konar, t.d.:

a. fjárstuðning við góðgerðarstarfsemi og menningar- og listastarf,
b. sameiginlega fjármögnun opinberra aðila á menningarverkefnum,

c. beina fjárhagslega þátttöku í starfi annarra opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja?

Skriflegt svar óskast.

1122. Fyrirspurn [703. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um bifreiðakaupastyrki.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Eru áform uppi um að endurskoða reglur um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra?

1123. Frumvarp til laga [704. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laganna skal greiða 8,95 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni frá gildistöku laganna til loka júní 2002.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til tollafgreiddra en óseldra bensínbirgða sem til eru í landinu við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun á almennu vörugjaldi af bensíni um 1,55 kr. eða úr 10,50 kr. í 8,95 kr. Markmiðið með lækkuninni er að vega upp á móti hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns, sem talin er vera tímabundin, og halda áhrifum hennar á útsöluverð bensíns hér á landi í lágmarki. Ljóst er að áhrif slíkrar hækkunar á bensínverði hér á landi geta verið umtalsverð og stofnað verðlagsmarkmiðum kjarasamninga í hættu.

Áætlað er að lækkunin muni hafa í för með sér rúmlega 1,90 kr. lækkun á útsöluverði bensíns. Ákvæði frumvarpsins munu gilda til júníloka 2002 og munu leiða af sér um 80 m.kr. tekjutap fyrir ríkissjóð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frumvarp þetta miðar að því að draga úr áhrifum af hækkun heimsmarkaðsverðs á bensíni hér á landi með því að lækka almennt vörugjald af bensíni um 1,55 kr. fram til júníloka nk. Áætlað er að ríkissjóður verði af 80 m.kr. tekjum verði frumvarpið að lögum en ekki er gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Markaðar tekjur til vegamála af sérstöku bensíngjaldi verða óbreyttar eftir sem áður.

1124. Nefndarálit [704. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson og Pál Jóhannesson frá fjármálaráðuneyti, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Eddu Rós Karlsdóttur frá Búnaðarbanka Íslands, Reyni Guðlaugsson frá Skeljungi og Magnús Ásgeirsson frá Olíufélaginu.

Frumvarpinu er ætlað að lækka almennt vörugjald af bensíni tímabundið til loka júní 2002 til að vega upp á móti hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns og stuðla þannig að því að verðlagsmarkmið kjarasamninga haldi. Nefndin bendir jafnframt á að ríkisstjórnin hefur fallið frá gjaldtöku á árinu 2002 vegna hækkunar áfengisgjalds sem gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga, fyrirhugaðri hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins og fyrirhugaðri hækkun á komugjöldum sjúklinga, en þessar ráðstafanir hafa það í för með sér að ríkissjóður verður af alls u.þ.b. 750 millj. kr. miðað við fjárlög. Þær 80 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður verði af vegna þeirrar ráðstöfunar sem lögð er til í frumvarpinu koma til viðbótar við þær aðgerðir sem hér hafa verið taldar upp.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álit þetta með fyrirvara. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breyt-

ingartillögur við málið sem fela í sér að lækkun vörugjalds af bensíni gildi til 1. nóvember nk.

Alþingi, 3. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

1125. Breytingartillaga [704. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Við 1. gr. Í stað „til loka júní 2002“ í 1. efnismgr. komi: til 1. nóvember 2002.

1126. Svar [552. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

1. *Hvaða ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög frá ríkisstjórnarskiptum 1991?*

Svar þetta er byggt á upplýsingum sem einstök ráðuneyti hafa látið í té um breytingu á rekstrarformi fyrirtækja sem undir þau heyra eða hafa heyrt á því tímabili sem fyrirspurnin tekur til. Auk þeirra fyrirtækja sem nefnd eru í svari þessu hefur verið unnið að einkavæðingu fyrirtækja sem breytt hafði verið í hlutafélög fyrir umrætt tímabil eða voru stofnuð sem slík.

Utanríkisráðuneyti.

Árið 2000 voru fyrirtækin Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sameinuð og breytt í hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Ríkismati sjávarafurða var breytt í hlutafélagið Rýni hf. í desember 1992, sbr. lög nr. 91/1992.

Síldarverksmiðjum ríkisins var breytt í hlutafélagið SR-mjöl hf. 1. ágúst 1993, sbr. lög nr. 20/1993.

Samkvæmt lögum nr. 43/1998 var síldarútvegsnefnd lögð niður og stofnað hlutafélagið Íslandssíld hf. 70% af eignum nefndarinnar runnu til félagsins. Afgangur eignanna rann til

tveggja sjóða – annars vegar til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og hins vegar til vöruþróunar og markaðsöflunar fyrir síldarafurðir.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Í ársbyrjun 2001 var apótek Landspítala – háskólasjúkrahúss sameinað Sjúkrahússapótekinu ehf. sem Sjúkrahús Reykjavíkur hafði áður rekið.

Fjármálaráðuneyti.

Hlutafélag um rekstur Lyfjaverslunar Íslands hf. var stofnað með lögum nr. 75/1994.

Hlutafélag um rekstur Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr hf.) var stofnað í september 1995 og tók til starfa 1. janúar 1996.

Samgönguráðuneyti.

Hlutafélag var stofnað um rekstur Póst- og símamálastofnunar og tók það til starfa í ársbyrjun 1997. Var það í fyrstu rekið undir heitinu Póstur og sími hf. en var síðar skipt í Landssíma Íslands hf. og Íslandspóst hf.

Iðnaðarráðuneyti.

Frá 1991 hefur rekstrarformi Sementsverksmiðju ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja verið breytt í hlutafélag. Ríkið átti Sementsverksmiðjuna að fullu, en hlut í hinum félögunum.

Viðskiptaráðuneyti.

Frá 1991 hefur rekstrarformi Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum verið breytt í hlutafélag en ríkið átti þessi fyrirtæki að fullu. Þá voru Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. annars vegar og hins vegar Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

2. *Hver þeirra hafa verið seld að hluta eða öllu leyti frá því að breytingin átti sér stað?*

Rýni hf., SR-mjöl hf., Lyfjaverslun Íslands hf., Skýrr hf., Landssími Íslands hf., Landsbanki Íslands hf., Búnaðarbanki Íslands hf., Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.

3. *Hver þeirra er fyrirhugað að selja á næstunni?*

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verður haldið áfram að einkavæða fyrirtæki í eigu ríkisins, einkum þau sem keppa við fyrirtæki í einkaeigu. Á það sérstaklega við um Landssíma Íslands hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

4. *Hver hefur verið beinn kostnaður af breytingu á rekstrarformi ríkisfyrirtækja á ári hverju reiknað á núvirði (svo sem söluþóknun, greiðsla til ráðgjafarfyrirtækja, kynning innan lands og utan, auglýsingar og ferðakostnaður)? Svarið óskast sundurliðað eftir fyrirtækjum og helstu útgjaldatilefnum.*

Kostnaður við að breyta rekstrarformi ríkisstofnana er mismikill. Í sumum tilvikum er um viðamikla undirbúningsvinnu að ræða en í öðrum er kostnaður óverulegur. Kostnaður sem fallið hefur á fyrirtækin sjálf er ekki talinn með.

Utanríkisráðuneyti.

Samkvæmt bókum utanríkisráðuneytisins nam kostnaður sem féll á ríkissjóð vegna sameiningar Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og breytingar þeirra í hlutafélag 153 þús. kr. og féll til vegna ráðgjafar við gerð lagafrumvarps um stofnun hlutafélagsins.

Sjávarútvegsráðuneyti.

Þar sem langur tími er liðinn síðan Ríkismati sjávarafurða var breytt í hlutafélagið Rýni hf. árið 1992 hefur reynst ómögulegt að finna um hvaða beina kostnað var að ræða. Samkvæmt tegundarmerkingu í BÁR-kerfinu virðist þó sem þessi kostnaður sé óverulegur. Á þetta einnig við um Síldarverksmiðjur ríkisins sem var breytt í SR-mjöl árið 1993.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Ekki um beinan kostnað að ræða.

Fjármálaráðuneyti.

Upplýsingar um kostnað af breytingu á rekstrarformi Lyfjaverslunar ríkisins liggja ekki fyrir. Hins vegar er ljóst að beinn útlagður kostnaður var óverulegur þar sem undirbúningur var unninn af starfsmönnum ráðuneytisins og stofnunarinnar. Kostnaður við breytingu á rekstrarformi Skýrr var óverulegur.

Samgönguráðuneyti.

Samkvæmt bókhaldi var útlagður kostnaður við formbreytingu Póst- og símamálastofnunar án virðisaukaskatts 13.036 þús. kr. Núvirði þess kostnaðar er 16.196 þús. kr.

Iðnaðarráðuneyti.

Beinn kostnaður vegna hlutafélagavæðingar Sementsverksmiðjunnar, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Orkubús Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja var óverulegur.

Viðskiptaráðuneyti.

Kostnaður við breytingu ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóðanna í hlutafélögin Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins nam samtals tæpum 64 millj. kr. á árunum 1997–1998 samkvæmt svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á 123. löggjafarþingi, 215. mál. Kostnaður við hlutafélagavæðingu Landsbankans var 10,7 millj. kr. Kostnaðurinn samanstendur af kostnaði vegna hlutafjárskrár og starfsleyfis, sérfræðiþjónustu, kynningarfundum fyrir erlenda banka og þóknun til nefndarmanna og bankaráðsmanna. Kostnaður við hlutafélagavæðingu Búnaðarbankans var 17,9 millj. kr. Kostnaðurinn samanstendur af kostnaði vegna kynningarmála, auglýsinga og óhjákvæmilegra breytinga á ýmsum skjölum, tékkheftum o.fl. Kostnaðurinn við stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og breytingu á gömlu sjóðunum í hlutafélag nam 35,1 millj. kr. Kostnaður skiptist í skráningargjöld í fyrirtækjaskrá, kostnað vegna lögfræðiráðgjafar við gerð samþykkta félagsins og að stærstum hluta í stimpilgjöld af hlutabréfum í bankanum.

5. *Eru enn einhver ríkisfyrirtæki sem ríkisstjórnin hyggst breyta í hlutafélög og selja síðan?*

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir heimild til sölu í því frumvarpi. Einnig er rétt að nefna ákvæði

í sameignarsamningi ríkisstjórnarinnar, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun, dags. 28. október 1996. Þar segir: „Eignaraðilar eru sammála um að fyrir 1. janúar 2004 skuli fara fram endurskoðun á sameignarsamningi þessum, þ.m.t. á því hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun."

Þá er stöðugt til skoðunar hvort rétt sé að nýta hlutafélagaformið við rekstur fyrirtækja eða einstakra hluta stofnana ríkisins.

1127. Svar [628. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur um ráðstöfunarfé ráðherra og ráðstöfun óskipts fjár á safnliðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjir stóðu fyrir verkefnum og nutu styrkja síðastliðin tvö ár af ráðstöfunarfé ráðherra á lið 02-199 í fjárlögum og safnliðunum 02-919-1.90 Söfn, 02-982-1.90 Listir, 02-983-1.10 Fræðistörf, 02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, 02-984-1.90 Norræn samvinna, 02-988-1.90 Æskulýðsmál, 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál og 02-999-1.90 Ýmis framlög? Af svari ráðherra á þskj. 467 verður ekki ráðið í öllum tilvikum hverjir fengu styrkina.*
2. *Hvaða reglur gilda um úthlutanir af óskiptum liðum ráðuneytisins? Er auglýst eftir umsóknum um styrki?*
3. *Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með verkefnum sem hljóta stuðning af óskiptum liðum? Er ábyrgðaraðilum verkefnanna gert að skila skýrslum til ráðuneytisins að verki loknu?*

Svar við 1. lið fyrirspurnarinnar er að finna á listum hér á eftir, annars vegar vegna ársins 2000 og hins vegar ársins 2001. Á listunum eru styrkir sem fjárlaganefnd Alþingis hefur ákveðið og styrkir sem menntamálaráðherra hefur tekið ákvarðanir um.

Skrifstofu menningarmála er falið að fjalla um og gera tillögu til menntamálaráðherra um afgreiðslu styrkbeiðna um verkefni er snúa að safnliðunum 02-919-1.90 Söfn, 02-982-1.90 Listir, 02-988-1.90 Æskulýðsmál og 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál. Samráð er haft við skrifstofu menntamála og vísinda um styrki til verkefna af safnliðum 02-983-1.10 Fræðistörf, 02-984-1.90 Norræn samvinna og 02-999-1.90 Ýmis framlög.

Samkvæmt fjárlögum síðastliðinna ára er mest af óskiptu fé á safnlið 02-982 Listir, framlög. Það verklag hefur verið í ráðuneytinu í mörg ár að auglýst er í janúar ár hvert í fjölmiðlum eftir umsóknum um stuðning við lista- og menningarstarfsemi af fjárlagaliðnum 02-982-1.90 Listir. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári: 1. febrúar, 1. maí, 1. september og 1. nóvember. Sérstök umsóknareyðublöð er hægt að nálgast hjá afgreiðslu menntamálaráðuneytisins eða á vefsíðu ráðuneytisins. Umsóknir sem berast á sviði leiklistar, myndlistar og tónlistar eru sendar sérstökum fagnefndum til umsagnar. Nefndirnar eru skipaðar af menntamálaráðherra til tveggja ára og eru sem hér segir:

Leiklistarráð sem í sitja þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Leiklistarsambandi Íslands, einn tilnefndur af Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhópa og einn án tilnefningar og er viðkomandi formaður.

Myndlistarnefnd sem í sitja þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, einn tilnefndur af Listasafni Íslands og einn án tilnefningar og er viðkomandi formaður.

Tónlistarnefnd sem í sitja þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna, einn tilnefndur af Félagi íslenskra tónlistarmanna og einn án tilnefningar og er viðkomandi formaður.

Menntamálaráðherra tekur ákvarðanir um styrkveitingar á grundvelli umsagna fyrrgreindra aðila.

Sá háttur er hafður á úthlutun af safnlið 02-988-1.90 Æskulýðsmál, að æskulýðssamtökum eru send bréf þar sem þeim er gerð grein fyrir að þau hafi möguleika á að sækja um styrk til starfsemi sinnar. Menntamálaráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar, samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum og að fenginni umsögn frá skrifstofu menningarmála.

Styrkir og framlög af safnlið 02-989-1.90 Ýmis íþróttamál hafa að verulegu leyti farið eftir ákvörðun fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Þeim takmörkuðu fjármunum sem fjárlaganefnd ráðstafar ekki ráðstafar ráðherra að fengnum erindum til menntamálaráðuneytisins vegna ýmissa verkefna á sviði íþrótta og að fenginni tillögu um ráðstöfun fjárins frá íþrótta- og æskulýðsdeild.

Ráðuneytinu berast að öllu jöfnu ekki umsóknir þar sem beinlínis er sótt um styrki af safnliðum 02-984-1.90 Norræn samvinna, 02-983-1.10 Fræðistörf eða vegna 02-999-1.90 Ýmis framlög, heldur metur ráðuneytið hvort styrkbeiðnir falli undir þessa fjárlagaliði og gerir um það tillögur til ráðherra. Að fengnu samþykki ráðherra eru styrkir bókfærðir á þessa liði.

Liðurinn 02-199 Ráðstöfunarfé ráðherra er ætlaður til að bregðast við óvæntum útgjaldatilefnum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Um ráðstöfun fjár af þessum lið gilda ekki sérstakar reglur heldur metur ráðherra styrkbeiðnir og útgjaldatilefni hverju sinni.

Tilkynnt er um styrkveitingu í bréfi og jafnframt er óskað eftir greinargerð um ráðstöfun styrkfjárins fyrir ákveðinn tíma. Farið er yfir slíkar greinargerðir þegar þær berast og kallað eftir frekari upplýsingum ef þær eru ekki nægjanlegar. Í ár var útbúið sérstakt eyðublað fyrir greinargerð sem sent er með bréfinu. Í auglýsingu ráðuneytisins um stuðning við lista- og menningarstarfsemi er þess getið að hafi umsækjandi áður hlotið styrk er ný umsókn hans að jafnaði einungis tekin til umfjöllunar hafi hann skilað fullnægjandi geinargerð um eldri verkefni. Gildir slíkt að öllu jöfnu einnig um styrkveitingar af öðrum safnliðum sem skrifstofa menningarmála hefur umsjón með.

Styrkir 2000.

02-199 Ráðstöfunarfé ráðherra, árið 2000	**20.640.181**
Fært á 999-19010, Ýmsir styrkir	
AGORA, ritgerðasamkeppni 11 ára barna	200.000
Arnar Jónsson, leikhúsferð til Japans á vegum Norræna leiklistarsambandsins	75.000
Ásdís Skúladóttir, Kynslóðir mætast/2000, samvinna eldra fólks og grunnskóla	200.000
Ásgeir Sandholt, heimsmeistarakeppni ungra kökugerðarmanna	50.000
Áskell Másson, ferðastyrkur vegna flutnings á Konserthætti í New York	50.000
Barnið okkar, tveir hljómdiskar vegna hjúkrunar- og lækningatækja fyrir nýjan barnaspítala	150.000
Birkir Gunnarsson, þróun forrita sem auðvelda blindum aðgang að tölvum o.fl.	600.000
Bragi Þór Valsson, þátttaka í Heimskór æskunnar	30.000
Brynjar Marinó Ólafsson og Jón Pétur Zimsen, hönnunarkeppni, 2 x 100.000	200.000
Collegium Musicum, kynning á íslenskum tónlistararfi á ráðstefnu í Skálholti, sjá einnig 983	250.000
Dalabyggð (Eiríksstaðanefnd), menningaratburðir, 1000 ára afmæli landafunda	150.000
Egill Örn Arnarson, útgáfa á söng Smárakvartettsins	200.000
FB (fjáröflun v. námsferðar), nem. og kenn. til Belgíu v. samstarfsverkefnis ESB og EES	250.000
Félag íslenskra leikskólakennara, ráðstefna, Barnið í brennidepli	100.000
Félag landfræðinga, ráðstefnan Íslensk mannvistarlandfræði við árþúsundamót	50.000
Fjölmennt, kennsluefni í íslensku fyrir pólsk-íslenska vináttufélagið Póllandi	54.961

Gísli Sigurðsson, þátttaka í ráðstefnu um víkinga í Búlgaríu	100.000
Gunnar Helgason, til að ganga frá tónbókmenntasafni dr. Hallgríms Helgasonar	300.000
Gunnarsstofnun, sýningar á vegum Gunnars yngra Gunnarssonar	200.000
Hafnarborg, sýningar í maí og júní	200.000
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, fjórir þættir í Maður er nefndur, viðtöl við fyrrverandi menntamálaráðherra	200.000
Herdís Egilsdóttir, Félag kvenna í fræðslust., alþjóðleg ráðstefna Delta, Kappa, Gamma í Kanada	75.000
Icelandic Models, Kolbrún Aðalsteinsdóttir, fatahönnunarkeppni og ljósmyndakeppni	200.000
Íslandsdeild EPTA, píanókeppni haustið 2000 (viðbót við styrk af 982-19030)	300.000
Íslenskan óperan, styrkur, hátíðarsýning á Stúlkunni í vitanum í tilefni Dags íslenskrar tungu	250.000
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, móttaka í Sydney fyrir ólympíufara og Íslendinga	425.250
Konsúllinn í Hong Kong (Josette Balsa), Erró-sýning í Hong Kong, 2.000 USD	167.070
Kristjana Guðjónsdóttir/Óli Hakansson, Global Young Leaders Conference	100.000
Kvenfélagasamband Íslands, átak til eflingar vatnsdrykkju	50.000
Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga, Heimsþing sagnfræðinga í Ósló í ágúst (fjórir aðilar)	150.000
Leifur Eiríksson, málflutningsfélag, þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni í apríl	20.000
Leikfélag Sólheima í Grímsnesi, leikritið „Arfur – sögur af sjálfstæðu fólki“ (viðbót við 982-19020)	150.000
Leikfélag Íslands, koma leikskáldsins Alexander Galin í febrúar	75.000
Leikfélag Reykjavíkur, Þórhildur Þorleifsdóttir, leikferð til Japan	85.000
Leikhópur frá Hörðalandi (Ól. G. Einarsson), koma Sinfóníhljómsveitar Færeyja til landsins	202.767
Les Èditions ELOR, endurútgáfa bókarinnar Nonni á frönsku, 11.000 FFR	123.091
Listaháskóli Íslands, rekstur nemendagallerísins Gallerí nema hvað árið 2000	200.000
Listdansskóli Íslands, alþjóðleg listdanskeppni í New York	100.000
Lífsmynd, Vísindi í verki, sjónvarpsþættir um vísindi	300.000
Magister, félag kennaranema við HA, ráðstefnan Nýjar leiðir á nýrri öld	75.000
Margaret Elizabet Kentta, útgáfa bókarinnar „Svona er Ísland í dag“	250.000
Menntaskólinn á Akureyri, „íslensk tunga í aldarlok“	300.000
Menntasmiðja kvenna á Akranesi (Símenntunarmiðstöð), stofnstyrkur	300.000
Norðuróp, Ópera Norðurlands, barnaóperan Sæmi Sirkusslanga	350.000
Oddný Sen, Chaplin-myndir sýndar við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands	150.000
Ólafsfjarðarbær, blues & soul hátíð á Ólafsfirði (viðbót við 982-19080)	100.000
Ólympíusveit kvenna í skák, þátttaka í Ólympíuskákmótinu í Istanbúl í október–nóvember	200.000
Raunvísindastofnun Háskólans, ráðstefnan Mars2000 í september	100.000
Rósa Gísladóttir, þátttaka í Strandlengjunni 2000	30.000
Saga Film, koma Robert Zubrin til landsins	35.000
Sendiráðið í Moskvu, utanríkisráðuneytið, þýðing á íslenskum fornbókmenntum, 2.842 USD	215.483
Sigríður Eyþórsdóttir, fundur samtakanna VSA arts í Brussel	50.000
Sinfóníuhljómsveit Íslands, 50 ára afmælistónleikar	500.000
Skólakór Kársness, tónleikaferð til Nýfundnalands í júlí	500.000
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, fundur norrænna tónvísindamanna í september	250.000
Söngsveitin Fílharmónía, tónleikar í tilefni af 40 ára afmæli	100.000
Taflfélag Hreyfils (Baldur Ingi Ísberg), skákþing NSU í Reykjavík í maí	75.000
Thor Vilhjálmsson, efling menningartengsla Íslands og Ítalíu	150.000
Tómas Rasmus, þýðing á íslenskum stærðfræðivef á netinu	200.000
Tónlistarskóli Ísafjarðar, Bach-hátíð um páska	150.000
UNESCO, endurbætur á húsi Bolshoi-leikhússins í Moskvu, 1.370 USD	101.559
Vestmannaeyjabær, Þjóðhátíðarnefnd Vestmannaeyja, frumvinna, endurgerð Herjólfsbæjar	250.000
Ölduselsskóli, náms- og kynnisferð starfsfólks til Ísraels og Jórdaníu	150.000
Örn Magnússon, tónleikar í Þýskalandi	75.000
Fært á 996-65199, Upplýsingasamfélagið	
Britannica Online, hluti árgjalds 2000 (viðbót við 996-65199)	250.000
Fært á 989-19090, Ýmis íþróttamál	
Kraftlyftingasamband Íslands, heimsmeistaramót í Japan (viðbót við 989-19090)	150.000
Fært á 984-19010, Norrænt samstarf	
Þjóðleikhúsið, Brúðuheimilið til Grænlands (viðbót við 984-190)	200.000
Fært á 983-111, Styrkir til útgáfumála	
Matthías Viðar Sæmundsson, alþjóðleg útgáfa Kistunnar, vefrits um hugvísindi (viðbót 983-111)	100.000

Fært á 983-110, Fræðistörf	
Menningarfélag um Brydebúð, Kötlusýning í Brydebúð (viðbót við styrk af 983-110)	400.000
Ólafur Ingi Jónsson, rannsóknir í þágu íslenskrar myndlistar (viðbót við 983-110)	250.000
Fært á 982-125, Starfsemi hljómsveita	
Alliance Francaise, íslenskar hljómsveitir á „techno"-tónleikum í París (viðbót við 982-125)	150.000
Fært á 982-19027, Leiklist, erl. samskipti	
Þjóðleikhúsið, Brúðuheimilið til Grænlands	200.000
Fært á 982-190325, Óperustúdíó Austurlands	
Óperustúdíó Austurlands, starfsemi 2000 (viðbót við styrk af 982-190325)	200.000
Fært á 982-19050, Kvikmyndir	
Hrafn Gunnlaugsson, ILM, Sunday in the Country á vegum Europ. Film Acad. (400.000)	200.000
Fært á 982-19080, Listir og menning	
Landnám, víkingahátíð í Hafnarfirði (viðbót við 982-19080)	100.000
Fært á 919-19045, Steinaríki Íslands	
Steinaríki Íslands, Þorsteinn Þorleifsson, flutningur og uppsetning	500.000
Fært á 919-19090, Söfn	
Þorvaldur Skaftason (Húni II), varðveisla og endurbætur (viðbót við styrk af 919)	200.000
Fært á 720-131, Sérstök fræðsluverkefni	
Landssamtökin Heimili og skóli, samkoma EPA hér á landi í nóvember (viðbót við 720-131)	500.000
Fært á 101-101, Aðalskrifstofa ráðuneytisins	6.000.000
Vegna sérfræðikostnaðar og menningarhátíða	
02-919-1.90 Söfn, árið 2000	**14.817.102**
Safnasafnið	500.000
Sjóminjasafn Íslands	700.000
Byggðasafn Snæfellinga, bátasafn	1.000.000
Síldarminjasafnið Siglufirði	800.000
Steinasafnið á Akranesi	1.000.000
Kirkjubæjarstofa	1.500.000
Skálafélagið	800.000
Fræðasetrið, sjávarsetrið Sandgerði	500.000
Upplýsingatækni í alm. bókasöfnum	
Auglýsingar	67.102
Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar	250.000
Bókasafn Suður-Þingeyinga	200.000
Bókasafn Þorlákshafnar	300.000
Bolungarvíkurkaupstaður	150.000
Breiðdalshreppur	200.000
Dúpavogshreppur	150.000
Eyjafjarðarsveit	150.000
Félag um vefbókasafn	500.000
Héraðsbókasafn Skagfirðinga	200.000
Héraðsbókasafnið Kirkjubæjarklaustri	150.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	300.000
Norræna húsið	300.000
Ólafsfjarðarkaupstaður	150.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða	300.000
Ýmis söfn	
Guðmundur Jón Matthíasson til Vélsmiðju Guðm. J. Sig. á Þingeyri	500.000
Hönnunarsafn Íslands – millifært	3.000.000
Húni II til varðveislu og endurbóta	400.000
Íslandsdeild ICOM til reksturs	350.000
Sjóminjasafn Íslands	400.000
02-982-1.90 Listir, árið 2000	**56.639.678**
Bókmenntir	**1.859.861**
Börn og bækur, Barnabókaráðið	200.000
Einar Már Guðmundsson vegna bókmenntahátíðar í Suður-Afríku	109.090
Eyvindur P. Eiríksson vegna listastefnu í Kanada	65.000

Katja Lange Muller vegna dvalar í Gunnarshúsi við Dyngjuveg	92.830
Utanríkisráðuneytið vegna málþings um Heimskringlu í París	51.541
Rithöfundasambandið vegna Höfundamiðstöðvar	300.000
Rithöfundasambandið vegna reksturs	500.000
Hótel Skjaldbreið, Bernard Remy vegna menningarhátíðar í Caen	41.400
Rithöfundasamband Íslands vegna Literature Espress	500.000
Leiklist	**6.152.272**
Assitej – Ísland, samtök um barna- og unglingaleikhús, vegna norræns fundar	100.000
Bandalag sjálfstæðra leikhúsa vegna ITEM-leiklistarhátíðar í Reykjavík	1.000.000
Borgar Garðarsson, ferð vegna þátttöku í leiksýningunni „Skírnismál“	52.000
Helga E. Jónsdóttir vegna japanska leikarans Yoshi Oida	120.000
Inga Bjarnason vegna leiklistarhátíðar í Finnlandi	50.000
Lára Stefánsdóttir vegna ráðstefnu í Miami	80.000
Sólheimar í Grímsnesi vegna leikrits	100.000
Á senunni, leikhús	400.000
Leikbrúðuland	500.000
Íslenska brúðuleikhúsið	400.000
Ferðaleikhúsið Edinborgarhátíð	300.000
Ferðaleikhúsið vegna reksturs	500.000
Leiklistarráð, þóknun	350.272
Leiklistarráð, rekstur	110.000
Bjarni Pálmason, Ólöf Ingólfsdóttir og Halldór Björn Runólfsson vegna leiklistarhátíðar í Frakklandi	140.000
C-leikhúsið vegna New Nordic Drama í Litháen	150.000
Dansleikhús með ekka vegna danshátíðar í Litháen	300.000
Íslenska leikhúsið vegna leiksýningarinnar Júlíus	200.000
Leikfélag Íslands vegna Þúsund eyja sósu	200.000
Leikfélagið Hugleikur, sýningin Bíbí og blakan í Litháen	100.000
Leikhópurinn Á senunni, leikferð til Englands	200.000
Leikskáldafélag Íslands vegna norræns samráðsfundar	50.000
Stefán Baldursson, Baltasar o.fl. vegna kynningar á íslenskri leiklist á Ítalíu	350.000
Þjóðleikhúsið vegna Brúðuheimilis Ibsen	400.000
Tónlist	**14.342.092**
Contrasti vegna tónleika í Salnum	30.000
Dómkórinn í Reykjavík vegna Tónlistardaga Dómkirkjunnar	75.000
ErkiTónlist sf. vegna Erkitíðar 2000	200.000
Eydís Franzdóttir vegna tónleika Poulenc-hópsins	80.000
Guðbjartur Finnbjörnsson vegna tónleika í Borgarleikhúsinu	50.000
Harmonikuhátíð Reykjavík, Almenna umboðsskrifstofan	75.000
Hrafnkell Orri Egilsson vegna tónleika í Langholtskirkju	75.000
Íslandsdeild EPTA vegna pianókeppni	300.000
Kammerkór Kópavogs vegna flutnings óperunnar Orfeus og Evridís í nóvember 2000	60.000
Kammerkór Kópavogs vegna tónleikahalds	50.000
Kammerkór Norðurlands vegna tónleika	50.000
Kvennakór Reykjavíkur vegna kvennakóramóts	100.000
Listvinafélag Hallgrímskirkju vegna starfsemi	250.000
Menningarmálanefnd Garðabæjar vegna tónleikahalds	100.000
Musica Antiqua vegna Norðurljósa	75.000
Octo vegna tónleikahalds í Fríkirkjunni	50.000
Pétur B. Eyvindsson, Vindva Mai, vegna þátttöku í Erkitíð 2000	25.000
Samband íslenskar lúðrasveita vegna 1999, rekstur	300.000
Sigurður Halldórsson og Daníel Þorsteinsson vegna tónleika	30.000
Sigurgeir Agnarsson vegna tónleika	80.000
Söngsveitin Fílharmonía vegna 40 ára afmælis Söngsveitarinnar	100.000
Stilluppsteypa vegna þátttöku í Erkitíð 2000	75.000
Unnur Astrid Wilhelmsen vegna tónleika á Íslandi	150.000
Vox Feminae vegna þátttöku í alþjóðlegri kórakeppni	150.000
Kammermúsíkklúbburinn, starfsemi	250.000
Tónlistarnefnd, þóknun	80.893

Reykholtshátíð, tónleikar	400.000
Félag íslenskra tónlistarmanna, rekstur	1.000.000
Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss vegna sumartónleika	400.000
Kammersveit Reykjavíkur vegna samnings	1.500.000
Gnúpverjahreppur, þjóðlagahátíð	400.000
Jassklúbbur Egilsstaða	400.000
Sumartónleikar í Skálholti	1.500.000
Efling Stykkishólms vegna sumartónleika	400.000
Collegium Musicum	500.000
Bláa kirkjan vegna sumartónleika	400.000
Sumartónleikar í Akureyrarkirkju	400.000
Sumartónleikar við Mývatn	400.000
Óperustúdíó Austurlands vegna starfsemi	800.000
Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga	100.000
Ólafsfjarðarbær, blues & soul hátíð	100.000
Atonal Future vegna tónleikaferðar	75.000
Barði Jóhannsson vegna tónleikaferðar Bang Gang til Frakklands	150.000
Barna- og unglingakór Selfosskirkju vegna tónleikaferðar	100.000
Bústaðakirkja vegna Bjöllukórs	100.000
Drengjakór Laugarneskirkju vegna ferðar til Austurríkis	75.000
Félag íslenskra organleikara vegna kirkjutónlistarmóts í Helsinki	150.000
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði vegna kóramóts í Kanada	100.000
Gítar Islancio vegna tónleikaferðar til Kanada	120.000
Háskólakórinn vegna þátttöku á kóramóti á Ítalíu	100.000
Hljómalind – SigurRós til kynningarmála	150.000
Hljómeyki vegna ferðar til Noregs	150.000
Hljómsveitin Botnleðja til markaðssetningar	100.000
Hljómsveitin Magga Stína vegna Hróarskelduhátíðar	100.000
Jóel Pálsson vegna ferðar til Kanada	75.000
Kirkjukórasamband Austurlands vegna tónleikaferðar til Kanada	100.000
Kór Langholtskirkju vegna ferðar til Kaupmannahafnar og Bergen	175.000
Kvennakór Suðurnesja vegna alþjóðlegs kóramóts á Írlandi	100.000
Laufey Sigurðardóttir og Páll Eyjólfsson vegna tónleika í Finnlandi	80.000
Ólafur Elíasson til tónleika í New York	40.000
Richard Wagner félagið á Íslandi vegna þátttöku ungmennis í Wagnerhátíð	25.000
Sigurður Bragason, tónleikar í New York	40.000
Símon H. Ívarsson vegna tónleika í Þýskalandi í nóvember 2000	75.000
Skólahljómsveit Grafarvogs vegna þátttöku í tónlistarhátíð	100.000
Skólalúðrasveit Vesturbæjar vegna tónleikaferðar	100.000
Szymon Kuran, ferðakostnaður frá 1999	126.199
Þjóðlagahópurinn Embla, Sigurður Rúnar Jónsson, vegna þjóðlagahátíðar í Englandi	100.000
Ung nordisk musik vegna þátttöku í tónlistarhátíð í Helsinki	175.000
Myndlist	**8.585.600**
art.is vegna sýningarinnar Hláturgas (Læknaskop)	250.000
Egg-leikhúsið vegna „Shopping and Fucking“	400.000
Finnbogi Pétursson vegna ferðar til Feneyja	100.000
i8 gallerí, vegna þátttöku í listakaupstefnum	200.000
i8 gallerí, vegna samnings	300.000
Ríkey Ríkarðsdóttir vegna styttu Nínu Sæmundsson	200.000
Safnasafnið vegna sýningarhalds 2000	200.000
Skott listflutningar vegna Feneyjabiennalsins	192.110
Upplýsingamiðstöð myndlistar vegna samnings	3.200.000
Samband íslenskra myndlistarmanna vegna reksturs	1.500.000
Alda Sigurðardóttir GUK-exhibition place vegna kynningarefnis	100.000
Anna Líndal vegna Kwangju Biennale	100.000
Birna Matthíasdóttir og Jóhanna Sveinsdóttir vegna sýningar í Noregi	50.000
Bjargey Ólafsdóttir vegna sýningar í París	30.000
Dögg Guðmundsdóttir -ing vegna þátttöku í húsgagnasýningu á Ítalíu	30.000
Finnbogi Pétursson, sýning í Þýskalandi	50.000

Guðjón Bjarnason, sýning í New York og Kína	150.000
Hekla Dögg Jónsdóttir, sýning í Los Angeles	50.000
Helga G. Óskarsdóttir, sýning í Belfast	30.000
Hreinn Friðfinnsson, sýning í Varsjá	30.000
Húsfélagið Listhús 39, Hot Zone, sýning í Bandaríkjunum	50.000
Inga Sólveig Friðjónsdóttir og Inga Guðrún Hlöðversdóttir, sýning í Rotterdam	80.000
Íslensk grafík, sýning í Shanghai	100.000
Magnús Sigurðsson, Hildur Bjarnadóttir, Hrafnhildur Arnardóttir, Margrét H. Blöndal, Katrín Sigurðardóttir, sýning í Montreal	200.000
Míreya Samper, sýning í Berlín, Japan og Chile árið 2000	50.000
Myndlistarnefnd þóknun vegna 1997, 1998 og 1999	151.712
Ósk Vilhjálmsdóttir, sýning í Helsinki	50.000
Pétur Örn Friðriksson o.fl., samsýning í Austurríki	100.000
Ragna Róbertsdóttir vegna listamessu í Köln	50.000
Sigríður Ásgeirsdóttir vegna sýningar í Liege	50.000
Sigrún Eldjárn, sýning í Ósló, Brussel og Gautaborg	60.000
Sigurþór Hallbjörnsson, sýning í New York	50.000
Soffía Sæmundsdóttir vegna ferðar til „Winsor and Newton“	50.000
Ljósaklif vegna sýningar Steinu Vasulka	40.000
Steinunn Þórarinsdóttir vegna sýningar í Bonn	75.000
Stjórn Kjarvalsstofu – Edda Jónsdóttir vegna þóknunar	48.708
Þóra Þórisdóttir, sýning í Svíþjóð og Ungverjalandi	60.000
Þóroddur Bjarnason, sýning í Belfast	30.000
Utanríkisráðuneytið, sýning í St. Pétursborg	0
Kunsthalle Wien, sýning fjögurra Íslendinga	79.184
Skyggna – Myndverk vegna Mílanó	13.246
Þorgeir Ólafsson, ferðakostnaður	35.640
Kvikmyndir	**600.000**
Íslenska leikritamiðstöðin vegna „Sunday in the country 2000“	400.000
Nordisk Panorama, stuttmynda- og heimildamyndahátíð 1999	200.000
Listir og menning	**23.521.232**
Alexandra Argunova og Súsanna Svavarsdóttir vegna ferðar til Jakútíu	160.000
Ari Trausti Guðmundsson vegna veggspjaldavinnu	10.000
Ævintýraklúbburinn, listahátíð þroskaheftra	250.000
Brydebúð, Kötlusýning	200.000
Danshópurinn Sporið, þjóðdansasýning í Bandaríkjunum og Kanada	200.000
Edinborgarhúsið ehf., starfsemi 2000	400.000
Félag íslenskra safnmanna vegna Farskóla safnmanna 2000	300.000
Ferðaþjónustan Lónkoti vegna listahátíðar	75.000
Garðar Guðmundsson, ferðakostnaður	251.989
Halldór Björn Runólfsson, fyrirlestur í Ungverjalandi	70.000
Húsavíkurkaupstaður vegna afmælishátíðar	300.000
Landnám, víkingahátíð í Hafnarfirði	200.000
Möguleikhúsið vegna Völuspár í Rússlandi	130.000
Þing Norðurlandaráðs, styrkur vegna menningarviðburða	-294.988
Unnur Pálsdóttir vegna ferðar til Danmerkur	60.000
Bandalag íslenskra listamanna vegna samnings	1.200.000
Jöklasýning á Hornafirði	500.000
Menor, rekstur árið 2000	400.000
Leikhúsið 10 fingur, Víkingasýning	500.000
Leikhúsið 10 fingur, *Leifur the Lucky One*	160.000
Orri Vésteinsson, ferðakostnaður vegna Víkingasýningar	98.937
Menning um landið – Vopnafjörður	400.000
Bæjarleiðir, akstur	2.042
Bændasamtök Íslands vegna EXPO	-60.000
Coletta Bürling, þýðing vegna EXPO	83.700
Dansleikhús með ekka vegna EXPO	1.500.000
Eskimó módels vegna EXPO	1.500.000
EXPO-2000, Framkvæmdasýsla ríkisins	2.889.895

Guðný Helgadóttir, ferðakostnaður vegna EXPO	202.592
Guðrún Hanneck-Kloes vegna EXPO	5.000
Guitar Islancio, Jón Rafnsson vegna EXPO	520.000
Hestamiðstöð Íslands vegna EXPO	-60.000
Kammersveit Reykjavíkur vegna EXPO	2.000.000
Karlakórinn Heimir vegna EXPO	1.500.000
List og saga, þýsk útgáfa af Laxness-sýningu vegna EXPO	170.000
Nefnd um menningardagskrá á EXPO	159.194
Nota bene, Laxness-sýning vegna EXPO	267.676
Oddi, prentun vegna EXPO	105.825
Örsögur, Ragna Sara Jónsdóttir o.fl. vegna EXPO	250.000
Reykjavík menningarborg 2000 vegna EXPO	-500.000
SigurRós – Von Andi ehf. vegna EXPO	1.000.000
Þjóðleikhúsið vegna EXPO	4.000.000
Þýðingastofa JC vegna EXPO	14.370
Listvinafélag Vestmannaeyja	400.000
Galdrasýning á Ströndum	2.000.000
Dagur íslenskrar tungu, reikningar	**1.578.621**
02-983-1.10 Fræðistörf, árið 2000	**5.095.000**
Brydebúð, Kötlusýning	800.000
Collegium musicum, ráðstefna í Skálholti	550.000
Gísli Jónsson, skráning mannanafna	400.000
Helena Kadecková vegna Íslandsheimsóknar	100.000
Ingveldur Róbertsdóttir, safn bréfa Sig. Guðm.	100.000
Jónas Kristjánsson, Nýfundnaland	275.000
Kristján Bersi Ólafsson vegna ritunar sögu Jóns Þórarinssonar	500.000
Ólafur Ingi Jónsson, myndlistarrannsóknir	1.000.000
Pétur M. Jónasson, ráðstöfunarfé 1999	1.000.000
Sagnfræðingafélag Íslands vegna ráðstefnu í Skagafirði	100.000
Sagnfræðingafélag Íslands vegna kynningar á dagskrá	70.000
Stofnun Sigurðar Nordals vegna þýðinga á fornaldarsögum	200.000
02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, árið 2000	**8.225.929**
Haukur Guðlaugsson, kennslubók í organleik	100.000
Matthías Viðar Sæmundsson, Vefrit um hugvísindi	200.000
Sendiráðið í Peking, útgáfa á Íslendingasögum á kínversku	545.613
Sigurbjörn Einarsson, ævisaga Jóns Steingrímssonar	180.316
Þjóðleikhúsið, saga leikhússins	3.000.000
Jón Hilmar Magnússon, Færeysk orðabók	1.000.000
Örlygur Hálfdánarson, Íslensk menning á mótum nýrrar aldar	1.000.000
Pétur M. Jónasson, Lífríki Þingvallavatns	1.500.000
Jón Björnsson, Íslensk skip	700.000
02-984-1.90 Norræn samvinna, árið 2000	**23.864.575**
Akureyrarbær, ungmennamót í Ríga	300.000
Anna Einarsdóttir, bókasýning í Gautaborg	150.000
Anna Kristín Gunnarsdóttir, ferðakostnaður	76.667
Æskulýðs- og tómstundaráð Hafnarfjarðar vegna samnings v. verkefnið Ungdom och Kultur i Norden	150.000
Barnabókaráðið, Íslandsdeild IBBY	50.000
Egill B. Hreinsson, Verkfræðideild HÍ	400.000
Erlendur Kristjánsson, ferðakostnaður	49.680
Félag norrænna forvarða vegna fulltrúa á ráðstefnu	50.000
Félag þjóðfræðinga á Íslandi, Íslandsdeild BIN-Norden	200.000
Gerðuberg, samvinna við Fyrtöjet	250.000
Gísli Sigurðsson, ferðakostnaður	126.126
Guðný Helgadóttir, ferðakostnaður	547.342
Gunnar Finnbogason, ferðakostnaður	123.087

Haraldur Ólafsson, ferðakostnaður	79.190
Helga Pálína Brynjólfsdóttir vegna ráðstefnu í Danmörku	60.000
Hótel Geysir vegna heimsóknar danska menntamálaráðherrans	12.100
Húsgtjórnarkennarafélagið, aðalfundur NSH	90.000
International amateur theatre	49.443
Karitas H. Gunnarsdóttir, ferðakostnaður	325.711
Landsbókasafn Íslands – Háskólasafn, ráðstefna um lettneskar bækur og bókasöfn í Ríga	65.000
Lilja Árnadóttir, ferðakostnaður vegna Víkingasýningar	86.526
Nordisk ministerråd, inngreiðsla	-466.350
Norræna félagið – norðurkollunefnd	130.000
Norræna húsið vegna „Bjartar nætur"	100.000
Norræna húsið vegna sumarsýningar	250.000
NVBF, ráðstefna 2000	150.000
Nýherji vegna fundar Norrænu ráðherranefndarinnar	97.293
Örnefnanefnd, áhrif kristni á norrænar nafngiftir	140.000
Poesidagarna i Malmö, Sjón	42.368
Reynir G. Karlsson, ferðakostnaður	82.115
Rithöfundur til dvalar á Norðurlöndum, Vilborg Davíðsdóttir	139.868
Sendiráðið í Berlín vegna leirlistarsýningar	100.000
Sendiráðið í Helsinki, bókmenntahátíð á Álandi	41.646
Sveinn Einarsson, ferðakostnaður	90.646
Sveinn Skorri Höskuldsson og Erna Sverrisdóttir	9.467
Þjóðleikhúsið vegna Brúðuheimilis Henriks Ibsen til Grænlands	600.000
Þorgeir Ólafsson, ferðakostnaður	36.590
Þýðingar og túlkun vegna ræðu á ráðstefnu um norrænt menningarsamstarf	33.300
Úlfar Bragason, ferðakostnaður	413.595
Unnur Gyða Magnúsdóttir, Nordisk media nytt	35.000
Upplýsing, barnabókamessa	200.000
Upplýsing, námskeið fyrir ungt fólk í skapandi skrifum	50.000
Upplýsing, stjórnarfundur NVBF	50.000
Upplýsing, undirbúningur að málþingi um barnabókasöfn og -menningu	30.000
Norræna félagið, rekstrarstyrkur	3.000.000
UMFÍ, norrænt æskulýðsmót	15.495.403
Menningarsamskipti v. Færeyinga og Grænlendinga	
Bæjarleiðir, akstur	23.376
Hafnarbryggjan, Tveir fiskar	69.570
Karlakór Keflavíkur vegna ferðar til Færeyja	75.000
Norðanljós vegna komu Edward Fuglö	50.000
Norræna húsið, veitingar	5.580
Perlan, veitingar	104.420
Petrún B. Jónsdóttir, ferðakostnaður	35.930
SHS veitingar, Askur	35.640
Styrkþegi í Háskóla Íslands	592.544
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	
Þórunn Bragadóttir, ferðakostnaður	135.870
Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs	
Fjölritunarstofa Daníels	192.182
Inge Knutsson, þýðing á Stúlka með fingur	603.787
Innkomið vegna 1999	-3.143.099
John Swedenmark, þýðing	261.990
Mál og menning, bækur	17.172
Þýðingar og túlkun	12.800
Norræna félagið, nemendaskipti	700.000
02-988-1.90 Æskulýðsmál, árið 2000	**6.020.000**
AFS á Íslandi rekstrarstyrkur	200.000
AFS á Íslandi vegna námskeiðs fyrir sjálfboðaliða	200.000
Alþjóðleg ungmennaskipti AUS	150.000

Alþjóðlegar sumarbúðir barna vegna sumarbúðastarfsemi	70.000
Æskulýðsstarf Blindrafélagsins vegna reksturs	150.000
Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmi vegna reksturs	200.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar vegna reksturs	150.000
Bandalag íslenskra sérskólanema vegna reksturs	100.000
Bindindisfélag ökumanna vegna ölvunaraksturs, námskeið	150.000
Bindindisfélag ökumanna vegna rekstur	100.000
Félag framhaldsskólanema vegna reksturs	250.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi vegna reksturs, unglingastarf	200.000
Íslenskir ungtemplarar vegna reksturs	200.000
Kristilega skólahreyfingin vegna reksturs	200.000
Landssamband KFUM og KFUK, krakkaklúbbur	200.000
Sjálfsbjörg vegna Buslara, verkefni	100.000
Skógarmenn KFUM – Fræðslusk. Vatnaskógar	1.500.000
Slysavarnarfélag Íslands vegna reksturs, unglingastarf	200.000
Úlfljótsvatnsráð vegna Skátaskólans	1.500.000
Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands vegna reksturs, unglingastarf	200.000
02-989-1.90 Ýmis íþróttamál, árið 2000	**39.040.763**
Afreksmannasjóður ÍSÍ	10.000.000
Bridsdeild Sjálfsbjargar vegna bridskeppni	75.000
Félag áhugafólks um íþróttir aldraða	300.000
Guðjón Guðmundsson, ferðakostnaður vegna íþróttanefndar	186.291
Halldór Garðarsson vegna heimsmeistaramóts heyrnalausra í skák	100.000
Íþróttaaðstaða á Egilsstöðum, Austurhérað	22.000.000
Körfuknattleikssamband Íslands	75.000
Kraftlyftingasamband Íslands, þátttaka AJ í heimsmeistaramóti í Japan	300.000
Reynir G. Karlsson, akstur vegna íþróttanefndar	13.923
Reynir G. Karlsson, ferðakostnaður vegna íþróttanefndar	340.549
Samtök íþróttafréttamanna vegna þings í Brasilíu	150.000
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	3.000.000
Tálknafjarðarhreppur vegna unglingalandsmóts 2000	2.500.000
02-999-190 Ýmis framlög, árið 2000	**16.027.000**
Íslandsdeild ICOM, íslenski safnadagurinn 1999	200.000
Landssamband Gídeonfélaga, starfsemi 2000	500.000
Bolungarvíkurkaupstaður, Þjóðahátíð Vestfirðinga í mars 2000	100.000
Skálholtsskóli, námskeið í íkonagerð	150.000
Eðlisfræðifélag Íslands, þátttaka í stjórnarfundi Physica Scripta (Hafliði Gíslason)	75.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, landsfundur	100.000
Landsbókasafn – Háskólabókasafn, kaup á bókaskrá	102.000
Form Ísland, kynning á hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum	200.000
Menningarnet Íslands, samningar	2.000.000
Á Seyði, menningar- og listastarfsemi á Seyðisfirði	1.000.000
Kvenfélagasamband Íslands	1.800.000
Kvenréttindafélag Íslands (1999 500.000 kr. og 2000 800.000 kr.)	1.300.000
Kvennasögusafn Íslands	600.000
Heimilisiðnaðarskólinn	1.800.000
Sænautasel	1.000.000
Landssamtökin heimili og skóli	600.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	600.000
Fornleifastofnun Íslands	800.000
Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifarannsóknir	1.500.000
Minnisvarði Dýrfirðinga	400.000
Hellarannsóknafélag Íslands	700.000
Surtseyjarfélagið	500.000

Styrkir 2001.

02-199 Ráðstöfunarfé ráðherra, árið 2001	19.188.178
Fært á 999-19010, Ýmsir styrkir	
Albert Eiríksson, þýðing mynda- og munatexta í safninu Fransmenn á Íslandi	150.000
André Bachmann/Eggert Smári Eggertsson, ferð til San Fransisco	75.000
Áhugahópur um minningu Bjargar C. Þorlaksson, Kristín Þ. Harðardóttir, brjóstmynd	100.000
Ása Richardsdóttir, stjórnarfundur listasamtakanna IETM í Slóveníu í ágúst	45.000
Berjadagar, tónlistarhátíð á Tröllaskaga, tónlistarhátíð í Ólafsfirði	150.000
Bindindissamtökin IOGT, smásagna- og ljóðakeppni Æskunnar til allra grunnskólanema	150.000
Birkir Gunnarsson, vinna við forrit fyrir sjónskerta vegna tungutækni	300.000
Blásarakvintett Reykjavíkur, flutningur The Naming of Birds	250.000
Bókasamband Íslands, Dagur bókarinnar 23. apríl 2001	200.000
Dansíþróttasamband Íslands, Norðurlandameistaramót í Laugardalshöll	250.000
Drauga- og tröllaskoðunarfélag Evrópu, Eyvindur Erlendsson, styrkur til starfseminnar (viðbót við 999)	75.000
Ferðaleikhúsið, leiksýning í London (viðbót við 982-19080)	200.000
Flötur, samtök stærðfræðikennara, útgáfa rits í tilefni Dags stærðfræðinnar	100.000
Friðarboðinn, styrkur vegna útgáfumála	50.000
Friðrik Helgason, norræn keppni plötusnúða í Stokkhólmi í ágúst	35.000
Haavard Magne Jakobsen, verðlaun fyrir ungan vísindamann.	200.000
Hanna Steinunn Þorleifsdóttir, þátttaka í ritþingi í Frakklandi	200.000
Hannes H. Gissurarson, Alvís, Maður er nefndur, viðtöl við fyrrverandi menntamráðherra	200.000
Háskólinn á Akureyri, 50 skýrslur um aðstoð við leshamlaða í framhaldsskólum og háskólum	250.000
Heiðar Ástvaldsson, Ingibjörg Róbertsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir, myndband um danskennslu	300.000
Helgi Þorgils Friðjónsson, vinna fresku í ítalska einkakapellu	75.000
Hótel- og matvælaskólinn MK, evrópsk fagkeppni hótel- og ferðamálaskóla	50.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík, uppgröftur á hvalbeinum í Keflavík í Fjörðum	200.000
ICM upplýsingatækni, útgáfa Iceland Complete 2001 margmiðlunardisks (sjá 999-190)	100.000
Iðnnemasamband Íslands, fjölskylduhátíð 1. maí	200.000
Indíana Auðunsdóttir, Margrét R. Harðardóttir, myndlistarhópurinn Dymo vegna SIE	240.000
Ingi Þorsteinsson, 50 ára afmælisfagnaður vegna sigurs Íslands í frjálsum íþróttum	200.000
Íslenska skólabúðasambandið, námskeið fyrir norræna skólabúðakennara	150.000
Jarðfræðafélag Íslands, ráðstefna norrænna jarðvísindamanna, Congress Reykjavík	300.000
Jóhannes Helgi Jónsson, ritun leikrits í Moskvu	80.000
Jón Þ. Þór, fyrirlestur um íslenska söguritun og sagnfræðiiðkun o.fl. í St. Pétursborg	75.000
Karlakórinn Heimir, söngur við opnunarhátíð Íslandsdags á EXPO	300.000
Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 2001 (viðbót við 982-19080)	200.000
Komið og dansið, átak til að bæta skemmtanahald í framhaldsskólum	250.000
Kristín Thors, endurnýjun og viðgerðir á hárkollusafni Bandalags íslenskra leikfélaga	250.000
Kvenfélag Garðabæjar, ráðstefna um konur og íþróttir í mars 2001	50.000
Kvennakórinn Ymur, söngferð til Póllands.	75.000
Körfuknattleikssamband Íslands, vegna landsleikja við Finna, Svisslendinga og Íra	150.000
Körfuknattleikssamband Íslands, landsleikur við Makedómíu í janúar	50.000
Landsbyggðin lifi, stofnun samtakanna	250.000
Landvernd, ráðstefna í Árneshreppi um verndun búsetu og menningar- og búsetuminja	50.000
Listasetrið Kirkjuhvoli (Minningarsjóður sr. Jóns), rekstur listasetursins	250.000
Menningarfélag um Brydebúð, sýning um strönduð skip (viðbót við 919-19090)	150.000
Menntaskólinn í Kópavogi, tveir nemendur og kenn. til Berlínar, evrópsk fagkeppni	50.000
Minningarsjóður Jean Pierre Jacquillat, 10 ára afmæli sjóðsins	150.000
Miyako Þórðarson, útgáfa bókar um Ísland á japönsku	100.000
Myndstef og Samband íslenskra myndlistarmanna, myndlistarþing í október 2001	80.000
Náttúrufræðistofnun, alþjóðleg ráðstefna um burstaorma í Reykjavík í júlí	100.000
Nemendafélag LHÍ, Gallerí nema hvað, rekstur 2001	125.000
Neytendasamtökin, ferðastyrkur fyrir tvo kennara til Rússlands á norræna ráðstefnu um neytendafræðslu	75.000
Ofleikur, sýning á óhefðbundnu leikverki fyrir unglinga um áhrif vímuefna o.fl.	100.000
Rannsóknastofa í kvennafræðum HÍ, heimsókn Zarönu Papic í febrúar 2001	120.000

Rauði kross Íslands, Þjóðahátíð Austfirðinga í október	200.000
Raunvísindastofnun HÍ, ranns. á jarðskorpuhreyfingum	300.000
Rúnar Helgi Vignisson, rannsóknarferð á slóðir Williams Faulkners	80.000
Safn Tryggva Ólafssonar á Neskaupstað, Magni Kristjánsson, stofnstyrkur	500.000
Safnasafnið, kaup á listaverkum eftir Sæmund Valdimarsson	300.000
Samband íslenskra myndlistarmanna, útgáfa afmælisrits og afmælishátíð	300.000
Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, ráðstefna og aðalfundur Evrópusamtaka félagsmiðstöðva	200.000
Sara Björnsdóttir, sýning í Venezúela (viðbótarstyrkur)	65.000
Sendiráðið í París, þátttaka í málþingi til heiðurs Régis Boyer í Sorbonne 8.000 FRF	110.364
Sigurður Karlsson, söfnun og varðveisla gagna um Mandólínhljómsveit Reykjavíkur	100.000
Sinfóníuhljómsveit Íslands, Nordisk Orkesterkonference á Íslandi í október	150.000
Stuttmyndagar í Reykjavík, Jóhann Sigmarsson, viðurkenning	200.000
Sundsamband Íslands, hátíðarfundur í apríl 2001	100.000
Söngfélagar SVR, söngmót í Stokkhólmi í júní	150.000
Söngsveitin Fílharmónía, söngferð til Ungverjalands og Slóveníu í júní	150.000
Söngsveitin Fílharmónía, starfsemi 2001	200.000
Taflfélag Reykjavíkur, Evrópukeppni taflfélaga á Krít í september	150.000
Thor Vilhjálmsson, þing International Pen Assembly í London	100.000
Tolli, Þorlákur Morthens, málverkasýning í Berlín	75.000
Tónlistarskólinn í Reykjavík, þátttaka í píanókeppni Norðurlanda í Danmörku	60.000
Tónlistarskólinn í Reykjavík, strengjasveit skólans til Berlínar	250.000
Tónskáldafélag Íslands, Myrkir músíkdagar, alþjóðlegur blaðamannafundur	100.000
University of Wisconsin Press, farmiði fyrir Dick Ringler vegna útgáfu Jónasar Hallgrímssonar, 1.368,30 USD	137.814
UNM á Íslandi, tónlistarhátíð í Árósum í september	200.000
Vesturport, Evrópa ehf., leikverkið Diskópakk	200.000
Víkingur Heiðar Ólafsson, Master Class tónlistarnámskeið í Colorado	150.000
Þorsteinn Eggertsson, sýning íslenskra myndskreyta og skopteiknara í Tyrklandi	100.000
Ævintýraklúbburinn, mynd um þroskaheft börn til sýningar í sjónvarpi	250.000
Fært á 982-19027, myndlist erlend samskipti	
Kerúb, Brynja Benediktsdóttir, „Ferðir Guðríðar" til Bandaríkjanna (viðbót við 982)	200.000
Íslenski dansflokkurinn, ferð til Kanada í mars 2001. (viðbót við 982)	200.000
Fært á 982-19035, tónlistarhátíðir	
Tónskáldafélag Íslands, Myrkir músíkdagar í febrúar 2001	300.000
Fært á 982-19031, tónlist	
Samband íslenskra lúðrasveita, starfsemi 2001, viðbót við 982-19031	200.000
Fært á 982-19080, menningarstarfsemi	
Ármann Örn Ármannsson, tónlistarhátíðin Evra-Procance í Frakklandi (viðbót við 982-19080)	325.000
Fært á 984-19010, norræn samvinna	
Ásbjörn Morthens, þátttaka í Nordischer Klang í Greifswald í Þýskalandi í maí, viðbót (984)	100.000
Fært á 319-11600, nýjungar í skólastarfi	
Námsgagnastofnun, „Líf í tölum" sjónvarpsþættir (viðbót við 319-116)	250.000
Fært á 982-12700, Tónlist fyrir alla	
Tónlist fyrir alla, viðbót við framlag (982-127)	400.000
Fært á 720-13100, sérstök fræðsluverkefni	
Heimili og skóli, Evrópusamstarf um aukna meðvitund foreldara og kennara	200.000
Fært á 359-101, Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Saga VMA	400.000
Fært á 08-301-101, landlæknisembættið	
Landlæknisembættið, verkefni um áhersluþætti í menntun hjúkrunarfræðinga	200.000
Önnur ógreidd loforð	3.660.000
02-919-1.90 Söfn, árið 2001	**17.932.453**
ANOK margmiðlun – þjóðbúningaráð	138.300
Bára Kristinsdóttir, ljósmyndun – þjóðbúningaráð	185.032
Samstarfsnefnd um íslenska þjóðbúninginn – þjóðbúningaráð	112.000
Steinaríki Íslands vegna fjárlaga 2001	2.000.000
Kirkjubæjarstofa vegna styrks á fjárlögum 2001	5.000.000

Fjarðarbyggð vegna Íslenska stríðsárasafnsins samkvæmt fjárlögum 2001	2.000.000
Sædýrasafnið í Höfnum, rekstrarstyrkur 2001	3.000.000
Ýmis söfn	
Adolf Friðriksson, ferðakostnaður vegna stjórnarfundar í NWHO	144.257
Árni Daníel Júlíusson vegna sýningar í Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal	500.000
Brydebúð, sýning um skip sem hafa strandað á söndunum	250.000
Félag íslenskra safnamanna, vegna Farskóla safnamanna á Húsavík	350.000
Harmonikufélag Vestfjarða, harmonikusafn á Ísafirði	100.000
Hönnunarsafn, millifærsla	400.000
Íslandsdeild ICOM, almennur rekstur og þátttaka í alþjóðasamstarfi	350.000
Jón Þórarinsson, listmuna- og sögusýning í þinghúsinu Grund	150.000
Málþing um menningartengda ferðaþjónustu	100.000
Margrét Hallgrímsdóttir vegna ferða World Heritage Committee í Helsingfors	152.864
Samgönguminjasafnið Ystafelli, starfsemi 2001	400.000
Skáksamband Íslands, skráning á eigum Skákminjasafnsins	300.000
Þjóðminjasafn Íslands, stefnumótun í minja- og safnamálum	2.000.000
Undirbúningshópur fyrir Grettisverkefni í Húnaþingi vestra	300.000
02-982-1.90 Listir, árið 2001	**45.920.668**
Bókmenntir	**1.780.900**
Barnabókaráð	200.000
Bókavarðafélag Ísland	50.000
István Bernáth, dvöl á Íslandi vegna þýðinga	60.000
Sarah Kahn, dvalarstyrkur í Gunnarhúsi	120.900
Sölvi Björn Sigurðarson, fyrirhuguð dvöl á Spáni til að ljúka við skáldverk	50.000
Rithöfundasamband Íslands vegna höfundamiðstöðvar	300.000
Rithöfundasamband Íslands vegna reksturs og erlendra samskipta	500.000
Bókmenntakynningarsjóður, viðbótarframlag vegna ferðastyrkja	500.000
Leiklist	**5.849.458**
Bandalag sjálfstæðra leikhúsa, þátttaka í fundi IETM og norrænna systrasamtaka	200.000
Kristján Jónsson, þátttaka í leikverkinu „Ofviðrið“ í Ríga, Lettlandi	100.000
Leikhópurinn Perlan, uppsetning á „Mídas konungur er með asnaeyru“	200.000
Tónlistarskóli Húsavíkur, ógr. loforð frá 2000	100.000
Leikbrúðuland vegna reksturs	800.000
Ferðaleikhúsið vegna reksturs	500.000
Leiklistarráð vegna þóknunar og reksturs	549.458
Leiklistarsamband Íslands vegna samnings	1.000.000
Leiklistarsamband Íslands, ógr. loforð frá 2000	400.000
Bandamenn, edda.ris, til Jalta og Kaupmannahafnar	200.000
Brynja Benediktsdóttir, leikferð með sýninguna „Ferðir Guðríðar“ til Bandaríkjanna	400.000
Íslenski dansflokkurinn vegna Kanadaferðar	700.000
Leiklistarsamband Íslands vegna erlends samstarfs	500.000
Tíu fingur, Helga Arnalds vegna þátttöku í listahátíð í Tasmaníu	200.000
Tónlist	**13.134.248**
Áhugamannafélagið Tilraunaeldhúsið vegna tónleikahalds	50.000
Áskell Másson/Einar Jóhannesson vegna tónleikahalds í tengslum við plötuupptöku	100.000
Contrasti, tónleikar á árinu	100.000
Dómkórinn í Reykjavík vegna tónlistardags	75.000
Harmonikan, tónleikar í Langholtskirkju 5. maí 2001	70.000
Kirkjulistahátíð 2001 vegna tónleika	50.000
Laufey Sigurðardóttir o.fl., tónlistarhátíð í Mývatnssveit í apríl 2001	100.000
Listvinafélag Hallgrímskirkju, flutningur á Passíu eftir Hafliða Hallgrímson í febrúar 2001	200.000
Menningarmálanefnd Garðabæjar vegna Tónlistar í Garðarbæ 2001	100.000
Poulenc-hópurinn, tónleikahald í Fríkirkjunni í Reykjavík í september og október 2001	100.000
Samtök íslenskra skólalúðrasveita til að fá stjórn. og kennara frá Noregi til starfa með samtökunum	75.000
Schola Cantorum, kammerkór við Hallgrímskirkju, frumflutningur jólaóraoríu	250.000
Sigurður Halldórsson/Daníel Þorsteinsson. Ógr. loforð frá 2000	50.000
Sjóður í minningu um Vilberg Jónsson skólastjóra vegna tónleika	50.000

Sönghópurinn Hljómeyki vegna ýmissa verkefna	75.000
Szymon Jakob Kuran, flutningur og upptaka á Requiem, Sálumessu eftir SJK	100.000
Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss vegna „Bjartra sumarnátta“ í júní 2001	75.000
Tónlistarnefnd vegna þóknunar	259.248
Tónlistarskóli Húsavíkur. Ógr. loforð frá 2000	100.000
Tónlistarskóli Ísafjarðar, námskeið Erlings Blöndals á Ísafirði sumarið 2001	100.000
Tónlistarskóli Ísafjarðar, Sálumessa Mozarts á Ísafirði og í Reykjavík	150.000
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	200.000
Kammermúsíkklúbburinn	250.000
Samband íslenskra lúðrasveita, rekstur	500.000
Reykholtshátíð, tónleikar	400.000
Félag íslenskra tónlistarmanna, rekstur	1.000.000
Tónlistarfélag Hveragerðis og Ölfuss, tónleikar	400.000
Þjóðlagahátíð í Gnúpverjahreppi	400.000
Jassklúbbur Egilsstaða	400.000
Sumartónleikar í Skálholti	1.800.000
Efling Stykkishólms	400.000
Bláa kirkjan vegna sumartónleika	400.000
Sumartónleikar í Akureyrarkirkju samkvæmt fjárlögum 2001	400.000
Sumartónleikar við Mývatn	400.000
Tónlistarfélag Ísafjarðar, tónleikar	400.000
Brjánn, blús-, rokk- og jassklúbbur Neskaupstaðar	400.000
Jassklúbbur Ólafsfjarðar, „Blue North Musikfestival“	200.000
Tónskáldafélag Íslands vegna Myrkra músíkdaga	1.000.000
Apparat orgelkvartett, ferð á Roskilde-hátíðina í Danmörku í júlí 2001	80.000
Áskell Másson, ferð til Vínarborgar.	50.000
Barði Jóhannsson vegna samstarfsverkefnis milli Frakklands og Íslands	50.000
Barna- og unglingakór Grafarvogskirkju, Norbusang, norrænt kóramót í Svíþjóð	50.000
Barna- og unglingakór Selfosskirkju vegna kórakeppni á Spáni í júlí 2001	100.000
Björn St. Sólbergsson, fernir tónleikar í Danmörku og Kanada 2001	80.000
Bragi Þór Valsson, þátttaka í æfingu hjá Heimskór æskunnar	40.000
Danny Polloc vegna Festival í London	30.000
Davíð Ólafsson vegna norrænna ljóðatónleika í Þýskalandi 3. mars 2001	50.000
Erik Júlíus Mogensen, tónlistarhátíð í Prag	50.000
Finnur Torfi Stefánsson, upptaka á hljómsveitarverki í London	50.000
Geir Svansson, fyrirlestur um Megas í London	30.000
Gradualekór Langholtskirkju, kóramót í Finnlandi í júní 2001	100.000
Gunnhildur Einarsdóttir, tónleikaferð til Taívan í júní og júlí 2001	90.000
Hamrahlíðarkórinn, minningartónleikar um Engel Lund í Danmörku	200.000
Hlíf Sigurjónsdóttir, „debút“-tónleikar í Merkin Hall í New York í maí 2001	70.000
Hörður Áskelsson, þátttaka í orgeltónleikaröð Cathédrale des Saints Michel í Brussel	40.000
Ingvi Þór Kormáksson vegna kynningar á tónlist	35.000
Laufey Sigurðardóttir vegna tónleikahalds í Amsterdam í nóvember 2001	50.000
Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, ferð til Frakklands og Þýskalands í júní 2001	75.000
Mótettukór Hallgrímskirkju. kórastarf og tónleikaferð til Kanada í júní 2001	200.000
Mótettukór Hallgrímskirkju. Ógreitt loforð frá 2000	250.000
Pétur Eyvindsson vegna tónleika í Kaupmannahöfn	35.000
Richard Wagner félagið á Íslandi vegna ferðar íslenskra tónlistarmanna á hátíðina 2001	25.000
Skólahljómsveit Kópavogs, tónleikaferð til Austurríkis og Ítalíu í júní 2001	75.000
Torfi Ólafsson vegna „Scandinavian Fest-New Jersey“	50.000
Myndlist	**14.191.062**
Egill Egilsson. Ógreitt loforð frá 2000	35.000
Einar Már Guðvarðarson/Ljósaklif vegna sýninga myndlistarmanna í Ljósaklifi	250.000
Ferð þriggja listamanna til Ástralíu	300.000
Gallerí i8 vegna reksturs	400.000
Halldóra Arnardóttir. Ógreitt loforð frá 2000	100.000
Hammer Galleries Ltd. Ógreitt loforð frá 2000	150.463
Kirkjulistahátíð 2001	50.000
Manifesta	116.261

Myndlistarnefnd vegna þóknunar	62.506
Utanríkisráðuneytið vegna fyrirhugaðrar sýningar á verkum Errós í Ríga	102.345
ViðTjörnina, heimsókn fransks sýningarstjóra Manifesta	20.870
Upplýsingamiðstöð myndlistar vegna reksturs	4.000.000
Samband íslenskra myndlistarmanna vegna reksturs	1.500.000
Ásmundur Ásmundsson, þátttaka í EXIT í Helsinki	50.000
Ásta Ólafsdóttir, ljóðahátíð í Hollandi	40.000
Bjargey Ólafsdóttir vegna sýningarinnar „Printemps de Sept. á Toulouse“	40.000
Bjargey Ólafsdóttir vegna Blick	50.000
Daníel Þorkell Magnússon vegna ferða og uppihalds á Feneyjartvíæringnum 2001	100.000
Edda Jónsdóttir, stjórn Kjarvalsstofu í París	34.805
Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir vegna sýningar á Spáni	78.000
Guðrún Einarsdóttir vegna samsýningar í New Bedford Art Museum	40.000
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, sýning í Petrozavodsk	30.000
Guðrún Kristjánsdóttir vegna sýningar NORDIC ART í Svíþjóð	60.000
Hannes Lárusson vegna þátttöku í EXIT í Helsinki	50.000
Haraldur Jónsson vegna þátttöku í alþjóðlegri sýningu í Svíþjóð	50.000
Haraldur Jónsson vegna sýningar í Litháen	50.000
Harpa Árnadóttir vegna samsýningar listamanna í Gautaborg	100.000
Helga Magnúsdóttir vegna samsýningar í Grikklandi í september 2001	65.000
Hlynur Hallsson vegna sýninga erlendis	75.000
Ingunn Eydal til að vera við opnun myndlistarsýningar í Grikklandi	65.000
IS kunst gallery & café vegna sýningar Péturs Gauts og nemendasýningar í júní 2001	80.000
Jóna Thors og Sigríður Erla Guðmundsdóttir vegna sýningar í Brussel	130.000
Magnús Kjartansson vegna einkasýningar í Færeyjum	50.000
Meistari Jakob, listhús vegna þátttöku í samsýningar á Ítalíu	60.000
Míreya Samper vegna sýningar í Litháen	40.000
Palazzo Della Papesse Centro Arte vegna Þorvaldar Þorsteinssonar	60.992
Páll Thayer vegna ráðstefnu NIC í Kaupmannahöfn	37.000
Pétur Örn Friðriksson vegna sýningarinnar Markmið 3 í Gallery Wyspa	82.000
Pétur Tryggvi Hjálmarsson vegna afmælissýningar „Danske sølvsmede, udstillingsgruppen af nov. 1976“	50.000
Ragna Róbertsdóttir, þátttaka í samsýningu í Suður-Englandi	30.000
Ragnheiður Ragnarsdóttir, sýning í Petroskoi Art Museum í Rússlandi í ágúst 2001	30.000
Rúna Gísladóttir vegna „2nd World Festival of Art on paper“	65.000
Sara Björnsdóttir vegna þátttöku í myndlistarsýningu í Venesúela	40.000
Sólveig Aðalsteinsdóttir vegna þátttöku í samsýningu í Suður-Englandi	30.000
Þóra Sigurðardóttir, sýning í Kaupmannahöfn	30.000
Þóra Þórisdóttir vegna einkasýningar í Ungverjalandi í nóvember 2001	58.000
Valg. Tinna Gunnarsdóttir vegna þátttöku í húsgagnasýningu í Mílanó	50.000
Vignir Jóhannsson vegna myndlistarverkefna erlendis	100.000
Feneyja-tvíæringurinn – 1.	1.456.281
Feneyja-tvíæringurinn, áframhald – 2.	534.254
Feneyja-tvíæringurinn, áframhald – 3.	2.252.285
Myndlistarhátíð í Mílanó	860.000
Kvikmyndir	**200.000**
Stuttmyndadagar í Reykjavík 2001	200.000
Listir og menning	**9.158.430**
Anna María Bogadóttir vegna þátttöku í námskeiðinu European Dip. in Cult. Proj. Man	150.000
Ármann Örn Ármannsson, Evra-Provance tónlistarhátíð	575.000
Borgarbyggð, Borgfirðingarhátíð 2001	150.000
Chérif Khaznadar til Íslands vegna íslenskrar menningarkynningar í Frakklandi	35.393
Félag leikmynda- og búningahöfunda vegna stofnunar leiklistarsögusafns	200.000
Ferðaleikhúsið, sýning í Diorama Arts Center í London haustið 2001	100.000
Íslenski dansflokkurinn, sýning í Salisbury	200.000
Kirkjulistahátíð 2001	200.000
Magni Kristjánsson, safn Tryggva Ólafssonar	600.000
Menningarráðstefna á Seyðisfirði (áætlun)	1.025.671
Músík og saga vegna skýrslu um tónlistarvefsíður	50.000

Norðuróp – Ópera Norðurlands vegna óperanna Gianni Schicchi, Sálumessu og Z-ástarsögu	400.000
Ósk Vilhj. Miðstöð nýbúa. Ógreitt loforð frá 2000	200.000
Pars pro toto – Lára Stefánsdóttir vegna alþjóðlegrar danshöfundakeppni í Helsinki	100.000
Rætur, þjóðahátíð Vestfirðinga	200.000
Sigríður Lára Ásbergsdóttir, ferðakostnaður	177.685
Sjálfsbjörg Landssamband fatlaðra vegna menningarvikunnar „Í túnfætinum“	100.000
The Icelandic Take Away Theatre, sýning í Búdapest	200.000
Bandalag íslenskra listamanna vegna reksturs	1.200.000
Menor vegna reksturs	400.000
Á Seyði, Skaftfellskv., fjárlög 2001	1.000.000
Menning um landið	400.000
Árni Páll Jóhannsson, ferðakostnaður	34.290
Árni Páll Jóhannsson, hönnun á leikmynd	207.700
Coletta Bürling, þýðing	15.137
Sendiráðið í Brussel, tónleikaröð Goethe Institut	160.929
Stiftelsen Akershus Festning vegna menningarhátíðar	276.625
Listahátíð ungs fólks á Austurlandi samkvæmt fjárlögum 2001	400.000
Eiríksstaðanefnd – Leifsstaðir	400.000
Dagur íslenskrar tungu	**1.606.570**
Akstur	3.896
Árvin	40.908
ÁTVR	102.383
Edda – miðlun og útgáfa	26.730
Fjölmiðlavaktin	19.380
Grænn markaður, blóm	27.436
Greiðabílar	2.873
Heimskringla, Reykholti	68.061
Ingibjörg Frímannsdóttir, laun	296.580
Jón Sigurjónsson	12.200
Ljósmyndari	7.600
Mmr. aðstaða Ingibjargar Frímannsdóttur	90.000
Páll Guðmundsson, höggmyndir	50.000
Reikningar vegna Dags íslenskrar tungu 2000	68.364
Sigríður Kristinsdóttir	21.165
Steindórsprent – Gutenberg	128.788
Stjórnarlaun og viðbót til Ingibjargar	372.531
Svansprent	267.675
02-983-1.10 Fræðistörf, árið 2001	**3.795.000**
Ástráður Eysteinsson og Garðar Baldvinsson vegna Alfræði íslenskra bókmennta	500.000
Einar S. Þorbergsson, Shakespeare-leiksýningar á Íslandi	150.000
Félag íslenskra fornleifafræðinga vegna ráðstefnu norrænna fornleifafræðinga á Akureyri	400.000
Francois-Xavier Dillmann vegna Íslandsdvalar	250.000
Guðrún Nordal, útgáfa dróttkvæða	300.000
Guðrún, útgáfufélag, vegna útgáfu Hávamála á arabísku	100.000
Heimspekideild HÍ, útgáfa ráðstefnurits vegna rannsókna á norrænum málum	200.000
Hugvísindastofnun HÍ vegna málþings um skáldsögur	100.000
Hugvísindastofnun HÍ, skáldsagnaþing	75.000
Ingibjörg S. Soffíudóttir, kennslubók í frönsku	200.000
Jónas Kristjánsson, þrjár rannsóknarferðir til Nýfundalands	200.000
Norræna húsið, Reykjavík, fjármögnun íslensks hluta verkefnisins „A Europe of Tales“	450.000
Sagnfræðingafélag Íslands, kynning á fyrirlestraröð félagsins á næsta ári	70.000
Sagnfræðingafélag Íslands og Félag þjóðfræðinga á Íslandi, ráðstefna í maí 2001	200.000
Sigurður Björnsson, menningarvefsetrið Kistan	200.000
Vefkistan.is, listaþing tileinkað Megasi í Nýlistasafninu í september	400.000

02-983-1.11 Styrkir til útgáfumála, árið 2001	**8.277.833**
Ættfræðifélagið, loforð frá 2000	100.000
Dick Ringler, ráðstöfunarfé ríkisstjórnar, bók um Jónas Hallgrímsson	506.212
Edizioni Parnaso, utanríkisráðuneyti, útgáfa á forníslenskri málfræði á ítölsku	155.806
Hið íslenska fornleifafélag, loforð frá 2000	250.000
Margrét H. Auðardóttir vegna útgáfu á „Byggð og tímatal í N-Atlantshafi“	500.000
Peter Lang, leiðrétting	15.815
Sigurður Samúelsson, loforð frá 2000	200.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða vegna útgáfu stefnuyfirlýsingar IFLA	50.000
Jón Hilmar Magnússon, Færeysk orðabók	2.500.000
Örlygur Hálfdánarson vegna útgáfu ritverksins Aldahvörf	1.000.000
Jón Björnsson, Íslensk skip	1.000.000
HÍ, Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2002	2.000.000

02-984-1.90 Norræn samvinna, árið 2001	**14.617.839**
Akureyrarbær til þátttöku í handverkssýningar á Grænlandi í maí 2001	200.000
Anna Einarsdóttir vegna þátttöku í norrænni bókasýningu	200.000
Árni Guðmundsson, Æskulýðs- og tómstundaráð Hafnarfjarðar, Ungdom och kultur i Norden	500.000
Ásbjörn Morthens til þátttöku í Nordischer Klang í Þýskalandi í maí 2001	250.000
Áskell Másson vegna þýðingar á óperunni Klakahöllin	150.000
Baldur Þórhallsson, ráðstefna Samtaka fræðimanna á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn í mars 2001	50.000
Bandalag íslenskra listamanna, ráðstefna í Visby á Gotlandi 2001	100.000
Börn og bækur – Íslandsdeild IBBY vegna stjórnarfundar IBBY-samtakanna 2001	80.000
Edda Arnljótsdóttir vegna þátttöku í námskeiði norrænna leikkvenna	50.000
Erlendur Kristjánsson, ferðakostnaður	368.939
Félag íslenskra leikara vegna þátttöku í fundi FIA í Stokkhólmi	55.000
Finnur Gærdbo vegna Færeyskra daga í Ólafsvík 2001	100.000
Gamla apótekið vegna þátttöku í ráðstefnu í Finnlandi	50.000
Gísli Sv. Árnason til þátttöku í 5. norrænu miðsafnarráðstefnunni, Esbjerg, janúar 2001	70.000
Guðný Helgadóttir, ferðakostnaður	660.076
Gunnarsstofnun vegna ráðstefnu í Finnlandi í mars 2001	100.000
Hannes H. Gissurarson vegna flutnings fyrirlestrar á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í mars 2001	50.000
Hið íslenska glæpafélag	30.000
HÍ, Færeyjanefnd, heimspekideild HÍ vegna ráðstefnu um Ísland og Færeyjar	160.000
Hjörtur Pálsson vegna dvalar í Jónshúsi	65.000
Höfundaréttarfélag Íslands vegna norræns höfundarréttarþings á Akureyri	350.000
Hörður Lárusson, ferðakostnaður	166.495
Hrafn Harðarson, ferðakostnaður	83.487
Íslensk grafík vegna sýningar og kynningar á íslenskri grafík á Grænlandi	200.000
Íslenska dansfræðafélagið, ráðstefna í Noregi í janúar 2002	72.000
Íslenska dansfræðafélagið, stjórnarfundur Nofod í janúar	60.000
Jóhann Gunnarsson, ferðakostnaður	365.448
Jóhanna Karlsdóttir, Vi i Vest-Norden	142.091
Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju	200.000
Kristbjörg Þ. Kjeld vegna þátttöku í námskeiði norrænna leikkvenna	50.000
Laufey Guðjónsdóttir, ferðakostnaður	185.945
Leiklistarsamband Íslands vegna formennsku Íslands í Norrænu leiklistarsambandinu	400.000
Leiklistarsamband Íslands, norræn leikskáldaverðlaun	175.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, sýningin Hærra til þín á Íslandi, í Færeyjum og Danmörku	150.000
Listdansskóli Íslands vegna móts kennara og nemenda ríkisrekinna listdansskóla í Noregi í febrúar 2001	100.000
Magnús Þorkelsson, undirbúningur ráðstefnu norrænna kennslufræðinga	40.000
Margrét Hallgrímsdóttir, ferðakostnaður	83.487
Media upplýsingaþjónusta á Íslandi, þátttaka í norrænum fundi fyrir menningaráætlun ESB í Finnlandi í byrjun árs 2001	200.000
Nord IoD félagið á Íslandi, undirbúningsfundur	100.000
Norðurlandahúsið í Færeyjum vegna þátttöku CAPUT í Listahátíð Færeyja í ágúst 2001	355.720
Norræna félagið vegna norrænnar bókasafnsviku	100.000

Norræna félagið, íslenskunámskeið fyrir Nordbottenbúa	130.000
Norræna ráðherranefndin ferðakostnaður	-477.000
Rithöfundur til dvalar á Norðurlöndum, Björn Hróarsson	119.264
Samtök um leikminjasafn vegna þátttöku í ráðstefnu	45.000
Samtök um barna- og unglingaleikhús, Assitej – Island vegna starfsemi á árinu 2001	100.000
Samvinnuferðir – Landsýn, ráðstefnugjald	22.000
Sænsk-íslenski sjóðurinn, auglýsingar	39.003
Sögusvuntan, námskeið fyrir sögumenn	70.000
Stiftelsen Akershus Festning for Kunst og Kultur vegna „Nordens stemme på Akerhus 2001", íslenskt-norskt menningarsamstarf	276.625
Þóra C. Óskarsdóttir, ferðakostnaður	59.005
Úlfar Bragason, ferðakostnaður	369.703
Ungmennafélag Íslands vegna ferðar til Færeyja með ungmenni	150.000
Unnur Gyða Magnúsdóttir, Medier i Norden	35.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða	25.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða	100.000
Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, vegna fundar í Bremen	50.000
Upplýsing, Nordisk biblioteksmöte í Stokkhólmi	50.000
Víkingaráðstefna í Færeyjum	300.379
Norræna félagið, samkvæmt fjárlögum 2001	3.000.000
UMFÍ, Kultur og ungdom 2000	1.504.597
Nemi í íslensku við HÍ	552.936
Vest-norrænt samstarf	726.954
Menningarsjóður Íslands og Finnlands	
Fundur á Laugarvatni	45.290
Bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs	-244.605
Norræna félagið vegna vestnorrænna nemendaskipta	700.000
02-988-1.90 Æskulýðsmál, árið 2001	**4.186.058**
AFS á Íslandi, námskeið fyrir sjálfaboðaliða	50.000
AFS á Íslandi, samkvæmt fjárlögum 2001	400.000
AFS á Íslandi, vegna ráðstefnu í Ghent	25.000
Alþjóðlegar sumarbúðir barna vegna rekstrarstyrks 2001	100.000
Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar, Ný-ung, vegna rekstrarstyrks 2001	150.000
Æskulýðsstarf Blindrafélagsins vegna rekstrarstyrks 2001	150.000
Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar í Reykjavík vegna rekstrarstyrks 2001	200.000
AUS samkvæmt fjárlögum 2001	300.000
Bandalag íslenskra skáta vegna ráðstefnu í Ghent	25.000
Bandalag íslenskra sérskólanema vegna rekstarstyrks 2001	100.000
Bindindisfélag ökumanna vegna rekstrarstyrks 2001	150.000
Erlendur Kristjánsson, ferðakostnaður vegna ráðstefnu	205.338
Halla Björk Marteinsdóttir vegna forvarnarverkefnis í Skagafirði	60.000
Hjálpræðisherinn á Íslandi vegna rekstrarstyrks 2001	200.000
Kristilega skólahreyfingin vegna rekstrarstyrks 2001	200.000
Kristilega skólahreyfingin vegna móts í Hollandi	100.000
Slysavarnafélagið Landsbjörg vegna rekstrarstyrks 2001	200.000
Svanhildur Hólm Valsdóttir, ferðakostnaður vegna ráðstefnu um unglingastarf	45.720
Ungmennafélag Íslands vegna NSU-norrænt samstarf samkvæmt fjárlögum 2001	1.500.000
Ungmennafélag Íslands vegna ráðstefnu í Ghent	25.000
02-989-190 Ýmis íþróttamál, árið 2001	**11.468.685**
Austur-Hérað, landsmót UMFÍ	5.000.000
Billiard- og snókersamband Íslands vegna Norðurlandsmóts í snóker	200.000
Félag áhugafólks um íþróttir aldraða samkvæmt fjárlögum 2001	300.000
Fimleikadeild Stjörnunnar til þátttöku í Norðurlandamóti í Finnlandi 2001	150.000
ÍSÍ, lyfjaeftirlit vegna ársins 2001	1.000.000
ÍSÍ, lyfjanefnd vegna 2000	1.000.000
Jón Skaptason vegna þýðingar á grein um WADA	14.446
Kerlingarfjöll, Fannborg	2.400.000

Landssamband íslenskra akstursfélaga samkvæmt fjárlögum 2001	500.000
Reynir G. Karlsson, ferðakostnaður	35.564
Samtök íþróttafréttamanna til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi	150.000
Skáksamband Íslands vegna alþjóðlegs móts til minningar um Jóhann Þóri Jónsson	200.000
Steindórsprent – Gutenberg	18.675
Torfærusamband Íslands samkvæmt fjárlögum 2001	500.000
02-999-190 Ýmis framlög, árið 2001	**25.810.386**
Landssamband Gideonfélaga.	500.000
ICM upplýsingatækni, útgáfa Iceland Complete 2001 margmiðlunardisks	100.000
Nemendafélag LHÍ, Hringferðahópurinn, myndlistarsýning nemenda um landið	100.000
Edinborgarhúsið, starfsemi menningarmiðstöðvar árið 2001	500.000
Rætur, félag áhugafólks um menningarlega fjölbreytni á Vestfjörðum, ráðstefna gegn kynþáttahyggju	150.000
Draumasmiðjan, ráðstefna í Vín	200.000
Menningarnet Íslands vegna samnings	160.386
Kvenfélagasamband Íslands	1.800.000
Kvenréttindafélag Íslands	1.000.000
Kvennasögusafn Íslands	600.000
Heimilisiðnaðarskólinn	1.800.000
Sænautasel	2.000.000
Heimili og skóli	600.000
Fornleifastofnun Íslands	800.000
Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifarannsóknir	1.000.000
Surtseyjarfélagið	500.000
ÍSARK, ráðstefna árið 2001	500.000
Gáma, golfklúbbur, endurbygging	400.000
Fræðasetur í Sandgerðisbæ	600.000
Zontaklúbbur Akureyrar, Nonnahús	700.000
Óperustúdíó á Eiðum	2.000.000
Vestnorrænt menningarhús í Hafnarfirði	1.000.000
Rannsóknir á Vatnajökli, Rannsóknastofnun HÍ	2.000.000
Klúbbur matreiðslumanna	2.500.000
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	1.500.000
Menningarhátíð á Ísafirði	1.000.000
Menningarsjóður í Bretlandi	1.500.000
Minnisvarði um Guðríði Þorbjarnardóttur	300.000

1128. Framhaldsnefndarálit [503. mál]

um frv. til l. um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Fundur var haldinn í iðnaðarnefnd Alþingis fimmtudaginn 4. apríl 2002 á milli 2. og 3. umræðu um frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Til fundarins voru boðaðir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, Þórður Friðjónsson, framkvæmdastjóri Verðbréfaþings, Þorgeir Örlygsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, og Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Reyðaráls.

Framangreindir aðilar voru boðaðir á fund iðnaðarnefndar til þess að bregðast við þeim fréttum að sú vitneskja hafi legið fyrir þegar um miðjan febrúar sl. að Norsk Hydro gæti ekki

staðið við tímaáætlanir um uppbyggingu álvers í Reyðarfirði og að iðnaðarnefnd hafi ekki verið greint frá stöðu málsins. Farið var yfir málið og gestir fundarins skýrðu það af sinni hálfu. Á þingfundi sem hófst kl. 10.30 í morgun kvaddi Hjálmar Árnason, formaður iðnaðarnefndar, sér hljóðs og greindi Alþingi frá niðurstöðu nefndarinnar um meðferð þessa máls, þ.e. er að fara beri yfir allar tímasetningar og gera skýrslu um málið.

Minni hlutinn telur mikilvægt að Alþingi læri af þessu máli og hefur lagt fyrir forsætisnefnd tillögu að ályktun þess efnis að forsætisnefnd samþykki að leggja til að Alþingi kjósi nefnd sjö þingmanna sem kanni með hvaða hætti megi best tryggja að umfjöllun um þingmál, störf þingnefnda og önnur þingstörf byggist alltaf á réttum og bestu fáanlegum upplýsingum. Nefndin kanni lagaákvæði og reglur sem um þetta gilda í nálægum þjóðþingum. Einnig hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur í þessu sambandi, þ.m.t. refsiákvæði ef Alþingi eða þingnefndum eru gefnar rangar eða villandi upplýsingar eða þessir aðilar leyndir mikilvægum upplýsingum sem varða efni eða kringumstæður þingmáls eða þingstarfa. Lagt er til að starfsmenn skrifstofu Alþingis og nefndarsviðs verði nefndinni til aðstoðar í störfum. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ályktaði einnig sérstaklega um málið og birtist sú ályktun í fylgiskjali með þessu áliti.

Við 2. umræðu þessa máls lagði minni hlutinn fram svohljóðandi frávísunartillögu: „Í ljósi þess að allt er í óvissu með framvindu Noral-verkefnisins, stórfelld umhverfisspjöll sem af Kárahnjúkavirkjun hljótast eru óverjandi, mikið skortir á að arðsemi verkefnisins sé fullnægjandi, deildar meiningar eru um hvort verkefnið yrði jákvætt fyrir byggðaþróun á Austurlandi í heild þegar til lengri tíma er litið og ólokið er gerð rammaáætlunar um forgangsröðun virkjunarkosta, samþykkir Alþingi að vísa þessu máli frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“ Tillagan var felld við atkvæðagreiðslu í lok umræðunnar.

Umræðan um þetta stórmál hefur valdið miklum vonbrigðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa fært fram ítarlegar og þungvægar röksemdir fyrir því að ekki skuli ráðist í þessar umfangsmiklu og kostnaðarsömu framkvæmdir sem frumvarpið lýtur að. Þeir hafa grundvallað sinn málflutning á óhrekjanlegum staðreyndum um víðtæk óafturkræf umhverfisspjöll og á rökstuddum efasemdum um arðsemi framkvæmdanna. Málefnaleg viðbrögð hafa því miður verið lítt á lofti í umræðunni, sem hefur einkennst af fullyrðingum og afneitun staðreynda.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.

Fylgiskjal I.

Bókun Árna Steinars Jóhannssonar á fundi forsætisnefndar.
(2. apríl 2002.)

Nú er á dagskrá þingsins frumvarp til laga um virkjun Jökulsár á Brú, Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar. Í ljósi þess að iðnaðarnefnd afgreiddi frumvarpið frá sér 18. mars sl. án þess að greint væri frá nýrri stöðu varðandi samskipti Norsk Hydro og Reyðaráls tel ég að fresta beri umræðu um frumvarpið og vísa því aftur til nefndarinnar.

Alþingi leynt upplýsingum.
Ályktun þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.
(3. apríl 2002.)

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fordæmir harðlega að mikilsverðum upplýsingum sem vörðuðu stöðu Noral-verkefnisins svonefnda og stjórnarfrumvarps um Kárahnjúkavirkjun og stækkun Kröfluvirkjunar skuli hafa verið haldið leyndum fyrir Alþingi og viðkomandi þingnefndum meðan málið var þar til umfjöllunar. Það er óverjandi með öllu að ábyrgðaraðilar verkefnisins skuli ekki greina satt og rétt frá stöðu mála á hverjum tíma jafnt Alþingi sem fjölmiðlum og þar með þjóðinni. Þó tekur steininn úr þegar háttsettir opinberir embættismenn og ráðherrar eru staðnir að því að halda mikilsverðum upplýsingum frá Alþingi og þingnefndum. Þessi vinnubrögð fylgja í kjölfar þeirrar pólitísku valdbeitingar sem áður hafði verið ástunduð í málinu af umhverfisráðherra og þess ásetnings iðnaðarráðherra og Landsvirkjunar að umlykja fyrirhugað orkuverð leyndarhjúpi.

Það er óumflýjanlegt að Alþingi taki nú til skoðunar hvernig tryggja megi að umfjöllun um þingmál og störf þingnefnda geti alltaf byggst á réttum og fullnægjandi upplýsingum. Einnig þarf að huga að því hvort setja beri ákvæði í lög sem taka af skarið um að það sé saknæmt og refsivert að leyna Alþingi og þingnefndir upplýsingum eða greina þeim rangt frá.

Tillaga Árna Steinars Jóhannssonar að ályktun forsætisnefndar.
(3. apríl 2002.)

Forsætisnefnd samþykkir að leggja til að Alþingi kjósi nefnd sjö þingmanna sem kanni með hvaða hætti megi best tryggja að umfjöllun um þingmál, störf þingnefnda og önnur þingstörf byggist alltaf á réttum og bestu fáanlegum upplýsingum. Nefndin kanni lagaákvæði og reglur sem um þetta gilda í nálægum þjóðþingum. Einnig hvort ástæða sé til að lögfesta hér reglur í þessu sambandi, þ.m.t. refsiákvæði ef Alþingi eða þingnefndum eru gefnar rangar eða villandi upplýsingar eða þessir aðilar leyndir mikilvægum upplýsingum sem varða efni eða kringumstæður þingmáls eða þingstarfa.

Starfsmenn þingmálaskrifstofu og nefndasviðs skulu vera nefndinni til aðstoðar eftir þörfum.

1129. Frumvarp til laga [705. mál]

um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Ögmundur Jónasson, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason.

1. gr.

Í stað orðanna „10. apríl 2002“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: ársloka 2002.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hafa vátryggingafélög, í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september, sagt upp ábyrgðartryggingum flugrekenda og hefur það leitt til þess að ríkisstjórnir um heim allan hafa orðið að takast á hendur slíkar tryggingar til þess að flugrekendur næðu að uppfylla þær tryggingakröfur sem gerðar eru á hendur þeim og þannig forðað því að alþjóðlegar flugsamgöngur stöðvist. Bráðabirgðalög um slíka heimild ríkissjóðs Íslands voru sett 23. september 2001 og lagaheimildin staðfest með lögum nr. 120/2001 og síðar breytt með lögum nr. 5/2002. Samkvæmt lögunum á trygging sem ríkissjóður veitir ekki að gilda lengur en til 10. apríl 2002.

Endurtrygging ríkissjóðs hefur, eins og sambærilegar tryggingar annarra ríkja, verið veitt til takmarkaðs tíma í einu þar sem vonir hafa verið bundnar við að vátryggjendur tækju að bjóða fullnægjandi vátryggingar á viðunandi kjörum. Til skamms tíma hefur verið talið að vátryggingamarkaðurinn mundi ekki síðar en 31. mars 2002 taka að bjóða nauðsynlegar ábyrgðartryggingar til viðbótar við þær takmörkuðu grunntryggingar sem þar bjóðast nú. Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir þar sem tryggingamarkaðurinn er enn í nokkru uppnámi vegna atburðanna hinn 11. september sl.

Á fundi samgönguráðs Evrópusambandsins, 25. til 26. mars 2002, var ákveðið að framlengja heimild aðildarríkjanna til að veita umræddar tryggingar um 60 daga en að öðru óbreyttu hefði heimildin runnið út 31. mars. Stjórnvöld í Bandaríkjunum höfðu skömmu áður framlengt tryggingaverndina um 60 daga.

Önnur Evrópuríki hafa í samræmi við framangreint ákveðið að framlengja enn þá vátryggingavernd sem þau hafa veitt flugrekendum. Þótt íslenskir flugrekendur geti nú keypt á markaði hærri grunntryggingar en unnt var fyrst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september 2001 og þeim hafi einnig tekist að fá fram lækkun á þeim tryggingakröfum sem gerðar eru á hendur þeim, liggur fyrir að enn bjóðast ekki fullnægjandi markaðslausnir. Nauðsyn ber því til þess að ríkissjóður geti áfram tekist á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika.

Af ofangreindum ástæðum er því þörf á framlengingu heimildar samkvæmt lögum nr. 120/2001, með síðari breytingum, til þess að ríkissjóður geti enn um sinn veitt flugrekendum

nauðsynlega vátryggingavernd. Útilokað er að segja til um það á þessu stigi hvort áframhaldandi þörf verður talin á aðkomu ríkja að tryggingamálum flugrekenda eftir að gildistíma þeirrar vátryggingaverndar, sem Evrópusambandið, Bandaríkin og fleiri ríki hafa nú heimilað, lýkur. Vegna þeirrar óvissu og til þess að lagaheimild sé fyrir hendi ef frekari framlenginga verður þörf er í frumvarpi þessu lagt til að heimild ríkissjóðs verði framlengd til ársloka 2002.

1130. Lög [704. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 1123.

1131. Nefndarálit [705. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndarmenn leituðu álits hjá Baldri Guðlaugssyni og Ingva Má Pálssyni frá fjármálaráðuneyti, Sigurði Helgasyni og Halldóri Vilhjálmssyni frá Flugleiðum, Lárusi Atlasyni frá Atlanta og Sólrúnu Halldórsdóttur frá Sjóvá-Almennum.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að framlengja gildistíma laga nr. 120/2001, sem veita ríkissjóði heimild til að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem íslenskir flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns sem hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika, en lögin voru sett í framhaldi af því að vátryggjendur um allan heim sögðu upp ábyrgðartryggingum flugrekenda vegna hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Lögunum var ætlað að gilda til ársloka 2001. Fljótlega kom hins vegar í ljós að vátryggjendur voru ekki farnir að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Því var gildistími laganna framlengdur til 10. apríl 2002. Nú hefur hins vegar komið í ljós að vátryggjendur eru ekki enn farnir að bjóða fullnægjandi ábyrgðartryggingar. Því er nauðsynlegt að framlengja gildistíma heimildar ríkissjóðs enn um sinn og er lagt til í frumvarpinu að hún geti staðið allt til ársloka 2002.

Nefndin bendir á að trygging ríkissjóðs er veitt til skamms tíma hverju sinni og er aðeins framlengd ef nauðsyn krefur. Nefndin bendir jafnframt á að heildarábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað úr 27.000 millj. USD í 2.200 millj. USD frá því málið kom fyrst til kasta Alþingis. Ástæðan fyrir þessari lækkun er að tryggingarkrafan hefur lækkað, grunnfjárhæð tryggingar sem flugfélögin tryggja sjálf hefur hækkað úr 50 millj. USD í 150 millj. USD og enn fremur

hefur verið sett þak á ábyrgð gagnvart hverju einstöku flugfélagi sem takmarkast nú við tjón vegna einnar flugvélar. Fyrirkomulag þessara mála hérlendis hefur verið í samræmi við það sem almennt hefur tíðkast annars staðar og nefndin gengur út frá því að framkvæmd þessarar tryggingar af hálfu ríkisins verði í samræmi við alþjóðlega þróun, þar á meðal verði tekið upp samstarf við önnur ríki ef möguleiki opnast á slíku.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögu við málið.

Alþingi, 5. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Hjálmar Árnason.

1132. Breytingartillaga [705. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika, með síðari breytingum.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ársloka 2002“ komi: 15. október 2002.

1133. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

1.–3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 30 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til einkaleyfayfirvalda. Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð.

Beiðni um að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar skal koma fram innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr.

Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.

3. gr.

32. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðinn sé frestur skv. 1. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

5. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Einkaleyfastofan getur farið fram á að einkaleyfishafi, sem hefur ekki heimilisfesti hér á landi, tilnefni umboðsmann búsettan á EES-svæðinu sem hefur fyrir hans hönd heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2.–4. gr. laga þessara taka til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna þar sem 20 mánaða frestur til yfirfærslu, talið frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, rennur út 1. apríl 2002 eða síðar enda hafi þær ekki verið yfirfærðar á þeim tíma.

1134. Frumvarp til laga [347. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

1. gr.

7. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. A, svohljóðandi:

Bókhaldsbækur skulu vera til staðar hér á landi. Skal texti þeirra vera á íslensku og fjárhæðir í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, skv. 1. mgr. 1. gr. laga um ársreikninga, fengið heimild til að færa fjárhæðir í bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja ársreikning í þeim gjaldmiðli, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um ársreikninga. Texti í bókhaldsbókunum skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga, heimilt að varðveita gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.

b. 2. mgr. sem verður 3. mgr. orðast svo:

Ef tölvubúnaði, sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn, er breytt eða fargað ber að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög, sbr. 1. mgr. 1. gr., fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikning í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar er orðast svo:

a. (11. gr. A.)

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Félög sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða geta sótt um slíka heimild:

1. Félög sem eru með meginstarfsemi sína erlendis eða eru hluti erlendrar félagasamstæðu þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en íslensk króna.
2. Félög sem eiga erlend dótturfélög eða hlutdeild í erlendum félögum og meginviðskipti eru við þessi félög.
3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta viðskipta í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt góðri reikningsskilavenju.
4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna og skulda þeim tengdra skráðan í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem meginhluti viðskipta félags eða félagasamstæðu fer fram í. Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

b. (11. gr. B.)

Umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skal berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs.

Félag sem fengið hefur heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli skv. 2. mgr. 11. gr. skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár nema það uppfylli ekki lengur skilyrði 11. gr. A.

Telji félag sig ekki lengur uppfylla skilyrði 11. gr. A ber því að tilkynna ársreikningaskrá um það. Að fenginni heimild ársreikningaskrár skal það færa bókhald sitt og semja ársreikning í íslenskum krónum miðað við næsta reikningsár.

Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með því að félög sem fengið hafa heimild skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði 11. gr. A, sbr. 78. gr.

Uppfylli félag ekki skilyrði 11. gr. A skal ársreikningaskrá afturkalla heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli við upphaf næsta reikningsárs. Ársreikningaskrá getur veitt félagi frest í tvö reikningsár telji hún ástandið tímabundið.

6. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A, skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrra árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gilti þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félög, sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning vegna reikningsársins 2002 í erlendum gjaldmiðli, hafa frest til 30. apríl 2002 til að sækja um slíka heimild.

III. KAFLI
Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

8. gr.

Á eftir 91. gr. laganna kemur ný grein, 91. gr. A, svohljóðandi:

Skýrslu lögaðila sem heimild hafa til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A laga um ársreikninga, skal fylgja undirritaður ársreikningur í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, ásamt sérstakri greinargerð, sbr. 1. mgr. 91. gr., um skattstofna í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skulu fjárhæðir vera í íslenskum krónum.

Fjárhæðir í greinargerð skv. 1. mgr. skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á eftirfarandi hátt:

a. Tekjur og gjöld á árinu, þ.m.t. fyrningar, skulu umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi reikningsársins.
b. Eignir, skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi í lok viðkomandi reikningsárs.
c. Gengismunur sem kann að myndast við umreikning ársreiknings úr erlendum gjaldmiðli í íslenskar krónur skv. a- og b-liðum skal ekki hafa áhrif á tekjur í rekstrarreikningi.

Við umreikning í starfrækslugjaldmiðil skal umreikna fyrningargrunn eigna og fengnar fyrningar, stofnverð ófyrnanlegra eigna og eigna sem ekki hafa verið teknar í notkun á lokagengi þess reikningsárs og skal skattalegt stofnverð ákvarðast í samræmi við þann umreikning. Við sölu á eignarhlutum í félögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 1996 skal stofnverð ákvarðast í samræmi við ákvæði 2. málsl. 4. mgr. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eftir því sem við á í íslenskum krónum en söluverðið skal umreikna í íslenskar krónur á daggengi við sölu. Við sölu eignarhluta í félögum sem seljandi hefur eignast eftir 1996 skal stofnverð þeirra ákvarðað í íslenskum krónum miðað við daggengi við kaup en söluverð skal umreiknað miðað við daggengi við sölu. Fasteignir skal telja til eignar skv. 1. tölul. 1. mgr. 74. gr. og eignarhlutir í félögum skulu færðir til eignar skv. 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. Hlutafé félags, sbr. 77. gr., skal fært á nafnverði í íslenskum krónum. Þegar frestaður hluti söluhagnaðar er skattlagður skal fjárhæð hans færð til tekna óbreytt í krónum talið frá því ári sem hann myndaðist. Rekstrartap frá fyrri árum skv. 8. tölul. 31. gr. skal fært til frádráttar rekstrarhagnaði ársins óbreytt í krónum talið frá því sem fram kemur í greinargerðum skv. 1. mgr. á þeim rekstrarárum er tapið myndaðist. Um skattskil lögaðila, sem byggð eru á bókhaldi og ársreikningi í erlendum gjaldmiðli, gilda að öðru leyti sömu reglur og gilda um skattskil lögaðila í íslenskum krónum.

Heimilt er lögaðila, sem færir bókhald sitt í íslenskum krónum auk bókhalds í starfrækslugjaldmiðli, að byggja greinargerð sína skv. 1. mgr. á bókhaldi í íslenskum krónum, en þá skal viðhalda þeirri aðferð í að minnsta kosti fimm ár.

9. gr.

Við 92. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum á daggengi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda frá 1. janúar 2002.

1135. Lög [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 863.

1136. Lög [453. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 1133.

1137. Lög [347. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 1134.

1138. Lög [705. mál]

um breyting á lögum nr. 120/2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða álíkra atvika, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 1129.

1139. Fyrirspurn [706. mál]

til viðskiptaráðherra um heildarskuldir og vaxtabyrði í íslenska lánakerfinu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóhanni Ársælssyni.

1. Hverjar voru heildarskuldir í íslenska lánakerfinu í árslok 1995 og 2001 og hvernig skiptust þær á
   a. ríki,
   b. sveitarfélög,
   c. einstaklinga,
   d. fyrirtæki,
   e. stofnanir, sjóði og aðra aðila?
2. Hver var heildarvaxtabyrði í íslenska lánakerfinu árin 1995 og 2001 og hver hefði hún orðið miðað við meðaltal vaxta á evru-svæðinu annars vegar og hins vegar meðaltal vaxta í OECD-löndum? Svarið óskast sundurliðað á sama hátt og í fyrri lið.

Skriflegt svar óskast.

1140. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ástu S. Helgadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Heiðu Gestsdóttur frá Vinnumálastofnun, Kötlu Þorsteinsdóttur frá Alþjóðahúsi, Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón H. Magnússon frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Atlason frá Mannréttindasamtökum innflytjenda, Antoinette M. Gyedu frá fjölmenningarráði, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Jóhann Jóhannsson og Georg Kr. Lárusson frá Útlendingaeftirlitinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bændasamtökum Íslands, Flóttamannaráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vélstjórafélagi Íslands, Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi, Toshiki Toma, presti innflytjenda, Samtökum atvinnulífsins, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Vinnumálastofnun, Útlendingaeftirlitinu, Jafnréttisstofu, fjölmenningarráði, Alþjóðahúsi, Rauða krossi Íslands og Biskupsstofu.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögunum en miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði frá gildistöku núgildandi laga. Við samningu frumvarpsins var litið til þeirrar framkvæmdar sem skapast hefur á grundvelli þeirra og er því m.a. verið að festa hana í sessi. Í frumvarpinu er að finna reglur um rétt útlendinga hér á landi til atvinnu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Einnig er frumvarpinu ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni. Jafnframt var við samningu frumvarpsins tekið tillit til þeirrar almennu þróunar sem orðið hefur í löggjöf á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda og í alþjóðlegu samstarfi auk þess sem tekið var mið af frumvarpi til laga um útlendinga.

Frumvarpið er nú endurflutt frá 126. löggjafarþingi. Örlitlar breytingar voru gerðar á frumvarpinu á milli þinga en helstu nýmæli þess eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð hér á landi. Í öðru lagi er heimilt að víkja frá skilyrðum um umsögn stéttarfélags í tilteknum tilvikum. Í þriðja lagi er að finna ákvæði um skyldu atvinnurekanda til að sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Í fjórða lagi er heimilt að víkja frá þeirri meginreglu að tímabundið atvinnuleyfi skuli ætíð liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta sinn til að starfa hér á landi ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Í fimmta lagi er heimilt að veita nánustu aðstandendum útlendings tímabundið atvinnuleyfi að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Í sjötta lagi er heimilt við vissar aðstæður að víkja frá skilyrðum varðandi óbundið atvinnuleyfi, svo sem vegna skilnaðar útlendings og Íslendings, andláts íslensks maka eða erlendra námsmanna. Í sjöunda lagi er að finna sérstakt ákvæði um íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Í áttunda lagi er í frumvarpinu að finna heimildarákvæði um tímabundið atvinnuleyfi sem veita má annars vegar hælisleitanda þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn hans og hins vegar útlendingi, sem hefur endanlega verið synjað um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísunin kemur til framkvæmda. Í níunda lagi er heimilt að víkja frá skilyrðum fyrir veitingu óbundins atvinnuleyfis ef um er að ræða maka útlendings eða uppkomin börn útlendings sem er með slíkt leyfi. Í tíunda lagi er í frumvarpinu nýr kafli um málsmeðferð. Loks er kveðið á um samráðsnefnd Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

Heimild ráðherra til að binda atvinnuleyfi öðrum skilyrðum en fram koma í lögunum er með frumvarpinu þrengd frá gildandi lögum þar sem heimildin er nú takmörkuð við mikilvæga almannahagsmuni. Nefndin leggur áherslu á að heimildinni sé ekki beitt nema fyrir hendi séu svokölluð „force major“ tilvik og þá fyrst og fremst við útgáfu nýrra leyfa.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi telur nefndin nauðsynlegt að nánustu aðstandendur útlendings séu skilgreindir í frumvarpinu og leggur því til sömu skilgreiningu og er að finna á nánustu aðstandendum útlendings í frumvarpi til laga um útlendinga. Enn fremur er lagt til að útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu verði undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi og er sú breyting í samræmi við nýjan stofnsamning EFTA sem undirritaður var 21. júní 2001. Þá eru lagðar til breytingar á refsiákvæðum frumvarpsins en í þeim

er ítarlega greint frá því hvaða háttsemi skuli refsiverð samkvæmt lögunum, hver sé refsirammi og hverjar saknæmiskröfur. Loks leggur nefndin til fáeinar orðalagsbreytingar.

Alþingi, 5. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Jónína Bjartmarz.
Kristján Pálsson.	Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

1141. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „þó með þeim undantekningum sem koma fram í III. kafla laganna“ komi nýr málsliður, svohljóðandi: Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla.
2. Við 3. gr. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Nánustu aðstandendur:* Maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og ættmenni útlendings eða maka að feðgatali.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný málsgrein er hljóði svo:
      Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.
   b. Á eftir orðunum „c-liðar“ í 4. mgr., er verði 3. mgr., komi: 1. mgr.
   c. Í stað orðanna „atvinnuleyfi samkvæmt þessari grein“ í 5. mgr., er verði 4. mgr., komi: óbundið atvinnuleyfi.
   d. Í stað orðanna „fasta búsetu“ í 6. mgr., er verði 5. mgr., komi: lögheimili.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:
   a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.
   b. Útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   c. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
   d. Erlendir makar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að 18 ára aldri.

e. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

5. Við 17. gr. Greinin orðist svo ásamt fyrirsögn:

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur atvinnuleyfi samkvæmt lögunum,
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins,
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í atvinnuskyni,
d. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að stunda atvinnu án tilskilinna leyfa.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

6. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Sá sem hefur milligöngu um að útlendingur flytjist til landsins í atvinnuskyni án tilskilinna leyfa, sbr. b- og c- lið 2. mgr. 17. gr., skal greiða allan kostnað við að flytja útlending úr landi.

7. Við 26. gr. 1. mgr orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

1142. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um útlendinga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen og Björn Friðfinnsson frá dómsmálaráðuneyti, Bjarneyju Friðriksdóttur og Kötlu Þorsteinsdóttur frá Alþjóðahúsi, Margréti Henriksdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Georg Kr. Lárusson og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirlitinu, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Heiðu Gestsdóttur frá Vinnumálastofnun, Ástu S. Helgadóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Hörð Helgason frá Persónuvernd, Toshiki Toma, prest innflytjenda, Guðmund Þ. Guðmundsson frá biskupsstofu, Þóri Oddsson frá ríkislögreglustjóra, Guðjón Atlason frá Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi, Jóhann Bene-

diktsson sýslumann, Tinnu Víðisdóttur og Halldór Guðjónsson frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli og Boga Nilsson ríkissaksóknara.

Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Alþjóðahúsi, Rauða krossi Íslands, Útlendingaeftirlitinu, Barnaheillum, ríkissaksóknara, Jafnréttisstofu, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Lögmannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Siglingastofnun Íslands, Toshiki Toma, presti innflytjenda, fjölmenningarráði, lögreglustjóranum í Reykjavík, Mannréttindasamtökum innflytjenda á Íslandi, Persónuvernd, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Háskóla Íslands og Flugleiðum.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum frá 1965 og er ætlað að leysa þau af hólmi. Í því er að finna reglur um réttarstöðu útlendinga hér á landi, við komu þeirra, dvöl og brottför, og einnig er sérstakur kafli um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt eru í frumvarpinu settar reglur sem tryggja eiga réttarvernd flóttamanna er leita hælis hér á landi og vernd þeirra gegn ofsóknum. Með frumvarpinu hefur verið tekið tillit til almennrar þróunar á löggjöf og viðhorfum til málefna útlendinga, breytinga á stjórnarskránni, skuldbindinga samkvæmt alþjóðasamningum og þróunar á sviði stjórnsýsluréttar og mannréttinda, auk þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Við samningu frumvarpsins var sérstaklega höfð hliðsjón af norrænni löggjöf enda hafa Norðurlöndin haft um langa hríð með sér samvinnu um útlendingamálefni og landamæraeftirlit.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau í fyrsta lagi að finna má sérstakan kafla með ítarlegri ákvæðum en áður um vernd gegn ofsóknum og um flóttamenn, auk þess sem sett eru ákvæði um sameiginlega vernd vegna fjöldaflótta. Þá er lagt til að við tilteknar aðstæður skuli útlendingi veitt réttaraðstoð með skipun talsmanns og að hann skuli njóta túlkaþjónustu. Jafnframt er lagt til að kæruheimildir verði rýmkaðar og settar verði reglur um framkvæmd ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Lagt er til að veita megi útlendingi búsetuleyfi sem er ótímabundið dvalarleyfi. Þá er gert ráð fyrir að lögfestar verði heimildir um rannsóknarúrræði, svo sem að heimilt verði að taka ljósmyndir og fingraför af útlendingum og færa þau í fingrafarabanka. Þá eru reglur um komu- og brottfarareftirlit samræmdar Schengen-reglum. Einnig er í frumvarpinu að finna mun ítarlegri reglur um skilyrði þess að vísa megi útlendingi frá landi og úr landi. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði um miðlun upplýsinga úr landi og ábyrgð á kostnaði við brottflutning. Þá er lagt til að unnt verði að veita bráðabirgðadvalarleyfi á meðan hælisbeiðni er til meðferðar eða ef endanleg synjun um hæli eða dvalarleyfi kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, en með því er útlendingi gert kleift að afla sér tekna með vinnu sér til framfærslu. Einnig er að finna reglur sem mæla fyrir um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg framkvæmd laganna. Loks er lagt til að Útlendingaeftirlitið fái nýtt heiti, Útlendingastofnun.

Frumvarpið er endurflutt frá 126. löggjafarþingi með fáeinum breytingum. Sumar þeirra eru í samræmi við tillögur nefndarinnar en aðrar eru að frumkvæði ráðuneytisins. Helst ber að nefna fyrrnefndar breytingar um útgáfu bráðabirgðadvalarleyfis og heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Annað sem ber að nefna eru breytingar á ákvæðum um frávísun við komu til landsins og eftir komu til landsins. Þá skal nefna breytingar á 29. gr. frumvarpsins um rannsóknarúrræði. Þar eru gerðar breytingar á leitar- og handtökuheimild lögreglu og heimild hennar til gera rannsókn á erfðaefni hefur verið felld brott. Þá hefur 15. gr. frumvarpsins um búsetuleyfi verið breytt í heimildarákvæði þannig að útlendingur á ekki lengur

rétt á að fá útgefið búsetuleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum heldur er heimilt að gefa slíkt leyfi út og eru gerðar breytingar á ákvæðum frumvarpsins því til samræmingar. Einnig hefur refsiákvæðum frumvarpsins verið breytt en aðrar breytingar lúta flestar að því að rýmka ákvörðunarvald stjórnvalda, svo sem við framkvæmd ákvörðunar. Nefndin tók til skoðunar þær margvíslegar athugasemdir sem henni bárust við frumvarpið í umsögnum og frá gestum nefndarinnar. Þau álitaefni sem vöknuðu við umfjöllun nefndarinnar voru að mestu leyti þau sömu og á síðasta þingi en nefndin telur rétt að ítreka eftirfarandi atriði:

Athugasemdir eru enn á ný gerðar af hálfu umsagnaraðila og gesta við fjölda þeirra heimilda sem ráðherra hefur í frumvarpinu til að setja nánari reglur í reglugerð og er því haldið fram að það feli í sér valdaframsal sem stangist á við stjórnarskrá. Samkvæmt meginreglum þjóðaréttar hefur útlendingur ekki rétt til að koma til annars lands, dveljast þar eða setjast þar að. Um það gilda lög hvers ríkis og alþjóðasamningar. Stjórnvöld verða því að hafa stjórn á og eftirlit með komu útlendinga til landsins og för þeirra úr landi og er það gert í samræmi við stefnu þeirra á hverjum tíma. Með því fyrirkomulagi sem er í frumvarpinu er verið að fylgja stjórnarskrá þar sem allar efnisreglur eru í frumvarpinu sjálfu. Hvað varðar nánari útfærslu og framkvæmd laganna hefur ráðherra ekki eingöngu heimild heldur líka skyldu til að kveða skýrt á um alla framkvæmd og útfærslu þeirra efnisreglna sem lögin kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að Norðmenn hafa m.a. farið svipaða leið og valin er hér. Þá er vert að taka fram að þrátt fyrir fjölda ákvæða sem heimila setningu reglna er gert ráð fyrir að fjallað verði um þessi ákvæði í einni reglugerð. Þá leggur nefndin áherslu á að reglugerðin sem ráðherra setur á grundvelli laganna verði ljós og öllum aðgengileg. Rétt er að gera ráð fyrir þýðingu hennar á erlend tungumál og að tryggt verði að hún liggi frammi á sem flestum stöðum, svo sem í opinberum stofnunum eins og sýslumannsembættum, auk þess sem hún verði birt á netinu.

Við umfjöllun nefndarinnar var aftur rædd sú leið sem Norðmenn hafa nýlega farið með því að stofna kærunefnd en verksvið hennar er m.a. eftirlit með framkvæmd laganna og reglum á grundvelli þeirra auk þess að úrskurða í kærumálum sem rísa vegna þeirra. Meiri hlutinn telur enn ekki tímabært að taka afstöðu til þess hvort slíks sé þörf hér á landi enda muni reynslan og framkvæmdin leiða það í ljós.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er nú heimilt að veita útlendingi búsetuleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er m.a. gerð sú krafa að umsækjandi slíks leyfis þurfi að hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Þá hefur ákvæðinu, eins og að framan greinir, verið breytt í heimildarákvæði. Við umfjöllun nefndarinnar kom í ljós að andstaða við greinina hefur ekki breyst og lýtur hún nú bæði að breytingunni í heimildarákvæði og að því að útlendingurinn eigi sjálfur að bera kostnaðinn af námskeiðinu. Meiri hlutinn telur að eðlilegt sé að kostnaður af námskeiðunum verði greiddur af útlendingunum sjálfum þar sem íslenskukunnátta sé forsenda þess að þeir geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Mikilvægt sé að útlendingur sem hyggst setjast að á Íslandi aðlagist íslensku samfélagi sem fyrst enda hljóti það að vera hagsmunamál fyrir útlendinginn sjálfan sem og þjóðfélagið í heild. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að tryggt verði nægilegt framboð af slíkum námskeiðum í landinu öllu og að gjald fyrir það verði hóflegt. Enn fremur er lagt til að haft verði samráð við menntamálaráðuneytið og aðila vinnumarkaðarins um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Aftur fjallaði nefndin um réttarstöðu barna yngri en 18 ára sem kynnu að koma til landsins án foreldra eða annarra forsjáraðila og þá einkum stöðu þeirra sem flóttamanna. Ekki hefur reynt á slík ákvæði hér á landi en ef svo bæri undir bendir meiri hlutinn á að réttarstaða þeirra yrði að sjálfsögðu sú sama og annarra flóttamanna og þeim tryggð sama vernd og öðrum á

grundvelli frumvarpsins og alþjóðasamninga. Í slíkum tilvikum mundi auk þess reyna á skyldur barnaverndaryfirvalda samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjúkratrygging sé skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis. Í almannatryggingalögum er ákveðinn sex mánaða biðtími þar til menn öðlast rétt samkvæmt þeim. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þessi krafa sé gerð um sjúkratryggingu, enda hljóta það að vera hagsmunir útlendingsins sjálfs að njóta verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaganna. Þessa kröfu er auk þess að finna í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga sem nú er til umfjöllunar hjá þinginu en þar er að finna ákvæði um að atvinnurekandi skuli sjúkratryggja erlendan starfsmann sinn. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti bjóða íslensk tryggingafélög upp á sjúkratryggingar fyrir útlendinga en meiri hlutinn telur rétt að benda á að ekki er skilyrði samkvæmt frumvarpinu að slíkar tryggingar séu keyptar hér á landi heldur eingöngu að þær séu til staðar.

Hvað varðar rétt útlendinga sem falla undir EES-samninginn til dvalarleyfis tekur meiri hlutinn fram að eðlilegt er að þeir leiti eftir leyfinu með umsókn eins og aðrir enda er það í samræmi við viðteknar venjur í öðrum EES-löndum.

Þá telur meiri hlutinn rétt að sett verði heildstæð löggjöf um öll málefni er varða dvalar- og atvinnuréttindi útlendinga og þau látin heyra undir eitt og sama ráðuneyti. Bendir meiri hlutinn á að hagræði af slíku er augljóst fyrir útlendinga, atvinnurekendur, sveitarfélög og stofnanir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við vinnslu persónuupplýsinga sé heimilt eftir þörfum að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að Útlendingastofnun ber ekki að fá aðrar upplýsingar frá lögreglunni en þær sem eingöngu tengjast umsækjendum um dvalarleyfi og aðeins þær upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við afgreiðslu stofnunarinnar á slíkum málum. Þá á lögreglan ekki rétt á upplýsingum frá Útlendingastofnun nema nauðsynlegt sé vegna rannsóknar á tilteknu máli er varðar útlending eða eftirlit með útlendingum.

Enn fremur ræddi meiri hlutinn ábyrgð á kostnaði við flutning útlendings úr landi. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að með frumvarpinu er ekki verið að leggja víðtækari skyldur á eigendur eða leigjendur skipa og loftfara en núgildandi löggjöf kveður á um heldur er verið að færa frávísun útlendinga til samræmis við viðteknar venjur og alþjóðlegar skuldbindingar af Íslands hálfu.

Loks telur meiri hlutinn rétt að geta þess að þeir útlendingar sem öðlast hafa réttindi samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum skulu halda öllum áunnum réttindum.

Mælir meiri hlutinn með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru auk orðalagsbreytinga:

1. Lagt er til að dvalartími erlendis sem fellt getur niður búsetuleyfi skv. 15. gr. verði lengdur úr tólf mánuðum í átján mánuði.
2. Lagt er til að Flóttamannaráð Íslands geri tillögu um að heimila hópum flóttamanna komu til landsins sem ákvörðun stjórnvalda byggist á.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.		Kjartan Ólafsson.

1143. Breytingartillögur [433. mál]

við frv. til l. um útlendinga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, JBjart, KF, ÁMöl, KÓ).

1. Við 4. gr.
   a. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.
   b. Í stað orðsins „undantekningu“ í 3. mgr. komi: undantekningar.
2. Við 5. gr. í stað orðsins „ferðar“ í 2. mgr. komi: komu.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „undanþágu“ í 2. mgr. komi: undanþágur.
4. Við 9. gr. Í stað orðanna „að lögum“ í 1. mgr. komi: í lögum.
5. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „eiga, að fenginni umsókn, rétt á dvalarleyfi“ í 1. mgr. komi: geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi.
   b. Á eftir orðinu „sambúðarmaki“ í 2. mgr. komi: samvistarmaki.
6. Við 15. gr. Í stað orðanna „12 mánuði“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: 18 mánuði.
7. Við 20. gr. Í stað orðanna „getur verið“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: getur gilt.
8. Við 21. gr. Í stað orðanna „það átti sér stað“ í b-lið 2. mgr. komi: það hafi átt sér stað.
9. Við 24. gr. Í stað orðanna „eftir því sem unnt er“ í 2. mgr. komi: eftir fremsta megni.
10. Við 34. gr. Í stað orðanna „að stjórnvald skipi sér talsmann“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: að stjórnvald skipi honum talsmann.
11. Við 43. gr. Í stað orðanna „getur verið“ í 2. málsl. 5. mgr. komi: getur gilt.
12. Við 46. gr. Í stað orðanna „eða sambúðarmaki“ í 3. mgr. komi, í viðeigandi falli: sambúðarmaki eða samvistarmaki.
13. Við 51. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands.
14. Við 52. gr. Á eftir orðunum „Meina má“ í 1. mgr. komi: útlendingi.
15. Við 53. gr. Í stað orðanna „og um lögmæti dvalar hans í landinu“ í 1. mgr. komi: og að dvöl hans í landinu sé lögmæt.
16. Við 59. gr.
   a. Í stað orðanna „1. júlí 2002“ í 1. mgr. komi: 1. janúar 2003.
   b. 4. tölul. 3. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „1. mgr. 22. gr.“ í 1. og 2. tölul. a-liðar 7. tölul., sem verður 6. tölul., komi: 1. mgr. 20. gr.

1144. Frumvarp til laga [707. mál]

um Lýðheilsustöð.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla lýðheilsu. Með eflingu lýðheilsu er átt við aðgerðir sem ætlað er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

2. gr.
Yfirstjórn.

Starfrækja skal Lýðheilsustöð til að vinna að markmiðum laga þessara. Lýðheilsustöð skal vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra skipar forstjóra Lýðheilsustöðvar til fimm ára í senn. Forstjóri ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum stöðvarinnar og ræður aðra starfsmenn hennar.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk stöðvarinnar er að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu. Lýðheilsustöð skal einnig hafa samstarf við ráðuneyti og sveitarfélög. Forgangsröðun verkefna skal vera í samræmi við stefnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Stöðin fylgist með árangri af lýðheilsustarfi og stuðlar að rannsóknum á sviði lýðheilsu í samvinnu við landlækni og mennta- og rannsóknastofnanir.

Helstu verkefni Lýðheilsustöðvar eru:

a. að stuðla að bættri lýðheilsu og glæða áhuga á forvörnum og heilsueflingu,
b. að kanna árangur heilsueflingar hér á landi og gera samanburð við aðrar þjóðir,
c. að miðla heilbrigðisstéttum, heilbrigðisstofnunum, félagasamtökum og öðrum, eftir því sem við á, þekkingu á aðferðum til heilsueflingar.

Ráðherra er heimilt að skilgreina verkefni stöðvarinnar á sviði lýðheilsu nánar með reglugerð.

Lýðheilsustöð er heimilt, í samráði við ráðherra, að semja við aðra um að sinna starfsemi sem stöðinni er falið að annast samkvæmt lögum eða reglugerðum.

4. gr.
Landsnefnd um lýðheilsu.

Landsnefnd um lýðheilsu er ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn. Formenn sérfræðiráða skv. 5. gr. og landlæknir eða fulltrúi tilnefndur af honum skulu eiga sæti í nefndinni. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formann hennar án tilnefningar. Ráðherra skal kveða nánar á um skipan og hlutverk nefndarinnar í reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu.

5. gr.

Sérfræðiráð.

Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar, hvert á sínu sérsviði, og vera henni til ráðuneytis. Heimilt er, með reglugerð, að fela þeim víðtækari verkefni en kveðið er á um í 6.–9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða. Sérfræðiráð skulu skipuð sérfræðingum á viðkomandi sviði og skal einn þeirra tilnefndur af landlækni.

6. gr.

Áfengis- og vímuvarnaráð.

Hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð og öðrum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum til ráðuneytis.

Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda í sveitarfélögum, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Lýðheilsustöð skal ráðstafa fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess, m.a. ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

7. gr.

Manneldisráð.

Hlutverk manneldisráðs er að stuðla að heilsusamlegu matarræði þjóðarinnar í samræmi við manneldismarkmið. Ráðið skal vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði í samráði við skóla, heilsugæslu og stofnanir á sviði matvælaeftirlits. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum og öðrum til ráðuneytis um manneldismál.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

8. gr.

Slysavarnaráð.

Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum og öðrum til ráðuneytis um allt sem lýtur að slysavörnum.

Samræmd slysaskrá skal varðveitt hjá landlækni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um skipan ráðsins og starfsemi þess.

9. gr.

Tóbaksvarnaráð.

Tóbaksvarnaráð skal starfa innan Lýðheilsustöðvar. Hlutverk þess er fyrst og fremst að vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvöldum, Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirliti ríkisins og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur.

Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð við tóbaksvarnaráð um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks.

Leita skal álits ráðsins um allar reglugerðir sem snerta tóbaksvarnir og tóbakssölu.

Lýðheilsustöð skal fá 0,9% af brúttósölu tóbaks til ráðstöfunar til tóbaksvarnastarfs og skal fénu ráðstafað í samráði við ráðherra að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um skipan og hlutverk tóbaksvarnaráðs í reglugerð.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði úr gildi: Lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, með síðari breytingum, og 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

20. maí 2001 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Þar er lögð áhersla á heilbrigðismarkmið til langs tíma sem miða að því að bæta heilsufar þjóðarinnar. Forgangsverkefni heilbrigðisáætlunarinnar eru m.a. áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir, að dregið verði úr slysum og slysadauða barna, mjaðmar- og hryggbrotum eldri borgara verði fækkað, tannheilsa barna og eldri borgara verði bætt, dauðsföllum af völdum hjarta- og æðasjúkdóma og heilablóðfalla verði fækkað, dregið verði úr tíðni geðraskana og sjálfsvíga, dauðsföllum vegna krabbameins fækki og að slysum og dauðaslysum verði fækkað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur látið vinna frumvarp það sem hér er lagt fram með það í huga að fylgja eftir markmiðum heilbrigðisáætlunar um forvarnir sem ætlað er að bæta heilsufar þjóðarinnar. Við samningu frumvarpsins hefur landlæknir verið kallaður til funda í ráðuneytinu auk fulltrúa ýmissa nefnda og ráða sem nú starfa að forvörnum í landinu, svo sem tóbaksvarnanefndar, áfengisvarnaráðs, manneldisráðs og Árvekni – átaksverkefnis um slysavarnir barna og unglinga og var hugmyndum um stofnun Lýðheilsustöðvar almennt vel tekið.

Helsta markmið heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma er að stuðla að heilbrigði allra landsmanna. Þetta markmið er m.a. að finna í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana er þó ekki einskorðað við að veita þjónustu þegar eftir henni er leitað, oftast vegna heilsuvanda, heldur er það miklu víðtækara. Þótt aldrei verði lögð nógu mikil áhersla á ábyrgð fólks á eigin heilbrigði er ljóst að samfélagið og stofnanir þess bera einnig ábyrgð og hafa víðtæk áhrif á heilsufar þjóðarinnar og einstakra hópa á hverjum tíma. Þannig hafa ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda bein og óbein áhrif á líf þegnanna og heilbrigði þeirra þótt áhrifin séu ekki alltaf ljós þegar ákvörðun er tekin. Heilsufar verður að teljast almennt gott á Íslandi og heilbrigðisþjónustan stenst fyllilega samanburð við þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Því má spyrja hvort þörf sé frekari aðgerða. Því er til að svara að þótt unnið sé mjög gott starf á ýmsum sviðum heilsueflingar og forvarna er ástæðulaust að ætla annað en að unnt sé með aukinni samhæfingu að efla þetta starf enn frekar til að bæta heilsu landsmanna.

Benda má á þá sérstöðu Íslendinga að aldurssamsetning þjóðarinnar er töluvert frábrugðin því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Hér er hlutfall barna og ungmenna talsvert hærra en hlutfall eldri og aldraðra að sama skapi lægra. Spár um mannfjölda fram til ársins 2030 benda til að svo verði enn á þeim tíma þótt gert sé ráð fyrir að úr þessum mun dragi.

Því má ætla að ávinningur af skipulögðum aðgerðum til að efla heilbrigði og draga úr sjúkdómum og slysum geti haft enn meiri áhrif hér á landi en meðal nálægra þjóða.

„Lýðheilsa“ er í vaxandi mæli notað sem þýðing á enska heitinu „public health“. Með lýðheilsu er átt við aðgerðir hins opinbera og annarra í þeim tilgangi að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa í þjóðfélaginu með skipulegum viðurkenndum og vísindalega sannreyndum aðferðum. Til þeirra teljast aðgerðir eða ráðstafanir sem stuðla að fækkun sjúkdóma og slysa, svo og aðgerðir er stuðla að forvörnum og heilsueflingu.

Þrátt fyrir öflugt og árangursríkt heilsuverndarstarf um margra áratuga skeið er ljóst að breytingar kalla á endurskoðun. Þau heilbrigðisvandamál sem nú ber hæst eru önnur en áður. Lífslíkur Íslendinga hafa aukist jafnt og þétt og eru með þeim mestu sem þekkjast, en á sama tíma hafa bæði dánarorsakir og sjúkdómatíðni breyst þannig að vægi svokallaðra langvinnra sjúkdóma hefur aukist verulega. Þessir sjúkdómar eiga það sammerkt að þá er sjaldan hægt að lækna svo að aðgerðir miða helst að því að draga sem mest úr neikvæðum áhrifum sjúkdómanna á einstaklinga, nánasta umhverfi þeirra og félagslega stöðu. Annað sem er sammerkt með langvinnum sjúkdómum er að orsaka þeirra er oftast að leita í samspili áhættuþátta sem saman leiða frekar til sjúkdóms en hver um sig. Þar má nefna áhættuþætti eins og reykingar, offitu, kyrrsetu, ofneyslu áfengis og neyslu annarra vímuefna og streitu. Samspil áhættuþátta og áhrif lífsstíls á þróun lýðheilsunnar kallar á nýjar aðferðir þar sem áhersla er lögð á samræmdar aðgerðir, samþættingu og samvinnu. Færa má fyrir því rök að lýðheilsustarf sé í eðli sínu teymisvinna fjölmargra aðila, sérfróðra jafnt sem leikmanna og sjálfboðaliða. Bestur árangur næst þegar saman fer skýr stefnumörkun og markmið, vandað val viðfangsefna, náið samráð og samstarf við samstarfsaðila, jafnt opinbera sem einkaaðila, félagasamtök og fjölmiðla. Annars staðar á Norðurlöndum hafa verið settar á stofn sérstakar stofnanir sem hafa það meginmarkmið að vera frumkvöðlar og samræmingarafl í lýðheilsustarfi, síðast var það Statens institut for folkesundhed í Danmörku sem sett var á laggirnar í janúar 2001.

Með frumvarpi þessu er lagt til að komið verði á fót stofnun, Lýðheilsustöð, til að vinna að eflingu lýðheilsu. Henni er m.a. ætlað að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings, styðja starfsemi þeirra sem vinna að eflingu lýðheilsu, stuðla að rannsóknum og fylgjast með árangri heilsueflingar, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl. Eftir sem áður verður þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs annars vegar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar hjá frjálsum félagasamtökum eins og verið hefur. Það sem breytist er að Lýðheilsustöð veitir öflugan stuðning hvers konar lýðheilsustarfi, á frumkvæði að samstarfi og samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem starfa á þessum vettvangi og samræmir og samhæfir lýðheilsustarfið.

Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð verði ríkisstofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en henni verði að öðru leyti stjórnað af forstjóra sem skipaður verði af ráðherra. Lagt er til að núgildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, og ákvæði 5. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, verði felld úr gildi, en starf þessara ráða falli undir Lýðheilsustöð. Gert er ráð fyrir að fyrrgreind ráð og tóbaksvarnaráð verði svonefnd sérfræðiráð, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og verði Lýðheilsustöð og öðrum til ráðgjafar hvert á sínu sviði.

Í frumvarpinu eru ákvæði um helstu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, en gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um skipan þeirra og hlutverk verði í reglugerðum. Þá er gert ráð fyrir að annað heilsueflingar- og forvarnastarf á vegum ríkisins verði flutt til Lýðheilsustöðvar, t.d. starf tannverndarráðs, gigtarráðs og starf

Árvekni að slysavörnum barna. Þá er gert ráð fyrir að starfsmönnum fyrrgreindra ráða/aðila verði boðið starf innan Lýðheilsustöðvar.

Eins og fram kemur í 1. og 3. gr. frumvarpsins er Lýðheilsustöð ætlað að sinna heilsueflingu á öllum sviðum. Í frumvarpinu eru þó ekki sérstök ákvæði um starfsemi sem tengist öðru en áfengis- og vímuvörnum, manneldi, slysavörnum og tóbaksvörnum. Ástæður þess eru þær að forvarnir á þessum sviðum eru þegar bundnar í lög og ekki þótti fært að fella ákvæði um fyrrgreinda starfsemi alfarið úr lögum. Hins vegar þótti ekki heppilegt að binda í lög ákvæði um heilsueflingu og forvarnir á öðrum sviðum, enda gæti verið erfitt að ákveða hvaða svið ætti að taka með. Þá eru þarfir fyrir forvarnir síbreytilegar og og ástæða getur verið til að gera sérstakt tímabundið átak á tilteknum sviðum. Því var ákveðið að leggja til að Lýðheilsustöð verði ekki bundin við að sinna tilteknum sviðum heldur geti hún sinnt heilsueflingu og forvörnum á öllum sviðum í samræmi við stefnu ráðherra um forgangsröðun verkefna á sviði heilsueflingar á hverjum tíma. Eins og fram kemur í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að skipuð verði sérfræðiráð á öðrum sviðum og að formenn þeirra, auk formanna áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, fulltrúa landlæknis og fulltrúa ráðherra, skipi landsnefnd um lýðheilsu sem verði ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni.

Skipta má fyrirhugaðri starfsemi Lýðheilsustöðvar í nokkra þætti:

a. að stuðla að eflingu lýðheilsustarfs í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa,
b. að annast það starf sem nú er unnið samkvæmt sérstökum lögum um áfengis- og vímuvarnir, manneldi, slysavarnir, tóbaksvarnir og sjá um önnur forvarna- og heilsueflingarverkefni á vegum ríkisins,
c. að fylgjast með og koma á framfæri nýrri þekkingu og reynslu sem að gagni mætti koma í lýðheilsustarfi,
d. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera saman við sett markmið,
e. að efla þekkingu og færni þeirra sem starfa að eflingu lýðheilsu,
f. að miðla upplýsingum og fræðslu til landsmanna og einstakra hópa í samfélaginu, eftir því sem við á, í samvinnu við landlækni og aðra,
g. að stuðla að eflingu kennslu og rannsókna á sviði lýðheilsu og samstarfi við háskóla og aðrar menntastofnanir.

Gert er ráð fyrir að það fé sem nú er veitt til ráðanna verði framvegis veitt til Lýðheilsustöðvar, en þó er tekið fram að fé samkvæmt sérmerktum tekjustofni til tóbaksvarna, þ.e. 0,9% af brúttósölu tóbaks, verði ráðstafað til tóbaksvarnastarfs, sbr. 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins, og fé úr Forvarnasjóði skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, verði varið til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna, sbr. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að fjárveitingar til gigtarráðs, tannverndarsjóðs, fé sem flutt hefur verið til landlæknis vegna heilsueflingar og fé sem veitt hefur verið til Árvekni – átaksverkefnis um slysavarnir barna og unglinga renni framvegis til Lýðheilsustöðvar. Loks er gert ráð fyrir að hluti af því fé sem veitt hefur verið vegna slysavarnaráðs renni til stöðvarinnar en hluti af því verði áfram veittur landlæknisembættinu vegna slysaskrár. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum sem greidd eru laun af fyrrgreindum liðum verði boðið starf hjá Lýðheilsustöð, en auk þess er gert ráð fyrir að skipaður verði forstjóri og fjármálastjóri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð grein fyrir því meginmarkmiði laganna að efla lýðheilsu og nánar skilgreint hvað átt sé við með eflingu lýðheilsu.

Um 2. gr.

Hér kemur fram að starfrækja skuli sérstaka stofnun, Lýðheilsustöð, til að framfylgja markmiðum laganna um eflingu lýðheilsu. Tekið er fram að stöðin skuli vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stöðinni forstjóra til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 23. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, um skipun embættismanna.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hlutverk stöðvarinnar og lögð áhersla á að hún skuli samræma lýðheilsustarf, styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka og hafa samstarf við landlækni, önnur ráðuneyti, sveitarfélög og mennta- og rannsóknastofnanir á sviði lýðheilsu. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs verði annars vegar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki og hins vegar hjá frjálsum félagasamtökum eins og verið hefur. Hlutverk Lýðheilsustöðvar er að styðja og samræma hvers konar lýðheilsustarf og eiga frumkvæði að samstarfi og samvinnu við þá fjölmörgu aðila sem starfa á þessum vettvangi.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði landsnefnd um lýðheilsu sem verði ráðgjafarnefnd Lýðheilsustöðvar um fagleg málefni. Í henni eigi sæti formaður, sem skipaður verði af ráðherra án tilnefningar, landlæknir eða fulltrúi tilnefndur af honum og formenn sérfræðiráða skv. 5. gr., þ.e. formenn áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs, tóbaksvarnaráðs og sérfræðiráða á öðrum sviðum sem gert er ráð fyrir að skipuð verði skv. 2. mgr. 5. gr. Loks er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um tilnefningu félaga og stofnana sem vinna að lýðheilsu í nefndina.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sérfræðiráð á ýmsum sviðum heilsueflingar og forvarna verði Lýðheilsustöð til ráðgjafar. Þá er lagt til að áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnanefnd gegni hlutverki sérfræðiráða hvert á sínu sérsviði. Gerð er tillaga um að nafni tóbaksvarnanefndar verði breytt í tóbaksvarnaráð til samræmis við nöfn fyrrgreindra ráða. Tekið er fram að heimilt sé að fela fyrrgreindum ráðum víðtækari verkefni en gert er ráð fyrir í 6.–9. gr. Þá væri hægt að fela einhverju ráðanna verkefni sem tengjast starfsemi þess með einhverjum hætti eða verkefni sem æskilegt væri talið að féllu undir sama ráðið, t.d. mætti hugsa sér að um manneldi og hreyfingu væri fjallað í einu sérfræðiráði. Kveðið er á um að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða, en gert er ráð fyrir að eðlilegt og nauðsynlegt sé að setja á laggirnar sérfræðiráð á fleiri sviðum en að framan greinir og/eða fela ráðum sem nú eru starfandi hlutverk sérfræðiráða. Slík ráð eru t.d. gigtarráð og tannverndarráð. Telja verður eðlilegt að stefnt verði að því að starfandi verði sérfræðiráð á ýmsum öðrum sviðum sem fjalli til dæmis um geðvernd og varnir gegn sjálfsvígum, fræðslu um kynlíf og varnir gegn ótímabærri þungun ungra stúlkna, krabbameinsvarnir o.fl.

Um 6. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að tekjur Forvarnasjóðs, sbr. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, renni til Lýðheilsustofnunar, en þeim

verði eftir sem áður varið til áfengis- og vímuvarna í samráði við ráðherra og að fengnum tillögum áfengis- og vímuvarnaráðs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan áfengis- og vímuvarnaráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess og um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði.

Um 7. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um manneldisráð, nr. 45/1978, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan manneldisráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess.

Um 8. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði laga um slysavarnaráð, nr. 45/1978, en gert er ráð fyrir að þau falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Þá er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um starfsemi ráðsins verði sett með reglugerð.

Um 9. gr.

Hér eru tekin upp meginatriði ákvæðis 5. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, en gert er ráð fyrir að fyrrgreind ákvæði falli úr gildi við gildistöku laga þessara. Gert er ráð fyrir að þau 0,9% af brúttósölu tóbaks sem nú renna til tóbaksvarnanefndar samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga renni til Lýðheilsustofnunar, en þeim verði eftir sem áður varið til tóbaksvarna í samráði við ráðherra og að fengnum tillögum tóbaksvarnaráðs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar sem kveðið verði á um skipan tóbaksvarnaráðs og sett nánari ákvæði um hlutverk þess.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnuð verði Lýðheilsustöð í þeim tilgangi að efla lýðheilsu sem er að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa með skipulegum og viðurkenndum aðferðum.

Lýðheilsustöð er m.a. ætlað að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings, styðja starfsemi þeirra sem vinna að eflingu lýðheilsu, stuðla að rannsóknum og fylgjast með árangri heilsueflingar. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl og að heilsueflingar- og forvarnastarf á vegum ríkisins verði flutt til Lýðheilsustöðvar. Í frumvarpinu er lagt til að núgildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, nr. 76/1998, með síðari breytingum, lög um manneldisráð, nr. 45/1978, lög um slysavarnaráð, nr. 33/1994, og ákvæði 5. gr. laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, sem fjalla um tóbaksvarnanefnd, verði felld úr gildi, en starf þessara ráða og nefndar falli undir Lýðheilsustöð. Þá er lagt til að starf tannverndarráðs, gigtarráðs og heilsueflingar og starf Ár-

vekni að slysavörnum barna verði flutt til stöðvarinnar og að starfsmönnum fyrrgreindra aðila verði boðið starf innan Lýðheilsustöðvar. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til framangreindra verkefna verði færðar til stöðvarinnar en þær nema 165 m.kr. í fjárlögum fyrir 2002. Í frumvarpinu eru hvorki lagðar til breytingar á mörkuðum tekjum Forvarnasjóðs né lögbundnum framlögum til tóbaksvarnastarfs.

Samkvæmt frumvarpinu skal Lýðheilsustöð vera undir stjórn forstjóra og í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að öðrum sem þegar starfa við framangreind verkefni verði boðið starf hjá stofnuninni. Áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð skulu starfa sem sérfræðiráð innan Lýðheilsustöðvar. Auk þeirra skal skipuð landsnefnd um lýðheilsu en í henni sitji a.m.k. formenn sérfræðiráðanna auk formanns.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti gerir ráð fyrir í kostnaðaráætlun sinni að viðbótarkostnaður vegna launa forstjóra nemi 8,3 m.kr., 5,7 m.kr. þurfi til ráðningar fjármálastjóra og 4 m.kr. til skrifstofurekstrar. Þá verði tímabundinn 5 m.kr. stofnkostnaður árið 2003. Verði frumvarpið óbreytt að lögum og gangi framangreind áætlun eftir eykur það útgjöld ríkissjóðs varanlega um 18 m.kr. á ári auk 5 m.kr. stofnkostnaðar árið 2003. Að auki er ekki hægt að útiloka að þessar breytingar leiði til þess að biðlaunaréttur myndist, en kostnaður vegna hans gæti orðið 2–3 m.kr.

1145. Breytingartillaga [384. mál]

við frv. til l. um samgönguáætlun.

Frá Jóni Bjarnasyni.

3. gr. orðist svo:

Samgönguráðherra hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar. Samgönguráðherra skipar samgönguráð sér til ráðuneytis við gerð samgönguáætlunar. Í samgönguráði sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri, vegamálastjóri og forstöðumaður póst- og fjarskiptastofnunar. Enn fremur skulu eiga sæti í samgönguráði fulltrúi Náttúruverndar ríkisins, fulltrúi umferðaröryggismála og tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími þessara fulltrúa skal vera fjögur ár.

Samgönguráðherra skal minnst einu sinni við gerð nýrrar samgönguáætlunar standa fyrir samgönguþingi sem ætlað er að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar.

Til samgönguþings skal boðið fulltrúum frá öllum hagsmunaaðilum og almannasamtökum á sviði samgöngumála, þar á meðal fulltrúum umhverfis- og náttúruverndarsamtaka, landshlutasamtaka sveitarfélaga, fulltrúum samtaka á vegum umferðaröryggismála, neytendasamtaka, Byggðastofnunar og frá helstu mennta- og rannsóknastofnunum landsins.

Á samgönguþingi skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar.

1146. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur.

1. Við 3. gr. 2. tölul. orðist svo: *Tímabundið atvinnuleyfi*: Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda eða útlendingi.
2. Við 7. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda eða útlendingi.
3. Við 8. gr. Orðið „ríkar“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „tvö ár“ hvarvetna í 2. málsl. 2. mgr. komi: eitt ár.
5. Við 12. gr. Í stað orðanna „sex mánaða“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 12 mánaða.

1147. Fyrirspurn [708. mál]

til landbúnaðarráðherra um eftirlitsgjöld á kjöti.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er núverandi innheimta á eftirlitsgjaldi, sundurliðað eftir kjöttegundum?
2. Hvernig skiptist kostnaður við eftirlit í sláturhúsum eftir:
   a. kjöttegundum,
   b. eftir kjöttegundum og
      1. vinnu dýralækna við heilbrigðiseftirlit,
      2. vinnu aðstoðarmanna dýralækna,
      3. sýnatöku?
3. Hvernig er háttað verktöku þeirra sem taka sýni til greiningar, þ.e. er óskað tilboða eða unnið í tímavinnu?
4. Hvernig hefur kostnaður við sýnatöku þróast síðustu fimm ár, sundurliðað eftir kjöttegundum?
5. Hver er núverandi innheimta á yfirkjötmatsgjaldi?
6. Hver er kostnaður við kjötmat, sundurliðað eftir búgreinum?

Skriflegt svar óskast.

1148. Nefndarálit [594. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Þóreyju Þorsteinsdóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, Landssamtökum lífeyrissjóða og Bandalagi háskólamanna.

Aðalmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um þau viðmið sem stjórn sjóðsins hefur haft varðandi ákvörðun um laun til greiðslu lífeyris þegar sömu laun eru ekki samanburðarhæf við greiðslu iðgjalda til sjóðsins og varðandi það hvenær barna- og makalífeyrisréttur sjóðfélaga verður virkur, en dregið hefur verið í efa að fullnægjandi lagastoð hafi verið fyrir þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast.

Nefndin bendir á að í athugasemdum við frumvarpið segir í umfjöllun um 1. gr. að algengt sé að kennarar taki sér launalaust leyfi sem vari í tólf mánuði og telur eðlilegra að orða setninguna á þann veg að algengt sé að kennarar láti tímabundið af störfum í tólf mánuði.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Gunnar Birgisson.

1149. Nefndarálit [595. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti og Þóreyju Þorsteinsdóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Umsagnir bárust frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, Landssamtökum lífeyrissjóða og Bandalagi háskólamanna.

Með ákvæðum frumvarpsins er lagt til að lögfestar verði reglur um þau viðmið sem stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hefur haft varðandi það hvenær barna- og makalífeyrisréttur sjóðfélaga hefur verið virkur, en dregið hefur verið í efa að fullnægjandi lagastoð hafi verið fyrir þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**
Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Gunnar Birgisson.

1150. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna *„Óbundið atvinnuleyfi“* í 4. tölul. og í stað sömu orða hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi (í viðeigandi tölu og falli): *Ótímabundið atvinnuleyfi.*
2. Við 8. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Tímabundið atvinnuleyfi skal að jafnaði liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má víkja ef sanngirnisástæður eða mannúðarsjónarmið mæla með því.
3. Við 11. gr.
   a. C-liður 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „skilyrði c-liðar“ í 4. mgr. komi: skilyrðum 1. mgr.

1151. Svar [606. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um fjölda leguplássa og starfsmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg legupláss voru á stofnunum sem sameinaðar voru í Landspítala – háskólasjúkrahúsi og hve margir starfsmenn í hverri starfsstétt, flokkað eftir sviðum:*
   a. við sameininguna,
   b. um síðustu áramót?
2. *Hve mörg legupláss voru á sjúkrahúsinu við lok sameiningarferilsins og hver er áætluð starfsmannaþörf þess, flokkað eftir starfsstéttum og sviðum?*

Mörg mismunandi upplýsingakerfi voru í notkun á þeim stofnunum sem sameinaðar voru í Landspítala – háskólasjúkrahúsi og mismunandi skilgreiningar og flokkunarkerfi ákvörðuðu skráningu. Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana var gefin út í byrjun mars 2000, en formleg sameining sviða tók gildi 1. október sama ár. Sambærilegar upplýsingar um starfsmenn eru tiltækar frá 1. janúar 2001 og miðast allar tölur við 1. janúar 2001 og 1. janúar 2002. Fjöldi leguplássa var sem hér segir:

	1. janúar 2002	1. janúar 2001
Skráð legupláss	995	1.110

Virk legupláss voru nokkuð færri árið 2001 en hér greinir.

Árið 2001 fluttust 20 skjólstæðingar hæfingar í Kópavogi frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Rétt er að ítreka, að meginþungi sameiningar sérgreina leggst á síðari hluta árs 2001 og á árið 2002. Vegna breytinga/lagfæringa á húsnæði hefur leguplássum fækkað tímabundið. Þá er einnig rétt að benda á að með tilkomu Barnaspítalans í haust mun rýmkast um alla starfsemi á Landspítala við Hringbraut.

Meðfylgjandi eru töflur yfir fjölda starfsmanna eftir starfsstéttum/stéttarfélögum á sviðum Landspítala – háskólasjúkrahúss 1. janúar 2002 og 2001. Starfsmönnum hefur fækkað um 248 eða sem svarar 123 stöðugildum. Starfsmenn í barnsburðarleyfi (u.þ.b. 90 stöðugildi) í upphafi ársins 2001 og útboð á ræstingu árið 2001 skýra að miklu leyti þessa fækkun.

	1. janúar 2002	1. janúar 2001
Fjöldi starfsmanna	4.584	4.832
Fjöldi stöðugilda	3.707	3.830

Sameiningarferli Landspítala – háskólasjúkrahúss er ekki lokið. Enn er unnið að sameiningu sérgreina og tilflutningi deilda, en ætla má að því ljúki á fyrri hluta ársins 2003. Ekki er að svo stöddu hægt að segja fyrir um fjölda leguplássa né starfsmannaþörf við lok sameiningarferlis.

Fjöldi starfsmanna eftir starfsstéttum á sviðum Landspítala – háskólasjúkrahúss.

	1. janúar 2002		1. janúar 2001		Mismunur	
Starfsstétt/stéttarfélag	**Fjöldi**	**Stöðugildi**	**Fjöldi**	**Stöðugildi**	**Fjöldi**	**Stöðugildi**
Skurðlækningasvið						
Efling	24	18	21	16	3	2
Hjúkrunarfræðingar	169	124	176	134	169	-10
Viðskiptafræðingar	2	2	1	1	1	1
Læknar	102	87	115	97	-13	-10
Meinatæknar	1	1	1	1	0	0
Sjúkraliðar	89	65	108	78	-19	-13
St.Rv.	16	13	19	16	-3	-3
SFR	54	39	55	41	-1	-2
Útgarður	2	0	3	2	-1	-2
Kjaranefnd pr.	1	1	1	1	0	0
Samtals	*460*	*350*	*500*	*386*	*-40*	*-36*

Starfsstétt/stéttarfélag	1. janúar 2002 Fjöldi	Stöðugildi	1. janúar 2001 Fjöldi	Stöðugildi	Mismunur Fjöldi	Stöðugildi
Kvennasvið						
Efling	24	20	22	18	2	2
Hjúkrunarfræðingar	58	41	70	53	-12	-12
Náttúrufræðingar	1	1	2	2	-1	-1
Viðskiptafræðingar	1	0	1	1	0	-1
Ljósmæður	93	65	96	66	-3	-1
Læknar	22	20	22	20	0	0
Meinatæknar	3	2	2	2	1	0
Sjúkraliðar	14	11	14	11	0	0
SFR	25	18	26	19	-1	-1
Kjaranefnd pr.	1	1	1	1	0	0
Samtals	*242*	*179*	*256*	*192*	*-14*	*-13*
Lyflækningasvið 1						
Efling	25	19	36	24	-11	-5
Hjúkrunarfræðingar	174	135	178	135	-4	1
Náttúrufræðingar	2	1	1	1	1	1
Sjúkraþjálfarar	3	2	2	2	1	0
Viðskiptafræðingar	2	2	1	1	1	1
Læknar	115	97	136	111	-21	-14
Sálfræðingar	0	0	1	1	-1	-1
Matvælafræðingar	1	0	1	1	0	-1
Meinatæknar	11	8	19	15	-8	-7
Röntgentæknar	1	1	2	1	-1	0
Sjúkraliðar	107	71	129	90	-22	-19
St.Rv.	10	8	14	10	-4	-2
SFR	62	42	78	49	-16	-7
Útgarður	2	2	2	2	0	0
Kjaranefnd pr.	1	1	0	0	1	1
Samtals	*516*	*389*	*600*	*441*	*-84*	*-52*
Barnasvið						
Efling	10	8	10	8	0	0
Hjúkrunarfræðingar	94	66	95	69	-1	-3
Leikskólakennarar	4	4	6	5	-2	-1
Viðskiptafræðingar	1	1	1	1	0	0
Ljósmæður	2	1	2	1	0	0
Læknar	35	30	30	25	5	5
Sjúkraliðar	41	30	41	30	0	0
St.Rv.	3	3	3	3	0	0
SFR	16	11	18	13	-2	-2
Kjaranefnd pr.	1	1	0	0	1	1
Samtals	*207*	*154,5*	*206*	*155*	*1*	*-1*
Geðsvið						
Efling	165	134	174	145	-9	-11
Bókasafnsfræðingar	1	1	1	1	0	0
Hjúkrunarfræðingar	108	89	119	97	-11	-8
Náttúrufræðingar	0	0	1	1	-1	-1
Sjúkraþjálfarar	2	2	2	2	0	1
Leikskólakennarar	1	1	1	1	0	0
Iðjuþjálfar	12	10	8	7	4	4

Starfsstétt/stéttarfélag	1. janúar 2002 Fjöldi	1. janúar 2002 Stöðugildi	1. janúar 2001 Fjöldi	1. janúar 2001 Stöðugildi	Mismunur Fjöldi	Mismunur Stöðugildi
Viðskiptafræðingar	1	1	0	0	1	1
Læknar	47	42	56	48	-9	-6
Sálfræðingar	23	21	20	19	3	3
Sjúkraliðar	59	50	71	58	-12	-8
St.Rv.	7	6	7	6	0	0
SFR	108	97	122	110	-14	-13
Félagsráðgjafar	17	15	21	19	-4	-4
St.Rv. HM	1	1	0	0	1	1
Útgarður	9	6	9	7	0	-1
Þroskaþjálfar	3	2	1	1	2	1
Utan félaga	0	0	17	1	-17	-1
Kjaranefnd pr.	1	1	1	1	0	0
Samtals	*565*	*479*	*631*	*522*	*-66*	*-43*
Lyflækningasvið 2						
Efling	6	3	8	3	-2	0
Hjúkrunarfræðingar	54	41	52	37	2	4
Viðskiptafræðingar	1	0	0	0	1	0
Læknar	28	23	17	11	11	12
Meinatæknar	4	4	0	0	4	4
Röntgentæknar	4	3	4	3	0	0
Sjúkraliðar	18	14	20	15	-2	-1
Félagsráðgjafar	0	0	1	1	-1	-1
St.Rv.	1	1	1	1	0	0
SFR	22	16	18	13	4	3
Verkfræðingar	2	2	3	3	-1	-1
Samtals	*140*	*107*	*124*	*87*	*16*	*20*
Rannsóknarstofnun LSH						
Efling	3	2	5	3	-2	-1
Hjúkrunarfræðingar	2	2	1	0	1	2
Náttúrufræðingar	36	31	23	22	13	10
Viðskiptafræðingar	1	1	1	1	0	0
Læknar	34	24	29	22	5	2
Matvælafræðingar	4	2	0	0	4	2
Meinatæknar	124	111	129	114	-5	-3
Sjúkraliðar	8	7	6	6	2	1
St.Rv.	5	4	8	5	-3	-1
SFR	33	29	29	25	4	4
Útgarður	1	1	0	0	1	1
Verkfræðingar	2	2	2	2	0	1
Lyfjafræðingar	1	1	1	1	0	0
Samtals	*254*	*217*	*234*	*200*	*20*	*17*
Slysa- og bráðasvið						
Efling	23	19	19	17	4	2
Hjúkrunarfræðingar	124	86	113	84	11	2
Læknar	26	21	23	20	3	1
Sjúkraliðar	19	14	18	12	1	2
St.Rv.	11	8	14	11	-3	-3
SFR	50	34	52	30	-2	4
Samtals	*253*	*182*	*239*	*174*	*14*	*8*

Starfsstétt/stéttarfélag	1. janúar 2002 Fjöldi	Stöðugildi	1. janúar 2001 Fjöldi	Stöðugildi	Mismunur Fjöldi	Stöðugildi
Skrifstofa tækni og eigna						
Efling	213	182	262	208	-49	-26
Rafeindavirkjar	9	9	10	9	-1	0
Rafvirkjar	15	15	13	13	2	2
Málarar	2	2	2	2	0	0
Múrarar	1	1	1	1	0	0
Píparar	4	4	4	4	0	0
Trésmiðir	9	9	10	10	-1	-1
Hjúkrunarfræðingar	5	3	4	3	1	0
Læknar	2	2	3	2	-1	0
Matvælafræðingar	3	3	4	4	-1	-1
Meinatæknar	1	1	1	1	0	0
Tæknifræðingar	2	2	2	2	0	0
Verkfræðingar	12	9	11	10	1	-1
Viðskiptafræðingar	2	2	2	2	0	0
St.Rv.	47	46	51	47	-4	-1
SFR	240	224	233	202	7	23
Útgarður	6	6	5	5	1	1
Verkstjórar	10	9	11	11	-1	-2
Samtals	*583*	*529*	*629*	*535*	*-46*	*-6*
Endurhæfing						
Efling	59	39	102	68	-43	-29
Hjúkrunarfræðingar	15	11	16	13	-1	-2
Sjúkraþjálfarar	51	41	44	39	7	2
Leikskólakennarar	1	1	0	0	1	1
Iðjuþjálfar	23	19	22	20	1	-1
Viðskiptafræðingar	1	1	0	0	1	1
Læknar	5	4	7	5	-2	-1
Sálfræðingar	7	6	3	3	4	3
Sjúkraliðar	24	18	26	20	-2	-2
St.Rv.	10	7	14	10	-4	-3
SFR	41	33	47	38	-6	-5
Félagsráðgjafar	24	21	20	18	4	3
St.Rv. HM	27	23	24	21	3	2
Útgarður	5	4	1	1	4	3
Þroskaþjálfar	12	10	18	16	-6	-6
Utan félaga	1	1	1	1	0	0
Samtals	*306*	*239*	*345*	*270*	*-39*	*-31*
Öldrunarlækningar						
Efling	44	34	48	37	-4	-3
Bókasafnsfræðingar	1	1	0	0	1	1
Hjúkrunarfræðingar	77	56	67	49	10	7
Viðskiptafræðingar	1	0	0	0	1	0
Læknar	21	16	19	15	2	1
Sjúkraliðar	73	54	72	53	1	1
St.Rv.	4	3	3	2	1	1
SFR	15	12	21	16	-6	-4

Starfsstétt/stéttarfélag	1. janúar 2002 Fjöldi	Stöðugildi	1. janúar 2001 Fjöldi	Stöðugildi	Mismunur Fjöldi	Stöðugildi
Félagsráðgjafar	0	0	2	2	-2	-2
Útgarður	1	1	2	2	-1	-1
Þroskaþjálfar	1	1	0	0	1	1
Samtals	*238*	*178*	*234*	*175*	*4*	*3*
Blóðbanki						
Efling	1	1	1	1	0	0
Hjúkrunarfræðingar	12	10	11	10	1	1
Náttúrufræðingar	17	16	17	15	0	2
Viðskiptafræðingar	1	1	1	1	0	0
Læknar	4	3	2	2	2	1
Meinatæknar	3	3	3	3	0	0
SFR	7	7	9	8	-2	-1
Samtals	*45*	*41*	*44*	*38*	*1*	*3*
Svæfinga-, gjör- og skurðsvið						
Efling	16	13	13	13	3	1
Hjúkrunarfræðingar	196	160	192	157	4	3
Ljósmæður	1	1	1	1	0	0
Læknar	40	38	40	39	0	-1
Sjúkraliðar	27	22	30	25	-3	-3
St.Rv.	11	10	11	10	0	0
SFR	39	31	41	28	-2	4
Útgarður	1	1	0	0	1	1
Samtals	*331*	*276*	*328*	*272*	*3*	*4*
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga						
Hjúkrunarfræðingar	3	3	2	2	1	1
Sjúkraliðar	1	1	1	1	0	0
Tæknifræðingar	2	2	2	2	0	0
Sálfræðingar	1	1	1	1	0	0
Viðskiptafræðingar	25	24	15	14	10	10
St.Rv.	12	11	17	16	-5	-5
SFR	57	52	59	51	-2	1
Útgarður	1	1	1	1	0	0
Lyfjafræðingar	1	1	0	0	1	1
Utan félaga	0	0	2	2	-2	-2
Samtals	*103*	*96*	*100*	*90*	*3*	*6*
Klínískt þjónustusvið						
Efling	3	2	4	2	-1	0
Bókasafnsfræðingar	2	2	2	2	0	0
Hjúkrunarfræðingar	21	16	13	12	8	5
Náttúrufræðingar	8	7	7	6	1	1
Viðskiptafræðingar	1	1	1	0	0	1
Læknar	35	33	37	34	-2	-1
Matvælafræðingar	9	6	9	6	0	0
Meinatæknar	15	12	16	13	-1	-1
Röntgentæknar	45	39	47	40	-2	-1
Sjúkraliðar	1	1	1	1	0	0
St.Rv.	17	16	21	18	-4	-2
SFR	63	56	65	55	-2	1
St.Rv. HM	3	3	3	3	0	0

Starfsstétt/stéttarfélag	1. janúar 2002 Fjöldi	Stöðugildi	1. janúar 2001 Fjöldi	Stöðugildi	Mismunur Fjöldi	Stöðugildi
Útgarður	3	3	3	3	0	0
Kjaranefnd pr.	1	0	1	0	0	0
Utan félaga	1	1	1	1	0	0
Samtals	*228*	*198*	*231*	*197*	*-3*	*1*
Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar						
Bókasafnsfræðingar	8	8	11	8	-3	0
SFR	6	6	13	12	-7	-6
Útgarður	1	1	2	2	-1	-1
Hjúkrunarfræðingar	9	6	15	11	-6	-5
Læknar	1	1	0	0	1	1
Samtals	*25*	*22*	*41*	*33*	*-16*	*-11*
Yfirstjórn						
Hjúkrunarfræðingar	17	10	8	6	9	5
Náttúrufræðingar	1	1	0	0	1	1
Sjúkraþjálfarar	1	0	1	0	0	0
Viðskiptafræðingar	2	2	2	2	0	0
Ljósmæður	1	1	0	0	1	1
Læknar	12	9	2	1	10	8
Sálfræðingar	2	2	0	0	2	2
St.Rv.	7	7	0	0	7	7
SFR	12	10	5	2	7	9
St.Rv. HM	1	1	0	0	1	1
Verkfræðingar	0	0	1	1	-1	-1
Útgarður	5	5	1	1	4	4
Kjaranefnd	1	2	0	0	1	2
Utan félaga	6	6	2	0	4	6
Samtals	*68*	*56*	*22*	*11*	*46*	*45*
Utan sviða						
Hjúkrunarfræðingar	10	7	14	10	-4	-3
Viðskiptafræðingar	0	0	2	2	-2	-2
Læknar	2	2	9	8	-7	-6
Náttúrufræðingar	5	4	1	1	4	3
Meinatæknar	1	0	0	0	1	0
Sálfræðingar	0	0	2	2	-2	-2
SFR	1	1	10	9	-9	-8
St.Rv.	0	0	5	5	-5	-5
St.Rv. HM	1	0	1	1	0	-1
Utan félaga	0	0	18	10	-18	-10
Útgarður	0	0	6	6	-6	-6
Samtals	*20*	*14*	*68*	*53*	*-48*	*-39*
Landspítali – háskóla-sjúkrahús samtals	**4.584**	**3.707**	**4.832**	**3.830**	**-248**	**-123,8**

1152. Breytingartillaga [378. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 89/1991, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé vatnsveita sveitarfélags rekin sem hluti af víðtækari starfsemi fyrirtækis skal undanskilja vatnsveituna verði slíku fyrirtæki breytt í hlutafélag.

1153. Frumvarp til laga [709. mál]

um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Afnám laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu.

1. gr.

Lög nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, sbr. 7. gr. laga nr. 83/1997, falla brott.

Breytingar á öðrum lögum.

2. gr.

a. IV. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., fellur brott.
b. Úr 2. mgr. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
c. Úr 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
d. Úr 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989, falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
e. Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins, sbr. 21. gr. laga nr. 73/1996:
   1. Í stað orðsins „fjóra“ í 1. málsl. kemur: þrjá.
   2. Orðin „einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.
f. Í stað orðanna „fyrirliggjandi spám Þjóðhagsstofnunar“ í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 2. gr. laga nr. 141/1995, kemur: horfum.
g. Úr 3. mgr. 39. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
h. Eftirtaldar breytingar verða á 47. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   1. Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. kemur: fimm.
   2. Í stað orðanna „tveggja fulltrúa“ í 2. málsl. kemur: eins fulltrúa.
   3. Orðin „og Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Markmið frumvarpsins.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um hagræðingu í ríkisrekstri hefur að undanförnu verið unnið að endurskipulagningu verkefna á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til skyldra sviða í fjármálaráðuneyti og Hagstofu Íslands og styrkja þau, en leggja stofnunina sem slíka niður. Er það tilgangur lagafrumvarps þessa að leita eftir nauðsynlegum lagabreytingum í því skyni.

Við gildistöku laga nr. 103/1999, um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, o.fl., og reglugerðar um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 105/1999, hinn 1. janúar 2000 varð sú breyting á verkaskiptingu ráðuneyta að mál er varða Seðlabanka Íslands (og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn) voru flutt til forsætisráðuneytisins. Undir það ráðuneyti heyra því bæði bankinn og Þjóðhagsstofnun auk þess sem forsætisráðherra er nú jafnframt ráðherra Hagstofu Íslands.

Vorið 2001 samþykkti Alþingi ný lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001. Lögin fólu í sér að stöðugt verðlag varð meginmarkmið peningastefnunnar. Í lok mars höfðu bankinn og ríkisstjórnin gefið út sameiginlega yfirlýsingu um að peningastefnan stefndi að 2½% verðbólgu til lengdar og að gengi krónunar mundi fljóta. Fullt sjálfstæði bankans til að ákvarða vexti í ljósi ofangreindra sjónarmiða var forsenda þess að peningastefna af þessu tagi yrði trúverðug. Jafnframt skapaðist enn meiri þörf á framsýnni efnahagsgreiningu og verðbólguspám Seðlabankans en áður. Breytingar á starfsháttum Seðlabankans leiða til breytinga á samskiptum hans við aðrar stofnanir ríkisins. Sjálfstæði hans er aukið og mikilvægt að hann vinni ýmis mál sjálfur sem áður voru í samstarfi við aðra. Á það sérstaklega við um mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Með bréfi, dags. 30. apríl 2001, kynnti forsætisráðherra fjármálaráðuneytinu, Hagstofunni, Seðlabankanum, Þjóðhagsstofnun og starfsmannafélagi stofnunarinnar þá fyrirætlan sína að vinna að breyttri verkaskiptingu stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála. Um væri að ræða viðamikla endurskipulagningu sem einkum lyti að því að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana. Var óskað eftir tilnefningum þeirra í samstarfshóp til að vinna að framgangi málsins.

Í hópinn voru skipaðir Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, Eiríkur Guðnason bankastjóri Seðlabankans, Bolli Þór Bollason skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, Þórður Friðjónsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, Katrín Ólafsdóttir formaður Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar og Ásgeir Daníelsson hagfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun. Varamenn þeirra Katrínar og Ásgeirs voru Vilborg Helga Júlíusdóttir og Magnús Harðarson, bæði starfsmenn Þjóðhagsstofnunar. Skarphéðinn B. Steinarsson í forsætisráðuneytinu var ritari hópsins.

2. Þróun og verkefni Þjóðhagsstofnunar.

Sögu Þjóðhagsstofnunar má rekja til stofnunar Framkvæmdabanka Íslands árið 1953 og stofnunar efnahagsmálaráðuneytis á árinu 1960. Við Framkvæmdabankann var starfrækt hagdeild sem komið var á fót beinlínis til að vinna að hagskýrslugerð um efnahagsmál og að efnahagsráðgjöf. Fyrstu þjóðhagsreikningarnir fyrir íslenska þjóðarbúskapinn voru unnir í hagdeildinni og gefnir út í riti bankans *Úr þjóðarbúskapnum* á árunum 1956–1960. Efnahagsmálaráðuneytið var sett á laggirnar til að gera athuganir á efnahagsmálum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í þeim málum. Þessi skipan stóð hins vegar aðeins í tvö ár. Árið 1962 var efnahagsmálaráðuneytið lagt niður og Efnahagsstofnun komið á fót með samningi milli ríkisstjórnarinnar, Framkvæmdabanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Tók hún við ráðgjafarverkefnum efnahagsmálaráðuneytis og gerð þjóðhagsreikninga frá hagdeild Framkvæmdabankans. Efnahagsstofnun starfaði til ársloka 1971 en þá var hún lögð niður í tengslum við stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins sem tók til starfa 1. janúar 1972. Meginverkefni Efnahagsstofnunar, sem lutu að athugunum og ráðgjöf í efnahagsmálum og gerð þjóðhagsreikninga, voru falin hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar. Þótt hagrannsóknadeildin starfaði innan vébanda Framkvæmdastofnunar heyrði hún beint undir ríkisstjórnina. Þessi skipan hélst þar til Þjóðhagsstofnun var komið á fót með samnefndum lögum nr. 54/1974. Hún kom þá í stað hagrannsóknadeildarinnar og tók við öllum verkefnum hennar en deildin var lögð niður.

Samkvæmt síðastgreindum lögum er Þjóðhagsstofnun falið að sinna eftirtöldum verkefnum:

1. Færa þjóðhagsreikninga.
2. Semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Semja og birta opinberlega yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.
4. Annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.
5. Láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6. Veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Árið 1983 vann nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, stjórnkerfisnefnd, drög að frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands. Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985, en varð ekki útrætt. Þar var gert ráð fyrir að sá hluti Þjóðhagsstofnunar sem vann að gerð þjóðhagsáætlunar og skyldum verkefnum yrði færður til forsætisráðuneytisins. Jafnframt var gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands yrði gerð að stofnun utan stjórnarráðsins og þjóðhagsreikningar yrðu færðir til hennar. Ekkert varð af þessum breytingum. Árið 1987 samþykkti Alþingi ályktun um að fela ríkisstjórninni að endurskoða starfsemi Þjóðhagsstofnunar og meta hvort hagkvæmt væri að fela öðrum verkefni hennar. Um þessa þingsályktun var nokkuð fjallað á árinu 1990 en ekkert varð úr framkvæmd hennar.

Í ársbyrjun 1988 var gerð og umsjón með tekjuáætlun fjárlaga og margvíslegum verkefnum á sviði skattamála færð frá Þjóðhagsstofnun til fjármálaráðuneytis og með því lagður grunnurinn að efnahagsskrifstofu ráðuneytisins.

Vorið 1989 var annarri nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar falið að endurskoða starfshætti og skipulag Stjórnarráðs Íslands. Sú nefnd skilaði öðru frumvarpi til nýrra heildarlaga um Stjórnarráð Íslands í desember sama ár og var það lagt fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90, en varð heldur ekki útrætt. Þar var einnig gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands yrði

sérstök stofnun, er heyrði undir forsætisráðuneytið, og sett um hana sérstök lög. Við setningu þeirra taldi nefndin brýnt „að taka jafnframt til athugunar starfsemi Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands með það að markmiði að sameina skyld verkefni þessara stofnana. Gæti slíkt leitt til samruna að einhverju leyti, sparnaðar og aukinnar hagræðingar."

Við myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins eftir alþingiskosningarnar 1991 var meðal annars fjallað um hagræðingu og verkaskiptingu ýmissa stofnana. Í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sagði að í framhaldi af samþykkt þingályktunartillögu um endurskoðun á starfsemi Þjóðhagsstofnunar yrði unnið að breytingum á skipulagi hennar. Væri meðal annars stefnt að því að ýmis hefðbundin hagstofuverkefni Þjóðhagsstofnunar yrðu færð til Hagstofunnar, önnur verkefni yrðu áfram í stofnuninni en hún skyldi starfa í nánari tengslum við forsætisráðuneytið en verið hafði. Í framhaldi af þessu varð nokkur umræða um þessi mál innan stjórnkerfisins en ekki var ráðist í breytingar.

Á ársfundi Seðlabanka Íslands í mars árið 2000 sagði forsætisráðherra meðal annars að nú væri svo komið að Hagstofan, Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn heyrðu undir einn og sama ráðherra. Með þeirri stöðu gæfist færi á að skoða verkaskiptingu milli þessara stofnana að nýju og huga að því hvort hentaði að samþætta verkefni og stokka upp að öðru leyti. Við umfjöllun um þetta mál var strax talið eðlilegt að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins yrði hluti af þessu verkefni.

3. Breytt umgjörð efnahagsmála.

Á síðustu 10–15 árum hafa orðið þær breytingar á sviði efnahagsmála að nauðsynlegt er að endurskoða verkaskiptingu opinberra stofnana á þessu sviði. Ein stofnun með margvísleg verkefni eins og Þjóðhagsstofnun sinnti þessu hlutverki vel við þær aðstæður sem áður ríktu. Nú hafa aðrar stofnanir á þessu sviði, fjármálaráðuneyti, Seðlabanki og Hagstofa, eflst og tekið við nýjum verkefnum. Þær eru því vel í stakk búnar til að taka við helstu verkefnum Þjóðhagsstofnunar og með því yrði verkaskipting opinberra stofnana á þessu sviði skýrari og til lengdar hagkvæmari en nú er.

Við flutning verkefna frá Þjóðhagsstofnun er í meginatriðum miðað við að þau verkefni stofnunarinnar sem lúta að opinberri hagskýrslugerð verði færð til Hagstofunnar en gerð efnahagsspáa og áætlana og efnahagsráðgjöf verði færð til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis. Slík verkaskipting er eðlileg og hefur um langt skeið tíðkast í flestum vestrænum ríkjum. Efnahagsspár stjórnvalda, meðal annars í tengslum við fjárlagagerð, eru gerðar í fjármálaráðuneytum viðkomandi landa en hagstofur sinna gerð þjóðhagsreikninga.

Efnahagsráðgjöf við stjórnvöld er nú með allt öðrum hætti en þegar gildandi lög um Þjóðhagsstofnun voru sett. Hún felst nú fyrst og fremst í mati á framvindu og horfum þegar móta skal stefnu til næsta árs eða næstu ára og þá einkum stefnu í ríkisfjármálum við gerð fjárlaga. Þjóðhagsspár eru nauðsynleg forsenda fyrir ákvarðanir stjórnvalda í efnahagsmálum, einkum við gerð fjárlaga. Fjármálaráðuneytið hefur eflt starfsemi sína á þessu sviði enda nauðsynlegt að það geti sem best lagt mat á þróun og horfur í efnahagsmálum vegna fjárlagagerðar og almennrar hagstjórnar.

Þetta fyrirkomulag felur það í sér að spárnar eru settar fram með hliðsjón af efnahagsstefnu stjórnvalda hverju sinni. Það á reyndar ekki bara við um opinberar efnahagsspár heldur er það almennt viðtekin venja flestra aðila sem fást við slíkar spár, hvort sem það eru fjármálastofnanir, aðilar vinnumarkaðarins eða aðrir. Hinar opinberu spár og efnahagsstefna stjórnvalda eru sá grunnur sem byggt er á og síðan ræða menn hugsanleg frávik frá þeim, meðal annars með tilliti til breyttra forsendna o.fl. Þetta þykja alls staðar eðlileg og réttmæt vinnubrögð.

Seðlabankinn rekur öfluga starfsemi um allt sem lýtur að því að fylgjast með framvindu og horfum í efnahagsmálum enda forsenda þess að ákvarða vexti í ljósi horfa um verðbólgu allt að tvö ár fram í tímann. Með nýjum Seðlabankalögum eru lagðar meiri kvaðir en áður á bankann um miðlun upplýsinga til stjórnvalda, jafnt ráðuneyta sem Alþingis, og almennings.

Almennt mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum mun því í vaxandi mæli verða hluti af starfsemi þeirra stofnana hins opinbera, fjármálaráðuneytis og Seðlabanka, sem annast veigamikla þætti efnahagsmála og hagstjórnar. Eðlilegt er að ríkisstjórn setji fram forsendur sínar og spár um þróun efnahagsmála beint við fjárlagagerðina og Seðlabankinn meti stöðuna á eigin forsendum. Þjóðhagsstofnun hefur því ekki lengur hlutverki að gegna í þessu samhengi og að óbreyttu skipulagi væri hætta á að verkaskipting yrði óljós og óhagkvæm.

Þjóðhagsstofnun hefur unnið að ýmsum verkefnum fyrir einstök ráðuneyti, Alþingi, aðila vinnumarkaðarins o.fl. Má þar meðal annars nefna athuganir sem tengjast sjávarútvegsmálum, orku- og iðnaðarmálum, umhverfismálum og tryggingamálum. Gert er ráð fyrir að athugunum af þessum toga verði framvegis sinnt af hlutaðeigandi ráðuneytum eða þau verði falin öðrum stofnunum og einkaaðilum. Í þessu sambandi má nefna að gert er ráð fyrir að hagfræðilegar athuganir á sviði sjávarútvegsmála færist til sjávarútvegsráðuneytisins en það geti aftur leitað til annarra aðila, þ.m.t. einkaaðila. Grundvöllur slíkra athugana yrði annars vegar í Hagstofu hvað varðar afla, framleiðslu og uppgjör fyrir liðna og líðandi tíð. Hins vegar er áformað að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis muni annast mat á horfum í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, meðal annars á grundvelli fyrirliggjandi reiknilíkana sem verða vistuð þar. Iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess hafa fengist við margvíslegar athuganir á sviði stóriðju og orkumála og er reiknað með að svo verði áfram. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis hefur enn fremur unnið að málum sem snerta efnahagsleg áhrif stóriðju og mun gera það áfram eftir því sem þörf krefur. Á sviði umhverfismála hefur umhverfisráðuneytið sjálft staðið fyrir ýmsum athugunum. Gert er ráð fyrir að svo verði áfram og ráðuneytið geti jafnframt falið öðrum stofnunum eða fyrirtækjum að annast ýmis verkefni auk þess sem mat efnahagsáhrifa verður á verksviði efnahagsskrifstofu. Hvað snertir verkefni á sviði heilbrigðis- og tryggingamála er gert ráð fyrir að þeim verði sinnt af stofnunum ráðuneytisins, Hagstofu og efnahagsskrifstofunni. Tryggingastofnun hefur í vaxandi mæli annast ýmsar athuganir á sviði almannatrygginga og styrkt starfsemi sína á því sviði. Hagstofan hefur byggt upp verulegt gagnasafn um heilbrigðis- og tryggingamál í samvinnu við ráðuneytið, landlæknisembættið og Tryggingastofnun, en jafnframt er nú áformað að leggja enn ríkari áherslu á athuganir á þessu sviði, meðal annars í tengslum við áætlanir um samræmda skýrslugerð um þennan málaflokk innan vébanda hagskýrslusamstarfs EES-ríkja. Loks má nefna að fjármálaráðuneytið sinnir margvíslegum athugunum á sviði skattamála, ekki síst fyrirspurnum frá Alþingi, aðilum vinnumarkaðarins o.fl.

Þannig er ljóst að þótt Þjóðhagsstofnun verði lögð niður verður áfram fyrir hendi sérþekking til að vinna verk eins og þau sem hér hafa verið nefnd.

Hagstofan leggur mörgum aðilum til reglubundnar og sértækar upplýsingar um framvindu efnahagsstærða, svo sem stjórnvöldum, samtökum á vinnumarkaðinum og einstökum fyrirtækjum, ekki síst á fjámálamarkaði. Jafnframt hefur hún annast athuganir og álitsgerðir fyrir stjórnvöld og stofnanir og látið Alþingi í té upplýsingar og umsagnir. Þá hefur Hagstofan um langan aldur átt mikil samskipti og samstarf við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega á sviði verðlags- og launamála. Við flutning hagskýrsluverkefna Þjóðhagsstofnunar til Hagstofunnar er gert ráð fyrir að upplýsingastarfsemi Hagstofunnar um hvaðeina, sem lýtur að efnahagsframvindu og breytingum þjóðhagsstærða, verði aukin og styrkt. Meðal annars er áformað

að leggja aukna áherslu á að fanga og miðla upplýsingum um skammtímabreytingar efnahagsstærða til þess að sú vitneskja nýtist sem best við mótun efnahagsstefnu og athuganir á efnahagsframvindunni á hverjum tíma. Hagstofan verður enn fremur betur í stakk búin til þess að þjóna ríkisstjórn, Alþingi og aðilum vinnumarkaðarins með upplýsingagjöf og athugunum á grundvelli sameinaðra haggagnasafna frá stofnununum tveimur. Eðlilegt er og nauðsynlegt að áhersla verði lögð á þessa starfsemi þegar allir helstu þættir opinberrar hagskýrslugerðar um efnahagsmál verða saman komnir í einni stofnun eins og að er stefnt með frumvarpi þessu.

Seðlabanki Íslands er reiðubúinn að taka að sér hagfræðilegar athuganir og skýrslugerðir um efnahags- og peningamál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála og að láta nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahags- og peningamál, enda stangist það ekki á við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands og samrýmist að öðru leyti hlutverki hans og sérfræðiþekkingu. Á sömu forsendum er Seðlabankinn reiðubúinn að láta aðilum vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkum, sem fulltrúa eiga á Alþingi, í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að benda á að starfsemi ýmissa ráðgjafar- og þjónustufyrirtækja á hinum ýmsu sviðum auk rannsóknastofnana háskólanna hefur eflst verulega á undanförnum árum og í mörgum tilvikum getur beinlínis verið æskilegt að leita til slíkra aðila um úrvinnslu verkefna. Sama gildir um miðlun upplýsinga, hvort sem er til ríkisstjórnar, Alþingis eða annarra aðila. Fjármálaráðuneytið, Hagstofa Íslands, Seðlabankinn og aðrar opinberar stofnanir munu sem fyrr veita öllum þessum aðilum upplýsingar og aðra þjónustu eftir því sem starfsemi þeirra segir til um.

Opinber umræða um efnahagsmál fer nú fram á mun breiðari faglegri grunni en áður var. Enn fremur hefur miðlun upplýsinga um efnahagsmál til almennings mjög farið vaxandi á undanförnum árum og þar koma fjölmargar stofnanir við sögu. Aðilar vinnumarkaðarins hafa um alllangt skeið rekið öfluga starfsemi á þessu sviði sem hefur einna skýrast birst í þætti Alþýðusambands Íslands hvað varðar almenna stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Sama má segja um samtök atvinnulífsins. Þetta er mikilvægur þáttur í almennri efnahagsumræðu og mótun efnahagsstefnunnar hverju sinni og nauðsynlegt að renna styrkum stoðum undir hann.

Þá hefur starfsemi fjármálastofnana á þessu sviði eflst verulega með tilkomu greiningardeilda þeirra og margar þeirra gefa út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál. Þær eiga því stóran þátt í umræðunni. Rannsóknastofnanir háskólanna hafa einnig eflst. Þótt þessir aðilar birti ekki heildstæðar þjóðhagsspár setja þeir fram rökstutt álit á þeim spám sem birtast og ekki ólíklegt að þeir muni í framtíðinni gera eigin spár. Það er því af sem áður var að slíkar upplýsingar verði að sækja til einnar og sömu stofnunar.

Til þess að styrkja upplýsingamiðlun og efla faglega umræðu enn frekar er stefnt að því að gera helstu reiknilíkön og gagnasöfn sem notuð eru við gerð þjóðhagspár o.fl. öllum aðgengileg, t.d. á vefnum. Þetta mun gera efnahagsspár stjórnvalda og allar meginforsendur þeirra gagnsærri auk þess sem öðrum aðilum verður gert kleift að nýta sér þessi líkön og gera spár og athuganir á eigin forsendum.

Að öllu samanlögðu verður því að telja að áfram verði vel séð fyrir þeim verkefnum og þeirri starfsemi sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt auk þess sem verkaskipting opinberra stofnana á þessu sviði verður skýrari og til lengdar hagkvæmari en nú er. Sú þróun sem orðið hefur þar sem fleiri aðilar koma að þessum málum en áður, ekki síst á almenna markaðinum, er bæði eðlileg og æskileg og stuðlar að markvissari umræðu og styrkir faglega umfjöllun.

4. Efling opinberrar hagskýrslugerðar.

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands fer Hagstofan með mál sem varða opinbera hagskýrslugerð. Þjóðhagsstofnun hefur annast hluta þessarar skýrslugerðar. Eitt meginmarkmiðið með tillögum þessa frumvarps um breytingu á verkaskiptingu efnahags- og hagskýrslustofnana er að styrkja og efla opinbera hagskýrslugerð með því að færa saman hagskýrsluverkefni Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar.

Sú opinbera hagskýrslugerð, sem unnið hefur verið að í Þjóðhagsstofnun, er einkum gerð þjóðhagsreikninga og tengdra hagskýrslna, svo sem um útgjöld heimila, fjármunamyndun og búskap hins opinbera, rekstur og efnahag atvinnuvega, tekjur einstaklinga og tekjudreifingu, auk athugana á sviði atvinnu og vinnumarkaðar. Þessi verkefni mundu færst til Hagstofunnar samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um nýja verkaskiptingu. Að baki þessu liggja þau rök að með þessu megi bæta innihald, afköst og gæði opinberrar hagskýrslugerðar.

Á vettvangi samstarfsins innan Evrópska efnahagssvæðisins eru nú gerðar æ ríkari kröfur til opinberrar hagskýrslugerðar um efnahagsmál. Talið er óhjákvæmilegt að hagskýrslur EES-ríkjanna verði víðtækari en verið hefur, skýrslugerðin verði vandaðri og fyllri og skili niðurstöðum mun fyrr en áður. Ljóst þykir að þessum og ýmsum innlendum kröfum um úrbætur í hagskýrslugerð sé unnt að sinna mun betur í einni tiltölulega öflugri hagstofu en í tveimur aðgreindum stofnunum. Með því er komið í veg fyrir tvíverknað, unnt verður að gera starfið markvissara en ella og nýta sérfræðinga frá báðum stofnunum til sameiginlegra markmiða og sameinaðra verka.

5. Endurskipulagning Hagstofunnar.

Auk þeirra breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er áformað að ná fram frekari hagræðingu í stjórnsýslunni og styrkja hagskýrslugerðina um leið með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyra hagskýrslugerðinni beinlínis. Hér er átt við þjóðskrá og almannaskráningu og skráningu fyrirtækja.

Hagstofan kom þjóðskránni á fót fyrir u.þ.b. hálfri öld. Skráning fyrirtækja í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar hófst á árinu 1969 en á árinu 1997 tók Hagstofan við rekstri hlutafélagaskrár og skyldra skráa. Stofnun þjóðskrárinnar og rekstur var skipulagður í samvinnu við skattayfirvöld og landlæknisembættið. Henni var komið á fót til að sinna brýnum þörfum stjórnvalda fyrir samræmda skráningu landsmanna. Þetta þótti ekki síst nauðsynlegt til að tryggja að skattskylda næði jafnt til allra; enginn kæmist undan henni og enginn yrði skattlagður tvisvar. Enn fremur átti skráin að mæta þörfum heilbrigðiskerfisins fyrir heildarskrá sem þá var meðal annars talin geta komið að miklum notum við eftirlit með smitsjúkdómum og þá sérstaklega í tengslum við útrýmingu berkla sem þá var eitt helsta viðfangsefni heilbrigðisyfirvalda. Loks átti þjóðskráin að verða Hagstofunni efniviður til hagskýrslugerðar. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækjaskrár var að mestu leyti áþekkur.

Rekstur þjóðskrár og fyrirtækjaskránna hefur falið í sér marghátttað hagræði fyrir stjórnvöld og atvinnulíf. Þetta liggur e.t.v. ekki í augum uppi en verður ljóst þegar staða okkar að þessu leyti er borin saman við þau ríki þar sem engin þjóðskrá er og skráning fyrirtækja ekki samhæfð. Það er ótrúlegt hagræði fólgið í því að öll stjórnvöld og opinber kerfi geti unnið með eina samhæfða skrá sem er opinber og aðgengileg til eftirlits. Hagstofan hefur annast almannaskráninguna í samvinnu við sveitarfélögin og ýmis stjórnvöld, ekki síst skattayfirvöld og sýslumenn. Þegar undan er skilið það hlutverk skránna að vera uppspretta gagna til hagskýrslugerðar má hins vegar færa fyrir því rök að auka megi hagræðingu í rekstri skránna með því að flytja þær frá hagskýrslugerðinni og auka tengsl skráningarstarfsins við skylda starfsemi innan stjórnkerfisins. Er þá gert ráð fyrir að Hagstofan hafi áfram aðgang

að þessum skrám til hagskýrslugerðar og hagnýting þeirra í því skyni verði engu minni en verið hefur.

Samsetning hagskýrslugerðar og rekstur þjóðskrár og fyrirtækjaskráa í einni stofnun hefur á síðari árum ekki þótt jafntrúverðug og heppileg og var þegar skrárnar voru stofnaðar. Þetta stafar ekki síst af þeirri þróun sem orðið hefur í viðhorfum og reglum um meðferð persónubundinna gagna. Þessi þróun hefur meðal annars verið fólgin í því að kröfur um gagnaleynd hafa verið skilgreindar ítarlega eftir því í hvaða skyni gögnum er safnað og með þau unnið. Opinber skráning einstaklinga og fyrirtækja í þjóðskrá og fyrirtækjaskrár lýtur þannig öðrum reglum en þær sem verða að gilda um hagskýrslugerð. Á árunum 1992 og 1994 voru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna samdar og samþykktar svonefndar grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð. Ísland hefur staðfest þessar reglur og hefur Hagstofan leitast við að fylgja þeim. Þær mæla meðal annars fyrir um eftirfarandi meginatriði:

- að fullkominn trúnaður skuli ríkja um hagskýrslugögn sem varða tiltekna einstaklinga, fyrirtæki eða aðra aðila,
- að gögn, sem safnað er til hagskýrslugerðar, megi ekki nota í öðrum tilgangi og
- að ekki megi birta niðurstöður á þann hátt að þær verði rekjanlegar til tiltekinna einstaklinga eða aðila.

Þessar reglur koma ekki í veg fyrir að Hagstofan hagnýti þjóðskrá og fyrirtækjaskrár eða aðrar opinberar skrár, svo sem skattskrár eða tryggingaskrár, til hagskýrslugerðar, enda sé einstaklingsbundnum upplýsingum ævinlega haldið leyndum. Hins vegar þykir erfiðara að verja að Hagstofan reki opinberar skrár og fáist með því beinlínis við einstaklingsbundin mál og úrlausn álitamála um skráningu einstaklinga og fyrirtækja þegar meginstarfsemi hennar byggist á því að heitið sé fyllsta trúnaði um einstaklingsbundin gögn. Þetta getur haft slæm áhrif á stöðu eða ímynd Hagstofunnar sem óvilhallrar hagskýrslustofnunar.

Í tengslum við flutning hagskýrsluverkefna frá Þjóðhagsstofnun til Hagstofunnar er nú áformað að skilja frá hagskýrslugerðinni þau skráningarverkefni sem felast í þjóðskrá og fyrirtækjaskrám. Er þá ráðgert að færa þjóðskrárhaldið og fyrirtækja- og félagaskráninguna undir embætti ríkisskattstjóra.

Skráningarverkið er nátengt verkefnum skattyfirvalda og tengist skattskyldu einstaklinga og fyrirtækja með beinum hætti. Í því sambandi má nefna að í Noregi og Svíþjóð annast ríkisskattstjóri og skattkerfið almannaskráningu og þjóðskrárhald. Í Danmörku og Finnlandi er það í meginatriðum á hendi sveitarfélaga, en miðlæg skráning og stýring fer fram í sérstofnun sem heyrir undir innanríkisráðuneyti landanna.

Auk þessa er ráðgert að ráðuneytisstaða Hagstofunnar verði afnumin og Hagstofan gerð að stofnun forsætisráðuneytis. Hagstofan yrði við þetta hrein hagskýrslustofnun eins og systurstofnanir hennar í nágrannaríkjunum, með sömu verkefni og svipaða stöðu.

Gert er ráð fyrir að leita eftir nauðsynlegum lagabreytingum í þessu skyni næsta haust.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar sem gera þarf á öðrum lögum vegna niðurlagningar Þjóðhagsstofnunar.

Í IV. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., er að finna ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar og undirbúning þeirra, meðal annars af hálfu

Þjóðhagsstofnunar. Ákvæði yngri laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, um áætlun yfir fjárfestingar og lánsfjárþörf til lengri og skemmri tíma, sbr. 27. og 28. gr. þeirra laga, hafa nú leyst inntak þessa kafla eldri laganna af hólmi. Í ljósi þess er í a-lið þessarar greinar lagt til að sá kafli þeirra verði felldur úr lögum.

Samkvæmt 2. mgr. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingu, er skattyfirvöldum skylt að veita Þjóðhagsstofnun og Hagstofunni allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir skýrslugerð þeirra. Í b- og d-lið þessarar greinar er lagt til að sú skylda taki eftirleiðis einungis til Hagstofunnar.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., og 39. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, skal hækkun sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds ákveðin í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun. Í c- og g-lið er lagt til að samráð við Þjóðhagsstofnun falli brott.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins, hefur Þjóðhagsstofnun tilnefnt einn fulltrúa í fjögurra manna stjórn stofnunarinnar sem landbúnaðarráðherra skipar. Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Hagstofan og Bændasamtök Íslands tilnefna aðra stjórnarmenn. Í e-lið þessarar greinar er lagt til að fulltrúi Þjóðhagsstofnunar gangi úr stjórn stofnunarinnar og stjórnarmönnum fækkað í þrjá.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal Atvinnuleysistryggingasjóður árlega gefa fjármálaráðherra skýrslu um fjárhagslega stöðu sjóðsins þar sem gerð verði grein fyrir fyrirsjáanlegum útgjöldum á næsta fjárhagsári með hliðsjón af fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi og öðrum atriðum sem áhrif hafa á fjárhagslega stöðu sjóðsins, sem að stærstum hluta er fjármagnaður með atvinnutryggingagjaldi. Í f-lið þessarar greinar er lagt til að útgjaldaáætlun sjóðsins taki í stað spár Þjóðhagsstofnunar mið af atvinnuhorfum eins og þær eru metnar af Vinnumálastofnun, sbr. 4. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir.

Samkvæmt 47. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, er ríkisreikningsnefnd, sem starfrækt er skv. 46. gr. s.l., skipuð sex mönnum. Fjórir eiga þar sæti í krafti embættis síns, þ.e. ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri, en auk þeirra tilnefna Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun hvor um sig einn fulltrúa. Í h-lið þessarar greinar er lagt til að fulltrúi Þjóðhagsstofnunar gangi úr nefndinni og nefndarmönnum verði fækkað í fimm.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að flutningi verkefna Þjóðhagsstofnunar til fjármálaráðuneytis og Hagstofu megi ljúka fyrir 1. júlí 2002. Er því lagt til að gildistaka frumvarpsins verði miðuð við þann dag og starfsemi stofnunarinnar þar með lögð niður.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Öllum starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verða boðin störf hjá þeim stofnunum sem verkefnin færast til. Þar verður leitast við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt þar sem jafnframt verði þó höfð hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan. Með ákvæðinu er tryggt að ekki þurfi að auglýsa þau störf sem þessir starfsmenn verða ráðnir í. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Með frumvarpinu er lagt til að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður og verkefni hennar flutt til Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytis.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður Þjóðhagsstofnunar skiptist milli Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytis í hlutföllunum ⅔ og ⅓. Þjóðhagsstofnun hefur um 132 m.kr. útgjaldaheimild á fjárlögum 2002. Samkvæmt því flyst u.þ.b. 88 m.kr. útgjaldaheimild til Hagstofu Íslands og 44 m.kr. til fjármálaráðuneytisins. Endanleg skipting verður þó ákveðin síðar þegar nákvæm verkaskipting fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands liggur fyrir.

Gera má ráð fyrir að einhver biðlaunakostnaður kunni að falla á ríkissjóð við það að stofnunin er lögð niður. Ekki eru forsendur til að meta þann kostnað nákvæmlega en áætlað hefur verið að hann gæti orðið á bilinu 20–25 m.kr. Gert er ráð fyrir að beinn kostnaður við flutning stofnunarinnar, þ.m.t. kostnaður við standsetningu húsnæðis, kaup á húsbúnaði og flutning gagna milli tölvukerfa, sé um 24 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi önnur áhrif á kostnað ríkissjóðs.

1154. Lög [503. mál]

um virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal og stækkun Kröfluvirkjunar.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 795.

1155. Lög [580. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 909.

1156. Lög [333. mál]

um eldi nytjastofna sjávar.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 1045.

1157. Lög [344. mál]

um geislavarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 1025.

1158. Lög [371. mál]

um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 1026 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Í stað orðanna „skipulagsnefnd kirkjugarða“ í 2. mgr. 16. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 20. gr., 1. og 3. mgr. 27. gr., 2. mgr. 28. gr., 1. og 4. mgr. 31. gr., 32. gr., 1. mgr. 33. gr., 36. gr., 1. mgr. 43. gr., 2. mgr. 50. gr. og 51. gr. laganna kemur, í viðeigandi falli: kirkjugarðaráð; og í stað orðsins „hennar“ í 16. gr. laganna kemur: þess.

1159. Lög [372. mál]

um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur), nr. 3 12. janúar 1945.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 574.

1160. Lög [428. mál]

um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

(Afgreidd frá Alþingi 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 688.

1161. Frumvarp til laga [253. mál]

um fasteignakaup.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um kaup á fasteignum að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í lögum. Lögin gilda einnig um makaskipti og um kaup og skipti á hlutum í fasteign eftir því sem við getur átt. Enn fremur gilda þau um kaup á fasteign þegar seljandi á að annast smíði hennar í heild eða að hluta og kaupandi leggur ekki til verulegan hluta efnis til smíðinnar.

2. gr.
Hugtakið fasteign.

Fasteign samkvæmt lögum þessum telst vera afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega eru við landið skeytt. Með fasteign er einnig átt við eignarhluta í húsi eða öðru mannvirki sem skiptist í fleiri en einn slíkan.

3. gr.
Makaskipti.

Við makaskipti telst hvor samningsaðila seljandi þeirrar fasteignar sem hann afhendir og kaupandi þeirrar sem hann tekur við.

4. gr.
Gjafagerningar.

Ef eigendaskipti að fasteign verða með gjafagerningi gilda ákvæði 7. gr., 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 13. gr. og 2., 4. og 5. mgr. 51. gr. Um gefanda gilda þá reglur um seljanda og um gjafþega reglur um kaupanda.

5. gr.
Samningar.

Heimilt er að víkja frá lögum þessum með samningi, enda sé ekki annað ákveðið í þeim eða leiði með vissu af ákvæðum þeirra.

Ekki er þó heimilt að víkja frá lögunum með samningi í neytendakaupum ef það yrði óhagstæðara fyrir kaupanda.

6. gr.

Neytendakaup.

Með neytendakaupum er í lögum þessum átt við kaup á fasteign af seljanda, þegar salan er liður í atvinnustarfsemi hans, og eignin er aðallega ætluð til persónulegra afnota fyrir kaupanda, fjölskyldu hans, heimilisfólk og þá sem hann umgengst. Kaup teljast þó ekki neytendakaup ef seljandi hvorki vissi né mátti vita við samningsgerð að fasteign var keypt í þessu skyni.

7. gr.

Form samninga.

Samningur um kaup á fasteign er bindandi þegar skriflegt tilboð hefur verið samþykkt af móttakanda þess með undirskrift, enda felist í því skuldbinding um greiðslu tilgreinds kaupverðs og afhendingu fasteignar.

Ef umboðsmaður kemur fram fyrir hönd kaupanda eða seljanda skal umboð hans vera skriflegt.

Til skriflegs forms og undirskrifta samkvæmt lögum þessum telst rafrænt form og undirskriftir sem hafa sama gildi samkvæmt fyrirmælum í lögum.

8. gr.

Fyrirvari.

Nú er skuldbindingargildi kaupsamnings um fasteign bundið fyrirvara um atvik sem ekki hefur gengið eftir og skal þá kaupsamningurinn falla niður að liðnum tveimur mánuðum frá því að hann komst á.

9. gr.

Forkaupsréttur.

Nú á maður forkaupsrétt að fasteign sem kaupsamningur hefur verið gerður um og skal þá seljandi þegar bjóða honum skriflega að neyta þess réttar. Söluverð og aðrir skilmálar skulu jafnframt tilgreindir á tæmandi hátt. Sé um að ræða makaskipti skal seljandi tilgreina hversu hátt hin framboðna fasteign er metin til peningaverðs. Hefur þá rétthafi heimild til að kaupa fasteignina því verði eða matsverði. Mat skal framkvæmt af dómkvöddum mönnum samkvæmt reglum 34. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Forkaupsréttarhafi skal svara skriflega og afdráttarlaust tilboði seljanda innan 15 daga frá því að honum barst það, ella glatar hann í það sinn rétti sínum til að kaupa.

II. KAFLI

Um afhendingu o.fl.

10. gr.

Undirbúningur afhendingar.

Við afhendingu skal seljandi hafa rýmt fasteign og ræst.

11. gr.

Afhending og afsal.

Nú er ekki samið um afhendingartíma fasteignar og er þá seljanda ekki skylt að afhenda hana nema kaupverðið sé greitt samtímis. Sé samið um að afhending geti farið fram á tilgreindu tímabili má seljandi velja hvenær innan þess afhending fer fram.

Þegar kaupandi hefur efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi á hann rétt á afsali úr hendi seljanda.

12. gr.

Áhættan af seldri fasteign.

Áhættan af seldri fasteign flyst til kaupanda við afhendingu. Þegar áhætta af seldri fasteign hefur flust til kaupanda helst skylda hans til að greiða kaupverðið þótt eignin rýrni, skemmist eða farist af ástæðum sem seljanda er ekki um að kenna.

Ef seljandi getur ekki afhent fasteign á réttum tíma af ástæðum sem kaupanda er um að kenna ber kaupandi áhættu af fasteigninni frá þeim tíma sem hann gat fengið hana afhenta.

Nú hefur seljandi vátryggt fasteign gegn rýrnun, skemmdum eða eyðileggingu, sem um getur í 1. mgr., og öðlast kaupandi þá rétt samkvæmt vátryggingarsamningi ef fasteignin rýrnar, skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur um hana varð bindandi, nema seljandi geti losnað undan samningnum. Seljanda er skylt að framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningi þegar kaupandi krefst þess, enda hafi hann efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum.

13. gr.

Arður og kostnaður.

Seljandi á rétt á arði af fasteign fram að afhendingu og ábyrgist kostnað af henni til sama tíma. Sé fasteign ekki afhent á réttum tíma, af ástæðum sem kaupanda er um að kenna, ábyrgist kaupandi kostnað af eigninni frá þeim tíma.

14. gr.

Kostnaður við sölu.

Seljandi skal bera allan kostnað vegna undirbúnings sölu fasteignar. Þó skal kaupandi greiða stimpilgjöld og annan kostnað vegna þinglýsingar eða skráningar eignarheimildar sinnar yfir fasteign og annarra eignarréttinda sem hann stofnar til vegna kaupanna.

Fari kaup fram fyrir milligöngu miðlara skal kostnaður við það greiðast af þeim sem veitt hefur miðlara umboð til verksins. Feli viðsemjandi hans miðlara að annast sérstök verkefni í sína þágu er það gagnaðila hans óviðkomandi. Leiti aðili samnings aðstoðar annarra sérfræðinga við kaupin skal hann greiða kostnað af því.

15. gr.

Umsjón með fasteign.

Nú er fasteign ekki afhent á umsömdum tíma og er seljandi þá skyldur til að hafa hæfilega umsjón með henni.

Vilji kaupandi losna undan samningsskyldum sínum, eftir afhendingu fasteignar, skal hann hafa hæfilega umsjón með henni.

Sá sem hefur umsjón með fasteign skv. 1. eða 2. mgr. getur krafist greiðslu á réttmætum kostnaði við umsjónina.

16. gr.

Tilkynningar.

Nú sendir kaupandi eða seljandi, með sannanlegum hætti, tilkynningu samkvæmt lögum þessum, sem gilt þykir að nota miðað við aðstæður, og getur þá sendandi, komi ekki annað í ljós, byggt á því að tilkynningin hafi verið send réttilega og nægilega snemma þótt henni seinki, mistök verði við hana eða hún komist ekki til viðtakanda.

17. gr.

Veðréttindi.

Þegar kaupandi hefur greitt kaupverðið eða hluta þess öðlast hann veðrétt í fasteign til tryggingar kröfu um endurgreiðslu þess sem hann hefur innt af hendi. Um réttarvernd og þinglýsingu fer samkvæmt lögum um samningsveð og þinglýsingalögum.

III. KAFLI

Eiginleikar fasteignar, gallar, fylgifé o.fl.

18. gr.

Um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögum þessum og kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema ágallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

19. gr.

Nánar um galla á fasteign.

Fasteign telst gölluð ef hún:

a. hentar ekki til þeirra afnota sem sambærilegar eignir eru venjulega notaðar til, eða
b. hentar ekki til þeirra sérstöku afnota fyrir kaupanda sem seljanda var eða mátti vera kunnugt um þegar kaupsamningur var gerður. Þetta gildir þó eigi ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

Í neytendakaupum skal ástand og búnaður fasteignar eða hluta hennar vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum, stjórnvaldsreglum eða fyrirmælum reistum á þeim er voru í gildi þegar fasteign eða hlutar hennar voru byggðir eða endurbyggðir. Þetta gildir þó ekki ef kaupandi byggði ekki á þekkingu eða mati seljanda á eiginleikum eignarinnar eða skorti réttmæta ástæðu til þess.

20. gr.

Tímamark við mat á galla.

Við mat á því hvort fasteign telst gölluð skal miða við það tímamark er hún flyst yfir í áhættu kaupanda skv. 12. gr. eða samkvæmt samningi. Um galla getur þó verið að ræða þótt hann eða afleiðingar hans komi í ljós síðar.

Seljandi ber ábyrgð á galla, sem fram kemur síðar, ef orsakir gallans eru vanefndir af hans hálfu. Sama á við ef seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti tekist á hendur ábyrgð á eiginleikum eða öðrum kostum fasteignar í tiltekinn tíma.

21. gr.

Stærðarfrávik.

Þótt flatarmál fasteignar sé minna en kaupandi gerði ráð fyrir telst það ekki galli, nema það sé verulega minna en seljandi upplýsti fyrir kaup eða háttsemi hans teljist stórfellt gáleysi.

22. gr.

Fylgifé fasteignar.

Leiði annað ekki af kaupsamningi telst fasteign gölluð ef hún hefur ekki þann búnað eða réttindi sem segir í 23.-25. gr., enda hafi búnaðurinn eða réttindin verið fyrir hendi við skoðun, eða átt að fylgja samkvæmt lögum, kaupsamningi, öðrum gögnum eða venju. Leiki vafi á hvort búnaður eða réttindi telst fylgifé fasteignar skal einkum litið til þess hvort viðurhlutamikið væri að skilja búnaðinn eða réttindin frá fasteign, hvort verðmæti búnaðar eða réttinda sé í einhverjum mæli háð tengslum við eignina, þau séu nauðsynleg fyrir eðlileg afnot hennar eða geti best nýst þar.

Seljanda er skylt að afhenda fylgifé fasteignar með henni án sérstaks endurgjalds, nema um annað sé samið.

23. gr.

Nánar um fylgifé fasteignar.

Til fylgifjár fasteignar telst:

a. Hlutir sem tengjast fasteign og eiga að gera það samkvæmt lögum, stjórnvaldsreglum eða yfirvaldsákvörðunum teknum á grundvelli þeirra.
b. Hlutir eða búnaður sem keyptur er með opinberri aðstoð eða fyrir fjármuni sem hið opinbera mælir fyrir um að skuli renna til hluta eða búnaðar til afnota á fasteigninni.
c. Hlutur í sameign, afnotaréttindi og önnur óbein eignarréttindi er fylgja fasteign og hlutur sem heyrir til rekstri fasteignar.
d. Ógjaldfallin leiga og aðrar ógjaldfallnar kröfur sem tilheyra fasteigninni.
e. Inneign í hússjóði eða framkvæmdasjóði fjöleignarhúss eða öðrum sambærilegum sjóðum.

24. gr.

Sérstakt fylgifé íbúðarhúsnæðis o.fl.

Til fylgifjár íbúðarhúsnæðis, gistihúsa, veitingahúsa, skrifstofuhúsnæðis og annars húsnæðis sem ætlað er til rekstrar teljast varanlegar innréttingar og búnaður sem annaðhvort er skeytt varanlega við fasteignina eða er sérstaklega sniðinn að henni. Þetta á meðal annars við um fastan búnað og lagnir til hitunar og vatnsmiðlunar, rafmagnsvirki og leiðslur, loftnet og annan móttökubúnað í eigu seljanda, sem fest eru á fasteign, föst gólfteppi og önnur gólfefni sérstaklega tilsniðin, gluggabúnað, bað- og eldhúsinnréttingar og tæki og vélar sem eru sérstaklega felld inn í innréttingarnar og verða hluti af þeim og aðra innbyggða hluta.

25. gr.

Sérstakt fylgifé fasteigna sem ætlaðar eru til landbúnaðar.

Til fylgifjár fasteignar sem ætluð er til landbúnaðar teljast tæki og búnaður sem annað tveggja er varanlega festur við hana eða er sérstaklega að henni sniðinn. Ökutæki ásamt búnaði þeirra teljast ekki til fylgifjár slíkra fasteigna.

26. gr.

Skortur á upplýsingum.

Fasteign telst gölluð ef kaupandi hefur ekki fengið þær upplýsingar um hana sem seljandi vissi eða mátti vita um og kaupandi hafði réttmæta ástæðu til að ætla að hann fengi. Þetta gildir þó aðeins ef það hefur haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings að upplýsingarnar voru ekki veittar.

27. gr.

Rangar upplýsingar.

Fasteign telst gölluð ef hún er ekki í samræmi við upplýsingar sem seljandi, eða þeir sem koma fram fyrir hans hönd, hafa veitt kaupanda. Hið sama á við ef fasteignin er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar eru í auglýsingum, söluyfirliti eða öðrum sölu- eða kynningargögnum um hana.

Ákvæði 1. mgr. á þó aðeins við ef upplýsingar hafa haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og þær eru ekki skýrlega leiðréttar í tæka tíð.

28. gr.

Fasteign seld „í því ástandi sem hún er“.

Þótt fasteignakaup séu gerð með þeim skilmálum að eign sé seld „í því ástandi sem hún er og kaupandi hefur kynnt sér“ eða með sambærilegum almennum fyrirvara telst hún samt gölluð ef ákvæði 26. og 27. gr. eiga við. Fasteignin telst einnig gölluð, þótt hún sé seld með framangreindum skilmálum, ef ástand hennar er til muna lakara en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð hennar eða atvik að öðru leyti.

29. gr.

Skoðun og önnur rannsókn á fasteign.

Kaupandi getur ekki borið fyrir sig galla á fasteign sem hann þekkti til eða átti að þekkja til þegar kaupsamningurinn var gerður.

Hafi kaupandi skoðað fasteign, áður en kaup gerðust, eða án nægjanlegrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að skoða hana, þótt seljandi skoraði á hann um það, getur hann ekki borið fyrir sig galla sem hann hefði mátt sjá við slíka skoðun. Þetta á þó ekki við ef seljandi sýndi af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 1. og 2. mgr. víkja fyrir efni 26. gr. um skort á upplýsingum um fasteign.

IV. KAFLI

Vanefndaúrræði kaupanda. Afhendingardráttur.

30. gr.

Almenn ákvæði.

Nú afhendir seljandi ekki fasteign eða gefur ekki út afsal á réttum tíma, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann ber ábyrgð á, og getur þá kaupandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist efnda skv. 31. gr.,
b. rift skv. 32. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 34. gr.,
d. haldið eftir af greiðslu kaupverðs skv. 35. gr.

Nú efnir seljandi ekki á réttum tíma aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi en greinir í 1. mgr. og eiga þá við ákvæði laga þessara um afhendingardrátt, með þeim undantekningum sem greinir í 2. mgr. 32. gr.

31. gr.

Krafa um efndir.

Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda ef það er á valdi seljanda að bæta úr og efndir mundu ekki leiða til slíks óhagræðis eða kostnaðar fyrir hann að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af því að fá réttar efndir.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast efnda ef óeðlilega dregst af hans hálfu að setja fram kröfuna.

32. gr.

Riftun.

Kaupandi getur rift samningi ef afhendingardráttur telst veruleg vanefnd.

Kaupandi getur einnig rift ef seljandi afhendir ekki fasteign innan hæfilegs viðbótarfrests sem kaupandi hefur sett honum. Áður en viðbótarfresturinn rennur út getur kaupandi ekki rift, nema seljandi lýsi því yfir að eignin muni ekki afhent innan frestsins, eða það er ljóst af öðrum ástæðum.

Það er skilyrði riftunar samkvæmt þessari grein að fasteignin hafi ekki rýrnað, skemmst eða farist meðan kaupandi bar áhættu af henni. Riftun getur þó farið fram ef orsakir þess að fasteign rýrnar, skemmist eða ferst eru tilviljunarkenndir atburðir eða aðrar ástæður, sem kaupandi ber ekki ábyrgð á, eða atvik sem urðu áður en kaupandi varð eða mátti verða var við þær aðstæður sem riftun er reist á. Kaupandi glatar ekki heldur rétti til riftunar ef hann greiðir seljanda bætur vegna verðrýrnunar.

33. gr.

Réttaráhrif riftunar.

Nú er kaupsamningi rift og falla þá brott skyldur samningsaðila til efnda.

Nú hefur samningur verið efndur í heild eða að hluta þegar honum er rift og á þá hvor um sig rétt á að fá til baka þá greiðslu sem hann hefur innt af hendi. Rétt er þeim er tekið hefur við greiðslu að halda henni þar til viðsemjandi hans afhendir þá greiðslu sem hann fékk. Sama á við þegar gerð er réttmæt krafa um skaðabætur eða vexti og ekki hefur verið sett fullnægjandi trygging fyrir þeirri kröfu.

34. gr.

Skaðabætur.

Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna afhendingardráttar fyrir annað tjón en óbeint tjón skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér sök. Seljandi firrir sig bótaábyrgð ef hann sannar að drátturinn stafi af hindrun sem hann fékk ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með við kaupsamningsgerð eða að hann hefði getað bægt hindruninni frá eða forðast afleiðingar hennar.

Nú verður afhendingardráttur af ástæðum sem varða þriðja mann er seljandi hefur falið að efna samning í heild eða að hluta og er seljandi þá aðeins laus úr ábyrgð ef þriðji maður yrði það skv. 1. mgr.

Seljandi er laus úr ábyrgð þann tíma sem hindrun stendur. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna en láti það hjá líða.

Verði afhendingardráttur eða tjón vegna saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón.

35. gr.

Stöðvunarréttur.

Hafi kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna afhendingardráttar getur hann á eigin áhættu haldið eftir svo miklu af kaupverði sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

36. gr.

Upplýsingar um hindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupsamning á réttum tíma skal hann upplýsa kaupanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef seljandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

Gallar.

37. gr.

Almenn ákvæði.

Nú er fasteign gölluð, án þess að því valdi atvik sem kaupanda er um að kenna eða hann af öðrum ástæðum ber ábyrgð á, og getur hann þá beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum, séu skilyrði þeirra fyrir hendi:

a. krafist úrbóta skv. 39. gr.,
b. krafist afsláttar skv. 41. gr.,
c. rift skv. 42. gr.,
d. krafist skaðabóta skv. 43. gr.,
e. haldið eftir greiðslu skv. 44. gr.

Reglum um galla skal beitt, eftir því sem við getur átt, um aðrar vanefndir seljanda.

38. gr.

Skoðun kaupanda eftir afhendingu.

Þegar seljandi hefur afhent fasteign skal kaupandi, svo fljótt sem verða má, skoða eignina á þann hátt sem góð venja er.

39. gr.

Úrbætur.

Nú er fasteign gölluð, en seljandi býðst til að bæta úr galla á eigin reikning, og er þá kaupanda skylt að una því ef úrbæturnar hafa ekki í för með sér slík óþægindi fyrir hann að ósanngjarnt má telja og hann hefur ekki sérstakar ástæður til að leggjast gegn þeim.

Hafi seljandi byggt fasteign eða smíðað innréttingar í hana getur kaupandi krafist þess að hann bæti á eigin reikning úr galla, enda verði það gert án þess að það valdi honum ósanngjörnum kostnaði eða óhagræði.

Hafi kaupandi krafist úrbóta á galla skulu þær fara fram innan hæfilegs tíma.

Bæti seljandi ekki úr galla getur kaupandi krafist afsláttar skv. 41. gr. eða rift skv. 42. gr. Þetta á þó ekki við ef kaupandi kemur í veg fyrir að seljandi bæti úr galla skv. 1. mgr. Ef seljanda er skylt að bæta úr gallanum, en gerir það ekki, getur kaupandi krafist skaðabóta vegna þess kostnaðar sem hann hefur af úrbótunum.

40. gr.

Krafa um úrbætur.

Kaupandi glatar rétti til að krefjast úrbóta ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu samtímis kröfu skv. 50. gr., eða innan sanngjarns frests eftir það. Kröfu má þó hafa uppi síðar ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

41. gr.

Afsláttur.

Ef fasteign er gölluð getur kaupandi krafist afsláttar.

Ákveða skal afslátt að tiltölu eða í samræmi við kostnað af því að bæta úr galla.

42. gr.

Riftun.

Kaupandi getur rift kaupsamningi ef galli telst veruleg vanefnd.

Nú tilkynnir kaupandi seljanda ekki um riftun innan sanngjarns frests frá því að hann vissi eða mátti vita um galla eða eftir að frestur í tilkynningu, sbr. 39. eða 40. gr., er liðinn og glatar hann þá rétti til riftunar. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Ákvæði 3. mgr. 32. gr. og 33. gr. gilda, eftir því sem við getur átt, um riftun samkvæmt þessari grein.

43. gr.

Skaðabætur.

Nú er fasteign gölluð og getur þá kaupandi krafist skaðabóta vegna annars tjóns en óbeins tjóns skv. 59. gr. þótt seljandi hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Þetta á þó ekki við ef seljandi sannar að galla megi rekja til hindrunar þeirrar sem nefnd er í 1. mgr. 34. gr. Ákvæði 34. gr. verður beitt um galla eftir því sem við getur átt.

Ef galla eða tjón má rekja til saknæmrar háttsemi seljanda getur kaupandi krafist skaðabóta bæði fyrir beint og óbeint tjón. Sama gildir ef fasteign var við kaupsamningsgerð ekki í samræmi við ábyrgðaryfirlýsingu seljanda.

44. gr.

Stöðvunarréttur.

Nú hefur kaupandi uppi réttmæta kröfu vegna galla og getur hann þá á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægir til að tryggja greiðslu hennar.

45. gr.

Krafa á hendur fyrri eigendum eða öðrum (sprangkrafa).

Kaupandi getur beint kröfu vegna galla að fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila í sama mæli og seljandi gæti haft uppi slíka kröfu.

Kaupandi verður að tilkynna fyrri eiganda eða öðrum fyrri samningsaðila um kröfuna innan þess frests sem gildir um sömu kröfu á hendur seljanda og í síðasta lagi innan þess frests sem gildir í réttarsambandi seljanda og fyrri samningsaðila.

Vanheimild o.fl.

46. gr.

Vanheimild o.fl.

Nú á þriðji maður beinan eignarrétt, veðrétt eða annars konar rétt til fasteignar og gilda þá ákvæði um galla eftir því sem við getur átt, enda leiði ekki af kaupsamningi að kaupandi hafi átt að yfirtaka fasteignina með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Kaupandi getur þó ekki krafist úrbóta skv. 39. gr.

Grandlaus kaupandi getur þó alltaf krafist skaðabóta vegna tjóns sem leiðir af því að fasteign var eign annars manns en seljanda þegar samningur var gerður.

Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir fasteign og seljandi andmælir gilda ákvæði 1. og 2. mgr., nema augljóst sé að krafan eigi ekki við nein rök að styðjast.

47. gr.

Kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis.

Ef kvaðir eða höft opinbersréttarlegs eðlis hvíla á fasteign gilda ákvæði laganna um galla eftir því sem við getur átt.

Tilkynningar, tómlæti, fyrning.

48. gr.

Tilkynningar o.fl.

Kaupandi glatar rétti til að bera fyrir sig vanefnd ef hann tilkynnir seljanda ekki innan sanngjarns frests, eftir að hann varð eða mátti verða hennar var, um eðli og umfang hennar og að hann ætli að bera hana fyrir sig.

Réttur til að senda tilkynningu fellur niður að liðnum fimm árum frá afhendingu fasteignar, nema seljandi hafi ábyrgst hana í lengri tíma.

Seljandi getur þó ekki borið fyrir sig að tilkynning hafi verið send of seint ef hann hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða framferði hans stríðir með öðrum hætti gegn heiðarleika og góðri trú.

Kröfur samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir reglum laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

V. KAFLI

Vanefndaúrræði seljanda.

49. gr.

Almenn ákvæði.

Nú greiðir kaupandi ekki kaupverðið á réttum tíma eða vanefnir aðrar skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, og getur þá seljandi beitt eftirtöldum vanefndaúrræðum séu skilyrði laga þessara fyrir hendi:

a. krafist réttra efnda skv. 50. gr.,
b. rift skv. 51. gr.,
c. krafist skaðabóta skv. 52. gr.,
d. haldið eftir greiðslu skv. 53. gr.,
e. krafist vaxta skv. 61. gr.

Hafi afhending ekki farið fram samkvæmt kaupsamningi, án þess að seljanda sé um að kenna eða atvikum sem hann ber ábyrgð á, gilda ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 52. gr.

50. gr.

Krafa um réttar efndir.

Seljandi getur krafist þess að kaupsamningur verði efndur samkvæmt efni sínu og kaupandi greiði kaupverðið. Þetta á þó ekki við ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið. Hafi seljandi ekki afhent fasteign eða gefið út afsal glatar hann rétti til að krefjast efnda láti hann hjá líða í óhæfilega langan tíma að setja slíka kröfu fram.

Um rétt seljanda til að krefja kaupanda um efndir á öðrum skyldum en greiðslu kaupverðsins gilda ákvæði 31. gr. eftir því sem við getur átt.

51. gr.

Riftun.

Seljandi getur rift kaupsamningi ef greiðsludráttur af hálfu kaupanda telst veruleg vanefnd.

Seljandi getur einnig rift kaupsamningi þegar kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins og vanefndin telst veruleg. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift vegna viðtökudráttar ef hann hefur ríka hagsmuni af því að geta afhent fasteignina.

Seljandi getur enn fremur rift ef kaupandi greiðir ekki innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur veitt fyrir greiðslu eða tekur ekki við fasteigninni innan þess frests sem seljandi hefur sett og hann hefur sérstaka hagsmuni af því að geta afhent eignina. Áður en viðbótarfresturinn er liðinn getur seljandi ekki rift, nema því aðeins að kaupandi hafi sagt að hann muni ekki efna skyldur sínar innan frestsins.

Seljandi getur ekki rift eftir að afsal hefur verið gefið út til kaupanda, nema hann hafi sérstaklega áskilið sér það.

Um réttaráhrif riftunar gilda ákvæði 33. gr. eftir því sem við getur átt.

52. gr.

Skaðabætur.

Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón vegna greiðsludráttar. Þetta gildir þó ekki ef greiðsla kaupanda fer ekki fram vegna þess að stöðvun hefur orðið í greiðslumiðlun banka eða lánastofnana eða af öðrum ástæðum sem kaupandi fær alls ekki við ráðið og ekki er sanngjarnt að ætla að hann hafi reiknað með hindruninni þegar kaupsamningur var gerður, eða gæti hafa bægt henni frá eða forðast afleiðingar hennar. Reglur 2. og 3. mgr. 34. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

Seljandi getur krafist skaðabóta skv. 34. gr. fyrir það tjón sem hann verður fyrir vegna þess að:

a. kaupandi efnir ekki aðrar skyldur en greiðslu kaupverðsins, eða
b. kaupandi tekur ekki við fasteign á réttum tíma þegar seljandi hefur ríka hagsmuni af því að afhenda hana.

53. gr.

Stöðvunarréttur.

Hafi seljandi ekki veitt kaupanda greiðslufrest eða frest á efndum annarra skyldna er hann hvorki skyldur til að afhenda fasteign né gefa út afsal nema kaupandi efni skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi.

54. gr.

Upplýsingar um efndahindrun.

Komi hindrun í veg fyrir að kaupandi geti efnt kaupsamning réttilega skal hann upplýsa seljanda um hana og hvaða afleiðingar hún hefur á möguleika hans til réttra efnda. Ef kaupandi sinnir ekki þessari skyldu innan hæfilegs tíma eftir að hann vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem afstýra mátti ef tilkynning hefði verið send á réttum tíma.

55. gr.

Tilkynningar.

Nú er kaupverðið greitt og getur þá seljandi ekki rift kaupsamningi nema hann tilkynni kaupanda það:

a. við greiðsludrátt, áður en hann fékk að vita um greiðslu af hálfu kaupanda, eða
b. við aðrar vanefndir innan hæfilegs frests eftir að honum var eða mátti vera kunnugt um vanefndina eða eftir að liðinn er hæfilegur viðbótarfrestur skv. 3. mgr. 51. gr.

Nú hyggst seljandi krefja kaupanda um skaðabætur og skal hann þá tilkynna það innan hæfilegs frests ella glatar hann rétti sínum til bóta.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði um fyrirsjáanlegar vanefndir o.fl.

56. gr.

Stöðvun efnda.

Samningsaðili getur stöðvað efndir og haldið eftir greiðslu ef háttsemi viðsemjanda hans gefur sérstakt tilefni til þess eða greiðslugeta hans, vilji eða möguleikar til að efna að öðru leyti hafa beðið alvarlegan hnekki, þannig að hann muni fyrirsjáanlega ekki efna verulegan hluta skyldna sinna.

Samningsaðili, sem stöðvar efndir, skal strax tilkynna það viðsemjanda sínum. Ef slík tilkynning er ekki send getur viðsemjandinn krafist skaðabóta fyrir tjón sem forðast hefði mátt ef tilkynning hefði verið réttilega send.

Samningsaðili, sem stöðvað hefur efndir, er skyldur til að efna ef viðsemjandi hans setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu.

57. gr.

Riftun.

Nú er gjalddagi á greiðslu ekki kominn, en þó víst að vanefndir verða af hálfu annars samningsaðilans sem veita munu hinum rétt til að rifta, og getur hann þá rift kaupsamningnum þótt gjalddagi sé ekki kominn. Veiti viðsemjandinn fullnægjandi tryggingu fyrir réttum efndum getur riftun þó ekki farið fram.

58. gr.

Gjaldþrotaskipti.

Ef bú annars samningsaðila verður tekið til gjaldþrotaskipta gilda ákvæði XV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

VII. KAFLI
Sameiginleg ákvæði um skaðabætur. Vextir.

59. gr.
Fjárhæð skaðabóta, óbeint tjón.

Nú getur annar samningsaðila krafist skaðabóta vegna vanefnda og skulu þá bæturnar svara til þess fjárhagslega tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna þeirra. Þetta á þó aðeins við um tjón sem sá er ábyrgð ber gat með sanngirni séð fyrir sem sennilegar afleiðingar vanefnda.

Þegar lög þessi gera greinarmun á beinu og óbeinu tjóni telst óbeint tjón vera:

a. tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum,
b. tjón sem rekja má til þess að fasteign kemur ekki að þeim notum sem með réttu var stefnt að,
c. tjón sem rekja má til missis hagnaðar þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur,
d. tjón sem rekja má til skemmda á öðru en fasteigninni sjálfri, svo og hlutum sem notaðir eru í beinu sambandi við hana eða fyrirhuguð afnot hennar.

Ákvæði 2. mgr., um hvað telja skuli óbeint tjón, eiga ekki við um kostnað vegna:

a. venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr því að fasteign er gölluð eða afhendingardráttur verður eða
b. ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem nefnt er í 2. mgr.

Um kostnað sem fellur undir 3. mgr. skulu gilda reglur um beint tjón.

60. gr.
Takmörkun tjóns. Lækkun bóta.

Nú vanrækir samningsaðili skyldu sína til að takmarka tjón með hæfilegum aðgerðum og verður hann þá sjálfur að bera þann hluta tjóns síns.

Lækka má skaðabætur ef þær teljast ósanngjarnar í garð hins bótaskylda þegar litið er til umfangs tjóns samanborið við það tjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

61. gr.
Vextir, dráttarvextir.

Um vexti og dráttarvexti samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði laga um vexti og verðtryggingu.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

62. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002. Lögin gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku þeirra.

1162. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: afla eða ráðstafa verðbréfum, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir trúnaðarupplýsingum.

2. gr.

Við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1163. Frumvarp til laga [489. mál]

um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 774 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberri skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.

Ef um lögverndað starf er að ræða skal þjónustuveitandi einnig tilgreina:

1. starfsheiti og í hvaða landi það er veitt,
2. samtök sem þjónustuveitandi eða fyrirsvarsmaður hans er skráður hjá, og
3. gildandi starfs- eða siðareglur og með hvaða hætti er unnt að nálgast þær.

Ef verð er gefið upp í tengslum við rafræna þjónustu skal það gert með skýrum og ótvíræðum hætti. Þegar rafrænni þjónustu er eingöngu beint að íslenskum neytendum skulu skattar innifaldir í verði.

9. gr. hljóðar svo:

Þjónustuveitandi skal veita eftirfarandi upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti áður en þjónustuþegi leggur inn pöntun:

1. hvaða tæknileg skref beri að taka til þess að ljúka samningsgerð,
2. hvort þjónustuveitandinn varðveiti gerðan samning,
3. hvort og þá hvernig samningur verði aðgengilegur,
4. um tæknilegar leiðir til þess að finna og leiðrétta innsláttarvillur áður en pöntun er gerð,
5. um þau tungumál sem unnt er að gera samninginn á, og
6. hvaða siðareglum hann fylgi og hvernig unnt sé að nálgast þær á rafrænu formi.

Ákvæði 1. mgr. eru frávíkjanleg ef enginn aðili samningsins er neytandi. Þau skulu ekki gilda um samninga sem eru einvörðungu gerðir með því að skiptast á tölvupóstssendingum eða með öðrum sambærilegum hætti.

Almennir samningsskilmálar og almenn skilyrði skulu látin í té með þeim hætti að þjónustuþegi geti varðveitt þau og kallað þau fram.

23. gr. hljóðar svo:

Við 4. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttekinn að um slíkan póst sé að ræða.

1164. Frumvarp til laga [600. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 8. apríl.)

1. gr.

Í stað „2,55%“ í 1. gr. laganna kemur: 2,00%.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem hljóða svo: Annist framleiðandi sjálfur vinnslu og/eða sölu afurða sinna, eða annar aðili í hans nafni, er framleiðanda heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kostnað/virðisauka af þeirri starfsemi samkvæmt matsreglum ríkisskattstjóra. Enn fremur er heimilt að draga frá stofni til búnaðargjalds kaupverð lífdýra sem keypt eru til áframeldis til framleiðslu búfjárafurða.

3. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Á framtali til búnaðargjalds ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum samkvæmt skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur. Enn fremur skal sundurgreina gjaldstofn eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðanda og á starfssvæði annars búnaðarsambands sem þá skal tilgreint.

4. gr.

Í stað „2,65%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 2,00%.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. og 3. gr. koma til framkvæmda við álagningu búnaðargjalds á árinu 2003 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2002. Ákvæði 1. og 4. gr. koma til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búvörugjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003. Við ákvörðun fyrirframgreiðslu búvörugjalds á árinu 2002 skal innheimta 2,55% af gjaldstofni.

1165. Frumvarp til laga [710. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

X. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Varasjóður húsnæðismála,** orðast svo:

a. (43. gr.)

Varasjóður húsnæðismála.

Starfræktur skal sérstakur varasjóður húsnæðismála í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára í senn. Ráðgjafarnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír nefndarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar og varamann hans úr hópi aðalmanna. Þóknun nefndarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar.

b. (44. gr.)

Hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er:

1. Að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Rekstrarframlög til sveitarfélaga skulu reiknuð út í samræmi við sérstakt reiknilíkan.
2. Að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða út á hinn almenna markað. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum út á almennan markað í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er yfir markaðsverði íbúðanna. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst en breytt síðan í félagslega leiguíbúð. Framlög skal nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd reglur um nánari framkvæmd, svo sem með hvaða hætti varasjóður húsnæðismála taki þátt í sölukostnaði sveitarfélaga.

3. Að hafa umsýslu með varasjóði viðbótarlána skv. 45. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum eldri varasjóðs viðbótarlána samkvæmt lögum um húsnæðismál.
4. Að hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.
5. Að veita ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform félagslegra leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra.
6. Að sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Varasjóður húsnæðismála skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 1., 2., 3. og 4. tölul. þessarar greinar. Ráðgjafarnefnd er þó heimilt að færa fé á milli verkefna skv. 1., 2., og 4. tölul. ef ástæða þykir til og að fengnu samþykki ráðherra. Ráðherra setur nánari vinnureglur og samþykkir framlög að fengnum tillögum frá ráðgjafarnefnd. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd á grundvelli rammasamkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála.

c. (45. gr.)

Varasjóður viðbótarlána.

Varasjóður viðbótarlána bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 1. mgr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 2. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k. eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð viðbótarlána skulu sett í reglugerð um varasjóð húsnæðismála sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála.

2. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélag að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sveitarfélags. Skilyrði þessa er að eign sú sem stendur að veði fyrir viðkomandi kröfu verði ekki leigð út vegna slæms ástands og verði afskrifuð þar sem að mati sérfróðra matsmanna verður ekki talið hagkvæmt að endurbyggja hana í ljósi stöðu á fasteignamarkaði sveitarfélagsins. Viðkomandi sveitarfélag þarf að setja a.m.k. jafnháa upphæð á móti Íbúðalánasjóði. Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála, reglugerð m.a.

um nánari skilyrði fyrir afskriftum útistandandi veðkrafna Íbúðalánasjóðs á félagslegum leiguíbúðum sveitarfélags.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I og II og gildandi ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti viðkomandi sveitarfélags. Slík framkomin ályktun sveitarfélagsins verður að taka til allra félagslegra eignaríbúða innan viðkomandi sveitarfélags. Hafi sveitarfélag fengið slíka staðfestingu ráðherra getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar farið fram á að kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélags verði ekki virk og selt íbúð sína á almennum markaði.

Heimildarákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt eigenda félagslegra eignaríbúða til að óska sérstaklega eftir því að sveitarfélög leysi til sín félagslegar eignaríbúðir sem kaupskylda samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I og II í lögum þessum hvílir á né þegar um nauðungarsölu á félagslegum eignaríbúðum er að ræða.

Áður en íbúð er seld á almennum markaði skal eigandi íbúðarinnar greiða upp skuld við framkvæmdaraðila og þau lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Í varasjóð húsnæðismála skv. X. kafla laga þessara skulu renna:

1. Eignir, réttindi og skyldur varasjóðs viðbótarlána skv. X. kafla og bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál.
2. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Heimilt er varasjóði húsnæðismála að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Í staðinn ábyrgist hinn nýstofnaði sjóður samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða samkvæmt ákvæðum 81. gr. laga nr. 97/1993 til ársins 2013.
3. Framlög ríkissjóðs. Samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur ríkið fram 60 milljónir króna á ári til verkefnis varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006.
4. Framlög frá sveitarfélögum samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála annast innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. desember 2000 skipaði félagsmálaráðherra nefnd um húsnæðismál sveitarfélaga í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem hafa á það hlutverk að fylgja eftir tillögum um húsnæðismál sveitarfélaga sem unnar hafa verið á árinu, samræma aðgerðir og fylgjast með framkvæmd laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.

Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi eftirfarandi:

- Að útfæra tillögur nefndar um leigumarkað og leiguhúsnæði er varða breytingar á aðstoð hins opinbera vegna félagslegra leiguíbúða.
- Að gera tillögur um breytt hlutverk og fjármögnun varasjóðs viðbótarlána.
- Að hrinda í framkvæmd tillögum sem unnar hafa verið á vegum félagsmálaráðuneytisins um lausn á vanda sveitarfélaga vegna innlausnaríbúða sem ekki er mögulegt að selja.
- Að kanna nauðsyn þess að endurskoða ákvæði laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.
- Að fjalla um samstarf varasjóðs viðbótarlána og Íbúðalánasjóðs og leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar laga og reglugerða um varasjóðinn, sbr. ákvæði X. kafla laga um húsnæðismál.

Jafnframt er nefndinni falið að fylgjast með framkvæmd laga um húsnæðismál og gera tillögur um breytingar ef þurfa þykir.

Í nefndina voru skipaðir Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri, félagsmálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, Gunnlaugur Júlíusson deildarstjóri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Hallgrímur Guðmundsson deildarstjóri, fjármálaráðuneyti, Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri, félagsmálaráðuneyti, og Helgi Hjörvar, forseti borgarstjórnar. Óskar Páll Óskarsson lögfræðingur, félagsmálaráðuneyti, starfaði með nefndinni.

Nefndin hefur sent frá sér skýrslu undir heitinu „Húsnæðismál sveitarfélaga – Greinargerð um reiknilíkan, dags. 5. mars 2001“. Einnig var minnisblað sent stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. maí 2001, undir heitinu „Minnisblað varðandi tillögur nefndar um húsnæðismál sveitarfélaga um úrræði gegn erfiðleikum sveitarfélaga vegna félagslegs húsnæðis“.

Unnið var sérstaklega að því hlutverki nefndarinnar að gera tillögur um breytt hlutverk og fjármögnun varasjóðs viðbótarlána og að hrinda í framkvæmd tillögum sem unnar hafa verið á vegum félagsmálaráðuneytisins um lausn á vanda sveitarfélaga vegna innlausnaríbúða í félagslega íbúðakerfinu. Nefndin vinnur nú að lokafrágangi skýrslu um vanda sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða og tillögur sínar. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir áætlaðri tekjuþörf verkefnisins. Frumvarp þetta er byggt á þeirri vinnu sem unnin var í nefnd þessari. Varðandi fjárframlög til einstakra þátta verkefnisins skal vísað til sérstaks rammasamkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr.

Þrjár megintillögur nefndarstarfsins samkvæmt drögum að áliti nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Að sveitarfélög stofni eignarhaldsfélög um rekstur leiguíbúða.
2. Að sett verði á laggirnar nýtt samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál. Jafnframt verði starfsemi varasjóðs viðbótarlána breytt.
3. Að kaupskylduákvæði laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, verði breytt.

1. Stofnun eignarhaldsfélaga.

Nefndin mælir með því við sveitarfélög að þau stofni eignarhaldsfélög um rekstur leiguíbúða sveitarfélaga. Nefndin leggur til að komið verði á samræmdri aðferð við útreikning kostnaðarleigu, skráningu kostnaðarliða og á annan hátt unnið að því að rekstrarniðurstöður einstakra eignarhaldsfélaga verði samanburðarhæfar.

2. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál og breytingar á hlutverki og forsendum varasjóðs.

Nefndin leggur til að ríki og sveitarfélög geri með sér samkomulag um að setja á fót skipulegt samstarfsverkefni sem hafi yfirumsjón með ákveðnum vel skilgreindum aðgerðum í málefnum félagslega húsnæðiskerfisins. Í því samkomulagi verði m.a. kveðið á um framlag ríkisins til rekstrar leiguíbúða og til að aðstoða sveitarfélög sem þess þurfa með að selja félagslegar eignaríbúðir út á hinn almenna markað. Nefndin leggur til í því sambandi að varasjóður viðbótarlána verði áfram í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga en nafni og starfsemi sjóðsins verði breytt. Núverandi viðfangsefni sjóðsins verði færð í nýtt samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum á vegum félagsmálaráðuneytisins. Nýtt samstarfsverkefni fái aukið hlutverk varðandi aðgerðir til að aðstoða sveitarfélög við rekstur félagslegra íbúða og sölu innlausnaríbúða út úr félagslega kerfinu. Markmið samstarfsverkefnisins sem lagt er til að beri heitið „varasjóður húsnæðismála“ er skilgreint hér á eftir:

Breytt fjármögnun.

Nefndin leggur til að fjárhagslegar forsendur þessa samstarfsverkefnis byggist á rammasamkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga til fimm ára um aðgerðir til að aðstoða sveitarfélög við rekstur leiguíbúða og sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á fasteignamarkaði.

Nefndin leggur til að hætt verði að nýta söluhagnað sveitarfélaga af sölu félagslegra eignaríbúða á markaði til að fjármagna verkefni sem falla undir samstarf ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum, sbr. tillögu um breytingu á kaupskyldu sveitarfélaga.

Rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna rekstrarhalla á leiguíbúðum og langvarandi auðra íbúða.

Nefndin leggur til að nýtt samstarfsverkefni fái það hlutverk að greiða sveitarfélögum rekstrarframlög vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða og íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Nefndin leggur til að rekstrarframlög verði reiknuð út í samræmi við reiknilíkan sem nefndin hefur samþykkt að gera tillögu um.

Framlög vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða út á hinn almenna markað.

Nefndin leggur til að sveitarfélög verði aðstoðuð við að selja félagslegar eignar- og leiguíbúðir á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er yfir markaðsverði íbúðanna. Nefndin leggur til að þetta eigi við um allar félagslegar íbúðir sveitarfélaga, ekki eingöngu eignaríbúðir.

Afskrift íbúða vegna ástands.

Nefndin leggur til að nýtt samstarfsverkefni fái það hlutverk að annast samræmingu og framkvæmd aðgerða þegar leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga er ekki talið íbúðarhæft og endurbygging ekki talin skynsamleg í ljósi stöðu á fasteignamarkaði. Þannig verði Íbúðalánasjóði veitt heimild til að afskrifa ákveðna fjárhæð árlega vegna íbúða sem svo er ástatt

um. Nefndin leggur til að fram fari úttekt á ástandi íbúða á vegum sveitarfélaga og metin þörf á afskriftum á tímabilinu. Fjárheimildum Íbúðalánasjóðs í þessu sambandi verði breytt með hliðsjón af niðurstöðum úttektarinnar.

Aðstoð við sveitarfélög sem vilja endurskipuleggja rekstur félagslegra íbúða.

Nefndin leggur til að sjóðurinn fái það hlutverk að aðstoða sveitarfélög sem vilja breyta um rekstrarform fyrir félagslegar leiguíbúðir eða hagræða í rekstri. Í því felst meðal annars ráðgjöf og leiðbeiningar við að setja á fót eignarhalds- og/eða rekstrarfélög. Aðstoð á vegum verkefnisins er þó að öðru leyti ekki bundin við félags- eða rekstrarform íbúðanna.

Ábyrgð vegna viðbótarlána verði óbreytt.

Nefndin leggur til að núverandi verkefni varasjóðsins vegna umsýslu með ábyrgðargjaldi sveitarfélaga við veitingu viðbótarlána verði óbreytt og færist til hins nýja samstarfsverkefnis. Það sama gildir um umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla.

Stjórnsýsla verkefnisins.

Nefndin leggur til breytingar á stjórnsýslulegri stöðu þeirra verkefna sem nú eru á vegum varasjóðsins og að í stað núverandi fyrirkomulags verði hið nýja samstarfsverkefni sjálfstæð eining sem félagsmálaráðuneytið hefur umsjón með. Hið nýja verkefni verði samstarfsvettvangur ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál. Nefndin leggur til að ráðgjafarnefnd stýri samstarfsverkefninu en ákvarðanir og framlög til verkefnisins verði formlega á hendi félagsmálaráðherra. Ráðgjafarnefnd verkefnisins verði þannig skipuð með sama hætti og nú er, en umsjón með starfsemi samstarfsverkefnisins falin félagsmálaráðherra. Með því móti er staða verkefnisins í stjórnkerfinu skýrð betur sem og tengsl þess við ráðuneyti húsnæðismála. Meginframlög úr varasjóði húsnæðismála verði greidd samkvæmt fyrir fram skilgreindu reiknilíkani sem verði hluti af samstarfsskilmálum. Þá verði gert sérstakt samkomulag við ríkissjóð um fast ákveðið framlag til verkefna sjóðsins næstu fimm árin.

Upplýsingavinnsla — mat á árangri.

Nefndin leggur til að fylgst verði náið með framkvæmd samstarfsverkefnisins og árlega verði miðlað upplýsingum um starfsemina ásamt greiningu á stöðu mála. Lagt er til að eftir þriggja ára starfsemi liggi fyrir mat á árangri af samstarfsverkefninu.

3. Tillögur um breytingu á kaupskyldu.

Nefndin leggur til að lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, verði breytt á þann veg að eigendum félagslegra eignaríbúða með kaupskylduákvæðum verði heimilað að selja íbúðir sínar á frjálsum markaði að fenginni samþykkt sveitarfélags og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins, enda verði allar áhvílandi skuldir gerðar upp. Réttarstöðu þeirra sem vilja að sveitarfélagið efni kaupskylduákvæði laganna verði ekki raskað.

4. Opinberar ráðstafanir til að draga úr kostnaði leigjenda.

Meðal verkefna nefndarinnar var að útfæra tillögur nefndar sem skilaði áliti í apríl 2000 um leigumarkað og leiguhúsnæði er varða breytingar á aðstoð hins opinbera vegna félagslegra leiguíbúða. Nefndin leggur til að hafnar verði viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um mat á þörf fyrir leiguhúsnæði og með hvaða hætti ríki og sveitarfélög taki sameiginlega þátt í að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og þeirra sem þurfa sérhæft húsnæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað núgildandi X. kafla laganna um varasjóð viðbótarlána komi nýr X. kafli er ber heitið varasjóður húsnæðismála. Í X. kafla laganna samkvæmt frumvarpinu er fjallað um skipun og hlutverk sjóðsins. Nafn sjóðsins er dregið af verkefnum hans á sviði húsnæðismála.

Um a-lið (43. gr.).

Í 43. gr. eru ákvæði um varasjóð húsnæðismála og ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála. Sjóðurinn er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga og er sjálfstæð rekstrareining. Félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum starfsreglur. Félagsmálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára í senn. Nefndin er skipuð fimm fulltrúum, þremur tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af fjármálaráðherra og einum af félagsmálaráðherra sem jafnframt skipar formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Grein þessi er byggð á núgildandi 43. gr. laganna.

Um b-lið (44. gr.).

Lagt er til að 44. gr. laganna verði breytt verulega. Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir hlutverki ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála. Er hér um að ræða verkefni samkvæmt gildandi X. kafla laganna og bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál, auk nýrra verkefna.

Samkvæmt frumvarpinu verður hlutverk og verkefni ráðgjafarnefndar eftirfarandi:

1. tölul. Greiðsla rekstrarframlaga til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Rekstrarframlög til sveitarfélaga skulu reiknuð út í samræmi við sérstakt reiknilíkan.

2. tölul. Greiðsla framlaga til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða út á hinn almenna markað. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum út á almennan markað í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er yfir markaðsverði íbúðanna. Nýmæli er að heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst en breytt síðan í félagslega leiguíbúð.

Framlög skal áfram nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag. Er hér um óbreytt ákvæði að ræða. Félagsmálaráðherra er veitt heimild til að setja reglur um nánari framkvæmd að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd. Nýmæli er að veitt er heimild til að taka tillit til sölukostnaðar sveitarfélaga við sölu á innlausnaríbúðum út á almennan markað.

3. tölul. Umsýsla með varasjóði viðbótarlána skv. 45. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum eldri varasjóðs viðbótarlána samkvæmt lögum um húsnæðismál. Hér eru verkefni varasjóðs viðbótarlána skv. X. kafla laganna gerð að einu af verkefnum hins nýja varasjóðs húsnæðismála.

4. tölul. Umsýsla með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla. Varasjóður viðbótarlána hafði þetta verkefni samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál.

5. og 6. tölul. Hér er um ný verkefni að ræða. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn veiti ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform fyrir félagslegar

leiguíbúðir eða hagræða í rekstri þeirra. Enn fremur standi sjóðurinn fyrir upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Samkvæmt frumvarpinu skal varasjóður húsnæðismála starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 1., 2., 3. og 4. tölul. þessarar greinar. Gert er þó ráð fyrir heimild til handa ráðgjafarnefndinni að færa fé á milli verkefna skv. 1., 2., og 4. tölul. ef ástæða þykir til og að fengnu samþykki ráðherra. Ráðherra setur nánari vinnureglur og samþykkir framlög að fengnum tillögum frá ráðgjafarnefnd. Ráðherra setur auk þessa reglugerð um nánari framkvæmd á grundvelli rammasamkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála.

Um c-lið (45. gr.).

Hlutverk varasjóðs viðbótarlána skv. 45. gr. er m.a. að bæta það tjón sem Íbúðalánasjóður kann að verða fyrir vegna tapaðra viðbótarlána og tengds kostnaðar. Varasjóður viðbótarlána samkvæmt gildandi 44. og 45. gr. verður sjálfstæð deild innan varasjóðs húsnæðismála. Gerð er áfram sú krafa að Íbúðalánasjóður tilkynni varasjóði um fyrirsjáanlegan kostnað eða ábyrgð sjóðsins áður en til tjóns kemur. Með því gefst varasjóði, með eða án Íbúðalánasjóðs, kostur á að meta stöðu mála og ákveða hvað gera skuli áður en til endanlegs tjóns kemur. Greinin gerir ráð fyrir því að sveitarfélög leggi í varasjóð framlög sem nema megi allt að 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Hér er miðað við hverja lánveitingu fyrir sig. Það er gert að skilyrði fyrir útborgun viðbótarláns að framlag sveitarfélags hafi áður verið greitt. Gengið er út frá því að sjóðurinn standi ávallt undir skuldbindingum sínum. Af þeim sökum er mælt fyrir um að hundraðshluti fjárframlaga sveitarfélaga skuli endurskoðaður a.m.k. árlega og að félagsmálaráðherra verði heimilt að hækka eða lækka hlutfallið með reglugerð að fenginni slíkri endurskoðun. Grein þessi er að mestu óbreytt frá núgildandi 44. og 45. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í frumvarpi þessu er lagt til að stjórn Íbúðalánasjóðs verði veitt heimild til að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sveitarfélags. Lagt er til að skilyrði afskriftar sé að beiðni hafi borist frá ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála skv. 1. gr. frumvarpsins og sé unnið í samráði við viðkomandi sveitarfélag. Skilyrði þessa er að eign sú sem stendur að veði fyrir viðkomandi kröfu verði ekki leigð út vegna slæms ástands og verði afskrifuð, svo sem með niðurrifi, þar sem að mati sérfróðra matsmanna verður ekki talið hagkvæmt að endurbyggja hana í ljósi stöðu á fasteignamarkaði sveitarfélagsins. Viðkomandi sveitarfélag þarf að setja a.m.k. jafnháa upphæð á móti Íbúðalánasjóði. Heimild þessi yrði þó einungis notuð í undantekningartilvikum. Einnig er gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála, reglugerð þar sem nánari skilyrði fyrir afskriftum útistandandi veðkrafna Íbúðalánasjóðs á félagslegum leiguíbúðum sveitarfélags kæmu þá fram.

Um 3. gr.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða IV verði verulega breytt.

Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsmálaráðherra fái þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I og II og gildandi ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, heimild til að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti viðkomandi sveitarfélags. Slík framkomin ályktun sveitarfélagsins verður að taka til allra félagslegra eignaríbúða innan viðkomandi sveitarfélags.

Hafi sveitarfélag fengið slíka staðfestingu hjá félagsmálaráðherra getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar farið fram á að kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélags verði ekki virk og selt íbúð sína á almennum markaði.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað gildandi ákvæðis til bráðabirgða IV „Sala og ráðstöfun eignaríbúða“ komi nýtt ákvæði þar sem sveitarfélögum verði heimilað að falla frá kaupskyldu á félagslegum eignaríbúðum samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I og II í lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, og 83. og 84. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, hafa þann tilgang að loka félagslega eignaríbúðakerfinu. Komið hefur í ljós við framkvæmd laga um húsnæðismál að erfitt er að hafa engar undanþágur á kaupskyldutímanum vegna sérstakra félagslegra aðstæðna eiganda eða fjölskyldu hans. Nefna má hér ástæður eins og fjölgun í fjölskyldu, brottflutning, alvarleg veikindi heimilismanna, auk alvarlegra nágrannaerja og tilvika þegar börn eiganda verða fyrir einelti í viðkomandi hverfi og foreldrar vilja færa sig í annað hverfi vegna þessa. Á tímabili sem getur varað í 10–15 ár breytast oft þarfir fólks og íbúðir verða óhentugar.

Hækkun fasteignaverðs síðustu ár í helstu þéttbýliskjörnum landsins hefur komið í veg fyrir að margir eigendur félagslegra eignaríbúða á þeim stöðum hafi getað selt eign sína á innlausnarverði og keypt aðra eign á almennum markaði, þrátt fyrir að þeir eigi rétt á viðbótarláni. Ástæða þess er að við innlausn kemur í ljós að eignarhluti þeirra er það lítill af innlausnarverði að fjárhagslega er þeim ekki unnt að kaupa stærri eða hentugri íbúð. Lagabreyting þessi mundi aðallega hafa áhrif á íbúa þessa svæðis.

Eigendur félagslegra íbúða sitja því í íbúðum sínum þar til kaupskyldutímanum lýkur og þeir geta selt íbúðirnar á almennum markaði. Einnig hefur þeim málum fjölgað þar sem félagslegar eignaríbúðir eru leigðar út án þess að leyfi húsnæðisnefndar eða félagsmálaráðs liggi fyrir og leigufjárhæð er of há, sbr. 70. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993.

Áður en íbúð er seld á almennum markaði skal eigandi íbúðarinnar greiða upp áhvílandi veðskuldir við framkvæmdaraðila og þau lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna eða önnur lán sem veitt voru til félagslegra eignaríbúða, svo sem sérstök viðgerðarlán.

Rík ástæða er til að endurskoða reglurnar um kaupskyldu vegna framangreinds. Ákveði sveitarstjórn að falla frá kaupskyldu verða sveitarfélög að gæta jafnræðis meðal íbúa sveitarfélaganna, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Eigandi sem hyggst selja íbúð sína skal tilkynna það til viðkomandi húsnæðisnefndar. Þá verður kaupsamningi og afsali vegna íbúðar ekki þinglýst nema fyrir liggi yfirlýsing sveitarstjórnar eða húsnæðisnefndar.

Undanþáguheimild þessi frá kaupskyldu hefur ekki áhrif á rétt eigenda félagslegra eignaríbúða til að óska sérstaklega eftir því að sveitarfélög leysi til sín félagslegar eignaríbúðir sem kaupskylda varir á. Réttur eigenda félagslegra eignaríbúða til að óska sérstaklega eftir því að sveitarfélag innleysi eign þeirra sem kaupskylda sveitarfélagsins hvílir á væri því áfram fyrir hendi. Mundi þetta sérstaklega eiga við um fasteignir staðsettar í minni sveitarfélögum á landsbyggðinni þar sem fasteignaverð hefur farið lækkandi.

Kaupskylda sveitarfélaga á félagslegum eignaríbúðum.

Bráðabirgðaákvæði laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, hafa þann tilgang að loka eldra íbúðalánakerfi þannig að það sé ekki lengur hluti af hinum almenna húsnæðismarkaði. Meginmarkmið bráðabirgðaákvæða laganna er að tryggja réttarstöðu einstaklinga við gildis-

töku laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, og breyta ekki innlausnarreglunum hjá þeim sem bjuggu í félagslegum íbúðum við gildistöku laganna. Íbúðirnar áttu hins vegar að falla út úr eldra kerfinu smátt og smátt við innlausn sveitarfélaga. Í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I er m.a. tekið fram að ákvæði 83. og 84. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, sem fjalla um kaupskyldu sveitarfélaga, haldi áfram gildi sínu.

Kaupskyldutími íbúða varir mislengi eftir kauptíma og eðli eignanna, þ.e. 5, 10 eða 15 ár. Kaupskyldan er 5 ár vegna almennra kaupleiguíbúða og almennt 10 ár vegna félagslegra eignaríbúða og félagslegra kaupleiguíbúða. Hafi íbúðin hins vegar verið keypt fyrir 1. júní 1990 (gildistaka laga nr. 70/1990) þarf eigandi félagslegrar eignaríbúðar að hafa átt eign sína í 15 ár. Með lögum um húsnæðismál var kaupskylda vegna íbúða sem seldar eru nauðungaruppboði færð niður í 15 ár.

Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I, II og IV í lögum um húsnæðismál hvílir tímabundinn forkaupsréttur og kaupskylda áfram á þeim félagslegu eignaríbúðum sem voru hluti af hinu félagslega kerfi. Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum um húsnæðismál er fjallað um heimildir eiganda félagslegrar eignaríbúðar til að selja hana á almennum markaði þegar um er að ræða íbúð sem forkaupsréttur hvílir á.

Mörg sveitarfélög hafa nú þegar fallið frá forkaupsrétti laganna og nokkur sveitarfélög hafa þegar sýnt áhuga á að falla einnig frá kaupskyldu verði slíkt heimilað. Hefur borgarstjórn Reykjavíkur t.d. sent félagsmálaráðuneytinu ályktun sína, dags. 21. febrúar sl., vegna þessa.

Húsnæðisnefnd, eða annar framkvæmdaraðili, skal annast útreikning á söluverði félagslegra íbúða þar sem kaupskyldu er neytt. Er því um að ræða skyldu sveitarfélaga til að leysa til sín félagslegar eignaríbúðir á verði samkvæmt fyrir fram ákveðinni útreikningsaðferð, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Þegar sveitarfélag hefur innleyst félagslega eignaríbúð getur það selt íbúðina á frjálsum markaði eða breytt henni í félagslega leiguíbúð.

Skylda sveitarfélaga er að sinna þörf þeirra íbúa er búa í sveitarfélaginu fyrir íbúðarhúsnæði og eiga frumkvæði að því að leysa úr vanda þeirra sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun samkvæmt lögum um húsnæðismál og XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í stað þess að byggðar séu félagslegar íbúðir veitir Íbúðalánasjóður nú viðbótarlán skv. VII. kafla laga um húsnæðismál að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Fjármögnun varasjóðs viðbótarlána vegna sölu innlausnaríbúða.

Í gildandi bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál er m.a. fjallað um það hlutverk varasjóðsins sem lýtur að lokun eldra íbúðalánakerfis. Varasjóði viðbótarlána er falið það hlutverk að greiða sveitarfélagi fjárhæð sem nemur að hámarki mismun á uppgreiddu láni Byggingarsjóðs verkamanna og 90% af söluverði á almennum markaði. Það er greiðsla á þeim neikvæða mismun sem verður á innlausnarverði íbúðar og markaðsverði. Til þess að sinna þessu verkefni á sjóðurinn að fá söluhagnað af innlausnaríbúðum og framlög á fjárlögum.

Tekjur varasjóðsins.

Ár	Hagnaður af sölu íbúða
1999	61 millj. kr.
2000	51 millj. kr.
2001	34 millj. kr.

Fjöldi félagslegra eignaríbúða sem farið hafa í gegnum varasjóð viðbótarlána.

Ár	Fjöldi íbúða	Íbúðir seldar með hagnaði	Íbúðir seldar með tapi
1999	133	71	62
2000	125	41	84
2001	71	34	37

Eins og sjá má á þessum töflum um tekjur varasjóðsins hefur þróunin verið sú að verulega hefur dregið úr sölu félagslegra íbúða út úr félagslega kerfinu og dregið hefur úr hagnaði vegna sölu þeirra.

Með því að falla frá kaupskyldu er horfið frá núverandi fjármögnun varasjóðsins. Raunverulegur tekjumissir er samt minni en ætla mætti. Mörg sveitarfélög hafa þegar fallið frá forkaupsrétti laganna. Í þeim sveitarfélögum þar sem hagnaður er af sölu þessara íbúða sitja langflestir eigendur félagslegra íbúða áfram í íbúðunum sínum þar til kaupskyldutímanum lýkur og þeir geta selt íbúðirnar á almennum markaði, enda hafa þeir annars ekki tök á að kaupa hentugra húsnæði. Tekjuleiðum skv. 4. gr. frumvarpsins mun m.a. því vera ætlað að koma í stað tekna vegna hagnaðar af sölu á félagslegum eignaríbúðum sveitarfélaga út á almennan markað.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða VIII verði fjallað um tekjuöflun varasjóðs húsnæðismála skv. 1. gr. frumvarpsins.

Í varasjóð húsnæðismála er gert ráð fyrir að renni allar eignir, réttindi, framlög sveitarfélaga og skyldur varasjóðs viðbótarlána auk framlaga sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Varasjóði húsnæðismála er veitt sérstök heimild til að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Í staðinn mundi þá hinn nýstofnaði sjóður ábyrgjast samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða til ársins 2013.

Samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur ríkið fram 60 millj. kr. á ári til verkefnis varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006. Umrætt rammasamkomulag ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. tekur einnig til framlaga frá sveitarfélögum. Ákveðið hefur verið að framlög sveitarfélaganna verði innheimt af félagsmálaráðuneytinu með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála mundi þó sjálfur sjá um innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót varasjóði húsnæðismála sem er í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga en verði rekinn sem sjálfstæð rekstrareining undir yfirumsýslu félagsmálaráðherra. Ráðgjafarnefnd sjóðsins skal skipuð með líkum hætti og núverandi stjórn varasjóðs viðbótarlána. Ráðherra setur ráðgjafarnefnd sjóðsins nánari vinnureglur og samþykkir framlög úr sjóðnum að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar. Skal þóknun nefndarmanna greiðast úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar.

Varasjóður húsnæðislána tekur yfir allar eignir, réttindi og skyldur varasjóðs viðbótarlána og Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla en þeir sjóðir eru í raun lagðir niður og verkefni þeirra starfrækt í aðskildum deildum í hinum nýja sjóði. Með þessari breytingu verður engin breyting á ábyrgð sveitarfélaga á viðbótarlánum. Þá er varasjóði húsnæðismála ætlað að veita annars vegar rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa lengi staðið auðar og hins vegar framlög til sveitarfélaga til að greiða fyrir innlausn félagslegra eignar- og leiguíbúða og sölu þeirra út á hinn almenna markað.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir heimild til stjórnar Íbúðalánasjóðs að fengnum tillögum varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélög að afskrifa að hluta eða öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sem ekki verður leigð út vegna slæms ástands að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði heimilt að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti félagslegra íbúða innan viðkomandi sveitarfélags en fram til þessa hefur hagnaður af sölu þeirra verið notaður til að koma á móts við kostnað sem fellur til sveitarfélaga þegar markaðsverð er lægra en söluverð hennar.

Framlög ríkissjóðs til framangreindra mála byggist á sérstöku samkomulagi sem undirritað var 4. apríl 2002 milli félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar og gildir til ársloka 2006. Samkvæmt samkomulaginu leggur ríkissjóður fram 60 m.kr. á ári í fimm ár til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Önnur framlög ríkissjóðs til varasjóðs viðbótarlána falla þar með niður.

Verði frumvarpið að lögum miðast greiðsluþátttaka ríkisins við 60 m.kr. framlag á ári í fimm ár en sjóðurinn er að öðru leyti í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga.

1166. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraða, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilborgu Hauksdóttur og Guðrúnu Jensdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Þór Sigurðsson, Unu Ósk Ómarsdóttur og Ragnar Gunnarsson frá Tryggingastofnun, Garðar Sverrisson og Arnþór Helgason frá Öryrkjabandalaginu og Ólaf Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík

Þá bárust nefndinni umsagnir frá ríkisskattstjóra, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Persónuvernd, Alþýðusambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Læknafélagi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar felur í sér breytingu fimm lagabálka, þ.e. lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraða, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum. Breytingarnar eru margar en snerta þó fæstar hin beinu réttindi bótaþega og sjúkratryggðra samkvæmt lögunum heldur er hér um að ræða breytingar sem flestar miða að því að laga ýmsa tæknilega ágalla sem á lögunum eru og bent hefur verið á, m.a. af umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Helstu breytingar sem í frumvarpinu felast eru taldar upp í almennum athugasemdum með frumvarpinu og vísast til þess.

Nokkur ákvæði frumvarpsins snerta þó bein réttindi bótaþega og má þar sérstaklega nefna 3. og 4. efnismgr. 19. gr. sem fjalla um takmörkun á skuldajöfnunarheimildum vegna ofgreiðslu bóta og rétti bótaþega til vaxta séu bætur vangreiddar. Þessar breytingar fela í sér verulega réttarbót fyrir bótaþega.

Nefndin fjallaði sérstaklega um 17. gr. frumvarpsins en þar eru lagðar til breytingar á 47. gr. almannatryggingalaga. Í ákvæðinu er kveðið á um skyldu umsækjanda og bótaþega til að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Nefndin hefur áður á þessu þingi fjallað um breytingar á þessu ákvæði laganna og þá í tengslum við heimildir Tryggingastofnunar til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrám vegna reikningsgerðar á hendur stofnuninni. Í nefndaráliti um það mál fjallaði nefndin nokkuð ítarlega annars vegar um nauðsyn þess að Tryggingastofnun hefði aðgang að umræddum upplýsingum og hins vegar um rétt sjúklinga til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Nefndin lagði þá til ýmsar breytingar, sem samþykktar voru, og eru að hennar mati til þess fallnar að sætta þessi ólíku sjónarmið. Sömu sjónarmið takast á þegar fjallað er um þær breytingar sem nú eru lagðar til. Hér vegast á þörf Tryggingastofnunar fyrir greiðan aðgang að tekjuupplýsingum þannig unnt sé að greiða bætur í samræmi við efni laganna og réttur skjólstæðinga hennar til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Sá munur er þó á að upplýsingar um tekjur teljast ekki til svokallaðra viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en upplýsingar um heilsuhagi falla í þann flokk.

Til að sætta framangreind sjónarmið gerir nefndin tillögu um að aðgangur Tryggingastofnunar að tekjuupplýsingum, án milligöngu bótaþega, verði bundinn því skilyrði að fyrir liggi samþykki þess sem gögnin varða og jafnframt að þess sé gætt við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þetta felur í sér að fái Tryggingastofnun ekki slíkt samþykki bótaþega

eða maka hans, ef við á, er henni ekki heimilt að afla tekjuupplýsinga milliliðalaust frá skattyfirvöldum eða öðrum. Þetta felur jafnframt í sér að kjósi bótaþegi eða maki hans að veita ekki slíkt samþykki þá hvílir sú skylda á viðkomandi að koma nauðsynlegum upplýsingum til skila með eigin hendi innan þeirra tímamarka sem Tryggingastofnun ákveður hverju sinni.

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar skal öllum sem þess þurfa tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Ákvæðið felur í sér rétt sem skilgreindur hefur verið sem ótiltekinn lágmarksréttur sem löggjafanum er skylt að tryggja, sbr. dóm Hæstaréttar í öryrkjamálinu svokallaða. Löggjafinn hefur útfært þennan rétt og birtist hann að hluta í ákvæðum almannatryggingalaga. Til að réttur einstaklings samkvæmt stjórnarskránni verði virkur á grundvelli laganna verður hann að uppfylla þær skyldur sem á hann eru lagðar og löggjafinn hefur talið nauðsynlegar til að unnt sé að framkvæma lögin. Rétti þessum fylgja með öðrum orðum skyldur sem geta leitt til þess, ef þeim er ekki sinnt, að réttur einstaklings raskast enda verður honum ekki komið til skila að skyldunum óuppfylltum.

Nefndin leggur ríka áherslu á að réttindum þeim sem að ofan greinir fylgja skyldur. Tryggingastofnun er ófær um að sinna hlutverki sínu nema hún hafi aðgang að tilteknum upplýsingum. Á sama hátt og það er nauðsynlegt fyrir Tryggingastofnun að hafa aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, ef henni á að vera unnt að sinna eftirliti með því að reikningsgerð á hendur stofnuninni sé rétt, er henni nauðsynlegt að hafa aðgang að tekjuupplýsingum til að henni sé unnt að greiða út bætur í samræmi við efni laganna. Þetta er einfaldlega forsenda þess að lögunum verði framfylgt og réttindunum til skila komið.

Á þessum grundvelli og í samræmi við þá breytingu sem að ofan greinir leggur nefndin til að Tryggingastofnun verði heimilt að fresta greiðslu bóta, ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, bótaþega eða maka hans, þar til úr upplýsingaskortinum er bætt. Hér er rétt að taka fram að Tryggingastofnun ber eins og öðrum stjórnvöldum að gæta hófs í ákvörðunum sínum og beita ávallt vægasta úrræðinu sem völ er á. Skortur á upplýsingum um tekjur maka, eingöngu, geta þannig aðeins leitt til frestunar á þeim hluta bóta sem tekjur maka hafa áhrif á. Það sem skilgreint hefur verið sem lágmarksréttur óháð tekjum maka ber Tryggingastofnun að sjálfsögðu að greiða út þótt til frestunar komi á ákvörðun og greiðslu þess hluta bótanna sem tekjur maka geta haft áhrif á. Þær bætur sem um ræðir eru annars vegar grunnlífeyrir að 19.990 kr. og tekjutrygging að 27.000 kr. Samtals gerir þetta 46.990 kr. sem telst lágmarkslífeyrir óháður tekjum maka. Ákvæði sem þetta er í raun sjálfgefið ef litið er til þess að ómögulegt getur reynst við þessar aðstæður að ákvarða rétta greiðslu samkvæmt lögunum. Nefndin telur eigi að síður ástæðu til að heimild Tryggingastofnunar til þessa komi skýrt fram í lögunum. Það undirstrikar þær skyldur sem réttinum fylgja og tekur af vafa um heimildir Tryggingastofnunar. Í tengslum við þessa breytingu leggur nefndin til að vaxtagreiðslur skv. 4. efnismgr. 19. gr. falli niður ef vangreiðslu bóta má rekja til skorts á upplýsingum sem rekja má til bótaþega eða maka hans. Það verður að teljast óeðlilegt að reikna vexti á bótafjárhæð sem er vangreidd af ástæðum sem Tryggingastofnun ræður ekki við, enda er bótaþega og maka, ef við á, skylt að veita upplýsingar.

Nefndin fjallaði nokkuð um hlutverk tryggingaráðs. Nefndin leggur til breytingar á 14. gr. frumvarpsins er varða hlutverk ráðsins til samræmis við nútímastjórnsýsluhætti og ábyrgð ráðherra, sbr. 2. tölul. hér á eftir. Nefndin hvetur til þess að hlutverk og staða tryggingaráðs verði tekin til endurskoðunar í heild sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Upphæðir ýmissa bóta hafa tekið breytingum frá því að frumvarpið var samið og lagt fram. Lagðar eru til breytingar til samræmis við það.
2. Lagt er til nýtt orðalag í 14. gr. frumvarpsins og 33. gr. almannatryggingalaga. Með breytingunum eru heimildir tryggingaráðs til að setja reglur um einstaka stafliði 1. mgr. 33. gr. felldar brott. Þess í stað er ráðherra veitt heimild í sérstakri málsgrein til að setja reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæðinu. Greiðslur samkvæmt ákvæðinu eru á ábyrgð ráðherra sem æðsta yfirmanns Tryggingastofnunar og því eðlilegt að reglugerðarvaldið sé hjá honum.

   Í a-lið 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um að veita skuli styrki vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma sem veitt er af öðrum en læknum. Heimild þessi er nú í reglugerð og er þar bundin við meðferð sem framkvæmd er samkvæmt fyrirmælum læknis. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að sú aðgerð að fella heimildina inn í lögin hafi ekki efnisbreytingu í för með sér. Til að þetta sé skýrt leggur nefndin til að áskilnaður um að meðferð sé framkvæmd samkvæmt fyrirmælum læknis verði felld inn í lagatextann.
3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 17. gr. frumvarpsins. Skv. 1. efnismgr. skal sækja um allar bætur frá Tryggingastofnun með tilteknum undantekningum. Lagt er til að undanþáguheimildir frá þessu verði rýmkaðar nokkuð og það lagt í hendur Tryggingastofnunar að ákveða hvaða flokka bóta, innan þess ramma sem er tilgreindur í ákvæðinu, þurfi ekki að sækja um. Þá leggur nefndin jafnframt til að örorkulífeyrisþegum sem ná 67 ára aldri verði sparað það ómak að þurfa að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 11. gr. laganna. Slík umsókn verður að teljast óþörf þar sem allar upplýsingar um bótaþegann liggja fyrir hjá Tryggingastofnun. Nefndin gerir ráð fyrir að sú breyting sem verður hjá örorkulífeyrisþega þegar hann nær 67 ára aldri eigi sér stað sjálfkrafa með einfaldri tilkynningu Tryggingastofnunar til lífeyrisþega.

   Nefndin gerir það að tillögu sinni að heimild Tryggingastofnunar til að sækja tekjuupplýsingar beint til skattyfirvalda o.fl. aðila samkvæmt ákvæðinu verði bundin því skilyrði að fyrir liggi skriflegt samþykki umsækjanda eða bótaþega. Þegar um hjón er að ræða verður að liggja fyrir skriflegt samþykki beggja. Þessi breyting er í samræmi við kröfur um meðferð persónuupplýsinga. Jafnframt leggur nefndin til að það verði tiltekið í lagatextanum að við meðferð upplýsinga sem þannig er aflað sé þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá er lagt til að Tryggingastofnun verði heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta ef nauðsynlegar upplýsingar liggja ekki fyrir. Rétt er að taka það fram að ef það telst bersýnilega ósanngjarnt með tilliti til aðstæðna lífeyrisþega að fella vexti niður er ekki gert ráð fyrir að heimildin til þess verði nýtt. Vísað er til nánari umfjöllunar hér að framan um þessar breytingartillögur.
4. Lögð er til orðalagsbreyting á 18. gr. Skilja má frumvarpstextann á þann hátt að Tryggingastofnun beri að gefa út örorkuskírteini jafnvel þótt viðkomandi uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 12. gr. almannatryggingalaga um búsetutíma. Slík er ekki ætlunin.
5. Lögð er til breyting á 4. efnismgr. 19. gr. Lagt er til að vextir samkvæmt ákvæðinu falli niður ef bætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum og upplýsingaskortinn megi rekja til bótaþega eða maka hans. Eins og áður sagði er það forsenda þess að unnt sé að

greiða bætur samkvæmt lögunum að tekjuupplýsingar liggi fyrir. Vísað er til nánari umfjöllunar hér að framan um þessa breytingartillögu og tengda tillögu.

6. Í 20. gr. er kveðið á um að halda skuli skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt ákvæðinu. Ákvæði þessa efnis er nú í reglugerð og er þar kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli halda skrána. Nefndin leggur til að það verði tiltekið í lagatextanum að ríkisskattstjóri skuli halda skrána, enda er hann best í stakk búinn til þess.
7. Lögð er til breyting á útreikningi vistunargjalds, sbr. 28. og 30. gr. frumvarpsins. Með þessari breytingu er lagt til að í stað þess að miða kostnaðarþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði hvers mánaðar við tekjur að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu skuli miðað við $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum að teknu tilliti til innheimtuhlutfalls staðgreiðslu og persónuafsláttar viðkomandi staðgreiðsluárs. Með breytingunni er stefnt að því að ná fram því markmiði að Tryggingastofnun ríkisins verði fært að ákvarða bráðabirgðakostnaðarþátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar, þannig að dregið sé úr ofgreiðslu eða vangreiðslu við uppgjör á kostnaðarþátttöku. Nái breytingin fram að ganga verður Tryggingastofnun ekki bundin af því að miða bráðabirgðakostnaðarþátttöku við það hvernig háttað er bráðabirgðagreiðslu skatts (afdregin staðgreiðsla) á hverjum tíma. Sú greiðsla getur verið mjög mismunandi eftir því hvernig háttað er skiptingu og ráðstöfun skattkorta og gefur því ekki raunhæfa vísbendingu um það hver endanleg skattgreiðsla við álagningu opinberra gjalda kunni að verða. Tryggingastofnun er hér gert kleift að leggja til grundvallar kostnaðarþátttöku áætlun um væntanlegar ráðstöfunartekjur vistmanns.

   Í þessu samhengi vill nefndin árétta lögmætan upplýsingarétt, svo sem rétt vistmanna á dvalar- og hjúkrunarheimilum til upplýsinga um breytingu á dvalarkostnaði og kostnaðarþátttöku þeirra.
8. Í nefndaráliti nefndarinnar í 169. máli, heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar, sem varð að lögum nr. 154/2001, sagði eftirfarandi:

   Í b-lið 4. gr. frumvarpsins er talað um sérfræðinga sem samningar skv. 39. gr. taka til. Þetta ákvæði laganna hefur hingað til verið skýrt þannig að það eigi einungis við sérfræðilækna. Nefndin telur að svo þröng lögskýring eigi ekki rétt á sér og leyfir nefndin sér að skýra ákvæðið þannig að samninganefnd skv. 39. gr. almannatryggingalaga sé á þessum grundvelli heimilt að semja við fleiri stéttir heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga eftir því sem henta þykir til að framfylgja stefnu í heilbrigðismálum hverju sinni. Heimild ráðherra í 2. efnismgr. h-liðar 4. gr. frumvarpsins er einnig til þess fallin að gera ráðherra kleift að kaupa þá þjónustu sem ríkið vill veita og þörf er á á hverjum tíma.

   Þrátt fyrir framangreinda lögskýringu nefndarinnar hefur orðið bið á því að samið hafi verið við fleiri heilbrigðisstéttir. Af þessum sökum og til að taka af allan vafa sem kann að vera um heimild samninganefndar leggur nefndin til að ráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum. Á grundvelli slíkrar reglusetningar hefur samninganefndin skýra heimild til að ganga til samninga við fleiri sérfræðinga á heilbrigðissviði.
9. Lagðar eru til breytingar á gildistökutíma tiltekinna ákvæða frumvarpsins. Fram kom hjá fulltrúum Tryggingastofnunar sem komu á fund nefndarinnar að stofnunin teldi sig þurfa lengri tíma til undirbúnings fyrir gildistökutímann en gert var ráð fyrir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Einar Oddur Kristjánsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.
Magnús Stefánsson.		Þuríður Backman, með fyrirvara.

1167. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul.“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: skv. 1., 3., 5. og 6. tölul.
   b. Tilvísunin „sbr. 8. gr.“ í 2. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
2. Í stað fjárhæðarinnar „13.818 kr.“ í 1. efnismgr. 5. gr. komi: 14.992 kr.
3. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   33. gr. laganna orðast svo:
   Hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar, sbr. 2. gr., og skal hún veita þá styrki sem hér segir:
   a. Styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
   b. Styrk til nauðsynlegrar æfingameðferðar eða þjálfunar.
   c. Styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.
   d. Ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.
   e. Styrk til greiðslu kostnaðar vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.
   f. Styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.
   g. Styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, samkvæmt fyrirmælum læknis.

Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:
   a. 1. og 2. málsl. h-liðar 1. mgr. orðast svo: Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður hámarksgjald samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.
   b. Við h-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, 6. málsl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.
   c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt í reglugerð að ákveða að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum.
5. Við 16. gr.
   a. Í stað fjárhæðanna „18.424 kr.“ og „387.563 kr.“ í 4. efnismgr. komi: 19.990 kr. og 416.474 kr.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „1.468 kr.“ í 5. efnismgr. komi: 1.592 kr.
6. Við 17. gr.
   a. Inngangsmálsgrein orðist svo:
      1.–4. mgr. 47. gr. laganna orðast svo.
   b. Í stað 2. málsl. 1. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Þó getur Tryggingastofnun ríkisins ákveðið að ekki þurfi að sækja um tilteknar bætur skv. 33., 34., 36. og 37. gr. Örorkulífeyrisþegar þurfa þó ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 11. gr. þegar þeir ná 67 ára aldri.
   c. 2. efnismgr. orðist svo:
      Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr.
   d. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
      Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til um-

sækjanda, bótaþega eða maka hans er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Tryggingastofnun skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

7. Í stað orðanna „sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar og eru“ í 18. gr. komi: sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. og eru jafnframt.
8. Við 4. efnismgr. 19. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ef bætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum, sbr. 3. mgr. 47. gr., falla vextir niður.
9. Í stað orðanna „Halda skal“ í lokamálsl. 20. gr. komi: Ríkisskattstjóri skal halda.
10. Framan við 24. gr. komi ný grein er orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
    a. Við bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Makabætur og umönnunarbætur.*
11. Orðin „að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu“ í 1. efnismgr. og í 1. og 3. tölul. 2. efnismgr. b-liðar 28. gr. falli brott.
12. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul.“ í 1. málsl.1. efnismgr. komi: skv. 1., 3., 5. og 6. tölul.
    b. Tilvísunin „sbr. 8. gr.“ í 2. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
    c. Við 1. málsl. 5. efnismgr. bætist: að teknu tilliti til innheimtuhlutfalls staðgreiðslu og persónuafsláttar viðkomandi staðgreiðsluárs.
13. Í stað orðanna „nauðsynlegar rannsóknir, meðferð og aðgerðir hjá sérfræðingum“ í 33. gr. komi: nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
14. Við 35. gr.
    a. Í stað orðanna „b–d-liður“ í 1. efnismgr. komi: b–d-liða.
    b. Í stað orðanna „2003 á tekjur ársins 2002“ í 1. efnismgr. komi: 2004 á tekjur ársins 2003.
    c. Í stað ártalsins „2003“ í 2. og 3. efnismgr. komi: 2004.

1168. Svar [633. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Dóru Líndal Hjartardóttur um aðalnámskrá grunnskóla.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra framfylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla um upplýsinga- og tæknimenntun þar sem ófullnægjandi nettenging er víðast á landinu?

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á þjálfun nemenda í notkun upplýsingatækni og nýtingu tækninnar í námi og kennslu. Menntamálaráðuneytið hefur í stefnumótun sinni, Forskot til framtíðar: verkefnaáætlun í rafrænni menntun 2001–2003, einnig lagt áherslu á nýtingu netsins í skólastarfi. Ráðuneytið telur því mikilvægt að fullnægjandi nettengingar séu fyrir hendi í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytið kannaði í mars sl. hvernig nettengingum er háttað í öllum grunnskólum á landinu. Í þeirri könnun kemur í ljós að í nær öllum grunnskólum eru fyrir hendi nettengingar en að gagnaflutningshraði tenginga er mjög mismunandi eftir landshlutum. Víða á höfuðborgarsvæðinu eru háhraðatengingar frá 2 mb/s til allt að 100 mb/s. Í stærri þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni eru í mörgum tilvikum DSL-tengingar með allt að 2 mb/s flutningshraða. Á smærri þéttbýlisstöðum og í dreifbýli eru hins vegar ISDN-tengingar og upphringimótöld algengust. Forsvarsmenn þeirra skóla sem bjuggu við minni en 2 mb/s flutningsgetu töldu í svörum sínum við könnuninni þörf á að bæta tengingarnar.

Tækjabúnaður og nettengingar grunnskóla eru á ábyrgð sveitarfélaga og þau bera jafnframt ábyrgð á framkvæmd markmiða námskrár grunnskóla. Eins og fram kemur hér að ofan er afar mismunandi eftir sveitarfélögum hversu vel nettengdir grunnskólar eru. Þeir kostir sem sveitarfélög í smærri byggðum hafa til að tengja skóla sína eru víða takmarkaðri en í þéttbýlinu. Þó má nefna að með nettengingum í gegnum gervihnetti, sem nú eru að hasla sér völl hér á landi, eru í boði fremur öflugar tengingar fyrir dreifðar byggðir. Skoða verður tengingar til grunnskóla í samhengi við uppbyggingu nettenginga í sveitarfélaginu almennt og stefnu sveitarfélaga á þessu sviði. Fjarskiptamál heyra undir samgönguráðuneyti.

Þess má geta að menntamálaráðuneytið undirbýr nú útboð á fjarskiptaþjónustu fyrir framhaldsskóla í samræmi við skýrslu um fjarkennslunet sem ráðuneytið gaf út á síðasta ári. Ráðuneytið getur ekki eitt og sér beitt sér á sama hátt í málefnum grunnskóla þar sem þau heyra undir sveitarfélögin.

1169. Svar [445. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um kostnað við stjórn fiskveiða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er heildarkostnaður við eftirlit með fiskveiðistjórnarkerfinu á ársgrundvelli?*
2. *Hvernig skiptist kostnaðurinn eftir útgerðarflokkum, sundurliðað eftir skilgreiningu veiðileyfa?*
3. *Hversu mörg ársverk eru við eftirlit með fiskveiðiflotanum?*
   Óskað er yfirlits yfir árin 1999–2001.

1. Heildarkostnaður Fiskistofu vegna veiðieftirlits hefur verið metinn árlega vegna útreiknings á veiðieftirlitsgjaldi. Sá kostnaður við starf Fiskistofu sem eingöngu snýst um eftirlit með fiskveiðum hefur verið lagður þar til grundvallar að fullu og að hluta kostnaður við þá þætti í rekstri Fiskistofu sem snerta eftirlitið með óbeinum hætti, t.d. rekstur tölvudeildar, yfirstjórn og húsnæðiskostnaður. Kostnaður við veiðieftirlit á árunum 1999–2001 samkvæmt þessu kemur fram í töflunni.

Kostnaður við eftirlit.

Ár	Millj. kr.
1999	207,4
2000	232,1
2001	312,1

Kostnaður jókst mjög milli áranna 2000 og 2001 en það skýrist af ráðningu tíu nýrra eftirlitsmanna, fimm í september 1999 og fimm í janúar 2000. Þess skal enn fremur getið að eigendur fiskiskipa greiða kostnað Fiskistofu af veiðieftirliti með veiðieftirlitsgjaldi.

2. Núna er ekki hægt að skipta raunkostnaði við eftirlit með veiðum eftir skilgreiningum veiðileyfa. Helstu skýringar þess eru að oft eru eftirlitsmenn Fiskistofu á ferð um hafnir landsins og fylgjast í einni og sömu eftirlitsferðinni með skipum með mismunandi veiðileyfi. Ekki er skráð hversu mikill tími eftirlitsmanna fer í að skoða eða fylgjast með hverju einstöku skipi og væri raunar nær ógerlegt. Enn fremur getur sama skip haft mörg mismunandi veiðileyfi og þyrftu eftirlitsmenn þá að meta hvaða leyfi skipið er að nota á hverjum tíma. Fiskistofa vinnur nú að því að leita leiða til að skipta kostnaði við eftirlit stofnunarinnar niður eftir útgerðarflokkum og munu tillögur liggja fyrir í haust.

3. Við mat á því hversu mörg ársverk eru unnin við eftirlit með fiskveiðiflotanum var beitt sömu aðferðafræði og við skiptingu kostnaðar (sbr. 1. lið). Í töflunni er gefinn upp fjöldi ársverka við beint eftirlit, við óbeint eftirlit, þ.e. þar sem hluti starfs er við eftirlit eða eftirliti er sinnt óbeint (t.d. hlutdeild í yfirstjórn), og loks samtala ársverka.

Fjöldi ársverka við eftirlit.

Ár	Beint eftirlit	Óbeint eftirlit	Eftirlit alls
1999	33,7	10,9	44,6
2000	36,0	11,6	47,6
2001	45,6	12,8	58,4

1170. Frumvarp til laga [711. mál]

um Umhverfisstofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, lyfjalögum, nr. 93/1994, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, lögum nr. 17/2000, um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir,

b. að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með síðari breytingum, lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,

lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, og lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur,

c. að annast starfsemi sem embætti veiðistjóra er falin samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
d. að annast starfsemi hreindýraráðs samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
e. að annast framkvæmd laga nr. 15/1994, um dýravernd.

2. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af umhverfisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun, þekkingu á verksviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.

Stofnuninni er skipt í fagsvið og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna gegnir starfi staðgengils forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. 20. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fellur úr gildi.
2. 5. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, fellur úr gildi.
3. 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, falla úr gildi.
4. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, orðast svo:
   Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt skal umhverfisráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóri. Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal forstjóri Umhverfisstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hefur verið unnið að því í umhverfisráðuneyti að móta hugmyndir um hvernig mætti sækja fram á sviði umhverfismála með því að einfalda uppbyggingu stofnana ráðuneytisins þannig að reknir yrðu á vegum einnar stofnunar þeir stjórnsýsluþættir umhverfismála sem undir ráðuneytið falla. Samkvæmt lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, eru höfuðverkefni umhverfisráðuneytisins sem hér segir:

1. Náttúruvernd.
2. Hollustuhættir, þar á meðal matvælamál.
3. Mengunarvarnir.
4. Skipulagsmál.
5. Byggingarmál, þar á meðal brunavarnir.
6. Náttúruvísindi og náttúrurannsóknir.

Stofnanir ráðuneytisins gegna stjórnsýslu, ráðgjöf og vísinda- og rannsóknarstarfi á þessum sviðum. Stjórnsýslan er fólgin í stjórn tiltekinna málaflokka á lægra stigi stjórnsýslu, ráðgjöf til ráðuneytisins og annarra ráðuneyta sem og sveitarfélaga, þar sem sveitarfélög annast framkvæmd mála, og vísindastarf, svo sem með söfnun upplýsinga og rannsóknum á náttúru Íslands og náttúrufari.

Nokkrar stofnanir ráðuneytisins eru fyrst og fremst stjórnsýslustofnanir þótt þær sinni einnig ráðgjöf að einhverju leyti. Þessar stofnanir eru Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættið, Brunamálastofnun og Skipulagsstofnun. Hollustuvernd ríkisins rekur einnig rannsóknastofu sem annast eftirlits- og þjónusturannsóknir í tengslum við matvæli og mengunarmál. Aðrar stofnanir ráðuneytisins annast nánast einungis ráðgjafar- og vísindastörf, þ.e. Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Hjá Veðurstofu Íslands og Landmælingum Íslands fara þessir þættir saman en þar er stjórnsýslan þó lítill hluti starfseminnar.

Stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að verulegu leyti á gömlum grunni frá því áður en umhverfisráðuneytið var stofnað en fram að stofnun þess heyrðu þessar stofnanir undir mismunandi ráðuneyti. Tímabært og eðlilegt er að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins nú þegar það hefur starfað í rúman áratug. Markmið endurskipulagningarinnar er að styrkja og efla stjórnsýslu umhverfismála með sameiningu stofnana.

Til að byrja með þykir rétt að sameina stjórnsýslustarfsemi þeirra stofnana ráðuneytisins sem fara með mengunarvarnir, hollustuhætti, náttúruvernd, dýrarvernd og stjórn á stofnstærð villtra dýra. Ráðuneytið telur mikilvægt að þeir þættir sem falla undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóra og hreindýraráðs og þættir sem tengjast dýravernd verði sameinaðir í nýrri stofnun, Umhverfisstofnun. Verkefni þessara stofnana eru fyrst og fremst á sviði stjórnsýslu og er þeim falið með lögum að annast framkvæmd tiltekinna málaflokka fyrir hönd umhverfisráðuneytisins. Auk þess mun Umhverfisstofnun annast framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og náttúruverndar sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Hlutverk Hollustuverndar ríkisins samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er að annast eftirlit með framkvæmd laganna og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um málefni sem undir lögin falla. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og skal sjá um að vöktun og rannsóknir þessu tengdar séu framkvæmdar. Í yfirumsjón felst samræming heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé hin sama í landinu öllu. Samkvæmt lögunum starfa heilbrigðisnefndir á tíu svæðum í landinu en þeim ber að sjá um að

framfylgt sé ákvæðum laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum og með reglum sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á. Hollustuvernd ríkisins annast einnig eftirlit með framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum, en tilgangur þeirra er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun frá skipum, loftförum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó, og frá landsstöðvum af völdum olíu og annarra efna sem talin eru þar upp og stofnað geta heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafs og raskað lífríki þess, spillt umhverfi eða truflað lögmæta nýtingu.

Auk þess annast Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga framkvæmd laga um matvæli, nr. 93/1995, að svo miklu leyti sem framkvæmdin fellur ekki undir sjávarútvegsráðuneyti eða landbúnaðarráðuneyti, og laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996. Stofnunarinnar er getið í nokkrum öðrum lögum er falla undir önnur ráðuneyti, svo sem í tóbaksvarnalögum.

Náttúruvernd ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, en tilgangur laganna er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögunum er ætlað að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, með verndun þess sem þar er sérstakt og sögulegt. Lögin eiga einnig að stuðla að verndun og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Náttúruvernd ríkisins á að hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmd og rekstri, að hafa eftirlit með umferð og umgengni á svæðum og í óbyggðum í samvinnu við önnur stjórnvöld. Náttúruvernd ríkisins annast enn fremur framkvæmd laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með síðari breytingum, auk þess sem hennar er getið í öðrum lögum um framkvæmd einstakra málaflokka, svo sem um ferðamál.

Veiðistjóraembættið starfar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, en hlutverk veiðistjóra er að hafa umsjón með og stjórn á aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af völdum þeirra.

Hreindýraráð starfar skv. 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum, og annast framkvæmd hreindýramála fyrir hönd ráðuneytisins.

Dýravernd sem málaflokkur er ekki í umsjá tiltekinnar stofnunar á sama hátt og áðurnefndir málaflokkar. Samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd, er dýraverndarráð umhverfisráðherra til ráðgjafar, sem og öðrum aðilum sem starfa samkvæmt lögunum, svo sem sýslumönnum. Eðlilegt er að þessi málaflokkur heyri undir stjórnsýslustofnun á sama hátt og þeir málaflokkar sem áður eru nefndir.

Markmiðið með sameiningu áðurnefndra málaflokka undir einni stofnun í stað þriggja stofnana og tveggja ráða er fyrst og fremst að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Enn fremur mun sameining efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri. Með því ætti að vera auðveldara að ná fram stefnumiðum sem stjórnvöld hafa sett sér við framkvæmd umhverfismála.

Með þessum breytingum er stigið fyrsta skrefið í endurskoðun á stofnanauppbyggingu ráðuneytisins. Á vegum þess er nú unnið að endurskoðun skipulags- og byggingarmála og brunamála þar sem ætlunin er að sameina stjórnsýslu byggingar- og brunamála. Næst væri ástæða til að skoða möguleika á sameiningu stofnana ráðuneytisins sem sinna vöktun, rannsóknum og ráðgjöf. Hafa ber í huga að sú starfsemi er að auki mjög dreifð og aðeins að hluta

til unnin á vegum stofnana umhverfisráðuneytisins sem ýtir enn frekar undir að þau mál verði tekin fyrir síðar.

Í frumvarpi þessu er því lagt til að starfsemi Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóraembættis, hreindýraráðs og dýraverndarráðs verði sameinuð í einni stofnun, Umhverfisstofnun. Á vegum Hollustuverndar ríkisins er rekin rannsóknastofa sem annast rannsóknir fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlitið í landinu, einkum matvælarannsóknir. Gert er ráð fyrir að þessi starfsemi verði sameinuð annarri starfsemi á hliðstæðu sviði og að hún verði ekki rekin á vegum Umhverfisstofnunar. Tryggja þarf hins vegar að rannsóknaþjónusta af þessu tagi standi Umhverfisstofnun ætíð til boða, ekki síst ef upp kemur vá eða bráðatilvik sem bregðast þarf við án tafar. Rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins er rekin sem sjálfstæð rekstrareining og er fjárhagslega aðskilin frá öðrum rekstri stofnunarinnar. Því er auðvelt að færa hana frá stofnuninni og sameina annarri hliðstæðri rannsóknarstarfsemi og reka sjálfstætt í núverandi húsnæði þar til slík sameining á sér stað.

Gert er ráð fyrir því að Umhverfisstofnunin hafi aðsetur í Reykjavík. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hluti starfseminnar verði utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig yrði starfsemi sú sem veiðistjóri annast rekin áfram á Akureyri og starfsemi á sviði hreindýramála á Austurlandi. Starfsemi í þjóðgörðum og landvarsla verður einnig rekin sem fyrr á landsbyggðinni undir Umhverfisstofnun. Mikilvægt er að öll starfsemi Umhverfisstofnunar í Reykjavík verði frá byrjun í sama húsnæði þannig að hægt verði að samþætta starfsemina sem allra mest strax í upphafi. Því er gert ráð fyrir að öll starfsemi sem heyrir undir stofnunina flytjist í sama húsnæði um það leyti sem lögin taka gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði á fót ný stofnun, Umhverfisstofnun, sem yfirtaki starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðistjóraembættinu, hreindýraráði og dýraverndarráði er falin samkvæmt lögum.

Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík en getur rekið starfsemi annars staðar í landinu. Áðurnefndar stofnanir og ráð hætta því starfsemi frá og með gildistöku laganna.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að yfir stofnuninni starfi forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn og að hann hafi auk háskólamenntunar og þekkingar á verksviði stofnunarinnar reynslu af stjórnun. Hlutverk forstjóra er að fara með stjórn stofnunarinnar, móta stefnu í störfum hennar og bera ábyrgð á daglegum rekstri. Yfir stofnuninni mun þannig starfa einn forstjóri sem kæmi í stað forstjóra Hollustuverndar ríkisins, forstjóra Náttúruverndar ríkisins, veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs.

Gert er ráð fyrir því að stofnuninni verði skipt upp í fagsvið í samræmi við verkefni hennar. Það er hlutverk forstjóra að gera tillögur um skipulag stofnunarinnar sem umhverfisráðherra staðfestir. Núverandi starfssvið viðkomandi stofnana varða mengun í lofti, á láði og legi, eiturefni og hættuleg efni, heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti, þ.m.t. matvæli, náttúruvernd og veiðar á villtum dýrum auk dýraverndar. Gert er ráð fyrir að yfir hverju sviði starfi forstöðumenn sem hafi háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn og annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin öðlist gildi 1. janúar 2003. Þótt þær breytingar sem gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu kunni að virðast viðamiklar er hér um að ræða starfsemi sem er að mestu leyti í föstum skorðum. Því ætti að vera hægt að koma málum í höfn fyrir næstu áramót þannig að hin nýja stofnun hefji störf frá og með 1. janúar 2003.

Um 4. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim lögum sem nauðsynlegt er að breyta í tengslum við breytta skipan mála.

Um ákvæði til bráðabirgða.

1. Rétt þykir að gefa þeim sem hafa til þessa unnið að þeim verkefnum sem lagt er til að færist til Umhverfisstofnunar kost á að sinna þeim áfram í þjónustu hinnar nýju stofnunar. Er því lagt til að lögin kveði á um forgangsrétt þeirra til starfa hjá Umhverfisstofnun á fyrsta starfsári hennar. Jafnframt er lagt til að í þeim tilvikum sem hér um ræðir megi víkja frá ákvæðum laga um auglýsingu opinberra starfa sem laus eru til umsóknar. Þó er gert ráð fyrir að staða forstjóra Umhverfisstofnunar verði auglýst.

2. Ljóst er að það kallar á nokkra vinnu að undirbúa gildistöku laganna og að nauðsynlegt er að henni sinni forstjórar við þær þrjár stofnanir sem hér eiga hlut að máli, undir forustu ráðuneytisins, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðistjóraembættið. Auk þess þarf að hafa samráð við hreindýraráð og dýraverndarráð þótt ekki sé gert ráð fyrir að fulltrúar þeirra eigi sæti í starfshópnum enda starfsemi þessara aðila annars eðlis og miklu viðaminni en þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli.

3. Æskilegt er að forstjóri Umhverfisstofnunar komi til starfa og sinni undirbúningi áður en starfsemi hennar hefst. Því er gert ráð fyrir að forstjórinn verði ráðinn 1. október nk. og starfi frá þeim tíma með nefnd skipaðri skv. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp um Umhverfisstofnun.

Tilgangur frumvarpsins er að sameina verkefni Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra og starfsemi hreindýraráðs í eina ríkisstofnun, Umhverfisstofnun, sem jafnframt annist framkvæmd laga um dýravernd.

Fjármálaráðuneytið telur að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkisins, verði það að lögum, að því frátöldu að það kann að reyna á rétt núverandi starfsmanna til biðlauna. Sá kostnaður er mjög óviss, hugsanlega allt að 10 m.kr. Mat fjármálaráðuneytisins er samhljóða mati umhverfisráðuneytisins sem bendir á að kostnaður muni væntanlega aukast um allt að 7 m.kr. vegna launa forstjóra en á móti komi sparnaður í almennum rekstri, skrifstofuþjónustu og þess háttar. Sá sparnaður byggist að verulegu leyti á því að starfsemi stofnananna í Reykjavík verði sameinuð á einn stað. Hollustuvernd er í leiguhúsnæði í Ármúla 1 og 1a en Náttúruvernd í leiguhúsnæði að Skúlagötu 21. Í fjárlögum 2002 er heimild til að leigja eða kaupa hentugt húsnæði fyrir Hollustuvernd og veittar 10 m.kr. til að mæta kostnaði sem af

því leiðir. Ekki liggur fyrir hvernig húsnæðismálum sameinaðrar stofnunar verður háttað og því eru ekki forsendur til að meta breytingu á húsnæðiskostnaði með tilliti til frumvarpsins sérstaklega. Heildargjöld stofnana sem frumvarpið tekur til eru áætluð tæpar 490 m.kr. í fjárlögum og má því ætla að saman hafi þær meira svigrúm til að mæta nýjum útgjöldum en hver um sig.

Niðurstaða fjármálaráðuneytisins er því sú að frumvarpið leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð ef hugsanlegur biðlaunakostnaður er undanskilinn.

1171. Nefndarálit [547. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Hyrnu ehf., ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við 546. mál þar sem lögð er til breyting á lögum um einkahlutafélög, sem og 347. mál þar sem lögð er til breyting á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Öll frumvörpin snúa að heimild íslenskra fyrirtækja til að nota erlenda gjaldmiðla í rekstri fyrirtækja sinna, annars vegar að því að heimilt verði að skrá hlutafé í hlutafélögum og einkahlutafélögum í erlendum gjaldmiðli og hins vegar að því að heimilt verði að færa bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað þess að tilgreina að við umreikning úr íslenskum krónum í annan gjaldmiðil eða annan umreikning skuli miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands samkvæmt nánari reglum verði reglan útfærð nánar á þá lund að ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur ekki við útgáfu hlutabréfa aflað heimildar til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skuli við umreikning í annan gjaldmiðil miða við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin eða það gengi sem gilti þegar innborganir hlutafjár fóru fram. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skuli nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 3. málsl. 2. efnismgr. b-liðar 1. gr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur ekki við útgáfu hlutabréfa aflað heimildar til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal við umreikning í annan gjaldmiðil miða við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðla-

banka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin eða það gengi sem gilti þegar innborganir hlutafjár fóru fram. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Gunnar Birgisson.

1172. Nefndarálit [546. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Hyrnu ehf., Lögmannafélagi Íslands, ríkisskattstjóra, Ríkisendurskoðun og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við 547. mál þar sem lögð er til breyting á lögum um hlutafélög, sem og 347. mál þar sem lögð er til breyting á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Öll frumvörpin snúa að heimild íslenskra fyrirtækja til að nota erlenda gjaldmiðla í rekstri fyrirtækja sinna, annars vegar að því að heimilt verði að skrá hlutafé í einkahlutafélögum og hlutafélögum í erlendum gjaldmiðli og hins vegar að því að heimilt verði að færa bókhald og semja ársreikninga félaga í erlendum gjaldmiðli.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað þess að tilgreina að við umreikning úr íslenskum krónum í annan gjaldmiðil eða annan umreikning skuli miða við kaupgengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands samkvæmt nánari reglum verði nafnverð hlutafjár við umreikning í annan gjaldmiðil í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn. Með þessu fæst samræmi í framkvæmd hvað þetta atriði varðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. málsl. 2. efnismgr. b-liðar 1. gr. orðist svo: Við umreikning í annan gjaldmiðil skal nafnverð hlutafjár vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Gunnar Birgisson.

1173. Nefndarálit [433. mál]

um frv. til l. um útlendinga.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrir liggur frumvarp til laga um málefni útlendinga. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á gildandi lögum sem eru frá 1965, en þau hafa ekki sætt endurskoðun fyrr en nú. Því hefur verið talin mikil og knýjandi þörf á nýrri löggjöf í þessum málaflokki.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því að það var síðast til meðferðar, sumar hverjar til bóta og aðrar alls ekki. Í sumum tilfellum er um verulegar þrengingar að ræða, þar sem áður var talað um rétt útlendinga er einungis heimild í þessu frumvarpi. Hefur þetta verið gagnrýnt af flestum sem veitt hafa umsögn um frumvarpið.

Jafnframt hefur komið fram mikil og málefnaleg gagnrýni á frumvarpið frá þeim sem til málanna þekkja en er ekki tekið tillit til þeirra athugasemda nema að litlu leyti og er það miður. Eflaust væri mun minna um gagnrýni ef vinnulag við upphaflega gerð frumvarpsins hefði verið í samráði við þá sem málaflokkinn þekkja og vinna við hann. Slíkt hefði t.d. verið hægt að gera með skipan vinnunefndar sem unnið hefði að samningu frumvarpsins. Hér er rétt að benda á að slík vinnubrögð voru viðhöfð við vinnslu frumvarps um atvinnuréttindi útlendinga, svo og margra stærri frumvarpa eins og barnaverndarlaga sem nú eru til meðferðar í þinginu.

Minni hlutinn tekur sérstaklega fram að við samningu frumvarpsins var hvorki haft samráð við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Amnesty International, Flóttamannaráð né aðra þá sem best þekkja til þessara mála. Slíkt hefði verið fagleg vinnubrögð og skilað sér í betra frumvarpi. Rétt er að geta þess sérstaklega að verulega umfangsmiklar athugasemdir og vel rökstuddar bárust frá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Lögmannafélagi Íslands, svo og öðrum þeim sem að málaflokknum koma.

Minni hlutinn harmar að um leið og lögin eru endurskoðuð sé ekki nýtt tækifæri til heildarstefnumótunar í málefnum útlendinga, t.d. með samræmdri löggjöf, en einnig liggur fyrir í þinginu frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Að mati minni hlutans hefði því verið kjörið tækifæri til þess nú að móta heildarlöggjöf í málaflokknum sem tæki til flestra mikilvægra þátta er varða stöðu útlendinga sem búa hér og þeirra sem hingað eiga eftir að koma.

Í umsögnum til nefndarinnar og í máli gestanna komu einkum fram ábendingar um nauðsyn þess að það yrði gert. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins segir m.a.: „Í athugasemdum um frumvarpið kemur fram að við samningu frumvarpsins hafi verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf og að verulegu leyti stuðst við norsku útlendingalögin. Þyki þau lög heppileg fyrirmynd þar sem Ísland og Noregur séu einu ríkin á Norðurlöndunum sem eigi aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) en ekki Evrópusambandinu (ESB), auk þess sem ríkin hafi hliðstæða stöðu gagnvart ESB innan Schengen-samstarfsins.“ Síðar segir jafnframt: „Því vekur athygli að vikið er í verulegum atriðum frá því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum varðandi afgreiðslu atvinnuleyfa fyrir útlendinga.“ Og enn segir: „Samtök atvinnulífsins telja það bæði skynsamlegt og hagkvæmt að útgáfa dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga verði færð á eina hendi.“

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að tækifærið til þess að samhæfa, samræma og öðlast heildarsýn yfir þennan málaflokk sé ekki nýtt.

Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á að Norðmenn, Danir, Svíar og Finnar búa allir við heildstæða löggjöf í málefnum útlendinga, ásamt því að þar hefur jafnframt verið mótuð heildstæð stefna af stjórnvöldum í málaflokknum fyrir hverja ríkisstjórn að vinna eftir á hverjum tíma. Slík stefnumótun hefur ekki farið fram af hálfu íslenskra stjórnvalda þrátt fyrir að bæði í frumvarpi til laga um útlendinga, frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga og frumvarpi til laga um flóttamenn sé kveðið á um að tekið sé mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni. Minni hlutinn auglýsir eftir slíkri stefnu frá stjórnvöldum nú.

Minni hlutinn er jafnframt sammála fjölmörgum umsagnaraðilum um frumvarpið í heild sinni en þar segir m.a.:

Alþýðusamband Íslands:

„Það er skoðun ASÍ að samræma þurfi aðkomu stjórnvalda að þessum málaflokki, annaðhvort með því að fella hann alfarið undir eitt ráðuneyti eða undir sameiginlega undirstofnun þeirra. ASÍ beinir því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis að allur þessi málaflokkur verði hafður undir þegar endurskoðun laga á sér stað og að lagt verði í samræmda heildarendurskoðun allra þeirra laga sem við eiga. Markmið þeirrar endurskoðunar verði að tryggja þeim útlendingum sem hingað leita til atvinnuþátttöku eða dvalar um lengri eða skemmri tíma sómasamlega réttarstöðu sem á hverjum tíma sé í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Sá vandi sem við er að glíma og innbyrðis ósamræmi í löggjöf og stjórnsýslu í málefnum útlendinga endurspeglast m.a. í 8. gr. frumvarps til laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi nema honum hafi fyrst verið veitt dvalarleyfi. Skv. 11. gr. frumvarps til laga um útlendinga þarf útlendingur sem hyggst ráða sig til vinnu hér á landi að sýna fram á að hann geti framfleytt sér, hafi sjúkratryggingu o.fl. og skv. 9. gr. getur hann ekki fengið dvalarleyfi nema hafa jafnframt atvinnuleyfi sem bannað er að veita honum nema hann hafi dvalarleyfi. Lög frá Alþingi Íslendinga er ekki hægt að afgreiða með þessum hætti.“

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

„Það er mat undirritaðrar að frumvarp þetta þurfi enn þá nokkurrar endurskoðunar við áður en það verður að lögum. Sum ákvæði þess eru varasöm og bjóða heim mörgum hættum. Að vísu má segja að veldur hver á heldur þegar kemur að framkvæmdinni, en brýnt er að

koma í veg fyrir að þeir fordómar sem þegar eru fyrir hendi í þjóðfélaginu fái færi til útbreiðslu á grundvelli laga sem Alþingi hefur sett.

Auk athugasemda við frumvarpið vill MRSÍ sérstaklega benda á eftirfarandi atriði sem mikilvægt er að lögin kveði á um en er ekki að finna í frumvarpinu:

1. Í frumvarpinu er hvorki að finna skilgreiningu hugtaksins „útlendingur“ né flokkun útlendinga sem mismunandi stöðu hafa samkvæmt landslögum og alþjóðalögum. Væri gott að sjá slíka flokkun strax í upphafi frumvarpsins, bæði til þess að þegar megi ljóst vera til hverra það tekur og hvar ella skuli leita fanga.

Í greinargerð með frumvarpinu er hugtakið „útlendingur“ skýrt þannig að svo teljist „hver sá, sem ekki er íslenskur ríkisborgari samkvæmt lögum um íslenskan ríkisborgararétt“. Síðan er rakið að mismunandi reglur geti gilt um einstaka „flokka“ útlendinga. Taldir eru upp ýmsir flokkar, en sú flokkun er ekki tæmandi. Fyrir þá sem ekki hafa greinargerðina við hendina væri gott að fá þessar upplýsingar í upphafi laganna sjálfra, bæði skilgreininguna og flokkun útlendinga, þar sem vísað væri bæði til kafla í lögunum sjálfum og annarra laga sem einnig fjalla sérstaklega um útlendinga. Þannig kæmust lögin nær því að teljast heildarlöggjöf um útlendinga sem þau verða ekki samkvæmt frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir.

2. Ákvæði sem taki sérstaklega til erlendra barna (innan 18 ára) sem eru eða verða án foreldra/forráðamanna.

Sérstakar reglur þarf að hafa um meðferð mála þegar börn án foreldra eða annarra forráðamanna sækja um hæli og mælist MRSÍ til þess að slíkt ákvæði verði fellt inn í frumvarpið/lögin. Jafnframt er brýnt að setja reglur um það hvernig með skuli fara mál barna sem komið hafa til landsins ásamt foreldri/foreldrum eða forráðamönnum en verða af einhverjum ástæðum einstæðingar, t.d. vegna foreldramissis, skilnaðar foreldra eða brotthvarfs annarra eða beggja frá landinu.

3. Ákvæði sem tilgreini kröfur um menntun og þjálfun þeirra aðila sem fjalla um umsóknir um hæli.

MRSÍ mælist til þess að slíkt ákvæði verði tekið upp í frumvarpið/lögin og að kröfur þær sem gerðar verði til þessara aðila samræmist tilmælum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

4. Ákvæði um að útlendingur skuli njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og íslenskir ríkisborgarar meðan hann dvelst löglega hér á landi – nema annað leiði af gildandi réttarreglum.

Ákvæði um þetta mun hafa verið að finna í fyrri frumvörpum til laga um útlendinga en verið fellt niður. Það er álit MRSÍ að mikilvægt sé að kveða á um þetta sérstaklega.“

Ákvæði er um að lögunum skuli beita í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins þegar tilgangur þeirra er að styrkja réttarstöðu útlendings.

Ákvæði um þetta mun hafa verið að finna í fyrri frumvörpum til laga um útlendinga en verið fellt niður. Það er álit MRSÍ að mikilvægt sé að kveða á um þetta sérstaklega.

Útgáfa dvalarleyfa og útgáfa atvinnuleyfa haldast iðulega í hendur þegar útlendingar flytjast til landsins. MRSÍ telur æskilegt að ákvæði um atvinnuréttindi útlendinga verði felld inn í frumvarp til laga um útlendinga og sömu stjórnvöldum verði falið að annast útgáfu dvalarleyfa og atvinnuleyfa eins og gert er í norsku útlendingalögunum. Ætti það að auðvelda alla framkvæmd og stefnumótun í málefnum útlendinga ef lög og reglur, sem gilda um dvalar- og atvinnuleyfi, væri að finna á sama stað og sömu stjórnvöld önnuðust veitingu leyfanna. Mundi það og auðvelda útlendingum öflun upplýsinga og leiðbeininga um réttarstöðu sína og umsóknir um tilskilin leyfi.

Þá bendir minni hlutinn á að aldrei hefur verið mikilvægara en nú að reyna að nýta sér reynslu annarra þjóða í málefnum útlendinga með því að taka það besta í þeirra löggjöf til þess að tryggja réttarstöðu útlendinga. Frumvarpið fjallar að mestu um útlendinga sem ekki eru frá öðrum Norðurlöndum eða frá Evrópska efnahagssvæðinu eða eins og stundum hefur verið sagt „sýnilega útlendinga“. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að viðurkennt sé það fjölmenningarlega samfélag sem er að finna hér á landi og nýttir kostir þess. Minni hlutinn leggur áherslu á nauðsyn þess að fræða fólk og uppræta fordóma í garð útlendinga, virða mannréttindi og tryggja þeim bestu möguleg réttindi sem völ er á. Jafnframt telur minni hlutinn mikilvægt að minna á þær alþjóðaskuldbindingar sem íslenska ríkið hefur tekist á herðar. Í því sambandi bendir minni hlutinn á umsögn Amnesty International en þar segir m.a.: „Mikilvægt er að lögin endurspegli alþjóðlega samninga sem gerðir hafa verið um réttindi flóttamanna og viðbótarsamninga við þá. Uppfylla þarf allar kröfur sem alþjóðasamfélagið hefur sett er lúta að réttindum flóttamanna til hælis og réttlátrar málsmeðferðar. Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um málsmeðferð í lögunum sjálfum og horfið frá ákvæðum um reglugerðir sem dómsmálaráðherra setji.“ Undir þetta tekur minni hlutinn heils hugar og ítrekar að mikilvægt er að svona stór málaflokkur sé gegnsær og skýr, en svo er alls ekki með það frumvarp sem hér er til afgreiðslu.

Afar miklar umræður urðu í nefndinni um 15. gr. um búsetuleyfi, en þar hefur átt sér stað þrenging frá síðasta frumvarpi, en áður sagði: „Veita skal útlendingi búsetuleyfi“ en nú stendur: „Veita má útlendingi“. Í þessari grein er jafnframt ákvæði um íslenskunám útlendinga.

Við göngum út frá því sem grundvallaforsendu að flestir sem hér vilja búa og starfa kjósi að læra málið og því eigi ekki að binda þetta búseturéttinum. Miklu nær væri að tengja slíkt við umsókn um ríkisborgararétt þegar útlendingar kjósa að tilheyra okkur eins og hver annar sem er hér borinn og barnfæddur. Ekki er tekið undir það að slíkt eigi heima á báðum stöðum. Jafnframt er nauðsynlegt að taka það fram að ekki er um að ræða alla útlendinga. Hér á ákvæðið einungis við um útlendinga sem ekki eru frá Evrópska efnahagssvæðinu og norræna borgara þannig að sá hópur útlendinga sem þetta ákvæði tekur til er mjög afmarkaður og lagðar á hann ríkari skyldur en aðra útlendinga. Slík mismunun gengur ekki að mati minni hlutans.

Þetta atriði hefur verið harðlega gagnrýnt af mörgum en í umsögnum um þessa grein sem við teljum rétt að vísa í hér segir m.a.:

Fjölmenningarráð:

„Alvarleg athugasemd er gerð við liðinn þar sem krafist er þátttöku í íslenskunámskeiði. Hér er að okkar mati um greinilega mismunun að ræða þar sem ekki allir „útlendingar“ þurfa að sækja um búsetuleyfi. T.d. Norðurlandabúar, EES-borgarar og makar Íslendinga. Jafnvel þótt fjölmenningarráði sé fullkomlega ljóst að góð íslenskukunnátta sé lykill erlends fólks að íslensku samfélagi hlýtur það að vera val hvers og eins hvort hann sækir námskeið í tungumálinu eða ekki. Hins vegar ber að auka framboð á íslenskukennslu og gera fólki auðveldara og ódýrara að sækja slík námskeið. Einnig er gerð athugasemd við að í lögunum sé kveðið á um gjald fyrir námskeiðshald sem er lögbundið. Þannig er búseturéttur tengdur uppruna (auðveldara fyrir fólk úr ákveðnu málumhverfi að læra íslensku en öðru), lærdómsgetu og fyrri menntun og efnahag. Eins og fyrr segir gerir fjölmenningarráð alvarlega athugasemd við þennan lið frumvarpsins og trúir því að Ísland geri sig að athlægi í alþjóðasamhengi með slíku ákvæði.“

Toshiki Toma:

„Viðleitni til þess að skylda þátttöku í íslenskunámskeiði áður en búsetuleyfi er veitt er, að mínu mati, byggð á misskilningi um tilgang og hátt til að öðlast til tilgangs.

Í 15. gr. er kveðið á um það að þátttaka í íslenskunámskeiði skuli vera skilyrði til að veita erlendum ríkisborgara búsetuleyfi, og í rauninni lítur út fyrir að kunnátta í íslensku geti verið skilyrði búsetuleyfisins. Í athugasemdum frumvarpsins um þessa grein segir eftirfarandi: „Markmið með slíku námskeiði væri að veita útlendingi innsýn í tungumálið til að auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Eðlilegt er að gera kröfu til þess að sá sem leitar eftir búsetuleyfi hafi lokið slíku námskeiði. Á hinn bóginn þykir ekki ástæða til að gera sérstakar kröfur um námsárangur, til að mynda að sá sem lokið hefur námskeiði hafi náð góðum tökum á málinu eða tali það reiprennandi.“

Hér eru a.m.k. 4 punktar umhugsunarverðir.

Fyrst og fremst er þetta andstætt 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem Ísland er samningsaðili að (undirritaður af Íslands hálfu í desember 1966 og fullgiltur í ágúst 1979): „Allir eru jafnir fyrir lögum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, ... tungu, ... þjóðernisuppruna ... eða annarra aðstæðna.“

„Að veita útlendingi innsýn í tungumálið“ gæti hugsanlega verið hvatning eða þjónusta við erlenda ríkisborgara. Engu að síður, verði það sett í lög sem skylda, væri það ekkert annað en aukaálag fyrir viðkomandi erlendan mann, og alls ekki „auðvelda honum að aðlagast íslensku þjóðfélagi“.

Það er ekki neitt „eðlilegt“ „að gera kröfu til“ tungumálakunnáttu erlends ríkisborgara í lögum til þess að veita honum búsetuleyfi. Þótt tilgangurinn sé réttur og skiljanlegur er óleyfilegt að setja þetta skilyrði í lög.

Þó að í athugasemdum segi um þessa skyldu: „þykir ekki ástæða til að gera sérstakar kröfur um námsárangur“, kemur það ekki fram í lögunum sjálfum.

Hins vegar gefur 5. mgr. 15. gr. dómsmálaráðherra rétt til að setja reglur um námskeið og þess vegna gæti íslenskukunnátta verið skilyrði í raun til að fá búsetuleyfi.“

Alþjóðahús:

„Skilyrði um íslenskunámskeið.

Alvarleg athugasemd er gerð við það að þátttaka í íslenskunámskeiði sé skilyrði búsetuleyfis. Hér er greinilega um að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis því ekki þurfa allir „útlendingar“ að sækja um búsetuleyfi, t.d. Norðurlandabúar, EES-borgarar og makar Íslendinga. Einnig er gerð athugasemd við það að lögin kveði á um gjald fyrir námskeiðshald sem er lögbundið. Þannig er búseturéttur tengdur efnahag og uppruna, þ.e. það er auðveldara fyrir fólk úr ákveðnu málaumhverfi að læra íslensku en öðru. Fólksflutningar milli landa eru sífellt að færast í aukana og Alþjóðahúsi þykir það vera til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag að útlendingar flytji til landsins. Skilyrði þetta skerðir rétt útlendinga til að ráða högum sínum sjálfir og verður að telja þetta skilyrði andstætt nútímamannréttindasjónarmiðum.

Það skal tekið fram að skylda þessi er ekki í lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt.

Heimildarákvæði.

Athugasemd er gerð við það að 15. gr. sé heimildarákvæði. Vísast til sömu athugasemda og varðandi 11. gr. en hér eru enn ríkari ástæður til þess að um sé að ræða rétt en ekki heimild stjórnvalda til útgáfu búsetuleyfis þar sem útlendingur dvelur í landinu.“

Lögmannafélag Íslands:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir þriggja ára samfelldri búsetu sem skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis. Laganefnd telur ástæðu vera til þess að veita leiðbeiningar í lagatextanum sjálfum um við hvað sé átt með samfelldri búsetu þannig að ekki leiki vafi á um réttarstöðu útlendinga sem þurfa vegna atvinnu eða einkaerinda að fara til skemmri og lengri dvalar til útlanda.

Í 1. mgr. 15. gr. er sett fram í einni setningu ákvæði um rétt útlendings til búsetuleyfis ásamt skilyrðum þess réttar. Framsetningin með þessu móti er mjög óljós. Laganefnd mælir með því að kveðið verði á um rétt til búsetuleyfis að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum sem síðan yrðu talin upp hvert í sínum tölu- eða staflið.

Hvað varðar skilyrðið um að útlendingur hafi sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga telur laganefnd vægast sagt hæpið að skylda útlending til að sækja slíkt námskeið, hyggist hann æskja búsetuleyfis hér á landi. Flutningar fólks milli landa hafa sífellt aukist á undanförnum árum um allan heim og sífellt fleiri þjóðfélög bera nú svokölluð fjölþjóðleg einkenni. Íslenskt þjóðfélag hefur ótvíræðan hag af því að útlendingar flytjist hingað og setjist hér að og ekki á að reisa óþarfar hindranir fyrir því að svo geti orðið. Ástæður þess að útlendingar flytjast hingað eru fjölmargar og þörf þeirra til að tileinka sér íslenska tungu mismikil þótt ætla megi að flestir þeirra sem ílendast til langframa læri í henni tiltekin grundvallaratriði. Hvernig sem því er farið verður það þó að vera hverjum og einum í sjálfsvald sett hvort og þá að hvaða marki hann hyggst sækja námskeið í íslensku. Laganefnd fær ekki séð að íslenskri tungu stafi hætta af búsetu útlendinga hér á landi. Hins vegar beinist skylda til að sækja námskeið í erlendu tungumáli að persónu og sjálfsákvörðunarrétti útlendingsins. Þegar þessir hagsmunir eru vegnir og metnir telur laganefnd hagsmuni útlendingsins af að vera eigi skyldaður til tungumálanáms vera meiri, enda aðrar leiðir fyrir hendi til að styðja hagsmuni íslenskrar tungu. Loks vekur laganefnd athygli á því að ekkert sambærilegt skilyrði er að finna í lögum nr. 100/1952, um íslenskan ríkisborgararétt, og gengur frumvarpið því lengra en þau lög, sem felur vissulega í sér nokkur öfugmæli."

Rauði kross Íslands:

„Álitsgjafi setur fram alvarlegar athugasemdir varðandi breytingu á greininni, en í henni er heimild til útgáfu leyfis veitt stjórnvaldi ef nánar tilgreind skilyrði eru uppfyllt. Í fyrra frumvarpi átti útlendingur rétt á slíku leyfi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og er með breytingunni stjórnvaldi falið vald til ákvörðunar um atriði sem kunni að verða tekin af geðþótta auk þess sem breytingin gengur þvert á tilgang laganna. Eftir breytinguna geta útlendingar ekki treyst á þennan rétt sér til handa þrátt fyrir að hafa uppfyllt skilyrði greinarinnar og er slíkur vafi óþolandi."

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur:

„Sú grein hefur breyst og orðalagi hnikað til þannig að ætla má að verið sé að þrengja möguleika fólks/vinnuafls til þess að fá búsetuleyfi. Áður stóð „rétt" til að öðlast búsetuleyfi en því hefur verið breytt og nú stendur „veita má" þannig að það er mun óskilgreindara og skapar e.t.v. óöryggi.

Það virkar óljóst hvort búsetuleyfi komi til eftir þriggja ára dvöl eða sex ára dvöl. Þyrfti að skýra svo það valdi ekki misskilningi.

Enn gildir að það er dómsmálaráðherra en ekki menntamálaráðherra sem setur reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Reglugerðin er eðlilega ekki komin út en hér vakna spurningar eins og hvað á fólk að kunna eða læra.

Engin ábyrgð er lögð á atvinnurekendur – þeim beri að gefa fólkinu svigrúm eða sjá til þess og gefa því tíma til þess að læra íslensku. Hvenær kann maður íslensku? Þeir sem hafa ensku sem dugar sem samskiptamál eru slakastir við að leggja sig fram um að læra íslensku."

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

„Ákvæðið um „rétt" til búsetuleyfis, sem komið var inn í 15. gr. frumvarpsins (sbr. og 12. gr.), var nýmæli sem ástæða var til að fagna. Sú breyting að fella niður ákvæðið um „réttinn" og setja þess í stað heimildarákvæði hlýtur því að valda verulegum vonbrigðum. Fer MRSÍ eindregið fram á að ákvæðið verði fært aftur til fyrra horfs.

Þá er það mat MRSÍ að lögin verði að gera ráð fyrir því að veita megi búsetuleyfi, enda þótt þriggja ára samfelld búseta sé ekki fyrir hendi. Getur það verið heppilegt, t.d. gagnvart útlendingum sem hafa fengið útgefin dvalarleyfi á grundvelli 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins eða vegna þess að þeir falla undir 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. Er æskilegt að í frumvarpinu sjálfu verði fjallað um þau tilvik þar sem þetta kemur helst til greina.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þriggja ára samfelldri búsetu. Æskilegt væri að sjá í frumvarpinu vísbendinga um við hvað sé átt með samfelldri búsetu. Hljóta t.d. ekki styttri ferðir til útlanda vegna atvinnu eða í einkaerindum og jafnvel til stuttrar námsdvalar að rúmast innan samfelldrar búsetu?

4. mgr. 15. gr. gerir ráð fyrir því að búsetuleyfi falli úr gildi þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist erlendis samfellt lengur en tólf mánuði. Getur þetta komið sér illa fyrir útlendinga sem hafa lengi búið á Íslandi, þurfa hins vegar t.d. vegna starfs eða náms að vera erlendis um nokkurt skeið en hyggjast snúa aftur. Gerir frumvarpið enda ráð fyrir að heimila megi útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi sé um það sótt sérstaklega. Æskilegt væri að sjá í frumvarpinu sjálfu vísbendingar um þau tilvik þar sem þetta kemur helst til greina. Enn fremur að sá tími, sem útlendingur getur verið samfellt búsettur eða dvalið erlendis, verði lengdur úr tólf mánuðum í 24 mánuði eins og norsku útlendingalögin gera ráð fyrir.

Krafan um íslenskunám.

MRSÍ leggst eindregið gegn því skilyrði búsetuleyfis að útlendingur skuli hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga.

Sjálfsagt er að hvetja útlendinga til að læra íslensku og búa þeim góð skilyrði til þess, sérstaklega börnum og unglingum, en hæpið að skylda þá til þess. Íslenska er erfitt tungumál og verður ekki lærð á skömmum tíma; því yrði erfitt að finna kunnáttumörk til að miða við.

Reynslan hefur sýnt að þeir útlendingar, sem ekki hafa góða enskukunnáttu, læra íslensku mun fyrr en þeir sem nota ensku, enda hvetja Íslendingar sjálfir enskumælandi fólk óspart til að nota það mál fremur en íslensku. Gera má ráð fyrir að útlendingar, sem á annað borð hafa áhuga á að koma hingað til langdvalar, muni nýta sér íslenskunámskeið sem standa til boða hafi þeir til þess ráð og tíma.

Það er hins vegar mat MRSÍ að lögbundin þvingun verði til þess eins fallin að gera útlendinga fráhverfa íslenskri tungu. Brýnt er hins vegar að leggja mun meiri áherslu en nú er gert í skólakerfinu á að tryggja að börn og unglingar fái öfluga kennslu, bæði í íslensku og sínu eigin móðurmáli. Með því læra þau að skilja á milli tungumálanna og hafa af báðum nauðsynleg not – og þannig munu þau í framtíðinni gagnast íslensku samfélagi betur en ella. Væri rétt að þessu máli staðið mundi safnast hér á landi fjölbreytt tungumálamenning sem yrði landinu mikilvæg auðlind í hinum fjölbreytilegu samskiptum þjóða heims."

Minni hlutinn mun ekki koma með breytingartillögur við frumvarpið þar sem það þyddi í raun að semja yrði nýtt frumvarp þar sem sameinað yrði í einn lagabálk bæði atvinnuréttindi og öll önnur almenn réttindi útlendinga. En slíkt er frumforsenda þess að heildarsýn sé í þessum mikilvæga málaflokki.

Þegar þetta frumvarp kom fyrst fram var mikið talað um að hér væri um að ræða frumvarp áþekkt lögum sem gilda í Noregi. Slíkt er að sjálfsöðu ekki því mörgu af því besta í norsku lögunum er sleppt hér og annað sett inn sem ekki er þar að finna.

Hér eru nokkur atriði sem talið er mikilvægt að hnykkja á vegna þessa umdeilda frumvarps.

- Allt of víðtækt valdaframsal til dómsmálaráðherra er í frumvarpinu og eru reglugerðarheimilidir allt of margar sem gerir frumvapið ógegnsætt og erfitt að vinna eftir því fyrir þá sem kanna þurfa réttarstöðu útlendings, hvað þá útlendinga sjálfa sem þurfa að átta sig á slíku.
- Rýmka þyrfti undanþágureglur vegna útgáfu og endurnýjunar dvalarleyfis eftir að útlendingur er kominn til landsins.
- Gagnrýnt er að krafa um að sjúkratrygging þurfi að vera fyrir hendi fyrir útgáfu dvalarleyfis þar sem ekki hefur verið gerður samningur við Tryggingastofnun ríkisins vegna útlendinga og iðgjöld tryggingafélaga eru allt of há, auk þess sem slík krafa er ekki gerð í öðrum norrænum lögum.
- Minni hlutinn telur rétt að víkka hefði átt skilgreiningu á nánustu aðstandendum útlendings sem öðlast geta dvalarleyfi. Slíkt var ekki gert.
- Minni hlutinn hefur efasemdir um skyldu sem lögð er á útlendinga til að sækja íslenskunámskeið vegna búsetuleyfis þar sem slík krafa er ekki einu sinni gerð hvað varðar ríkisborgararétt. Jafnframt er hér aðeins um skyldu hluta útlendinga sem í landinu búa. Minnt er á fjölda umsagna sérfróðra aðila um þetta efni
- Minni hlutinn hefði kosið að stofnuð hefði verði kærunefnd í málefnum útlendinga en slík nefnd mundi styrkja réttarstöðu þeirra. Jafnframt hefði verið nauðsynlegt að við Útlendingastofnun starfaði sérstök stjórn sem tæki t.d. á málum vegna synjana og annarra kærumála sem upp geta komið. Slík er málsmeðferðin í norsku lögunum.
- Minni hlutinn hefði viljað sjá breytingar til að skýra frekar andmælarétt útlendings og styrkja stöðu hans til að skýra máls sitt við málsmeðferð þegar ákvörðun er tekin í máli hans.
- Ekki er tekið sérstaklega á málefnum barna í frumvarpinu, en alls staðar á Norðurlöndunum hafa komið upp mörg mál þar sem börn eru send forsjárlaus á milli landa, og er þannig ástatt t.d. fyrir meira en 400 börnum í Noregi og Svíþjóð.

  Í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram að hann sjái ekki ástæðu til að taka það sérstaklega inn í frumvarpið, slík mál yrði að skoða í tengslum við barnaverndarlög. Rétt er að taka fram að ekki er tekið sérstaklega á vanda þessa hóps barna, en fyrir þinginu er nú til afgreiðslu nýtt barnaverndarlagafrumvarp. Mikilvægt er að settar séu sértækar reglur um það hvernig á að taka á slíkum málum sem upp geta komið. Mikilvægt er að kveða á um samstarf aðila vegna slíkra mála – hafa borð fyrir báru í jafnalvarlegum málum. Því telur minni hlutinn að á því hefði átt að taka í lögunum.
- Allt of víðtæk heimild er í 55. gr. frumvarpsins um vinnslu persónuupplýsinga. Nauðsynlegt hefði verið að gera breytingartillögu vegna orðalags greinarinnar. Slíkt var ekki gert en rætt um þetta sérstaklega í nefndaráliti sem er á engan hátt nægjanlegt að mati minni hlutans. Í umsögn Persónuverndar kemur m.a. fram eftirfarandi:

  „Nýju ákvæði (55. gr.), um vinnslu persónuupplýsinga, hefur nú verið bætt í frumvarpið. Þar er m.a. kveðið á um heimild Útlendingastofnunar og lögreglu til vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra, að því marki sem slík vinnsla geti talist nauðsynleg við framkvæmd laganna og að heimilt sé við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu eftir þörfum.

Fyrrgreint orðalag er að mati Persónuverndar of víðtækt og óskýrt. Minnt skal á að í raun hefur löggjafinn ekki alveg frjálsar hendur um það hvernig hann hagar lagasetningu um málefni sem varða meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

Persónuvernd vísar jafnframt í ákvæði stjórnarskrár og ýmsar alþjóðaskuldbindingar, svo og samninga sem Ísland er aðili að, og telur að þetta ákvæði standist ekki gagnvart þeim samningum.“

Í lok umsagnar Persónuverndar segir um þessa grein frumvarpsins:

„Með vísun til alls þess er að framan greinir er lagt til að umræddri frumvarpsgrein verði breytt þannig að tryggt verði að Útlendingastofnun fái ekki aðrar upplýsingar frá lögreglunni en eingöngu þær sem ótvírætt tengjast umsækjendum um dvalarleyfi og aðeins þær upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við afgreiðslu stofnunarinnar á þeim málum. Þá er að mati Persónuverndar óeðlilegt að lögreglan fái, án dómsúrskurðar, aðgang að skrám Útlendingastofnunar um málefni útlendinga, nema slíkur aðgangur sé nauðsynlegur gagngert vegna rannsóknar á tilteknu máli er varðar útlending eða eftirlit með útlendingum. Samkvæmt framansögðu verður sá aðgangur að vera takmarkaður við viðkomandi útlending og þær upplýsingar um hann sem skipt geta máli varðandi viðkomandi rannsókn.“

Að öllu þessu framansögðu, og er þó ekki allt upp talið hvað varðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, má ljóst vera að minni hlutinn getur ekki sætt sig við frumvarpið í þeirri mynd sem það er nú. Til þess að slíkt væri hægt hefði orðið að leggja mun meiri vinnu í það og taka hefði þurft meira tillit til fjölda þeirra ábendinga og tillagna sem nefndinni bárust, auk umræðna sem urðu með öllum þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar.

Minni hlutinn getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins eins og það lítur út.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. apríl 2002.

Guðrún Ögmundsdóttir, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

1174. Fyrirspurn [712. mál]

til iðnaðarráðherra um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig verður farið með mat það sem umsjónarnefnd á vegum Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma skilaði iðnaðarráðuneyti í október 2001, um gildi lands norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð?
2. Er fyrirhuguð sérstök kynning á skýrslu nefndarinnar eða útgáfa hennar og tengdra gagna?

1175. Fyrirspurn [713. mál]

til menntamálaráðherra um fjármálafræðslu í skólum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Er fjármálafræðsla lögbundin grein í grunn- eða framhaldsskólum?
2. Hvenær var fjármálafræðsla tekin upp í skólum?
3. Í hvaða bekkjum grunn- eða framhaldsskóla fer fjármálafræðsla fram?
4. Hvaða námsefni er kennt um fjármál annars vegar í grunnskólum og hins vegar framhaldsskólum og til hvaða þátta fjármála nær það námsefni?

Skriflegt svar óskast.

1176. Breytingartillögur [359. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Margréti Frímannsdóttur.

1. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Tryggingastofnun er heimilt, í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að víkja frá búsetuskilyrði 1. málsl. við greiðslu barnalífeyris.
2. Við bætist ný grein er verði 24. gr. og orðist svo:
   5. gr. laganna orðast svo:
   Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka eða öðrum þeim sem heldur heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega maka- eða umönnunarbætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

1177. Frumvarp til laga [714. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð vegna útgáfu móður-

félags Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi og koma í stað ákvæða laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, varðandi þá ábyrgð sem lögin taka til.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Yfirlit.

Íslensk erfðagreining ehf. („ÍE“) og móðurfyrirtæki þess deCODE genetics Inc. („deCODE“) hafa ákveðið að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi ÍE. Hin nýja nálgun ÍE á sviði grunnrannsókna byggðum á lýðerfðafræði gerir lyfjaþróun á þeim grundvelli afar áhugaverða, ekki síst vegna þess forskots, sem árangur sem ÍE hefur þegar náð á framangreindu sviði veitir.

Sú uppbygging sem ÍE fyrirhugar krefst fjárfestingar sem nemur um 35 milljörðum króna. Er gert ráð fyrir að 250–300 ný störf geti skapast hér á landi innan tveggja til þriggja ára ef fyrirætlanir fyrirtækisins ganga eftir.

Til þess að stuðla að því að framangreind starfsemi komist á fót er gert ráð fyrir aðstoð íslenska ríkisins við fjármögnun verkefnisins, í formi ábyrgðar á skuldabréfum sem deCODE gefur út og munu verða notuð við fjármögnun nýrrar starfsemi ÍE. Skuldabréfin verða umbreytanleg í hlutafé í deCODE við tilteknar aðstæður sem nánar er lýst hér á eftir.

Þessi aðkoma hins opinbera byggir á markmiðum ríkistjórnarinnar um eflingu hátækniiðnaðar hér á landi og mótun eftirsóknarverðra skilyrða fyrir starfsemi sem rekin er í alþjóðlegu umhverfi.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu telst vera lögmæt ríkisaðstoð í skilningi ákvæða EES-samningsins. Áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu þessa iðnaðar í Evrópu og hefur Evrópusambandið m.a. hvatt til þess að opinberir aðilar leggi sitt af mörkum.

Á undanförnum árum hefur byggst upp mikilvæg þekking á þróun lyfja innan fyrirtækisins. Með einangrun erfðavísa hefur ÍE þegar fundið ný lyfjamörk[1] sem eru áhugaverð til lyfjaþróunar og hefur fyrirtækið mótað þá stefnu að hefja markvissa vinnu á grundvelli þessa. Helstu ástæður þessarar stefnumótunar eru:

- Lyfjaiðnaðurinn er einn arðbærasti iðnaður í heimi. Dæmi eru um að takist einstökum fyrirtækjum að koma 1–2 lyfjum á markað hafi það afgerandi áhrif á þróun og uppbyggingu slíkra fyrirtækja.
- Fyrirtækið vill taka aukinn þátt í verðmætasköpun sem möguleg er á grundvelli frekari þróunar á uppgötvunum þess.
- Mat erlendra ráðgjafarfyrirtækja er að beiting erfðafræðilegra aðferða við lyfjaleit geti lækkað þróunarkostnað við ný lyf um 30 - 40% og stytt þróunartímann um 10–20%.

---

[1] E. „drug target“. Lyfjamark er sú sameind eða safn sameinda í mannslíkamanum sem lyfjaskimun er beint að. Finnist virkt lyfjaefni hefur það áhrif á starfsemi lyfjamarksins á einn eða annan hátt, t.d. með örvun eða hömlun. Lyfjamarkið er sá hluti líkamans sem gera má ráð fyrir að starfi óeðlilega þegar sjúkdómseinkenni koma fram.

- Sá árangur sem náðst hefur í lýðerfðafræðirannsóknum ÍE sýnir að fyrirtækið býr yfir möguleikum til að þróa lyf hraðar og ódýrar en aðrir með nýjum aðferðum við að finna vænleg lyfjamörk.
- Innan fyrirtækisins er fyrir hendi umfangsmikil reynsla á vísinda-, tækni- og viðskiptasviðum sem auðveldar uppbyggingu þessarar nýju starfsemi.
- Sú þekking sem ÍE hefur byggt upp til þess að finna erfðavísa sem valda sjúkdómum skapar fyrirtækinu raunhæfa möguleika til að nýta uppgötvanir í erfðafræði við lyfjaþróun.
- ÍE hefur þegar fundið ný lyfjamörk með einangrun erfðavísa, sem síðan verður hægt að vinna með við lyfjaþróun.

2. Lyfjaþróun og lyfjaiðnaðurinn.

2.1. Yfirlit.

Fyrirtæki sem sérhæfa sig í líftækni hafa í auknum mæli komið inn á lyfjamarkaðinn. Þannig er stærsta líftæknifyrirtæki heims, Amgen Inc. í hópi stærstu lyfjaframleiðenda. Starfsemi Amgen byggðist fyrst og fremst upp í kringum lyfið Epogen sem hefur að geyma náttúrulegt hormón sem greint var með aðferðum líftækninnar. Lyfjaiðnaðurinn er einn arðbærasti iðnaður í heimi og veltir árlega upphæð sem svarar 250 milljörðum Bandaríkjadala. Vöxtur lyfjaiðnaðarins hefur að verulegu leyti átt sér stað hjá fyrirtækjum sem staðsett eru í Bandaríkjunum. Þróun og markaðssetning 1-2 lyfja hafa í mörgum tilfellum haft afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll og uppbyggingu einstakra fyrirtækja.

Áætlað er að heildarkostnaður við þróun nýs lyfs sé á bilinu 5-800 milljónir dala. Kostnaður liggur að stóru leyti í mjög hárri brottfallstíðni, enda má reikna með að fyrir hvert lyf sem lyfjafyrirtækjum tekst að koma á markað hafi sami aðili þurft að gefast upp á þróun á yfir 1.000 efnasamböndum. Einungis 1 af hverjum 10 lyfjum sem fundin eru upp halda áfram inn í klíniskar tilraunir, þ.e. komast á það stig að tilraunir verði hafnar á mönnum. Ástæður hárrar brottfallstíðni er einkum að finna í þeirri aðferð sem helst hefur verið notuð við lyfjaþróun og byggir á slembileit. Því hefur lyfjaiðnaðurinn í auknum mæli leitað eftir skilvirkari og ódýrari aðferðum við að frumþróa lyf, t.d. með því að beita erfðafræði við leit að vænlegum lyfjamörkum áður en líffræðileg áhrif lyfsins, hin eiginlega lyfjaskimun, eru rannsökuð. Með því móti er hægt að auka líkur þess að lyfið nái árangri í klínískum tilraunum sem er einn allra dýrasti þátturinn í lyfjaþróunarferlinu.

2.2. Nýjar leiðir.

Fram hafa komið nýjar leiðir við að þróa lyf sem byggja á því að nýta sér öra framþróun í erfðarannsóknum við að finna ný lyfjamörk og þróa ný lyf byggð á þeim (e. „biopharmaceuticals"). Einnig er notuð nýjasta tölvutækni til þess að stytta leiðina sem mest.

Helstu skrefin í nútíma lyfjaþróun eru þrjú:

1. Erfðafræði og líffræði sem miða að því að finna ný lyfjamörk („target identification and validation").
2. Efnafræði sem miðar að því að búa til lyf sem hefur æskileg áhrif á viðkomandi lyfjamark („screening and chemical optimisation").
3. Þróun á lyfi til skráningar á markaði („pre-clinical and clinical studies").

ÍE hefur náð töluverðum árangri í uppbyggingu líffræðihluta þessarar vinnu. Sú starfsemi sem ÍE hefur í hyggju að byggja upp er sérhæfð líffræði- og efnafræðideild sem hefur að markmiði að nýta niðurstöður þeirra grunnrannsókna sem unnar hafa verið hjá ÍE til lyfjaþróunar.

Á grundvelli sérstöðu í líffræði- og erfðafræðirannsóknum telur ÍE sig geta beitt nýjum aðferðum við að þróa lyf sem lækka þróunarkostnað og þar með heildarkostnað við lyfjagerð. Talið er að notkun á erfðafræði við lyfjaleit geti lækkað þróunarkostnað við nýtt lyf um 30–40% og stytt þróunartímann um 10–20%.

Sú aðferðafræði að nota lýðerfðafræði við þróun lyfja er að slíta barnskónum. ÍE er komið lengra á þessu sviði en flest önnur fyrirtæki í heiminum og má því til staðfestingar benda á árangur sem fyrirtækið hefur náð í samvinnu við Hoffmann-La Roche í rannsóknum á erfðum algengra sjúkdóma.

3. ÍE og lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði.

3.1. Rannsóknir ÍE.

Sérstaða og einsleitni íslensku þjóðarinnar eru meðal þátta sem leitt hafa til uppgötvana sem ÍE hefur kynnt opinberlega. Sagt hefur verið frá erfðavísum sem eru orsakavaldar í meingerð geðklofa, heilablóðfalls og æðakölkunar svo dæmi séu tekin. Í sumum tilfellum hefur einangrun þessara erfðavísa leitt til þess að fundin hafa verið ný lyfjamörk sem hægt er að vinna með við áframhaldandi lyfjaþróun.

Sú þekking sem ÍE hefur byggt upp til þess að finna erfðavísa sem valda sjúkdómum býður upp á þann möguleika að fyrirtækið geti orðið eitt af fáum sinnar tegundar í heiminum sem starfa við það að breyta upplýsingum í erfðafræði í lyf. Þessi staða skapar ÍE tækifæri til að hasla sér völl á sviði lyfjaþróunar sem unnin verður á grundvelli niðurstaðna rannsókna í núverandi starfsemi. Til þess að nýta þetta tækifæri er talið skynsamlegt að byggja upp nýja deild innan fyrirtækisins sem mun einbeita sér að þessari starfsemi.

3.2. Uppbygging lyfjaþróunar.

Áformað er að byggja upp lyfjaþróunardeild sem getur haldið gangandi u.þ.b. 4 umfangsmiklum verkefnum á sama tíma. Endanlegur fjöldi verkefna er þó háður ýmsum þáttum, svo sem:

- Hversu erfitt er að vinna með viðkomandi lyfjamark.
- Samkeppnisaðilum.
- Mögulegum ávinningi.

Í dæmigerðu lyfjaþróunarfyrirtæki af þessari stærðargráðu starfa 80–120 líffræðingar sem hafa sérhæft sig á sviði lyfjaþróunar, auk aðstoðarfólks sem flest væri sérmenntað á sviði hugbúnaðargerðar fyrir lyfjaþróun og einnig þyrfti einstaklinga með menntun á sviði lyfjaþróunar og dýralækninga. Heildarfjöldi starfsmanna er því áætlaður 250–300.

3.3. Verðmætasköpun lyfjaþróunar hjá ÍE.

Ef horft er heildstætt á þróunarferli lyfja, allt frá grunnrannsóknum til markaðshæfrar vöru, er ljóst að mesta verðmætaaukningin á sér stað þegar lengra líður á ferlið. Eftirsóknarvert er því fyrir ÍE að auka verðmætasköpun sína með þátttöku á síðari stigum lyfjaþróunar. Hins vegar eru tekjumöguleikar af starfseminni á mismunandi stigum:

- *Með sölu á efnasamböndum og rannsóknum á mismunandi stigum til annarra lyfjaþróunarfyrirtækja.*
- *Með samstarfssamningum við þriðja aðila.* Verkefni sem hin nýja deild mundi vinna að væri einnig hægt að þróa í samstarfi við öfluga samstarfsaðila t.d. stór lyfjafyrirtæki sem koma að þróun og fjármögnun verkefnanna. Eftir því sem ÍE nær að þróa einstök verkefni lengra áður en samstarf við þriðja aðila kemur til, verður hagnaðarhlutdeild fyrirtækisins hærri.

– *Með þróun á efnasamböndum frá þriðja aðila.* Samhliða því að byggja upp sína eigin lyfjaþróun mundi ÍE leitast við að fá sérnytjaleyfi fyrir önnur lyfjasambönd á ýmsum stigum lyfjaþróunar frá þriðja aðila sem gera félaginu kleift að koma inn í verkefni sem eru langt komin og stytta þróunartímann. Þetta mun einnig minnka umtalsvert áhættu í rekstri félagsins með þeim tekjum sem af þessu skapast.

Markmið uppbyggingar félagsins með ofangreindum hætti er að auka sveigjanleika í rekstri og tryggja tekjustreymi til fyrirtækisins fyrr en ella. Með því er dregið úr almennri áhættu í verkefninu. Með uppbyggingu innviða sem henta til lyfjaþróunar mun ÍE verða vænlegri samstarfsaðili fyrir önnur fyrirtæki þar sem ÍE getur veitt fjölbreyttari þjónustu og axlað meiri ábyrgð.

3.4. Fjármagnsþörf.

Kostnaður við fjárfestingu í tengslum við lyfjaþróun ásamt rekstri fyrstu 7 árin er áætlaður um 35 milljarðar króna. Gera má ráð fyrir meiri kostnaði en þessum 35 milljörðum króna þegar og ef að því kemur að koma lyfjum í gegnum klíníska fasann við lok framangreinds tímabils. Stefnt er að því að fjármögnun þess áfanga fari fram á markaði með frekari lántökum eða sölu hlutafjár. Á þeim tímapunkti verður hægt að staðreyna árangur þróunarstarfsins. Einnig er mögulegt að standa að fjármögnun með fyrirfram útgáfu nytjaleyfa til frekari þróunar og markaðssetningar, líkt og ÍE hefur gert í samstarfi við Hoffmann-La Roche í núverandi starfsemi.

4. Staðsetning fyrirtækisins.

Flest fyrirtæki sem starfa á sviði lyfjaþróunar í heiminum eru staðsett í Bandaríkjunum, m.a. í Kísildal í Kaliforníu og í nágrenni Boston, þar sem margir háskólar, fyrirtæki, birgjar og aðrir aðilar með sérþekkingu á þessu sviði hafa starfsemi sína. Lyfjafyrirtækjum í Bandaríkjunum hefur á undanförnum árum og áratugum tekist að ná betri árangri í þróun og markaðssetningu nýrra lyfja en fyrirtækjum í Evrópu. Þannig hefur lyfjaiðnaður í Evrópu staðið höllum fæti hvort sem litið er til hefðbundins lyfjaiðnaðar eða til lyfjaþróunar sem byggir á erfðatækni. Evrópusambandið hefur í ljósi þessa lagt sérstaka áherslu á eflingu þessarar starfsemi í Evrópu.

Öflun fjármagns til lyfjaþróunarstarfsemi sem staðsett er á fyrrgreindum svæðum í Bandaríkjunum er að mörgu leyti einfaldari þegar kemur að stofnun nýrra fyrirtækja. Sterk rök þurfa að vera fyrir því gagnvart fjármagnsaðilum að staðsetja starfsemina á öðrum svæðum.

Íslensk erfðagreining telur hins vegar að ýmsir kostir geti fylgt því að starfsemin verði staðsett á Íslandi. Má þar einkum nefna:

– Grunnur rannsókna er nú þegar unninn á Íslandi með erfðafræðirannsóknum ÍE. Þegar fram í sækir má einnig gera ráð fyrir að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði nýtist vel í lyfjaþróun. Nálægð við starfsemi ÍE og sérhæft starfsfólk ÍE er ótvíræður kostur við áframhaldandi rannsóknir og þróun fyrirtækisins á uppgötvunum sem leiðir af grunnrannsóknunum í lýðerfðafræði.
– Almennur stuðningur stjórnvalda, almennings, heilbrigðiskerfisins og fagfólks á sviði heilbrigðiþjónustu hér á landi styrkir starfsemi og almennt rekstrarumhverfi fyrirtækisins.

Með þeirri aðstoð ríkisins sem lögð er til í frumvarpinu og nálægð við núverandi starfsemi ÍE er talið að staðsetning starfseminnar á Íslandi sé góður kostur sem skilað geti fyrirtækinu ávinningi þegar fram í sækir. Þá má benda á að með stofnun ÍE hér á landi hefur á skömmum

tíma tekist að byggja upp 600 manna hátæknifyrirtæki. Þar hefur skapast reynsla sem nýtast mun við uppbyggingu á nýrri starfsemi.

5. Aðkoma stjórnvalda.

5.1. Almennt.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir margháttuðum aðgerðum til að skapa fyrirtækjum sem starfa vilja á Íslandi eftirsóknarvert starfsumhverfi. Samhliða auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum hafa augu stjórnvalda í vaxandi mæli beinst að því að treysta samkeppnisstöðu fyrirtækja, meðal annars með nýlegri lækkun fyrirtækjaskatta. Þessi stefna var og er nauðsynleg til þess að fyrirtæki geti mætt sífellt aukinni samkeppni erlendra keppinauta þar sem landamæri skipta sífellt minna máli og fjármagn og fyrirtæki leita einfaldlega til þeirra landa sem bjóða hagstæðustu aðstæðurnar. Íslenskt atvinnulíf býr að mörgu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, meðal annars vegna smæðar markaðarins, fjarlægðar frá erlendum mörkuðum og þar með meiri flutningskostnaðar o.fl. Þess vegna skiptir jafnvel enn meira máli hér á landi en annars staðar að skapa atvinnulífinu starfsskilyrði sem eru ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri.

Með því að greiða fyrir nýrri starfsemi ÍE og uppbyggingu hátæknisamfélags á Íslandi sem hefur mikla þjóðhagslega þýðingu, styrkir það efnahag þjóðarinnar þegar til lengri tíma er litið. Áhersla á þennan iðnað er í takt við stefnumótun í öðrum Evrópuríkjum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur kallað eftir því að stjórnvöld einstakra ríkja leiti leiða til að styrkja lyfjaþróun í Evrópu þannig að samkeppnisstaða gagnvart fyrirtækjum í Bandaríkjunum styrkist. Á síðustu 10 árum hafa fyrirtæki í Evrópu dregist aftur úr á þessu sviði og er hvatt til þess að unnin verði bragarbót þar á. Telur framkvæmdastjórnin að þetta takist ekki án sýnilegrar þátttöku opinberra aðila.

5.2. Möguleikar við eflingu hátækniiðnaðar.

Aðkoma ríkisins getur verið með margvíslegum hætti. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum beitt margháttuðum almennum aðgerðum til að styrkja rekstrarumhverfi fyrirtækja, efla rannsóknarstarf á Íslandi og leggja áherslu á menntun á sviði hátækni. Til að styðja áætlanir ÍE um uppbyggingu á nýrri starfsemi verður að koma til aðstoð sem sérstaklega er beint að þessu verkefni. Sú leið sem stjórnvöld telja að skili mestum ávinningi fyrir báða aðila m.a. með tilliti til áhættu, er að veitt verði einföld ríkisábyrgð (bakábyrgð) á skuldabréfum gefnum út af deCODE.

5.3. Ástæður fyrir aðkomu ríkisins.

Hægt er að telja upp ýmsar ástæður fyrir því að ríkið komi að þessum áformum ÍE. Einkum má benda á eftirfarandi:

- *Sérhæft verkefni.* Með því að hefja lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði er ljóst að Ísland væri að skipa sér í flokk með þróuðustu ríkjum á sviði hátækni. Lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði er ein af þeim hátæknigreinum sem kallaðar hafa verið „iðnaður 21. aldarinnar".
- *Staðsetning verkefnisins.* Ein meginforsenda þess að unnt verði að starfrækja verkefnið á Íslandi er aðkoma ríkisvaldsins með þeim hætti sem hér er lagt til.
- *Efnahagsleg áhrif.* Verkefnið hefur jákvæð efnahagsleg áhrif. Þegar litið er til þjóðhagslegra áhrifa er varlegt að ætla að margfeldisáhrif 250–300 starfsmanna í frumframleiðslu, rannsóknum og þróun séu a.m.k. tvöföld miðað við bein efnahagsleg áhrif.

- *Stærð verkefnisins.* Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að eðlilegt er að leitað sé eftir samstarfi við stjórnvöld.
- *Nýsköpun.* Um er að ræða verkefni á sviði nýsköpunar, þekkingar- og hátækniiðnaðar sem er til þess fallið að auka fjölbreytni í atvinnulífi, efla menntun og þekkingarstig og gera landið eftirsóknarverðara fyrir hátækni- og háþekkingarfyrirtæki.

5.4. Ríkisaðstoð.

Samkvæmt 61. gr. EES-samningsins, og leiðbeiningarreglum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um ríkisaðstoð, er stjórnvöldum heimilt að veita ríkisaðstoð á sviði rannsóknar- og þróunarverkefna (research & development) og getur sú ríkisaðstoð ýmist verið í formi beinna fjárstyrkja, skattaívilnana eða ríkisábyrgða svo dæmi séu nefnd. Um sérstakar ríkisábyrgðir til rannsókna- og þróunarverkefna gilda almennt minni kröfur um greiðslu markaðsverðs (iðgjalds) og tryggingar fyrir ríkisábyrgðina en ef um almenna ríkisábyrgð væri að ræða.

Álitið er að ríkisábyrgð sú sem veitt er með frumvarpi þessu uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsókna- og þróunarverkefnis, eins og þau eru tilgreind í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð. Tilkynna þarf um ríkisaðstoð af þessum toga til eftirlitsstofnunar EFTA og verður það gert samhliða frumvarpi þessu.

Ríkisábyrgðin, sem frumvarpið kveður á um, getur jafnframt uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð fari svo að ESA telji að ekki sé unnt að líta á ríkisábyrgðina sem sérstaka ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis. Eru þau almennu skilyrði sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Ákvörðun um gjaldtöku fyrir ríkisábyrgðina mun m.a. ráðast af því hvers eðlis ríkisaðstoðin sem í frumvarpinu felst verður talin vera.

5.5. Lög um ríkisábyrgðir.

Um veitingu almennra ríkisábyrgða gilda lög nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Eins og fram kemur í 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að ákvæði þeirra laga gildi ekki um þá ríkisábyrgð sem frumvarpið tekur til að undanskilinni 5. gr. laganna sem kveður á um eftirlit Ríkisábyrgðasjóðs vegna veittra ríkisábyrgða og að sjóðurinn skuli halda afskriftareikning vegna veittra ábyrgða.

Í lögum nr. 121/1997 eru sett fram ítarleg skilyrði fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir heimildum til ríkisábyrgða á sviði rannsóknar- og þróunarverkefna í lögum nr. 121/1997, enda um almenn lög að ræða.

Þar sem litið er á ríkisábyrgðina samkvæmt frumvarpinu sem lögmæta ríkisaðstoð til rannsókna- og þróunarverkefnis, í skilning ákvæða EES-samningsins og leiðbeiningarreglna ESA um ríkisaðstoð, þykir eðlilegt að ábyrgðarveitingin taki mið af þeim skilyrðum sem þar eru skilgreind.

Við undirbúning frumvarpsins var þó höfð hliðsjón af ákvæðum 2. gr. ríkisábyrgðarlaga þar sem kveðið er á um að í frumvarpi um veitingu ríkisábyrgða skuli liggja fyrir umsögn á eftirtöldum þáttum:

1. *Greiðsluhæfi skuldara.*
2. *Afskriftarþörf vegna áhættu af ábyrgðum.*
3. *Tryggingum sem lagðar verða fram vegna ábyrgðarinnar.*
4. *Áhrifum ríkisábyrgða á samkeppni á viðkomandi sviði.*

Varðandi greiðsluhæfi skuldara má benda á að eigið fé deCODE var í lok árs 2001 rúmlega 17,5 milljarðar króna. Hvað varðar afskriftarþörf vegna áhættu er, með hliðsjón af

sterkri eiginfjárstöðu skuldara, ekki talin þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning á þessu stigi. Áskilnaður um tryggingar tengist fyrst og fremst almennum ríkisábyrgðum en ekki sérstakri ríkistoð í formi ríkisábyrgðar til rannsókna- og þróunarverkefna. Þar sem talið er að ríkisábyrgð samkvæmt frumvarpinu uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar á sviði rannsókna- og þróunar hefur ekki þótt ástæða til að leggja mat á sérstakar tryggingar vegna ábyrgðarinnar. Um áhrif ríkisábyrgðarinnar á samkeppni á viðkomandi sviði er vísað til kafla 5.6 í greinargerðinni og fyrri umfjöllunar þar sem lögð er áhersla á sérstöðu verkefnisins með tilliti til hugsanlegrar samkeppni.

5.6. Mat á áhrifum ríkisábyrgðarinnar á samkeppni.

Markaðurinn sem ríkisábyrgðin beinist að er á sviði líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) á evrópska efnahagssvæðinu sem einkennist af slæmri samkeppnisstöðu gagnvart öðrum mörkuðum, sér í lagi Bandaríkjunum, og hefur sú staða leitt til lítillar fjárfestingar á viðkomandi markaði. Markaðurinn er því lítið háður samkeppni eða samkeppnisröskunum. Á hinn bóginn er meiri samkeppni á lyfjaframleiðslu- og lyfjavörumarkaði og sá markaður því viðkvæmari fyrir hvers konar samkeppnisröskunum. Mikilvægt er því að greina á milli líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Enn fremur má hér benda á, eins og áður hefur komið fram, að innan ESB hefur verið hvatt til þess að ýtt verði undir rannsókna- og þróunarverkefni í líftækniiðnaði til að evrópska efnahagssvæðið verði samkeppnishæfara við markaði utan þess á því sviði. Með hliðsjón af ofangreindu er ekki gert ráð fyrir því að umrædd ríkisábyrgð hafi skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði.

6. Fyrirhuguð fjármögnun með ríkisábyrgð.

6.1. Almennt.

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag fjármögnunar verði með þeim hætti að deCODE gefi út flokk skuldabréfa til allt að 7 ára með ábyrgð ríkisins með eða án milligöngu alþjóðlegs fjárfestingarbanka. Með því er lítil áhætta við sölu eða útboð á bréfunum og fjármagn skilar sér beint til ÍE. Fyrirkomulag fjármögnunarinnar getur breyst frá því sem kynnt er í frumvarpinu enda munu endanlegir skilmálar ráðast í samningum um fjármögnum þegar þar að kemur.

6.2. Umbreytingarskilmálar skuldabréfanna.

Gert er ráð fyrir að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingarskilmálum sem miða að því að á tilteknum tímapunkti verði skuldabréfunum breytt í hlutabréf í deCODE ef markaðsgengi hlutabréfa í félaginu hefur tekið tilteknum breytingum til hækkunar. Ef skuldabréfunum er breytt í hlutafé teljast þau uppgreidd og ríkisábyrgðin þar með niðurfallin. Gengi hlutabréfa félagsins hefur undanfarna mánuði verið á bilinu 5,5–10$ pr. hlut. Áætlað er að umbreytingarskilmálar verði þannig að eigendur skuldabréfanna geti breytt þeim í hlutabréf í deCODE á miðað við 18$ pr. hlut. Þá er áformað að skilmálarnir kveði á um að skuldabréfin breytist sjálfkrafa í hlutafé ef gengi hlutabréfa í félaginu verður ákveðið hlutfall yfir 18$ markinu í tiltekinn lágmarkstíma. Þannig verði því annars vegar um að ræða valkvæðan umbreytingarrétt og hins vegar sjálfvirka umbreytingu. Þá er gert ráð fyrir að deCODE muni áskilja sér rétt til að lækka umbreytingargengi (18$) á tímabilinu og munu þá gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn. Eins og fyrr segir eru þessar hugmyndir kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunna að verða breytingar á einstökum þáttum.

6.3. Áhætta vegna fyrirkomulags fjármögnunar.

Þar sem gert er ráð fyrir að umbreytingarskilmálar verði háðir gengi hlutabréfa í deCODE er ljóst að rekstur félagsins og trú fjárfesta á hlutabréfum í fyrirtækinu hefur áhrif á líkur þess að til umbreytingar komi. Takist ekki að ná markmiðum deCODE um hækkun á markaðsgengi verður að greiða upp eða endurfjármagna skuldabréfin á gjalddaga.

6.4. Áhætta og ábyrgð.

Gert er ráð fyrir að deCODE muni gefa út skuldabréfin og verður um fulla ábyrgð félagsins að ræða. Áhættu ríkisins vegna ábyrgðar verður að skoða út frá þessari forsendu. Líkur á því að skuldabréfunum verði breytt í hlutafé og þar með sú áhætta að ábyrgðin falli á ríkið eru háðar framtíðargengi ÍE/deCODE bæði rekstrarlega en einnig gengi hlutabréfa á mörkuðum. Um miklar fjárhæðir er að ræða samanborið við markaðsverðmæti félagsins. Undanfarna mánuði hefur markaðsvirði félagsins verið á bilinu 26–40 milljarðar ÍSK og nemur útgáfa skuldabréfanna helmingi til tveimur þriðju af markaðsvirði deCODE. Frá því að hlutabréf í félaginu voru boðin út hefur gengi bréfanna á markaði sveiflast umtalsvert og er nú í sögulegu lágmarki.

Eins og fram hefur komið munu skuldabréfin verða gefin út af deCODE. Þar sem um einfalda ábyrgð ríkissjóðs verður að ræða mun deCODE bera fulla ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna og verður skuldareigandi að fullreyna innheimtu hjá fyrirtækinu áður en ábyrgð ríkissjóðs verður virk. Andvirði skuldabréfanna mun renna til hinnar nýju starfsemi ÍE á Íslandi og mun verða gerður samningur milli móðurfélags og dótturfélags vegna fjármögnunarinnar. ÍE mun jafnframt að fullu ábyrgjast greiðslu skuldabréfanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, verði, að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild, heimilað að veita einfalda ábyrgð vegna útgáfu deCODE Genetics Inc. á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónum USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi ÍE á sviði lyfjaþróunar. Einföld ábyrgð er skuldaábyrgð nefnd þegar ábyrgðaraðili er ekki skyldur til að inna sína greiðslu af hendi nema skuldareigandi hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara t.d. með árangurslausu fjárnámi. Um frekari skýringu greinarinnar má vísa til almennra athugasemda.

Um 2. gr.

Lagt er til í greininni að varðandi þá ábyrgð sem frumvarpið kveður á um, komi ákvæði þess að öllu leyti í stað laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að því undanskildu að gert er ráð fyrir að 5. gr. þeirra laga gildi um ábyrgð þá sem frumvarp þetta tekur til. Ákvæði 5. gr. laga nr. 121/1997 fjallar um eftirlit Ríkisábyrgðasjóðs og afskriftarreikninga vegna veittra ríkisábyrgða. Um nánari umfjöllun er vísað til almennra athugasemda. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Með frumvarpinu er fjármálaráðherra heimilað að veita einfalda ríkisábyrgð á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónum bandaríkjadala, eða um 20 milljörðum íslenskra króna, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., til allt að sjö ára. Er markmiðið með heimildinni að auðvelda fyrirtækinu að fjármagna uppbyggingu Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á hátækniiðnaði á sviði lyfjaþróunar hér á landi og setur fjármálaráðherra frekari skilyrði fyrir nýtingu heimildarinnar.

Kostnaður ríkissjóðs af einfaldri ábyrgð á skuldabréfaútgáfunni, ef heimildin verður nýtt, er óviss. Í eðli sínu er lyfjaþróun áhættusöm starfsemi og Íslensk erfðagreining starfar á hátæknisviði þar sem breytingar geta orðið mjög örar. Hins vegar er gert ráð fyrir umbreytingu skuldabréfanna í hlutabréf í deCODE Genetics ef gengi bréfa þess fer yfir ákveðin mörk og mun gildistími ríkisábyrgðarinnar þá styttast að sama skapi þar sem skuldabréfin teljast uppgreidd ef þau breytast í hlutafé og ríkisábyrgð þar með niður fallin. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvernig gjaldtöku fyrir ábyrgðina verður háttað. Með því að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfunum gengur ríkissjóður í bakábyrgð fyrir deCODE Genetics Inc. Ef skuldabréfin gjaldfalla verður að ganga að eignum félagsins áður en ábyrgð ríkissjóðs verður virk. Ávinningur fyrirtækisins af ábyrgðinni er fyrst og fremst auðveldari aðgangur að lánsfé og lægri vaxtakostnaður. Væntur kostnaður ríkissjóðs er fólginn í þeirri áhættu sem felst í ábyrgðinni verði heimildin nýtt.

1178. Frumvarp til laga [715. mál]

um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, JBjart, KÓ, KF, ÁMöl).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „hegðun og framfærslu“ í 1. mgr. kemur: hegðun, framfærslu og íslenskukunnáttu.
b. Við B-lið 1. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Umsækjandi hafi nægilega þekkingu á íslensku máli til þess að halda uppi almennum samræðum á málinu. Þetta skilyrði gildir þó ekki um þá sem eru orðnir 65 ára og hafa búið á Íslandi í a.m.k. 15 ár eða eiga óhægt um mál sakir fötlunar eða sjúkdóms eða annarra sambærilegra ástæðna. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um prófun á íslenskukunnáttu umsækjenda og vottun um þá kunnáttu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Greinargerð.

Íslenskukunnátta útlendinga hefur verið til umræðu upp á síðkastið í tengslum við veitingu dvalarleyfis og veitingu ríkisborgararéttar og þá sérstaklega vegna lagafrumvarps dómsmálaráðherra um útlendinga. Þar er lagt til að veita megi útlendingi búsetuleyfi ef hann hefur m.a. sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Allsherjarnefnd hefur haft frumvarpið til umfjöllunar (433. mál, þskj. 698) og telur hún að slík kunnátta hljóti að vera forsenda þess að útlendingar geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Nefndin telur eðlilegt og ekki síður mikilvægt að þeir sem veittur er íslenskur ríkisborgararéttur geti sýnt fram á kunnáttu í íslensku máli og leggur því til breytingu þess efnis á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.

1179. Þingsályktun [551. mál]

um fullgildingu stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 864.

1180. Frumvarp til laga [315. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. apríl.)

1. gr.

8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

2. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Kaupandi, sem skyldugur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera skattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.
d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 7. og 8. mgr., svohljóðandi:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofnanir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000 um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd endurgreiðslu skv. 7. og 8. mgr.

5. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, 43. gr. A, svohljóðandi:

Réttur til sérstakra endurgreiðslna skv. XIII. kafla og ákvæðum til bráðabirgða í lögum þessum fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi stjórnvaldi eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

6. gr.

Í stað viðauka við lögin kemur nýr viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki.

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 14% virðisaukaskatt:

0201.1000–0210.9090	Kjöt og ætir hlutar af dýrum.
0302.1101–0307.9920	Fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar.
0401.1000–0401.3000	Mjólk og rjómi. Þó skal greiða 24,5% virðisaukaskatt af ógerilsneyddum vörum í þessum tollflokkum.
0402.1000–0410.0000	Mjólkurafurðir, fuglaegg, náttúrulegt hunang og ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.
0504.0001–0504.0009	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum.
0511.9901	Dýrablóð.
0701.1000–0714.9000	Matjurtir og tilteknar rætur og hnýði.
0801.1100–0814.0000	Ætir ávextir, hnetur og hýði af sítrusávöxtum eða melónum.
0901.1100–0910.9900	Kaffi, te, maté og krydd.

1001.1001–1004.0009	Hveiti, meslín, rúgur, bygg og hafrar.
1005.9001–1008.2009	Maís (annar en fræ), ris, dúrra, bókhveiti og hirsi.
1008.9009	Annað korn, ót. a.
1101.0010–1105.2009	Malaðar vörur (korn, mjöl, bögglar og flögur).
1106.1000	Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum.
1106.2009	Mjöl úr sagó, rótum eða hnýðum.
1106.3000	Mjöl úr ávöxtum og hnetum.
1107.1000–1202.2000	Malt, sterkja, inúlín, hveitiglúten, sojabaunir og jarðhnetur.
1204.0000	Línfræ (hörfræ).
1206.0000–1208.9000	Sólblómafræ, önnur olíufræ, olíurík aldin og mjöl úr þeim vörum.
1211.9001–1211.9002	Plöntur og plöntuhlutar til manneldis (basilíkum, borasurt, mynta, rósmarín, rúturunni, salvía og malurt).
1212.1000	Fuglatrésbaunir (jóhannesarbrauð).
1212.2009	Sjávargróður og þörungar (söl o.fl.).
1302.2001 og 1302.2009	Pektínefni, pektínöt, pektöt, jurtaslím og hleypiefni.
1501.0011 og 1501.0021	Svína- og alifuglafeiti.
1502.0011 og 1502.0021	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum.
1503.0001	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía.
1504.1001 og 1504.1002	Þorskalýsi.
1504.1004	Lýsi úr fisklifur, ót.a.
1507.1001 og 1507.9001	Sojabaunaolía.
1508.1001 og 1508.9001	Jarðhnetuolía.
1509.1001 og 1509.9001	Ólívuolía.
1510.0001	Aðrar olíur.
1511.1001 og 1511.9001	Pálmaolía.
1512.1101 og 1512.1901	Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma.
1512.2101 og 1512.2901	Olía úr fræi baðmullar.
1513.1101 og 1513.1901	Kókoshnetuolía.
1513.2101 og 1513.2901	Pálmakjarna- eða babassúolía.
1514.1101 og 1514.1901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1514.9101 og 1514.9901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1515.2101, 1515.2901, 1515.5001 og 1515.9001	Maísolía, sesamolía og önnur olía eða feiti, ót.a.
1516.1001–1516.2002, 1516.2009	Feiti eða olíur, hertar.
1517.1001–1517.9009	Smjörlíki og blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum.
1601.0010–1605.9029	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.
1701.1100–1702.9009	Sykur (þó ekki skrautsykur).
1703.1002 og 1703.1009	Reyrmelassi.
1703.9009	Melassi, ót.a.
1801.0000–1804.0000	Kakaóvörur, svo sem kakaóbaunir, kakaódeig og kakaósmjör (þó ekki kakaóduft).
1806.2002 og 1806.9021	Búðingsduft, búðingar og súpur sem innihalda kakaó.
1806.9011–1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innhalda kakaó.
1806.9022	Fæða sem inniheldur kakaó, sérstaklega tilreidd fyrir sjúka.

1806.9027 og 1806.2007	Morgunverðarkorn sem inniheldur kakaó.
1901.1000–1904.9009	Framleiðsla úr korni, fínmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk.
1905.1000	Hrökkbrauð.
1905.3122	Sætakex og smákökur sem innihalda minna en 20% af sykri.
1905.4000	Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur.
1905.9011 og 1905.9019	Brauð.
1905.9020	Ósætt kex.
1905.9030	Saltkex og kryddkex.
1905.9040	Kökur og konditorstykki.
1905.9051 og 1905.9059	Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza).
1905.9060	Nasl (snack), ót.a.
1905.9090	Brauðvörur, ót.a.
2001.1000–2008.9909	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum.
2101.1100 –2101.3009	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté.
2102.1001–2102.2002	Ger og bökunarduft.
2102.2009–2102.3009	Ger og bökunarduft.
2103.1000–2104.2009	Sósur, súpur og seyði og framleiðsla í það, blönduð bragðefni og bragðbætiefni, jafnblönduð samsett matvæli.
2105.0011–2105.0029	Rjómaís og annar ís til manneldis.
2106.1000	Próteinseyði og textúruð próteinefni.
2106.9023	Blöndur jurta eða jurtahluta til lögunar á seyði.
2106.9024	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr gingsengkjörnum o.fl.
2106.9041–2106.9049	Búðingsduft, ót.a.
2106.9051	Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaríni og laktósa, notaðar sem sætuefni.
2106.9059	Létt smjörlíki o.fl. að meginstofni úr feiti og vatni.
2106.9062	Ávaxtasúpur og -grautar.
2106.9064	Búðingsduft með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd.
2106.9069	Ýmis matvælaframleiðsla, ót.a.
2201.9011–2201.9029	Drykkjarvatn, annað en ölkelduvatn.
2202.1021–2202.1029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9021–2202.9029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9011–2202.9019	Blönduð mjólk (25% eða minna blönduð miðað við rúmmál).
2501.0001	Matarsalt í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.
2836.1001	Ammoníumkarbónat (hjartarsalt) í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.3001 og 2836.4001	Karbónöt í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.9902	Pottaska í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2918.1200–2918.1300	Vínsýra.
2922.4201	Glútamínsýra í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2925.1101	Sakkarín og sölt þess í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
3203.0001	Matarlitur.
3302.1010	Blöndur af ilmandi efnum til matvælaiðnaðar.

3501.9001	Kaseínöt.
3502.1101 og 3502.1901	Albúmín.
3502.2001 og 3502.9001	Albúmín.
3503.0011 og 3503.0021	Matarlím (gelatín o.fl.).
3824.9008	Blanda úr sakkaríni og kemískum efnum í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

1181. Frumvarp til laga [493. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 10. apríl.)

1. gr.

Við lögin bætast tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (39. gr.)

Lögreglumanni, sem leystur er frá embætti sínu þegar hann er fullra 65 ára, skal reiknaður ellilífeyrir skv. 15. eða 24. gr. eftir því sem við á hverju sinni en þó þannig að lífeyrir skal reiknaður eins og hann hefði starfað til 70 ára aldurs.

Við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í A-deild samkvæmt þessari grein skal miðað við meðalstigaávinning vegna lögreglustarfa síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris. Á sama hátt skal við útreikning viðbótarréttinda til 70 ára aldurs fyrir virkan sjóðfélaga í B-deild samkvæmt þessari grein miða við meðalstarfshlutfall síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir töku lífeyris.

Ákvæði 4. mgr. 15. gr. um hækkun lífeyris sjóðfélaga A-deildar vegna frestunar á töku lífeyris tekur ekki til þeirra sem taka lífeyri skv. 1. mgr.

Ákvæði 25. gr. um rétt vaktavinnufólks til viðbótarlífeyris falla ekki undir útreikning viðbótarréttinda skv. 1. mgr.

b. (40. gr.)

Við upphaf lífeyristöku lögreglumanns sem fær reiknuð réttindi skv. 39. gr. skal reikna út kostnað vegna aukinna lífeyrisréttinda samkvæmt ákvæðum greinarinnar og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð. Útreikningur þessara réttinda skal byggður á sömu tryggingafræðilegum forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins. Með greiðslunni hefur ríkissjóður einnig gert að fullu upp skuldbindingar vegna lífeyrishækkana skv. 33. gr. vegna þeirra viðbótarréttinda sem reiknuð eru skv. 39. gr.

2. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Lagaskil og sérákvæði.**

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeim lögreglumönnum, sem þegar eru orðnir fullra 65 ára við gildistöku laganna en eru ekki enn orðnir 70 ára og hafa ekki fengið lausn frá embætti, skal reiknaður lífeyrir skv. 39. gr., enda hafi þeim verið veitt lausn frá embætti fyrir 1. maí 2003.

Ákvæði 39. gr. tekur einnig til þeirra lögreglumanna sem eru orðnir fullra 65 ára og hafa látið af embætti eftir 13. júlí 2001 og hafið töku lífeyris í framhaldi af því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1182. Lög [253. mál]

um fasteignakaup.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 1161.

1183. Lög [363. mál]

um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 1162.

1184. Lög [454. mál]

um rafeyrisfyrirtæki.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 724.

1185. Lög [489. mál]

um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 1163, sbr. þskj. 774.

1186. Lög [293. mál]

um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 358.

1187. Lög [576. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 903.

1188. Lög [600. mál]

um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 1164.

1189. Lög [493. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 1181.

1190. Lög [594. mál]

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 936.

1191. Lög [595. mál]

um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

(Afgreidd frá Alþingi 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 937.

1192. Svar [626. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um vaxtamun og þjónustutekjur bankanna.

1. *Hver hefur verið vaxtamunur helstu viðskiptabanka á árunum 1997–2001, að báðum árum meðtöldum, reiknaður á núgildandi verðlagi?*

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtamun, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum, viðskiptabanka og sparisjóða í milljörðum króna á verðlagi ársins 2001:

Ár	Milljarðar kr.
1997	16,8
1998	17,9
1999	21,5
2000	23,9
2001	24,9

2. *Hver hefur þessi vaxtamunur verið sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum bankanna?*

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtamun sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum viðskiptabanka og sparisjóða:

Ár	Hlutfall
1997	62%
1998	60%
1999	57%
2000	60%
2001	75%

3. *Hverjar hafa verið tekjur bankanna af þjónustugjöldum á þessu tímabili, reiknaðar á núgildandi verðlagi, og hvert hefur verið hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum bankanna?*

Eftirfarandi tafla sýnir þjónustutekjur viðskiptabanka og sparisjóða í milljörðum króna á verðlagi ársins 2001 og hlutfall þeirra af hreinum rekstrartekjum:

Ár	Milljarðar kr.	Hlutfall
1997	6,3	23%
1998	6,7	22%
1999	8,1	22%
2000	9,6	24%
2001	9,6	29%

Hreinar rekstrartekjur eru samtala vaxtamunar og annarra rekstrartekna. Undir öðrum rekstrartekjum eru tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum, þjónustutekjur, gengishagnaður af fjármálastarfsemi og ýmsar rekstrartekjur. Ástæðan fyrir því að samtala vaxtamunar og þjónustutekna af hreinum rekstrartekjum á árinu 2001 er yfir 100% er sú að á því ári var gengistap af fjármálastarfsemi.

1193. Frumvarp til laga [716. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hlutafélaginu er heimilt að taka þátt í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu og er það flutt til að heimila Norðuráli hf. að taka þátt í öðrum félögum og fjárfesta í öðrum atvinnurekstri en áliðnaði.

Í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, er tekið fram að iðnaðarráðherra sé veitt heimild til að gera samninga fyir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laganna við hlutafélag og stofnanda þess, en félagið verði stofnað í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu og tengd mannvirki á Íslandi. Norðurál hf. var stofnað í þessum tilgangi og undirritaði iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands samninga við Norðurál hf. og Columbia Ventures Corporation um álbræðslu á Grundartanga í ágúst 1997.

Af ákvæðum laga nr. 62/1997 er óljóst hvort Norðuráli hf. er heimilt að taka þátt í öðrum atvinnurekstri. Starfsheimildir félaga sem starfa samkvæmt sérlögum sem hafa að geyma sérstakar skattlagningarreglur eru yfirleitt taldar takmarkaðar og því talið að þeim sé óheimilt að taka þátt í öðrum rekstri nema kveðið sé á um slíkt í lögum sem um starfsemina gilda. Í samræmi við þetta var á 111. löggjafarþingi samþykkt breyting á lögum nr. 18/1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sem heimilaði Íslenska járnblendifélaginu að taka þátt í öðrum greinum atvinnurekstrar. Sambærileg heimild var samþykkt á 112. löggjafarþingi fyrir Kísiliðjuna hf. með breytingu á lögum nr. 80/1966. Þá var ákvæðum aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse Lonza-Holding Ltd. sem takmörkuðu starfsréttindi Ísals í aðalatriðum við rekstur álbræðslu breytt með samþykkt laga um lagagildi fimmta viðaukasamnings á 120. löggjafarþingi þannig að starfsréttindin yrðu eingöngu háð ákvæðum laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Þar sem góð reynsla er komin á rekstur álbræðslunnar á Grundartanga eru ekki rök til að takmarka starfsheimildir Norðuráls hf. umfram önnur sambærileg fyrirtæki hér á landi. Í frumvarpinu er því lagt til að lögum nr. 62/1997 verði breytt þannig að tekin verði af öll tvímæli um heimildir Norðuráls hf. til þátttöku í öðrum rekstri. Þar sem lögin kveða á um sérstakar skattlagningarreglur sem fyrst og fremst eiga við um álbræðslu verður Norðurál hf. að stofna sérstök dótturfélög um aðra starfsemi en vinnslu á áli og slík dótturfélög skulu greiða skatta samkvæmt almennum íslenskum skattalögum. Með þessu verða starfsréttindi Norðuráls hf. eingöngu háð ákvæðum laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og félagið eins sett og sambærileg fyrirtæki hér á landi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila Norðuráli hf. að taka þátt í öðrum félögum með stofnun dótturfyrirtækja og að fjárfesta í öðrum greinum atvinnurekstrar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1194. Breytingartillaga [359. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá Þuríði Backman.

Við 15. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: 6. málsl. orðast svo: Séu liðnar 36 klst. eða meira frá innritun sjúklings greiðist flutningskostnaður milli sjúkrahúsa að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

1195. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Kristin Guðnason frá Félagi hrossabænda og Harald Þórarinsson frá Landssambandi hestamannafélaga. Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Félagi hrossabænda, Hagþjónustu landbúnaðarins og Landssambandi hestamannafélaga. Þá bárust nefndinni tilmæli frá Gunnari Arnarssyni og Kristbjörgu Eyvindardóttur.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um útflutning hrossa. Veigamestu breytingarnar frá gildandi löggjöf eru ítarlegri ákvæði um útgáfu sérstaks vottorðs, hestavegabréfs, sem gert er ráð fyrir að fylgi hrossinu alla tíð og er það í samræmi við skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig sem upprunaland íslenska hestsins. Þá felst í frumvarpinu að útflutningsgjald verður fellt niður en í stað þess gert ráð fyrir að útflytjendur greiði allan kostnað við skoðun á útflutningshrossum og útgáfu hestavegabréfa en áfram verður þó innheimt gjald í stofnverndarsjóð.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að þónokkur andstaða var við ákvæði frumvarpsins og gildandi laga um forkaupsrétt innlendra hrossaræktenda að úrvalskynbótagripum. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað hefur forkaupsréttur aðeins verið nýttur einu sinni og virðist í ákveðnum tilfellum sem forkaupsrétturinn hafi haft hamlandi áhrif á viðskipti og útflutning hrossa. Nefndin telur því rétt að fella niður ákvæði um forkaupsrétt að úrvalskynbótagripum en leggja í stað þess til að hrossaútflytjendur skuli tilkynna Bændasamtökum Íslands um útflutning á slíku hrossi. Tilkynningarskyldan ætti þannig að auðvelda samtökunum að hafa yfirsýn yfir útflutning úrvalskynbótagripa frá Íslandi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Guðjón Guðmundsson.
Jónína Bjartmarz.	Karl V. Matthíasson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

1196. Breytingartillögur [357. mál]

við frv. til l. um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 1. málsl. orðist svo: Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver eigandi þess sé.

   Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

   Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar.

1197. Nefndarálit [318. mál]

um frv. til barnaverndarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgerði Benediktsdóttur, Ingibjörgu Broddadóttur og Hrefnu Friðriksdóttur, frá félagsmálaráðuneyti, Egil Stephensen og Katrínu Hilmarsdóttur frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Valborgu Þ. Snævarr hdl., Braga Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu, Ástu Ólafsdóttur frá Landssamtökum vistforeldra í sveitum, Guðrúnu Sigurðardóttur frá barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, Sæmund Hafsteinsson og Guðríði Guðmundsdóttur frá félagsþjónustunni í Hafnarfirði, Önnu Sigríði Örlygsdóttur og Guðrúnu Frímannsdóttur frá barna-

verndarnefnd Reykjavíkurborgar, Láru Björnsdóttur frá félagsmálaráði Reykjavíkur og Kolbrúnu Ögmundsdóttur frá félagsþjónustunni í Kópavogi.

Umsagnir um málið bárust frá Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssamtökum vistforeldra í sveitum og ríkissaksóknara.

Þá bárust umsagnir um málið á 126. löggjafarþingi frá Félagi íslenskra leikskólakennara, félagsmálanefnd Fáskrúðsfjarðar, Persónuvernd, Barnaverndarráði, Stuðlum, sifjalaganefnd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands, félagsmálaráði Húnaþings vestra, félagsmálaráði Kópavogs, Æskulýðs- og félagsmálaráði Akraness, félagsmálastofnun Hveragerðis, Dómarafélagi Íslands, barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar, barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar, Félagi íslenskra heimilislækna, umboðsmanni barna, félagsmálanefnd Mosfellsbæjar, Kvenfélagasambandi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, félagsmálasviði Mosfellsbæjar, félagsmálanefnd Árborgar, félagsmálanefnd Hveragerðis, Barnaheillum, félagsmálanefnd Siglufjarðar, Barnaverndarstofu, skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Rauðakrosshúsinu, barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, sýslumanninum á Sauðárkróki, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, félagsmálaráði Seltjarnarness, Valborgu Þ. Snævarr hdl. og Félagsþjónustunni í Reykjavík.

Frumvarpið er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 1997 og var henni ætlað að endurskoða í heild lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Í frumvarpinu er að finna fjölda nýmæla og breytinga frá gildandi lögum. Nefndin taldi m.a. að stefna bæri að því að breyta ferlinu sem barnaverndarmál getur farið í gegnum áður en því er ráðið til lykta, þ.e. barnaverndarnefnd, barnaverndarráð, héraðsdóm og Hæstarétt. Það þyrfti að einfalda fyrirkomulagið, stytta málsmeðferðarferlið, auka réttaröryggi og stuðla að vandaðri meðferð barnaverndarmála. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að úrskurðarvald í stærri málum, svo sem forsjársviptingarmálum og öðrum málum sem fela í sér hliðstæða skerðingu réttinda, færi beint til dómstóla en barnaverndarnefndir færu áfram með úrskurðarvald í vissum málum sem varða þvingunarráðstafanir og telja má að varði minni hagsmuni. Unnt yrði að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda í málum sem undir þær heyra til sérstakrar nefndar, kærunefndar barnaverndarmála, og jafnframt yrði barnaverndarráð í núverandi mynd lagt niður.

Önnur helstu nýmæli og breytingar samkvæmt frumvarpinu eru þessi:

1. Leitast er við að draga saman þær meginreglur sem hafa lengi verið viðurkenndar sem grundvallarreglur í barnaverndarstarfi og árétta að þær beri að leggja til grundvallar við beitingu og túlkun laganna.
2. Reynt er að stuðla að því að sveitarstjórnir setji sér skýr markmið í barnaverndarmálum með því að gera ráð fyrir að þær geri framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins fyrir hvert kjörtímabil. Er með þessu leitast við að styrkja barnaverndarstarf í landinu og gera það markvissara og árangursríkara.
3. Ýmis fyrirmæli eiga að stuðla að því að stækka og efla barnaverndarumdæmi í landinu. Íbúafjöldi á bak við barnaverndarnefnd skal m.a. að jafnaði ekki vera minni en 1.500 og gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði fengnar tilteknar heimildir til að hlutast til um að barnaverndarnefndir sem fullnægja skilyrðum laganna verði settar á fót.
4. Leitast er við að gera ákvæði um upphaf barnaverndarmáls mun skýrari en í gildandi lögum. Þá eru í frumvarpinu ítarlegri reglur um meðferð mála fyrir barnaverndarnefndum en í gildandi lögum en með því er reynt að fækka álitaefnum. Er m.a. tilteknum aðilum skylt að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar endurgjaldslaust.
5. Róttækar breytingar eru lagðar til á framsetningu ákvæða um ráðstafanir barnaverndarnefnda og flokkun ráðstafana.

6. Gert er ráð fyrir að barnaverndarnefndir geti haft afskipti af þunguðum konum og er að finna ákvæði um möguleg úrræði þeirra í slíkum tilvikum.
7. Úrskurðarvald í málum vegna sviptingar forsjár flyst frá barnaverndarnefndum til dómstóla.
8. Gert er ráð fyrir að ákveðnir aðilar eigi rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga ef brot hefur beinst gegn einstaklingi yngri en 18 ára. Markmiðið er að stemma stigu við því að menn sem hlotið hafa dóma fyrir kynferðisbrot eða önnur brot gegn börnum ráðist til starfa með börnum og á stofnunum og öðrum stöðum þar sem börn eru og dveljast um lengri eða skemmri tíma.
9. Barnaverndarnefnd er gert kleift að gera kröfu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann fyrir dómi, í samræmi við þá málsmeðferð sem gildir samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.
10. Ákvæði X. og XI. kafla frumvarpsins um málsmeðferð fyrir dómi eru að öllu leyti nýmæli enda hefur ekki fyrr í íslenskum lögum verið sérstaklega gert ráð fyrir því að barnaverndarmál væru rekin fyrir dómi.
11. Gert er ráð fyrir að barn sem náð hefur 15 ára aldri sé aðili barnaverndarmáls en með því er reynt að stuðla að því að treysta réttarstöðu barna í barnaverndarmálum.
12. Fóstur er skilgreint með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið og í frumvarpinu er að finna ítarlegar og skýrar reglur um fóstur. Dregið er úr þeim mun sem gerður er á tímabundnu og varanlegu fóstri. Þá er gert ráð fyrir sérstökum fósturráðstöfunum fyrir börn sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna eða tilfinningalegra vandamála. Verkaskipting milli Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda við ráðstöfun barna í fóstur er gerð skýrari svo og málsmeðferðarreglur í tengslum við fóstur.
13. Leitast er við að setja lagaramma um beitingu þvingunarráðstafana á heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli laganna.
14. Sérstaklega er tekið á þátttöku barna í fyrirsætu- og fegurðarkeppni og lagt er til að almennum verndarákvæðum verði fækkað til muna.
15. Sérstakur kafli er um skiptingu kostnaðar af barnaverndarstarfi milli foreldra, sveitarfélags og ríkisins.

Við umfjöllun nefndarinnar komu ýmis álitaefni til skoðunar. Í fyrsta lagi ræddi nefndin hlutverk Barnaverndarstofu. Telur nefndin nauðsynlegt að eftirlitshlutverki stofunnar verði haldið aðskildu frá leiðbeiningar-, fræðslu- og ráðgjafarhlutverki hennar. Nefndin áréttar að eftirlitinu er fyrst og fremst ætlað að samhæfa barnaverndarstarf í landinu og fylgjast með því að barnaverndarnefndir reki skyldur sínar lögum samkvæmt. Leiðbeiningar og ráðgjöf Barnaverndarstofu til barnaverndarnefnda eru hins vegar almenns eðlis og hún á því hvorki beinan þátt í vinnslu tiltekins barnaverndarmáls né tekur hún formlega þátt í einstökum ákvörðunum þeirra. Þá felst þjónustuhlutverk stofunnar í því að bjóða sértæka þjónustu, fyrst og fremst sérhæfð úrræði, sem barnaverndarnefndum ber að öðru jöfnu að hafa tiltæk.

Í öðru lagi ræddi nefndin um markmið frumvarpsins. Í því sambandi bendir nefndin á að aðrir en foreldrar, svo sem ömmur og afar eða aðrir nátengdir ættingjar, geta farið með uppeldi barns og þegar svo háttar til eiga ákvæði frumvarpsins að sjálfsögðu við. Þá telur nefndin rétt að taka fram að barn sem er í vanda statt getur að sjálfsögðu leitað til barnaverndarnefndar þótt þess sé hvergi getið í frumvarpinu enda er það í samræmi við meginreglur og anda laganna.

Í þriðja lagi fjallaði nefndin sérstaklega um fóstur, einkum rétt til umgengni. Í því sambandi bendir nefndin á að meta þurfi hagsmuni barnsins í hverju tilviki og að þeir geti leitt

til verulegrar takmörkunar á slíkum rétti, jafnvel útilokað hann alfarið. Þá bendir nefndin á mikilvægi þess að Barnaverndarstofa hanni sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga þar sem óæskilegt sé að mikið ósamræmi sé milli slíkra samninga.

Í fjórða lagi fjallaði nefndin um þvingunarráðstafanir og agaviðurlög á heimilum og stofnunum sem rekin eru á grundvelli barnaverndarlaga. Nefndin skoðaði í því sambandi greinargerð um þvingunarráðstafanir á meðferðarheimilum ríkisins fyrir unglinga og eftirlitsskyldur barnaverndaryfirvalda sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneyti í maí 1998 og grein Ragnheiðar Thorlacius um neyðarráðstafanir barnaverndarlaga sem birtist í ársskýrslu barnaverndarráðs 2000. Það er álit nefndarinnar að frumvarpið geri þeim þvingunarráðstöfunum og agaviðurlögum sem hugsanlega þurfi að grípa til nægileg skil. Reynt er að byggja heimili og stofnanir upp á fjölskyldugrunni og því beri að líta á ráðstafanir og viðurlög sem eins konar framlengingu á foreldravaldi og slíku valdi er erfitt að setja fyrir fram ákveðnar skorður í lögum með öðrum hætti en gert er með frumvarpinu. Auk þess verði að taka mið af mismunandi þörfum heimila og stofnana og um leið mismunandi aðstæðum sem upp kunna að koma og réttlætt geta þvingunarráðstafanir og agaviðurlög en það getur verið vandkvæðum bundið í lagatexta. Ekki verði því komist hjá því að ráðherra útfæri þær frekar í reglum.

Í fimmta lagi ræddi nefndin heimild annarra aðila en Barnaverndarstofu til að fá tilteknar upplýsingar úr sakaskrá og þar á meðal rétt þess sem upplýsingarnar varða. Nefndin lítur svo á að slíka heimild eigi aðeins að veita með samþykki viðkomandi og jafnframt áréttar nefndin þann skilning sinn að sá hinn sami hljóti að geta aflað upplýsinga sjálfur sem hann getur veitt öðrum umboð til að fá.

Loks fjallaði nefndin um talsmann barna. Samkvæmt frumvarpinu skal jafnan skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. Þá skal barnaverndarnefnd sem tekið hefur ákvörðun um að hefja könnun máls þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Nefndin beinir þeim tilmælum til barnaverndarnefnda að barni verði ávallt skipaður talsmaður þegar líkur eru á að ágreiningur verði í máli eða hagsmunir barnsins að öðru leyti mæla með því.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru auk minni háttar breytinga og orðalagsbreytinga:

1. Nefndin telur að þeir sem sinna uppeldi barna, aðrir en foreldrar, skuli einnig bera ákveðnar skyldur samkvæmt barnaverndarlögum.
2. Til að taka af allan vafa leggur nefndin til að um inntak forsjár fari samkvæmt ákvæðum barnalaga.
3. Lagt er til að ráðherra leggi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn fyrir Alþingi þar sem m.a. skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast barnavernd.
4. Þá er áréttað að félagsmálaráðuneyti skuli hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu og þar af leiðandi skal Barnaverndarstofa gera ráðuneytinu viðvart ef hún áminnir barnaverndarnefnd um að rækja skyldur sínar.
5. Nefndin telur eðlilegt að þau sveitarfélög sem hafa með sér samstarf um barnavernd geti sameinast um gerð framkvæmdaáætlunar.
6. Lagt er til að þegar úrskurðað er um vistun barns utan heimilis skuli barnaverndarnefnd kalla til lögfræðing ef hann á ekki sæti í nefndinni.
7. Lagt er til að lögregla tilkynni barnaverndarnefnd þegar hún fær mál til meðferðar þar sem grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því og að barnaverndarnefnd fái að fylgjast með rannsókn málsins.

8. Þá leggur nefndin til að fellt verði brott ákvæði sem heimilar fulltrúa barnaverndarnefndar að vera viðstaddur skýrslutökur af börnum þar sem nefndin telur eðlilegra, ef ætlunin er að heimila slíkt, að kveðið sé á um það í lögum um meðferð opinberra mála.
9. Nefndin telur rétt að í lögum sé kveðið nákvæmar á um hvenær möguleg afskipti barnaverndarnefnda af þunguðum konum komi til greina.
10. Lagt er til að þunguð kona geti eins og foreldrar fengið aðstoð barnaverndarnefndar til að leita sér meðferðar.
11. Þá er lagt til að ekki verði heimilað að veita upplýsingar úr sakaskrá um atvinnuumsækjendur án samþykkis þeirra.
12. Nefndin lítur svo á að gera verði greinarmun á varanlegu og tímabundnu fóstri og ekki beri að draga úr þeim mun eins og gert er í frumvarpinu.
13. Enn fremur er lagt til að umsóknum um að taka barn í fóstur verði beint til Barnaverndarstofu í stað barnaverndarnefndar.
14. Þá er lagt til að sveitarfélagi sem ráðstafar barni í fóstur verði ekki gert að endurgreiða öðru sveitarfélagi almennan kostnað, eins og kostnað vegna skóla og aksturs, heldur eingöngu kostnað umfram þann sem venjulegur getur talist, svo sem kostnað við sérfræðiþjónustu eða vegna annarra sérþarfa.
15. Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum ósamræmi í notkun orðsins barn, það ýmist notað í eintölu eða fleirtölu, og er lagt til að það verði lagfært.
16. Loks er lagt til að við XVII. kafla um almenn verndarákvæði bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er um að ræða ákvæði sem fjallar um skyldur foreldra og forráðamanna gagnvart börnum sínum og hins vegar ákvæði um almennt eftirlit barnaverndarnefnda á starfssvæði sínu.

Alþingi, 9. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Kristján Pálsson.
Steingrímur J. Sigfússon.	Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.

1198. Nefndarálit [605. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands og Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samiðn, Sambandi iðnfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnueftirlitinu, vinnuverndarhópi Félags íslenskra sjúkraþjálfara, Læknafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Bandalagi háskólamenntaðra starfsmanna.

Á 126. löggjafarþingi bárust umsagnir frá fjármálaráðuneyti, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands, stéttarfélaginu Vökli, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Vinnueftirliti ríkisins, samgönguráðuneyti, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Alþýðusambandi Íslands, Ökukennarafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samtökum iðnaðarins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samiðn, Sambandi iðnfélaga, Verkalýðs- og sjómannafélaginu Gretti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Læknafélagi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Tryggingastofnun ríkisins og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Með frumvarpinu sem er endurflutt frá 126. löggjafarþingi er lagt til að lögfestar verði meginreglur vinnutímatilskipunar ráðs Evrópusambandsins um daglegan hvíldartíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar. Einnig er um að ræða lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, svo sem skyldu vinnuveitanda til að gera eða láta gera áhættumat í vinnuumhverfi. Skal atvinnurekandi fylgja því eftir með því að gera skriflega áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Þá er að finna smávægilega breytingu með hliðsjón af tilskipun ráðsins um vinnuvernd barna og ungmenna. Loks eru lagðar til breytingar er lúta m.a. að dagsektum, stjórn Vinnueftirlits ríkisins og tekjum Vinnueftirlitsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 9. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:
   IX. kafli laganna fær fyrirsögnina **Hvíldartími, frídagar og hámarksvinnutími** og orðast svo.

b. 3. tölul. a-liðar (52. gr.) orðist svo: *Næturvinnutími:* Tímabil sem nær frá miðnætti til klukkan fimm að morgni og er ekki skemmra en sjö klukkustundir. Um nánari afmörkun tímabilsins fer samkvæmt samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Alþingi, 10. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Pétur H. Blöndal.	Kristján Pálsson.	Jónína Bjartmarz.
Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.		Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1199. Breytingartillaga [315. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
6. og 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

6. Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra.
8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

1200. Nefndarálit [616. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson frá félagsmálaráðuneyti og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að hluta af árlegu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 verði varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar þannig að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Frumvarpið felur í sér aukin fjárframlög til verkefnisins frá því sem áður var ákveðið en jafnframt er tekið tillit til heimildar menntamálaráðherra til að fresta lokum átaksins um tvö ár í einstökum sveitarfélögum.

Nefndin fjallaði sérstaklega um stofnframkvæmdir við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd. Telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að lögbinda ákveðna fjárhæð til slíkra framkvæmda og leggur því til breytingu þess efnis. Meiri hlutinn telur þó rétt að heimilt verði í reglugerð að ákveða hámarksframlag til slíkra verkefna á ári hverju.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

a. Í stað 2. málsl. 2. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Í reglugerð er þó heimilt að ákveða árlegt hámarksframlag sem rennur til sveitarfélags vegna samnings um einkaframkvæmd.

b. 3. efnismgr. orðist svo:
Heimilt er að færa til fjármuni skv. 1. mgr. sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári á milli ára innan tímabilsins.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Drífa Hjartardóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jónína Bjartmarz.	Kristján Pálsson.
	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	

1201. Nefndarálit [629. mál]

um frv. til l. um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna og Þórhall Vilhjálmsson frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Frumvarpið, sem felur í sér endurskoðun á gildandi lögum nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, er m.a. lagt fram til innleiðingar á tilskipun nr. 2001/23/EB, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar. Í frumvarpinu er gerð grein fyrir réttindum og skyldum framseljanda fyrirtækja sem færast yfir til framsalshafa við aðilaskipti, svo sem um launakjör og starfsskilyrði, vernd gegn uppsögnum og réttarstöðu trúnaðarmanna. Þá er að finna ákvæði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs og viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðrún Ögmunndsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Pétur H. Blöndal.	Jónína Bjartmarz.
Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.		Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1202. Nefndarálit [615. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Hörð Halldórsson og Hrafnkel Gíslason frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl (INTELSAT) sem samþykktar voru á 25. aukaþingi aðila stofnunarinnar í Washington 17. nóvember 2000.

Með breytingum á samningnum er alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl einkavædd og fyrirtækið INTELSAT sett á stofn, auk alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar, ITSO. Samkvæmt greinargerð með tillögunni telur samgönguráðuneytið að samningurinn kalli ekki á lagabreytingar hér á landi og var sá skilningur staðfestur af fulltrúa utanríkisráðuneytis á fundi nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir að stofnun eftirlitsstofnunar hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir þau ríki sem aðild eiga að samningnum enda er gert ráð fyrir að fjármunir komi frá fyrirtækinu til reksturs hennar.

Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir með fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.	Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

1203. Nefndarálit [675. mál]

um till. til þál. um aðild að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón Bernódusson og Sverri Konráðsson frá Siglingastofnun Íslands.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa

(STCW-F) sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995. Í samþykktinni eru ákvæði um lágmarksmenntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna um borð í fiskiskipum sem eru 24 metrar að lengd eða meira.

Aðild Íslands að samþykktinni kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur samgönguráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa (þskj. 902, 575. mál), til að uppfylla ákvæði samþykktarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	

1204. Nefndarálit [682. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinni fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni sem gerður var 22. maí 2001.

Samningurinn, sem samþykktur var á ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi 22. og 23. maí 2001, er mikilvægur áfangi í umhverfismálum. Hann tekur til takmörkunar á framleiðslu og notkunar svonefndra þrávirkra lífrænna efna og mælir m.a. fyrir um aðgerðir til þess að koma í veg fyrir framleiðslu eða myndun efna sem hættuleg eru umhverfinu og heilsu manna.

Samkvæmt greinargerð með tillögunni telur umhverfisráðuneytið samninginn ekki kalla sjálfkrafa á lagabreytingar hér á landi og var það staðfest af fulltrúum utanríkis- og umhverfisráðuneytis á fundi nefndarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman.
Einar K. Guðfinnsson.	Jónína Bjartmarz.	

1205. Nefndarálit [683. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingu á sjó og bókun við þann samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu, sem gerð voru í Róm 10. mars 1988. Samningurinn og bókunin eru meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga og hvatt ríki til að fullgilda í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001.

Samningurinn kallar á lagabreytingar hér á landi. Fyrir nefndina hefur verið lagt frumvarp dómsmálaráðherra til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (þskj. 1094, 678. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1206. Nefndarálit [684. mál]

um till. til þál. um aðild að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 9. maí 1992 sem gerð var 10. desember 1997.

Markmið Kýótó-bókunarinnar er að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og kveður bókunin á um að aðildarríkin skuli draga úr útstreymi tiltekinna gróðurhúsalofttegunda,

miðað við útstreymi eins og það var árið 1990, á skilgreindum tímabilum. Fyrsta skuldbindingartímabilið er fimm ár, 2008–2012, og verða þau ríki sem getið er í I. viðauka við rammasamninginn að takmarka sameiginlega og hvert um sig útstreymi þeirra gróðurhúsalofttegunda sem skráðar eru í viðauka A við bókunina þannig að samanlagt árlegt útstreymi þeirra á fyrsta skuldbindingartímabilinu verði að meðaltali 5,2% minna en viðmiðunarárið 1990.

Umhverfisráðuneytið telur að aðild Íslands að bókuninni kalli ekki á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Rannveig Guðmundsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Þuríður Backman rita undir álitið með fyrirvara.

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1207. Nefndarálit [685. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Í samningnum er líkt og í samningi aðila á síðasta ári kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2002/2003 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Þá er kveðið á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2002 og að íslenskum skipum verði heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman.
Einar K. Guðfinnsson.		Jónína Bjartmarz.

1208. Nefndarálit [587. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti og Gunnlaugu Einarsdóttur frá Hollustuvernd ríkisins.

Umsagnir bárust frá heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra, landlækni, Samtökum atvinnulífsins, Siglingastofnun Íslands, umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Vinnueftirlitinu, Samtökum verslunar og þjónustu, Hollustuvernd ríkisins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga og Verslunarráði Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna væntanlegrar innleiðingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000, um efni sem eyða ósonlaginu, ásamt breytingum á þeirri reglugerð nr. 2039/2000. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 21. apríl 1999 í máli íslenska ríkisins gegn Vörukaupum ehf. og gagnsök þykir ljóst að gera þurfi breytingar á lögum nr. 52/1988 áður en framangreindar reglugerðir öðlast gildi hér á landi. Ákvæði reglugerðar EB nr. 2037/2000 munu koma strax til framkvæmda og því er ljóst að ekki er hægt að bíða með þessa breytingu þar til nefnd skipuð af umhverfisráðherra 13. júní 2000, sem vinnur að heildarendurskoðun laga nr. 52/1988, hefur lokið störfum sínum.

Nefndin tekur undir nauðsyn frumvarpsins en leggur jafnframt áherslu á að framangreind nefnd ljúki vinnu sinni svo fljótt sem kostur er. Leggur hún til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Jóhann Ársælsson.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Ásta Möller.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

1209. Nefndarálit [681. mál]

um till. til þál. um flugmálaáætlun árið 2002.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson og Hauk Hauksson frá Flugmálastjórn Íslands.

Flugmálaáætlun þessi er frábrugðin fyrri áætlunum að því leyti að hún tekur eingöngu til eins árs. Ástæður þessa eru raktar í framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl. og vísast til þess sem þar segir, en samhliða því áliti leggur nefndin til breytingu sem veitir Alþingi heimild til að samþykkja flugmálaáætlun í því formi sem hér er lagt til.

Nefndin leggur til eina breytingu á tillögunni. Lagt er til að lántökuheimildir verði hækkaðar um 125 millj. kr., sem færast á lið 3.2 Reykjavíkurflugvöllur, flugbrautir og hlöð. Upphaflegar áætlanir frá desember 1998 gerðu ráð fyrir að framkvæmdir við völlinn kostuðu 1.520 millj. kr., um 1.814 millj. kr. á verðlagi dagsins í dag. Verktakinn hefur fengið greiddar rúmlega 93 millj. kr. í verðbætur það sem af er og er gert ráð fyrir að þessar greiðslur verði 125 millj. kr. í verklok. Breytingin er nauðsynleg til að Flugmálastjórn geti lokið framkvæmdum samkvæmt samningi við verktaka og lagfæringu þeirra svæða sem blasa við frá göngustígum og umferðaræðum í nágrenni flugvallarins.

Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu eru taldar upp framkvæmdir sem nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til á árinu 2003 svo að útboð og aðrar undirbúningsaðgerðir geti hafist.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Kristján Möller, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Bréf samgönguráðuneytis til samgöngunefndar.
(14. apríl 2002.)

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun 2002 sem nú liggur fyrir Alþingi. Í framsöguræðu samgönguráðherra með þeirri tillögu voru ástæður þess að nú er aðeins lögð fram tillaga um eitt ár útskýrðar. Eftir sem áður er mikilvægt að Flugmálastjórn hafi heimild til ráðstöfunar fjármagns til tiltekinna framkvæmda á árinu 2003 vegna nauðsynlegs undir-

búnings þeirra og útboða á þessu ári sem hafa í för með sér skuldbindingar á næsta ári. Um er að ræða eftirfarandi verkefni:

Reykjavíkurflugvöllur.
Rif gamalla bygginga, 45 m.kr.
Samningar eru í gangi um uppkaup á húsum til niðurrifs. Nú þegar liggur fyrir heimild fjármálaráðuneytisins til kaupa á byggingunum.
Björgunarbátur-sjósetning, 10 m.kr.
Mikil umræða hefur farið fram um björgunarbátamál vallarins. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um gerð aðstöðu en að hámarki er kostnaður við að koma henni upp talinn geta orðið allt að 20 m.kr. og er gert ráð fyrir að helmingur þess kostnaðar félli til á árinu 2002 og helmingur á árinu 2003.

Akureyrarflugvöllur.
Tækjageymsla 61 m.kr.
Á árinu 2002 er gert ráð fyrir 3 m.kr. vegna deiliskipulags, hönnunar og útboðs tækja- og sandgeymslu. Nauðsynlegt er að heimild liggi fyrir um að framkvæmd geti hafist árið 2003. Áætlanir gera ráð fyrir að framkvæmdakostnaður á árinu 2003 verði um 61 m.kr.

Ísafjarðarflugvöllur.
Flugturn 15 m.kr.
Núverandi turn þarfnast gagngerðrar endurnýjunar og er talið heppilegri kostur að byggja nýjan turn áfastan við véla- og tækjageymslu, vegna samnýtingar starfsmanna í flugturni og á vélaverkstæði og samnýtingar starfsmannaaðstöðu. Frumhönnun að flugturni liggur fyrir. Verkið yrði boðið út á þessu ári og gert er ráð fyrir að ráðast í byggingu turnsins í ár og ljúka árið 2003. Heildarkostnaður er áætlaður 15 m.kr. og gert ráð fyrir að greiðslur til verktaka verði 10 m.kr. á þessu ári og 5 m.kr. á því næsta.

Tækjasjóður.
Vegna brýnnar þarfar á endurnýjun snjóruðnings-, slökkvi- og björgunarbúnaðar sem fyrst á árinu 2003 er mikilvægt að hægt sé að bjóða út og ganga til samninga á árinu 2002 en miða við að greiðslur fari fram 2003. Því er lagt til að gert verði ráð fyrir að heimild verði til ráðstöfunar 70 m.kr. á næsta ári.

Þær fjárheimildir sem hér eru nefndar eru allar afleiðing af ákvörðunum sem að teknar eru með samþykkt þingsályktunartillögu um flugmálaáætlun 2002. Í því millibilsástandi sem varir þar til samgönguáætlun er samþykkt er mikilvægt að starfsemin skaðist ekki. Því lítur ráðuneytið svo á að með sendingu þessa bréfs sé samgöngunefnd kunnugt um þau áform ráðuneytisins að heimila Flugmálastjórn undirbúning og skuldbindingar vegna þeirra verkefna sem nefnd eru hér að ofan þegar á þessu ári.

f.h.r.
Jóhann Guðmundsson

1210. Breytingartillaga [681. mál]

við till. til þál. um flugmálaáætlun árið 2002.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Flugmálaáætlun	**2002**
TEKJUR OG FRAMLÖG	
Markaðar tekjur	
Flugvallagjald	721,0
Framlög úr ríkissjóði	*740,8*
Ríkistekjur	*111,8*
Sértekjur	
Tekjur af alþjóðaflugþjónustu	1.340,2
Aðrar sértekjur	227,7
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	3.141,5
Viðskiptahreyfingar	
Frestun framkvæmda	-68,0
Lántökur	456,0
Afborganir lána	0,0
Viðskiptahreyfingar samtals	*388,0*
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	3.529,5
GJÖLD	
Rekstur og þjónusta	
Yfirstjórn	219,8
Eftirlit og öryggismál	115,7
Flugvallaþjónusta	532,1
Flugumferðar- og leiðsöguþjónusta innan lands	289,2
Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
Minjar og saga	0,0
Rekstur samtals	*2.597,4*
Viðhald og styrkir	
Viðhaldssjóðir	17,0
Viðhald og styrkir samtals	*17,0*

Flugmálaáætlun	2002
Stofnkostnaður	
Flugvellir	789,8
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	125,3
Stofnkostnaður samtals	*915,1*
GJÖLD ALLS	3.529,5

II. FLOKKUN FLUGVALLA

2.1 Flokkur I.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

2.2 Flokkur II.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3 Flokkur III.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur.

2.4 Flokkur IV.

Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru flokkaðir í flokk IV: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur.

2.5 Flokkur V.

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps-, Tungubakka- og Stykkishólmsflugvöllur.

2.6 Flokkur VI.

Eftirfarandi flugvellir og lendingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Forsæti, Geysir, Gunnarsholt, Grímsstaðir, Grundarfjörður, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Hrauneyjafoss, Hveravellir, Hvolsvöllur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksstaðamelar, Melgerðismelar, Múlakot, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Sandá, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Svínafell, Vík og Þórsmörk.

III. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

		2002
VIÐHALD		
3.1	**Viðhaldssjóðir (malbik, klæðing, málning)**	**17,0**
STOFNKOSTNAÐUR		
3.2	**Reykjavíkurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	654,9
	2. Byggingar	65,6
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	18,5
		739,0
3.3	**Akureyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	20,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5,5
		25,9
3.4	**Bakkaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	1,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		1,5
3.5	**Ísafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,7
	2. Byggingar	10,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		10,7
3.6	**Þingeyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,0
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,0
3.7	**Hornafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,8
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,8
3.8	**Þórshafnarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	1,7
		2,2
3.9	**Gjögurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
3.10	**Siglufjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5

		2002
3.11	**Æfingaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,7
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,7
3.12	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir**	**4,0**
3.13	**Flugumferðar- og leiðsögubúnaður**	**34,7**
3.14	**Til leiðréttingar brýnna verkefna**	**12,5**
3.15	**Tækjasjóður**	**42,9**
3.16	**Stjórnunarkostnaður**	**15,0**
3.17	**Flugvernd, vopnaleit**	**20,2**
		125,3
	FLUGMÁLAÁÆTLUN SAMTALS	932,1

1211. Nefndarálit [582. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Erlu Pétursdóttur frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Þjóðhagsstofnun, ríkisskattstjóra, Verslunarráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, skattstjóranum í Reykjanesumdæmi, Bandalagi háskólamanna, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum iðnaðarins, Landssamtökum lífeyrissjóða og skattstjóranum í Reykjavík.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu tengjast allar breytingum sem gerðar voru sl. haust á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Frumvarpið felur í sér að reiknað endurgjald manns sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi vegna eignar- eða stjórnunaraðildar myndi stofn til tryggingagjalds og til lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á skipulegum markaði í Liechtenstein með sama hætti og í ríkjum OECD til að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og loks að ákvörðun skattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu verði kæranleg til ríkisskattstjóra.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Þær eru þessar:

1. Í frumvarpinu er kveðið á um málskotsrétt til ríkisskattstjóra vegna ákvarðana skattstjóra á staðgreiðsluári um reiknað endurgjald. Nefndin leggur til að nánar verði kveðið á um kæruréttinn og þannig leitast við að afmarka upphaf og endi kærufrests. Kæruréttur til ríkisskattstjóra er og bundinn við ágreining sem um er fjallað í 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Nefndin telur að kærufrestur þyki hæfilega ákveðinn 15 dagar í ljósi þess að um er að ræða bráðabirgðaákvörðun staðgreiðslu. Almennur mál-

skotsréttur vegna þeirra ákvarðana skattstjóra, sem um er fjallað í 4. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og varða áætlun skattstjóra á staðgreiðslu vegna síðbúinna skila launagreiðenda á skilagreinum t.d. vegna launamanna eða álagsbeitingu skv. 2. mgr. 28. gr. sömu laga verður eftir sem áður til yfirskattanefndar. Nefndin bendir á að í þessum tilvikum er gjarnan um að ræða almenn skil á staðgreiðslu eftir eindaga vegna launamanna og snýst ágreiningur fremur um álag en launaþáttinn sjálfan. Ákvörðun skattstjóra er því endanleg í tilvikum sem þessum og sætir því kæru til yfirskattanefndar gagnstætt því sem er um málskotsrétt til ríkisskattstjóra vegna ágreinings um bráðabirgðaákvörðun reiknaðs endurgjalds á staðgreiðsluári, þar sem endanleg niðurstaða ræðst við álagningu samkvæmt framtali. Nefndin bendir á að gera verður þannig greinarmun á því hvaða ákvarðanir eru endanlegar vegna staðgreiðsluársins og hverjar ráðast af álagningu eftirfarandi árs.

2. Þá leggur nefndin til viðbótarbreytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, þess efnis að samræmi verði á milli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og 1. mgr. 19. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda hvað varðar skráningu manna inn á virðisaukaskattsskrá annars vegar og launagreiðendaskrá hins vegar. Nefndin bendir á að í framkvæmd hefur verið reynt að fylgja því eftir að menn fari inn á báðar skrárnar samhliða þar sem ljóst er að maður getur ekki stundað virðisaukaskattsskylda starfsemi án þess að þurfa að skrá sig inn á launagreiðendaskrá.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

1212. Breytingartillögur [582. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, l. nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

   Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. eða 1. mgr. 19. gr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 15 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Ákvörðun skattstjóra skv. 1. málsl. eða áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð, sbr. 1. mgr., má skjóta til

skattstjóra innan 15 daga frá póstlagningardegi tilkynningar. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

Kæruúrskurði skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem verði 3. gr. og orðist svo:

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem telst launagreiðandi skv. 7. gr. skal ótilkvaddur og eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hans hefst tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.

1213. Nefndarálit [596. mál]

um frv. til l. um breyt. á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Neytendasamtökunum, Lögmannafélagi Íslands, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Fjármálaeftirlitinu og Verslunarráði Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða í samkeppnislög ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 sem kveður á um endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að ólögmæt ríkisaðstoð verði endurgreidd til ríkissjóðs með vöxtum. Frumvarpið felur jafnframt í sér að í stað viðskiptaráðherra verði fjármálaráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

Nefndin bendir á að í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 659/1999 segir að ekki skuli krafist endurgreiðslu ríkisaðstoðar ef það stríði gegn einhverju grundvallaratriði í bandalagslögum. Þar er jafnframt að finna ákvæði sem tekur á endurgreiðslu ólögmætrar ríkisaðstoðar. Þar segir að framkvæmdastjórnin skuli ákveða hæfilega vexti við slíkar aðstæður, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun um vexti. Í 11. gr. reglugerðarinnar kemur svo fram að unnt sé að heimila að endurgreiðsla ríkisaðstoðar sé tengd greiðslu björgunaraðstoðar („restructuring aid“) til hlutaðeigandi fyrirtækis, en slík aðstoð er eingöngu veitt einu sinni til skamms tíma í senn. Nefndin bendir jafnframt á að hér er um að ræða úrræði sem þarf að beita með varkárni þar sem ætlunin er ekki og á ekki að vera sú að gera fyrirtæki gjaldþrota eða koma þeim í fjárhagslega örðugleika þegar ríkisaðstoð hefur ranglega verið veitt.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu þess efnis að í 2. gr. verði notað hugtakið „stjórnvöld“ í stað hugtaksins „hlutaðeigandi stjórnvald“ til þess að enginn vafi leiki á að það sé hlutverk íslenska ríkisins sem slíks en ekki einstakra stofnana þess að afgreiða mál um ólögmæta ríkisaðstoð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „skal hlutaðeigandi stjórnvald“ í 1. málsl. efnismálsgreinar 2. gr. komi: skulu stjórnvöld.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

1214. Nefndarálit [669. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Óskar Eyjólfsson frá Frumherja og Jóhann Ólafsson frá Löggildingarstofu.

Frumvarpinu er ætlað að útvíkka gildissvið laga nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., þannig að þau nái einnig til bifreiða og innleiða þannig tilskipun nr. 1999/94/EB, sem kveður á um að seljendur nýrra bifreiða birti með skýrum hætti eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun þeirra bifreiða sem þeir hafa til sölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Hjálmar Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Helga Guðrún Jónasdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Guðjón Guðmundsson, frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.
Pétur H. Blöndal.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

1215. Nefndarálit [33. mál]

um till. til þál. um óhefðbundnar lækningar.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ástríði Svövu Magnúsdóttur, formann Félags íslenskra græðara, Dagnýju Einarsdóttur, formann Organon, fagfélags íslenskra smáskammtalækna, Ríkharð Jósafatsson frá Acupunktúrfélagi Íslands, Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni, Hauk Valdimarsson aðstoðarlandlækni, Sigurbjörn Sveinsson, formann Læknafélags Íslands, og Guðríði Þorsteinsdóttur og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá landlækni, Elsu Jónsdóttur hjúkrunarfræðingi, Ólafi H. Oddssyni, héraðslækni Norðurlands eystra og vestra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, MS-félaginu, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, tóbaksvarnanefnd, Landssambandi eldri borgara, Önnu Rósu Róbertsdóttur og Kolbrúnu Björnsdóttur grasalæknum, Lyfjafræðingafélagi Íslands, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Félagi íslenskra nuddara, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Félagi höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara, Félagi íslenskra græðara, Kírópraktorafélagi Íslands, héraðslækni Reykjavíkur, Læknafélagi Íslands, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Lyfjastofnun, Sálarrannsóknarfélagi Íslands, Lífsskólanum sf., Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Organon, fagfélagi íslenskra smáskammtalækna, fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga, menntamálaráðuneytinu, Öryrkjabandalagi Íslands og ríkisskattstjóra.

Nefndin telur brýnt að ráðist verði í þá vinnu sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Ljóst er að svokallaðar óhefðbundnar lækningar eru stundaðar hér á landi í talsverðum mæli með þegjandi samþykki yfirvalda. Það skortir tilfinnanlega regluramma um þessa starfsemi svo að unnt sé að hafa eftirlit með henni og vernda hagsmuni notenda þessarar þjónustu sem og starfsöryggi og heiður þeirra sem sannanlega hafa aflað sér þekkingar til að veita hana. Segja má að þessi starfsemi hafi hingað til farið fram í einhvers konar lagalegu tómarúmi með afskiptaleysi yfirvalda og er mikilvægt að ráða bót á því vegna eðlis þjónustunnar. Áður en af því getur orðið verður þó að vinna ákveðna grunnvinnu. Tillaga þessi gengur út á að ráðist verði í þessa vinnu og þannig stigið fyrsta skrefið að því markmiði að mynda lagaramma utan um þessa starfsemi.

Hugtakið óhefðbundnar lækningar er að mörgu leyti óljóst. Undir það falla mörg ólík meðferðarform og aðferðir. Í tillögugreininni eru nefndar nokkar aðferðir sem undir flokkinn falla en nefndin leggur áherslu á að sá listi er engan veginn tæmandi. Meðal aðferða sem eru nefndar eru hnykklækningar. Hnykkjar, eða kírópraktorar, njóta nokkurrar sérstöðu að því leyti að frá því 1990 hefur verið í gildi reglugerð um starfsemi þeirra og því telst aðferðin ekki óhefðbundin í þeim skilningi sem nefndin leggur í orðið. Nefndin leggur því til að hnykklækningar verði felldar út úr tillögugreininni. Engu að síður gerir nefndin ráð fyrir að þessi grein lækninga verði skoðuð með tilliti til skyldra meðferðarúrræða og þeirra menntunarkrafna sem gerðar eru. Nefndin vill koma þeirri afstöðu sinni á framfæri að ekki eigi að leggja áherslu á löggildingu starfsréttinda í þessum greinum heldur geti viðurkenning náms og réttinda verið nægjanleg í flestum tilvikum. Í slíkum viðurkenningum felst mikilvæg neytendavernd.

Nefndin mælist til þess að sú nefnd sem skipuð verður, verði tillagan samþykkt, skoði hvort ekki megi finna heppilegra samheiti yfir þessar aðferðir en óhefðbundnar lækningar. Heitið er misvísandi bæði vegna þess að þessar aðferðir eru oft síður en svo óhefðbundnar en þó einkum vegna þess að orðið lækningar vísar um of til lækninga sem læknar með læknaleyfi hafa lögum samkvæmt einir heimild til að stunda.

Nefndin telur að sá tímarammi sem nefndinni samkvæmt tillögunni er ætlaður sé of knappur enda fyrir mestu að vel sé að verki staðið. Nefndin leggur til að tímaramminn verði rýmkaður.

Að öðru leyti tekur nefndin undir efni tillögunnar og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni og leggur til að hún verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Orðin „hnykklækningar (chiropractic)“ í 1. mgr. falli brott.
2. 6. mgr. orðist svo:
   Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Einar Oddur Kristjánsson.
Katrín Fjeldsted.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	Þuríður Backman.
	Margrét Frímannsdóttir.	

1216. Nefndarálit [653. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Pál Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem kveða skýrt á um í hvaða tilvikum megi safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum sem til verður við rafræna vöktun og meðferð slíks efnis. Þá eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um fræðslu- og tilkynningarskyldu ábyrgðaraðila gagnvart hinum skráða.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Persónuvernd setur reglur um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson.
Guðjón A. Kristjánsson.		Guðrún Ögmundsdóttir.

1217. Nefndarálit [598. mál]

um frv. til l. um breyt. á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson og Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti og Pál Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að skýrt verði kveðið á um í lögum að næstu yfirmenn undirmanns verði ekki vanhæfir til meðferðar máls af þeirri ástæðu einni að undirmaðurinn verður það.

Nefndin áréttar að hæfisreglur stjórnsýslulaga eru sjálfstæðar reglur sem samdar eru sérstaklega með tilliti til hugsanlegra atvika sem valdið geta vanhæfi manna til meðferðar máls. Þær lúta því ekki að þeirri ábyrgð sem ráðherra ber á stjórnarframkvæmdum samkvæmt lögum.

Mælir nefndin með að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Jónína Bjartmarz og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Guðrún Ögmundsdóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.	Ólafur Örn Haraldsson.
	Kjartan Ólafsson.	

1218. Nefndarálit [678. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögsöguákvæðum almennra hegningarlaga og tilteknum ákvæðum þeirra sem hafa í för með sér almannahættu til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt þremur alþjóðasamningum gegn hryðjuverkum, samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988, bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988 og samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „26. október 1979“ í 1. gr. komi: 3. mars 1980.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson.
Guðjón A. Kristjánsson.		Guðrún Ögmundsdóttir.

1219. Skýrsla [717. mál]

iðnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um þriggja fasa rafmagn.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Svohljóðandi þingsályktunartillaga var samþykkt á Alþingi 10. mars 1999:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.“

Forsætisráðuneyti fól iðnaðarráðherra með bréfi dags. 16. febrúar 2000 framkvæmd þingsályktuninnar. Með bréfi dags. 11. apríl 2000 skipaði iðnaðarráðherra nefnd er í áttu sæti full-

trúar iðnaðarráðuneytisins, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til að vinna að þessari úttekt.

Í nefndinni áttu sæti Helgi Bjarnason skrifstofustjóri, iðnaðarráðuneyti, Pétur Þórðarson yfirverkfræðingur, Rarik, og Jakob Ólafsson, rekstrarstjóri Orkubús Vestfjarða.

Í meðfylgjandi skýrslu koma fram niðurstöður nefndarinnar. Starf hennar reyndist vera tímafrekara en ráð var fyrir gert í upphafi þar eð hún taldi nauðsynlegt að kanna meðal sveitarstjórna landsins hvar væri brýnust þörf fyrir þrífösun dreifiveitukerfisins. Bárust umsagnir frá allflestum sveitarstjórnum og hafa þær nýst vel við að greina hver þörf þrífösunar er og hvar hún er brýnust. Í fylgiskjali III hér að aftan er sérstök skýrsla um niðurstöður á umsögnum sveitarstjórna.

Niðurstöður nefndarinnar svara að mati iðnaðarráðherra allvel þeim atriðum er þingsályktunin kveður á um. Fram kemur í áliti nefndarinnar að þörfin er víðast hvar staðbundnari en talið hefur verið hingað til og er brýnust á stórbýlum og við iðnrekstur til sveita. Að mati nefndarinnar er unnt að forgangsraða framkvæmdum og leysa brýnar þarfir flestra notenda á landsbyggðinni við þrífösun dreifikerfisins á ákveðnu árabili sem kosta mundi um 1.200 millj. kr. Á meðan á slíkum endurbótum stæði væri unnt að leysa brýnasta vanda notenda tímabundið og styrkja á einhvern hátt með uppsetningu á tíðnibreytum og/eða svokölluðum rafhrútum, sem gera þeim kleift að njóta þriggja fasa rafmagns. Í flestum tilfellum er slík lausn margfalt hagkvæmari en frekari flýting á þrífösun dreifikerfisins. Niðurstöður nefndarinnar benda því til þess að unnt verði að leysa vanda þrífösunar raforkukerfisins með mun minni fjárupphæðum en áður hefur verið talið og með forgangsröðun framkvæmda.

Þess ber að geta að ríkisstjórnin samþykkti tillögu iðnaðarráðherra hinn 8 mars sl. þess efnis að honum og fjármálaráðherra yrði falið að kanna á hvern hátt unnt yrði að afla þess fjár er þarf til að bæta úr brýnustu þörf atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn á næstu árum í samræmi við niðurstöður nefndarinnar. Stefnt er að því að þeirri athugun ljúki fyrir 1. maí nk. þannig að unnt verði að taka tillit til niðurstöðu hennar við fjárlagagerð fyrir 2003, ef hún verður jákvæð.

Helstu niðurstöður nefndarinnar.

1. Einfasa dreifilínur Rarik og Orkubús Vestfjarða eru nú *um 5.000 km* að lengd og þrífasa línur eru *um 2.880 km.* Talið er að kostnaður við að breyta núverandi einfasa kerfi að fullu yfir í þriggja fasa kerfi nemi um 9.600 millj. kr.
2. Heildarkostnaður við allar nauðsynlegar aðgerðir sem leiðir af forgangsröðun samkvæmt óskum sveitarstjórna er áætlað að nemi samtals *um 1.940 millj. kr.* Ef haft er í huga að þrífösun alls landsins muni kosta um 9.620 millj. kr. eins og fram kemur hér að ofan er þessi sértilgreindi kostnaður um 20% af þeirri upphæð. Ef reynt er að meta þörfina hjá sveitarfélögum sem ekki hafa svarað hækkar þetta hlutfall upp í 22–23%. Því er ljóst að unnt er að forgangsraða nauðsynlegustu aðgerðum við þrífösun miðað við þarfir notanda.
3. Ef litið er á flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna kemur í ljós að *afar brýnar aðgerðir nema um 230–250 millj. kr.* (Sjá töflu 3.)
4. Brýnir forgangsflokkar eftir röðun sveitarstjórna munu kosta *um 1.200 millj. kr.* í fjárfestingum eða um 13% heildarkostnaðar við þrífösun landsins. Lausleg forgangsröðun framkvæmda samkvæmt óskum sveitarstjórna eftir kostnaði leiðir í ljós að *heildarfjárhæð við þrífösun umfram þessa upphæð skilar nánast engum auknum ávinningi fyrir notendur miðað við fram komnar óskir þeirra.*

5. Með því að gera átak á t.d. á fimm ára tímabili við þrífösun dreifikerfis vegna þessara notenda, sem kosta mundi um 1.200 millj. kr., væri nánast unnt að fullnægja þörf allra notenda er brýna þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn. Vanda þeirra notenda er utan slíkra svæða búa og brýna þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn er æskilegt að leysa tímabundið og styrkja á einhvern hátt með uppsetningu á tíðnibreytum og/eða rafhrútum, sem gera þeim kleift að njóta þriggja fasa rafmagns til jafns við aðra notendur. Þessar aðgerðir eru mun hagkvæmari en frekari flýting á uppbyggingu dreifikerfisins þegar á heildina er litið, eins og fram kemur hér að aftan.
6. Ef ákveðið verður að verja sérstöku fjármagni til þrífösunar á næstu árum er lagt til að Rarik verði falið að vinna áætlun um endurbætur dreifikerfisins fyrir þrífösun miðað við ofangreindar niðurstöður könnunar nefndarinnar. Verði svo gert er nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrá fyrirtækisins vegna þrífösunar, sem mun leiða til þess að hlutfallslega fleiri notendur tengjast þriggja fasa rafmagni en verið hefur fram til þessa.

Inngangur.

Hinn 10. mars 1999 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því."

Forsætisráðuneyti fól iðnaðarráðherra með bréfi dags. 16. febrúar 2000 framkvæmd þingsályktunarinnar. Með bréfi dags. 11. apríl 2000 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið nefnd til að vinna að þessari úttekt og áttu í henni sæti Helgi Bjarnason skrifstofustjóri iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, Jakob Ólafsson rekstrarstjóri, tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða, Pétur E. Þórðarson yfirverkfræðingur, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Í upphafi aflaði nefndin sér nauðsynlegra gagna um stöðu þrífösunar hjá rafveitum landsins. Í ljós kom að hjá rafveitum í þéttbýli eiga nánast allir notendur aðgengi að þriggja fasa rafmagni, enda eru dreifikerfi í þéttbýli öll þriggja fasa að undanskildum hluta heimtauga.

Nefndin kannaði einnig sérstaklega hvernig háttað er um aðgengi raforkunotenda að þriggja fasa rafmagni í dag á dreifbýlissvæðum og lagði mat á umfang þess að raforkukerfi landsins verði þannig úr garði gert að öllum sé tryggt aðgengi að þriggja fasa rafmagni.

Þá hefur nefndin reynt að meta hver þörf notenda sé fyrir þriggja fasa rafmagn, þar sem það er ekki fyrir hendi. Nefndin fékk til fundar við sig fulltrúa bændasamtakanna og orkuspárnefndar til að fá álit þessara aðila á því hvernig rétt væri að meta þörf einstakra búgreina og svæða fyrir þrífösun. Í framhaldi af því ákvað nefndin að leita eftir umsögnum og ábendingum frá sveitarstjórnum um þörfina í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Bárust umsagnir frá flestum sveitarstjórnum, og hafa þær nýst vel til að greina í hverju þörfin er fólgin, hvar hún er brýnust og hvert umfang hennar er. Hefur nefndin stuðst við könnunina að verulegu leyti í niðurstöðum sínum. Fram að síðustu áramótum hafa verið að berast ábendingar sveitarstjórna um æskilega forgangsröðun á þrífösun í viðkomandi sveitarfélagi, en nefndin telur að þær upplýsingar, sem þegar eru fram komnar gefi afar raunhæfa mynd af þörf þrífösunar í sveitum landsins.

Nefndin telur að með þessari vinnu sé lagður grundvöllur að markvissari áætlunargerð og ákvörðunum en áður hefur verið fyrir hendi til að fullnægja eftirspurn eftir þriggja fasa rafmagni og uppbyggingu dreifikerfisins á landsbyggðinni í náinni framtíð.

Uppbygging raforkukerfisins í dreifbýli.

Í upphafi sveitarafvæðingar á Íslandi á árunum 1950–1960 var sú stefna tekin að rafvæða sveitir landsins á sem skemmstum tíma, enda var þörfin brýn víðast hvar. Stofnlínur og dreifikerfi voru því í upphafi byggð á sem einfaldastan og ódýrastan hátt til að mæta fyrirliggjandi raforkuþörf sem fólst í almennri heimilisnotkun býla og minni háttar búnotkun.

Þróunin frá þeim tíma hefur eins og kunnugt er verið á þann veg að raforkunotkun til sveita hefur stóraukist, bæði hafa býli stækkað, vélvæðing stóraukist og síðast en ekki síst var ákveðið af hálfu hins opinbera að stuðla að aukinni rafhitun í dreifbýli í kjölfar olíuverðshækkana á áttunda áratug aldarinnar. Þessi aukna notkun kallaði á verulega styrkingu á flutnings- og dreifikerfi landsins, enda var það ekki upphaflega byggt fyrir svo mikla aukningu á raforkunotkun. Þessi viðhorf og þarfir hafa leitt til þess að verulegur hluti stofnlínukerfis Rarik og dreifikerfi að hluta hefur verið endurnýjaður fyrr en ella hefði orðið. Fjárskortur og viðvarandi rekstrarhalli fyrirtækisins hefur þó valdið því að hægar hefur gengið en margir notendur hafa vænst. Fyrirtækið hefur orðið að endurnýja línulagnir sínar með öryggissjónarmið á afhendingu raforkunnar í algjöru fyrirrúmi og einnig hefur orðið að taka tillit til nauðsynlegrar endurnýjunar vegna tapa í stofnlínu- og dreifikerfum. Endurbætur kerfisins vegna breyttra aðstæðna í dreifbýli, sem krefjast þriggja fasa rafmagns, hafa því ekki verið efst á forgangslista fyrirtækisins þó svo að stöðugt hafi verið unnið að aukinni þrífösun samhliða endurnýjun og endurbótum raforkukerfisins.

Þegar 11 og 19 kV dreifikerfið til sveita var byggt upp voru aðaldreifilínur út frá aðveitustöðvum að jafnaði hafðar þriggja fasa enda flutningur mestur um þær. Einstakar álmur út frá þeim og dreifilínur þar sem byggð var strjálli og flutningur raforku minni voru hins vegar að jafnaði einfasa þar sem kostnaður við þær var verulega lægri og almennt engin þörf fyrir þriggja fasa rafmagn til almennrar notkunar. Í upphafi voru þannig innan við 25% af línum kerfisins þriggja fasa og nánast allir notendur með einfasa tengingu. Einfasa kerfið er því langalgengast í öllum sveitum og landshlutum. Eftir því sem byggðin er strjálli er það algengara og þar sem hún er strjálust er það nánast allsráðandi. Nú eru í dreifbýli tæp 40% aðveitu- og dreifikerfis þriggja fasa og tæp 20% spennistöðva eru þriggja fasa.

Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveitur ríkisins varið um 150–200 millj. kr. árlega til styrkingar og endurnýjunar á rafdreifikerfinu til sveita. Auk þess hafa notendur lagt fram u.þ.b. 20 millj. kr. árlega í heimtaugagjöld. Á næstu árum er fyrirhugað að verja svipaðri upphæð, eða *150–160 millj. kr.* árlega til endurnýjunar og styrkingar á dreifilínum Rafmagnsveitna ríkisins. Af þessu fjármagni er áætlað að 30 millj. kr. komi beint frá rekstri Rafmagnsveitna ríkisins en 130 millj. kr. úr ríkissjóði árlega sem hluti af endurgreiðslu á þeim arði sem Rafmagnsveitunum var gert að inna af hendi árlega samkvæmt samningi við ríkið frá 1995 sem tók m.a. til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfi í sveitum. Þá er einnig gert ráð fyrir að verja *50–60 millj. kr.* á ári til endurnýjunar á heimtaugum til sveita og allar þessar heimtaugar miðast við þriggja fasa rafmagn. Alls er því áætlað að verja ríflega *200–210 millj. kr.* árlega til þessara verkefna næstu árin. Ætla má að um 40% eða 80 millj. kr. af þessari upphæð nýttist til þrífösunar hjá notendum sem ekki höfðu aðgang að þriggja fasa rafmagni áður. Þau verkefni sem unnið er að fyrir ofangreindar 205 millj. kr. á árinu 2001 má flokka í eftirfarandi verkþætti:

- Lagning þriggja fasa strengja í stað gamalla þriggja fasa lína til að auka rekstraröryggi og flutningsgetu.
- Lagning þriggja fasa strengja til að auka flutningsgetu.
- Lagning þriggja fasa strengja til nýrra notenda.
- Uppsetning þriggja fasa spennistöðva samfara lagningu strengja.

Hafa ber í huga að við val á verkefnum til strenglagna er í fyrsta lagi horft til þess að raforkukerfið hafi næga flutningsgetu. Í öðru lagi hvar bilanir verða helst vegna ísingar, veðuráraunar og hrörnunar. Í þriðja lagi er leitast við að auka þrífösun þar sem álag er mest. Með því fjármagni sem verið hefur til ráðstöfunar hefur orðið að leggja megináherslu á tvo fyrri liðina. Þá ber að benda á að verulegt viðhaldsfjármagn fer til endurnýjunar á þeim hluta kerfisins sem nú þegar er þriggja fasa, enda eru þriggja fasa flutningslínurnar almennt eldri en einfasa línurnar.

Aðgangur að þriggja fasa rafmagni nú.

Flutningskerfi raforku er í eðli sínu þriggja fasa, en dreifikerfi á háspennu er ýmist einfasa eða þriggja fasa. Þriggja fasa kerfið mun hins vegar í framtíðinni taka við af einfasa kerfinu samhliða því sem það verður endurnýjað á næstu áratugum. Heildarlengd einfasa raflína í dreifikerfi Rarik og Orkubús Vestfjarða er í dag samtals *um 5.000 km* og þriggja fasa raflínur og strengir eru samtals *um 2.800 km.*

Rafmagnsnotendur í núverandi raforkukerfi hafa nú ýmist aðgang að einfasa eða þriggja fasa rafmagni. Notendur einfasa rafmagns hafa í mörgum tilvikum möguleika á að fá þriggja fasa rafmagn óski þeir þess. Rétt er að geta þess að þó dreifikerfi sé þriggja fasa eins og í þéttbýli er algengast að notendur nýta sér ekki möguleika á þriggja fasa rafmagni heldur eru eingöngu með einfasa tengingu. Um 40% notenda Rarik sem eiga kost á þriggja fasa rafmagni nýta sér það ekki.

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er gjald fyrir þrífösun 53 þús. kr. (án vsk) ef þriggja fasa háspennulögn er fyrir hendi og aðeins þarf að skipta um spenni. Sama gildir ef notandi tekur inn þriggja fasa rafmagn samhliða því að verið er að endurnýja dreifikerfi á viðkomandi svæði. Talið er að þessir notendur hafi aðgang að þriggja fasa rafmagni.

Óski notendur þrífösunar þar sem þriggja fasa háspennulögn er ekki fyrir hendi og ekki er verið að endurnýja kerfið af öðrum ástæðum er gjaldið mun hærra. Notendur greiða þá allan kostnað við breytingu á háspennulögn upp að 530 þús. kr. (án vsk.) og 30% af kostnaði umfram það ef áformað er að þrífasa viðkomandi kerfi í framtíðinni.

Ef þrífösun er ekki áformuð í framtíðinni – svo sem á strjálbýlum svæðum þar sem nýlegar einfasa línur anna vel flutningsþörf – greiða notendur allan kostnað við þrífösun háspennulagnar. Í báðum tilfellum greiða notendur svo allan kostnað við breytingu á spennistöð og heimtaug. Telja verður að þessir tveir hópar hafi ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni og er vandi þeirra því meginumfjöllunarefni þessarar úttektar.

Nánast allir notendur sem ekki hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni eru í sveitum landsins og eru viðskiptavinir Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Taflan hér á eftir sýnir fjölda einfasa og þriggja fasa spennistöðva og umfang einfasa og þriggja fasa dreifikerfisins í ársbyrjun 2002.

Tafla 1. Fjöldi 3-fasa/1-fasa spennistöðva í dreifbýliskerfi Rarik og OV.

Flokkur	Rarik	OV	Samtals	Hlutfall þrífösunar miðað við mögulegar tengingar
3-fasa spennistöðvar í 3-fasa kerfi	907	12	919	60%
1-fasa spennistöðvar í 3-fasa kerfi	539	84	623	40%
1-fasa spennistöðvar í 1-fasa kerfi	2.981	277	3.258	
Samtals	4.427	373	4.790	

Athygli vekur að um 40% notenda í þriggja fasa kerfi hafa ekki séð ástæðu til að nýta sér það. Ástæður gætur verið þær að notendur hafi ekki þörf fyrir það en einnig er líklegt að hár kostnaður við tengingar og breytingar dragi úr áhuga manna.

Hjá Orkubúi Vestfjarða eru allflestar sveitalínur einfasa og gefa ekki möguleika á þriggja fasa rafmagni, en mjög lítið hefur borið á því að bændur hafi breytt kerfum sínum í þrífasa kerfi á síðustu þremur árum.

Aðgerðir til aukinnar þrífösunar.

Til að bæta úr þörf notenda fyrir þriggja fasa rafmagn á landsbyggðinni eru tvær meginleiðir tiltækar:

1. Unnið verði að aukinni þrífösun dreifiveitukerfa með sérstöku fjármagni og/eða forgangsröðun framkvæmda vegna brýnna staðbundinna þarfa.
2. Unnið verði að umbreytingu einfasa rafmagns í þriggja fasa hjá einstökum notendum, sem brýna þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn, en eiga ekki kost á að tengjast þriggja fasa dreifiveitu innan skamms tíma.

Ef um fáa notendur er að ræða er fyrsta leiðin yfirleitt dýrust. Hún er hins vegar einföldust fyrir notandann og í þeim tilvikum sem endurnýja þarf dreifikerfið er hún einnig ódýr þar eð notendur greiða þá einungis fyrir spenni. Jákvæð hliðaráhrif eru þau að oft fá aðrir notendur aðgang að þriggja fasa rafmagni, þó reynslan sýni að einungis um helmingur þeirra nýti þann aðgang. Þessu getur einnig fylgt æskileg endurnýjun á kerfinu, einkum ef breytingin felst í strenglögn á samfelldu svæði fyrir framtíðaruppbyggingu dreifikerfisins en er ekki aðgerð fyrir einn eða örfáa notendur.

Önnur leiðin felst í að settur er upp sérstakur tækjabúnaður hjá notanda sem umbreytir einfasa rafmagni í þriggja fasa. Í því felst allnokkur kostnaður hjá notanda sem yfirleitt er þó mun minni heldur en kostnaður við breytingar á dreifikerfi orkuveitunnar. Kostnaður notenda felst annars vegar í stofnkostnaði búnaðarins og hins vegar í því að nokkur töp verða við umbreytinguna yfir í þriggja fasa rafmagnið í búnaðinum. Stundum kann jafnvel að þurfa stækka heimtaug til þess að tryggja nógu stöðuga spennu, sem er nauðsynleg fyrir þennan búnað. Þessi lausn er heldur ekki eins sveigjanleg eins og sú fyrsta því tækjabúnaðurinn og uppsetning hans miðast yfirleitt við tiltekinn notendabúnað. Eigi að síður er hún í mörgum tilfellum langhagkvæmasta lausnin þegar um staðbundin og sértæk vandamál er að ræða vegna þrífösunar, einkum ef um er að ræða langa fjarlægð frá þriggja fasa aðveitu- eða dreifilínum.

Fyrir hefðbundinn búskap, þar sem rafvélanotkun er ekki mikil, er líklegt að unnt verði að leysa þörf notenda með rafhrút og/eða tíðnibreytum við að breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa rafmagn. Gera má ráð fyrir að meðalkostnaður við slíkt gæti numið 150–300 þús. kr. fyrir notanda. Sá kostnaður er margfalt minni en að ráðast í dýrar þriggja fasa breytingar á dreifikerfinu, en meðalkostnaður á notanda við það er talinn vera um 2,7 millj. kr. fyrir landið í heild. Af þessu má vera ljóst að miklu máli skiptir að reynt sé að notast við heppilegan tækjabúnað hjá notanda við þrífösun þar til eðlileg þrífösun með endurbyggingu dreifikerfis fer fram hjá viðkomandi notanda. Nánar er fjallað um þessar lausnir í 9. kafla.

Kostnaður við þrífösun til allra notenda.

Eins og fram kemur í töflu 1 hér að framan eru 3.258 spennistöðvar tengdar einfasa dreifikerfi á landsbyggðinni. Heildarlengd dreifilína í einfasa kerfinu er um 5.000 km og heildarlengd þriggja fasa kerfisins er um 2.880 km.

Reynsla dreifiveitufyrirtækja sýnir að kostnaður við hvern lagðan km í streng í dreifilínu er að jafnaði um 1,5 millj. kr. og hver spennistöð og heimtaug kostar um 0,65 millj. kr. Heildarkostnað við að þrífasa allt einfasa kerfið má því lauslega áætla þannig:

3-fösun dreifilína, 5.000 km	= 7.500 millj. kr.
3-fösun spennistöðva, 3.557 stk.	= 2.100 millj. kr.
Samtals kostnaður	= 9.600 millj. kr.

Þessi upphæð lýsir kostnaði við að þrífasa allt dreifikerfið án tillits til þess hvort notendur hafi þörf fyrir þriggja fasa rafmagn eða ekki. Jafnaðarkostnaður á notanda er 2,75 millj. kr., eða 2,1 millj. kr. vegna dreifilínu og 0,65 millj. kr. vegna spennistöðvar.

Það er álit nefndarinnar að vegna þessa háa kostnaðar við þrífösun alls dreifikerfisins sé ekki raunhæft að gera ráð fyrir öðru en að því verði að fullu lokið á sama tíma og endurnýjun á núverandi dreifikerfi verður lokið með strenglagningu í jörðu í stað núverandi dreifilína. Á hinn bóginn er eðlilegt að reynt verði að forgangsraða framkvæmdum miðað við þá þörf sem fyrir er og ástand kerfis í hverju tilviki og leysa vanda þeirra er ekki eiga kost á að tengjast þriggja fasa kerfinu á annan hátt.

Flýting og forgangsröðun framkvæmda.

Eins og kemur fram hér að framan er ljóst að mjög langan tíma mun taka að byggja upp þriggja fasa rafmagn um allt land. Þörfin hjá mörgum notendum er hins vegar víða brýn og því er nauðsynlegt að freista þess að leggja áherslu á flýtingu nauðsynlegra framkvæmda með ákveðinni forgangsröðun. Ráðist yrði í þessar framkvæmdir síðar vegna endurnýjunar dreifikerfisins, eins og hér að framan hefur komið fram. Því má líta svo á að hér sé um að ræða flýtingarkostnað á eðlilegri endurnýjun aðveitu- og dreifikerfi landsins.

Þörfin fyrir þriggja fasa rafmagn hefur breyst á undanförnum 10–20 árum. Á áratugunum 1960–1980 bar mjög á óskum bænda um þrífösunarrafmagn vegna súgþurrkunar, sem var almennt leyst með því að nota einfasa rafmótora sem voru verulega dýrari en þriggja fasa mótorar auk þess sem sérsmíða þurfti þá hér á landi. Með breyttum heyverkunaraðferðum, ekki síst með svokallaðri heyrúllutækni hefur þörf vegna súgþurrkunar fallið niður að mestu. Hins vegar hafa aðrar breytingar orðið í landbúnaði sem kalla á staðbundnari aðgerðir en áður voru fyrir hendi. Þar má nefna að býli hafa stækkað verulega og á síðustu árum hefur notkun hátæknibúnaðar stóraukist við landbúnaðarframleiðslu. Mjólkurframleiðendum hefur fækkað mjög undanfarin ár en að sama skapi hefur bústærð þeirra vaxið og sjálfvirkni búanna aukist. Þessi tækniþróun hefur kallað á aukin gæði raforku, þ.e. þrífösun og jafna spennu. Sama þróun hefur orðið hjá svína- og loðdýrabændum. Loks ber að nefna að margháttuð þjónustustarfsemi hefur farið í vöxt í minni kjörnum í dreifbýli á undanförnum árum, smáiðnaður, úrvinnsla sjávar- og landbúnaðarafurða og verkstæðisvinna hefur þróast og vaxið þar, sem krefst einnig þrífösunar. Allar slíkar óskir þarf að mati nefndarinnar að skoða í hverju tilviki og leita hagkvæmustu lausna þar eð hér getur verið um að ræða veigamiklar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Ábendingar sveitarstjórna um þörf þrífösunar.

Eins og fram hefur komið var eitt meginhlutverk nefndarinnar að meta þörfina fyrir þrífösun rafmagns á landsbyggðinni. Nefndin átti fund með forsvarsmönnum bændasamtakanna, sem komu með ágætar ábendingar um þróun í raforkunotkun landbúnaðarins. Enn fremur kom á fund nefndarinnar fulltrúi frá orkuspárnefnd og gerði grein fyrir þróun raforkunotkun-

ar eftir mismunandi svæðum og stöðum á síðustu árum til að geta betur séð hvar aukning hefði orðið á notkun þrífasa raforku.

Eigi að síður taldi nefndin að til þess að geta lagt heildstætt og raunhæft mat á þörf þrífösunar á landsbyggðinni væri rétt að að meta þörf þrífösunar beint með því að leita til flestra sveitarstjórna á landinu og óska eftir mati þeirra á því hvar þörfin væri brýnust í þeirra heimabyggð.

Óskað var umsagna frá 99 sveitarfélögum um allt land sem búa við einfasa dreifikerfi að verulegu leyti. Bréf var sent 27. mars 2001 og síðan haft samband símleiðis við þær sveitarstjórnir sem ekki svöruðu skriflega erindinu. Umsagnir bárust frá 80 sveitarfélögum, en 19 sveitarstjórnir svöruðu ekki. Svarhlutfallið er því 81%. Í viðaukum skýrslunnar má sjá svörun einstakra sveitarstjórna. Alls bárust 212 einstakar ábendingar um þrífösun frá 61 sveitarfélagi, en 19 sveitarstjórnir bentu ekki á neina þrífösunarþörf í umsögn sinni. Athuga ber að hver ábending getur falið í sér ósk um þriggja fasa rafmagn á einni eða fleiri spennistöðvum.

Meðal ábendinga sveitarstjórna reyndust 29 vera vegna staða sem eru með þriggja fasa rafmagn eða hafa aðgang að því. Eftir standa þá 183 ábendingar. Þar af er 151 ábending vegna tiltekinna staða en 32 eru almennar ábendingar um að þrífösunar sé þörf án tilgreindra sérstakra ástæðna eða notenda. Yfirleitt er þrífösun þá talin æskileg til þess að skapa svigrúm til almennrar atvinnuþróunar og vegna tækninýjunga. Af sértilgreindum ábendingum eru 30 sem sveitarstjórnir forgangsraða sem aðkallandi, 12 telja þær ekki aðkallandi en sveitarstjórnir veita ekki sérstakar upplýsingar um forgangsröðun í 98 ábendingum.

Sveitarstjórnir flokka óskirnar sjálfar að nokkru leyti. Má helst greina þær í annars vegar óskir um þriggja fasa rafmagn á tiltekna staði með rökstuðningi, og svo hins vegar almennar óskir um þriggja fasa rafmagn á ákveðin svæði, gjarnan þau svæði sem eru einfasa í núverandi kerfi. Í nokkrum tilvikum telja sveitarstjórnir mjög aðkallandi að þrífasa til tiltekinna aðila. Í töflu 2 eru óskir sveitarstjórna flokkaðar niður eftir þessu.

Tafla 2. Flokkun óska eftir forgangsröðun sveitarstjórna.

Flokkur	Fjöldi spennistöðva
Almennar óskir	42
Brýnar óskir	110
Afar brýnar óskir	35
Alls	**187**

Í heild fela þessar aðgerðir í sér lagningu um 1.000 km strengja eða lína í stað núverandi einfasa dreifilína. Þessum línum tengjast um 721 spennistöð, þar af eru 187 sem tilgreint er í umsögnum sveitarstjórna að þurfi þriggja fasa rafmagn. Ástæðan er sú að hagkvæmast er að endurnýja spennistöðina samhliða strenglögninni, auk þess sem gera má ráð fyrir að allnokkur hópur notenda sjái sér hag í því að nýta þriggja fasa rafmagn þegar það er orðið aðgengilegt.

Í töflu 3 er reynt að meta kostnað miðað við forgangsröðun sveitarstjórna.

Tafla 3. Flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna.

Flokkur	Kostnaður aðgerða, millj. kr.	Fjöldi spennistöðva með aðgerðum	Fjöldi spennistöðva samkvæmt ósk	Kostnaður/ósk, millj. kr.
Afar brýnar óskir	226	90	35	6,4
Brýnar óskir	1.068	381	110	9,7
Almennar óskir	648	250	42	15,4
Samtals	**1.942**	**721**	**187**	**10,4**

Heildarkostnaður við allar aðgerðir, sem óskað er eftir, nemur samkvæmt þessu um 1.940 millj. kr. Þrífösun alls landsins er talin muni kosta samtals um 9.600 millj. kr., eins og komið hefur fram, og er þessi sértilgreindi kostnaður því um 20% af þeirri upphæð. Ef reynt er að meta þörfina hjá sveitarfélögum sem ekki hafa svarað óskum nefndarinnar gæti þetta hlutfall hækkað upp í 22–23%.

Ef litið er á flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna í töflu 3 sést að kostnaður við afar brýnar aðgerðir nema um 230 millj. kr. eða um 12% af heildarkostnaði sem sveitastjórnir tilgreina. Þær aðgerðir sem leysa úr brýnum óskum sveitarstjórna nema um ¾ heildarkostnaðar, þ.e. um 1.500 millj. kr. af 1.940 millj. kr. Gefur það til kynna að unnt gæti verið að forgangsraða verkefnum á næstu árum með árangri.

Í meðfylgjandi sérfræðiskýrslu í fylgiskjali III er gerð nálgun að forgangsröðun framkvæmda út frá framangreindum niðurstöðum. Þar er kostnaður fundinn fyrir hverja aðgerð vegna óska um þrífösun, brýnum óskum er gefinn forgangur miðað við almennar óskir. Eins og þar sést mjög vel er ávinningur mestur fyrst með því að ráðast í brýnustu óskir og þá brýnar óskir, en fer síðan stigminnkandi uns hann verður lítill sem enginn. *Heildarfjárhæð við þrífösun umfram 1.100–1.200 millj. kr. í framkvæmdakostnaði virðist skila nánast engum auknum ávinningi. Ef leiðrétt er fyrir hugsanlegum þörfum notenda í sveitarfélögum, sem ekki hafa svarað óskum nefndarinnar má áætla þessa upphæð um 100 millj. kr. hærri.* Hér ber auðvitað að hafa í huga að eingöngu er verið að mæla ávinning í formi fjölda spennistöðva sem óskað er þrífösunar á, en að sjálfsögðu verður einnig ávinningur af auknu aðgengi notenda almennt að þriggja fasa rafmagni. Sjá nánar fylgiskjal III: Greining á umsögnum sveitarfélaga.

Notendalausnir á þrífösunarþörf.

Þörf notanda fyrir þriggja fasa rafmagn verður að mestu til vegna rafvélanotkunar. Vélarnar geta verið til ýmissa nota, svo sem til að knýja dælur, blásara, vindur, færibönd eða annað. Aukin uppbygging smáiðnaðar í dreifbýlinu og stækkandi bú, bæði kúabú og svínabú, hafa sívaxandi þörf fyrir öruggt og stöðugt þriggja fasa rafmagn. Almennt má segja að á meðalstórum og minni býlum megi leysa vandann annars vegar með því að umbreyta einfasa rafmagninu í þriggja fasa í stað þess að nota vélar eða búnað sem gengur fyrir einfasa rafmagni í stað þriggja fasa. Með þessu móti er talið að fullnægt sé þörf þessara aðila að minnsta kosti tímabundið þar til kemur að því að viðkomandi dreifikerfi verði endurnýjað.

Til eru nokkrar gerðir af umbreytibúnaði til þessara hluta sem henta misvel eftir aðstæðum hverju sinni. Rafmagnsveitur ríkisins hafa kannað nokkuð slíkar lausnir og hafa nýverið sett upp til reynslu ákveðna gerð af þessum búnaði, svonefnda rafhrúta, sem duga mundu flestum notendum sem nú eru einfasa, og kosta mundu nokkur hundruð þúsund krónur. Með rafhrút má gera hluta af notendaveitu þriggja fasa, og tengja allt að 50 kW notkun. Kostnaður við rafhrúta getur verið frá um 100 þkr. upp í nokkur hundruð eftir stærð sem getur verið frá 1

kW upp í um 50 kW. Rafhrúturinn getur þjónað einum eða fleiri mótorum en aðrir hlutar notendaveitunnar eru áfram einfasa.

Fyrir minni vélar má nota tíðnibreyta, sem ætlaðir eru til hraðastillinga rafvéla. Er það tiltölulega ódýr búnaður og aðgengilegur, en kostnaður hleypur á einhverjum tugum þúsunda fyrir hverja vél eftir stærð hennar. Tíðnibreytar geta hentað vel fyrir stakar vélar á bilinu 0–5,5 kW.

Hafi notandi ekki haft aðgang að þriggja fasa rafmagni getur hann sett upp tækjabúnað sem nýtt getur einfasa rafmagn í stað þriggja fasa. Slíkur tækjabúnaður er yfirleitt nokkuð dýrari og í sumum tilvikum ekki auðvelt að kaupa hann. Ef þörfin fyrir þriggja fasa rafmagn er bundin við t.d. eina eða tvær vélar er þessi leið yfirleitt sú langódýrasta, ef aðgengi að þriggja fasa rafmagni frá dreifiveitunni er ekki fyrir hendi á annað borð. Hér á landi voru um langt árabil framleiddir nokkuð stórir rafmótorar sem voru víða notaðir fyrir súgþurrkun í sveitum landsins og eru jafnvel enn í notkun.

Einfasa rafmagni breytt í þriggja fasa með tíðnibreytum.

Til þess að stjórna hraða rafvéla er algengast að nota búnað sem byggist á rafeindatækni. Snúningshraði rafvéla er háður tíðni rafmagnsins og með því að stjórna tíðninni er unnt að stjórna hraðanum.

Hægt hefur verið lengi hér á landi að fá hraðastýringar fyrir rafvélar sem tengja má við einfasa rafmagn. Þær umbreyta rafmagninu í þriggja fasa jafnframt því að gefa möguleika á hraðastillingu vélarinnar. Nota má þessa lausn fyrir minni vélar þar sem þriggja fasa rafmagn er ekki fyrir hendi og fást hraðastýringar hér á landi fyrir allt að 6 kW afl. Slíkir breytar kosta um 120 þús. kr. Hraðabreytar fyrir 1–1,5 kW afl kosta hins vegar um 25–30 þús. kr.

Búnaðurinn er því tiltölulega ódýr miðað við breytingar í dreifikerfinu og þar sem lausnin á við getur hún verið mjög hagkvæm leið til að leysa úr þörf notandans. Búnaðurinn krefst þess að spenna inn sé á bilinu 200–240 V og sveiflist innan 10% vikmarka. Til sveita getur spenna sveiflast talsvert til eftir notkun. Þrátt fyrir að spennukröfur vegna búnaðarins sé innan viðmiðunarmarka er líklegt að í einhverjum tilvikum séu spennugæði eigi að síður lakari en þörf er á fyrir eðlilega virkni búnaðarins. Þetta getur átt við í byggðum þar sem aðveitu- eða dreifikerfið er ekki öflugt, en einmitt þar er ef til vill mest þörf á hraðastillum til að koma til móts við þarfir notenda við þrífösun. Þá getur rafeindabúnaður af þessu tagi skapað truflanir fyrir aðra notkun í grennd ef ekki er vandað til frágangs.

Einfasa rafmagni breytt í þriggja fasa með rafhrútum.

Til er tækjabúnaður sem sérstaklega er til þess ætlaður að breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa og nefndur hefur verið rafhrútur. Rafmagnsveitur ríkisins hafa undanfarið gert athuganir á slíkum búnaði frá erlendum aðila. Tvær gerðir frá sama framleiðanda hafa verið til skoðunar fyrir mismunandi mikla aflþörf. Minni gerðin af þeim rafhrútum sem eru til skoðunar er fyrir notkun allt upp í 16 kW, en hin fyrir allt að 30 kW notkun. Virðist mega áætla að kostnaður minni gerðar tækisins uppsetts hjá notanda verði á bilinu 250–300 þús. kr. en ekki liggur fyrir verð á stærri gerð tækisins.

Rafhrútar hafa verið settir upp hjá notendum í tilraunaskyni, en lítil reynsla er enn komin á notkun þeirra. Nokkrir byrjunarörðugleikar hafa komið fram við þessa tilraunanotkun, sem unnið er að að leysa. Athuganirnar benda til þess að rafhrútarnir vinni tæknilega á viðunandi hátt og megi beita þar sem við á. Gera þarf sérstakar ráðstafanir í húsveitu notandans til þess að hægt sé að nota þessa lausn. Þar sem hún á við getur hún hins vegar hentað vel og reynst hagkvæmur kostur.

Niðurstöður.

1. Einfasa dreifilínur Rarik og Orkubús Vestfjarða eru nú *um 5.000 km* að lengd og þrífasa aðveitu- og dreifilínur um 2.880 km. Talið er að samtals nemi kostnaður við að breyta núverandi einfasa kerfi að fullu yfir í þriggja fasa kerfi um *9.600 millj. kr.*
2. Ekki hafa allir notendur þörf fyrir þriggja fasa rafmagn og hún er mismunandi brýn. Nú hafa aðeins 56% notenda sem eiga kost á þriggja fasa rafmagni nýtt sér það, aðrir telja sig ekki hafa þörf fyrir það eða telja slíkt ekki svara kostnaði.
3. Til að kanna þörf fyrir þrífösun rafmagns í dreifbýli landsins ritaði nefndin öllum sveitarstjórnum landsins bréf þar sem óskað var eftir áliti þeirra á því hvar þörfin væri brýnust í viðkomandi sveitarfélagi. Óskað var umsagna frá 99 sveitarfélögum víðs vegar um landið sem búa við einfasa kerfi. Umsagnir bárust frá 80 sveitarfélögum, en 19 sveitarstjórnir svöruðu ekki. Svarhlutfallið er því 81%. Í sérstakri skýrslu með nefndaráliti má sjá svörun einstakra sveitarstjórna.
4. *Heildarkostnaður við allar nauðsynlegar aðgerðir við þrífösun sem leiðir af forgangsröðun sveitarstjórna er áætlað að nemi um 1.940 millj. kr.* Ef haft er í huga að þrífösun alls landsins muni kosta um 9.620 millj. kr. eins og fram hefur komið er þessi sértilgreindi kostnaður um 20% af þeirri upphæð. Ef reynt er að meta þörfina hjá sveitarfélögum sem ekki hafa svarað bréfi nefndarinnar gæti þetta hlutfall hækkað upp í 22–23%. Því er ljóst að unnt er að forgangsraða nauðsynlegustu aðgerðum við þrífösun miðað við þarfir notanda.
5. Ef litið er á flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna kemur í ljós að *afar brýnar aðgerðir* munu kosta *um 230–250 millj. kr.* Brýnir forgangsflokkar eftir röðun sveitarstjórna munu kosta um *1.200 millj. kr.* í fjárfestingum eða um 13% heildarkostnaðar við þrífösun landsins. Lausleg forgangsröðun framkvæmda samkvæmt óskum sveitarstjórna eftir kostnaði leiðir í ljós að *heildarfjárfesting við þrífösun umfram þessa upphæð skilar nánast engum auknum ávinningi fyrir notendur miðað við fram komnar óskir þeirra.*
6. Fyrsta forgangsröðun stjórnvalda við þrífösun ætti því að beinast að því að leysa vanda þeirra er brýnustu þarfirnar hafa og mun það kosta *um 230–250 millj. kr.* (Sjá töflu 3.)
7. Ef ríkið gerði sérstakt átak við þrífösun til þeirra notenda sem hafa brýnar þarfir, á t.d. *fimm ára tímabili* sem mundi kosta *samtals um 1.200 millj. kr.* mundi slíkt átak leysa þörf flestra notenda fyrir þrífösun. Vanda þeirra notenda er búa utan þrífasaðra svæða og þörf hafa á þriggja fasa rafmagni má leysa tímabundið með öðrum aðgerðum eins og hér að framan segir, enda eru slíkar aðgerðir hagkvæmari þegar á heildina er litið.
8. Aðgerðir sem þjóna annarri tilgreindri þörf ákveðinna svæða eða staða og ekki telst vera forgangsverkefni að sinna munu kosta um *650 millj. kr. til viðbótar* samkvæmt svörum sveitarstjórna. Þær aðgerðir er ekki knýjandi að leysa en má forgangsraða síðar eftir því hversu brýnar þær verða í náinni framtíð.
9. Séu þarfir þeirra er ekki hafa svarað jafnbrýnar og þeirra er svarað hafa óskum nefndarinnar má ætla að þær kostnaðartölur, sem hér að ofan hafa komið fram, þurfi að hækka um 20%.
10. Verði sérstöku fjármagni varið til þessa verkefnis á næstu árum er lagt til að Rarik verði falið að vinna sérstaka áætlun um endurbyggingu dreifikerfisins fyrir þrífösun miðað við framangreindar niðurstöður könnunar nefndarinnar á þörf þrífösunar á landsbyggðinni. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða gjaldskrá fyrirtækisins vegna þrífösunar fyrir líklega notendur, sem mun leiða til þess að hlutfallslega fleiri notendur sem beina þörf hafa nú munu velja að tengjast þriggja fasa rafmagni.

Fylgiskjal I.

Skipunarbréf nefndar.
(11. apríl 2000.)

Alþingi samþykkti hinn 10. mars 1999 þingsályktun um þriggja fasa rafmagn. Með þingsályktuninni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni er jafnframt falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.

Forsætisráðuneytið fól iðnaðarráðherra með bréfi dags. 16. febrúar 2000 framkvæmd umræddrar þingsályktunar.

Með vísan til ofanritaðs eruð þér hér með skipaðir í ofangreinda nefnd og jafnframt formaður hennar. Nefndina skipa:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður.
Pétur E. Þórðarson, yfirverkfræðingur, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.
Jakob Ólafsson, rekstrarstjóri, tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða.



Fylgiskjal II.

Bréf til sveitarstjórna varðandi áætlun um þriggja fasa rafmagn á landsbyggðinni.
(Reykjavík, 27. mars 2001.)

Iðnaðarráðherra skipaði í apríl sl. nefnd sem ætlað er að vinna að úttekt á stöðu þriggja fasa raflagna í landinu og jafnframt var nefndinni falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því. Í nefndinni eiga sæti:

Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,
Pétur Þórðarson, yfirverkfræðingur, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins,
Jakob Ólafsson, rekstrarstjóri, tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða.

Eins og flestum er kunnugt um hafa orðið nokkrar breytingar á raforkunotkun í dreifbýli á undanförnum árum. Notkun raforku til súgþurrkunar hefur dregist mjög saman, en önnur notkun eins og til smáiðnaðar á einstökum býlum eða á minni þéttbýlisstöðum hefur á hinn bóginn aukist. Nefndin hefur reynt að skilgreina hvar þörfin er brýnust út frá aukningu raforku á einstökum svæðum, en slíkt er þó afar erfitt þegar um er að ræða áætlanagerð til skamms tíma, en gagnast betur við langtímaáætlunargerð.

Um þriðjungur af dreifikerfi landsbyggðarinnar er í dag þriggja fasa rafstrengir og 30% notenda til sveita hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni, en aðeins ríflega helmingur þeirra hefur notfært sér það með því að tengjast þriggja fasa rafmagni. Takmörkuðu fjármagni hefur verið varið til endurnýjunar dreifikerfa undanfarin ár og hefur viðhaldsfé að mestu verið varið til að bæta úr flutningsgetu kerfisins og bæta öryggi þess. Allar nýjar dreifilagnir undanfarin ár hafa verið í formi jarðstrengja og eru nær eingöngu þriggja fasa. Af þessum sökum er afar mikilvægt að framkvæmdir við þrífösun dreifikerfisins verði sem markvissastar og þess freistað að forgangsraða verkefnum eftir þörf á hverjum tíma sé þess nokkur kostur.

Á fundi nefndarinnar sl. haust kom sú hugmynd fram að hafa samband við sveitarstjórnir á landsbyggðinni og leita eftir upplýsingum frá þeim um hvar skórinn helst kreppir í hverju byggðarlagi til að unnt sé betur að meta þörfina fyrir endurnýjun dreifilína og um leið gera þrífösun kerfisins marksvissari. Leitar nefndin hér með álits yðar á þessu máli. Æskilegt væri að upplýsingar og/eða óskir sveitarstjórna um forgang verksins lægju fyrir eigi síðar en 15. maí nk. Sé þess óskað munu umdæmisstjórar Rarik og starfsmenn Orkubús Vestfjarða verða sveitarstjórnum til aðstoðar og upplýsinga.

Nefndin vonar að með þessum upplýsingum sveitarstjórna takist að vinna markvissari áætlun um uppbyggingu þriggja fasa dreifikerfisins en ella væri til hagsbóta fyrir alla þá, sem hér eiga hlut að máli.

Virðingarfyllst,
f.h. nefndarinnar

Fylgiskjal III.

Þriggja fasa rafmagn um landið: Greining á umsögnum sveitarfélaga.

Inngangur.

Hinn 10. mars 1999 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnaði við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því."

Nefndina skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og eiga í henni sæti:

Helgi Bjarnason, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,

Jakob Ólafsson, tilnefndur af Orkubúi Vestfjarða,

Pétur E. Þórðarson, tilnefndur af Rafmagnsveitum ríkisins.

Nefndin hefur kannað hversu háttað er um aðgengi raforkunotenda að þriggja fasa rafmagni og lagt mat á umfang þess að tryggja öllum aðgengi að því. Enn fremur hefur hún reynt að meta það hver þörf notenda er fyrir slíkt aðgengi, þar sem það er ekki fyrir hendi, og reynt að greina þörfina í forgangsflokka, ásamt því að meta umfang og kostnað nauðsynlegra aðgerða.

Leiðir til þess að nálgast framangreint mat voru margvíslegar, en meðal annars leitaði nefndin eftir umsögnum og ábendingum frá sveitarstjórnum um þörfina í hverju sveitarfélagi fyrir sig á svæðum þar sem er einfasa rafmagn. Bárust umsagnir frá flestum sveitarstjórnum, og hafa þær nýst vel til að greina í hverju þörfin er fólgin, hvar hún er brýnust og umfang hennar. Hér verður gerð grein fyrir þessum umsögnum og úrvinnslu þeirra. Hefur Kjartan Rolf Árnason frá KR Ráðgjöf ehf. annast úrvinnslu og greiningu gagna.

Helstu niðurstöður greiningarinnar.

Til að þrífasa allt einfasa dreifikerfið þarf að leggja í verulegar fjárfestingar. Mundu þær nema allt að 9,6 milljörðum kr. Ekki hafa allir notendur þörf fyrir þriggja fasa rafmagn né er þörf allra jafnbrýn. Því er unnt að forgangsraða aðgerðum. Aðgerðir sem þjóna tilgreindri þörf ákveðinna svæða eða staða kosta sem nemur um 23% heildarþrífösunar, eða um 2,2 milljarða kr. Þeim má svo aftur forgangsraða eftir því hversu brýnar þær eru. Brýnustu forgangsflokkar kalla á tæpa 1,4 milljarða kr. fjárfestingar alls.

Umfang þrífösunar til allra notenda.

Nálgast má umfang heildarþarfar fyrir þriggja fasa rafmagn með því að styðjast við heildarstærðir og reynslutölur.

Fyrir liggur að í landinu eru 3.258 einfasa spennistöðvar, tengdar einfasa kerfi. Heildarlengd dreifilína í einfasa kerfinu er um 5.000 km.

Reynslan sýnir að kostnaður við hvern lagðan km í streng í dreifilínu er að jafnaði um 1,5 millj. kr. og hver spennistöð kostar um 0,65 millj. kr. Heildarkostnað við að þrífasa allt einfasa kerfið má því lauslega áætla þannig:

3-fösun dreifilína, 5.000 km	= 7.490 millj. kr.
3-fösun spennistöðva, 3.258 stk.	= 2.120 millj. kr.
Samtals kostnaður	= 9.610 millj. kr.

Þessi upphæð lýsir kostnaði við að þrífasa allt dreifikerfið án tillits til þess hvort notendur hafi þörf fyrir þriggja fasa rafmagn eða ekki. Jafnaðarkostnaður er 2,7 millj. kr., eða 2,1 millj. kr. vegna dreifilínu og 0,65 millj. kr. vegna spennistöðvar.

Þrífösun einfasa kerfisins mundi að mestu leyti felast í flýtingu aðgerða sem koma mundu síðar vegna endurnýjunar dreifikerfisins, eins og getið er hér að framan. Ef um heildarátak yrði að ræða er eðlilegt að líta eingöngu á flýtikostnaðinn, en meta má að hann sé aðeins 60% heildarkostnaðarins eða um 5.780 millj. kr.

Umsagnir sveitarfélaga.

Til að meta þörf fyrir þriggja fasa rafmagn var gerð tilraun til þess að meta hana beint. Leitað var til sveitarstjórna í hverju sveitarfélagi fyrir sig og óskað eftir mati þeirra á því hvar þörfin væri brýnust. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem fengust með þessari aðferð.

Svörun.

Óskað var umsagna frá 99 sveitarfélögum víðs vegar um landið sem búa við einfasa kerfi. Bréf var sent 27. mars 2001 til sveitarstjórna og síðan haft samband símleiðis við þær sveitarstjórnir sem ekki svöruðu skriflega erindinu. Umsagnir bárust frá 80 sveitarfélögum, en 19 sveitarstjórnir svöruðu ekki. Svarhlutfallið er því 81%. Í viðauka 2 má sjá svörun einstakra sveitarstjórna.

Skekkja vegna sveitarfélaga þar sem engin umsögn liggur fyrir er nokkur. Ástæðan fyrir því að umsögn liggur ekki fyrir er sumpart vegna þess að þörfin er ekki til staðar, eða er lítil, en einnig geta aðrar ástæður legið að baki. Þessi sveitarfélög eru skoðuð sérstaklega hér að neðan til að meta hver áhrif vegna þeirra kunna að vera. Að öðru leyti er byggt á umsögnum sem liggja fyrir.

Greining þarfar.

Alls bárust 212 aðskildar ábendingar um þrífösun frá 61 sveitarfélagi, en 19 sveitarstjórnir bentu ekki á neina þrífösunarþörf í umsögn sinni. Athuga ber að hver ábending getur falið í sér ósk um þriggja fasa rafmagn á einni eða fleiri spennistöðvum.

Alls bárust 212 aðskildar ábendingar um þrífösun frá 61 sveitarfélagi, en 19 sveitarstjórnir bentu ekki á neina þrífösunarþörf í umsögn sinni. Athuga ber að hver ábending getur falið í sér ósk um þriggja fasa rafmagn á einni eða fleiri spennistöðvum.

Meðal ábendinga sveitarstjórna reyndust 29 vera vegna staða sem eru með þriggja fasa rafmagn eða hafa aðgang að því. Eftir standa þá 183 ábendingar. Þar af er 151 ábending vegna tiltekinna staða, en 32 eru almennar ábendingar um að þrífösunar sé þörf án tilgreindra sérstakra ástæðna eða notenda. Yfirleitt er þrífösun þá talin æskileg til þess að skapa svigrúm til almennrar atvinnuþróunar og vegna tækninýjunga. Af sértilgreindum ábendingum eru 30 sem sveitarstjórnir forgangsraða sem afar brýnum, 12 telja þær ekki aðkallandi, en sveitarstjórnir veita ekki sérstakar upplýsingar forgangsröðun í 98 ábendingum.

Alls eru 164 ábendinganna metnar til aðgerða. Þar af eru 17 almennar ábendingar um þrífösun án tilgreiningar á einstökum notendum eða notkun, en 147 eru sértilgreindar. Hver þessara ábending felur í sér ósk um þrífösun einnar eða fleiri spennistöðva. Mynd 1 sýnir skiptingu sértilgreindra ábendinga eftir tilefni og miðast hlutföllin við fjölda óska um þrífösun spennistöðva sem í þeim felast.



Mynd 1. Fjöldi spennistöðva sem óskað er þrífösunar til flokkaður eftir tilefni.

Alls fela ábendingarnar í sér ósk um þrífösun 187 spennistöðva. Athyglisvert er að bera þann fjölda saman við heildarfjölda spennistöðva í einfasa kerfi (sjá að ofan), en hér er aðeins óskað þrífösunar á um 5% heildarfjöldans. Líta verður svo á að þessi hópur notenda séu þeir sem brýnast er að koma þriggja fasa rafmagni til. Aðrir kunna vel að sjá sér hag í að nýta þriggja fasa rafmagn sé það aðgengilegt, en það er væntanlega ekki eins aðkallandi. Loks ber að hafa í huga að nokkurt vanmat er væntanlega vegna þess að ekki liggur fyrir mat frá öllum sveitarfélögum.

Sveitarstjórnir flokka óskirnar sjálfar að nokkru leyti. Má helst greina þær í annars vegar óskir um þriggja fasa rafmagn á tiltekna staði með rökstuðningi og svo hins vegar almennar óskir um þriggja fasa rafmagn á ákveðin svæði, gjarnan þau svæði sem eru einfasa í núverandi kerfi. Í nokkrum tilvikum telja sveitarstjórnirnar afar brýnt að þrífasa til tiltekinna aðila. Í töflu 1 eru óskir sveitarfélaganna flokkaðar niður eftir þessu.

Tafla 1. Flokkun óska eftir forgangsröðun sveitarstjórna.

Flokkur	Fjöldi spennistöðva
Almennar óskir	42
Sértilgreindar óskir, brýnar	110
Sértilgreindar óskir, afar brýnar	35
Alls	**187**

Aðgerðir til að mæta tilgreindri þörf.

Hér er lagt sjálfstætt mat á til hvaða aðgerða gripið er til þess að mæta þeirri þörf sem sveitarstjórnir benda á. Er það gert þrátt fyrir að þær hafi í sumum tilvikum bent á ákveðnar lausnir varðandi nýjar dreifilínur sem í sumum tilvikum gegna víðtækara hlutverki en eingöngu til þrífösunar. Þó skal bent á að dæmi voru þess að tillaga sveitarstjórna var að notendur fengju fjárstyrk til að mæta umframkostnaði sem af því hlytist að hafa ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni. Í vissum tilvikum er það jafnframt þjóðhagslega hagkvæmasta leiðin.

Til að mæta þeirri þörf sem fram kemur eru skilgreindar 140 aðskildar aðgerðir. Af þeim er 41 háð öðrum aðgerðum, þannig að um nauðsynlega framkvæmdaröð er að ræða, en aðrar eru óháðar öðrum framkvæmdum.

Í heild fela þessar aðgerðir í sér lagningu 1.007 km strengja eða lína í stað núverandi einfasa dreifilína. Þessum línum tengjast um 721 spennistöð, þar af eru 187 sem tilgreint er í umsögnum sveitarstjórna að þurfi þriggja fasa rafmagn. Hér mun verða gert ráð fyrir að allar spennistöðvar í þrífösuðu kerfi verði þrífasaðar. Ástæðan er sú að hagkvæmast er að endurnýja spennistöðina samhliða strenglögninni, auk þess sem gera má ráð fyrir að allnokkur hópur notenda sjái sér hag í því að nýta þriggja fasa rafmagn þegar það er orðið aðgengilegt.

Heildarkostnað aðgerðanna má áætla um 1.942 millj. kr. Þar af eru 16% eða 320 millj. kr. vegna þeirra spennistöðva sem fylgja með í aðgerðunum án sérstakrar tilgreiningar í umsögnum.

Jafnaðarkostnaður á hverja spennistöð er 2,7 millj. kr, sem vill til að er sama niðurstaða og reyndist í umfangsmati alls einfasa dreifikerfisins (sjá að framan). Jafnaðarkostnaður vegna hverrar óskar, þ.e. spennistöðva sem sveitarstjórnir benda á, er mun hærri eða um 10,4 millj. kr.

Í viðauka 3 má sjá sundurliðun aðgerða ásamt tilgreiningu þess hvaða ósk gefur tilefni til aðgerðarinnar.

Flokkun aðgerða.

Ávinningur einstakra aðgerða er mismunandi mikill. Til að glöggva sig á því hvernig hann skiptist á heildarfjárhæðina sem varin yrði í aðgerðirnar skulu þær nú flokkaðar niður eftir kostnaði og ávinningi.

Lítum fyrst á flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna. Hana má líta í töflu 2. Í ljós kemur að þær aðgerðir sem leysa úr sértilgreindum óskum sveitarstjórna kosta aðeins ⅔ heildarkostnaðar, og þær sem sveitarstjórnir hafa nefnt sem afar brýnar nema aðeins 12% kostnaðar. Gefur það til kynna að unnt sé að forgangsraða verkefnum með árangri.

Tafla 2. Flokkun aðgerða eftir forgangsröðun sveitarstjórna.

Flokkur	Kostnaður aðgerða, millj. kr.	Fjöldi spennistöðva með aðgerðum	Fjöldi spennistöðva samkvæmt ósk	Kostnaður/ ósk, millj. kr.
Almennar óskir	648	250	42	15,4
Sértilgreindar óskir, brýnar	1.068	381	110	8,9
Sértilgreindar óskir, afar brýnar	226	90	35	6,4
Samtals	**1.942**	**721**	**187**	**10,4**

Til að reyna að ná frekari skilningi á mögulegri forgangsröðun verkefna er metinn kostnaður einstakra aðgerða á hverja spennistöð sem óskað er þrífösunar til. Síðan er aðgerðum raðað í kostnaðarröð eftir því. Aðgerðir sem krefjast undanfarandi aðgerða eru meðhöndlaðar sem ein heild allra nauðsynlegra aðgerða. Með því móti er sértilgreindum óskum sjálfkrafa gefinn forgangur umfram almennar óskir sveitarstjórna. Almennum óskum er síðan raðað eftir kostnaði fyrir hverja spennistöð.

Úr þessu fæst niðurstaða sem best er að sjá á mynd 2 hér að neðan og í töflu 3. Í viðauka 4 má sjá kostnaðarröðun einstakra aðgerða.

Eins og myndin sýnir mjög vel er ávinningur mestur fyrst, en fer síðan stigminnkandi, uns hann hverfur að lokum alveg. Að auka heildarfjárhæðina umfram um það bil 1.200 millj. kr. skilar þannig nánast engum auknum ávinningi. Hér ber auðvitað að hafa í huga að eingöngu er verið að mæla ávinning í formi fjölda spennistöðva þar sem fyrir liggur sértilgreind ósk

um þrífösun, en að sjálfsögðu er einnig ávinningur af auknu aðgengi almennt að þriggja fasa rafmagni.

Skipta má fjárfestingum sem varið er til þrífösunarinnar í flokka eftir ávinningi. Tafla 3 sýnir flokkun í fimm bil. Má sjá hvernig kostnaður við að verða óskum um þrífösun spennustöðva eykst hratt. Enn skal undirstrikað að hér er ekki sýndur hliðarávinningur sem felst í aðgengi annarra notenda að þriggja fasa rafmagni, en það mun nýtast einhverjum hluta þeirra.

Mynd 2. Fjöldi þrífasaðra spennistöðva með auknu heildarfjármagni. Aðeins tekið tillit til spennistöðva þar sem fyrir liggja sértilgreindar óskir um þrífösun.



Tafla 3. Flokkun fjárfestinga eftir ávinningi.

Flokkur, millj. kr.	Kostnaður, millj. kr.	Spennistöðvar alls	Spennistöðvar samkvæmt ósk	Kostnaður/ósk, millj. kr.	Uppsafnaður kostnaður, millj. kr.
A: 0–400	409	166	114	3,6	409
B: 400–800	383	149	51	7,5	792
C: 800–1200	424	139	19	22,3	1.215
D: 1200–1400	192	54	3	64,1	1.408
E: > 1400	534	216	0	-	1.942

Talsvert af spennistöðvum öðrum en þeim sem beinlínis er óskað eftir þrífösun til tengjast þriggja fasa kerfi með aðgerðunum. Ef við lítum á fjölda allra þrífasaðra spennistöðva í mismunandi flokkum fjárfestinga í töflu 3, sjáum við að heildarfjöldinn er í nokkuð réttu hlutfalli við upphæðina. Með öðrum orðum, kostnaður á hverja spennistöð er nokkuð ámóta í hverjum flokki, enda er þeim ekki raðað eftir því heldur kostnaði á hverja spennistöð þar sem fyrir liggur sértilgreind ósk um þrífösun. Hins vegar er dreifing kostnaðar á hverja spennistöð almennt mun minni heldur en í kostnaði fyrir hverja ósk. Eru þær svo til allar á bilinu 1,5–5 millj. kr. á spennistöð fyrir einstakar aðgerðir. Á mynd 3 hér að neðan má sjá hver er fjöldi

þrífasaðra spennistöðva í heild með sömu röð aðgerða og hér að ofan, en alls ná allar aðgerðirnar til 721 spennistöðvar eins og áður er fram komið.

Mynd 3. Fjöldi allra þrífasaðra spennistöðva með auknu heildarfjármagni.



Rétt er að ítreka þá reynslu að verulegur hluti notenda hefur enga þörf fyrir þriggja fasa rafmagn og nýtir sér það ekki þó það sé til staðar. Ávinningur þessara notenda af þrífösun er því óverulegur, þrátt fyrir að þeir fái aðgang að þriggja fasa rafmagni vegna aðgerða sem eru í þágu annarra notenda. Mismunurinn á mynd 2 og 3 felst í aðallega í þessu. Mynd 2 sýnir fjölda þrífasaðra spennistöðva sem talið er nokkuð víst að veiti notendum ávinning en mynd 3 sýnir þrífösun kerfis óháð ávinningi notenda.

Sveitarfélög sem ekki svara.

Ekki liggur fyrir umsögn frá öllum sveitarstjórnum. Sé fyrir hendi þörf fyrir þrífösun í viðkomandi sveitarfélögum skekkist framangreind niðurstaða sem því nemur. Hér skal því fjallað um þau sérstaklega og hver skekkjan kann að vera.

Þrífösunaraðgerðir eiga ekki við nema hluta af notendum innan sveitarfélaga sem tengdir eru einfasa spennistöðvum. Víða er spennistöðin í þriggja fasa kerfi eða svo nærri því að notendurnir hafa í reynd aðgang að þriggja fasa rafmagni. Um sum sveitarfélaganna gildir að þar er þrífösun komin vel áleiðis og aðgangur víðast fyrir hendi. Í öðrum tilvikum eru aðstæður þannig að notendur eru tiltölulega mjög fáir en dreifikerfi langt og því yrðu aðgerðir hlutfallslega dýrar. Hér verður ekki tekið mið af allra dýrustu aðgerðum sem jafnframt nýtast aðeins stökum notendum eða mjög fáum.

Skoðað var hvert er þrífösunarhlutfall notenda í viðkomandi sveitarfélögum og umfang aðgerða til almennrar þrífösunar innan þeirra metið. Þær aðgerðir allar mundu fela í sér þrífösun 221 spennistöðvar og kosta í heild um 490 millj. kr.

Heildarumfangið er um það bil 25% af heildarkostnaði aðgerða sem byggðust á fyrirliggjandi umsögnum annarra sveitarfélaga. Sé gert ráð fyrir að þörfin sé um helmingur einfasa

notendanna fæst skekkja sem er um 12% af fyrri niðurstöðu sem birtist í töflu 3. Í ljósi þess að sveitarfélögin hafa ekki svarað mætti hugsanlega einnig álykta að þörfin sé minni í viðkomandi sveitarfélögum en hinum sem svarað hafa. Líklegt er að skekkjan sé því meiri í seinni forgangsflokkunum heldur en þeim fyrstu.

Ályktað verður því að vegna þess að ekki liggja fyrir svör frá öllum sveitarfélögum megi geri ráð fyrir vanmati í heildarniðurstöðunum hér að framan, og nemi vanmatið um 10% í forgangsflokki A, um 12,5% í forgangsflokkum B, C og D, en 15% í forgangsflokki E, sjá töflu 3.

Heildarkostnað eins og hann var áður birtur í töflu 3 má því endurmeta í samræmi við þetta og sýnir tafla 4 endurmetinn kostnað greindan eftir flokkum.

Tafla 4. Flokkun fjárfestinga eftir ávinningi.

Flokkur	Kostnaður byggður á umsögnum, millj. kr.	Endurmetinn kostnaður, millj. kr.	Uppsafnaður endurmetinn kostnaður, millj. kr.
A	409	450	450
B	383	431	881
C	424	477	1.358
D	192	216	1.574
E	534	614	2.188

Heildarniðurstöður.

Til að þrífasa allt einfasa dreifikerfið þarf að leggja í verulegar fjárfestingar. Mundu þær nema allt að 9,6 milljörðum kr. Ekki hafa allir notendur þörf fyrir þriggja fasa rafmagn né er hún mismunandi brýn. Því er unnt að forgangsraða aðgerðum. Aðgerðir sem þjóna tilgreindri þörf ákveðinna svæða eða staða kosta sem nemur um 23% heildarþrífösunar, eða um 2,2 milljarða kr. Þeim má svo aftur forgangsraða eftir því hversu brýnar þær eru. Brýnustu forgangsflokkar kalla á tæplega 1,4 milljarða kr. fjárfestingar alls, en í töflu 5 gefur að líta skiptingu fjármagns til þrífösunar dreifikerfis eftir forgangsflokkun.

Tafla 5. Kostnaður þrífösunaraðgerða í dreifikerfum.

Flokkur	Heildarkostnaður, millj. kr.	Uppsafnaður kostnaður, millj. kr.
A	450	450
B	431	881
C	477	1.358
D	216	1.574
E	614	2.188
Lúkning almennrar þrífösunar einfasa kerfis	7.532	9.620

Viðauki 1.

Svörun sveitarstjórna.

Sveitarfélag		Svara
1606	Kjósarhreppur	x
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	x
3502	Skilmannahreppur	x
3503	Innri-Akraneshreppur	x
3504	Leirár- og Melahreppur	x
3506	Skorradalshreppur	x
3510	Borgarfjarðarsveit	x
3601	Hvítársíðuhreppur	x
3609	Borgarbyggð	x
3701	Kolbeinsstaðahreppur	x
3709	Eyrarsveit	
3710	Helgafellssveit	x
3713	Eyja- og Miklholtshreppur	x
3714	Snæfellsbær	x
3809	Saurbæjarhreppur	x
3811	Dalabyggð	
4200	Ísafjarðarbær	x
4502	Reykhólahreppur	x
4604	Tálknafjarðarhreppur	x
4607	Vesturbyggð	x
4803	Súðavíkurhreppur	
4901	Árneshreppur	
4902	Kaldraneshreppur	x
4904	Hólmavíkurhreppur	x
4905	Kirkjubólshreppur	x
4908	Bæjarhreppur	x
4909	Broddaneshreppur	x
5000	Siglufjarðarkaupstaður	
5610	Skagahreppur	x
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	x
5508	Húnaþing vestra	x
5602	Áshreppur	x
5602	Sveinsstaðahreppur	
5603	Torfalækjarhreppur	x
5604	Blönduósbær	x
5605	Svínavatnshreppur	x
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	
5607	Engihlíðarhreppur	x
5608	Vindhælishreppur	x
5609	Höfðahreppur	x
5706	Akrahreppur	
6100	Húsavíkurkaupsstaður	x
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	
6400	Dalvíkurbyggð	x
6506	Arnarneshreppur	x
6513	Eyjafjarðarsveit	
6514	Hörgárhreppur	x
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	x
6602	Grýtubakkahreppur	x
6604	Hálsahreppur	x

Sveitarfélag		Svara
6605	Ljósavatnshreppur	x
6606	Bárðdælahreppur	x
6607	Skútustaðahreppur	x
6608	Reykdælahreppur	x
6609	Aðaldælahreppur	x
6610	Reykjahreppur	x
6611	Tjörneshreppur	
6701	Kelduneshreppur	x
6702	Öxarfjarðarhreppur	x
6705	Raufarhafnarhreppur	x
6702	Svalbarðshreppur	
6707	Þórshafnarhreppur	x
7300	Fjarðabyggð	x
7501	Skeggjastaðahreppur	x
7502	Vopnafjarðarhreppur	
7505	Fljótsdalshreppnur	x
7506	Fellahreppur	x
7509	Borgarfjarðarhreppur	x
7512	Norður-Hérað	x
7605	Mjóafjarðarhreppur	
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	x
7613	Breiðdalsshreppur	x
7617	Djúpavogshreppur	x
7618	Austur-Hérað	x
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	
8200	Sveitarfélagið Árborg	x
8508	Mýrdalshreppur	x
8509	Skaftárhreppur	x
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	x
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	x
8603	Austur-Landeyjahreppur	x
8604	Vestur-Landeyjarhreppur	x
8605	Fljótshlíðarhreppur	
8606	Hvolhreppur	
8607	Rangárvallahreppur	x
8610	Ásahreppur	x
8611	Djúpárhreppur	x
8612	Holta- og Landsveit	x
8701	Gaulverjabæjarhreppur	x
8706	Hraungerðishreppur	x
8707	Villingaholtshreppur	x
8708	Skeiðahreppur	
8709	Gnúpverjahreppur	x
8710	Hrunamannahreppur	x
8711	Biskupstungnahreppur	x
8712	Laugardalshreppur	x
8714	Þingvallahreppur	
8717	Sveitarfélagið Ölfus	x
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	x

Viðauki 2.

Umsagnir sveitarfélaga.

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
4	1606 Kjósarhreppur	Valdastaðir	Eggjabú		Eggja- og svínabú	S
3	1606 Kjósarhreppur	Grímsstaðir	Eggjabú		Eggja- og svínabú	S
2	1606 Kjósarhreppur	Félagsgarður	Félagsheimili		Annað	S
1	1606 Kjósarhreppur	Ásgarður	Skóli		Annað	S
5	3501 Hvalfjarðarstrandarhr.					A
6	3502 Skilmannahreppur	2 bæir af 8 norðan Akrafjalls, Ós I – Fellsenda	Vélvirki, verktaki, þurrkun korns		Iðnaður	A
	3503 Innri-Akraneshreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	3504 Leirár- og Melahr.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	3506 Skorradalshreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
21	3510 Borgarfjarðarsveit	Bæir almennt á 1-fasa			Ótilgreint	A
9	3601 Hvítársíðuhreppur	Síðumúlaveggir?	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
8	3601 Hvítársíðuhreppur	Þorgautsstaðir?	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
7	3601 Hvítársíðuhreppur	Hvammur	Járnsmíðar		Iðnaður	S
10	3609 Borgarbyggð	Óþekkt þörf, benda á garðyrkjubýli, svína- og kjúklingabú, Bifröst		x	Ótilgreint	S
	3701 Kolbeinsstaðahreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
11	3710 Helgafellssveit	Hraunhálsi	Verkstæði, búskapur	x	Iðnaður	S
13	3710 Helgafellssveit	Öll önnur býli í áföngum			Ótilgreint	A
12	3710 Helgafellssveit	Bjarnarhöfn	Ferðaþjónusta, hákarlaverkun		Annað	S
	3713 Eyja- og Miklaholtshr.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
21	3714 Snæfellsbær	Álftavatn	Kúabú	x	Mjólkurframl.	S
21	3714 Snæfellsbær	Stekkjarvöllum	Kúabú		Mjólkurframl.	S
21	3714 Snæfellsbær	Böðvarsholt	Vélaverkstæði og ferðaþjónusta		Iðnaður	S
21	3714 Snæfellsbær	Syðri-Knarrartungu	Blandaður búskapur		Annar búrekstur	S
16	3809 Saurbæjarhreppur	Tjaldanes	Trésmiðja		Iðnaður	S
	4200 Ísafjarðarbær	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
21	4502 Reykhólahreppur	Stað	Mjólkurbú		Mjólkurframl.	S
22	4502 Reykhólahreppur	Gautsdal	Verkstæði		Iðnaður	S
22	4502 Reykhólahreppur	Gróustaðir	Mjólkurbú		Mjólkurframl.	S
21	4502 Reykhólahreppur	Árbæ	Mjólkurbú		Mjólkurframl.	S
22	4502 Reykhólahreppur	Garpsdal	Sauðfjárbú		Annar búrekstur	S
22	4502 Reykhólahreppur	Hamarland	Mjólkurbú		Mjólkurframl.	S
22	4502 Reykhólahreppur	Gufudal	Ferðaþjónusta		Annað	S
	4604 Tálknafjarðarhr.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
17	4607 Vesturbyggð	Brjánslæk	Vinnslustöð		Iðnaður	S
18	4902 Kaldraneshreppur	Bjarnafirði	Hótel		Annað	S
19	4904 Hólmavíkurhr.	9 bæir í Nauteyrarhreppi og Geirmundarstaðir ekki með 3-fasa en þörf óþekkt			Ótilgreint	A
20	4905 Kirkjubólshreppur	Bæir á línu að	Ýmsar vélar		Annar búrekstur	S
21	4908 Bæjarhreppur	Um Bæjarhrepp, ótilgreint hverjir			Ótilgreint	A
22	4908 Bæjarhreppur	Brú	Veitingaskáli		Annað	S
23	4909 Broddaneshreppur	Óspakseyri	Sláturhús, frystihús		Iðnaður	S
24	5200 Sveitarfél. Skag.	Hegranes			Ótilgreint	A
30	5200 Sveitarfél. Skag.	Reykjaströnd			Ótilgreint	A
28	5200 Sveitarfél. Skag.	Sæmundarhlíð			Ótilgreint	A

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
32	5508 Húnaþing vestra	Þorgrímsstaðir	Heimarafstöð vegna sölu inn á kerfið		Annað	S
35	5508 Húnaþing vestra	Brautarholt	Súgþurrkun, mjólkurkælir	x	Mjólkurframl.	S
33	5508 Húnaþing vestra	Akurbrekka	Mótorar	x	Annar búrekstur	S
34	5508 Húnaþing vestra	Bessastöðum	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
36	5508 Húnaþing vestra	Litla-Ósi	Iðnaður (25 kW)	x	Iðnaður	S
37	5508 Húnaþing vestra	Neðri-Núpur, Fremra-Torfustaðahreppi			Ótilgreint	S
38	5508 Húnaþing vestra	Dæli, Víðidal	Trésmíðavélar		Iðnaður	S
40	5508 Húnaþing vestra	Tannstaðabakka	Vélaverkstæði og búrekstur		Iðnaður	S
39	5508 Húnaþing vestra	Hveravík, Reykjaskóli	Mótorar	x	Annar búrekstur	S
42	5601 Áshreppur	Brúsastaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
43	5601 Áshreppur	Grímstunga	Svínabú		Eggja- og svínabú	S
41	5601 Áshreppur	Eyjólfsstaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
47	5603 Torfalækjarhreppur	Almennt æskilegt	Ótilgreint			A
45	5603 Torfalækjarhreppur	Sauðanes	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
46	5603 Torfalækjarhreppur	Árholt	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
44	5603 Torfalækjarhreppur	Torfalækur	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
	5604 Blönduósbær	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
56	5605 Svínavatnshreppur	Höllustaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
53	5605 Svínavatnshreppur	Sólheimar	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
48	5605 Svínavatnshreppur	Geithamrar	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
49	5605 Svínavatnshreppur	Grund	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
50	5605 Svínavatnshreppur	Syðri-Grund	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
52	5605 Svínavatnshreppur	Stekkjardalur	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
55	5605 Svínavatnshreppur	Syðri-Löngumýri	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
58	5605 Svínavatnshreppur	Svínavatn	Trésmíðaverkstæði		Iðnaður	S
51	5605 Svínavatnshreppur	Holt	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
54	5605 Svínavatnshreppur	Stóra-Búrfell	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
57	5605 Svínavatnshreppur	Guðlaugsstaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
59	5607 Engihlíðarhreppur	Sölvabakki	Súgþurrkun		Annar búrekstur	S
60	5607 Engihlíðarhreppur	Neðri-Mýrar	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
61	5607 Engihlíðarhreppur	Holtastaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
62	5607 Engihlíðarhreppur	Fremsta-Gil	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
	5608 Vindhælishreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	5609 Höfðahreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
31	5610 Skagahreppur	Kelduland að Tjörn	Tækniþróun í landbúnaði, líka til styrkingar		Annar búrekstur	S
	6100 Húsavíkurkaupst.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	6400 Dalvíkurbyggð	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	6506 Arnarneshreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
68	6514 Hörgárhreppur	Neðri-Vindheimar	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
63	6514 Hörgárhreppur	Gásir	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
65	6514 Hörgárhreppur	Bakki	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
64	6514 Hörgárhreppur	Hlaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
66	6514 Hörgárhreppur	Steinsstaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
67	6514 Hörgárhreppur	Tréstaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
70	6601 Svalbarðsstrandarhr.	Aðrir notendur norðan Svalbarðseyrar, almennt		x	Ótilgreint	A
69	6601 Svalbarðsstrandarhr.	Halland	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
71	6602 Grýtubakkahreppur.	Nes	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
72	6602 Grýtubakkahreppur	Höfði	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
73	6604 Hálsahreppur	Illugastaðir	Sundlaug		Annað	S

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
74	6604 Hálsahreppur	Almennt til súgþurrkunar, heimarafstöðva og skógræktar			Ótilgreint	A
79	6605 Ljósavatnshreppur	Fellssel	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
78	6605 Ljósavatnshreppur	Hjaltastaðir	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
80	6605 Ljósavatnshreppur	Ótilgreindir fleiri bæir á sama svæði	Ekki kúabú		Annar búrekstur	A
76	6605 Ljósavatnshreppur	Kvíaból	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt		Mjólkurframl.	S
75	6605 Ljósavatnshreppur	Háls	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt		Mjólkurframl.	S
77	6605 Ljósavatnshreppur	Hrafnsstaðir	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt		Mjólkurframl.	S
81	6606 Bárðdælahreppur	Barnaskóli Bárðdæla	Ferðaþjónusta, iðnaður		Iðnaður	S
83	6606 Bárðdælahreppur	Ótilgreindir aðrir notendur	Trésmíðavélar, rafsuðuvélar, járnsagir, vakumpökkunarvélar, rennibekkir, dekkjavélar, loftpressar		Iðnaður	A
84	6607 Skútustaðahreppur	Æskilegt á 25–30 býli sem ekki hafa 3-fasa, norðan Mývatns og vestan Álftagerðis			Ótilgreint	A
88	6608 Reykdælahreppur	Narfastaðir	Gisting, 90 rúm		Annað	S
89	6608 Reykdælahreppur	Brún	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
90	6608 Reykdælahreppur	Vallakot	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
91	6609 Aðaldælahreppur	Sandsbæir, 8 heimili á línu			Ótilgreint	A
	6610 Reykjahreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
92	6701 Kelduneshreppur	Allir bæir sem eru á 1-fasa 3-fösunarteng í 50–100 þús., tenging viða en ekki nýtt vegna kostnaðar	Lækka verð		Ótilgreint	A
	6705 Raufarhafnarhr.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
	6707 Þórshafnarhreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
95	7300 Fjarðabyggð	Áreyjar, Reyðarfirði	Bleikjueldi		Fiskeldi	S
96	7300 Fjarðabyggð	Borhola sunnan Eskifjarðar	Hitaveita, ef árangur næst í borun		Hitaveita	S
98	7501 Skeggjastaðahreppur	Almennt þar sem ekki er fyrir	Sauðfjárbúskapur	x	Annar búrekstur	A
97	7501 Skeggjastaðahreppur	Miðfjörður	Vinnuvélaverkstæði	x	Iðnaður	S
10	7505 Fljótsdalshreppnur	Ótilgreint bú	Loðdýrabú (fóðurblöndun), ljósavel í dag		Annar búrekstur	S
99	7505 Fljótsdalshreppnur	Skógræktarbýli	Skógrækt, framtíðarþörf, ekki alveg komið að		Annar búrekstur	S
10	7506 Fellahreppur	Refsmýri	Trésmíðaverkstæði		Iðnaður	S
10	7509 Borgarfjarðarhreppur	Bátahöfn, en almennt æskilegt	Vélar		Annað	S
10	7512 Norður-Hérað	Vilja 3-fasa í sveitina, tillaga um línu um Jökuldal að Kárahnjúkum			Ótilgreint	A
	7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
10	7613 Breiðdalsshrepp	Ótilgreindir notendur	Óskað eftir hröðun framkvæmda um Breiðdal		Ótilgreint	A
11	7617 Djúpavogshreppur	Núpi	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
11	7617 Djúpavogshreppur	Berunes	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
10	7617 Djúpavogshreppur	Hvannabrekku	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
10	7617 Djúpavogshreppur	Þvottá, Álftafirði	Rekaviðarvinnsla, kúabú		Mjólkurframl.	S

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
10	7617 Djúpavogshreppur	Starmýri, Álftafirði	Rekaviðarvinnsla		Iðnaður	S
10	7617 Djúpavogshreppur	Hamri (Múlastál)	Vélaverkstæði		Iðnaður	S
10	7617 Djúpavogshreppur	Kerhamrar, Álftafirði	Iðnaður		Iðnaður	S
11	7618 Austur-Hérað	Taka fyrir heil svæði	Ótilgreint			A
11	8508 Mýrdalshreppur	Kerlingardalur			Ótilgreint	S
11	8508 Mýrdalshreppur	Pétursey			Ótilgreint	S
11	8508 Mýrdalshreppur	Vatnsskarðshólar			Ótilgreint	S
11	8508 Mýrdalshreppur	Norður-Hvoll			Ótilgreint	S
11	8509 Skaftárhreppur	Eystra-Hraun, Landbroti	Járnsmíðaverkstæði		Iðnaður	S
11	8509 Skaftárhreppur	Ótilgreint	Járnsmíða-, bíla-, tré-smíðaverkstæði, smáiðn-aður		Iðnaður	S
12	8509 Skaftárhreppur	Ótilgreind framtíðar-atvinnuuppbygging			Ótilgreint	A
12	8601 A-Eyjafjallahreppur	Drangshlíðardalur	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
12	8601 A-Eyjafjallahreppur	Eyvindarhólar	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
12	8601 A-Eyjafjallahreppur	Önundarhorn	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
12	8602 Vestur-Eyjafjallahr.	Varmahlíð	Bréf frá ábúendum		Annar búrekstur	S
12	8603 A-Landeyjahreppur	Ótilgreind 12–15 býli	Mjólkurframleiðsla, kornvalsar, losunarbúnaður		Mjólkurframl.	A
	8604 Vestur-Landeyjahr.	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
13	8607 Rangárvallahreppur	Selalækur	Mjólkurframl. og ýmsar vélar		Mjólkurframl.	S
12	8607 Rangárvallahreppur	Keldur	Mjólkurframl. og ýmsar vélar		Mjólkurframl.	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Geldingalækur	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Eystra-Fróðholt	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Bolholt	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Bakkakot 2	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Ártún	Öruggari rekstur tækja og búnaðar	x	Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Ármót	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
12	8607 Rangárvallahreppur	Helluvað 2	Mjólkurframl. og ýmsar vélar		Mjólkurframl.	S
12	8607 Rangárvallahreppur	Lambhagi	Mjólkurframl. og ýmsar vélar		Mjólkurframl.	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Selsund	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
12	8607 Rangárvallahreppur	Bakkakot 1	Mjólkurframl. og ýmsar vélar		Mjólkurframl.	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Hróarslækur	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Kaldbakur	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Varmidalur	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Stokkalækur	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Vindás	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Oddi	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
14	8607 Rangárvallahreppur	Næfurholt	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Kirkjubær	Öruggari rekstur tækja og búnaðar	x	Annar búrekstur	S
13	8607 Rangárvallahreppur	Hólar	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Þingskálar	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
14	8607 Rangárvallahreppur	Uxahryggir 2	Öruggari rekstur tækja og búnaðar		Annar búrekstur	S
15	8610 Ásahreppur	Hamrahóll			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Borgarholt			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Einholt			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Syðri-Hamri II og III			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Bólstað			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Sel			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Heiði			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Herríðarhóll			Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Hestheimar			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Áshóll			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Lækjartún I og II			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Ásmúla		x	Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Syðri-Hamri I			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Framnes		x	Ótilgreint	S
15	8610 Ásahreppur	Sumarliðabær II	Mjólkurframleiðsla, strax		Mjólkurframl.	S
16	8610 Ásahreppur	Hárlaugsstaðir			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Ás I og II		x	Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Rifshalakot			Ótilgreint	S
17	8610 Ásahreppur	Kastalabrekku			Ótilgreint	S
17	8610 Ásahreppur	Vetleifskot			Ótilgreint	S
17	8610 Ásahreppur	Krókur			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Kálfholt			Ótilgreint	S
17	8610 Ásahreppur	Þjórsártún			Ótilgreint	S
16	8610 Ásahreppur	Hellatún		x	Ótilgreint	S
	8611 Djúpárhreppur	Engar sérstakar þrífösunaróskir				
17	8612 Holta- og Landsveit	Sumarliðabær			Ótilgreint	S
17	8612 Holta- og Landsveit	Fiskeldisstöð Fellsmúla	Fiskeldisstöð		Fiskeldi	S
17	8612 Holta- og Landsveit	Baðsheiði, Stóra-Klofa	Borhola vegna fiskeldis og hitaveitu		Hitaveita	S
17	8612 Holta- og Landsveit	Skarð	Stórt bú		Annar búrekstur	S
17	8612 Holta- og Landsveit	Leirubakka	Ferðaþjónusta, dælustöð vegna vatnsveitu		Annað	S
18	8612 Holta- og Landsveit	Bæir Saurbæ, Stúfholti			Ótilgreint	S
18	8612 Holta- og Landsveit	Bæir Bjargi, Lækjarbotnum			Ótilgreint	A
18	8701 Gaulverjabæjarhreppur	Vorsabæjarhverfið?			Ótilgreint	S
18	8706 Hraungerðishreppur	Lækur	Votheysturn		Annar búrekstur	S
18	8706 Hraungerðishreppur	Brúnastaðir	Votheysturn		Annar búrekstur	S
18	8707 Villingaholtshreppi	Súluholt			Ótilgreint	S
19	8707 Villingaholtshreppi	Forsæti			Ótilgreint	S
19	8707 Villingaholtshreppi	Syðri-Vellir			Ótilgreint	S
18	8707 Villingaholtshreppi	Egilsstaðir			Ótilgreint	S
19	8707 Villingaholtshreppi	Seljatunga		x	Ótilgreint	S
18	8707 Villingaholtshreppi	Vatnsendi			Ótilgreint	S
18	8707 Villingaholtshreppi	Þjórsárver			Ótilgreint	S

Ósk	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	3-f	Flokkun	Teg.
19	8709 Gnúpverjahreppur	Laxárdal II	Svínabú, greinarg. sýnir 700 þús. kr. kostn. við 1-fasa rafmagnsins (tíðnibr.)		Eggja- og svínabú	S
19	8710 Hrunamannahreppur	Reykjaflöt		x	Ótilgreint	S
19	8710 Hrunamannahreppur	Almennt þar sem það er ekki til staðar			Ótilgreint	A
20	8711 Biskupstungnahreppur	Iða	Verkstæði		Iðnaður	S
20	8712 Laugardalshreppur	Útey I	Reykhús		Annar búrekstur	S
20	8712 Laugardalshreppur	Austurey I og II	Mjólkurframleiðsla, dæla fyrir hitaveitu		Mjólkurframl.	S
20	8712 Laugardalshreppur	Útey II	Bílasprautun, dæla fyrir hitaveitu		Iðnaður	S
20	8712 Laugardalshreppur	Efstidalur II	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
20	8712 Laugardalshreppur	Efstidalur I	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl.	S
20	8717 Sveitarfélagið Ölfus	Á sem flestum stöðum, vantar í Vestur-Ölfus og Selvog, miðju Ölfusi	Ýmis iðnaður		Iðnaður	A
20	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Ormsstaðir	Svínabú	x	Eggja- og svínabú	S
20	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Stærri-Bær	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
20	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Brjánsstaðir	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
21	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Hagi?	Mjólkurframleiðsla	x	Mjólkurframl.	S
21	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Bjarnastaðir	Svínabú		Eggja- og svínabú	S
21	8719 Grímsnes- og Grafnhr.	Almennt á bæjum vegna vatnsveitu			Ótilgreint	A

Viðauki 3.

Aðgerðalisti.

Nr	Háð Línunúmer		Lýsing					
	Ósk nr	*Sveitarfélag*	*Hvar*	*Vegna*		*Flokkun*	*Teg*	
1	2021		Teinrofi v/Hjarðarholt - Félagsgarður	4	Km Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað	
	2 1606	Kjósarhreppur	Félagsgarður	Félagsheimili		Annað		S
2	1 2021		Félagsgarður - Ásgarður (skóli), (um Neðri-Háls)	1,	Km Spennistöðvar	2 alls og	2 óskað	
	1 1606	Kjósarhreppur	Ásgarður	Skóli		Annað		S
3	2 2021		Ásgarður-Grímsstaðir	1	Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	3 1606	Kjósarhreppur	Grímsstaðir	Eggjabú		Eggja - og svínabú		S
4	3 2021		Grímsstaðir-Valdastaðir	1	Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	4 1606	Kjósarhreppur	Valdastaðir	Eggjabú		Eggja - og svínabú		S
5	301302		Álma að Svínadal	17	Km Spennistöðvar	14 alls og	0 óskað	
	5 3501	Hvalfjarðarstrandar	Notendur á álmu í Svínadal			Ótilgreint		A
6	301308		Stóra-Fellsöxl að Ósi tengt í streng	11	Km Spennistöðvar	8 alls og	0 óskað	
	6 3502	Skilmannahreppur	2 bæir af 8 norðan Akrafjalls, Ós 1 - Fellsenda	Vélvirki, verktaki, þurrkun korns		lðnaður		A
141	3022		Kleppjárnsreykir - Húsafell	31	Km Spennistöðvar	24 alls og	0 óskað	
	21 3510	Borgarfjarðarsveit	Almennt allir bæir á 1-fasa			Ótilgreint		A
142	30221002		Varmalækur - Geirshlíð	15	Km Spennistöðvar	11 alls og	0 óskað	
	21 3510	Borgarfjarðarsveit	Almennt allir bæir á 1-fasa			Ótilgreint		A
143	302210		Fossatún - Gilstreymi	30	Km Spennistöðvar	22 alls og	0 óskað	
	21 3510	Borgarfjarðarsveit	Almennt allir bæir á 1-fasa			Ótilgreint		A
7	302246		Hýrumelur-Hvammur	6,	Km Spennistöðvar	4 alls og	1 óskað	
	7 3601	Hvítársíðuhreppur	Hvammur	Jarnsmíðar		lðnaður		S
9	317108		Álma að Bjarnarhöfn	2,	Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	12 3710	Helgafellssveit	Bjarnarhöfn	Ferðaþjónusta, hákarlaverkun		Annað		S
10	3173		Skógarstrandarlína að Hrísum	7	Km Spennistöðvar	6 alls og	0 óskað	
	13 3710	Helgafellssveit	Öll önnur býli í áföngum			Ótilgreint		A
122	3173		Hrísar - Kárstaðir	6	Km Spennistöðvar	1 alls og	0 óskað	
	13 3710	Helgafellssveit	Öll önnur býli í áföngum			Ótilgreint		A
144	311144		Úttak álmu - Syðri Knarrartungu	0,	Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	21 3714	Snæfellsbær	Syðri-Knarrartungu	Blandaður búskapur		Annar búrekstur		S
145	311134		Álma að Böðvarsholti	1,	Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	21 3714	Snæfellsbær	Böðvarsholt	Vélaverkstæði og ferðaþj		lðnaður		S

Nr	Háð	Línunúmer	Ósk nr	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	Flokkun	Teg
147		311108			Úttak álmu - Stekkjavöllum	1, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað
			21	3714 Snæfellsbær	Stekkjarvöllum	Kúabú	Mjólkurframl	S
11		321214			Frá grp v/ Saurhól - Tjaldanes	2 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			16	3809 Saurbæjarhreppur	Tjaldanes	Trésmiðja	Iðnaður	S
148					Grund v/ Reykhóla - Hamarland	7, Km Spennistöðvar	4 alls og	1 óskað
			22	4502 Reykhólahreppur	Hamarland	Mjólkurbú	Mjólkurframl	S
149	14				Hamarland - Stað/Árbæ	2, Km Spennistöðvar	2 alls og	2 óskað
			21	4502 Reykhólahreppur	Stað	Mjólkurbú	Mjólkurframl	S
			21	4502 Reykhólahreppur	Árbæ	Mjólkurbú	Mjólkurframl	S
150					Króksfjarðarnes - Gróustaðir	2 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			22	4502 Reykhólahreppur	Gróustaðir	Mjólkurbú	Mjólkurframl	S
151	15				Gróustaðir - Garpsdal	3 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			22	4502 Reykhólahreppur	Garpsdal	Sauðfjárbú	Annar búrekstur	S
152					Álma að Gautsdal	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			22	4502 Reykhólahreppur	Gautsdal	Verkstæði	Iðnaður	S
153					Bjarkarlundur - Klettur	15 Km Spennistöðvar	6 alls og	1 óskað
			22	4502 Reykhólahreppur	Gufudal	Ferðaþjónusta	Annað	S
136					Hvalsker - Brjánslækur	46 Km Spennistöðvar	25 alls og	1 óskað
			17	4607 Vesturbyggð	Brjánslæk	Vinnslustöð f/sjávarfang	Iðnaður	S
140					Að hóteli í Bjarnafirði	8 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			18	4902 Kaldraneshreppur	Bjarnafirði	Hótel	Annað	S
137					Þverárvirkjun - Þorpum	9 Km Spennistöðvar	9 alls og	0 óskað
			20	4905 Kirkjubólshreppur	Bæir á línu að Þverárfjallsvirkjun,	Ýmsar vélar	Annar búrekstur	S
130		50210106			Strengur frá Hrútatungu	3, Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
			22	4908 Bæjarhreppur	Brú	Veitingaskáli	Annað	S
138					Borðeyri - Skálholtsvík	30 Km Spennistöðvar	15 alls og	0 óskað
			21	4908 Bæjarhreppur	Um Bæjarhrepp, ótilgr hverjir		Ótilgreint	A
139	13				Þorpum - Óspakseyri	40 Km Spennistöðvar	7 alls og	1 óskað
			23	4909 Broddaneshreppur	Óspakseyri	Sláturhús, frystihús	Iðnaður	S
12		512111			Syðri-Húsabakka - 5122 (Sauðárkr-Hofsós)	11 Km Spennistöðvar	7 alls og	0 óskað
			24	5200 Skagafjörður	Hegranes		Ótilgreint	A
13					Einfasa línur í Sæmundarhlíð	10 Km Spennistöðvar	12 alls og	0 óskað
			28	5200 Skagafjörður	Sæmundarhlíð		Ótilgreint	A
14					Einfasa línur í Blönduhlíð	42 Km Spennistöðvar	54 alls og	0 óskað
			29	5200 Skagafjörður	Akrehreppi, Blönduhlíð sérstaklega		Ótilgreint	A

Nr	Háð	Línunúmer	Ósk nr	Sveitarfélag	Lýsing Hvar	Vegna	Flokkun	Teg
15		512402			Álma að Ytri-Ingveldarstöðum	12 Km Spennistöðvar	8 alls og	0 óskað
			30	5200 Skagafjörður	Reykjaströnd		Ótilgreint	A
123	12	51211104			Álmur að Kárastöðum og Egg	4, Km Spennistöðvar	5 alls og	0 óskað
			24	5200 Skagafjörður	Hegranes		Ótilgreint	A
124		512206 / 512208			Álmur að Keflavík og Hellulandi	2, Km Spennistöðvar	3 alls og	0 óskað
			24	5200 Skagafjörður	Hegranes		Ótilgreint	A
17		501210			Vatnsneslína, en Þorgrímsstaðir eru ótengdir í dag, vantar 3 km frá Ásbjarnarstöðum	20 Km Spennistöðvar	10 alls og	1 óskað
			32	5508 Húnaþing vestra	Þorgrímsstaðir	Heimarafstöð v/ sölu inn á kerfið	Annað	S
19		502124			Heggstaðalína að Bessastöðum	9 Km Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað
			34	5508 Húnaþing vestra	Bessastöðum	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
21		5013			Rofastöð - Neðra-Núpi	15 Km Spennistöðvar	9 alls og	1 óskað
			37	5508 Húnaþing vestra	Neðri-Núpur, Fremra-Torfustaðahre		Ótilgreint	S
22		504114			Víðidalslína frá úttaki að Dæli	6 Km Spennistöðvar	6 alls og	1 óskað
			38	5508 Húnaþing vestra	Dæli, Víðidal	Trésmíðavélar	Iðnaður	S
23		502122			Úttak úr aðallínu að	2 Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað
			40	5508 Húnaþing vestra	Tannstaðabakka	Vélaverkstæði og búrekstur	Iðnaður	S
24		5043			Vatnsdalslína að Eyjólfsstöðum	15 Km Spennistöðvar	13 alls og	1 óskað
			41	5601 Áshreppur	Eyjólfsstaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
25	24	5043			Eyjólfsstaðir-Brúsastaðir	2, Km Spennistöðvar	4 alls og	1 óskað
			42	5601 Áshreppur	Brúsastaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
26	25	5043			Brúsastaðir-Grímstunga	7 Km Spennistöðvar	7 alls og	1 óskað
			43	5601 Áshreppur	Grímstunga	Svínabú	Eggja - og svínabú	S
27	28	506402			Árholt-Torfalækur	4, Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
			44	5603 Torfalækjarhreppur	Torfalækur	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
28		506 xx			Nýlögn Laxárvatn-Árholt	2, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
			46	5603 Torfalækjarhreppur	Árholt	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
29		506406			Svínadalslína vestri að Geithömrum	5, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað
			48	5605 Svínavatnshreppur	Geithamrar	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
30	29	506406			Geithamrar-Grund	1 Km Spennistöðvar	2 alls og	2 óskað
			49	5605 Svínavatnshreppur	Grund	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
			50	5605 Svínavatnshreppur	Syðri-Grund	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
31	30	506406			Grund-Holt	3 Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
			51	5605 Svínavatnshreppur	Holt	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S

Nr	Háð	Línunúmer	Ósk nr	Sveitarfélag	Hvar	Vegna	Flokkun	Teg
32		506303			Svínadalslína eystri , úttak v/ Kagaðahól að úttaki v/ Ártún	30 Km Spennistöðvar	21 alls og 7 óskað	
			55	5605 Svínavatnshreppur	Syðri-Löngumýri	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
			58	5605 Svínavatnshreppur	Svínavatn	Trésmíðaverkstæði	Iðnaður	S
			52	5605 Svínavatnshreppur	Stekkjardalur	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
			54	5605 Svínavatnshreppur	Stóra-Búrfell	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
			53	5605 Svínavatnshreppur	Sólheimar	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
125	32	506312			Sölvatunga - Höllustaðir	3 Km Spennistöðvar	3 alls og 1 óskað	
			56	5605 Svínavatnshreppur	Höllustaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
126	12	506312			Höllustaðir - Guðlaugsstaðir	3, Km Spennistöðvar	4 alls og 1 óskað	
			57	5605 Svínavatnshreppur	Guðlaugsstaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
33		50621202			Álma að Sölvabakka	4, Km Spennistöðvar	5 alls og 1 óskað	
			59	5607 Engihlíðarhreppur	Sölvabakki	Súgþurrkun	Annar búrekstur	S
34		50621302			Álma að Neðri-Mýrum	1, Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			60	5607 Engihlíðarhreppur	Neðri-Mýrar	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
35		506306			Úttak álmu að Holtastöðum	1 Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			61	5607 Engihlíðarhreppur	Holtastaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
36		506302			Álma að Fremsta-Gili	2, Km Spennistöðvar	2 alls og 1 óskað	
			62	5607 Engihlíðarhreppur	Fremsta-Gil	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
16		5101			Fitjar - Kelduland	20 Km Spennistöðvar	19 alls og 1 óskað	
			31	5610 Skagahreppur	Kelduland að Tjörn	Tækniþróun í landbúnaði, líka v/ styrkingar	Annar búrekstur	S
38		608416			Álma að Hlöðum, strengur hálfa	1 Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			64	6514 Hörgárhreppur	Hlaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
39	40	60850213			Færsla + heimtaug	0, Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			65	6514 Hörgárhreppur	Bakki	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
40		608502			Álma inn Öxnadal að Steinsstöðum, frá Bægisá	8 Km Spennistöðvar	4 alls og 1 óskað	
			66	6514 Hörgárhreppur	Steinsstaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
41		608504			Álma að Tréstöðum	0, Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			67	6514 Hörgárhreppur	Tréstaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
43		6081080210			Álma að Nesi	2, Km Spennistöðvar	1 alls og 1 óskað	
			71	6602 Grýtubakkahreppur	Nes	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
44		6081080216			Álma að Höfða	3 Km Spennistöðvar	3 alls og 1 óskað	
			72	6602 Grýtubakkahreppur	Höfði	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl	S
45		6081			Teinrofi v/Vaðlaheiði - Illugastaðir	20 Km Spennistöðvar	22 alls og 1 óskað	
			73	6604 Hálsahreppur	Illugastaðir	Sundlaug	Annað	S
			74	6604 Hálsahreppur	Almennt v/ súgþurrkunar, heimarafstöðva og skógræktar		Ótilgreint	A

Nr	Háð	Línunúmer	Lýsing					
	Ósk nr	Sveitarfélag		Hvar	Vegna	Flokkun	Teg	
46	611208		Landamót - Ófeigsstaðir		15 Km Spennistöðvar	19 alls og	5 óskað	
	75	6605	Ljósavatnshreppur	Háls	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt	Mjólkurframl		S
	76	6605	Ljósavatnshreppur	Kvíaból	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt	Mjólkurframl		S
	77	6605	Ljósavatnshreppur	Hrafnsstaðir	Mjólkurframleiðsla, vaxandi kornrækt	Mjólkurframl		S
	78	6605	Ljósavatnshreppur	Hjaltastaðir	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl		S
	79	6605	Ljósavatnshreppur	Fellssel	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl		S
	80	6605	Ljósavatnshreppur	Ótilgr fleiri bæir á sama svæði	Ekki kúabú	Annar búrekstur		A
47	6111		Hvarf - skóli v/Sandvík		16 Km Spennistöðvar	11 alls og	1 óskað	
	81	6606	Bárðdælahreppi	Barnaskóli Bárðdæla	Ferðaþjónusta, iðnaður	Iðnaður		S
48	6132		Norðan og austan Mývatns		16 Km Spennistöðvar	12 alls og	0 óskað	
	84	6607	Skútustaðahreppur	Æskilegt á 25-30 býli sem ekki hafa 3-fasa, norðan Mývatns og vestan Álftagerðis		Ótilgreint		A
49	6131, 613128,		Frá Álftagerði, að greiningu að		10 Km Spennistöðvar	3 alls og	0 óskað	
	84	6607	Skútustaðahreppur	Æskilegt á 25-30 býli sem ekki hafa 3-fasa, norðan Mývatns og vestan Álftagerðis		Ótilgreint		A
50	613126		Álma að Haganesi		2, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	84	6607	Skútustaðahreppur	Æskilegt á 25-30 býli sem ekki hafa 3-fasa, norðan Mývatns og vestan Álftagerðis		Ótilgreint		A
51	611103		Grp. álmu Kárhóli - Narfastöðum		4 Km Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað	
	88	6608	Reykdælahreppur	Narfastaðir	Gisting, 90 rúm	Annað		S
52	51 611103		Narfastaðir - Brún		3 Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	89	6608	Reykdælahreppur	Brún	Mjólkurframleiðsla	Mjólkurframl		S
54	611219		Álmur að Sandi og Bergi		8 Km Spennistöðvar	5 alls og	5 óskað	
	91	6609	Aðaldælahr	Sandsbæir, 8 heimili á línu		Ótilgreint		A
56	6212		Lindarbrekku - Austaraland að Núpi		35 Km Spennistöðvar	21 alls og	21 óskað	
	92	6701	Kelduneshreppur	Allir bæir sem eru á 1-fasa	Lækka verð 3-fösunarteng í 50-100 þús, tenging víða fyrir hendi en ekki nýtt vegna kostnaðar	Ótilgreint		A
56	6212		Lindarbrekku - Austaraland að Núpi		35 Km Spennistöðvar	21 alls og	21 óskað	
	93	6702	Öxarfjarðarhreppi	Gott mál, engar tilgreindar óskir		Ótilgreint		A
57	623114		Skógar III og Ærlækjarsel		5 Km Spennistöðvar	2 alls og	0 óskað	
	93	6702	Öxarfjarðarhreppi	Gott mál, engar tilgreindar óskir		Ótilgreint		A
58	7271		Stuðlar - Áreyjar		3 Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	95	7300	Fjarðarbyggð	Áreyjar, Reyðarfirði	Bleikjueldi	Fiskeldi		S

Nr	Háð	Línunúmer		Lýsing						
		Ósk nr	*Sveitarfélag*		*Hvar*	*Vegna*		*Flokkun*		*Teg*
60		75301		Seljaland - Teigasel		7 Km	Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað	
		10	7505	Fljótsdalshreppnur	Ótilgreint bú	Loðdýrabú (fóðurblöndun), ljósavel í dag		Annar búrekstur		S
61		7073		Fellabær - Refsmýri		9 Km	Spennistöðvar	6 alls og	1 óskað	
		10	7506	Fellahreppi	Refsmýri	Trésmíðaverkstæði		Iðnaður		S
62		706106		Borgarfjörður - Bátahöfn		5, Km	Spennistöðvar	8 alls og	1 óskað	
		10	7509	Borgarfjarðarhrepp	Bátahöfn, en almennt æskilegt	Vélar		Annað		S
63		7362		Djúpavogur - Hamar		10 Km	Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
		10	7617	Djúpavogshreppur	Hamri (Múlastál)	Vélaverkstæði (ljósavél)		Iðnaður		S
64	13	7362		Múli - Starmýri		11 Km	Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað	
		10	7617	Djúpavogshreppur	Starmýri, Álftafirði	Rekaviðavinnsla		Iðnaður		S
65	64	7362		Starmýri - Þvottá		3 Km	Spennistöðvar	3 alls og	2 óskað	
		10	7617	Djúpavogshreppur	Þvotta, Álftafirði	Rekaviðavinnsla, kúabú		Mjólkurframl		S
66		7361		Djúpavogur - Hvannabrekka		26 Km	Spennistöðvar	11 alls og	1 óskað	
		10	7617	Djúpavogshreppur	Hvannabrekku	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S
67	66	7361		Hvannabrekka - Berunes		15 Km	Spennistöðvar	8 alls og	1 óskað	
		11	7617	Djúpavogshreppur	Berunes	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S
68	67	7361		Berunes - Núpur		8 Km	Spennistöðvar	5 alls og	1 óskað	
		11	7617	Djúpavogshreppur	Núpi	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S
135	63	7362		Hamar - Múli		18 Km	Spennistöðvar	8 alls og	1 óskað	
		10	7617	Djúpavogshreppur	Kerhamrar, Álftafirði	Iðnaður		Iðnaður		S
69		850202		Grp. álmu - Kerlingadal		1 Km	Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
		11	8508	Mýrdalshreppur	Kerlingardalur			Ótilgreint		S
70		805118		Grp.álmu - Vatnsskarðshólar		1, Km	Spennistöðvar	4 alls og	3 óskað	
		11	8508	Mýrdalshreppur	Vatnsskarðshólar			Ótilgreint		S
71	70	80511804		Vatnsskarðsshólar - N-Hvoli		2, Km	Spennistöðvar	3 alls og	2 óskað	
		11	8508	Mýrdalshreppur	Norður-Hvoll			Ótilgreint		S
72		805124		Grp.álmu - Pétursey		1 Km	Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
		11	8508	Mýrdalshreppur	Pétursey			Ótilgreint		S
73		8022		Þykkvibær - Eystra Hraun		4, Km	Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
		11	8509	Skaftárhreppur	Eystra-Hraun,	Járnsmíðaverkstæði		Iðnaður		S
88		810102		Álma að Drangshlíðardal		1 Km	Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
		12	8601	Austur-Eyjafjallahr	Drangshlíðardalur	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S
89		810202		Úttak álmu að Eyvindarhólum		2 Km	Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
		12	8601	Austur-Eyjafjallahr	Eyvindarhólar	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S
90		810204		Úttak álmu að Önundarhorni		1 Km	Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
		12	8601	Austur-Eyjafjallahr	Önundarhorn	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl		S

Nr	Háð	Línunúmer	Lýsing				
	Ósk nr	*Sveitarfélag*	*Hvar*	*Vegna*	*Flokkun*	*Teg*	
74	810 ?		Steinar - Varmahlíð	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	12	8602 Vestur-Eyjafjallahr	Varmahlíð	Bréf frá ábúendum	Annar búrekstur	S	
75	814303		Djúpidalur-Lambhagi	2, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	12	8607 Rangárvallahreppur	Lambhagi	V/mjólkurframl. og ýmissa véla	Mjólkurframl	S	
76	75 81430		Lambhagi - Oddi / Vindás	3, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Vindás	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Oddi	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
77	8142 xx		Strengur úr 8142 m/ syðri bakka Þverár, Uxahryggir - Bakkakot	12 Km Spennistöðvar	6 alls og	4 óskað	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Uxahryggir 2	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Eystra-Fróðholt	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Ármót	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
	12	8607 Rangárvallahreppur	Bakkakot 1	V/mjólkurframl. og ýmissa véla	Mjólkurframl	S	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Bakkakot 2	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
78	816102		Álma að Helluvaði, rétt við Hellu	0, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	12	8607 Rangárvallahreppur	Helluvað 2	V/mjólkurframl. og ýmissa véla	Mjólkurframl	S	
79	81410202		Úr enda 81410202, (dælustöð) að Stokkalæk og Keldum, 814109 styttist um 4 km	4, Km Spennistöðvar	2 alls og	2 óskað	
	12	8607 Rangárvallahreppur	Keldur	V/mjólkurframl. og ýmissa véla	Mjólkurframl	S	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Stokkalækur	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
81	816302		Úttak álmu að Snjallsteinshöfða, og Geldingalæk	9 Km Spennistöðvar	14 alls og	1 óskað	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Geldingalækur	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
82	816302		Gildrulæk - Kaldbakur, Þingskálar, línuendi færist á 8162, þverar Ytri-Rangá	4, Km Spennistöðvar	5 alls og	2 óskað	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Þingskálar	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
	14	8607 Rangárvallahreppur	Kaldbakur	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
83	82 816302		Kaldbak - Bolholt, þverar Ytri-Rangá 2x	4 Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Bolholt	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	
84	814102		Kornlækur - Hróarslækur	2 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	13	8607 Rangárvallahreppur	Hróarslækur	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S	

Nr	Háð	Línunúmer	Ósk nr	Sveitarfélag	Lýsing / Hvar	Vegna	Flokkun	Teg
85		816409			Úttak álmu - Selalæk, þverar Ytri-Rangá	3 Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
		13	8607	Rangárvallahreppur	Selalækur	V/mjólkurframl. og ýmissa véla	Mjólkurframl	S
86	85	816409			Selalækur - Varmadalur	2 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		14	8607	Rangárvallahreppur	Varmidalur	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S
132	82	8162			Úttak Selssundi - Hólar	4 Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
		13	8607	Rangárvallahreppur	Hólar	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S
133	80	816234			Álma að Selssundi	2 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		14	8607	Rangárvallahreppur	Selsund	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S
134	81	8162			Hólar - Næfurholt	1 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		14	8607	Rangárvallahreppur	Næfurholt	V/öruggari rekstrar tækja og búnaðar	Annar búrekstur	S
91		816408			Úttak álmu - Rifshalakot	3 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		16	8610	Ásahreppur	Rifshalakot		Ótilgreint	S
92	91	816408			Rifshalakot - Vetleifskot	0, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		17	8610	Ásahreppur	Vetleifskot		Ótilgreint	S
93	92	816408			Vetleifskot - Kastalabrekku	0, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		17	8610	Ásahreppur	Kastalabrekku		Ótilgreint	S
94		81620408			Álma að Sumarliðabæ	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		15	8610	Ásahreppur	Sumarliðabær II	Mjólkurframleiðsla,	Mjólkurframl	S
		15	8610	Ásahreppur	Einholt		Ótilgreint	S
		15	8610	Ásahreppur	Hestheimar		Ótilgreint	S
95		816308			Vegamót - Áshóll - Borgarholt	5 Km Spennistöðvar	5 alls og	2 óskað
		16	8610	Ásahreppur	Áshóll		Ótilgreint	S
		16	8610	Ásahreppur	Borgarholt		Ótilgreint	S
		16	8610	Ásahreppur	Hárlaugsstaðir		Ótilgreint	S
96	95	816308			Áshóll - Syðri-Hamri / Hamrahóll	3 Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað
		15	8610	Ásahreppur	Hamrahóll		Ótilgreint	S
		15	8610	Ásahreppur	Syðri-Hamri I		Ótilgreint	S
		15	8610	Ásahreppur	Syðri-Hamri II og III		Ótilgreint	S
97	96	81630811			Álma að Bólsstað / Seli	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		15	8610	Ásahreppur	Sel		Ótilgreint	S
		15	8610	Ásahreppur	Bólstað		Ótilgreint	S
98	97	816308			Syðri-Hamrar - Lækjartún	1, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað
		16	8610	Ásahreppur	Lækjartún I og II		Ótilgreint	S
99	98	816308			Lækjartún - Kálfholt	0, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað
		16	8610	Ásahreppur	Kálfholt		Ótilgreint	S
100	95	81630806			Borgarholt - Heiði	2, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað
		15	8610	Ásahreppur	Heiði		Ótilgreint	S

Nr	Háð	Línunúmer	Lýsing				
	Ósk nr	*Sveitarfélag*	*Hvar*	*Vegna*	*Flokkun*	*Teg*	
101	10	81630806	Heiði - Herríðarhóll	2, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	15	8610 Ásahreppur	Herríðarhóll		Ótilgreint		S
105		81630806 xx	Nýlögn frá Heiði eða Herríðarhól (81630806) að Krók, nú frá einfasakerfi með þverun yfir Þjórsá	3 Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	17	8610 Ásahreppur	Krókur		Ótilgreint		S
106	10	81630806 xx	Krókur - Þjórsártún	2, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	17	8610 Ásahreppur	Þjórsártún		Ótilgreint		S
80		8162	Þúfa - úttak álmu Selssundi (816234), meðfram vegi að Stóra-Klofi frá úttaki að Leirubakka, ekki að Stóru-Völlum	19 Km Spennistöðvar	9 alls og	5 óskað	
	17	8612 Holta - og	Skarð	Stórt bú	Annar búrekstur		S
	17	8612 Holta - og	Baðsheiði,	Borhola v/fiskeldis & hitaveitu	Hitaveita		S
	17	8612 Holta - og	Fiskeldisstöð	Fiskeldisstöð	Fiskeldi		S
81		816302	Úttak álmu að Snjallsteinshöfða, og Geldingalæk	9 Km Spennistöðvar	14 alls og	1 óskað	
	18	8612 Holta - og	Bæir Bjarg - Lækjarbotnum		Ótilgreint		A
83	82	816302	Kaldbak - Bolholt, þverar Ytri-Rangá 2x	4 Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	18	8612 Holta - og	Bæir Bjarg - Lækjarbotnum		Ótilgreint		A
94		81620408	Ath skv spennaskrá er Sumarliðabær I 3-fasa, ef svo er 3-fasa til staðar á Sumarliðabæ II	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	17	8612 Holta - og	Sumarliðabær		Ótilgreint		S
107	80	816230	Álma að Leirubakka	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	17	8612 Holta - og	Leirubakka	Ferðaþjónusta, dælustöð v/ vatnsveitu	Annað		S
108		816302	Lækjarbotnar - Snjallsteinshöfði	7 Km Spennistöðvar	5 alls og	5 óskað	
	18	8612 Holta - og	Bæir Bjarg - Lækjarbotnum		Ótilgreint		A
131		816210	Saurbær og Lækur	5 Km Spennistöðvar	4 alls og	2 óskað	
	18	8612 Holta - og	Bæir Saurbæ -		Ótilgreint		S
109		824214 / 824408	Álma að Vorsabæjarhjáleigu að úttaki að Vorsabæ, svo álma að Vorsabæ, ath ruglingur með línunúmer, ýmist 824408 eða	2, Km Spennistöðvar	2 alls og	1 óskað	
	18	8701 Gaulverjabæjarhr	Vorsabæjarhverfið ?		Ótilgreint		S
110		824206	Álma að Læk	3, Km Spennistöðvar	3 alls og	1 óskað	
	18	8706 Hraungerðishr	Lækur	Votheysturn	Annar búrekstur		S
111		824117	Álma að Brúnastöðum	1, Km Spennistöðvar	1 alls og	1 óskað	
	18	8706 Hraungerðishr	Brúnastaðir	Votheysturn	Annar búrekstur		S

Nr	Háð	Línunúmer	Lýsing								
	Ósk nr	*Sveitarfélag*		*Hvar*	*Vegna*		*Flokkun*		*Teg*	
127			Hringtenging Þingborg - Súluholt - Kolsholt - grp v/ Skógsnes		18	Km Spennistöðvar	19	alls og	4	óskað
	18	8707	Villingaholtshreppi	Vatnsendi			Ótilgreint			S
	18	8707	Villingaholtshreppi	Þjórsárver			Ótilgreint			S
	18	8707	Villingaholtshreppi	Súluholt			Ótilgreint			S
	19	8707	Villingaholtshreppi	Syðri-Vellir			Ótilgreint			S
128	12		Þjórsárver - Egilsstaðir		2	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	18	8707	Villingaholtshreppi	Egilsstaðir			Ótilgreint			S
129	12		Úttak álmu að Forsæti		2	Km Spennistöðvar	2	alls og	1	óskað
	19	8707	Villingaholtshreppi	Forsæti			Ótilgreint			S
112	821116		Úttak álmu að Laxárdal		4,	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	19	8709	Gnúpverjahreppur	Laxárdal II	Svínabú, greinarg sýnir 700þ kostn v/ 1-fasa rafmagnsins (tíðnibr)		Eggja - og svínabú			S
113	821118, 821120		Álmur Þverspyrnu, Bryðjuholti, Kópsvatni		4	Km Spennistöðvar	6	alls og	6	óskað
	19	8710	Hrunamannahr	Almennt þar sem það er ekki til staðar			Ótilgreint			A
114	82112506		Álma að Hauksholti		2	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	19	8710	Hrunamannahr	Almennt þar sem það er ekki til staðar			Ótilgreint			A
115	82112506		Haukholt - Foss		3	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	19	8710	Hrunamannahr	Almennt þar sem það er ekki til staðar			Ótilgreint			A
116	821118		Þverspyrna - Kaldbak		5,	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	19	8710	Hrunamannahr	Almennt þar sem það er ekki til staðar			Ótilgreint			A
117	82120408		Streng frá Laugarási með brú yfir Brúará að Iðu		2	Km Spennistöðvar	2	alls og	1	óskað
	20	8711	Biskupstungnahr	Iða	Verkstæði		Iðnaður			S
118	82311404		Úttak álmu að Útey		2,	Km Spennistöðvar	3	alls og	1	óskað
	20	8712	Laugardalshreppur	Útey I	Reykhús		Annar búrekstur			S
	20	8712	Laugardalshreppur	Útey II	Bilasprautun, dæla f/ hitaveitu		Iðnaður			S
119	11 82311404		Útey - Austurey		5	Km Spennistöðvar	6	alls og	2	óskað
	20	8712	Laugardalshreppur	Austurey I og II	Mjólkurframleiðsla, dæla f/hitaveitu		Mjólkurframl			S
120	821325		Úttak álmu að Efstadal		1,	Km Spennistöðvar	1	alls og	1	óskað
	20	8712	Laugardalshreppur	Efstidalur I	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl			S
	20	8712	Laugardalshreppur	Efstidalur II	Mjólkurframleiðsla		Mjólkurframl			S
121	823118		Úttak aðalálmu og að		2,	Km Spennistöðvar	2	alls og	1	óskað
	21	8719	Grímsnes - og	Bjarnastaðir	Svínabú		Eggja - og svínabú			S

Viðauki 4.

Kostnaðarröðun aðgerða.

Einstakar aðgerðir						Undanfarandi aðgerðir			Samtala háðra aðgerða				Alls uppsafnað				
	Háð		Spst.		Kostn.	Spst.				Spst.		Kostn./	Kostn.	Spst.		Röð	
Nr.	að.	Kostn.	alls	Óskir	/ósk	Kostn.	alls	Óskir	Kostn.	alls	Óskir	ósk	alls	alls	Óskir	kostn.	A/S
41		1,50	1	1	1,50				1,50	1	1	1,50	1,00	1	1	1	S
70		4,65	4	3	1,55				4,65	4	3	1,55	6,00	5	4	2	S
113		9,60	6	6	1,60				9,60	6	6	1,60	16,00	11	10	3	A
144		1,65	1	1	1,65				1,65	1	1	1,65	17,00	12	11	4	S
78		1,73	1	1	1,73				1,73	1	1	1,73	19,00	13	12	5	S
71	70	5,10	3	2	2,55	4,65	4	3	9,75	7	5	1,95	24,00	16	14	6	S
35		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	26,00	17	15	7	S
38		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	28,00	18	16	8	S
69		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	31,00	19	17	9	S
72		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	33,00	20	18	10	S
88		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	35,00	21	19	11	S
90		2,10	1	1	2,10				2,10	1	1	2,10	37,00	22	20	12	S
152		2,25	1	1	2,25				2,25	1	1	2,25	39,00	23	21	13	S
145		2,40	1	1	2,40				2,40	1	1	2,40	41,00	24	22	14	S
34		2,55	1	1	2,55				2,55	1	1	2,55	44,00	25	23	15	S
74		2,55	1	1	2,55				2,55	1	1	2,55	47,00	26	24	16	S
147		3,30	2	1	3,30				3,30	2	1	3,30	50,00	28	25	17	S
91		5,10	1	1	5,10				5,10	1	1	5,10	55,00	29	26	18	S
92	91	1,65	1	1	1,65	5,1	1	1	6,75	2	2	3,38	57,00	30	27	19	S
93	92	1,05	1	1	1,05	6,75	2	2	7,80	3	3	2,60	58,00	31	28	20	S
108		13,50	5	5	2,70				13,50	5	5	2,70	71,00	36	33	21	A
94		2,85	1	1	2,85				2,85	1	1	2,85	74,00	37	34	22	S
95		10,50	5	2	5,25				10,50	5	2	5,25	85,00	42	36	23	S
96	95	6,30	3	1	6,30	10,5	5	2	16,80	8	3	5,60	91,00	45	37	24	S
97	96	2,55	1	1	2,55	16,8	8	3	19,35	9	4	4,84	93,00	46	38	25	S
98	97	3,15	2	1	3,15	19,35	9	4	22,50	11	5	4,50	97,00	48	39	26	S
99	98	1,35	1	1	1,35	22,50	11	5	23,85	12	6	3,98	98,00	49	40	27	S
54		15,00	5	5	3,00				15,00	5	5	3,00	113,00	54	45	28	A
56		65,10	21	21	3,10				65,10	21	21	3,10	178,00	75	66	29	A
1		9,00	5	1	9,00				9,00	5	1	9,00	187,00	80	67	30	S
2	1	2,85	2	2	1,43	9	5	1	11,85	7	3	3,95	190,00	82	69	31	S
3	2	2,10	1	1	2,10	11,85	7	3	13,95	8	4	3,49	192,00	83	70	32	S
4	3	2,10	1	1	2,10	13,95	8	4	16,05	9	5	3,21	194,00	84	71	33	S
120		3,30	1	1	3,30				3,30	1	1	3,30	197,00	85	72	34	S
111		3,45	1	1	3,45				3,45	1	1	3,45	201,00	86	73	35	S
11		3,60	1	1	3,60				3,60	1	1	3,60	204,00	87	74	36	S
84		3,60	1	1	3,60				3,60	1	1	3,60	208,00	88	75	37	S
114		3,60	1	1	3,60				3,60	1	1	3,60	212,00	89	76	38	A
150		3,60	1	1	3,60				3,60	1	1	3,60	215,00	90	77	39	S
43		3,75	1	1	3,75				3,75	1	1	3,75	219,00	91	78	40	S
79		7,95	2	2	3,98				7,95	2	2	3,98	227,00	93	80	41	S
29		9,45	2	1	9,45				9,45	2	1	9,45	236,00	95	81	42	S
30	29	2,70	2	2	1,35	9,45	2	1	12,15	4	3	4,05	239,00	97	83	43	S
23		4,20	2	1	4,20				4,20	2	1	4,20	243,00	99	84	44	S
89		4,20	2	1	4,20				4,20	2	1	4,20	247,00	101	85	45	S
117		4,20	2	1	4,20				4,20	2	1	4,20	252,00	103	86	46	S
151	150	5,10	1	1	5,10	3,6	1	1	8,70	2	2	4,35	257,00	104	87	47	S
28		4,35	1	1	4,35				4,35	1	1	4,35	261,00	105	88	48	S
36		4,50	2	1	4,50				4,50	2	1	4,50	266,00	107	89	49	S
50		4,50	1	1	4,50				4,50	1	1	4,50	270,00	108	90	50	A

Einstakar aðgerðir						Undanfarandi aðgerðir			Samtala háðra aðgerða				Alls uppsafnað				
Nr.	Háð aðg.	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn. /ósk	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn./ ósk	Kostn. alls	Spst. alls	Óskir	Röð kostn.	A/S
31	30	6,30	3	1	6,30	12,15	4	3	18,45	7	4	4,61	276,00	111	91	51	S
105		5,10	1	1	5,10				5,10	1	1	5,10	281,00	112	92	52	S
106	105	4,35	1	1	4,35	5,1	1	1	9,45	2	2	4,73	286,00	113	93	53	S
100	95	4,65	2	1	4,65	10,5	5	2	15,15	7	3	5,05	290,00	115	94	54	S
101	100	4,05	1	1	4,05	15,15	7	3	19,20	8	4	4,80	295,00	116	95	55	S
82		9,75	5	2	4,88				9,75	5	2	4,88	304,00	121	97	56	S
9		4,90	1	1	4,90				4,90	1	1	4,90	309,00	122	98	57	S
75		4,95	2	1	4,95				4,95	2	1	4,95	314,00	124	99	58	S
85		6,30	3	1	6,30				6,30	3	1	6,30	320,00	127	100	59	S
86	85	3,60	1	1	3,60	6,3	3	1	9,90	4	2	4,95	324,00	128	101	60	S
109		4,95	2	1	4,95				4,95	2	1	4,95	329,00	130	102	61	S
121		4,95	2	1	4,95				4,95	2	1	4,95	334,00	132	103	62	S
131		9,90	4	2	4,95				9,90	4	2	4,95	344,00	136	105	63	S
115		5,10	1	1	5,10				5,10	1	1	5,10	349,00	137	106	64	A
118		5,10	3	1	5,10				5,10	3	1	5,10	354,00	140	107	65	S
77		21,60	6	4	5,40				21,60	6	4	5,40	376,00	146	111	66	S
119	118	11,10	6	2	5,55	5,1	3	1	16,20	9	3	5,40	387,00	152	113	67	S
81		21,90	14	1	21,90				21,90	14	1	21,90	409,00	166	114	68	S
134	81	2,10	1	1	2,10	36	10	6	38,10	11	7	5,44	411,00	167	115	69	S
58		5,70	2	1	5,70				5,70	2	1	5,70	416,00	169	116	70	S
76	75	6,45	2	1	6,45	4,95	2	1	11,40	4	2	5,70	423,00	171	117	71	S
148		13,65	4	1	13,65				13,65	4	1	13,65	437,00	175	118	72	S
149	148	4,95	2	2	2,48	13,65	4	1	18,60	6	3	6,20	441,00	177	120	73	S
80		33,90	9	5	6,78				33,90	9	5	6,78	475,00	186	125	74	S
107	80	3,45	1	1	3,45	33,9	9	5	37,35	10	6	6,23	479,00	187	126	75	S
133	80	3,60	1	1	3,60	33,9	9	5	37,50	10	6	6,25	482,00	188	127	76	S
44		6,30	3	1	6,30				6,30	3	1	6,30	489,00	191	128	77	S
83	82	7,20	2	1	7,20	37,5	10	6	44,70	12	7	6,39	496,00	193	129	78	A
27	28	8,55	3	1	8,55	4,35	1	1	12,90	4	2	6,45	504,00	196	130	79	S
46		33,90	19	5	6,78				33,90	19	5	6,78	538,00	215	135	80	S
132	80	7,80	3	1	7,80	33,9	9	5	41,70	12	6	6,95	546,00	218	136	81	S
130		7,05	3	1	7,05				7,05	3	1	7,05	553,00	221	137	82	S
51		9,00	5	1	9,00				9,00	5	1	9,00	562,00	226	138	83	S
52	51	5,70	2	1	5,70	9	5	1	14,70	7	2	7,35	568,00	228	139	84	S
110		7,35	3	1	7,35				7,35	3	1	7,35	575,00	231	140	85	S
112		7,35	1	1	7,35				7,35	1	1	7,35	583,00	232	141	86	S
39	40	0,90	1	1	0,90	14,4	4	1	15,30	5	2	7,65	584,00	233	142	87	S
73		7,95	2	1	7,95				7,95	2	1	7,95	591,00	235	143	88	S
32		57,60	21	7	8,23				57,60	21	7	8,23	649,00	256	150	89	S
125	32	6,30	3	1	6,30	57,6	21	7	63,90	24	8	7,99	655,00	259	151	90	S
126	125	7,65	4	1	7,65	63,9	24	8	71,55	28	9	7,95	663,00	263	152	91	S
127		38,40	19	4	9,60				38,40	19	4	9,60	701,00	282	156	92	S
128	127	3,60	1	1	3,60	38,4	19	4	42,00	20	5	8,40	705,00	283	157	93	S
129	127	4,20	2	1	4,20	38,4	19	4	42,60	21	5	8,52	709,00	285	158	94	S
116		8,85	1	1	8,85				8,85	1	1	8,85	718,00	286	159	95	A
33		9,90	5	1	9,90				9,90	5	1	9,90	728,00	291	160	96	S
7		12,15	4	1	12,15				12,15	4	1	12,15	740,00	295	161	97	S
22		12,60	6	1	12,60				12,60	6	1	12,60	753,00	301	162	98	S
140		12,60	1	1	12,60				12,60	1	1	12,60	765,00	302	163	99	S
62		13,05	8	1	13,05				13,05	8	1	13,05	778,00	310	164	100	S
60		13,50	5	1	13,50				13,50	5	1	13,50	792,00	315	165	101	S
40		14,40	4	1	14,40				14,40	4	1	14,40	806,00	319	166	102	S
19		16,50	5	1	16,50				16,50	5	1	16,50	823,00	324	167	103	S
63		16,95	2	1	16,95				16,95	2	1	16,95	840,00	326	168	104	S

Einstakar aðgerðir						Undanfarandi aðgerðir			Samtala háðra aðgerða				Alls uppsafnað				
Nr.	Háð að.	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn. /ósk	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn.	Spst. alls	Óskir	Kostn./ ósk	Kostn. alls	Spst. alls	Óskir	Röð kostn.	A/S
24		30,30	13	1	30,30				30,30	13	1	30,30	870,00	339	169	105	S
25	24	6,15	4	1	6,15	30,3	13	1	36,45	17	2	18,23	876,00	343	170	106	S
26	25	14,70	7	1	14,70	36,45	17	2	51,15	24	3	17,05	891,00	350	171	107	S
61		17,10	6	1	17,10				17,10	6	1	17,10	908,00	356	172	108	S
135	63	31,80	8	1	3,98	16,95	2	1	48,75	10	2	24,38	940,00	364	173	109	S
64	135	19,50	8	1	19,50	48,75	10	2	68,25	15	2	34,13	959,00	372	174	110	S
65	64	6,30	3	2	3,15	68,25	15	2	74,55	18	4	18,64	966,00	375	176	111	S
153		26,10	6	1	26,10				26,10	6	1	26,10	992,00	381	177	112	S
21		27,90	9	1	27,90				27,90	9	1	27,90	1.020,00	390	178	113	S
66		45,60	11	1	45,60				45,60	11	1	45,60	1.065,00	401	179	114	S
67	66	27,30	8	1	27,30	45,6	11	1	72,90	19	2	36,45	1.092,00	409	180	115	S
68	67	15,00	5	1	15,00	72,9	19	2	87,90	24	3	29,30	1.107,00	414	181	116	S
47		30,60	11	1	30,60				30,60	11	1	30,60	1.138,00	425	182	117	S
17		36,00	10	1	36,00				36,00	10	1	36,00	1.174,00	435	183	118	S
16		41,40	19	1	41,40				41,40	19	1	41,40	1.215,00	454	184	119	S
45		43,95	22	1	43,95				43,95	22	1	43,95	1.259,00	476	185	120	S
139	137	64,20	7	1	64,20	18,9	9	0	83,10	16	1	83,10	1.324,00	483	186	121	S
136		84,00	25	1	84,00				84,00	25	1	84,00	1.408,00	508	187	122	S
14		95,40	54	0					95,40	54	0		1.503,00	562	187	123	A
13		22,20	12	0					22,20	12	0		1.525,00	574	187	124	A
124		5,55	3	0					5,55	3	0		1.531,00	577	187	125	A
137		18,90	9	0					18,90	9	0		1.550,00	586	187	126	S
10		14,10	6	0					14,10	6	0		1.564,00	592	187	127	A
5		33,90	14	0					33,90	14	0		1.598,00	606	187	128	A
141		60,90	24	0					60,90	24	0		1.659,00	630	187	129	A
123	12	9,90	5	0		20,7	7	0	30,60	12	0		1.668,00	635	187	130	A
48		31,20	12	0					31,20	12	0		1.700,00	647	187	131	A
142		29,10	11	0					29,10	11	0		1.729,00	658	187	132	A
143		58,20	22	0					58,20	22	0		1.787,00	680	187	133	A
6		21,30	8	0					21,30	8	0		1.808,00	688	187	134	A
12		20,70	7	0					20,70	7	0		1.829,00	695	187	135	A
15		23,70	8	0					23,70	8	0		1.853,00	703	187	136	A
138		54,00	15	0					54,00	15	0		1.907,00	718	187	137	A
57		8,70	2	0					8,70	2	0		1.915,00	720	187	138	A
49		16,80	3	0					16,80	3	0		1.932,00	723	187	139	A
122		9,60	1	0					9,60	1	0		1.942,00	724	187	140	A

1220. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson og Sigríði Auði Arnardóttur frá umhverfisráðuneyti. Umsagnir bárust frá félagi leiðsögumanna, náttúrustofu Austurlands, náttúrustofu Vestfjarða, náttúrustofu Vesturlands, náttúrustofu Reykjaness, SUNN – samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, Landvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Grindavíkurkaupstað, samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofu Norðurlands vestra, Stykkishólmsbæ,

Fjarðabyggð, náttúruverndarsamtökum Vesturlands og sveitarfélaginu Skagafirði. Þá barst nefndinni ályktun frá samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Frumvarp þetta var lagt fram á 126. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Eyþingi – sambandi sveitarfélaga Norðurlandi eystra, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofu Austurlands, náttúrustofu Norðurlands vestra, náttúrustofu Reykjaness, náttúrustofu Suðurlands, náttúrustofu Vestfjarða, náttúrustofu Vesturlands, náttúruverndarsamtökum Vesturlands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Meginatriði frumvarpsins eru að lögfestar eru skýrar gjaldtökuheimildir fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þá er lagt til að náttúrustofur verði samtals átta í stað þess að vera sex talsins og jafnframt er lögð til sú breyting að staðsetning þeirra verði ekki bundin sérstaklega við kjördæmaskipan. Fram hefur komið að æskilegt sé að náttúrustofur dreifist jafnt um landið allt þannig að öll sveitarfélög hafi greiðan aðgang að náttúrustofu. Gengið er út frá því að starfræksla náttúrustofa sé alfarið á ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa en með stuðningi ríkisins og að fulltrúar í stjórn komi eingöngu frá sveitarfélögunum sjálfum. Fram hefur komið í máli fulltrúa ráðuneytisins að framlög til einstakra náttúrustofa muni ekki minnka þrátt fyrir fyrirhugaða fjölgun þeirra. Þá er gert ráð fyrir að verkefni þeirra verði aukin og ætlunin er að breytt og aukin starfsemi náttúrustofa muni styrkja sveitarstjórnarstigið í framkvæmd náttúruverndarmála.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að í þeim samningum sem ráðherra mun gera við náttúrustofur, á grundvelli 2. gr. frumvarpsins, verði kveðið á um að umhverfisráðuneytið fundi reglubundið með Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins þar sem farið skuli yfir þau verkefni sem stofnanirnar hafa falið náttúrustofum á grundvelli d- og e-liðar 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 1. gr., þar sem gerð er sú breyting á 1. gr. laganna að felld eru brott orðin „með ríkisaðild í kjördæmum“. Þetta er gert til samræmis við 7. gr. frumvarpsins þar sem nú er lagt til að sveitarfélög, eitt eða fleiri, beri ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofa og að ráðherra skipi ekki lengur í stjórnir þeirra.
2. Lögð er til orðalagsbreyting á 1. gr.
3. Lagt er til í fyrsta lagi að við 1. málsl. 2. gr. bætist sú skýring að starfræksla náttúrustofa á vegum sveitarfélaga verði óháð kjördæmaskipan. Samkvæmt núgildandi lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu í hverju kjördæmi. Með fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar lögð til sú breyting að staðsetning þeirra verði ekki bundin sérstaklega við kjördæmaskipan. Þar sem um er að ræða breytingu á núverandi skipan mála þykir eðlilegt að skýrt sé kveðið á um hana í lagatextanum. Í öðru lagi er lagt til að í 2. málsl. greinarinnar sé kveðið á um að náttúrustofum og Náttúrufræðistofnun Íslands beri skylda til að hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.
4. Lögð er til breyting á orðalagi í 3. gr.
5. Til frekari skýringa er lagt til að bætt sé við 5. gr. að stjórn náttúrustofu skuli skipuð að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.

6. Lagt er til að í ákvæði til bráðabirgða sé í stað þess að vísa einungis til 9. gr. bætt við orðinu „laganna“ þannig að ljóst sé að hér er um að ræða tilvísun til lagabálksins sjálfs.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.	Jóhann Ársælsson, með fyrirvara.	Gunnar Birgisson.
Ásta Möller.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

1221. Breytingartillögur [520. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (MS, KPál, ÞSveinb, KF, JÁ, GunnB, ÁMöl, ÍGP).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Orðin „með ríkisaðild í kjördæmum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.
2. Við 1. gr. Í stað orðanna „vegna þeirrar“ í 2. málsl. 1. efnismgr. komi: um þá.
3. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðinu „sveitarfélaga“ í 1. málsl. komi: óháð kjördæmaskipan.
   b. Á eftir orðunum „Náttúrufræðistofnun Íslands“ í 2. málsl. komi: skulu.
4. Við 3. gr. Í stað orðsins „upphæð“ á þremur stöðum í 3. málsl. komi: fjárhæð.
5. Við 5. gr. Á eftir orðunum „að afloknum“ í 1. málsl. komi: hverjum.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir tilvísuninni „sbr. 9. gr.“ komi: laganna.

1222. Nefndarálit [641. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta og S. Stefáni Ólafssyni.

Frumvarpið byggist á tilskipun 2001/19/EB, en hún snýr að viðurkenningu á starfsréttindum ýmissa starfsstétta í tækni- og hönnunargreinum.

Nefndin leggur til að raffræðingar bætist við upptalninguna á löggiltum starfsheitum í tækni- og hönnunargreinum skv. lögum nr. 8/1996, en með því er um að ræða staðfestingu á þeim réttindum sem rafvirkjar hafa aflað sér með meistaranámi sem veitir rétt til A- eða B-löggildingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: raffræðinga.

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna þeirrar tillögu að bæta raffræðingum við þær starfsstéttir sem falla undir ákvæði laga nr. 8/1996.

Alþingi, 15. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Árni Steinar Jóhannsson.	Kjartan Ólafsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1223. Fyrirspurn [718. mál]

til fjármálaráðherra um smygl á tóbaki og áfengi.

Frá Þuríði Backman.

Hve mikið tóbak og áfengi hefur verið tekið við tollskoðun skipa og flugvéla sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum, skipt eftir innkomu í landið og flokkað í

1. a. reyktóbak, sígarettur og vindla,
   b. reyklaust, fínkorna munn- og neftóbak,
2. a. bjór,
   b. léttvín,
   c. sterka drykki?

Skriflegt svar óskast.

1224. Skýrsla [719. mál]

samgönguráðherra um störf rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Samgönguráðherra skipar rannsóknarnefnd sjóslysa samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, nr. 68/2000.

Nefndina skipa nú:

Ingi Tryggvason héraðsdómslögmaður, formaður nefndarinnar,
Emil Ragnarsson skipaverkfræðingur,
Hilmar Snorrason, skipstjóri og skólastjóri Slysavarnarskóla sjómanna,
Pétur Ágústsson skipstjóri,
Pálmi K. Jónsson vélfræðingur.

Jón A. Ingólfsson, skipstjóri og rekstrarfræðingur, er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Fjárveiting til nefndarinnar á fjárlögum ársins 2001 var 18,1 millj. kr. Á árunum 1993–2001 var kostnaður við starfsemi nefndarinnar sem hér segir:

1993	6.621.823 kr.
1994	7.705.328 kr.
1995	8.707.209 kr.
1996	8.756.513 kr.
1997	11.555.170 kr.
1998	16.204.272 kr.
1999	14.914.467 kr.
2000	17.663.936 kr.
2001	20.554.452 kr.

Hinn 1. september 2000 tóku gildi lög um rannsóknir sjóslysa og reglugerð um sama efni var sett í janúar 2001. Helstu breytingarnar eru að nefndin er nú mun sjálfstæðari í störfum sínum en áður og starfsumhverfi hennar er gjörbreytt.

Kristján Guðmundsson, starfsmaður nefndarinnar, lét af störfum við daglegan rekstur hennar 31. október 2001, en hann mun þó vinna að því að koma upplýsingum um mál sem nefndin fjallaði um á árunum 1986–2001 í nýjan gagnagrunn. Frá og með 1. nóvember 2001 var Jón Arilíus Ingólfsson, skipstjóri og rekstrarfræðingur, ráðinn framkvæmdastjóri nefndarinnar og í lok ársins var ráðinn nýr starfsmaður sem hóf störf í ársbyrjun 2002. Í kjölfar fyrrgreindra lagabreytinga jukust umsvif nefndarinnar og því var nauðsynlegt að fjölga í starfsliði hennar.

Í byrjun desember var starfsemi nefndarinnar flutt úr Hafnarhúsinu í Reykjavík í húsnæði Flugmálastjórnar í flugstöðinni í Stykkishólmi. Reiknað er með að heildarkostnaður við flutninginn og breytingar á húsnæði verði á bilinu 2–3 millj. kr. Þessi kostnaður verður greiddur af sérstakri fjárveitingu samgönguráðuneytisins til flutnings verkefna út á land.

Síðasta prentaða skýrsla nefndarinnar um rannsóknir sjóslysa var fyrir árið 1997 og vinna við útgáfu skýrslna fyrir árin 1998 og 1999 stendur yfir. Þær verða gefnar út árið 2002 og fyrirhugað er að gera þær aðgengilegar yfir netið. Í athugun er breytt fyrirkomulag á formi og útgáfu skýrslunnar frá og með árinu 2000.

Verið er að undirbúa nýjan vef nefndarinnar og stefnt að því að hann verði öflugur þáttur í starfi hennar í framtíðinni og að þar verði veittar upplýsingar um rannsókn einstakra mála. Fjöldi mála hjá nefndinni er svipaður frá ári til árs ef frá er talið 1999. Árið 2000 voru 119 mál tekin fyrir. Alls er 19 málum ólokið en flest eru þau á lokastigi. Árið 2001 kom 121 mál til nefndarinnar, 18 þeirra er lokið og 16 á lokastigi. Vinna hefur tafist vegna skipulagsbreytinga og flutnings á aðsetri nefndarinnar. Nú hefur nefndin sett sér það markmið að öll alvarlegri mál verði að jafnaði afgreidd innan þriggja mánaða frá því að slys verður.

Um áramót voru eins og fyrr segir 93 óafgreidd mál frá árinu 2001 og 19 frá 2000. Eins og fram kemur í töflu 1 má segja að síðustu tvö ár séu meðalár í verkefnafjölda nefndarinnar á níu ára tímabili.

Tafla 1. Yfirlit um mál sem bárust nefndinni á árunum 1993–2001.

Eðli mála	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Skip sekkur	14	10	17	6	7	8	4	10	6
Skip strandar	27	28	19	17	10	14	7	14	10
Árekstur	7	5	7	11	4	2	8	6	11
Eldur um borð	4	14	12	11	7	6	3	8	15
Leki að skipi	3	3	1	1	1	0	0	3	1
Annað	13	6	3	12	6	10	7	8	8
Slys á mönnum	41	69	56	65	55	63	56	64	63
Dauðaslys	9	4	2	9	5	3	1	3	7
Samtals	**118**	**139**	**117**	**132**	**95**	**106**	**86**	**116**	**121**

Tafla 2 sýnir fjölda bótaskyldra slysa samkvæmt tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins. Þar kemur fram að þeim hefur fækkað lítillega milli ára.

Tafla 2. Bótaskyld slys.

Ár	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Fjöldi	505	473	417	436	388	378	381	361	348

1225. Svar [589. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um svarta atvinnustarfsemi, skattsvik og eftirlit.

1. *Hefur umfang skattsvika og/eða svartrar atvinnustarfsemi verið kannað reglubundið á síðustu fimm árum? Ef svo er, hvað kom út úr þeirri könnun og hvernig var hún framkvæmd?*

Þrisvar sinnum á undanförnum árum hafa verið teknar saman skýrslur um umfang skattsvika hér á landi. Tilefni þeirra hafa verið ályktun Alþingis 1984, yfirlýsing ríkisstjórnar 1992 og athugun á virðisaukaskatti 2000. Tvisvar hafa verið skipaðar nefndir sem könnuðu umfang skattsvika og einu sinni hefur verið gerð úttekt á virðisaukaskattskerfinu.

Fyrri nefndin sem kannaði umfang skattsvika var skipuð 8. september 1984 í kjölfar ályktunar Alþingis 3. maí 1984. Var nefndinni einkum ætlað að kanna umfang skattsvika og lauk hún störfum sínum með skýrslu sem var lögð fyrir Alþingi 18. apríl 1986. Í skýrslunni var gerð ítarleg grein fyrir áhættuþáttum skattsvika, í hvaða atvinnugreinum skattsvik væri helst að finna og hversu mikill hluti af landsframleiðslu væri talinn falla undir dulda starfsemi. Sömuleiðis skoðaði nefndin stöðu skattsvikamála í öðrum löndum og leitaðist við að leggja mat á hvort ástandið væri betra eða síðra hér á landi. Þá fjallaði nefndin um hvort breyta skyldi löggjöf, skipulagi og áherslum skattyfirvalda og hvernig væri árangursríkast að verjast skattsvikum.

Síðari nefndin sem kannaði umfang skattsvika skilaði af sér skýrslu 16. september 1993. Sú nefnd var skipuð í desember 1992 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga. Hlutverk þeirrar nefndar var m.a. að leggja mat á umfang skattsvika, einkum með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar sem lauk störfum í apríl 1986. Enn fremur var henni falið að gera athugun á því hvaða breytingar hefðu orðið á skattalögum og í skattframkvæmd frá 1985 sem hefðu haft áhrif á möguleika til skattsvika. Loks var hlutverk nefndarinnar að kanna hvaða breytingar þyrfti að gera á ákvæðum skattalaga til að draga úr skattsvikum. Gerði nefndin ítarlegar tillögur um ýmsar ráðstafanir sem hún taldi að mundu sporna við skattsvikum.

Þá ákvað fjármálaráðherra að láta gera umfangsmikla athugun á virðisaukaskatti til að meta hvort reynslan af upptöku skattsins hafi verið í samræmi við væntingar og hvort tekjur af skattinum hafi verið eins og reiknað var með. Í því skyni var skipuð nefnd árið 1999 sem lauk störfum í mars 2000. Verkefni þeirrar nefndar var m.a. að athuga þróun heildarveltu í þjóðarbúskapnum og veltu sem tengist virðisaukaskattskyldri starfsemi ásamt því að athugað var hver þróun innskattsins hefði verið. Þá fjallaði nefndin um skattframkvæmd í virðisaukaskatti og hvort tilefni væri til breytinga í því skyni að sporna við skattsvikum. Loks fjallaði nefndin um áreiðanleika skattsins í víðtækum skilningi, m.a. framkvæmd eftirlits í virðisaukaskatti og hvort ástæða væri til að breyta ýmsum lagaákvæðum í því skyni að gera skattframkvæmdina markvissari en áður hefði verið.

Nefndin kannaði sérstaklega samhengi helstu þjóðhagsstærða á grundvelli þjóðhagsreikninga og þróunar tekna af virðisaukaskatti í því skyni að greina frávik frá heildarveltu og veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Niðurstaða nefndarstarfsins hvað varðaði áætluð skattsvik í virðisaukaskatti var að hlutfall rauntekna virðisaukaskatts af reiknuðum virðisaukaskatti samkvæmt þjóðhagsstærðum, hefði verið mjög stöðugt frá því að innheimta virðisaukaskatts hófst árið 1990 og hin síðari ár hefði hlutfallið heldur hækkað. Var það talið vísbending um að skil á virðisaukaskatti hefðu farið batnandi á síðustu árum. Þá var það niðurstaða nefndarinnar að skattsvik hefðu ekki aukist heldur líklega eitthvað farið minnkandi, m.a. vegna strangrar refsivörslu að þessu leyti í skattframkvæmdinni. Loks taldi nefndin brýnt að áfram yrði tekið af festu á skattsvikum eins og verið hefði.

2. *Hvert er talið vera heildarumfang svartrar atvinnustarfsemi og/eða skattsvika miðað við þjóðarframleiðslu? Hefur heildarumfangið aukist á tímabilinu?*

Hvað varðar umfang undanskota í virðisaukaskatti má leiða líkur að því að þau séu á bilinu 6–8% af reiknuðum virðisaukaskattsstofni sem jafngildir um 4–5 milljarða kr. tekjutapi hjá ríkissjóði á ári. Í niðurstöðum nefndar um umfang skattsvika frá árinu 1993 er talið að umfang skattsvika í heild hafi á árinu 1992 numið röskum 4% af landsframleiðslu og að sennilegt tap ríkis og sveitarfélaga af þessum sökum hafi numið sem svarar 12–13 milljörðum kr. á verðlagi ársins 1998. Ekki liggur fyrir mat á heildarsundurliðun á tekjutapi ríkis og

sveitarfélaga vegna skattsvika en líklegt má telja að um þriðjungur stafi af undanskotum í virðisaukaskatti. Þannig virðist sem tekjutap í virðisaukaskattskerfinu upp á 4–5 milljarða kr. sé í allgóðu samræmi við fyrri athuganir á umfangi skattsvika hér á landi, að teknu tilliti til þess að skil virðast hafa farið batnandi síðustu árin.

3. *Er umfang svartrar atvinnustarfsemi og/eða skattsvika mismunandi eftir atvinnugreinum og, ef svo er, í hvaða 5–10 atvinnugreinum gætir þessa mest? Hver hefur þróunin í hverri atvinnugrein orðið á síðustu fimm árum?*

Í þeim athugunum sem gerðar hafa verið kemur skýrt fram að skattsvik eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Fyrri skattsvikanefndin mat áhættuna eftir atvinnugreinum samkvæmt svokölluðum ISIC-staðli eftir fimm meginforsendum. Þær voru eftirlitskerfi skattyfirvalda, stærðardreifing fyrirtækjanna í atvinnugreininni, hverjir væru kaupendur afurða greinarinnar, hvort vitneskju og þátttöku kaupenda afurðar sé krafist svo að viðskipti verði dulin og hvaða skattstofni undandráttur beindist að. Þannig mætti flokka öll viðskipti eftir atvinnugreinum í átta áhættuflokka þar sem líkur á skattsvikum eru minnstar í 1. áhættuflokki, 1% í lægsta tilvikinu en 5% í því hæsta. Í 8. áhættuflokk fara atvinnugreinar þar sem líkur á undandrætti eru miklar enda möguleikar á að unnt sé að dylja tekjur miklir og líkur á að upp komist litlir. Í þann flokk voru líkurnar 13% í lægsta tilviki en 50% í því hæsta.

Síðari skattsvikanefndin endurmat niðurstöður fyrri nefndarinnar og komst við athuganir sínar að sömu niðurstöðum og fyrri nefndin. Allan undandrátt mætti flokka niður eftir atvinnugreinum þar sem meiri möguleikar, og þar með líkur, væru á undanskotum í tilteknum atvinnugreinum en minni í öðrum. Í 8. áhættuflokk voru t.d. flokkaðar atvinnugreinar eins og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, ýmiss konar persónutengd þjónusta og veitingastarfsemi. Þannig er talið að áhættan sé mest í þessum atvinnugreinum.

Séu þessar niðurstöður bornar saman við þau mál sem skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur haft til meðferðar kemur í ljós að flest mál sem sætt hafa rannsókn eru úr áðurgreindum atvinnugreinum. Langflestar rannsóknir sem lokið er við koma einnig úr áðurgreindum atvinnugreinum og sömuleiðis kemur í ljós að ætlaður undandráttur er mestur í þessum sömu atvinnugreinum.

Á árunum 1997–2001 lauk skattrannsóknarstjóri ríkisins við rannsókn í 642 málum með skýrslu. Þar af voru 168 skýrslur vegna almennra skattsvikamála, 216 skýrslur vegna vanskila á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna og/eða innheimtum virðisaukaskatti og 258 skýrslur vegna vanskila á ársreikningum til opinberrar birtingar hjá félagaskrá.

Séu almennu skattsvikamálin skoðuð kemur í ljós að af 168 málum voru 60 skýrslur vegna aðila í ýmiss konar persónulegri þjónustustarfsemi, 37 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 15 í fiskvinnslu og/eða útgerð fiskiskipa, 7 í veitingarekstri, 6 í útflutningsstarfsemi, 5 í iðnaði og námavinnslu, 4 í innflutningsstarfsemi, 4 í verslun, 3 í landbúnaði, 2 í heilbrigðisþjónustu og 25 aðilar í ýmsum atvinnugreinum. Sé aftur á móti litið á vanskilamálin kemur í ljós að af 216 málum voru 80 skýrslur vegna aðila í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, 21 í fiskvinnslu og/eða útgerð fiskiskipa, 20 í ýmiss konar persónulegri þjónustustarfsemi, 14 í veitingarekstri, 10 í bifreiðaakstri, 5 í endurskoðendaþjónustu, 4 í verslun og 62 vegna aðila í ýmsum atvinnugreinum.

Eðli mála sem skattrannsóknarstjóra ríkisins berast og/eða tekin eru til rannsóknar að frumkvæði embættisins hefur breyst nokkuð í áranna rás. Þannig hefur fjölgað umtalsvert þeim málum þar sem brotum svipar til fjársvika á þann hátt að reynt er að ná fjármunum úr ríkissjóði eða greiða sem minnstan skatt af tekjum með öðrum hætti en að vantelja sjálfar tekjurnar.

4. *Hafa stjórnvöld skipulagt aðgerðir til þess að sporna við svartri atvinnustarfsemi og/eða skattsvikum? Ef svo er, í hverju felast þær?*

Fjármálaráðuneytið hefur undanfarin ár lagt áherslu á að stemma stigu við skattundandrætti með því að styrkja skattframkvæmdina á ýmsan hátt, svo sem með því að skapa skattyfirvöldum betri starfsskilyrði, eyða lagalegri óvissu í ýmsum álitamálum og færa samskipti skattyfirvalda og skattgreiðenda í nútímalegra horf. Rafræn skattskil hafa aukist, ýmsar lagabreytingar verið gerðar og fjárveitingar hafa verið endurmetnar í ljósi breyttra aðstæðna. Fjárveitingar til skattrannsóknarstjóra ríkisins hafa á undanförnum árum verið auknar og embættið að öðru leyti gert betur í stakk búið til að takast á við verkefni sín. Fjármálaráðherra setti árið 1995 ítarlega reglugerð um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þannig hefur stjórnsýsla embættisins búið að settum reglum hin síðari ár en slíkt er ótvíræður styrkur fyrir embættið og eykur jafnframt réttaröryggi þeirra sem sæta skattrannsókn.

Á árinu 1995 voru samþykkt ný refsiákvæði skattalaga og nýtt lagaákvæði í almenn hegningarlög um stórfelld skattsvik. Árið áður höfðu ný lög um bókhald verið samþykkt og sömuleiðis lög um ársreikninga. Með þessum nýju lagaákvæðum var mjög hert á að þeir sem brotlegir gerðust við skattalög sættu þungum refsingum. Var það m.a. niðurstaða þeirrar nefndar sem kannaði framkvæmd virðisaukaskattsins að hin nýju ákvæði hefðu haft sitt að segja við að stemma stigu við skattsvikum.

Á undanförnum árum hefur mikill árangur náðst í meðferð skattsvikamála og dómum og öðrum refsiákvörðunum vegna skattsvika fjölgað mikið. Fyrir áratug eða svo gengu tvö til þrjú mál til lögreglumeðferðar ár hvert en nú skipta þau tugum á hverju ári. Síðustu ár hafa refsiákvarðanir vegna skattsvika nálgast 100 á ári, þar af hafa nálægt 30 refsidómar í skattsvikamálum verið kveðnir upp árlega í 3–4 ár. Sömuleiðis hefur orðið mikil aukning í sektarmálum fyrir yfirskattanefnd, en ætla má að á næstu árum muni árlega um 70 mál sæta sektarmeðferð.

Á árunum 1994–97 starfaði á vegum fjármálaráðuneytisins framkvæmdanefnd gegn skattsvikum sem hafði m.a. það hlutverk að gera tillögur um lagabreytingar, koma tillögum skattsvikanefndar hinnar síðari til framkvæmda og annast fræðslustarf og áróður. Framkvæmdanefndin lét gera bæklinga sem sendir voru öllum skattgreiðendum á landinu um leið og skattframtalseyðublöð voru borin út á árunum 1995–97. Bæklingurinn bar heitið „Stöndum saman gegn skattsvikum“ og var ætlað að minna skattgreiðendur á að skattsvik væru lögbrot. Sömuleiðis á ábyrgð sína og að haga skattskilum sínum á lögmætan hátt. Enn fremur var hvatning til skattgreiðenda um að stuðla ekki að því að aðrir fremdu skattsvik. Framkvæmdanefndin lauk störfum árið 1998 og hefur ekki verið endurskipuð, en í henni sátu deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, skattrannsóknarstjóri og fyrrverandi skattrannsóknarstjóri.

Á árunum 1984–85 og 1988 voru birtar í dagblöðum auglýsingar gegn skattsvikum. Fyrri auglýsingaherferðin beindist einkum að því að hvetja skattgreiðendur til ábyrgðar og jafnframt að gera lítið úr þeim sem út í þá iðju leiddust. Síðari auglýsingaherferðin hafði fremur að markmiði að skýra notkun opinberra fjármuna í þágu velferðarkerfis. Reynslan af þessum auglýsingaherferðum var að sumu leyti umhugsunarverð og ekki hefur verið til umræðu undanfarin ár að hefja sambærilegar auglýsingaherferðir auk þess sem slík aðgerð kostar verulega fjármuni.

Þá er þess að geta að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur ávallt í störfum sínum leitast við að taka mið af því hvar skórinn hefur helst verið talinn kreppa í þessum efnum, að því marki sem embættið hefur haft svigrúm til að taka mál til rannsóknar að eigin frumkvæði. Þannig hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins tekið kerfisbundið til rannsóknar skattskil

rekstraraðila á sviði bifreiðaviðgerða, innflutnings- og sölu bifreiða, veitingastarfsemi, hrossaútflutnings og -sölu. Þar að auki ber að geta þess að skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur látið þau mál sæta rannsóknarforgangi þar sem grunur er um virðisaukaskattssvik, svo sem innskattssvik, kaup og sölu reikninga og reikningseyðublaða, sem nánar tiltekið felast í viðskiptum með reikninga og/eða reikningseyðublöð sem slík, án þess að þar að baki búi raunveruleg viðskipti. Embættið hefur sömuleiðis lagt aukna áherslu á meðhöndlun brota sem felast í vanskilum á vörslufé; m.a. í samræmi við sjónarmið Ríkisendurskoðunar þar um.

1226. Svar [572. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um útboð og samninga um verkefni við vegagerð.

1. *Hve mörg verkefni í vegagerð voru unnin á vegum Vegagerðar ríkisins síðustu þrjú ár og það sem af er þessu ári og hver var heildarkostnaður þeirra, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?*

Samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar voru nýbyggingarverkefni í vegagerð þar sem kostnaður var 5 millj. kr. eða meiri 78 talsins árið 1999, þau voru 95 árið 2000 og 104 árið 2001.

Verkefni og kostnaður skipt eftir umdæmum Vegagerðarinnar 1999–2001.

	Fjöldi verkefna	Heildarkostnaður, millj. kr.
1999		
Suðurlandsumdæmi	10	258
Reykjanesumdæmi	13	1.094
Vesturlandsumdæmi	11	555
Vestfjarðaumdæmi	11	378
Norðurlandsumdæmi vestra	7	167
Norðurlandsumdæmi eystra	13	536
Austurlandsumdæmi	13	503
Samtals	**78**	**3.491**
2000		
Suðurlandsumdæmi	15	529
Reykjanesumdæmi	14	536
Vesturlandsumdæmi	15	684
Vestfjarðaumdæmi	16	531
Norðurlandsumdæmi vestra	10	313
Norðurlandsumdæmi eystra	8	520
Austurlandsumdæmi	17	628
Samtals	**95**	**3.741**
2001		
Suðurlandsumdæmi	16	397
Reykjanesumdæmi	13	1.669
Vesturlandsumdæmi	12	623
Vestfjarðaumdæmi	16	600
Norðurlandsumdæmi vestra	9	248
Norðurlandsumdæmi eystra	13	541
Austurlandsumdæmi	25	1.256
Samtals	**104**	**5.343**

Tölur um fjölda verkefna taka bæði til verkefna sem hófust á viðkomandi ári og verkefna frá fyrra eða fyrri árum. Árið 2002 er hér ekki tekið með enda svo skammt á það liðið að upplýsingar um fjölda verkefna og kostnað gefa enga mynd af árinu.

2. *Hve mörg verkefni voru boðin út í opnum útboðum á þessum tíma og hver var heildarfjárhæð þeirra, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?*

Á árunum 1999–2001 var fjöldi opinna útboða á nýbyggingarverkefnum og samningsupphæðir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Þar eru tilgreindar samningsfjárhæðir, en ekki kostnaður við viðkomandi verkefni. Til viðbótar við samningsfjárhæð verktaka kemur kostnaður við undirbúning, hönnun og eftirlit. Auk þess er kostnaður við efni sem Vegagerðin leggur til úr öðrum útboðum og eru stærstu liðirnir unnið steinefni, ræsarör og asfalt. Þess utan telst til kostnaðar við verkefnin ýmis kostnaður, svo sem landbætur, námugjöld, landgræðsla og merkingar á vegum og vegyfirborði.

Útboð á nýbyggingarverkefnum og samningsupphæðir 1999–2001.

	Fjöldi útboða	Samningsfjárhæð, millj. kr.
1999		
Suðurlandsumdæmi	7	177
Reykjanesumdæmi	9	910
Vesturlandsumdæmi	6	363
Vestfjarðaumdæmi	8	273
Norðurlandsumdæmi vestra	5	43
Norðurlandsumdæmi eystra	3	237
Austurlandsumdæmi	8	308
Samtals	**46**	**2.311**
2000		
Suðurlandsumdæmi	7	221
Reykjanesumdæmi	9	235
Vesturlandsumdæmi	4	253
Vestfjarðaumdæmi	9	271
Norðurlandsumdæmi vestra	7	288
Norðurlandsumdæmi eystra	6	289
Austurlandsumdæmi	9	447
Samtals	**51**	**2.004**
2001		
Suðurlandsumdæmi	6	282
Reykjanesumdæmi	5	1.436
Vesturlandsumdæmi	5	387
Vestfjarðaumdæmi	6	611
Norðurlandsumdæmi vestra	7	74
Norðurlandsumdæmi eystra	9	627
Austurlandsumdæmi	14	906
Samtals	**52**	**4.323**

Árið 1999 var unnið við 25 útboðsverk sem boðin höfðu verið út árið 1998 eða fyrr. Árið 2000 var unnið við 26 útboðsverk sem boðin höfðu verið árið áður eða fyrr. Á árinu 2001 var unnið við 32 slík útboðsverk sem boðin höfðu verið út á árinu 2000 eða fyrr.

3. *Hve mörg verkefni voru boðin út í lokuðum útboðum á sama tíma og hvaða aðilar fengu að taka þátt í þeim, hverjir fengu slík verkefni eftir lokuð útboð og hverjar voru upphæðir þeirra samninga sem gerðir voru, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?*

Lokuð útboð, í nýframkvæmdum, á tímabilinu 1999–2001 voru sjö og var skipting þeirra milli ára, umdæma Vegagerðarinnar og verktaka samkvæmt eftirfarandi yfirliti.

Lokuð útboð í nýframkvæmdum skipt eftir umdæmum og verktökum, 1999–2001.

1999		
Vestfjarðaumdæmi		
Verkefni:	Grjótkassar í Óshlíð 1999	
Samningsaðili:	Stígur Arnórsson, Ísafirði	
Samningsupphæð:	1,88 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Stígur Arnórsson, Ísafirði	Barði Önundarson, Ísafirði
	Afrek ehf., Flateyri	Brautin, Þingeyri
	Græðir ehf., Flateyri	Elvar Sigurgeirsson, Bolungarvík
	Jónbjörn Björnsson, Súðavík	Vesturvélar, Súðavík
Austurlandsumdæmi		
Verkefni:	Niðurrekstrarstaurar fyrir Eskifjarðará	
Samningsaðili:	Brúnás, Egilsstöðum	
Samningsupphæð:	1,13 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Brúnás, Egilsstöðum	Guðmundur Ármannsson, Egilsstöðum
	Trévangur, Reyðarfirði	Einar Dalberg, Eskifirði
2000		
Suðurlandsumdæmi		
Verkefni:	Ræsi í Hrunaveg	
Samningsaðili:	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	
Samningsupphæð:	2,21 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Vélgrafan ehf., Selfossi	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.
Verkefni:	Bílastæði við Skálholtskirkju	
Samningsaðili:	Verktækni ehf., Selfossi	
Samningsupphæð:	6,89 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Verktækni ehf., Selfossi	Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf.
	Loftorka, Reykjavík ehf.	
Norðurlandsumdæmi vestra		
Verkefni:	Tindastólsvegur	
Samningsaðili:	Sigurður Eiríksson og Sigurður Hansen, Sauðárkróki	
Samningsupphæð:	1,68 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Steypustöð Blönduóss, Blönduósi	Króksverk ehf., Sauðárkróki
	Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	Sigurður Eiríksson, Sauðárkróki
	Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá, Austur-Húnavatnssýslu	Fjörður sf., Sauðárkróki
	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	Sigurður Hjálmarsson, Blönduósi
	Snæbjörn Hólm Guðmundsson, Sauðárkróki	Þórður Hansen, Sauðárkróki

2001		
Vestfjarðaumdæmi		
Verkefni:	Valþjófsstaðavegur	
Samningsaðili:	Græðir sf., Flateyri	
Samningsupphæð:	0,83 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Jónas Jónbjörnsson, Súðavík	Græðir ehf., Flateyri
	Hólsvélar, Bolungarvík	Kubbur, Ísafirði
	Vesturvélar, Súðavík	Brautin, Þingeyri
Norðurlandsumdæmi vestra		
Verkefni:	Blöndudalsvegur	
Samningsaðili:	Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá, Austur-Húnavatnssýslu	
Samningsupphæð:	1,00 millj. kr.	
Þátttakendur í útboði:	Steypustöð Blönduóss	Króksverk ehf, Sauðárkróki
	Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	Sigurður Eiríksson, Sauðárkróki
	Steingrímur Ingvarsson, Litlu-Giljá	Fjörður sf., Sauðárkróki
	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	Bás ehf., Siglufirði
	Eik ehf., Blönduósi	Vörubílstjórafélag V-Húnavatnssýslu

4. *Hvaða reglur gilda hjá Vegagerðinni þegar verktakar eru valdir til að taka þátt í lokuðu útboði eða beinum samningum um verk?*

Lokuð útboð eru mjög lítið notuð hjá Vegagerðinni og þá fyrst og fremst þegar um lítil verkefni er að ræða og stuttan undirbúnings- og framkvæmdatíma. Í þeim tilvikum er yfirleitt leitað til aðila á viðkomandi starfssvæði sem hafa yfir að ráða tækjabúnaði og reynslu til að vinna viðkomandi verkefni.

5. *Um hve mörg verkefni sem kostuðu 1 millj. kr. eða meira var samið án útboðs á umræddu tímabili, við hvaða aðila var samið um 1 millj. kr. eða meira og hver var fjárhæðin, sundurliðað eftir árum og starfssvæðum?*

Á árinu 1999 voru gerðir án útboðs samningar hærri en 1 millj. kr. um 23 verkefni, árið 2000 um 22 verkefni og árið 2001 um 20 verkefni vegna nýframkvæmda. Mörg þessara verkefna eru hluti af öðrum verkum sem boðin voru út en samið við verktaka, stofnanir og sveitarfélög um lausn afmarkaðra sérhæfðra verkhluta. Hér á eftir fylgir yfirlit yfir samningsverk samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar á umræddu tímabili sundurliðuð eftir umdæmum.

Samningsverk sundurliðuð eftir umdæmum 1999–2001.

Verkefni	**Kr.**
1999	
Suðurlandsumdæmi	
Landvegur Hagabraut ny. – Múli, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	1.217.052
Meðallandsvegur Hringvegur – Fossar, Slitlag ehf., Hellu	6.425.030
Þingvallavegur Miðfell – Gjábakkavegur, Geir Baldursson	4.316.775
Þingvallavegur Miðfell – Gjábakkavegur, Fossvélar ehf.	4.065.960
Reykjanesumdæmi	
Reykjanesbraut Nesbraut – Faxagata ferja, Reykjavíkurborg	13.902.488
Hafravatnsvegur Hringvegur – Úlfarsfellsvegur, Jónas Guðmundsson	3.203.560
Mislæg gatnamót, Miklabraut/Skeiðarvogur,Orkuveita Reykjavíkur	3.735.000

Verkefni	Kr.
Bráðabirgðatenging, Miklabraut/Skeiðarvogur, Orkuveita Reykjavíkur	1.867.500
Bráðabirgðatenging, Miklabraut/Skeiðarvogur, Reykjavíkurborg	1.058.637
Grindavíkurvegur Reykjanesbraut – Grindavík, Gerðavellir, Einar Svavarsson	1.887.450
Reykjanesbraut Breiðholtsbraut – Vífilsstaðavegur, Orkuveita Reykjavíkur	6.231.076
Hringvegur Úlfarsfellsvegur – Hafravatnsvegur, Orkuveita Reykjavíkur	2.992.856
Hringvegur Úlfarsfellsvegur – Hafravatnsvegur, Rafmagnsveita Reykjavíkur	3.735.000
Vesturlandsumdæmi	
Vestfjarðavegur Búðardalur, Sunnubraut – Klofningsvegur, Tak ehf.	11.153.000
Vestfjarðaumdæmi	
Tálknafjarðavegur Tálknafjörður, Hólsá – St. Laugard., Orkubú Vestfjarða hf.	3.242.217
Norðurlandsumdæmi vestra	
Fagranesá á Reykjaströnd, Fjörður sf., Sauðárkróki	1.094.850
Norðurlandsumdæmi eystra	
Hólsfjallavegur Hringvegur – Dældarás, Iðufell ehf., Raufarhöfn	7.284.400
Grenivíkurvegur Ystavík – Fnjóskadalsvegur ey., Rafmagnsveitur ríkisins	1.888.158
Ólafsfjarðarvegur Hóll – sýslumörk, Ólafsfjarðarkaupstaður	2.300.000
Hlíðarvegur Hringvegur – Ásláksstaðir, Möl og Sandur hf.	1.785.700
Veigastaðavegur Hringvegur – Eyjafjarðarbraut ey., Eiríkur Rafnsson	3.348.500
Austurlandsumdæmi	
Hringvegur breikkun Bauluhvammur, SG-vélar ehf., Djúpavogi	1.069.432
Hringvegur Skóghlíð – Fellabær Upphéraðsvegur, Hjörtur Hlíðar Friðriks	1.425.000
2000	
Suðurlandsumdæmi	
Landvegur Hagabraut ny. – Múli Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	3.287.500
Hringvegur Vík Víkurprjón – Vík Mýrarvegur, Rafmagnsveitur ríkisins	1.607.482
Gjábakkavegur Laugarvatnsvegur – Þingvallavegur, Arnardalur sf.	3.600.000
Reykjanesumdæmi	
Hringvegur Úlfarsfellsvegur – Hafravatnsvegur, Völur hf.	4.176.000
Mislæg gatnamót, Miklabraut/Skeiðarvogur, Orkuveita Reykjavíkur	8.547.231
Grafningsvegur ef. Nesjavellir – Þingvallavegur, Jón Ingi Sigursteinsson	1.045.800
Hringvegur Nesbraut – Úlfarsfellsvegur, Orkuveita Reykjavíkur	4.726.728
Reykjanesbraut Breiðholtsbraut – Vífilsstaðavegur, Vegmerking ehf.	1.206.108
Meðalfellsvegur Hvalfjarðarvegur – Kjósarskarðsvegur, Fossvélar ehf.	1.520.000
Vesturlandsumdæmi	
Hringvegur Akrafjallsvegur – Akrafjallsvegur, Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf.	1.320.000
Borgarfjarðarbraut Uxahryggjavegur – Flókadalsvegur ny., Jörvi ehf.	1.638.375
Brákarsund, Tak-Malbik ehf.	1.113.218
Snæfellsnesvegur Grundarfjörður, Grundargata – Höfði, Myllan ehf.	1.441.523
Snæfellsnesvegur Grundarfjörður, Grundargata – Höfði, Vöruflutningar Leifs Guðjónssonar ehf.	1.897.185
Vestfjarðaumdæmi	
Vestfjarðavegur Ingjaldssandsvegur – Önundarfjarðarvegur, Orkubú Vestfjarða hf.	9.586.500
Strandavegur Djúpavík – Gjögur, Varða ehf.	2.300.000
Norðurlandsumdæmi vestra	
Svínvetningabraut Hringvegur – Reykjabraut, Rafmagnsveitur ríkisins	2.202.430

Verkefni	Kr.
Norðurlandsumdæmi eystra	
Ólafsfjarðarvegur Dalvegur barnaskóli – Dalvegur Brimnesá, Vélar og þjónusta hf.	3.064.630
Aðaldalsvegur Hringvegur – Staðarbraut, Rafmagnsveitur ríkisins	3.423.750
Hlíðarfjallsvegur Hringvegur – Hlíðarbraut, Akureyrarkaupstaður	1.405.322
Austurlandsumdæmi	
Austurland þéttbýlisst. lagfæring þjóðvega, Malarvinnslan hf.	1.047.664
Hringvegur Skóghlíð – Fellabær Upphéraðsvegur, Hjörtur Hlíðar Friðriks	1.041.432
2001	
Suðurlandsumdæmi	
Skógavegur Hringvegur – kennarabústaður, Arnardalur, sf.	3.967.500
Skógavegur Hringvegur – kennarabústaður, Ræktunarmiðstöðin sf.	1.313.950
Landvegur Hagabraut ny. – Múli, Geir Baldursson	2.499.000
Hrunamannavegur Langholtsvegur – Haukholt, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	1.357.460
Sólheimavegur Biskupstungnabraut – Sólheimar, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	1.581.590
Hrunavegur Hrunamannavegur – Hrunamannavegur, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	5.152.230
Hrunamannavegur Langholtsvegur – Haukholt, Vélgrafan ehf., Selfossi	1.465.273
Vestfjarðaumdæmi	
Drangsnesvegur Strandavegur – Drangsnes, Landssími Íslands hf.	1.057.335
Hafnarvegur Ísafjörður Djúpvegur – hafnarsv. Mjósund, Rörtækni ehf.	5.299.212
Hafnarvegur Ísafjörður Djúpvegur – hafnarsv. Mjósund, Orkubú Vestfjarða hf.	1.518.397
Hafnarvegur Ísafjörður Djúpvegur – hafnarsv. Mjósund, Trésmiðjan ehf., Hnífsdal	1.569.100
Hafnarvegur Ísafjörður Djúpvegur – hafnarsv. Mjósund, Malbikunarst. Hlaðbær – Colas hf.	2.881.200
Norðurlandsumdæmi vestra	
Borgarvegur Síðuvegur – Vatnsnesvegur, Þorbjörn Ágústsson	1.295.930
Norðurlandsumdæmi eystra	
Lónsós, Sandöx ehf.	3.940.169
Hólsfjallavegur Hafursstaðir – Norðausturvegur, Sandöx ehf.	3.823.593
Svarfaðardalsvegur Ólafsfjarðarvegur – Tunguvegur, Steypustöðin Dalvík ehf.	3.499.695
Þverá, Sandöx ehf.	1.642.240
Hringvegur Brún – Mývatnsvegur, Arnarfell ehf.	6.117.380
Hólsá, Sandöx ehf.	1.152.340
Austurlandsumdæmi	
Hringvegur Norðausturvegur – Möðrudalsleið Arnarfell ehf.	1.460.950

6. *Hvað er lagt til grundvallar við ákvörðun um hvort útboð eru höfð opin eða lokuð eða samið er beint við verktaka?*

Yfirleitt eru útboð Vegagerðarinnar opin. Lokuð útboð (fyrirspurnir) og beinir samningar eru yfirleitt einungis notuð þegar um er að ræða lítil verkefni þar sem áætlaður kostnaður er lægri en útboðsskylda segir til um (nú 12,5 millj. kr.), kostnaður við verkhönnun og gerð útboðsgagna er metinn hátt hlutfall af kostnaði og undirbúnings- og framkvæmdatími skammur, eða samkeppni lítil eða engin vegna eðlis framkvæmdar.

1227. Frumvarp til laga [720. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ástþór Mario Corado Grant, f. 10. október 1989 á Íslandi.
2. Christina Judith Schnellmann, f. 19. apríl 1974 í Sviss.
3. Jan-Henrik Winter, f. 3. febrúar 1982 í Finnlandi.
4. Kevin Shawn Grandberg, f. 1. febrúar 1972 í Kanada.
5. Monica Ósk Corado Grant, f. 18. desember 1992 á Spáni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hafa borist 19 umsóknir um ríkisborgararétt frá því að fyrra frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar var lagt fram í desember 2001, sbr. 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952.

Nefndin leggur til að fimm einstaklingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

1228. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónas Hallsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Kristbjörn Óla Guðmundsson frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Lúðvík Georgsson frá KR-flugeldum, Fjólu Guðbjörnsdóttur frá Löggildingarstofu og Herdísi Storgaard frá Árvekni.

Nefndin fjallaði um frumvarp sama efnis á 126. löggjafarþingi og bárust henni þá umsagnir frá Læknafélagi Íslands, Slysa- og bráðamóttöku Landspítalans, Landssambandi lögreglumanna, Knattspyrnufélaginu Víkingi, Kiwanisklúbbnum Þyrli, Árvekni, lögreglustjóranum í Reykjavík, Augnlæknafélagi Íslands, Flugleiðum, Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands, KR-flugeldum, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Löggildingarstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að selja eða afhenda skotelda einstaklingum yngri en 18 ára með þeirri undantekningu þó að selja megi þeim sem eldri eru en 15 ára skotelda sem ætlaðir eru til notkunar innan húss.

Meiri hlutinn telur eðlilegt að takmarkanir á sölu og afhendingu skotelda séu settar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og núgildandi lög kveða á um enda er það í samræmi við þróun í nágrannalöndunum. Í dómsmálaráðuneytinu hefur í nokkurn tíma verið unnið að reglugerð á grundvelli vopnalaganna þar sem kveðið er á um aldur einstaklinga vegna sölu, afhendingar

eða notkunar skotelda eftir ítarlegri flokkun þeirra en reglugerðin verður kynnt á Evrópska efnahagssvæðinu innan skamms. Meiri hlutinn leggur því til þá breytingu á frumvarpinu að dómsmálaráðherra verði gert heimilt að ákveða í reglugerð hvaða tegundir skotelda megi selja eða afhenda einstaklingum á aldrinum 12–18 ára og hvaða skotelda megi nota án aldurstakmarkana.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 2. málsl. efnismálsgreinarinnar orðist svo: Ráðherra er þó heimilt að setja reglur um sölu og afhendingu skotelda til einstaklinga á aldrinum 12–18 ára, svo og hvaða skotelda megi nota án aldurstakmarkana.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.	Ólafur Örn Haraldsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.

1229. Nefndarálit [599. mál]

um till. til þál. um stefnumótun um aukið umferðaröryggi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Óla H. Þórðarson frá Umferðarráði, Ingimund Einarsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Rögnvald Jónsson frá Vegagerðinni, Jón Bjartmarz frá ríkislögreglustjóra, Ágúst Mogensen og Jón Baldursson yfirlækni frá rannsóknarnefnd umferðarslysa, Þorleif Pálsson, sýslumann í Kópavogi, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Guðbrand Bogason frá Ökukennarafélagi Íslands, Rúrik Vatnarsson frá Sjóvá-Almennum tryggingum og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fyrir lok ársins 2012 verði með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um öryggismál stefnt að fækkun alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001.

Nefndin gerir sér grein fyrir að tillagan um umferðaröryggisáætlun 2002–2012 felur í sér viðamiklar aðgerðir sem munu kalla á aukið fjármagn til umferðarmála. Nefndin telur þó að þær muni leiða til verulegs sparnaðar með fækkun umferðarslysa og leggur því áherslu á

nauðsyn þess að fjármagn verði tryggt til framkvæmdar áætlunarinnar. Jafnframt telur nefndin brýnt að gert verði hið fyrsta kostnaðarmat fyrir áætlunina sem lögð verði fyrir allsherjarnefnd strax á næsta þingi. Í máli gesta nefndarinnar kom fram að markmið síðustu umferðaröryggisáætlunar hafi í meginatriðum gengið eftir þrátt fyrir mikla fjölgun bíla í umferð en það hafi fyrst og fremst verið samstöðu og einhug viðkomandi aðila að þakka og er því mikilvægt að eins vel verði staðið að framkvæmd þessarar umferðaráætlunar. Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er vísað til skýrslu starfshóps um umferðaröryggisáætlunina og er greint frá helstu niðurstöðum hans í 15 liðum. Þar er gengið út frá því að skipaðar verði m.a. tvær nefndir. Annars vegar umferðaröryggisnefnd sem ætlað er að leggja fram tillögu að stefnu stjórnvalda í umferðaröryggismálum sem tekin yrði fyrir á Alþingi og afgreidd þaðan og hins vegar framkvæmdanefnd sem hafi það meginverkefni að tryggja að unnið sé í samræmi við umferðaröryggisáætlunina og að markmiðum Alþingis og stjórnvalda verði náð. Nefndin áréttar að nefndirnar verði skipaðar sem fyrst og að umferðaröryggisnefnd forgangsraði án tafar þeim verkefnum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Nefndin tekur að öðru leyti ekki afstöðu til fyrrnefndra atriða í athugasemdum með tillögunni þótt þau hafi verið rædd í nefndinni en telur rétt að leggja áherslu á eftirfarandi. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í meiri hluta alvarlegra umferðarslysa liggur orsökin hjá ökumanninum sjálfum. Ástæðurnar eru fyrst og fremst taldar ölvunarakstur, hraðakstur, svefnleysi og þreyta auk hirðuleysis um notkun öryggisbúnaðar. Nefndin telur því sýnt að markmiði umferðaröryggisáætlunar verði ekki náð án þess að örva og virkja vitund almennings með öflugri og markvissri fræðslu og forvarnastarfi og breyta þannig viðhorfum hans til umferðaröryggismála. Það sé ekki síður mikilvægt að almenningur sé meðvitaður um þá ábyrgð sem felst í því að setjast undir stýri. Af þeirri ástæðu leggur nefndin til breytingu á tillögugreininni um að almenningur komi að sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja og áhugahópa um umferðaröryggismál. Þá telur nefndin afar mikilvægt að þáttur þreytu og svefnleysis í umferðarslysum verði skoðaður nánar og í kjölfarið verði úrræði og fræðsla til almennings þar að lútandi aukin. Nefndin ræddi skráningu slysa og vekur í því sambandi athygli á slysavarnaráði sem starfar samkvæmt lögum nr. 33/1994, um slysavarnaráð. Tilgangur þess er að stuðla að fækkun slysa og skal ráðið m.a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu upplýsinganna og útgáfu á slysatölum. Þá skal samræmd slysaskrá varðveitt hjá landlækni og mótar ráðið reglur um framkvæmd skráningar og aðgang að upplýsingum úr skránni. Bendir nefndin á að þessi samræmda skráning geti nýst vel í þágu rannsókna og til eflingar umferðaröryggismálum. Enn fremur kynnti nefndin sér störf rannsóknarnefndar umferðarslysa og gerir sér grein fyrir mikilvægu hlutverki hennar. Þá áréttar nefndin að samkvæmt tillögunni er ætlunin að fækka alvarlegum umferðarslysum um 40% sem er mun meira en gert er ráð fyrir í nýsamþykktri heilbrigðisáætlun til ársins 2010 en þar er gert ráð fyrir að dánartíðni og örorka vegna umferðarslysa minnki um a.m.k. 25%. Loks leggur nefndin til að sérstaklega sé tekið fram í tillögugreininni að stefnt sé að fækkun banaslysa eins og kveðið er á um í athugasemdum með þingsályktunartillögunni.

Nefndin telur að um nauðsynlegt átak sé að ræða og leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við tillögugrein:

a. Á eftir orðinu „fækkun“ í 1. málsl. komi: banaslysa og annarra.

b. Í stað orðanna „og áhugahópa um umferðaröryggismál“ í 2. málsl. komi: áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Kjartan Ólafsson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Ólafur Örn Haraldsson.
Guðrún Ögmundsdóttir.		Guðjón A. Kristjánsson.

1230. Nefndarálit [709. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti, Bolla Þór Bollason frá fjármálaráðuneyti, Hallgrím Snorrason frá Hagstofu Íslands, Katrínu Ólafsdóttur og Ásgeir Daníelsson frá starfsmannafélagi Þjóðhagsstofnunar, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Gísla Tryggvason og Björk Vilhjálmsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands, Karl Steinar Guðnason frá Tryggingastofnun ríkisins, Gamalíel Sveinsson og Magnús Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Þorstein Þorgeirsson frá Samtökum iðnaðarins og Ólaf Arinbjörn Sigurðsson frá Verðbréfaþingi Íslands. Umsagnir bárust frá Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi íslenskra bankamanna. Auk þess bárust gögn frá forsætis- og fjármálaráðuneytum.

Í frumvarpinu er lagt til að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður, en verkefni hennar færð til skyldra sviða fjármálaráðuneytis og Hagstofu Íslands. Í meginatriðum er miðað við að þau verkefni Þjóðhagsstofnunar sem lúta að opinberri hagskýrslugerð verði færð til Hagstofunnar, en gerð efnahagsspáa og áætlana og efnahagsráðgjöf verði færð til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðrir aðilar á borð við Seðlabanka Íslands, aðila vinnumarkaðarins og einkaaðila geti tekið að sér og sinnt einhverjum verkefnum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gildistöku laganna verði starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum hennar. Í greinargerð segir um þetta að leitast verði við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum

og þeir hafa áður sinnt þar sem jafnframt verði þó höfð hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan. Meiri hlutinn bendir á að með þessu er í raun átt við að hverjum og einum starfsmanni verði boðið starf og látið á það reyna hvort sameiginlegur skilningur viðkomandi starfsmanns og vinnuveitanda hans næst um það að starfið sé sambærilegt fyrra starfi hans. Ef slíkur skilningur næst ekki getur vaknað upp biðlaunaréttur starfsfólks Þjóðhagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem snúa eingöngu að samræmingu laga sem hafa að geyma ákvæði um Þjóðhagsstofnun við niðurlagningu hennar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

a. B-liður orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:
   i. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   ii. Í stað orðanna „þeir aðilar ákveða“ kemur: Hagstofa Íslands ákveður.
   iii. Í stað orðanna „skýrslugerð þeirra“ komi: skýrslugerð hennar.

b. D-liður orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989:
   i. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   ii. Í stað orðsins „þeirra“ kemur: hennar.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

1231. Breytingartillaga [616. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (SJS).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 varið til að styrkja stofnframkvæmdir við

grunnskólabyggingar. Skal verja til þessa verkefnis 200 millj. kr. á ári fyrstu þrjú árin en 135 millj. kr. árið 2005.

Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Aðeins er heimilt að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, sem þegar hafa verið gerðir og eru frágengnir við gildistöku laga þessara. Gildir það jafnt um samninga sem eru á grundvelli eignaleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Í reglugerð er þó heimilt að ákveða árlegt hámarksframlag sem rennur til sveitarfélags vegna samnings um einkaframkvæmd.

Heimilt er að færa til fjármuni skv. 1. mgr. sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári á milli ára innan tímabilsins.

1232. Svar [659. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um starfsmannafjölda hjá Fasteignamati ríkisins og Landskrá fasteigna.

1. *Hver var þróun starfsmannafjölda og stöðugilda hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár og hver var þróun starfsmannafjölda á umdæmisskrifstofum Fasteignamats ríkisins á sama tíma?*

Fasteignamat ríkisins var stofnað árið 1976 til að meta fasteignir fasteignamati. Fasteignamat er mikilvægur skattstofn og á að endurspegla gangverð eigna. Vegna þess safnar stofnunin og vinnur upplýsingar úr öllum þinglýstum kaupsamningum. Þessi vinna var einn af hornsteinum undir endurmati fasteignamats mikils fjölda fasteigna sem fram fór árið 2001 auk stöðugrar upplýsingasöfnunar áratugum saman um gerð, eiginleika og einkenni hverrar fasteignar. Tilgangur endurmatsins var að samræma fasteignamat hliðstæðra eigna með því að bæta fylgni fasteignamats og gangverðs og auka þannig jafnræði milli fasteignaeigenda hvað varðar skattlagningu.

Með lagasetningu árið 1994 var hluti af umsýslu brunabótamats fluttur til Fasteignamats ríkisins, þar á meðal skráahald um brunabótamat. Með lagasetningu árið 1999 var framkvæmd brunabótamats alfarið flutt til stofnunarinnar. Þar sem brunabótamat á að endurspegla endurbyggingarkostnað fasteigna með tilteknum hætti kallar það á stöðuga vinnu stofnunarinnar við að fylgjast með byggingarkostnaði og þróun byggingaraðferða. Endurmat brunabótamats árið 2001 var lokaáfangi stofnunarinnar við að taka við umsýslu þess. Þá voru húseignir um land allt í fyrsta sinn metnar brunabótamati með samræmdri aðferð með það að markmiði að tryggja að sambærilegar eignir væru metnar á hliðstæðan hátt og tryggja þannig samræmi og jafnræði fasteignaeigenda hvað varðar iðgjaldagreiðslur, tryggingavernd og notkun brunabótamats sem skattstofns. Jafnframt var í endurmatinu hrundið í framkvæmd lagabreytingu frá 1999 um að tillit skuli tekið í brunabótamati til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar.

Endurmat fasteignamats og brunabótamats árið 2001 er ein stærsta matsaðgerð sem fram hefur farið hér á landi. Í henni voru alls teknar um 580.000 matsákvarðanir. Hún útheimti því í senn mikla undirbúningsvinnu, upplýsingasöfnun og kerfisþróun í Landskrá fasteigna auk

mikillar vinnu við úrvinnslu um 13.000 athugasemda sem Fasteignamati ríkisins bárust frá fasteignaeigendum í kjölfar tilkynningar Fasteignamats ríkisins um fyrirhugaða gildistöku nýs mats.

Með lagasetningu var Fasteignamati ríkisins falið frá ársbyrjun 2001 að halda Landskrá fasteigna sem er samhæft gagna- og upplýsingakerfi fyrir allar fasteignir í landinu og byggist á einskráningu upplýsinga í skilvirku skráningarferli með skýra hlutverkaskiptingu skráningaraðila að leiðarljósi. Skráningaraðilar eru þar til bær stjórnvöld, hvert á sínu sviði og svæði; Fasteignamat ríkisins og sveitarfélög í þess umboði hvað skráningu almennra upplýsinga um fasteignir varðar, sýslumannsembætti hvað þinglýsingar varðar auk þess sem Fasteignamat ríkisins vinnur fasteignamat og brunabótamat í skránni. Meginmarkmiðið með gerð landskrárinnar er að uppfylla þörf fyrir einhlíta og varanlega skrá um lönd, lóðir og fasteignir þeim tengdar er komið gætu að almennum notum fyrir þá er þurfa á henni að halda til að varðveita hagsmuni, réttindi og skyldur.

Á síðustu árum hefur löggjafinn einnig fengið Fasteignamati ríkisins ýmis önnur verkefni og skyldur svo sem með fjöleignarhúsalögum, skipulags- og byggingarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga fyrir utan almenn lög um stjórnsýslu, upplýsingaskyldu og meðferð persónuupplýsinga. Vegna þess að lögbundnum verkefnum sem stofnuninni hafa verið falin frá 1994 hefur stöðugt fjölgað er hér gefið yfirlit yfir þróun starfsmannafjölda hjá Fasteignamati ríkisins frá því ári deilt niður á starfsstöðvar stofnunarinnar. Flestir starfsmenn gegna fullu starfi.

Fjöldi starfsmanna Fasteignamats ríkisins eftir starfsstöðvum 31. 12. 1994–2001.

	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
Reykjavík	36	34	26	26	27	26	26	23
Borgarnes	3	3	4	3	3	3	3	2
Akureyri	8	5	5	5	5	5	5	4
Egilsstaðir	3	3	3	3	3	3	2	2
Selfoss	4	4	4	4	4	4	4	3
Staða í árslok	**54**	**49**	**42**	**41**	**42**	**41**	**40**	**34**

2. *Hver er menntun þeirra sem hafa verið ráðnir hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár?*

Árin 1997–2001 réðust 20 menn til Fasteignamats ríkisins í ný störf eða í stað þeirra sem létu af störfum. Af þeim eru tíu með háskólamenntun, sex með iðnmenntun og fjórir með aðra menntun. Framangreindar tölur taka ekki til starfsmanna sem ráðnir voru tímabundið, í afleysingar eða við ræstingar.

3. *Hvernig er skipurit Fasteignamats ríkisins og hvaða breytingar hafa orðið á því að undanförnu?*

Frá því að Fasteignamat ríkisins var stofnað hefur skipulag þess verið markað með skipuriti sjö sinnum; við upphaf starfseminnar 1977, 1981, 1987, 1989, 1994, 2000 og 2002. Skipurit stofnunarinnar hafa þróast með eftirgreindum hætti:

Skipurit 1. janúar 1977



Skipurit 1. janúar 1981



Skipurit 1. janúar 1987



Skipurit 1. maí 1989



Skipurit 16. mars 1994



Skipurit 1. mars 2000



Skipurit 1. febrúar 2002.

Skipurit Fasteignamats ríkisins sem gekk í gildi 1. febrúar 2002 saman stendur af tveim þáttum, skipulagsmynd og texta.

a. Skipulagsmynd skipurits 1. febrúar 2002.



b. Texti með skipuriti 1. febrúar 2002.

Hlutverk Fasteignamats ríkisins er að halda Landskrá fasteigna, meta matsskyldar eignir brunabótamati og fasteignamati og annast hagrænar rannsóknir varðandi fasteignir.

Leiðarljós stofnunarinnar er að viðhafa **rétta stjórnsýslu** eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum og **virka framleiðslu** við vinnslu verkefna. Skipuritið endurspeglar þetta leiðarljós, aðlögun stofnunarinnar að því að halda Landskrá fasteigna og þróun starfseminnar í Reykjavík og á Akureyri.

Stjórn mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar.

Forstjóri stýrir stofnuninni í samræmi við lög, reglur og erindisbréf, samning fjármálaráðuneytis og stofnunar og starfsáætlanir til lengri og skemmri tíma.

Aðstoðarforstjóri fer með lögfræði- og rekstrarmál og starfsemi þjónustusvæða auk þess að vera forstjóra til aðstoðar við stjórnun stofnunarinnar.

Skráningar- og þróunarsvið hefur, auk þróunarverkefna, forsögn um skráningu í Landskrá fasteigna og samræmingu og fræðslu þar að lútandi, ásamt sölu og miðlun upplýsinga úr skránni og rekstur vefseturs.

Mats- og hagsvið hefur forsögn um matsaðferðir, matskerfi og matsframkvæmd ásamt samræmingu og fræðslu þar að lútandi, annast hagrænar rannsóknir varðandi fasteignir og gefur út matsskrár.

Rannsókna- og eftirlitssvið annast rannsóknir á matsaðferðum, mat á sérhæfðum eða flóknum fasteignum og hefur eftirlit með matsstarfsemi stofnunarinnar.

Gæðastjóri vinnur að því að koma á, viðhalda og þróa gæðakerfi fyrir alla meginþætti í starfsemi stofnunarinnar.

Tölvudeild vinnur að því að stofnunin hafi viðeigandi verkfæri á sviði hugbúnaðar og vélbúnaðar og stýrir rekstri gagnagrunna og tölvukerfa.

Skrifstofa fer með daglega umsýslu fjármála og annast framkvæmd margvíslegra þjónustu- og rekstrarverkefna.

Þjónustusvæði I annast þjónustu á Suður- og Vesturlandi og önnur verkefni sem því eru falin. Núverandi starfsstöðvar eru í Reykjavík, í Borgarnesi og á Selfossi.

Þjónustusvæði II annast þjónustu á Norður- og Austurlandi og önnur verkefni sem því eru falin. Núverandi starfsstöðvar eru á Akureyri og Egilsstöðum.

4. *Hverjar voru fjárfestingar í húsnæði og búnaði hjá Fasteignamati ríkisins sl. fimm ár?*

Stofnkostnaður Fasteignamats ríkisins 1997–2001 nam alls 232,4 millj. kr. Þar af var stofnkostnaður 98,5 millj. kr. árið 2001 og 74,5 millj. kr. árið 2000. Stofnkostnaður skiptist í húsnæði og húsbúnað 56,0 millj. kr., tölvubúnað 67,2 millj. kr., hugbúnað/Landskrá fasteigna 98,9 millj. kr. og bifreiðar 10,3 millj. kr.

5. *Hvað líður flutningi Landskrár fasteigna til Akureyrar?*

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999–2000, þskj. 472, sagði:

„Efla þarf tölvudeild Fasteignamats ríkisins til að halda Landskrá fasteigna. Ætlunin er að þessi starfsemi verði á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Um er að ræða 10–12 störf sem hafa það verkefni að reka tölvukerfi sem heldur Landskrá fasteigna, þjónusta notendur skrárinnar og annast almenna þjónustu Fasteignamats ríkisins á Norðurlandi en þar starfa nú fimm menn. Grundvöllur þess að Landskrá fasteigna sé haldin á Akureyri er að gagnaflutningur til og frá umdæmisskrifstofunni sé hraðvirkur og öruggur."

Í framsöguræðu fyrir frumvarpinu 7. febrúar 2000 sagði fjármálaráðherra:

„Í greinargerð þess kemur fram sú fyrirætlun að halda landskrána á Akureyri þar sem stofnunin rekur í dag umdæmisskrifstofu. Til greina kemur einnig að fela einkaaðilum þar í bæ eða eftir atvikum annars staðar að reka tölvukerfin í kringum landskrána frekar en reka hana á umdæmisskrifstofunni sjálfri en slíkt verður að sjálfsögðu metið þegar málið verður komið lengra á rekspöl."

Í svari á Alþingi 1. nóvember 2000 við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um flutning Landskrár fasteigna til Akureyrar sagði fjármálaráðherra:

„Þrátt fyrir að fjárveitingar til stofnunar skrárinnar hefjist ekki fyrr en árið 2001, hefur Fasteignamat ríkisins þegar hafið undirbúning að stofnun skrárinnar, þar á meðal rekstri hennar á Akureyri. Á þessu stigi er þó ekki mögulegt að nefna tiltekna dagsetningu, þ.e. hvenær skráin tekur til starfa á Akureyri enda verður sennilega um að ræða uppbyggingu sem gerist í nokkrum áföngum en ekki tilflutning á fullbúnu verkefni einn tiltekinn dag. Einnig er líklegt að stofna þurfi til tilraunaverkefna og reynslutímabila á Akureyri áður en skráin tekur endanlega til starfa."

Í svari á Alþingi 14. febrúar 2001 við fyrirspurn Árna Steinars Jóhannssonar um Fasteignamat ríkisins og Landskrá fasteigna rifjaði fjármálaráðherra stuttlega upp aðdraganda málsins hvað rekstur skrárinnar á Akureyri varðaði og sagði:

„Greining stendur yfir á möguleikum við rekstur skráarinnar svo sem varðandi búnað, rekstrarfyrirkomulag og útboðsmöguleika og einnig varðandi gagnaflutning og öryggismál,

en skráin krefst mikillar bandvíddar og flutningsgetu til að svartími og viðmót verði viðunandi. Greiningunni verður væntanlega lokið fyrir páska og í kjölfar hennar kemur ákvarðanataka um þá leið sem valin verður og henni verður síðan hrint í framkvæmd."

Í kjölfar þeirrar greiningar sem að framan er nefnd var í maí 2001 valin sú leið að staðsetja tölvubúnað til að reka Landskrá fasteigna á skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri. Í kjölfar ákvörðunarinnar var henni hrint í framkvæmd meðal annars við að ráða þá starfsmenn sem þyrfti til að hefja reksturinn. Í júní 2001 auglýsti Fasteignamat ríkisins eftir sex starfsmönnum á skrifstofu sína á Akureyri, þar af fjóra til að annast rekstur gagnagrunnsþjóns fyrir Landskrá fasteigna og uppbyggingu landeignaskrár og tvo til að sinna upplýsingagjöf úr skránni í gegnum síma.

Alls bárust 23 umsóknir um störf við upplýsingagjöf í síma og hófu þeir tveir starfsmenn sem ráðnir voru störf í september og október 2001. Jafnframt voru fest kaup á fullkomnum símabúnaði fyrir þjónustuver og var það sett upp á skrifstofunni á Akureyri í árslok 2001. Í ársbyrjun 2002 var farið að vísa innhringjendum í upplýsingaleit sem hringdu í skiptiborð stofnunarinnar í Reykjavík í þjónustuverið á Akureyri. Næsta skref er að setja upp á Akureyri eitt skiptiborð og þjónustuver fyrir allar starfsstöðvar Fasteignamats ríkisins og er verið að útfæra það tæknilega og fjárhagslega. Um tíma var hugað að því setja upp gjaldskylt þjónustunúmer í þjónustumiðstöðinni á Akureyri til að veita upplýsingar úr Landskrá fasteigna. Framkvæmd þessa verkefnis hefur verið frestað og e.t.v. væri heppilegt og hagkvæmt að slík upplýsingamiðstöð veitti upplýsingar úr fleiri meginskrám ríkisins en Landskrá fasteigna. Umdæmisskrifstofa Fasteignamats ríkisins á Akureyri deilir skrifstofuhæð með skrifstofu Vinnueftirlits ríkisins. Unnið hefur verið að því að finna henni nýtt aðsetur þar sem Fasteignamat ríkisins þarf alla skrifstofuhæðina til ráðstöfunar. Þrátt fyrir leit á fasteignamarkaði og að auglýst hafi verið eftir húsnæði í desember 2001 hefur ekki tekist að finna skrifstofu Vinnueftirlitsins annan samastað.

Alls sóttu átta um störf við rekstur gagnagrunnsþjóns fyrir Landskrá fasteigna og uppbyggingu landeignaskrár. Þar af drógu tveir umsóknir sínar til baka. Enginn þeirra sex umsækjenda sem eftir voru uppfylltu hæfniskröfur varðandi vinnu við gagnagrunnsþjóninn en einn þeirra uppfyllti kröfur til að vinna að uppbyggingu landeignaskrár og hóf hann störf í október 2001. Landeignaskrá er einn hluti af Landskrá fasteigna. Þar er um að ræða að fella í skrána hnitsett mörk jarða og lóða til að tryggja að hvergi skarist eignarréttur á landi og mögulegt sé að setja landamerki og lóðamörk á kort og tengja og nota í landupplýsingakerfum. Einnig mun landeignaskrá verða mikilvægt verkfæri við að ákvarða fasteignamat jarða en fram undan er endurmat þess. Við uppbyggingu landeignaskrár hefur einkum verið unnið að fernu, að velja, afla og koma í notkun viðeigandi hugbúnaði, skoða erlendar fyrirmyndir að landeignaskrám, vinna að undirbúningi stjórnskipunar er þetta efni varðar og vinna þróunarvinnu í samstarfi við Akureyrarbæ.

Þar sem ekki fengust hæfir starfsmenn til starfa á skrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri í tölvureksturinn var ákveðið að leita annarra leiða og bjóða þessa þjónustu út. Ríkiskaup auglýsti í júlí 2001 útboð á „tölvurekstrarþjónustu fyrir Fasteignamat ríkisins vegna Landskrár fasteigna". Fjórir aðilar buðu í verkið. Að loknu mati á tilboðunum hófust samningaumleitanir við ANZA hf. og voru þeir undirritaðir í nóvember 2001. Í sama mánuði var sett af stað sameiginlegt verkefni Fasteignamats ríkisins og ANZA hf. með utanaðkomandi verkefnisstjóra við að hrinda samningnum í framkvæmd. Meginþættir þess verkefnis var að útfæra í smáatriðum skipan tæknimála, öryggismála, samskipta, gagnaflutninga og skjölun ferla. Í framhaldi af samningsgerðinni festi Fasteignamat ríkisins kaup á viðeigandi tölvubúnaði sem seljandi afhenti í janúar 2002. Hófst þá uppsetning hugbúnaðar og prófanir hans

ásamt flutningi gagna í tölvuna. Mun rekstur Landskrár fasteigna í tölvubúnaði Fasteignamats ríkisins, vistuðum í tölvusal ANZA hf. á Akureyri, hefjast í maí 2002.

6. Hversu margir starfa hjá Landskrá fasteigna í Reykjavík?

Eins og fram kemur í svari við 1. lið er Landskrá fasteigna samhæft gagna- og upplýsingakerfi fyrir allar fasteignir í landinu. Eðli máls samkvæmt fara þar til bær stjórnvöld með lögmælta skráningu í Landskrá fasteigna, hvert á sínu sviði og hvert á sínu svæði. Fasteignamat ríkisins er eina stjórnvaldið sem hefur með höndum stjórnsýslu á landsvísu og skráir í Landskrá fasteigna. Má segja að í daglegu starfi sé Landskrá fasteigna meginverkfæri hvers starfsmanns stofnunarinnar því í hana fer öll skráning fram og allar ákvarðanir unnar um fasteignamat og brunabótamat. Í umboði Fasteignamats ríkisins skrá byggingarfulltrúar í Landskrá fasteigna margvíslegar upplýsingar um gerð og notkun fasteigna hver í sínu sveitarfélagi. Sýslumenn skrá í Landskrá fasteigna það sem varðar þinglýsingar fasteigna hver í sínu umdæmi.

Þau stjórnvöld sem skrá munu í Landskrá fasteigna í Reykjavík, hliðstætt og í öðrum sveitarfélögum, eru Fasteignamat ríkisins og byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði þess, auk sýslumannsins í Reykjavík. Síðastnefnda embættið hefur þó ekki hafið innfærslu í þinglýsingarhluta skrárinnar þar sem meiri hluti af þinglýsingum fasteigna í Reykjavík er skráður í gamalt tölvukerfi sem haldið er af Skýrr hf. og er ekki hluti af Landskrá fasteigna. Áformað er að færa þinglýsingaupplýsingar úr því kerfi yfir í Landskrá fasteigna á árinu 2003 en óvíst er hvað það muni taka langan tíma þar sem ekki liggur fyrir hversu mikið misræmi þarf að leiðrétta á milli þinglýsingaskrárinnar og Landskrár fasteigna.

Skráning sýslumannsembætta í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna hófst á árinu 2001. Við undirbúning að stofnun Landskrár fasteigna var efnt til tilraunaverkefna hjá sýslumanninum í Kópavogi og sýslumanninum á Selfossi og hefur sú innfærsla upplýsinga úr þinglýsingabók sem þá fór fram nýst vel. Hægar hefur miðað við innfærslu upplýsinga úr þinglýsingabókum í Landskrá fasteigna en vænst var. Þar koma mörg samverkandi atriði til svo sem kerfisþróun og uppsetning kerfa, vinnuaflsskortur hjá ýmsum sýslumannsembættum, einkum hvað varðar löglærða fulltrúa, auk þess sem misræmi á milli upplýsinga í þinglýsingabókum og fasteignaskrám hefur verið umtalsvert. Greiða þarf úr slíku misræmi áður en eign er staðfest í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna enda getur slíkt misræmi varðað mikilvæga hagsmuni fasteignaeigenda.

Skráning upplýsinga úr þinglýsingabókum í Landskrá fasteigna fer fram hjá viðkomandi sýslumannsembættum, eign fyrir eign. Skráning upplýsinga um hverja eign fer fram í tveimur skrefum. Í fyrra skrefinu eru upplýsingar úr þinglýsingabók forskráðar í Landskrá fasteigna en síðara skrefið felst í því að löglærður fulltrúi fer yfir upplýsingarnar og staðfestir þær í landskrána. Hinn 8. apríl 2002 var fjöldi fasteigna sem þinglýsingaupplýsingar höfðu verið skráðar um í Landskrá fasteigna sem hér segir:

Yfirlit yfir skráningu þinglýsinga í Landskrá fasteigna 15. apríl 2002.

Þessi tafla sýnir fjölda þeirra eigna sem hvert sýslumannsembætti hefur fært inn í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna og hlutfall þessara eigna af heildarfjölda fasteigna í viðkomandi umdæmi.

Sýslumannsembætti	Þinglýsingarandlög	Þinglýstar eignir	Hlutfall	Skráðar eignir
Sýslumaðurinn á Akranesi	2.569	2.096	82%	27
Sýslumaðurinn í Kópavogi	11.291	8.430	75%	1.668
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	632	459	73%	68
Sýslumaðurinn á Selfossi	12.011	8.617	72%	882
Sýslumaðurinn í Búðardal	622	343	55%	30
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	4.929	1.637	33%	230
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	3.019	400	13%	317
Sýslumaðurinn í Keflavík	7.495	682	9%	1.009
Sýslumaðurinn í Vík	869	35	4%	59
Sýslumaðurinn á Eskifirði	2.900	71	2%	2.053
Sýslumaðurinn á Akureyri	10.228	240	2%	7.142
Sýslumaðurinn á Blönduósi	2.267	48	2%	1.308
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	676	8	1%	110
Sýslumaður Snæfellinga	2.567	9		759
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	2.247	3		218
Sýslumaðurinn á Húsavík	3.069			1.121
Sýslumaðurinn á Hólmavík	758			19
Sýslumaðurinn á Höfn	1.231			12
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	2.586			2

Þinglýsingarandlag er fasteign sem getur verið andlag þinglýsingar hverju sinni. Talningin tekur til fastanúmera, landnúmera jarða og óbyggðra lóða.

Eign er þinglýst ef allar upplýsingar um hana hafa verið færðar úr þinglýsingabókum sýslumanns í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna, þ.e. að eignin sé vottuð þinglýst í tölvukerfi Landskrár fasteigna.

Fyrri hlutfallsdálkurinn sýnir fjölda þinglýstra eigna sem hlutfall af heildarfjölda þinglýsingarandlaga.

Óþinglýstar skráðar eignir eru með skjöl í skráningarstöðu, þ.e. upplýsingar úr þinglýsingabókum hafa verið færðar í þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna en ekki verið staðfestar.

Eins og að framan greinir skrá byggingarfulltrúar sveitarfélaga í Landskrá fasteigna í umboði Fasteignamats ríkisins. Þetta er markviss þróun sem Fasteignamat ríkisins hefur unnið að á síðustu árum og leysir að hluta til af hólmi það verklag að byggingarfulltrúar sendi Fasteignamati ríkisins gögn á pappír sem það svo færir í Landskrá fasteigna.

Ýmsir rafrænir samskiptamöguleikar eru líklegir til að geta þróað þetta skráningarsamstarf enn frekar á næstu árum, jafnvel í því formi að gögn séu skráð í Landskrá fasteigna á upprunastað, t.d. hjá þeim sem teikna hús, gera skráningartöflur og eignaskiptayfirlýsingar. Meðfylgjandi er tafla yfir þau sveitarfélög sem annast í umboði Fasteignamats ríkisins einhverja skráningu í Landskrá fasteigna.

Sveitarfélög sem annast skráningu í Landskrá fasteigna í umboði Fasteignamats ríkisins.

Höfuðborgarsvæði og Reykjanes	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland	Austurland	Suðurland
Reykjavík	Akranes	Skagafjörður	Fjarðabyggð	Vestmannaeyjar
Kópavogur	Innri-Akraneshreppur	Akrahreppur	Fellahreppur	Árborg
Seltjarnarnes	Skilmannahreppur	Akureyri	Búðahreppur	Mýrdalshreppur
Garðabær	Leirár- og Melahreppur	Húsavík	Stöðvar-hreppur	Skeiðahreppur
Hafnarfjörður	Skorradalshreppur	Grímseyjarhreppur	Austur-Hérað	Gnúpverjahreppur
Bessastaðahreppur	Borgarfjarðarsveit	Hríseyjarhreppur	Hornafjarðar-bær	Hrunamanna-hreppur
Mosfellsbær	Hvítársíðuhreppur	Arnarneshreppur		Biskupstungna-hreppur
Reykjanesbær	Borgarbyggð	Eyjafjarðarsveit		Laugardalshreppur
Grindavík	Kolbeinsstaða-hreppur	Hörgárbyggð		Þingvallahreppur
Gerðahreppur	Hvalfjarðar-strandarhreppur	Svalbarðsstrandar-hreppur		Hveragerði
Vatnsleysu-strandarhreppur	Helgafellssveit	Grýtubakkahreppur		Ölfushreppur
	Stykkishólmur	Hálshreppur		Grímsnes- og Grafningshreppur
	Eyja- og Miklaholtshreppur	Ljósavatnshreppur		Austur-Eyjafjallahreppur
	Snæfellsbær	Bárðdælahreppur		Vestur-Eyjafjallahreppur
	Eyrarsveit	Skútustaðahreppur		
		Reykdælahreppur		
		Aðaldælahreppur		
		Reykjahreppur		
		Tjörneshreppur		
		Kelduneshreppur		
		Öxarfjarðarhreppur		
		Raufarhafnar-hreppur		
		Svalbarðshreppur		
		Þórshafnarhreppur		

1233. Nefndarálit [615. mál]

um till. til þál. um staðfestingu breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hlutinn efast um ágæti þess að einkavæða alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl (INTELSAT) og setja jafnframt á stofn sérstaka eftirlitsstofnun, ITSO, til að fylgjast með því að hið nýja fyrirtæki haldi skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Ísland hefur átt aðild að samningnum frá árinu 1975 og hafa fjarskipti við útlönd tekið stakkaskiptum á þessum tíma. Þó rök geti verið fyrir því að einkaréttur INTELSAT verði afnuminn er ekki fyrirséð hvernig þróunin verður gagnvart fátækari ríkjum heimsins sem hafa hingað til reitt sig á INTELSAT, einkum eftir að 12 ára tímabilinu er lokið.

Minni hlutinn gerir jafnframt athugasemdir við að eignarhluti Íslendinga í nýja fyrirtækinu verður eftir í Landssímanum hf. en svo sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin ekki enn horfið frá einkavæðingaráformum sínum, þrátt fyrir ósköpin sem yfir hafa gengið í málefnum fyrirtækisins og að ákveðin biðstaða sé komin í málið.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Steingrímur J. Sigfússon.

1234. Fyrirspurn [721. mál]

til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir á nýtingu fiskúrgangs.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða rannsóknir innlendar eða erlendar liggja fyrir um nýtingu fiskúrgangs (afskurðar, hausa, hryggjar, innyfla, roðs) sem fellur til við fiskvinnslu á sjó og landi og hverjar eru helstu niðurstöður þeirra rannsókna?
2. Liggja fyrir rannsóknir innlendar eða erlendar á áhrifum þess á lífríkið þegar miklu magni úrgangs frá fiskvinnslu eða annarri vinnslu, t.d. á skel og rækju, er hent í hafið?
3. Liggja fyrir rannsóknir á áhrifum þess á fiskgöngur þegar miklu magni fiskúrgangs er hent á viðkvæmri fiskislóð?

Skriflegt svar óskast.

1235. Fyrirspurn [722. mál]

til iðnaðarráðherra um fé til rannsókna á nýjum orkugjöfum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið síðustu þrjú ár af hálfu ráðherra til rannsókna á nýjum orkugjöfum fyrir ökutæki, svo sem raforku, vetni, metani, lífdísli, etanóli og metanóli?
2. Hvað ræður úthlutun fjár til slíkra rannsóknarverkefna?
3. Hvaða verkefni eru í undirbúningi í samvinnu við aðila eins og NýOrku ehf., VistOrku og fleiri?
4. Hve mikið fé hefur NýOrka ehf. fengið frá ráðuneytinu og til hvaða verkefna?

Skriflegt svar óskast.

1236. Fyrirspurn [723. mál]

til landbúnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi landbúnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1237. Fyrirspurn [724. mál]

til iðnaðarráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi iðnaðarráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1238. Fyrirspurn [725. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi umhverfisráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1239. Fyrirspurn [726. mál]

til sjávarútvegsráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi sjávarútvegsráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1240. Fyrirspurn [727. mál]

til samgönguráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvernig hefur stuðningi samgönguráðuneytis við frjáls félagasamtök verið háttað árin 1998–2001? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1241. Fyrirspurn [728. mál]

til menntamálaráðherra um stuðning við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hefur menntamálaráðuneytið veitt frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála fjárstuðning árin 1998–2001? Ef svo er, hvernig hefur þeim stuðningi verið háttað? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Skriflegt svar óskast.

1242. Nefndarálit [520. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Frumvarp þetta er nú lagt fram í annað sinn nokkurn veginn óbreytt þrátt fyrir mikla gagnrýni náttúrustofanna, Náttúrufræðistofnunar Íslands og einstakra sveitarfélaga þegar það var til umfjöllunar í umhverfisnefnd í lok 126. löggjafarþings. Minni hluti umhverfisnefndar lítur svo á að skynsamlegra hefði verið að efna til samstarfs við þessa aðila milli þinga og freista þess að ná samstöðu um markmið frumvarpsins. Enda kemur fram í nýjum umsögnum til nefndarinnar að sjónarmið umsagnaraðila eru enn þau sömu og ekkert sem bendir til þess að sátt sé í sjónmáli. Það er því mat minni hlutans að með því að afgreiða málið frá Alþingi nú þvert ofan í mótmæli þeirra sem ætlað er að vinna eftir lögunum sé verið að þvinga fram þær breytingar sem frumvarpið mælir fyrir um. Minni hlutinn mótmælir því að slík vinnubrögð séu viðhöfð á löggjafarsamkomu Íslendinga. Það er því mat minni hlutans að málið sé jafn vanreifað og illa undirbúið nú og það var á síðasta vori.

Það er mat minni hlutans að áður en málið getur talist hæft til afgreiðslu þurfi löggjafinn að gera upp við sig hvert markmiðið með starfrækslu náttúrustofanna eigi að vera, hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í neti þeirra stofnana sem stunda rannsóknir á sviði náttúruvísinda, hvaða hlutverki þeim sé ætlað að gegna í einstökum byggðarlögum og síðast en ekki síst þarf að ná samkomulagi við samtök sveitarfélaga um ábyrgð þeirra á rekstri stofanna. Ef það kallar á umræðu um aukna tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga til að standa undir öflugum rekstri náttúrustofa á landsbyggðinni, þá er nauðsynlegt að sú umræða fari fram. Að öðrum kosti er hætt við að stofurnar verði olnbogabörn og niðursetningar sem seint komast á legg. Þar að auki telur minni hlutinn frumvarpið ganga í mikilvægum atriðum gegn þeim tilgangi sem stofunum var upphaflega ætlað að uppfylla því þegar ákvæði um stofurnar komu upphaflega inn í lög var gert ráð fyrir að þær gætu með tímanum unnið sig upp í það að verða setur Náttúrufræðistofnunar Íslands. Með þeim ákvæðum sem frumvarpið hefur að geyma er þessari hugmynd kastað á glæ án þess að rökstuðningur liggi fyrir.

Það eru ekki bara náttúrustofurnar sjálfar sem hafa lagst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd sem það liggur fyrir. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn því að fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna rekstrar náttúrustofa miðist við ákveðið hlutfall af framlagi ríkisins. Það virðist því nokkuð ljóst að allir aðilar málsins séu ósáttir við grundvallarþætti þess. Vilji löggjafinn takast á við þennan vanda væri eðlilegt að setja á laggirnar nýja nefnd eða starfshóp sem fengi það hlutverk að sætta sjónarmið aðila og leggja svo fram endurnýjaðar hugmyndir á næsta löggjafarþingi.

Með vísan til framangreinds leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Minni hluti umhverfisnefndar efast um að frumvarp þetta verði til þess að efla náttúrustofurnar og telur skorta hin faglegu rök fyrir þeim breytingum sem það felur í sér. Það mætir mikilli andstöðu forsvarsmanna náttúrustofanna, auk þess sem veigamiklar athugasemdir

hafa komið fram frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins. Með vísan til þessa samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1243. Nefndarálit [709. mál]

um frv. til l. um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar um málið hefur komið fram hörð gagnrýni á þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Hagfræðileg og fagleg rök skortir.

Gagnrýnin beinist að því að engin skynsemi sé í að leggja niður stofnun sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem óháð stofnun við hagrannsóknir, greiningu og spá um þróun efnahagslífins. Hvorki hagræðing né fagleg rök liggja hér að baki. Þvert á móti er hætta á að þjóðhags- og efnahagsspár lúti pólitísku forræði við þessa breytingu. Verulegan hluta verkefna Þjóðhagsstofnunar á að flytja til fjármálaráðuneytisins en það býður heim miklum ágreiningi um trúverðugleika í spám um þróun efnahagslífsins.

Það segir sig sjálft að með því að leggja niður einu óháðu stofnunina sem vinnur að þjóðhagsspá er þrengt mjög að allri faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknum og efnahagsspám. Nær væri að efla sjálfstæði hennar og færa henni aukin verkefni. Hefur þeirri hugmynd m.a. verið hreyft að færa stofnunina beint undir Alþingi. Mun dýrara virðist vera að leggja stofnunina niður en reka hana, bæði til skemmri og lengri tíma. Afleiðingin virðist fyrst og fremst vera tilfærsla á verkefnum og veruleg aukning útgjalda. Hætta er á að þessi breyting dragi úr faglegri umfjöllun um efnahagsmál og að sérþekking og reynsla glatist. Ljóst er að ekki er á vísan að róa með að reyndir starfsmenn stofnunarinnar með mikla sérþekkingu fáist til að flytja sig til fjármálaráðuneytis, Hagstofu eða Seðlabanka eftir það sem á undan er gengið. Það er kafli út af fyrir sig hvernig starfsmenn stofnunarinnar hafa verið hunsaðir. Þeir hafa verið látnir búa við mikla óvissu um starfsöryggi sitt og stjórnvöld hafa í reynd hunsað alla ráðgjöf þeirra um hvernig endurskipulagningu þessara verkefna verði best komið fyrir.

Verkefni Þjóðhagsstofnunar.

Verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum eru tiltekin í lögum. Hvergi verður nú lögbundið að þessum verkefnum verði sinnt eða hver eigi að hafa þau með höndum. Verkefni Þjóðhagsstofnunar samkvæmt lögum eru eftirfarandi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum.

4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.
5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Ómarkviss verkefnaflutningur.

Mjög óljóst er hvernig þessum verkefnum verður háttað eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður. Fram kom hjá forstöðumanni efnahagsskrifstofu að endanleg skilgreining á því hvert verkefnin yrðu flutt og útfærsla og skilgreining á þeim verkefnaflutningi lægi ekki fyrir fyrr en frumvarpið yrði orðið að lögum. Þetta sýnir ljóslega hve illa málið er undirbúið. Það eina sem virðist nokkuð ljóst er að þjóðhagsreikningar munu flytjast til Hagstofu og þjóðhagsspár og -áætlanir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Mjög óljóst er hvert ýmis reiknilíkön eiga að flytjast sem Þjóðhagsstofnun hefur séð um og haldið við. Auk þjóðhagslíkana, sem flytja á til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eru þetta sjávarútvegslíkön og skatta- og almannatryggingalíkön. Fram kom hjá fulltrúa LÍU, sem mætti á fund nefndarinnar, að samtökin hafa verið háð upplýsingum um verðvísitölu sjávarafurða og mati á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er að óháður aðili vinni slíkar upplýsingar, en ekki sjávarútvegsráðuneytið. Benda má á að mikið hagræði er að hafa þessi líkön á einum stað hjá óháðri stofnun, en því fylgir mikið óhagræði að flytja þau á marga staði þar sem sama fólk hefur séð um fleira en eitt líkan hjá Þjóðhagsstofnun auk þess sem gögn eru samnýtt úr líkönunum.

Ástæða er einnig til að benda á sérálit Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem átti sæti í starfshópnum sem undirbjó málið. Þar kemur fram afstaða hans varðandi reiknilíkönin. Orðrétt segir: „Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta starfar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön (til langs og skamms tíma) sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön."

Síðar segir í álitinu: „Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskistofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirspurna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frumvarpinu er lítil og byggð á veikum grunni." Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að þetta sé enn ein staðfestingin á því hvað hér er um vanhugsaða breytingu að ræða.

Kostnaður blæs út.

Minni hlutinn bendir á að til marks um hversu fráleitt málið er að ekki er nóg að það styðjist ekki við nein fagleg eða hagfræðileg rök heldur verður miklu dýrara að leggja niður Þjóðhagsstofnun en reka hana áfram. Í útreikningum fjárlagaskrifstofu kemur fram að rekstrarkostnaði Þjóðhagsstofnunar á að skipta milli Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytisins, en

kostnaður við rekstur stofnunarinnar er 132 millj. kr. á fjárlögum 2002. Einnig er gert ráð fyrir biðlaunakostnaði og kostnaði við flutning á verkefnum sem gæti verið nálægt 50 millj. kr. Þá er ótalið að ráðuneytin munu vafalaust sækjast eftir auknu fjármagni vegna viðbótarverkefna sem þessum breytingum fylgja, m.a. kaup á sérfræðiþjónustu. Jafnframt er í frumvarpinu bent á að hugsanlegt væri að fela einkaaðilum eitthvað af þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft. Fram hefur einnig komið að ASÍ mun fá stuðning við hagdeild sína og ekki er að efa að önnur heildarsamtök launafólks munu óska hins sama. Minni hlutinn telur mikilvægt að samtök launafólks hafi burði til að taka þátt í umræðu og umfjöllun um efnahagsmál og að þeim verði sköpuð til þess aðstaða. Ekki síst er það nauðsynlegt nú ef sú óháða stofnun sem þau hafa getað treyst á verður lögð niður. Af framantöldu má ætla að kostnaður muni tvöfaldast við þessa breytingu.

Sjónarmið starfsmanna hunsuð.

Í áliti fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, dags. 26. mars 2002, kemur fram að félagið er algerlega mótfallið þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telur að þau muni hvorki efla faglega umfjöllun um íslenskan þjóðarbúskap né leiða til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu starfshóps um málið hafi í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar. Í áliti Sambands íslenskra bankamanna, en starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru þar félagsmenn, kom fram að tilraunum starfsmanna til að ræða aðrar leiðir við að endurskipuleggja hagskýrslugerð á vegum ríkisins og þjóðhagsspá hafi verið sópað burt og engin umræða fengist um málið.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega hvernig stjórnvöld hafa komið fram við starfsfólk Þjóðhagsstofnunar, sem haldið hefur verið í fullkominni óvissu um starfsöryggi sitt í a.m.k. heilt ár. Ekkert hefur verið hlustað á rök starfsmanna sem eru helstu sérfræðingar á sviði efnahagsmála og hagsýslugerðar og hafa notið trausts allra sem leitað hafa eftir þjónustu stofnunarinnar.

Starfsmennirnir eru líka mjög ósáttir við orðalag í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem kveður á um að starfsmönnum verði boðið „annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Benda þeir á að í skipunarbréfi samstarfshópsins sem fjallaði um þessa breytingu segir: „er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem felur í sér að við þetta verði staðið.

Spágerð lýtur pólitísku forræði.

Það er skoðun minni hlutans að ef endurskipuleggja á stofnanir sem fjalla um hagstjórn, hagskýrslur, þjóðhagsspá og efnahagsstjórn ættu verkefni allra stofnana sem fjalla á einn eða annan hátt um efnahagsstjórn eða hagsýslugerð að koma til skoðunar.

Í áliti fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar kemur fram að aldrei hafi verið léð máls á því að ræða aðra möguleika við endurskipulagningu en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það staðfestir fyrst og fremst að þessi breyting er knúin fram til að þjóna dyntum forsætisráðherra sem setti þá skoðun fram í beinni útsendingu í sjónvarpi fyrir ári síðan að stofnunin skyldi lögð niður, þar sem hann var ósáttur við gagnrýni Þjóðhagsstofnunar á efnahagsstjórnina.

Minni hlutinn getur líka tekið undir það álit fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar að eðlilegt gæti verið að endurskoða hlutverk stofnunarinnar að því er varðar hagskýrslugerð fyrir liðinn tíma og tengsl hennar við framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið. Í álitinu er ein-

mitt bent á að slík endurskoðun ætti raunar að ná til fleiri stofnana og má þar t.d. nefna skýrslusöfnun Seðlabankans um þjónustuviðskipti við útlönd og greiðslujöfnuð.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur það ganga gegn öllum faglegum vinnubrögðum og aðhaldi við efnahagsstjórnina að færa gríðarlega mikilvæg verkefni á sviði efnahagsmála frá óháðri stofnun til hagstjórnaraðila eins og Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins sem lýtur pólitískri forustu ráðherra.

Gylfi Magnúson, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur orðað þetta á eftirfarandi hátt: „Það er mjög erfitt að sjá t.d. að fjármálaráðuneytið geti tekið við miklu af þessum þjóðhagsspárverkefnum og greiningum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft vegna þess að fjármálaráðuneytið er bara hluti af eða heyrir undir fjármálaráðherra sem er í ríkisstjórninni og vinnur mjög náið með ríkisstjórninni. Þannig að þær spár yrðu alltaf heldur vandræðalegar því það væri erfitt að túlka hvort þetta væru faglegar spár eða hvort þetta væru spár sem væru byggðar á vilja og ósk ríkisstjórnarinnar. Það er miklu betra að það sé óháð stofnun, og jafnvel mun sjálfstæðari en Þjóðhagsstofnun hefur verið, sem annast slíkar spár og greiningu."

Fram komu einnig miklar efasemdir hjá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar um réttmæti þess að fjármálaráðuneytið hafi þetta verkefni. Undir þessar skoðanir tekur minni hlutinn, en í efnahags- og viðskiptanefnd kom fram að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins á að hafa á hendi gerð þjóðhagsspár og -áætlana. Í því felst m.a. að gerð þjóðhagsspár í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps og endurskoðun hennar á ársfjórðungsfresti verði hjá efnahagsskrifstofunni.

Auk þess verður þjóðhagslíkan og önnur haglíkön flutt til efnahagsskrifstofu. Að sjálfsögðu er fullkomlega óeðlilegt og ótrúverðugt að sami aðili og stýrir fjárlagagerðinni hafi á hendi spágerð og greiningu á stöðu og þróun efnahagsmála. Það veikir allt aðhald og sjálfgefið er að það býður heim mikilli gagnrýni á efnahagsspá ráðuneytisins og mat þess á framtíðarhorfum í þjóðarbúskapnum. Ljóst er líka að þessi breyting mun þrengja mjög að allri faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknum og þjóðhagsspá.

Veikir stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Það veikir líka stöðu Alþingis og alþingismanna gagnvart framkvæmdarvaldinu að þurfa að leita með ráðgjöf og útreikninga við meðferð stjórnarfrumvarpa á Alþingi til fjármálaráðuneytisins í stað óháðrar efnahagsstofnunar, en mörg veigamestu frumvörp á sviði efnahags- og skattamála koma eðli máls samkvæmt frá því ráðuneyti. Auk þess er gjörsamlega óviðunandi fyrir þingmenn og stjórnmálaflokka að þurfa að leita með alla útreikninga, upplýsingar og ráðgjöf varðandi þingmannafrumvörp til efnahagsskrifstofu sem lýtur pólitísku forræði ráðherra. Óhæfa er að þingmenn í stjórnarandstöðu þurfi að leita eftir greiningu á álitamálum til fjármálaráðuneytisins, en þingmenn stjórnandstöðu standa iðulega í deilum við það og fjármálaráðherra um ýmis mál sem tengjast efnahagsmálum, skattamálum eða fjármálum.

Í frumvarpinu eru líka settir fyrirvarar á upplýsingagjöf Seðlabanka til aðila vinnumarkaðarins, Alþingis og stjórnmálaflokka því einungis er sagt að þeir muni láta í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athugunar eftir því sem um semst. Fulltrúi Seðlabanka sem mætti á fund nefndarinnar sagði að viðfangsefni bankans hefði þrengst með nýjum lögum um bankana og bankinn mundi því líta til lagaákvæða og hlutverks síns þegar metin yrði upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila.

Ljóst er líka að Seðlabankinn er ekki óháður aðili þótt sjálfstæði hans hafi verið aukið. Hann er hagstjórnaraðili sem hefur einkum það verkefni að beita stýritækjum sínum til að

ná þeim efnahags- og verðbólgumarkmiðum sem bankinn og ríkisstjórn setja í sameiningu. Samkvæmt lögum er meginmarkmið Seðlabanka að stuðla að stöðugu verðlagi og lýsa yfir með samþykki forsætisráðherra tölulegu markmiði um verðbólgu. Jafnframt skal hann stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Seðlabankinn, sem hefur með höndum framkvæmd peningastefnunnar, getur aldrei komið í stað óháðrar stofnunar sem Alþingi og þingmenn geta leitað til eftir ráðgjöf og aðstoð við nauðsynlega útreikninga og greiningu vegna þingmála, stjórnarfrumvarpa og ýmissa annarra verkefna. Skýrt er að með þessu er staða þingsins veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að tryggja að ekki dragi úr styrk Alþingis til að veita stjórnvöldum aðhald við þessa breytingu. Í þingsályktunartillögu frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem ekki fékkst afgreidd út úr efnahags- og viðskiptanefnd er lagt til að gerð verði sjálfstæð úttekt á vegum þingsins á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og hvernig framtíðarskipan hagrannsókna verði best komið fyrir.

Afstaða heildarsamtaka launafólks.

ASÍ lýsti ekki andstöðu við frumvarpið en telur sig hafa fengið fyrirheit um stuðning við að efla eigin hagdeild. Önnur heildarsamtök launafólks, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra bankamanna, gagnrýna að aðeins hafi verið haft samráð við ein heildarsamtök launafólks um málið. Lýsa þau andstöðu við það og telja fráleitt að færa þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjármálaráðuneytið, sem sé í eins nánum tengslum við pólitískt framkvæmdarvald og hugsast getur.

Fulltrúi BHM benti réttilega á að það gengur ekki að bjóða samtökunum upp á að leita eftir úrvinnslu upplýsinga og spágerð hjá fjármálaráðuneytinu sem er aðalviðsemjandi þeirra í kjarasamningum.

Jafnframt telja samtökin eðlilegt að gætt sé jafnræðis ef veita á ASÍ sérstakan stuðning til eigin rannsókna og spágerða. Minni hlutinn tekur undir þetta sjónarmið.

Minni hlutinn leggst alfarið gegn því að leggja niður Þjóðhagsstofnun með þeim rökum sem hér hefur verið lýst.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal með eftirtöldum umsögnum um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.:

Umsögn Sambands íslenskra bankamanna. (10. apríl 2002.)
Umsögn Seðlabanka Íslands. (15. apríl 2002.)
Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (15. apríl 2002.)
Umsögn BHM. (16. apríl 2002.)
Umsögn Samtaka banka og sparisjóða. (16. apríl 2002.)
Umsögn Kennarasambands Íslands. (16. apríl 2002.)
Umsögn Þjóðhagsstofnunar ásamt minnisblaði um þjónustu Þjóðhagsstofnunar. (13. apríl 2002.)
Umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar. (26. mars 2002.)

1244. Breytingartillögur [709. mál]

við frv. til l. um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, ÖS, ÖJ).

1. Við ákvæði til bráðabirgða: Í stað orðanna „annað starf“ í 1. málsl. komi: sambærilegt starf.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Stofna skal sérstakt hagsvið við skrifstofu Alþingis sem taki til starfa 1. janúar 2003. Kostnaður af starfsemi þess greiðist af fjárlögum.
   Forsætisnefnd Alþingis skal annast undirbúning og meta nauðsyn á umfangi sviðsins.

1245. Nefndarálit [640. mál]

um frv. til l. um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Kristínu Haraldsdóttur frá iðnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Orkuveitu Reykjavíkur, Svavari Garðarssyni, Skagafjarðarveitum, Samorku, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Landsvirkjun.

Frumvarpinu er ætlað að setja lagaramma um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, en þær hafa verið tíðkaðar hér á landi undanfarna tvo áratugi. Frá því að niðurgreiðslur hófust hefur um 10 milljörðum kr. verið ráðstafað til þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að sú framkvæmd sem tíðkast hefur á niðurgreiðslum verði lögfest með skýrum hætti. Þó eru lagðar til nokkrar breytingar á framkvæmdinni sem eru þær helstar að mögulegt verður að greiða niður hitun með olíu hjá þeim sem ekki eiga kost á annarri hitun, eigendur smávirkjana eiga kost á niðurgreiðslu á rafhitun, notkun varmadælna til að hita íbúðir verður gjaldgeng til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, hitaveitur sem ekki eru opinberar veitur geta fengið styrk til stofnunar nýrrar veitu eða stækkunar eldri veitu, komið verður á opinberu eftirliti með framkvæmd aðgerðanna og settar verða skýrar reglur um það í hvaða tilvikum kyntar hitaveitur skuli njóta niðurgreiðslna.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að nýjum kafla verði bætt inn um orkusparnað, en nefndin telur vænlegustu leiðina til að draga úr kostnaði ríkissjóðs af jöfnun húshitunarkostnaðar vera þá að stuðla að og hvetja til sparnaðar í orkunotkun. Nefndin bendir á að svigrúm til orkusparnaðar er töluvert, svo sem bætt einangrun húsa og bætt stýring á húshitun til að bæta orkunýtni.

Meiri hlutinn leggur jafnframt til breytingu á frumvarpinu þess efnis að ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda, sbr. smávirkjanir, skuli sú notkun vera mæld með löggiltum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.

Meiri hlutinn bendir einnig á að samkvæmt frumvarpinu er kostnaður við rafhitun íbúðarhúsnæðis sem ekki er á veitusvæði hitaveitu niðurgreiddur óháð því hvernig raforkan er unnin, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Hvort sem orkan kemur frá vindmyllu eða vatnsorkuveri er nægilegt svigrúm í frumvarpinu til að unnt verði að niðurgreiða raforku sem stafar frá nýrri tækni í vinnslu hennar.

Loks bendir meiri hlutinn á að mikilvægt er að umsóknarskylda samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I verði vel kynnt fyrir þeim aðilum sem nú njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar svo að tryggt verði að niðurgreiðslur falli ekki niður hjá þeim sem rétt eiga á þeim.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að ofan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.

Kjartan Ólafsson.

1246. Breytingartillögur [640. mál]

við frv. til l. um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, GuðjG, BH, SvanJ, HGJ, ÁSJ, KÓ).

1. Við 9. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda skal sú notkun vera mæld með löggildum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.
2. Á eftir IV. kafla komi nýr kafli, V. kafli, **Orkusparnaður,** með einni nýrri grein, 19. gr., sem orðist svo ásamt fyrirsögn:

Orkusparnaðaraðgerðir.

Verja skal til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

Orkusparnaðaraðgerðir skulu stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Orkustofnun skal gera áætlun um hvernig fénu skuli varið og leggja hana fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar.

1247. Breytingartillögur [318. mál]

við frv. til barnaverndarlaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „barni sínu“ í 2. mgr. komi: börnum sínum.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „uppeldishlutverk fjölskyldunnar“ í 1. mgr. komi: fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu.
   b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Markmið og lögsaga.*
3. Við 3. gr. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga.
4. Við 4. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna.
   b. Í stað orðsins „þeir“ í 4. mgr. komi: þau.
5. Við 5. gr. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:
   Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
   Félagsmálaráðuneytið skal hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Það getur krafist upplýsinga um einstök mál á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga.
6. Við 7. gr. Í stað orðsins „sérstök“ í 1. mgr. komi: sjálfstæð.
7. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „aflað upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi nefnd“ í 3. mgr. komi: aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.
   b. Á eftir orðunum „Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn“ í 3. málsl. 4. mgr. komi: og félagsmálaráðuneyti.
8. Við 9. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.
9. Við 11. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.
   b. Í stað 1. málsl. 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur félagsmálaráðherra áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum.
10. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
    Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Ef ágreiningur rís á milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

11. Við 16. gr. Á undan orðinu „hættu“ í 1. mgr. komi: alvarlega.
12. Við 17. gr. Á undan orðinu „hættu“ í 1. mgr. komi: alvarlega.
13. Við 18. gr.
    a. Á undan orðinu „hættu“ í 1. mgr. komi: alvarlega.
    b. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.
    c. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
14. Við 20. gr.
    a. Í stað orðanna „hagsmuna barna þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þeirra“ í 2. mgr. komi: hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess.
    b. Á eftir orðunum „og veita þeim“ í 3. mgr. komi: eftir atvikum.
15. Við 21. gr.
    a. Á eftir orðunum „Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu“ í 1. mgr. komi: eða berast upplýsingar með öðrum hætti.
    b. Á eftir orðunum „frá því henni barst tilkynning“ í 1. mgr. komi: eða upplýsingar.
    c. 3. mgr. orðist svo:

       Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.
16. Við 24. gr. Á eftir orðinu „foreldra“ í e-lið 1. mgr. komi: eða þungaða konu.
17. Við 25. gr. Í stað orðsins „foreldris“ í 1. mgr. komi: foreldra.

18. Við 30. gr.
    a. Í stað orðanna „kunni að stofna“ í 1. mgr. komi: stofnar.
    b. Í stað orðsins „lögræðis“ í 2. mgr. komi: sjálfræðis.
19. Við 32. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.
20. Við 33. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Umsjá barns sem vistast utan heimilis.*
21. Við 34. gr. Í stað orðanna „og með tilliti til hags og þarfa barnsins“ í 3. mgr. komi: raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess.
22. Við 35. gr. Í stað orðsins „vitneskju“ komi: ábendingu; og í stað orðsins „framkomu“ komi: atferli.
23. Við 36. gr. Við 3. mgr. bætist: að fengnu samþykki hans.
24. Við 41. gr. Í stað orðanna „sex mánuðum“ í 2. mgr. komi: fjórum mánuðum.
25. Við 43. gr. Á eftir orðunum „Ef rannsóknarhagsmunir mæla“ í 3. málsl. 5. mgr. komi: sannanlega.
26. Við 44. gr.
    a. Við 3. mgr. bætist: og varðað geta málið.
    b. Á eftir 3. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:
    Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.
27. Við 45. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggi þeir trúnað.
28. Við 46. gr. Í stað orðanna „Börn sem náð hafa 15 ára aldri eru aðilar“ í 1. mgr. komi: Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili.
29. Við 48. gr.
    a. Greinin orðist svo:
    Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Samþykki foreldra og barns.*
30. Við 51. gr. Í stað orðanna „innan viku“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: innan tveggja vikna.
31. Við 65. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
    Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.
32. Við 66. gr.
    a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þeir sem óska eftir að taka barn í fóstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu.
    b. Á eftir orðinu „Barnaverndarnefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: í heimilisumdæmi umsækjenda.
    c. 3. málsl. 1. mgr. falli brott.
33. Við 67. gr. 5. málsl. 2. mgr. orðist svo: Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

34. Við 68. gr.
    a. Við c-lið bætist: sbr. 2. mgr. 65. gr.
    b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: annað sem málið kann að varða.
35. Við 70. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist: enda samrýmist það hagsmunum þess.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Réttindi barns í fóstri.*
36. Við 73. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í fóstri.
37. Við 74. gr. Í stað orðanna „umgengni barna“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: umgengni barns.
38. Við 75. gr. Í stað 2. málsl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra.
39. Við 80. gr.
    a. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Í sérstökum tilvikum getur barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr.*
40. Við 81. gr. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Réttur barns til umgengni.*
41. Við 82. gr.
    a. Í stað orðanna „Börnum sem vistuð eru á heimilum“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: Barni sem er vistað á heimili.
    b. Á eftir orðunum „fíkniefni og önnur hættuleg efni“ í b-lið 4. mgr. komi: eða hættulegir munir.
    c. Í stað orðanna „rétt barna og foreldra þeirra“ í 6. mgr. komi: rétt barns og foreldra þess.
    d. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Réttindi barns og beiting þvingunar.*
42. Við 86. gr. Í stað orðsins „börn“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: barn.
43. Fyrirsögn XIV. kafla verði: **Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.**
44. Við 90. gr.
    a. Í stað orðanna „barna sinna“ í 1. mgr. komi: barns síns.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.*
45. Við 91. gr.
    a. Í stað orðsins „börn“ í 1. mgr. komi: barn.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Önnur vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda.*
46. Á eftir 93. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
    a. (94. gr.)

Skyldur foreldra og forráðamanna.

Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og fyrirsætu- og fegurðarsamkeppnum og virði aldursmörk og annað í því sambandi. Þeim ber jafnframt, eftir því sem í þeirra valdi er, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því.

b. (95. gr.)

Almennt eftirlit barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu eftir föngum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfisþættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal nefndin koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

1248. Nefndarálit [649. mál]

um frv. til l. um Tækniháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason og Hellen Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og frá Tækniskóla Íslands komu Guðbrandur Steinþórsson, Rúnar Pálmason, Grétar Páll Jónsson, Guðlaugur Einarsson, Haraldur Auðunsson og Steindór Haarde. Umsagnir bárust frá Félagi geislafræðinga, Félagi tækniskólakennara, Samtökum iðnaðarins, rektor Tækniskóla Íslands, Iðnfræðingafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi háskólamanna, Kennarasambandi Íslands, Háskóla Íslands, Reykjavíkurakademíunni, Háskólanum á Akureyri, Tæknifræðingafélagi Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þá barst sameiginleg umsögn frá fimm kennurum verkfræðideildar Háskóla Íslands, þeim Birni Kristinssyni, Bjarna Bessasyni, Guðmundi R. Jónssyni, Jóni Atla Benediktssyni og Sigurði Brynjólfssyni.

Með lagafrumvarpi þessu er verið að samræma lög um Tækniskóla Íslands lögum um háskóla, nr. 136/1997, en þau lög kveða á um að endurskoða skuli lög um háskólastofnanir sem undir lögin heyra. Með þessum breytingum er skólinn kominn á háskólastig og ber að fagna því.

Meginmarkmið frumvarpsins er að staðfesta stöðu skólans sem háskóla í skólakerfinu og laga skipulag hans að lögum um háskóla. Háskólaráð verður æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum og gert er ráð fyrir því að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa af sex í ráðið. Nefndin telur mikilvægt að fulltrúar þeir sem ráðherra tilnefnir komi úr atvinnulífinu.

Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu háskólans eru í samræmi við lög um háskóla en auk þess eru ýmis ákvæði frumvarpsins sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessu er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi.

Tækniháskóli Íslands á að vera fagháskóli á sviði tækni og rekstrar sem miðlar sérhæfðri þekkingu á háskólastigi. Tækniskóli Íslands veitir nú menntun á tækni-, iðnaðar-, heilbrigðis- og rekstrarsviðum og hefur mestur hluti námsins verið á háskólastigi. Nefndin tekur undir þá staðhæfingu sem fram kemur í frumvarpinu að ekkert sé því til fyrirstöðu að námsframboð háskólans geti breyst í framtíðinni þótt aðaláherslan verði lögð á tæknimenntun.

Nefndin ræddi á fundum sínum þá rannsóknaheimild til handa háskólanum sem fram kemur í 1. gr. Að loknum viðræðum við gesti er það mat hennar að eðlilegt sé að umrætt ákvæði

feli í sér heimild en ekki skyldu til rannsókna þar sem slíkt ákvæði gæti verið íþyngjandi fyrir háskólann. Heimildin er þannig höfð opin til þess að háskólinn geti lagað sig að rannsóknarvinnu.

Þá leggur nefndin áherslu á mikilvægi þeirrar heimildar sem fram kemur í 14. gr. um gerð samstarfssamninga milli háskólans og annarra stofnana og fyrirtækja sem tengjast starfssviði háskólans. Tækniháskóla Íslands er þannig gert kleift að hafa samstarf við fyrirtæki og rannsóknastofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni sem er mikilvægt til að efla og styrkja starfsemi hans og uppbyggingu til frambúðar. Nefndin telur að hér sé um að ræða lykilatriði í þeim tilgangi að tengja Tækniháskólann við atvinnulífið.

Fram kemur í 15. gr. að gert er ráð fyrir að Tækniháskóli Íslands taki við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Tækniskóla Íslands. Í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins kemur fram að halli á rekstri Tækniskóla Íslands nemi nú um 260 millj. kr. Þá er því jafnframt haldið fram að frumvarpið gefi tilefni til nokkurs útgjaldaauka vegna ýmissa atriða. Nefndin lítur svo á að leysa verði uppsafnaðan fjárhagsvanda Tækniskóla Íslands þannig að Tækniháskóli Íslands geti hafið starfsemi með hreint borð.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með orðalagsbreytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Gunnar Birgisson, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Kolbrún Halldórsdóttir.
Kjartan Ólafsson.		Kristinn H. Gunnarsson.

1249. Breytingartillögur [649. mál]

við frv. til l. um Tækniháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „Skólinn“ í 2. málsl. komi: Háskólinn.
   b. Í stað orðsins „Tækniháskólinn“ í 3. málsl. komi: Tækniháskóli Íslands.
   c. Í stað orðsins „Skólanum“ í 4. málsl. komi: Háskólanum.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna „þar með talda“ í 1. mgr. komi: þar á meðal.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „háskóla“ í 1. málsl. komi: skóla.
   b. 5. málsl. orðist svo: Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms ef aðstæður hafa breyst.
4. Við 12. gr. Í stað orðsins „skólans“ í 2. mgr. komi: háskólans.
5. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað dagsetningarinnar „31. júní“ í 3. málsl. e-liðar komi: 31. júlí.

1250. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og tryggingganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Rögnu Árnadóttur, Sigfús Eggertsson og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reyni Tómas Geirsson og Helga Valdimarsson frá læknadeild Háskólans, Sverri Bergmann frá læknaráði Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Heilbrigðisstofnun Austurlands, svæðisskrifstofu Vestfjarða, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandssvæðis eystra, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur, Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, heilsugæslustöðinni á Akureyri, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, héraðslækni Reykjaneshéraðs, heilsugæslustöð Hafnarfjarðar, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Félagi um lýðheilsu, hjúkrunarráði Heilbrigðisstofnunar Austurlands, héraðslækni Reykjavíkur, héraðslækni Norðurlands, heilsugæslustöð Kópavogs, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og héraðslækni Suðurlandshéraðs, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti héraðslækna verði felld niður. Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar hefur starf margra héraðslækna dregist mjög saman á liðnum árum og í mörgum tilvikum hefur starfsemi þeirra aldrei náð þeirri fótfestu sem lagt var upp með. Störf héraðslækna falla vel saman við starf heilsugæslunnar í landinu og gerir frumvarpið ráð fyrir að yfirlæknar heilsugæslustöðva í landinu taki við þeim, að mestu.

Meiri hlutinn telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu leiði til hagræðingar og einföldunar á stjórnsviði heilbrigðisþjónustunnar í landinu.

Meiri hlutinn telur engu að síður nauðsynlegt, í kjölfar laganna, að starfsemi og skipulag heilsugæslunnar verði metið að nýju með hliðsjón af þeim auknu störfum sem frumvarpið leggur henni á herðar. Reynslan leiðir þetta í ljós en augljóst er að aukin verkefni innan heilsugæslunnar kalla á aukin fjárframlög til hennar.

Meiri hlutinn leggur til að 9. gr. frumvarpsins falli brott. Ákvæðið snertir ráðningarmál yfirmanna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og er þáttur af stærra máli sem unnið er að og snertir stjórnunarskipulag spítalans og samband hans við Háskólann. Meiri hlutinn telur ekki tímabært að lögfesta ákvæði þessa efnis fyrr en tekið hefur verið heildstætt á málum varðandi stjórnskipulag spítalans.

Þá er gerð smávægileg breyting á 28. gr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 9. gr. falli brott.

2. B-liður 28. gr. orðist svo: Orðin „héraðs- eða“ í 3. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Einar Oddur Kristjánsson.
Ólafur Örn Haraldsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.

1251. Svar [664. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um kostnaðarþátttöku sjúklinga við endurhæfingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist kostnaður við endurhæfingu á milli sjúklings og hins opinbera eftir því hvar endurhæfingin er veitt og hvar sjúklingurinn dvelur á meðan meðferð stendur, þ.e. hvort hann:*
   a. *er innritaður á sjúkrahús,*
   b. *dvelur á Rauðakrosshótelinu,*
   c. *dvelur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði,*
   d. *er heima hjá sér,*
   e. *dvelur á öldrunarstofnun?*
2. *Hver greiðir hvað hverju sinni, svo sem lyf, læknishjálp, rannsóknir, hjálpartæki, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun o.s.frv.?*

Sjúklingur sem er innritaður sem sólarhringssjúklingur á sjúkrahús greiðir engan kostnað við endurhæfingu sem hann fær meðan innlögn varir.

Sjúklingur sem dvelur á Sjúkrahóteli RKÍ greiðir dvalargjald, 700 kr. á sólarhring, samkvæmt samningi við ráðuneytið. Endurhæfing fer ekki fram á sjúkrahótelinu. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á sjúkrahótelinu.

Sjúklingur sem dvelur á Heilsustofnun NLFÍ greiðir dvalargjald, 1.700–3.000 kr. á sólarhring. Dvalargjaldið fer eftir gerð og búnaði herbergja. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á heilsustofnuninni. Sjúklingar greiða fyrir lyf í samræmi við reglugerð nr. 948/2000, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Sjúklingar sem dvelja heima hjá sér greiða fyrir endurhæfingu og aðra læknishjálp í samræmi við reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Sjúklingar greiða sjálfir fyrir lyf en greiðsluþátttaka ríkis er í samræmi við reglugerð nr. 948/2000, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði. Vakin er athygli á að um sjúklinga sem dvelja á Heilsustofnun NLFÍ gilda, rétt eins og um aðra sjúklinga, reglur um hámarksgreiðslu vegna lyfja-, læknis- og þjálfunarkostnaðar.

Sjúklingur sem dvelur á öldrunarstofnun greiðir engan kostnað við endurhæfingu sem hann fær meðan innlögn varir. Sjúklingar sem dvalið hafa lengur en fjóra mánuði á 24 mánaða tímabili á öldrunarstofnun (þ.e. hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild á sjúkrahúsi) og

hefur tekjur yfir 34.659 kr. á mánuði taka þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru, sbr. reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á öldrunarstofnun, sbr. reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

1252. Svar [569. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um úthlutun listamannalauna árin 2000, 2001 og 2002.

1. *Hvaða listamenn nutu launa og/eða styrkja úr launasjóðum listamanna árin 2000 og 2001 og hvernig skiptust þeir eftir listgreinum?*
2. *Hvaða listamenn njóta launa og/eða styrkja úr launasjóðum listamanna árið 2002 og hvernig skiptast þeir eftir listgreinum?*

Umbeðnar upplýsingar koma fram í eftirfarandi listum.

Starfslaun árið 2000.

Úr Launasjóði rithöfunda:

3 ár (4)
Gyrðir Elíasson
Ingibjörg Haraldsdóttir
Pétur Gunnarsson
Þorsteinn frá Hamri

2 ár (1)
Kristín Ómarsdóttir

1 ár (10)
Birgir Sigurðsson
Einar Kárason
Fríða Á. Sigurðardóttir
Guðjón Friðriksson
Guðrún Helgadóttir
Nína Björk Árnadóttir
Ólafur Gunnarsson
Ólafur Haukur Símonarson
Sigurður Pálsson
Þórarinn Eldjárn

6 mánuðir (40)
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Andri Snær Magnason
Atli Magnússon
Árni Ibsen
Áslaug Jónsdóttir
Bjarni Bjarnason
Bragi Ólafsson
Elísabet K. Jökulsdóttir
Erlingur E. Halldórsson
Eyvindur P. Eiríksson
Friðrik Erlingsson
Guðmundur Ólafsson
Guðrún Eva Mínervudóttir
Gunnhildur Hrólfsdóttir
Gylfi Gröndal
Hallgrímur Helgason
Hjörtur Pálsson
Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir
Iðunn Steinsdóttir
Ísak Harðarson
Jón Viðar Jónsson
Jón Kalman Stefánsson
Jónas Þorbjarnarson
Kjartan Árnason
Kristín Marja Baldursdóttir
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Kristín Steinsdóttir
Kristján Þórður Hrafnsson
Linda Vilhjálmsdóttir
Margrét Lóa Jónsdóttir
Óskar Árni Óskarsson
Ragnheiður Sigurðardóttir
Rúnar Helgi Vignisson
Sigfús Bjartmarsson
Sigurður A. Magnússon
Sindri Freysson
Steinunn Jóhannesdóttir
Vilborg Davíðsdóttir
Þorvaldur Þorsteinsson
Þórunn Valdimarsdóttir

Úr Launasjóði myndlistarmanna:

2 ár (4)
Anna Þóra Karlsdóttir
Bjarni Sigurbjörnsson
Ósk Vilhjálmsdóttir
Sigurður Örlygsson

1 ár (4)
Ásmundur Ásmundsson
Hulda Hákon
Margrét H. Blöndal
Ómar Stefánsson

6 mánuðir (26)
Alda Sigurðardóttir
Anna Eyjólfsdóttir
Arngunnur Ýr Gylfadóttir
Áslaug Thorlacius

Ásta Ólafsdóttir
Birgir Andrésson
Einar Már Guðvarðarson
Gabríela Friðriksdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Gunnar Örn Gunnarsson
Haraldur Jónsson
Helgi Hjaltalín Eyjólfsson
Inga Sólveig Friðjónsdóttir
Jón Axel Björnsson
Jónína Guðnadóttir
Katrín Sigurðardóttir
Magnús Pálsson
Olga Soffía Bergmann
Ólöf Nordal
Ragnhildur Stefánsdóttir
Sigrid Valtingojer
Sigurþór Hallbjörnsson
Steinunn Helgadóttir
Valgerður Hauksdóttir
Þór Vigfússon
3 mánuðir (2)
Egill Sæbjörnsson
Hildur Bjarnadóttir
Ferðastyrkir (20)
Finna B. Steinsson
Dóra Ísleifsdóttir x 3
Eirún Sigurðardóttir x 3
Íris Elfa Friðriksdóttir
Jón Sigurpálsson
Jóní Jónsdóttir x 3
Margrét Jónsdóttir
Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir
Ragnheiður Ragnarsdóttir x 2
Sigrún Hrólfsdóttir x 3
Þórður Hall

Úr Tónskáldasjóði:

1 ár (4)
Atli Ingólfsson
Finnur Torfi Stefánsson
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson
Páll Pampichler Pálsson
6 mánuðir (4)
Bára Grímsdóttir
Haukur Tómasson
Sveinn Lúðvík Bjarnason
Tómas R. Einarsson
3 mánuðir (1)
Ríkharður H. Friðriksson

Úr Listasjóði:

2 ár (2)
Eydís Franzdóttir
Guðmundur Kristmundsson
1 ár (2)
Sigurður Flosason
Steinunn Birna Ragnarsdóttir
6 mánuðir (17)
Anna Pálína Árnadóttir
Anna Guðný Guðmundsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Erla Sólveig Óskarsdóttir
Finnur Arnar Arnarsson
Finnur Bjarnason
Gunnar Kvaran
Jóel Pálsson
Katrín Didriksen
Lára Stefánsdóttir
Marta Guðrún Halldórsdóttir
Ólafur Kjartan Sigurðsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Steef van Oosterhout
Peter Máté
Pétur Jónasson
Snorri Örn Snorrason
3 mánuðir (7)
Felix Bergsson
Gestur Þorgrímsson
Guðrún Ingimarsdóttir
Hólmfríður Árnadóttir
Messíana Tómasdóttir
Rósa Kristín Baldursdóttir
Rúnar Óskarsson
Ferðastyrkir (9)
Anna G. Torfadóttir
Björg Þórhallsdóttir
Björn Steinar Sólbergsson
Camilla Söderberg
Einar Kristján Einarsson
Hulda Kristín Magnúsdóttir
Kristinn H. Árnason
Sigurður Halldórsson
Örvar Kristjánsson

Eftirtaldir leikhópar fengu starfslaun (11 hópar, 102 mánuðir):

Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum 15 mánuðir
Möguleikhúsið 15 mánuðir
Draumasmiðjan ehf. 12 mánuðir
Bandamenn 9 mánuðir
Kerúb ehf. 9 mánuðir
Furðuleikhúsið 9 mánuðir
Vísindaleikhúsið 9 mánuðir
Dansleikhús með ekka 6 mánuðir
Fljúgandi fiskar 6 mánuðir
Íslenska leikhúsið 6 mánuðir
Undraland – leikfélag 6 mánuðir

Listasjóður veitti einnig sérstök framlög til eftirtalinna 43 listamanna sem fengu listamannalaun áður fyrr og voru 60 ára eða eldri við gildistöku laganna um listamannalaun, sbr. 3. gr. laga nr. 35/1991, og fengu ekki starfslaun.

Styrkurinn jafngildir starfslaunum í einn mánuð.

Agnar Þórðarson
Benedikt Gunnarsson
Bragi Ásgeirsson
Einar G. Baldvinsson
Einar Bragi
Eiríkur Smith
Elías B. Halldórsson
Gísli J. Ástþórsson
Gísli Magnússon
Gísli Sigurðsson
Guðmunda Andrésdóttir
Guðmundur L. Friðfinnsson
Guðmundur Jónsson
Guðmundur Ingi Kristjánsson
Gunnar Dal
Gunnar Eyjólfsson
Helgi Sæmundsson
Herdís Þorvaldsdóttir
Hjörleifur Sigurðsson
Hrólfur Sigurðsson
Hörður Ágústsson
Jóhannes Geir Jónsson
Jóhannes Helgi Jónsson
Jón Ásgeirsson
Jón Dan Jónsson
Jón Þórarinsson
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Hallsson
Magnús Blöndal Jóhannsson
Magnús Jónsson
Ólöf Pálsdóttir
Pjetur Friðrik Sigurðsson
Róbert Arnfinnsson
Rúrik Haraldsson
Rögnvaldur Sigurjónsson
Sigurður Hallmarsson
Skúli Halldórsson
Stefán Júlíusson
Steingrímur St. Th. Sigurðsson
Veturliði Gunnarsson
Vilborg Dagbjartsdóttir
Þuríður Pálsdóttir
Örlygur Sigurðsson

Starfslaun árið 2001.

Úr Launasjóði rithöfunda:

3 ár (2)
Sigurður Pálsson
Vigdís Grímsdóttir
1 ár (8)
Birgir Sigurðsson
Einar Kárason
Guðjón Friðriksson
Guðrún Helgadóttir
Guðrún Eva Mínervudóttir
Ólafur Gunnarsson
Ólafur Haukur Símonarson
Þórarinn Eldjárn
6 mánuðir (44)
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Andri Snær Magnason
Arnaldur Indriðason
Árni Ibsen
Áslaug Jónsdóttir
Atli Magnússon
Auður Jónsdóttir
Bjarni Bjarnason
Bragi Ólafsson
Elísabet K. Jökulsdóttir
Erlingur E. Halldórsson
Eyvindur P. Eiríksson
Friðrik Erlingsson
Guðjón Sveinsson
Guðmundur Ólafsson
Gylfi Gröndal
Hallgrímur Helgason
Hjörtur Pálsson
Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir
Huldar Breiðfjörð
Iðunn Steinsdóttir
Ísak Harðarson
Jón Kalman Stefánsson
Jónas Þorbjarnarson
Kristín Marja Baldursdóttir
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Kristín Steinsdóttir
Kristján Þórður Hrafnsson
Linda Vilhjálmsdóttir
Mikael Torfason
Óskar Árni Óskarsson
Rúnar Helgi Vignisson
Sigfús Bjartmarsson
Sigurbjörg Þrastardóttir
Sigurður A. Magnússon
Sigurjón Magnússon
Sigurjón B. Sigurðsson
Sindri Freysson
Steinar Bragi Guðmundsson
Steinunn Jóhannesdóttir
Úlfur Hjörvar
Vilborg Davíðsdóttir
Þorvaldur Þorsteinsson
Þórunn Valdimarsdóttir

Úr Launasjóði myndlistarmanna:

2 ár (4)
Guðrún Kristjánsdóttir
MagnúsTómasson
Ólöf Nordal
Sigurður Árni Sigurðsson
1 ár (7)
Björg Örvar
Daði Guðbjörnsson
Finnbogi Pétursson
Kristinn E. Hrafnsson
Rósa Gísladóttir
V. Þorberg Bergsson
Þuríður Fannberg
6 mánuðir (21)
Borghildur Óskarsdóttir
Finna B. Steinsson
Grétar Reynisson
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Marinósdóttir
Guðrún Vera Hjartardóttir
Hafdís Helgadóttir
Hafdís Ólafsdóttir
Haukur Dór Sturluson
Hrafnkell Sigurðsson
Ívar Valgarðsson
Kjartan Ólason
Ólafur Lárusson
Páll Guðmundsson
Pétur Bjarnason
Pétur Örn Friðriksson
Sara Björnsdóttir
Sólveig Baldursdóttir
Valgarður Gunnarsson
Þorri Hringsson
Þorbjörg Þórðardóttir
3 mánuðir (3)
Jón Thor Gíslason
Sara Jóhanna Vilbergsdóttir
Sigríður Ágústsdóttir
Ferðastyrkir (5)
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir
Jón Reykdal
Kristín Reynisdóttir
Magdalena Margrét Kjartansdóttir
Þorgerður Sigurðardóttir

Úr Tónskáldasjóði:

2 ár (2)
Hafliði Hallgrímsson
Jónas Tómasson
1 ár (3)
Finnur Torfi Stefánsson
Snorri Sigfús Birgisson
Tryggvi M. Baldvinsson
6 mánuðir (6)
Áskell Másson
Bára Grímsdóttir
Mist Þorkelsdóttir
Páll Pampichler Pálsson
Ríkharður H. Friðriksson
Sveinn Lúðvík Bjarnason
3 mánuðir (1)
Hilmar Örn Hilmarsson
Ferðastyrkur (1)
Atli Ingólfsson

Úr Listasjóði:

2 ár (2)
Auður Gunnarsdóttir
Rut Ingólfsdóttir
1 ár (6)
Alina Dubik
Edda Erlendsdóttir
Eyþór Gunnarsson
Ólöf Ingólfsdóttir
Sigurður Halldórsson
Þórhildur Þorleifsdóttir
6 mánuðir (8)
Einar Kristján Einarsson
Eiríkur Örn Pálsson
Erla Sólveig Óskarsdóttir
Felix Bergsson
Helena Jónsdóttir
Kristín Sigfríður Garðarsdóttir
Óskar Guðjónsson
Örn Magnússon
3 mánuðir (5)
Halldór E. Laxness
Jakob Þór Einarsson
Jóhann Jóhannsson
Kristjana Stefánsdóttir
Kristján Eldjárn
Ferðastyrkir (5)
Douglas A Brotchie
Guðrún Birgisdóttir
Halldóra Geirharðsdóttir
Jóhann Smári Sævarsson
Martial Guðjón Nardeau

Eftirtaldir leikhópar fengu starfslaun (13 hópar, 100 mánuðir)

Leikfélag Íslands 12 mánuðir
Möguleikhúsið 12 mánuðir
Norðuróp 12 mánuðir
Egg leikhúsið 9 mánuðir
Hafnarfjarðarleikhúsið 9 mánuðir
Kaffileikhúsið og Icelandic Take-away Theatre 9 mánuðir
Strindberg hópurinn 9 mánuðir
Einleikhúsið / Sigrún Sól 8 mánuðir
Lipurtré 6 mánuðir
Þíbilja 6 mánuðir
Íslenska leikhúsið 4 mánuðir
Leikhúsið í kirkjunni 4 mánuðir

Listasjóður veitti einnig sérstök framlög til eftirtalinna listamanna sem fengu listamannalaun áður fyrr og voru 60 ára eða eldri við gildistöku laganna um listamannalaun, sbr. 9. gr. laga nr. 35/1991, og fengu ekki starfslaun.

Styrkurinn jafngildir starfslaunum í einn mánuð.

Agnar Þórðarson
Benedikt Gunnarsson
Bragi Ásgeirsson
Einar G. Baldvinsson
Einar Bragi
Eiríkur Smith
Elías B. Halldórsson
Gísli J. Ástþórsson
Gísli Magnússon
Gísli Sigurðsson
Guðmunda Andrésdóttir
Guðmundur L. Friðfinnsson
Guðmundur Jónsson
Guðmundur Ingi Kristjánsson
Gunnar Dal
Helgi Sæmundsson
Hjörleifur Sigurðsson
Hrólfur Sigurðsson
Hörður Ágústsson
Jóhannes Geir Jónsson
Jóhannes Helgi Jónsson
Jón Ásgeirsson
Jón Þórarinsson
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Hallsson
Magnús Blöndal Jóhannsson
Magnús Jónsson
Ólöf Pálsdóttir
Pjetur Friðrik Sigurðsson
Rögnvaldur Sigurjónsson
Sigurður Hallmarsson
Skúli Halldórsson
Stefán Júlíusson
Svava Jakobsdóttir
Veturliði Gunnarsson
Vilborg Dagbjartsdóttir
Örlygur Sigurðsson

Starfslaun árið 2002.

Úr Launasjóði rithöfunda:

3 ár (2)
Bragi Ólafsson
Steinunn Sigurðardóttir
6 mánuðir (42)
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Andri Snær Magnason
Arnaldur Indriðason
Atli Magnússon
Auður Jónsdóttir
Áslaug Jónsdóttir
Árni Ibsen
Birgir Sigurðsson
Bjarni Bjarnason
Böðvar Guðmundsson
Elísabet K. Jökulsdóttir
Erlingur E. Halldórsson
Eyvindur P. Eiríksson
Geirlaugur Magnússon
Guðmundur Ólafsson
Guðmundur Andri Thorsson
Gylfi Gröndal
Hjörtur Pálsson
Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir
Iðunn Steinsdóttir
Ísak Harðarson
Jón Atli Jónasson
Jón Kalman Stefánsson
Kristín Marja Baldursdóttir
Kristín Helga Gunnarsdóttir
Kristín Steinsdóttir
Kristján Þórður Hrafnsson
Linda Vilhjálmsdóttir
Mikael Torfason
Óskar Árni Óskarsson
Ragnheiður Gestsdóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir
Rúnar Helgi Vignisson
Sigfús Bjartmarsson
Sigrún Eldjárn
Sigurbjörg Þrastardóttir
Sigurður A. Magnússon
Sigurjón B. Sigurðsson (Sjón)
Sindri Freysson
Steinunn Jóhannesdóttir
Vilborg Davíðsdóttir
Þorvaldur Þorsteinsson
2 ár (2)
Guðrún Eva Mínervudóttir
Jón Viðar Jónsson
1 ár (9)
Einar Kárason
Einar Már Guðmundsson
Guðjón Friðriksson
Guðrún Helgadóttir
Hallgrímur Helgason
Kristín Ómarsdóttir
Ólafur Gunnarsson
Ólafur Haukur Símonarson
Þórarinn Eldjárn

Úr Launasjóði myndlistarmanna:

2 ár (4)
Gabríela Friðriksdóttir
Hannes Lárusson
Katrín Sigurðardóttir
Ragnhildur Stefánsdóttir
1 ár (8)
Anna Eyjólfsdóttir
Eygló Harðardóttir
Harpa Björnsdóttir
Helgi Gíslason
Inga Jónsdóttir
Magnús Ó. Kjartansson
Margrét Jónsdóttir
Ólafur Sveinn Gíslason
6 mánuðir (19)
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hlynur Helgason
Ilmur María Stefánsdóttir
Íris Elfa Friðriksdóttir
Kolbrún Björgólfsdóttir
Magnús Sigurðsson
Margrét Hlín Sveinsdóttir
Míreya Samper
Ólöf Einarsdóttir
Ólöf Erla Bjarnadóttir
Ólöf Oddgeirsdóttir
Ragna Róbertsdóttir
Sigríður Ágústsdóttir
Sigríður Erla Guðmundsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Stefán Jónsson
Vignir Jóhannsson
Þóroddur Bjarnason
3 mánuðir (2)
Erla S. Haraldsdóttir
Inga Svala Þórsdóttir
Ferðastyrkir (8)
Anna G. Torfadóttir
Anna Jóa Jóhannsdóttir
Birgir Snæbjörn Birgisson
Finna B. Steinsson
Hlynur Hallsson
Hrönn Vilhjálmsdóttir
Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir
Kjartan Ólason

Úr Tónskáldasjóði:

2 ár (2)
Karólína Eiríksdóttir
Snorri Sigfús Birgisson
1 ár (2)
Áskell Másson
Bára Grímsdóttir
6 mánuðir (4)
Erik Júlíus Mogensen
Finnur Torfi Stefánsson
Hilmar Örn Hilmarsson
Óliver Kentish
4 mánuðir (1)
Hildigunnur Rúnarsdóttir

Úr Listasjóði:

2 ár (2)
Camilla Söderberg
Lára Stefánsdóttir
1 ár (5)
Guðrún Sigríður Birgisdóttir
Hilmar Jensson
Kristín Jóhannesdóttir
Marta Guðrún Halldórsdóttir
Miklós Dalmay
6 mánuðir (13)
Finnur Bjarnason
Hávarður Tryggvason
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Bóasdóttir
María Kristjánsdóttir
Ólöf Ingólfsdóttir
Pétur Tryggvi Hjálmarsson
Sif Margét Tulinius
Skúli Sverrisson
Sunna Gunnlaugsdóttir
Sverrir Guðjónsson
Valgerður Tinna Gunnarsdóttir
Valgerður Þórsdóttir
3 mánuðir (2)
Ásgerður Júníusdóttir
Charlotte Böving
Ferðastyrkir (8)
Felix Bergsson
Filippía I. Elísdóttir
Gísli Örn Garðarsson
Helga Rakel Rafnsdóttir
Sigrún Sól Ólafsdóttir
Sveinbjörg Þórhallsdóttir
Valgerður Rúnarsdóttir
Þórarinn Eyfjörð

Eftirtaldir leikhópar fengu starfslaun (10 hópar, 100 mánuðir)

Leynileikhúsið 14 mánuðir
SÞ dansverkstæði 14 mánuðir
Hermóður og Háðvör 12 mánuðir
Möguleikhúsið 12 mánuðir
Lab Loki 12 mánuðir
Leikhúskór Leikfélags Akureyrar 12 mánuðir
Dansleikhús með ekka 8 mánuðir
Leikhópurinn „Á senunni“ 8 mánuðir
Skjallbandalagið 6 mánuðir
Kómedíuleikhúsið 2 mánuðir

Listasjóður veitti einnig sérstök framlög til eftirtalinna listamanna sem fengu listamannalaun áður fyrr og voru 60 ára eða eldri við gildistöku laganna um listamannalaun, sbr. 9. gr. laga nr. 35/1991, og fengu ekki starfslaun.

Styrkurinn jafngildir starfslaunum í einn mánuð.

Agnar Þórðarson
Benedikt Gunnarsson
Bragi Ásgeirsson
Einar G. Baldvinsson
Einar Bragi
Eiríkur Smith
Elías B. Halldórsson
Gísli J. Ástþórsson
Gísli Sigurðsson
Guðmunda Andrésdóttir
Guðmundur L. Friðfinnsson
Guðmundur Jónsson
Guðmundur Ingi Kristjánsson
Gunnar Dal
Helgi Sæmundsson
Hjörleifur Sigurðsson
Hrólfur Sigurðsson
Hörður Ágústsson
Jóhannes Geir Jónsson
Jón Ásgeirsson
Jón Þórarinsson
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Hallsson
Magnús Blöndal Jóhannsson
Magnús Jónsson
Ólöf Pálsdóttir
Pjetur Friðrik Sigurðsson
Rögnvaldur Sigurjónsson
Sigurður Hallmarsson
Skúli Halldórsson
Svava Jakobsdóttir
Veturliði Gunnarsson
Vilborg Dagbjartsdóttir
Örlygur Sigurðsson

3. *Hvernig var skipting umsókna eftir listgreinum á árunum 2000–2002 og hver var skiptingin eftir kyni umsækjenda, aldri og búsetu?*

Meðfylgjandi töflur sýna skiptingu umsækjenda eftir kyni, aldri og búsetu, milli sjóða og fyrir hvern sjóð fyrir sig. Listasjóður veitir styrki til annarra listgreina en þeirra er falla undir hina sjóðina og fylgja upplýsingar um listgreinar samkvæmt skilgreiningu listamannanna sjálfra.

Umsóknir um starfslaun 2000.

Umsóknir, skipt eftir kyni.

Sjóður	Umsóknir alls	Konur	Karlar	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Listasjóður	113	68	45	60%	40%
Launasjóður myndlistarmanna	218	125	93	57%	43%
Launasjóður rithöfunda	156	42	114	27%	73%
Tónskáldasjóður	26	6	20	23%	77%
Alls einstaklingar	*513*	*241*	*272*	*47%*	*53%*
Leikhópar til Listasjóðs	*40*				
Alls umsóknir	**553**				

Úthlutanir, skipt eftir kyni.

Sjóður	Úthlutanir alls	Konur	Karlar	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Listasjóður	28	14	14	50%	50%
Ferðastyrkir	9	4	5	44%	56%
Launasjóður myndlistarmanna	35	20	16	57%	46%
Ferðastyrkir	11	9	2	82%	18%
Launasjóður rithöfunda	55	20	35	36%	64%
Tónskáldasjóður	9	1	8	11%	89%
Alls einstaklingar	**147**	**68**	**80**	**46%**	**54%**
Listasjóður, leikhópar	**9**				

Skipting umsækjenda og úthlutana eftir búsetu.

	Umsækjendur	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Reykjavík	335	65%	105	71%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	91	18%	18	12%
Vesturland	10	2%	3	2%
Vestfirðir	4	1%	1	1%
Norðurland vestra	4	1%	0	0%
Norðurland eystra	26	5%	3	2%
Austurland	4	1%	0	0%
Suðurland	10	2%	3	2%
Suðurnes	7	1%	0	0%
Erlendis	22	4%	14	10%
Samtals	**513**	**100%**	**147**	**100%**

Skipting umsækjenda og úthlutana eftir aldri.

Aldur	Umsækjendur	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
30 ára og yngri	44	9%	16	11%
31–40 ára	174	34%	56	38%
41–50 ára	155	30%	34	23%
51–60 ára	94	18%	28	19%
61–70 ára	28	5%	10	7%
71 og eldri	18	4%	3	2%
Samtals	**513**	**100%**	**147**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir búsetu og sjóðum.

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	110	71%	44	80%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	23	15%	9	16%
Vesturland	3	2%	1	2%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	3	2%	0	0%
Norðurland eystra	5	3%	0	0%
Austurland	3	2%	0	0%
Suðurland	3	2%	1	2%
Suðurnes	2	1%	0	0%
Erlendis	4	3%	0	0%
Samtals	**156**	**100%**	**55**	**100%**
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	148	68%	38	83%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	39	18%	4	9%
Vesturland	4	2%	0	0%
Vestfirðir	2	1%	1	2%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	10	5%	0	0%
Austurland	1	0%	0	0%

Skipting umsókna og úthlutana eftir búsetu og sjóðum.

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Suðurland	2	1%	2	4%
Suðurnes	1	0%	0	0%
Erlendis	11	5%	1	2%
Samtals	**218**	**100%**	**46**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	10	38%	4	44%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	4	15%	1	11%
Vesturland	1	4%	1	11%
Vestfirðir	1	4%	0	0%
Norðurland vestra	1	4%	0	0%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	8%	1	11%
Suðurnes	2	8%	0	0%
Erlendis	5	19%	2	22%
Samtals	**26**	**100%**	**9**	**100%**
Listasjóður				
Reykjavík	67	59%	25	68%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	25	22%	7	19%
Vesturland	2	2%	1	3%
Vestfirðir	1	1%	0	0%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	11	10%	3	8%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	3	3%	0	0%
Suðurnes	2	2%	0	0%
Erlendis	2	2%	1	3%
Samtals	**113**	**100%**	**37**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir aldri og sjóðum.

	Launasjóður rithöfunda				Launasjóður myndlistarmanna			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	13	8%	4	7%	17	8%	7	16%
31–40 ára	35	22%	15	27%	72	33%	14	31%
41–50 ára	42	27%	12	22%	75	34%	14	31%
51–60 ára	39	25%	17	31%	41	19%	8	18%
61–70 ára	16	10%	6	11%	9	4%	1	2%
71 árs og eldri	11	7%	1	2%	4	2%	1	2%
Samtals	**156**	**100%**	**55**	**100%**	**218**	**100%**	**45**	**100%**

	Tónskáldasjóður				Listasjóður			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	0	0%	0	0%	14	12%	4	11%
31–40 ára	11	42%	6	67%	56	50%	21	57%
41–50 ára	5	19%	1	11%	33	29%	7	19%
51–60 ára	7	27%	1	11%	7	6%	2	5%
61–70 ára	1	4%	1	11%	2	2%	2	5%
71 árs og eldri	2	8%	0	0%	1	1%	1	3%
Samtals	**26**	**100%**	**9**	**100%**	**113**	**100%**	**37**	**100%**

Umsóknir um starfslaun 2001.

Umsóknir, skipt eftir kyni.

Sjóður	**Umsóknir alls**	**Konur**	**Karlar**	**Hlutfall kvk.**	**Hlutfall kk.**
Listasjóður	130	64	65	49%	50%
Launasjóður myndlistarmanna*	219	135	83	62%	38%
Launasjóður rithöfunda*	143	41	102	29%	71%
Tónskáldasjóður	31	6	25	19%	81%
Alls einstaklingar	*523*	*246*	*275*	*47%*	*53%*
Leikhópar til Listasjóðs	*34*				
Alls umsóknir	**557**				

*Þegar tölur um kynjaskiptingu eru ekki jafnar fjölda umsókna er um umsóknir hópa að ræða.

Úthlutanir, skipt eftir kyni.

Sjóður	**Úthlutanir alls**	**Konur**	**Karlar**	**Hlutfall kvk.**	**Hlutfall kk.**
Listasjóður	21	10	11	48%	52%
Ferðastyrkir	5	2	3	40%	60%
Launasjóður myndlistarmanna	35	17	18	49%	51%
Ferðastyrkir	5	4	1	80%	20%
Launasjóður rithöfunda	54	16	38	30%	70%
Tónskáldasjóður	12	2	10	17%	83%
Ferðastyrkir	1	0	1	0%	100%
Alls einstaklingar	**133**	**51**	**82**	**38%**	**62%**
Listasjóður, leikhópar	**13**				

Umsækjendur, skipt eftir búsetu.

	Umsækjendur	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
Reykjavík	368	70%	95	71%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	85	16%	21	16%
Vesturland	10	2%	4	3%
Vestfirðir	3	1%	1	1%
Norðurland vestra	2	0%	0	0%
Norðurland eystra	16	3%	3	2%
Austurland	3	1%	1	1%
Suðurland	8	2%	3	2%
Suðurnes	4	1%	2	2%
Erlendis	24	5%	3	2%
Samtals	**523**	**100%**	**133**	**100%**

Skipting umsækjenda og úthlutana eftir búsetu.

Aldur	Umsækjendur	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
30 ára og yngri	88	17%	15	11%
31 - 40 ára	175	33%	47	35%
41–50 ára	158	30%	42	32%
51–60 ára	68	13%	18	14%
61–70 ára	28	5%	11	8%
71 og eldri	6	1%	0	0%
Samtals	**523**	**100%**	**133**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir búsetu og sjóðum.

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	112	78%	42	78%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	17	12%	7	13%
Vesturland	3	2%	2	4%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	1	1%	0	0%
Norðurland eystra	1	1%	0	0%
Austurland	2	1%	1	2%
Suðurland	2	1%	1	2%
Suðurnes	1	1%	0	0%
Erlendis	4	3%	1	2%
Samtals	**143**	**100%**	**54**	**100%**
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	148	68%	30	75%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	40	18%	5	13%
Vesturland	3	1%	1	3%
Vestfirðir	1	0%	0	0%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	9	4%	3	8%
Austurland	1	0%	0	0%
Suðurland	2	1%	0	0%
Suðurnes	2	1%	1	3%
Erlendis	13	6%	0	0%
Samtals	**219**	**100%**	**40**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	16	52%	5	38%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	7	23%	3	23%
Vesturland	1	3%	1	8%
Vestfirðir	1	3%	1	8%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	6%	1	8%
Suðurnes	1	3%	0	0%
Erlendis	3	10%	2	15%
Samtals	**31**	**100%**	**13**	**100%**

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Listasjóður				
Reykjavík	92	71%	18	69%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	21	16%	6	23%
Vesturland	3	2%	0	0%
Vestfirðir	1	1%	0	0%
Norðurland vestra	1	1%	0	0%
Norðurland eystra	6	5%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	2%	1	4%
Suðurnes	0	0%	0	0%
Erlendis	4	3%	1	4%
Samtals	**130**	**100%**	**26**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir aldri og sjóðum.

	Launasjóður rithöfunda				Launasjóður myndlistarmanna			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	20	14%	9	17%	30	14%	0	0%
31–40 ára	38	27%	16	30%	72	33%	13	33%
41–50 ára	45	31%	15	28%	78	36%	19	48%
51–60 ára	19	13%	6	11%	31	14%	6	15%
61–70 ára	16	11%	8	15%	8	4%	2	5%
71 árs og eldri	5	3%	0	0%	0	0%	0	0%
Samtals	**143**	**100%**	**54**	**100%**	**219**	**100%**	**40**	**100%**

	Tónskáldasjóður				Listasjóður			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	5	16%	0	0%	33	25%	6	23%
31–40 ára	15	48%	7	54%	50	38%	11	42%
41–50 ára	6	19%	2	15%	29	22%	6	23%
51–60 ára	3	10%	3	23%	15	12%	3	12%
61–70 ára	1	3%	1	8%	3	2%	0	0%
71 árs og eldri	1	3%	0	0%	0	0%	0	0%
Samtals	**31**	**100%**	**13**	**100%**	**130**	**100%**	**26**	**100%**

Umsóknir um starfslaun 2002.

Umsóknir, skipt eftir kyni.

	Umsóknir alls	Konur	Karlar	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Listasjóður*	166	90	75	54%	45%
Launasjóður myndlistarmanna	230	133	97	58%	42%
Launasjóður rithöfunda*	154	47	107	31%	69%
Tónskáldasjóður	31	4	27	13%	87%
Alls einstaklingar	*581*	*274*	*306*	*47%*	*53%*
Leikhópar til Listasjóðs	*39*				
Alls umsóknir	**620**				

*Þegar tölur um kynjaskiptingu eru ekki jafnar fjölda umsókna er um umsóknir hópa að ræða.

Úthlutanir, skipt eftir kyni.

	Úthlutanir alls	Konur	Karlar	Hlutfall kvk.	Hlutfall kk.
Listasjóður	22	15	7	68%	32%
Ferðastyrkir	8	5	3	63%	38%
Launasjóður myndlistarmanna	33	24	9	73%	27%
Ferðastyrkir	8	5	3	63%	38%
Launasjóður rithöfunda	55	19	36	35%	65%
Tónskáldasjóður	9	3	6	33%	67%
Alls einstaklingar	**135**	**71**	**64**	**53%**	**47%**
Listasjóður leikhópar	**10**				

Skipting umsækjenda og úthlutana eftir búsetu.

	Umsækjendur	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Reykjavík	408	70%	96	71%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	101	17%	24	18%
Vesturland	4	1%	2	1%
Vestfirðir	3	1%	1	1%
Norðurland vestra	3	1%	1	1%
Norðurland eystra	20	3%	3	2%
Austurland	4	1%	1	1%
Suðurland	13	2%	1	1%
Suðurnes	5	1%	1	1%
Erlendis	20	3%	5	4%
Samtals	**581**	**100%**	**135**	**100%**

Skipting umsækjenda og úthlutana eftir aldri.

	Umsækjendur	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
30 ára og yngri	104	18%	26	19%
31–40 ára	205	35%	45	33%
41–50 ára	172	30%	45	33%
51–60 ára	63	11%	13	10%
61–70 ára	29	5%	6	4%
71 og eldri	8	1%	0	0%
Samtals	**581**	**100%**	**135**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir búsetu og sjóðum.

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	113	73%	40	73%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	20	13%	9	16%
Vesturland	3	2%	2	4%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	2	1%	1	2%
Norðurland eystra	5	3%	0	0%
Austurland	2	1%	0	0%
Suðurland	1	1%	0	0%
Suðurnes	2	1%	0	0%
Erlendis	6	4%	3	5%
Samtals	**154**	**100%**	**55**	**100%**

	Umsóknir	Hlutfall	Úthlutanir	Hlutfall
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	159	69%	28	68%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	40	17%	7	17%
Vesturland	1	0%	0	0%
Vestfirðir	1	0%	0	0%
Norðurland vestra	1	0%	0	0%
Norðurland eystra	11	5%	3	7%
Austurland	1	0%	1	2%
Suðurland	3	1%	0	0%
Suðurnes	2	1%	0	0%
Erlendis	11	5%	2	5%
Samtals	**230**	**100%**	**41**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	19	61%	5	56%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	8	26%	3	33%
Vesturland	0	0%	0	0%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	6%	0	0%
Suðurnes	1	3%	1	11%
Erlendis	1	3%	0	0%
Samtals	**31**	**100%**	**9**	**100%**
Listasjóður				
Reykjavík	117	70%	23	77%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	33	20%	5	17%
Vesturland	0	0%	0	0%
Vestfirðir	2	1%	1	3%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	4	2%	0	0%
Austurland	1	1%	0	0%
Suðurland	7	4%	1	3%
Suðurnes	0	0%	0	0%
Erlendis	2	1%	0	0%
Samtals	**166**	**100%**	**30**	**100%**

Skipting umsókna og úthlutana eftir aldri og sjóðum.

	Rithöfundasjóður				Launasjóður myndlistarmanna			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	26	17%	8	15%	30	13%	6	15%
31–40 ára	38	25%	16	29%	89	39%	16	39%
41–50 ára	49	32%	17	31%	73	32%	16	39%
51–60 ára	20	13%	8	15%	31	13%	3	7%
61–70 ára	16	10%	6	11%	7	3%	0	0%
71 árs og eldri	5	3%	0	0%	0	0%	0	0%
Samtals	**154**	**100%**	**55**	**100%**	**230**	**100%**	**41**	**100%**

	Tónskáldasjóður				Listasjóður			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Úthlutanir**	**Hlutfall**
30 ára og yngri	6	19%	0	0%	42	25%	12	40%
31–40 ára	12	39%	3	33%	66	40%	10	33%
41–50 ára	8	26%	5	56%	42	25%	7	23%
51–60 ára	1	3%	1	11%	11	7%	1	3%
61–70 ára	3	10%	0	0%	3	2%	0	0%
71 árs og eldri	1	3%	0	0%	2	1%	0	0%
Samtals	**31**	**100%**	**9**	**100%**	**166**	**100%**	**30**	**100%**

Listasjóður 2000–2002.

Flokkun umsókna og úthlutana samkvæmt skilgreiningu listamannanna sjálfra.

Styrkveitingar 2000.

Búningahönnuður	Óperusöngur	Tónlist
Danshöfundur / dansari	Sönglist	Tónlist / víóluleikur
Einsöngur	Textíll, pappír og kirkjulist	Tónlistarmaður
Gullsmiður	Tónlist	Tónlist
Hönnun	Tónlist – flytjandi	Tónlist, Viola da gamba
Klarínettuleikur	Tónlist	Tónlist
Klassískur gítarleikur	Tónlist	Tónlist
Klassískur gítarleikur	Tónlist	Tónlistarmaður
Leikmyndahönnuður	Tónlist	Tónlist
Leikmyndahöfundur	Tónlist	Tónlist
Leiklist	Tónlist	Tónlistarmaður
Myndhöggvari	Tónlist / píanóleikur	
Myndlist / grafík	Tónlist	

Umsækjendur 2000.

Gullsmiður	Tónlist	Tónlist
Gullsmíði / skartgripahönnun	Tónlist, hljóðfæraleikur	Tónlist / píanóleikur
Leirlist	Tónlist	Leikstjórn
Leirlist	Tónlist	Sönglist
Leirlist	Klarínettuleikur	Tónlist
Leirlist	Kvikmyndir	Píanóleikur
Leirlist / hönnun	Textíll, pappír og kirkjulist	Leiklist
Leirlist	Tónlist	Leiklist
Einleikari á franskt horn	Tónlist / píanóleikur	Leiklist
Tónlistarmaður	Kvikmyndargerðarmaður	Sönglist
Klassískur gítarleikur	Útskurðarlist	Tónlist
Hönnun	Tónlist	Píanóleikari
Tónlist	Píanóleikur	Leiklist
Tónlistamaður / gítarleikari	Leiklist	Söngur
Hönnun	Píanóleikari	Tónlist
Tónlistarmaður	Tónlist	Tónlist / víóluleikur
Klassískur gítarleikur	Píanóleikari	Leiklist
Hönnun	Leikstjórn – leikgerð	Sópransöngkona
Leirlist	Leikrit / kvikmyndahandrit	Tónlist

Tónlist, Viola da gamba
Sópransöngkona
Tónlist
Tónlist, þverflauta
Sönglist
Tónlist
Þverflautuleikur
Tónlist
Söngvari
Tónlist
Myndlist / ritlist
Leiklist
Söngur
Tónlist
Tónlist / söngvari
Brúðuleikhús
Söngur
Tónlist
Búningahönnuður

Söngur
Tónlist
Danslist
Söngvari
Tónlist
Dansari
Einsöngur
Tónlist
Danshöfundur / dansari
Einsöngur
Tónlist
Leikmyndahöfundur
Óperusöngur / tónlist
Tónlist
Leikmyndahönnuður
Óperusöngur
Tónlist
Leiklist (rithöfundur og leikstjóri)
Óperusöngkona

Tónlist
Myndhöggvari
Óperusöngur
Tónlistarmaður
Myndlýsingar / skreyting barnabóka
Tónlist
Djass, saxófónleikari
Myndlist
Tónlist
Tónlist – flytjandi
Myndlist
Tónlist
Tónlist / fiðluleikur
Myndlist / Grafík
Tónlist
Fagottleikur
Gallerírekstur
Tónlist

Styrkveitingar 2001.

Hönnun
Tónlist
Leiklist
Tónlistarmaður
Gerð leikgerða og leikstjórn
Tónlist
Leikkona
Tónlist (djass)
Leikari / leikstjóri

Tónlist
Leirlist / hönnun
Tónlist
Leiklist
Tónlistarmaður
Dansari / Danshöfundur
Tónlist
Dans
Tónlist

Sönglist
Tónlist
Einsöngur, djass
Tónlistarmaður
Óperusöngur
Pianóleikari
Tónlist
Tónlistarmaður / pianóleikari

Umsækjendur 2001.

Arkitektúr
Dans
Óperusöngvari
Tónlistarmaður
Arkitektúr
Leirlist
Óperusöngur
Tónlist
Skartgripahönnuður
Leirlist
Tónlist
Tónlist (djass)
Ofnir skartgripir
Leikmynda- og búningahöfundur
Tónlist
Fiðluleikur
Hönnun
Leikmyndir og búningar
Tónlist
Fiðluleikari
Hönnun
Leikmyndahöfundur
Tónlist

Fiðluleikari
Hönnun, list og vísindi
Ljósmyndun
Tónlist
Fagottleikur
Leirlist / hönnun
Leiklist / ritlist
Tónlist
Klassískur gítarleikari
Leiklist
Leiklist, handritshöfundur
Tónlist, pianóleikari
Klassískur gítarleikari
Leiklist
Leikskáld
Tónlist
Klassískur gítarleikari
Leikkona
Málverk og teikningar
Tónlist
Tónlist, harmonikuleikari
Leiklist
Grafík

Tónlist
Klarínettuleikur
Leiklist
Leirlist
Tónlist
Óperu- / ljóðasöngur
Leikari / leikstjóri
Textíll, þrykkmunsturhönnun
Tónlist
Óperusöngvari
Leiklist
Myndlist, textíll
Tónlistarmaður
Óperusöngur
Leiklist
Textíllist, óháð félagasamtökum
Tónlist
Óperusöngur
Leiklist
Nytjalist
Tónlist
Óperusöngkona
Leikari

Píanóleikur
Tónlist
Óperusöngur
Leikari
Kvikmyndahandritun
Tónlist
Píanóleikari
Leiklist
Rithöfundur
Tónlist
Tónlist (píanóleikur)
Leiklist
Söngkona
Tónlist
Tónlist, píanóleikur
Leiklist
Söngvari
Tónlistarmaður
Píanóleikur
Leiklist
Sönglist

Tónlist
Píanóleikari
Leikari – leikstjóri
Söngur
Tónlist
Píanóleikari
Leiklist
Söngkona
Tónlist
Píanóleikari
Gerð leikgerða og leikstjórn
Söngkona, kórstjóri
Tónlist
Píanóleikari
Leikstjóri
Söngkona
Tónlist
Tónlistarmaður / píanóleikari
Leiklist / brúðuleikhús
Söngur
Tónlist

Tónlistarmaður (sellóleikari)
Brúðugerð
Söngvari
Tónlistarmaður
Þverflautuleikari
Listdans
Sönglist
Tónlist
Fjöllist
Dansari / danshöfundur
Einsöngur
Tónlist
Söngvaskáld / leikstjóri / leikari
Listdans
Einsöngur – djass
Tónlist
Leiklist / tónlist
Óperusöngvari
Tónlist

Styrkveitingar 2002.

Gull- og silfursmiður
Einsöngur
Listhönnun / iðnhönnun
Tónlistarmaður
Hönnun leikbúninga
Tónlist
Leiklist
Tónlist
Leikari
Tónlist
Leiklist

Tónlist
leiklist
Tónlist
Leikari / leikstjóri / leiklistarkennari
Tónlist
Leikskáld
Tónlist
Leiklist
Tónlist
Danslist
Tónlist

Dans
Fiðluleikari
Danshöfundur / dansari
Píanóleikur
Listdansari
Höfundur og leikkona
Söngkona
Sviðsetning (leikstjórn í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi)

Umsækjendur 2002.

Byggingarlist
Leiklist / tjálist
Danshöfundur / dansari
Tónlist
Gull- og silfursmíði
Leiklist
Leikskáld
Tónlist
Skartgripahönnuður
Leiklist
Leikskáld
Tónlist
Gull- og silfursmiður
Leiklist
Myndlist
Tónlist
Fatahönnuður
Leiklist

Myndlist
Tónlist
Listhönnun
Leiklist
Myndlist
Tónlist
Listhönnun / iðnhönnun
Leiklist
Myndlist
Tónlist
Hönnun
Leiklist
Myndasögugerð
Tónlist
Listhönnun
Leirlist
Textíll
Tónlist

Hönnun leikbúninga
Leikstjóri / leikskáld
Textíll
Tónlist
Kvikmyndagerðarmaður / handrits-höfundur
Leiklist
Tréútskurður
Tónlist
Kvikmyndagerð
Leikari / leikstjóri / leiklistarkennari
Óperusöngvari
Tónlist
Kvikmyndagerð
Leiklist
Ritlist
Tónlist
Kvikmyndagerð

Leiklist
Sönglist
Tónlist
Kvikmyndagerð
Leiklist
Sönglist
Tónlist
Kvikmyndagerð
Leikari
Söngkona
Tónlist
Kvikmyndalist
Leiklist
Söngvari
Tónlistarmaður
Leiklist
Leiklist
Söngur
Tónlist
Leiklist
Leiklist
Einsöngur
Tónlist
Leiklist
Leikari
Óperusöngur
Tónlist
Leiklist
Brúðugerð – brúðuleikhús
Óperusöngvari
Tónlist
Leiklist
Dans
Óperusöngkona
Tónlist
Leiklist
Dansgjörningur
Óperusöngkona

Tónlistarmaður
Leikari
Listdans
Tónlist
Tónlist
Leiklist
Danslist
Tónlistarmaður
Tónlistarmaður
Leiklist
Listdans
Tónlist
Tónlist
Leiklist
Listdansari
Tónlist
Tónlist
Leiklist
Leikmynd og búningar
Tónlistarmaður
Tónlist
Leiklist
Hönnun leikmynda / ÁAI
Tónlist
Tónlist
Leiklist
Leikmynda- og búningahönnun
Tónlist
Tónlist
Leiklist
Ljósmyndun
Tónlist
Píanóleikur
Leiklist
Ljósmyndun
Tónlist
Fiðluleikur
Leiklist
Ljósmyndun

Tónlist
Fiðluleikur
Fiðluleikari
Fiðluleikari
Flautuleikari
Klassískur gítarleikur
Gítarleikari
Klassískur gítarleikur
Tónlist – kórstarf
Orgelleikari
Tónlist / píanóleikur
Píanóleikur
Tónlist – píanóleikur
Tónlist píanóleikur
Píanóleikur
Píanóleikari
Píanóleikur
Píanóleikur
Tónlist, söngur
Tónlistarmaður / þverflautuleikari
Þverflautuleikari
Almenns eðlis
Almenns eðlis
Fjöllistakona
Sviðsetning (leikstjórn í leikhúsi, kvikmyndum og sjónvarpi)
Leikmyndahöfundur / sagnfr.
Leikstjóri / leikskáld
Höfundur og leikkona
Leikstjórn, handritagerð o.fl.
Leikstjórn / handritsgerð
Leiklist / sönglist
Ritlist, tónlist og kvikmyndalist
Skólalistamaður
Tónsmíðar og hörpuleikur
Tónlist og leiklist
Tónlistarmaður / söngvari

4. *Hversu margir listamenn hafa sótt um en ekki fengið starfslaun á árunum 2000–2002? Hvernig skiptast þeir með tilliti til búsetu og hver er aldursskipting þeirra (20–30 ára, 31–40 ára, 41–50 ára, eldri en 50 ára)? Eru í þessum hópi dæmi um listamenn sem sótt hafa um á hverju ári (síðan 1999) en ekki hlotið starfslaun og ef svo er, hversu mörg dæmi finnast um slíkt?*

Eftirfarandi eru töflur sem veita upplýsingar um fjölda listamanna sem synjað hefur verið um starfslaun á tilteknum tíma með tilliti til skiptingar þeirra eftir aldri og búsetu og samantekt á fjölda þeirra listamanna sem hefur verið synjað um listamannalaun 1999–2002 bæði ár meðtalin, þ.e. fjögur ár í röð.

Starfslaun 2000.

Listamenn sem synjað var um starfslaun, skipting eftir aldri.

Aldur	Launasjóður rithöfunda		Launasjóður myndlistar-manna		Tónskáldasjóður		Listasjóður		Samtals allir sjóðir	
	Synjun	Hlutfall	Synjun	Hlutfall	Synjun	Hlutfall	Synjun	Hlutfall	Synjun	Hlutfall
20–30 ára	9	9%	18	10%	0	0%	10	13%	37	10%
31–40 ára	20	20%	66	38%	5	29%	35	46%	126	34%
41–50 ára	30	30%	59	34%	4	24%	26	34%	119	32%
51ára og eldri	42	42%	32	18%	8	47%	5	7%	87	24%
Samtals	**101**	**100%**	**175**	**100%**	**17**	**100%**	**76**	**100%**	**369**	**100%**

Starfslaun 2001.

Listamenn sem synjað var um starfslaun, skipting eftir aldri.

Aldur	Launasjóður rithöfunda				Launasjóður myndlistarmanna			
	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
20–30 ára	20	14%	10	11%	30	14%	30	29%
31–40 ára	38	27%	22	25%	72	33%	59	57%
41–50 ára	45	31%	30	34%	78	36%	59	57%
51árs og eldri	40	28%	26	29%	39	18%	31	30%
Samtals	**143**	**100%**	***88**	**99%**	**219**	**100%**	**179**	**172%**

*Einn yngri en 20 ára, alls 89 synjað.

Aldur	Tónskáldasjóður				Listasjóður			
	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
20–30 ára	5	16%	5	28%	33	25%	27	26%
31–40 ára	15	48%	8	44%	50	38%	39	38%
41–50 ára	6	19%	4	22%	29	22%	23	22%
51árs og eldri	5	16%	1	6%	18	14%	15	14%
Samtals	**31**	**100%**	***18**	**100%**	**130**	**100%**	***104**	**100%**

*Einn yngri en 20 ára, alls 19 synjað.

*Einn yngri en 20 ára, alls 105 synjað.

Aldur	Allir sjóðir samtals			
	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
20–30 ára	88	17%	73	19%
31–40 ára	175	33%	128	33%
41–50 ára	158	30%	116	30%
51árs og eldri	102	20%	73	19%
Samtals	**523**	**402%**	***390**	**100%**

*Alls 393 synjað.

Starfslaun 2002.

Listamenn sem synjað var um starfslaun, skipting eftir aldri.

	Launasjóður rithöfunda				Listasjóður			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**
20–30 ára	26	17%	18	18%	40	24%	28	21%
31– 40 ára	38	25%	22	22%	66	40%	57	42%
41– 50 ára	49	32%	32	32%	42	25%	35	26%
51árs og eldri	41	27%	27	27%	16	10%	15	11%
Samtals	**154**	**100%**	**99**	**100%**	**164**	**100%**	***135**	**99%**

* Einn yngri en 20 ára, alls 136 synjað.

	Launasjóður myndlistarmanna				Tónskáldasjóður			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**
20– 30 ára	30	13%	24	13%	6	19%	6	27,27%
31– 40 ára	89	39%	73	39%	12	39%	9	40,91%
41– 50 ára	73	32%	57	30%	8	26%	3	13,64%
51árs og eldri	38	17%	35	19%	5	16%	4	18,18%
Samtals	**230**	**100%**	**189**	**100%**	**31**	**100%**	**22**	**100,00%**

	Allir sjóðir samtals			
Aldur	**Umsóknir**	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**
20– 30 ára	102	18%	76	17,08%
31– 40 ára	205	35%	161	36,18%
41– 50 ára	172	30%	127	28,54%
51árs og eldri	100	17%	81	18,20%
Samtals	**579**	**100%**	***445**	**100,00%**

*Alls 446 synjað.

Starfslaun 2000.

Umsækjendur sem synjað var um starfslaun, skipt eftir búsetu.

	Umsóknir	**Hlutfall**	**Synjanir**	**Hlutfall**
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	110	71%	66	65%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	23	15%	14	14%
Vesturland	3	2%	2	2%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	3	2%	3	3%
Norðurland eystra	5	3%	5	5%
Austurland	3	2%	3	3%
Suðurland	3	2%	2	2%
Suðurnes	2	1%	2	2%
Erlendis	4	3%	4	4%
Samtals	**156**	**100%**	**101**	**100%**
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	148	68%	113	65%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	39	18%	35	20%
Vesturland	4	2%	4	2%
Vestfirðir	2	1%	1	1%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Norðurland eystra	10	5%	10	6%
Austurland	1	0%	1	1%
Suðurland	2	1%	0	0%
Suðurnes	1	0%	1	1%
Erlendis	11	5%	10	6%
Samtals	**218**	**100%**	**175**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	10	38%	6	35%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	4	15%	3	18%
Vesturland	1	4%	0	0%
Vestfirðir	1	4%	1	6%
Norðurland vestra	1	4%	1	6%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	8%	1	6%
Suðurnes	2	8%	2	12%
Erlendis	5	19%	3	18%
Samtals	**26**	**100%**	**17**	**100%**
Listasjóður				
Reykjavík	67	59%	42	55%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	25	22%	18	24%
Vesturland	2	2%	1	1%
Vestfirðir	1	1%	1	1%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	11	10%	8	11%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	3	3%	3	4%
Suðurnes	2	2%	2	3%
Erlendis	2	2%	1	1%
Samtals	**113**	**100%**	**76**	**100%**
Allir sjóðir samtals				
Reykjavík	335	65%	227	62%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	91	18%	70	19%
Vesturland	10	2%	7	2%
Vestfirðir	4	1%	3	1%
Norðurland vestra	4	1%	4	1%
Norðurland eystra	26	5%	23	6%
Austurland	4	1%	4	1%
Suðurland	10	2%	6	2%
Suðurnes	7	1%	7	2%
Erlendis	22	4%	18	5%
Samtals	**513**	**100%**	**369**	**100%**

Starfslaun 2001.

Umsækjendur sem synjað var um starfslaun, skipt eftir búsetu.

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	112	78%	70	79%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	17	12%	10	11%
Vesturland	3	2%	1	1%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	1	1%	1	1%
Norðurland eystra	1	1%	1	1%
Austurland	2	1%	1	1%
Suðurland	2	1%	1	1%
Suðurnes	1	1%	1	1%
Erlendis	4	3%	3	3%
Samtals	**143**	**100%**	**89**	**100%**
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	148	68%	118	66%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	40	18%	35	20%
Vesturland	3	1%	2	1%
Vestfirðir	1	0%	1	1%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	9	4%	6	3%
Austurland	1	0%	1	1%
Suðurland	2	1%	2	1%
Suðurnes	2	1%	1	1%
Erlendis	13	6%	13	7%
Samtals	**219**	**100%**	**179**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	16	52%	11	61%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	7	23%	4	22%
Vesturland	1	3%	0	0%
Vestfirðir	1	3%	0	0%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	6%	1	6%
Suðurnes	1	3%	1	6%
Erlendis	3	10%	1	6%
Samtals	**31**	**100%**	**18**	**100%**

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Listasjóður				
Reykjavík	92	71%	74	71%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	21	16%	15	14%
Vesturland	3	2%	3	3%
Vestfirðir	1	1%	1	1%
Norðurland vestra	1	1%	1	1%
Norðurland eystra	6	5%	6	6%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	2%	1	1%
Suðurnes	0	0%	0	0%
Erlendis	4	3%	3	3%
Samtals	**130**	**100%**	**104**	**100%**
Allir sjóðir samtals				
Reykjavík	368	70%	273	70%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	85	16%	64	16%
Vesturland	10	2%	6	2%
Vestfirðir	3	1%	2	1%
Norðurland vestra	2	0%	2	1%
Norðurland eystra	16	3%	13	3%
Austurland	3	1%	2	1%
Suðurland	8	2%	5	1%
Suðurnes	4	1%	3	1%
Erlendis	24	5%	20	5%
Samtals	**523**	**100%**	**390**	**100%**

Starfslaun 2002.

Umsækjendur sem synjað var um starfslaun, skipt eftir búsetu.

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Launasjóður rithöfunda				
Reykjavík	113	73%	73	74%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	20	13%	11	11%
Vesturland	3	2%	1	1%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	2	1%	1	1%
Norðurland eystra	5	3%	5	5%
Austurland	2	1%	2	2%
Suðurland	1	1%	1	1%
Suðurnes	2	1%	2	2%
Erlendis	6	4%	3	3%
Samtals	**154**	**100%**	**99**	**100%**

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Launasjóður myndlistarmanna				
Reykjavík	159	69%	131	69%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	40	17%	33	17%
Vesturland	1	0%	1	1%
Vestfirðir	1	0%	1	1%
Norðurland vestra	1	0%	1	1%
Norðurland eystra	11	5%	8	4%
Austurland	1	0%	0	0%
Suðurland	3	1%	3	2%
Suðurnes	2	1%	2	1%
Erlendis	11	5%	9	5%
Samtals	**230**	**100%**	**189**	**100%**
Tónskáldasjóður				
Reykjavík	19	61%	14	64%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	8	26%	5	23%
Vesturland	0	0%	0	0%
Vestfirðir	0	0%	0	0%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	0	0%	0	0%
Austurland	0	0%	0	0%
Suðurland	2	6%	2	9%
Suðurnes	1	3%	0	0%
Erlendis	1	3%	1	5%
Samtals	**31**	**100%**	**22**	**100%**
Listasjóður				
Reykjavík	117	70%	94	69%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	33	20%	28	21%
Vesturland	0	0%	0	0%
Vestfirðir	2	1%	1	1%
Norðurland vestra	0	0%	0	0%
Norðurland eystra	4	2%	4	3%
Austurland	1	1%	1	1%
Suðurland	7	4%	6	4%
Suðurnes	0	0%	0	0%
Erlendis	2	1%	2	1%
Samtals	**166**	**100%**	**136**	**100%**
Allir sjóðir, samtals				
Reykjavík	408	70%	312	70%
Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Bessastaðahreppur	101	17%	77	17%
Vesturland	4	1%	2	0%
Vestfirðir	3	1%	2	0%
Norðurland vestra	3	1%	2	0%

	Umsóknir	Hlutfall	Synjanir	Hlutfall
Norðurland eystra	20	3%	17	4%
Austurland	4	1%	3	1%
Suðurland	13	2%	12	3%
Suðurnes	5	1%	4	1%
Erlendis	20	3%	15	3%
Samtals	**581**	**100%**	**446**	**100%**

Alls hafa 73 listamenn sótt um starfslaun fjögur ár í röð, þ.e. 1999–2002, og verið synjað um starfslaun öll árin. Skipting listamannanna milli sjóða er eftirfarandi: Launasjóður rithöfunda 29, Launasjóður myndlistarmanna 34, Listasjóður 8 og Tónskáldasjóður 2.

5. *Hverjir hafa átt sæti í úthlutunarnefndum launasjóða listamanna á umræddu tímabili, hverjir hafa tilnefnt fulltrúa í nefndirnar og til hversu langs tíma nær skipunin?*

Eftirfarandi er yfirlit yfir stjórn og úthlutunarnefndir árin 2000, 2001 og 2002, hverjir tilnefna fulltrúana og til hvers langs tíma þeir eru skipaðir af menntamálaráðherra.

Stjórn listamannalauna, úthlutar úr Listasjóði.

Þriggja manna stjórn er skipuð skv. 3. gr. laga nr. 35/1991, um breyting á lögum um listamannalaun, til þriggja ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einn tilnefndur af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla Íslands eftir að hann var stofnaður og einn án tilnefningar.

Árið 2000 úthlutar stjórn sem skipuð var frá 1. janúar 1998: Guðrún Nordal formaður, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna, Helga Kress, tilnefnd af Háskóla Íslands, og Baldur Símonarson, skipaður án tilnefningar.

Ólafur Ó. Axelsson, varamaður Guðrúnar Nordal, og Halldór Hansen, varamaður Baldurs Símonarsonar, tóku einnig þátt í störfum stjórnar.

Árin 2001 og 2002 úthlutar stjórn sem skipuð er frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2003. Guðrún Nordal formaður, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna, Hjálmar H. Ragnarsson varaformaður, tilnefndur af Listaháskóla Íslands, og Baldur Símonarson, skipaður án tilnefningar.

Halldór Hansen er varamaður Baldurs Símonarsonar og Guðbjörg Arnardóttir er varamaður Guðrúnar Nordal en var ekki skipuð fyrr en í desember 2001.

Úthlutun til leikhópa.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 144/1996, um breyting á lögum um listamannalaun, hefur stjórn listamannalauna falið leiklistarráði að fjalla um umsóknir leikhópa. Leiklistarráð starfar skv. IV. kafla leiklistarlaga, nr. 138/1998, og er skipað þremur fulltrúum til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Leiklistarsambandi Íslands, einn af Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhúsa og einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

Árið 2000 og 2001 sitja í leiklistarráði Magnús Ragnarsson formaður, Ragnheiður Tryggvadóttir, tilnefnd af Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhópa, og Kristbjörg Kjeld, tilnefnd af Leiklistarsambandi Íslands. Skipun þeirra gilti frá 28. mars 1999 til 27. mars 2001.

Árið 2001 fjallaði Þórdís Arnljótsdóttir, varamaður Kristbjargar Kjeld, um veitingu starfslauna í stað Kristbjargar.

Árið 2002 fjallaði leiklistarráð, skipað sömu aðilum frá 9. maí 2001 til 8. maí 2003, um umsóknir leikhópa. Þórdís Arnljótsdóttir, varamaður Kristbjargar Kjeld, fjallaði einnig um umsóknir að þessu sinni í stað Kristbjargar.

Úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda.

Þriggja manna nefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 35/1991, um breyting á lögum um listamannalaun, til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands.

Árið 2000. Gerður Steinþórsdóttir formaður, Guðlaug Richter og Sveinn Yngvi Egilsson. Varamenn: Guðmundur Hálfdánarson, Halla Kjartansdóttir og Ingi Bogi Bogason.

Sveinn Yngvi Egilsson sagði sig úr nefndinni á meðan á úthlutun stóð og tók Guðmundur Hálfdánarson sæti hans sem aðalmaður og var þá Svanhildur Óskarsdóttir skipuð varamaður í hans stað.

Árið 2001. Aðalmenn: Gerður Steinþórsdóttir formaður, Guðlaug Richter og Sveinn Yngvi Egilsson. Varamenn: Guðmundur Hálfdánarson, Halla Kjartansdóttir og Ingi Bogi Bogason.

Árið 2002. Aðalmenn: Gerður Steinþórsdóttir, formaður, Guðlaug Richter og Sveinn Yngvi Egilsson. Varamenn: Guðmundur Hálfdánarson, Ingi Bogi Bogason og Magnús Þór Þorbergsson.

Úthlutunarnefndir Launasjóðs myndlistarmanna.

Þriggja manna nefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 35/1991, um breyting á lögum um listamannalaun, til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Árið 2000. Aðalmenn: Jón Proppé formaður, Sólveig Eggertsdóttir og Finnur Arnar Arnarson. Varamenn: Borghildur Óskarsdóttir, Ingibjörg St. Haraldsdóttir og Sigríður Erla Guðmundsdóttir.

Árið 2001. Aðalmenn: Örn Þorsteinsson formaður, Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Kristbergur Pétursson. Varamenn: Anna Þóra Karlsdóttir, Sigrid Valtingojer og Jón Axel Björnsson.

Árið 2002. Aðalmenn: Björg Örvar formaður, Hafdís Helgadóttir og Pétur Bjarnason. Varamenn: Sigurður Örlygsson, Steinunn Helgadóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.

Úthlutunarnefndir Tónskáldasjóðs.

Þriggja manna nefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 35/1991, um breyting á lögum um listamannalaun, til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu Tónskáldafélags Íslands.

Árið 2000. Aðalmenn: John Speight formaður, Bernharður Wilkinson og Árni Harðarson.

Árið 2001. Aðalmenn: John Speight formaður, Bernharður Wilkinson og Árni Harðarson. Varamenn: Mist Þorkelsdóttir, Karólína Eiríksdóttir og Kjartan Ólafsson.

Árið 2002. Aðalmenn: Árni Harðarson formaður, Mist Þorkelsdóttir og Bernharður Wilkinson. Varamenn: Kjartan Ólafsson, Karólína Eiríksdóttir og Hilmar Þórðarson.

6. *Starfa stjórnir launasjóða listamanna eftir sérstökum úthlutunarreglum og ef svo er, hver setur reglurnar og hvar eru þær aðgengilegar þeim sem vilja kynna sér þær?*

Stjórn listamannalauna og úthlutunarnefndir úthluta starfslaunum í samræmi við lög nr. 35/1991, með breytingu nr. 144/1996, og reglugerð nr. 679/1997. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir: „Við veitingu starfslauna og styrkja úr öllum sjóðum skulu úthlutunarnefndir gæta þess vandlega að allar umsóknir fái sanngjarna umfjöllun og ákvarðanir séu ávallt reistar á faglegum sjónarmiðum.“

Í lögum og reglugerð felast takmarkanir og skorður sem hér segir:

Í fyrsta lagi er í 6., 7., 8. og 9. gr. laganna kveðið á um þann fjölda mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar.

Í öðru lagi eru í 10. gr. laganna kveðið á um hvernig hlutfallslegri skiptingu þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar skuli ráðstafað með tilliti til hve langs tíma úthlutað er.

Í þriðja lagi er í 6. gr. reglugerðarinnar kveðið á um að hafi umsækjandi áður hlotið starfslaun skuli umsókn hans því aðeins tekin til umfjöllunar að hann hafi skilað fullnægjandi skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum. Í greininni er jafnframt kveðið á um að sami listamaður geti eigi fengið starfslaun úr tveimur sjóðum í einu.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga á umsóknareyðublaði þar sem kemur fram hvernig skuli fylla út eyðublaðið og hvað skuli fylgja umsóknum. Á vefsíðu stjórnar listamannalauna www.mmedia.is/listlaun er að finna lög um listamannalaun, reglugerð, umsóknareyðublöð og eyðublöð fyrir skýrslur. Þar er einnig að finna allar fréttatilkynningar frá árinu 1992 og síðar, þ.e. eftir að núgildandi lög tóku gildi.

1253. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Guðjón Ármann Einarsson frá Félagi íslenskra skipstjórnarmanna og Kristján Ragnarsson og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutdeild Íslands í veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum verði úthlutað til skipa á grundvelli aflareynslu þeirra á árabilinu 1994–2001.

Í frumvarpinu er vikið frá úthlutunarreglu 2. mgr. 5. gr. laganna. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við þessa framkvæmd og vísar til rökstuðnings í athugasemdum við frumvarpið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Steinar Jóhannsson var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.

1254. Nefndarálit [583. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónu Björk Guðnadóttur frá fjármálaráðuneyti og Júlíus B. Georgsson frá tollstjóranum í Reykjavík. Umsagnir bárust frá Sýslumannafélagi Íslands, Umferðarráði, Verslunarráði Íslands og tollstjóranum í Reykjavík. Jafnframt bárust gögn frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að sektarheimildir tollstjóra verði hækkaðar úr 75.000 kr. í 300.000 kr. til samræmis við sektarheimildir lögreglustjóra samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og að 10% tollur á barnabílstólum verði felldur niður.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir að skv. 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sé lögreglustjóra heimilt að leggja sekt á mann vegna tiltekinna brota að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð. Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við það fyrirkomulag að unnt sé að ákveða sektarfjárhæð í reglugerð og bendir dómsmálaráðherra á að taka málið til nánari skoðunar.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að við lögin bætist þrjár nýjar aðaltollhafnir, Grundartangi, Skagaströnd og Vopnafjörður. Með því eykst mikilvægi hafnanna sem inn- og útflutningshafna, sem helgast af því að skipum er að jafnaði skylt að hafa fyrstu og síðustu viðkomu hér á landi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við bætist ný grein sem verði 1. gr. og orðist svo:
Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:
18. Grundartangi.
19. Skagaströnd.
20. Vopnafjörður.

Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.	Hjálmar Árnason.

1255. Nefndarálit [620. mál]

um frv. til l. um vörur unnar úr eðalmálmum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Atla Frey Guðmundsson og Kristínu Haraldsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Löggildingarstofu, Samtökum verslunarinnar og Félagi íslenskra gullsmiða.

Frumvarpið er lagt fram í því skyni að leysa þann vanda sem íslenskir gullsmiðir hafa átt við að stríða við útflutning framleiðslu sinnar með því að setja reglur um merkingar og eftirlit með vörum sem unnar eru úr eðalmálmum í atvinnuskyni. Með slíkum reglum er neytendavernd efld og séð fyrir því að vörur sem unnar eru úr eðalmálmum hér á landi fáist markaðssettar erlendis, en mörg ríki krefjast þess að slíkar vörur séu merktar samkvæmt opinberum reglum. Samkvæmt frumvarpinu mun Löggildingarstofa hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Meiri hlutinn bendir á mikilvægi þess að Löggildingarstofa gæti meðalhófs við beitingu þeirra heimilda sem henni eru veittar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, og þá sérstaklega við aðgang að starfsstöðvum gullsmiða og við gjaldtöku fyrir sýnatöku.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 16. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.	Gunnar Birgisson.

Hjálmar Árnason.

1256. Nefndarálit [668. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Hyrnu ehf. og Þjóðhagsstofnun.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp sem áður hafa komið til umfjöllunar nefndarinnar, um breytingu á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt (347. mál). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að alþjóðlegum viðskiptafélögum verði veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Meiri hlutinn leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað orðanna „erlendur gjaldeyrir“ verði notuð orðin „erlendur gjaldmiðill“. Þetta er til að gæta samræmis í hugtakanotkun milli frumvarpanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „erlendum gjaldeyri“ í efnismálsgrein 1. gr. komi: erlendum gjaldmiðli“.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Gunnar Birgisson.		Hjálmar Árnason.

1257. Nefndarálit [663. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og Jón Gauta Jónsson frá sveitarstjórn Skagafjarðar.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. á Sauðárkróki. Samkomulag hefur verið gert á milli stærstu eigenda fyrirtækisins og Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut hinna fyrrnefndu í fyrirtækinu. Samkomulagið er háð nokkrum skilyrðum, m.a. samþykki Alþingis og því að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Pétur H. Blöndal skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Ásta Möller.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Kjartan Ólafsson.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

1258. Nefndarálit [652. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Eiríksson og Ingva Hrafn Óskarsson frá dómsmálaráðuneyti, Ágúst Þór Jónsson verkfræðing, Óla H. Þórðarson frá Umferðarráði, Ingimund Einarsson frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Rögnvald Jónsson frá Vegagerðinni, Birgi Hákonarson, Vigfús Erlendsson og Skúla Bjarnason frá Skráningarstofunni hf., Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Þóri Oddsson frá ríkislögreglustjóra, Ágúst Mogensen frá rannsóknarnefnd umferðarslysa og Guðbrand Bogason frá Ökukennarafélagi Íslands.

Með frumvarpinu eru í fyrsta lagi lagðar til breytingar á ákvæðum umferðarlaga sem fjalla um stjórnsýslu bifreiðamála. Með þeim skal komið á heildstæðu skipulagi á stjórnsýslu umferðarmála með því að sameina verkefni Skráningarstofunnar hf. og Umferðarráðs og ýmis verkefni dómsmálaráðuneytisins og fela þau einni stofnun sem fái heitið Umferðarstofnun. Til að tryggja markvissari framkvæmd umferðaröryggismála er talið nauðsynlegt að sameina á einum stað málefni ökutækja, umferðarfræðslu og umferðaröryggis og önnur verkefni sem tengjast ökutækjum og umferð. Í öðru lagi lúta breytingarnar að ákvæðum laganna um skilyrði fyrir útgáfu fullnaðarskírteinis og að komið verði á svokölluðu akstursmati með það að markmiði að auka kröfur til ungra ökumanna.

Nefndin ræddi sérstaklega skilyrði frumvarpsins um að umsækjandi fullnaðarskírteinis hafi ekki fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota í eitt ár samfellt. Nefndin tekur fram að hér er átt við að umsækjandi má ekki hafa fengið punkta fyrir umferðarlagabrot á undangengnum 12 mánuðum fyrir umsókn um fullnaðarskírteini. Þá fjallaði nefndin um Umferðarstofnun. Nefndin telur að stofnun hennar feli í sér einfalt og skilvirkt stjórnsýslukerfi umferðarmála sem er nauðsynlegt fyrir markvissa framkvæmd á því sviði, auk þess sem því fylgi hagkvæmt og öruggt rekstrarlegt umhverfi fyrir tölvukerfi sem eru á ábyrgð dómsmálaráðuneytisins.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi leggur nefndin til að heiti Umferðarstofnunar verði breytt í Umferðarstofu. Þá telur nefndin rétt að svipting ökukennararéttinda verði á vegum ríkislögreglustjóra og hann veiti jafnframt löggildingu til ökukennslu því þannig sé tryggt að allar upplýsingar verði á einni hendi og afgreiðsla samræmd. Nefndin telur jafnframt æskilegt að ákvörðun um löggildingu eða sviptingu ökukennararéttinda verði kæranleg til æðra stjórnvalds. Loks er lagt til að gildistaka laganna verði 1. október 2002.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ólafur Örn Haraldsson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Kjartan Ólafsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

1259. Breytingartillögur [652. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Í stað orðsins „Umferðarstofnun“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: Umferðarstofa.
2. Í stað orðsins „Umferðarráð“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: umferðarráð.
3. Við 1. gr.
   a. Orðið „enda“ í 1. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „verði“ í a-lið 1. efnismgr. komi: er.
4. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í a-lið komi: ríkislögreglustjóra.
   b. Í stað orðsins „Lögreglustjóri“ í b-lið komi: Ríkislögreglustjóri.
5. Við 9. gr. C-liður 1. efnismgr. orðist svo: gjöld fyrir viðurkenningu á gerð, sbr. 64. gr.
6. Við 14. gr. 1. málsl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. október 2002.

1260. Nefndarálit [620. mál]

um frv. til l. um vörur unnar úr eðalmálmum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Færni íslenskra gullsmiða í gerð gripa úr eðalmálmum er ótvíræð og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Í samanburði við helstu samkeppnislöndin er verð íslenskra skartgripa mjög samkeppnisfært. Í því ljósi má ætla að útrás íslenskra framleiðenda á þessu sviði ætti að takast prýðilega. Forsenda þess er þó að hér á landi gildi skýrar reglur um sönnun á því að gripur sé úr eðalmálmi. Það er undirstaða þess að unnt verði að ráðast í útflutning á íslenskum skartgripum. Slíkar reglur eru meginefni þessa frumvarps. Tilgangur þess er að tryggja greiðan og óheftan aðgang íslenskra skartgripa á erlenda markaði. Þingmenn Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd hafa fullan skilning á því. Þeir eru þess vegna samþykkir megintilgangi frumvarpsins en vilja vekja athygli á eftirfarandi:

1. Hjá Evrópusambandinu er nú unnið að gerð tilskipunar um þetta efni. Í umsögn Samtaka verslunarinnar segir að með hliðsjón af því sé ástæðulaust að setja sérstök íslensk lög þar sem ljóst sé að þeim verði að breyta innan skamms.
2. Tíminn sem umsagnaraðilum var gefinn til að móta viðhorf til frumvarpsins var of skammur að dómi þingmanna Samfylkingarinnar. Samtök verslunar og þjónustu kvörtuðu þannig sérstaklega því að knappur frestur kæmi í veg fyrir að þau gætu kannað afstöðu aðildarfyrirtækja sinna. Sömu athugasemd gerðu Samtök verslunarinnar. Þau kvörtuðu í umsögn sinni yfir að skammur frestur hefði gert þeim ómögulegt að setja fram athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Fulltrúar Samfylkingarinnar telja að vinnubrögð af þessu tagi séu hvorki fallin til að tryggja farsæla meðferð málsins né auka virðingu þingsins og nefnda þess.

3. Alvarlegustu athugasemdir minni hlutans varða þó mjög rúmar valdheimildir sem lagt er til að stjórnvöldum verði veittar. Samtök iðnaðarins og Félag íslenskra gullsmiða benda á að stjórnvöldum séu veitt víðtæk úrræði til að framfylgja lögunum, svo sem sölubann, háar dagsektir, og galopnar rannsóknarheimildir sem Samtök iðnaðarins ganga svo langt að jafna við húsleitarheimildir.

Þingmenn Samfylkingarinnar vara af þessu tilefni við óhóflegum valdheimildum til stjórnvalda sem gætu þrengt að eðlilegu viðskiptafrelsi og persónuvernd þeirra sem hér eiga hlut að máli. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að gullsmiðir starfa að jafnaði sem einyrkjar eða í mjög litlum fyrirtækjum sem stundum tengjast einni fjölskyldu. Við samþykkt ákvæða af þessu tagi verður því að gæta ýtrustu varúðar.

Þingmenn Samfylkingarinnar vilja vekja athygli á ofangreindum grundvallaratriðum. Þeir styðja þó að frumvarpið verði samþykkt í trausti þess að stjórnvöld setji skýrar reglur á grundvelli laganna þar sem meðalhófs verði gætt í hvívetna.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Össur Skarphéðinsson, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

1261. Nefndarálit [663. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti og Jón Gauta Jónsson frá sveitarstjórn Skagafjarðar.

Í frumvarpinu er lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Steinullarverksmiðjunni hf. á Sauðárkróki. Í greinargerð kemur fram að gert hafi verið samkomulag milli stærstu eigenda fyrirtækisins og Húsasmiðjunnar hf., BYKO hf. og Kaupfélags Skagfirðinga um kaup á eignarhlut ríkisins og Sveitarfélagsins Skagafjarðar í fyrirtækinu. Upplýst var á nefndarfundi að samkomulagið væri háð nokkrum skilyrðum, m.a. samþykki Alþingis og því að samkeppnisyfirvöld banni ekki kaupin eða setji um þau efnisleg skilyrði. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt þótt ekki liggi fyrir hvort Samkeppnisstofnun leggur blessun sína yfir þessi viðskipti eða setji um þau efnisleg skilyrði. Minni hlutinn telur augljóst að Alþingi eigi ekki að afgreiða frumvarpið án þess að afstaða Samkeppnisstofnunar liggi fyrir.

Minni hlutinn er andvígur sölu ríkisins á eignarhlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki við núverandi aðstæður og telur slíka ráðstöfun ekki líklega til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Fjárhagsstaða þess hefur verið slæm og til þess að bæta hana hefur sveitarstjórnin brugðið á það ráð að selja eignir. Rafveita Sauðárkróks hefur verið seld og nú stendur hugur sveitarstjórnarinnar til þess að losa um það fjármagn sem sveitarfélagið á í Steinullarverksmiðjunni. Eins og m.a. má sjá af ályktun sem birt er sem fylgiskjal með áliti þessu eru afar deildar meiningar um málið heima í héraði enda

hefur Steinullarverksmiðjan um árabil verið mikilvæg stoð í atvinnulífi Sauðárkróks. Á sínum tíma var tekist hart á um stofnsetningu verksmiðjunnar og ekki síst staðsetningu og það var pólitísk ákvörðun að henni var valinn staður á Sauðárkróki.

Steinullarverksmiðjan hefur reynst mikill happafengur fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð. Þrátt fyrir nokkra byrjunarörðugleika hefur rekstur hennar gengið vel og hún hefur skilað eigendum sínum drjúgum arði. Hún veitir fjölda bæjarbúa atvinnu, bæði beint og óbeint, og sveitarfélagið hefur af henni umtalsverðar tekjur. Fjárhagur verksmiðjunnar er góður, mjög litlar skuldir hvíla á fyrirtækinu og ekkert bendir til annars en reksturinn geti áfram gengið vel. En skjótt skipast veður í lofti og engin trygging er fyrir því að nýir eigendur verksmiðjunnar hafi jafnmikinn áhuga og núverandi eigendur á því að efla hag hennar á þeim stað þar sem hún er rekin nú. Niðurstaðan gæti orðið brottflutningur starfa og tekjumissir og er þá verr af stað farið en heima setið. Minni hlutinn vill að allra leiða verði leitað til þess að leysa tímabundinn fjárhagsvanda Sveitarfélagsins Skagafjarðar, annarra en að selja drjúgan hluta bestu mjólkurkýrinnar á þeim bæ og setja þar með framtíð Steinullarverksmiðjunnar í algjöra óvissu. Reynist sveitarfélagið hins vegar nauðbeygt til þess að selja hlut sinn í verksmiðjunni telur minni hlutinn að ríkið eigi að leysa þann hlut til sín.

Með vísan til framangreinds leggur minni hluti nefndarinnar til að frumvarpinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í ljósi þess að áform um sölu Steinullarverksmiðjunnar eru fyrst og fremst tilkomin vegna bágrar fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þess að um málið eru mjög deildar meiningar heima í héraði leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað frá og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.

Fylgiskjal.

Ályktun frá fundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði 2. mars 2002.

Sölu Steinullarverksmiðjunnar á Sauðárkróki mótmælt.

Fundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Sveitarfélaginu Skagafirði mótmælir harðlega fyrirhugaðri sölu sveitarfélagsins á hlut sínum í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Jafnframt mótmælir fundurinn þeirri stefnu stjórnvalda að halda sveitarfélögum í landinu í þeirri úlfakreppu að þau telji sig knúin til að selja dýrmætar eignir sínar til að standa undir skuldbindingum sem þau hafa stofnað til. Það var mikið átak á sínum tíma hjá Skagfirðingum að koma verksmiðjunni upp á Sauðárkróki. Auk þess að vera eitt mikilvægasta atvinnufyrirtæki héraðsins hefur hún skilað sveitarfélaginu miklum arði. Vinstri hreyfingin – grænt framboð telur að skoða eigi aðrar leiðir til að auka tekjur sveitarfélagsins af Steinullarverksmiðjunni enn frekar. Leiðir sem einnig tryggi framtíð hennar í Skagafirði. Með

sölu nú setur sveitarfélagið framtíð verksmiðjunnar á Sauðárkróki í óvissu. Svo stuttu fyrir kosningar er eðlilegra að láta nýrri sveitarstjórn það hlutverk eftir að taka stærri ákvarðanir um endurskipulagningu á eignum og fjárreiðum sveitarfélagsins.

1262. Nefndarálit [562. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Kolbein Árnason og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Friðrik Má Baldvinsson hagfræðing, Eirík Tómasson prófessor, Ásgeir Daníelsson og Guðu Þórðardóttur frá Þjóðhagsstofnun, Sigurð Líndal prófessor, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Kristján Ragnarsson og Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Örn Pálsson og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeiganda, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðjón Ármann Einarsson frá Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Óskar Þór Karlsson og Jón Stein Elíasson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Má Pétursson hæstaréttarlögmann, Björn Erlendsson frá Samtökum eigenda sjávarjarða, Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands, Braga Gunnarsson frá embætti ríkisskattstjóra, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Markús Möller og Ingimund Friðriksson frá Seðlabanka Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Húsavíkurkaupstað, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eyþingi, Samtökum eigenda sjávarjarða, Bændasamtökum Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Vélstjórafélagi Íslands, Austur-Héraði, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Djúpárhreppi, Seðlabanka Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Þjóðhagsstofnun, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Gerðahreppi, Hafrannsóknastofnuninni, Verslunarráði Íslands, Siglufjarðarkaupstað, Lögmannafélagi Íslands, Dalvíkurbyggð, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Siglufjarðarkaupstað, Djúpavogshreppi, Hríseyjarhreppi og Byggðastofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Meginbreytingin felst þó í því að lagt er til að svokallað veiðigjald verði lagt á veittar veiðiheimildir samkvæmt lögunum.

Sú útfærsla veiðigjaldsins sem lögð er til byggist á niðurstöðum nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði 28. september 1999 og var ætlað að endurskoða fiskveiðistjórnarlögin. Gjaldið er magn- og afkomutengt og reiknast fyrir hvert þorskígildiskíló miðað við heildaraflaverðmæti á tímabilinu 1. maí – 30. apríl næstliðið ár. Gjaldið leggst á úthlutaðar veiðiheimildir þegar það á við en annars á landaðan afla einstakra tegunda eins og nánar er útlistað í d-lið 10. gr. frumvarpins. Samkvæmt frumvarpinu mun gjaldtaka hefjast árið 2004, fara smáhækkandi fram til ársins 2009 og verða eftir það 9,5%.

Nefndin ræddi nokkuð hvernig bæri að skilgreina veiðigjaldið. Skiptar skoðanir voru uppi um hvort það væri skattur, þjónustugjald eða auðlindarenta. Var á það bent að eins og gjaldið væri sett fram í frumvarpinu stæðist það formkröfur sem gerðar eru til gjaldtöku af öllum þessum gerðum. Því má telja að þetta álitamál hafi ekki efnislega þýðingu.

Samkvæmt frumvarpinu er álagning veiðigjaldsins byggð á mælingu á þorskígildum. Í meðferð nefndarinnar kom fram gagnrýni á þessa mælieiningu. Var meðal annars bent á að hún gæti hvatt til veiða á stærri fiski og að ójafnræði kynni að hljótast af milli einstakra veiðarfæra og landshluta. Meiri hluti nefndarinnar telur að endurskoða þurfi þessar reglur svo og reglur um slægingarstuðul og kvótanotkun og að taka þurfi á spurningunni um undir- og yfirstuðul vegna stærðar fisks. Meiri hlutinn álítur nauðsynlegt að endurskoðun verði lokið í tæka tíð, svo að nýjar reglur geti tekið gildi við upphaf fiskveiðiársins 2003/2004.

Í frumvarpinu er lagt til að stærðarmörk krókaaflamarksbáta verði hækkuð úr 6 brúttótonnum í 15. Þetta er gert til þess að stuðla að auknu öryggi við sjósókn og tryggja jafnari hráefnisöflun í fiskvinnslum sem fyrst og fremst vinna úr afla smábáta. Nauðsynlegt er og að benda á að með gildistöku laga um krókaaflamark 1. september sl. er heildarafla smábáta stjórnað með aflahlutdeild og aflamarki. Breyting á stærðarmörkum krókaaflamarksbáta hefur þá hliðarverkun að framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur sem taka við afla krókaaflamarksbáta og greiða hluta af hráefnisverði inn á sérstakan reikning samkvæmt lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins munu ekki greiða inn á þennan reikning af hráefnisverði afla sem þeir taka við af bátum sem eru 10 lestir eða stærri. Viðbúið er að án annarra breytinga gæti þessi breyting dregið úr tekjum Landssambands smábátaeigenda, en hluti greiðslnanna rennur þangað. Slíkt var ekki ætlunin og leggur meiri hlutinn, samhliða þessu áliti, fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sem ætlað er að koma í veg fyrir þetta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að ráðherra verði heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli hvorki að hluta né öllu leyti reiknast til heildarafla. Með þessari breytingu er opnað á þann möguleika að fleiri en Hafrannsóknastofnunin geti stundað fiskirannsóknir og veitt fisk í því skyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir að öllu eða einhverju leyti. Það er skoðun meiri hlutans að slíkt gæti orðið til eflingar hafrannsóknum í landinu
2. Lagt er til að sú breyting sem gerð var á síðasta haustþingi og fól í sér að einungis væri heimilt að flytja 30% krókaaflamarks milli fiskveiðiára falli brott. Meiri hlutinn telur eðlilegt að sama regla gildi um flutning krókaaflamarks og aflamarks almennt og er það raunar ósk smábátaútgerðarmanna. Áréttað skal að þar sem í lögunum er talað um aflamark á það jafnframt við um krókaaflamark nema sérstaklega sé kveðið á um annað, sbr. 5. mgr. 7. gr. laganna. Regla 1. málsl. 7. mgr. 12. gr. laganna tekur því jafnframt til flutnings krókaaflamarks. Jafnframt er lagt til að heimilt verði á þessu fiskveiðiári að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003. Með þessari breytingu er meðal annars komið til móts við ábendingar Landssambands smábátaeigenda um að ekki sé að fullu lokið við úthlutun aflaheimilda til handa smábátunum, eigendur þeirra hafi því átt erfitt með að skipuleggja veiðar sínar og sú hætta kunni að vera fyrir hendi að aflaheimildir einstakra báta nýtist ekki. Með því að opna á möguleikann á því að flytja aflaheimildir að fullu á milli fiskveiðiára nú og auka framsalsheimildir ætti slíkri hættu að verða afstýrt.
3. Lagðar eru til breytingar á leyfilegri hámarksaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Meiri hlutinn telur að reynslan af því að lögbinda hámarksaflahlutdeild hafi haft áhrif og að fara beri varlega í breytingar á þeim mörkum sem lögfest eru. Nefndin leggur því til að hámarksaflahlutdeild einstakra aðila í ýsu, ufsa og grálúðu verði 20%, en 35%

í karfa. Frumvarpið hafði gert ráð fyrir að þessi hámarkskvótahlutdeild yrði 50%. Með þessu er gengið mun skemmra en lagt er til í frumvarpinu.

4. Lagt er til að í 15. gr. laganna verði kveðið skýrar á um skyldu opinberra aðila til að veita sjávarútvegsráðuneytinu og Fiskistofu nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd laganna. Fiskistofa hefur til þessa fengið þessar upplýsingar og er því ekki um efnislega breytingu á vinnulagi að ræða. Til að taka af öll tvímæli um lagalegar heimildir í þessum efnum er nauðsynlegt að kveða á um þennan aðgang með skýrum hætti.
5. Lagðar eru til breytingar á fjárhæðum og prósentutölu launakostnaðar í 3. mgr. c-liðar 10. gr. sem miða skal við frádrátt kostnaðar frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. sömu greinar. Breytingarnar má rekja til þeirra verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá því að textinn var skrifaður. Þá eru gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi 3. mgr. e-liðar 10. gr. frumvarpsins. Breytingin er ekki efnisleg.
6. Í bráðabirgðaákvæði XXV er gert ráð fyrir því að úthlutað verði 3.000 lestum af þorski til aflamarksbáta fram til ársins 2006. Hér er gerð tillaga um árlega úthlutun og að sólarlagsákvæðið falli niður. Er þetta gert til þess að styrkja stöðu þessara aflamarksbáta.
7. Í bráðabirgðaákvæði XXVI er gert ráð fyrir að Byggðastofnun úthluti aflaheimildum sem nema alls 1.500 þorskígildislestum til og með fiskveiðiárinu 2005/2006, en þær falli þá niður. Hér er gerð tillaga um að þessum aflaheimildum verði úthlutað áfram, án tímatakmarkana og að þessi úthlutun verði á forræði sjávarútvegsráðuneytisins með sama hætti og gert er ráð fyrir í 4. grein frumvarpsins. Tilgangurinn með þessari breytingu er að treysta betur stöðu þeirra byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdrátttar í sjávarútvegi.
8. Lagðar eru til breytingar og lagfæringar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Gildistaka varðandi veiðigjaldið er þó óbreytt frá því sem í frumvarpinu greinir. Lagt er til að ákvæði 4. gr. frumvarpsins taki gildi 1. september 2002. Þó skal ráðherra vera heimilt á grundvelli ákvæðisins, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Það er mat meiri hlutans að nauðsynlegt sé þegar á þessu ári að gefa út slíkar heimildir til þess að bregðast við vanda einstakra byggðarlaga.
9. Lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til og með 2005/2006 hafi ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Einungis er heimilt að ráðstafa þessum aflaheimildum til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem ber að fylgjast með tilrauninni og birta niðurstöður um gang hennar. Lagt er til að ráðherra setji frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein. Eins og kunnugt er hefur þegar verið tekið til við þorskeldi, einkum á Vestfjörðum og við Eyjafjörð. Er þessi heimild veitt til þess að greiða fyrir þeirri atvinnustarfsemi.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson.	Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason, með fyrirvara.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.

1263. Breytingartillögur [562. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.
2. Við 2. gr. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. mgr. kemur: og veiðitíma.
3. Við bætist ný grein, er verði 5. gr., og orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:
   Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.
4. Við 6. gr.
   a. Hámarksaflahlutdeild ýsu, sbr. töflu í 1. efnismgr., breytist úr „50%“ og verði: 20%.
   b. Hámarksaflahlutdeild ufsa, sbr. töflu í 1. efnismgr., breytist úr „50%“ og verði: 20%.
   c. Hámarksaflahlutdeild karfa, sbr. töflu í 1. efnismgr., breytist úr „50%“ og verði: 35%.
   d. Hámarksaflahlutdeild grálúðu, sbr. töflu í 1. efnismgr., breytist úr „50%“ og verði: 20%.
   e. 1. og 2. mgr. sameinist og verði 1. mgr.
5. Við 7. gr. C-liður orðist svo: 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.

6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „og lánastofnunum“ í 2. mgr. kemur: lánastofnunum og opinberum stofnunum.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.
7. Við 10. gr.
   a. Inngangsmálsgrein orðist svo og breytist greinanúmer í a–e-lið samkvæmt því:
   Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Þorskígildi,** með einni nýrri grein, 19. gr., og V. kafli, **Veiðigjald,** með fjórum nýjum greinum, 20.–23. gr., svohljóðandi.
   b. Í stað fjárhæðarinnar „6.001 millj. kr.“ í a-lið 3. mgr. c-liðar komi: 6.218 millj. kr.
   c. Í stað fjárhæðarinnar „15.391 millj. kr.“ í b-lið 3. mgr. c-liðar komi: 17.568 millj. kr.
   d. Í stað hlutfallstölunnar „40%“ í c-lið 3. mgr. c-liðar komi: 39,8%.
   e. Orðin „þó aldrei umfram það sem þegar hefur verið greitt“ í 3. mgr. e-liðar falli brott.
8. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði XXV til bráðabirgða í lögunum fellur brott.
9. Við bætist ný grein, er verði 13. gr., og orðist svo:
   Við ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.
10. Við bætist ný grein, er verði 14. gr., og orðist svo:
   Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   a. (I.)
   Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003.
   b. (II.)
   Á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.

11. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 12., 13. og 14. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 4. og 10. gr. öðlast gildi 1. september 2002. Þó er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, á grundvelli 4. gr., að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ákvæði 11. gr. öðlast gildi 1. september 2004.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 11. gr. skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

1264. Frumvarp til laga [729. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (EKG, KHG, GHall, SI, HjÁ, HGJ).

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum eða krókaflamarksbáta undir 15 brúttótonnum, sbr. 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum“ í 6. gr. laganna kemur: opnum bátum, þilfarsbátum undir 10 lestum og krókaaflamarksbátum undir 15 brúttótonnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er lagt til að heimilt verði að veita bátum allt að 15 brúttótonnum leyfi til veiða í atvinnuskyni með krókaaflamarki, en til þessa hafa slík leyfi verið bundin við báta undir 6 tonnum. Samkvæmt lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, hafa framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur lagt inn á sérstakan reikning 8,4% af hráefnisverði afla sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum. Af því renna 37,5% til Lífeyrissjóðs sjómanna, 56,5% til greiðslu slysa- og örorkutryggingar skipverja og 6% til Landssambands smábátaeigenda. Af afla stærri báta er á sama hátt greitt 8,0% af hráefnisverði, þ.e. 6% greiðast inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og 2% inn á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa. 92% fjárhæðar á greiðslumiðlunarreikningi renna til Lífeyrissjóðs sjómanna en 8% til samtaka sjómanna og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þykir rétt að krókaaflamarksbátar, þótt þeir verði allt að 15 brúttótonn að stærð, falli í hóp þeirra fyrrnefndu. Frumvarpinu er ætlað að tryggja það.

1265. Nefndarálit [710. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Sæmundsson og Inga Val Jóhannsson frá félagsmálaráðuneyti, Þórð Skúlason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Guðmund Bjarnason frá Íbúðalánasjóði, Guðrúnu Árnadóttur frá Reykjavíkurborg, Gunnar Jónatansson frá Búseta og Baldvin Ólason frá Félagsstofnun stúdenta.

Með frumvarpinu er lagt til að í stað varasjóðs verði komið á fót varasjóði húsnæðismála sem verði í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga en verði rekinn sem sjálfstæð rekstrareining undir yfirumsýslu félagsmálaráðherra. Varasjóður húsnæðismála tekur yfir allar eignir, réttindi og skyldur varasjóðs, skv. X. kafla laganna um varasjóð og ákvæði til bráðabirgða VIII, sem er lagður niður. Þá skal varasjóður húsnæðismála hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla þar til hlutverki hans telst lokið skv. 53. gr. laganna. Jafnframt er varasjóði húsnæðismála ætlað að veita annars vegar rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem staðið hafa lengi auðar og hins vegar framlög til sveitarfélaga til að greiða fyrir innlausn félagslegra eignar- og leiguíbúða og sölu þeirra á almennum markaði. Í frumvarpinu er enn fremur mælt fyrir um hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála en nefndin skal skipuð með líkum hætti og núverandi stjórn varasjóðs. Þá hefur frumvarpið að geyma heimild til stjórnar Íbúðalánasjóðs að fengnum tillögum varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélög til að afskrifa að hluta eða öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sem ekki verður leigð út vegna slæms ástands, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra verði heimilt að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti félagslegra íbúða innan viðkomandi sveitarfélags.

Nefndin telur rétt að samkomulag félagsmála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. apríl 2002 fylgi áliti þessu til frekari skýringa á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru allar smávægilegar og lúta annars vegar að orðalagi og hins vegar að tilvísunum í lagagreinar.

Guðrún Ögmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Kristján Pálsson.
Drífa Hjartardóttir.	Jónína Bjartmarz.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.		Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Samkomulag félagsmála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
(4. apríl 2002.)

Félags- og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga gera með sér eftirfarandi samkomulag:

Að verkefni Varasjóðs viðbótarlána, sbr. X. kafli og bráðabirgðaákvæði VIII laga um húsnæðismál nr. 44/1998, verði m.a. eftirtalin:

1. Að taka þátt í niðurgreiðslu áhvílandi lána félagslegra eignar- og leiguíbúða sveitarfélaga við sölu þeirra á almennum markaði í þeim tilfellum þegar innlausnarverð íbúða stendur ekki undir uppgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 2. tölulið í þessu skyni.
2. Að veita framlög til sveitarfélaga sem glíma við rekstrarvanda félagslegs leiguhúsnæðis vegna mikils fjölda íbúða og/eða íbúða sem lengi hafa staðið auðar. Allt að 70 m.kr. verði árlega varið til þessa verkefnis í fimm ár. Heimilt er að nýta óráðstafað fjármagn samkvæmt 1. tölulið í þessu skyni.
3. Að koma með tillögur, í samráði við viðkomandi sveitarfélög og Íbúðalánasjóð, um afskrift þeirra félagslegra íbúða sem svo er ástatt um að ekki verða leigðar út vegna slæms ástands og fara til niðurrifs þar sem ekki er talið hagkvæmt að endurbyggja þær að mati sérfróðra matsmanna og í ljósi stöðu á fasteignamarkaði viðkomandi sveitarfélags. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu þessara afskrifta. Íbúðalánasjóði verði heimilað að afskrifa allt að 40 m.kr. árlega vegna þessa verkefnis á móti jafnhárri upphæð frá viðkomandi sveitarfélögum.
4. Umsýsla með tryggingafé vegna viðbótarlána, sbr. X kafli laga um húsnæðismál.
5. Réttindi og skyldur Tryggingarsjóðs byggingargalla, sbr. 2. mgr. VIII. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál.

Að fjármögnun verkefna samkvæmt töluliðum 1 og lið 2 verði með eftirfarandi hætti:

- Að ríkissjóður greiði árlega 60 m.kr. í fimm ár. Önnur framlög ríkissjóðs til Varasjóðs viðbótarlána falla þar með niður.
- Að úr Tryggingarsjóði vegna byggingagalla, sbr. bráðabirðgaákvæði VIII í lögum um húsnæðismál, renni árlega 60 m.kr.
- Að s veitarfélög g reiði á rlega samtals 20 m.kr. H lutdeild hv ers sveitarfélags í fjárhæðinni byggist á íbúafjölda þeirra. Framlög sveitarfélaganna

innheimtir Varasjóður viðbótarlána með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samtímis fellur niður skylda sveitarfélaga að greiða til Varasjóðs viðbótarlána hagnað af sölu innlausnaríbúða, sbr. 2. tölul. bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um húsnæðismál.

Samkomulag þetta er til fimm ára og tekur því til áranna 2002, 2003, 2004, 2005 og 2006.

Reykjavík, 4. apríl 2002.

Páll Pétursson,
félagsmálaráðherra.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Geir H. Haarde,
fjármálaráðherra.

Þórður Skúlason,
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fylgiskjal með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um húsnæðismál, dags 4. apríl 2002.

(i millj. kr.)

	Ár 1 2002	Ár 2 2003	Ár 3 2004	Ár 4 2005	Ár 5 2006	Samtals
Verkefni 1: Sala íbúða						
Ríki	30	30	30	30	30	150
Sveitarfélög/Jöfnunarsjóður	20	20	20	20	20	100
Sjóður v/byggingargalla	20	20	20	20	20	100
Samtals	**70**	**70**	**70**	**70**	**70**	**350**
Verkefni 2: Rekstur á leiguhúsnæði						
Ríki	30	30	30	30	30	150
Sjóður v/byggingargalla	40	40	40	40	40	200
Samtals	**70**	**70**	**70**	**70**	**70**	**350**
Samtals	**140**	**140**	**140**	**140**	**140**	**700**
Ríki	60	60	60	60	60	300
Sveitarfélög/Jöfnunarsjóður	20	20	20	20	20	100
Sjóður v/byggingargalla	60	60	60	60	60	300
Verkefni 3: Afskrift íbúða						
Íbúðalánasjóður, allt að	40	40	40	40	40	200
Mótframlag viðk. sveitarfélaga, allt að	40	40	40	40	40	200

1266. Breytingartillögur [710. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við b-lið 1. gr. (44. gr.).
   a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: sem nánar skal skilgreina í reglugerð.
   b. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: Að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er hærra en markaðsverð íbúðanna. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst en breytt síðan í félagslegar leiguíbúðir. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag. Framlögin skulu sveitarfélögin nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna ef söluverð stendur ekki undir greiðslu lánanna.
   c. Í stað orðanna „varasjóðs viðbótarlána samkvæmt lögum um húsnæðismál“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: varasjóðs samkvæmt lögunum.
   d. Í stað orðanna „81. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993“ í 4. tölul. 1. mgr. komi: 53. gr.
2. Við 2. gr. 3. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Viðkomandi sveitarfélag leggur fram a.m.k. jafnháa upphæð og Íbúðalánasjóður.
3. Við 4. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: Eignir, réttindi og skyldur eldri varasjóðs.
   b. 2. tölul. orðist svo: Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 53. gr. laganna. Heimilt er varasjóði húsnæðismála að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Í staðinn ábyrgist hinn nýstofnaði sjóður samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða til ársins 2013.

1267. Nefndarálit [622. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn, og til að fella inn

í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999, um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans.

Meginmarkmiðið með breytingum á bókun 26 er að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sambærilegar heimildir og framkvæmdastjórn ESB eru faldar með fyrrgreindri reglugerð ráðsins nr. 659/1999. Ákvörðunin kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum þess efnis (þskj. 938, 596. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

1268. Nefndarálit [623. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2001/23/EB frá 12. mars 2001, um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launamanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta fyrirtækja eða atvinnurekstrar.

Eitt meginmarkmið tilskipunar nr. 2001/23/EB, sem er endurútgefin tilskipun nr. 77/187/EBE með innfelldum breytingum sem leiddu af tilskipun nr. 98/50/EB, er að vernda réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum eða hluta fyrirtækja. Tilskipun nr. 77/187/EBE hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, en eftir stóð að taka upp ákvæði tilskipunar 98/50/EB og er það gert nú með innleiðingu hinnar endurútgefnu tilskipunar. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur félagsmálaráðherra lagt fram frumvarp til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum (þskj. 990, 629. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

1269. Nefndarálit [636. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Nikulás Hannigan og Önnu Jóhannsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Sigrúnu Ágústsdóttur, Sigríði A. Arnardóttur og Guðlaug Sverrisson frá umhverfisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001 frá 11. desember 2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000, um úr sér gengin ökutæki.

Tilskipunin markar heildarramma um meðhöndlun allra farartækja sem eigendur vilja losa sig við og felur það í sér að koma þarf upp kerfi sem nær til alls landsins og tryggir móttöku allra bílflaka og, að því marki sem unnt er, annars úrgangs og hluta sem fjarlægðir eru við viðgerðir bifreiða. Felur þetta m.a. í sér að leggja þarf sérstakt úrvinnslugjald á bifreiðar og að fjármunum sem þannig innheimtast verði varið til að reksturs kerfisins.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneyti er hafinn undirbúningur við endurskoðun löggjafar en þeirri vinnu verður ekki lokið fyrr en með haustinu.

Nefndin vekur athygli á því að nauðsynlegar breytingar á innlendri löggjöf munu ekki ná fram að ganga innan þess frests sem gefinn er til að innleiða tilskipunina hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Einar K. Guðfinnsson.

Jónína Bjartmarz.

1270. Nefndarálit [686. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Hauksdóttur frá utanríkisráðuneyti og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til þess að Ísland gerist aðili að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna sem gerður var í Vínarborg 3. mars 1980.

Samningur um vörslu kjarnakleyfra efna er á meðal þeirra samninga sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem hryðjuverkasamninga. Hann hefur tvenns konar markmið. Annars vegar gerir hann tilteknar kröfur um hvernig vörslu kjarnakleyfra efna sem nota skal í friðsamlegum tilgangi skuli háttað þegar slík efni eru flutt milli landa. Hins vegar mælir hann fyrir um hvers konar ráðstafanir aðildarríki skuli gera vegna ólögmætra athafna með kjarnakleyf efni þegar þau eru flutt milli landa eða eru í notkun, geymslu eða flutningi innan lands.

Aðild að samningnum kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (þskj. 1094, 678. mál).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Magnús Stefánsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Vilhjálmur Egilsson.	Þuríður Backman.

Einar K. Guðfinnsson. Jónína Bjartmarz.

1271. Nefndarálit [672. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús K. Hannesson frá utanríkisráðuneyti.

Nýr stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu var undirritaður í Vaduz í Liechtenstein 21. júní 2001 og veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda hann með þingsályktun 10. apríl sl. Fullgilding samningsins kallar á lagabreytingar hér á landi og miðar frumvarpið að breytingum á innlendri löggjöf sem fjallar um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingar og rétt til stofnsetningar en markmið lagabreytinganna er fyrst og fremst að veita svissneskum ríkisborgurum og lögaðilum rétt til samræmis við EES-borgara þar sem það leiðir af nýjum stofnsamningi EFTA.

Við athugun nefndarinnar á málinu kom í ljós að 22., 24. og 25. gr. frumvarpsins ganga lengra en fullgilding nýs Fríverslunarsamnings Evrópu krefst og leggur nefndin til að þeim ákvæðum verði breytt. Jafnframt hefur komið í ljós að í frumvarpið vantar breytingar á fjölmörgum ákvæðum laga sem eru á málefnasviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og leggur nefndin því til að þeim ákvæðum verði bætt við. Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði og að lokum eru lagðar til nokkrar lagfæringar á frumvarpinu en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Nefndin vekur athygli á að í 1. gr. frumvarpsins er breytt lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum. Þau lög munu falla úr gildi 1. janúar 2003 við gildistöku nýrra laga um útlendinga ef samþykkt verða á þessu þingi og þarf þá að gera samsvarandi breytingu á þeim.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Ögmundur Jónasson.	Jónína Bjartmarz.

1272. Breytingartillögur [672. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Við 8. gr. Í stað orðsins „iðjuþjálfaraskóli“ komi: iðjuþjálfaskóli.
2. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Sjúkratryggingar skulu einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann er staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
3. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
4. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 108/2000:
   a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
5. Við bætist ný grein er verði 31. gr. og orðist svo:
   Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.
6. Við 33. gr. er verði 34. gr. Í stað orðanna „2. mgr.“ komi: 1. mgr.
7. Við 39. gr. er verði 40. gr. Í stað orðanna „sbr. 2. gr. laga nr. 46/1996“ komi: sbr. 2. og 6. gr. laga nr. 46/1996.
8. Við 44. gr. er verði 45. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 84/1998 og 4. gr. laga nr. 17/1999:
   a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
   b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.
9. Á eftir 46. gr. er verði 47. gr. komi þrjár nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögninni: *Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.*
   a. (48. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:
      a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
      b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. (49. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 16. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 84/1998, kemur: og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

c. (50. gr.)
Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

10. Við 47. gr. er verði 51. gr. Í stað orðanna „2. mgr.“ komi: 1. mgr.

11. Á eftir 51. gr. er verði 55. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (56. gr.)
Á eftir orðunum „aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 77. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. (57. gr.)
Á eftir orðinu „aðildarríki“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: Evrópsks efnahagssvæðis eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

12. Við 52. gr. er verði 58. gr. Í stað orðanna „1. mgr.“ komi: 2. mgr.

13. Við 58. gr. er verði 64. gr. Í stað orðanna „2. málsl.“ í a-lið komi: 3. málsl.

14. Á eftir 67. gr. er verði 73. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (74. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 49. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. (75. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

15. Á eftir 74. gr. er verði 82. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (83. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 86. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. (84. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 87. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

16. Á eftir 79. gr. er verði 89. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:

a. (90. gr.)
Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. (91. gr.)
1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu eða innan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

17. Við 80. gr. er verði 92. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

1273. Nefndarálit [714. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Guðlaugsson, Þórhall Arason, Ingva Má Pálsson og Guðmund Ólason frá fjármálaráðuneyti, Helenu Hilmarsdóttur frá Verðbréfaþingi Íslands, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Svein Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Gísla Tryggvason og Auði Antonsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Birgi Ármannsson og Sigríði Andersen frá Verslunarráði Íslands, Kristínu Pétursdóttur frá Kauphingi, Eddu Rós Karlsdóttur frá Búnaðarbanka Íslands, Almar Guðmundsson frá Íslandsbanka, Þór Sigþórsson frá Íslenskum lyfjarannsóknum, Kára Stefánsson, Þór Haraldsson og Pál Magnússon frá Íslenskri erfðagreiningu, Birgi Ísleif Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands, Tómas Þorvaldsson, Sveinbjörn Gizurarson, Magnús R. Guðmundsson og Sturlu Geirsson frá Lyfjaþróun, Brynjólf Kvaran og Guðbjörgu Alfreðsdóttur frá Pharmaco, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Gylfa Magnússon frá Háskóla Íslands, Magnús Harðarson frá Þjóðhagsstofnun, Róbert Westmann frá Delta, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu og Davíð Á. Gunnarsson og Ragnhildi Arnljótsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Lyfjaþróun hf., Íslenskri erfðagreiningu, Bandalagi háskólamanna, Greiningadeild Búnaðarbanka Íslands, Greiningadeild Íslandsbanka, Samtökum fjárfesta, Pharmaco, Þjóðhagsstofnun og Pétri H. Blöndal. Einnig bárust gögn frá Íslenskri erfðagreiningu og fjármálaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að veita fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, heimild til að veita einfalda ríkisábyrgð á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir USD, eða um 20 milljarða kr., útgefnum af deCODE Genetics Inc., móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. Aðgerðinni er ætlað að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi.

Ábyrgðin er háð samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, en stjórnvöld telja að hún uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna eins og þau eru tilgreind í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar um ríkisaðstoð. Ef samþykki stofnunarinnar fæst ekki fyrir því að ábyrgðin sé sérstök ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis telja stjórnvöld að ábyrgðin geti jafnframt uppfyllt skilyrði sem sett eru fyrir veitingu almennra ríkisábyrgða í leiðbeiningarreglum stofnunarinnar, en þau eru sambærileg þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Töluvert var um það rætt í nefndinni hvort veita ætti öðrum fyrirtækjum sambærilega fyrirgreiðslu og fyrirtækið Lyfjaþróun hf. lagði fram upplýsingar þar sem fram kemur að það telur sig í sambærilegri starfsemi og Íslenska erfðagreiningu ehf. Meiri hlutinn bendir á að þegar ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA liggur fyrir um hvort ábyrgðin uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsóknar- og þróunarverkefna verður grundvöllur til að fjalla um það hvort ástæða sé til að veita ábyrgð öðrum fyrirtækjum hér á landi sem fást við lyfjaþróun á sambærilegum forsendum og Íslensk erfðagreining hf. hefur í hyggju.

Meiri hlutinn leggur til smávægilegar breytingar á frumvarpinu. Þær eru ætlaðar til að gera orðalag þess skýrara og til að taka af allan vafa um að með 2. gr. þess er ekki ætlunin að fella brott ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, heldur eingöngu að árétta að lögin gildi ekki um þá aðgerð sem lögð er til í frumvarpinu, að undanskilinni 5. gr. þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.		Drífa Hjartardóttir.

1274. Breytingartillögur [714. mál]

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, EKG, KHG, SAÞ, DrH).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.
3. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

1275. Nefndarálit [638. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Gest Guðjónsson frá Olíudreifingu og Ólaf Jónsson frá Skeljungi. Umsagnir bárust frá Olíudreifingu ehf., Skeljungi hf. og Samorku.

Megintilgangur frumvarpsins er að kveða skýrar á um starfsleyfisskyldu og aðrar þær kvaðir sem þeirri skyldu fylgja í lögunum. Þannig er nú kveðið skýrt á um að allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun sem og stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögunum skuli hafa gilt starfsleyfi. Jafnframt er tekið fram að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Þá er lagt til að skilgreining hugtaksins hollustuvernd og heimild til að setja almennar reglur um framkvæmd hollustuverndar verði rýmkaðar nokkuð frá því sem nú er. Ástæða þessa er m.a. sú að á vissum sviðum eru atriði er varða öryggi almennings og slysavarnir svo tengd heilbrigðiseftirliti að rétt þykir að víkka skilgreiningu hugtaksins hollustuvernd þannig að það nái einnig til þessara þátta.

Nefndin ræddi sérstaklega starfsemi olíubirgðastöðva. Á grundvelli 24. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, lúta olíubirgðastöðvar eftirliti Hollustuverndar ríkisins, sbr. einnig reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Skv. 4. gr. frumvarpsins (5. gr. a laganna) er gert ráð fyrir því að allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun verði starfsleyfisskyldur. Verði þessi breyting lögfest verður starfsemi olíubirgðastöðva starfsleyfisskyld og eftirlit sem verið hefur hjá Hollustuvernd ríkisins mun flytjast til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Það eftirlit sem hér um ræðir felst í sérhæfðum skoðunum sem óeðlilegt væri að byggja upp í hverju heilbrigðiseftirlitssvæði fyrir sig. Þar sem það er ekki markmið frumvarpsins að breyta því fyrirkomulagi sem hér um ræðir er nauðsynlegt að bæta olíubirgðastöðvum inn í fylgiskjal I með lögunum sem geymir lista yfir þann atvinnurekstur sem Hollustuvernd ríkisins veitir starfsleyfi fyrir.

Fram kom í máli gesta að við setningu fyrrnefndrar reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi var sú kvöð lögð á eigendur olíubirgðastöðva að mengunarvörnum skyldi komið í fullkomið horf fyrir 31. desember 2005 og er 75% þeirrar áætlunar nú lokið. Til einföldunar við starfsleyfisgerð þar sem allar olíubirgðastöðvar munu þá uppfylla sömu skilyrði og til að koma í veg fyrir óþarfa óþægindi er nauðsynlegt að ekki verði gerð krafa um að olíubirgðastöðvar hafi starfsleyfi fyrr en að loknu því tímabili. Því er nauðsynlegt að bætt verði inn í lögin ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að aðilar sem féllu ekki áður undir starfsleyfisskyldu skuli afla sér starfsleyfis fyrir 31. desember 2005.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1. málsl. 1. efnismgr. 4. gr. kemur fram að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi. Lagt er til að hér verði bætt við tilvísun til 6. gr. laganna þar sem fram kemur að Hollustuvernd ríkisins gefur út slík leyfi auk heilbrigðisnefnda. Þetta er gert til samræmis við 3. gr. frumvarpsins en þar kemur fram hvaða starfsleyfi eru útgefin af heilbrigðisnefnd.
2. Í 7. gr. er vísað í lög um meðhöndlun úrgangs. Frumvarp til þeirra laga hefur ekki enn verið samþykkt og því er nauðsynlegt að fella þessa millivísun brott.

3. Nauðsynlegt þykir að bæta við ákvæði til bráðabirgða um öflun starfsleyfis fyrir olíubirgðastöðvar, sbr. umfjöllun hér að framan.
4. Lagt er til að í fylgiskjali I með lögunum bætist olíubirgðastöðvar við upptalningu um starfsleyfi sem Hollustuvernd veitir, sbr. umfjöllun hér að framan.
5. Lagt er til að í stað orðsins „Dýrasýningar“ í 8. gr., er verði 9. gr., komi orðin „Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar“. Ástæða þessa er sú að orðið „dýrasýningar“ þótti of víðtækt og þannig er gert ráð fyrir að einungis þurfi starfsleyfi fyrir umfangsmeiri sýningar. Í reglugerð yrði síðan kveðið nánar á um hvenær dýrasýning telst umfangsmikil. Til viðmiðunar gæti verið hversu margir sækja sýningarnar og hvort þær eru haldnar innan húss í húsnæði sem ætlað er til annarra nota, t.d. í íþróttahúsum. Þá þykir eðlilegt að gera þá kröfu að dýragarðar verði starfsleyfisskyldir.
6. Lagt er til að í stað orðsins „Gæsluvellir“ í 8. gr. komi „Gæsluvellir og opin leiksvæði“. Samkvæmt reglugerð um leikvelli og leikvallatæki sem nú er í smíðum er gert ráð fyrir að leiksvæði á opnum svæðum, t.d. á vegum sveitarfélaga, þurfi starfsleyfi. Leiksvæði á lóð fjölbýlishúss teldist þá ekki opið leiksvæði og þarf því ekki starfsleyfi en þarf þó að uppfylla önnur ákvæði reglugerðarinnar, t.d. um öryggi leiktækja.
7. Þá er lagt til að við upptalningu í 8. gr. verði bætt meindýravörnum. Hér er um að ræða sambærilega starfsemi og garðaúðun sem felur í sér meðferð hættulegra efna og eiturefna.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Jóhann Ársælsson.	Gunnar Birgisson.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Ásta Möller.	Ísólfur Gylfi Pálmason.

1276. Breytingartillögur [638. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum „skal hafa gilt starfsleyfi“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: sbr. 6. gr.
2. Við 7. gr. Greinin falli brott.
3. Við bætist tvær nýjar greinar, er verði 7. og 8. gr., svohljóðandi:
   a. (7. gr.)
      Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
      Allar olíubirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.
   b. (8. gr.)
      Við fylgiskjal I við lögin bætist nýr töluliður, 24. tölul., svohljóðandi: Olíubirgðastöðvar.

4. Við 8. gr., er verði 9. gr.
   a. Í stað orðsins „Dýrasýningar“ komi: Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar.
   b. Í stað orðsins „Gæsluvellir“ komi: Gæsluvellir og opin leiksvæði.
   c. Á eftir orðinu „Læknastofur“ komi: Meindýravarnir.

1277. Tillaga til þingsályktunar [730. mál]

um skipan nefndar til að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, til að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd. Nefndin líti sérstaklega til þeirra ríkja þar sem einkavæðingu og einkaframkvæmd hefur verið beitt í ríkum mæli.

Greinargerð.

Tillaga sambærilegs efnis var samþykkt á Alþingi 9. maí 2000. Hún var upphaflega flutt af Ögmundi Jónassyni o.fl. (8. mál á 125. löggjafarþingi) og var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Nefndin flutti breytingartillögu við tillögugreinina en þar sem ónákvæmni þótti gæta í þingsályktuninni, eins og hún var samþykkt, hefur nefndin ákveðið að flytja tillöguna á nýjan leik með skýrara orðalagi.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, nefndarálits svo og umræðna um tillöguna á 125. löggjafarþingi 1999–2000.

1278. Nefndarálit [680. mál]

um till. til þál. um breyt. á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Helga Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni.

Sú vegáætlun sem hér er til umræðu er frábrugðin fyrri áætlunum að því leyti að hún tekur eingöngu til eins árs. Ástæður þessa eru raktar í framhaldsnefndaráliti meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., 385. mál, og vísast til þess sem þar segir, en samhliða því áliti leggur nefndin til breytingu sem veitir Alþingi heimild til að samþykkja vegáætlun í því formi sem hér er lagt til.

Í fjárlögum fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir frestun stofnkostnaðarframkvæmda fyrir 1.519 m.kr. á þessu ári. Við þessa fjárhæð bætist frestun framkvæmda á árinu 2001 að fjárhæð 700 m.kr. Nefndin hefur tekið málið til skoðunar í samstarfi við Vegagerðina og þingmenn einstakra kjördæma og birtist niðurstaða meiri hluta nefndarinnar á frestun framkvæmda og sundurliðun útgjalda í breytingartillögu meiri hlutans.

Samkvæmt niðurstöðu meiri hlutans deilist frestun á framkvæmdum milli einstakra landshluta þannig:

1.	Suðurland	76 m.kr.
2.	Reykjanes	20 m.kr.
3.	Vesturland	79 m.kr.
4.	Vestfirðir	75 m.kr.
5.	Norðurland vestra	55 m.kr.
6.	Norðurland eystra	76 m.kr.
7.	Austurland	79 m.kr.
8.	Höfuðborgarsvæðið	329 m.kr.

Að auki er lögð til frestun á framkvæmdum í einstökum flokkum framkvæmda, sbr. sundurliðun framkvæmda í breytingartillögu:

1.	Brúarframkvæmdir	60 m.kr.
2.	Jarðgangaframkvæmdir	1.150 m.kr.
3.	Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	200 m.kr.
4.	Landsvegir	10 m.kr.
5.	Safnvegir	10 m.kr.

Sundurliðun útgjalda samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans er í samræmi við þetta en jafnframt hefur verið tekið tillit til frestunar framkvæmda 2001 fyrir 700 m.kr. og endurgreiðslu þeirra.

Í fylgiskjali með nefndarálitinu er listi yfir skuldir og skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af því að vegáætlun sú sem hér um ræðir nær aðeins til eins árs.

Meiri hlutinn telur að stefna skuli að því að bjóða út fyrirhugaða breikkun á Reykjanesbraut í stærri áföngum en áætlað hefur verið til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar og draga úr slysahættu. Ljóst er að á móti verður að draga úr öðrum framkvæmdum á svæðinu. Endanleg ákvörðun Alþingis um þetta atriði bíður næsta hausts.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Þorgerður K. Gunnarsdóttir.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Fylgiskjal.

Listi yfir:
Skuldir og skuldbindingar
sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni og 1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1	Hringvegur			
a2	Um Djúpá og Laxá		20	
a6	Um Skaftá		12	
b3	Um Vík		4	
c8	Um Þjórsá		118	
30	Hrunamannavegur			
08	Flúðir – Biskupstungnabraut		36	
32	Þjórsárdalsvegur			
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir		17	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss		36	
41	Reykjanesbraut			
15-18	Breikkun		359	292
1	Hringvegur			
	Hvalfjarðartengingar		63	63
g6	Borgarnes		34	
h0	Borgarfjarðarbraut – Grafarkot			12
50	Borgarfjarðarbraut			
02	Vatnshamraleið		52	46
54	Snæfellsnesvegur			
10	Bjarnarfoss – Egilsskarð		19	
10	Sæluhús – Valavatn		16	
56	Vatnaleið		20	
60	Vestfjarðavegur			
01	Brattabrekka		37	99
531	Borgarbraut			
01	Brákarsund		5	
60	Vestfjarðavegur			
21	Gilsfjörður		21	15
29-31	Múli – Vattarnes		206	187
44	Gemlufallsheiði		51	
61	Djúpvegur			
31	Gilseyri – Kleifaós		45	
45	Hnífsdalur – Bolungarvík		9	
62	Barðastrandarvegur			
04	Kleifaheiði		57	
636	Hafnarvegur Ísafirði			
01	Djúpvegur – höfn		16	
1	Hringvegur			
k8	Um Vatnsdalsá		72	
74	Skagastrandarvegur		23	

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
1		Hringvegur			
	q9	Mývatnsheiði		175	
85		Norðausturvegur			
	09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn		272	
	24	Um Svalbarðsá		16	
1		Hringvegur			
	s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð		141	34
	s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir		114	
	t5	Stóra-Sandfell – Litla-Sandfell		19	
	t9-u0	Ásunnarstaðir – Heydalir		65	
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur		61	85
93		Seyðisfjarðarvegur			
	06	Við ferjuhöfn		35	5
		Samtals		2.246	838

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
41		Reykjanesbraut			
	11	Gatnamót við Stekkjarbakka		520	50
	12	Fífuhvammsvegur – Kaplakriki		420	30
	14	Í Hafnarfirði		350	
		Samtals		1.290	80

2. Jarðgangaáætlun.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj.			1.500	1.500
	Samtals		1.500	1.500

3. Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
26	Landvegur			
02	Holtsmúli – Fellsmúli		35	32
204	Meðallandsvegur			
	Ásgarður – Fossar		9	
254	Hólmavegur			
01	Landeyjavegur – flugvöllur			15
33	Gaulverjabæjarvegur			
01	Önundarholtsv. – Skipar		12	
508	Skorradalsvegur			
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut		21	
645	Drangsnesvegur			
01	Reykjarnes – Drangsnes		50	
807	Skíðadalsvegur			
01	Um Skíðadals- og Svarfaðardalsá		15	
94	Borgarfjarðarvegur			
07	Á Vatnsskarði		12	18
931	Upphéraðsvegur			
01	Ekkjufell – Setberg		44	14
939	Axarvegur			
01-02	Skriðdalur – Berufjörður		11	17
	Samtals		209	96

4. Til brúagerðar.

1. Brýr, 10 m og lengri.

	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Skaftá (1)		50	
Laugaá (35)		14	
Samtals		64	

5. Ferðamannaleiðir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
	Vegir í Vestmannaeyjum		5	
508	Skorradalsvegur			
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut		15	
574	Útnesvegur			
04	Hella – Hellissandur		16	
586	Haukadalsvegur		4	
5710	Arnarstapavegur			11
5714	Lýsuhólsvegur			8
793	Skarðsvegur			
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði		3	
837 03	Hlíðarfjallsvegur		35	
953	Mjóafjarðarvegur		35	
	Samtals		113	19

Yfirlit

	2002 m.kr.	2003 m.kr.	2004 m.kr.
Almenn verkefni og Stórverkefni		2.246	838
Höfuðborgarsvæðið		1.290	80
Jarðgangaáætlun		1.500	1.500
Tengivegir		209	96
Brýr, 10 m og lengri		64	
Ferðamannaleiðir		113	19
Samtals		5.422	2.533

1279. Breytingartillaga [680. mál]

við till. til þál. um breyt. á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, ArnbS, MS, ÞKG, SI).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árið 2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*

(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
1.1.	Markaðar tekjur:	
	1. Bensíngjald	5.434
	2. Þungaskattur, km-gjald	2.499
	3. Þungaskattur, árgjald	2.465
		10.398
1.2.	Umsýslugjald 0,5%	-52
		10.346
1.3.	Aðrar tekjur:	
	1. Leyfisgjöld flutninga	9
	2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála	123
		10.478
1.4.	Viðbótarfé	500
1.5.	Sérstök fjáröflun	2.300
1.6.	Frestun framkvæmda	-1.616
		11.662
1.7.	Lánsfé:	
	1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40
	2. Vegna ferja	-263
	Samtals	**11.359**

* Áætlunin er sett upp á áætluðu meðalverðlagi árið 2002 (vísitala vegagerðar 6740 stig). Hækkun frá 2001 nemur um 6% og er það í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
GJÖLD		
2.1. Rekstur og þjónusta		
1. Yfirstjórn		**264**
2. Upplýsingaþjónusta		**56**
3. Umferðareftirlit		**52**
4. Þjónusta		**2.194**
1. Þjónustusvæði	300	
2. Vegir og vegyfirborð	385	
3. Brýr og veggöng	60	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	364	
5. Þéttbýlisvegir	263	
6. Vetrarþjónusta	822	
5. Almenningssamgöngur		**750**
1. Ferjur og flóabátar	518	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-263**
2. Áætlunarflug	123	
3. Sérleyfi á landi	109	
6. Rannsóknir		**98**
Rekstur og þjónusta samtals		**3.151**
2.2. Viðhald		
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**860**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**235**
3. Styrkingar og endurbætur		**543**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**179**
5. Öryggisaðgerðir		**130**
6. Vatnaskemmdir		**123**
Viðhald samtals		**2.070**
2.3. Stofnkostnaður		
1. Stofnvegir		**3.944**
1. Almenn verkefni	424	
2. Höfuðborgarsvæðið	1.191	
3. Stórverkefni	2.329	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfj. til ríkissjóðs		**-40**
2. Jarðgangaáætlun		**300**
3. Tengivegir		**477**
4. Til brúargerðar		**206**
1. Brýr 10 m og lengri	182	
2. Smábrýr	24	
5. Ferðamannaleiðir		**346**
6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi		**370**
7. Girðingar		**55**
8. Landsvegir		**115**
9. Safnvegir		**272**
10. Styrkvegir		**54**
11. Reiðvegir		**39**
Stofnkostnaður samtals		**6.138**
Samtals		**11.359**

SUNDURLIÐUN

2.3. Stofnkostnaður.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
1		Hringvegur	
	a6	Um Skaftá	11
35		Biskupstungnabraut	
	08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	41
359		Bræðratunguvegur	
	01	Um Hvítá	20
1		Hringvegur	
	e1	Lagfæringar	37
45		Garðskagavegur	
	04	Í Sandgerði	10
427		Ísólfsskálavegur	
	04	Grindavík – Ísólfsskáli	4
1		Hringvegur	
	g6	Borgarnes	16
54		Snæfellsnesvegur	
	10	Sæluhús – Valavatn	16
574		Útnesvegur	
	06	Lýsing við Hellissand og Rif	3
60		Vestfjarðavegur	
	01	Brattabrekka	37
61		Djúpvegur	
	09	Kollafjörður	31
	45	Hnífsdalur – Bolungarvík	40
744		Þverárfjallsvegur	
	01-02	Þverá – Skagavegur	72
1		Hringvegur	
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur	15
1		Hringvegur	
	x1	Suðursveit	38
85		Norðausturvegur	
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur	14
92		Norðfjarðarvegur	
	10	Um Norðfjarðará	9
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi Lagfæringar á þjóðvegum	10
		Samtals	424

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
1	Hringvegur	
e3	Lagfæring á gjá	10
f2	Gatnamót við Víkurveg	100
f3	Gatnamót við Skarhólabraut	50
f3	Í Mosfellsbæ	16
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Rampi í Kópavogi	10
41	Reykjanesbraut	
11	Gatnamót við Stekkjarbakka	30
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut	250
12	Fífuhvammsvegur – Kaplakriki	30
14	Í Hafnarfirði	330
49	Nesbraut	
04	Færsla Hringbrautar	130
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur – Höfðabakki	25
450	Sundabraut, undirbúningur	50
	Göngubrýr og undirgöng	76
	Smærri verk og óráðstafað	84
	Samtals	1.191

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Djúpá, Hörgsá		
1	Hringvegur	
a2	Um Djúpá og Laxá	39
Þjórsá		
1	Hringvegur	
c8	Um Þjórsá	409
Biskupstungnabraut		
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	48
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík		
41	Reykjanesbraut	
15-18	Breikkun	134
Hvalfjarðartengingar		
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartengingar	63
Breikkun brúa á Vesturlandi		
1	Hringvegur	
h4	Norðurá í Heiðarsporði	65
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð		
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður	21
Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur		
56	Vatnaleið	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka	213
Hálsasveitarvegur að Húsafelli		
518	Hálsasveitarvegur	
02-03	Reykholtsdalur – Húsafell	98
Gilsfjörður		
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	26
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli – Vattarnes	129
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði		
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði – Bjarnadalur	5
Ísafjarðardjúp		
61	Djúpvegur	
31	Gilseyri – Kleifaós	106
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður		
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði	49
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra		
1	Hringvegur	
k8	Um Vatnsdalsá	45
Þverárfjallsvegur		
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	35
Hringvegur á Mývatnsheiði		
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði	100
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn		
85	Norðausturvegur	
09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn	265
24	Um Svalbarðsá	5
Tenging Norðurland – Austurland		
1	Hringvegur	
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð	45
s6-s7	Ármótasel – Skjöldólfsstaðir	23
Hringvegur á Austurlandi		
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir	94
u4	Búðaá – Hvannabrekka	86
u9	Melrakkanes – Blábjörg	55
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	33
v4	Jökulsá í Lóni	40
x1	Suðursveit	32
Suðurfjarðavegur		
96	Suðurfjarðavegur	
11	Kambanes – Snæhvammur	46
Samgöngurannsóknir		10
	Samtals	2.329

2. Jarðgangaáætlun.

	2002 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj.	300
Samtals	300

3. Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
25		Þykkvabæjarvegur	
	02	Hrafntóftir – Ásvegur	18
26		Landvegur	
	02	Holtsmúli – Fellsmúli	36
33		Gaulverjabæjarvegur	
	01	Önundarholtsv. – Skipar	36
305		Villingaholtsvegur	
	01	Kolsholt – Urriðafossvegur	4
310		Votmúlavegur	
	01	Eyrarbakkav. – Gaulverjabæjarv.	6
329		Mástunguvegur	
	01	Skyggnir – Laxárdalur	5
374		Hvammsvegur	
	01	Sogn – Hringvegur	19
48		Kjósarskarðsvegur	
	01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur	36
50		Borgarfjarðarbraut	
	02	Vatnshamraleið	42
505		Melasveitarvegur	27
508		Skorradalsvegur	
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	2
518		Hálsasveitarvegur	
	01	Lýsing við Reykholt	2
523		Hvítársíðuvegur	4
530		Ferjubakkavegur	3
5240		Bifrastarvegur	
	01	Lýsing við Bifröst	2
612		Örlygshafnarvegur	
	01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn	21
629		Syðradalsvegur	
	01	Djúpvegur – Geirastaðir	8
645		Drangsnesvegur	
	01	Reykjarnes – Drangsnes	22
711		Vatnsnesvegur	
	02	Skarð – Bergsstaðir	13
722		Vatnsdalsvegur	
	04	Refabú – Hringvegur	33
753		Vindheimavegur	
	01	Hringvegur – Vindheimar	11
805		Svarfaðardalsvegur	
	01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur	72

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
925	Hróarstunguvegur	
02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn	18
931	Upphéraðsvegur	
01	Ekkjufell – Setberg	5
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur – Berufjörður	22
	Göngubrú á Jökulsá í Lóni	10
	Samtals	477

4. Til brúagerðar.

1. Brýr, 10 m og lengri.

	2002 m.kr.
Skaftá (1)	39
Brýr á Hringvegi í Suðursveit (1)	21
Ósá í Bolungarvík (61)	39
Skíðadalsá (807)	53
Fjarðará í Seyðisfirði	15
Óráðstafað	15
Samtals	182

5. Ferðamannaleiðir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
52	Uxahryggjavegur frá Þingvöllum	40
	Vegur á Höfðabrekkuheiði	3
	Vegir í Vestmannaeyjum	10
215	Reynishverfisvegur	5
249	Þórsmerkurvegur	10
334	Gullfoss	7
408	Heiðmerkurvegur	11
426	Bláalónsvegur	11
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	11
574	Útnesvegur	
02	Arnarstapi – Malarrif	30
04	Hella – Hellissandur	5
612	Örlygshafnarvegur	
02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg	4
637	Seljalandsvegur	8
643	Strandarvegur	
03	Bjarnarfjarðará – Deild	27
03-08	Drangsnesvegur – Norðurfjörður	6
717	Borgarvegur	
01	Síðuvegur – Borgarvirki	2
746	Tindastólsvegur	5

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti / Kaflaheiti	2002 m.kr.
764		Hegranesvegur	
	01-02	Hróarsd. – Keldud. og um Hegrabj.	4
793		Skarðsvegur	
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	11
7350		Steinárvegur	
	01	Brú á Svartá	7
F578	03	Arnarvatnsvegur	7
832		Vaðlaheiðarvegur	2
837	03	Hlíðarfjallsvegur	35
		Vegur að Dettifossi	30
F862		Hólmatungnavegur	5
869		Langanesvegur	2
8716		Engidalsvegur (Engidalur – Stöng)	2
93		Seyðisfjarðarvegur	
	06	Við ferjuhöfn	35
939		Axarvegur	
	01-02	Skriðdalur – Berufjörður	11
		Samtals	346

6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi.

	2002 m.kr.
Fljótsdalur	200
Reyðarfjörður	170
Samtals	370

1280. Nefndarálit [601. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, Rögnu Árnadóttur, Sigfús Eggertsson og Svein Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Hjörleif Þórarinsson og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Helgu Óttarsdóttur og Karl Wernersson frá Hagræði ehf., Rannveigu Gunnarsdóttur og Guðmund H. Pétursson frá Lyfjastofnun, Ingunni Björnsdóttur og Sigríði Arnardóttur frá Lyfjafræðingafélagi Íslands og Sigrúnu Guðmundsdóttur og Kristínu Skjaldardóttur frá Lyfjatæknafélagi Íslands.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Efnafræðifélagi Íslands, Samtökum verslunarinnar, Læknafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Landssambandi eldri borgara, Hagræði

ehf., Samtökum verslunar og þjónustu, Lyfjastofnun, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og Pharmaco hf.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lyfjalögum. Í 1. gr. er lögð til smávægileg orðalagsbreyting á 13. gr. laganna sem fjallar um lyfjaauglýsingar. Nefndin tekur undir þá túlkun sem sett er fram í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins, en þar kemur m.a. fram að Lyfjastofnun telji að fullyrðingar um að vara hafi bætt áhrif á líkamsstarfsemi geti verið þáttur í markaðssetningu heilsuvöru. Nefndin leggur til frekari orðalagsbreytingu sem er til þess fallin að styrkja þá túlkun frekar. Nefndin vekur athygli á því að regla 13. gr. laganna gildir jafnt um innflutta vöru sem vöru framleidda hér á landi.

Í 2. gr. er lagt til að rekstraraðili lyfjabúðar, sé hann annar en lyfsöluleyfishafi, þurfi sérstakt rekstrarleyfi ráðherra og sé þá jafnframt ábyrgur fyrir því að farið sé að lögunum ásamt rekstrarleyfishafa. Breytingin tekur mið af þeirri þróun sem orðið hefur þar sem margar lyfjabúðir eru reknar af sama aðila sem ekki er jafnframt lyfsöluleyfishafi. Tryggja verður að rekstraraðili beri fulla ábyrgð á rekstri sínum. Að gefnu tilefni vill nefndin taka fram að hún lítur svo á að þótt rekstraraðili reki margar lyfjabúðir þurfi aðeins eitt rekstrarleyfi. Í breytingunni felst að þegar svo háttar til sem þar greinir þarf tvö leyfi, annars vegar rekstrarleyfi rekstraraðila og hins vegar lyfsöluleyfi þess sem ber faglega ábyrgð. Nefndin leggur til breytingartillögu sem miðar að því að tryggja framangreindan skilning.

Í 3. gr. er skerpt á þeirri skyldu að í lyfjabúð á almennum afgreiðslutíma og öðrum álagstímum skuli eigi færri en tveir lyfjafræðingar vera við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Jafnframt er lagt til að ráðherra hafi aukið svigrúm til veitingar undanþágna frá þessu ef ekki fæst annar lyfjafræðingur til starfa og hætta er á að starfræksla lyfjabúðar falli niður á svæðinu. Öryggi við afgreiðslu lyfja er ákaflega mikilvægt, enda geta mistök haft óbætanlegar afleiðingar. Rekstrarhagræði og arðsemiskröfur lyfjabúða verða að víkja fyrir öryggiskröfum, enda séu þær ekki svo miklar að þær skerði þá nauðsynlegu heilbrigðisþjónustu sem felst í dreifingu og sölu lyfja. Nefndin telur að reglur um mönnun lyfjabúða þurfi að taka mið af umfangi starfsemi í hverri búð fyrir sig, en þó þannig að lágmarksöryggiskröfur séu gerðar. Nefndin leggur því til að áfram verði gerð sú lágmarkskrafa að í lyfjabúð skuli að jafnaði starfa tveir lyfjafræðingar en ráðherra geti með reglugerð ákveðið að þeir skuli vera fleiri ef umfang starfsemi lyfjabúða er mikil. Áfram er gert ráð fyrir að ráðherra hafi tilteknar undanþáguheimildir við sérstakar aðstæður.

Í 4. gr. er lagt til að lyfjaheildsölum verði heimilt að selja þeim lyf sem hafa heimild til vélskömmtunar lyfja. Skort hefur skýra heimild til þessa í lögum en nánari reglur um vélskömmtun lyfja er að finna í reglugerð sem ráðherra hefur sett.

Í 5. gr. er lagt til að Lyfjastofnun verði veitt heimild til að leggja á aðila dagsektir til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum. Samkvæmt gildandi lögum hefur stofnunin heimild til að veita áminningu og getur, sé henni ekki sinnt innan tilskilins frests, ákveðið, stöðvað eða takmarkað starfsemi og lagt hald á vörur. Stöðvun rekstrar eða takmörkun á honum er afdrifaríkt úrræði enda verður því ekki beitt nema mjög alvarleg hætta sé fyrir höndum og aðgerð þoli enga bið. Dagsektarúrræðið er í eðli sínu vægara, en þess er oftar þörf en hinna sem harðari teljast og að því leyti nauðsynlegt. Nefndin leggur til breytingu á inngangsmálslið a-liðar greinarinnar. Breytingin er ekki efnisleg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM

1. 1. gr. orðist svo:

1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf fyrirbyggi, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða lagi eða breyti líffærastarfsemi.
2. Í stað orðanna „veitir þá ráðherra leyfi“ í efnismálsgrein 2. gr. komi: þarf þá rekstraraðili leyfi ráðherra.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra er jafnframt heimilt, að fenginni umsókn þar um, að veita tímabundið leyfi fyrir því að í lyfjabúð starfi aðeins einn lyfjafræðingur enda sé hætta á því að starfræksla lyfjabúðar leggist niður á svæðinu. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um að í lyfjabúðum þar sem umfang starfsemi er mikið skuli að jafnaði starfa fleiri en tveir lyfjafræðingar.
4. Inngangsmálsliður a-liðar 5. gr. orðist svo: Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Einar Oddur Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1281. Nefndarálit [666. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 18. apríl 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form.	Einar Oddur Kristjánsson, frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.	Drífa Hjartardóttir.

Ásta Möller.

1282. Nefndarálit [667. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkisendurskoðun. Frávik að fjárhæð um 40 m.kr. er á niðurstöðum rekstrarreiknings, fjárheimilda og flutnings milli uppgjörsára. Ríkisendurskoðun beinir því til fjárlaganefndar að þessi mismunur verði skýrður og leiðréttur þegar lokafjárlög fyrir árið 2001 verða afgreidd af Alþingi.

Meiri hlutinn gerir sjö breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 124,5 m.kr. til lækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

Breytingar á sundurliðun 1:

02 Menntamálaráðuneyti

725 Námsgagnastofnun.

1.01 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 33,2 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar á árinu 1999 en um er að ræða tekjur af söluandvirði á eignum Skólavörubúðarinnar, svo sem lager, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Fór sala á lausafjármunum fram á grundvelli 35. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Breytingar á sundurliðun 2:

02 Menntamálaráðuneyti

725 Námsgagnastofnun.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 27 m.kr. umframgjöld hjá stofnuninni falli niður og komi ekki til lækkunar á fjárveitingum á árinu 2002. Skýrist það af því að við sölu Skólavörubúðarinnar reyndust verðmæti birgða ofmetin í bókum stofnunarinnar.

07 Félagsmálaráðuneyti

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir, *6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir,* og **272 Byggingarsjóður verkamanna,** *6.01 Byggingarsjóður verkamanna.*

Lagt er til að afgangsheimild að fjárhæð 62,7 m.kr. á lið Byggingarsjóðs verkamanna og umframgjöld að sömu fjárhæð á liðnum leiguíbúðir falli niður. Vegna tæknilegs galla í vinnslu frumvarpsins færðust báðar fjárhæðirnar undir lið 07-205 og komu fram sem yfirfærslur til næsta árs. Eru þá lánsheimildir í samræmi við ríkisreikning.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni

1.63 Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi. Lagt er til að afgangsheimild að fjárhæð 0,8 m.kr. falli niður, en það eru eftirstöðvar tryggingafjár frá árinu 1997.

211 Vegagerðin

6.55 Ferjur og flóabátar. Lagt er til að fjárheimild að fjárhæð 184,9 m.kr. sem ætluð var til afborgana af ferjulánum falli niður. Er það í samræmi við núverandi framsetningu á fjárlögum þar sem afborganir eru ekki færðar til gjalda heldur sem viðskiptahreyfingar.

13 Hagstofa Íslands

950 Rekstrarhagræðing

1.90 Rekstrarhagræðing. Lagt er til að afgangsheimild að fjárhæð 1 m.kr. falli ekki niður heldur færist til næsta árs. Þetta er sambærileg yfirfærsla og hjá nokkrum öðrum ráðuneytum en verið er að skoða betur heimildir þeirra til að nýta þessar fjárveitingar og hvort þær verða felldar niður árið 2000.

Gert er ráð fyrir að nokkrar breytingar verði á fylgiskjali sem er prentað í athugasemdum með frumvarpinu um flutta stöðu fjárheimilda milli áranna 1999 og 2000. Sumar breytinganna leiðir af þeim breytingum sem nefndin leggur til að verði gerðar í sundurliðunum á 1. og 2. gr. frumvarpsins. Aðrar breytingar eru leiðréttingar á árslokastöðu fjárheimilda sem tengjast ekki lagagreinum frumvarpsins og eru gerðar í samræmi við ábendingar frá fjármálaráðuneytinu um talnavillur og ýmis bókhaldsleg atriði sem komu fram við lokafrágang frumvarpsins eða eftir að það var lagt fram. Eftirfarandi tafla sýnir breytingarnar sem verða á fylgiskjalinu.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
02-725 Námsgagnastofnun			
1.01 Almennur rekstur	-62,9	60,2	-2,9
05-202 Hafrannsóknastofnunin			
1.01 Almenn starfsemi	51,2	-4,6	46,6
6.31 Tæki og búnaður í skip	7,3	4,6	11,9
06-190 Ýmis verkefni			
1.10 Fastanefndir	-25,3	13,0	-12,3
1.21 Próf málflytjenda	2,5	-2,5	0,0
1.22 Próf skjalaþýðenda	0,9	-0,9	0,0
1.23 Próf fasteignasala	0,6	-1,7	-1,1
1.31 Matsnefnd eignarnámsbóta	3,5	-2,0	1,5
1.32 Tölvunefnd	2,8	-4,6	-1,8
1.33 Mannanafnanefnd	-0,3	-1,3	-1,6
06-305 Lögregluskóli ríkisins			
1.01 Lögregluskóli ríkisins	2,8	5,9	6,7
06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta			
1.20 Kostnaður við löggæslunám	5,9	-5,9	0,0
07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir			
6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-62,7	62,7	0,0
07-272 Byggingarsjóður verkamanna			
6.01 Byggingarsjóður verkamanna	62,7	-62,7	0,0
09-199 Ráðstöfunarfé			
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6,6	0,6	7,2

09-999 Ýmislegt			
1.90 Óviss útgjöld	29,3	-0,6	28,7
10-190 Ýmis verkefni			
1.63 Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	0,8	-0,8	0,0
10-211 Vegagerðin			
6.55 Ferjur og flóabátar	202,1	-184,9	17,2
13-950 Rekstrarhagræðing			
1.90 Rekstrarhagræðing	0,0	1,0	1,0
14-403 Náttúrustofur			
1.10 Náttúrustofa Austurlands	3,3	-2,8	0,5
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	-4,2	2,8	-1,4

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verið **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Ólafur Örn Haraldsson, form.	Einar Oddur Kristjánsson, frsm.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.	Drífa Hjartardóttir.

Ásta Möller.

1283. Breytingartillögur [667. mál]

við lokafjárlög fyrir árið 1999.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnbS, ÍGP, KPál, DrH, ÁMöl).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 1:			
1. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-725 Námsgagnastofnun			
a. 1.01 Almennur rekstur	0,0	33,2	33,2
b. *Innheimt af ríkistekjum*	*0,0*	*33,2*	*33,2*
Breytingar á sundurliðun 2:			
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-725 Námsgagnastofnun			
a. 1.01 Almennur rekstur	0,0	-27,0	-27,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-27,0*	*-27,0*

3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir			
a. 6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	0,0	-62,7	-62,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*-62,7*	*-62,7*
4. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
07-272 Byggingarsjóður verkamanna			
a. 6.01 Byggingarsjóður verkamanna	0,0	62,7	62,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*62,7*	*62,7*
5. Við **10-190 Ýmis verkefni**			
1.63 Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	0,0	0,8	0,8
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-211 Vegagerðin			
a. 6.55 Ferjur og flóabátar	0,0	184,9	184,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*184,9*	*184,9*
7. Við **13-950 Rekstrarhagræðing**			
1.90 Rekstrarhagræðing	1,0	-1,0	0,0

1284. Skýrsla [731. mál]

um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárlagaferlinu.

Frá fjárlaganefnd.

Með vísan til 26. gr. þingskapa hefur nefndin tekið til athugunar úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárlagaferlinu. Stofnunin gerði grein fyrir úttekt sinni í skýrslu sem kom út í apríl 2001 undir heitinu „Fjárlagaferlið – Um útgjaldastýringu ríkisins“. Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund ríkisendurskoðanda ásamt þeim Jóni Lofti Björnssyni og Óla Jóni Jónssyni, starfsmönnum Ríkisendurskoðunar, og Ólaf Hjálmarsson og Leif Eysteinsson frá fjármálaráðuneyti.

I.

Á undanförnum árum hefur farið fram allnokkur umræða á alþjóðavettvangi um aðferðir og skipulag í tengslum við mótun, þinglega afgreiðslu og framkvæmd fjárlaga. Alþjóðlegar rannsóknir hafa m.a. gefið til kynna að tengsl séu milli þess hvernig fjárlög eru gerð og ástands ríkisfjármála í hverju landi. Markmið úttektar Ríkisendurskoðunar voru í fyrsta lagi að lýsa fjárlagaferlinu, í öðru lagi að bera íslenska fjárlagaferlið saman við fjárlagaferli annarra ríkja, og í þriðja lagi að leitast við að greina hugsanlega veikleika í fyrirkomulaginu hérlendis, meðal annars með hliðsjón af reynslu annarra þjóða.

Úttektin fól m.a. í sér að reynt var að kortleggja fjárlagaferlið. Í því skyni var aflað upplýsinga hjá fjármálaráðuneyti og fjárlaganefnd Alþingis, auk þriggja fagráðuneyta. Einnig var aflað gagna um fjárlagaferli nokkurra ríkja til þess að bera saman við fjárlagaferlið hér á landi. Þau lönd sem urðu fyrir valinu voru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin. Samanburðurinn miðaðist einkum að því að reyna að meta hversu „agað“ íslenska fjárlagaferlið væri, þ.e. hvort skorður til að hamla vexti útgjalda í ólíkum áföngum ferlisins væru jafnvirkar hér á landi og í samanburðarlöndunum.

II.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að margvíslegar breytingar hafa á síðustu árum verið gerðar á fjárlagaferlinu í því augnamiði að styrkja tök stjórnvalda á ríkisfjármálunum og stuðla að agaðri fjármálastjórn. Hins vegar telur stofnunin að enn séu nokkrir veikleikar í fyrirkomulaginu:

- Bent er á að hið nýja skipulag fjárlagagerðar, rammaskipulagið, hafi almennt gefist vel og eflt mjög stefnumótunarhlutverk ríkisstjórnarinnar. Hins vegar þurfi skipulagið að ná til afgreiðslu Alþingis svo að markmið þess náist.
- Ríkisendurskoðun telur að afgreiðsla Alþingis á fjárlögum þurfi að snúast meira um heildarsamhengi ríkisfjármálanna. Bent er á að hér á landi fari ekki fram heildstæð langtímastefnumótun um ríkisfjármál eins og æskilegt væri. Til að svo geti orðið þurfi stjórnvöld að fjalla um og samþykkja útgjaldastefnu til lengri tíma en eins árs í senn.
- Fram kemur að notkun verkefnavísa hafi ekki verið í samræmi við þær væntingar sem til þeirra hafi verið gerðar í upphafi. Nefnt er að þróun verkefnavísa í átt til árangursmælinga muni stuðla að því að þeir gegndu betur hlutverki sínu.
- Bent er á að fjárheimildir séu enn auknar verulega í fjáraukalögum og að forstöðumenn séu ekki látnir axla ábyrgð vegna umframútgjalda, þrátt fyrir ákvæði nýlegra reglna um framkvæmd fjárlaga. Jafnframt er vakið máls á því að gerður verði greinarmunur á ólíkum tegundum fjárheimilda, líkt og gert er víða í öðrum ríkjum.

III.

Að mati fjárlaganefndar gefur úttekt Ríkisendurskoðunar tilefni til breytinga á þeim vinnubrögðum sem tíðkuð eru við fjárlagagerð hér á landi. Nefndin tekur undir ýmsar þær ábendingar sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar að því er varðar hina þinglegu meðferð og afgreiðslu fjárlagafrumvarps og lýsir sig reiðubúna til að vinna að breytingum á fyrirkomulaginu í samvinnu við ríkisstjórn og aðrar nefndir þingsins. Nefndin telur ástæðu til að hvetja ríkisstjórn og fjármálaráðherra til að leggja á hverju ári fram á Alþingi heildstæða langtímastefnumótun um ríkisfjármál með fjárlagafrumvarpi, sbr. 28. gr. fjárreiðulaga, sem Alþingi ályktí sérstaklega um. Loks lýsir nefndin þeirri von sinni að hertar reglur um framkvæmd fjárlaga, sbr. reglugerð nr. 116/2001, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, muni stuðla að því að koma í veg fyrir að rekstur stofnana fari fram úr heimildum fjárlaga.

1285. Nefndarálit [458. mál]

um till. til þál. um að koma á fót vestnorrænni samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Odd Kristjánsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að koma á fót níu manna samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda og að nefndina skipi þrír fulltrúar frá hverju vestnorrænu landanna en tillagan byggist á tilmælum nr. 3/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Ögmundur Jónasson.	Jónína Bjartmarz.

1286. Nefndarálit [459. mál]

um till. til þál. um alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Odd Kristjánsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er farið fram á að ríkisstjórn Íslands, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, haldi alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum en tillagan byggist á tilmælum nr. 2/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Ögmundur Jónasson.	Jónína Bjartmarz.

1287. Nefndarálit [460. mál]

um till. til þál. um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Einar Odd Kristjánsson, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði falið, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að efna til samstarfs um heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda til að tryggja varðveislu sameiginlegrar arfleifðar en tillagan byggist á tilmælum nr. 1/2001 sem samþykkt voru á ársfundi Vestnorræna ráðsins á Grænlandi 2001.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Einar K. Guðfinnsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.	Ögmundur Jónasson.	Jónína Bjartmarz.

1288. Breytingartillögur [714. mál]

við frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, eða kaupa slík skuldabréf, útgefin af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina eða kaupir skuldabréfin að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.
2. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast eða kaupa skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

1289. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, ríkissaksóknara, réttarfarsnefnd og dómstólaráði.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að héraðsdómur verði skipaður þremur héraðsdómurum ef sýnt þykir að niðurstaða dómsins kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á sönnunargildi framburðar vitna og hins vegar er lagt til að lögbundnar takmarkanir á áfrýjunarheimild til Hæstaréttar vegna áfellisdóms í opinberum málum verði felldar niður.

Allsherjarnefnd vekur athygli á því að lög um meðferð opinberra mála sæta nú heildarendurskoðun af hálfu dómsmálaráðuneytis. Með tilliti til þess leggur nefndin til að að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. apríl 2002.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, form., frsm.	Jónína Bjartmarz.	Ólafur Örn Haraldsson.
Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.	Kjartan Ólafsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðrún Ögmundsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.

1290. Skýrsla [732. mál]

félagsmálaráðherra um stöðu framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Inngangur.

Íslenskur réttur hvílir á þeirri meginreglu að allir skuli jafnir fyrir lögum, óháð kynferði. Jöfn staða kynjanna hefur verið stjórnarskrárbundin á Íslandi frá árinu 1995, auk þess sem sérstök jafnréttislög hafa verið í gildi frá árinu 1976. Jafnréttislög eru mikilvægt tæki til að styrkja jafnréttisstarf og standa vörð um jafnrétti í samfélaginu, en það er löngu viðurkennt að í jafnréttisstarfi er í raun verið að breyta viðhorfum fólks til hefðbundinna kynjahlutverka og kynbundinna staðalmynda. Slíkt starf kallar því á sífellda samfélagsrýni, rannsóknir og sértækar aðgerðir til að ryðja nýjum hugmyndum braut. Mikilvægt er að sem flestir komi að þessu verki en þar hljóta þó stjórnvöld að gegna einna mikilvægasta hlutverkinu. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er einmitt framlag stjórnvalda til þessa verks.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra skuli leggja fyrir þingið tillögu að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum

til fjögurra ára. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið frá upphafi ársins 1998 til ársloka 2001 er nú lokið, og í skýrslunni er gerð grein fyrir því hvernig staða verkefnanna var í mars 2002. Alþingi var gerð grein fyrir stöðu áætlunarinnar árið 2001.

Framkvæmdaáætlun 1998–2001.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir tímabilið frá upphafi ársins 1998 til ársloka 2001 var lögð fyrir Alþingi sem tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Tillagan var samþykkt á Alþingi 28. maí 1998. Áætlunin var samin og samþykkt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Til að undirbúa gerð þessarar framkvæmdaáætlunar og til að kynna áætlanir af þessu tagi um aðgerðir í jafnréttismálum boðaði félagsmálaráðherra til funda í öllum kjördæmum landsins. Á fundunum reifaði ráðherra hugmyndir sínar um verkefni í jafnréttismálum og hlustaði eftir hugmyndum landsmanna að nýjum verkefnum. Undirbúningur fundanna var í höndum félagsmálaráðuneytis og heimamanna á hverjum stað, en sá háttur var á hafður að heimamenn lögðu til fundarstjóra og tvo frummælendur. Lögð var áhersla á að sjónarmið beggja kynja kæmu fram í umræðunni og var því af hálfu ráðuneytisins lagt til að annar frummælenda yrði karl og hinn kona. Fundirnir voru vel sóttir. Formaður Jafnréttisráðs og framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála tóku þátt í fundunum og nýttu þeir m.a. hugmyndir sem þar voru reifaðar í tillögu sem Jafnréttisráð gerði að nýrri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Við gerð hennar var einnig leitað eftir hugmyndum frá einstaka ráðuneytum og litið til samþykkta sem íslensk stjórnvöld hafa gert á vettvangi Norðurlandanna, í evrópsku samstarfi og hjá Sameinuðu þjóðunum. Sérstaklega var litið til Peking-áætlunarinnar, sem er framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking haustið 1995. Félagsmálaráðuneytið kynnti öllum ráðuneytum tillögu Jafnréttisráðs og bauð þeim að gera breytingar á áætluninni, enda þótti mikilvægt að áætlunin væri í góðu samræmi við vilja ráðuneytanna um virkni og verkefni. Tillaga að þingsályktun um framkvæmdaáætlun var rædd á nokkrum ríkisstjórnarfundum og tóku ráðherrar ríkisstjórnarinnar virkan þátt í mótun hennar á lokastigi. Á þetta var lögð áhersla enda var um að ræða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra lagði fram tillögu að þingsályktun að nýrri framkvæmdaáætlun fyrir Alþingi í byrjun árs 1998. Félagsmálanefnd lagði til nokkrar breytingar á áætluninni sem Alþingi samþykkti. Meðal annars var hert á ákvæðum um að hlutur kvenna í opinberum nefndum yrði aukinn, auk þess sem verkefni á vegum fjármálaráðuneytis voru skilgreind frekar.

Á samráðsfundi fulltrúa félagsmálaráðuneytis og Jafnréttisráðs sumarið 1998 var framkvæmdaáætlunin yfirfarin og verkefnum forgangsraðað. Félagsmálaráðherra skipaði síðan sérstakan stýrihóp sem var falið að fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar. Í honum áttu sæti þingmennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir og Magnús Stefánsson, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, en hún var formaður stýrihópsins. Með breyttri skipan jafnréttismála með nýrri löggjöf hefur Jafnréttisstofu verið falið þetta eftirfylgnihlutverk.

Framkvæmdaáætlunin skiptist í þrjá meginkafla:

1. Inngang þar sem markmið ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum eru kynnt.
2. Kafla þar sem sameiginleg verkefni ríkisstjórnarinnar eru skilgreind.
3. Kafla um verkefni einstakra ráðuneyta þar sem gerð er grein fyrir séraðgerðum og/eða verkefnum sem einstök ráðuneyti munu vinna að á gildistíma áætlunarinnar.

Í upphafi markmiðskafla framkvæmdaáætlunarinnar segir:

„Leiðarljós framkvæmdaáætlunarinnar er að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins.“ Þetta sjónarmið er ítrekað í lokaorðum kaflans en þar segir: „Ríkisstjórnin mun vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting krefst þess að jafnrétti kynjanna sé meðvitað haft í huga við alla áætlanagerð. Allir sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku þurfa því að hafa þekkingu á jafnréttismálum.“

Með þessari samþykkt hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að starfa að jafnrétti kynjanna í anda samþættingar en það sjónarmið hefur á undanförnum árum verið að ryðja sér til rúms við stefnumótun og í starfi að jafnrétti kynjanna.

Þegar litið er til þess hve vel hefur gengið að vinna þau verkefni sem skilgreind eru í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum verður ekki annað séð en stjórnvöld hafi fylgt ákvörðun sinni um samþættingu vel eftir því að öll ráðuneytin eru með verkefni af því tagi á sínu sviði. Eru þá ótalin þau verkefni sem einstök ráðuneyti eða ríkisstjórnin öll hefur staðið fyrir á tímabilinu en eru ekki tíunduð í framkvæmdaáætluninni. Er það vel því það hlýtur að vera hið endanlega markmið stjórnvalda að jafnrétti sé samþætt á öllum sviðum samfélagsins.

Mikilvægt skref í þá átt var stigið með skipan jafnréttisfulltrúa í öllum ráðuneytum. Frá fyrri hluta ársins 2001 hafa fulltrúarnir unnið saman að skilgreiningu á hlutverkum sínum og þróun starfsaðferða. Fulltrúarnir eru tengiliðir við Jafnréttisstofu, sem sinnir einnig fræðslu og ráðgjöf til þeirra. Í febrúar 2002 hélt stofan námskeið um aðferða- og hugmyndafræði samþættingar fyrir stjórnendur í ráðuneytum og jafnréttisfulltrúa. Þar var lögð áhersla á að finna leiðir til að styrkja samstarf stjórnenda og jafnréttisfulltrúa, m.a. um mótun og framkvæmd áætlunar um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Jafnréttisfulltrúar gegndu mikilvægu hlutverki við endurskoðun og skýrslugerð vegna þessarar áætlunar og í því ferli hefur ekki síst komið í ljós mikilvægi þess að festa þá í sessi, með því að skilgreina starfshlutfall þeirra í hverju ráðuneyti, en umfang starfsins er mjög ólíkt í ráðuneytunum.

Í inngangsorðum framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum er samstarf karla og kvenna að jafnréttismálum nefnt. Í nýjum jafnréttislögum er sérstök áhersla lögð á aukna virkni karla í jafnréttisstarfi og með nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof er einnig stigið mikilvægt skref í þá átt að gera körlum mögulegt að taka ábyrgan þátt í umönnun og uppeldi barna sinna. Bundnar eru vonir við að það efli þá enn frekar til starfa á vettvangi jafnréttismála. Í framkvæmdaáætluninni eru einnig skilgreind verkefni sem sérstaklega lúta að þátttöku karla í jafnréttisstarfi og hefur þeim miðað ágætlega.

Hér á eftir er farið yfir stöðu allra verkefna sem ákveðið var að vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 1998–2001. Auk þess starfs hafa Jafnréttisstofa, Jafnréttisráð og fjölmargar aðrar stofnanir og nefndir á vegum ríkisins unnið viðamikið starf að jafnréttismálum, sem ekki er tíundað hér. Til að auðvelda lestur skýrslunnar og veita heildarsýn yfir það starf sem unnið hefur verið og þann árangur sem náðst hefur er viðeigandi texti úr framkvæmdaáætluninni, auðkenndur með skáletri, við upphaf hvers kafla.

Samhliða skýrslunni er lögð fram endurskoðuð áætlun til næstu tveggja ára.

Verkefni ríkisstjórnarinnar.

1. Öll tölfræði kyngreind.

Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis. Skrifstofa jafnréttismála mun kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

Með bréfi dags. 24. október 2000 fór forsætisráðuneytið þess á leit við Hagstofu Íslands að hún annaðist þetta verkefni í umboði ráðuneytisins. Um framvindu verkefnisins vísast því til þess er fram kemur í greinargerð Hagstofu Íslands í þessari skýrslu.

2. Kannað verður hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin mun í upphafi verks leggja fyrir ríkisstjórn starfsramma og gera þar tillögur að þeim málaflokkum sem sérstaklega verða skoðaðir. Nefndin mun taka til starfa eigi síðar en 1. maí 1998 og verður starf hennar metið og endurskoðað ef þörf þykir að ári liðnu.

Forsætisráðuneytið skipaði í byrjun nóvember 2000 nefnd til þess að annast þetta verkefni. Nefndin hefur unnið ötullega að verkefninu og hefur í því skyni haft samráð við fjölda einstaklinga, stofnana og samtaka. Unnið er að lokaskýrslu nefndarinnar um málið.

3. Jafnrétti hjá ríkisstofnunum.

Í árangursstjórnunarsamningum milli ráðuneyta og stofnana verði sérstaklega vikið að 6. gr. laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna sem m.a. tekur til jafnréttismála. Þá verði í erindisbréfum forstöðumanna stofnana sérstaklega minnt á að stuðlað skuli að jafnrétti kynjanna í starfsemi stofnunarinnar.

Gerð árangursstjórnunarsamninga og frágangur erindisbréfa er á ábyrgð einstakra ráðuneyta. Lausleg athugun fjármálaráðuneytis bendir til þess að afar misjafnt sé hvernig þetta markmið hefur verið nálgast. Almennar tilvísanir í lög eru fátíðar í árangursstjórnunarsamningum og er það með ráði gert þar sem leitast hefur verið við að hafa þessa samninga stutta og sértæka fyrir viðkomandi stofnun. Í erindisbréfum forstöðumanna stofnana er á hinn bóginn almennt vísað til starfsmannalaga og í erindisbréfum margra ráðuneyta er sérstaklega minnt á þá skyldu forstöðumanna að virða jafnrétti kynjanna.

4. Konur og efnahagsmál – konur og efnahagsleg völd.

Skipuð verður nefnd sem mun leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi.

Forsætisráðherra skipaði í október 2000 nefnd þriggja sérfræðinga sem skyldi leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Forsætisráðuneytið hefur fallist á að unnið verði samkvæmt tillögum nefndarinnar um að ráðast í fjögur aðskilin rannsóknarverkefni:

1. *Tölfræðisamantekt.* Teknar verða saman ýmsar tölur í fórum Hagstofu Íslands eða annarra er tekið hafa saman kynaðgreindar tölur sem draga upp mynd af stöðu og völdum kvenna í samanburði við karla í íslensku efnahagslífi. Hér má t.d. nefna tölur um menntun, atvinnuþátttöku, vinnutíma, fjölda fæðinga á hverja konu, fjölda kvenna í eigin atvinnurekstri, fjölda kvenna í opinberum ábyrgðarstöðum o.fl. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

2. *Könnun á vinnumarkaði.* Í samstarfi við Jafnréttisráð verður unnin ný launakönnun til að varpa ljósi á launaþróun hjá konum og körlum og í hvaða mæli kynbundinn launamunur er enn til staðar í íslensku samfélagi. Undirbúningur er langt á veg kominn. Leyfi hafa m.a. fengist fyrir samkeyrslu upplýsinga úr þjóðskrá og úr ýmsum launagögnum. Tölvukeyrslur eru m.a. unnar af Hagstofu Íslands og kjararannsóknarnefnd.
3. *Könnun á stöðu kvenna í stjórnunarstörfum.* Safnað verður upplýsingum um fjölda kven- og karlstjórnenda í íslenskum fyrirtækjum og í opinbera geiranum. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
4. *Almenn viðhorfskönnun.* Gerð verður viðhorfskönnun meðal Íslendinga sem náð hafa kosningaaldri þar sem spurt verður um viðhorf þeirra til ýmissa þátta sem áhrif geta haft á völd kvenna í íslensku efnahagslífi. Þessi viðhorfskönnun hefur ekki enn verið framkvæmd en gert er ráð fyrir að leitað verði tilboða í hana þegar niðurstöður úr öðrum rannsóknaþáttum liggja fyrir. Sérfræðinganefndinni hefur jafnframt verið falið að hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd framangreindra rannsóknarverkefna og er vinna við sum þeirra vel á veg komin. Að verkefnunum loknum mun nefndin skila af sér skýrslu um framkvæmd þeirra og niðurstöður, en áformað er að ráða starfsmann í verkefnið til þess að greiða fyrir lokum þess.

Skýrslur ráðuneytanna.

1. Forsætisráðuneytið.

1.1. Endurskoðun á kjördæmaskipan og kosningareglum.

Nefnd forsætisráðherra um endurskoðun kjördæmaskipunar og kosningalaga mun í skýrslu sinni leggja fram sérstaka úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa, þar á meðal á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna. Í þessu skyni mun nefndin afla upplýsinga erlendis frá um rannsóknir og skýrslur á þessu sviði en gerist þess þörf verður unnin sérstök athugun fyrir ráðuneytið.

Verkefninu er lokið, og vísast í því sambandi til þess er fram kemur í fyrri skýrslu félagsmálaráðherra um stöðu verkefna í framkvæmdaáætluninni frá árinu 2001.

1.2. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt stefnumótun um málefni upplýsingasamfélagsins og skipað verkefnisstjórn með fulltrúum fimm ráðuneyta. Forsætisráðuneytið mun fela verkefnisstjórninni að kanna hvernig aðrar þjóðir og alþjóðasamtök fylgjast með og reyna að hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Jafnframt verði staða þessara mála hér á landi könnuð. Gagnasöfnun verði lokið fyrir árið 2000 og á grundvelli hennar verða teknar ákvarðanir um hugsanlegar aðgerðir.

Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun óskaði eftir upplýsingum frá forsætisráðuneytinu um ýmis atriði er lúta að stefnumótun um upplýsingasamfélagið og jafnrétti kvenna og karla í því sambandi. Spurningar nefndarinnar og svör ráðuneytisins eru svohljóðandi:

Hvort og með hvaða hætti tók stefnumótunin um upplýsingasamfélagið mið af jafnrétti kynjanna?

Eitt af markmiðunum í stefnunni um upplýsingasamfélagið er að jafnrétti borgaranna verði eflt með fulltingi upplýsingatækninnar. Þetta markmið er hið fyrsta sem sett er fram í efnisköflum stefnunnar og gæti því gefið vísbendingu um mikilvægi þess fyrir stefnuna í heild.

Hvaða kynbundnu upplýsingar lágu fyrir?

Ekki var með skipulögðum hætti aflað kynbundinna upplýsinga um upplýsingasamfélagið við stefnumótunina. Þó má geta þess að horft var til ýmissa gagna og stefnumótunarrita annarra landa.

Hvaða sjónarmiða var aflað við mótun stefnunnar sem snúa að jafnrétti kynjanna?

Í stefnumótunarvinnunni (í nefndum og starfshópum) tók þátt á annað hundrað manns, konur og karlar, fulltrúar ráðuneyta, atvinnulífs og hagsmunaaðila (sjá skýrslu: http://malaskra1.stjr.is/interpro/FOR/for.nsf/pages/uppl0003).

Þess má geta að formaður aðalnefndarinnar var karl en kona var formaður sérstakrar verkefnisstjórnar sem skipuð var til að stýra vinnu starfshópa, samræma tillögur þeirra og ritstýra greinargerð sem fylgir stefnunni og er undirstaða hennar.

Hver bar ábyrgð á að stefnan komst í framkvæmd?

Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Skipuð var sérstök verkefnisstjórn til að stýra verkefninu.

Þess má geta að forsætisráðuneytið hefur ráðið tvo starfsmenn sem eingöngu sinna framkvæmd stefnunnar og eru þeir báðir konur. Annar þessara starfsmanna er formaður verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem stýrir framkvæmd stefnunnar fyrir hönd ráðuneytisins.

Hvernig var árangur metinn?

Um þessar mundir er forsætisráðuneytið að semja við ráðgjafarfyrirtæki um úttekt á verkefninu um íslenska upplýsingasamfélagið, þ.m.t. mat á árangri.

Liggja fyrir upplýsingar um hvernig stefnan hefur reynst í raun?

Þessar upplýsingar munu væntanlega liggja fyrir sumarið 2002, að úttektinni lokinni.

Þess má geta að við framkvæmd stefnunnar hefur með reglubundnum hætti verið aflað fjölbreyttra kynbundinna upplýsinga um tölvueign, tölvunotkun, netnotkun landsmanna o.fl. og hefur þeim upplýsingum verið miðlað á vef verkefnisstjórnar sem og í ýmsum erindum sem flutt hafa verið.

Einnig má geta þess að í apríl 2000 var haldin fjölsótt ráðstefna um konur og upplýsingasamfélagið í samvinnu við fjölda félaga og samtaka. Í tengslum við ráðstefnuna var mikil gagnaöflun og fjölmiðlakynning og settur var upp sérstakur metnaðarfullur vefur um þetta málefni: http://www.simnet.is/konur/.

Því er óhætt að fullyrða að jafnrétti kynjanna hafi verið gefinn sérstakur gaumur við framkvæmd stefnunnar.

1.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförnum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu. Könnuninni ljúki fyrir árslok 1998. Á grundvelli niðurstaðna verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem miði að því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni.

Að beiðni forsætisráðuneytisins vann Þjóðhagsstofnun skýrslu um könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni. Skýrslan var gefin út af fé-

lagsmálaráðuneytinu, en hana er jafnframt að finna í heild sinni á vefsíðum Stjórnarráðsins (sjá félagsmálaráðuneyti, útgefið efni, jafnréttismál). Inngangur og helstu niðurstöður skýrslunnar eru svohljóðandi:

„Með bréfi dagsettu 3. ágúst 1999 fór forsætisráðuneytið þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún tæki að sér að gera athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Þessi skýrsla er greinargerð stofnunarinnar um þetta mál. Athugunin er byggð á gögnum stofnunarinnar, ásamt gögnum Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands. Þess vegna er hún einskorðuð við þætti sem snúa að lýðfræði, atvinnu, atvinnuleysi, tekjum, atvinnuskiptingu og menntun. Í sumum tilvikum hafa gögn þessara aðila verið notuð eins og þau eru sett fram í Byggðabrunni Byggðastofnunar.

Staða kvenna á landsbyggðinni er borin saman við stöðu kynsystra þeirra á höfuðborgarsvæðinu annars vegar. Hins vegar er staða karla og kvenna á landsbyggðinni borin saman. Fyrirliggjandi gögn takmarka slíka greiningu í sumum tilvikum.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Búferlaflutningar á tíunda áratug aldarinnar eru álíka algengir hjá konum og körlum. Búferlaflutningar milli sveitarfélaga eru meiri hér á landi en í Noregi. Tíðni búferlaflutninga er mest hjá konum á þrítugsaldri. Sjöunda hver kona á þeim aldri flytur milli sveitarfélaga á ári. Í tímans rás hafa mismunandi flutningar kynjanna leitt af sér misvægi í fjölda milli þeirra.
- Mun algengara er að börn innan 15 ára aldurs búi með einum fullorðnum (sem oftast er kona) á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.
- Tíðni fæðinga er heldur meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Börnum sem fæðast á landsbyggðinni hefur fækkað.
- Atvinnuþátttaka kvenna hefur verið að aukast á yfirstandandi hagvaxtarskeiði. Hún er nú meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og árið 1999 dró úr henni þar. Atvinnuþátttaka kvenna á landsbyggðinni var minni en á höfuðborgarsvæðinu árið 1999 í öllum aldursflokkum nema þeim elsta (65–74 ára). Þetta er breyting frá því sem áður var.
- Atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni yfir vetrarmánuðina var meira en á höfuðborgarsvæðinu í upphafi tíunda áratugarins. Það jókst verulega eftir 1993 en hefur síðan farið hægt minnkandi. Á höfuðborgarsvæðinu jókst atvinnuleysi kvenna hægar, varð aldrei eins mikið en hefur minnkað hægar en á landsbyggðinni.
- Samkvæmt ársverkamælingum fjölgaði störfum á höfuðborgarsvæðinu um 6.000 á tímabilinu 1992–1997 á meðan fjöldi starfa á landsbyggðinni stóð því sem næst í stað. Störfum kvenna fjölgaði meira en störfum karla á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni fjölgaði störfum kvenna um 500 en störfum karla fækkaði nokkuð meira en sem nam fjölguninni hjá konum. Störfum kvenna fjölgaði annars staðar en á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Á landsbyggðinni hurfu 0,8 störf fyrir hvert eitt sem varð til en á höfuðborgarsvæðinu var þetta hlutfall 0,3.
- Árið 1997 voru 43% allra ársverka unnin af konum. Á landsbyggðinni var þetta hlutfall 40% en 44% á höfuðborgarsvæðinu. Hlutur kvenna í einstökum atvinnugreinum er mismikill, frá því að vera 4% ársverka í fiskveiðum í yfir 80% í velferðarstofnunum. Enginn áberandi munur er á hlut kvenna í einstökum atvinnugreinum eftir því hvort þær búa á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu.
- Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskannana Hagstofu Íslands hefur mikil fjölgun starfa átt sér stað hjá konum á höfuðborgarsvæðinu miðað við það sem gerst hefur á landsbyggðinni, einkum á árinu 1999. Á árunum 1991–1999 fjölgaði konum á höfuð-

borgarsvæðinu sem gegndu fullu starfi um 6.500 eða um réttan þriðjung. Á sama tíma fækkaði konum í fullu starfi á landsbyggðinni um 100.

- Umtalsverður munur er á því hlutfalli kvenna á vinnumarkaðinum sem er í fullu starfi eftir búsetu. Þannig voru um 49% starfandi kvenna á landsbyggðinni í fullu starfi árið 1999 en 57% á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hlutfall er mun hærra hjá körlum en konum.
- Mismunur á þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum eftir atvinnugreinum er mikill milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Hlutur kvenna á landsbyggðinni er mun meiri í landbúnaði og sjávarútvegi en á höfuðborgarsvæðinu einkennist atvinnuskipting kvenna af þátttöku í fjölbreyttum þjónustugreinum. Munurinn á atvinnugreinunum er mestur í heilbrigðisþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu vinna 23% kvenna í fullu starfi í heilbrigðisþjónustu en á landsbyggðinni er þetta hlutfall 18%.
- Atvinnutekjur kvenna eru 53% af launatekjum karla að meðaltali. Einungis á höfuðborgarsvæðinu eru tekjur kvenna hærri en landsmeðaltal kvenna og munar rúmlega 6%. Alls staðar annars staðar eru þær lægri. Lægstar eru meðaltekjurnar á Norðurlandi, tæplega 14% fyrir neðan meðaltalið í austurkjördæminu og rúmlega 12% fyrir neðan meðaltalið í vesturkjördæminu. Suðurnes eru næst því að ná landsmeðaltali og síðan Vestfirðir. Allt annað landfræðilegt mynstur er á meðaltekjum karla eftir landshlutum þar sem þær eru einungis lægri en landsmeðaltal á Norðurlandi og Suðurlandi. Þær eru hæstar á Suðurnesjum.
- Skólasókn kvenna er meiri en karla í nær öllum aldursflokkum. Skólasókn er minni á landsbyggðinni en á suðvesturhorninu í flestum aldursflokkum en ekki er hægt að greina umtalsverðan mun á milli kynja í þessum efnum. Skólaþátttakan er minnst á Vestfjörðum. Þrátt fyrir meiri skólasókn kvenna útskrifast fleiri karlar.
- Verulega hærra hlutfall kvenna á landsbyggðinni hefur einungis grunnskólamenntun en á höfuðborgarsvæðinu. Konur með framhaldsskólamenntun og þaðan af meiri menntun eru hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu. Eftir því sem menntunin er meiri verður hlutfallslegi munurinn meiri.
- Konur með háskólapróf eru verulega færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu en þeim hefur fjölgað örar þar en á höfuðborgarsvæðinu sé litið á allt tímabilið 1991–1999. Á allra seinustu árum er fjölgunin meiri á höfuðborgarsvæðinu. Á báðum svæðum hefur fjöldi kvenna með háskólapróf þó nær tvöfaldast."

Í skýrslunni eru ekki gerðar beinar tillögur, sem hrinda mætti í framkvæmd sem slíkum.

1.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Í svörum ráðherranna við fyrirspurnum Margrétar Frímannsdóttur á 127. löggjafarþingi (71.–80. mál og 142. mál) þar sem m.a. var óskað eftir upplýsingum um hlutfall kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins kemur fram að heildarhlutur kvenna er 30%.

Til samanburðar má nefna að í svari forsætisráðherra við fyrirspurn á 121. löggjafarþingi um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta (337. mál, þingskjal 850) kom fram að hlutfall kvenna í verkefnanefndum er þá störfuðu á vegum ráðuneyta væri 23%. Í svarinu var bent á að í mörgum tilvikum væri svo staðið að skipun í nefndir, ráð og stjórnir að flestir hljóti skipun samkvæmt tilnefningu þriðja aðila, eða séu kosnir til slíkrar setu.

Hlutfall karla og kvenna í nefndum, stjórnum og ráðum getur að líta í töflu hér að neðan, ásamt upplýsingum um fjölda nefnda, ráða og stjórna og þeirra sem í þeim eiga sæti:

	Karlar	Konur	Fjöldi nefnda	Fjöldi nefndarmanna
Forsætisráðuneyti	62%	38%	27	117
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	65%	35%	43	223
Félagsmálaráðuneyti	60%	40%	74	670
Fjármálaráðuneyti	77%	23%	58	280
Hagstofa Íslands	67%	33%	1	3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	58%	42%	99	486
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	80%	20%	86	429
Landbúnaðarráðuneyti	86%	14%	71	413
Menntamálaráðuneyti	66%	34%	224	1.666
Samgönguráðuneyti	90%	10%	31	241
Sjávarútvegsráðuneyti	84%	16%	20	93
Umhverfisráðuneyti	74%	26%	74	545
Utanríkisráðuneyti	86%	14%	9	37
samtals:			817	5.203

Heimild: Jafnréttisstofa, mars 2002.

Á 126. löggjafarþingi kom fram í svari forsætisráðherra við fyrirspurn um hlutfall kynja í nefndum, stjórnum og ráðum (142. mál, þskj. 541) að kynjaskiptingin sundurliðuð eftir kjördæmum væri eftirfarandi:

	Reykv.	Reykn.	Vesturl.	Vestf.	Norðurl.v.	Norðurl.e.	Austurl.	Suðurl.
Karlar	73,4%	79,8%	77,4%	75,0%	75,6%	80,5%	70,6%	79,7%
Konur	26,6%	20,2%	22,6%	25,0%	24,4%	19,5%	29,4%	20,3%

Taka ber fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sundurliðaði ekki upplýsingar eftir kyni og kjördæmum í sínu svari og eru upplýsingar frá því ráðuneyti ekki taldar með í svari við þessum hluta fyrirspurnarinnar.

Ekki reyndist unnt að veita fullnægjandi svar við spurningu um skiptingu launakostnaðar ríkisins milli kynja vegna nefnda og ráða. Ærið verkefni er að taka saman launatölur fyrir hvern þeirra rúmlega 4.000 einstaklinga sem sæti eiga í nefndum, ráðum og stjórnum, m.a. vegna þess að laun og þóknanir eru greidd af mismunandi aðilum. Þá er þess að geta að þóknun til verkefnanefnda er oftast ákveðin í lok hvers árs. Sundurliðuð svör bárust þó frá fimm ráðuneytum. Þau benda til þess að hlutfall kvenna af greiddum launum og þóknunum sé nánast hið sama og hlutfall kvenna af heildarfjölda einstaklinga sem sæti eiga í nefndum, ráðum og stjórnum.

Nefna ber að stærstur hluti þóknana til nefnda á vegum ráðuneyta er ákvarðaður af þóknananefnd og er þá að jafnaði ákvörðuð föst þóknun til nefndarmanna, en hærri þóknun til formanns. Eðli máls samkvæmt ná slíkar ákvarðanir til beggja kynja, enda sitja oftast einstaklingar af báðum kynjum í nefndum sem þóknananefnd ákvarðar þóknanir til.

Í svari forsætisráðherra við fyrrnefndri fyrirspurn á 126. löggjafarþingi kemur enn fremur fram að konur hafi gegnt formennsku í 158 af 861 nefnd, ráði og stjórn sem störfuðu eða starfað hafi umrætt ár. Það jafngildir 18,4%. Það skekkir þennan samanburð að ekki er í öllum tilvikum tekið fram hvort formaður nefndar, ráðs eða stjórnar er karl eða kona, sem þýðir að hlutfall kvenna er örugglega hærra en 18,4%.

Nefna má að í svari forsætisráðherra við fyrrnefndri fyrirspurn um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta á 121. löggjafarþingi kom fram að hlutur kvenna í formennsku í verkefnanefndum á vegum ráðuneytanna væri 20%.

1.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Snemma á árinu 2002 var lögð lokahönd á starfsmannastefnu Stjórnarráðsins, en hún nær til þeirra sem ráðnir eru til starfa hjá forsætisráðuneytinu, sem og öðrum ráðuneytum. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og kjarasamningum, sbr. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Stefnan nær einnig til þeirra embættismanna sem taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar, sbr. lög um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, og þeirra starfsmanna sem standa utan stéttarfélaga og fjármálaráðherra ákvarðar laun fyrir.

Í starfsmannastefnunni eru skilgreind nokkur meginmarkmið og segir þar m.a. að stuðla beri að jafnrétti meðal starfsmanna ráðuneyta og að starfsmönnum skuli auðveldað að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

Í samræmi við framangreind meginmarkmið er í starfsmannastefnunni sérstakur kafli um jafnrétti kynjanna. Þar segir að gæta skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður ráðuneytanna nýtist sem best. Kynbundin mismunun sé óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

Stuðlað skal að jafnri stöðu kvenna og karla hjá Stjórnarráðinu og jöfnum tækifærum einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð kynferði. Þetta á m.a. við um rétt til starfa, aðstöðu, menntunar og kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, sbr. jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins.

Þá er í starfsmannastefnunni einnig fjallað sérstaklega um fjölskylduábyrgð og starf. Velferð einstaklinga í einkalífi og leik fer saman við líðan þeirra og árangur í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar. Starfsmönnum skal einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar, svo sem vegna umönnunar barna og sjúkra fjölskyldumeðlima. Starfsmenn skulu eiga möguleika á hlutastarfi og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa.

Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins er hluti af starfsmannastefnunni og nær hún til allra ráðuneyta innan Stjórnarráðsins. Áætlunin hljóðar svo:

Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins.

Markmið jafnréttisáætlunar Stjórnarráðsins er að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan ráðuneytanna, enn fremur að minna stjórnendur og starfsfólk ráðuneytanna á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis. Stjórnarráðið telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla.

Í öllu starfi ráðuneytanna verði unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla í þjóðfélaginu. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna verði virkur þáttur í starfsmannastefnu Stjórnarráðsins.

Ekki hefur verið skipuð sérstök jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Stjórnarráðið leggur áherslu á eftirfarandi:
Launajafnrétti.

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknana, beinna og óbeinna, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti. Einnig skulu þau njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár, sbr. 14. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

Þátttaka í nefndum og ráðum.

Unnið er markvisst að því að jafna fjölda kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytanna. Þegar óskað er eftir tilnefningum í opinberar nefndir og ráð skal minnt á ákvæði 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, þar sem segir að þar sem því verði við komið sitji sem næst jafnmargar konur og karlar í nefndum, ráðum og stjórnum.

Auglýsingar og upplýsingagjöf.

Í auglýsingum eru störf ókyngreind og þess gætt að hafa bæði kynin í huga við gerð auglýsinga.

Stöðuveitingar og störf.

Jafnréttissjónarmið verði metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.

Stefnt er að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í hinum ýmsu störfum innan ráðuneytanna.

Þess verði gætt við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæri til að axla ábyrgð og framgang í störfum að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis.

Starfsþjálfun og endurmenntun.

Tryggt verði að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða undirbúnings öðrum störfum.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Leitast er við að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Starfsandi og líðan starfsmanna.

Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni.[1]

---

[1] Kynferðisleg áreitni er skilgreind svo í 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000: „Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn."

Jafnréttisfulltrúi.

Jafnréttisfulltrúar hvers ráðuneytis fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði þeirra og stofnana á stjórnsýslusviði viðkomandi ráðuneytis.

Starfsmaður getur leitað til jafnréttisfulltrúa með mál er varða hvers kyns áreitni eða misrétti.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

Ráðuneytið hefur fylgt þeirri stefnu með fáum undantekningum að orða starfsauglýsingar þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf. Markvisst hefur verið unnið að því að hvetja konur til að sækja um störf sem auglýst eru laus til umsóknar.

Í ráðherratíð Sólveigar Pétursdóttur hafa verið skipaðir tveir hæstaréttardómarar, einn karl og ein kona, tveir héraðsdómarar, einn karl og ein kona, sjö sýslumenn, þrír karlar og fjórar konur og einn forstjóri undirstofnunar, Persónuverndar, sem er kona.

2.2. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Stefnt verður að því að auka enn hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð.

Ráðuneytið hefur unnið að því að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins og óskað eftir að tilnefningum verði hagað svo að því markmiði verði náð. Á tímabilinu hefur fjöldi kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins aukist úr 19,3% í 26,3%.

2.3. Fjölgun kvenna í lögreglu og meðal fangavarða.

Markvisst verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna og fangavarða. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru.

Ráðuneytið hefur unnið að því að fjölga konum í störfum lögreglumanna og fangavarða. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í lögreglustörfum 4,3% en hefur síðan aukist jafnt og þétt og er nú 9,11%. Til þess að skoða þróunina betur má líta á tölur um útskriftarnema í Lögregluskóla ríkisins. Á árinu 1997 var hlutfall kvenna sem útskrifuðust úr Lögregluskólanum 7,14% en á sl. vori var þetta hlutfall 16,13%. Af þeim hópi sem útskrifaðist í desember árið 2000 var hlutfall kvenna 19,35%. Lögreglunemar í grunnnámi eru nú 48, 36 karlar og 12 konur, þ.e. konur eru 33,3% þeirra. Á árinu 1996 var hlutfall kvenna í störfum fangavarða 7,7% en er nú 15,6%. Starfa nú 15 konur við fangavörslu.

2.4. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Lögreglan er fjölmennust þeirra starfsstétta sem heyra undir ráðuneyti dómsmála. Með nýrri skipan á vali nemenda í lögregluskólanum hefur konum þegar fjölgað í hópi nemenda og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

Ráðuneytið hefur hugað sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa innan lögreglunnar. Frá árinu 1999 hafa fjórar konur verið skipaðar lögreglustjórar og eru þær nú fimm alls. Á sama tíma hefur dómsmálaráðherra skipað þrjá karla í stöður lögreglustjóra. Árið 1996 voru

konur 1,49% af þeim sem eru í helstu yfirmannastöðum innan lögreglunnar en voru á sl. sumri 2,36%. Þótt hér sé ekki um margar stöður að ræða skal þess getið að árið 1996 var engin kona í starfi yfirlögregluþjóns, aðstoðaryfirlögregluþjóns eða aðalvarðstjóra en ein kona var í stöðu lögreglufulltrúa. Nú er ein kona aðstoðaryfirlögregluþjónn, ein kona aðalvarðstjóri og þrjár konur lögreglufulltrúar. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir hvatningu til kvenna um að sækja um lausar stöður yfirmanna er fátítt að þær sæki um. Þannig voru árið 2000 auglýstar lausar til umsóknar 77 yfirmannastöður í lögreglunni, þ.e. staða aðstoðarvarðstjóra og hærra settra. Um þær sóttu níu konur og 230 karlar. Af þeim sem hlutu stöðurnar voru fimm konur og 72 karlmenn. Þannig fengu 55,6% kvenna þær stöður sem þær sóttu um en 31,3% karla fengu þær stöður sem þeir sóttu um.

2.5. Meðferð heimilisofbeldismála.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að kanna orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum, skilaði skýrslu um niðurstöður sínar. Í ljósi niðurstaðna nefndarinnar skipaði dómsmálaráðherra þrjár nefndir til að huga að meðferð þessara mála. Einni nefndinni er ætlað að huga að nauðsynlegum breytingum á löggjöf til að sporna við heimilisofbeldi, huga að því með hvaða hætti unnt sé að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði og gera tillögur um forvarnaaðgerðir og hjálparúrræði fyrir brotaþola og gerendur. Hinum nefndunum tveimur er falið að huga að meðferð þeirra mála sem hér um ræðir, annars vegar á rannsóknarstigi en hins vegar í dómskerfinu, og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni, þar á meðal um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf, ef því er að skipta.

Nefndirnar skiluðu allar skýrslum sem dómsmálaráðherra lagði fram á 121. og 122. löggjafarþingi Alþingis.

2.6. Staða þolenda afbrota.

Nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðisbrota eða annarra grófra ofbeldisbrota, samdi frumvarp sem varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort þolendur gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Meðal þeirra úrræða sem nefndin hefur fjallað um er réttur brotaþola til lögmannsaðstoðar þeim að kostnaðarlausu. Nefndin vinnur nú að tillögum um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf er miða að bættri stöðu brotaþola að þessu leyti.

Lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, hefur verið breytt þannig að víkja má frá ákvæðum laganna um tímafresti til að koma fram kröfu um bætur þegar veigamikil rök mæla með því.

Dómsmálaráðherra beitti sér fyrir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, þar sem mælt er fyrir um nálgunarbann. Samkvæmt því er unnt að banna manni með dómsúrskurði að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann mundi fremja afbrot eða raska friði þess manns sem á í hlut. Brot á nálgunarbanni varðar eins árs fangelsi og tveggja ára fangelsi ef brot er ítrekað eða stórfellt. Með lögum nr. 36/1999 voru ýmsar breytingar gerðar á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, í því skyni að bæta stöðu þolenda kynferðisbrota. Eftir breytingarnar eiga brotaþolar í kynferðisbrotamálum rétt á því að þeim verði á kostnað ríkissjóðs skipaður löglærður

talsmaður, réttargæslumaður, er gæti hagsmuna þeirra í sambandi við rannsókn og málsmeðferð sakamálsins og veiti brotaþola aðra aðstoð sem eðlileg er í sambandi við málið.

2.7. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun beina þeim tilmælum til biskupsstofu að sérstaklega verði hugað að stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Stefnt verði að því að aukin verði þátttaka kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og að jafnað verði hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Í því skyni verði tekið mið af niðurstöðum nefndar sem biskup hefur skipað til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að gera sér grein fyrir stöðu mála hvað varðar jafnrétti kynja í kirkjunni, í öðru lagi að kynna sér stöðu þessara eða svipaðra mála meðal nágrannakirkna á Norðurlöndum og í Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og kynna stefnu þessara fjölþjóðasamtaka sem íslenska kirkjan tilheyrir og í þriðja lagi að gera tillögur um úrbætur sjái nefndin möguleika á því að koma slíku fram.

Á kirkjuþingi árið 1998 var samþykkt jafnréttisáætlun kirkjunnar sem tók gildi 1. janúar 1999. Í samræmi við ákvæði jafnréttisáætlunar var sett á stofn jafnréttisnefnd sem tók til starfa um leið og jafnréttisáætlun tók gildi.

Jafnréttisáætlun kirkjunnar leggur megináherslu á eftirfarandi málefni:

- Að rétta hlut kvenna innan kirkjunnar.
- Að jafna aðild kynjanna að nefndum og ráðum og yfirstjórn kirkjunnar.
- Að stuðla að jöfnun launa og aðstöðu kvenna og karla innan kirkjunnar.
- Að vinna að fræðslu um jafnrétti.
- Að vinna að endurskoðun málfars í kirkjulegri boðun og starfi.

Konum hefur fjölgað í prestastétt á undanförnum árum. Þær eru nú um 20% í hópi starfandi presta, en eru tiltölulega fæstar í hópi sóknarpresta. T.d. er aðeins ein kona starfandi sóknarprestur á öllu höfuðborgarsvæðinu og hefur svo verið síðan 1986. Konum hefur einnig fjölgað í hópi prófasta, en þær eru nú 3 af 16 eða um 20%. Kona var í fyrsta skipti skipaður prófastur árið 1998 en áður hafði ein kona leyst prófast af. Enn hefur kona ekki hlotið biskupsvígslu hér á landi.

Á kirkjuþingi fækkaði konum úr þremur í eina þegar kosningar fóru fram sumarið 1998. Nú situr engin kona úr hópi leikmanna á kirkjuþingi, en ein úr hópi presta. Konur hafa því tæp 5% fulltrúa á kirkjuþingi. Kona er nú í fyrsta skipti í kirkjuráði, en meðlimir kirkjuráðs eru alls fimm. Er hér um að ræða æðstu stöðu sem kona hefur gegnt innan íslensku kirkjunnar fram að þessu.

Í guðfræðideild eru nú um 70% nemenda konur. Kona gegnir nú í fyrsta skipti fastri kennarastöðu við guðfræðideildina, en hún var ráðin lektor við guðfræðideild 1. janúar 2000.

Ekki liggja fyrir tölur um samsetningu sóknarnefnda. Tölur um kynjahlutfall sóknarnefndarformanna liggja hins vegar fyrir og kemur þar fram að konur eru um 35% af formönnum sóknarnefnda. Sú tala segir þó ekki alla sögu, þar sem um er að ræða mjög misjafna dreifingu þeirra um landið. Konur eru fæstar í hópi sóknarnefndarformanna á höfuðborgarsvæðinu. Í öllum nefndum og stjórnum sem starfa á vegum kirkjunnar gætir enn talsverðs kynjamismunar. Hreinum karla- og kvennanefndum hefur þó fækkað, en hreinar karlanefndir eru nú alls níu en aðeins ein kvennanefnd. Þá eru formenn nefnda í mun fleiri tilfellum karlar en konur.

2.8. Forsjár- og umgengnismál.

Dómsmálaráðherra skipaði á árinu 1997 nefnd til að kanna stöðu forsjár- og umgengnismála. Nefndinni var m.a. falið að kanna reynslu þá er fengist hefur af sameiginlegri forsjá

hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, hvaða úrræði eru líkleg til að draga úr fjölda brota vegna umgengnisréttar og -skyldu, hvaða upplýsingar og fræðsla standa foreldrum til boða í tengslum við skilnaðar-, forsjár- og umgengnismál, hvernig auka megi þá fræðslu ef þess er talin þörf og hverjar eru raunverulega samvistir barna við það foreldri sem þau búa ekki hjá.

Forsjárnefnd skilaði dómsmálaráðherra áfangaskýrslu í júní 1999 og lagði fram eftirfarandi tillögu til úrbóta:

1. Þegar á árinu 1999 var ráðist í tilraunaverkefni við a.m.k. eitt sýslumannsembætti um þverfaglega ráðgjöf fyrir foreldra við skilnað þeirra eða slit á óvígðri sambúð. Tilraunin stæði yfir í tólf mánuði og árangur yrði metinn að tilraunatíma loknum. Árið 2000 var síðan hleypt af stokkunum tilraunaverkefni hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík sem laut að sáttaumleitunum í umgengnis- og forsjármálum, bæði í skilnaðarmálum og málum sem ekki tengjast þeim. Árangurinn reyndist mjög góður og var barnalögum breytt með lögum nr. 18/2001 þar sem gert er ráð fyrir að slíka sáttaþjónustu sé unnt að fá hjá öllum sýslumannsembættum.
2. Sameiginleg forsjá foreldra verði meginregla.
3. Lagabreytingar til að bæta réttarstöðu forsjárlauss foreldris.

2.9. Jafnrétti – mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði skipulögð námskeið fyrir opinbera embættismenn um mannréttindamál, m.a. um mannréttindi kvenna sérstaklega.

Ráðuneytið hefur lagt áherslu á fræðslu um mannréttindi og hafa starfsmenn þess haldið fræðsluerindi og staðið fyrir námskeiðum fyrir ýmsa starfshópa, svo sem ákærendur, lögreglumenn o.fl. Í lögregluskólanum eru mannréttindi meðal námsgreina.

2.10. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í nóvember 2001 var gefin út í ráðuneytinu jafnréttisyfirlýsing þess. Í henni er kveðið á um launajafnrétti, stöðuveitingar og skipanir í embætti, jafnræði á vinnustað, jafnan rétt til fjölskyldu og atvinnulífs, jafnan rétt karla og kvenna til starfsþjálfunar og endurmenntunar, þátttöku í nefndum og ráðum o.fl. Yfirlýsingin hefur verið send öllum undirstofnunum ráðuneytisins. Í bréfi sem fylgdi yfirlýsingunni var þess farið sérstaklega á leit að yfirmenn stofnana kynntu öllum starfsmönnum yfirlýsinguna, hver væri jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins og að starfsmenn gætu snúið sér með umkvartanir sínar til fulltrúans.

Önnur verkefni.

– Ráðuneytið hefur einnig unnið að verkefni tengdu vændi á Íslandi. Ríkisstjórnin samþykkti sérstaka fjárveitingu til að gerð yrði rannsókn á vændi á Íslandi. Sumarið 2000 fól dómsmálaráðuneytið sérfræðingum að gera úttekt á umfangi vændis hér á landi. Rannsóknin var einkum byggð á viðtölum við ungar stúlkur sem ánetjast hafa fíkniefnaneyslu, svo og við nektardansmeyjar og aðra sem tengjast starfsemi nektardansstaða. Áfangaskýrsla liggur nú fyrir og hafa niðurstöður hennar verið kynntar. Jafnframt hefur verið lögð fram af dómsmálaráðherra skýrsla um samanburð á lagaumhverfi á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl. en skýrsla þessi er svar við beiðni nokkurra þingmanna.

- Dómsmálaráðherra hefur styrkt svokallaðan V-dag, sem vænta má að verði árlegur viðburður.
- Dómsmálaráðherra hefur skipað nefnd um útihátíðir, sem m.a. er ætlað að fjalla um þann vanda sem birst hefur í ofbeldi, þ.m.t. kynferðislegu ofbeldi gagnvart ungum stúlkum á útihátíðum.
- Dómsmálaráðherra hefur á erlendum og innlendum vettvangi lagt áherslu á baráttuna gegn svokallaðri „hvítri þrælasölu", en slík verslun með fólk er víðtæk um heim allan og viðfangsefni skipulagðra glæpahringja. Á fundum norrænna og baltneskra dómsmálaráðherra hefur þetta efni verið á dagskrá og er unnið að því að samstilla aðgerðir lögregluyfirvalda á þessu sviði.

3. Félagsmálaráðuneytið.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Félagsmálaráðherra mun á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar sjá til þess að komið verði á reglubundnu mati á stjórnarfrumvörpum með tilliti til jafnréttis kynjanna. Jafnréttisumsögn verði gerð og látin fylgja stjórnarfrumvörpum við framlagningu þeirra á Alþingi.

Myndaður hefur verið samstarfshópur tengiliða þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Nefndin mun í upphafi kynna sér starf sambærilegra nefnda á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því verður unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

3.2. Fræðsla um jafnréttismál.

Skipulögð verða námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu, þeirra hlutverk ásamt kynningu á framkvæmdaáætluninni. Námskeiðin verði haldin á fyrri hluta ársins 1998. Námskeiðin verði haldin með svipuðum hætti og nýafstaðin námskeið um stjórnsýslu- og upplýsingalög.

Jafnréttisráð og Skrifstofa jafnréttismála lögðu áherslu á að auka fræðslu um jafnréttismál og þá sérstaklega til yfirmanna bæði í opinberum stofnunum og á almenna vinnumarkaðnum. Markviss fræðsla um jafnrétti og hvernig ólík staða kynjanna getur haft ófyrirséð áhrif er mikilvæg forsenda samþættingar. Þegar hefur verið haldið námskeið fyrir stjórnendur í félagsmálaráðuneytinu og undirstofnunum þess. Þá hélt Skrifstofa jafnréttismála í samvinnu við jafnréttisnefnd Háskóla Íslands skipulagt námskeið fyrir embættismenn Háskólans, bæði á sviði kennslu- og fræðimennsku sem og á rekstrarsviði. Inntak námskeiðsins var hugtakið samþætting og nýjar leiðir í jafnréttismálum þar sem m.a. var lögð áhersla á fræðslu til þeirra sem hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku.

3.3. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Skipuð verður nefnd sem falið verður að kanna hvernig megi auka virkni kvenna og þátttöku þeirra í almennu stjórnmálastarfi.

Á grundvelli þessarar greinar framkvæmdaáætlunarinnar var 2. júní 1998 samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnmálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólitískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.“ Flutningsmenn tillögunnar voru sex konur og sex karlar. Fyrsti flutningsmaður var Siv Friðleifsdóttir.

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur staðið fyrir margvíslegum verkefnum, svo sem fræðslu, auglýsingaherferðum og útgáfu. Ráðist var í auglýsingaherferð og fræðslu um mikilvægi þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum, fyrir kosningar til Alþingis 1999 og fyrir sveitarstjórnarkosningar 2002. Hlutur kvenna á Alþingi var 25% fyrir kosningar 1999, en jókst í 35%. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum miðað við kosningar 1998 er 28,2%. Nefndin hefur staðið fyrir margs konar námskeiðum fyrir stjórnmálakonur og konur sem áhuga hafa á stjórnmálaþátttöku. Um 200 konur hafa sótt námskeiðin sem hafa verið haldin í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og í Borgarnesi. Þá hefur nefndin skipulagt fjölmarga opna fundi og ráðstefnur með stjórnmálakonum á höfuðborgarsvæðinu og um landið, auk þess tekið þátt í ýmsum ráðstefnum. Efnt var til málþings og pallborðsumræðna í tengslum við þing Norðurlandaráðs árið 2000 í samstarfi við Íslandsdeild Norðurlandaráðs með yfirskriftinni: Hverju hefur þátttaka kvenna í stjórnmálum breytt? Þá hefur nefndin fundað með ritstjórnum og forsvarsmönnum stærstu fjölmiðla landsins sem og fjölmiðlum á landsbyggðinni og hvatt til þess að fjallað sé um konur í stjórnmálum ekki síður en karla. Nefndin stóð að rannsókn á hlut kvenna í fjölmiðlum og lét m.a. gefa út bæklinginn *Konur og fjölmiðlar* sem hefur tvíþætt hlutverk: Að hvetja konur til þess að verða sýnilegri í fjölmiðlum og að hvetja fjölmiðlafólk til þess að gefa konum og körlum sem jöfnust tækifæri í fjölmiðlum. Nefndin lét búa til lyklakippur sem hefur verið dreift á fundum nefndarinnar og bera þær tvenns konar áletrun, *fleiri konur á Alþingi* og *fleiri konur í sveitarstjórnir.*

3.4. Tilraunaverkefni um starfsmat.

Félagsmálaráðuneytið hefur í samvinnu við starfshóp um starfsmat unnið að tilraunaverkefni um starfsmat. Tilgangurinn er að nota kynhlutlaust starfsmatskerfi til að raða störfum innbyrðis á hverjum vinnustað með það að markmiði að skoða hvort mat á störfum mismuni eftir kynferði. Niðurstaðna úr tilraunaverkefninu er að vænta vorið 1998. Félagsmálaráðuneytið mun standa að kynningu á niðurstöðum verkefnisins og kynna sérstaklega þá starfsmatsaðferð sem þar hefur verið þróuð, m.a. með útgáfu kynningarbæklings.

Verkefninu var hrint úr vör seinni hluta árs 1996. Ráðinn var starfsmaður í fullt starf til að vinna að matinu auk þess sem Skrifstofa jafnréttismála og Reykjavíkurborg lögðu til starfsmenn. Það var ákveðið að reyna starfsmat sænska HAC-kerfisins á nokkrum stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar. Sænskur sérfræðingur, Anita Harriman, veitti starfshópnum og verkefnisstjóra sérfræðiaðstoð. Af hálfu ríkisins urðu fyrir valinu Ríkisspítalar og af hálfu Reykjavíkurborgar voru það Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Hitaveita Reykjavíkur. Þessir vinnustaðir urðu fyrir valinu þar sem þar eru dæmigerð kvenna- og karlastörf áberandi. Hér er einungis um opinberar stofnanir að ræða þar sem verkefnið náði ekki til almenna vinnumarkaðarins og er ekki vitað til þess að sambærilegt verkefni hafi verið unnið þar. Framkvæmd tilraunaverkefnisins tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir enda afar viðamikið. Því lauk seinni hluta árs 1999 með útgáfu félagsmálaráðuneytisins á skýrslu verkefnisstjóra, *Starfsmat gegn kynbundnum launamun.*

Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd verkefnisins, lærdómum sem má draga af því, helstu niðurstöðum og ályktunum. Þá eru þar leiðbeiningar um framkvæmd starfsmats og helstu kröfur sem starfsmatskerfi þurfa að uppfylla.

3.5. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Gefin verður út handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum og henni fylgt eftir með fræðslu. Í handbókinni verða í aðgengilegu formi allar upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustaðnum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á.

Hjá Jafnréttisstofu er nú unnið að handbók fyrir trúnaðarmenn og er stefnt að því að hún verði aðgengileg á vefsíðu stofunnar árið 2002.

3.6. Konur í hlutastörfum.

Á gildistíma áætlunarinnar verður unnin könnun á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum. Athugað verður hvort framkvæmd könnunarinnar geti verið samvinnuverkefni Vinnumálastofnunar og Hagstofu Íslands.

Verkefnið hefur ekki verið unnið en Vinnumálastofnun hefur verið falið að standa að gerð þessarar könnunar.

3.7. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við forsætisráðuneyti (Byggðastofnun), fjármálaráðuneyti og viðskipta- og iðnaðarráðuneyti, mun kanna hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

Verkefnið hefur verið framsent iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu sem hefur falið Byggðastofnun að annast það.

3.8. Lánatryggingasjóður kvenna.

Sjóðurinn er verkefni sem unnið er að og er samvinnuverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins og áherslur hans ásamt því hvernig hann hefur nýst konum verði könnuð reglulega.

Sjóðurinn, og starfsemi vegna hans, hefur verið rekinn sem samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Sjóðstjórnin skilaði nýverið lokaskýrslu um framkvæmd verkefnisins og þar kemur fram að árangur af því hefur verið afar góður. Ákveðið hefur verið að halda rekstri sjóðsins áfram með sama hætti og verið hefur.

3.9. Konur og atvinnuleysi.

Á árunum 1998 og 1999 verður unnin skýrsla, byggð á þeim upplýsingum sem til eru eða sem niðurstaða könnunar ef upplýsingar skortir, um aðstæður „atvinnulausra kvenna". Í kjölfar þessa verða lagðar fram tillögur að aðgerðum eða átaki til að bæta aðstæður þeirra og möguleika til að fá vinnu. Verkefnislýsing verður unnin í samvinnu við Vinnumálastofnun.

Á árinu 1998 ritaði félagsmálaráðherra forsvarsmönnum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélagsins Sóknar bréf þar sem farið var fram á að unnið yrði að úttekt á orsökum atvinnuleysis og lögð til úrræði vegna atvinnuleysis meðal kvenna í viðkomandi félögum. Vinnumálastofnun var ætlað að vera tengiliður í þeirri vinnu. Vinnuhópur frá þessum aðilum auk fulltrúa svæðisráðs Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins skilaði skýrslu í apríl 1999.

Niðurstöður vinnuhópsins voru þær að í stórum dráttum mætti skipta hópi atvinnulausra kvenna í tvennt:

a. konur á barneignaaldri sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri, hafa litla menntun og hafa verið frá vinnumarkaði lengur en sex mánuði,
b. konur komnar yfir miðjan aldur sem væru búnar að vera frá vinnumarkaði lengur en í sex mánuði.

Vandamálið var greint út frá efnahagslegum, félagslegum og sálfræðilegum þáttum. Hópurinn gerði tillögur um úrræði og hefur nokkrum þeirra þegar verið hrint í framkvæmd. Skýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is.

3.10. Konur og atvinnuleit.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um vinnumiðlun er áhersla lögð á virka vinnumiðlun, m.a. með ákvæðum um vinnuleitaráætlanir. Vinnumálastofnun verður falið að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu. Kanna skal hvort ástæða sé til að koma á fót sérstökum stuðningsúrræðum fyrir konur sem hafa fengið vinnu eftir langvarandi atvinnuleysi.

Í mars 1999 var haldin í Reykjavík norræn jafnréttisráðstefna undir nafninu *Ligestilling i de Nordiske Arbejdsformidlingers service.* Norræna ráðherranefndin veitti styrk til verkefnisins en ráðstefnan var haldin á vegum Vinnumálastofnunar. Þátttakendur voru samtals um 70, alls staðar að af Norðurlöndum og voru þeir flestir starfsmenn vinnumálastofnana og vinnumiðlana landanna.

Tilgangurinn með ráðstefnunni var að ræða hvernig fella mætti jafnrétti í ráðgjöf og vinnumiðlun inn í þjónustu vinnumiðlunarstofnananna. Ekkert Norðurlandanna hafði vitneskju eða reynslu af rannsóknum á þessu sviði og því var þetta algjörlega óplægður akur. Fagfólkið var meðvitað um að gjá virtist vera á milli vinnumiðlara annars vegar og ráðgjafa hins vegar hvað varðar viðhorf og atferli í þeirra starfi. Heimur atvinnumiðlaranna virtist frekar tengjast karllægum viðmiðunum en ráðgjafanna kvenlægum.

Hlutverk þátttakenda á ráðstefnunni var m.a. að greina hvernig kynjaviðhorfið kemur inn í ráðgjöf, atvinnutilboð, úrræðalausnir o.fl. og hvernig gera mætti kynið sem hlutlausast bæði í ráðgjöf og atvinnumiðlun. Einnig hvernig koma mætti á samskiptum við atvinnulífið í þeim tilgangi að brjóta upp kynskiptan vinnumarkað og hvernig vekja mætti athygli atvinnulífsins á kostum kynblandaðra vinnustaða. Þá fengust þátttakendur einnig við þá spurningu hvort ná mætti fram markmiðunum með samþættingu (mainstreaming) eða öðrum aðferðum. Niðurstöður ráðstefnunnar hafa verið nýttar í starfsemi Vinnumálastofnunar.

Skýrslan *Ligestilling i arbejdsformidlingen* sem unnin var í framhaldi þessarar ráðstefnu af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar er í skýrsluröð TemaNord 1999:568.

3.11. Ný stétt vinnukvenna (aðfluttar konur).

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við Starfsmannafélagið Sókn kanna aðstöðu, réttindi og skyldur aðfluttra kvenna sem koma hingað til lands til að vinna inni á einkaheimilum. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar til að gera tillögur til úrbóta þar sem er talin þörf.

Verkefnið eins og því er lýst í framkvæmdaáætlun hefur ekki verið unnið en nefnd sem kannar aðstæður erlends vinnuafls hér á landi er að störfum í félagsmálaráðuneytinu. Þar verða m.a. væntanlega skoðaðar aðstæður kvenna sem koma til landsins til að vinna inni á einkaheimilum. Þá liggur fyrir á Alþingi frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga. Enn fremur er fyrirhuguð frekari samvinna við Eflingu vegna erlends vinnukrafts á Íslandi og þar verður m.a. fjallað um stöðu þessara kvenna.

3.12. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Unnin verður rannsókn á viðhorfum og væntingum karla og kvenna til atvinnulífsins og samspils þess við fjölskyldulífið. Sérstaklega verður hugað að möguleikum og takmörkunum hvors kyns til að sameina þessa þætti. Sérstakur hluti rannsóknarinnar mun beinast að atvinnurekendum og viðhorfum þeirra, þar með talið hvort mismikið tillit sé tekið til þarfa karla og kvenna til að sinna fjölskyldum sínum.

Með aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði hafa komið fram breytt viðhorf til hlutverka og verkaskiptingar kvenna og karla í samfélaginu. Forsenda þess að karlar og konur geti tekið jafnan þátt í launavinnu sem og öðrum störfum utan heimilis er að þau skipti með sér umönnun barna sinna. Reynslan hefur enn fremur verið sú að margir feður hafa farið á mis við samvistir við börn sín en í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1995 kom fram að velflestir karlkyns þátttakenda töldu að almennur áhugi ríkti meðal karla á að samræma atvinnuþátttöku og uppeldi barna. Af þessum ástæðum hafa komið fram auknar kröfur um að móður og föður verði sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis. Einn af þeim þáttum sem stuðla að samspili fjölskyldu- og atvinnulífs er sá að konur og karlar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs auk þess að eiga kost á sérstöku foreldraorlofi frá vinnu til að vera með börnum sínum.

Lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, er meðal annars ætlað að auðvelda útivinnandi foreldrum, bæði mæðrum og feðrum, að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og fjölskyldulífi.

Lögð er á það áhersla að samningssambandi vinnuveitanda og starfsmanns verði viðhaldið á orlofstímanum hvort sem foreldri er í fæðingar- eða foreldraorlofi. Þá er tekið fram í lögunum að þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi fæðingar- eða foreldraorlofs skuli haldast óbreytt til loka orlofsins. Sömuleiðis er starfsmanni tryggður sá réttur að hverfa aftur til starfa að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Enn fremur er í lögunum sérstakt ákvæði sem verndar starfsmenn er vilja njóta réttar síns gegn uppsögnum af hálfu vinnuveitanda nema gildar ástæður séu fyrir uppsögninni. Skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni.

Í lögunum er kveðið á um réttindi foreldra utan vinnumarkaðar eða í námi til fæðingarstyrks. Tekið er fram að bæði móðir og faðir sem eru í þessari stöðu eigi rétt á fæðingarstyrk en ekki einungis móðir líkt og var í þágildandi kerfi.

Helstu nýmæli laganna um fæðingar- og foreldraorlof eru eftirfarandi:

1. Konur og karlar eiga jafnan rétt til fæðingarorlofs, hvort heldur er á almennum eða opinberum vinnumarkaði. Þá er kveðið á um að foreldrar sem eru starfsmenn eða starfa sjálfstætt eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Markmiðið með þessari lögbundnu skiptingu milli foreldra er meðal annars að stuðla að jafnri foreldraábyrgð sem og jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Er um tímabundna aðgerð að ræða sem

einkum er gerð til að bæta hag karla þar sem reynslan hefur sýnt að í eldra kerfi höfðu konur aðallega nýtt réttinn til fæðingarorlofs þrátt fyrir að foreldrar hafi átt þann rétt sameiginlegan. Er það því mat höfunda laganna að lögbinda hafi þurft fyrirkomulag í samskiptum foreldra með þessum hætti meðan réttur feðra til fæðingarorlofs festist í sessi. Þegar reynsla er komin á jafna foreldraábyrgð og lögin hafa að fullu öðlast gildi verður tekið til endurskoðunar hvort lögbinda þurfi áfram skiptingu orlofsins milli foreldra. Verði endurskoðun gerð í ljósi athugana á hvernig foreldrar hafi skipt hinum sameiginlega rétti milli sín og feður nýtt sjálfstæðan rétt sinn.

2. Breytt var greiðslufyrirkomulagi til foreldra á vinnumarkaði og stofnaður var sérstakur Fæðingarorlofssjóður sem annast greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi. Ákveðin skilyrði eru fyrir réttinum til greiðslu í fæðingarorlofi en mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi nemur 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds. Miðað er við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er í 25–49% starfi er nú aldrei lægri en 60.195 kr. og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi er nú aldrei lægri en sem nemur 83.426 kr. á mánuði.
3. Verulegur sveigjanleiki er í töku fæðingarorlofs. Þannig eiga foreldrar þess kost að taka fæðingarorlof í einu lagi á sama hátt og samkvæmt fyrri lögum. Kjósi foreldrar heldur að taka það á fleiri tímabilum eða í hlutastarfi er það heimilt að fengnu samþykki vinnuveitanda. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns skulu þeir reyna að ná samkomulagi um aðra tilhögun. Takist það ekki á starfsmaður jafnan rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi. Réttur til fæðingarorlofs fellur sjálfkrafa niður er barnið nær 18 mánaða aldri.
4. Sérstakt ákvæði er um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Ef sýnt þykir að öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar á þann hátt sem nauðsynlegt þykir. Enn fremur er þungaðri konu tryggður réttur til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í leyfi frá störfum ef breytingum á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum.
5. Foreldri á vinnumarkaði á rétt til 13 vikna foreldraorlofs til að annast barn sitt. Réttur til foreldraorlofs er nýmæli hér á landi. Um er að ræða sjálfstæðan rétt hvors foreldris og er hann ekki framseljanlegur. Orlofið skal tekið áður en barnið nær átta ára aldri. Þá er starfsmanni heimilt að taka foreldraorlofið í einu lagi eða haga því með öðrum hætti með samkomulagi við vinnuveitanda.

Í kjölfar laganna um fæðingar- og foreldraorlof verður gerð úttekt á framkvæmd laganna, m.a. með tilliti til áhrifa þeirra á samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Félagsmálaráðuneytið mun á árinu leggja frekari drög að því hvernig standa megi að framangreindri rannsókn. Ísland hefur sótt um að leiða Evrópuverkefni á þessu sviði, og hefur Jafnréttisstofu verið falið að stýra því.

3.13. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

Vegna mikilla breytinga á möguleikum til fjarnáms hafa opnast leiðir fyrir konur sem sinna hefðbundnum umönnunarstörfum til frekari starfsmenntunar. Þá hafa á undanförnum árum umtalsverðar fjárhæðir verið veittar til starfsmenntunar á vegum starfsmenntasjóðs og hafa þar konur notið góðs af til jafns við karla.

3.14. Konur sem flóttamenn.

Kannað verður hvort við mat á skilgreiningum á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

Einungis einn einstaklingur, karlmaður, hefur fengið hæli sem flóttamaður á Íslandi ef undan er skilið fólk sem hingað kemur í hópi svokallaðra kvótaflóttamanna. Útlendingaeftirlitið metur skilyrði þess að veitt sé hæli á grundvelli flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1951. Upplýst hefur verið að ekki hafi reynt á hvort þær aðstæður sem lýst er í verkefninu yrðu gildar forsendur þess að flóttamannahæli yrði veitt samkvæmt gildandi löggjöf. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um útlendinga þar sem rýmkuð eru skilyrði dvalarleyfis með tilliti til mannúðarsjónarmiða og þar er einnig að finna rýmri ákvæði um vernd flóttamanna af mannúðarástæðum. Líklegt má þykja að ofsóknir og ofbeldi sem konur sæta vegna kynferðis síns eins og þeim er lýst í þessu verkefni yrðu nægjanleg skilyrði til veitingar hælis flóttamanns. Nánari skilyrði og leyfisveiting heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og Útlendingaeftirlitið.

3.15. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum.

Í lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er ákvæði um kynferðislega áreitni þar sem áreitnin er skilgreind og ákveðnar skyldur lagðar á herðar atvinnurekendum og skólastjórnendum til að fyrirbyggja að kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnustaðnum eða í skólanum og taka á henni ef grunur leikur á að hún hafi átt sér stað.

3.16. Jafnréttisráðgjafi.

Þegar tilraunaverkefninu um starf jafnréttisráðgjafa lýkur verður unnið mat á árangri verkefnisins og í framhaldi af því lagðar fram tillögur um framhald.

Ákvörðun var tekin um að standa að tilraunaverkefni til þriggja ára og vegna atvinnuástandsins á Norðurlandi vestra var að ráði Byggðastofnunar ákveðið að ráða þangað jafnréttisráðgjafa. Gerður var samstarfssamningur við Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra um að ráðgjafinn yrði starfsmaður félagsins. Þá var skipaður ráðgjafarhópur með fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Iðnþróunarfélaginu, Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs ráðgjafanum til ráðuneytis og til að tryggja góð tengsl þessara aðila.

Jafnréttisráðgjafinn hefur á tilraunatímabilinu staðið fyrir ýmsum verkefnum í samræmi við markmið verkefnisins, ýmist einn eða í samvinnu við aðra. Að hans frumkvæði var í samvinnu við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri unnin könnun á stöðu kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra. Niðurstöður hennar voru kynntar með ítarlegri skýrslu, sem og með ráðstefnunni: *Hvað um konur í dreifbýli? – aðstæður og atvinna,* sem haldin var í Varmahlíð í Skagafirði í nóvember 1999.

Þar kemur m.a. fram að eignarhald kvenna á búrekstri er takmarkað, þær eru einungis skráðar fyrir 25% allra búanna og þar af eru bæði hjónin skráð fyrir rekstrinum í 60% tilvika.

Einnig kom fram að konur taka sérlega lítinn þátt í stefnumótun innan landbúnaðarins, en einungis 3% þeirra sinna trúnaðarstörfum þar eða sitja í stjórnum eða nefndum. Er það sáralítil breyting frá árinu 1989, en þá var könnun gerð á þátttökunni á landsvísu. Af könnuninni mátti ráða að fjórar konur af hverjum fimm væru hvorki virkar í stefnumótunarstarfi innan landbúnaðarins né sæktu þær fundi þar sem slík mál væru til umræðu. Athygli Bændasamtakanna hefur verið vakin á þessum niðurstöðum og óskað eftir að þau finni leiðir til að hvetja konur til þátttöku svo þau megi nýta mannauð sinn sem best.

Þá hefur jafnréttisráðgjafinn í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra og Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra, í samráði við Menntasmiðju kvenna á Akureyri, staðið fyrir tilraunaverkefni um rekstur menntasmiðju í Skagafirði, fyrst á Löngumýri vorið 1999, en vorið 2000 var hún á Sauðárkróki. Hér er um að ræða námskeið fyrir konur án atvinnu. Í samvinnu við m.a. Iðntæknistofnun var haldið námskeiðið *Á traustum grunni – frá hugmynd til framkvæmda* fyrir konur með viðskiptahugmyndir eða starfandi fyrirtæki á Norðurlandi vestra. Vorið 2000 stóð ráðgjafinn fyrir átaksverkefninu *Gæðahandverk í Húnaþingi, handverk sem arðbær atvinnugrein.* Verkefnið byggðist upp á fræðslu, vöruþróun og markaðssetningu handverks og miðaði að því að auka atvinnutækifæri kvenna í dreifbýli. Þá hefur jafnréttisráðgjafinn unnið með fulltrúum landbúnaðarráðuneytis, sveitarstjórnum, atvinnuráðgjöfum og ýmsum öðrum heimamönnum að framgangi markmiða verkefnisins. Nánari upplýsingar um tilraunaverkefnið má m.a. finna á heimasíðu Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra, www.inv.is, og í áfangaskýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar: *Mat á starfi jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra.*

Tilraunaverkefnið á Norðurlandi vestra hefur nú verið framlengt í samstarfi við Byggðastofnun sem tekur þátt í atvinnuverkefninu að hálfu á móti félagsmálaráðuneyti. Samstarfsverkefnið gildir til ársins 2005 og munu atvinnu- og jafnréttisráðgjafar verða á Blönduósi í Norðvesturkjördæmi, í Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi.

3.17. Könnun á meðferðarúrræðum fyrir fíkniefnaneytendur.

Skrifstofu jafnréttismála verður falið að kanna hvort meðferðarúrræði fyrir fíkniefnaneytendur, sem eru kostuð af opinberu fé, henti jafnt konum sem körlum.

Félagsmálaráðuneytið fól Skrifstofu jafnréttismála að gera ofangreinda könnun, sem er lokið og hefur ráðuneytið fengið skýrslu með niðurstöðum og tillögum. Meginniðurstöður könnunarinnar eru að margt bendi til þess að mál séu hérlendis í þokkalegri farvegi en víða erlendis. Íslenskar konur virðist t.d. sækja sér meðferð í svipuðu hlutfalli við áfengisneyslu sína og virðist hafa mun meiri stuðning fjölskyldna sinna en konur erlendis þegar þær fara í meðferð. Í flestum úrræðum var tekið tillit til kynferðis viðkomandi og þannig gætt kynjasjónarmiða. Félagsmálaráðuneytið hefur sent áfengis- og vímuvarnaráði úttektina og þær tillögur sem þar koma fram.

3.18. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Félagsmálaráðuneytið mun standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

Félagsmálaráðuneyti mun á árinu leggja drög að því hvernig að könnuninni verði staðið.

3.19. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og karlanefnd jafnréttisráðs beita sér fyrir því að boðið verði upp á meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Eitt af meginverkefnum karlanefndar Jafnréttisráðs var að fjalla um ofbeldi karla. Nefndin stóð fyrir fræðslu um málið og gaf m.a. út kennslubækling fyrir framhaldsskóla. Vinna við verkefnið sem hér um ræðir hófst árið 1998. Um var að ræða tveggja ára tilraun þar sem körlum sem vilja losna úr viðjum ofbeldisbeitingar var boðin aðstoð sálfræðinga, fyrst í einkaviðtölum og síðan í hópmeðferð. Daglegur rekstur verkefnisins var í höndum Rauða kross Íslands sem lagði einnig til fé ásamt ráðuneytum félagsmála og heilbrigðis- og tryggingamála. Þriggja manna matsnefnd fylgdist með verkefninu og matsgerð hennar liggur nú fyrir. Í stuttu máli er það mat nefndarinnar að tilraunin hafi gengið vel og leggur hún til að tilraunin verði framlengd í þrjú ár með nokkrum breytingum. Tillagan er nú til skoðunar hjá þeim sem að verkinu komu.

Önnur verkefni.

- Á undanförnum árum hefur félagsmálaráðuneytið, eðli máls samkvæmt, staðið að ýmsum verkefnum í jafnréttismálum sem ekki eru tíunduð í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Málaflokkurinn er í örri þróun og sífellt gætir aukinnar virkni í jafnréttismálum víða í þjóðfélaginu og hefur ráðuneytið því einnig verið kallað til ýmissa verkefna á sviði jafnréttismála. Rétt er að geta hér sérstaklega nýrra jafnréttislaga sem tóku gildi í maí 2000 og laga um fæðingar- og foreldraorlof sem tóku gildi á sama tíma en sá hluti laganna er fjallar um fæðingarorlof tók gildi 1. janúar 2001.
- Skrifstofa jafnréttismála tók þátt í samstarfsverkefni jafnréttisnefndar Bandalags háskólamanna og jafnréttisráðgjafans í Reykjavík um útgáfu ritsins *Launajafnrétti í framkvæmd í dreifstýrðu launakerfi.* Tildrög samstarfsins voru áhyggjur margra félagsmanna um að dreifstýrt launakerfi háskólamanna mundi leiða til vaxandi launamisréttis.
- Félagsmálaráðuneyti hefur ásamt menntamálaráðuneyti komið á sértæku, starfstengdu íslenskunámskeiði fyrir erlenda starfsmenn í öldrunarþjónustu í samvinnu við öldrunarstofnanir. Haustið 2000 var veittur úr starfsmenntasjóði tæplega 2 millj. kr. styrkur til Námsflokka Reykjavíkur til að sjá um verkefnið sem fékk heitið *Starfsnámskeið fyrir erlent starfsfólk í öldrunarþjónustu.* Á móti gaf menntamálaráðuneytið vilyrði fyrir að reiða fram hliðstæða upphæð þannig að alls var styrkurinn tæpar 4 millj. kr. Fyrsta námskeiðið fór af stað sem tilraunaverkefni á Landspítala, Landakoti, í október 2000 og stóð það í sjö vikur. Alls tóku 28 starfsmenn í öldrunarþjónustu þátt í námskeiðinu. Ráðgert er af hálfu ráðuneytisins að nýta reynsluna af þessu verkefni til frekara námskeiðahalds fyrir starfsmenn í umönnunarstörfum.

4. Fjármálaráðuneytið.

4.1. Feðraorlof.

Hinn 1. janúar 1998 tóku gildi reglur fjármálaráðherra um sjálfstætt fæðingarorlof feðra í þjónustu ríkisins. Í reglunum er feðrum í þjónustu ríkisins tryggður réttur til launa í tvær vikur vegna fæðingar barns. Í byrjun árs 1999 verður reynslan af þessari nýbreytni skoðuð með viðtölum og spurningum til þeirra sem þessa orlofs nutu.

Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, voru samþykkt 22. maí árið 2000 en hlutinn um fæðingarorlof kom til framkvæmda 1. janúar 2001. Með nýjum lögum var réttur feðra til töku fæðingarorlofs rýmkaður þannig að feður öðluðust í byrjun árs 2001 sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð en gátu skipt þremur mánuðum til viðbótar með móð-

ur. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 13. gr. laganna öðlast foreldri rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og nemur mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns 80% af meðatali heildarlauna.

Samkvæmt upplýsingum úr launakerfi ríkisins tóku alls 479 ríkisstarfsmenn fæðingarorlof árið 2001. Skipting milli kynja var þannig að alls tók 331 kona fæðingarorlof og 148 karlar. Hlutfall karla hefur aukist um nærri helming milli áranna 2000 og 2001. Þess ber að geta að ekki liggja fyrir upplýsingar um ríkisstarfsmenn á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi. Starfsmönnum fjármálaráðuneytisins sem nýttu sér réttindi um feðraorlof ber saman um að reynsla af því hafi verið góð og höfðu nokkrir feður á orði að með þessu væri stigið skref í þá átt að gera vinnustaðinn fjölskylduvænni.

4.2. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Með meiri hluta kjarasamninga, sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerði við stéttarfélög innan BSRB og BHM og gilda eiga til ársins 2000, fylgdi yfirlýsing þar sem áréttuð er stefna ríkisins að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns og bent á að með nýju launakerfi gefist tækifæri til þess. Til þess að meta áhrif nýs launakerfis á launamun karla og kvenna skuldbatt fjármálaráðuneytið sig til þess að gera sérstaka úttekt á þeim áhrifum á samningstímabilinu. Stefnt er að gerð slíkrar úttektar á árinu 1999.

Samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og samtaka opinberra starfsmanna er starfandi kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Eðlilegast er að sú nefnd leggi á ráðin um hvernig kynbundnum upplýsingum um laun og launaþróun verður best aflað og úr þeim unnið. Í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar eru birtar launaupplýsingar eftir kyni. Fréttabréfið er gefið út tvisvar á ári. Til stóð að kjararannsóknarnefnd gerði ítarlegri úttekt á launum karla og kvenna en nú tíðkast, vegna nýs launakerfis, en ekki hefur orðið af því. Þó ber að nefna að fyrir liggja tillögur um breytt fyrirkomulag á greiningu og meðferð launaupplýsinga hjá kjararannsóknarnefnd þar sem auðveldara verður að greina launaupplýsingar og aðrar tölfræðilegar upplýsingar. Vonir standa til að hið nýja fyrirkomulag stuðli að því að þessi greining verði markvissari. Auk þess hafa Reykjavíkurborg og fulltrúar fjármálaráðuneytis unnið saman að úttekt á launabili kynjanna með hliðsjón af nýju launakerfi og hafa leitað til Félagsvísindastofnunar um framkvæmd hennar.

4.3. Reglur um starfslýsingar.

Í bæklingi fjármálaráðherra um jafnréttismál frá febrúar 1996 er hvatning til vinnuveitenda um að „starfslýsingar séu skilmerkilegar og frammistöðumat sé lagt til grundvallar starfsframa". Einnig segir í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að setja skuli starfsmanni erindisbréf ef hann óskar þess. Með tilliti til þess og nýrra kjarasamninga mun fjármálaráðuneytið minna á þetta ákvæði þar sem því verður við komið.

Við gerð kjarasamninga ríkisstarfsmanna á árunum 2000 og 2001 var áhersla lögð á starfsþróunarmál í stað niðurnjörvaðra starfslýsinga. Með hverjum samningi er að finna bókun þess efnis. Með starfsþróun er áhersla lögð á ábyrgð, hæfni og tækifæri starfsmanns til þess að auka þekkingu sína og hæfni í starfi eða til annarra starfa. Fulltrúar stéttarfélaga, trúnaðarmenn og fulltrúar vinnuveitenda eru að undirbúa fundi og fræðslu fyrir starfsfólk og vinnuveitendur um nauðsyn starfsþróunar og kosti hennar. Í tilteknum stofnanasamningum sem stofnanir hafa gert við stéttarfélög er að finna ákvæði um frammistöðumat og starfslýsingar.

4.4. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið mun skipuleggja fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn stofnana þess í anda þeirra hugmynda sem komu fram í jafnréttisriti ráðuneytisins frá febrúar 1996 og í samræmi við niðurstöðu jafnréttiskönnunar sem gerð var í janúar 1998 á vegum starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál.

Árlega heldur fjármálaráðuneytið fundi með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Þar er aðaláherslan lögð á fjárhagsáætlanir og fjárlagagerð. Auk þess eru þó ávallt önnur mál til umræðu. Sem dæmi má nefna að á árinu fór fram umfjöllun um nýtt fyrirkomulag fæðingar- og foreldraorlofs. Fjármálaráðuneytið hefur það að markmiði að á þessum fundum séu ætíð málefni til umfjöllunar sem varða jafnréttismál á einhvern hátt.

Auk þess ber að nefna að fréttabréf forstöðumanna er gefið út u.þ.b. þrisvar sinnum á ári. Fréttabréfið er hugsað sem vettvangur upplýsinga til forstöðumanna um ýmis stjórnunarleg mál, þar á meðal jafnréttismál.

Fjármálaráðuneytið er að skipuleggja fundaherferð fyrir forstöðumenn ríkisstofnana í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti þar sem fræðsla um jafnréttismál verður á meðal annarra mála.

4.5. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum í samræmi við stefnu ráðherra þar að lútandi. Áfram verður unnið að fjölgun kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

Reynt hefur verið eftir bestu getu að gæta jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og á það einnig við um kynjaskiptingu við val á yfirmönnum. Ekki hefur verið skipað eða ráðið í stöðu yfirmanns hjá ráðuneytinu á síðasta ári. Hvað öðrum starfsmannaráðningum ráðuneytisins líður hafa fleiri konur verið ráðnar í stöður sérfræðinga undanfarin ár en áður.

Þótt fjöldi kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins hafi aukist nokkuð á undanförnum árum má enn gera betur. Eins og eftirfarandi tölur sýna glögglega vantar talsvert upp á að kvenkyns starfsmenn ráðuneytisins gegni nefndarstörfum í sama mæli og þeir sem karlkyns eru. Hlutfall kynja í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins er þannig að um 77% eru karlmenn og 23% konur og hefur fjöldi kvenna þannig aukist örlítið frá árinu 2000, en þá hafði hlutfall karla í nefndum aukist frá árinu 1998. Hins vegar er ekki um að ræða launamun milli karla og kvenna í nefndum þar sem þóknananefnd metur fjölda þóknanaeininga óháð menntun, reynslu eða kyni.

4.6. Endurskoðun á eyðublöðum.

Fjármálaráðuneytið mun sjá til þess að öll eyðublöð frá stofnunum sem heyra undir fjármálaráðuneytið og þar sem einstaklingar þurfa að gefa upplýsingar um tekjur og eignir verði endurskoðuð og metin út frá jafnréttissjónarmiðum.

Samkvæmt svari fjármálaráðuneytisins sama efnis á árinu 2001 var breyting gerð á eyðublöðum framtala árið 1998. Fjármálaráðuneyti hefur ekki farið í frekari endurskoðun á eyðublöðum. Flest eyðublöð fjármálaráðuneytisins snúa að einstaklingum og reynir því síður á jafnréttisjónarmiðið. Ráðuneytið hefur ekki fengið ábendingar eða kvartanir vegna þessa en kemur til með að bregðast við ef svo fer.

4.7. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í starfsmannahandbók Stjórnarráðsins sem kom út í mars 2002 er að finna jafnréttisáætlun fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna. Ráðuneytið mun styðjast við þessa jafnréttisáætlun í starfi sínu. Til stendur að skipa þriggja manna jafnréttisnefnd innan fjármálaráðuneytisins þar sem jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins verður meðal fulltrúa.

Árlega boðar ráðuneytið starfsfólk á fund til þess að ræða verkefni ársins og starfsmannamál. Ráðuneytið ráðgerir að upplýsa starfsfólk um jafnréttismál á slíkum fundum eftir því sem við verður komið.

Önnur verkefni.

Auk þessa hefur ráðuneytið tilnefnt fulltrúa í tilraunaverkefni sem snýst um að gefin sé umsögn um lagafrumvörp með hliðsjón af því hvaða áhrif lög hafa á jafnrétti kynjanna. Þetta er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta (sjá verkefnalið 3.1 hjá félagsmálaráðuneyti).

5. Hagstofa Íslands.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Samkvæmt verkefni II.1 verður ráðuneytum og ríkisstofnunum sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum skuli upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis en skrifstofa jafnréttismála kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.

Í október 2000 fól forsætisráðuneytið Hagstofu Íslands að vekja athygli ráðuneyta og ríkisstofnana á þessu ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar ásamt ákvæðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar sem kveðið er á um sama efni (sjá fyrsta liðinn undir verkefnum ríkisstjórnarinnar). Í 1. gr. laganna segir að markmið þeirra sé að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þessum markmiðum skal m.a. ná með því að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni, eins og segir í f-lið 1. gr. Þá segir í 21. gr. sömu laga að í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Í nóvember 2000 sendi Hagstofa Íslands út um 300 bréf til ráðuneyta og ríkisstofnana þar sem framangreind ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar frá árinu 1998 og hinna nýsettu laga um jafna stöðu og rétt kynjanna voru kynnt og boðið liðsinni við verkefnið.

Hagstofan hefur lengi haft það að leiðarljósi við gagnasöfnun, úrvinnslu og birtingu upplýsinga að unnt sé að greina niðurstöður fyrir bæði kynin hvort í sínu lagi. Staða þessara mála er allgóð þar sem heita má að í öllum þeim tilvikum þar sem unnt hefur verið að safna upplýsingum um hvort kynið um sig, séu þess háttar upplýsingar tiltækar. Þannig má t.d. nefna að allar mannfjöldaupplýsingar Hagstofunnar eru til fyrir bæði kynin. Sama máli gegnir um flestar vinnumarkaðsupplýsingar hennar, og upplýsingar um skólamál og kosningar. Mikill hluti upplýsinga sem varða einstaklinga og Hagstofan fær frá öðrum, svo sem af sviði almannatrygginga, heilbrigðismála og félagsmála, eru tiltækar fyrir bæði kynin. Á hinn bóginn er söfnun upplýsinga eftir kynjum enn ófullnægjandi á nokkrum sviðum en unnið er að úrbótum, m.a. vegna ábendinga Hagstofunnar. Við þetta má bæta að þar sem unnið er að nýrri

eða endurbættri hagskýrslugerð, sem varðar einstaklinga, er ævinlega gert ráð fyrir söfnun og úrvinnslu gagna eftir kynjum þar sem það á við. Dæmi um þetta eru nýjar launakannanir kjararannsóknarnefnda og Hagstofunnar og ný skýrslugerð á grundvelli staðgreiðslugagna. Í grundvallaratriðum má segja að þegar um er að ræða gögn úr stjórnvaldsskrám, svo sem þjóðskrá, skattskrám og skrám almannatrygginga, sé skipting milli kynja bæði gerleg og tiltæk. Skiptingu verður oft ekki komið við, t.d. við talningar á notendum þjónustu, ýmist vegna þess að skipting milli kynja krefst meira álags en unnt er að leggja á þá sem upplýsingarnar veita, eða talningar byggjast á seldum aðgöngumiðum, notendaleyfum eða álíka gögnum. Dæmi um hið fyrrnefnda er gagnasöfnun Hagstofunnar frá seljendum gistiþjónustu um gistinætur og gestafjölda eftir þjóðerni gesta. Í þessu tilviki er ekki talið fært að óska eftir talningu eftir kyni, hvorki hér á landi né í öðrum löndum. Dæmi um hið síðarnefnda eru tölur um þátttöku í menningaratburðum eða aðsókn að kvikmyndahúsum sem byggjast á upplýsingum um fjölda seldra aðgöngumiða. Upplýsingar um þátttöku eftir kynjum verður í slíkum tilvikum að afla á annan hátt, t.d. með úrtaksathugunum.

5.2. Eignarréttur á fasteignum.

Hagstofa Íslands mun vinna úttekt á hverjir eiga eða eru skráðir fyrir fasteignum hér á landi.

Það hefur tíðkast um langt skeið að eignir hjóna væru skráðar á karlmanninn eingöngu. Talsverð breyting hefur orðið á þessu á allra síðustu árum hvað snertir íbúðarhúsnæði í þá átt að algengara hefur orðið að bæði hjónin séu skráðir eigendur. Hagstofan og Fasteignamat ríkisins stefna að því að gera tilraunaúttekt á eigandaskráningu íbúðarhúsnæðis sem næði til eigenda skráningar síðustu 5–10 ár. Þess er hins vegar ekki að vænta að raunverulegur grundvöllur verði fyrir athugun sem þessa fyrr en unnt hefur verið að koma verkefninu *Landskrá fasteigna* það langt áleiðis að þinglýstar fasteignir hafi verið tölvuskráðar og þinglýsingaskrár séu orðnar hluti af landskránni.

Í ársbyrjun 2002 er enn ekki grundvöllur fyrir hendi til að gera þá úttekt sem stefnt er að í þessum lið þar sem ekki er lokið tölvuskráningu þinglýstra fasteigna í Landsskrá fasteigna.

5.3. Vinnutími – hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið munu endurskipuleggja alla gagnasöfnun á þeirra vegum sem varðar vinnuframlag og laun fólks þannig að raunverulegur vinnutími komi þar skýrt fram. Þessu verki verður lokið innan tveggja ára. Ríkisstjórnin mun jafnframt beita sér fyrir því við aðila vinnumarkaðarins að sambærileg endurskipulagning fari fram hjá þeim.

Hagstofa Íslands hefur gert vinnumarkaðskannanir tvisvar á ári allt frá árinu 1991. Með þeim hefur verið safnað mjög viðamiklum gögnum um atvinnu, atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, störf og vinnutíma eftir kyni, búsetu, menntun o.fl. Þessar kannanir eru mjög stórar í sniðum og raunar með allra stærstu úrtaksathugunum sem gerðar eru hér á landi. Úrtakið er 4.400 manns, svarhlutfall hefur verið mjög hátt, um 90%, og notagildið mjög mikið, ekki síst þar sem niðurstöður eru að fullu sambærilegar við hliðstæðar kannanir í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Unnið er að tveimur verkefnum til að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn hér á landi, ekki síst um vinnutíma og launabreytingar. Annars vegar er um að ræða úrvinnslu á gögnum um staðgreiðsluskil en hins vegar breytingar á launakönnunum.

Í ársbyrjun 1998 hófu skattyfirvöld að beiðni Hagstofu Íslands að krefja fyrirtæki um meiri upplýsingar við staðgreiðsluskil en áður. Meðal annars er nú óskað eftir upplýsingum

um atvinnugrein hvers launamanns, starfsflokk og starfshlutfall auk upplýsinga um greidd laun á tímabilinu. Unnið er að skipulagningu og undirbúningi yfirferðar og úrvinnslu þessara gagna sem munu veita mun meiri vitneskju en hingað til um ársverk, laun og vinnumagn eftir atvinnugreinum.

Undanfarin missiri hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Á almenna vinnumarkaðinum byggist þetta verkefni á því að fyrirtæki, sem lenda í úrtaki launakönnunar, fallist á að beita samræmdum skilgreiningum og láta rafrænt í té upplýsingar úr launabókhaldi, aðallega um laun, vinnutíma og launatengd gjöld. Ríki og sveitarfélög munu láta í té sambærilegar upplýsingar og á svipaðan hátt úr launabókhaldi sínu. Kjararannsóknarnefnd birti árið 1999 fyrstu niðurstöður kannana sem byggðust á nýja gagnasafninu og Hagstofan mun á næstu missirum nýta þessi gögn í vaxandi mæli til hagskýrslugerðar.

Áfram er unnið að því að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn. Fyrstu niðurstöður úrvinnslu úr staðgreiðslugögnum voru birtar í desember 2001. Þær sýna fjölda starfandi eftir kyni og ársfjórðungum 1998–2001, sbr. fréttatilkynningu Hagstofu nr. 103/2001.

5.4. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun áfram gefa reglulega út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel almenningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku og stefnt að útgáfu þriðja hvert ár.

Árin 1994 og 1997 gaf Hagstofa Íslands út ritið *Konur og karlar* sem er tölfræðihandbók í handhægu og aðgengilegu formi þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kynjanna. Unnið er að útgáfu nýrrar tölfræðihandbókar um konur og karla sem ráðgert er að komi út á árinu 2002. Jafnframt verður unnið að því að koma víðtækari hagtölum af þessu tagi á vef Hagstofunnar.

5.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Lengi hafa konur verið í talsverðum meiri hluta starfsmanna á Hagstofunni. Tölur frá desember 2001 sýna að á heildina litið eru 79 stöðugildi við Hagstofuna og eru konur í 48 stöðugildum (61%) og karlar í 31 (39%). Í þeim störfum þar sem ekki er krafist háskólamenntunar eru karlar í miklum minnihluta, en það á einkum við almenn skrifstofustörf í þjóðskrá. Öðru máli gegnir um störf sem krefjast háskólamenntunar en í rúmlega helmingi stöðugilda Hagstofunnar eru háskólamenntaðir starfsmenn, karlar eru í 28 þeirra og konur í 13. Reynsla undanfarinna ára er sú að vel gangi að ráða bæði karla og konur í störf sérfræðinga en fáir karlar sæki um almenn skrifstofustörf á Hagstofu.

Árið 2001 var starfsmaður tilnefndur sem jafnréttisfulltrúi Hagstofunnar í samræmi við lög nr. 96/2000. Mun hann fyrst og fremst hafa umsjón með málefnum kynja í hagskýrslugerð.

Jafnréttisnefnd hefur ekki starfað á Hagstofu Íslands.

Aðeins ein nefnd starfar á vegum Hagstofu Íslands og eru nefndarmenn alfarið tilnefndir af hálfu aðila utan Hagstofu. Nefndina skipa nú tveir karlar og ein kona.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

6.1. Reglur um rannsóknir á lyfjum.

Tryggt skuli að farið sé eftir þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum (GCP) þannig að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

Sömu reglur gilda á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu um rannsóknir á lyfjum sem ganga m.a. út frá því að fullt tillit sé tekið til áhrifa þeirra á konur og karla.

6.2. Nefnd um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisráðherra beini því til nefndar um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum að í skýrslu hennar komi fram tillögur um framtíðarstefnumótun í heilbrigðismálum sem taki mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

Í ársbyrjun 1998 kom út á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis viðamikil skýrsla er nefnist *Heilsufar kvenna*. Skýrslan er afrakstur ráðstefnu með sama heiti sem nefnd skipuð af heilbrigðisráðherra boðaði til. Þar komu fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stefnumótun á því sviði. Nefndinni var ætlað að vinna að framtíðarstefnu í heilbrigðismálum kvenna og var skýrslan fyrsti áfangi þeirrar vinnu. Nefndin skilaði skýrslu og tillögum til ráðherra í apríl 2000. Ráðherra skipaði í ágúst 2001 verkefnisstjórn í samræmi við tillögur fyrrgreindar nefndar til að forgangsraða verkefnum, gera tillögur um aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 um langtímamarkmið í heilbrigðismálum, sem samþykkt var á Alþingi 20. maí 2001, er áhersla lögð á að draga úr þeim mun sem er á heilbrigðisástandi einstakra þjóðfélagshópa. Í áætluninni er bent á að mikilvægt sé að vinna gegn félagslegum, fjárhagslegum og menningarlegum hindrunum til mennta, þar sem menntunarstig þjóða hefur mikil áhrif á heilsufar íbúa. Þetta atriði snertir sérstaklega aðstæður kvenna og ýmissa þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni. Jafn aðgangur að menntun og félagslegt öryggi eru taldar helstu forsendur þess að unnt sé að tryggja gott heilbrigðisástand.

6.3. Fæðingarorlof.

Heilbrigðisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um fæðingarorlof þar sem báðum foreldrum verður tryggður réttur til fæðingarorlofs. Unnið verði að því að jafna þann mun sem er á rétti vinnandi fólks eftir því hvar það starfar.

Tveir fulltrúar heilbrigðismálaráðuneytisins sátu í vinnuhópi félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem samdi frumvarp er varð að lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Lögin gera foreldrum fært að semja við vinnuveitendur um tilhögun fæðingarorlofs, þannig að sveigjanleiki er aukinn. Einnig eru greiðslur í fæðingarorlofi hlutfall af launum foreldris. Réttur feðra til töku fæðingarorlofs er aukinn verulega. Í undirbúningi er kynningar- og ráðgjafarátak til að fylgja lögunum eftir, auk rannsóknar á því hvernig þau nýtast fyrir bæði feður og mæður.

6.4. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Heilbrigðisráðuneytið lítur á ofbeldi gegn konum sem heilbrigðisvandamál og mun í samvinnu við félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir því að boðið verði upp á slíka meðferð hér á landi.

Unnið var samvinnuverkefni með félagsmálaráðuneyti þar sem körlum sem beita konur ofbeldi á heimili var boðin sálfræðimeðferð. Verkefnið var rekið undir heitinu *Karlar til ábyrgðar* og var daglegur rekstur þess í höndum Rauða krossins. Heilbrigðisráðuneytið

styrkti verkefnið fjárhagslega frá árinu 1997. Úttekt hefur verið gerð á verkefninu og innan tíðar verður tekin ákvörðun um næstu skref.

6.5. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

Haustið 2000 var opnuð ný deild á kvennadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss sem ber nafnið *Hreiðrið*. Þar er sérstakt herbergi fyrir hverja fæðingu þar sem góð aðstaða er fyrir báða foreldra. Fræðsla og undirbúningur á meðgöngu hefur miðað að því að feður geti tekið þátt í fæðingunni sem fram fer í þessu herbergi svo fremi sem fæðingin gengur eðlilega. Um er að ræða nýjan valkost fyrir konur sem koma til að fæða.

6.6. Endurskoðun á staðaltölum almannatrygginga.

Staðaltölur almannatrygginga eru sundurgreindar eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Unnið verði að því að sundurgreining nái til allra upplýsinga.

Átak hefur verið gert í því að sundurgreina staðaltölur almannatrygginga eftir kyni í samræmi við ákvæði laga nr. 96/2000 um að greina skuli allar tölfræðiupplýsingar eftir kyni.

6.7. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar með tilliti til þess hvort þær koma mismunandi út hjá konum og körlum.

Reglur um vistunarmat hafa ekki breyst frá árinu 1990. Um er að ræða mat á vistunarþörf ellilífeyrisþega, en það sem snýr að öryrkjum er á vegum félagsmálaráðuneytis. Ekki hefur verið talin þörf á að endurskoða þessar reglur þar sem þær miðast ekki við kynjaskiptingu heldur þörf fyrir þjónustu.

6.8. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

Örorka er metin óháð kynferði en ákvarðast af sjúkdómi eða fötlun einstaklings. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort um karl eða konu er að ræða við útreikning örorkubóta vegna bótaskylds slyss.

6.9. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða tóbaksvarnir verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur reykinga hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar eru mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

Áfengis- og vímuvarnaráð tók til starfa í ársbyrjun 1999. Tölfræðiupplýsingar þeirra rannsókna sem unnar hafa verið á vegum ráðsins eru kyngreindar. Í niðurstöðum rannsóknanna hefur m.a. komið í ljós að í efstu bekkjum grunnskóla virðast stúlkur vera að draga á drengi í áfengisneyslu. Slíkar niðurstöður gefa tilefni til sérstakra kynbundinna aðgerða í framtíðinni.

6.10. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

Ljóst er að fleiri karlar en konur fremja sjálfsvíg á Íslandi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur lagt áherslu á mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða og fræðslu í þessu sambandi. Benda má á að í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 kemur fram sú stefna stjórnvalda að sjálfsvígum fækki um 25% á tímabilinu. Landlæknisembættið hefur einnig unnið töluvert starf á þessu sviði og má nefna nokkur verkefni á vegum embættisins í þessu sambandi:

1. Geðrækt, samvinnuverkefni Geðhjálpar, landlæknisembættisins og geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, er víðtækt verkefni sem snýr m.a. að uppbyggingu á geðheilsu og forvörnum.
2. Starfshópur á vegum Landlæknisembættisins hefur skilað tillögum um forvarnir gegn sjálfsvígum. Í tengslum við vinnu starfshópsins var haldið málþing um efnið og boðið til þess fulltrúum fjölmargra aðila sem tengjast viðfangsefninu. Í framhaldi af málþinginu tóku um 40 manns þátt í hópvinnu til að móta tillögur í málinu. Í samræmi við tillögur hópsins hefur verið ráðinn starfsmaður til að sinna forvörnum á þessu sviði.
3. Rannsókn sem Wilhelm Norðfjörð hefur gert á hárri tíðni sjálfsvíga á Austfjörðum 1984–1991 var gefin út á síðasta ári en hún var unnin að beiðni Landlæknisembættisins. Niðurstöðunum er ætlað að auka skilning á viðfangsefninu til að unnt sé að leggja fram tillögur að fyrirbyggjandi aðgerðum á landsvísu.
4. Samstarf er hafið við bandaríska vísindamenn um rannsókn þar sem tekin verða viðtöl við aðstandendur þeirra sem framið hafa sjálfsvíg og áhættuþættir sjálfsvíga verða kannaðir.
5. Á heimasíðu landlæknisembættisins hefur geðlæknir verið með ítarlega umfjöllun um þunglyndi.
6. Landlæknisembættið helgaði janúar 2000 umræðu um þunglyndi og ýtti það undir mikla umræðu um sjúkdóminn í samfélaginu sem m.a. leiddi til stofnunar sjálfshjálparhóps á vegum Geðhjálpar.
7. Landlæknir hefur skrifað bréf til allra héraðslækna á landinu þar sem óskað var eftir upplýsingum varðandi skráningu og viðbrögð við sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum.

Innan heilbrigðisþjónustunnar hefur farið fram umræða um hvort gera eigi sérstakan gagnagrunn um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir. Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir eru tvær ólíkar sjúkdómsgreiningar og sjúkdómurinn eða sjúkdómsmyndin sem birtist einnig. Við skoðun á þessu máli þarf að taka mið af fjölmörgum þáttum, m.a. ýmsum siðferðilegum sjónarmiðum. Landlæknisembættið hefur skoðað þetta mál en engin ákvörðun hefur verið tekin.

Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er slysa- og atvikaskráning kyngreind.

6.11. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Í stjórnum á vegum ráðuneytisins sem kosnar eru af Alþingi, nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipuð eru af ráðherra samkvæmt lögum og reglugerðum og nefndum og vinnuhópum sem skipaðir eru til að sinna ákveðnum verkefnum eru 37% konur. Í framangreindum stjórnum, nefndum og ráðum er 61 formaður, þar af 18 konur. Í stjórnum sjálfstætt starfandi

heilsugæslustöðva, stjórnum heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana eru 49% konur. Af 39 formönnum eru 13 konur.

6.12. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í desember 2001 tók jafnréttisnefnd ráðuneytisins til starfa og starfar hún með jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins. Nefndin vinnur nú að gerð jafnréttisáætlunar fyrir ráðuneytið og stefnt er að því að áætlunin verði samþykkt vorið 2002. Í ráðuneytinu eru sjö skrifstofustjórar, þar af fjórar konur. Ráðuneytisstjóri er karlmaður en staðgengill ráðuneytisstjóra er kona.

Ný starfsmannastefna Tryggingastofnunar var samþykkt í október 1999. Þar er lögð áhersla á að stofnunin virði lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þannig að allir njóti hæfileika sinna og hafi jöfn tækifæri og sömu möguleika til áhrifa.

Jafnréttisnefnd hóf störf hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur (SHR) í janúar 1997, stofnunin tilheyrir nú Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH). Nefndin lagði fram tillögu til að jafna stöðu kynja innan SHR í mars 1998. Jafnréttisáætlun var samþykkt í stjórn SHR í maí 1998, áætlunin hefur sætt endurskoðun og skilaði nefndin tillögum til framkvæmdastjórnar LSH í október 2000.

Önnur verkefni.

Heilbrigðismálaráðuneytið styrkti rannsókn sem gerð var á ofbeldi á starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu árin 1997–1998 á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga o.fl.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

7.1. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna.

Í janúar 1997 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til að kanna hvort þörf væri á sérstökum stuðningi við atvinnurekstur kvenna. Nefndin hefur m.a. látið gera könnun á meðal kvenna í rekstri fyrirtækja hérlendis, svo og viðhorfum þeirra til sértækra stuðningsaðgerða við atvinnurekstur kvenna. Þá er í vinnslu yfirlit yfir helstu stuðningsaðgerðir sem í boði eru hérlendis og erlendis. Mun nefndin skila niðurstöðum og tillögum í byrjun næsta árs.

Framangreind nefnd lauk störfum árið 1998 og birtust niðurstöður hennar og tillögur í skýrslunni *Atvinnurekstur kvenna.* Í skýrslunni er yfirgripsmikill fróðleikur og upplýsingar um stöðu kvenna í atvinnurekstri, fyrirtækjaumhverfi þeirra og sérstakar stuðningsaðgerðir þeim til handa sem gripið hefur verið til hér á landi.

Megintillögur nefndarinnar voru annars vegar að komið yrði á fót miðstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem hlut kvenna væri sérstakur gaumur gefinn og hins vegar að til kæmi stuðningur stjórnvalda við félag eða „tengslanet“ kvenatvinnurekenda, sem hefði það að meginmarkmiði að efla samvinnu og samstöðu þeirra.

Í mars 1999 tók *Impra, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja* til starfa innan Iðntæknistofnunar og er þar um að ræða þjónustu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla. Þar er lögð sérstök áhersla á að veita konum ráðgjöf sem eru að vinna að ákveðinni viðskiptahugmynd og hyggjast fara út í eigin rekstur. Undanfarin ár hafa verið haldin námskeið, *Brautargengi,* á vegum Iðntæknistofnunar og eru þau ætluð konum sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd. Þar eru kennd grundvallaratriði við stofnun og rekstur

fyrirtækja. Í könnun sem gerð var um árangur Brautargengis kom í ljós að 94% kvennanna telja að þær hafi lært grundvallaratriðin í stofnun fyrirtækis og 90% að þær hafi kynnst grundvallaratriðum tengdum fyrirtækjarekstri. Þá telja 78% þeirra kvenna sem voru þegar í fyrirtækjarekstri þegar námskeiðið var sótt að það hafi nýst þeim mjög vel.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði starfshóp í byrjun janúar 1999 sem hafa skyldi forgöngu um stofnun félags fyrir konur í atvinnurekstri. *Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA)* var stofnað í apríl 1999 og er meginmarkmið félagsins að gera konur í atvinnurekstri sýnilegri og um leið að mynda tengslanet fyrir þær. Félagið nýtur aðstoðar starfsmanns hjá Impru sem sér m.a. um útgáfu fréttabréfa, uppfærslu félagatals, innheimtu félagsgjalda og aðstoð við rekstur félagsins.

7.2. Könnun á stöðu kvenna í iðnaði.

Samdráttur hefur orðið í einstökum atvinnugreinum iðnaðar undanfarin ár, en á sama tíma hafa aðrar eflst til muna. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun kanna hvort þessar breytingar hafi nýst konum sem skyldi eða hvort samdrátturinn hafi frekar átt sér stað í atvinnugreinum þar sem konur eru í meiri hluta. Ef niðurstaða könnunarinnar er veik staða kvenna mun ráðuneytið fara yfir þá þætti og gera grein fyrir þeim.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vinnur að könnun á stöðu kvenna í iðnaði. Kyngreindar upplýsingar á sviði iðnaðar eru mikilvæg forsenda þess að unnt sé að byggja á staðreyndum við ákvarðanatöku um stuðningsaðgerðir og á það einnig við um mælingar á árangri þeirra.

7.3. Hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun sérstaklega taka mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna.

Ráðuneytið tekur sérstaklega mið af jafnréttissjónarmiðum við tilnefningu í nefndir og ráð með það að markmiði að auka þar hlut kvenna. Einnig er vísað í 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð og stjórnir.

7.4. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og upplýsingasamfélagið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra var falið af ríkisstjórninni 6. október 1995 að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir ríkisstjórnina um íslenska upplýsingasamfélagið næsta áratug. Nefndin skilaði áliti sínu og níu starfshópar er með henni unnu ári síðar. Eitt af meginmarkmiðunum er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn óæskilegum félagslegum áhrifum, svo sem auknu misrétti, og sjá til þess að jafnrétti sé tryggt. Í þessu felst m.a. sá ásetningur að efla fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu sem mun auka jafnrétti kynjanna óháð búsetu.

Eins og fram kemur var eitt af meginmarkmiðum framangreindrar nefndar að nýta möguleika upplýsingatækninnar til að vinna gegn misrétti og tryggja jafnrétti, óháð kyni, aldri og búsetu. Í þessu felst m.a. að auka fjarmenntun og atvinnuþátttöku fólks með fjarvinnslu og hefur ráðuneytið beitt sér fyrir því. Þá er mjög mikilvægt að bæði kynin komi að mótun og uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðar. Ráðuneytið ásamt fleirum tekur þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna.* Með þátttöku sinni vill ráðuneytið hvetja fleiri stúlkur til náms í greinum upplýsingatækninnar. Markmið átaksins er annars vegar að undirbúa kvennemendur sem ljúka námi frá Háskóla Íslands undir forustustörf á framtíðarstarfsvettvangi þeirra og hins vegar að jafna kynjaskiptingu nemenda í deildum Háskólans. Með þessu vill Háskóli Íslands, með stuðningi samstarfsaðila

að verkefninu, leggja sitt af mörkum til að jafna hlutdeild kynjanna í þekkingar- og upplýsingasamfélagi nýrrar aldar. Víða við háskóla erlendis hefur verið ráðist í áþekk verkefni til að tryggja þátttöku kvenna á þeirri upplýsingatækniöld sem framundan er og auka fjölbreytileika vísindanna með jafnara námsvali kynjanna.

7.5. Fjölgun kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Með því að auka veg kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja stefnir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að því að auka sjálfstæði kvenna og um leið jafnrétti kynjanna. Einnig munu kraftar kvenna til eflingar atvinnulífinu nýtast betur.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur beitt sér fyrir rannsóknum á þætti kvenna í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Með tilkomu lektors í kynjafræðum og prófessors í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum við Háskóla Íslands opnast möguleikar á samstarfi um rannsóknir, svo sem um þátt kvenna í stjórnun fyrirtækja. Einnig verða meistaranámsnemendur hvattir til að velja verkefni á þessu sviði.

7.6. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hinn 1. janúar 1998 tók Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til starfa. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Mun sjóðurinn gegna hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, einkum með hlutafjárþátttöku en einnig með því að veita lán og ábyrgðir í þessu skyni. Einnig mun sjóðurinn styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi sem er einnig reyndin í Bandaríkjunum, en á vegum SBA (Small Business Administration) hafa verkefni sem auka atvinnuþátttöku kvenna gefist vel. Nýsköpunarsjóði er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti telur sérstaklega mikilvægt að auka veg kvenna í atvinnurekstri og telur að sjóðurinn muni með almennri starfsemi sinni styðja atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, ásamt Íslandsbanka, Morgunblaðinu og Deloitte & Touche, ýttu úr vör sérstöku átaki til stuðnings atvinnurekstri kvenna árið 2000 með verkefninu *Auður í krafti kvenna.* Háskólinn í Reykjavík annast framkvæmd verkefnisins og er markmiðið að það skili mælanlegum árangri sem felist í fjölgun og vexti fyrirtækja í eigu kvenna. Hlutverk verkefnisins er að nýta enn betur þann auð sem í konum býr með því að auka þátttöku þeirra í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Boðið er upp á ýmis námskeið fyrir konur um rekstur og stjórnun fyrirtækja. Má þar nefna svonefnda frumkvöðlaauði, fjármálaauði, leiðtogaauði og framtíðarauði. Um 800 konur hafa nú þegar sótt námskeiðin.

7.7. Átak til atvinnusköpunar.

Í mars 1996 gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður með sér samstarfssamning um „Átak til atvinnusköpunar". Markmið átaksins er m.a. stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar. Þann tíma sem stjórn átaksins hefur starfað hafa margvísleg verkefni verið studd sem hafa ekki síður nýst konum en körlum. Má þar nefna átak til eflingar textíliðnaði, stuðning við framleiðslu sjávar- og jurtasmyrsla og markaðssetningu íslenskrar fatahönnunar erlendis en í þessum iðngreinum hafa konur verið í fararbroddi.

Eftir að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður hættu starfsemi tók iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti alfarið við rekstri *Átaks til atvinnusköpunar.* Er það stefna ráðuneytisins að sameina

stuðningsaðgerðir sínar við atvinnulífið undir yfirstjórn átaksins sem styður verkefni jafnt frá konum sem körlum. Þær forsendur sem gengið er út frá við veitingu styrkja úr verkefninu eru einkum tvenns konar: Annars vegar eru veittir styrkir til verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir aðra aðila sem veita sambærilega fyrirgreiðslu. Hins vegar er um að ræða sérstök skilgreind átaksverkefni ráðuneytisins sem ætlað er að hafa víðtæk áhrif en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki. Þá hefur *Átak til atvinnusköpunar* sérstaklega aðstoðað fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref í alþjóðlegu samstarfi með því að styrkja þau til að sækja svokölluð fyrirtækjastefnumót sem haldin eru reglulega víðs vegar um Evrópu.

7.8. Þátttaka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í samvinnuverkefnum.

a. Atvinnuuppbygging á landsbyggðinni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti mun ásamt félagsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti (Byggðastofnun) og fjármálaráðuneyti kanna hvernig styrkir úr opinberum sjóðum sem nýtast eiga atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni hafa skipst á milli kvenna og karla.

Félagsmálaráðuneyti framsendi verkefnið til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sem fól Byggðastofnun umsjón þess, sjá jafnframt lið 3.7.

b. Lánatryggingasjóður kvenna. Lánatryggingasjóður kvenna er samvinnuverkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styðja konur til þátttöku og nýsköpunar í atvinnulífi með því að veita ábyrgðir á lánum sem veitt eru umsækjendum um lánatryggingu úr Lánatryggingasjóði kvenna.

Sjá skýrslu um verkefni félagsmálaráðuneytis, lið 3.8.

7.9. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun og árið 2001 tók jafnréttisnefnd til starfa. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og er skipuð til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna, kjörnir af starfsmönnum, og tveir fulltrúar ráðuneytanna, tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnrétti kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytinu. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í málefnum er varða jafnrétti.

Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir.

Önnur verkefni.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti kemur að samstarfsverkefni með félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti er varðar jafnréttisumsagnir stjórnarfrumvarpa. Nefnd sem var falið málið var skipuð af félagsmálaráðherra í lok ársins 2001.

8. Landbúnaðarráðuneyti.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla. Þessu verkefni verði lokið fyrir árið 2000.

Eitt af verkefnunum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er könnun á eignarhaldi í landbúnaði og búrekstri og réttindum og skyldum því samfara. Undirbúningur er hafinn og unnið er í samráði við jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands, sem skipuð var í árslok 2001 og í eiga sæti þrír fulltrúar úr bændastétt, en forgangsverkefni þessarar nefndar verður að kynna konum og körlum félagsleg og efnahagsleg réttindi þeirra innan stéttarinnar. Það sama á við um lið 8.3 hér á eftir. Það skal þó tekið fram að jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi í þeirri vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytisins.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Unnið verður upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

Þetta málefni hefur jafnréttisnefnd Bændasamtakanna ákveðið að gera að forgangsverkefni eins og lið 8.1 hér að framan, í samráði við jafnréttisfulltrúa landbúnaðarráðuneytisins.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

Endurskoðuð hafa verið ýmis ákvæði laga, sem talin eru fela í sér mismunun kynjanna og leitast hefur verið við að bæta atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Jafnrétti kynjanna er ávallt haft til hliðsjónar við samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla á vegum ráðuneytisins.

8.4. Fjölgun kvenna í stjórnum og ráðum sem varða landbúnaðarmál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð landbúnaðarins á sér stað og ákvarðanir eru teknar. Þetta átak tekur til bæði opinberra nefnda og ráða á vegum ríkisvaldsins og félags- og hagsmunasamtaka bændastéttarinnar.

Hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins er 12,5%, og hefur ekki breyst frá árinu 2000. Í ráðuneytinu eru 18,5 stöðugildi, þar af 8 stöðugildi karla og 10,5 kvenna. Aukningin er hálft stöðugildi á milli ára og eingöngu konur verið ráðnar í þær stöður, sem losnað hafa.

8.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Fræðsla til starfsmanna er stöðug. Gert er ráð fyrir að sérstök kynning fari fram á lögum nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, haustið 2002, en þá mun jafnréttisfulltrúi kynna jafnréttisstefnuna fyrir forstöðumönnum stofnana landbúnaðarráðuneytisins.

Í samtölum við forstöðumennina hafa undirtektir verið mjög góðar og málefninu sýndur mikill áhugi.

Aðeins ein stofnun hefur mótað jafnréttisstefnu, en það er Garðyrkjuskóli ríkisins.

9. Menntamálaráðuneyti.

9.1. Námskrárgerð.

Í nýjum aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verður sérstaklega tekið mið af lögum um grunnskóla og stefnu menntamálaráðuneytis í jafnréttismálum en þar er kveðið á um að nemendum sé ekki mismunað eftir kyni, búsetu, stétt, uppruna, trú eða fötlun. Þetta þýðir að allir skuli fá sem jöfnust tækifæri til menntunar. Þetta þýðir ekki endilega sömu úrræði fyrir alla, heldur sambærileg og jafngild tækifæri.

Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi í júní 1999 og skal að fullu vera komin til framkvæmdar þremur árum eftir gildistöku. Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók einnig gildi 1. júní 1999 og skal að fullu vera komin til framkvæmda fimm árum eftir gildistöku.

Í stefnuriti ráðuneytisins, *Enn betri skóli,* frá 1998 sem lagt er til grundvallar við endurskoðun aðalnámskráa endurspeglast meginjafnréttisstefna ráðuneytisins. Þar kemur meðal annars eftirfarandi fram: Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Við gerð námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla voru tillögur nefndar sem ráðherra skipaði til þess að fjalla um jafnréttismál og gera tillögur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stefnumörkum varðandi jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa einnig hafðar til hliðsjónar.

Fræðsla um jafnrétti kynjanna er samofin markmiðum í nýjum aðalnámskrám bæði grunn- og framhaldsskóla, almennum hlutum þeirra og í hverri námskrá fyrir sig. Í nýrri aðalnámskrá beggja skólastiga er sérstök námskrá í lífsleikni, sem er ný námsgrein. Í námskrá í lífsleikni er að finna jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa. Við úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskólakennara 1999 og 2000 var sérstök áhersla lögð á endurmenntunarnámskeið í tengslum við nýjar áherslur í aðalnámskrá, þar á meðal námskrá í lífsleikni. Einnig lagði Þróunarsjóður grunnskóla við úthlutun styrkja árin 2000 og 2001 sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er vísað til þess að skólum beri að gæta jafnréttis nemenda til náms og að verkefni skuli höfða jafnt til pilta og stúlkna. Sérstök áhersla er lögð á jafnréttismarkmið í áfangalýsingum félagsfræði, uppeldisfræði og sálfræði, auk lífsleikninnar.

9.2. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

Ráðuneytið hefur gefið út stefnuritið *Menntun – menning – forsenda framtíðar.* Í ritinu er m.a. yfirlýsing um að skólar skuli vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og styrkja sjálfsmat nemenda. Við gerð aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla var farið eftir þessari skýru stefnu varðandi stöðu kynja í skólum, svo og í nefndum á vegum ráðuneytisins og við styrkveitingar ráðuneytisins til ýmiss konar rannsókna á þessu sviði.

Ráðuneytið gaf út bæklinginn *Ábyrgð – frelsi – jafnrétti – val.* Nemendur og foreldrar geta kynnt sér þá kosti sem blasa við nemendum að loknu grunnskólanámi. Í ritinu er aukið valfrelsi undirstrikað og sú ábyrgð sem því fylgir og í nýrri skólastefnu ættu allir að geta fundið nám við sitt hæfi.

Menntamálaráðuneytið var meðal samráðsaðila vegna ráðstefnu um konur og upplýsingatækni sem haldin var 14. apríl 2000 á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið sem heyrir undir forsætisráðuneytið.

Verkefnið *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna* er sameiginlegt jafnréttisverkefni jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, m.a. með stuðningi fjögurra ráðuneyta, þar á meðal menntamálaráðuneytis. Tveggja ára átak samningsaðila, á árunum 2000–2002, til að auka hlut kvenna í forustustörfum á íslenskum vinnumarkaði og til að jafna kynjaskiptingu í náms- og starfsvali karla og kvenna er í stórum dráttum tvíþætt:

1. Hvatningarátak meðal stúlkna í síðasta bekk grunnskóla og í framhaldsskólum til að velja raungreinabrautir sinna skóla.
2. Átak meðal kvenna í háskólum til að efla þær til aukinnar þátttöku í stjórnun, rekstri fyrirtækja og störfum í æðstu stöðum stjórnsýslunnar.

9.3. Jafnréttiskennsla í skólum verði efld.

Jafnréttisfræðsla í skólum verði efld og lögð verði sérstök áhersla á styrkleika beggja kynja, skyldur beggja og réttindi. Sérstök áhersla verði lögð á fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Nauðsynleg forsenda jafnréttiskennslu er að jafnréttisfræðsla standi kennurum og skólastjórnendum til boða.

Ráðuneytið átti aðild að norrænu samstarfsverkefni, Nord-lilia, um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar á árunum 1993–1997. Verkefnið var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og byggðist á þróunarverkefnum í hverju landi. Í tengslum við verkefnið voru gefin út tvö rit, nokkur fréttabréf og fjöldi skýrsla um þróunarverkefnin.

Í námskrá í lífsleikni fyrir grunnskóla er að finna jafnréttismiðuð markmið í áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum fyrir einstaka aldurshópa. Í námskrá framhaldsskóla í lífsleikni eru einnig sett fram jafnréttismiðuð markmið.

9.4. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Menntamálaráðuneytið mun láta fara fram rannsókn á stöðu kynjanna í skólakerfinu þar sem sérstaklega verður hugað að líðan hvors kyns fyrir sig í skólum. Á grundvelli slíkra athugana verði kannað hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

Menntamálaráðherra skipaði nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skyldi beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna.

Niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk '97* á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hafa verið kynntar. Rannsóknin gefur vísbendingar um umtalsverðan kynjamun í grunnskólum bæði hvað varðar árangur og líðan.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála annaðist rannsókn á umfangi og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilvægar vísbendingar um samskipti og líðan stúlkna og pilta í grunnskólum. Verið er að vinna að því að allir skólar komi á aðgerðaáætlun gegn einelti.

Ráðuneytið á aðild að rannsókn sem gerð er til að kanna hagi og líðan ungs fólks í framhaldsskólum, þar sem meðal annars er kannaður munur á líðan og árangri pilta og stúlkna.

Sett var á laggirnar nefnd um sértæka lesröskun og lesskimun í grunnskóla en þar er einnig hugað að kynjamun. Skýrsla þeirrar nefndar lá fyrir árið 1998. Haustið 2000 voru gefin út lesskimunarpróf fyrir grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt rannsókn um nám og viðhorf ungs fólks í framhaldsskóla. Rannsóknin nær til eins árgangs og gefur miklar upplýsingar um menntun ungs fólks að grunnskóla loknum. Í rannsókninni eru m.a. könnuð tengsl sálfræðiþátta og námsárangurs við náms- og starfsval einstaklinga og hvort munur er á tengslum þessara þátta við náms- og starfsval karla og kvenna.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Í ljósi þess mun menntamálaráðuneytið stuðla að því að íþróttauppeldi stúlkna verði sinnt í skólakerfinu ekki síður en drengja.

Stefnt er að því að efla íþróttauppeldi stúlkna. Í námskrá í íþróttum eru markmið sett fram með það í huga að þau nái til allra nemenda og höfði jafnt til áhugasviðs og þroska allra nemenda og að verkefnin höfði til beggja kynja. Í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi árið 1996, var skipuð nefnd til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Nefndin hefur skilað ítarlegri greinargerð og tillögum um leiðir til þess að auka þátt kvenna í íþróttum.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun leggja aukna áhersla á að bæði kyn menntist um tölvur og upplýsingatækni. Sú fræðsla þarf að hefjast strax á yngri stigum grunnskólans til að draga úr þeim kynjamun sem þegar er orðinn umtalsverður í efri bekkjum grunnskóla.

Upplýsinga- og tæknimennt er ný námsgrein í nýrri aðalnámskrá, en þar er á það bent að verkefnin skuli höfða jafnt til drengja og stúlkna. Á árlegum UT-ráðstefnum um upplýsingatækni í skólastarfi sem menntamálaráðuneytið stendur fyrir hefur m.a. verið fjallað um kynbundna tölvunotkun.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Kannað verður hvort stúlkur þurfi sérkennslu á þessum sviðum.

Í skilgreindum markmiðum námskrár í stærðfræði fyrir grunnskóla er ekki sérstaklega fjallað um þetta efni. Miðað er við að öll markmið námskrárinnar nái til allra nemenda og verkefni höfði til beggja kynja. Vísað er til jafnréttismarkmiða sem fram koma í almennum hluta aðalnámskrár.

Í námskrá í náttúrufræði fyrir grunnskóla er sérstaklega á það bent að athugað skuli að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla á skólaárinu 1998–1999 mun menntamálaráðuneytið leggja sérstaka áherslu á þróunarverkefni sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

Veittir hafa verið styrkir úr Þróunarsjóði grunnskóla til ýmiss konar þróunarverkefna er sérstaklega varða jafnréttisfræðslu. Þess má geta að við úthlutun árin 2000 og 2001 lagði Þróunarsjóður grunnskóla sérstaka áherslu á að styrkja verkefni í lífsleikni og þróun lífsleikniáætlana í skólum.

9.9. Nefndir og ráð.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins mun sérstaklega verða tekið mið af jafnréttissjónarmiðum og kallað til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytisins er leitast við að gæta jafnræðis milli kynja. Þegar aðilar utan ráðuneytisins eru beðnir um tilnefningar í nefndir á vegum þess er ávallt vísað í 20. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Í febrúar 2002 var skipting fulltrúa í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum menntamálaráðuneytis þannig að karlar voru 66% fulltrúa og konur 34%. Í nefndum sem skipaðar voru samkvæmt ákvörðun ráðherra voru karlar 65% fulltrúa og konur 35%. Í nefndum, stjórnum eða ráðum sem skipað er í samkvæmt lögum, reglugerðum eða þingsályktunartillögum voru karlar 67% fulltrúa og konur 33%. Í stjórnum eða ráðum sem Alþingi kýs og heyra undir menntamálaráðuneytið voru karlar 34% fulltrúa og konur 66%.

9.10. Kvennasögusafnið.

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verður hækkað um 2,1 millj. kr. árið 1998 vegna reksturs Kvennasögusafns.

Framlag til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns var í fjárlögum árið 1998 hækkað vegna reksturs Kvennasögusafns í samræmi við áætlunina.

9.11. Konur og fjölmiðlar – ímyndir kvenna og karla.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara miðla. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímyndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun fjölmiðla um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði.

Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála (nú Jafnréttisstofa) höfðu með sér samstarf um skipan nefndar um konur og fjölmiðla – ímyndir kvenna og karla. Nefndin hefur skilað skýrslu þar sem bent er á leiðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum. Meðal þess sem nefndin bendir á er að auka þurfi fræðslu í skólum, t.d. með því að nota evrópskt fræðsluefni við kennslu í hagnýtri fjölmiðlun í Háskóla Íslands og í fjölmiðlafræði í framhaldsskólum. Einnig bendir nefndin á að koma þurfi upplýsingum um stöðu kvenna í fjölmiðlum inn í jafnréttisfræðslu í grunnskólum, t.d. í lífsleikni.

9.12. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara, starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu, presta, lögreglu og annarra sem líklegir eru til þess að umgangast þolendur ofbeldis verði tryggð fræðsla um hvernig bregðast skuli við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

Í desember 1999 stóð menntamálaráðuneytið ásamt samtökum kennara og skólastjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og Landssamtökunum Heimili og skóli fyrir málþingi um skólareglur og aga. Í framhaldi af málþinginu var kennaramenntunarstofnunum sent bréf þar sem bent var á mikilvægi þess að fjalla um þessi málefni í menntun kennara. Gefin var út endurskoðuð reglugerð um skólareglur í grunnskólum í apríl 2000. Hverjum skóla ber að setja sér skólareglur þar sem kveðið skal á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar og hollar lífsvenjur. Í reglugerðinni er

m.a. ákvæði um að leita skuli til sérfræðiþjónustu skóla ef ekki tekst að leysa mál er varða hegðun nemenda innan skóla.

Einnig hefur verið stofnuð samstarfsnefnd sömu aðila til að móta stefnu hvað varðar verklag og viðbrögð skóla gagnvart einelti. Nefndin stóð fyrir málþingi um einelti haustið 2001 og í kjölfarið verður unnið að því að styðja skóla til að koma á aðgerðaáætlun gegn einelti.

9.13. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Í maí 1997 skipaði menntamálaráðherra jafnréttisnefnd. Nefndin skilaði tillögum sínum varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og tillögum um stefnumörkun í jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla í nóvember 1998. Í framhaldi af störfum nefndarinnar var með útgáfu bæklingsins *Jafnrétti til menntunar* ætlunin að vekja kennara og annað skólafólk til umhugsunar um lögbundið jafnrétti kynjanna til menntunar og í bæklingnum er bent á leiðir til að stuðla að jafnrétti í skólastarfi.

Innan ráðuneytisins hefur jafnan verið leitast við að gæta jafnrar stöðu kynjanna. Ráðuneytið leitast við að vinna í samræmi við þau jafnréttissjónarmið að störf innan ráðuneytisins séu ekki kynbundin og að starfsmenn af báðum kynjum komi jafnt til greina við verkefnaval. Í febrúar 2002 voru konur í meiri hluta starfsfólks menntamálaráðuneytisins eða 66%, ráðuneytisstjóri er kona. Jafnmargar konur og karlar gegndu stöðu skrifstofustjóra en konur voru meiri hluti deildarstjóra eða 57%. Sömu sögu er að segja af deildarsérfræðingum, þar voru konur í meiri hluta eða 63%. Meðal stjórnarráðsfulltrúa innan ráðuneytisins eru konur í miklum meiri hluta eða 94%. Óskað hefur verið upplýsinga hjá stofnunum ráðuneytisins varðandi jafnréttisáætlanir innan þeirra. Fyrir liggur jafnréttisáætlun menntamálaráðuneytis og skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Önnur verkefni.

- Ráðuneytið hefur skipað fulltrúa í norrænan vinnuhóp sem heyrir undir norrænu ráðherranefndina vegna rannsóknarverkefnis sem nefnist *Kön och väld.*
- *Konur og vísindi – þátttaka kvenna í vísindum; sem háskólakennarar, vísindamenn og nemendur.* Vorið 2000 skipaði menntamálaráðherra vinnuhóp um konur og vísindi. Markmið hópsins er að finna leiðir til að auka þátt kvenna í vísindum og samræma aðgerðir í þeim efnum. Skipun nefndarinnar er í samræmi við áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem samþykkt var árið 1999 og tengist þátttöku Íslands í fimmtu rammaáætlun ESB. Hlutverk nefndarinnar hefur verið að hafa umsjón með söfnun og útgáfu upplýsinga um stöðu kvenna í vísindum á Íslandi og miðla þeim til Evrópusambandsins. Störf nefndarinnar hafa lagt grunn að skipulagðri söfnun tölfræðilegra upplýsinga um stöðu íslenskra kvenna í rannsóknum og vísindum sem mun nýtast til stefnumótunar á þessu sviði. Niðurstöður hópsins voru gefnar út í skýrslu í mars 2002. Í skýrslunni er dregin upp mynd af félagslegri og efnahagslegri umgjörð rannsókna á Íslandi og uppbyggingu háskólastigsins sem mynda umgjörð um störf kvenna í rannsóknum sem á öðrum sviðum. Skýrslan inniheldur upplýsingar um konur í vísindum, sem háskólakennara, vísindamenn og stúdenta. Þátttaka kvenna í rannsóknastofnunum á vegum hins opinbera er könnuð, en einnig árangur þeirra í að sækja um fé úr rannsóknasjóðum á sviði vísinda og tækni. Stjórnkerfi stefnumótunar á vísindasviðinu og við út-

hlutun styrkja er stuttlega lýst. Menntamálaráðuneytið hélt ráðstefnu um stöðu íslenskra kvenna í vísindum þann 22. mars 2002.
- Menntamálaráðuneytið gætir þess að birta tölfræðilegar upplýsingar greindar eftir kyni þar sem það á við.

10. Samgönguráðuneyti.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði hægt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

Enn sem komið er hefur ekki verið unnið að verkefninu.

10.2. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Konur í nefndum um ferðaþjónustu eru gjarna í meiri hluta og formenn nefnda. Einnig eru nú konur í úthlutunarnefndum umsjónarnefnda leigubifreiða en það hefur ekki tíðkast hingað til. Í öðrum nefndum og ráðum ráðuneytisins er varla konu að finna, þó er kona formaður siglingaráðs.

Eitt af stefnumiðum jafnréttisáætlunar ráðuneytisins, sem samþykkt var í ársbyrjun 2002, er að auka hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins og stofnana þess, m.a. með því að óska eftir tilnefningu fólks af báðum kynjum.

10.3. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Fyrsta verk jafnréttisfulltrúa ráðuneytisins var að skrifa undirstofnunum og óska eftir tilnefningu fulltrúa þeirra. Ráðuneytið vonar að takast megi að koma á starfshópi sem skilað getur raunhæfum tillögum.

Samþykkt hefur verið jafnréttisáætlun fyrir ráðuneytið. Meðal stefnumiða hennar er að fjölga konum í stjórnum stofnana þar sem karlar eru í meiri hluta og að starfsmenn njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf auk fleiri atriða sem miða að því að rétta hlut kynjanna.

11. Sjávarútvegsráðuneyti.

11.1. Konur í fiskvinnslu.

Skipuð verður nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Nefndinni verður falið að afla upplýsinga um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Skipuð hefur verið nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og á atvinnumöguleika. Nefndin mun skila af sér til ráðherra í aprílmánuði 2002.

11.2. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök sóknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

Enn sem komið er hefur ekki verið unnið að verkefninu.

11.3. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

Ráðuneytið veitti fé til undirbúnings könnunar á áhrifum langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna, en hann fólst aðallega í gerð rannsóknaáætlunar og í því að kanna hvaða efni og rannsóknir sem komið gætu að gagni væru þegar til. Gestur Guðmundsson félagsfræðingur og Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur unnu skýrsluna sem mun koma að miklu gagni við könnun á áhrifum langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna.

11.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Ráðuneytið hefur gert átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Þannig hefur verið óskað eftir tilnefningum fólks af báðum kynjum þegar skipa skal í nefndir og starfshópa á vegum ráðuneytisins. Fulltrúar ráðuneytisins í nefndum og starfshópum innan lands eru jöfnum höndum karlar og konur, eftir menntun og verkefnasviði hverju sinni, og þess er gætt að tilnefna bæði karla og konur í nefndir og ráð í alþjóðlegu samstarfi.

11.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Skipaður hefur verið jafnréttisfulltrúi úr hópi starfsmanna. Jafnréttisfulltrúi hefur sótt námskeið og ráðstefnur um jafnréttismál, bæði innan lands og utan og hefur farið yfir stöðu jafnréttismála innan ráðuneytisins og fundað með forstöðumönnum stofnana þess. Stofnanir ráðuneytanna hafa einnig skipað jafnréttisfulltrúa eða -nefndir úr hópi sinna starfsmanna. Unnið er að gerð jafnréttisáætlunar í ráðuneytinu.

Önnur verkefni.

- Sjávarútvegsráðuneytið hefur með ýmsum hætti kynnt sjávarútveginn fyrir yngri grunnskólanemendum, m.a. með því að útbúa ýmis náms- og kennslugögn um sjávarútveg og sýnishorn af veiðarfærum og verkfærum í svonefndri gullakistu sjávarútvegsráðuneytisins. Auk þess hefur ráðuneytið til margra ára staðið straum af rekstri skólaskips og undanfarin þrjú ár hefur hafrannsóknaskipið Dröfn verið rekið 60 daga á ári sem skólaskip. Börnum í 9. og 10. bekk grunnskóla hefur boðist að fara í kynnisferð með skipinu sem útbúið hefur verið sérstaklega fyrir slíkar ferðir. Fararstjóri frá Hafrannsóknastofnuninni hefur umsjón með fræðslunni um borð, þar sem unglingunum er sýnt skipið, notkun sjókorta og siglingatækja þess. Einnig er farið yfir björgunar- og öryggistæki um borð.

Þá er rennt fyrir fisk, auk þess sem sett hafa verið út togveiðarfæri, gert að aflanum og veitt innsýn í starf fiskifræðinga og hafrannsóknir við Ísland. Eftirspurn eftir ferðum með skipinu hefur verið meiri en hægt hefur verið að anna og nær fjögur þúsund nemendur úr fimmtíu skólum og tvö hundruð kennarar hafa farið í ferðir með skipinu á þessum tveim árum. Hefur skipið tvisvar á tímabilinu farið í hringferð um landið til að sinna óskum skóla á landsbyggðinni. Hér er tvímælalaust um að ræða jafnréttismál þar sem tilgangurinn með gullakistunni og skólaskipinu er að gefa jákvæða mynd af öllum þáttum atvinnugreinarinnar og örva ungmenni, stúlkur jafnt sem drengi til að mennta sig til þátttöku í störfum tengdum sjávarútvegi.

– Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið, en auk ráðuneytisins eiga aðild að nefndinni Samtök atvinnulífsins og Starfsgreinasamband Íslands. Nefndin stendur fyrir víðtæku fræðslustarfi fyrir starfsfólk fiskvinnslunnar. Um er að ræða grunnnámskeið sem miðla almennri þekkingu um fiskvinnslustarfið. Konur eru stærsti hluti þeirra starfsmanna fiskvinnslunnar sem sækja námskeið starfsfræðslunnar og er ljóst að skipulögð starfsmenntun af þessu tagi gefur þeim aukna möguleika á að taka að sér ábyrgðarmeiri og betur launuð störf innan greinarinnar.

12. Umhverfisráðuneyti.

12.1 Jafnréttisnefnd umhverfisráðuneytis og stofnana þess.

Umhverfisráðuneytið mun skipa nefnd um jafnréttismál með fulltrúum stofnana ráðuneytisins fyrir árslok 1997. Hlutverk nefndarinnar verður að, sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miða að því að jafna stöðu kvenna og karla, að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál, að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum, að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

Jafnréttisnefnd ráðuneytisins hefur starfað frá árinu 1999. Nefndin vann jafnréttisáætlun fyrir umhverfisráðuneytið sem var staðfest af ráðherra í nóvember 1999. Jafnréttisstefnan var kynnt fyrir forstöðumönnum stofnana ráðuneytisins á forstöðumannafundi í nóvember 1999 þar sem þeir voru hvattir til þess að setja stofnunum sínum stefnu í jafnréttismálum.

Jafnréttisnefndin vinnur nú að endurskoðun áætlunarinnar og ákveðið hefur verið að halda námskeið um gerð jafnréttisáætlana fyrir forstöðumenn stofnana og námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í ákvarðanatöku um umhverfismál fyrir stjórnendur í ráðuneytinu og stofnunum þess.

Umhverfisráðherra staðfesti á árinu 2001 fjölskyldustefnu sem jafnréttisnefndin vann í samráði við yfirstjórn ráðuneytisins. Markmið fjölskyldustefnunnar er að skapa mannúðlegt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem tekið er tillit til þess að fólk þarf að sinna skyldum við fjölskyldu og rækta hana alla starfsævina.

12.2. Fjölgun kvenna í stjórnum, nefndum og ráðum sem varða umhverfismál.

Sérstakt átak verður gert til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála og ákvarðanir eru teknar.

Hlutfall kenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins hefur hækkað úr 16% árið 1996 upp í 25% í árslok 2001. Ráðuneytið heldur áfram að leggja ríka áherslu á að fjölga konum í nefndum og stjórnum á vegum ráðuneytisins til þess að tryggja virka þátttöku kvenna í ákvörðunum um umhverfismál.

13. Utanríkisráðuneyti.

13.1. Aðgerðaáætlun.

Á fyrstu tveimur árum framkvæmdaáætlunarinnar mun starfa samráðsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar utanríkisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Verkefni nefndarinnar verður að vinna tillögur til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu jafnréttis kvenna og karla í alþjóðastarfi. Í áætluninni mun koma fram hvernig utanríkisráðherra fyrir hönd íslenskra stjórnvalda geti, betur en nú er, unnið að framgangi réttindamála kvenna og barna samkvæmt alþjóðasamþykktum sem Ísland er aðili að.

Samráðsnefndin hefur ekki verið skipuð.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.

Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt aukna áherslu á framgang réttindamála kvenna og barna, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópuráðsins. Í þessu sambandi má benda á framlag íslenskra stjórnvalda til uppbyggingar í Kosovo þar sem Ísland styrkir rekstur skrifstofu UNIFEM sem vinnur m.a. að því að tryggja konum völd og áhrif við stjórn landsins. Tveir íslenskir sérfræðingar hafa veitt skrifstofunni forstöðu frá árinu 2000. Við ákvörðun um stuðning Íslands við einstaka frambjóðendur í ráð og nefndir á vegum Sameinuðu þjóðanna eru jafnréttisjónarmið ávallt höfð í huga.

Frá árinu 1998 hefur utanríkisráðuneytið sent 55 manns til friðargæslustarfa á vegum alþjóðastofnana í Bosníu, Makedóníu og Kosovo. Þar af eru 34 karlmenn og 21 kona. Stærsti einstaki hópur íslensku friðargæsluliðanna á þessu tímabili eru lögreglumenn en samtals hafa 19 lögreglumenn starfað í friðargæslu á þessum tíma. Stærstur hluti þeirra hafa verið karlmenn. Ástæðurnar eru m.a. lágt hlutfall kvenna í íslensku lögreglunni og kröfu Sameinuðu þjóðanna um átta ára starfsreynslu. Í þessu sambandi má geta þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa farið þess sérstaklega á leit við aðildarríkin að þau ráði konur í alþjóðalögreglulið Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Kosovo. Vegna þessa hélt ráðuneytið fund haustið 1999 með Félagi íslenskra lögreglukvenna í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra. Í framhaldi af fundinum var Sameinuðu þjóðunum skrifað bréf og getið helstu niðurstaðna. Þegar auglýst var eftir lögreglumönnum til starfa á Balkanskaga var sérstaklega skorað á hæfar konur að sækja um, þar sem stjórnvöldum var í mun að verða við beiðni Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaða þess var sú að 2000–2001 fóru tvær konur til starfa í alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu. Þess skal getið að íslenskar lögreglukonur verða ekki sendar til Kosovo í bráð vegna krafna um vopnaburð.

Árið 2001 voru 23 íslenskir friðargæsluliðar að störfum erlendis, þar af sjö konur. Sex lögreglumenn, allir karlmenn, störfuðu hjá alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Kosovo og sex lögreglumenn, þar af tvær konur, störfuðu hjá alþjóðalögregluliði Sameinuðu þjóðanna í Bosníu. Tvær konur störfuðu með breska hernum í SFOR í Bosníu og ein kona og tveir karlmenn hjá KFOR í Kosovo. Einnig starfaði einn karlmaður hjá alþjóðaliði NATO í Makedóníu. Ein kona starfaði hjá ÖSE í Bosníu og þrír karlmenn hjá ÖSE í Kosovo. Þá starfaði ein kona hjá UNIFEM í Kosovo.

Þá ber að geta þess að Íslenska friðargæslan var sett á fót 10. desember 2001 til eflingar þátttöku Íslands í alþjóðlegu friðargæslustarfi. Verkefni hennar er að fjölga íslenskum starfsmönnum í fjölþjóðlegri friðargæslu í allt að 25 árið 2003. Til að markvisst megi standa að þeirri fjölgun var komið á fót viðbragðslista allt að 100 einstaklinga, sem valdir voru úr hópi

umsækjenda. Í auglýsingu um Íslensku friðargæsluna voru konur sérstaklega hvattar til að gefa kost á sér til friðargæslustarfa. Alls sóttu 238 manns um að komast á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar, 162 karlar og 76 konur. Að undangengnum viðtölum voru 95 einstaklingar valdir til að vera á viðbragðslistanum, 59 karlar og 36 konur. Enn fremur er gert ráð fyrir að lögreglumenn og -konur, sem gefið hafa kost á sér til friðargæslustarfa, verði á viðbragðslistanum.

Í samræmi við langtímaáætlun Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) í jafnréttismálum var árið 2000 ráðinn til starfa íslenskur ráðgjafi í jafnréttis- og fræðslumálum til kvenna- og félagsmálaráðuneytisins í Mósambík. Einnig hafa verið ráðnir til starfa ráðgjafar í þessum sama málaflokki á skrifstofu stofnunarinnar í Malaví og Úganda. Hlutverk íslensku ráðgjafanna er að starfa í samvinnu við heimamenn að framkvæmd verkefna á sviði jafnréttis- og fræðslumála samkvæmt samningi stofnunarinnar við stjórnvöld í hverju landi um að veita fjárhagslega og tæknilega aðstoð til þessa málaflokks. Í Namibíu hefur sérstakur verkefnisstjóri ÞSSÍ umsjón með fræðslu fullorðinna, sem einkum beinist að fræðslu kvenna og barna. Þróunarstofnanir hafa í vaxandi mæli sett inn jafnréttisþátt sem sérstakan lið í undirbúningi allra verkefna og hafa mótað stefnu á þessu sviði sem taka verður mið af í öllum verkefnum. Á vegum ÞSSÍ starfa nú 22 íslenskir sérfræðingar í fjórum samstarfslöndum og þrjú og hálft stöðugildi eru á aðalskrifstofu, alls 16 karlar og tíu konur. Í stjórnunarstörfum eru sex karlar og fimm konur.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.

Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópuráðið taki sérstaklega til athugunar – þegar verið er að kanna hvort um brot á mannréttindum er að ræða – brot sem beinast sérstaklega gegn konum.

Ísland hefur lagt áherslu á jafnrétti kynjanna og baráttuna gegn mannréttindabrotum gagnvart konum og stúlkum, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur fullgilt Rómarsamþykktina um Alþjóðlega sakamáladómstólinn þar sem kveðið er á um að litið verði á ýmsa kynferðislega glæpi gegn konum eins og nauðganir og kynlífsþrælkun sem glæpi gegn mannkyninu eða stríðsglæpi. Ísland hefur einnig fullgilt valfrjálsa bókun við alþjóðasamning um afnám allrar mismununar gegn konum. Loks undirritaði Ísland alþjóðasamninginn gegn skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi í desember 2000 í Palermo á Ítalíu ásamt tveimur viðbótarbókunum við hann. Önnur bókunin fjallar um baráttuna gegn mansali, einkum kvenna og barna. Verið er að vinna að fullgildingu þessa samnings og bókana við hann.

Á vettvangi ÖSE hefur Ísland lagt áherslu á mannréttindi, sérstaklega mannréttindi kvenna og barna auk baráttunnar gegn mansali og kynlífsþrælkun.

13.4. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum og kalla til fólk af báðum kynjum eftir því sem kostur er.

Á vegum utanríkisráðuneytisins eru starfandi níu nefndir. Í þessum nefndum eru samtals 37 nefndarmenn, 32 karlmenn og fimm konur. Fjöldi fulltrúa í hverri nefnd skipt eftir kynjum er eftirfarandi: Í varnarmálanefnd eru sjö nefndarmenn, allir karlmenn, og voru þeir skipaðir í febrúar 2001, janúar 1961, febrúar 1988, júní 1987, ágúst 1994, október 1995 og í október 1996. Í kaupskrárnefnd eru þrír nefndarmenn, tveir karlmenn og ein kona, og var nefndin skipuð 1. júlí 2001. Í kærunefnd kaupskrárnefndar eru þrír nefndarmenn, allir karlmenn, og var nefndin skipuð 1. júlí 2001. Í skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða eru fimm nefndarmenn, fjórir karlmenn og ein kona, og var nefndin skipuð í ágúst 1999, en einn

nefndarmanna var skipaður 1. september 2000. Í kostnaðarlækkunarnefnd eru þrír nefndarmenn, tveir karlmenn og ein kona, og var nefndin skipuð í ágúst 2000, en formaðurinn í febrúar 2001. Í forvalsnefnd eru þrír nefndarmenn, tveir karlmenn skipaðir 1995 og ein kona skipuð 2001. Í skaðabótanefnd eru þrír nefndarmenn, tveir karlmenn og ein kona, og var nefndin skipuð 5. janúar 2001. Í tengslanefnd eru þrír nefndarmenn, allir karlmenn, tveir skipaðir 7. ágúst 1996 og einn 24. nóvember 2000. Í Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru sex nefndarmenn, allir karlmenn, og var nefndin skipuð 7. mars 2001.

Það er yfirlýst stefna utanríkisráðuneytisins að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum þess.

13.5. Jafnréttisnefnd ráðuneytisins og stofnana þess.

Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

Utanríkisráðuneytið hefur unnið markvisst að því að fjölga konum í störfum hjá ráðuneytinu. Á síðustu þremur árum hafa 46 störf verið auglýst á vegum ráðuneytisins. Í þær 46 stöður voru ráðnir 16 karlar og 30 konur. Átta karlar voru ráðnir sem háskólamenntaðir fulltrúar, tveir tölvumenn, fjórir þýðendur, einn starfsmaður í móttöku og einn rekstrarstjóri. Níu konur voru ráðnar sem háskólamenntaðir fulltrúar, ellefu ritarar, einn vefstjóri, einn bókasafnsfræðingur, sjö þýðendur og einn verkefnastjóri viðskiptaþjónustu. Fyrir utan þessar ráðningar hefur verið auglýst þrisvar sinnum eftir starfsmanni í tímabundna starfsþjálfun hjá fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg. Voru konur ráðnar í öll skiptin.

Hinn 11. febrúar 2002 stóð Jafnréttisstofa fyrir námskeiði um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og um hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Námskeiðið var ætlað stjórnendum ráðuneyta og jafnréttisfulltrúum. Í skoðun er að Jafnréttisstofa haldi sams konar námskeið fyrir starfsfólk utanríkisráðuneytisins.

Þá er í farvatninu sérstök jafnréttisáætlun utanríkisráðuneytisins. Áætlunin tekur mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins, auk þess sem sérstök verkefni og áherslur utanríkisráðuneytisins eru tilgreind. Áætluninni er ætlað að stuðla að jafnri stöðu kynja í starfi og stefnumótun ráðuneytisins.

13.6. Jafnréttisnámskeið.

Ráðuneytið mun standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum.

Í skoðun er að Jafnréttisstofa haldi námskeið fyrir starfsfólk utanríkisþjónustunnar sem starfar víða um heim, m.a. í þróunarlöndum.

Önnur verkefni.

Hjá utanríkisráðuneytinu var árið 1998 mótuð fjölskyldustefna og styðst hún í meginatriðum við þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 1997 og tekur mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag vinnu. Í fjölskyldustefnunni er sjónum einkum beint að úrbótum á ýmsum þáttum í starfsemi utanríkisþjónustunnar sem geta haft áhrif á fjölskyldur starfsmanna, svo sem flutning milli starfsstöðva. Utanríkisþjónustan hefur markað sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu.

Fylgiskjal.

Framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar áranna 1998–2001.

Inngangur.

Sú áætlun sem hér er lögð fram er endurskoðun á fyrri framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem var í gildi á árunum 1998–2001. Alþingiskosningar eru fyrirhugaðar vorið 2003 og skv. 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fram, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn. Því þótti ekki ástæða til þess að ráðast í gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna að svo komnu máli.

Sú endurskoðaða áætlun sem hér fer á eftir er að mestu byggð upp á sama hátt og upphaflega áætlunin. Hún tekur mið af þeim breytingum sem orðið hafa með nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Sum þeirra verkefna sem voru í fyrri áætlun hafa nú verið bundin í lög og er þá lögð áhersla á að geta um hvernig staðið skuli að því að fylgja lagaákvæðum eftir. Sum um verkefnum er lokið og hafa þau þá verið tekin út, en önnur eru óunnin og standa hér nánast óbreytt. Í tímans rás hafa aðstæður breyst þannig að einstaka verkefni sem ekki var unnið er þó tekið út þar sem ekki þykir ástæða til eða raunhæft að hafa það með að sinni og hafa nokkur ný verkefni bæst við.

Við endurskoðun þessa hefur verið farið yfir hvert verkefni af gagnrýni þannig að raunhæft sé að ljúka þeim verkefnum sem eftir standa fyrir mitt ár 2004. Á næstu tveimur árum verður lögð áhersla á að samþætta jafnréttis- og kynjasjónarmið daglegu starfi allra ráðuneyta, þannig að sú áætlun sem hér birtist sýnir einungis lítinn hluta þeirra verkefna sem verða dagleg viðfangsefni stjórnenda og annarra starfsmanna ríkisins.

Í vinnu við þau verkefni sem hér eru tíunduð, sem og í hinu daglega starfi að jafnréttismálum, gegna jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna, sem skipaðir voru samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, því mikilvægu hlutverki. Á gildistíma áætlunarinnar verður unnið að því að þróa störf þeirra og skapa þeim starfsmönnum sem hlutverkinu sinna ákveðnara rými, stuðning og möguleika til að sinna starfinu. Það tekur þó ekki á nokkurn hátt ábyrgðina frá stjórnendum og hinum almenna starfsmanni, þeim er einnig ætlað að vera fulltrúar jafnréttis kynjanna í öllu sínu starfi.

Í inngangi áætlunarinnar sem samþykkt var árið 1998 er tekið fram að leiðarljós hennar sé að sjónarmið jafnréttis kynjanna verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins. Þar segir einnig að ríkisstjórnin muni vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku og að allir sem koma að þeim málum þurfi því að hafa þekkingu á jafnréttismálum. Þessi markmið og leiðarljós eru enn í fullu gildi, og er að því stefnt að verulegt átak verði gert í að kynna þau viðhorf og kenna þá aðferðafræði sem duga til að svo megi verða og hefur Jafnréttisstofu verið falið að vera ráðgefandi í því sambandi.

Verkefni ríkisstjórnarinnar.

I. Öll tölfræði kyngreind (sjá einnig lið 5.1.).

Í 21. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að í opinberri hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum skuli öll tölfræði kyngreind, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ráðuneyti og ríkisstofnanir bera ábyrgð á að þessu ákvæði sé fylgt eftir. Hagstofa Íslands mun í samvinnu við Jafnréttisstofu kanna framgang þess að öll tölfræði sé kyngreind og minna reglulega á ákvæði þar að lútandi.

II. Nefnd sem kannar hvort opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna.

Forsætisráðherra skipaði í desember 2000 nefnd sem var falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin hefur safnað upplýsingum um það hvernig stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga taka mið af jafnrétti kynja við stefnumótun. Niðurstaða og tillögur að aðgerðum til úrbóta munu liggja fyrir á árinu 2002.

III. Konur og efnahagsmál – konur og efnahagsleg völd.

Forsætisráðherra skipaði í október 2000 nefnd þriggja sérfræðinga sem skyldi leggja fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður ráðist í fjögur rannsóknarverkefni:

1. *Tölfræðisamantekt.* Teknar verða saman ýmsar tölur í fórum Hagstofu Íslands eða annarra er tekið hafa saman kyngreindar tölur sem draga upp mynd af stöðu og völdum kvenna í samanburði við karla í íslensku efnahagslífi. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
2. *Könnun á vinnumarkaði.* Í samstarfi við Jafnréttisráð verður unnin ný launakönnun til að varpa ljósi á launaþróun kvenna og karla og í hvaða mæli kynbundinn launamunur er enn til staðar í íslensku samfélagi.
3. *Könnun á stöðu kvenna í stjórnunarstörfum.* Safnað verður upplýsingum um fjölda kven- og karlstjórnenda í íslenskum fyrirtækjum og hjá hinu opinbera. Þessi samantekt er unnin innan Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
4. *Almenn viðhorfskönnun.* Gerð verður viðhorfskönnun meðal Íslendinga sem náð hafa kosningaaldri þar sem spurt verður um viðhorf þeirra til ýmissa þátta sem áhrif geta haft á völd kvenna í íslensku efnahagslífi.

Verkefni ráðuneytanna.

1. Forsætisráðuneytið.

1.1. Þróun upplýsingasamfélagsins.

Á grundvelli upplýsinga sem safnað hefur verið í tengslum við verkefnið um þróun upplýsingasamfélagsins mun verkefnisstjórnin leggja fram tillögur að því hvernig megi hafa áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins með tilliti til mismunandi stöðu kvenna og karla. Á grundvelli tillagnanna verði mótuð þverfagleg langtímaáætlun um hvernig bregðast megi við.

1.2. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 38% fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum forsætisráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal þó áfram taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

1.3. Jafnréttisfulltrúi.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

2. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

2.1. Hvatning til kvenna sem og karla að sækja um störf.

Ráðuneytið hefur sett sér að fylgja þeirri stefnu að orða starfsauglýsingar fyrir ráðuneytið og undirstofnanir þess þannig að fram komi hvatning um að konur jafnt sem karlar sæki um viðkomandi störf.

2.2. Fjölgun kvenna í starfsstéttum þar sem karlmenn eru í meiri hluta, svo sem starfsstéttum lögreglu, fangavarða o.fl.

Áfram verður stefnt að því að ráða fleiri konur í störf lögreglumanna, fangavarða o.fl. Í því skyni verða konur hvattar til að sækja um störf sem auglýst eru.

2.3. Staða kvenna innan lögreglunnar.

Konum hefur fjölgað verulega í hópi lögreglumanna síðustu ár, en sérstök áhersla verður áfram lögð á að fjölga konum í stjórnunarstöðum innan lögreglunnar. Í hópi nemenda Lögregluskólans fjölgar konum ört, enda hafa þær verið hvattar sérstaklega til að sækja þangað og mun það að öllum líkindum verða til þess að auka hlut kvenna í lögreglunni þegar fram í sækir. Jafnframt því að stuðla að fjölgun kvenna innan lögreglunnar mun dómsmálaráðuneytið huga sérstaklega að stöðu þeirra kvenna sem starfa í lögreglunni.

2.4. Staða kvenna á undirstofnunum og í ráðuneytinu.

Það hefur verið stefna ráðuneytisins að fjölga konum í yfirmannastöðum í ráðuneytinu og undirstofnunum þess og verður því haldið áfram.

2.5. Staða kvenna innan þjóðkirkjunnar.

Dóms- og kirkjumálaráðherra beinir þeim tilmælum til Biskupsstofu að áfram verði unnið markvisst að því að styrkja stöðu kvenna innan þjóðkirkjunnar. Sérstaklega verði unnið að því að auka þátttöku kvenna í ráðum og nefndum á vegum þjóðkirkjunnar og jafna hlutfall karla og kvenna í trúnaðarstörfum innan hennar. Í því skyni verði sett fram aðgerðaáætlun sem tekur mið af tillögum nefndar sem biskup skipaði til að skoða jafnréttismál í þjóðkirkjunni. Jafnréttisnefnd kirkjunnar beri ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.

2.6. Jafnrétti – mannréttindi.

Á vegum dómsmálaráðuneytis verði lögð áhersla á fræðslu um mannréttindi kvenna. Slík fræðsla verði fléttuð inn í almenna fræðslu um mannréttindamál og verði þar m.a. bent á mikilvægi Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CEDAW).

2.7. Vændi – mansal.

Á vegum dómsmálaráðuneytis starfar nefnd til að sporna við vændi og kynferðislegri misnotkun sem vænst er að skili dómsmálaráðherra innan skamms lokaskýrslu með tillögum til

úrbóta. Verða tillögur nefndarinnar teknar til skoðunar með tilliti til þess hvort breytinga sé þörf á löggjöf í því skyni m.a. að stemma stigu við vændi. Dómsmálaráðuneytið mun leggja áherslu á að auka alþjóðlegt samstarf og samvinnu sérstaklega að því er varðar aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal. Mun ráðuneytið m.a. taka þátt í norrænni-baltneskri herferð gegn verslun með konur sem hleypt verður af stokkunum 29. maí 2002.

2.8. Vernd vitna og þolenda afbrota.

Á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið unnið að vitnavernd og bættri réttarstöðu þolenda afbrota. Hluti af því starfi snýr að vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi eða hótunum frá maka eða fyrrverandi maka. Á næstunni verður unnið að nánari skoðun á íslenskri löggjöf hvað þetta atriði varðar, þ.e. með hvaða hætti er unnt að bæta íslenska löggjöf enn frekar á þessu sviði og treysta réttarstöðu þessa hóps. Jafnframt hefur verið efnt til samstarfs milli Norðurlanda um vitnavernd, þar sem meðal annars verður fjallað um framangreind atriði.

2.9. Átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 40%.

2.10. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í því sambandi skal skipuð sérstök jafnréttisnefnd, fulltrúanum til halds og traust. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Kallað verði árlega eftir upplýsingum frá undirstofnunum ráðuneytisins um stöðu jafnréttismála hjá þeim og aðgerðaráætlun fylgt eftir í samvinnu við fulltrúa undirstofnana. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.

3. Félagsmálaráðuneytið.

3.1. Jafnréttisumsögn.

Myndaður hefur verið samstarfshópur tengiliða þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Í upphafi mun nefndin kynna sér starf sambærilegra nefnda á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því mun verða unnið að tilraunaverkefni þar sem gefnar verða jafnréttisumsagnir um nokkur stjórnarfrumvörp frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

3.2. Aukin virkni kvenna í stjórnmálum.

Nefnd sú er starfað hefur í umboði ráðherra að auknum hlut kvenna að stjórnmálum mun ljúka starfi sínu í lok árs 2003. Þá mun starf og árangur nefndarinnar verða metið og tillögur um framhald þessa starfs liggja fyrir um mitt ár 2004, eða þegar ný framkvæmdaáætlun verður lögð fram.

3.3. Fræðsla fyrir trúnaðarmenn.

Handbók fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum verður aðgengileg á vefsíðu Jafnréttisstofu árið 2002. Í handbókinni verða ýmsar mikilvægar upplýsingar er varða þætti sem geta haft áhrif á mismunandi stöðu kvenna og karla á vinnustöðum. Sérstök áhersla verður lögð á að upplýsa og fræða um þau atriði eða þær aðstæður sem geta haft áhrif á laun og launamyndun og hvaða leiðir starfsmönnum, trúnaðarmönnum og stéttarfélögum eru færar til að hafa áhrif þar á. Einnig verður þar lögð áhersla á að kynna leiðir til að taka á málum er varða kynferðislega áreitni skv. 17. gr. jafnréttislaganna.

3.4. Konur í hlutastörfum.

Vinnumálastofnun mun í samráði við Hagstofuna gera úttekt á vægi hlutastarfa og starfa sem unnin eru án fastráðningar eða eru unnin utan hefðbundinna vinnustaða hjá konum annars vegar og hins vegar hjá körlum. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir atvinnugreinum og starfsgreinum.

3.5. Skipting fjár úr sjóðum vegna atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Félagsmálaráðuneytið, ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, hefur samþykkt að gera úttekt á því hvernig styrkir til einstaklinga úr opinberum sjóðum, sem eru eyrnamerktir atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, hafa skipst milli kvenna og karla. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur falið Byggðastofnun framkvæmd verkefnisins.

3.6. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Í júní 2000 kom út á vegum félagsmálaráðuneytis skýrsla Þjóðhagsstofnunar, *Athugun á stöðu kvenna á landsbyggðinni.* Í samráði við félagsmálaráðuneytið mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti láta gera áætlun um aðgerðir til að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni. Hún verði samþætt byggðaáætlun og öðrum þeim áætlunum er varða bæði málefni kynjanna og byggðamál. Í þessu sambandi skal m.a. nýta niðurstöður norrænnar rannsóknar um stöðu kynjanna í tengslum við byggðaröskun, sem Jafnréttisstofa er að vinna ásamt Byggðarannsóknastofnun Íslands.

3.7. Jafnréttisráðgjafi.

Samkvæmt samningi félagsmálaráðuneytisins við Byggðastofnun hefur verkefni um jafnréttisráðgjafa verið framlengt til ársloka 2005. Á tímabilinu munu ráðgjafar starfa í norðurvesturkjördæmi, norðausturkjördæmi og suðurkjördæmi.

3.8. Konur og atvinnuleit.

Vinnumálastofnun mun leggja mat á þau verkefni sem á síðastliðnum árum hafa miðað að því að styrkja stöðu atvinnulausra kvenna og sérstaklega skal litið til styrkja sem veittir hafa verið af fjárlagaliðnum atvinnumál kvenna. Á grundvelli þess skal Vinnumálastofnun í samvinnu við hagsmunasamtök gera átak til að þróa aðferðir sem sérstaklega henta atvinnulausum konum við að fá vinnu og/eða styrkja stöðu sína á annan hátt.

3.9. Tengsl atvinnulífs og fjölskyldulífs.

Gerð verður úttekt á framkvæmd laganna um fæðingar- og foreldraorlof, m.a. með tilliti til áhrifa þeirra á samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Félagsmálaráðuneytið mun á árinu leggja frekari drög að því hvernig standa megi að ofangreindri rannsókn. Ísland hefur sótt um að leiða Evrópuverkefni á þessu sviði og hefur Jafnréttisstofu verið falið að stýra því.

3.10. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Félagsmálaráðuneyti mun beita sér fyrir því að þeim aðilum er fara með starfsmenntunarmál í hefðbundnum umönnunarstörfum kvenna verði gert kleift að kanna sérstaklega hvaða áhrif breyttar og strangari kröfur til menntunar og til framhaldsmenntunar geta haft á möguleika kvenna á starfstengdri menntun á þessum sviðum.

3.11. Konur sem flóttamenn.

Félagsmálaráðuneytið mun fela flóttamannaráði að kanna hvort við mat á skilgreiningu á rétti flóttamanna til að sækja um dvalarleyfi hér á landi sé nægjanlega tryggt að ofsóknir og ofbeldi, sem konur sæta vegna kynferðis síns og beitt er markvisst til að neyða fólk af tilteknu þjóðerni, menningu eða trúarbrögðum til að flýja heimili sín, sé metið sem fullgild forsenda leyfisveitingar.

3.12. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Á vegum félagsmálaráðuneytis verði gert átak til að kynna ákvæði í jafnréttislögunum um kynferðislega áreitni. Í samráði við Jafnréttisstofu og Vinnueftirlit ríkisins verða unnar leiðbeiningar, annars vegar til þeirra sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og hins vegar fyrir stjórnendur á vinnumarkaði, um það hvernig best er að bregðast við slíku.

3.13. Könnun á skilyrðum fjölskyldna.

Fjölskylduráð mun hefja undirbúning að könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni. Sérstaklega verði skoðað hvort og þá hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða.

3.14. Meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Verkefni um meðferð fyrir karla sem beita konur ofbeldi sem hófst 1998 er lokið. Félagsmálaráðuneytið mun í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Rauða kross Íslands skipa verkefnisstjórn til að fylgja eftir fyrra verkefni og þróa það þannig að það nýtist fleirum.

3.15. Mansal.

Félagsmálaráðuneyti mun skipa verkefnisstjórn ásamt dóms- og kirkjumálaráðuneyti sem mun skipuleggja aðgerðir hér á landi í norrænni-baltneskri herferð gegn verslun með konur sem hleypt verður af stokkunum árið 2002.

3.16. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 40% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum félagsmálaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

3.17. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir.

4. Fjármálaráðuneytið.

4.1. Úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna.

Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa í sameiningu leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og farið þess á leit að hún geri úttekt á launamun karla og kvenna sem ekki er unnt að útskýra nema á grundvelli kyns.

4.2. Fræðsla til yfirmanna stofnana ráðuneytisins.

Á hverju ári heldur fjármálaráðuneytið fundi með forstöðumönnum stofnana fjármálaráðuneytisins. Stefnt er að því að vera að jafnaði með fræðslu eða erindi um jafnréttismál á þessum fundum. Ef gerðar hafa verið kynjakannanir á vegum fjármálaráðuneytisins þá verður umfjöllun um niðurstöður þeirra á þessum fundum.

4.3. Hlutur kvenna í starfi ráðuneytisins aukinn.

Fjöldi kvenna í nefndum á vegum fjármálaráðuneytisins hefur aukist á undanförnum árum. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins verður leitast við að taka mið af jafnréttissjónarmiðum, sbr. 20. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Stefnt er að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins orðinn a.m.k. 30%. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins.

4.4. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og hefur umsjón með framkvæmdaáætlun þessari í samráði við ráðuneytisstjóra. Í því sambandi verður skipuð sérstök jafnréttisnefnd fulltrúanum til halds og trausts. Gert er ráð fyrir að fulltrúinn og nefndin muni standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og miðla niðurstöðum þeirra og öðru fræðsluefni um jafnréttismál til yfirmanna og annarra starfsmanna eftir því sem tilefni gefst til.

5. Hagstofan.

5.1. Öll tölfræði kyngreind.

Hagstofa Íslands mun í samvinnu við Jafnréttisstofu kanna framgang þess að öll tölfræði sé kyngreind og minna reglulega á ákvæði þar að lútandi.

5.2. Vinnutími – hluti af reglubundinni upplýsingasöfnun er varðar laun.

Undanfarin missiri hefur verið unnið að umfangsmiklu samstarfsverkefni kjararannsóknarnefndar, kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og Hagstofunnar um gagngerar breytingar á launakönnunum og launaskýrslum. Kjararannsóknarnefnd birti árið 1999 fyrstu niðurstöður kannana sem byggðust á nýja gagnasafninu og Hagstofan mun á næstu missirum nýta þessi gögn í vaxandi mæli til hagskýrslugerðar. Fyrstu niðurstöður úrvinnslu úr staðgreiðslugögnum voru birtar í desember 2001. Þær sýna fjölda starfandi eftir kyni og ársfjórðungum 1998–2001, sbr. fréttatilkynningu Hagstofu nr. 103/2001. Áfram verður unnið að því að auka og bæta upplýsingar um vinnumarkaðinn.

5.3. Tölfræðihandbók um stöðu kvenna og karla.

Hagstofa Íslands mun árið 2002 gefa út tölfræðihandbók þar sem fram kemur yfirlit yfir stöðu kvenna og karla. Útgáfan sem er í handhægu og aðgengilegu formi hentar vel almenningi. Upplýsingarnar verða bæði á íslensku og ensku.

5.4. Jafn hlutur kynja í nefndum og ráðum.

Aðeins ein nefnd starfar nú á vegum Hagstofu Íslands og er hlutur kvenna þar þriðjungur. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar ráðuneytið óskar eftir tilnefningum frá öðrum, skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli og þannig tryggja að hlutfall kynja í nefndum verði sem jafnast.

5.5. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum Hagstofunnar. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í því skyni skal skipuð jafnréttisnefnd fulltrúanum til halds og trausts. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála á Hagstofunni og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

6. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

6.1. Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna.

Heilbrigðisráðherra hefur skipað verkefnisstjórn um heilsufar kvenna sem mun forgangsraða verkefnum, gera tillögur um aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd. Tilgangur með starfi verkefnisstjórnarinnar er m.a. að þjónusta heilbrigðiskerfisins taki í auknum mæli mið af ólíkum þörfum og mismunandi aðstæðum kynjanna.

6.2. Feðrafræðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Jafnframt verður gert átak til að tryggja að starfsfólk heilbrigðisstofnana sé meðvitað um mikilvægi þess að feður séu virkir þátttakendur við meðgöngu, fæðingu og umönnun barna sinna.

6.3. Endurskoðun á framsetningu heilbrigðisupplýsinga.

Heilbrigðisupplýsingar skal sundurgreina eftir kynjum þar sem það er tæknilega framkvæmanlegt. Vinnuhópur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um heilbrigðisupplýsingar skal taka saman yfirlit um stöðu mála og setja fram áætlun um aðgerðir þar sem þörf er á.

6.4. Úttekt á reglum sem varða mat á vistunarþörf.

Þær reglur sem stuðst er við þegar verið er að meta vistunarþörf ellilífeyrisþega eða öryrkja verða kannaðar út frá aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Með því er hægt að sjá hvort þær koma eins út hjá konum og körlum.

6.5. Útreikningar örorkumatsbóta með tilliti til jafnréttis kvenna og karla.

Kannað verði með aðferðafræði samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða hvort hefðbundið mat á störfum kvenna og karla sé lagt til grundvallar við útreikninga á bótum vegna örorku.

6.6. Sérstök herferð í forvörnum gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu.

Í herferðum sem varða varnir gegn fíkniefna- og tóbaksneyslu verður unnið eftir þeim sjónarmiðum að forsendur neyslu hjá konum og stúlkum annars vegar og körlum og piltum hins vegar kunni að vera mismunandi. Gerð verði tilraun í þá veru að beina áróðri og fræðslu sérstaklega til ungra stúlkna.

6.7. Áhættuhegðun karla.

Karlar og drengir eru miklum mun fleiri en konur meðal þeirra sem slasast, svipta sig lífi og misnota vímuefni. Ljóst er að hér er um heilbrigðisvandamál að ræða og mikilvægt er að leita orsaka þess. Því mun ráðuneytið kanna sérstaklega þátt karlmennskuímyndar í þeirri hegðun karla sem orsakar slys, sjálfsvíg og eitranir.

6.8. Jafnt hlutfall kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 42% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu ráðuneytisins skal þó áfram taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli og þannig tryggt að hlutfall kynja verði sem jafnast.

6.9. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Í desember 2001 tók jafnréttisnefnd ráðuneytisins til starfa við hlið fulltrúans. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

7. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

7.1. Sterkari staða kvenna í þekkingar- og upplýsingatækni og í stjórnun og rekstri fyrirtækja.

Ráðuneytið tekur þátt í átaksverkefni Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, *Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna,* með það að markmiði að fjölga konum í stjórnun og rekstri fyrirtækja og í upplýsingatækni.

7.2. Stuðningur Nýsköpunarsjóðs við atvinnuuppbyggingu kvenna.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs. Sjóðnum er m.a. ætlað að vera smáum og meðalstórum fyrirtækjum öflugur bakhjarl. Þátttaka kvenna í sköpun nýrra atvinnutækifæra á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er sívaxandi og telur iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti sérstaklega mikilvægt að styðja við þá þróun. Ráðuneytið mun hvetja stjórn sjóðsins til að gæta þess að með almennri starfsemi sinni styðji sjóðurinn við atvinnusköpun kvenna og öflun nýrra atvinnutækifæra fyrir þær.

7.3. Staða kvenna á landsbyggðinni.

Í samráði við félagsmálaráðuneytið mun iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti láta gera áætlun um aðgerðir til að styrkja sérstaklega stöðu kvenna á landsbyggðinni. Hún verði samþætt Byggðaáætlun og öðrum þeim áætlunum er varða bæði málefni kynjanna og byggðamál. Í þessu sambandi skal m.a. nýta niðurstöður norrænnar rannsóknar um stöðu kynjanna í tengslum við byggðaröskun, sem Jafnréttisstofa er að vinna ásamt Byggðarannsóknastofnun Íslands.

7.4. Nefndir og ráð – hlutur kynja í starfi ráðuneytisins jafnaður.

Konur eru 20% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu ráðuneytisins skal ávallt vísa í 20. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000, og skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 30%.

7.5. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Ráðuneytið hefur samþykkt jafnréttisáætlun og á árinu 2001 tók jafnréttisnefnd til starfa. Nefndin heyrir undir ráðuneytisstjóra og situr til tveggja ára í senn. Í henni eiga sæti tveir fulltrúar starfsmanna, kjörnir af starfsmönnum, og tveir fulltrúar ráðuneytanna, tilnefndir af ráðuneytisstjóra. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal hún fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í ráðuneytinu. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í málefnum er varða jafnrétti. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því eftir sem áður að stofnanir sem undir það heyra geri einnig slíkar jafnréttisáætlanir. Sérstök áhersla verði þar lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

8. Landbúnaðarráðuneytið.

8.1. Félagsleg og efnahagsleg réttindi kvenna í bændastétt.

Könnuð verða ýmis ákvæði um eignaraðild í landbúnaði og búrekstri og réttindi og skyldur henni samfara. Gerðar verði tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf með það að markmiði að jafna hlut kvenna og karla.

8.2. Fræðsla fyrir konur og karla í bændastétt.

Í samvinnu við jafnréttisnefnd Bændasamtakanna verður unnið upplýsinga- og fræðsluefni um réttindi og skyldur kvenna og karla í bændastétt. Þar verður gerð grein fyrir félagskerfi landbúnaðarins, starfi hagsmunasamtaka bænda og félagslegum réttindum sem varða konur og karla í bændastétt, ásamt upplýsingum um jafnrétti kvenna og karla almennt.

8.3. Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Landbúnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir því að fullt tillit verði tekið til stöðu kvenna sem búa í dreifbýli og kvenna í bændastétt í öllum þeim sértæku verkefnum sem unnin verða

samkvæmt þessari framkvæmdaáætlun og varða stöðu kvenna á vinnumarkaðinum og möguleika þeirra til eigin atvinnurekstrar og endurmenntunar.

8.4. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli, í stað aðal- og varamanns. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna orðinn a.m.k. 40% í nefndum og ráðum. Þá verður lögð áhersla á að gæta í hvívetna jafnræðis karla og kvenna í starfsmannahaldi ráðuneytisins og hugað sérstaklega að jafnri kynjaskiptingu við val á yfirmönnum.

8.5. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

9. Menntamálaráðuneytið.

9.1. Vinna að jafnrétti og gegn hefðbundinni verkaskiptingu.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að skólar vinni ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar kynjanna. Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, til dæmis með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám.

9.2. Jafnréttiskennsla í skólum.

Gerð verður áætlun um eflingu jafnréttisfræðslu í skólum svo og um jafnréttisfræðslu fyrir kennara og skólastjórnendur. Sérstök áhersla verður lögð á styrkleika beggja kynja, skyldur þeirra og réttindi. Einnig fjölskyldufræðslu og náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Í því sambandi verður lögð áherslu á þjálfun og fræðslu til kennara og skólastjórnenda, og nýtingu Jafnréttishandbókarinnar sem út kom árið 2001.

9.3. Rannsóknir á stöðu kynjanna í skólakerfinu verði efldar.

Áfram verði unnið að rannsóknum á stöðu kynja í skólum.

9.4. Tímabundin aðgreining kynjanna.

Á grundvelli tilraunaverkefna og rannsókna á stöðu kynjanna í skólakerfinu, verður m.a. kannað frekar hvort tímabundin aðgreining kynjanna í námi í ákveðnum greinum eða þáttum tryggi betri námsárangur og líðan bæði stúlkna og drengja.

9.5. Íþróttauppeldi stúlkna verði eflt.

Brottfall stúlkna úr íþróttum er mikið. Nefnd sem skipuð var til að fjalla um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna hefur skilað ítarlegri greinargerð og tillögum um leiðir til þess

að auka þátt kvenna í íþróttum. Ráðuneytið mun vinna aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra tillagna.

9.6. Tölvur og upplýsingatækni.

Menntamálaráðuneytið mun áfram leggja áherslu á að bæði kyn fræðist um tölvur og upplýsingatækni, og að í skipulagningu námsins á öllum skólastigum sé tryggt að verkefnin höfði jafnt til drengja og stúlkna.

9.7. Stærðfræði og raungreinar.

Menntamálaráðuneytið mun leita leiða til að auka áhuga stúlkna á þessum sviðum þegar í yngri bekkjum grunnskóla. Sérstaklega skal athuga að nemendur festist ekki um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

9.8. Styrkir til jafnréttisfræðslu.

Við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóðum leik-, grunn- og framhaldsskóla verði hugað sérstaklega að þróunarverkefnum sem tengjast jafnréttisfræðslu og aðgerðum til að bæta stöðu drengja og stúlkna í skólunum.

9.9. Konur og fjölmiðlar – ímyndir kvenna og karla.

Nefnd um konur og fjölmiðla sem menntamálaráðherra skipaði hefur skilað niðurstöðum og tillögum. Á grundvelli tillagnanna mun ráðuneytið vinna að stefnumótun á þessu sviði.

9.10. Fræðsla um greiningu á afleiðingum ofbeldis.

Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að í grunnnámi og við endurmenntun kennara og annars starfsfólks skóla sem líklegt er til þess að umgangast þolendur ofbeldis, verði tryggð fræðsla um hvernig greina megi afleiðingar ofbeldis og bregðast við og aðstoða þá sem fyrir ofbeldinu hafa orðið.

9.11. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Á vegum menntamálaráðuneytis verði gert átak til að kynna ákvæði jafnréttislaga um kynferðislega áreitni. Í samvinnu við Jafnréttisstofu verða unnar leiðbeiningar, annars vegar til þeirra sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og hins vegar fyrir stjórnendur í skólum um það hvernig best er að bregðast við slíku.

9.12. Nefndir og ráð – hlutur kynja í starfi ráðuneytisins jafnaður.

Konur eru 34% fulltrúa í nefndum og ráðum menntamálaráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, ráð eða stjórnir af hálfu menntamálaráðuneytisins skal ávallt vísa í 20. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000, og skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðinn a.m.k. 40%.

9.13. Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari

framkvæmdaáætlun eftir. Með fulltrúanum starfar sérstök jafnréttisnefnd. Fulltrúinn og nefndin skulu standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

10. Samgönguráðuneytið.

10.1. Konur sem atvinnurekendur í ferðaþjónustu.

Framlag kvenna til ferðaþjónustu verður metið í ljósi þess að ferðaþjónustan skiptir sífellt meira máli fyrir bæði atvinnustig í landinu og tekjur almennt. Markmið þessarar úttektar verður að kanna hvernig konur og karlar koma að þessari vaxandi atvinnugrein og að þá verði unnt að meta hvort og þá hvernig breytingar eða sérstakar stuðningsaðgerðir gagnist konum sem körlum.

10.2. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 10% fulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum samgönguráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar þriðja aðila, skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutur kvenna orðinn a.m.k. 25%.

10.3. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

11. Sjávarútvegsráðuneytið.

11.1. Konur og atvinnurekstur í sjávarútvegi.

Kannað verður hvort og þá á hvaða sviðum sjávarútvegs konur hafa haslað sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Aðgengi kvenna að fyrirgreiðslu í formi styrkja eða lána verði sérstaklega kannað. Leiði könnunin í ljós sérstök sóknarfæri fyrir konur í þessum atvinnurekstri verða þau styrkt sérstaklega. Á sama hátt verður gripið til sértækra aðgerða ef könnunin leiðir í ljós mismunun sem skýra má með kynferði.

11.2. Sérstaða sjómanna og fjölskylduaðstæður.

Könnuð verða áhrif langvarandi fjarvista og einangrunar á fjölskyldulíf sjómanna á grundvelli forkönnunar sem gerð hefur verið.

11.3. Átak til að jafna hlut kynja í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 16% fulltrúa í nefndum og ráðum umhverfisráðuneytis. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar frá öðrum skal áfram eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 30%.

11.4. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

12. Umhverfisráðuneytið.

12.1 Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og fylgjast með jafnréttisstarfi stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna í ráðuneytinu ef ástæða er talin til þess. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

12.2. Jafnréttisáætlun og námskeið.

Jafnréttisnefnd ráðuneytisins endurskoðar jafnréttisáætlun þess á tveggja ára fresti. Það verður gert í fyrsta skipti árið 2002 og næst árið 2004. Einnig skal nefndin sjá til þess að haldin verði námskeið um gerð jafnréttisáætlana fyrir forstöðumenn stofnana og námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í ákvarðanatöku um umhverfismál fyrir stjórnendur í ráðuneytinu og stofnunum þess.

12.3. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 26% fulltrúa í nefndum og ráðum umhverfisráðuneytis. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar óskað er eftir tilnefningum í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ráðuneytisins skal óskað eftir tveimur tilnefningum, bæði karli og konu sem ráðuneytið velur svo á milli. Stefnt skal að því að í lok áætlunarinnar verði hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytisins orðið a.m.k. 40%.

13. Utanríkisráðuneytið.

13.1. Samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

Utanríkisráðuneytið mun leggja áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumörkun og starfi alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, einkum á vettvangi þeirra stofnanna þar sem Ísland gegnir formennsku á tímabilinu, svo sem í Norðurskautsráðinu.

13.2. Konur og karlar í störfum hjá alþjóðastofnunum.

Settar verða vinnureglur sem kveði á um sem jafnastan hlut kvenna og karla í stöðum hjá alþjóðlegum stofnunum. Þetta ákvæði á ekki einungis við um ráðningu Íslendinga heldur einnig alla þá sem Íslendingar kjósa að styðja í stöður á vegum alþjóðasamtaka.

13.3. Mannréttindabrot gegn konum og stúlkum.

Utanríkisráðherra mun beita sér fyrir því að samþykktir alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, sem taka á brotum á mannréttindum sem beinast sérstak-

lega gegn konum og stúlkum, verði fylgt eftir af íslenskum stjórnvöldum innan lands og í samskiptum við aðrar þjóðir.

13.4. Jafn hlutur kynjanna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins.

Konur eru 14% fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum utanríkisráðuneytisins. Þegar skipað er í ráð og nefndir á vegum ráðuneytisins skal taka mið af jafnréttissjónarmiðum. Þegar um er að ræða tilnefningar frá öðrum, skal eftir því sem kostur er óska eftir tveimur tilnefningum, konu og karli.

13.5. Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins.

Jafnréttisfulltrúi ráðuneytisins er skipaður skv. 11. gr. jafnréttislaga, nr. 96/2000. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á vegum ráðuneytisins og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúi er tengiliður ráðuneytisins við Jafnréttisstofu og skal hann m.a. fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir. Fulltrúinn skal standa fyrir könnun á stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera aðgerðaáætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Sérstök áhersla verði einnig lögð á markvissa fræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.

13.6. Jafnréttisnámskeið.

Ráðuneytið mun í samstarfi við Jafnréttisstofu standa fyrir jafnréttisnámskeiðum fyrir starfsmenn sem fara til starfa í þróunarlöndum eða vinna að slíkum verkefnum og skulu fyrstu námskeiðin haldin haustið 2002.

1291. Skýrsla [733. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. FJÁRÖFLUN

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2001 áttu markaðir tekjustofnar til vegagerðar að viðbættum 3 m.kr. í tekjur af leyfisgjöldum flutninga að gefa 10.371 m.kr. Spá vegáætlunar gerði ráð fyrir 10.256 m.kr. eða 115 m.kr. lægri fjárhæð. Til viðbótar þessari upphæð komu inn á árinu 585 m.kr. vegna frestunar framkvæmda á árinu 2000. Auk þess var gert ráð fyrir 500 m.kr. viðbótarframlagi frá ríkissjóði til nýbygginga vega vegna sérstaks framkvæmdaátaks í vegagerð árin 1999-2002. Einnig var gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun, að fjárhæð 750 m.kr., sem aflað skyldi m.a. með sölu ríkiseigna. Viðbótarframlag ríkissjóðs til vegamála var þá orðið 1.250 m.kr. en á móti kom 800 m.kr. frestun framkvæmda. Af þessari 800 m.kr. frestun framkvæmda áttu 480 m.kr. að koma af mörkuðum tekjum en 320 m.kr. komu af viðbótarframlagi ríkissjóðs. Þegar tekið hafði verið tillit til viðbótarframlags, sérstakrar fjáröflunar, frestunar framkvæmda og lánahreyfinga milli vegasjóðs og ríkissjóðs auk umsýslugjalds sem greiðist í ríkissjóð, alls 51 m.kr., var niðurstöðutala vegáætlunar 10.266 m.kr. Fjárveitingar miðuðust við vegáætlun að frádreginni frestun framkvæmda.

Með fjáraukalögum voru gerðar leiðréttingar á mörkuðum tekjum til vegagerðar og markaðir tekjustofnar lækkaðir. Með þeirri breytingu var gert ráð fyrir 45 m.kr. minni tekjum en í spá vegáætlunar. Auk þess var með fjáraukalögum frestun framkvæmda lækkuð um 100 m.kr. og niðurstöðutala vegáætlunar þá 10.366 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi var innheimtan á mörkuðum tekjum, bensíngjaldi og þungaskatti 3 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í vegáætlun og fjárveitingar á árinu gáfu til kynna. En tekjur af leyfisgjöldum flutninga voru hins vegar 1 m.kr. minni en gert var ráð fyrir. Tekjur af mörkuðum tekjum umfram fjárveitingar eru geymdar í vegasjóði og eru því 3 m.kr. geymdar frá árinu 2001. Auk þess sem frestun framkvæmda fjármögnuð af mörkuðum tekjum var 380 m.kr., sem eru einnig geymdar í vegasjóði frá árinu 2001. Inneign vegasjóðs hjá ríkissjóði er því orðin 1.939 m.kr. ef tekið hefur verið tillit til inneignar 1.556 m.kr. frá fyrri árum skv. ársreikningi Vegagerðarinnar fyrir árið 2000, sem Ríkisendurskoðun gerði á árinu 2001.

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjárlög m.kr.	Fjáraukalög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Rauntekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur					
1. Bensíngjald	6.026	6.026	-598	5.428	5.447
2. Þungaskattur, km-gjald	2.417	2.212	368	2.580	2.600
3. Þungaskattur, árgjald	1.810	2.130	70	2.200	2.209
4. Leyfisgjöld flutninga	3	3		3	2
	10.256	10.371	-160	10.211	10.258
1.2. Umsýslugjald	-51	-51		-51	-51
	10.205	10.320	-160	10.160	10.207
1.3. Viðbótarfé	500	500		500	500
1.4. Sérstök fjáröflun	750	750		750	750
	11.455	11.570	-160	11.410	11.457

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Fjár-lög m.kr.	Fjárauka-lög m.kr.	Áætluð fjáröflun m.kr.	Raun-tekjur m.kr.
1.5. Lánsfé					
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40	-40		-40	-40
1.6. Frestun framkvæmda frá 2000	585	585		585	585
Frestun framkvæmda	-700	-800	100	-700	-700
Styrkir til innanlandsflugs	66		66	66	66
Samtals	10.366	11.315	6	11.321	11.368

Nokkur hluti af fjárveitingum til Vegagerðarinnar fer í greiðslur beint til ríkissjóðs. Á árinu 2001 er um að ræða afborganir og vexti af lánum vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs samtals 254 m.kr. og afborganir og vextir af lánum vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga 40 m.kr. Í ríkisreikningi eru þessar upphæðir ekki færðar sem kostnaður hjá Vegagerðinni heldur sem lækkun á framlagi til hennar.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt tölum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 7.688 á árinu 2001 á móti 14.802 árið áður sem samsvarar 48% færri skráningum. Á sama tíma voru nýskráðar 96 hópferðabifreiðir á móti 133 árið áður sem samsvarar um 28% færri skráningum. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.240 á árinu 2001 en voru 2.189 árið áður og er það um 43% fækkun skráninga.

Innflutningur og nýskráning bifreiða drógst verulega saman á árinu 2001 og hefur ekki verið minni síðan á árinu 1995. Í töflunni hér að neðan má sjá að bifreiðaeign landsmanna hefur farið vaxandi undanfarin ár, þrátt fyrir að dregið hafi úr vextinum árið 2001. Fólksbifreiðaeign á hverja 1.000 íbúa er nú komin í 558 samkvæmt bráðabirgðatölum.

	Bifreiða-eign 31.12.99	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.00	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.01
Fólksbifreiðir	151.409	4,97	158.936	0,58	159.865
Hópferðabifreiðir	1.621	3,21	1.673	2,27	1.711
Vöru- og sendibifreiðir	17.807	9,13	19.432	2,87	19.990
Samtals:	170.837	5,39	180.041	0,85	181.566

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á árinu 2001 nam rúmlega 190 milljónum lítra og er salan um 0,7% meiri en á árinu 2000. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur af bensínsölunni, þ.e. bensíngjaldið, 5.447 m.kr. árið 2001. Það er 579 m.kr. minna en tekjuspá vegáætlunar gerði ráð fyrir eða um 9,6% minni tekjur.

Á síðustu fjórum árum hefur bensínsala á ári verið mjög svipuð, þrátt fyrir aukningu í bifreiðaeign landsmanna. Ástæður má líklega rekja til þess að meðalakstur á bifreið fari minnkandi með aukinni bifreiðaeign og að nýjar bifreiðir eru með sparneytnari vélar en þær eldri. Aðalástæðan er samt líklega sú að díselbifreiðum, einkum díselfólksbifreiðum, fjölgar hlutfallslega meira en bensínbifreiðum og hefur sú þróun verið undanfarin ár. Bensínbifreiðir eru þó enn í miklum meirihluta á landinu og voru um 84% af bifreiðaeign í árslok 2001, en til samanburðar var þetta hlutfall 88,9% í árslok 1994.

Bensíngjald var ekki hækkað á árinu 2001 og hefur ekkert hækkað frá 1. júní 1999. Bensíngjald er nú 28,60 kr./l. Þegar bensíngjald var hækkað síðast hefði gjaldið mátt vera 31,16 kr./l ef fylgt hefði verið breytingum á byggingarvísitölu og hefði á sama hátt mátt vera 35,09 kr./l 1. janúar 2002.

Í ársbyrjun 2001 kostaði lítrinn af 95 okt. bensíni 91,80 kr. frá dælu á bensínstöð með fullri þjónustu. Verð á bensíni fór síðan hækkandi í byrjun ársins og 1. júní náði það hámarki er lítrinn var kominn í 107,90 kr. Verð fór síðan lækkandi frá 25. júní og ári síðar eða í ársbyrjun 2002 kostaði lítrinn 92,20 kr. sem jafngildir 0,4% hækkun frá byrjun árs 2001.

Ár	Bensínsala m.l.	Meðaleyðsla lítrar á bifreið	Verð á lítra 31.12. 92 okt.	95 okt.	98 okt.	Bensíngjald Blýbensín	Blýlaust
1990	169,3	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,7	1.451	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	180,1	1.479	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,2	1.492	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,2	1.536	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,6	1.515	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	182,6	1.493		77,0	81,7[1)]	27,11	25,51
1997	183,8	1.437		77,2	81,9		26,60
1998	188,7	1.408		72,6	77,3		27,53
1999	190,7	1.350		86,3	91,0		28,60
2000	189,2	1.275		96,0	100,7		28,60
2001	190,5*)	1.260*)		94,2	98,9		28,60
jan. 2002				92,2	96,9		28,60

1) Frá 1996 er 98 okt. bensín blýlaust

*) Bráðabirgðatölur

Eins og sjá má á töflunni hér að framan fer meðaleyðsla bensínbifreiða enn minnkandi.

1.1.2.-3. Þungaskattur

Innheimtar tekjur af km-gjaldi námu alls 2.600 m.kr. Tekjuspá vegáætlunar hljóðaði upp á 2.417 m.kr. og voru því innheimtar 183 m.kr. meira en gert var ráð fyrir. Innheimt árgjald þungaskatts var um 2.209 m.kr. en tekjuspá vegáætlunar hafði einungis gert ráð fyrir 1.810 m.kr., þannig að tekjurnar af árgjaldinu reyndust töluvert meiri en áætlað var. Þessa aukningu í árgjaldi þungaskatts má skýra með auknum bifreiðainnflutningi og því að hlutdeild díselbifreiða í bifreiðeign landsmanna fer vaxandi. Einkum er þar um að ræða stærri fólksbifreiðir s.s. jeppa, en minni dísel-fólksbifreiðir eru enn ekki vænlegur kostur fyrir bifreiðaeigendur þrátt fyrir að neðstu flokkarnir í föstu árgjaldi þungaskatts hafi í raun verið lækkaðir undanfarið.

Gjaldskrá, km-gjalds þungaskatts, var lækkuð um 10% frá 11. febrúar 2001. Engin breyting var gerð á árinu 2001 á gjaldskrá fasts árgjalds þungaskatts. Fast árgjald þungaskatts var síðast hækkað 1. júní 1999 og var þá gjaldskrá km-gjalds þungaskatts einnig hækkuð.

1.2. UMSÝSLUGJALD

Umsýslugjald var 51 m.kr. árið 2001 eða 0,5% af mörkuðum tekjum og rennur það í ríkissjóð.

1.3. VIÐBÓTARFÉ

Framkvæmdaátak í vegagerð var ákveðið vorið 1999 af ríkisstjórn og skyldi verja 500 m.kr. árlega árin 1999-2002 til nýbygginga vega. Árið 2001 komu 500 m.kr. sem viðbót við markaðar tekjur ársins. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var um lánsfé að ræða 1999, en bein framlög hin árin, sem ekki eiga að endurgreiðast af vegáætlun.

1.4. SÉRSTÖK FJÁRÖFLUN

Í meðförum Alþingis á þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árin 2000-2004 var samþykkt breytingartillaga um sérstaka fjáröflun á árunum 2000-2004. Þessari sérstöku fjáröflun er ætlað að standa undir kostnaði við jarðgangaáætlun fyrir árin 2000-2004, vegagerð á Austurlandi í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir þar og sérstakra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þessa fjár verður aflað m.a. með sölu ríkiseigna. Samkvæmt vegáætlun fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir 750 m.kr. með sérstakri fjáröflun en vegna frestunar framkvæmda varð þessi fjárhæð 320 m.kr. lægri, eða 430 m.kr.

1.5. LÁNSFÉ

Á árinu 2001 var greidd ein afborgun af láni, 40 m.kr., sem tekið var hjá ríkissjóði til að fjármagna síðari hluta vegtenginga við Hvalfjarðargöng.

1.6. FRESTUN FRAMKVÆMDA

Ríkisstjórnin ákvað að fresta nýframkvæmdum í vegagerð fyrir 585 m.kr. á árinu 2000 til eins árs, þannig að upphæðin kom inn á árinu 2001.

Á árinu 2001 ákvað ríkisstjórnin auk þess að fresta nýframkvæmdum um 700 m.kr.

II SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting fjárveitinga til Vegagerðarinnar á árinu 2001. Vegáætlun gerði ráð fyrir ráðstöfun 12.000 m.kr. Við afgreiðslu fjárlaga var ákveðið að fresta framkvæmdum alls 800 m.kr. Sú frestun var síðar lækkuð í 700 m.kr. á fjáraukalögum. Á fjáraukalögum kom einnig fjárveiting 66 m.kr. vegna greiðslu styrkja til innanlandsflugs, en það verkefni var flutt til Vegagerðarinnar á árinu.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.

	Vegáætlun 2001	Breyting 2001	Fjárveiting 2001
2.1. Stjórn og undirbúningur	**390**		**390**
1. Yfirstjórn og skrifstofa	154		154
2. Tæknilegur undirbúningur	122		122
3. Umferðareftirlit og þjónusta	114		114
2.2. Almenn þjónusta	**1.387**		**1.387**
1. Þjónustusvæði	302		302
2. Vegir og vegyfirborð	390		390
3. Brýr og veggöng	62		62
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	366		366
5. Þéttbýlisvegir	267		267
2.3. Vetrarþjónusta	**810**		**810**
2.4. Viðhald þjóðvega	**2.031**		**2.031**
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	856		856
2. Endurnýjun malarslitlaga	240		240
3. Styrkingar og endurbætur	538		538
4. Brýr, varnargarðar og veggöng	178		178
5. Öryggisaðgerðir	94		94
6. Vatnaskemmdir	125		125
2.5. Til nýrra þjóðvega	**5.629**	**-700**	**4.929**
1. Stofnvegir	4.063	-380	3.683
1. Almenn verkefni	500		500
2. Höfuðborgarsvæðið	1.187	-180	1.007
3. Stórverkefni	1.876	-200	1.676
4. Viðbótarfé	500		500
5. Þingvallahátíð	0		0
2. Tengivegir	466		466
3. Til brúargerðar	266		266
1. Brýr, 10 m og lengri	242		242
2. Smábrýr	24		24
4. Ferðamannaleiðir	86		86
5. Girðingar	48		48
6. Jarðgangaáætlun	200		200
7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	300	-270	30
8. Sérstök verkefni	200	-50	150
2.6. Til safnvega	**272**		**272**
2.7. Til landsvega	**115**		**115**
2.8. Til styrkvega	**54**		**54**
2.9. Til reiðvega	**39**		**39**
2.10. Til tilrauna	**101**		**101**
2.11. Styrkir til flóabáta og sérleyfa	**627**		**627**
Samtals	**11.455**	**-700**	**10.755**
Afborgun af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40		-40
Frestun framkvæmda 2000	585		585
Styrkir til flugrekstrar		66	66
Samtals	**12.000**	**-634**	**11.366**

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 2001 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við gerð vegáætlunar fyrir árin 2000-2004 var meðalvísitala vegagerðar fyrir árið 2001 áætluð 6.330 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir um 4,5% hækkun milli ára. Í reynd varð hún 6.357 stig eða um 0,4% hærri en áætlað hafði verið.

Innheimta markaðra tekna var árið 2001 10.256 m.kr. eða 3 m.kr. hærri upphæð en áætlað hafði verið við gerð vegáætlunar og geymast þessar 3 m.kr. í vegasjóði. Tekjur af leyfisgjöldum flutninga voru um 1 m.kr. minni en gert var ráð fyrir.

Árið 2001 runnu í ríkissjóð 51 m.kr. umsýslugjald af mörkuðum tekjum. Ríkissjóður lagði til 500 m.kr. í framkvæmdaátak og 750 m.kr. með sérstakri fjáröflun sem viðbótarfé. Auk þess komu inn 585 m.kr. vegna frestunar framkvæmda á árinu 2000 en á móti var frestað framkvæmdum á árinu 2001 fyrir 700 m.kr. Einnig fékk Vegagerðin 66 m.kr. til greiðslu styrkja til innanlandsflugs. Endurgreiðslur og afborganir lána voru samtals 294 m.kr. á árinu og engin lán voru tekin á árinu.

Vegagerðin fékk því alls til ráðstöfunar 11.112 m.kr. sem er aðeins hærri upphæð að raungildi en árið 2000.

Lausafjárstaða Vegagerðarinnar í árslok var góð og engin vinnulán tekin á árinu.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. árin 1964 til 2001 á föstu verðlagi 2001.



Hér fyrir neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964 til 2001. Miðað er við endurskoðaðan grunn vergrar þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 352 um síðustu áramót í 346,3 stöðugildum en voru 341 árið 2000. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2001 var 372 en var 379 árið 2000. Heildarvinnuframlag á árinu 2001 reiknað í dagvinnustundum nam 469,8 mannárum og hafði lækkað úr 482,2 frá árinu 2000. Launagreiðslur voru 1.180 m.kr. á árinu 2001 og launatengd gjöld 191 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland v.	Norðurland e.	Austurland	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	22	4	4	3	7	3	3	2	48
Tæknilegur undirbúningur	49	8	6	8	5	6	15	6	103
Vegaeftirlit	6	0	0	0	0	0	2	0	8
Starfsmenn áhaldahúsa skv. lfl. BSRB	8	0	0	0	0	0	0	1	9
Iðnlærðir verkstjórar	4	1	0	1	1	3	1	2	13
Verkstjórar	1	4	5	5	7	3	8	7	40
Iðnaðarmenn	5	1	0	5	3	2	5	3	24
Vélamenn	5	4	12	9	11	7	6	11	65
Verkamenn	2	5	2	8	3	5	7	3	35
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	0	0	1	1	1	1	2	7
Fastir starfsmenn 31. desember 2001	103	27	29	40	38	30	48	37	352
Fastir starfsmenn 31. desember 2000	100	28	29	41	35	29	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1999	106	26	30	41	35	26	41	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1998	94	26	41	43	33	26	43	33	339
Fastir starfsmenn 31. desember 1997	92	31	39	45	36	26	45	36	350
Fastir starfsmenn 31. desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn 31. desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn 31. desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn 31. desember 1993	86	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn 31. desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn 31. desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn 31. desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn 31. desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345

2.1.1. Yfirstjórn og skrifstofa

Fjárveiting í vegáætlun 2001 var 154 m.kr.

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald með bókasafni og útgáfustarfsemi undir sér. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 122 m.kr.

Í Reykjavík eru tvö svið, tæknisvið og þróunarsvið, sem sinna tæknilegum undirbúningi. Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um verkefni hvors sviðs.

Á tæknisviði eru brúadeild, veghönnunardeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði eru gerðar verklýsingar, staðlar, reglur og leiðbeiningar um hönnun brúa og vega, viðhald og þjónustu. Þar fer fram hönnun brúa og vega og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Þar er einnig unnið að jarðtæknilegri hönnun vega og brúa. Haldið er utan um alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds, þjónustu, landsvega, safnvega, styrkvega, smábrúa og girðinga skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Á tæknisviði eru gerðar útboðsreglur og skilmálar fyrir útboð í nýbyggingum, viðhaldi og þjónustu og haldið utan um skráningu útboða og tilboða. Vegagerðin rekur fjóra vinnuflokka og sér tæknisvið um rekstur og verksölu þeirra til umdæma. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með innkaupum og rekstri vélakosts Vegagerðarinnar, þar með talinn ferjurekstur, í samvinnu við umdæmin og einnig rekin birgðastöð. Höfð er umsjón með nýbyggingum og viðhaldi fasteigna Vegagerðarinnar. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við starfsmenn þróunarsviðs og umdæma.

Þróunarsvið nær yfir áætlanadeild, rannsóknadeild og umhverfisdeild. Unnið er að undirbúningi vegáætlunar, langtímaáætlunar og jarðgangaáætlunar ásamt annarri áætlanagerð. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur á hættulegum stöðum á vegakerfinu. Haldið er utan um gagnabanka og vegaskrá. Jarðfræðirannsóknir og námumál eru í umsjón þróunarsviðs. Einnig umsjón með tilraunafé ásamt innlendum og erlendum rannsókna- og þróunarverkefnum og þátttöku í þeim. Undirbúningur og umsjón með jarðgangaverkefnum. Á þróunarsviði er einnig umsjón með umhverfis- og skipulagsmálum Vegagerðarinnar.

Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni færist kostnaður á tæknilegan undirbúning.

Á þróunarsviði er haldið við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 2001.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	629	993	504	893	3.019
Reykjanes	303	173	59	47	582
Vesturland	594	725	391	175	1.885
Vestfirðir	783	388	257	119	1.547
Norðurland vestra	423	620	372	314	1.729
Norðurland eystra	674	518	362	550	2.104
Austurland	904	480	356	392	2.132
Samtals	4.310	3.897	2.301	2.490	12.998

Á þróunarsviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birtar í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2001 voru vegir með bundnu slitlagi 3.976 km, þar af 3.858 km á stofn- og tengivegum og 118 km á safn- og landsvegum. Frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum í samræmi við vegalög nr. 45/1994.



Á myndinni hér að neðan er sýnd þróun aksturs á stofn- og tengivegum frá árinu 1980. Á árinu 2000 var umferð á stofn- og tengivegum 1.745 milljónir ekinna km og hafði aukist um 4% frá árinu áður. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum. Akstur á þessum vegum er meiri en annars staðar og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.



2.1.3. Umferðareftirlit og þjónusta

Á þjónustudeild tæknisviðs er séð um umferðareftirlit og upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar. Fjárveiting til þess verkefnis var 114 m.kr. Verkefni sem falla undir þennan lið eru umferðareftirlit og upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar. Í umferðareftirliti er haft eftirlit með ásþunga bifreiða, þungaskatti og ökuritum og einnig eru gefin út leyfi fyrir hópferða- og sérleyfishafa og haft eftirlit með þeim. Í umferðarþjónustu er rekin upplýsingamiðstöð fyrir vegfarendur, en miðlun upplýsinga um veður og færð er sífellt mikilvægari þáttur fyrir vegfarendur, og er þessari þjónustu stjórnað úr miðstöð í samvinnu við umdæmin. Í upplýsingamiðstöðinni er jafnframt safnað saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð og er unnið að því að flest þessara mælitækja verði sjálfvirk og gefi upplýsingar strax til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

2.2. ALMENN ÞJÓNUSTA

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 1.387 m.kr. og var skipt í fimm meginflokka þ.e. til þjónustusvæða, til vega og vegyfirborðs, til brúa og vegganga, til vegmerkinga og vegbúnaðar og til þéttbýlisvega.


Ársumferð 1999
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til almennrar þjónustu þjóðvega á árunum 1991-2001. Frá árinu 2000 eru fjárveitingar til þjónustu þjóðvega í þéttbýli taldar með fjárveitingum til þjónustu í samræmi við vegáætlun. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2001.



Í stólparitinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega frá 1991. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 2001. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega í þéttbýli er talinn með kostnaði frá árinu 1995.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991-2001. Frá 1995 eru fjárveitingar til þéttbýlisvega taldar með fjárveitngum til þjónustu þjóðvega. Umferðartalning er frá árinu 2000, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 2000 og 2001. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2001.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig kostnaður við almenna þjónustu 2001 skiptist milli hinna einstöku liða þjónustunnar og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Þjónustu-svæði m.kr.	Vegir og vegyfirborð m.kr.	Brýr og veggöng m.kr.	Vegmerkingar og vegbúnaður m.kr.	Þéttbýlis-vegir m.kr.	Samtals m.kr.
Sameiginlegt	7,9			77,5		85,4
Suðurland	41,5	70,7	6,5	47,3	7,1	173,1
Reykjanes	38,9	35,7	3,7	98,5	169,7	346,5
Vesturland	35,7	82,3	8,1	42,5	12,0	180,6
Vestfirðir	40,7	64,3	13,8	21,8	10,0	150,6
Norðurland vestra	25,7	46,9	6,2	35,1	11,3	125,2
Norðurland eystra	31,5	78,7	7,3	29,8	23,1	170,4
Austurland	43,2	71,0	13,7	33,5	22,2	183,6
Samtals	265,1	449,6	59,3	386,0	255,4	1.415,4

2.2.1. Þjónustusvæði

Fjárveiting til þessara verkefna var 302 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 390 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rykbindingu malarvega 2001.

Rykbundnir km *)

Umdæmi	klór-kalsíum	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	Dustex	samtals
Suðurland	0	5	120	0	16	141
Reykjanes	13	0	97	24	5	139
Vesturland	18	493	278	0	0	789
Vestfirðir	4	0	443	162	0	609
Norðurland vestra	0	0	354	0	10	364
Norðurland eystra	0	47	488	0	0	535
Austurland	119	95	315	48	0	577
Samtals	154	640	2.095	234	31	3.154

*) Hér eru taldir þeir km vega sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.3. Brýr og veggöng

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 62 m.kr. og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.4. Vegmerkingar og vegbúnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 366 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.5. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting til þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlis var 267 m.kr. og var henni varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Samið hefur verið við mörg sveitarfélög að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra. Vegagerðin annast sjálf þjónustu á þjóðvegum innan nokkurra þéttbýlisstaða.

2.3. VETRARÞJÓNUSTA

Á undanförnum árum hefur þjónusta á vegakerfinu að vetri til stöðugt verið að aukast. Bæði er um að ræða fjölgun snjómokstursdaga og einnig er fleiri leiðum haldið opnum. Einnig hefur hreinsun vega verið bætt verulega ásamt aukinni hálkuvörn. Kostnaður við vetrarþjónustu er aftur á móti mjög háður veðurfari.

Á stólparitinu hér að neðan má sjá þróun fjárveitinga til vetrarþjónustu á árunum 1991-2001. Allar tölur eru á verðlagi 2001. Frá 1995-1999 eru fjárveitingar til vetrarþjónustu á þéttbýlisvegum taldar með fjárveitingum til vetrarþjónustu, en frá árinu 2000 er öll þjónusta þéttbýlisvega undir sérstökum lið í vegáætlun.



Fjárveiting í vegáætlun fyrir árið 2001 var 810 m.kr. Skuld frá fyrri árum var 345 m.kr., þannig að til ráðstöfunar voru 465 m.kr.

Í byrjun árs var milt í veðri. Þungatakmarkanir voru víða um land í byrjun febrúar og einnig í endaðan nóvember. Fram eftir hausti var mun lengur fært um heiðar og hálsa, sem ekki hafa fasta þjónustu, en í meðalári. Almennt var snjólétt í öllum landshlutum. Á Austurlandi var nokkuð risjótt veður og voru menn að glíma við hálku að áliðnum vetri, meira en í meðalári. Niðurstaðan var sú að kostnaður við vetrarþjónustuna varð nokkuð lægri en á síðasta ári eða um 720 m.kr. Skuld sem flyst til ársins 2002 er því um 255 m.kr.

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1991-2001 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 2001. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli er meðtalinn á árunum 1995-1999, en frá árinu 2000 er öll þjónusta þéttbýlisvega undir sérstökum lið í vegáætlun.



Eftirfarandi tafla sýnir hvernig kostnaður við vetrarþjónustu utan þéttbýlis skiptist milli umdæma á árinu 2001.

	Kostnaður m.kr.
Sameignilegt	54,5
Suðurland	53,0
Reykjanes	103,0
Vesturland	90,3
Vestfirðir	111,8
Norðurland vestra	66,4
Norðurland eystra	122,9
Austurland	118,1
Samtals	720,0

Í töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 2001.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostnaður á km þús. kr.
Hellisheiði: Reykjavík-Hveragerði og Þrengslavegur	48	15,4	321
Holtavörðuheiði	37	6,9	186
Fróðárheiði	14	3,0	214
Steingrímsfjarðarheiði	47	6,5	138
Siglufjarðarvegur: Ketilás-Siglufjörður	25	7,0	280
Öxnadalsheiði	25	7,3	292
Dalvík-Ólafsfjörður	18	2,9	161
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	14,4	99
Vopnafjarðarheiði	51	8,3	163
Fjarðarheiði	24	10,4	433
Oddsskarð	23	9,2	400
Vegið meðaltal			199

Á töflunni hér að neðan má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 2001. Einnig kemur fram hve marga daga ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Jan	Febr	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Alls	% af 365 d.	Snjóm. dagar
Fróðárheiði	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	59
Svínadalur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30
Kletthás	0	3	12	6	0	0	0	0	0	0	2	2	25	7	23
Hálfdán	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	66
Dynjandisheiði	4	16	26	6	0	0	0	0	0	0	3	5	60	16	19
Hrafnseyrarheiði	16	13	17	5	0	0	0	0	0	1	6	6	64	18	25
Steingrímsfjarðarheiði	0	1	2	0	0	0	0	0	0	0	1	0	4	1	108
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	100
Vatnsskarð-nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	34
Siglufjv: Fljót-Siglufj.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	60
Lágheiði	15	16	18	11	0	2	0	0	0	0	11	14	87	24	5
Öxnadalsheiði	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	100
Dalvík-Ólafsfjörður	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	76
Hólssandur	31	28	31	30	23	1	0	0	0	1	30	31	206	56	5
Öxarfjarðarheiði	31	28	31	30	26	10	0	0	0	1	30	31	218	60	7
Sandvíkurheiði	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	34
Vopnafjarðarheiði	1	1	5	1	0	0	0	0	0	0	0	0	8	2	61
Möðrudalsöræfi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	46
Hellisheiði-eystri	31	28	31	30	11	1	0	0	0	7	9	11	159	44	13
Vatnsskarð-eystra	1	0	5	2	0	1	0	0	0	0	0	1	10	3	32
Fjarðarheiði	2	0	3	2	0	1	0	0	0	0	0	0	8	2	109
Oddskarð	1	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	1	4	1	96
Breiðdalsheiði	5	0	6	1	0	0	0	0	0	0	1	1	14	4	62


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins 2001.
7 d. 5 t.
1 d. 7 t.
21 d. 5 t.
48 d. oj.
5 d. 5 t.
28 d. 5 t.
15 d. 7 t.
42 d. 5 t.
41 d. oj.
21 d. 5 t.
5 d. 7 t.
27 d. 5 t.
14 d. 7 t.
27 d. 5 t.
14 d. 7 t.
5 d. oj.
19 d. 5 t.
14 d. 7 t.
15 d. oj.
14 d. 5 t.
11 d. 7 t.
3 d. 5 t.
9 d. oj.
22 d. 5 t.
16 d. 7 t.
6 d. oj.
1 d. oj.
58 d. 5 t.
37 d. 7 t.
23 d. 7 t.
21 d. 7 t.
16 d. 7 t.
23 d. oj.
10 d. 5 t.
4 d. 7 t.
23 d. 5 t.
2 d. 7 t.
14 d. 7 t.
25 d. 7 t.
18 d. 7 t.
15 d. 7 t.
14 d. 7 t.
15 d. 7 t.
20 d. 7 t.
16 d. 7 t.
4 d. 5 t.
50 d. 7 t.
7 d. oj.
9 d. 7 t.
3 d. oj.
15 d. 5 t.
4 d. 7 t.
14 d. 7 t.
21 d. 7 t.
26 d. 7 t.
19 d. 7 t.
20 d. 7 t.
25 d. oj.
12 d. 5 t.
3 d. oj.
2 d. 5 t.
12 d. 7 t.
20 d. 7 t.
30 d. 7 t.
16 d. 7 t.
19 d. 7 t.
1 d. oj.
13 d. 7 t.
20 d. 7 t.
15 d. 7 t.
22 d. 7 t.
15 d. 7 t.
10 d. 7 t.
32 d. 7 t.
27 d. 7 t.
1 d. 5 t.
34 d. 7 t.
18 d. 5 t.
22 d. 7 t.
38 d. 7 t.
5 d. oj.
11 d. 5 t.
1 d. 7 t.
38 d. 7 t.
1 d. 5 t.
1 d. 7 t.
25 d. 7 t.
25 d. 7 t.
15 d. 7 t.
29 d. 7 t.
1 d. 7 t.
8 d. 7 t.
30 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna ásþungi (5 t.).
7 tonna ásþungi (7 t.).
Kaflaskipting.
Kaflaskipting.
Vegna hættu á slitlagsskemmdum var ásþungi takmarkaður í 10 tonn á vegum í viðauka 1 skv. reglugerð nr. 528/1998, í 3.789 daga á 199 vegköflum. Þar af voru 77 kaflar lokaðir 10 sinnum eða sjaldnar, 62 kaflar lokaðir í 11-30 daga og 60 vegkaflar oftar en 30 sinnum.

2.4. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 2001 var fjárveiting til viðhalds þjóðvega 2.031 m.kr., og var henni varið til viðhalds á stofn- og tengivegum. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Í vegáætlun frá og með árinu 2000 er fjárveiting til viðhalds þjóðvega innan þéttbýlis felld inn í aðrar fjárveitingar til viðhalds. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Fjárveitingum til viðhalds vega er skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, brýr, varnargarðar og veggöng, öryggisaðgerðir og vatnaskemmdir.

Markmið viðhalds er að varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu og hæfni þess til að bera þann umferðarþunga, sem því er ætlaður. Heildarlengd stofn- og tengivega 1. janúar 2001, var 8.207 km., og var áætluð umferð á þeim árið 2001 um 1.745 milljónir ekinna km. Stólparitið hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds þjóðvega á árunum 1991-2001. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2001.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega á árunum 1991-2001. Tölurnar eru á verðlagi 2001.



Stólparitið hér að neðan sýnir þróun í kostnaði við viðhald stofn- og tengivega í kr. á ekna 100 km á árunum 1991-2001. Umferðartalning er frá árinu 2000, en gert er ráð fyrir 3% aukningu umferðar milli áranna 2000 og 2001. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2001.



Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2001 skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga m.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga m.kr.	Styrkingar og endurbætur m.kr.	Viðhald brúa og varnargarða m.kr.	Öryggis-aðgerðir m.kr.	Vatna-skemmdir m.kr.	Samtals m.kr.
Sameigninlegt	24,0	0,0	0,0	11,7	15,9	0,0	51,6
Suðurland	94,1	29,1	131,2	41,5	17,9	10,7	324,5
Reykjanes	267,2	0,0	55,4	5,5	14,9	0,0	343,0
Reykjavík*	90,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	90,0
Vesturland	94,7	32,7	109,2	22,4	17,9	0,0	276,9
Vestfirðir	51,2	48,3	45,4	16,8	9,6	15,3	186,6
Norðurland vestra	70,8	18,1	78,0	10,7	1,0	0,9	179,5
Norðurland eystra	96,9	46,2	66,3	16,1	2,0	23,4	250,9
Austurland	112,1	25,4	86,0	45,9	0,4	23,6	293,4
Samtals	901,0	199,8	571,5	170,6	79,6	73,9	1.996,4

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 25,1 m.kr.

*Samkvæmt samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar sér Reykjavíkurborg um viðhald þjóðvega innan borgarinnar.

2.4.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 856 m.kr. Lagðir voru 569 km af bundnu slitlagi sem samsvarar um 14,0% af heildarlengd stofn- og tengivega með bundnu slitlagi. Fyrst og fremst er um að ræða endurnýjun á klæðingu, en malbik einungis notað á umferðarmestu vegina og í þéttbýli. Endurnýjun bundinna slitlaga skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	klæðing km	klæðing þús. m²	malbik km	malbik þús. m²	alls km	alls þús. m²
Suðurland	60,8	365	3,0	18	63,8	383
Reykjanes	44,5	267	19,9	119	64,4	386
Reykjavík	0,0	0	15,2	91	15,2	91
Vesturland	104,9	629	0,0	0	104,9	629
Vestfirðir	80,2	481	0,0	0	80,2	481
Norðurland vestra	82,6	496	0,8	5	83,4	501
Norðurland eystra	66,4	398	1,6	9	68,0	407
Austurland	103,6	622	1,0	6	104,6	628
Samtals	543,0	3.258	41,5	248	584,5	3.506

Í þessum tölum eru ekki stakar viðgerðir, hjólfarafyllingar og ræmur og einnig er sleppt klæðingu á axlir.

2.4.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 240 m.kr. Lagt var og endurbætt malarslitlag á 735 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	óunnið efni km	óunnið efni m²	unnið efni km	unnið efni m²	mölburður alls km	mölburður alls m²
Suðurland	25	27.200	50	14.700	75	41.900
Reykjanes	0	0	35	8.800	35	8.800
Vesturland	104	11.152	96	15.415	200	26.567
Vestfirðir	2	800	83	32.000	85	32.800
Norðurland vestra	0	0	82	11.705	82	11.705
Norðurland eystra	4	2.078	104	24.026	108	26.104
Austurland	5	1.486	145	28.319	150	29.805
Samtals	140	42.716	595	134.965	735	177.681

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 2001 var eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðarlög m³	Samtals m³
Suðurland	12.500	16.200	70.800	99.500
Reykjanes	14.141	0	0	14.141
Vesturland	39.003	11.777	14.325	65.105
Vestfirðir	33.500	7.200	50.000	90.700
Norðurland vestra	42.886	5.855	4.962	53.703
Norðurland eystra	28.529	8.517	74.392	111.438
Austurland	27.502	37.360	93.127	157.989
Samtals	198.061	86.909	307.606	592.576

Hér er eingöngu talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið.

2.4.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 538 m.kr. Fjárveitingum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Aukinn hluti fjármagns fer nú til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er um 92% af umferð á stofn- og tengivegum. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1989 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbótum á þeim. Nokkru fjármagni er einnig varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol sem þarf að tak-

marka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 2001.

	Vegir með bundnu slitlagi				*Malarvegir*		*Styrkingar alls*	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m^3	km	m^3	km	m^3	km	m^3
Suðurland	6,0	21.800	15,0	9.418	7,0	8.806	28,0	40.024
Reykjanes	0,0	0	7,4	5.535	9,9	19.300	17,3	24.835
Vesturland	0,0	0	8,4	8.000	14,9	17.000	23,3	25.000
Vestfirðir	6,0	15.000	0,0	0	6,0	7.000	12,0	22.000
Norðurland vestra	0,8	2.520	6,7	4.820	0,0	0 7,5	7.340	
Norðurland eystra	0,0	0	6,3	4.599	14,5	22.315	20,8	26.914
Austurland	9,3	16.355	9,0	2.460	3,0	6.000	21,3	24.815
Samtals	22,1	55.675	52,8	34.832	55,3	80.421	130,2	170.928

2.4.4. Brýr, varnargarðar og veggöng

Fjárveiting í vegáætlun var 178 m.kr. Stærstu einstöku viðhaldsverkefnin voru við hreinsun og málun brúar á Eldvatni hjá Ásum á Skaftártunguvegi (208) og múr- og steypuviðgerðir brúar á Hvítá hjá Ferjukoti á Hvítárvallavegi (510) sem bæði voru boðin út. Auk þess var lokið við styrkingu þeirra stöpla brúar á Skeiðará sem viðkvæmastir voru. Um 22 m.kr. var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr og 6 einbreiðar brýr voru endurnýjaðar með stálrörum og nam kostnaður við þau verkefni um 20 m.kr. Unnið var við styrkingu á 6 brúm með lélegt burðarþol og var varið til þess um 15 m.kr. Alls var unnið við ríflega 90 smá og stór verkefni víðs vegar um landið.

2.4.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting í vegáætlun var 94 m.kr. Af fjárveitingum til öryggisaðgerða var lagt til fjármagn til breikkunar á 2 einbreiðum brúm með stálrörum á Snæfellsnesvegi (54) við Urriðaá og á Illugastaðavegi (833) við Grjótá. Auk þess var unnið við lagfæringar slysastaða í samræmi við umferðaröryggisáætlun, undirbúning lagfæringa og veglýsingu við vegamót og þéttbýlisstaði.

2.4.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegáætlun var 125 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnaskemmda eða annarra náttúruhamfara.

Um miðjan janúar stíflaðist Hvítá vegna íss og urðu nokkrar skemmdir vegna flóða er áin fór upp úr farvegi sínum. Í síðari hluta ágúst varð mikil úrkoma á Austurlandi og urðu víða miklar skemmdir vegna vatnsflóða og skriðufalla fyrst og fremst með ströndinni frá Borgarfirði eystri og suður í Öræfi. Í september gerði enn miklar rigningar á Austurlandi sem ollu vegaskemmdum á Austfjörðum frá Borgarfirði suður í Breiðdal. Á öðrum stöðum var um minniháttar skemmdir að ræða.

2.5. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.5.0. Fjárveitingar til nýframkvæmda

2.5.0.1. Bráðabirgðalán

Eins og undanfarin ár standa bráðabirgðalán undir hluta af útgjöldum til nýframkvæmda hjá Vegagerðinni. Lausafjárstaða Vegagerðarinnar var hins vegar það góð að lántökur voru einungis 5 m.kr. á árinu. Annarri tímabundinni fjárvöntun var mætt með lánum milli verkefna. Hluti eldri bráðabirgðalána var hins vegar endurlánaður.

Bráðabirgðalán í árslok, eftir uppfærslu vaxta og verðbóta námu alls 125,9 m.kr., þar af lánuðu sveitarfélög 117,4 m.kr. en Landsvirkjun endurlánaði 8,5 m.kr.

Lán til stofnvega voru í árslok 3,2 m.kr., til tengivega 118,7 m.kr. og til safnvega 4,0 m.kr.

	Árslok 2000 m.kr.	Árslok 2001 m.kr.
Stofnvegir	2,9	3,2
Tengivegir	133,2	118,7
Safnvegir	3,7	4,0
Samtals	139,8	125,9

2.5.0.2. Fjárveitingar til nýrra þjóðvega

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru samkvæmt vegáætlun 5.629 m.kr. þar af voru notaðar 40 m.kr. til afborgunar af láni vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga. Sú frestun framkvæmda, sem ákveðin var á árinu 2000 að upphæð 585 m.kr. kom til framkvæmda á árinu 2001, en á móti var ákveðið að fresta framkvæmdum á árinu 2001 um 800 m.kr. við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi. Við afgreiðslu fjáraukalaga var sú frestun síðan lækkuð í 700 m.kr. Fjármagn til nýframkvæmda á árinu 2001 var því 5.474 m.kr.

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga þjóðvega á árunum 1964-2001. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 2001.



2.5.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til stofnvega samkvæmt vegáætlun voru 4.063 m.kr.

2.5.1.1. Almenn verkefni

Fjárveitingar til almennra verkefna voru 500 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 1.187 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna voru 1.876 m.kr.. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.1.4. Viðbótarfé

Fjárveiting af viðbótarfé til nýbygginga þjóðvega var 500 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 466 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.3. Til brúagerðar

2.5.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 242 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.5.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 24 m.kr. og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1. Gerð er grein fyrir einstökum framkvæmdum í fskj. 2.

2.5.4. Ferðamannaleiðir

Fjárveiting til ferðamannaleiða var 86 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.5. Girðingar

Fjárveiting til girðinga var 48 m.kr. Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2001 og stöðu þessara mála í árslok.

	Óafgreitt 1.1.2001		*Afgreitt 2001*		*Nýjar kröfur*		*Óafgreitt 1.1.2002*	
	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar	Girðingar	Ristar
Umdæmi	km	stk.	km	stk.	km	stk.	km	stk
Suðurland	87	0	14	0	47	0	120	0
Reykjanes	0	0	40	3	40	3	0	0
Vesturland	111	1	39	3	31	2	103	0
Vestfirðir	9	1	1	0	5	0	13	1
Norðurland vestra	3	3	4	1	9	0	8	2
Norðurland eystra	108	7	23	3	54	5	139	9
Austurland	42	2	39	1	25	0	28	1
Samtals	360	14	160	11	211	11	411	13

Unnið var að uppgræðslu vegkanta fyrir hluta af nýbyggingarfé vega og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 2001 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

	Framkvæmdir 2001			*Ósáð*
	Sáning	Áburðardreifing	Samtals	1. jan. 2002
Umdæmi	ha.	ha.	ha.	ha.
Suðurland	80	45	125	80
Reykjanes	15	17	32	0
Vesturland	80	62	142	400
Vestfirðir	58	108	166	0
Norðurland vestra	57	99	156	45
Norðurland eystra	188	160	348	369
Austurland	161	112	273	200
Samtals	639	603	1.242	1.094

2.5.6. Jarðgangaáætlun

Fjárveiting til jarðgangaáætlunar var 200 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi

Fjárveiting til orku- og iðjuvega á Austurlandi var 300 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.5.8. Sérstök verkefni

Fjárveiting til sérstakra verkefna var 200 m.kr. Skipting fjárveitinga á verkefni er sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.6. SAFNVEGIR

Fjárveitingar til safnvega voru 272 m.kr. og var þeim skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

	Fjárveiting 2001 í þús. kr.
1. Héraðsnefnd V-Skaftfellinga	11.937
2. Héraðsnefnd Rangæinga	22.772
3. Héraðsnefnd Árnesinga	27.778
4. Héraðsnefnd Suðurnesja	1.493
5. Reykjavík	2.922
6. Héraðsnefnd Kjósarsýslu	3.014
7. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	11.149
8. Héraðsnefnd Mýrasýslu	14.344
9. Vegasamlag Snæfellinga	11.364
10. Héraðsnefnd Dalasýslu	7.959
11. Héraðsnefnd A-Barðastrandarsýslu	3.040
12. Héraðsnefnd V-Barðastrandarsýslu	7.302
13. Vegasamlag Ísafjarðarsýslu	10.400
14. Héraðsnefnd Strandasýslu	7.020
15. Héraðsnefnd V-Húnavatnssýslu	10.512
16. Héraðsnefnd A-Húnvetninga	9.849
17. Héraðsnefnd Skagfirðinga	18.619
18. Akrahreppur	3.888
19. Héraðsnefnd Eyjafjarðar	16.551
20. Héraðsnefnd Þingeyinga, Suður Þingeyjarsýsla	18.020
21. Héraðsnefnd Þingeyinga, Norður Þingeyjarsýsla	11.661
22. Héraðsnefnd Múlasýslna	33.130
23. Sýslunefnd A-Skaftafellssýslu	7.276
Samtals	272.000

2.7. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 115 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr.
Suðurland	39.000
Reykjanes	4.000
Vesturland	11.500
Vestfirðir	4.000
Norðurland vestra	27.000
Norðurland eystra	12.000
Austurland	15.000
Óskipt	9.200
Geymt frá fyrra ári	-6.700
Samtals	115.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 39 m.kr. Unnið var við endurbætur á Lakavegi, Fjallabaksleið nyrðri og Kjalvegi. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 4 m.kr. Unnið var við endurbætur á Vigdísarvallavegi en þeim framkvæmdum var frestað á árinu 2000. Fjárveitingum var að öðru leyti varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 11,5 m.kr. Unnið var að endurbótum og mölburði á Kaldadalsvegi og Langjökulsvegi. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 4 m.kr. Haldið var áfram endurbótum á Seljalandsvegi að skíðasvæði Ísfirðinga. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 27 m.kr. Á árinu var gerður samningur við Landsvirkjun um að nota Blöndustíflu sem hluta af nýjum landsvegi, Mælifellsdalsvegi (F756), frá Kjalvegi austur til Skagafjarðar. Jafnframt var leið, sem liggur frá Fossum í Svartárdal inn að Ströngukvísl, gerð að landsvegi. Unnið var við endurbætur á Mælifellsdalsvegi um Mælifellsdal, endurgerð vegslóða um Blöndustíflu að Vesturheiðarvegi alls 6,1 km og uppsetningu vegriðs á Blöndustíflu. Einnig var endurbyggð brú á Strönguvísl á Vesturheiðarvegi en hana tók af í vatnavöxtum í mars árið 2000. Brúin er 25 m stálbitabrú. Stöplar brúar voru hækkaðir um 2,5 m og einnig var vegtenging lagfærð á 300 m löngum

kafla samtals beggja megin brúar. Landsvirkjun greiddi hluta kostnaðar vegna þessarra aðgerða. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 12 m.kr. Fjárveitingu var varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 15 m.kr. Unnið var við endurbætur á Skaftafellsvegi að þjóðgarðinum í Skaftafelli og gerð varnargarða á Kollumúlavegi í Lóni til að varna því að Skyndidalsá lokaði leiðinni í Kollumúla. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu landsvega.

2.8. STYRKVEGIR

Fjárveiting var 54 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	1.300
Vegir yfir fjöll og heiðar	23.300
Annað	18.800
Geymt frá fyrra ári	-5.382
Óskipt	15.982
Samtals	54.000

2.9. REIÐVEGIR

Fjárveiting í vegáætlun var 39 m.kr. Af þeirri fjárhæð var 17,3 m.kr. varið til endurbóta á einstökum reiðleiðum en 21,7 m.kr. var skipt af Landssambandi hestamannafélaga.

			Fjárveiting 2000 í þús.kr.
1.	Hestamannafélagið	Kópur, V-Skaftafellssýslu	1.000
2.	"	Geysir, Rangárvallasýslu	500
3.	"	Sleipnir, Selfossi og nágr.	1.000
4.	"	Smári, Hreppum	3.000
5.	Hestamannafélögin á Höfuðborgarsvæðinu (sameiginl.)		5.000
6.	Hestamannafélagið	Snæfellingur, Snæfellsnesi	2.000
7.	"	Faxi, Borgarfirði	1.500
8.	"	Léttfeti, Sauðárkróki	220
9.	"	Léttfeti, Skr. og Stígandi Skagaf.	1.500
10.	"	Svaði, Skagafirði	2.000
11.	"	Léttir, Akureyri/Eyjafirði	3.000
12.	"	Grani, Húsavík	400
13.	"	Hornfirðingur, Hornafirði	600
		Samtals	21.720

Reiðvegur um Lyngdalsheiði	5.000
Reiðvegur ofan Borgarness (Sólbakki-Vindás)	2.500
Reiðvegur í Miðdölum	1.000
Ýmsar reiðleiðir á Vesturlandi	1.000
Reiðvegur, Gauksmýri-Vatnsnesv.	3.500
Reiðvegir á Vindheimamelum	500
Reiðvegir um Viðvíkursveit	1.500
Reiðvegur um Óslandshlíð í Skagafirði	1.300
Óráðstafað	980
Samtals	17.280

2.10. TILRAUNIR

Samkvæmt vegalögum er það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar. Árið 2001 nam fjárveitingin 101 m.kr. Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

Vegyfirborð
- Yfirborðsmerkingar, vatnsmálning
- Yfirborðsmerkingar, sprautumössun/endurskinsefni

Tæki og búnaður
- Slitmælingar á vegum
- Mælitækni til stýringar á þungatakmörkunum
- Samnorrænar tilraunir með endurskinsefni
- Prófanir á slitblöðum á snjóplóga og snjótennur
- Prófanir á mism. efnum og aðferðum til stikuþvotta
- Prófanir á Forsaga-malardreifara
- EE-hjólbarðanaglar
- Samanburður á gripi nýrra ónegldra vetrardekkja og harðkornadekkja

Brýr og steinsteypa
- Jarðskjálftasvörun Þjórsárbrúar í Suðurlandsskjálftunum 2000
- Jarðskjálftamælingar í brúm
- Notkun flotefna í brúarsteypu
- Endurbætt prófunaraðferð við mat á veðrunarþoli steinsteypu
- Tæring-tæringarvarnir

Vatnafar, snjór, jöklar og jökulhlaup
- Jökulsárlón: líkangerð af líklegri framvindu
- Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
- Könnun á snjóflóðum og snjóflóðahættu við þjóðvegi landsins
- Snjóflóðaviðvaranir með jarðskjálftamæli
- Rekstur vatnshæðarmæla
- Íssjármælingar á Kötlujökli
- Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
- Breytingar á farvegi Skeiðarár í hlaupinu í nóvember 1996
- Þróun Gjálpar, sigdældir og jarðhiti
- Þróun Grímsvatna, eldgos, jarðhiti og vatnssöfnun
- Setmyndun á sporði Skeiðarárjökuls
- Jökulhlaupaset í farvegi Jökulsár á Fjöllum

Snjóverkfræði - ROADEX Evrópuverkefni
Umferðaröryggi
Rannsóknarráð umferðaröryggismála (16 sjálfstæð rannsóknarverkefni)
Tengsl hönnunar vega við óhappa- og slysatíðni
Öryggi vega- og gatnamóta
Vetraröryggi á Hringvegi 1 milli Reykjavíkur og Hveragerðis
Samgöngu- og umferðarrannsóknir
Samanburður á arðsemisforritum
Verðmætismat á vegakerfinu
Einkaframkvæmd / einkafjármögnun
Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra. Þróun matsaðferða
Áhrif vegagerðar á ferðamennsku og útivist
Hermilíkan af umferðarkerfum
Samgöngulíkan fyrir Ísland
Flutningamagn á vegakerfinu
Umhverfismál
Mat á umhverfisáætlunum vegaáætlana
Þróun umhverfislöggjafar á Íslandi, Noregi, Bretlandi og hjá Evrópusambandinu
Votlendi og vegagerð, endurheimt votlendis
Byggingarúrgangur á Íslandi – gagnagrunnur og umhverfismál
Rannsóknarverkefni um umhverfisvöktun
Jarðtækni
Athugun á langtímasigi mýrarjarðvegs
Kennitölur mýrarjarðvegs
Ysjun setlaga í Suðurlandsskjálfta
Steinefni, burðarlög og slitlög
Steinefnabanki
Endurteknar mælingar á Bg-stuðli
Efnisrannsóknir á steinefnum
Samanburður á efniskröfum Norðurlandanna og CEN kröfum
Tölfræðileg greining á niðurbroti steinefna
Upplýsingar úr slitlagabanka Vegagerðarinnar
Skoðun á hegðun slitlaga, lagfærðum með Repave
Steypt slitlög
Slit á Vesturlandsvegi ofan Mosfellsbæjar
Hágæðamalbik
Álagspróf á vegi
Raka-, hita- og falllóðsmælingar á tilraunaköflum
Samanburður þríásaprófs og CBR-prófs á jarðvegi
Þróun námukerfis
Leiðbeiningar um vinnslu og frágang náma
Ýmis verkefni
Erlent rannsóknarsamstarf
Kynningarstarf
Orðanefnd byggingarverkfræðinga

Átaksverkefni, þar sem lögð hefur verið áhersla á rannsóknir á slitlögum, burðarlögum og steinefnum í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, lauk að mestu í árslok 2000. Við hefur tekið umfangsmikið samstarf á sviði

rannsókna umferðaröryggismála og mun Vegagerðin á næstu árum leggja um 1/5 hluta af tilraunafé sínu í þann málaflokk. Nýtt Rannsóknarráð umferðaröryggismála (RANNUM) var stofnað í desember 2000. Í ráðinu sitja fulltrúar þeirra aðila sem óska eftir að taka þátt í þessu samstarfi og leggja til þess fé eða faglega þekkingu. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði starfandi í fimm ár og að þeim tíma liðnum verði staða mála endurmetin. Hlutverk og markmið RANNUM er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys hér á landi, að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan og leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera rannsóknir þannig faglegri og markvissari. Meðal stofnfélaga er Vegagerðin, Rauði kross Íslands, Landspítali-háskólasjúkrahús, Umferðarráð og Ríkislögreglustjóri, ásamt fleiri aðilum.

2.11. TIL FLÓABÁTA OG SÉRLEYFA

Fjárveiting í vegáætlun til þessa liðar árið 2001 var 627 m.kr., þar af 518 m.kr. til flóabáta og 109 m.kr. til sérleyfa. Heildarútgjöld voru hins vegar rúmlega 750 m.kr. eða 123 m.kr. hærri en fjárveitingar. Heildarútgjöld vegna flóabáta voru 609,1 m.kr. eða 91,1 m.kr. hærri en fjárveitingar. Stærsti hluti kostnaðar umfram fjárveitingar er til kominn vegna yfirtöku á ferjufélögum. Frá árinu 2000 stóð eftir skuld að fjárhæð 18,9 m.kr., þannig að eftir stendur skuld til næsta árs að fjárhæð 110 m.kr. Styrkir til sérleyfishafa á árinu 2001 voru 141,1 m.kr. eða 32,2 m.kr. hærri en fjárveitingar. Umframkostnaður var vegna greiðslna fyrir fyrri ár og sameiningarmála. Mismunurinn er fenginn með innistæðu frá fyrri árum 36,7 m.kr., þannig að eftir standa 4,6 m.kr. afgangur sem verður geymdur til næsta árs.

Á árinu 2001 styrkti ríkið 19 sérleyfishafa til að halda uppi almenningssamgöngum á landi, sem tengja saman byggðarlög landsins og tengja þau við helstu flugvelli í landinu. Á árinu 2001 voru gerðir þjónustusamningar við 10 sérleyfishafa. Í september 2001 tóku gildi ný lög um fólksflutninga (nr. 73/2001), þar sem fram kemur að bjóða skuli út sérleyfisleiðir í síðasta lagi 1. ágúst 2005 en fram að þeim tíma skuli gera þjónustusamninga við sérleyfishafa.

Árið 2001 styrkti ríkið ferjurekstur á 6 ferjuleiðum en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Á árinu voru boðnar út 2 ferjuleiðir, þ.e. Grímseyjarferja og Hríseyjarferja og tóku samningar gildi í janúarbyrjun árið 2002. Nú hafa allar ferjuleiðir verið boðnar út nema ein en það er Mjóafjarðarferja.

Á árinu 2001 féll kostnaður á Vestmannaeyjaferju og Breiðafjarðarferju vegna yfirtöku ríkisins á Herjólfi hf. og Breiðafjarðarferjunni Baldur hf. en þessi félög voru lögð niður á árinu.

Kostnaður við Ísafjarðarferju er að hluta kostnaður vegna reksturs við ferjuna Fagranes, þ.e. hafnargjöld og eftirlit við skipið við bryggju. Fagranesið var selt á árinu og kemur söluandvirðið 4 m.kr. til lækkunar á útgjöldum.

Ríkið greiðir einnig afborganir og vexti af ferjulánum, sem tekin voru þegar skipin voru smíðuð eða keypt. Á árinu 2001 voru þessi lán vegna 4 ferja. Skuldir þessar voru upphaflega allar við ríkisábyrgðasjóð, þá nær allar í erlendri mynt og stór hluti með breytilegum Libor vöxtum. Um leið og ríkissjóður eignast skipin og yfirtekur áhvílandi skuldir eru lánin felld niður, en Vegagerðin greiðir áfram afborganir og vexti til ríkissjóðs. Í ríkisreikningi er hluti af þessum greiðslum Vegagerðarinnar til ríkissjóðs færðar sem lækkun á framlagi til hennar.

Ferjuleið	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur ...	174,0	82,4	71,1	327,5
Breiðafjarðarferja, Baldur	80,0	65,0	32,3	177,3
Ísafjarðardjúpsferja, Bliki*	11,8	6,5	10,9	29,2
Hríseyjarferja, Sævar	0,0	35,3	1,9	37,2
Hríseyjarferja, nýsmíði	0,0	0,0	0,8	0,8
Grímseyjarferja, Sæfari	5,1	23,7	0,7	29,5
Mjóafjarðarferja, Anný	0,0	5,2	0,0	5,2
Norðurfjarðarflutningar	0,0	0,0	0,6	0,6
Sameiginlegt	0,0	0,0	1,8	1,8
Samtals:	270,9	218,1	120,1	609,1

* Afborganir og vextir eru vegna m/s Fagraness.

2.12. STYRKIR TIL INNANLANDSFLUGS

Vegagerðinni var falin umsjón með styrktum leiðum í innanlandsflugi í maí árið 2001. Með fjáraukalögum 2001 var Vegagerðinni veitt 66 m.kr. til að standa skil á greiðslum sem eftir var að inna af hendi á árinu skv. samningum við flugrekstraraðila. Heildarútgjöld á árinu 2001 voru 60,5 m.kr. og er þá eftir að greiða út styrk vegna áætlunarflugsins á Höfn í Hornafirði. Styrktar áætlunarleiðir voru 8 á árinu 2001. Auk þess sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að styrkja leiðina Reykjavík-Höfn.

Eftirfarandi leiðir eru styrktar:

1. Reykjavík-Bíldudalur-Reykjavík, lágmark 6 ferðir á viku allt árið
2. Ísafjörður-Bíldudalur-Ísafjörður, lágmark 3 ferðir á viku, 1. des.-30. apríl
3. Reykjavík-Gjögur-Reykjavík, lágmark 2 ferðir á viku allt árið
4. Akureyri-Grímsey-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku allt árið
5. Akureyri-Vopnafjörður-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
6. Akureyri-Þórshöfn-Akureyri, lágmark 5 ferðir á viku allt árið
7. Akureyri-Egilsstaðir-Akureyri, lágmark 3 ferðir á viku, 1. okt. - 30. apríl
8. Akureyri-Ísafjörður-Akureyri, lágmark 4 ferðir á viku allt árið

Fylgiskjal 1

1. Stofnvegir

1.1. Almenn verkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
c3	um Hellu	33
d5	vestan Selfoss	22
30	Hrunamannavegur	
06-08	Flúðir - Biskupstungnabraut	17
	Reykjanesumdæmi	
47	Hvalfjarðarvegur	
04	lagfæringar	10
426	Bláalónsvegur	
01	Bláalónið - Grindavík	10
427	Ísólfsskálavegur	
04	Grindavík - Ísólfsskáli	51
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
02-03	Vatnshamraleið	10
54	Snæfellsnesvegur	
10	Bjarnafoss - Egilsskarð	61
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
43	Dýrafjörður, breikkun	10
61	Djúpvegur	
01	við Brú í Hrútafirði, lýsing	6
09	Kollafjörður	27
10	um Hvalvík, slysastaður	16
63	Bíldudalsvegur	
02	Miklidalur, breikkun	13
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
k8	um Gljúfurá	7
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá - Skagavegur	64
01-02	Þverá - Skagavegur - v/frestunar 2000	20

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
p4	Krossastaðir - Ólafsfjarðarvegur	67
845	Aðaldalsvegur	
01	Hringvegur - Lindahlíð	4
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
u0	Kleifarstekkur - Heydalir	25
92	Norðfjarðarvegur	
10	um Norðfjarðará	20
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	um Eyvindará	14
96	Suðurfjarðavegur	
07	um Selá	3
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
	lagfæringar á þjóðvegum	10
	Samtals:	520

1.2. Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
1	Hringvegur	
f2	gatnamót við Víkurveg	104
f2	gatnamót við Víkurveg v/frestunar 2000	200
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	rampi og skuld við Kópavog	50
41	Reykjanesbraut	
11	gatnamót við Breiðholtsbraut	568
11	gatnamót við Breiðholtsbraut v/frestunar 2000	190
14	í Hafnarfirði	209
49	Nesbraut	
04	færsla Hringbrautar	84
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur - Höfðabakki v/frestunar 2000	39
450	Sundabraut	
	undirbúningur	54
470	Fjarðarbraut	
02	um Ásbraut	8
	göngubrýr og undirgöng	56
	smærri verk og óráðstafað	54
	smærri verk og óráðstafað v/frestunar 2000	36
	Samtals:	1.652

1.3. Stórverkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Þjórsá	
1	Hringvegur	
c8	um Þjórsá	223
	Gilsfjörður	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	21
	Hvalfjarðartengingar	
	Hringvegur	
g1	Hvalfjarðartengingar	63
	Ísafjarðardjúp	
61	Djúpvegur	
25-26	Laufskálagil - Ísafjarðará	165
31	Gilseyri - Kleifaós	19
	Tenging, Norðurland - Austurland	
1	Hringvegur	
r4-r5	Austaribrekka - Jökulsá	148
s6-s7	Ármótasel - Skjöldólfsstaðir	40
	Hringvegur á Austurlandi	
	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur - Hrólfsstaðir	61
t9-u0	Ásunnarstaðir - Kleifarstekkur	60
x1	Smyrlabjargaá - Staðará	21
	Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur	
56	Vatnaheiði	149
56	Vatnaheiði v/frestunar 2000	20
	Barðastrandarvegur, Flókalundur - Patreksfjörður	
62	Barðastrandarvegur	
01	Vestfjarðavegur - Brjánslækur	27
04	Kleifaheiði	62
	Djúpvegur, Steingrímsfjarðarheiði og Fellabök	
61	Djúpvegur	
22-23	Staðardalur - Steingrímsfjarðarheiði	49
	Norðausturvegur, Húsavík - Þórshöfn	
85	Norðausturvegur	
06-09	Tjörnes	165
12	Skinnastaður - Austursandsvegur	65
24	Svalbarðsá v/frestunar 2000	20

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Norðausturvegur, Hringvegur - Vopnafjörður	
85	Norðausturvegur	
43-44	Brunahvammsháls - Hringvegur	68
	Suðurfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðarvegur	
01	Handarhald - Götuhjalli	10
11	Kambaskriður	73
11	Kambaskriður v/frestunar 2000	20
	Biskupstungnabraut	
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur - Laugarvatnsvegur	46
	Þjórsárdalsvegur	
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur - Ásólfsstaðir	10
	Djúpá, Hörgsá	
1	Hringvegur	
a2	um Djúpá og Laxá v/frestunar 2000	20
	Eyvindará	
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	um Eyvindará	31
	Hólmsá á Mýrum	
1	Hringvegur	
x0	Hólmsá á Mýrum	83
	Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - Keflavík	
41	Reykjanesbraut	
15-18	breikkun	67
	Breikkun brúa á Suðurlandi	
1	Hringvegur	
b2	Kerlingardalsá	48
b6	Skógá	10
c0	Þverá	10
	Breikkun brúa á Norðurlandi vestra	
1	Hringvegur	
k8	Gljúfurá	72
	Samgöngurannsóknir	**10**
	Samtals:	1.956

1.4. Viðbótarfé
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
b2	Kerlingardalsá	-46
b6	um Skógá	-10
c0	Þverá	80
	Reykjanesumdæmi	
42	Krýsuvíkurvegur (Suðurstrandarvegur)	40
	Vesturlandsumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
01-02	Brattabrekka	78
10	Gilsfjörður	3
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	2
25-34	Bjarkalundur - Flókalundur	50
61	Djúpvegur	
09	Kollafjörður	22
22-23	Staðardalur - Steingrímsfjarðarheiði	8
23	Sunndalsá - Þorskafjarðarvegur	-15
26	Laugaból - Ísafjarðará	-27
62	Barðastrandarvegur	
01	Vestfjarðavegur - Brjánslækur	-26
04	Kleifaheiði	90
04	Kleifaheiði v/frestunar 2000	20
	Norðurlandsumdæmi vestra	
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Skagastrandarvegur - Skagavegur	35
	Norðurlandsumdæmi eystra	
85	Norðausturvegur	
06-09	Tjörnes	104
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
u4	Búðaá - Skálaá	20
u4	Skálaklif - Hvannabrekka	30
u5	innan Lindarbrekku	7
u7	Valtýskambur - Sandbrekka	18
u9	Melrakkanes - Blábjörg	15
85	Norðausturvegur	
40	Deildarlækur - Teigur	22
	Samtals:	520

Frestun framkvæmda

Ákveðið var að fresta nýbyggingarframkvæmdum að upphæð 800 m.kr. til ársins 2002. Í fjáraukalögum fyrir árið 2001 var ákveðið að lækka þá upphæð í 700 m.kr. Frestunin kom fram á fjárveitingum til nýrra framkvæmda á stofnvegum, orku- og iðjuvegum á Austurlandi og sérstökum verkefnum samkvæmt eftirfarandi yfirliti.

(Fjárhæðir í m.kr.)

		Vegáætlun	Frestun	Til ráðstöfunar
2.5.1.	Stofnvegir			
2.5.1.2.	Höfuðborgarsvæðið	1.187	-180	1.007
2.5.1.3.	Stórverkefni	1.876	-200	1.676
2.5.1.7.	Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	300	-270	30
2.5.1.8.	Sérstök verkefni	200	-50	150
	Samtals	3.960	-700	3.260

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Suðurlandsumdæmi	
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Hrafntóftir - Ásvegur	17
26	Landvegur	
02	Holtsmúli - Fellsmúli	23
254	Hólmavegur	
01	Landeyjavegur - flugvöllur	22
275	Ásvegur	
01	Hringvegur - Ásmúli	5
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Önundarholtsvegur - Skipar	33
354	Sólheimavegur	
01	Biskupstungnabraut - Sólheimar	21
	Reykjanesumdæmi	
42	Krýsuvíkurvegur	
02	Vatnsskarð - Ísólfsskálavegur	13
48	Kjósarskarðsvegur	
01-11	Hvalfjarðarvegur - Þingvallavegur	23
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
02-03	Vatnshamraleið	60
574	Útnesvegur	
01	um Öxl	21
	Vestfjarðaumdæmi	
607	Reykhólasveitarvegur	
01	Seljanes - Barmar	31
624	Ingjaldssandsvegur	
01	Vestfjarðavegur - Núpur	19
	Norðurlandsumdæmi vestra	
722	Vatnsdalsvegur	
01	Gilsstaðir - Undirfell	32
733	Blöndudalsvegur	
01	um Blöndudalshóla	2
752	Skagafjarðarvegur	
03	Hverhólar - Jökulsá	18
754	Héraðsdalsvegur	
01	um Stapa	4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Norðurlandsumdæmi eystra	
87	Kísilvegur	
04	Grímsstaðaheiði - Hvammavegur	30
807	Skíðadalsvegur	
01	um Skíðadals- og Svarfaðardalsá	25
833	Illugastaðavegur	
01	Hringvegur - Nes	5
838	Fnjóskadalsvegur eystri	5
842	Bárðardalsvegur vestri	
01	við Hvarf og Hlíðskóga	4
	Austurlandsumdæmi	
97	Breiðdalsvíkurvegur	
01	Hringvegur - Breiðdalsvík	14
925	Hróarstunguvegur	
03	hjá Litla-Steinsvaði	5
931	Upphéraðsvegur	
01	Fellabær - Setberg	12
951	Vestdalseyrarvegur	
01	Stál - farfuglaheimili	8
02	um Vestdalseyri	7
954	Helgustaðavegur	
02	um Stóru-Breiðuvík	7
	Samtals:	466

3. Til brúargerðar

3.1. Brýr 10 m og lengri

(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
54	Snæfellsnesvegur	
04	Kaldá	31
05	Núpá	23
806	Svarfaðardalsvegur	
01	Svarfaðardalsá	47
807	Skíðadalsvegur	
01	Hofsá	20
92	Norðfjarðarvegur	
01	Norðfjarðará	71
1	Hringvegur	
x0	brýr á Hringvegi í Suðursveit	27
1	Hringvegur	
y0	Skeiðará og Súla, styrking	8
	Óráðstafað	15
	Samtals:	242

3.2. Smábrýr

(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
344	Hrunavegur	
01	Áslækur	5
252	Landeyjavegur	
04	Sigluvíkurskurður	3
460	Eyrarfjallsvegur	
01	Skorá	3
533	Álftaneshreppsvegur	
01	Urriðaá	3
625	Valþjófsdalsvegur	
02	Hjarðardalsá	2
702	Heggstaðanesvegur	
02	Svertingsstaðaá	4
85	Norðausturvegur	
13	Þverá	1
21	Hólsá	3
	Samtals:	24

4. Ferðamannaleiðir
(fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
	Suðurlandsumdæmi	
249	Þórsmerkurvegur	11
	Reykjanesumdæmi	
408	Heiðmerkurvegur	11
426	Bláalónsvegur	10
	Vesturlandsumdæmi	
508	Skorradalsvegur	
01	Fossamelar - Borgarfjarðarbraut	11
	Vestfjarðaumdæmi	
643	Strandavegur	
03-08	Drangsnesvegur - Norðurfjörður	11
	Norðurlandsumdæmi vestra	
717	Borgarvegur	2
F752	Skagafjarðarleið	3
F578	Arnarvatnsvegur	5
	Norðurlandsumdæmi eystra	
832	Vaðlaheiðarvegur	2
869	Langanesvegur	4
F894	Öskjuvatnsvegur og F88 Öskjuleið	5
	Austurlandsumdæmi	
939	Axarvegur	11
	Samtals:	86

5. Girðingar

Vegheiti	Fjárveiting 2001
Fjárveiting í Vegáætlun	48
Samtals:	48

6. Jarðgangaáætlun

Vegheiti	Fjárveiting 2001
Siglufj. - Ólafsfj. og Reyðarfj. - Fáskrúðsfj.	200
Samtals:	200

7. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi

Vegheiti	Fjárveiting 2001
Fljótsdalur	200
Reyðarfjörður	100
Samtals:	300

8. Sérstök verkefni

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 2001
41 14	Reykjanesbraut í Hafnarfirði	200
	Samtals:	200

Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2001

Suðurland

1 Hringvegur

a2 um Djúpá og Laxá í Fljótshverfi.
Umfang verks: Endurbygging einbreiðra brúa á Djúpá, Laxá og Brúará í Fljótshverfi, ásamt varnargörðum og nýbyggingu 4,04 km langs vegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 230 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	54
Vegáætlun 2000	65
Flutt af 1-a4, Hörgsá	20
Flutt af 1-b2, Kerlingardalsá	12
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	20
Samtals	171

Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið grjót á varnargarða og unnið efni til vegagerðar. Árið 2001 var lokið við að byggja brúna yfir Djúpá og tengja veg að henni að austanverðu. Einnig er bygging varnargarða við Djúpá að mestu lokið. Verklok eru áætluð sumarið 2002.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9
2001	98
Samtals	107

Verktaki: Grjótvinnsla, Hjarðanesbræður ehf., Hornafirði. Efnisvinnsla, Fossvélar ehf., Selfossi. Vega- og brúargerð, Framrás ehf., Vík og byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík.

a4 Hörgsá
Umfang verks: Nýbygging á 1,8 km löngum kafla og bygging 32 m langrar brúar í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Framleiðsla og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	42
Samtals	83

Verkframvinda: Á árinu 1999 voru steyptir niðurrekstrarstaurar fyrir brúna. Árið 2000 var brúin byggð og nýr 1,8 km langur vegarkafli að henni. Árið 2001 kom mikið sig fram í veginum og þurfti að endurbæta hann og þá um leið að setja nýja klæðingu á hluta kaflans.
Verktaki: Vega- og brúargerð, Framrás hf., Vík. Framleiðsla og niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	2
2000	56
2001	5
Samtals	63

Skýringar: Eftirstöðvar fjárveitingar voru fluttar á kafla 1-a2 um Djúpá og Laxá.

b2 Kerlingardalsá
Umfang verks: Breikkun á 64 m langri einbreiðri brú á Kerlingardalsá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 47 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	60
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	48
Viðbótarfé	-46
Samtals	62

Verkframvinda: Verk hófst síðla sumars árið 2000 og lauk að mestu á því ári. Smávægilegur frágangur var þó eftir sem lauk 2001.

Kostnaður:	m.kr.
2000	46
2001	2
Samtals	48

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitingar voru 12 m.kr. fluttar á kafla 1-a2 um Djúpá og Laxá og 2 m.kr. á kafla b6 um Skógá.

b3 um Vík
Umfang verks: Endurbætur á Hringveginum gegnum þéttbýlið í Vík

í Mýrdal til að bæta umferðaröryggi.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Götulýsing, samningur.
Kostnaðaráætlun: 22 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	21
Bráðabirgðalán 2001	4
Samtals	25

Verkframvinda: Verk hófst í maí og lauk að mestu í ágúst 2000.

Kostnaður:	m.kr.
2000	24
2001	1
Samtals	25

Verktaki: Ræktunarmiðstöðin sf., Hveragerði.

b6 Skógá
Umfang verks: Byggð var 30 m löng eftirspennt bitabrú í stað einbreiðrar brúar á Skógá.
Framkvæmdaform: Bygging brúar, útboð. Niðurrekstur, bráðabirgðatenging og rif gömlu brúarinnar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	45
Flutt af 1-b2, Kerlingardalsá	2
Samtals	47

Verkframvinda: Verk hófst síðla sumars 2000 og lauk brúargerð á því ári. Lokið var við tengingu brúarinnar og lagt bundið slitlag á veginn að brúnni 2001.

Kostnaður:	m.kr.
2000	37
2001	10
Samtals	47

Verktaki: Bygging brúa, Byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík í Mýrdal. Bráðabirgðatenging, niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

1-c0 Þverá
Umfang verks: Endurbygging einbreiðrar brúar á Þverá.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	80
Stórverkefni	10
Samtals	90

Verkframvinda: Á árinu 2001 voru framleiddir niðurrekstrarstaurar fyrir nýja brú.

Kostnaður:	m.kr.
2001	6

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

c3 um Hellu
Umfang verks: Endurbætur á Hringvegi gegnum þéttbýlið á Hellu.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	33

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað til 2002.

c8 um Þjórsá
Umfang verks: Endurbygging brúar á Þjórsá og færsla Hringvegar á um 4,6 km löngum kafla.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	223
Frestun framkvæmda	-200
Samtals	23

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað til 2002.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002 og 2003.

d5 vestan Selfoss
Umfang verks: Í 1. áfanga var endurbættur um 140 m langur kafli og gengið frá hringtorgi við gatnamót Hringvegar, Árbæjarvegar og Hrísmýrar ásamt veglýsingu. Í 2. áfanga voru vegamót Hringvegar og Biskupstungnabrautar stefnugreind og sett upp veglýsing.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 22 m.kr. 2. áfangi 13 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Almenn verkefni 22
Öryggisaðgerðir 2001 10
Fært af d3 2001 4
Samtals 36
Verkframvinda: 1. áfanga lauk á árinu 2000 og 2. áfanga á árinu 2001.
Verktaki: Verktækni ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2000 17
2001 19
Samtals 36

22 Dalavegur
01 Skildingavegur - Heiðavegur.
Umfang verks: Endurbygging á um 0,5 km löngum kafla Dalavegar í Vestmannaeyjum sem var að hluta til viðhald vegar, að hluta til nýbygging og að hluta verkefni Vestmannaeyjabæjar.
Framkvæmdaform: Útboð og samningar á vegum Vestmannaeyjabæjar.
Kostnaðaráætlun: 32 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2001 ... 15
Bráðabirgðalán 2001 16
Samtals 31
Verkframvinda: Verkið var framkvæmt á árinu 2001.
Verktaki: Einar og Guðjón sf., Vestmannaeyjum og Vestmannaeyjabær.
Kostnaður m.kr.
2001 31
Skýringar: Leitað verður eftir fjárveitingu til greiðslu bráðabirgðaláns við endurskoðun vegáætlunar.

25 Þykkvabæjarvegur
02 Hrafntóftir – Ásvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Tengivegir 17
Verkframvinda: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar.

26 Landvegur
02 Hagabraut – Galtalækur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,7 km löngum kafla milli Holtsmúla og Fellsmúla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 122 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri áfanga .... -55
Vegáætlun 1999 21
Vegáætlun 2000 21
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001
Tengivegir 23
Framlag Landsvirkjunar 2001 14
Bráðabirgðalán 2001 108
Samtals 134
Verkframvinda: Verkið var boðið út síðla árs 1999 en framkvæmdir hófust ekki fyrr en á árinu 2000 og lauk á árinu 2001.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Fylkir, Rangárvallasýslu.
Kostnaður: m.kr.
1999 4
2000 100
2001 30
Samtals 134
Skýringar: Skuld er vegna framkvæmda sem unnar voru á árunum 1995-1997. Kostnaður 1999 er vegna lagfæringar á vegamótum Landvegar og Þjórsárdalsvegar. Á árunum 2000 og 2001, er talin með kostnaði endurgreiðsla lána frá Holta- og Landssveit. Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur
06-08 Flúðir - Biskupstungnabraut
Umfang verks: Endurbygging á 7,3 km löngum kafla milli Flúða og Skipholts. Á verktímanum var ákveðið að lengja endurbygginguna um 0,8 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 88 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 31
Vegáætlun 2000 21
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001
Almenn verkefni 17

Bráðabirgðalán 2001 36
Samtals 107
Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999 og lauk verktaki verkinu 2000. Árið 2001 var greitt fyrir vinnu við frágang á köntum og malar og landbætur.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 22
2000 76
2001 9
Samtals 107
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2003 og 2004.

32 Þjórsárdalsvegur
02 Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Tengivegir 10
Verkframvinda: Fjárveiting var notuð til greiðslu skuldar.

33 Gaulverjabæjarvegur
01 Hringvegur-Hamarsvegur
Umfang verks: Endurbygging á 6,8 km löngum vegarkafla frá Súlholtsvegi að Félagslundi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 80 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Tengivegir 33
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í nóvember 2001 og á að ljúka í ágúst 2002.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2001 17
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

35 Biskupstungnabraut
07 Bræðratunguvegur - Laugarvatnsvegur
Umfang verks: Endurbygging á 7,2 km löngum kafla frá Heiði að Laugarvatnsvegi.
Kostnaðaráætlun: 109 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Skuld vegna fyrri áfanga .... -16
Vegáætlun 1999 54
Vegáætlun 2000 23
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 46
Bráðabirgðalán 2001 4
Samtals 111
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2000 og lauk 2001.
Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi.
Kostnaður: m.kr.
2000 22
2001 89
Samtals 111
Skýringar: Fjárveiting til Biskupstungnabrautar er í vegáætlun 2002 og 2003.

09 Laugarvatnsvegur-Gullfoss
Umfang verks: Endurbygging á 7,12 km löngum kafla frá Tungufljóti að Gullfossi.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 102 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2001 41
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 2001 og á að ljúka í júlí 2002.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
2001 41
Skýringar: Fjárveiting til Biskupstungnabrautar er í vegáætlun 2002 og 2003.

42 Krýsuvíkurvegur (Suðurstrandarvegur)
11-13 Sýslumörk – Þorlákshafnarvegur
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 13
Vegáætlun 2001
Viðbótarfé 40
Samtals 53
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2002-2004 til framkvæmda á Suðurstrandarvegi.

249 Þórsmerkurvegur
Umfang verks: Endurbygging á 3,24 km löngum kafla Þórsmerkurvegar ofan Markarvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	11
Samtals	21

Verkframvinda: Verkinu er lokið.
Verktaki: Tönnin ehf., Reykjavík.

Kostnaður	m.kr.
2001	6

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002 til áframhaldandi lagfæringa á Þórsmerkurvegi.

254 Hólmavegur
01 Landeyjavegur - flugvöllur
Umfang verksins: Bygging á 4,5 km löngum kafla milli Landeyjarvegar og Bakkaflugvallar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 44 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	22
Bráðabirgðalán 2001	15
Samtals	47

Verkframvinda: Uppbyggingu vegarkaflans lauk árið 2000 og var lagt á hann fyrra klæðingarlag. Síðara lagið var lagt vorið 2001.
Verktaki: SG vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	42
2001	6
Samtals	47

Skýringar: Fjárveiting er til Landeyjavegar árið 2004 og er fyrirhugað að greiða bráðabirgðalánið af henni.

275 Ásvegur
01 Hringvegur – Ásmúli
Umfang verks: Endurbygging á 2,6 km löngum kafla frá Hringvegi að Skammalæk.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	5
Framlag Ásahrepps 2000	3
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	5
Samtals	13

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og lauk í júní 1999. Fjárveiting 2001 var notuð til greiðslu skuldar.
Verktaki: Sandsalan ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1998	5
1999	8
Samtals	13

305 Villingaholtsvegur
01 Voli - Urriðafossvegur
Umfang verks: Bygging á 6,1 km löngum vegarkafla frá Vola að Kolsholti.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 63 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	31
Vegáætlun 2000	28
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2001	3
Samtals	63

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í september 1999 og lauk verkinu í júlí árið 2000 að undanteknum nokkrum frágangi.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	14
2000	47
2001	2
Samtals	63

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

334 Hrunavegur

01 um Áslæk.

Umfang verksins: Rifin var einbreið brú á Áslæk við Skyggni og sett stálræsi í staðinn. Einnig var vegurinn hækkaður verulega yfir ræsinu og hæðarlega bætt.

Framkvæmdaform: Samningur.

Kostnaðaráætlun: 9 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Smábrýr 2001	5
Bráðabirgðalán 2001	4
Samtals	9

Verkframvinda: Verkið var unnið í nóvember 2001.

Verktaki: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2001	9

354 Sólheimavegur

01 Biskupstungnabraut-Sólheimar

Umfang verks: Endurbygging á 3,1 km löngum kafla milli Biskupstungnabrautar og Stærri-Bæjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 49 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	23
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	21
Bráðabirgðalán 2001	2
Samtals	46

Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2000 og hófust framkvæmdir í nóvember. Uppbyggingu vegarkaflans er lokið og var lagt á hann bundið slitlag.

Verktaki: Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni.

Kostnaður:	m.kr.
2000	10
2001	36
Samtals	46

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003 og 2004.

2420 Skógavegur

01 Hringvegur – kennarabústaður

Umfang verks: Endurbygging á 1,21 km löngum kafla Skógavegar og hann lagður með bundnu slitlagi. Byggð var 12 m löng bitabrú í Kverná í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol.

Framkvæmdaform: Bygging brúar, útboð. Framleiðsla staura, niðurrekstur, framhjáhlaup og endurbygging vegar, samningur.

Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	7
Vegáætlun 2000	6
Viðhald brúa 2000	14
Samtals	27

Verkframvinda: Smíði Kvernár lauk 2000 en endurbyggingu vegarins í september 2001.

Verktaki: Bygging brúar, Byggingarfélagið Klakkur ehf., Vík. Undirbygging vegar, Ræktunarmiðstöðin sf., Hveragerði. Burðarlag og klæðing, Arnardalur sf., Reykjavík og Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Selfossi. Framleiðsla staura, niðurrekstur og framhjáhlaup, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2000	20
2001	8
Samtals	28

Reykjanes

1 Hringvegur

e1 lagfæringar

Umfang verks: Undirbúningur klifurreinar ofan við Litlu kaffistofuna. Breikkun skeringa á Hringvegi á tveimur stöðum ofan Sandskeiðs.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	37

Verkframvinda: Verk hófst í nóvember 2000 og var lokið við skeringar og fyllingar. Verkinu lauk í júlí 2001.

Verktaki: Ísar ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	21
2001	3
Samtals	24

41 Reykjanesbraut

Í vegáætlun fyrir 2000 - 2004 er gert ráð fyrir fjárveitingum til breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Fjárveitingu til breikkunar Reykjanesbrautar er ekki skipt á einstök verkefni. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur.

15 breikkun

Umfang verks: Gerð stefnugreindra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Bikhellu í Hafnarfirði.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	30

Verkframvinda: Verkið var boðið út í október 2000, lauk á árinu 2001.

Verktaki: J.V.J. ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	30

Skýringar: Fjárveitingu til breikkunar Reykjanesbrautar er ekki skipt á einstök verkefni og er hluti fjárveitingar talinn til þessa kafla.

15-18 breikkun

Umfang verks: Verkið er framhald fyrri framkvæmda til að bæta umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Axlir á Reykjanesbraut breikkaðar og klæddar bundnu slitlagi á 14 km löngum kafla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1. áfangi 60 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Flutt á Garðskagaveg	-7
Vegáætlun 1999	21
Vegáætlun 2000	22
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 201	
Stórverkefni	37
Samtals	75

Verkframvinda: 1. áfangi var boðinn út í september 1999 og lauk haustið 2000.

Verktaki: 1. áfangi Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	71

Skýringar: Greidd var 7 m.kr. skuld vegna uppgjörs á Garðskagavegi frá árinu 1998. Fjárveitingu til breikkunar Reykjanesbrautar er ekki skipt á einstök verkefni og er hluti fjárveitingar talinn til þessa kafla. Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

42 Krýsuvíkurvegur

03 Ísólfsskálavegur – Arnarfell

Umfang verks: Endurbygging á 1,9 km löngum kafla með bundnu slitlagi frá slitlagsenda við Grænavatn í Krýsuvík að slitlagsenda við Arnarfell hið mikla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	2
Vegáætlun 1999	26
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	13
Samtals	42

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 1999. Verki lauk að mestu í nóvember 2000, en lokafrágangi á árinu 2001.

Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	34
2001	5
Samtals	39

47 Hvalfjarðarvegur

lagfæringar

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	10

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

48 Kjósarskarðsvegur
01 - 11 Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur
Umfang verks: Endurbætur á 5,7 km löngum kafla milli Hvalfjarðarvegar og Reynivalla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 85 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	29
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	23
Samtals	52

Verkframvinda: Verkið var boðið út í ágúst 2001 og eru verklok áætluð síðsumars 2002.

Kostnaður:	m.kr.
2001	34

Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.
Skýringar: Af eftirstöðvum voru 9 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar á Meðalfellsvegi frá árinu 2000. Fjárveiting er í vegáætlun 2002 og 2003.

426 Bláalónsvegur
Umfang verks: Nýbygging Bláalónsvegar á 5 km kafla frá heimkeyrslu að Bláalóni og að Nesvegi við Grindavík.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga	-11
Vegáætlun 1999	22
Vegáætlun 2000	10
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	10
Ferðamannaleiðir	10
Bráðabirgðalán 2001	2
Samtals	44

Verkframvinda: Verkinu er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanga lauk í október 2000 en í honum fólst að að ganga frá fyllingum og neðra burðarlagi ásamt ræsum. Seinni áfanga var áætlað að lyki 2001, en áður en til þess kom lýsti verktaki sig gjaldþrota. Verkið var boðið út aftur, en einungis bárust tvö tilboð og reyndust þau óhagstæð og var framkvæmdum við síðari áfangann því frestað.
Verktaki: Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	40
2001	4
Samtals	44

Skýringar: Kostnaður á árinu 2001 er vegna lokauppgjörs við verktaka. Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

427 Ísólfsskálavegur
04 Grindavík - Ísólfsskáli

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	51

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

Þingvallahátíð
vegir á Þingvallasvæði
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar var um að ræða gerð vega, bílastæða og göngustíga á Þingvöllum og gerð reiðvegar með Þingvallavegi. Hins vegar voru mannvirki vegna gönguleiða, þ.e. göngubrýr, tröppur og pallar úr timbri og stáli. Stór hluti mannvirkja var fjarlægður að hátíð lokinni.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Þingvallanefnd 1998	4
Þingvallanefnd 1999	66
Þingvallanefnd 2000	20
Lagt til af viðhaldsfé 2000	25
Fjáraukalög 2000	2
Lagt til af viðhaldsfé 2001	30
Bráðabirgðalán 2001	7
Samtals	154

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og verklok voru 15. júlí 2000.
Verktaki: Völur hf., Reykjavík og GR verktakar, Garðabæ.

Kostnaður: m.kr.
1998 7
1999 68
2000 107
2001 ..... -28
Samtals 154
Skýringar: Fjárveitingar eru utan vegáætlunar. Verkið varð dýrara vegna aukningar í stígagerð og timburmannvirkjum auk annarra framkvæmda sem ekki var séð fyrir. Á árinu 2001 var bakfært álag á framkvæmdir á árunum 1998-2000.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

Í vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir fjárveitingum til gatnamóta og breikkunar Hringvegar milli Nesbrautar og Mosfellsbæjar. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum verkefnum á þeirri leið.

f2 Nesbraut – Víkurvegur
Umfang verks: Tveggja akreina vegur breikkaður í fjögurra akreina veg. Gerð undirgöng undir Hringveg fyrir götu sem tengir nýja byggð í Grafarholti við Stórhöfða. Í göngunum eru þrjár aðskildar brautir; bílvegur, reiðvegur og göngustígur.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 267 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Flutt af Nesbraut 1999 119
Vegáætlun 1999 57
Vegáætlun 2000 96
Fjáraukalög 2000 3
Flutt af gatnamótum við Nesbraut 13
Samtals 288
Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk sumarið 2000.
Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 213
2000 75
Samtals 288
Skýringar: Af eftirstöðvum fjárveitingar til mislægra gatnamóta Nesbrautar (Miklubrautar) og Skeiðarvogs voru 119 m.kr. fluttar á þetta verk 1999. Hluti fjárveitingar til gatnamóta Nesbrautar og Hringvegar frá 1999 var flutt á þetta verkefni.

f2 gatnamót við Víkurveg
Umfang verks: Verkið felst í að byggja fyrri brú yfir Hringveg, leggja Víkurveg að og frá brúnni með hringtorgi, ljósagatnamótum og tilheyrandi römpum, byggja stoðveggi og undirgöng undir rampa, gera settjörn við Víkurveg, færa lagnir Orkuveitu Reykjavíkur og leggja vatnslögn í rampa.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 255 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 20
Flutt af gatnamótum við Nesbraut 12
Vegáætlun 2001 Höfuðborgarsvæðið 304
Frestun framkvæmda ..... -100
Samtals 236
Verkframvinda: Verkið var boðið út 2001 og verklok áætluð í júlí 2002.
Verktaki: Jarðvélar sf., Reykjavík með jarðvinnu og Sveinbjörn Sigurðsson ehf., Reykjavík með brú.
Kostnaður: m.kr.
2001 219
Skýringar: Hluti fjárveitingar til gatnamótar Nesbrautar og Hringvegar frá 1999 var flutt á þetta verkefni. Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg.

f3 gatnamót við Skarhólabraut
Umfang verks: Gerð hringtorgs á mótum Hringvegar og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 67 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 2001 ... 10
Verkframvinda: Haustið 2001 var boðinn út fyrri áfangi verksins og á

honum að ljúka vorið 2002.
Verktaki: Arnarverk ehf., Kópavogi.
Kostnaður: m.kr.
2001 11
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

f3 í Mosfellsbæ
Umfang verks: Á árunum 1997-8 var lagður nýr 2 km langur kafli Hringvegar í Mosfellsbæ, ásamt aðliggjandi vegum og vegamótum. Byggð voru tvö hringtorg, undirgöng og göngubrú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Óráðstafað 39
Vegáætlun 1996 29
Vegáætlun 1998 210
Vegáætlun 1999 35
Vegáætlun 2000 42
Bráðabirgðalán 2001 50
Samtals 405
Verkframvinda: Verk hófst 1997 og var vegurinn opnaður 1998. Á árinu 2001 var lagt efra lag malbiks og axlir malbikaðar.
Verktaki: Vegagerð Völur hf., Reykjavík. Efra lag malbiks Loftorka Reykjavík ehf.
Kostnaður: m.kr.
1997 54
1998 277
1999 11
2000 5
2001 58
Samtals 405
Skýringar: Verkið varð dýrara vegna mun meiri jarðvegsskipta en áætlað var. Kostnaður á árinu 1999 er vegna veglýsingar og frágangs. Af óráðstöfuðum fjárveitingum til höfuðborgarsvæðisins 1997-1999 var 39 m.kr. ráðstafað til þessa verkefnis og 35 m.kr. af fjárveitingu til göngubrúa og undirganga á höfuðborgarsvæðinu 1999. Kostnaður á árinu 2000 er vegna undirbúnings lagningar á efra malbikslagi. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

40 Hafnarfjarðarvegur
02 rampi og skuld við Kópavog
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Höfuðborgarsvæðið 50
Kostnaður: m.kr.
2001 9
Skýringar: Á árinu 2001 var greidd skuld við Kópavogsbæ vegna hringtorgs við gatnamót rampans af Hafnarfjarðarvegi og Hamraborgar.

41 Reykjanesbraut
Í vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir fjárveitingum til gatnamóta og breikkunar Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins. Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Reykjanesbrautar innan höfuðborgarsvæðisins.

11 gatnamót við Breiðholtsbraut
Umfang verks: 1. áfangi. Á árinu 2000 var gerð bráðabirgðatenging Breiðholtsbrautar við Reykjanesbraut vegna 2. áfanga, þ.e. mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar, Nýbýlavegar og Reykjanesbrautar sem kom til framkvæmda 2001. Um er að ræða gerð mislægra gatnamóta á mótum Breiðholtsbrautar og Reykjanesbrautar með gerð brúar yfir Reykjanesbraut, gerð brúar á Breiðholtsbraut yfir Álfabakka, gerð undirganga fyrir gangandi umferð undir Dalveg, Nýbýlaveg og Breiðholtsbraut ásamt tilheyrandi vegagerð, stígagerð og landmótun..
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi 58 m.kr.
2. áfangi 990 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 21
Vegáætlun 2001
Höfuðborgarsvæðið 758
Bráðabirgðalán 2001 334
Samtals 1.113
Verkframvinda: 1. áfangi bráðabirgðatengingar var boðinn út í ágúst 2000 og verklok febrúar 2001. 2. áfangi var

boðinn út í desember 2000 og voru gatnamótin opnuð formlega 8. október. Verklok eru áætluð júlí 2002.
Verktaki: Bráðabirgðatengingar, Háfell ehf., Reykjavík. Mislæg gatnamót, Ístak hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	40
2001	1.073
Samtals	1.113

Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2002. Verkið er unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Óuppgerð er kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur.

12 Breiðholtsbraut - Fífuhvammsvegur
Umfang verks: Verkið er framhald tveggja verkáfanga sem unnir voru á árunum 1997 og 1998. Á árinu 1999 var vegurinn breikkaður í fjórar akreinar á um 1,7 km löngum kafla og byggð önnur brú yfir Fífuhvammsveg. Í veginn voru sett tvenn undirgöng fyrir gangandi umferð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 255 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Innistæða fyrri verkáfanga	53
Eftirstöðvar frá kafla 01	15
Vegáætlun 1999	93
Vegáætlun 2000	116
Fjáraukalög 2000	4
Samtals	281

Verkframvinda: Verk hófst 1999 og lauk á árinu 2000. Kostnaður á árinu 2001 er vegna lokauppgjörs við verktaka.
Verktaki: JVJ hf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
1999	203
2000	68
2001	5
Samtals	276

Skýringar: Eftirstöðvar, 15 m.kr., frá Reykjanesbraut (41), um Ánanaust voru fluttar á þennan kafla á árinu 1999.

14 í Hafnarfirði

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	209
Sérverkefni	200
Frestun framkvæmda	-50
Samtals	359

Kostnaður:	m.kr.
2001	38

Skýringar: Kostnaður á árinu 2001 er vegna uppkaupa á fasteignum á vegsvæði.

49 Nesbraut
Á vegáætlun fyrir 2000-2004 er gert ráð fyrir fjárveitingum til gatnamóta og breikkunar Nesbrautar (Miklabraut og Hringbraut í Reykjavík). Hér að neðan verður gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla Nesbrautar.

03 Grensásvegur – Kringlumýrarbraut, breikkun
Umfang verks: Verkið var boðið út í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða breikkun syðri akbrautar Miklubrautar um eina akrein frá Háaleitisbraut að Grensásvegi á 0,5 km löngum kafla. Hins vegar er að breikka syðri akbraut Miklubrautar um eina akrein frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut á 0,7 km kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	54
Bráðabirgðalán 2001	10
Samtals	64

Verkframvinda: Verk hófst í september 2000 og lauk í desember 2000 að undanskildum frágangi utan akbrauta sem lauk í ágúst 2001.
Verktaki: Frá Kringlumýrarbraut að Háaleitisbraut, Bragi Vignir Jónsson ehf., Bessastaðahreppi. Frá Háaleitisbraut að Grensásvegi, Arnarverk ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	64

Skýringar: Verkið er unnið á vegum Reykjavíkurborgar. Ófrágengið er uppgjör við Reykjavíkurborg og verður hluti kostnaðar færður 2002.

04 færsla Hringbrautar

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	84
Frestun framkvæmda	-30
Samtals	54

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

408 Heiðmerkurvegur

01 um Vífilsstaðahlíð

Umfang verks: Um er að ræða endurbætur á 3 km kafla Heiðmerkurvegar og felst aðallega í styrkingu og lagningu.

Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	15
Vegáætlun 2000	22
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	11
Samtals	49

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2000. Kostnaður á árinu 2001 er vegna lokauppgjörs við verktaka.

Verktaki: Bergbrot ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	39
2001	2
Samtals	41

Skýringar: Fjárveiting er af ferðamannaleiðum í vegáætlun 2002-2004.

411 Arnarnesvegur

03 Hafnarfjarðarvegur – Bæjarbraut

Umfang verks: Uppsetning umferðarljósa á mótum Arnarnesvegar og Hafnarfjarðarvegar og á mótum Arnarnesvegar og Bæjarbrautar.

Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2001	24

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.

Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	24

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2004.

431 Hafravatnsvegur

01 Sólheimar - Úlfarsfellsvegur

Umfang verks: Lagning 3,2 km vegarkafla með bundnu slitlagi frá Hofmannaflöt að vegamótum við Nesjavallaveg við Dalland.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 81 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	21
Vegáætlun 2000	54
Fjáraukalög 2000	2
Bráðabirgðalán 2001	25
Samtals	102

Verkframvinda: Verkið var boðið út síðari hluta árs 1999 og lauk á árinu 2000. Kostnaður á árinu 2001 er vegna lokauppgjörs við verktaka.

Verktaki: Háfell ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	4
2000	96
2001	2
Samtals	102

432 Hallsvegur

01 Fjallkonuvegur - Víkurvegur

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	39
Samtals	80

Skýringar: Framkvæmdum var frestað til ársins 2002 þar sem úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum voru kærðir.

450 Sundabraut

Sundabraut , undirbúningur

Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að rannsóknum og forhönnun á mismunandi leiðum yfir

Kleppsvík og undirbúningi umhverfismats í samvinnu við Reykjavíkurborg. Aðalráðgjafi er Línuhönnun hf.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	20
Vegáætlun 1999	41
Vegáætlun 2000	41
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	54
Samtals	156

Verkframvinda: Á árinu 2001 var unnið að undirbúningi mats á umhverfisáhrifum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	39
1999	17
2000	46
2001	6
Samtals	108

Skýringar: Fjárveitingar til undirbúnings Sundabrautar eru í vegáætlun 2002-2004.

Göngubrýr og undirgöng

Umfang verks: Á undanförnum árum hefur verið unnið að byggingu göngubrúa og undirganga til að auðvelda gangandi og hjólandi umferð yfir stofnvegi innan höfuðborgarsvæðisins. Verkin hafa verið unnin í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög, sem hafa kostað gerð aðliggjandi göngustíga. Á árinu 2001 var engin göngubrú boðin út. Á árinu 1998 var byggð göngubrú yfir Hafnarfjarðarveg (Kringlumýrarbraut) við Sóltún í Reykjavík í samvinnu við Reykjavíkurborg, sem kom til greiðslu 2001 auk lokauppgjörs vegna göngubrúar við Grundargerði, en því verki lauk haustið 2000.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	59
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	56
Frestun framkvæmda	-20
Samtals	95

Kostnaður:	m.kr.
2001	
Grundargerði	24
Sóltún	46
Samtals	70

Skýringar: Fjárveitingar eru til byggingar göngubrúa og undirganga í vegáætlun 2002-2004.

470 Fjarðarbraut

02 um Ásbraut

Umfang verks: Í verkinu felst að gera nýtt hringtorg á gatnamótum Strandgötu og Fornubúða í Hafnarfirði ásamt gerð gangstíga, gróðurbeða og öðrum umhverfisfrágangi í og við torgið.
Kostnaðaráætlun: 24 m.kr.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	11
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	8
Bráðabirgðalán 2001	14
Samtals	33

Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu á árinu 2001.
Verktaki: JVJ ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	33

Skýringar: Óuppgerð er hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í verkinu.

Smærri verk og óráðstafað

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	16
Vegáætlun 2001	
Höfuðborgarsvæðið	90
Frestun framkvæmda	-30
Samtals	76

Skýringar: Framkvæmdum var frestað.

Vesturland

1 Hringvegur

g0 göng - Akrafjallsvegur
Umfang verks: Á árunum 1997-1998 var byggður nýr Hringvegur frá Hvalfjarðarvegi að sunnan að Hval-

fjarðargöngum og frá Hvalfjarðargöngum að norðan að Hvalfjarðarvegi ásamt nýjum Akrafjallsvegi að Akranesvegi. Á árunum 1996-1997 var unnið að endurbótum á Innrahólmsvegi og Innnesvegi. Fjárveitingar eru notaðar til greiðslu lána og endrurbóta.

Fjármögnun:	m.kr.
Fjáraukalög 1997	10
Spölur ehf. (lán)	411
Lán ríkissjóðs	280
Vegáætlun 1999	82
Vegáætlun 2000	75
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	63
Samtals	921

Verkframvinda: Verk hófst 1996 og var vegurinn opnaður fyrir umferð sumarið 1998. Á árunum 1999 - 2000 var unnið að lagfæringum á vegamótum norðan Hvalfjarðar. Á árinu 2001 var unnið að gerð reiðvegar frá Grafargili og að Fellsendavegi og gert við missig á vegfyllingu á Akrafjallsvegi.

Kostnaður:	m.kr.
1996	148
1997	426
1998	287
1999	17
2000	17
2001	19
Samtals	914

Skýringar: Vegtengingar Hvalfjarðarganga eru fjármagnaðar af lánum Spalar ehf., sem endurgreiðast af veggjaldi og af láni sem ríkissjóður tók 1998. Á árinu 2001 voru endurgreiddar 40 m.kr. af láni ríkissjóðs og 14 m.kr. voru arðgreiðslur til hluthafa Spalar. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2002-2004 og á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar til endurgreiðslu lána ríkissjóðs.

h1 Laxfoss – Vestfjarðavegur
Umfang verks: Endurlagningu Hringvegar á 0,7 km kafla frá Bifröst að Hreðavatnsskála.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2001	12

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2001.
Verktaki: Vörubílstjórafélagið Mjölnir, Árnessýslu.

Kostnaður:	m.kr.
2001	12

Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2004.

50 Borgarfjarðarbraut
02-03 Andakílsá - Kleppjárnsreykir
Umfang verks: Endurbygging á 9,2 km löngum kafla frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum og 68 m langri brú á Flókadalsá. Bygging á 7,9 km löngum nýjum vegi frá Andakílsá að Hesti og endurbygging á 3,5 km löngum kafla frá Hesti að Hnakkatjarnarlæk ásamt byggingu á 88 m langri brú á Grímsá.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Smíði stálbita í Flókadalsá og Grímsá, útboð. Bygging brúa, samningur.
Kostnaðaráætlun: 485 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1996	39
Vegáætlun 1997	30
Vegáætlun 1998	100
Vegáætlun 1999	69
Vegáætlun 2000	86
Fjáraukalög 2000	3
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	10
Tengivegir	60
Bráðabirgðalán 2001	120
Samtals	517

Verkframvinda: Framkvæmdir við kaflann frá Hnakkatjarnarlæk að Kleppjárnsreykjum hófust síðla árs 1998 og var lagt á hann neðra lag klæðingar haustið 1999. Einnig var lokið við byggingu brúar yfir Flókadalsá sumarið 1999. Lokið var við lögn efra lags klæðingar á þann kafla á árinu 2000. Haustið 1999 hófust

framkvæmdir við kaflann milli Andakílsár og Hnakkatjarnarlækjar og við undirstöður brúar yfir Grímsá. Haustið 2000 var lokið við byggingu brúar á Grímsá og lögn klæðingar á kaflann frá Hesti og að Hnakkatjarnarlæk. Á árinu 2001 var lokið við byggingu vegar frá Hesti og að Andakílsá ásamt 3,2 km kafla á Skorradalsvegi. Verkinu er lokið nema eftir er að ljúka frágangi reiðvegar.
Verktaki: Vegagerð Hnakkatjarnarlækur -Kleppjárnsreykir, LG vöruflutningar ehf., Borgarnesi. Vegagerð Andakílsá - Hnakkatjarnarlækur, Ingileifur Jónsson ehf., Svínavatni. Stálsmíði brúa yfir Flókadalsá og Grímsá, Formaco ehf., Reykjavík. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1996	3
1997	3
1998	9
1999	167
2000	205
2001	130
Samtals	517

Skýringar: Framkvæmdum var frestað 1996 og 1997 vegna ágreinings um vegstæði. Kostnaður þau ár er vegna hönnunar á svonefndri sáttaleið. Fjárveitingar eru í vegáætlun 2002-2003.

54 Snæfellsnesvegur

02 Langá
Umfang verks: Breikkun á einbreiðri brú á Langá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 37 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Til brúagerða	37

Verkframvinda: Verkið var boðið út í september 2000 og framkvæmdir hófust í nóvember sama ár. Verkinu lauk í maí 2001.
Verktaki: Sólfell ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3
2001	31
Samtals	34

04 Kaldá
Umfang verks: Stálplöturæsi sett í stað einbreiðrar brúar á Kaldá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Til brúagerða	31

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í september. Áætluð verklok eru í júní 2002.
Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	17

Skýringar: Verkin um Kaldá og Núpá voru boðin út sameiginlega.

05 Núpá
Umfang verks: Stálplöturæsi sett í stað einbreiðrar brúar á Núpá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Til brúagerða	23

Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í september. Áætluð verklok eru í júní 2002.
Verktaki: Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	17

Skýringar: Verkin um Kaldá og Núpá voru boðin út sameiginlega.

10 Bjarnarfoss - Egilsskarð
Umfang verks: Endurbygging á Snæfellsnesvegi á 3,4 km kafla frá Bjarnarfossi að Egilsskarði ásamt endurbyggingu 8,1 km kafla á Útnesvegi frá nýjum vegamótum Snæfellsnesvegar við Fróðárheiði að Kambsgili.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 203 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Skuld frá fyrri áfanga ..... -6
Vegáætlun 1999 10
Vegáætlun 2000 98
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001
Almenn verkefni 61
Tengivegir 21
Flutt af 574-01 27
Bráðabirgðalán 2001 13
Samtals 226
Verkframvinda: Verkið hófst í desember 1999 og var því lokið í september 2001.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.
Kostnaður: m.kr.
1999 15
2000 86
2001 125
Samtals 226
Skýringar: Endurbygging Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar við Fróðárheiði var boðin út sameiginlega þar sem nokkur tilfærsla verður á vegunum þar sem þeir koma saman og nauðsynlegt var að verkin væru unnin samtímis. Því er fjárveiting í vegáætlun til Útnesvegar talin með þessu verkefni. Innistæða.
Hluti fjárveitinga frá 1994 og 1995 sem voru til Útnesvegar um Klifhraun eru fluttar til þessarar framkvæmdar þar sem ekki hefur verið hægt að nýta þær vegna ákvörðunar umhverfisráðherra um endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er í vegáætlun 2004 til Útnesvegar um Kamb og um Klifhraun.

14 Kolgrafarfjörður
Fjármögnun: m.kr.
Bráðabirgðalán 2001 10
Verkframvinda: Unnið hefur verið að rannsóknum á væntanlegu brúarstæði. Kostnaður er vegna gerðar fyllingar út í fjörðinn til að koma að tækjum til rannsókna.
Kostnaður: m.kr.
2001 10
Skýringar: Kostnaður 2001 er vegna undirbúningsrannsókna í Kolgrafarfirði. Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

56 Vatnaheiði
Umfang verks: Bygging 16,3 km langs vegar um Vatnaheiði frá Snæfellsnesvegi við Vegamót og að Snæfellsnesvegi í Helgafellssveit. Vegurinn leysir af hólmi veg um Kerlingarskarð.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 320 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 10
Vegáætlun 2000 137
Fjáraukalög 2000 3
Flutt af Búlandshöfða 25
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 169
Bráðbirgðalán 2001 7
Samtals 351
Verkframvinda: Verkið var boðið út í apríl 2000 og hófust framkvæmdir í júní sama ár. Verkinu lauk að mestu í nóvember 2001 en lokafrágangur er eftir.
Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.
Kostnaður: m.kr.
1998 4
1999 6
2000 157
2001 184
Samtals 351
Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2002.

60 Vestfjarðavegur
01-02 um Bröttubrekku
Umfang verks: Fyrsti áfangi verksins var endurbygging á 5,6 km löngum vegi frá Brúnkollugili ofan Suðurár að Breiðabólstað og var hann boðinn út 1999. Í lok árs 2000 var boðinn út 11,3 km langur kafli frá Hringvegi og yfir Bröttubrekku.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 90 m.kr.
2. áfangi: 436 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 56
Vegáætlun 2000 56
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001
Viðbótarfé 78
Samtals 192
Verkframvinda: Framkvæmdir við 1. áfanga hófust haustið 1999 og lauk í september 2000. Framkvæmdir við 2. áfanga hófust snemma árs 2001 og er áætlað að þeim ljúki haustið 2003.
Verktaki: 1. áfanga, Tak ehf., Borgarnesi.
Verktaki: 2. áfanga, Arnarfell ehf., Akureyri.
Kostnaður: m.kr.
1999 13
2000 78
2001 58
Samtals 149
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2002-2004 til Vestfjarðavegar um Bröttubrekku.

508 Skorradalsvegur
01 Fossamelar - Dragavegur
Umfang verks: Endurbygging á 2,8 km kafla Skorradalsvegar frá Fossamelum og að Dragavegi (áður Borgarfjarðarbraut).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 45 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Ferðamannaleiðir 11
Bráðabirgðalán 2001 5
Samtals 16
Verkframvinda: Verkið var boðið út í maí 2001. Áætluð verklok eru haustið 2002.
Verktaki: Vöruflutningar Leifs Guðjónssonar ehf., Borgarnesi.
Kostnaður: m.kr.
2001 16
Skýringar: Fjárveitingar eru í vegáætlun 2002 og 2003.

533 Álftaneshreppsvegur
01 Urriðaá
Umfang verks: Stálplöturæsi, hálfbogaræsi á steyptri undirstöðu, sett í stað einbreiðrar brúar á Urriðaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 16 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Viðhald brúa 2000 4
Viðhald brúa 2001 4
Viðhald vega 2001 5
Vegáætlun 2001
Smábrýr 3
Samtals 16
Verkframvinda: Verkið var boðið út í júlí 2001 og framkvæmdir hófust í nóvember. Áætluð framlengd verklok eru í júní 2002.
Verktaki: Oddur Magnússon, Grundarfirði og Borgarverk ehf., Borgarnesi.
Kostnaður: m.kr.
2001 2

574 Útnesvegur
01-02 Snæfellsnesvegur - Hellnar
Umfang verks: Á árunum 1996 og 1997 var endurbyggður 2,0 km langur kafli frá Stóra-Kambi að Gröf og lagt á hann bundið slitlag 1998. Árið 1999 var boðin út endurbygging á 1,6 km löngum kafla milli Arnarstapa og Hellnavegar ásamt 2,2 km kafla á Hellnavegi.
Á árinu 2000 var tekin ákvörðun um að endurbyggja 3,4 km viðbótarkafla á Útnesvegi frá Hellnavegi og að mörkum þjóðgarðs við Háahraun.
Framkvæmdaform: Útboð og viðbótarsamningur
Kostnaðaráætlun: útboð 1999, 30 m.kr.
Kostnaðaráætlun: viðbótarverk, 28 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 4
Vegáætlun 1999 20
Vegáætlun 2000 31

Fjáraukalög 2000 1
Bráðbirgðalán 2001 22
Samtals 78
Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 1999. Framkvæmdir hófust á vordögum 2000. Verkinu ásamt viðbótarverki var lokið haustið 2001.
Verktaki: Stafnafell ehf.

Kostnaður:	m.kr.
1996	5
1997	5
1998	10
2000	39
2001	19
Samtals	78

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

10 og 21 Gilsfjörður
Umfang verks: Nýbygging á 9,2 km löngum vegi yfir Gilsfjörð og 65 m langri brú í norðanverðum firðinum.
Framkvæmdaform: Útboð.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1993	16
Vegáætlun 1994	27
Vegáætlun 1995	65
Vegáætlun 1996	124
Vegáætlun 1997	181
Vegáætlun 1998	394
Vegáætlun 1999	76
Vegáætlun 2000	30
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	21
Viðbótarfé	5
Bráðabirgðalán 2001	37
Samtals	976

Verkframvinda: Verk hófst í febrúar 1996 og voru verklok áætluð í júlí 1999. Lögn slitlags á veginn lauk 20. október og vígði samgönguráðherra veginn 30. október. Unnið var að frágangi til áramóta 1998-9 og var verki að fullu lokið snemma sumars 1999.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1993	10
1994	2
1995	32
1996	248
1997	280
1998	361
1999	38
2000	4
2001	1
Samtals	976

Skýringar: Kostnaður árin 2000-2001 er vegna umhverfisrannsókna. Að öðru leyti eru fjárveitingar notaðar til greiðslu skulda. Fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun árin 2002-2004.

60 Vestfjarðavegur

Á 2. og 3. tímabili langtímaáætlunar er gert ráð fyrir 1.290 m.kr. til stórverkefnisins Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur - Flókalundur. Í mars 1999 ákvað ríkisstjórnin viðbótarfé til nýrra þjóðvega á áunum 1999-2002. Af þessu viðbótarfé eru 234 m.kr. til Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Flókalundar. Í gildandi vegáætlun frá 2000 til 2004 er gert ráð fyrir samtals 537 m.kr. Í vegáætlun 2000-2004 er fjárveitingum til Vestfjarðavegar ekki skipt á einstaka kafla vegarins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum köflum verkefnisins.

29-31 Múli - Vattarnes
Umfang verks: Um er að ræða 19,2 km langan kafla af nýjum vegi frá Múla í Kollafirði, um Kollafjörð, Klettsháls, Skálmarfjörð og á Vattarnes.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 547 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	38

Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í nóvember 2001. Verkið mun hefjast vorið 2002.
Skýringar: Hluti fjárveitingar er talinn með kafla 31 Vattarnes – Vaðlanes. Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

31 Vattarnes – Vaðalsnes
Umfang verks: Um er að ræða 2,6 km kafla sem leggja þarf frá grunni og setja á malarslitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 69 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	10
Vegáætlun 2000	45
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	12
Samtals	67

Verkframvinda: Kaflinn var boðinn út í júní 2000. Gerð vegfyllinga fór fram 2000 en frágangur og lögn malarslitlags á árinu 2001. Eftir er lítilsháttar frágangur.
Verktaki: Berglín ehf., Stykkishólmi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	2
2000	40
2001	24
Samtals	67

Skýringar: Fjárveitingu til Vestfjarðavegar, Bjarkarlundur – Flókalundur, er ekki skipt á einstaka kafla og er hluti hennar talin til þessa verkefnis árið 2001.

43 Dýrafjörður breikkun
Umfang verks: Um er að ræða 7 km kafla með einbreiðu slitlagi sem þarf að breikka.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	10

Framkvæmdaform: Samningur.
Verkframvinda: Verkið var unnið að miklu leyti í ágúst 2000 en lokið 2001.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	7
2001	3
Samtals	10

44 Gemlufallsheiði
Umfang verks: Fyrri hluti verksins sem hófst árið 1999 felst í endurlögn á 5,1 km löngum kafla frá Gemlufallsá upp á háheiðina, ásamt því að stálhólkur var settur í Gemlufallsá í stað einbreiðrar brúar. Síðari hluti verksins felst í nýlögn á 3,2 km löngum kafla af háheiðinni niður í Bjarnardal ásamt endurlögn og breikkun slitlags á 3 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaráætlun: Fyrri áfangi 61 m.kr. Síðari áfangi 80 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	51
Vegáætlun 2000	38
Fjáraukalög 2000	1
Bráðabirgðalán 2001	57
Samtals	147

Verkframvinda: Framkvæmdir við fyrri áfanga hófust 1999 og var mestur hlutinn unninn þá, en árið 2000 var lagt slitlag á 1,8 km og unnið að frágangi. Framkvæmdir við nýlögn síðari áfanga hófust haustið 2000 og lauk honum haustið 2001. Einnig var lokið við endurlögn og breikkun slitlags í Bjarnardal.
Verktaki: Vegagerð, fyrri áfangi, Bergbrot ehf., Kópavogi, síðari áfangi, Höttur ehf., Hólmavík. Lögn slitlags, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	54
2000	54
2001	39
Samtals	147

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun til Gemlufallsheiðar árin 2002 og 2003.

61 Djúpvegur
01 við Brú í Hrútafirði, lýsing
Umfang verks: Sett var upp veglýsing við vegamót Hringvegar og Djúpvegar í allar áttir, samtals um 800 m.
Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá kafla 21	3
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	6
Samtals	9

Verkframvinda: Verkinu lauk haustið 2000 og var fjárveiting notuð til greiðslu skuldar.
Verktaki: Eik ehf., Blönduósi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9

09 Kollafjörður
Umfang verks: Endurlögn og nýlögn samtals 5,6 km frá Litlafjarðarhorni að Forvaða.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Lögn slitlags, samningur.
Kostnaðaræætlun: 98 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Eftirstöðvar frá kafla 21	8
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	27
Viðbótarfé	22
Samtals	57

Verkframvinda: Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi, m.a. uppgreftri á fornleifum. Verkið var boðið út snemma árs 2001 og er gerð fyllingar og lögn neðra burðarlags lokið. Áætluð verklok eru 2002.
Verktaki: Vegagerð, Fylling ehf., Hólmavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	4
2001	49
Samtals	53

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

10 um Hvalvík, slysastaður

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	16

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

22-23 Staðardalur – Steingrímsfjarðarheiði
23 Sunndalsá - Þorskafjarðarheiði
Umfang verks: Lögn slitlags á 12,6 km kafla og lagfæringar á nokkrum stöðum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Slitlagslögn samningur.
Kostnaðaráætlun: 82 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	41
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	49
Viðbótarfé	-7
Flutt af kafla 26	5
Samtals	88

Verkframvinda: Lagt var neðra lag klæðingar á tvo kafla á árinu 2000, 1,8 km langan kafla á Steingrímsfjarðarheiði og 4,7 km langan kafla í Staðardal. Árið 2001 var verki lokið.
Verktaki: Vegagerð 2000, Græðir ehf., Flateyri. Slitlagslögn 2000, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð og lögn slitlags 2001, Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2000	39
2001	49
Samtals	88

61 Djúpvegur
Stórverkefninu, Ísafjarðardjúp, eru ætlaðar fjárveitingar í vegáætlun 2000-2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins.

25-26 Laufskálagil - Ísafjarðará
Umfang verks: Um að ræða 16,1 km langan kafla. Byggja á brýr á Múlaá, 30 m og Ísafjarðará, 32 m á lengd. Setja á stálhólka í Álftagrófará og Gjörvidalsá í stað einbreiðra brúa.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúa, útboð. Framleiðsla og rekstur niðurrekstrarstaura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	63
Vegáætlun 2000	96
Fjáraukalög 2000	5
Eftirstöðvar frá kafla 29	3
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	165
Viðbótarfé	-27
Samtals	305

Verkframvinda: Vegagerð var boðin út á haustdögum 1999 en framkvæmdir hófust ekki 1999, nema steyptir voru staurar undir brýr. Árið 2000 var lagt slitlag á 8 km langan kafla frá Múlaá að Gjörvidalsá. Á haustdögum 2000 var boðin út brúargerð á Múlaá og Ísafjarðará. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar rak niður staura undir brúarstöpla haustið 2000. Verkinu lauk að mestu leyti 2001.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla staura og niðurrekstur, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Bygging brúa, Brú verktakar ehf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
1999	2
2000	155
2001	140
Samtals	297

Skýringar: Af eftirstöðvum voru 5 m.kr. fluttar á kafla 22.

31 Gilseyri – Kleifaós

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	19

Kostnaður:	m.kr.
2001	8

Skýringar: Kostnaður er vegna skemmda sem komu fram á kafla 29 Hörtná – Hagakot, en því verki lauk á árinu 2000. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

62 Barðastrandarvegur

Til stórverkefnisins Barðastrandarvegur eru fjárveitingar í vegáætlun 2000-2004 og verður hér gerð grein fyrir framkvæmdum við einstaka kafla verkefnisins. Auk fjárveitinga af stórverkefnum eru nokkrar fjárveitingar af almennum verkefnum og af viðbótarfé samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar í mars 1999.

01 Vestfjarðavegur – Brjánslækur
Umfang verks: Endurbygging á 4,5 km löngum kafla og smíði stokks í Þverá í stað einbreiðrar brúar. Stokkurinn er 5 m breiður stálbogi á steyptum sökklum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 54 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	29
Vegáætlun 2000	20
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	27
Viðbótarfé	-26
Samtals	51

Verkframvinda: Verkið hófst síðla sumars 1999 og var meðal annars komið fyrir stokknum í Þverá. Árið 2000 var lagt slitlag og verkinu lokið nema að leggja efra lag slitlags sem var gert 2001.
Verktaki: Vegagerð, Jón Hjaltalín, Grundarfirði. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	18
2000	27
2001	6
Samtals	51

03 Kross – Litlahlíð
Umfang verks: Lögn á 8,1 km löngum nýjum vegi frá Krossi að Litluhlíð ásamt byggingu 14 m langrar brúar á Arnarbýlisá og 10 m langrar brúar á Hagaá og lengingu stokks á Móru um 6 m. Jafnframt verða lagðir nýir safnvegir að Haga, Breiðalæk og Múla.

Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	14
Vegáætlun 1999	100
Vegáætlun 2000	34
Flutt af Örlygshafnarvegi	2
Flutt af kafla 04	7
Samtals	157

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og voru brýrnar byggðar og hafin vinna við vegagerð í nóvember. Árið 1999 var vegurinn lagður, lagt á hann slitlag og gengið frá verkinu að mestu leyti. Sumarið 2000 og 2001 var seinna lag klæðingar lagt á hluta vegarins og lagfært sig, auk lokafrágangs.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	50
1999	87
2000	13
2001	7
Samtals	157

Skýringar: Á árinu 2001 voru fluttar til þessa verkefnis 2. m.kr. af eftirstöðvum við Örlygshafnarveg (612) frá árinu 2000 og 7 m.kr. af fjárveitingum til Kleifaheiðar.

04 Kleifaheiði
Umfang verks: Leggja á nýjan veg yfir Kleifaheiði frá Siglunesvegi að Örlygshafnarvegi, 12,5 km.
Framkvæmdaform: Vegagerð og efnisvinnsla, útboð.
Slitlagslögn, samningur.
Kostnaðaráætlun: 304 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	50
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	62
Viðbótarfé	90
Bráðabirgðalán 2001	4
Samtals	207

Verkframvinda: Vorið 2000 boðinn út kafli Patreksfjarðarmegin, 5 km að lengd og lauk þeim kafla 2001. Árið 2001 var boðinn út annar kafli Barðastrandarmegin, 7,0 km sem áætlað er að ljúki í aðalatriðum haustið 2002.
Verktaki: Vegagerð, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Efnisvinnsla, Myllan ehf., Egilsstöðum. Slitlagslögn, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	61
2001	146
Samtals	207

Skýringar: Umframkostnaður, 7 m.kr., við kafla 03 Kross – Litlahlíð er greiddur af fjárveitingum til Kleifaheiðar. Fjárveiting er til endurbyggingar vegar um Kleifaheiði í vegáætlun 2002-2003.

63 Bíldudalsvegur
02 Miklidalur breikkun
Umfang verks: Breikkað slitlag á 4 km kafla Tálknafjarðarmegin.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	13

Verkframvinda: Verkinu lauk haustið 2001.
Verktaki: Vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	14

607 Reykhólasveitarvegur
01 Vestfjarðavegur – Barmar
Umfang verks: Endurbygging tveggja kafla og slitlagslögn. Annars vegar frá slitlagsenda við Hyrningsstaði að slitlagsenda utan Seljaness, 2,68 km og hins vegar frá slitlagsenda innan Seljaness að slitlagsenda við Barma 3,08 km.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð.
Slitlagslögn, samningur.
Kostnaðaráætlun: 75 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 37
Vegáætlun 2001
Tengivegir 31
Samtals 68
Verkframvinda: Boðin var út, vorið 2000, gerð tveggja kafla samtals 6,0 km að lengd. Áætluð verklok voru í júlí 2001, en ljúka átti ákveðnum áfanga á árinu 2000.
Verktaki: Vegagerð, Höttur ehf., Fjarðarhorni. Slitlagslögn, vinnuflokkur Vegagerðinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 22
2001 46
Samtals 68

619 Ketildalavegur
03 Bíldudalur – Feitsdalur
Umfang verks: Markmiðið er að rofverja kafla vegarins og að bæta leiðina sem sumarveg, fyrst og fremst með því að laga yfirborð vegarins og endurnýja ónýta brú.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 12
Verkframvinda: Grjótvarinn var 500 m kafli árið 2000. Stálhólkur var settur í Hringsdalsá 2001 og lagður stuttur vegarkafli.
Verktaki: Grjótvörn, Norðurtak hf., Sauðárkróki. Vegagerð um Hringsdalsá, Sigurþór Pétur Þórisson, Hvalskeri.
Kostnaður: m.kr.
2000 9
2001 4
Samtals 13

624 Ingjaldssandsvegur
01 Vestfjarðavegur - Núpur
Umfang verks: Lagður var nýr vegur á 1,9 km löngum snjóþungum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 19 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Tengivegir 19
Verkframvinda: Verk hófst í júlí 2001 og lauk að fullu á árinu.
Verktaki: Hólsvélar ehf., Bolungarvík.
Kostnaður: m.kr.
2000 15

625 Valþjófsstaðavegur
02 um Hjarðardalsá
Umfang verks: Setja stálrör í stað einbreiðrar, ónýtrar brúar á Hjarðardalsá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 2 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Smábrýr 2
Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.
Verktaki: Græðir sf., Flateyri.
Kostnaður: m.kr.
2001 2

636 Hafnarvegur Ísafirði
01 Djúpvegur – Höfn
Umfang verks: Endurgerð vegamóta Hafnarvegar á Ísafirði (Pollgötu) og Djúpvegar (Skutulsfjarðarbrautar).
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 26
Vegáætlun 2000 5
Flutt af flóabátum 2001 14
Bráðabirgðalán 2001 18
Samtals 63
Verkframvinda: Árið 1999 var gengið frá 200 m löngum kafla á Hafnarvegi á Ísafirði (Pollgötu) og hann tengdur til bráðabirgða inn á Djúpveg (Skutulsfjarðarbraut). Árið 2000 var endurgerð grjótvörn á nokkrum kafla á Djúpvegi við vegamótin. Árið 2001 var lagt hringtorg á vegamótin.
Verktaki: Ýmsir verktakar og vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.
1999 27
2000 2
2001 34
Samtals 63
Skýringar: Fjárveiting er til verksins á vegáætlun 2003.

643 Strandavegur
04 um Bjarnarfjörð
Umfang verks: Endurlögn og styrking á 4,7 km vegarkafla í Bjarnarfirði frá Bjarnarfjarðará að Deildará.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 30 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Bráðbirgðalán 2001 13
Verkframvinda: Verkið var boðið út haustið 2001 og hófst verkið strax. Lokið er við að leggja burðarlag á mikinn hluta kaflans.
Verktaki: Kubbur ehf., Ísafirði.

Kostnaður: m.kr.
2000 13
Skýringar: Fjárveiting til jaðarbyggða og ferðamannaleiða er í vegáætlun 2002.

04-08 Bjarnarfjörður – Norðurfjörður
Umfang verks: Markmiðið er að lagfæra leiðina sem sumarveg og er því fyrst og fremst lögð áhersla á að bæta yfirborðið auk annarra smávægilegra lagfæringa.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 9
Vegáætlun 2000 6
Vegáætlun 2001
Ferðamannaleiðir 11
Samtals 26
Verkframvinda: 1999. Skarfadalsá - Búðará: Breikkun og hreinsun rása ásamt afréttingu og mölburði með ónunu efni á um 10 km löngum kafla. Lagfærður snjóastaður rétt utan við Naustavík í Reykjafirði.
Árnes II – Norðurfjörður: Lagfæring snjóastaðar við Mela ásamt afréttingu og mölburði á um 7 km löngum kafla. Unnið malarslitlagsefni á tveimur stöðum, í Norðurfjarðarurðum og við Gjögur samtals 3.600 m³.
2000. Mölborinn og lagfærður lítillega kafli frá Sætrakleif að Reykjanesá. Einnig malað efni í Birgisvík í Veiðileysufirði. 2001 mölborið frá Kaldbaksvík að Birgisvík og frá Melum að Árnesi auk styttri kafla.
Verktaki: Efnisvinnsla, Varðan ehf., Hólmavík. Mölburður, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 8
2000 12
2001 5
Samtals 25
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

Norðurland vestra
1 Hringvegur
k6 Víðidalsá
Umfang verks: Breikkun á 70 m langri einbreiðri brú á Víðidalsá og aðlögun vegar á 0,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 72 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 71
Flutt af k8 Gljúfurá 4
Samtals 75
Verkframvinda: Breikkun brúar og vegagerð fór fram á árinu 2000 en festun burðarlags og lögn klæðingar á um 0,5 km kafla var framkvæmd árið 2001.
Verktaki: Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Borgarverk ehf., Borgarnesi.
Kostnaður: m.kr.
2000 68
2001 7
Samtals 75

k8 Gljúfurá
Umfang verks: Breikkun á 60 m langri einbreiðri brú á Gljúfurá og aðlögun vegar á 0,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 76 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	72
Almenn verkefni	7
Samtals	79

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.
Verktaki: Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð, Steingrímur Ingvarsson, Litlu Giljá og Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68

Skýringar: Af eftirstöðvum eru 4 m.kr. fluttar á Hringveg k6 um Víðidalsá.

702 Heggstaðanesvegur
Umfang verks: Gerð stálplöturæsis í Steinsstaðaá í stað einbreiðrar brúar og endurbygging vegar við ræsið alls 260 m.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 8 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Smábrýr	4
Viðhald brúa	4
Samtals	8

Verkframvinda: Verki lauk að mestu á árinu 2001 en eftir er frágangur og útlögn malarslitlags.
Verktaki: Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga.

Kostnaður:	m.kr.
2001	7

717 Borgarvegur
Umfang verks: Styrking á 6,7 km vegarkafla rétt sunnan Stóru-Borgar að Síðuvegi.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	2
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	2
Bráðabirgðalán	2
Samtals	6

Verkframvinda: Lokið var við styrkingu kaflans á árinu 2000 en lögn malarslitlags var lokið 2001.
Verktaki: Vörubílstjórafélag Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

Kostnaður:	m.kr.
2000	2
2001	4
Samtals	6

722 Vatnsdalsvegur
01 Gilsstaðir - Undirfell
Umfang verks: Nýbygging tveggja kafla á Vatnsdalsvegi, Hringvegur-Þórdísarlundur 2,5 km og Gilsstaðir - Undirfell 3 km.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 27 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	32

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.
Verktaki: Steingrímur Ingvarsson, Litlu Giljá.

Kostnaður:	m.kr.
2001	27

733 Blöndudalsvegur
01 um Blöndudalshóla
Umfang verks: Endurbygging vegar á 0,4 km löngum kafla og lögn klæðingar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	2
Bráðabirgðalán 2001	1
Samtals	3

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.

Verktaki: Steingrímur Ingvarsson, Litlu Giljá og Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	3

744 Þverárfjallsvegur

01-02 Þverá - Skagavegur

Umfang verks: Nýbygging 12 km kafla frá Þverá að Skagavegi. Umsamin verklok eru í september 2002.

Kostnaðaráætlun: 309 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	45
Vegáætlun 2000	45
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	84
Viðbótarfé	35
Samtals	209

Verkframvinda: Verkið hófst í ágúst 2000 og var þá að mestu lokið við undirbyggingu á 7,5 km löngum kafla frá Þverá að Illugastöðum. Einnig var unnið við gerð stálplöturæsis í Laxá. Á árinu 2001 var lokið við undirbyggingu alls kaflans og gerð neðra burðarlags á 5 km löngum kafla frá Skagavegi og vestur fyrir Illugastaði.

Verktaki: Suðurverk hf., Reykjavík.

Kostnaður:	m.kr.
2000	97
2001	90
Samtals	187

Skýringar: Fjárveiting er til verksins í vegáætlun 2002.

752 Skagafjarðarvegur

03 Hverhólar - Jökulsá

Umfang verks: Nýbygging vegar á 3,3 km löngum kafla frá Hverhólum og 1,2 km suður fyrir Jökulsárbrú.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	18

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.

Verktaki: Fjörður sf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2001	15

753 Vindheimavegur

01 Hringvegur - Skagafjarðarvegur

Umfang verks: Styrking og endurbætur á 5,2 km frá Hringvegi að Vindheimamelum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 15 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðbirgðalán	11
Lagt til af viðhaldsfé 2001	4
Samtals	15

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.

Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2001	15

Skýringar: Verki var flýtt, en fjárveiting er í vegáætlun árið 2002.

754 Héraðsdalsvegur

01 um Stapa

Umfang verks: Nýbygging á 0,6 km löngum kafla við bæinn Stapa.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 4 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	4

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.

Verktaki: Marín ehf., Svalbarðseyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	5

7350 Steinárvegur

01 um Svartá

Umfang verks: Endurbygging á 36 m langri brú á Svartá í Svartárdal.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 20 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Til brúargerðar	10
Bráðabirgðalán	6
Samtals	16

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu 2001.
Verktaki: Stálbær ehf., Kópavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2000	16

793 Skarðsvegur
01 Flugvallarvegur - skíðasvæði
Umfang verks: Nýbygging á 1,8 km löngum kafla frá Siglufjarðarvegi við Hól að skíðasvæði í Skarðsdal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 25 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Inneign frá fyrri áfanga	3
Vegáætlun 1999	1
Vegáætlun 2000	20
Bráðabirgðalán 2001	7
Samtals	31

Verkframvinda: Verkið hófst 2000 og lauk árið 2001.
Verktaki: Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	22
2001	9
Samtals	31

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun árið 2002.

F752 Skagafjarðarleið
Umfang verks: Endurbætur á 6 km löngum kafla frá Giljum að Þorljótsstöðum og rásagerð meðfram 2 km löngum vegarkafla um Þorljótsstaðabrekkur.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 6 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	1
Vegáætlun 2000	2
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	3
Samtals	6

Verkframvinda: Lokið var við endurbætur kaflans frá Giljum að Þorljótsstöðum árið 2000. Á árinu 2001 var lokið við að grafa vegrásir meðfram veginum frá Þorljótsstöðum og upp að Hraunadal alls 2 km. Efni úr rásunum var notað til að breikka veginn.
Verktaki: Þórður Hansen og Sigurður Eiríksson, Fjörður ehf. og Króksverk ehf., Sauðárkróki.

Kostnaður:	m.kr.
2000	3
2001	2
Samtals	5

F758 Arnarvatnsvegur
Umfang verks: Styrking og endurbætur á 7 km löngum kafla frá Aðalbreið að Hólmavatni.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 5 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	5

Verkframvinda: Verki lauk á árinu 2001.
Verktaki: Jón Böðvarsson og félagar, Hvammstanga.

Kostnaður:	m.kr.
2002	5

Norðurland eystra
1 Hringvegur
p4 Krossastaðir - Ólafsfjarðarvegur
Umfang verks: Nýbygging á 3,8 km löngum kafla frá Krossastöðum að vegamótum Ólafsfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 106 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	67
Bráðabirgðalán 2001	7
Samtals	74

Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Möl og Sandur hf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	74

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

p6 Akureyri
Umfang verks: Frágangur við gatnamót Glerárgötu og Hlíðarfjallsvegar og þátttaka í kostnaði við gerð hringtorgs á Hlíðarfjallsvegi um Borgarbraut á móti Akureyrarbæ.
Framkvæmdaform: Útboð á vegum Akureyrarbæjar.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	4
Bráðabirgðalán 2001	6
Samtals	10

Verkframvinda: Lokið var við frágang á gatnamótum Glerárgötu og Hlíðarfjallsvegar og hringtorg við Glerártorg á árinu 2000.
Verktaki: G. Hjálmarsson, Akureyri og Akureyrarbær.

Kostnaður:	m.kr.
2001	10

Skýringar: Reikningar frá Akureyrarbæ bárust það seint að ekki reyndist unnt að færa þá á árið 2000. Kostnaður féll því á árið 2001. Viðbótarkostnaður, 6 m.kr., er vegna aukins kostnaðar við hringtorg. Fjárveiting til Hringvegar á Akureyri er í vegáætlun 2003 og 2004.

q9 Mývatnsheiði
Umfang verks: Endurbygging á 13,1 km löngum kafla Hringvegar um Mývatnsheiði.

Fjármögnun:	m.kr.
Bráðabirgðalán 2001	7

Verkframvinda: Unnið var að undirbúningi á námu, tilraunasprengingar og tilraunavinnsla.

Kostnaður:	m.kr.
2001	7

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002 og 2003.

r4- r5 Austaribrekka - Jökulsá
Umfang verks: Nýbygging á 17,1 km löngum kafla frá Hólmatungnavegi að Jökulsá á Fjöllum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 228 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	83
Fjáraukalög 2000	2
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	148
Samtals	233

Verkframvinda: Lokið við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2000	82
2001	135
Samtals	217

Skýringar: Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.

83 Grenivíkurvegur
02 Fagribær – Syðri Grund
Umfang verks: Nýbygging á 5,7 km löngum kafla frá Fagrabæ að Syðri Grund ásamt 0,5 km tengingu við Fnjóskadalsveg eystri og 144 metra tvíbreiðrar stálbogabrúar með steyptu gólfi yfir Fnjóská hjá Laufási.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og frágangur á námum, samningur.
Kostnaðaráætlun: 340 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1998	117
Vegáætlun 1999	137
Vegáætlun 2000	88
Fjáraukalög 2000	3
Samtals	345

Verkframvinda: Verkinu lauk að mestu 2000. Á árinu 2001 var lagt efra lag klæðingar á 1,6 km langan kafla frá Laufási að Syðri Grund og gengið frá námum.
Verktaki: Vegagerð á kaflanum Laufás – Syðri Grund, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Arnarfell ehf., Akureyri. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Frágangur á námum, Marin ehf., Akureyri.

Kostnaður: m.kr.
1998 38
1999 140
2000 152
2001 6
Samtals 336
Skýringar: Eftirstöðvar, 7 m.kr. voru fluttar til greiðslu skuldar á Hringvegi um Fljótsheiði.

85 Norðausturvegur
06-09 Tjörnes
Umfang verks: Nýbygging á 25,7 km löngum kafla Norðausturvegar um Tjörnes og byggingu 100 m langrar brúar á Lónsós. Verkið er unnið í þremur áföngum á árunum 1999-2001.
Framkvæmdaform: Vega- og brúargerð, útboð. Efra lag klæðingar og niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, Héðinshöfði – Hringver, 109 m.kr.
2. áfangi, Hringver – Breiðavík, 256 m.kr.
3. áfangi, Bangastaðir – Víkingavatn og brú á Lónsós, 613 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 104
Vegáætlun 2000 119
Fjáraukalög 2000 2
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 165
Viðbótarfé 104
Samtals 494
Verkframvinda: Á árinu 1999 var lokið við 1. áfanga, nýbyggingu á 5,6 km löngum kafla frá Héðinshöfða að Hringveri. Á árunum 2000-2001 var lokið við 2. áfanga, nýbyggingu á 9,68 km löngum kafla frá Hringveri að Breiðuvík. Á árinu 2001 var boðinn út 10,4 km langur kafli frá Bangastöðum að Víkingavatni og hófust framkvæmdir við hann í nóvember. Þá voru einnig framleiddir niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Lónsós og þeir reknir niður. Í árslok var boðin út bygging brúar á Lónsós en framkvæmdir ekki hafnar.
Verktaki: Vegagerð, Héðinshöfði – Hringver, Klæðning ehf., Garðabæ. Vegagerð, Hringver – Breiðavík, Suðurverk hf., Reykjavík. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Egilsstöðum. Vegagerð, Bangastaðir – Víkingavatn, Ístak hf., Reykjavík. Seinna lag klæðingar og niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr
1999 99
2000 188
2001 116
Samtals 403
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

12 Skinnastaður – Austursandsvegur
Umfang verks: Nýbygging á 4,68 km löngum kafla frá Skinnastað að Austursandsvegi.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Fjáraukalög 2000 1
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 65
Samtals 66
Verkframvinda: Á árinu 2000 var lokið við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Árið 2001 var lagt efra lag klæðingar.
Verktaki: Vegagerð, Sandöx ehf., Öxarfjarðarhreppi. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2000 35
2001 5
Samtals 40
Skýringar: Eftirstöðvar 26 m.kr. voru fluttar á kafla 24 um Svalbarðsá.

13 Þverá
Umfang verks: Setja stálræsi í stað einbreiðrar brúar yfir Þverá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Smábrýr 3
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2001.
Verktaki: Sandöx ehf.
Kostnaður: m.kr.
2001 4
Skýringar: Umframkostnaður var greiddur af eftirstöðvum frá Stóralæk frá árinu 2000.

13 Hólsá
Umfang verks: Setja stálræsi í stað einbreiðrar brúar yfir Hólsá.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 3 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Smábrýr 3
Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2001.
Verktaki: Sandöx ehf.
Kostnaður: m.kr.
2001 3

24 um Svalbarðsá
Umfang verks: Endurbygging á 6,78 km löngum kafla frá Sandá að Sævarlandi ásamt byggingu á 80 metra langri stálbitabrú með steyptu dekki á Svalbarðsá.
Áætluð verklok eru 15. júlí 2002.
Framkvæmdaform: Vegagerð, smíði stálbita, framleiðsla forsteyptra platna og niðurrekstrarstaura, útboð. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 200 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 88
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 20
Flutt af kafla 11 23
Flutt af kafla 12 26
Samtals 157
Verkframvinda: Lokið var lagningu á 3,2 km löngum kafla frá Sandá og norður fyrir Skerþúfuás og lagt á hann neðra lag klæðingar, undirbyggður 3,5 km langur kafli Skerþúfuás að Sævarlandi. Einnig var lokið við byggingu brúar á Svalbarðsá. Eftir er að aka burðarlagi á kaflann norðan Skerþúfuáss og leggja á hann klæðingu. Einnig á eftir að leggja seinna lag klæðingar á kaflann frá Sandá að Skerþúfuás.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Smíði stálbita, Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi. Framleiðsla forsteyptra platna, Malarvinnslan hf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Bygging brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
2001 156
Skýringar: Á árinu 2000 voru eftirstöðvar, 23 m.kr., af kafla 11 Lindarbrekka – Uppsveitavegur og á árinu 2001,
26 m.kr., af kafla 12 Skinnastaður – Austursandsvegur fluttar á verkefnið um Svalbarðsá. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

87 Kísilvegur
03 Grímsstaðaheiði - Hvammavegur
Umfang verks: Nýbygging á 2,2 km löngum kafla sunnan Hvammavegar.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 36 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Frá fyrri áfanga 13
Vegáætlun 2001
Tengivegir 30
Samtals 43
Verkframvinda: Lokið var við lagningu vegarins og lagt á hann neðra lag klæðingar. Eftir er að leggja seinna lag klæðingar.
Verktaki: Alverk ehf., Aðaldal.
Kostnaður: m.kr.
2001 26
Skýringar: Fjárveiting til áframhaldandi uppbyggingar Kísilvegar er í vegáætlun 2002.

805 Svarfaðardalsvegur
01 Húsabakkaskóli - Tunguvegur

807 Skíðadalsvegur
01 um Skíðadals- og Svarfaðardalsá
Umfang verks: Endurbygging brúa á Hofsá og Skíðadalsá á Skíðadalsvegi (807) og Svarfaðardalsár á Tunguvegi (806) ásamt 8,44 km vegalagningu á Skíðadals- og Svarfaðardalsvegi.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, samningur.
Kostnaðaráætlun: 294 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	25
Til brúargerðar	67
Samtals	92

Verkframvinda: Framleiddir niðurrekstrarstaurar fyrir Skíðadalsá og þeir reknir niður. Að öðru leyti var framkvæmdum frestað til ársins 2002.
Verktaki: Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk hf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	5

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

832 Vaðlaheiðarvegur
Umfang verks: Vegurinn afvatnaður (skurðgröftur) að austanverðu og styrktur og endurbættur á nokkrum stöðum.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	2

Verkframvinda: Áfanganum lauk á árinu.
Verktaki: Jarðverk ehf., Nesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	1

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002 og 2004 til lagfæringa á Vaðlaheiðarvegi.

833 Illugastaðavegur
01 Hringvegur – Nes
Umfang verks: Lagt seinna lag klæðingar á 2,0 km langan kafla frá Hringvegi og suður fyrir Nes í Fnjóskadal sem byggður var 1999.
Framkvæmdaform: Nýbygging og neðra lag klæðingar, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	20
Vegáætlun 2000	11
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	5
Samtals	36

Verkframvinda: Verkið hófst 1999 og lauk 2000.
Verktaki: Nýbygging og neðra lag klæðingar, Jarðverk ehf., Nesi. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	33
2000	2
Samtals	35

Skýringar: Fjárveiting 2001 var notuð til greiðslu skuldar.

835 Fnjóskadalsvegur eystri
Umfang verks: Vegurinn styrktur á 9,2 km löngum kafla, lagfærðir snjóastaðir og lagt á hann malarslitlag.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 11 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	5
Lagt til af viðhaldsfé	7
Samtals	12

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu.
Verktaki: Jarðverk ehf. Nesi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	12

842 Bárðardalsvegur vestri
01 við Hvarf og Hlíðskóga
Umfang verks: Vegurinn styrktur á

8,5 km löngum kafla, lagfærðir snjóastaðir og lagt á hann malarslitlag.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 14 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	4
Lagt til af viðhaldsfé	13
Samtals	17

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu.
Verktaki: Reynir B Ingvason, Aðaldal.

Kostnaður:	m.kr.
2001	17

845 Aðaldalsvegur
01 Hringvegur – Lindahlíð
Umfang verks: Nýbygging á 4,62 km löngum kafla frá Breiðamýri að Helgastöðum, ásamt tengingu við Hringveg hjá Einarsstöðum.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Efra lag klæðingar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	
Almenn verkefni	33
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	4
Bráðabirgðalán 2001	14
Samtals	52

Verkframvinda: Lokið var við efra lag klæðingar á 4,62 km langan kafla, gengið frá malarnámum og landbætur greiddar.
Verktaki: Vegagerð, Árni Helgason, Ólafsfirði. Efra lag klæðingar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	46
2001	6
Samtals	52

Skýringar: Fjárveiting er til Aðaldalsvegar í vegáætlun 2003.

864 Hólsfjallavegur
Umfang verks: Haldið áfram þar sem frá var horfið við lagfæringar og endurbætur á veginum, hækkaðar dokkir, lagfærðar blindhæðir, sett ný ræsi og vegurinn mölborinn.
Framkvæmdaform: Samningur.
Kostnaðaráætlun: 33 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	11
Vegaáætlun 2000	8
Samtals	19

Verkframvinda: Verkið var unnið 1999, 2000 og 2001.
Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn og R.S.N.Þ. ehf., Höskuldarnesi og Sandöx ehf., Öxarfjarðarhreppi.

Kostnaður:	m.kr.
1999	11
2000	3
2001	5
Samtals	19

869 Langanesvegur
Umfang verks: Framkvæmdum frestað til 2002.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	4

F894 Öskjuvatnsvegur og F88 Öskjuleið
Umfang verks: Vegurinn frá Dreka að bílastæði við Öskjuop endurbyggður og bílastæði lagfært. Einnig var vegurinn lagfærður á nokkrum stöðum frá Herðubreiðarlindum að Dreka.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	5
Bráðabirgðalán 2001	1
Samtals	6

Verkframvinda: Verkinu lauk á árinu.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður: m.kr.
2001 6
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2003.

Þingey, göngubrú
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1998 3
Skýringar: Ekki liggur enn fyrir samkomulag um hvar brúin eigi að vera, gert er ráð fyrir að hægt verði að framkvæma á árinu 2002.

Göngubrú við Fosshól
Umfang verks: Viðgerð og endurbætur á gömlu brúnni á Skjálfandafljóti hjá Fosshóli sem byggð var 1930.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 17 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1999 4
Viðhald brúa 1999 4
Vegáætlun 2000 2
Viðhald brúa 2000 6
Viðhald brúa 2001 2
Samtals 18
Verkframvinda: Lokið var við steypuviðgerðir á árinu 2001.
Verktaki: Viðgerð á stálhlutum, Natan ehf., Reykjavík. Steypuviðgerðir, Trésmiðjan Rein ehf., Húsavík.
Kostnaður: m.kr.
1999 8
2000 8
2001 2
Samtals 18

Austurland

1 Hringvegur
s1-s7 Biskupsháls - Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Nýbygging á 33 km löngum nýjum vegi frá Langadal að Ármótaseli og breikkun og lagfæring á leiðinni inn Langadal. Verkið er hluti af verkefninu tenging Norður- og Austurlands.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 606 m.kr.
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 1996 50
Vegáætlun 1997 22
Vegáætlun 1998 184
Vegáætlun 1999 155
Vegáætlun 2000 127
Bráðabirgðalán 2001 22
Samtals 560
Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í lok ágúst 1998. Undirbyggingu lauk frá Langadal að austurmörkum útboðs neðan Ármótasels. Um 2 km langur kafli um Ármótasel og yfir Víðidalsá tekinn í notkun síðla árs 1998. Árið 1999 var lagt neðra lag klæðingar á kaflann um Ármótasel og lokið að mestu undirbyggingu á öllum kaflanum. Árið 2000 var lokið við burðarlög, klæðingu og frágang vegsvæðis. Jafnframt var vegurinn inn Langadal að Hringvegi í Möðrudal (áður Norðausturvegur) lagfærður og breikkaður sumarið 2000. Nýr Hringvegur um Hárekssstaðaleið var formlega tekinn í notkun 20. október. Kostnaður á árinu 2001 er vegna frágangs vegsvæðis og uppgjörs við verktaka.
Verktaki: Nýbygging vegar, Arnarfell ehf., Akureyri. Breikkun og lagfæringar í Langadal, Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.
Kostnaður: m.kr.
1998 156
1999 213
2000 183
2001 8
Samtals 560
Skýringar: Verkið var boðið út haustið 1997 en framkvæmdir frestuðust til 1998 vegna frekara mats á umhverfisáhrifum. Fjárveiting er til Hringvegar í vegáætlun 2002-2004.

s6-s7 Ármótasel – Skjöldólfsstaðir
Umfang verks: Í fyrsta áfanga var unnið að endur- og nýbyggingu á 3,7 km löngum kafla frá Gilsá og um 0,8 km út fyrir Skjöldólfsstaði á Jökuldal

og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Garðá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi: 60 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	40
Bráðabirgðalán 2001	34
Samtals	74

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust vorið 2001. Verki lokið með klæðingu haustið 2001.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	74

Skýringar: Fjárveiting er til Hringvegar á kaflanum Ármótasel – Skjöldólfsstaðir í vegáætlun 2002-2004.

s7-s8 Skjöldólfsstaðir – Hofteigur
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,5 km löngum kafla milli Skjöldólfsstaða og Hofteigs á Jökuldal.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 160 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 1999	42
Vegáætlun 2000	
Viðbótarfé	78
Fjáraukalög 2000	3
Flutt af Hofteigur- Hrólfsstaðir	13
Samtals	136

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 1999. Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð. Lokið undirbyggingu, burðarlagi og klæðingu haustið 2000.
Verktaki: Klæðning ehf., Garðabæ.

Kostnaður:	m.kr.
1999	34
2000	102
Samtals	136

s8-s9 Hofteigur – Hrólfsstaðir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 11,5 km löngum kafla frá Svelgsá utan við Hofteig og 1,2 km út fyrir Hrólfsstaði á Jökuldal og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Hvanná.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 265 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	10
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	61
Samtals	71

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í desember 2001. Unnið við skeringar, fyllingar og ræsagerð hjá Hrólfsstöðum. Verklok áætluð haustið 2003.
Verktaki: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	10

Skýringar: Af fjárveitingum til Hringvegar, Hofteigur – Hrólfsstaðir voru 13 m.kr. fluttar á kaflann Skjöldólfsstaðir – Hofteigur. Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

t5 um Stóra-Sandfell
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 5,2 km löngum kafla sem lokið var með klæðingu.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 64 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	21
Fjáraukalög 2000	1
Flutt af 1-t1	13
Bráðabirgðalán 2001	18
Samtals	53

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í júlí 2000 og lauk um haustið með klæðingu.
Verktaki: Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	52
2001	1
Samtals	53

Skýringar: Fjárveiting er til Hringvegar í Skriðdal í vegáætlun 2003.

t9-u0 Ásunnarstaðir – Heydalir
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 12,1 km löngum kafla frá Ásunnarstöðum að Heydölum í Breiðdal.

Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 180 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	60
Almenn verkefni	25
Samtals	85

Verkframvinda: Framkvæmdum frestað og áætlað útboð snemma árs 2002.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

u4 Búðaá – Hvannabrekka
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 6,7 km löngum kafla frá Búðaá og inn fyrir Keldudskóga og sett stálplöturæsi í stað einbreiðrar brúar yfir Skálaá.
Kostnaðaráætlun: 135 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	50
Bráðabirgðalán 2001	18
Samtals	68

Verkframvinda: Verk hófst vorið 2001 og lokið undirbyggingu með fyrra lagi klæðingar milli Búðaár og Skálaár og undirbyggingu frá Skálaklifi inn fyrir Keldudskóga. Sett var stálplöturæsi í Skálaá. Verklok verða í júlí 2002.
Verktaki: S.G. vélar ehf., Djúpavogi.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

u5 innan Lindarbrekku

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	7

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

u7 Valtýskambur – Sandbrekka

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	18

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

u9 Melrakkanes - Blábjörg

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	15

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

v4 Jökulsá í Lóni
Umfang verks: Brúin styrkt með viðbótar stálbitum og gólf endurnýjað og klætt með stálneti.
Framkvæmdaform: Stálsmíði, útboð. Styrking brúar, samningur.
Kostnaðaráætlun: 46 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldi brúa 2001	2
Bráðabirgðalán 2001	38
Samtals	40

Verkframvinda: Verk hófst vorið 2001 og lauk síðari hluta sumars.
Verktaki: Stálsmíði, Vélsmiðja Sigurðar V Gunnarssonar ehf., Reykjavík. Styrking brúar, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	40

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

v0 Hólmsá á Mýrum
Umfang verks: Bygging 60 m langrar stálbitabrúar með steyptu gólfi á Hólmsá á Mýrum í stað einbreiðrar brúar með lítið burðarþol og aðlögun vegar að nýju brúarstæði.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, brúargerð 75 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	83

Verkframvinda: Verkið hófst haustið 2001 og lýkur vorið 2002.
Verktaki: Mikael ehf., Hornafirði.

Kostnaður:	m.kr.
2001	40

x1 Smyrlabjörg – Staðará
Umfang verks: Endur- og nýbyggingu á 4 km löngum kafla milli Smyrla-

bjarga og Tröllaskarða í Suðursveit. Sett var stálplöturæsi í í stað einbreiðrar brúar yfir Uppsalaá.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 86 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	21
Bráðabirgðalán 2001	47
Samtals	68

Verkframvinda: Verk hófst vorið 2001 og var undirbyggingu lokið með fyrra lagi klæðingar um haustið. Þar með var komið bundið slitlag milli Reykjavíkur og Hafnar í Hornafirði og var af því tilefni settur upp skjöldur á áningarstað við Hestgerðiskamb. Seinna lag klæðingar og lokafrágangur verður vorið 2002.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2001	68

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

x0 Fláajökull
Umfang verks: Gerð 1,7 km langs varnargarðs við Fláajökul eftir hop jökulsins til að halda Hólmsá í farvegi sínum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 38 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldi brúa 2001	4

Verkframvinda: Verkið var boðið út í nóvember 2001 og eru áætluð verklok í júlí 2002.

Kostnaður:	m.kr.
2001	4

Skýringar: Engar fjárveitingar eru til verksins í vegáætlun og verður það fjármagnað af fjárveitingum til brúa á Hringvegi í Suðursveit og af viðhaldi brúa.

x0-x1 brýr á Hringvegi í Suðursveit
Umfang verks: Endurbygging einbreiðra brúa á Staðará og Smyrlabjargará í Suðursveit.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Til brúargerðar	27

Skýringar: Framkvæmdum var frestað. Fjárveiting er á vegáætlun 2002. Fjárveitingar notaðar til að fjármagna vegagerð í Suðursveit og varnargarð við Fláajökul sem nauðsynlegt var að ráðast í eftir hop jökulsins til að halda Hólmsá í farvegi sínum.

y0 Skeiðará og Súla, styrking
Umfang verks: Styrking á yfirbyggingum brúnna á Súlu og Skeiðará á Skeiðarársandi til að mæta auknum þungaflutningum.
Framkvæmdaform: Stálsmíði, útboð. Styrking brúa, samningur.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Til brúargerðar	8

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 1999 og lánaði viðhald brúa fyrir framkvæmdinni.
Verktaki: Stálsmíði, Stál og Suða ehf., Kópavogi. Styrking brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1999	8

85 Norðausturvegur
40 Deildarlækur - Teigur
Umfang verks: Endurbygging á 9 km löngum kafla milli Deildarfells og Teigs.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 71 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	33
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Viðbótarfé	22
Samtals	56

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust í júlí 2000 og lauk á haustdögum með lögn klæðingar.
Verktaki: Iðufell ehf., Raufarhöfn.

Kostnaður:	m.kr.
2000	54

43-44 Brunahvammsháls – Hringvegur
Umfang verks: Nýbygging á 8,2 km löngum kafla á Vopnafjarðarheiði ásamt stálplöturæsi í Hölkná í stað einbreiðrar brúar. Verkið samanstendur af 5,9 km kafla frá Hringvegi og út fyrir Hölkná sem ljúka á með klæðingu og 2,3 km bráðabirgðatengingu, með malarslitlagi, þaðan upp í Brunahvammsháls.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 184 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	63
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	68
Samtals	131

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið undirbyggingu á öllum kaflanum og fyrra lagi klæðingar. Eftir að leggja seinna lag klæðingar, malarslitlag og lokafrágangur. Verklok í júní 2002.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2000	23
2001	76
Samtals	99

92 Norðfjarðarvegur
Reyðarfjörður
Umfang verks: Unnið var að undirbúningi nýbyggingar á 4,9 km löngum kafla frá Selsteinahæð að Sómastöðum.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 1. áfangi, 185 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Orku- og iðjuvegir á Austurlandi	100
Frestun framkvæmda	-70
Samtals	30

Verkframvinda: Verkið var boðið út í desember 2001. Framkvæmdir voru engar. Verklok eru áætluð í nóvember 2002.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002 og 2003.

10 um Norðfjarðará
Umfang verks: Bygging á nýrri 36 m langri brú á Norðfjarðará í stað einbreiðrar brúar og nýbygging á 1,5 km löngum kafla, frá Skuggahlíðarbrekku norður undir vegamót Kirkjubólsvegar, til að tengja nýja brú á Norðfjarðará.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Brúargerð, samningur.
Kostnaðaráætlun: 90 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	20
Til brúargerðar	71
Samtals	91

Verkframvinda: Framkvæmdir við brúargerð hófust í september eftir að gamla brúin hafði laskast í vatnavöxtum og var lokið við að steypa brúna um miðjan desember. Vegagerð hófst í október 2001 og var lokið við undirbyggingu með burðarlagi. Eftir að leggja klæðingu, rífa gömlu brúna og lokafrágangur. Verklok eru áætluð í júní 2002.
Verktaki: Vegagerð, Myllan ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2001	73

Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002.

93 Seyðisfjarðarvegur
01 um Eyvindará
Umfang verks: Bygging steyptrar bogabrúar með 44 m löngum boga og 124 m langri akbraut ásamt 0,5 km langri vegtengingu í stað einbreiðrar brúar frá árinu 1919.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 128 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	92
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	14
Stórverkefni	31
Samtals	137

Verkframvinda: Verkið boðið út haustið 2000 og framkvæmdir hófust rétt fyrir áramótin. Brúarsmíði lokið og brúin tengd haustið 2001. Bundið slitlag og lokafrágangur eftir. Verklok eru áætluð vorið 2002.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	4
2001	104
Samtals	108

94 Borgarfjarðarvegur
07 á Vatnsskarði
Umfang verks: Fyrri áfangi felst í endurbyggingu á 4 km löngum kafla frá nýbyggingarenda við Selfljót og upp í miðja brekku í austanverðu Vatnsskarði. Síðari áfangi fellst í nýbyggingu og endurbyggingu á 4,7 km löngum kafla úr austanverðu Vatnsskarði niður í neðstu brekkur í Njarðvík (Ytri Hríshöfði).
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 154 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Skuld vegna fyrri framkvæmda	-11
Vegáætlun 1997	18
Vegáætlun 1998	36
Vegáætlun 1999	40
Vegáætlun 2000	35
Fjáraukalög 2000	2
Bráðabirgðalán 2001	31
Samtals	151

Verkframvinda: Byrjað var á fyrri áfanga verksins 1998 og var honum lokið með malarslitlagi sumarið 1999. Síðari áfangi hófst haustið 1999 og var að mestu lokið haustið 2000. Malarslitlagi og frágangi lokið vorið 2001.
Verktaki: Fyrri áfangi, Njörður sf., Borgarfirði eystra. Síðari áfangi, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	34
1999	54
2000	54
2001	9
Samtals	151

Skýringar: Af fjárveitingu vegáætlunar 1997 voru 11 m.kr. notaðar til greiðslu skuldar vegna framkvæmda á verkinu um Selfljót, sem unnið var á árinu 1996. Fjárveiting til verksins er í vegáætlun árið 2003.

96 Suðurfjarðavegur
u1 Handarhald - Götuhjalli
Kostnaðaráætlun:

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	10

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

07 um Selá
Umfang verks: Nýbygging á 1 km löngum kafla um Selá í Fáskrúðsfirði og sett stórt stálplöturæsi sem leysir af hólmi ónýta einbreiða brú.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 28 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Viðhald brúa 1997	2
Vegáætlun 1998	5
Vegáætlun 1999	13
Vegáætlun 2001	
Almenn verkefni	3
Samtals	23

Verkframvinda: Verk hófst 1998 og var kaflinn tekinn í notkun. Lögð var klæðing á kaflann 1999. Fjárveiting 2001 var notuð til greiðslu skuldar.
Verktaki: Myllan ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
1998	10
1999	14
Samtals	24

11 Kambaskriður
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 4,6 km löngum kafla um Kambaskriður.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 210 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	80
Vegáætlun 2001	
Stórverkefni	93
Samtals	173

Verkframvinda: Verkið var boðið út fyrir áramót 2000 og framkvæmdir hófust í febrúar 2001. Lokið er undirbyggingu með klæðingu á nyrsta hlutann um Kambanes (0,5 km) og syðsta hlutann sunnan við Færivallaskriður (0,9 km). Eftir er undirbygging um Kambaskriður og að Hvalnesskriðum og klæðing að öðru leyti. Verklok sumarið 2002.
Verktaki: Arnarfell ehf., Akureyri.

Kostnaður:	m.kr.
2001	105

97 Breiðdalsvíkurvegur
01 Hringvegur - Breiðdalsvík
Umfang verks: Endurbygging á 0,6 km langri tengingu við Breiðdalsvík frá Hringvegi hjá flugvelli.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	14

Skýringar: Verkinu var frestað og verður boðið út í ársbyrjun 2002. Verklok áætluð haustið 2002.

925 Hróarstunguvegur
03 hjá Litla-Steinsvaði
Umfang verks: Endur- og nýbygging á 7,2 km löngum kafla sem lokið var með malarslitlagi sumarið 2001.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 35 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	15
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	5
Bráðabirgðalán 2001	14
Samtals	34

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust sumarið 2000. Unnið við skeringar, fyllingar, ræsagerð og burðarlag. Verkinu lokið með malarslitlagi sumarið 2001. Eftir er lokafrágangur á námum.
Verktaki: Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	19
2001	15
Samtals	34

Skýringar: Fjárveiting er til Hróarstunguvegar í vegáætlun 2002.

931 Upphéraðsvegur
01 Fellabær – Setberg

Fjárveiting:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	12

Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.
Skýringar: Fjárveiting er í vegáætlun 2002-2004.

Fljótsdalur
Umfang verks: Í vegáætlun 2000-2004 er fjárveiting til orku- og iðjuvega í Fljótsdal 600 m.kr. Gert er ráð fyrir endur- og nýbyggingu á um 17 km löngum kafla á nýjum Upphéraðsvegi frá Atlavík, um nýjar brýr á Gilsá, Jökulsá, Hengifossá og Bessastaðaá og að Valþjófsstað. Einnig er gert ráð fyrir endurbótum á núverandi vegi um Valþjófsstaðanes.
Framkvæmdaform: Vega- og brúagerð, útboð. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaðaráætlun: 600 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2000	300
Vegáætlun 2001	200
Frestun framkvæmda	-200
Framlag Landsvirkjunar 2001	150
Bráðabirgðalán 2001	76
Samtals	526

Verkframvinda: Framkvæmdir hófust haustið 2000. Lokið var við styrkingu og endurbætur á 11,2 km löngum kafla á Upphéraðsvegi frá Brekku að Valþjófsstað og á 1,9 km löngum kafla um Valþjófsstaðanes frá Végarði að vegamótum við Kelduárkvísl með klæðingu, ásamt byggingu brúa á Hengifossá, Bessastaðaá og Jökulsá, haustið 2001. Fyllingum, ræsum og leiðigörðum við Jökulsárbrú lokið að mestu. Verklok í júlí 2002.
Verktaki: Vegagerð, Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Brúargerð, Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum. Framleiðsla niðurrekstrarstaura, Vildarverk ehf., Árbakka. Niðurrekstur staura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
2000	17
2001	509
Samtals	526

Skýringar: Fjárveiting til orku- og iðjuvega í Fljótsdal er í vegáætlun 2002.

939 Axarvegur
01-02 Skriðdalur - Berufjörður
Umfang verks: Styrking og lagfæring á 20 km löngum vegaslóða á Öxi, frá Hringvegi í Skriðdal og að Hringvegi í Berufirði.
Framkvæmdaform: Vegagerð, útboð. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Fjármögnun:	m.kr.
Lagt til af viðhaldsfé 1998	7
Vegáætlun 1999	15
Vegáætlun 2000	10
Fjáraukalög 2000	1
Vegáætlun 2001	
Ferðamannaleiðir	11
Bráðabirgðalán 2001	60
Samtals	104

Verkframvinda: 1. áfangi 1998: Endurbygging á 5 km löngum kafla á Öxi frá Stóralæk að Innri Víná.
2. áfangi 1999-2000: Endurbygging á 7 km löngum kafla frá Hringvegi í Skriðdal að Stóralæk annars vegar og hins vegar á 4 km löngum kafla frá Hemru að Hringvegi í Berufirði. Árið 1999 var byggð brú á Selá og á árinu 2000 brýr á Hemru og Innri-Víná. Brýrnar voru byggðar úr notuðu efni úr öðrum brúm.
3. áfangi 2001: Endurbygging á 4 km löngum kafla milli Innri Vínár og Hemru.
Verktaki: 1. áfangi, Ólafur Hjaltason, Skála í Berufirði. 2. og 3. áfangi, Hjarðarnesbræður ehf., Hornafirði. Bygging brúa, vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður:	m.kr.
1998	7
1999	18
2000	30
2001	49
Samtals	104

Skýringar: Fjárveiting er af jaðarbyggða- og ferðamannaleiða í vegáætlun 2002-2004.

951 Vestdalseyrarvegur
01 Stál - farfuglaheimili
02 um Vestdalseyri
Umfang verks: Styrking, endurmótun og rofvörn vegar á 2,7 km löngum kafla og mölburður á 5,7 km löngum kafla.
Framkvæmdaform: Útboð.
Kostnaðaráætlun: 7 m.kr.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2001	
Tengivegir	15

Verkframvinda: Verkið var unnið á árinu 2000.
Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður:	m.kr.
2000	9

954 Helgustaðavegur
02 um Stóru-Breiðuvík
Umfang verks: Lagaður og endurbættur vegur um Stóru-Breiðuvík og sett stálrör í læk innan bæjarins.
Framkvæmdaform: Samningur.

Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2001
Tengivegir 7
Verkframvinda: Verkið var unnið á árunum 1999 og 2000 og fjármagnað af bráðabirgðalánum frá viðhaldi vega.
Verktaki: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
Kostnaður: m.kr.
1999 1
2000 1
Samtals 2
Skýringar: Eftir er að setja stálrör í stað brúar á Hrafná, ganga frá malarslitlagi og bifreiðastæði við Helgustaðanámu.

Þéttbýlisstaðir á Austurlandi
lagfæringar á þjóðvegum
Umfang verks: Löguð og færð gatan við Sparisjóðinn á Neskaupstað, malbikað. Á Eskifirði var ráðist í styrkingu með bikfestun og malbikað yfir. Á Egilsstöðum var um að ræða umferðartalningu og greiningu, einnig var sett ræsi í gegnum veginn við gatnamót Norðfjarðarvegar og Seyðisfjarðarvegar.
Framkvæmdaform: Samningur/útboð.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri áfanga ... -4
Vegáætlun 2001
Almenn verkefni 10
Bráðabirgðalán 2001 7
Samtals 13
Verkframvinda: Verki lauk 2001.
Verktaki: Sveitarfélögin, Vegagerðin og Árni Helgason ehf., Ólafsfirði.
Kostnaður: m.kr.
2001
Egilsstaðir 1
Neskaupstaður 6
Eskifjörður 6
Samtals 13
Skýringar: Fjárveiting er til lagfæringa á þjóðvegum við þéttbýlisstaði á Austurlandi í vegáætlun 2002-2004.

Annað
Jarðgangaáætlun
Umfang verks: Undirbúningur jarðgangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar.
Framkvæmdaform: Samningur.
Fjármögnun: m.kr.
Innistæða frá fyrri árum 4
Vegáætlun 2001
Jarðgangaáætlun 200
Samtals 204
Verkframvinda: Undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðrar gangagerðar milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar lauk á árinu. Lokið var við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hönnun mannvirkja hófst snemma árs og er áætlað að u.þ.b. 2/3 hluta hennar hafi verið lokið fyrir árslok. Gerð útboðsgagna hófst á síðari hluta ársins. Fortilkynning vegna fyrirhugaðs útboðs á evrópska efnahagssvæðinu var birt í lok ársins.
Verktaki: Fjölmargar ráðgjafastofur á Norðurlandi, Austurlandi og í Reykjavík unnu að rannsóknum, hönnun og gerð útboðsgagna.
Kostnaður: m.kr.
2001 102
Skýringar: Fjárveiting til jarðgangagerðar á Norður- og Austurlandi er í vegáætlun 2002-2004.

Samgöngurannsóknir
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 10
Vegáætlun 2001
Stórverkefni 10
Samtals 20
Verkframvinda: Framkvæmdum var frestað.

Brýr 10 m og lengri
Fjármögnun: m.kr.
Vegáætlun 2000 10
Vegáætlun 2001
óráðstafað til brúargerðar .. 15
Samtals 25
Skýringar: Af óráðstöfuðum fjárveitingum til brúargerðar var 10 m.kr. ráðstafað til byggingar brúar yfir Svartá hjá Steiná á árinu 2001.

Fylgiskjal 3 Umhverfisstærðir

Landmótun við vegagerð

Í eftirfarandi töflu og stólparitum koma fram tölur um landmótun í vegagerð árið 2001.

Umdæmi	Færsla jarðefna			Mótun yfirborðs			
				Óraskað land		Raskað land	
	Fyllingar Þús. m^3	Burðarlög Þús. m^3	Slitlög Þús. m^3	Vegir Þús. m^2	Námur Þús. m^2	Vegir Þús. m^2	Námur Þús. m^2
Suðurland	149	166	29	0	32	669	53
Reykjanes	206	61	7	52	0	279	0
Vesturland	832	273	105	614	213	655	143
Vestfirðir	537	183	43	390	196	218	187
Norðurland vestra	80	58	26	56	41	233	21
Norðurland eystra	426	199	32	0	15	396	27
Austurland	971	382	28	341	65	414	60
Alls:	3.201	1.322	270	1.453	562	2.864	491

Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á white spirit og aminum í slitlög og styrkingar. Notkun white spirit í klæðingar kemur fram á meðfylgjandi töflu og gröfum. Þar má einnig sjá heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall white spirit í þunnbiki. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára.

Á árinu 2000 voru notuð 112 tonn af aminum, þar af um 30 tonn í styrkingar.

Ár	Þunnbik Þús. l	White spirit Þús. l	Hlutfall %
1991	6.281	817	13,0
1992	8.524	1.108	13,0
1993	9.506	1.236	13,0
1994	10.081	1.311	13,0
1995	8.690	1.130	13,0
1996	8.767	1.052	11,2
1997	8.042	909	11,3
1998	8.893	934	10,5
1999	10.269	1.017	9,9
2000	11.026	1.157	10,5
2001	12.342	1165	9,4

Spilliefni í vegmálningu

Á árinu 2001 voru 1.900 km merktir með leysiefnamálningu, 1.143 km með plastmálningu og 174 km með vatnsmálningu, samtals 3.217 km en voru alls 2.900 km á árinu 2000. Merktir voru 2.157 km í miðlínu og 1.060 km í kantlínu. Leysiefnamálningin inniheldur um 50% leysiefni og voru notaðir 96.000 lítrar af henni á síðasta ári. Hlutfall vegkafla merktum með leysiefnamálningu er nú 59% en var 62% í fyrra.

Prófaðar voru 2 nýjar tegundir af vatnsmálningu á árinu, málaðir voru tveir 30 km kaflar og notaðir 2x1.000 lítrar af vatnsmálningu. Önnur málningin var leysiefnalaus en hin með 2% etanól.

Vatnsmálning hefur komið vel út í samanburði við leysiefnamálningu og hentar vel á kantlínur. Vatnsmálning er þó enn nokkuð dýrari en leysiefnamálning en verðið hefur farið hlutfallslega lækkandi.

Losun á CO_2 frá umferð á vegum

Losun á CO_2 frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni er skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð, m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2001 er metin miðað við tölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu.

Þróun í losun umferðarinnar síðustu ár má lesa af línuritinu.



Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanförnum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegaköflum.

Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85% hraði", sem er sá hraði sem 85% af bílunum halda sig innan.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og frá árinu 2000 hefur verið tekin saman skýrsla um hraðamælingar.

Þrátt fyrir það þykir rétt að birta hér í eftirfarandi töflu niðurstöður fyrir sömu staði og síðustu ár. Þrír þeirra eru á Hringveginum, í Þórustaðamýri í Ölfusi, á Hellisheiði og við Hvassafell í Norðurárdal. Fjórði staðurinn er á Grindavíkurvegi við Svartsengi.

Ár	Hringvegur í Þórustaðamýri 1 d6-01		Hringvegur á Hellisheiði 1 d8-01		Grindavíkurvegur við Svartsengi 443 01-04		Hringvegur við Hvassafell 1 h1-04	
	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%	Meðaltal	85%
1983	78,4	87,6	84,9	95,0				
1984	79,6	90,1	88,4	98,3				
1985	82,6	93,6	86,3	98,6	83,8	96,3		
1986	81,4	91,2						
1987			87,9	97,7				
1988	82,9	92,2	93,3	104,2	96,0	96,7		
1989	91,1	101,1	94,1	103,9				
1990	88,9	97,9	89,6	99,3	89,3	99,7	96,9	108,2
1991	86,5	95,9	93,0	102,5			90,8	101,3
1992	87,1	96,7	92,8	102,3	91,0	103,3	84,8	93,9
1993	88,9	95,3	93,0	102,3	92,1	101,4	91,6	102,0
1994								
1995								
1996	90,7	99,5	95,9	104,8			90,0	100,0
1997								
1998			96,4	104,0	95,5	106,7	98,9	110,0
1999	99,1	103,2	96,7	104,6			99,7	109,6
2000	92,2	99,8	94,7	103,1			97,0	108,3
2001	93,6	101,6	96,3	104,1			100,4	112,0

Mælingarnar sýna verulega aukningu í ökuhraða og er aukning í meðalhraða meiri en í 85% hraða, þannig að hraðamunur virðist fara minnkandi. Sveiflur á milli ára á einstökum stöðum eru verulegar og má að hluta skýra þær með misjöfnu ástandi slitlaga. Samanburður allra mælinga bendir til að ökuhraði hafi ekki breyst að ráði á milli áranna 2000 og 2001.

Á árinu 2001 voru settir niður 8 sjálfvirkir umferðargreinar á leiðum út frá höfuðborgarsvæðinu. Umferðargreinarnir nema og skrá meðal annars hraða allra bíla sem fara um staðinn og senda upplýsingarnar í gagnabanka. Ráðgert er að fjölga þessum umferðargreinum á næstu árum um 6 – 10 á ári.

Orka

Upplýsingar um orkunotkun árið 2001 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í töflu á næstu blaðsíðu.

Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWst. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.

Staðsetning	Rafmagn Alm.notkun kWh	Rafmagn Hitun kWh	Heitt vatn tonn
Borgartún 5	257.316		
Borgartún 7, 2/4 hæð	76.705		
Borgartún 5, skrifst.			1.636
Borgartún 5, austur			10.385
Borgartún 5, verkst.			3.771
Stórhöfði	227.736		
Stórhöfði			3.803
Stórhöfði			38.657
Áhh. Vík, Mýrdal	22.350	84.372	
Áhh. Hvolsvelli	7.527		2.432
Áhh. Selfossi	62.182		12.858
Áhh. Borgarnesi	119.957		5.307
Áhh. Ólafsvík	19.397	65.690	
Áhh. Búðardal	8.523	88.730	3.942
Áhh. Patreksfirði	16.987	111.030	2.642
Áhh. Ísafirði	107.494	335.189	
Áhh. Hólmavík	48.589	96.396	
Áhh. Hvammstanga	51.594		4.802
Áhh. Sauðárkróki	103.299		7.770
Áhh. Akureyri	130.000		9.004
Áhh. Húsavík	30.263		4.175
Áhh. Þórshöfn	13.806	77.278	
Áhh. Vopnafirði	10.415	89.110	
Áhh. Fellabæ	28.250		2.607
Áhh. Reyðarfirði	76.572	277.636	
Áhh. Höfn, Hornaf.	24.622	113.527	4.706
Samtals:	1.443.584	1.338.958	118.497

Notkun pappírs á skrifstofum

Fylgst er með notkun á ljósritunar- og tölvupappír. Innkaup eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Innkaup síðustu ára voru eins og fram kemur í meðfylgjandi stólpariti.



Lagning nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2001 var lagt bundið slitlag á hér um bil 135 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegarköflum er rúmlega 7 millj. km.

Eldsneytissparnaður vegna slitlagsins er tæplega 180 þús. lítrar á ári og minnkun á losun kolefnistvíildis rúm 400 tonn á ári.

Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun voru á árinu 2001 sendar 7 matsskýrslur vegna lögformlegs mats á umhverfisáhrifum fyrir eftirtalin verk:

Mislæg gatnamót Hringvegar, Víkurvegar og Reynisvatnsvegar
Hallsvegur í Reykjavík frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi
Vestfjarðavegur, Eyri – Vattarnes
Jarðgöng og vegur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar
Jarðgöng og vegur milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar
Snæfellsnesvegur um Kolgrafarfjörð í Eyrarsveit
Reykjanesbraut, breikkun á milli Hafnarfjarðar og Njarðvíkur

Á grafinu má sjá þróun í fjölda þessara matsskýrslna frá upphafi.

Ný lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru 2000 hafa leitt til nokkurrar fækkunar á matsskýrslum fyrir vegagerð miðað við eldri lög.



Fylgiskjal 4 Rekstrar- og efnahagsreikningur

Rekstrarreikningur Vegagerðarinnar 2001

		2001	Fjárlög 2001
Tekjur			
Framlög			
	Fjárlög	10.997.000.000	
	Fjáraukalög	166.000.000	
	Lre v/afsl. Flugleiða	-173.862	
Framlög alls		**11.162.826.138**	
Sértekjur		**509.218.723**	
Aðrar rekstrartekjur		**1.458.522**	
Innheimtar markaðar tekjur (skatttekjur)		**1.952.000**	
Afkoma umdæma og rekstrardeildar		**-175.365.359**	
Tekjur alls		**11.500.090.024**	
Gjöld			
1.01	Yfirstjórn	500.153.002	441.000.000
1.11	Styrkir til ferja og sérleyfishafa		
	Ferjur	345.148.546	264.000.000
	Sérleyfishafar	141.156.991	109.000.000
1.13	Styrkir til innanlandsflugs	60.474.122	66.000.000
5.05	Þjónusta	2.136.690.549	2.197.000.000
5.10	Viðhald	2.051.373.604	2.031.000.000
6.10	Nýframkvæmdir	5.877.627.846	5.474.000.000
6.21	Landsvegir	115.089.036	115.000.000
6.40	Tilraunir	77.078.275	101.000.000
6.43	Safnvegir	240.378.328	272.000.000
6.45	Styrkvegir	40.249.215	54.000.000
6.47	Reiðvegir	34.047.840	39.000.000
Gjöld alls		**11.619.467.354**	**11.163.000.000**
Halli/Hagnaður		**-119.377.330**	

Aths: Skoða ber þessa útgáfu ársreikninga Vegagerðarinnar sem bráðabirgðaútgáfu, þar sem til stendur að færa markaðar tekjur inn í uppgjör stofnunarinnar fyrir árið 2001.

Efnahagsreikningur Vegagerðarinnar 31.12.2001

	Reikningur 2001	Reikningur 2000
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	13.000.000	13.000.000
Langtímakröfur	3.454.001	3.454.001
Fastafjármunir alls	**16.454.001**	**16.454.001**
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	243.357.900	191.613.300
Inneign hjá ríkissjóði	21.611.454	28.952.143
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	350.888.481	128.749.990
Handbært fé	335.968.417	729.190.130
Veltufjármunir alls	**951.826.252**	**1.078.505.563**
Eignir samtals	**968.280.253**	**1.094.959.564**
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	312.100.277	229.187.465
Tekjujöfnuður ársins	-119.377.330	82.912.812
Höfuðstóll í árslok	**192.722.947**	**312.100.277**
Annað eigið fé		
Endurmatsreikningur	7.719.960	7.719.960
Framlag til eignamyndunar	211.594.000	211.594.000
Annað eigið fé samtals	**219.313.960**	**219.313.960**
Eigið fé í árslok	**412.036.907**	**531.414.237**
Skuldir		
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir alls	**0**	**0**
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalántökur	125.922.362	139.793.990
Aðrar skammtímaskuldir	430.320.984	423.751.337
Skammtímaskuldir alls	**556.243.346**	**563.545.327**
Skuldir samtals	**556.243.346**	**563.545.327**
Skuldir og eigið fé samtals	**968.280.253**	**1.094.959.564**

1292. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að loðnuveiðiflota landsmanna verði úthlutað varanlegri aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum. Samkvæmt frumvarpinu skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum í eigu íslenskra útgerðarmanna aflahlutdeild á grundvelli aflareynslu skipanna á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum. Út af fyrir sig eru rök til þess að miða úthlutun við lengri veiðireynslu en þrjú ár ef það er vilji meiri hluta alþingismanna að úthluta nú þessum réttindum til fárra útgerða með varanlegri aflahlutdeild. Það er hins vegar grundvallarspurning sem hver verður að svara fyrir sig. Ljóst er að það er minni ágreiningur um kvótastýrðar veiðar á uppsjávarafla en veiðar á botnfiskstofnum með kvótakerfi. Úthlutun verðmæta til útgerðarmanna einna þegar heimil er sala og leiga á veiðiréttinum án þess að atvinnuréttur sjómanna eða fólks í sjávarútvegsbyggðum sé á neinn hátt tryggður verður hins vegar ávallt mjög umdeild. Útgerðin átti aldrei að fá leigu- og sölurétt á óveiddum fiski. Útgerðin þurfti reglur um veiðirétt og nýtingarrétt sér til handa. Í veiðunum var varðveittur atvinnuréttur fólksins sem varð að söluvöru útgerðarmanna sem nú hafa sjálfdæmi um afkomu og framtíð fólks í sjávarbyggðum. Í lögum um veiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, voru á sínum tíma sett sérstök ákvæði um innskilareglu. Í 4. mgr. 5. gr. þeirra laga er ákvæði um að binda megi úthlutun því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum úr fiskistofnum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ný úthlutun færir þeim eða þá allt að 15% þeirrar tegundar sem úthlutað er, reiknað í þorskígildum. Þessi aðferð var notuð í samræmi við lögin þegar úthlutað var rækjukvóta á Flæmingjagrunni um áramótin 1996–1997. Þar sem rækja á Flæmingjagrunni er ekki deilistofn, þ.e. veiðist ekki á lögsögumörkum 200 sjómílna fiskveiðilandhelginnar eins og norsk-íslenska síldin, var innskilareglan byggð á 4. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga en þar segir að innskil skuli vera allt að 7% af þeim aflaheimildum sem úthlutað var reiknað í þorskígildum. Þar var ákveðið að 4% af rækjuhlutdeild skyldi skilað inn. Sú regla hækkaði kvóta innan lögsögunnar um 274.423 kíló til annarra skipa.

Þegar úthlutað var úthafskarfa á Reykjaneshrygg, sem veiðist bæði innan og utan lögsögu og er því deilistofn líkt og norsk-íslenska síldin, var ákveðið af ráðherra að 8% af þeirri úthafskarfahlutdeild sem úthlutað var ætti að skila inn til annarra skipa. Sú regla hækkaði kvóta annarra skipa innan lögsögunnar um 1.938.991 kíló.

Enn ein regla er í lögum nr. 151/1996 um mögulega útfærslu til innskila sem byggist á nokkurs konar uppboði þeirra sem njóta vilja úthlutunar. Þar segir: „Þá getur hann [ráðherra] ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.“ Þrátt fyrir þessi lagaákvæði sem áður er vitnað til og fyrri framkvæmdir sjávarútvegsráðherra við beitingu innskilareglu þegar verið er að færa útgerðarmönnum einum eignar-, sölu- og leigurétt til viðbótar veiðiréttinum á nýjum kvótasettum fiskveiðistofnum, í þessu tilfelli norsk-íslensku síldinni, er ekki vikið orði að því í greinargerð með frumvarpinu né í nefndaráliti meiri hlutans að nú skuli farið að áðurnefndum ákvæðum laganna um að aflaheimildir ann-

arra aukist lítillega þegar verið er að eignfæra norsk-íslensku síldina að öllu leyti til fárra útgerða.

Einnig er litið fram hjá því að allt að 5% séu forgangur þeirra sem veiðarnar hófu eða náðu fyrstir árangri við veiðarnar þótt slíkt frumkvöðlaákvæði sé í lögunum og hafi áður verið virkt í úthlutun úthafskarfans á Reykjaneshrygg. Frá því að þessar veiðar hófust að nýju árið 1994 hefur verið deilt um hvernig þessum rétti skuli úthlutað. Einkum voru sjómenn ósáttir við að enn á ný yrði rétturinn útgerðarmanna einna. Á fylgiskjali með nefndaráliti þessu má sjá viðhorf skipstjórnarmanna sem birtust í umsögn F.F.S.Í. árin 1997 og 1998.

Alþingi, 20. apríl 2002.

Guðjón A. Kristjánsson,
frsm.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal: Umsagnir Farmanna- og fiskimannasambands Íslands til sjávarútvegsnefndar.

1293. Nefndarálit [562. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar (JÁ, SvanJ).

Þetta frumvarp fjallar um veiðigjald og fleira. Sú útfærsla sem lögð er til byggist á niðurstöðum meiri hluta nefndar sem sjávarútvegsráðherra skipaði 28. september 1999 til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Gjaldið leggst á úthlutaðar veiðiheimildir hjá meiri hluta flotans, en á landaðan afla hjá bátum á sóknardögum Samkvæmt frumvarpinu mun gjaldtaka hefjast árið 2004 og fara smáhækkandi fram til ársins 2009.

Ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn á Alþingi hefur með þessu frumvarpi valið veiðigjaldsleið sem er ætlað að verja sérréttindi kvótahafanna og það einokunarfyrirkomulag sem gildir í stað „fyrningarleiðar“ og sátta. Því veiðigjaldi sem lagt er til að upp verði tekið virðist vera ætlað að taka mið af afkomu greinarinnar. Ekkert tillit er þó tekið til verðmætis aflaheimildanna sem viðkomandi útgerðarmenn fá. Sú viðmiðun er þó aðgengileg því að verðmæti aflaheimilda liggur alltaf fyrir á markaði sem er sívirkur. Fyrir fram má sjá að ýmsir gallar munu verða á framkvæmdinni. Í fyrsta lagi verður gjaldið miðað við meðalafkomu í greininni árið á undan. Gjaldið sem lagt er til er afar lágt miðað við raunverð þeirra aflaheimilda sem ríkið er að úthluta viðkomandi útgerðum. Ef tillit er tekið til þess að um leið og það verður lagt á verða önnur gjöld á útgerðina lögð niður er um óverulega hækkun álaga á útgerðina að ræða sé miðað við afkomu fyrri ára. Þótt haft sé á orði að miða skuli við afkomu í sjávarútvegi er samt vitað að vegna aðferðarinnar við að ákveða gjaldið munu einstakar greinar útgerðar, ef illa árar í þeim, þurfa að borga sama gjald og hinar sem vel gengur. Þetta er mjög varhugavert og getur valdið óþolandi mismunun ef gjaldið verður hækkað í framtíðinni. Þá er gjaldið innheimt miðað við kvótaígildi en ekki aflaverðmæti sem skekkir mjög stöðuna

milli útgerðarsvæða, t.d. í þorski á milli Norður- og Suðurlands. Augljóst er að þær útgerðir sem til lengri tíma skila hagnaði munu skila gjaldinu til ríkisins að frádregnum skatti en hinar sem ekki hafa hagnað greiða gjaldið að fullu í ríkissjóð. Þegar það er haft í huga að margar útgerðir hafa verið reknar áratugum saman án þess að sýna hagnað virðist hér komin aðferð til að láta þær greiða til ríkissjóðs þótt í litlu sé. Almennt má segja um þessa leið að hún er sniðin að hagsmunum þeirra sem nú eru handhafar veiðiréttarins.

Í aðferðinni, þ.e. að leggja gjaldið á úthlutaðar veiðiheimildir án þess að hróflað sé við sérréttindum kvótahafana, er fólgin sú afstaða að ríkisstjórnin ætlar með öllum ráðum að verja einkaeignarhald kvótahafanna á því að nýta þjóðarauðlindina. Það er lokasvar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar við spurningu sem brunnið hefur á landsmönnum síðan fyrir síðustu kosningar til Alþingis, spurningunni um hvernig Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ætla að standa við loforð foringja sinna um að leita sátta í deilunum um stjórn fiskveiða. Þessi niðurstaða hefur að vísu legið í loftinu síðan auðlindanefndin skilaði áliti sínu, en við það tækifæri setti forsætisráðherra fram sína skoðun á því hvernig bæri að túlka þann afskilnað. Eftir það hefur ekki farið á milli mála að forsætisráðherra vildi fara þá leið sem hér liggur fyrir. Auðvitað talaði hann þá fyrir báða stjórnarflokkana í þessu máli. Sjávarútvegsráðherra kom síðan í fótspor foringjans með yfirlýsingar um að þessi svokallaða veiðigjaldsleið væri leiðin til „betri sátta".

Í kjölfarið hófst svo leikþáttur í kring um nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði. Nú er það orðið alveg ljóst að sú nefnd hafði aldrei annað hlutverk en að skila samkomulagi foringjanna frá sér í tillöguformi. Allt sýnir þetta að fyrir talinu um sátt var engin innistæða.

Um einstakar greinar í frumvarpinu vill 1. minni hluti taka eftirfarandi fram:

Heimild er í 1. gr. til ráðherra til að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar, en einnig rannsóknir annara vísindamanna eða stofnana, skuli ekki reiknast til heildarafla. Með þessari breytingu er opnað á þann möguleika að fleiri en Hafrannsóknastofnunin geti stundað fiskirannsóknir og veitt fisk í rannsóknarskyni án þess að hafa til þess veiðiheimildir. Gert er ráð fyrir að umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar þurfi að liggja fyrir. Slíkt hlýtur að vera umhugsunarefni vegna þess að samkeppni milli vísindamanna getur vel haft áhrif á slíkar umsagnir. Að öðru leyti telur 1. minni hluti þessa breytingu jákvæða.

2. gr. hefur ekki efnislega þýðingu.

3. gr. er ætlað að styrkja framkvæmd Fiskistofu á flutningi veiðiréttar af skipi sem hverfur úr rekstri til annars skips. Nefndarmönnum var tjáð að þessi breyting hefði ekki áhrif á gerða samninga milli kaupenda og seljenda skipa.

Ákvæði 4. gr. um að árlega skuli úthluta 1.500 þorskígildistonnum í óslægðum botnfiski til skipa í byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi skal taka gildi 1. september 2002 samkvæmt breytingartillögu meiri hlutans. Ennig verður ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 þorskígildislestum af fyrrnefndum 1.500 í óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem verða talin hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Rétt er að ræða í samhengi við þetta að í ákvæði til bráðabirgða XXV er gert ráð fyrir því að úthluta 3.000 lestum af þorski til aflamarksbáta fram til ársins 2006. Meiri hlutinn leggur nú til að sú úthlutun verði varanleg. Sama máli gegnir um ákvæði til bráðabirgða XXVI en í því er gert ráð fyrir að Byggðastofnun úthluti aflaheimildum sem nema alls 1.500 þorskígildislestum til og með fiskveiðiárinu 2005/2006. Þetta verður gert varanlegt samkvæmt tillögum meiri hlutans og sjávarútvegsráðuneytinu falin úthlutunin með sama hætti og gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins.

Hér eru á ferðinni tillögur sem lýsa vel áhrifum einkaeignarhaldsins sem gildir á veiðiréttinum. Hvert byggðarlagið á fætur öðru lendir í óvissu og vanda. Þá er hlaupið til með handstýrðar úthlutanir og aðgerðir sem eru jafnvel fundnar út með því að skoða stöðu og þarfir einstakra útgerða. Þingmenn ríkisstjórnarflokkanna lýsa sig andvíga kerfinu og harma afleiðingar þess en ríkisstjórninni tekst ævinlega að kaupa einstaka þingmenn til stuðnings við óréttlátt kerfi sem mismunar einstaklingum og byggðarlögum með hrossakaupum sem lýsa sér ágætlega í þeim tillögum sem hér er fjallað um.

Í 5. gr. er lögð til sú breyting að krókaaflamarksbátar megi vera allt að 15 brúttótonn í stað 6 brúttórúmlesta eða 6 brúttótonna í gildandi lögum. Útgerð krókaaflamarksbáta er nú burðarás í atvinnulífi ýmissa byggðarlaga sem hafa glatað aflaheimildum í núgildandi kerfi. Þessir bátar eru auðvitað allt of smáir til útgerðar á vetrum. Það er hins vegar umdeilanlegt hvar þessi stærðarmörk ættu helst að liggja. Skynsamlegt er öryggis vegna að hækka þau verulega. Þótt einungis væri leyfð stækkun upp í 10 brúttótonn væri um að ræða næstum tvöföldun á stærð bátanna. Hér er ætlunin að leyfa þreföldun á stærð stærstu bátanna. Þetta þýðir að inn í kerfið koma bátar í stærðum sem notaðar eru á alls kyns veiðar aðrar en krókaveiðar, jafnvel net, snurvoð, skel og fleira. Þetta hefur það einnig í för með sér að inn í þennan hóp koma bátar sem hafa aðrar skyldur vegna skráningar áhafnar. Til að tvístra ekki útgerðarmönnum í þessum hópi hefur meiri hlutinn lagt fram frumvarp um breytingu á lögunum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sem á að tryggja að krókaaflamarksbátar upp í 15 brúttótonn verði áfram hjá Landssambandi smábátaeigenda. Það frumvarp þarf hins vegar nána skoðun og það þarf að fara yfir áhrif af breytingunni með hagsmunaaðilum til að tryggja að ekki komi upp vandamál vegna kjarasamninga eða annarra atriða. Vert er að hafa í huga að ríkisstjórnin hefur nú þegar hrundið af stað endurskoðun sem getur leitt til þess að lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun verði numin úr gildi að einhverju leyti.

Í 6. gr. voru lagðar til miklar breytingar á leyfilegri hámarksaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila. Meiri hlutinn dregur úr þessum áformum með breytingartillögum sínum og leggur til að hámarksaflahlutdeild einstakra aðila í ýsu, ufsa og grálúðu verði 20%, en 35% í karfa. Frumvarpið hafði gert ráð fyrir að hámarkskvótahlutdeild yrði 50% í öllum þessum tegundum. Eftir situr þess vegna tillaga um hækkun hámarkskvótahlutdeildar í karfa úr 20% upp í 35%, sem þýðir að þrjár útgerðir geta ráðið öllum karfastofnunum við landið, í ýsu á að hækka hámarkshutdeild úr 10% í 20% og í þorski úr 10% í 12%. Þá er hámark samanlagðar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila hækkuð úr 8% upp í 12%. Hér eru þrátt fyrir breytingartillögur meiri hlutans miklar breytingar á ferðinni sem greinilega er ætlað að greiða fyrir enn meiri samruna í sjávarútvegi.

Í 7. gr. er leitast við að styrkja framkvæmd Fiskistofu við flutning aflaheimilda milli aðila.

Í 8. gr. er lagt til að samráðsnefnd útgerðarmanna, sjómanna og ráðuneytis verði lögð niður. Þessi nefnd hefur ekki starfað en þær aðstæður gætu komið upp að slík nefnd gæti orðið að gagni og því hefði, meðan ekki næst betri sátt um málefni sjávarútvegsins, verið ástæða til að hafa þennan möguleika til samráðs tiltækan.

Í 9. gr. er leitast við að ná öruggari tökum á eftirliti Fiskistofu með eignarhaldi skipa til þess að kvótinn rati í „réttar“ hendur samkvæmt þeim reglum sem gilda.

Í 10 gr. eru tillögur um þær reglur sem ætlað er að láta gilda um svokallað veiðigjald, útreikning og innheimtu á því. Athyglisvert er að sjá hringlandaháttinn í öllu málinu sem lýsir sér vel í því að enn er verið að breyta með tillögum meiri hlutans viðmiðunum um útreikning og upphæðir gjaldsins. Breyting frá haustþingi sem fól í sér að heimilt væri að flytja 30% krókaaflamarks milli fiskveiðiára fellur brott þannig að sama regla verður látin gilda um flutning krókaaflamarks og aflamarks. Lagt er til að heimilt verði að flytja allt

krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003. Með því er komið til móts við óskir Landssambands smábátaeigenda um að ekki sé að fullu lokið við úthlutun aflaheimilda til handa smábátunum, eigendur þeirra eigi erfitt með að skipuleggja veiðar sínar og hætta sé á að aflaheimildir einstakra báta nýtist ekki. Einnig að ráðherra hafi 500 lestir af óslægðum þorski til ráðstöfunar til tilrauna með áframeldi í þorski sem er afar þörf tillaga.

Lagðar eru til breytingar á gildistökuákvæði frumvarpsins. Gildistaka veiðigjaldsins er þó óbreytt frá því sem er í frumvarpinu. Ákvæði 4. gr. frumvarpsins skal taka gildi 1. september 2002. Ráðherra verður þá heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 þorskígildislestum af óslægðum botnfiski til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem verða talin hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Sú niðurstaða þess þingmeirihluta sem styður ríkisstjórn Davíðs Oddssonar í mesta pólitíska ágreiningsmáli íslenskra stjórnmála til margra ára sem hér liggur fyrir með þessu frumvarpi er óskiljanleg í ljósi loforða foringa stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar. „Þjóðarsáttin“ varð að hraksmánarlegum hrossakaupum milli stjórnarflokkanna og LÍÚ og endaði með táknrænum hætti með því að kaupa fylgi þingmanna stjórnarflokkana í sjávarútvegsnefnd til fylgis við frumvarpið með sértækum úthlutunum til staða í þeirra eigin kjördæmum.

Fyrsti minni hluti harmar þessi málalok og leggur til að frumvarpið verði **fellt.**

Alþingi, 20. apríl 2002.

Jóhann Ársælsson, frsm. Svanfríður Jónasdóttir.

1294. Nefndarálit [562. mál]

um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Ætla má að sjávarútvegsráðherra telji að frumvarp þetta, eins og ráðherra kynnti það við fyrstu umræðu, sætti hagsmunaaðila og þjóðina. Allir hagsmunaaðilar sem komu fyrir sjávarútvegsnefnd hafna hins vegar meginefni frumvarpsins um veiðigjald á hvert þorskígildi. Landssamband smábátaeigenda hafnar jafnframt því að krókaaflahlutdeild verði aðeins flutt til báta sem eru undir 15 brúttótonnum eins og gert er ráð fyrir, í stað 6 brl. eða brúttótonna áður.

Samkvæmt frumvarpinu verða sum byggðaákvæði núverandi laga færð inn í lögin en önnur felld brott. Eignarheimildir eins aðila á hlutfalli úr fiskistofni eru hækkaðar um 20% í þorski, 100% í ýsu og 75% í karfa. Eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, geta átta eða níu fyrirtæki átt allan þorskstofninn, fimm fyrirtæki allan ýsustofninn og þrjú fyrirtæki allan karfastofninn. Varla leiðir það til aukinna sátta um fiskveiðistjórn.

Gagnstætt tillögum sjómanna um hækkaða veiðiskyldu er hún lækkuð. Í frumvarpinu og breytingartillögum er gert ráð fyrir auknum byggðakvótum til þess að taka á vanda sem nú

er við að glíma vegna kvótasölu úr sjávarbyggðum. Auk þess er sértryggt að fleiri slíkir pottar sem ætlað er að verja byggðir algjöru falli komi inn á næstu árum. Síðasti potturinn kemur inn á nýja fiskveiðiárinu 2006/2007 og verður varla vanþörf á ef stjórn fiskveiða framkallar fleiri vandamál en stjórnarliðar geta séð fyrir og leyst með sérstökum viðlagaákvörðunum.

Þess sér einnig stað í breytingartillögum að sjávarútvegsráðherra bjó til svo mikil vandamál með stjórnarverkum sínum við kvótasetningu smábátanna á þessu fiskveiðiári að nú þarf sérstaka neyðarlausn svo bjarga megi veiðimöguleikum krókaaflamarksbátanna. Vandi minni aflamarksbáta er alveg óleystur í þessu frumvarpi. Hvað þá að veiðireynsla leiguliða til margra ára sé viðurkennd þótt alltaf sé verið að úthluta til annarra á grundvelli veiðireynslu.

Frumvarp þetta leysir ekki vandamálin sem samfara eru kvótabraskkerfinu né getur orðið um það nein sátt. Þessi veiðigjaldsleið er ófær, er þá betur heima setið en af stað farið.

Alþingi, 20. apríl 2002.

Guðjón A. Kristjánsson.

1295. Nefndarálit [670. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þetta frumvarp sjávarútvegsráðherra byggist á tveimur atriðum, að Fiskistofa úthluti einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum á grundvelli aflareynslu þeirra frá því að veiðar hófust aftur á stofninum árið 1994 og síðan er sú regla áréttuð að hafi skip komi í stað annars njóti það aflareynslunnar. Þessar breytingar eru lagðar til eftir að ákveðið hefur verið að veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum falli undir 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og að aflahlutdeildum verði úthlutað á skip.

Jafnaðarmenn hafa þrisvar lagt fram frumvarp til breytinga á lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands í samræmi við það sem Samfylkingin leggur til varðandi úthlutun aflaheimilda samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða, þ.e. að veiðarnar verði boðnar út. Fyrsta þingmálið í þá veru var lagt fram á 121. þingi, síðan á 122. þingi og loks á 126. þingi. Þá hafa fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd jafnan lagst gegn þeim ráðstöfunum sem meiri hlutinn hefur á hverjum tíma gert vegna norsk-íslenska síldarstofnsins en þær ráðstafanir hafa leynt og ljóst miðað að því að kvótasetja stofninn eins og nú er verið að innsigla. Framangreind frumvörp og nefndarálit fulltrúa jafnaðarmanna eru hluti af þessu nefndaráliti.

Eins og alkunna er voru veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki stundaðar svo neinu næmi í yfir 30 ár. Á síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi hafa Íslendingar tryggt sér veiðiréttindi á bilinu 132–233 þús. lestir úr leyfilegum heildarafla. Ef vonir manna um aukningu í stofninum og að stærri hluti hans gangi inn í íslenska lögsögu rætast er nú augljóslega verið að úthluta mun meiri verðmætum, gætu orðið allt að þrefalt meiri, en leiða má af veiðireynslu skipanna í tonnum talið.

Þá liggur ekki fyrir hvort ráðherra hyggst nýta sér þá innskilareglu sem er að finna í 5. gr. laga um veiðar utan lögsögu Íslands og var beitt þegar veiðar á úthafskarfa á Reykjaneshrygg og rækju á Flæmingjagrunni voru kvótasettar á sínum tíma.

Úthlutun „varanlegra“ aflahlutdeilda úr norsk-íslenska síldarstofninum er framkvæmd af hálfu sjávarútvegsráðherra þrátt fyrir þá staðreynd að þegar frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands var afgreitt út úr sjávarútvegsnefnd á sínum tíma sagði í áliti meiri hlutans sem var undirritað af þingmönnunum Árni R. Árnasyni, Stefáni Guðmundssyni, Vilhjálmi Egilssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Hjálmari Árnasyni og Guðmundi Hallvarðssyni: „Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild.“

Samfylkingin styður ekki þá ákvörðun ráðherra að úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofninum enda hafa fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd ítrekað lagt til að önnur leið yrði valin. Samfylkingin mun því sitja hjá við þær tæknilegu lagfæringar sem hér eru lagðar til vegna þeirra ákvörðunar ráðherra.

Alþingi, 20. apríl 2002.

Svanfríður Jónasdóttir, form., frsm. — Jóhann Ársælsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson.
Sjá þskj. 680 (388. mál 121. löggjafarþings) bls. 3492–3495 í A-deild Alþt. 1996–97.

II. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson.
Sjá þskj. 146 (146. mál 122. löggjafarþings) bls. 901–903 í A-deild Alþt. 1997–98.

III. Nefndarálit um frv. til l. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.
Sjá þskj. 1345 (642. mál 122. löggjafarþings) bls. 5511–5512 í A-deild Alþt. 1997–98.

IV. Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.
Sjá þskj. 928 (407. mál 125. löggjafarþings) bls. 4693–4694 í A-deild Alþt. 1999–2000.

V. Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, með síðari breytingum frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.
Sjá þskj. 471 (215. mál 126. löggjafarþings) bls. 2178–2179 í A-deild Alþt. 2000–2001.

VI. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Ársælsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.
Sjá þskj. 429 (330. mál 126. löggjafarþings) bls. 1925–1926 í A-deild Alþt. 2000–2001.

1296. Þingsályktun [675. mál]

um aðild að alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1091.

1297. Þingsályktun [682. mál]

um fullgildingu Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1098.

1298. Þingsályktun [683. mál]

um aðild að samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó og bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1099.

1299. Þingsályktun [684. mál]

um aðild að Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1100.

1300. Frumvarp til laga [359. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. c laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., er orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögunum sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki tryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var tryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 10. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, og frádráttarliða skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skulu við ákvörðun tekjugrundvallar tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Einnig skulu tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning tekjutryggingar skv. 17. gr.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að bætur hafa verið vangreiddar skal bótaþega greitt það sem upp á vantar. Hafi tekjutengdar bætur verið ofgreiddar skal um innheimtu fara skv. 50. gr.

Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. og tekjur síðastliðins árs og þess sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott; á eftir orðinu „ellilífeyrir“ kemur: skal vera; og á eftir skammstöfuninni „kr.“ í sama málslið kemur: á ári og.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðið „árlegur“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott; á eftir skammstöfuninni „kr.“ kemur: á ári; og í stað orðanna „4. mgr.“ í sama málslið kemur: 5. mgr.
b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslið bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
d. 6. mgr. fellur brott.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi á aldrinum 18–62 ára örorkustyrk að upphæð 14.992 kr. á mánuði ef örorka hans er metin a.m.k. 50% og hann uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. Slíkan styrk skal enn fremur veita þeim sem uppfyllir skilyrði 1. málsl. þessarar málsgreinar og stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan aukakostnað. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal einstaklingi sem náð hefur 62 ára aldri, uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. og er metinn a.m.k. 50% öryrki örorkustyrk sem skal svara til fulls örorkulífeyris skv. 12. gr., þ.e. grunnlífeyris án bóta tengdra honum. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal viðbót við örorkustyrk til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri, sbr. 14. gr., fyrir hvert barn á framfæri.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

b. Á eftir orðinu „ellilífeyrisþega“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
c. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. og „sameiginlega tekjur“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
d. Á eftir orðunum „Ef tekjur“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
e. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. og 1. málsl. 6. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
f. Á eftir orðunum „miðast tekjur“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
g. Orðin „sbr. 11. mgr.“ í 8. og 9. mgr. falla brott.
h. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 10. mgr.
i. 11. mgr. fellur brott.
j. Í stað orðanna „lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum“ í 12. mgr. kemur: lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
k. Við 13. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framkvæmd bótaútreiknings samkvæmt þessari grein fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
l. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.
m. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Tekjutrygging og tekjutryggingarauki.*

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:
a. B-liður 1. mgr. orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.
b. Á eftir e-lið 1. mgr. bætast við tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
f. Atvinnurekendur í landbúnaði sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn á aldrinum 13 til og með 17 ára.
g. Atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en um getur í f-lið.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. 5. mgr. orðast svo:
Maki atvinnurekanda og börn hans á aldrinum 13 til og með 17 ára, sbr. g-lið 1. mgr., teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein nema þau starfi við atvinnureksturinn og þiggi laun fyrir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.

12. gr.

4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af tekjum bótaþega, sbr. 10. gr., við þá atvinnu sem hann stundaði er slysið varð.

13. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjöldum skv. 3. mgr. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag sem standa skal undir kostnaði af bótum vegna þeirra sem um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár.

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skulu vera 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni. Iðgjöld þessi skulu ásamt dagpeningum skv. 6. mgr. 63. gr. standa undir greiðslu launa og/eða aflahlutar skv. 2. mgr. 63. gr. og rekstrarkostnaði slysatrygginga vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar við tryggingu þessa. Iðgjöld þeirra sem heimilisstörf stunda skv. 25. gr. skulu ákveðin þannig að þau standi undir kostnaði við tryggingunа og rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna framkvæmdarinnar.

14. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar, sbr. 2. gr., og skal hún veita þá styrki sem hér segir:

a. Styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Styrk til nauðsynlegrar æfingameðferðar eða þjálfunar.
c. Styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.
d. Ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.
e. Styrk til greiðslu kostnaðar vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.
f. Styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.
g. Styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, samkvæmt fyrirmælum læknis.

Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. h-liðar 1. mgr. orðast svo: Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður hámarksgjald samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.
b. Við h-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, 6. málsl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er ráðherra heimilt í reglugerð að ákveða að veita skuli hjálp við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir skv. b-lið 1. mgr. hjá öðrum sérfræðingum á heilbrigðissviði en sérfræðilæknum.

16. gr.

Í stað 5. mgr. 43. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum í 1. málsl. þessarar málsgreinar ef sérstaklega stendur á og skal við mat á framlengingu á greiðslu lífeyris og bótum honum tengdum höfð hliðsjón af tekjum skv. 10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða, sem ekki er á föstum fjárlögum, vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði vistmanns á dvalarheimili aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr.

Sjúkrahús og stofnanir skv. 5. og 6. mgr. skulu senda Tryggingastofnun mánaðarlega upplýsingar um vistun.

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 19.990 kr. á mánuði. Tekjur umfram 3.952 kr. á mánuði skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur sem nema 416.474 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 10. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. málsl. þessarar málsgreinar, umfram tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. málsl.

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en 1.592 kr. á dag þann tíma.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

17. gr.

1.–4. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Sækja skal um allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og greiðslur skv. 59. gr. Þó getur Tryggingastofnun ríkisins ákveðið að ekki þurfi að sækja um tilteknar bætur skv. 33., 34., 36. og 37. gr. Örorkulífeyrisþegar þurfa þó ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 11. gr. þegar þeir ná 67 ára aldri. Umsóknir um bætur skulu vera á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er á þennan hátt skal þess gætt að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr.

Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, bótaþega eða maka hans er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Tryggingastofnun skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur og skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum á grundvelli laganna og starfsreglum stofnunarinnar. Starfsfólki Tryggingastofnunar og umboða hennar er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

18. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. og eru jafnframt sjúkratryggðir hér á landi.

19. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum.

Ef tekjutengdar bætur samkvæmt lögum þessum eru ofgreiddar af Tryggingastofnun eða umboðum hennar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærri en lagt var

til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna, sbr. 47. gr.

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað.

Þegar bætur eru vangreiddar skal greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og skulu þeir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt, sbr. þó 48. gr. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 7. gr., leiðir til þess að einstaklingur á rétt á bótum en hafði fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 48. gr. Ef bætur eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum, sbr. 3. mgr. 47. gr., falla vextir niður.

Þegar greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega skal hann greiða dráttarvexti á þá bótafjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

20. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skulu eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila og skal eftir atvikum leita staðfestingar á iðgjaldi útgerðaraðila þegar greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

21. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skv. 31. gr. skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

22. gr.

58. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja áhættu vegna bótaskyldra slysa, sbr. III. kafla laga þessara og 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fullra launa og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald skv. 31. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu, sbr. 1. mgr., fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi Tryggingastofnunar.

Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunar þann tíma sem greiðslur launa og aflahlutar eiga sér stað.

II. KAFLI
Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Við bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Makabætur og umönnunarbætur.*

25. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt efnisheiti og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

a. (13. gr.)

Kostnaður við dagvist aldraðra.

Þeir sem njóta þjónustu dagvistar samkvæmt lögum um málefni aldraðra skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar. Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, umfram greiðslur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

b. (14. gr.)

Ef greiðsla samkvæmt lögum þessum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skulu þær ákveðnar skv. 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Einnig skal beita 47. og 50. gr. laga um almannatryggingar vegna upplýsinga um tekjur, þagmælsku starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins og endurheimtu á ofgreiddum bótum.

III. KAFLI
Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

26. gr.

Á eftir 1. tölul. 2. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: *Vistmaður:* Sá sem dvelur á stofnun skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. og sá sem dvelur lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði á stofnun skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. eða í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum.

27. gr.

Á undan 19. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Dagvist.*

28. gr.

Á undan 20. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Önnur þjónusta en heimaþjónusta.*

29. gr.

Í stað 21.–23. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt efnisheitum, svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Daggjaldastofnanir.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum sem ekki eru á föstum fjárlögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Hafi vistmaður engar tekjur, sbr. 26. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins greiða dvalarheimilinu vistunarframlag skv. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, til greiðslu dvalarkostnaðar hans á stofnuninni. Vistunarframlagið skal nema fjárhæð lífeyris vistmanns og bótum tengdum honum og því sem á vantar dvalarkostnað eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar, sbr. þó 22. gr.

Lífeyrir frá lífeyristryggingum almannatrygginga og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur á stofnun, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr., sem ekki er á föstum fjárlögum, fellur niður, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Um þátttöku í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða skv. 1. mgr. er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

b. (22. gr.)

Þátttaka vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar og framkvæmd tekjuútreiknings.

Vistmaður, sem hefur tekjur, sbr. 26. gr., umfram 34.659 kr. á mánuði skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnun fyrir aldraða. Þó skal greiðsluþátttaka hans aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur daggjöldum á stofnun eins og þau eru ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar og 3. mgr. 23. gr. laga þessara.

Eftirfarandi gildir um greiðslu vistmanns á dvalarkostnaði á dvalarheimili og hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými öldrunarstofnunar sem ekki er á föstum fjárlögum og hjúkrunarrými sem er á föstum fjárlögum þegar vistmaður greiðir dvalarkostnað með tekjum sínum að hluta eða öllu leyti:

1. Nú hefur vistmaður tekjur, sbr. 26. gr., sem eru hærri en 34.659 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður.
2. Ef tekjur vistmanns á dvalarheimili skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. ná ekki 34.659 kr. á mánuði greiðir Tryggingastofnun ríkisins dvalarkostnað hans með vistunarframlagi, sbr. 1. mgr. 21. gr.
3. Nú á vistmaður maka og skulu þá tekjur vistmanns, sbr. 26. gr., skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 34.659 kr. á mánuði skal hann standa straum af dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., með þeim tekjum sem umfram eru.

c. (23. gr.)

Innheimta dvalarkostnaðar.

Daggjaldastofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 22. gr. Stofnun skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú vanrækir stofnun

þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

Stofnun sem er á föstum fjárlögum skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði, sbr. 3. mgr., nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal ákveða hámark greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði á stofnun sem er á föstum fjárlögum. Við ákvörðun skal höfð hliðsjón af ákvörðun daggjalda eins og þau eru ákveðin skv. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

d. (24. gr.)

Vasapeningar.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á stofnun fyrir aldraða vasapeninga skv. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

30. gr.

24. gr. laganna verður 25. gr.

31. gr.

Á eftir 24. gr. laganna (er verður 25. gr.) kemur ný grein, 26. gr., og orðast svo ásamt efnisheiti:

Skilgreining á tekjum o.fl.

Til tekna teljast samkvæmt þessum kafla tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu þó tekjur skv. C-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja 1/12 af áætluðum tekjum greiðsluársins að teknu tilliti til innheimtuhlutfalls staðgreiðslu og persónuafsláttar viðkomandi staðgreiðsluárs. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda og vistmanni. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæðir á grundvelli tekna skv. 1. og 2. mgr. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra

breytinga á launum frá þeim tíma sem áætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið vangreitt skal stofnun greitt það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal um endurheimtu á ofgreiðslum fara skv. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skal Tryggingastofnun áætla tekjur vistmanns á grundvelli upplýsinga frá skattyfirvöldum og vistmanni og skulu tekjur síðastliðið ár og það sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

32. gr.

Við VI. kafla laganna bætist ný grein sem verður 27. gr. og breytist töluröð annarra greina kaflans samkvæmt því:

Starfsmenn stofnana skv. 1. tölul. 14. gr. skulu gæta þagmælsku um heilsufar, ástand og aðrar persónulegar upplýsingar vistmanna. Þagnarskyldan helst þótt vistmaður andist og þótt starfsmaður láti af störfum. Um þagmælsku starfsmanna á stofnunum skv. 2. tölul. 14. gr. fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

33. gr.

Í stað 2. mgr. 20. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til heilsugæslustöðvar fyrir þjónustu á heilsugæslustöð í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Einnig skal sjúkratryggður greiða gjald vegna krabbameinsleitar samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ekki er heimilt að taka gjald vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum. Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu á heilsugæslustöð samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur við það ríki sem þeir koma frá vegna þjónustu á heilsugæslustöð.

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða heilsugæslulækni gjald fyrir vitjun samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjald þetta skal vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi skal óhjákvæmilegur ferðakostnaður læknis innifalinn.

Heimilt er að setja reglugerð um hámark greiðslna sjúkratryggðs einstaklings.

34. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til göngudeilda, slysadeilda og bráðamóttöku sjúkrahúsa fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur.

Gjald vegna sérfræðiþjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

V. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

35. gr.

Við 2. málsl. 17. gr. laganna bætist: og lögum um heilbrigðisþjónustu.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr., 1.–3. málsl. og 7. og 8. málsl. 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 12. gr., 1.–3. mgr. 19. gr., 25. gr., b–d-liða (22.–24. gr.) 29. gr. og 31. gr. er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2004 á tekjur ársins 2003.

4.–6. málsl. 4. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4.–6. málsl. 5. mgr. og 6. mgr. 31. gr. koma til framkvæmda 1. september 2004.

A-liður 10. gr., 16. gr., 4. og 5. mgr. 19. gr. og a-liður (21. gr.) 29. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2004.

Bótafjárhæðir og tekjumörk í krónutölum, sem tilgreind eru í þeim greinum sem 2.–4. mgr. taka til, breytast í samræmi við breytingar á fjárhæðum bóta eða tekjumarka sem verða fram að gildistöku greinanna.

1301. Frumvarp til laga [494. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 95. gr. laganna, sbr. lög nr. 47/1941, 101/1976 og 82/1998, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sömu refsingu skal hver sá sæta sem ógnar eða beitir valdi gagnvart sendierindreka erlends ríkis hér á landi eða ræðst inn á eða veldur skemmdum á sendiráðssvæði eða hótar slíku.

II. KAFLI

Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða

hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.

b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skv. 2. og 3. mgr.

3. gr.

Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein, 29. gr. a, svohljóðandi:

Starfslokaaldur.

Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

4. gr.

Heiti IV. kafla laganna verður: **Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.**

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 49/2000:

a. A-liður 2. mgr. hljóðar svo: vera íslenskir ríkisborgarar, 20–35 ára, en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður.
b. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, b-liður, sem hljóðar svo: hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.
c. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: og eru ákvarðanir hennar um val nema endanlegar.

6. gr.

Í stað orðanna „a-, b- og c-liða 2. mgr. 38. gr. laganna“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskað eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski lögreglumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.

Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. maí 2003 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1302. Frumvarp til laga [653. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr., sem verður 3. mgr., kemur: 1. og 2. mgr.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
   b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
   c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.

3. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr.

Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
   a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
   b. hvaðan upplýsingarnar koma,
   c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
   d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.

4. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.

5. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Persónuvernd setur reglur um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1303. Frumvarp til laga [709. mál]

um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

Afnám laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu.

1. gr.

Lög nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, sbr. 7. gr. laga nr. 83/1997, falla brott.

Breytingar á öðrum lögum.

2. gr.

a. IV. kafli laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., fellur brott.
b. Eftirtaldar breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt:
   1. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   2. Í stað orðanna „þeir aðilar ákveða“ kemur: Hagstofa Íslands ákveður.
   3. Í stað orðanna „skýrslugerð þeirra“ komi: skýrslugerð hennar.
c. Úr 3. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1987, um söknargjöld o.fl., falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
d. Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 44. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. laga nr. 119/1989:
   1. Orðin „og Þjóðhagsstofnun“ falla brott.
   2. Í stað orðsins „þeirra“ kemur: hennar.
e. Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins, sbr. 21. gr. laga nr. 73/1996:
   1. Í stað orðsins „fjóra“ í 1. málsl. kemur: þrjá.
   2. Orðin „einn eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.
f. Í stað orðanna „fyrirliggjandi spá Þjóðhagsstofnunar“ í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 2. gr. laga nr. 141/1995, kemur: horfum.
g. Úr 3. mgr. 39. gr. laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, falla brott orðin: og Þjóðhagsstofnun.
h. Eftirtaldar breytingar verða á 47. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   1. Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. kemur: fimm.
   2. Í stað orðanna „tveggja fulltrúa“ í 2. málsl. kemur: eins fulltrúa.
   3. Orðin „og Þjóðhagsstofnunar“ í 2. málsl. falla brott.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1304. Frumvarp til laga [546. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.
b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, 3.–5. mgr., sem orðast svo:

Einkahlutafélög mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félögin skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum *jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í* íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Við umreikning í annan gjaldmiðil skal nafnverð hlutafjár vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

2. gr.

Við 2. tölul. 127. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 3. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

1305. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.
b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, 4.–6. mgr., sem orðast svo:

Hlutafélög, sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði, mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög, enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félög skv. 1. og 2. málsl. skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur ekki við útgáfu hlutabréfa aflað heimildar til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal við umreikning í annan gjaldmiðil miða við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin eða það gengi sem gilti þegar innborganir hlutafjár fóru fram. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

2. gr.

Í stað orðanna „lög um rafræna skráningu verðbréfa“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Í hlutafélögum skal við breytingu á gjaldmiðli hlutafjár innkalla útgefin hlutabréf og gefa ný út í stað þeirra í nýjum gjaldmiðli. Gera skal sambærilegar breytingar sé um rafræna skráningu að ræða.

3. gr.

Við 2. tölul. 153. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

1306. Frumvarp til laga [596. mál]

um breyting á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „settar eru í“ í 1. mgr. kemur: bókun 3 og.
b. Á eftir orðunum „á sviði“ í 1. mgr. kemur: ríkisaðstoðar og.

2. gr.

3. mgr. 47. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skulu stjórnvöld, að undangenginni ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um endurgreiðslu, gera ráðstafanir til þess að endurheimta aðstoðina frá þiggjanda hennar. Þiggjanda aðstoðar ber að greiða vexti, sem eftirlitsstofnun EFTA ákveður, af fjárhæð þeirri sem hann er endurkrafinn um. Vextir skulu reiknaðir frá þeim degi er þiggjanda var fengin aðstoðin til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Afturköllun samkvæmt málsgrein þessari skapar sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.

3. gr.

2. málsl. 48. gr. laganna verður svohljóðandi: Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1307. Frumvarp til laga [583. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

18. Grundartangi.
19. Skagaströnd.
20. Vopnafjörður.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „75.000“ í 2. mgr. 139. gr. laganna kemur: 300.000.

3. gr.

A-tollur tollskrárnúmersins 9401.2002 í viðauka I við lögin verður 0%.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku laganna.

1308. Frumvarp til laga [582. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Til stofns telst enn fremur endurgjald sem ber að reikna manni sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. eða 1. mgr. 19. gr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 15 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Ákvörðun skattstjóra skv. 1. málsl. eða áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð, sbr. 1. mgr., má skjóta til skattstjóra innan 15 daga frá póstlagningardegi tilkynningar. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

Kæruúrskurði skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

3. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem telst launagreiðandi skv. 7. gr. skal ótilkvaddur og eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hans hefst tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir orðunum „sjálfstæða starfsemi“ í 6. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „(OECD)“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: og Liechtenstein.

b. Á eftir orðinu „OECD“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: eða Liechtenstein.
c. Á eftir orðinu „OECD“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: eða Liechtenstein.

IV. KAFLI
Gildistaka laganna.
6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1309. Frumvarp til laga [427. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI
Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.
1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/2001, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar frá 15. desember 1997.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi frá 9. desember 1999.

2. gr.

Á eftir 100. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 100. gr. a – 100. gr. c, svohljóðandi:

a. (100. gr. a.)

Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögmætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum, þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega:

1. manndráp skv. 211. gr.,
2. líkamsárás skv. 218. gr.,
3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,
4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannslífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,
5. flugrán skv. 2. mgr. 165. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 165. gr.,
6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatns-

flóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja skv. 1. mgr. 165. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar skv. 1. mgr. 171. gr.

Sömu refsingu skal sá sæta sem í sama tilgangi hótar að fremja þau brot sem talin eru í 1. mgr.

b. (100. gr. b.)

Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

c. (100. gr. c.)

Hver sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt styður refsiverða starfsemi eða sameiginlegt markmið félags eða hóps, sem framið hefur eitt eða fleiri brot gegn 100. gr. a eða 100. gr. b, og starfsemin eða markmiðin fela í sér að eitt eða fleiri slík brot séu framin, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

II. KAFLI
Breyting á lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, nr. 144 22. desember 1998.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt.

4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka.**

III. KAFLI
Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1310. Frumvarp til laga [678. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2001, bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

13. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó frá 10. mars 1988.
14. Fyrir háttsemi sem greinir í bókun um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu frá 10. mars 1988.
15. Fyrir háttsemi sem greinir í samningi um vörslu kjarnakleyfra efna frá 3. mars 1980.

2. gr.

Við 2. mgr. 165. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 41/1973, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir ef gripið er inn í stjórn skips eða botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

3. gr.

Við 1. mgr. 168. gr. laganna, sbr. 80. gr. laga nr. 82/1998, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir ef raskað er öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

4. gr.

Á eftir 169. gr. laganna kemur ný grein, 169. gr. a, svohljóðandi:

Hver sá sem ólöglega tekur við, hefur í vörslum sínum, notar, flytur, breytir, losar eða dreifir kjarnakleyfum efnum og stofnar með því lífi manna, heilsu eða eignum í háska skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Ef brot skv. 1. mgr. hefur í för með sér almannahættu varðar það fangelsi allt að 16 árum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1311. Þingsályktun [599. mál]

um stefnumótun um aukið umferðaröryggi.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Alþingi ályktar að á næstu ellefu árum, eða fyrir lok ársins 2012, skuli stefnt að fækkun banaslysa og annarra alvarlegra umferðarslysa um 40% miðað við fjölda slysa árin 2000 og 2001. Þessu takmarki verði náð með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, fyrirtækja, áhugahópa um umferðaröryggismál og alls almennings. Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.

1312. Frumvarp til laga [652. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 51. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu umsögn ökukennara um árangur þar sem mælt er með útgáfu fullnaðarskírteinis,
b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar.

Nú fullnægir hlutaðeigandi skilyrðum a-liðar en ekki skilyrðum b-liðar 5. mgr. og skal þá gefa út bráðabirgðaskírteini á ný að loknum gildistíma þess.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ökupróf“ í b-lið kemur: og akstursmat.
b. Á eftir orðinu „próf“ í d-lið kemur: akstursmat.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 6. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.

4. gr.

3. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna, sbr. lög nr. 37/1996, fellur brott.

5. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 48/1997, fellur brott.

6. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Umferðarstofa annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála, sbr. 112. gr. Umferðarstofa skal veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu.

Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

7. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 44/1993, orðast svo:

Hlutverk Umferðarstofu er að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,

b. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
c. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi í samvinnu við Löggildingarstofu,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál,
e. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
f. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
g. annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð,
h. annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum og
k. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofu og staðfestir skipurit hennar og skiptingu í starfsdeildir.

8. gr.

113. gr. laganna, sbr. lög nr. 138/1996, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofu og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

9. gr.

114. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, 138/1996 og 83/1997, orðast svo:

Til Umferðarstofu renna þessi gjöld:
a. gjöld fyrir skráningu ökutækja, sbr. 64. gr.,
b. gjöld fyrir skráningarmerki, sbr. 64. gr.,
c. gjöld fyrir viðurkenningu á gerð, sbr. 64. gr.,
d. gjöld fyrir einkamerki, sbr. 64. gr. a,
e. umferðaröryggisgjald, sbr. 2. mgr.,
f. önnur gjöld sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmálaráðherra.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofu, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofu af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknarstarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

10. gr.

115. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 147/1995, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar umferðarráð til þriggja ára í senn. Meginhlutverk þess skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Umferðarráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í umferðarráð án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa ráðsins skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Dómsmálaráðherra skipar stjórn umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og einum aðila samkvæmt tilnefningu umferðarráðs. Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnar umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í umferðarráði ólaunuð.

Umferðarstofa leggur umferðarráði til framkvæmdastjóra og starfsaðstöðu.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf umferðarráðs.

11. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

12. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráðs“ í 2. málsl. 117. gr. laganna kemur: Umferðarstofu.

13. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Umferðarstofa, umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.**

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2002. Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skipar verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofu og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Störf hjá Umferðarráði eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki Umferðarráðs skulu boðin störf hjá Umferðarstofu. Heimilt er að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofu í samræmi við ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Skráningarstofunni hf.

1313. Frumvarp til laga [357. mál]

um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi hross nema embættisdýralæknir hafi skoðað það í útflutningshöfn, metið það hæft til útflutnings með tilliti til dýraverndar og smitsjúkóma og staðfest að það sé rétt merkt og uppfylli kröfur sem gerðar eru af hlutaðeigandi yfirvöldum í innflutningslandi. Öll útflutningshross skulu örmerkt eða frostmerkt. Útflytjendur hrossa greiða kostnað við skoðun útflutningshrossa í útflutningshöfn samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu yfirdýralæknis.

3. gr.

Flutningsfar fyrir hross og öll aðstaða, svo sem rými, loftræsting, brynningartæki, fóður og aðstaða til fóðrunar, skal vera með þeim hætti að sem best sé að hrossunum búið. Embættisdýralæknir skal ávallt líta eftir að reglum um aðbúnað sé fylgt.

Á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl er einungis heimilt að flytja hross til útlanda með flugvélum.

4. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi skal fylgja vottorð, hestavegabréf, frá Bændasamtökum Íslands er staðfesti uppruna, ætterni og hver eigandi þess sé.

Útflytjendur hrossa greiða gjald vegna kostnaðar við útgáfu hestavegabréfa samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Fagráð í hrossarækt, sem starfar skv. 4. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, skal árlega ákveða mörk kynbótamats sem hross þarf að hafa til að teljast úrvalskynbótagripur. Sé áformað að selja úr landi hross sem hefur kynbótamat yfir þeim mörkum skal það tilkynnt Bændasamtökum Íslands án tafar.

5. gr.

Af hverju útfluttu hrossi skal greiða 500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998. Bændasamtök Íslands annast innheimtu gjaldsins.

6. gr.

Skipa skal fimm manna ráðgjafarnefnd um málefni er snerta útflutning hrossa og skal hún jafnframt vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem að þeim málum vinna. Bændasamtök Íslands, Félag hrossabænda, yfirdýralæknir og Félag hrossaútflytjenda tilnefna menn í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og upplýsingar sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upprunavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 161/1994, um útflutning hrossa, með síðari breytingum. Ákvæði 2. gr. um að öll útflutningshross skuli vera örmerkt eða frostmerkt tekur þó fyrst gildi 1. janúar 2003.

1314. Frumvarp til laga [672. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. laganna, sbr. 12. gr. laga nr. 133/1993, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda með sama hætti um útlendinga sem falla undir stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 1. málsl. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða samsvarandi ákvæða í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæði II. og III. bálks I. hluta fylgiskjalsins skulu enn fremur gilda um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

III. KAFLI

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

5. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

Breyting á lögum nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun, með síðari breytingum.

6. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

7. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 75/1977, um iðjuþjálfun, með síðari breytingum.

8. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

9. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

Breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga, með síðari breytingum.

10. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

11. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðis“ í 17. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 17/1984, um sjóntækjafræðinga, með síðari breytingum.

12. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 116/1993, orðast svo: Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í.

13. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en að því er varðar ríkisfang í öðru aðildarríki EES-samningsins eða í Sviss og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

14. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

15. gr.

Á eftir orðunum „utan EES-svæðisins“ í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og Sviss.

Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.

16. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993:

a. Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. málsl. kemur: og í Sviss.
b. Á eftir orðunum „aðra en ríkisborgara frá EES-landi“ í 3. málsl. kemur: og frá Sviss.

18. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.

19. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, kemur: og í Sviss.

21. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993, bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

22. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sjúkratryggingar skulu einnig greiða þann kostnað sem hlýst af því að sjúkratryggðum sé nauðsyn á að leita sér lækninga þegar hann er staddur í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

23. gr.

2. málsl. 66. gr. laganna orðast svo: Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir almannatryggingareglur Evrópusambandsins með aðlögun vegna EES-samningsins og almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

24. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 108/2000:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í fyrri málslið 2. mgr. kemur: og samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

26. gr.

Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 108/2000, kemur: og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

27. gr.

Á eftir orðunum „framkvæmdastjórnar EB“ í síðari málslið 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: og stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

28. gr.

Á eftir 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 108/2000, kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um lyfjamál með aðlögun vegna EES-samningsins og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 16/2001, um lækningatæki.

29. gr.

Við fyrri málslið 4. tölul. 3. gr. laganna bætist: og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

IV. KAFLI

Iðnaðarráðuneyti.

Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

30. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1997, bætist: svo og ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu í öðru aðildarríki stofnsamningsins.

31. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1993, bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.

32. gr.

6. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun.

33. gr.

Á eftir orðunum „á EES-svæðinu“ í 1. mgr. 47. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

V. KAFLI

Samgönguráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 62/1993, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eru með sama hætti undanþegnir skilyrði um heimilisfesti.

Breyting á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

35. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 62/1993 og 24. gr. laga nr. 23/1991, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 64/2000, um bílaleigur.

36. gr.

2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Þó er stjórnarmaður sem er ríkisborgari aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettur í einhverju þessara ríkja undanþeginn búsetuskilyrðum 1. tölul. 1. mgr.

VI. KAFLI

Utanríkisráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

37. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VII. KAFLI

Viðskiptaráðuneyti.

Breyting á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

38. gr.

3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki eða öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 2. og 5. gr. laga nr. 46/1996 og 4. gr. laga nr. 12/1993:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og búsettir eru í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra sérlaga.

40. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 2. og 6. gr. laga nr. 46/1996, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þegar um er að ræða fjárfestingu frá aðila aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal gætt ákvæða 40. og 41. gr. í stofnsamningnum.

Breyting á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, með síðari breytingum.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 11. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

42. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 103/1992, um umboðssöluviðskipti.

43. gr.

Á eftir orðunum „utan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 21. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum.

44. gr.

Á eftir 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 21/1996, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríkjum stofnsamningsins.

45. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 84/1998 og 4. gr. laga nr. 17/1999:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hið sama gildir um starfsemi svissneskra verðbréfasjóða, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til verðbréfasjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

46. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

47. gr.

Á eftir 2. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

1. og 2. mgr. gilda einnig um svissneskar lánastofnanir, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til lánastofnana með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

49. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 16. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 84/1998, kemur: og aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1996 og 3. gr. laga nr. 84/1998:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

51. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, 3. tölul., sem orðast svo: Erlend vátryggingafélög með aðalstöðvar í Sviss sem hafa fengið starfsleyfi þar, sbr. 64. og 65. gr.

52. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

53. gr.

2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamningsins.

54. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta stofnsett útibú hér á landi með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

55. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk vátryggingafélög geta veitt þjónustu án starfsstöðvar hérlendis með þeim hætti sem segir í ákvæðum þessa kafla, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til vátryggingafélaga með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

56. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríki Evrópsks efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 77. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

57. gr.

Á eftir orðinu „aðildarríki“ í 1. málsl. 1. mgr. 78. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 84/1998, kemur: Evrópsks efnahagssvæðis eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

58. gr.

4. málsl. 2. mgr. 81. gr. laganna orðast svo: Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, svo og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki.

Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.
b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

60. gr.

Á eftir 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

61. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 111. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

62. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

63. gr.

Við 2. tölul. 118. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 2. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

b. Á eftir orðunum „í EES-ríki“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

65. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 66. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

66. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. 137. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

67. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997, kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

68. gr.

2. málsl. 2. tölul. 144. gr. laganna orðast svo: Þessi töluliður gildir ekki gagnvart útibúum í eigu félaga á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingu.

69. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. málsl. kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

71. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum.

72. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. tölul. 2. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í b-lið kemur: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

c. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

73. gr.

Á eftir 3. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1998, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

74. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 49. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

75. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

76. gr.

Á eftir 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, kemur nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

77. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 84/1998 og 7. gr. laga nr. 163/2000, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissnesk fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.

78. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

79. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 3. mgr. 38. gr. laganna kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

80. gr.

Við 1. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða

með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

81. gr.

Við 83. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist nýr málsliður sem orðast svo: Svissneskir viðskiptabankar og sparisjóðir geta veitt þjónustu samkvæmt þessari grein, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

82. gr.

Við 84. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þessi grein gildir einnig um svissneska viðskiptabanka og sparisjóði, enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og til viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra yfirvalda.

83. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 86. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

84. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 87. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1998, kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, með síðari breytingum.

85. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingu.

86. gr.

Á eftir orðunum „í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

87. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 84/1998:

a. Við 2. tölul. bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
b. Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 3. tölul. kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Á eftir orðunum „utan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

88. gr.

Á eftir 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins.

Breyting á lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

89. gr.

Við 2. málsl. 3. gr. laganna bætist: og í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

90. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

91. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Útibúum erlendra viðskiptabanka, sparisjóða, fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða, sem starfa hér á landi en hafa staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, er heimil aðild að sjóðnum vegna innstæðna, verðbréfa og reiðufjár sem ekki er tryggt á sambærilegan hátt á Evrópska efnahagssvæðinu eða innan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

92. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1315. Þingsályktun [622. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2001, um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 975.

1316. Þingsályktun [623. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2001, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 976.

1317. Þingsályktun [636. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1008.

1318. Þingsályktun [686. mál]

um aðild að samningi um vörslu kjarnakleyfra efna.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1102.

1319. Þingsályktun [685. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1101.

1320. Þingsályktun [458. mál]

um að koma á fót vestnorrænni samráðsnefnd um nýtingu náttúruauðlinda.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 738.

1321. Þingsályktun [459. mál]

um alþjóðlega ráðstefnu um sjálfbæra þróun og nýtingu lífríkis á Vestur-Norðurlöndum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 739.

1322. Þingsályktun [460. mál]

um samvinnu við heimildaöflun og skráningu gagna um veiðimenningu Vestur-Norðurlanda.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 740.

1323. Þingsályktun [615. mál]

um staðfestingu breytinga á samningi um alþjóðastofnun fjarskipta um gervitungl.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 963.

1324. Lög [315. mál]

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 1180 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
6. og 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:
6. Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra.
8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

1325. Frumvarp til laga [641. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: raffræðinga.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:
a. Á eftir orðunum „tilskipunar 85/384/EBE“ í 1. tölul. kemur: með síðari breytingum.
b. Á eftir orðunum „tilskipunar 89/48/EBE“ í 2. tölul. kemur: með síðari breytingum.
c. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Við framkvæmd 1. tölul. 1. mgr. skal þess gætt að synjun um leyfi sé rökstudd. Bera má málið undir dómstóla, svo og ef ákvörðun er eigi tekin innan þriggja mánaða frá því að umsækjandi leggur inn umsókn sína ásamt fylgiskjölum.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist: svo og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

4. gr.

Lög þessi, sem byggjast á tilskipun 2001/19/EB, öðlast þegar gildi.

1326. Nefndarálit [711. mál]

um frv. til l. um Umhverfisstofnun.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson og Þórð Ólafsson frá umhverfisráðuneyti, Davíð Egilson frá Hollustuvernd ríkisins, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, tvo fulltrúa starfsmanna Hollustuverndar ríkisins, þær Elínu Guðmundsdóttur og Birnu Hallsdóttur, tvo fulltrúa starfsmanna Náttúruverndar ríkisins, þau

Sigurrós Friðriksdóttur og Trausta Baldursson, Jónas Helgason frá Æðarræktarfélagi Íslands, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands og Ævar Petersen frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá fór fram símaviðtal við Áka Jónsson veiðistjóra. Umsagnir bárust frá Samtökum iðnaðarins, starfsmönnum Náttúruverndar ríkisins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Bændasamtökum Íslands, dýraverndarráði, hreindýraráði, Skotveiðifélagi Íslands, Æðarræktarfélagi Íslands, Búnaðarfélagi Breiðdæla og Náttúruverndarsamtökum Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun, Umhverfisstofnun, sem taki við starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðistjóraembættinu, hreindýraráði og dýraverndarráði er falin samkvæmt lögum. Með þessum breytingum yrðu reknir á vegum einnar stofnunar þeir stjórnsýsluþættir umhverfismála sem falla undir umhverfisráðuneytið. Stofnanaskipting ráðuneytisins byggist að mestu leyti á gömlum grunni frá því áður en það var stofnað en fram að því heyrðu þessar stofnanir undir mismunandi ráðuneyti. Þykir nú bæði tímabært og eðlilegt að endurskipuleggja stofnanaskiptingu ráðuneytisins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja, efla og einfalda stjórnsýslu umhverfismála, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Umrædd sameining er talin efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri.

Nefndin ræddi sérstaklega þá faglegu og stjórnsýslulegu árekstra sem kunna að verða innan hinnar nýju stofnunar, t.d. þar sem Náttúruvernd ríkisins veitir umsagnir um ýmis málefni sem heyra nú undir Hollustuvernd ríkisins, svo sem veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. grein 8.2. reglugerðar nr. 785/1999. Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytisins að við sameiningu þessara stofnana í eina stofnun muni vinnutilhögun við starfsleyfisgerð breytast. Þannig verði náttúruverndarsjónarmið tekin til athugunar strax í upphafi og felld inn í tillögur Hollustuverndar um veitingu starfsleyfa. Þannig mun fagleg ráðgjöf Náttúruverndar ríkisins fyrr í vinnsluferlinu skila sér í betur útfærðum tillögum að starfsleyfi. Með breyttu fyrirkomulagi eru starfsleyfistillögurnar betur undirbúnar frá byrjun sem hefur í för með sér aukna skilvirkni við vinnslu þeirra.

Meiri hlutinn telur rétt að benda á að í 4. gr. frumvarpsins er ekki tæmandi talning lagaákvæða sem breyta þarf verði frumvarpið samþykkt. Nægir í því sambandi að vísa til 1. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er því að fram fari gaumgæfileg skoðun á þeirri löggjöf sem hér um ræðir og í framhaldi af því verði gerðar tillögur um breytingar á lögum.

Nefndin fjallaði sérstaklega um réttarstöðu starfsmanna þeirra stofnana sem munu sameinast í Umhverfisstofnun. Það er mat meiri hlutans að skv. 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða sé gert ráð fyrir að hægt sé að bjóða öllum starfsmönnum þessara stofnana og nefnda, annarra en forstöðumanna, hliðstæð störf og þeir sinna nú. Biðlaunaréttur starfsmanna fer síðan eftir því hvaða lög giltu við ráðningu þeirra. Ef starfsmaður hlutaðeigandi stofnana þiggur sambærilegt starf í Umhverfisstofnun og hann hefur gegnt fram að þessu fellur biðlaunaréttur hans niður. Að öðru leyti vísast hér til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Þá telur meiri hlutinn rétt að benda á hnökra í athugasemdum við 3. tölul. í ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að gert sé ráð fyrir að forstjóri Umhverfisstofnunar verði ráðinn 1. október nk. Hið rétta er, sbr. orðalag frumvarpsins, að forstjórinn verður skipaður frá 1. ágúst 2002.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hreindýraráð verði lagt niður en verkefni þess og hlutverk færist undir Umhverfisstofnun. Áfram er þó gert ráð fyrir því að starfsmaður hreindýraráðs hafi aðsetur á Egilsstöðum. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar ábending um að vegna eðlis málsins sé rétt að áfram starfi hreindýraráð í einhverri mynd og það verði fyrst og fremst

ráðgefandi fyrir Umhverfisstofnun. Meiri hlutinn leggur til að þessi hugmynd verði skoðuð af þeirri nefnd sem mun undirbúa stofnun Umhverfisstofnunar.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram nokkur gagnrýni á það að veiðistjóraembættið stjórni og skipuleggi veiðar samtímis því að standa að rannsóknum á því sviði. Meiri hlutinn leggur til að við undirbúning að stofnun Umhverfisstofnunar verði sérstaklega fjallað um þessi mál.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að Umhverfisstofnun muni annast framkvæmd alþjóðlegra samninga hér á landi á sviði mengunarvarna og náttúruverndar sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í máli fulltrúa ráðuneytisins kom fram að við endurskipulagningu á stjórnsýslu umhverfismála sé óhjákvæmilegt að einhverjar breytingar verði sem hafi áhrif á núverandi starfsemi. Þannig sé eðlilegt að eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra samninga á þessum sviðum sé í höndum stjórnsýslustofnunar en ekki rannsóknastofnana. Hins vegar sé ljóst að fagleg ráðgjöf rannsókna- og vöktunarstofnana verði áfram fyrir hendi og í því sambandi og ýmsum öðrum muni Umhverfisstofnun vafalítið þurfa að reiða sig á faglegan stuðning Náttúrufræðistofnunar Íslands, t.d. varðandi friðlýsingar o.fl.

Að lokum telur meiri hlutinn að huga þurfi að því að auka fjármagn til þessa málefnaflokks, m.a. vegna umfangsmikilla alþjóðlegra skuldbindinga.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað þess að kveða á um í 1. gr. að Umhverfisstofnun hafi aðsetur í Reykjavík sé orðalagi breytt á þann veg að stofnunin geti haft aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Með því verður meira svigrúm við staðarval sem ráðherra tekur ákvörðun um.
2. Nauðsynlegt er að bæta við í 1. og 4. gr. að nánar tiltekin lög séu með síðari breytingum svo sem hefð er fyrir í lagatilvísunum.
3. Lögð er til breyting á orðalagi e-liðar 1. gr. til frekari skýringar í samræmi við ummæli í athugasemdum við ákvæðið og til að gæta samræmis við d-lið 1. gr.
4. Lagt er til að fellt verði brott það skilyrði í 2. gr. að forstjóri stofnunarinnar skuli hafa reynslu af stjórnun. Ekki þykir nauðsynlegt að setja slíkt skilyrði í löggjöf en stjórnunarreynsla tilvonandi umsækjenda mun vafalítið ráða ákvörðun um hæfi.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Katrín Fjeldsted.
Ásta Möller.		Ísólfur Gylfi Pálmason.

1327. Breytingartillögur [711. mál]

við frv. til l. um Umhverfisstofnun.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „í Reykjavík“ í síðari málslið 1. mgr. komi: á höfuðborgarsvæðinu.
   b. Á eftir orðunum „um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   c. Á eftir orðunum „um eiturefni og hættuleg efni“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   d. Á eftir orðunum „um varnir gegn mengun sjávar“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   e. Á eftir orðunum „um erfðabreyttar lífverur“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   f. Á eftir orðunum „um veitinga- og gististaði“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   g. Á eftir orðunum „um tóbaksvarnir“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   h. Á eftir tilvísuninni „nr. 93/1994“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   i. Á eftir tilvísuninni „nr. 19/1997“ í a-lið komi: með síðari breytingum.
   j. Á eftir orðunum „um náttúruvernd“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   k. Á eftir orðunum „um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   l. Á eftir orðunum „um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   m. Á eftir orðunum „um vernd Breiðafjarðar“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   n. Á eftir orðunum „um varnir gegn mengun sjávar“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   o. Á eftir orðunum „um eiturefni og hættuleg efni“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   p. Á eftir orðunum „um innflutning dýra“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   q. Á eftir orðunum „um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   r. Á eftir orðunum „um skipulag ferðamála“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   s. Á eftir orðunum „um erfðabreyttar lífverur“ í b-lið komi: með síðari breytingum.
   t. Við c-lið bætist: með síðari breytingum.
   u. Við d-lið bætist: með síðari breytingum.
   v. E-liður orðist svo: að annast starfsemi dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.
2. Við 2. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.
   b. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í niðurlagi 3. málsl. 1. mgr. komi: hennar.
3. Við 4. gr.
   a. Á eftir orðunum „um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í 1. tölul. komi: með síðari breytingum.
   b. Á eftir orðunum „um dýravernd“ í 4. tölul. komi: með síðari breytingum.
4. Við 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Í stað tilvísunarinnar „4. gr.“ komi: 3. gr.

1328. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Við 23. gr. Í stað orðanna „3. tölul. 20. gr. og 4. mgr. 24. gr.“ komi: og 3. tölul. 20. gr.
2. Við bætist ný grein, er verði 24. gr., og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
   a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
   b. Í stað orðsins „hafnaáætlun“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlun.
   c. Í stað orðsins „hafnaáætlunar“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlunar.
3. Við bætist ný grein, er verði 25. gr., og orðist svo:
   24. gr. laganna orðast svo:
   Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.
   Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.
   Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat sem taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.
4. Við bætist ný grein, er verði 26. gr., og orðist svo:
   Kaflafyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Um samgönguáætlun.**

1329. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Landsvirkjun, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Orkubúi Vestfjarða.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að gera nauðsynlegar forathuganir til að hægt verði að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum, en virkjun árinnar er einn af ónýttum möguleikum Íslendinga til orkuöflunar.

Nefndin bendir á að ávallt er nauðsynlegt að kanna nýja möguleika á orkuöflun í öllum landshlutum til að tryggja orkuöflun fyrir landsmenn til frambúðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Ásta Möller.	Pétur H. Blöndal.
Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

1330. Nefndarálit [343. mál]

um till. til þál. um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Íslenskri nýorku ehf., raunvísindadeild Háskóla Íslands, Olíufélaginu hf., verkfræðideild Háskóla Íslands, Neytendasamtökunum, Sorpu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti hér á landi.

Nefndin bendir á að mikilvægt er að kanna framtíðarskipulag eldsneytismála til hlítar, einkum með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og því að mikið hefur gengið á þær orkuauðlindir sem sjá heiminum fyrir hefðbundnu eldsneyti.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Alþingi felur iðnaðarráðherra“ í tillögugrein komi: Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra.

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Ásta Möller.	Pétur H. Blöndal.
Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

1331. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, Orkustofnun, Orkuveitu Húsavíkur, Eyþingi og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Tillagan miðar að því að iðnaðarráðherra verði falið að beita sér fyrir samvinnu við sveitarfélög og Byggðastofnun um könnun á svæðum með sjóðandi lághita. Aðalmarkmið rannsóknanna verði að finna ný sjóðandi lághitasvæði.

Nefndin bendir á að með nýrri hitaveitutækni er hægt að framleiða raforku á sjóðandi lághitasvæðum en hingað til hafa slík svæði einkum verið nýtt til hefðbundinnar upphitunar húsa og ylræktar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Bryndís Hlöðversdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Ásta Möller.	Pétur H. Blöndal.
Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.	Árni Steinar Jóhannsson.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

1332. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur og Unni Sverrisdóttur frá samgönguráðuneyti, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Árna Bjarnason frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Guðjón Ármann Einarsson frá Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndinni bárust umsagnir frá Siglingastofnun Íslands, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Landssambandi smábátaeigenda, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga og meiri og minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er tilgangur þess að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Með þurrleiguskráningu er skip skráð á skipaskrá erlends ríkis en þó með þeim hætti að það er áfram skráð á íslenska skipaskrá.

Í frumvarpinu eru tíundað nokkuð ítarleg skilyrði fyrir því að þurrleiguskráning sé heimil en meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að setja beri ströng skilyrði fyrir slíkri skráningu skipa þannig að hagsmunir Íslands séu ávallt í öndvegi.

Það er ljóst að veiðar íslenskra skipa sem stunda veiðar undir erlendum fána geta skapað veiðireynslu fyrir hina erlendu þjóð þegar veitt er á alþjóðlegum hafsvæðum sem ósamið er um. Slíkar veiðar geta verið andstæðar íslenskum hagsmunum. Í umsögn sjávarútvegsnefndar er þeirri spurningu velt upp hvað valdi því að íslenskar útgerðir kjósi að veiða á alþjóðlegum hafsvæðum undir fánum erlendra ríkja í stað þess að sigla undir fána Íslands. Leiðir meiri hluti sjávarútvegsnefndar líkur að því að ástæður þessa megi finna í minni kostnaði útgerðarinnar og þá einkum í minni launakostnaði.

Þá gerir meiri hluti sjávarútvegsnefndar fiskverndunarsjónarmið að umtalsefni og tekur meiri hlutinn undir það sem þar segir.

Meiri hlutinn telur þó full rök fyrir því að gera íslenskum útgerðum kleift að stunda veiðar á sem auðveldastan og hagkvæmasta hátt innan lögsögu annarra ríkja og á alþjóðlegum hafsvæðum þar sem Íslendingar eiga ekki hagsmuna að gæta.

Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem miða að því að tryggja heildarhagsmuni Íslendinga.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru talin upp nokkur skilyrði sem skulu vera uppfyllt, samkvæmt staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins þar um, áður en Siglingastofnun veitir leyfi til þurrleiguskráningar skv. 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins. Meiri hlutanum þykir nauðsynlegt að skerpa á þessum skilyrðum að tvennu leyti. Annars vegar er lagt til að þurrleiguskráning verði óheimil eigi skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga ónýttar veiðiheimildir á grundvelli íslenskra laga eða reglugerða, milliríkjasamninga eða alþjóðasamninga á þeim hafsvæðum sem skipi, sem óskað er þurrleiguskráningar á, er ætlað að stunda veiðar. Hins vegar er lagt til að þurrleiguskráning verði óheimil ef þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu stendur veiti því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að virkt eftirlit verði viðhaft bæði af Siglingastofnun og sjávarútvegsráðuneytinu þannig að ávallt sé tryggt að skip sem fengið hefur heimild til þurrleiguskráningar virði þau skilyrði sem mælt er fyrir um og að heimild til þurrleiguskráningar verði umsvifalaust felld niður komi annað í ljós.

Þá leggur meiri hlutinn til að gerð verði sú breyting að í stað orðalagsins þjóðfáni Íslands komi orðalagið þjóðfáni Íslendinga. Þetta er í samræmi við lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Eftirfarandi breytingar verði á 2. efnismgr. 1. gr.:
   a. A-liður orðist svo: skip sem sigla undir þjóðfána Íslendinga eigi ekki ónýttar veiðiheimildir á grundvelli íslenskra laga eða reglugerða, milliríkjasamninga eða alþjóðasamninga á þeim hafsvæðum sem skipi er ætlað að stunda veiðar.
   b. E-liður orðist svo: þær veiðar sem skipið mun stunda meðan á þurrleiguskráningu

stendur veiti ekki því ríki þar sem þurrleiguskráning fer fram veiðireynslu sem gæti nýst því síðar í samningum við íslenska ríkið um skiptingu aflaheimilda eða gangi að öðru leyti gegn hagsmunum Íslendinga.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „þjóðfána Íslands“ í 1. mgr. kemur: þjóðfána Íslendinga.
   b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
      Skip, sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá, telst þó ekki vera íslenskt skip og hefur ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslendinga meðan á þurrleiguskráningunni stendur.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Sigríður Ingvarsdóttir.		Drífa Hjartardóttir.

1333. Nefndarálit [575. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands, Sævar Gunnarsson og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Árna Bjarnason og Guðjón Ármann Einarsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Friðrik Arngrímsson og Guðfinn G. Johnsen frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Ólaf Briem frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Nefndinni bárust umsagnir frá Friðrik Björgvinssyni, Siglingastofnun Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Byggðastofnun, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Siglingasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Vélskóla Íslands, Snarfara – félagi sportbátaeigenda, Landssambandi smábátaeigenda, Slysavarnafélaginu Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Olíudreifingu ehf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpinu er lagt til að við núgildandi lög um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa verði bætt ákvæðum sem gilda munu um áhafnir fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta sem og áhafnir annarra skipa, hverju nafni sem þau nefnast. Verði frumvarpið að lögum munu ein lög gilda um áhafnir íslenskra skipa og falla gildandi sérlög þá úr gildi.

Breytingarnar hvað fiskiskip varða eru byggðar á alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, skammstafað STCW–F, en tillaga til þingsályktunar um fullgildingu þeirrar samþykktar hefur verið samþykkt á þessu þingi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laganna má ekki veita undanþágu til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra á farþegaskipum og flutningaskipum nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er. Meiri hlutinn telur eðlilegt að þetta gildi einnig um skipstjóra og yfirvélstjóra á fiskiskipum og leggur hún til að svo verði. Rétt er þó að benda á að með þessu er gengið lengra en alþjóðasamþykktin um áhafnir fiskiskipa STCW–F kveður á um, en hún tekur ekki til yfirvélstjóra í þessu sambandi.
2. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. frumvarpsins sem lúta að því að samræma þann siglingatíma sem skipstjórar, stýrimenn og vélstjórar þurfa að hafa til að öðlast atvinnuréttindi við þann tíma sem STCW-samþykktin kveður á um. Í lögunum er þessi tími 50% lengri en þar er gerð krafa um og miðar breytingin að því að samræma lögin og samþykktina hvað þetta varðar. Þessi breyting nær til skipstjórnarmanna og vélstjóra á kaupskipum og farþegaskipum.
3. Lagðar eru til breytingar á a-lið 8. gr. er varðar skírteini áhafna fiskiskipa. Annars vegar er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að gera vægari kröfur um siglingatíma hvað skipstjórnarmenn varðar innan þess ramma sem STCW–F samþykktin setur. Þar sem ekki eru jafnskýr ákvæði í alþjóðasamþykktinni um áhafnir fiskiskipa, STCW–F, um þann tíma sem þarf til að afla sér réttinda til atvinnuskírteina verður talið eðlilegt að ráðherra hafi þessa heimild til breytinga. Hins vegar eru lagðar til breytingar sem lúta að því að samræma þann siglingatíma sem vélstjórar þurfa að inna af hendi til afla sér atvinnuréttinda samkvæmt alþjóðasamþykktinni um áhafnir fiskiskipa, STCW–F. Samþykktin hefur sömu viðmið um vélastærð og eru í frumvarpinu. Með breytingunum næst samræmi með frumvarpinu og samþykktinni.
4. Lagt er til í d-lið 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um varðskip að haldið verði í þá hefð að skipstjóri varðskips nefnist skipherra.
5. Lagt er til að aldursskilyrði til skipsstjórnar á skemmtibátum 50 brúttótonn og minni skuli miðast við 18 ára aldur í stað 16 ára. Telja má varasamt að veita svo ungum einstaklingum réttindi til að stjórna þessum bátum. Í þessu felast því auknar öryggiskröfur.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Guðmundur Hallvarðsson, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.	Drífa Hjartardóttir.

1334. Breytingartillögur [575. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, HjÁ, ArnbS, MS, SI, DrH).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „sjómanna á fiskiskipum“ í efnismálsgrein b-liðar komi: áhafnar fiskiskips.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „sjómanna á fiskiskipum“ í a-lið komi: áhafnar fiskiskips.
   b. 8. tölul. b-liðar orðist svo: *Önnur skip* er hvert það skip sem notað er í atvinnuskyni og fellur ekki undir 3.–7. tölul., sbr. 18. gr.
3. Við bætist ný grein, 5. gr., er orðist svo:
   Á eftir orðunum „yfirvélstjóra á farþegaskipum“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fiskiskipum.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
   a. Skilgreiningin „Stjórnunarsvið“ í 2. mgr. verður svohljóðandi:

Yfirstýrimaður/stýrimaður	<500 brúttótonn í strandsiglingum	18	A.
Skipstjóri	<500 brúttótonn í strandsiglingum	20	B.
Yfirstýrimaður	<3.000 brúttótonn	20	D.
Skipstjóri	<3.000 brúttótonn	20	F.
Yfirstýrimaður	engar	20	C.
Skipstjóri	engar	20	F.

   b. Í stað orðanna „54 mánaða“ í A-lið 2. mgr. kemur: 36 mánaða.
   c. Í stað orðanna „18 mánaða“ í B-lið 2. mgr. kemur: 12 mánaða.
   d. C-liður 2. mgr. orðast svo: Siglingatími skv. D-lið auk 12 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri.
   e. Í stað talnanna „18“ og „54“ í D-lið 2. mgr. kemur: 12, og: 36.
   f. E-liður orðast svo: Að lágmarki 6 mánaða siglinga- og námstími.
   g. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, F-liður, svohljóðandi: Siglingatími skv. D-lið auk 36 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri, sem má stytta í 24 mánuði í sömu stöðu ef umsækjandi hefur þar af gegnt stöðu yfirstýrimanns í 12 mánuði.
   h. Skilgreiningin „Stjórnunarsvið“ í 3. mgr. verður svohljóðandi:

Vélstjóri	≤375 kW	18	A.
Vélstjóri	≤ 750 kW	18	B.
1. vélstjóri	≤3.000 kW	20	C.
Yfirvélstjóri	<3.000 kW	20	G.
1. vélstjóri	engar	20	C.
Yfirvélstjóri	engar	20	D.

   i. Í stað orðanna „9 mánaða“ í A-lið 3. mgr. kemur: 6 mánaða.
   j. Í stað orðanna „14 mánaða“ í B-lið 3. mgr. kemur: 9 mánaða.
   k. Í stað orðanna „18 mánaða“ í C-lið 3. mgr. kemur: 12 mánaða.
   l. D-liður 3. mgr. orðast svo: 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW, þar af 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.

m. E-liður 3. mgr. orðast svo: 6 mánaða siglinga- og námstími og hafa lokið viðurkenndri fagmenntun sem er ekki skemmri en 30 mánuðir, þar með talin fræðsla um borð sem skráð er í þjálfunarbók.
n. F-liður 3. mgr. orðast svo: Að lágmarki 6 mánaða siglinga- og námstími.
o. Við 3. mgr. bætist nýr stafliður er verður G-liður og orðst svo: 24 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipum með aðalvél stærri en 750 kW, þar af 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri.

5. Við 8. gr.
a. Við a-lið bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
Ráðherra getur með reglugerð gert vægari kröfur um siglingatíma skv. 2. mgr. enda séu þær í samræmi við alþjóðasamþykktina um áhafnir fiskiskipa (STCW–F), sbr. 3. mgr. 1. gr.
b. Í stað orðanna „14 mánaða“ í A-lið 3. mgr. a-liðar komi: 9 mánaða.
c. Í stað orðanna „18 mánaða“ í B-lið 3. mgr. a-liðar komi: 12 mánaða.
d. Í stað orðanna „36 mánaða“ og „18 mánaða“ í C-lið 3. mgr. a-liðar komi: 24 mánaða, og: 12 mánaða.
e. Í stað orðanna „Á skipi með“ í b-lið 1. mgr. c-liðar komi: Á fiskiskipi með.
f. Í stað orðanna „750 kW vél og stærri“ í c-lið 1. mgr. c-liðar komi: stærri en 750 kW vél.
g. Í stað orðsins „skipstjórnar“ í 2. mgr. d-liðar komi: skipherra.
h. Á eftir orðunum „12 mánuðir“ í A-lið 2. mgr. d-liðar komi: sem.
i. Á eftir orðunum „12 mánuðir“ í B-lið 2. mgr. d-liðar komi: sem.
j. Í stað aldursskilyrðisins „16“ í 2. mgr. e-liðar komi: 18.

6. Við bætist ný grein er verði 10. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. 15. gr.“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: sbr. 2. mgr. 22. gr.

7. Við 11. gr. Í stað orðanna „Ákvæði 17. gr.“ í 1. mgr. komi: Ákvæði e-liðar 8. gr.

1335. Lög [494. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1301.

1336. Lög [598. mál]

um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 942.

1337. Lög [546. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1304.

1338. Lög [547. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1305.

1339. Lög [596. mál]

um breyting á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1306.

1340. Lög [582. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1308.

1341. Lög [357. mál]

um útflutning hrossa.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1313.

1342. Lög [587. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 917.

1343. Lög [641. mál]

um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1325.

1344. Nefndarálit [714. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Íslensk erfðagreining hefur rutt braut fyrir nýja hátækniframleiðslu á sviði lífvísinda hér á landi. Um 600 hálaunuð hátæknistörf skipta miklu máli fyrir þjóðarbúið. Íslensk erfðagreining er ekki síst mikilvægt fyrirtæki fyrir þá sök að það gefur ungu hámenntuðu fólki kost á að snúa heim til starfa við sitt hæfi í stað þess að ílengjast ytra að loknu námi. Engum dylst að æskilegt er að slíkum störfum fjölgi á Íslandi og að lagður verði grunnur að nýjum greinum og fyrirtækjum á sviði hátækni, þar á meðal lífvísinda og lyfjaþróunar.

Skýr takmörk eru þó sett fyrir því hversu langt hið opinbera getur gengið til að laða fjármagn í þeim greinum til Íslands. Æskilegast er að örva eflingu hátæknigreina með almennum hætti, þar sem settar eru almennar reglur sem auðvelda starfsumhverfi slíkra greina, eða

fyrirtækja, á jafnréttisgrunni. Jafnaðarmenn telja þó að við vissar aðstæður sé réttlætanlegt að grípa til sértækra tímabundinna aðgerða ef almenn samstaða næst um að þær þjóni tilgangi sem er afar nauðsynlegur fyrir þjóðarbúið, áhætta skattborgaranna sé ásættanleg og hana sé hægt að meta, nægur tími gefist til að skoða slík mál út í hörgul, og óskráðar reglur um jafnræði séu ekki brotnar.

Á þeim skamma tíma sem þingmönnum hefur gefist til að brjóta til mergjar tillögu ríkisstjórnarinnar um 20 milljarða kr. einfalda ríkisábyrgð til deCode höfum við síður en svo getað sannreynt að tillagan uppfylli þessi skilyrði.

1. Það er harðlega gagnrýnisvert hve lítill tími var veittur til að kryfja málið í efnahags- og viðskiptanefnd. Þeim sem leitað var til varðandi upplýsingar gafst í fæstum tilvikum nægur tími til að meitla þær í ritaðan texta. Til marks um hvaða áhrif þetta hafði á áreiðanleika umsagna má nefna að stöku umsagnaraðila, svo sem Verslunarráði, tókst að hafa eina umsögn á fundi nefndarinnar en aðra í fjölmiðlum. Við slíkar aðstæður er erfitt að móta hlutlæga afstöðu til flókins máls sem þessa. Þingmenn eru því settir í algjörlega óviðunandi stöðu. Þessi vinnubrögð í svo flóknu máli voru því fráleitt fallin til þess að efla virðingu fyrir vandvirkni Alþingis.
2. Áhættan sem felst í ábyrgðinni virðist mjög mikil. Lyfjaþróunargeirinn er með áhættusömustu atvinnugreinum veraldar, miðað við gögn sem lögð voru fram í nefndinni. Þróun lyfs tekur að meðaltali um 10 ár. Í svörum við skriflegum spurningum nefndarmanna Samfylkingarinnar (sjá fylgiskjöl I–II) kom þó fram að hægt er að stýra áhættunni nokkuð með því að selja lyfjaþróunarverkefni frá fyrirtækinu á mismunandi stigum og jafnframt að taka við slíkum verkefnum frá öðrum fyrirtækjum. Þetta felur í sér tvenns konar ávinning: Í fyrsta lagi er áhættu dreift milli fyrirtækja í greininni og í öðru lagi byrja tekjur að koma löngu áður en þróun lyfs er lokið. Þessi áhættudreifing breytir ekki hinu að ábyrgðin, sem óskað er eftir, er hlutfallslega miklu hærri en í dæmum af samsvarandi ríkisábyrgðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og fyrr segir er greinin þar að auki meðal hinna áhættusömustu. Frumskilyrði þess að hægt sé að fallast á slíka ábyrgð er því að fyrir liggi áhættumat af hálfu traustra greinenda á markaði. Gildir þá einu þótt fjármálaráðuneyti telji fjárhagsstöðu fyrirtækisins mjög sterka og skuldsetningu litla. Áhættumat er eigi að síður forsenda upplýstrar ákvörðunar um mál af þessum toga. Ekkert áhættumat var lagt fram, þrátt fyrir ítrekaðar óskir fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd. Það er einfaldlega óásættanlegt þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi fyrir skattborgarana.
3. Allsendis óljóst er hvort frumvarpið fullnægi jafnræðisreglum og þar með hvort það komist í gegnum nálarauga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Við meðferð málsins kom að sönnu fram að Evrópusambandið hvetur ríkisstjórnir aðildarlanda til að ýta undir lyfjaþróun með og án tilstilli erfðagreiningartækni þar sem álfan hefur farið halloka fyrir Bandaríkjunum á þessu sviði. Jafnframt var leitt fram dæmi um einstakt fyrirtæki sem hafði hlotið ríkisstyrk með samþykki ESA vegna verkefnis sem flokkað var undir „Rannsóknir og þróun“. Sömu skilgreiningar hyggst ríkisstjórnin freista um ábyrgðina handa deCode. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni voru veittar eru forsendur fyrir því að um sé að ræða algjöra nýjung, sem ekkert annað fyrirtæki ástundi. Nefndinni gafst að sönnu ekki tími til að rannsaka svo flókið mál svo nokkru næmi, og knappur vilji var innan meiri hluta hennar fyrir að kanna hvort fleiri fyrirtæki hér á landi, þótt smærri væru, kynnu að róa á sömu, eða svipuðum miðum, og Íslensk erfðagreining. Skammvinn rannsókn leiddi þó líkur að því að fyrirtækið Lyfjaþróun kynni að vera í náskyldri framleiðslu nú þegar. Ekki reyndist grundvöllur fyrir því innan nefndarinnar að

Lyfjaþróun fengi að svo stöddu svipaða fyrirgreiðslu og deCode. Í því ljósi hlýtur að leika verulegur vafi á að frumvarpið sé í anda jafnræðisreglna íslensks og evrópsks réttar.

Sérlega ámælisvert er svo að dómi þingmanna Samfylkingarinnar í nefndinni að tiltölulega nýlegum lögum frá 1997 um ríkisábyrgðir er vikið til hliðar, svo að segja í heilu lagi, til að auðvelda samþykkt ábyrgðarinnar. Að vísu er haldið í 5. gr. laganna um afskriftareikning vegna veittra ábyrgða og að hann skuli jafnan gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum vegna ábyrgða sjóðsins. Svo virðist sem tilgangurinn sé sá einn að koma ríkisstjórninni undan þeirri kvöð laganna að Ríkisábyrgðasjóður skuli leggja mat á greiðsluhæfi skuldara, afskriftaþörf, tryggingar og áhrif á samkeppni á viðkomandi sviði. Raunar er í þeim lögum einnig kveðið á um að ríkissjóður megi ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs og ekki sé hægt að fullnægja lánsþörf viðkomandi á almennum lánamarkaði. Hér er sannarlega um slæmt fordæmi að ræða og setur málið í heldur ónotalegt ljós.

Af ofangreindum ástæðum getur Samfylkingin ekki stutt málið. Aðdragandi þess og eðli er með þeim hætti að ríkisstjórnin verður ein að bera ábyrgð á afdrifum þess á Alþingi.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Össur Skarphéðinsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Svör fjármálaráðuneytis við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar. (16. apríl 2002.)

II. Svör fjármálaráðuneytis við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundar Jónassonar. (17. apríl 2002.)

III. Umsagnir um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.:

Umsögn Lyfjaþróunar hf. (10. apríl 2002.)
Umsögn Bandalags Háskólamanna. (15. apríl 2002.)
Frétt birt í Hálffimmfréttum Búnaðarbankans þriðjudaginn 9. apríl 2002.
Umsögn Greiningar Íslandsbanka. (15. apríl 2002.)
Umsögn Samtaka fjárfesta. (15. apríl 2002.)
Umsögn Lyfjaþróunar hf. (15. apríl 2002.)
Umsögn Pharmaco hf. (15. apríl 2002.)
Umsögn Þjóðhagsstofnunar. (15. apríl 2002.)
Efnahagslegt mat Seðlabanka Íslands. (16. apríl 2002.)
Umsögn Péturs Blöndals, alþingismanns. (16. apríl 2002.)

1345. Tillaga til þingsályktunar [734. mál]

um deilur Ísraels og Palestínumanna.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi lýsir áhyggjum sínum af því ófriðarástandi sem nú ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og fordæmir það ofbeldi sem þar á sér stað. Alþingi leggur áherslu á að öryggi óbreyttra borgara sé tryggt og alþjóðleg mannréttindi virt og telur brýnt að send verði eftirlitsnefnd frá Sameinuðu þjóðunum á svæðið í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1405(2002).

Alþingi krefst þess að öllum ofbeldisverkum linni, þar á meðal sjálfsmorðsárásum og beitingu hervalds, að Ísrael dragi herlið sitt til baka frá sjálfsstjórnarsvæðum Palestínumanna, að deiluaðilar semji um vopnahlé og að hafnar verði friðarviðræður um sjálfstætt ríki Palestínumanna og öryggi Ísraelsríkis innan alþjóðlegra viðurkenndra landamæra í samræmi við nýjustu ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Alþingi vísar til ályktunar sinnar frá 18. maí 1989, ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1397(2002), 1402(2002) og 1403(2002) um leið og það lýsir yfir að þjóðum heims beri að stuðla að því að Ísrael og Palestínumenn leysi úr ágreiningsefnum sínum á grundvelli alþjóðalaga og samþykkta Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Samstaða hefur náðst í utanríkismálanefnd um að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar um deilur Ísraels og Palestínumanna.

1346. Nefndarálit [716. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti og Ragnar Guðmundsson og Tómas R. Sigurðsson frá Norðuráli hf.

Frumvarpinu er ætlað að veita Norðuráli hf. heimild til að taka þátt í öðrum félögum hér á landi og fjárfesta í öðrum atvinnurekstri en áliðnaði. Þannig skapast möguleiki á að ráðstafa hagnaði úr rekstri Norðuráls hf. í íslensku atvinnulífi í stað þess að hann renni allur úr landi.

Nefndin vekur athygli á því að Norðurál hf. mun ekki njóta skattalegrar fyrirgreiðslu varðandi þátttöku sína í öðrum atvinnurekstri og mun því þurfa að greiða skatta af hlutdeild sinni í þeim rekstri samkvæmt almennum reglum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Steinar Jóhannsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Bryndís Hlöðversdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Svanfríður Jónasdóttir.	Helga Guðrún Jónasdóttir.
Árni Steinar Jóhannsson, með fyrirvara.		Kjartan Ólafsson.

1347. Nefndarálit [37. mál]

um till. um þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Tillaga þessi var send út til umsagnar á 126. þingi og bárust þá umsagnir frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, tóbaksvarnanefnd, dómsmálaráðuneyti, Barnageðlæknafélagi Íslands, Félagi íslenskra heimilislækna, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, landlæknisembættinu, Rauða krossi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, áfengis- og vímuvarnaráði, Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi náms- og starfsráðgjafa, menntamálaráðuneyti og Félagi íslenskra sjúkraþjálfara.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, og tillögu um átraskanir, 337. mál. Nefndin telur að þeirri stefnumótun sem gerð er tillaga um að ráðist verði í megi finna stað í starfi á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og skipulag verkefna heilsugæslunnar og leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1348. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá Iðjuþjálfafélagi Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, heilsugæslunni í Reykjavík, Heilbrigðisstofnun Akraness, heilsugæslustöðinni á Akureyri, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landssambandi eldri borgara, Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur, Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndin tekur undir tillögugreinina sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur að efni tillögunnar sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi og verkefnum heilsugæslunnar.

Með hliðsjón af fyrrgreindu leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1349. Nefndarálit [233. mál]

um till. til þál. um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá umboðsmanni barna, Barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Stuðlum, Áfengis- og vímuvarnaráði, Tryggingastofnun ríkisins, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Samhjálp, Læknafélagi Íslands, Barnaverndarstofu og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Nefndin tekur undir efni tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, 37. mál, tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál, og tillögu um átraskanir, 337. mál.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1350. Nefndarálit [239. mál]

um till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Nefndin tekur undir efni tillögugreinarinnar en gerir fáeinar athugasemdir við atriði sem fram koma í greinargerð með tillögunni. Með lögum nr. 95/2000 var foreldrum tryggður réttur til töku foreldraorlofs vegna veikinda barna og þar með lögfest helstu efnisatriði í tilskipun Evrópusambandsins frá 3. júní 1996, um rammasamning um foreldraorlof. Lögin tryggja einnig að réttur foreldris samkvæmt ráðningarsamningi raskist ekki vegna töku foreldraorlofs. Skoða verður greinargerð tillögunnar með hliðsjón af þessu.

Nefndin telur óhjákvæmilegt að breyta orðalagi 1. málsl. tillögugreinarinnar. Málsliðinn má skilja þannig að nefndinni, sem slíkri, sé beinlínis ætlað að tryggja betur rétt foreldra samkvæmt tillögunni. Slíkar valdheimildir verða ekki veittar með ályktun Alþingis einni saman, enda ljóst af samhenginu að nefndinni er einungis ætlað að gera tillögur um leiðir til að tryggja rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „það verkefni að“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: gera tillögur um það hvernig unnt sé að.

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Ásta Möller.	Katrín Fjeldsted.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1351. Nefndarálit [317. mál]

um till. til þál. um unglingamóttöku og getnaðarvarnir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, heilsugæslunni í Reykjavík, landlæknisembættinu, heilsugæslustöðinni í Hafnarfirði, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa og Barnaverndarstofu.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, 37. mál, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, og tillögu um átraskanir, 337. mál, og sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi og verkefnum heilsugæslunnar.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1352. Nefndarálit [337. mál]

um till. til þál. um átraskanir.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá landlæknisembættinu, Tryggingastofnun ríkisins, Geðlæknafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Barnaverndarstofu, Manneldisráði Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða tillögu um heilsuvernd í framhaldsskólum, 37. mál, tillögu um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, og tillögu um unglingamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál, og sé framlag til vinnu á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og breytingar á skipulagi verkefna heilsugæslunnar.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Ásta Möller.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Margrét Frímannsdóttir.	Þuríður Backman.

1353. Nefndarálit [714. mál]

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með frumvarpinu er farið fram á að veita fjármálaráðherra heimild til að skuldbinda ríkissjóð til að ábyrgjast skuldabréf Íslenskrar erfðagreiningar ehf. að upphæð 200 milljónir bandaríkjadala sem samsvarar um 20 milljörðum íslenskra króna.

Enn sem komið er hefur aðkoma Alþingis að málinu verið mjög yfirborðskennd og skortir nánast allar upplýsingar til þess að þingmenn geti fengið yfirsýn yfir það. Að áliti 2. minni hluta er fráleitt að veita fjármálaráðherra fyrrnefnda heimild og koma þar nokkur atriði til, t.d. hefur ekkert áhættumat verið framkvæmt af óháðum fagaðila. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur ekki einu sinni fengið að sjá viðskiptaáætlanir fyrirtækisins. Þá er ástæða til að gagnrýna harðlega að veigamiklum ákvæðum í lögum um ríkisábyrgðir er vikið til hliðar. Enda þótt full rök kunni að vera fyrir því að styðja við atvinnurekstur í landinu, jafnvel með sértækum aðgerðum við vissar kringumstæður, þá er eðlilegt að það sé gert samkvæmt almennum reglum og að vel athuguðu máli. Hvorugt á við í þessu máli.

Í eftirfarandi minnihlutaáliti verður vikið að þessum meginatriðum en auk þess fjallað um aðra þætti sem gagnrýnisverðir eru.

Lögum um ríkisábyrgðir vikið til hliðar.

Í athugasemdum um lög um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, var lögð áhersla á að með lagasetningu þeirri væri stefnt að því að draga úr ríkisábyrgðum, einkum þar sem aðild ríkisins skekkti samkeppnisstöðu einkaaðila. Einnig var talin brýn þörf á að reglur um veitingu ríkisábyrgða væru skýrar.

Í fyrirliggjandi frumvarpi um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. er lögum um ríkisábyrgð vikið til hliðar að öllu öðru leyti en 5. gr., en samkvæmt henni á að halda sérstakan afskriftareikning vegna áætlaðra tapaðra ábyrgða ríkisins vegna fjárhagslegrar áhættu sjóðsins. Við sérhverja ábyrgðarveitingu skal lagt í afskriftareikning til að mæta þeirri áhættu sem talin er fylgja ábyrgðinni. Við veitingu ábyrgðar sé sérstaklega skoðað hvort afskriftareikningur sjóðsins nægi til að mæta hinni nýju skuldbindingu.

Hins vegar segir í athugasemdum við frumvarpið varðandi mat á afskriftaþörf vegna áhættu að vegna sterkrar eiginfjárstöðu skuldara sé ekki talin þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning á þessu stigi og í því sambandi vísað til að eigið fé deCODE hafi í árslok 2001 verið rúmlega 17,5 milljarðar króna. Hér hefði þurft að fylgja ítarleg úttekt á rekstrarkostnaði fyrirtækisins.

Varðandi framtíðina, sem að sjálfsögðu skiptir meginmáli, er vert að vekja athygli á því að engin viðskipta-/rekstraráætlun hefur verið lögð fram yfir komandi ár frá hendi fyrirtækisins, þannig að útilokað er fyrir þá sem um málið eiga að fjalla að gera sér grein fyrir hversu mikil trygging er fólgin í framangreindu eigin fé við árslok 2001 í tengslum við ríkisábyrgð að upphæð 20 milljarðar króna, sem stendur til tryggingar skuldabréfum sem gefin verða út til allt að sjö ára.

Mat á áhrifum ríkisábyrgðarinnar á samkeppni.

Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Markaðurinn sem ríkisábyrgðin beinist að er á sviði líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) á Evrópska efnahagssvæðinu sem einkennist af slæmri samkeppnisstöðu gagnvart öðrum mörkuðum, sér í lagi Bandaríkjunum, og hefur sú staða leitt til lítillar fjárfestingar á viðkomandi markaði. Markaðurinn er því lítið háður samkeppni eða samkeppnisröskunum. Á hinn bóginn er meiri samkeppni á lyfjaframleiðslu- og lyfjavörumarkaði og sá markaður því viðkvæmari fyrir hvers konar samkeppnisröskun. Mikilvægt er því að greina á milli líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Enn fremur má hér benda á, eins og áður hefur komið fram, að innan ESB hefur verið hvatt til þess að ýtt verði undir rannsókna- og þróunarverkefni í líftækniiðnaði til að Evrópska efnahagssvæðið verði samkeppnishæfara við markaði utan þess á því sviði.

Með hliðsjón af ofangreindu er ekki gert ráð fyrir því að umrædd ríkisábyrgð hafi skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði."

Ef tilgangurinn er sá, eins og af framanskráðu virðist mega ráða, að með veitingu ríkisábyrgðarinnar sé verið að jafna aðstöðumun milli svæða og jafnframt viðurkennt að um mjög áhættusama starfsemi sé að ræða (sbr. kafla 2.1 í athugasemdum við frumvarpið), er óhjákvæmilegt að ályktasem svo að fyrirsjáanlega sé um mjög mikla áhættu fyrir ábyrgðarveitandann, ríkissjóð, að ræða. Með ríkisábyrgðinni er ekki um það að ræða að verið sé að veita lántakanda forskot á við fyrirtæki í Bandaríkjunum, heldur að „niðurgreiða" kostnaðaraukann við að vera á Evrópska efnahagssvæðinu (í þessu tilfelli á Íslandi).

Varðandi fullyrðingu um að umrædd ríkisábyrgð hafi ekki skaðleg áhrif á viðkomandi markaði vísast til ábendinga þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru til staðar í skyldum greinum og er því þjónað af starfsfólki sem hefur sambærilega menntun og það fólk sem Íslensk erfðagreining ehf. mun leitast eftir að fá til starfa við hina nýju deild.

Þau benda á að um gríðarmikinn aðstöðumun í samkeppni um vinnuafl verði að ræða þegar einum mjög stórum aðila er veitt fyrirgreiðsla til fjármagnsöflunar í formi ríkisábyrgðar, sem að sjálfsögðu lækkar til muna vaxtakostnað hans og bætir þar með til muna samkeppnisstöðu þess fyrirtækis gagnvart öðrum.

Fjármálaráðherra hefur fullyrt í fjölmiðlum að taka eigi áhættu- og afgreiðslugjald vegna ríkisábyrgðar til handa Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Hvað veldur þá því að 4. gr. laga nr. 121/1997 um þetta efni er samkvæmt frumvarpinu vikið til hliðar án þess að nokkurt ákvæði um fyrrgreind gjöld komi í staðinn?

Umbreytingarskilmálar skuldabréfanna.

Gert er ráð fyrir að skuldabréfin verði gefin út með umbreytingarskilmálum sem miða að því að á tilteknum tímapunkti verði þeim breytt í hlutabréf í móðurfélaginu deCODE ef markaðsgengi hlutabréfa í félaginu hefur tekið tilteknum breytingum til hækkunar. Ef skuldabréfunum er breytt í hlutafé teljast þau uppgreidd og ríkisábyrgðin þar með niðurfallin. Gengi hlutabréfa félagsins hefur undanfarna mánuði verið á bilinu 5,5–10 bandaríkjadalir á hlut. Áætlað er að umbreytingarskilmálarnir verði þannig að eigendur skuldabréfanna geti breytt þeim í hlutabréf í deCODE miðað við 18 dali á hlut. Þá er áformað að skilmálar kveði á um að skuldabréfin breytist sjálfkrafa í hlutafé ef gengi hlutabréfa í félaginu verði ákveðið hlutfall yfir 18 dala markinu í tiltekinn lágmarkstíma. Þannig verði því annars vegar um að ræða valkvæðan umbreytingarrétt og hins vegar sjálfvirka umbreytingu. Þá er gert ráð fyrir að deCODE muni áskilja sér rétt til að lækka umbreytingargengi (18 dalir) á tímabilinu og munu þá gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn. Eins og fyrr segir eru þessar hugmyndir kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunna að verða breytingar á einstökum þáttum.

Hér er vægast sagt um marga lausa enda að ræða. Það einasta sem virðist ljóst er að ef gengi bréfanna nær 18 dala markinu geta eigendur þeirra breytt þeim valkvætt í hlutabréf. Við hvað að öðru leyti er átt er algerlega á huldu. Ekkert hlutfall yfir umræddu marki er tilgreint og enginn lágmarkstími heldur!

Hvernig ber að skilja að deCODE geti lækkað umbreytingargengið á tímabilinu og að þá muni gilda sömu skilmálar og áður með hið nýja umbreytingarverð sem grunn?

Í lokin er klykkt út með því að þessar hugmyndir séu kynntar með þeim fyrirvara að við endanlega útfærslu kunni að verða breytingar á einstökum þáttum! Það blasir við að endanlegar hugmyndir er ekki að finna í þessum texta, þ.e. lýsingu á útfærslunni er mjög ábótavant!

Að lokum segir: „Takist ekki að ná markmiðum deCODE um hækkun á markaðsgengi verður að greiða upp eða endurfjármagna skuldabréfin á gjalddaga.“ Hvernig á að skilja þetta? Lítur ríkisstjórnin svo á að líkur séu á því að um ríkisábyrgð verði að ræða til framtíðar?

Órannsakaðar fullyrðingar um árangur og framtíðarsýn.

Við umræðu um málið í efnahags- og viðskiptanefnd upplýstu fulltrúar fjármálaráðuneytis að upplýsingar um Íslenska erfðagreiningu ehf., starfsumhverfi fyrirtækisins, árangur af starfi og framtíðarsýn, sem birtust í greinargerð með frumvarpinu, væru fyrst og fremst komnar frá fyrirtækinu sjálfu en auk þess hefði verið leitað fanga á netinu og þá einkum í upplýsingum frá fjárfestingarsjóðum (sbr. kafla hér að aftan um ráðgjöf). Þetta eru vinnubrögð sem eru ekki fallin til þess að skapa tiltrú og hefði verið eðlilegt að leitað hefði verið til óháðra kunnáttumanna um ráðgjöf, m.a. til þess að leggja mat á fullyrðingar fyrirtækisins um eigið ágæti. Fram kemur í umræðu á opinberum vettvangi að mjög mörg álitamál eru uppi á þessu sviði og skortir alþingismenn forsendur til að komast að niðurstöðu án þess að óháðir sérfræðingar séu kallaðir til. Svo var ekki gert. Einvörðungu fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar og fyrirtækisins Lyfjaþróunar komu til fundar við nefndina til þess að ræða sitt sjónarhorn á málið. Ósvarað er því ýmsum grundvallarspurningum. Eftir standa í greinargerð frumvarpsins fullyrðingar frá hagsmunaaðilanum sjálfum.

Dæmi um spurningar og álitamál sem vakna við yfirferð frumvarpsins og greinargerð sem fylgir því eru eftirfarandi:

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Íslensk erfðagreining ehf. („ÍE“) og móðurfyrirtæki þess deCODE genetics Inc. („deCODE“) hafa ákveðið að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi ÍE. Hin nýja nálgun ÍE á sviði grunnrannsókna byggðum á lýðerfðafræði gerir lyfjaþróun á þeim grundvelli afar áhugaverða, ekki síst vegna þess forskots, sem árangur sem ÍE hefur þegar náð á framangreindu sviði veitir“ (bls. 2). Ekki fylgja gögn sem styðja þessar fullyrðingar. Þannig kemur ekki fram hvaða erfðafræðilegu upplýsingar það eru sem á að byggja þróun nýrra lyfja á og ekki fylgir skýring á því í hverju forskot ÍE er fólgið.

Þá segir að með einangrun erfðavísa hafi ÍE þegar fundið ný lyfjamörk. Ekki kemur fram um hvaða lyfjamörk hér er að ræða og hvar hægt er að nálgast upplýsingar þar um.

Í greinargerð frumvarpsins segir „Mat erlendra ráðgjafarfyrirtækja er að beiting erfðafræðilegra aðferða við lyfjaleit geti lækkað þróunarkostnað við ný lyf um 30–40% og stytt þróunartímann um 10–20%.“ Hvorki hefur komið fram *hvaða erlendu ráðgjafarfyrirtæki hafi sýnt fram á lækkun á þróunarkostnaði og styttingu á þróunartíma eins og hér er haldið fram né hvaða rök séu hér til grundvallar. Þá hefði verið eðlilegt að óháður aðili hefði verið fenginn til að meta eftirfarandi staðhæfingar í greinargerð frumvarpsins.*

„– Sá árangur sem náðst hefur í lýðerfðafræðirannsóknum ÍE sýnir að fyrirtækið býr yfir möguleikum til að þróa lyf hraðar og ódýrar en aðrir með nýjum aðferðum við að finna vænleg lyfjamörk.
– Innan fyrirtækisins er fyrir hendi umfangsmikil reynsla á vísinda-, tækni- og viðskiptasviðum sem auðveldar uppbyggingu þessarar nýju starfsemi.
– Sú þekking sem ÍE hefur byggt upp til þess að finna erfðavísa sem valda sjúkdómum skapar fyrirtækinu raunhæfa möguleika til að nýta uppgötvanir í erfðafræði við lyfjaþróun.
– ÍE hefur þegar fundið ný lyfjamörk með einangrum erfðavísa, sem síðan verður hægt að vinna með við lyfjaþróun.“

Í greinargerð frumvarpsins segir enn fremur að sú „aðferðafræði að nota lýðerfðafræði við þróun lyfja er að slíta barnskónum. ÍE er komið lengra á þessu sviði en flest önnur fyrirtæki í heiminum og má því til staðfestingar benda á árangur sem fyrirtækið hefur náð í sanvinnu við Hoffmann-LaRoche í rannsóknum á erfðum algengra sjúkdóma.“ *Einnig þessa staðhæfingu hefði þurft að meta. Ekki verður annað séð en að árangurstengdar greiðslur til ÍE frá Hoffmann-LaRoche séu minni en upphaflega var ráð fyrir gert og stangist því alvarlega á við þessa fullyrðingu.*

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um lyfjaþróun á grundvelli erfðafræði. Ekki er getið heimilda og verður því að ætla að þær séu komnar frá fyrirtækinu sjálfu. Ef litið er til umfjöllunar um þetta efni má ætla að lyfjaþróun sé flóknari en ráða má af athugasemdum með frumvarpinu og má í því sambandi vísa til greinar eftir Andrew Pollack sem birtist í hinu virta bandaríska dagblaði New York Times 16. apríl 2002 og fjallar um fyrirtækið Human Genome Sciences. Þar er greint frá því að lyfjaþróun sé ef til vill á villigötum ef nota á erfðafræðilega þekkingu til að byggja á þegar þróa á ný lyf, sbr. frétt Morgunblaðsins 17. apríl (bls. 21).

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað sérstaklega í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði: „Grunnur rannsókna er nú þegar unninn á Íslandi með erfðafræðirannsóknum ÍE. Þegar fram í sækir má einnig gera ráð fyrir að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði nýtist vel í lyfjaþróun.“ Í skýrslu 10K með upplýsingum frá deCODE sem birt var í marslok segir að takist fyrirtækinu „ekki að ganga frá samningum við fleiri heilbrigðisstofnanir en þegar hefur verið gert til þess að afla gagna þá mun fyrirtækinu ekki auðnast að smíða ís-

lenska gagnagrunninn og starfrækja hann.“ Ekki er það aðeins svo að gagnagrunnurinn sé í óvissu heldur var einnig *upplýst fyrir nefndinni að fyrirtækið væri ekki farið að inna af hendi neinar greiðslur vegna samninga við hið opinbera. Þetta ber að hafa hugfast með hliðsjón af því að fyrirtækið er þegar farið að fá gögn úr heilbrigðiskerfinu.*

ESA og Lyfjaþróun.

Áhöld eru um að ríkisaðstoðin standist samkeppnisreglur EES en eftir að frumvarpið kom til efnahags- og viðskiptanefndar héldu fulltrúar fjármálaráðuneytis og ÍE til Brussel til að leita eftir áliti. Þingnefndinni var tjáð að ekki væri svara að vænta fyrr en löngu eftir að ráðgert væri að frumvarpið yrði að lögum en á milli annarrar og þriðju umræðu mundi hugsanlega gefast tóm að frétta af ferðum sendinefndarinnar. Fram hefur komið að fullyrðingar forsvarsmanna ÍE og Lyfjaþróunar stangast á hvað varðar viðfangsefni þessara tveggja fyrirtækja. Í athugasemdum við frumvarpið segir að mikilvægt sé að greina á milli líftæknirannsókna (lyfjaþróunar) annars vegar og lyfjaframleiðslu hins vegar. Af hálfu Lyfjaþróunar hf. er staðhæft að fyrirtækið starfi að lyfjaþróun og er í því sambandi vísað í bréf frá fyrirtækinu sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Fjárhagsstaðan.

Fram kemur í áliti Seðlabankans að hann telji sig ekki hafa sérfræðiþekkingu til þess að meta áhættuna sem framkvæmdinni fylgir og gæti fallið á ríkissjóð væri ríkisábyrgð veitt. Seðlabanki Íslands leggur hins vegar áherslu á í umsögn sinni að ríkisábyrgðir séu almennt ekki heppilegar. Þegar þær séu veittar sé nauðsynlegt að taka ákvarðanir á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir. Ástæða er til að staldra við og velta vöngum yfir því hvers vegna Seðlabanki Íslands láti ekki sérfræðinga á vegum bankans kanna þær upplýsingar sem eru aðgengilegar á vefnum og víðar, til dæmis upplýsingar frá Nasdaq, en sem kunnugt er ber öllum þeim fyrirtækjum sem opinberlega eru skráð á verðbréfaþingi í Bandaríkjunum að hafa til reiðu upplýsingar um fjárhagsstöðu og annað sem snertir rekstur og stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma (sbr. skýrslu 10-K).

Að áliti Þjóðhagsstofnunar er verjanlegt í undantekningartilfellum að veita ríkisaðstoð til fyrirtækja „á grunni markaðsbresta“. Í þessu tilfelli eigi það ekki við og og leiðir Þjóðhagsstofnun getum að því að þessi íhlutun ríkisins geti leitt til lægra framleiðslustigs og lakari lífskjara til lengdar. Almennari aðgerðir sem skekkja ekki samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsókna, eru líklegri að mati Þjóðhagsstofnunar til að efla þjóðarhag. Þjóðhagsstofnun varar við neikvæðum áhrifum á lánshæfi Íslands. Hins vegar kom fram hjá fulltrúa Seðlabankans að þar á bæ hefðu menn ekki orðið varir slíkra neikvæðra viðbragða úr fjármálaheiminum við fréttum af hugsanlegri ríkisábyrgð. Kvaðst bankinn hafa komið fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins í enskri þýðingu á framfæri við valda aðila. Í niðurlagi greinargerðar Þjóðhagsstofnunar segir: „Ef svo fer að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar gengur vel þá getur afrakstur-inn orðið verulegur enda þótt ríkissjóður muni ekki njóta þess nema á óbeinan hátt. Miðað við almenna reynslu í lyfjaþróunariðnaðinum mun þó væntanlega líða mjög langur tími uns það kemur í ljós, mun lengri en líftími þeirra skuldabréfa sem ríkisábyrgðinni er ætlað að tryggja. Þá er rétt að hafa í huga að lánveitendur, sem og aðrir fjárfestar, taka möguleikann á góðum árangri til greina við mat á hvort veita eigi fé til fyrirtækisins, ekki síður en ríkið, og því gefur sá möguleiki ekki sérstakt tilefni til ríkisábyrgðar.“

Í áliti greiningardeildar Búnaðarbankans segir að hér sé um ákveðna stefnubreytingu hjá stjórnvöldum að ræða sem unnið hafi markvisst að því að draga úr ríkisábyrgðum og ríkisum-

svifum. Hluti af þeirri viðleitni hafi verið sameining fjárfestingarlánasjóðanna í FBA, snemma á síðasta áratug, og síðan einkavæðing þess banka. Ljóst sé að fyrirtækjaáhætta deCODE sé mikil og vitnað í því sambandi til rannsókna Damodaran (sjá fylgiskjöl) um áhættu á sviði líftækni og lyfjaþróunariðnaðar sem sé ríflega þreföld á við meðaltal markaðarins. Í umsögn greiningardeildar Íslandsbanka er sagt að um neikvætt fordæmi sé að ræða. Stjórn Samtaka fjárfesta hefur lýst sig mótfallna frumvarpinu í núverandi mynd. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær að með frumvarpinu sé horfið frá markaðri stefnu um almennar aðgerðir í efnahagsmálum og teknar upp sértækar aðgerðir. Í áliti Samtaka fjárfesta segir enn fremur: „Samtök fjárfesta vilja vekja athygli á, að á íslenskum fjármálamörkuðum eru nokkur fyrirtæki sem vinna að athyglisverðum rannsóknum og þróun. Það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrirtækjunum og annarri atvinnustarfsemi viðunandi starfsgrundvöll. Ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu hf. raskar starfsgrundvelli sumra þessara fyrirtækja með óeðlilegum hætti og getur beinlínis skaðað þau og fjárfesta sem að þeim standa. Samtök fjárfesta eru þeirrar skoðunar að framlög til rannsókna og þróunar séu of lítil á Íslandi.“ Í þessari álitsgerð er lögð áhersla á að tryggja jafnræði með fyrirtækjum.

Undir sumt í þessum framangreindu áherslum getur 2. minni hluti tekið. Því fer fjarri að óeðlilegt sé að ríkið hlaupi undir bagga með atvinnulífinu, hvort sem er til uppbyggingar eða þegar sverfur að og atvinnuöryggi er ógnað. Þannig getur t.d. verið eðlilegt að horfa til byggðaþátta. Hins vegar er mikilvægt að um slíka aðstoð gildi almennar reglur en á það skortir mjög. Þá er ástæða til að lýsa þungum áhyggjum yfir því hve veikburða ráðgjafar ríkisstjórnarinnar, þeir sem á annað borð er leitað til, eru til að veita sérfræðiaðstoð sem hald er í. Þannig skortir skýringu á því hvers vegna lánskjör deCODE virðast fara ört versnandi, sbr. upplýsingar sem fram koma í skýrslu 10-K af bandaríska verðbréfamarkaðinum sem áður er vitnað til (bls. 45–46). Þar greinir frá þremur lánum annars vegar í desember síðastliðnum og hins vegar nú í marsmánuði þegar fyrirtækið tekur lán með 6% álagi yfir LIBOR-vexti sem er mjög hátt álag að mati fjármálasérfræðinga. Þá er ástæða til að vekja athygli á því að í upplýsingum fjármálaráðuneytisins er ekki að finna ítarlega sundurgreiningu á samningum fyrirtækisins við Hoffmann-LaRoche og hvernig greiðslurnar skiptast á milli grunngreiðslna annars vegar og árangurstengdra greiðslna hins vegar sem ætti að vera mælikvarði á árangur fyrirtækisins. Í svari ráðuneytisins við spurningu minni um þetta efni er vísað í heildarupphæðir samninga án þess að láta þess getið að hér er eingöngu um markmið að ræða en ekki raunverulegar greiðslur. Hér hefði þurft að bera saman fyrirheit og efndir.

Hverjir eru ráðgjafarnir?

Í umfjöllun nefndarinnar var ítrekað vísað í virt alþjóðleg fjármálafyrirtæki sem treysta mætti til að reiða fram ábyggilegar upplýsingar. Sérstaklega er vísað í þrjú fyrirtæki, Morgan Stanley, Lehman Brothers og Robertson Stephens. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á tvennu.

Í fyrsta lagi eru öll þessi fyrirtæki þjónustufyrirtæki deCODE. Morgan Stanley og Lehman Brothers aðstoðuðu deCODE við að koma hlutabréfum sínum á markað og fyrirtækið Robertson Stephens fékk það verkefni að ganga frá kaupsamningum deCODE á MediChem Life Sciences.

Þegar bent var á þessi tengsl var af hálfu ráðuneytisins lögð áhersla á að þetta væru áreiðanleg fyrirtæki. Í því sambandi er rétt að vísa til þeirrar umræðu sem nú fer fram, ekki síst í Bandaríkjunum, um hve varasamt það gæti verið að treysta í blindni á ráðleggingar fjármálafyrirtækja, ekki síst ef þau eru í viðskiptasambandi við þá aðila sem þau gefa umsögn um. Má benda á umfjöllun í leiðara bandarísku stórblaðsins New York Times frá 11. apríl

síðastliðnum – *Afvegaleiðing á Wall Street* eða *Disinformation on Wall Street*. Upphafsorð leiðarans eru þessi: „Það hefur reynst sérfræðingum á Wall Street sífellt erfiðara að telja mönnum trú um að það væri einvörðungu vegna vanþekkingar að fyrirtækin sem þeir höfðu talað upp í hátt gengi urðu skyndilega verðlaus."

Þá er rétt að vekja athygli á því hve margir þeirra sem annast samninga bæði fyrr og nú fyrir hönd ríkisins við Íslenska erfðagreiningu hafa verið nátengdir fyrirtækinu.

Virða ber rétt stéttarfélaga til að gera kjarasamninga.

Í áliti frá BHM segir að fyrirtækið neiti að gera kjarasamning við tiltekið stéttarfélag, Félag íslenskra náttúrufræðinga. „Í fyrirtækinu starfa nú á fjórða hundrað sem gætu verið félagsmenn í aðildarfélögum BHM en aðeins um fimmtungur þeirra hefur átt þess kost að gerast félagsmenn í þessum félögum með tilheyrandi réttindum í sjóðum ... Íslensk erfðagreining hf. hefur alfarið neitað því að gera kjarasamning við FÍN og við svo búið verður ekki unað og enn síður ef fjöldi starfsmanna eykst eins og gert er ráð fyrir í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Minnt er á að samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga ber að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags en stéttarfélögunum hefur reynst erfitt að gegna eftirlitshlutverki sínu meðan ekki nýtur við kjarasamnings við fyrirtækið." Í þessu sambandi má minna á að fyrir nokkrum missirum flutti fyrirtækið McDonalds starfsemi hingað til lands. Uppi urðu mikil mótmæli í þjóðfélaginu út af því að fyrirtækið neitaði að gera kjarasamninga við starfsfólk. Með hliðsjón af þessu vaknar sú spurning hvort íslensk stjórnvöld muni láta fyrirtækinu eftir að hunsa stéttarfélögin á sama tíma og gengið er til viðræðna um að veita ríkisábyrgð að upphæð 20 milljarðar króna.

Alþingi, 23. apríl 2002.

Ögmundur Jónasson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsagnir um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.:
   - Efnahagslegt mat Seðlabanka Íslands. (16. apríl 2002.)
   - Umsögn Þjóðhagsstofnunar. (15. apríl 2002.)
   - Umsögn Greiningar Íslandsbanka. (15. apríl 2002.)
   - Frétt birt í Hálffimmfréttum Búnaðarbankans þriðjudaginn 9. apríl 2002.
   - Umsögn Samtaka fjárfesta. (15. apríl 2002.)
   - Umsögn Bandalags Háskólamanna. (15. apríl 2002.)
   - Bréf Lyfjaþróunar hf. (10. apríl 2002.)
   - Umsögn Lyfjaþróunar hf. (15. apríl 2002.)

II. Svör fjármálaráðuneytis við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundar Jónassonar. (17. apríl 2002.)

1354. Nefndarálit [505. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Örn Hansson og Sverri Sverrisson frá yfirdýralækni og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra, héraðsdýralækni Snæfellsumdæmis, Landssamtökum sláturleyfishafa, Neytendasamtökunum og yfirdýralækni.

Með frumvarpinu er lagt til að hámark gjalds sem heimilt er að innheimta fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum í sláturhúsum verði hækkað úr 2,50 kr. í 3,46 kr. á hvert kíló kjöts.

Fyrir nefndina hafa verið lögð gögn frá yfirdýralækni sem sýna skiptingu kostnaðar við eftirlit milli einstakra dýrategunda. Samkvæmt þeim upplýsingum er hlutfallslega mestur kostnaður við eftirlit með alifuglakjöti, einkum vegna salmonellu- og kampýlóbaktersmits. Nefndin telur eðlilegt að hver grein um sig beri þann kostnað sem af eftirlitinu hlýst og leggur til að mismunandi gjald verði innheimt fyrir hverja tegund kjöts. Þá telur nefndin að kostnaður af starfi héraðsdýralækna við kjötskoðun skuli greiðast af launalið viðkomandi embætta samkvæmt fjárlögum enda verður að telja skoðunina hluta af starfi þeirra. Óeðlilegt er að framleiðendur og/eða neytendur greiði þann hluta kostnaðarins með skattheimtu af þessu tagi. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu sem miðast við að mismikla gjaldtöku af hverri tegund fyrir sig.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1355. Nefndarálit [711. mál]

um frv. til l. um Umhverfisstofnun.

Frá 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun var lagt fram á Alþingi 9. apríl 2002 og var tekið á dagskrá þingsins með afbrigðum 10. apríl. Bæði var málið of seint fram komið og einnig var of skammt liðið frá útbýtingu til að það mætti koma á dagskrá án afbrigða. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiddu atkvæði gegn því að málið yrði tekið á dagskrá vegna þess hve skammt var liðið frá útbýtingu þess, enda langt frá því að vera boðlegt að taka fyrstu umræðu um viðamikið mál án þess að nokkur í þingsalnum hefði fengið tíma til að kynna sér það. Mikill þrýstingur var á umhverfisnefnd um að afgreiða málið hratt út úr nefndinni svo að ekki var gert ráð fyrir því að málið yrði sent út til umsagnar til þeirra aðila sem eðlilegt hefði verið að tjáðu sig um það. Umfjöllun í nefndinni fór fram í flýti á þremur fundum og 19. apríl var það tekið út úr nefndinni, átta dögum eftir að því var vísað til hennar af Alþingi. Það er mat 1. minni hluta umhverfisnefndar að vinnubrögð af þessu tagi séu ámælisverð í hæsta máta og lýsir 1. minni hluti því yfir að langt sé frá því að málið hafi fengið þá umfjöllun sem eðlileg getur talist.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnuð verði ný stofnun, Umhverfisstofnun, sem taki við hlutverki Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og embættis veiðistjóra, auk þess sem gert er ráð fyrir að starfsemi hreindýraráðs og dýraverndarráðs falli undir verksvið stofnunarinnar. Stofnanirnar þrjár eiga það allar sameiginlegt að búa við þröngan kost fjárhagslega, engin þeirra hefur getað sinnt lögbundnum hlutverkum af þeirri reisn eða myndarskap sem forstöðumenn og starfsfólk hefðu kosið. Fjárþörf þeirra er ævinlega mun meiri en heimildir eru veittar fyrir í fjárlögum. Hér er því um að ræða þrjár fjársveltar stofnanir og vandséð hvernig stjórnvöld gera ráð fyrir að sækja fram á sviði umhverfismála með því að breyta þeim í eina stóra, fjárvana stofnun. Í tengslum við umfjöllun um málið hafa engin fyrirheit komið frá stjórnvöldum um að auka beri fjárveitingar til þeirra mála sem yrðu á verksviði Umhverfisstofnunar heldur þvert á móti því niðurstaða fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu er á þá leið að frumvarpið leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð að undanskildum mögulegum biðlaunakostnaði.

Meginmarkmið frumvarpsins eru sögð vera að einfalda og styrkja stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og þar með auka réttaröryggi. Enn fremur segir að sameining stofnananna þriggja og ráðanna tveggja muni efla stofnanir ráðuneytisins faglega og stuðla að hagkvæmni í rekstri. Þá kemur einnig fram að það sé talið auðvelda stjórnvöldum að ná fram stefnumiðum sínum við framkvæmd umhverfismála að fara út í þær aðgerðir sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ekkert af þessum atriðum er rökstutt frekar í greinargerðinni, þvert á móti virðist hvað rekast á annars horn þegar rýnt er í textann. Þá er í greinargerðinni ekki gerð nein tilraun til að lýsa stefnumiðum stjórnvalda eða sýn umhverfisráðherra sem virðist útheimta endurskoðun stofnanauppbyggingar ráðuneytisins eins og það er orðað. Eðlilegt hefði verið að í frumvarpi af þessu tagi væri litið heildstætt yfir málaflokkinn og heildarsýn mótuð. Þess í stað virðist sjónum beint að litlum hluta stofnana- og verkefnaflóru ráðuneytisins og einungis brot af heildarmyndinni lagt til grundvallar breytingunum.

Það er mat 1. minni hluta að hér sé um flausturslega nálgun að ræða og hroðvirknislega samið frumvarp. Mun skynsamlegra hefði verið að efna til formlegrar umræðu milli stjórnvalda og stofnana á sviði náttúru- og hollustuverndar, sem hefði getað skýrt þarfir þessara

stofnana og mögulegan hag þeirra af því að starfa saman undir einum hatti. Þá er líklegt að taka hefði þurft á öllum þáttum umhverfisverndarmála, svo sem gróður- og jarðvegsverndarþætti landgræðslunnar, vernd hafsins, vatnsverndarmálum og landbótaskógrækt. Þá hefði líka verið hægt að skilgreina rannsóknarþátt umhverfis- og náttúruverndar ofan í kjölinn og með því móti finna rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins eðlilegan sess í skipulaginu. Þá er einnig líklegt að hugmyndir um Matvælastofnun hefðu skýrst og mögulega hefði verið hægt að leggja samhliða fram frumvarp um stofnun hennar. Loks hefði mátt skoða rækilega staðsetningu verkefnanna og í því sambandi skilgreina hlutverk og vægi náttúrustofa landshlutanna með tilliti til heildarinnar. Nálgun af því tagi sem hér hefur verið lýst hefði verið faglegri og líklegri til að skila skynsamlegri niðurstöðu en sú sem stjórnvöld kjósa að fara í frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins verði skilin eftir í lausu lofti, án tengsla við Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands. Hún er ekki rekin á grunni laga heldur á grundvelli samnings við Hollustuvernd ríkisins. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til yrði rannsóknastofan munaðarlaus í kerfinu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að hún flytjist með Hollustuvernd ríkisins í nýtt húsnæði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að umsýsla alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar og mengunarvarna, sem nú eru í umsjá Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og ekki síst Náttúrufræðistofnunar Íslands, skuli færast til Umhverfisstofnunar. Þetta er að mati 1. minni hluta aldeilis fráleit ráðstöfun a.m.k. að því er varðar samninga sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur annast hingað til, svo sem Bernarsamninginn, samninginn um líffræðilega fjölbreytni og Ospar. Allir þessir samningar hafa verið á verksviði Náttúrufræðistofnunar þótt umsjá samningsins um líffræðilega fjölbreytni hafi verið færð undir umhverfisráðuneytið vegna þess að Náttúrufræðistofnun sá sér ekki fært að taka fjármuni til framkvæmdar samningsins af rekstrarfé sínu. Að mati 1. minni hluta umhverfisnefndar vantar hér alla undirbyggingu og stefnumörkun af hálfu stjórnvalda og alveg ljóst að þau gera sér ekki grein fyrir því að framtíðarsýn umhverfis- og náttúruverndar er fólgin í þessum stóru alþjóðlegu samningum.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að tímabært sé og eðlilegt að endurskipuleggja stofnanaskiptingu umhverfisráðuneytisins þar sem hún byggist að verulegu leyti á gömlum grunni frá því áður en ráðuneytið var stofnað. 1. minni hlutinn bendir á að Náttúruvernd ríkisins hefur einungis verið til síðan árið 1997 þegar hún tók við hlutverki Náttúruverndarráðs. Þá starfar hún samkvæmt nýjum heildarlögum um náttúruvernd sem tóku gildi árið 1999 og hefur nýlega flutt starfsemi sína í ný húsakynni. Þannig er að mati 1. minni hlutans beinlínis rangt að halda því fram að tími hafi verið kominn til að stokka upp málefni stofnunarinnar.

Nokkrir þættir frumvarps til laga um Umhverfisstofnun orka mjög tvímælis. Benda má á mögulega hagsmunaárekstra við umfjöllun um veitingu starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur. Eins og málum er nú háttað er Náttúruvernd ríkisins umsagnaraðili um starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins veitir og þegar sú umsýsla verður öll á einni hendi má gera ráð fyrir að sjónarmið náttúruverndar verði látin víkja fyrir þörfum atvinnulífsins, sem þrýstir á um veitingu starfsleyfanna. Sjónarmiða náttúruverndar er að mati 1. minni hluta betur gætt hjá sjálfstæðri stofnun en á borðshorni þess sem veitir starfsleyfin. Þá má á sama hátt halda því fram að dýraverndarráð hafi lítið að gera undir sama þaki og veiðistjóri, auk þess sem sú spurning hefur vaknað við umfjöllun málsins hvers vegna dýraverndarráð skuli heyra undir Umhverfisstofnun en ekki ráðgjafarnefnd um villt dýr og ekki heldur tilraunadýranefnd.

Húsnæðismál Hollustuverndar ríkisins hafa verið í ólestri um langt skeið, núverandi húsnæði orðið svo skelfilegt að varla er mönnum bjóðandi. Nýtt húsnæði hefur ekki verið í sjón-

máli þrátt fyrir umfangsmikla leit. Það er mat 1. minni hluta umhverfisnefndar að hér séu stjórnvöld að beita starfsfólk Hollustuverndar ríkisins ósæmilegum þrýstingi og gera sameiningu þessara stofnana að skilyrði fyrir því að stofnunin komist í nýtt húsnæði.

Loks gagnrýnir 1. minni hlutinn það að umhverfisráðherra skuli ekki hafa undirbúið málið í samráði við forstöðumenn og starfsfólk stofnana, heldur einungis tilkynnt þeim símleiðis um fyrirætlan sína einhverjum stundum áður en hún var kynnt fjölmiðlum.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggur 1. minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað frá** með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

1. minni hluti telur undirbúningi málsins hafa verið mjög ábótavant og telur skorta verulega á fagleg rök fyrir þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér. Enginn rökstuðningur fylgir þeim fullyrðingum að ætlunin sé að efla málaflokkinn með breytingunum heldur eru vísbendingar um að ekki verði varið neinum fjármunum til hans umfram það sem stofnanirnar sem um ræðir hafa haft úr að spila hingað til. Með vísan til þessa samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. apríl 2002.

Kolbrún Halldórsdóttir.

1356. Breytingartillaga [359. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraða, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frá Jónínu Bjartmarz.

Við 14. gr.

a. E-liður 1. efnismgr. falli brott.

b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. efnismgr. og orðist svo:

Þá skal Tryggingastofnun greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

1357. Nefndarálit [555. mál]

um till. til þál. um landgræðsluáætlun 2003–2014.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Níels Árna Lund frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Búnaðarsambandi S-Þingeyinga, Búnaðarsambandi Suðurlands, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi, Fljótsdalshreppi, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkjun, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavíkurborg, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Skjólskógum Vestfjörðum, Sveitarfélaginu Hornafirði, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og umhverfisnefnd Alþingis.

Með tillögunni er lagt til að tilteknum fjármunum skuli varið til landgræðslu í samræmi við gildandi lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, samkvæmt sérstakri áætlun. Með tillögunni er mótaður rammi um landbætur og verndun landkosta til ársins 2014 en gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð fyrir árslok 2005. Með sérstakri landgræðsluáætlun eru markaðar áherslur í stöðvun jarðvegseyðingar, uppgræðslu, eftirliti með ástandi gróðurs og jarðvegs, stjórn landnýtingar, fræðslu, ráðgjöf, rannsóknum og upplýsingamiðlun o.fl. og gerir áætlunin ráð fyrir aukinni landgræðslu á tímabilinu.

Nefndin vekur athygli á því að í tillögunni er vísað til gildandi laga nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, en fyrir Alþingi liggja frumvörp til nýrra heildarlaga um þessi efni. Verði þau frumvörp að lögum mun tillögugreinin gilda að breyttu breytanda.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1358. Skýrsla [735. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 2001.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er að finna stuttorðar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum 2001 á hverjum stað fyrir sig og tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VII. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja. Þá er í skýrslunni stutt samantekt um það helsta í rannsóknum Siglingastofnunar Íslands á sviði hafnamála og greinargerð fyrir megindráttum í starfsemi hennar á árinu 2001 og birtar eru tölur úr rekstri.

Árið 2001 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2001 millj. kr.	**2000 millj. kr.**
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.164,5	652,7
Ferjubryggjur	0,1	19,6
Samtals	**1.164,6**	**672,3**

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR

Grundartangi.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla um framkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Akranes.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Borgarnes.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Snæfellsbær.

Arnarstapi: Grjótgarður lengdur og gert við hann. Í verkinu felst að grjótgarður verður lengdur um því sem næst 45 m og gert við þann hluta hans sem fyrir var með því að bæta grjóti utan á hann og styrkja hann þannig. Er þetta gert í samræmi við hafnaáætlun. Í viðgerðina fara um 2.600 m^3 af grjóti og kjarna en í lengingu garðsins er áætlað að fari um 10.000 m^3 af grjóti og kjarna. Einnig er innifalið í verkinu að sprengja og fjarlægja tvö–þrjú sker við enda garðsins og fjarlægja laust efni innst í höfninni.

Verkið var boðið út í júlí 2001 og mun ekki ljúka fyrr en vorið 2002.

Í fjárlögum ársins 2001 voru veittar 38 millj. kr. til verksins og í hafnaáætlun er gert ráð fyrir öðru eins framlagi árið 2002.

Rifshöfn: Innsiglingin þar var dýpkuð, en í fyrra var heimild veitt til að flýta því verki. Í framkvæmdinni fólst að dælt var upp um 14.500 m^3 af efni. Verkið var boðið út í október 2000 og tekið tilboði Björgunar ehf. Dýpkunarskip fyrirtækisins, d/s Perlan, vann verkið sem hófst í apríl 2001 og lauk í maí sama ár.

Áætlaðar voru 5,7 millj. kr. til verksins. Það fór nokkuð fram úr fjárhagsáætlun sem m.a. skýrist af því að efnismagn var aukið frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Lokið var við að endurbyggja grjótvörn á efsta hluta Norðurgarðs. Þetta verk fólst í því að Norðurgarður var lengdur til landsins um 180 m frá staurakistu að verbúðum. Einnig var í fyrsta áfanga gert við garðinn framan við staurakistu að verbúðum. Á um 50 m bili næst landi vísar garðurinn nokkru utar en sá sem fyrir var og er skarð á garðinum þar sem sá nýi og sá sem fyrir var mætast. Þar innan við er svokölluð Rifsvör og var þessi ráðstöfun gerð til að vernda hana.

Verkið var boðið út í nóvember 1998, tilboð opnuð 10. desember og síðan gengið til samninga við lægstbjóðanda, Bjarna Vigfússon á Kálfárvöllum. Verkið var unnið á árunum 1999–2001 og lauk að fullu í maí 2001.

Í lengingu garðsins fóru um 5.800 m^3 af kjarna og grjóti. Efnið var unnið úr grjótnámu við Efri Höfða við Rif. Aukaverk voru nokkur þar eð tafir urðu vegna fornminjafundar og ýmis konar frágangsverk varð að vinna í tímavinnu.

Heildarkostnaður við verkið varð 13,7 millj. kr.

Slitlag var lagt á tengibraut í Rifshöfn, verk sem var á hafnaáætlun 1999, en var frestað. Það verk fólst í því að steypt þekja var breikkuð, tengibraut steypt og lagfært í kringum löndunarkrana með því að steypa þar þekju sem alls er um 880 m^2.

Verkið var ekki boðið út heldur samið við Þorgeir Árnason eiganda steypustöðvarinnar, sem bauð steinsteypuna á mjög hagstæðu verði niðurlagða. Verkinu lauk í september 2001.

Ólafsvík: Lenging flotbryggju og klæðning. Í verkinu fólst að flotbryggjan næst Suðurgarði var lengd um 20 m og steypt 335 m^2 þekja ofan við landgang. Verkið var unnið í samræmi við hafnaáætlun. Floteiningin, ásamt vinnu við að koma henni fyrir, var boðin út og var Króli hf. eini tilboðsgjafinn. Var gengið til samninga við Króla hf. á grundvelli tilboðs fyrirtækisins.

Framkvæmdakostnaður: 29,0 millj. kr.

Grundarfjörður.

Þar var unnið að lengingu Stórubryggju samkvæmt hafnaáætlun. Í fyrsta áfanga var dælt um 115.000 m^3 af efni undir garðinn. Þessi hluti verksins var framkvæmdur með d/s Perlu á vegum Björgunar ehf. Síðan var um 50.000 m^3 af kjarna og grjóti ekið út og að svo búnu rammað niður 125 m langt stálþil, þar af 100 m framkantur og 25 m gafl, alls 99 plötur.

Vinnan við þilið og garðinn var boðin út í júní 2001 og lauk ekki á árinu. Tekið var tilboði lægstbjóðanda í þennan verkhluta, sem var Ísar ehf. í Hafnarfirði, er bauð 66.536.400 kr. Ísar ehf. er enn að störfum og áætlar að skila af sér í mars 2002. Verkinu lýkur þó ekki þar með því eftir er að bjóða út þekju og lagnir.

Lokið var frágangi við flotbryggju sem unnin var á síðasta ári.

Framkvæmdakostnaður: 124,0 millj. kr.

Stykkishólmur.

Þar var ljósamasturs- og vatnshús í Skipavík á áætlun en var frestað til ársins 2002. Þó var unnið að hönnun og undirbúningi.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj. kr.

Dalabyggð.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykhólahöfn.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Vesturbyggð.

Patreksfjörður: Þar var gert við innri hlið á Oddanum þar sem tjón hafði orðið í óveðri í byrjun janúar 2001. Skemmdirnar sem þá urðu fólust í því að sjávarkamburinn innan á Oddanum, sem skýlir höfninni, dróst niður á 250–290 m kafla. Verkið var mælt upp og lauslega áætlað að moka þyrfti upp úr innsiglingunni um 1.200–1.400 m^3 af möl, jafna síðan fláann og leggja á hann grjótlag, 0,5 m þykkt um 10 m að breidd og 250–290 m að lengd. Umfang verksins var það lítið að ekki var ástæða til að bjóða það út heldur var samið við Norðurtak ehf. á Sauðárkróki, sem var með framkvæmdir á staðnum, á grundvelli einingaverða.

Norðurtak ehf. hóf verkið í byrjun maí og lauk því í júní 2001.

Bíldudalur: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir 20 m lengingu á flotbryggju, en heimamenn ákváðu að fresta verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 6,3 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 6,3 millj. kr.

Tálknafjörður.

Þar var sett þekja við stálþil ásamt lögnum og lýsingu. Í því fólst að steypt var um 320 m^2 þekja og tveimur vatnsbrunnum og ljósastaur komið fyrir á bryggjunni.

Verkið var ekki boðið út heldur samið við Trésmiðjuna Eik ehf. í september 2001.

Verktakinn hóf framkvæmdina í byrjun september og lauk henni um miðjan október 2001. Auk tilboðsverksins var flötur á þekju aukinn og einnig flutti verktaki efni af svæðinu.

Framkvæmdakostnaður: 6,0 millj. kr.

Bolungarvík.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að breikka og styrkja grjótvörn á Grundargarði. Samkomulag varð um það við heimamenn að þeir frestuðu framkvæmdinni um eitt ár og lánuðu fjárveitingu til Vopnafjarðar.

Ísafjarðarbær.

Á *Þingeyri* og *Flateyri* voru gerðar bátaupptökubrautir, hvor um sig 0,2 m á þykkt, 5 m á breidd og 30 m að lengd. Verkin voru boðin út og tilboð opnuð hinn 31. júlí 2001. Samið var við Sigmund Þórðarson á Þingeyri um Þingeyrarverkið og var samningsverð 1.667.600 kr. Um Flateyrarverkið var samið við Eirík og Einar Val ehf. á Ísafirði og var samningsverð 1.672.000 kr.

Báðar framkvæmdirnar hófust í ágúst og var lokið í endaðan september 2001. Á Þingeyri reyndist nauðsynlegt að grafa meira frá brautinni og fylla betur að henni en ráðgert hafði verið.

Flateyri: Samkvæmt hafnaáætlun átti að ljúka framkvæmdum við lagnir og þekju á hafnarkant. Lítils háttar var unnið að undirbúningi, en verkinu að öðru leyti frestað.

Suðureyri: Lokið var uppgjöri vegna grjótvarnar við Brjót sem gerð var á síðasta ári.

Ísafjörður: Tekin var til uppgjörs framkvæmd við tengibraut Ásgeirsbakka. Ágreiningur hafði staðið í nokkur ár um styrkhæfni þessarar framkvæmdar, en við afgreiðslu hafnaáætlunar 2001–2004 fékkst niðurstaða um að svo væri.

Unnið var að viðgerð á skemmdum sem orðið höfðu í óveðri 11. og 12. janúar 2001 er mikill vestansjógangur var á Vestfjörðum samfara stórstreymi og fékkst til þess tjónastyrkur

að upphæð 5,3 millj. kr. Í viðgerðinni fólst að hækkaður var skvettmúr við Ásgeirsbakka og gert við skemmdir á þekju og þili auk þess sem hækkaðir voru fjörukambar við Safnahúsið og í Suðurtanga.

Veggsteypa var boðin út og bárust tvö tilboð sem opnuð voru 5. nóvember 2001. Samið var við Eirík og Einar Val ehf. á grundvelli tilboðs þeirra um 911.500 kr. fyrir veggsteypuna. Önnur verk var samið um við verktaka á staðnum á grundvelli einingaverða og taxtasamninga. Norðurtak ehf. var að vinna að sjóvörnum á staðnum og var samið við fyrirtækið um sömu einingaverð og í sjóvörninni.

Norðurtak ehf. flutti kjarna grjót og möl í fjöru. Við Safnahús 30 m^3 af kjarna og 100 m^3 af grjóti, 300 m^3 af möl úr Hnífsdalsfjöru. Framan við skrifstofu Slippsins 500 m^3 af kjarna og grjóti og utan á fjöru við Suðurtanga 2000 m^3 af kjarna og grjóti. Trésmiðjan í Hnífsdal steypti í göt á þekjunni eftir að starfsmenn vélsmiðja höfðu lagfært vatns- og raflagnabrunna sem féllu niður úr þekjunni eftir óveðrið.

Hluti viðgerðarinnar var unninn vorið 2001, en aðalviðgerðin var unnin í september og október 2001.

Gerð var dýptarmæling til undirbúnings dýpkunar við Olíumúla sem er á hafnaáætlun 2003.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að halda áfram framkvæmd við lengingu Sundabakkans, ganga frá lögnum og steypa þekju, en heimamenn ákváðu að fresta því um sinn.

Framkvæmdakostnaður: 32,3 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 5,3 millj. kr.

Súðavík.

Þar var gerður 45 m langur skjólgarður við Suðurgarð. Í það fóru um 4.334 m^3 af kjarna og 1.231 m^3 af grjóti. Endurraðað var um 491 m^3. Að auki var Suðurgarðurinn styrktur, sem fólst í því að grjótkápa var lagfærð, og þar var sett upp garðsendaljós.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 5. september 2001. Þrjú tilboð bárust og var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Jónas H. Jónbjörnsson í Súðavík, á grundvelli tilboðs hans sem nam 4.376.794 kr. er var 71,7% af kostnaðaráætlun.

Verktaki hóf störf 12. október 2001. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 4,9 millj. kr.

Norðurfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Drangsnes.

Þar er áformað að steypa utan á bryggjuvegginn á um 19 m kafla næst landi. Gengið verður frá kanttré á bryggjubrún, settir tveir stigar og þybbur. Innan við vegginn verður fyllt upp og planið hækkað í sömu hæð og fremri hluti bryggju og síðan steypt um 400 m^2 þekja yfir. Gengið verður frá vatnslögn undir þekju og ídráttarrörum fyrir rafmagn.

Verkið var ekki boðið út enda kostnaður við það og umfang innan þeirra marka að ekki var skylt að fara útboðsleiðina. Í ágúst var leitað eftir tilboði í verkið hjá Grundarási ehf. á Hólmavík og 21. september var gerður samningur við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess. Í samningi er gert ráð fyrir að verki ljúki fyrir 6. júlí 2002.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Hólmavík.

Þar var í hafnaáætlun gert ráð fyrir endurbótum á smábátaaðstöðu, en samkvæmt ákvörðun heimamanna var framkvæmdum frestað.

Húnaþing vestra.

Hvammstangi: Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir dýpkun hafnarinnar en heimamenn ákváðu að fresta þeim framkvæmdum um sinn.

Blönduós.

Lokið var við að dýptarmæla höfnina eftir dýpkunina sem unnin var á síðasta ári og lagfærð þekja á tunnum sem brotnað hafði við dýpkunina.

Samþykkt var að veita allt að 600 þús. kr. styrk af óskiptu fé til uppsetningar á fimm björgunarstigum á suðurhlið Blönduósbryggju. Samið var við Jón Eiríksson ehf. um smíði og uppsetningu á stigunum og lauk hann verkinu í apríl.

Í október 2000 kom í ljós að pokahleðsla hafði brotnað undan norðurhorni Blönduósbryggju og töluvert hafði grafist undan fremsta kerinu. Sótt var um tjónastyrk úr Hafnabótasjóði til að gera við skemmdina og samþykkti hafnaráð að veita allt að 5,5 millj. kr. styrk til verksins. Í lok júní var samið við Jón Eiríksson um viðgerð sem fólst í að steypa undir kerið og steypa upp vegg á milli bryggjuhorns og ráltunnu. Alls fóru í viðgerðina um 70 m^3 af steypu. Verkinu lauk í lok ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 5,5 millj. kr.

Skagaströnd.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að komið yrði á fót upplýsingakerfi fyrir sjófarendur og á fjárlögum var úthlutað 1,5 millj. kr. til að kaupa og setja upp búnað í því skyni, en heimamenn ákváðu að fresta framkvæmdinni.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Þar var 70 m stálþil syðst á Norðurgarði endurnýjað og kantur lengdur um 60 m til suðurs, alls sett 130 m langt stálþil sem hannað er fyrir 8,5 m dýpi.

Í byrjun árs gerði Siglingastofnun Borro-borun í reklínu þils. Niðurstöður hennar bentu ekki til að von væri vandkvæða við reksturinn.

Útboð fór fram í lok júlí 2001. Lægstbjóðandi var Elinn ehf. á Sauðárkróki og var gengið til samninga við fyrirtækið á grundvelli tilboðs þess er nam 29,9 millj. kr.

Aðföng keypt til verksins voru 254 tonn af AZ18 stálþilsefni og 68 tonn af festingum.

Verklok voru áformuð um miðjan desember 2001 en verktaki lenti í miklum erfiðleikum við rekstur þils og lauk verkinu ekki á árinu.

Hofsós. Þar var þvergarður lengdur úr 20 m í 25 m. Útboð fór fram í ágúst 2001. Aðeins eitt tilboð barst og var gengið til samninga við bjóðanda, Víðimelsbræður ehf. Samningsupphæð var 4,5 millj. kr.

Verkið hófst í byrjun september og því lauk um miðjan október. Grjót í lengingu garðsins var sótt í land Reykjarhóls í Fljótum en kjarni í land Bæjar á Höfðaströnd.

Framkvæmdakostnaður: 52,8 millj. kr.

Siglufjörður.

Á Siglufirði var aðsigling að Óskarsbryggju dýpkuð og lega við fyrirhugaða lengingu bryggjunnar einnig. Verkið var samningsverk og verktaki Björgun hf. Áætlað magn var 30.000 m^3. Verkinu lauk á árinu.

Óskarsbryggja var lengd um 75 m með þili er hannað er fyrir 10 m dýpi. Fylling í þil var um 21.000 m^3 og steyptur kantbiti með pollum um 96 m langur. Verkið var unnið í samræmi við gildandi hafnaáætlun.

Útboð fór fram í byrjun júlí 2001 og var samið við lægstbjóðanda, Stefán Einarsson á Siglufirði, á grundvelli tilboðsupphæðar er nam 29,4 millj. kr.

Helstu aðföng er keypt voru til verksins voru 232 tonn af AZ26 stálþilsefni og 62 tonn af festingum. Verklok voru 12. desember 2001.

Enn fremur var gerð viðgerð á togarabryggju á Siglufirði. Steypt var þekja ofan á upprunalega þekju, brunnar hækkaðir, lagt fyrir neyðarlýsingu við stiga o.fl. Samið var við Bása ehf. á Siglufirði og var samningsupphæð 6,1 millj. kr. Verkið hófst um miðjan júlí en lauk ekki að fullu á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 75,8 millj. kr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar.

Á *Ólafsfirði* var lokið uppgjöri vegna framkvæmda við Norðurgarð sem unnar voru á síðasta ári.

Á *Dalvík* var lokið framkvæmd sem byrjað var á 1999 við stálþil á Norðurgarði og steypt var þekja á Suðurgarð. Framkvæmdin fólst í því að á Suðurgarði var undirlag jafnað, rafmagn lagfært sem og niðurföll og steypt 350 m^2 þekja. Á Norðurgarði var fyllingarefni með ónógan burð fjarlægt, lagðar lagnir fyrir vatn, rafmagn, stigaljós, snjóbræðslu og innsiglingarljós og gengið frá úttaksbrunnum fyrir vatn og rafmagn. Byggð var tengiþró fyrir hitaveitu og ljósamasturs- og vatnshús. Gengið var frá samskeytum við gömlu þekjuna og steypt 890 m^2 þekja. Sett var upp aðalraftafla og allt rafmagn tengt.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 10. ágúst 2000. Tvö tilboð bárust og var gengið til samninga við þann verktakann er lægra bauð, Kötlu ehf. á Árskógsströnd. Samningsverð var 15.068.550 kr.

Verkið hófst í september 2000 og var þekjan á Suðurgarði steypt og kláruð um haustið. Á Norðurgarði var lokið við að fylla í þil og þjappa. Lokið var við að steypa upp mastursúsið, leggja rör fyrir vatn og rafmagn og steypa rafmagnsbrunn. Er þarna var komið var ekki unnt að halda áfram vegna frosts. Verkið hófst svo að nýju í maí 2001 og lauk í september 2001.

Þar sem um endurbyggingu var að ræða varð nokkuð um aukaverk. Verk utan útboðsverks fólust í raflögnum og sá Elektró Co ehf. um þau.

Árskógssandur. Lokið var byggingu skjólgarða við ferjuhöfnina.

Framkvæmdakostnaður: 16,2 millj. kr.

Grímsey.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Hafnasamlag Norðurlands.

Hjalteyri: Unnið var að viðhaldsdýpkun.

Akureyri: Þar var sett þekja á stálþil á fiskihöfn, lokið byggingu Lóðsbátabryggju o.fl. Verkið fólst í því að lagðar voru ídráttarlagnir fyrir rafmagn í sex stigaljós og þrír rafbrunnar

steyptir upp og lagt í þá. Þá voru lagðar vatnslagnir og tengt í fjóra vatnsbrunna. Byggt var ljósamasturs-, vatns- og rafmagnshús. Að lokum var steypt þekja 2.258 m^2 að flatarmáli. Sem aukaverk voru lagðar lagnir að Lóðsbátabryggju. Þekjan, ídráttarlagnirnar og mastursbúsin voru hönnuð hjá Siglingastofnun Íslands. Þekjan er hefðbundin að gerð, með tvöfaldri járnagrind og styrkingum við kant.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 3. ágúst 2000. Tvö tilboð bárust og var ákveðið að taka tilboði frá Möl og sandi ehf. á Akureyri. Upphæð samningsverðs var 21.252.510 kr.

Framkvæmdin hófst í byrjun september 2000 og var lokið 7. febrúar 2001. Lokaúttekt fór fram 28. febrúar 2001. Nokkrar tafir urðu á verkinu vegna vetrarveðra.

Verkþættir utan útboðsverks fólust í því að Rafveita Akureyrar setti upp bráðabirgðagötukassa og heimtaug. Vatnsveita Akureyrar sá um vatnsinntak og verktakafyrirtækið Rafeyri sá um raflögn. Samið var við Rafeyri á grundvelli tilboðsupphæðar sem var 2.560.049 kr., enda var upphæðin í samræmi við kostnaðaráætlun. Verktakinn hóf verkið í desember 2000 og lauk því á fyrri hluta árs 2001. Lokaúttekt fór fram í ágúst 2001.

Á Akureyri fór einnig fram dýpkun fiskihafnar, II. áfangi. Framkvæmdin fólst í því að dæla upp um 18.000 m^3 efnis og flytja í Krossanes og einnig um 40.000 m^3 norðan flotkvíar. Verkið var boðið út og hljóðaði kostnaðaráætlun upp á 27.100.000 kr. Aðeins eitt tilboð barst, frá Björgun ehf., sem bauð 22.504.000 kr. eða 83% af kostnaðaráætlun, og var samið við fyrirtækið á grundvelli tilboðsins. Verkið hófst 29. ágúst og lauk í desember 2001.

Í hafnaáætlun sem samþykkt var vorið 2001 var heimilað að taka til uppgjörs dýpkun við norðurenda nýju bryggjunnar í Krossanesi. Hagtak hf. vann að þessari dýpkun sumarið 2000.

Frestað var byggingu upptökubrautar sem var á áætlun 2001.

Grenivík. Gengið var frá raflögn og lýsingu við flotbryggjuna sem sett var upp á síðasta ári. Frestað var byggingu upptökubrautar sem var á áætlun ársins 2000 en frestað þá einnig.

Framkvæmdakostnaður: 75,2 millj. kr.

Húsavík.

Á Húsavík hófust framkvæmdir við gerð brimvarnargarðs á Böku. Í verkinu felst að byggður verður um 300 m langur brimvarnargarður af bermugerð út frá fyllingu við Bökuna utan við Norðurgarð á Húsavík. Garðurinn nær út á 12 m dýpi. Hann er byggður upp úr fimm grjótflokkum auk sprengds kjarna. Í garðinn fara um 275.000 m^3 af efni, þar af um 140.000 m^3 og um 135.000 m^3 af kjarna. Megnið af grjótinu skal koma úr námu í Hlíðarhorni á Tjörnesi en hluta af smærra grjótinu og kjarnann má einnig vinna í námu í Kötlum rétt sunnan Húsavíkur.

Undirbúningsrannsóknir fólust einkum í líkanatilraunum sem gerðar voru á Siglingastofnun Íslands og námurannsóknum er jarðfræðistofan Stapi gerði.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Hlíðarhorni á Tjörnesi var lögð fram í nóvember 2000 og Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð sinn í febrúar 2001 þar sem fallist var á fyrirhugaða efnistöku.

Verkið var boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu og kynnt með auglýsingu á viðskiptavef þess í lok janúar 2001. Tilboð voru opnuð 20. mars 2001. Sex tilboð bárust og var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Ístak hf. Samningsverð í verksamningi var 398.426.658 kr.

Verkið hófst í byrjun ágúst 2001 og eru verklok áætluð eigi síðar en 30. september 2002. Framvindu verksins má ráða af því að við áramót var garðurinn kominn í stöð 230, en fremst á garði er stöð 455,8.

Framkvæmdakostnaður: 113,1 millj. kr.

Tjörneshöfn.
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Kópasker.
Þar var bætt við þekju rétt neðan við Geflu hf. Ekki fór fram útboð heldur var óskað eftir tilboði frá Vökvaþjónustu Eyþórs ehf. á Kópaskeri og samið við þennan verktaka á grundvelli þess. Samningsupphæð var 2.070.000 kr., er nam 80,6% af kostnaðaráætlun. Verkið var unnið á tímabilinu 20. maí til 10. ágúst 2001. Steypa og tengijárn við eldri steypu reyndust meiri en við var búist og jókst verkið nokkuð vegna þess.
Viðlegubryggju fyrir smábáta, sem gert var ráð fyrir í hafnaáætlun, var frestað samkvæmt ákvörðun heimamanna.
Framkvæmdakostnaður: 2,8 millj. kr.

Raufarhöfn.
Þar var unnið við þekju og lagnir löndunarbryggju sem byggð var árið áður. Útboð fór fram og voru tilboð opnuð 22. maí 2001. Samið var við lægstbjóðanda, Sandöxi ehf. á Raufarhöfn, er bauð 7.356.080 kr. sem nam 79,2% af kostnaðaráætlun. Verkið hófst í júníbyrjun og lauk 30. ágúst 2001.
Fyrirhugaðri uppsetningu upplýsingakerfis um veður og sjólag var frestað til ársins 2002 er kerfið verður sett upp í tengslum við dýpkun á innsiglingarrennu.
Unnið var að undirbúningsrannsóknum vegna fyrirhugaðrar dýpkunar innsiglingarrennu.
Framkvæmdakostnaður: 17,1 millj. kr.

Þórshöfn.
Boðin var út lenging Hafskipabryggjunnar og samið við lægstbjóðanda, Iðufell ehf., sem bauð 88,6% af kostnaðaráætlun hönnuða. Stálþilsefni hafði verði keypt skömmu fyrir áramót. Byrjað var á verkinu í maí og í desember var lokið við að reka niður þilið og steypa á það kant. Bryggjan var lengd um 15 m í átt að grjótgarði. Verkinu var ekki lokið um áramótin.
Veittur var tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði að upphæð 500.000 kr. til viðgerða á timburþili Hafskipabryggjunnar sem skemmdist þegar togari lamdist við það í óveðri. Efni til viðgerðarinnar var keypt á árinu en verkinu var ekki lokið um áramót.
Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir dýpkun en heimamenn tóku þá ákvörðun að fresta framkvæmdinni og stefna á sameiginlegt útboð með Raufarhöfn á næsta ári. Jafnframt var samþykkt að lána fjárveitingu, sem fara átti í dýpkunina, til Vopnafjarðar. Unnið var að undirbúningsrannsóknum vegna dýpkunarinnar en framkvæmdinni að öðru leyti frestað.
Framkvæmdakostnaður: 14,7 millj. kr.

Bakkafjörður.
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Vopnafjörður.
Heimild fékkst til að flýta dýpkun innsiglingarleiðar innan Skipahólma, en í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að verkið kæmi til framkvæmda á næsta ári. Samkomulag var við hafnarstjórnir í Bolungarvík, á Þórshöfn, á Fáskrúðsfirði og í Sandgerði um frestun framkvæmda á þessum stöðum og í fjáraukalögum voru fjárveitingar færðar til Vopnafjarðar. Verkið var boðið út og tilboð opnuð 8. ágúst 2001. Samið var við lægstbjóðanda, Sæþór ehf. Í byrjun

september hófust framkvæmdir við dýpkunina. Þeim lauk ekki á árinu og er stefnt að verklokum í febrúar 2002.

Heimild fékkst til að vinna viðbótarverk sem fólst í dýpkun við Löndunarbryggju, en komið hafði í ljós að þar var nokkuð af lausu grjóti. Samið var við Sæþór ehf. um verkið.

Unnið var að viðgerð á stálþili Löndunarbryggju en kafaraskoðun leiddi í ljós að þilið hafði skemmst mun meira en í fyrstu var talið þegar plötur í því gengu upp í sjógangi síðastliðið haust. Ákveðið var að skipta um þær tíu plötur á miðkafla þilsins sem verst voru farnar. Samið var við Sæþór ehf. um að annast viðgerðina. Framkvæmdir hófust um miðjan september og lauk í desemberbyrjun. Frágangi á lögnum og þekju við þilið var frestað fram á næsta ár.

Framkvæmdakostnaður: 86,2 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Gert var við Skarfaskersgarð sem hafði orðið fyrir skemmdum, sbr. skýrslu fyrra árs, og hafði fengist tjónastyrkur til verksins. Ekki fór fram útboð heldur var óskað eftir tilboði frá Jóhanni Helga Sigurðssyni á Borgarfirði eystra og því tekið. Samningsverð var 2.970.000 kr. Verkið hófst 20. maí og lauk 3. september.

Dýpkað var að utanverðu upp með gömlu bryggjunni við Hafnarhólma. Samið var við Jóhann Helga Sigurðsson um framkvæmdina. Verkið var unnið í júní og júlí. Fjarlægðir voru um 3.600 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 9,7 millj. kr.

Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði: 3,1 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Í október lá fyrir úrskurður skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar nýs ferjulægis. Framkvæmdir voru heimilaðar 31. október án skilyrða, en heimilt var að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra til 5. desember 2001. Um sumarið var unnið að jarðvegsrannsóknum og mælingum vegna framkvæmdanna. Hinn 18. desember 2001 var undirritaður samningur milli hafnarstjórnar Seyðisfjarðarbæjar og samgönguráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um byggingu nýs ferjulægis. Í framhaldi af því var skipuð samstarfsnefnd um byggingu ferjulægis með fulltrúum frá Seyðisfjarðarbæ, Siglingastofnun og Vegagerðinni. Í desember 2001 var boðinn út fyrirstöðugarður og ferging, en jarðvegsrannsóknir höfðu leitt í ljós að nauðsynlegt var að fergja svæði þar sem mannvirki eiga að koma og framkalla sig áður en bygging hefst. Dýpkun var boðin út skömmu fyrir áramót.

Einnig dýpkaði fyrirtækið Stjörnublástur ehf. við trébryggjur framan við Strandberg, SR og Fjarðarnet á tímabilinu 20. júlí til 1. ágúst. Um 3.900 m^3 voru fjarlægðir.

Við Mjölhúsbryggju var unnið að frágangi á lögnum og lýsingu. Samið var við SR um framkvæmdina. Eftir er að ljúka við lýsingu við smábátahöfnina.

Framkvæmdakostnaður: 18,6 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Boðin var út lenging Togarabryggju í innri höfn og samið við lægstbjóðanda, Gáma- og tækjaleiguna ehf., um verkið. Keypt voru 199 tonn af stálþili af gerðinni AZ26 og 50 tonn af festingaefni. Þilið er 80 m langt hannað fyrir 9 m dýpi.

Útboðsverkið fólst í að reka niður þilið, fylla að og steypa kant. Framkvæmdir hófust í byrjun september og var ekki lokið um áramót.

Samið var við Sæþór ehf. um dýpkun í innri höfninni. Svæði fyrir flotbryggjur innan við nýja þilið var grafið í 3 m dýpi og grafið var burt nefið sem þrengdi innsiglinguna að Togarabryggjunni. Svæði við innsiglinguna var grafið í rúmlega 8 m dýpi. Efni úr dýpkuninni var losað á svæði undir væntanlegan skjólgarð utan við Loðnubryggjuna. Dýpkunin hófst 13. júní og lauk 21. júlí. Alls voru grafnir upp um 23.200 m^3. Einnig voru grafnir upp 6.400 m^3 við verðandi stálþil og þar fyrir framan.

Unnið var að undirbúningi vegna byggingar ytri skjólgarðs og færslu innri skjólgarðs og efnistöku í Skuggahlíðarbjargi og af botni Viðfjarðar. Fyrir hönd hafnarsjóðs Fjarðabyggðar sendi Hönnun hf. á Reyðarfirði erindi til Skipulagsstofnunar um ákvörðun á matsskyldu á þessum framkvæmdum. Á miðju ári óskaði framkvæmdaraðili eftir frestun á afgreiðslu og var erindið tekið upp aftur í byrjun árs 2002.

Eskifjörður: Samið var við Sæþór ehf. um að dýpka svæði framan við nýja stálþilið þar sem Björgun ehf. réði ekki við að dæla. Sæþór ehf. lauk dýpkuninni 4.–6. júlí og er nú 10 m dýpi að nýju bryggjunni.

Í samræmi við ákvæði hafnaáætlunar var efniskostnaður vegna lengingar stálþils úr 80 m í 130 m tekinn til uppgjörs.

Framkvæmdakostnaður: 81,9 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Samkvæmt hafnaáætlun var ráðgert að byggja 40 m harðviðarbryggju við loðnubræðsluna, en heimamenn ákváðu að fresta verkinu um eitt ár. Samþykktu þeir að lána 18 millj. kr. fjárveitingu til Vopnafjarðar. Þótt framkvæmdum væri frestað var ákveðið að ljúka botnrannsókn og mælingum í bryggjustæðinu og var það gert á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 1,6 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Breiðdalsvík.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir að ljúka frágangi lagna og þekjusteypu við nýju stálþilsbryggjuna. Unnið var að hönnun og undirbúningi en heimamenn ákváðu síðan að fresta verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Djúpivogur.

Dýpkað var í Innri-Gleðivík á svæði þar sem væntanlegur löndunarkantur skyldi koma. Fyrir var 6–9 m dýpi en gerð var krafa um 9 m dýpi við kantinn. Alls voru grafnir upp um 8.000 m^3 af lausu efni. Enn fremur var gerð um 53 m löng rás fyrir stálþil.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 20. desember 2000. Fjögur tilboð bárust, þar af eitt frávikstilboð. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Sæþór ehf., og var samningsverð 35.541.500 kr.

Verkið hófst í byrjun mars og stóð til apríloka 2001.

Enn fremur var byggður löndunarkantur í Gleðivík og höfðu farið fram líkanatilraunir vegna hönnunar hans hjá Siglingastofnun Íslands. Í verkinu fólst að reknar voru niður 99 tvöfaldar stálþilsplötur, gengið frá stögum, steyptur 127 m langur kantur og settir pollar og þybbur framan á þil. Einnig var fyllt í þilstæði og það grjótvarið og vegur lagður frá loðnu-

verksmiðju niður að bryggjustæðinu. Alls fóru í þetta um 50.000 m^3 af kjarna og um 11.000 m^3 af flokkuðu grjóti.

Framkvæmdin var boðin út og tilboð opnuð 16. janúar 2001. Alls bárust 17 tilboð, þar af fimm frávikstilboð. Tekið var frávikstilboði S.G. véla ehf. að fjárhæð 74.256.430 kr. Undirverktaki við stálþilsrekstur var Guðlaugur Einarsson ehf.

Verkið hófst í byrjun febrúar og stóð fram í byrjun ágúst 2001. Grjót var sótt í land Hamars en kjarni tekinn úr klettum fyrir ofan víkina þar sem hreppurinn stóð í framkvæmdum vegna væntanlegs fiskeldis.

Unnið var að uppsetningu innsiglingarljósa að höfninni í Gleðivík.

Framkvæmdakostnaður: 120,0 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Þar var byggður Þinganesgarður milli Austurfjöru og Þinganesskerja. Garðurinn er um 300 m að lengd og á að hefta sandrek með Austurfjöru. Magntölur í verkinu eru eftirfarandi: Uppgröftur og jöfnun 1.900 m^3, fylling 1.300 m^3, kjarni 14.000 m^3, grjótfl. IV 4.800 m^3, fl. III 4.100 m^3, fl. II 3.700 m^3, fl. I 2.400 m^3 og í rofvörn fóru 2.000 m^3. Grjót var tekið úr Hálsendanámu við Litlahorn.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 13. júní 2000. Tilboð bárust frá sjö aðilum og var tilboði lægstbjóðanda, Suðurverks hf., tekið, en það var 73,6% af kostnaðaráætlun. Samningsverð var 30.817.940 kr. Þar er um 5% hækkun að ræða frá tilboðsverði og stafar hún af töfum sem á verkinu urðu vegna málaferla er risu vegna eignarnáms á grjótnámu.

Verkið hófst í mars og lauk í júlí. Ekki varð um aukaverk að ræða utan smávægilegt verk vegna tengingar við eldri garð í rofvörn.

Áætlað var að hefja undirbúningsvinnu vegna Faxeyrarhafnar, umhverfismat og botnrannsóknir, en þeirri vinnu var að mestu frestað.

Dæluprammi Hornafjarðarhafnar, Soffía, vann að venjubundinni viðhaldsdýpkun hafnarinnar. Alls var dælt upp úr höfninni um 15.000 m^3.

Boðin var út gerð smábátahafnar við Óslandsveg og samið við lægstbjóðendur, Rósaberg ehf., um verkið. Í því fólst að dýpka hafnarstæðið alls um 7.500 m^3 og jafna og grjótverja fláa. Byrjað var á verkinu í nóvembermánuði. Því var ekki lokið um áramót. Þá var gerður samningur við Króla ehf. um kaup og uppsetningu á 2×15 m löngum flotbryggjum.

Boðin var út í septembermánuði gerð leiðigarða við hafnarmynni og út í Mikley. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 61,4 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Framkvæmdum við endurbyggingu stálþils í Friðarhöfn, sem hófust árið 1998, lauk að mestu á árinu 2000. Aðeins var eftir smávægileg frágangsvinna sem lokið var 2001.

Endurbygging þekju og lagna í I. áfanga Nausthamarsbryggju var boðin út og gert var ráð fyrir verklokum fyrir áramótin 2001–2002, en vegna óhagstæðs tíðarfars hefur ekki verið hægt að vinna verkið og bíður það vors.

Endurbygging II. áfanga stálþils Nausthamarsbryggju, sem unnin var samkvæmt hafnaáætlun, fór þannig fram að nýtt stálþil var rekið utan um bryggjuna, samtals 302 m. Ytri hlið bryggjunnar er hönnuð m.v. 9 m dýpi, en að innanverðu er hönnunardýpi 5 m. Verkið var boðið út í janúar 2001 og síðan gengið til samninga við lægstbjóðanda, sem var Gáma- og tækjaleiga Austurlands á Reyðarfirði. Útboðsverkinu lauk í nóvember 2001. Eftir er að bjóða út þekju og lagnir þessa áfanga.

Stálþil og festingar voru keypt í gegnum Ríkiskaup að undangengnu útboði. Stálþilið vó 630 tonn og festingarnar 118 tonn.

Heildarkostnaður við endurbyggingu Nausthamarsbryggju var um sl. áramót kominn í 174,2 millj. kr. Kostnaður á árinu 2001 nam um 63,2 millj. kr. Stálþil var keypt í tvennu lagi. Fyrri hluti kostaði 15,4 millj. kr., sá síðari var bókfærður í desember 2000 og nam 47,1 millj. kr.

Í smábátahöfninni voru steyptir upp fjórir landstöplar, flotbryggjur færðar til o.fl. Landstöplarnir voru steyptir af verktakanum 2-Þ að undangengnu útboði. Keyptar voru tvær flotbryggjueiningar af Króla ehf. (lengd 11,7 m, breidd 3 m) og tveir landgangar. Gömlu flotbryggjurnar, sem voru við innanverða Nausthamarsbryggju, voru fluttar að þessum nýju landstöplum af starfsmönnum Vestmannaeyjahafnar og Króla ehf.

Verkið hófst á árinu 2000 og var unnið að því áfram árið 2001. Því er ekki lokið þar sem gert er ráð fyrir að keyptar verði tvær flotbryggjur og tveir landgangar til viðbótar.

Áfram var unnið við upplýsingakerfið fyrir veður og sjólag. Settir voru upp vind- og sjávarhæðarmælar á Skansfjöru og þeir tengdir við tölvu á hafnarskrifstofu. Uppsetningu kerfisins er enn ekki að fullu lokið. Kostnaður verður töluvert umfram upphaflega áætlun, aðallega vegna mæla á Skansfjöru, en tenging við þá verður dýrari en reiknað var með.

Grafskip Vestmannaeyjahafnar vann að dýpkun framan við Nausthamarsbryggjuna og inn með Friðarhafnarkanti. Dælt var upp um 10.000 m^3.

Unnið var að hönnun stálþils við Ískant og suðurkant Friðarhafnar.

Framkvæmdakostnaður: 79,3 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Þar var unnið að dýpkun hafnarinnar. Verkið fór fram í apríl og voru fjarlægðir tæplega 62.000 m^3 af efni úr höfninni.

Verkið var boðið út í mars 2001 og af fimm aðilum sem gerðu tilboð varð Björgun ehf. lægst. Dæluskip Björgunar, Perlan, lauk útboðsverkinu í júlí. Eftir dýptarmælingu í höfninni var ákveðið að dýpka þar annað svæði og var það gert í ágúst. Heildarefnismagn fór þá upp í um 75.000 m^3. Var það að mestu fínn sandur sem fjarlægður var.

Í hafnaáætlun var heimild til að fara í mun meiri dýpkun sem fól m.a. í sér klapparsprengingar að væntanlegri loðnubryggju. Fjárveitingu ríkisins var hins vegar dreift á fjögur ár og kusu heimamenn að fara hægar í sakirnar og miða framkvæmd ársins við þá fjárveitingu sem var til ráðstöfunar.

Framkvæmdakostnaður: 29,0 millj. kr.

Grindavík.

Þar stendur yfir bygging brimvarnargarða vestan og austan við innsiglingarrennuna. Heildarefnismagn í garðana er um 167.000 m^3. Verkið var boðið út í mars 2001 og samið við lægstbjóðanda, Suðurverk hf., í byrjun maí. Samningsupphæð var 146,7 millj. kr. Verklok eru áætluð í lok október 2002. Samkvæmt útboðsgögnum átti einungis að vinna við Vesturgarð á árinu 2001.

Vegna grjótnáms í Eldvarpahrauni vestan Grindavíkur, þar sem efnis var aflað í garðana, voru gerðar jarðfræðirannsóknir með borunum á námusvæðinu og grjótnámið fór einnig í umhverfismat.

Framkvæmdir við flotbryggju og rif Þverbryggju við Svíragarð voru teknar til uppgjörs. Einnig fór fram fullnaðaruppgjör vegna dýpkunar sem gerð var innan hafnar árið 1999.

Framkvæmdakostnaður: 100,4 millj. kr.

Sandgerði.

Boðin var út dýpkun innan hafnar og samið við lægstbjóðanda, Hagtak hf. Framkvæmdir hófust í lok nóvember og lauk ekki á árinu.

Lokið var hönnun á 50 m stálþilsbryggju sem byggja á við enda Norðurgarðs en útboði frestað þar til á næsta ári.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmdum við styrkingu og endurröðun grjótvarnar á Suðurgarði. Heimamenn ákváðu að fresta því verkefni. Samþykkt var að lána hluta fjárveitingarinnar til Vopnafjarðar.

Framkvæmdakostnaður: 18,0 millj. kr.

Hafnasamlag Suðurnesja.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Hafnarfjörður.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla hér á eftir um framkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

Garðabær.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Kópavogur.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir.

Reykjavík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir. Sjá kafla hér á eftir um hafnarframkvæmdir sem voru ekki ríkisstyrktar.

HAFNARFRAMKVÆMDIR SEM VORU EKKI RÍKISSTYRKTAR

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum sem voru ekki ríkisstyrktar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á þeirra vegum á framfæri við Siglingastofnun Íslands.

Grundartangi.

Unnið var að athugun á möguleikum til stækkunar á höfninni og lítils háttar viðhaldi hafnarmannvirkja.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Frágangur og uppgjör vegna d/b Hamars, 15 millj. kr. Fyllingar og aðrar framkvæmdir á Hvaleyrarbakka 19 millj. kr. Dýpkun innri hafnar, sem Sæþór ehf. gerði, 8 millj. kr.

Reykjavík.

Í fjárhags- og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurhafnar fyrir árin 2001 og 2002 er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé hafnarsjóðs verði að meginhluta varið til uppbyggingar hafnarmannvirkja og lands í Sundahöfn vegna áætlanasiglinga. Helstu framkvæmdir á vegum hafnarinnar undanfarin tvö ár hafa falist í þessu og lýkur þeim flestum á árinu 2002.

Unnið var að lengingu Kleppsbakka í Vatnagörðum fyrir farmstöð Eimskips. Lokið var samningsverki um byggingu hafnarbakka og hann tekinn í notkun í árslok 2001, en ýmsum frágangi, svo sem lagnakerfum og yfirborði bakka, mun ljúka vorið 2002. Samhliða bakkagerð var unnið að landgerð og fergingu lands sunnan bakkans, en þar hefur Eimskip verið úthlutað 5 hektara viðbótarlandi.

Unnið var að lengingu Vogabakka til norðurs fyrir farmstöð Samskipa í Kleppsvík. Lokið var samningsverki um byggingu hafnarbakka og hann tekinn í notkun í árslok 2001, en ýmsum frágangi, svo sem lagnakerfum og yfirborði bakka, lýkur síðan vorið 2002. Samhliða lengingu bakka var unnið að landgerð og fergingu lands á baksvæði bakka, en þar hefur Samskipum verið úthlutað 2 hektara viðbótarlandi.

Hafnar voru framkvæmdir við dýpkun nýrrar innsiglingar að Kleppsvík og í árslok 2001 var þessi nýja siglingaleið tekin í notkun og verður unnið fram til vors 2003 að frekari dýpkun og frágangi aðsiglingar. Allt efni sem upp kemur við dýpkun er nýtt til landgerðar á nálægum svæðum.

Aðrar helstu framkvæmdir á vegum Reykjavíkurhafnar á árinu voru ýmis verkefni við þróun hafnarlands og landgerð, bæði í Gömlu höfninni og í Sundahöfn. Húseign Slysavarnafélagsins Landsbjargar við Grandagarð var keypt og fenginn var nýr dráttarbátur í stað tveggja eldri báta sem seldir voru.

Framkvæmdakostnaður: 456,9 millj. kr.

FERJUBRYGGJUR

Ekki voru neinar framkvæmdir við ferjubryggjur árið 2001, en lokið var uppgjöri vegna framkvæmda við Mjóafjarðarbryggju árið 2000.

SJÓVARNARGARÐAR

Ólafsvík: Sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar Íslands á sjóvörn meðfram Ólafsbraut og vestan við Ytra-Klif, þar sem félagsheimili staðarins stendur, fór fram í desember. Þessi framkvæmd er á sjóvarnaáætlun.

Verkið var ekki hafið um áramót. Til þess voru ætlaðar 1,8 millj. kr. á fjárlögum. Það mun verða framkvæmt undir eftirliti Vegagerðarinnar.

Grundarfjörður. Í samræmi við sjóvarnaáætlun var þar gert ráð fyrir sjóvörn á tveimur stöðum árið 2001, við Sæból 16 og Framnes. Hafnarstjórn Eyrarsveitar sótti um til hafnaráðs heimild til að breyta röð framkvæmda og láta gera sjóvörn við Skallabúðir og var veitt leyfi fyrir því. Samið var við Ísar ehf. án útboðs um sömu einingaverð og fyrirtækið bauð í grjótgarðinn í tengslum við lengingu Stórubryggju.

Framkvæmdir hófust fyrir áramót 2001/2002 og var lokið við Sæból 16 en verið var að vinna við Framnes um áramótin. Lítils háttar kostnaður vegna undirbúnings féll á verkið fyrir áramót en verktakareikningar bárust allir á árinu 2002.

Verkinu var ekki lokið um áramót.

Patreksfjörður: Þar var haldið áfram með sjóvörnina fyrir utan Oddann og fullbyggður um 45 m langur varnargarður og lagað á um 150 m bili. Alls fóru í garðinn um 3.285 m^3 af grjóti og um 210 m^3 af kjarna og grafin um 140 m löng rás fyrir fæti.

Norðurtak ehf. frá Sauðárkróki hafði unnið síðasta áfanga sjóvarnarinnar og þar sem fyrirtækið var að vinna að vegagerð á Kleifaheiði var haft samband við það og óskað tilboðs í sjóvörnina. Norðurtak ehf. bauð 3.804.000 kr. en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir 6.000.000 kr. Verksamningur var gerður á grundvelli tilboðsins og um leið bókað að unnið yrði fyrir a.m.k. 6,2 millj. kr. enda var tilboðsverð óvanalega hagstætt, 64% af kostnaðaráætlun sem m.a.

skýrist af því að verktaki gat boðið grjótið á mjög hagstæðu verði þar eð það féll til við vegagerðina.

Verkið hófst í mars og var lokið í endaðan apríl.

Ísafjarðarbær: Á Ísafirði var sjóvarnargarður gerður við Sundstræti milli Norðurtanga og Mávagarðs. Grafið var fyrir fæti 232 m og endurraðað um 1.650 m^3. Úr grjótnámu á Dagverðardal komu um 7.237 m^3.

Á Flateyri var sjóvarnargarður gerður við Brimnesveg að íþróttahúsi. Lagður var um 400 m langur garður, um 100 m lengri en áætlað var. Endurraðað var 1.470 m^3 úr garði sem fyrir var, 2.045 m^3 komu af lager á Flateyri og stórgrýti úr námu á Dagverðardal var 532 m^3.

Í Hnífsdal var gerður sjóvarnargarður frá Bakka og inn fyrir byggðina, um 240 m í stað 170 m sem gert hafði verið ráð fyrir. Grafið var fyrir fæti um 70 m og endurraðað um 550 m^3 en úr grjótnámu komu um 4.852 m^3.

Framkvæmdin var boðin út og tilboð opnuð 30. júlí 2001. Samið var við lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. á Sauðárkróki, sem bauð 18.902.400 kr. er nam 76,6% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið hófst 17. september og lauk í desember 2001. Byrjað var á Flateyri, svo tekið til á Ísafirði og að síðustu í Hnífsdal. Aukaverk voru fá og smá en magnaukning talsverð.

Árneshreppur: Byggð var sjóvörn á Djúpavík á um 120 m kafla meðfram sjávarbakka við plan hjá olíutönkum. Framkvæmdin var unnin af Ásbirni Þorgilssyni hótelhaldara á Djúpavík.

Hólmavíkurhreppur: Í janúar lauk Fylling ehf. við að setja sjóvörn á 60 m kafla við Kópnesbraut. Sjóvarnargarður er þá kominn meðfram ströndinni frá Hlein norður fyrir hús nr. 21 við Kópnesbraut. Rúmlega 400 m^3 af grjóti fóru í þennan síðasta áfanga sjóvarnarinnar. Grjótið var tekið úr skriðu ofan við flugvöllinn.

Blönduós: Í ársbyrjun var samið við Norðurtak ehf. um gerð sjóvarnargarðs norðan við ós Blöndu framan við skolphreinsistöð sem þar er risin. Verkinu lauk í mars. Byggður var 211 m langur garður sem nær frá ósnum og um 70 m norður fyrir hreinsistöðina. Vantar þá um 120 m kafla til að tengja saman sjóvörnina neðan við byggðina norðan Blöndu. Grjót í sjóvörnina var sótt í námu við Hólabak, alls 3.850 m^3.

Dalvík: Lokið var við sjóvörn frá Brimnesá neðan Sæplasts og Blika að hafnargarði sem hafði verið unnið að mestu árið 2000.

Verktaki var Jarðverk ehf. á Dalvík. Magn var 600 m^3 og kostnaður 1.038.200 kr. Afgangur varð af fjárveitingu og var hann notaður í sjóvörn neðan við býlið Árhól en þar hafði gömul sjóvörn raskast verulega. Grjótmagn var 750 m^3 og endurraðað 400 m^3. Kostnaður varð 2.142.494 kr. Þar af var keypt grjót í námu fyrir 650.000 kr.

Árskógssandur: Gerður var 160 m langur sjóvarnargarður norðan við bryggju. Í hann fór um 2.850 m^3 af grjóti og kjarna. Annar sjóvarnargarður, um 90 m langur, var gerður í framhaldi af eldri garði við bæinn Brimnes. Í hann fóru um 2.100 m^3 af grjóti og kjarna. Efnið var sótt í námu í landi Hellu í um það bil 3,5 km fjarlægð frá aðalhafnargarði.

Grýtubakkahreppur: Þar var unnið við sjóvörn sunnan Gömlubryggju sem gerð var í framhaldi af fyrri áföngum. Jarðverk ehf. á Dalvík annaðist verkið sem unnið var í framhaldi af smábátagarðinum á Grenivík. Við upphaf verksins var unnið að losun á grjóti úr Bárðartjarnarnámu en verki svo frestað til hausts, en þá var tekið til aftur og lauk verkinu í febrúar 2002.

Í verkið fóru um 2.720 m^3 af grjóti og 1.100 m^3 af kjarna. Leggja þurfti veg í fjöru og einnig var sett niður ræsi í læk. Heildarlengd á garðinum varð um 190 m.

Fjarðabyggð: Gerð var sjóvörn við Neseyri neðan við verkstæðishús sem þar standa. Verkið fór fram í október. Samið var við Haka ehf. um að vinna það í tímavinnu.

Ölfushreppur: Malarkambur við Jarðefnavinnsluna var styrktur með því að byggt var ofan á garðinn sem fyrir var á um 115 m kafla og á um 200 m kafla við Sporið. Einnig var gerður um 160 m varnargarður við fiskeldi sunnan Þorlákshafnar og um 820 m langur flóðvarnagarður frá vegi við Hafnarberg að Sporinu.

Verkið var boðið út og tilboð opnuð 3. apríl 2001. Samið var við lægstbjóðanda, Suðurverk hf., á grundvelli tilboðs sem hljóðaði upp á 18.676.500 kr. og nam 75,1% kostnaðaráætlunar. Suðurverk hf. hóf störf í apríllok og lauk verkinu 16. ágúst. Tekin var ákvörðun um að breyta legu flóðvarnagarðs og hliðfæra hann u.þ.b. 15 m til norðurs sem leiddi af sér talsverðar magnaukningar. Efnið var tekið úr námu í landi Ölfushrepps um 1 km frá syðri enda flóðvarnargarðs og eru helstu magntölur þessar: Grjót fl. I 2.570 m^3, fl. II 4.000 m^3 , fl. III 3.810 m^3, fl IV (kjarni) 3.500 m^3. Burðarhæft efni 8.500 m^3, mold og sáning 3.800 m^3.

Gerðahreppur/Sandgerði: Fjárveiting var til gerðar sjóvarnar frá Garðskaga að bæjarmörkum við Sandgerði og á u.þ.b. 120 m kafla Sandgerðismegin við bæjarmörkin í átt að Lambarifi. Lítils háttar var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, en þar sem ekki var lokið við greiðslu á heimahluta Gerðahrepps vegna framkvæmda ársins á undan var framkvæmdum við fyrrgreinda sjóvörn slegið á frest.

Vatnsleysustrandarhreppur: Í sjóvarnaáætlun var gert ráð fyrir að ráðist yrði í gerð sjóvarnar á milli Brunnastaðahverfis og Skjaldarkots, en sveitarstjórnin fór fram á að framkvæmdaröð yrði breytt þannig að fyrst yrði gerður sjóvarnargarður frá Minni-Vogum í átt að Grænuborg, en vinna átti að þessum kafla árið 2003 samkvæmt sjóvarnaáætlun. Hafnaráð samþykkti þessa breytingu á framkvæmdaröð og í október var boðin út sjóvörn á um 180 m kafla á framangreindu svæði. Í lok nóvember var gerður samningur við lægstbjóðanda, SEES ehf. Verkið stóð enn yfir um áramót.

RANNSÓKNIR SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS Í HAFNAMÁLUM

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafnamála fyrir 32,4 millj. kr. árið 2001. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og athuganir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Dýptarmælingar voru gerðar á Reykhólum, Ólafsfirði, Vopnafirði og Fáskrúðsfirði og unnið var úr fyrirliggjandi gögnum úr mælingum á Hornafjarðarósi. Inn í landskerfið voru mældir grunnpunktar á Raufarhöfn og Þórshöfn. Unnið var áfram að uppsetningu sjávarfallalíkans með þéttu neti fyrir Suðvesturland. Í samvinnu við Landmælingar Íslands var unnið að greinargerð um kvörðun sjávarfallamæla í höfnum og tengingu þeirra við landskerfið.

Byggt var líkan af höfninni í Neskaupstað. Líkanið var notað til að kanna hugmyndir um stækkun hafnarinnar, hvernig hægt væri að auka rými við togarabryggju, en viðhalda jafnframt kyrrð við kanta. Niðurstaða tilraunanna var að færa hafnargarð við togarabryggju út þannig að dýpka megi 100 m breiða rennu upp með bryggjunni. Þá voru lögð drög að skjólgarði sem kæmi austan við loðnubryggjuna og lægi til suðurs. Hugmyndin er að afla reynslu af kyrrð í höfninni án skjólgarðs áður en endanleg ákvörðun verður tekin um byggingu hans. Jafnframt var áfram unnið að tilraunum með hreyfistöðugleika skipa.

Unnið var áfram að öldufarsrannsóknum fyrir fiskihöfnina í Neskaupstað. Enn fremur voru gerðir öldufarsreikningar fyrir Kópavog. Á síðari hluta ársins var unnið að öldufarsrannsóknum fyrir Þorlákshöfn. Í tengslum við þingsályktunartillögu um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru, sem samþykkt var í desember 2000, var hafinn undirbúningur að rannsóknum við Suðurströndina. Öldufarsreikningar voru undirbúnir með vinnslu stafrænna

gagna úr sjókortum, en þessi vinna nýtist einnig við öldufarsreikninga fyrir Þorlákshöfn og við áhættumat á siglingum stórra skipa við Suðvesturland.

Gerðar voru botnrannsóknir á Akureyri.

Á árinu var birt greinin „PIANC Working Group No. 40: Guidelines for the Design and Construction of Berm Breakwaters" á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var af The Institution of Civil Engineers í London. Greinin er byggð á drögum að skýrslu nefndar um hönnun og byggingu bermugarða.

Á alþjóðlegum vinnufundi í Japan, International Workshop on Advanced Design of Maritime Structures in the 21st Century, var kynnt grein um bermugarða, „Stable Berm Breakwaters", sem unnin var í samvinnu við jarðfræðistofuna Stapa og rannsóknastofnunina SINTEF í Þrándheimi.

Á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var af The Royal Institute of Naval Architects var lögð fram greinin „Safe Operation of Fishing Vessels Based upon Continuous Measurements of Environmental Conditions and Vessel Stability", sem unnin var í samvinnu við norsku sjóslysanefndina og háskólann í Þrándheimi.

STARFSEMI SIGLINGASTOFNUNAR ÍSLANDS ÁRIÐ 2001

Starfsemi Siglingastofnunar Íslands skiptist í þrjá höfuðþætti: Hafnamál, skipamál og vita- og leiðsögumál. Í þessari skýrslu er fjallað ítarlega um verkefni Siglingastofnunar á sviði hafnamála en hér á eftir er lítillega drepið á nokkra aðra þætti í starfsemi stofnunarinnar árið 2001.

Á hverju ári gefur Siglingastofnun út skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Útgáfan er samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Um síðustu áramót voru 2.465 skip á aðalskipaskrá Siglingastofnunar. Þilfarsskipin voru 1.136 en opnir bátar 1.329. Heildarfjölgun í flotanum var 37 skip og mælt í brúttótonnum stækkaði flotinn um rúm 10 þúsund tonn.

Skoðunarsvið Siglingastofnunar er með sjö umdæmisskrifstofur um land allt sem annast eftirlit með skipum samkvæmt lögum nr. 35/1993. Aðalskoðun skips skiptist í árlega búnaðar- og vélskoðun, bolskoðun, sem gerð er annað hvert ár, og öxulskoðun á fjögurra ára fresti. Aðrar skoðanir eru t.d. skyndiskoðanir, skoðanir á fjarskiptatækjum og brunavarnarkerfum, hallaprófanir, rafmagnsskoðanir, skoðanir vegna nýsmíði o.fl.

Tilgangur Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit með skipum, sem Ísland er aðili að, er að stemma stigu við siglingum skipa sem ekki uppfylla alþjóðakröfur um aðbúnað, öryggi, hollustuhætti og atvinnuréttindi áhafna kaupskipa og mengun frá skipum. Í samræmi við ákvæði samkomulagsins eru ár hvert skoðuð a.m.k. 25% þeirra erlendu kaupskipa sem hingað koma. Árið 2001 voru skoðuð samtals 120 skip frá 25 þjóðlöndum. Fimm skip voru sett í farbann.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu atvinnuréttindaskírteina og ýmsa þjónustu við mönnunar- og undanþágunefndir. Þá er alþjóðasamstarf á sviði siglingamála mikið og tekur Siglingastofnun m.a. þátt í starfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.

Á árinu 2001 var samþykkt á Alþingi fyrsta langtímaáætlunin í öryggismálum sjófarenda er gildir fyrir árin 2001–2003. Stefnt er að því að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu. Siglingastofnun var falið að gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert ár sem miði að því að hrinda í framkvæmd tillögum langtímaáætlunarinnar.

Til að reka vita- og leiðsögukerfi við Ísland fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem öll skip greiða sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins.

Starfsmenn Siglingastofnunar sinna árlegu eftirliti og viðhaldi á búnaði vita og bauja og á vitabyggingum. Að jafnaði er reynt að sinna viðhaldi á fimmtu hverri vitabyggingu árlega en alls rekur stofnunin 104 ljósvita meðfram strönd landsins. Auk hefðbundins eftirlits og viðgerða á vitakerfi landsmanna voru teknar ljósmyndir af vitunum, m.a. fyrir væntanlegt rit um sögu vitamála á Íslandi.

Siglingastofnun sendir út leiðréttingarmerki (DGPS) við staðsetningarkerfið GPS frá sex radíóvitum umhverfis landið. Leiðréttingarkerfið gerir notendum við Ísland kleift að staðsetja sig með 1–10 metra nákvæmni. Til að auka útbreiðslu og minnka hættu á truflunum var sendingartíðni merkjanna breytt í allri Evrópu í september 2001.

Upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag gefur sjófarendum kost á nýjum upplýsingum um veður og sjólag á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í síma.

Fréttabréf Siglingastofnunar, *Til sjávar*, og vefur hennar, www.sigling.is, mynda kjarnann í upplýsingastarfsemi hennar. Fimm tölublöð komu út af *Til sjávar* árið 2001. Áskrift að fréttabréfinu er ókeypis og er því dreift til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu er að finna greinar og fréttir um það helsta sem er að gerast á vettvangi stofnunarinnar.

Á www.sigling.is er einnig að finna allar helstu upplýsingar um starfsemina, lög og reglur, útboð, fréttabréf o.fl. að ógleymdu upplýsingakerfinu um veður og sjólag.

Tölur úr rekstri Siglingastofnunar árið 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Tekjur	Almennir viðskiptavinir	Af fjárlögum	Tekjur samtals
Ýmsar tekjur, bókhaldsþjónusta, þóknun, vaxtatekjur	29	5	34
Vitar og leiðsögukerfi, rekstur og stofnkostnaður	21	123	144
Rannsóknir	0	43	43
Hafnasvið, framkvæmdir og áætlanir	81	20	101
Skipaverkefni	6	50	56
Skoðunarsvið	46	101	147
Hafnarríkiseftirlit	0	11	11
Tækjaleiga og vörusala	12	0	12
Tekjur samtals	**195**	**353**	**548**

Gjöld	Gjöld
Launakostnaður	314
Önnur gjöld	161
Stofnkostnaður	21
Gjöld samtals	496
Tekjuafgangur	52
Samtals	**548**

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn		Styrkhlutfall	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Snæfellsbær	Arnarstapi: Lenging grjótgarðs	75%	7,4		
	Ólafsvík: Lenging á flotbryggjum	60%	7,6		
	Rif: Slitlag	60%	3,5		
	Rif: Skjólgarður	75%	3,6		
	Rif: Dýpkun	75%	6,9	29,0	20,1
Grundarfjörður	Lenging Stórubryggju, stálþil	60%	80,3		
	Lenging Stórubryggju, grjótvörn	75%	43,6		
	Flotbryggja	60%	0,1	124,0	80,9
Vesturbyggð	Patreksfjörður, tjón	100%	6,3		
	Tjónastyrkur	100%	-6,3		
Stykkishólmur	Stykkisbryggja: Styrking landgangs, lýsing	60%	0,3	0,3	0,2
Tálknafjörður	Upptökubraut	60%	6,0	6,0	3,6
Ísafjörður	Ísafjörður: Ásgeirsgata, uppgjör	60%	20,8		
	Ísafjörður: Dýpkun við Olíumúla	75%	0,9		
	Flateyri: Stálþil	60%	0,4		
	Flateyri: Uppsátur fyrir smábáta	60%	2,2		
	Þingeyri: Uppsátur fyrir smábáta	60%	2,6		
	Suðureyri: Grjótvörn við Brjót	75%	0,1		
	Tjón	100%	5,3		
	Tjónastyrkur	100%	-5,3	27,0	16,4
Súðavík	Viðlegubryggja við Suðurgarð	75%	4,9	4,9	3,7
Drangsnes	Drangsnesbryggja, veggur, þekja	60%	0,5	0,5	0,3
Blönduóshöfn	Dýpkun hafnar	75%	0,9		
	Tjón	100%	5,5		
	Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði	100%	-5,5	0,9	0,7
Skagafjörður	Sauðárkrókur: Stálþil	60%	48,0		
	Hofsós: Lenging þvergarðs	75%	4,8	52,8	32,4
Siglufjörður	Óskarsbryggja	60%	56,9		
	Togarabryggja endurbætt	60%	7,0		
	Dýpkun	75%	11,9	75,8	47,3
Hafnasamlag	Dalvík: Norðurgarður, stálþil	60%	9,3		
Eyjafjarðar	Ólafsfjörður: Norðurgarður, styrking	75%	0,1		
	Árskógssandur: Skjólgarður, Hríseyjarferja	75%	6,8	16,2	10,8
Hafnasamlag	Akureyri: Fiskihöfn, stálþil	60%	29,5		
Norðurlands	Akureyri: Fiskihöfn, dýpkun	75%	27,3		
	Akureyri: Lóðsbátabryggja	60%	3,2		
	Akureyri: Dýpkun við Krossanes, uppgjör	75%	11,8		
	Hjalteyri: Dýpkun	75%	0,3		
	Grenivík: Flotbryggja	60%	3,1	75,2	51,0
Húsavíkurhöfn	Brimvarnargarður	75%	113,1	113,1	84,8
Kópasker	Endurbygging steyptrar þekju	60%	2,8	2,8	1,7
Raufarhöfn	Leiðarmerki	75%	0,6		
	Dýpkun	75%	4,7		
	Hafskipabryggja: Lagnir og þekja	60%	11,8	17,1	11,1
Þórshöfn	Hafskipabryggja: Stálþil, lenging	60%	10,8		
	Dýpkun	75%	3,9		
	Tjón	100%	0,5		
	Tjónastyrkur	100%	-0,5	14,7	9,4
Vopnafjörður	Stálþil	60%	20,3		
	Dýpkun innsiglingar	75%	62,7		
	Dýpkun í höfn	75%	3,2	86,2	61,6

Höfn		Styrk-hlutfall	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Borgarfjörður eystri	Dýpkun sunnan gömlu bryggju	75%	6,6		
	Tjón: Skarfaskersgarður	100%	3,1		
	Tjónastyrkur úr Hafnabótasjóði	100%	-3,1	6,6	5,0
Seyðisfjörður	Ferjulægi	60%	6,4		
	Mjölhúsbryggja. Frágangur, lagnir, lýsing	60%	1,1		
	Dýpkun rennu við Fjarðarhöfn	75%	11,1	18,6	12,8
Fjarðabyggð	Eskifjörður: Stálþil, uppgjör og frágangur þekju	60%	20,9		
	Eskifjörður: Dýpkun	75%	2,8		
	Neskaupstaður: Skjólgarður	75%	6,5		
	Neskaupstaður: Dýpkun við færslu flotbryggju	75%	12,7		
	Neskaupstaður: Stálþil	60%	39,0	81,9	52,4
Fáskrúðsfjörður	Stækkun loðnulöndunarbryggju	60%	1,6	1,6	1,0
Breiðdalsvík	Lagnir, lýsing og þekja	60%	0,2	0,2	0,1
Djúpivogur	Gleðivík: Dýpkun	75%	39,5		
	Gleðivík: Stálþil	60%	80,4		
	Innsiglingarmerki	75%	0,1	120,0	77,9
Hornafjörður	Smábátahöfn	60%	10,0		
	Faxeyrarhöfn, umhverfismat	75%	0,1		
	Viðhaldsdýpkun hafnar	75%	9,7		
	Þinganesgarður	75%	40,6		
	Leiðigarðar	75%	1,0	61,4	44,6
Vestmannaeyjar	Friðarhafnarkantur: Endurbyggt stálþil	60%	1,2		
	Friðarhöfn: Stálþil, ískantur, suðurkantur	60%	0,3		
	Nausthamarsbryggja; endurbygging	60%	63,2		
	Upplýsingakerfi	75%	1,1		
	Dýpkun hafnar við Nausthamar og Friðarhafnarkant	75%	4,4		
	Smábátaaðstaða, landstöplar, o.fl.	75%	9,1	79,3	48,4
Þorlákshöfn	Dýpkun hafnarsvæðis	75%	29,0	29,0	21,8
Grindavík	Brimvarnargarðar	75%	54,4		
	Flotbryggja og rif á þverbryggju v. Svíragarð, uppgjör	60%	21,0		
	Dýpkun innan hafnar, uppgjör	75%	25,0	100,4	72,2
Sandgerði	Norðurgarður, lenging stálþils	60%	0,7		
	Dýpkun	75%	17,3	18,0	13,4
Af óskiptu fé	Blönduós, björgunarstigar	60%	1,0	1,0	0,6
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		**1.164,5**	**1.164,5**	**786,2**
		60%	583,1		
		75%	581,4		
	Samtals		**1.164,5**		

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sveitarfélag	Framkvæmda-kostnaður	Hluti ríkisins
Snæfellsbær	0,1	0,1
Eyrarsveit	0,2	0,2
Vesturbyggð	14,5	12,7
Ísafjarðarbær	28,0	24,5
Hólmavíkurhreppur	0,8	0,7
Árneshreppur	0,9	0,8
Blönduós	9,2	8,1
Dalvík	3,3	2,9
Árskógssandur	6,7	5,9
Grenivík	4,4	3,9
Fjarðabyggð	1,2	1,1
Ölfushreppur	18,9	16,5
Garður	0,3	0,3
Vogar	1,8	1,6
Samtals	**90,3**	**79,3**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar rannsóknir		
Rannsóknir óskipt	1,8	
Fræðigreinar	0,3	
Erindi frá samgönguráðuneytinu	0,7	
Brimvarnargarðar	0,6	
Húsavík. Verklok við líkanatilraunir	0,3	
Neskaupstaður. Líkanatilraunir	6,9	
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	0,7	
Alda á ferjuleið	0,2	
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	0,8	
Sjávarföll, sjávarflóð	0,8	
Hreyfistöðugleiki skipa	0,7	
Sameiginlegur kostnaður	3,4	17,2
Rannsóknaverkefni í höfnum		
Rannsóknir í höfnum óskipt	0,5	
Snæfellsbær	0,2	
Reykhólar	0,4	
Hofsós	0,1	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,5	
Hafnasamlag Norðurlands	1,7	
Raufarhöfn	0,1	
Þórshöfn	0,1	
Vopnafjörður	1,2	
Seyðisfjörður	0,1	
Fjarðabyggð	1,5	
Fáskrúðsfjörður	0,3	
Höfn í Hornafirði	0,8	
Kópavogur	1,9	
Þorlákshöfn	5,8	15,2
Samtals		**32,4**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2000		Ríkishluti framkvæmda 2001	Fjárveiting 2001	Staða ríkissjóðs í árslok 2001	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes	0,1				0,1	
Borgarnes		0,1				0,1
Snæfellsbær[1]		2,9	20,1	42,3		25,1
Grundarfjörður		13,7	80,9	83,1		15,9
Stykkishólmur	9,9		0,2	8,8	1,3	
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Búðardalur		0,9				0,9
Vesturbyggð		0,4		1,6		2,0
Tálknafjörður		2,3	3,6	1,5		0,2
Bolungarvík		5,9		0,8		6,7
Ísafjarðarbær		29,3	16,4	8,6		21,5
Súðavík		0,6	3,7	3,6		0,5
Drangsnes	0,3		0,3	4,5		3,9
Hólmavík		6,8				6,8
Húnaþing vestra		13,1				13,1
Blönduós		1,6	0,7	0,0		0,9
Skagaströnd	1,0			2,2		1,2
Skagafjörður		2,2	32,4	39,2		9,0
Siglufjörður		3,8	47,3	49,5		6,0
Hafnasamlag Eyjafjarðar	6,9		10,8	18,4		0,7
Grímsey	1,7				1,7	
Hafnasamlag Norðurlands		8,3	51,0	61,1		18,4
Húsavík	40,7		84,8	225,2		99,7
Kópasker		1,2	1,7	2,4		1,9
Raufarhöfn		5,0	11,1	4,6	1,5	
Þórshöfn		8,7	9,4	1,3		0,6
Vopnafjörður[2]		3,5	61,6	99,3		41,2
Borgarfjörður eystri			5,0	5,6		0,6
Seyðisfjörður		3,5	12,8	37,9		28,6
Fjarðabyggð	9,8		52,4	89,9		27,7
Fáskrúðsfjörður	0,7		1,0	1,9		0,2
Stöðvarfjörður		2,4				2,4
Breiðdalsvík		5,3	0,1			5,2
Djúpivogur		33,4	77,9	46,8		2,3
Höfn í Hornafirði		33,7	44,6	41,9		31,0
Vestmannaeyjar	34,3		48,4	126,5		43,8
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	1,5		21,8	19,4	3,9	
Grindavík	298,0		72,2	208,0	162,2	
Sandgerði	21,7		13,4	86,0		50,9
Hafnasaml. Suðurnesja	16,1		00	9,4	6,7	
Hafnarfjörður	9,0			9,0		
Óskipt		10,2	0,6	1,2		10,8
Samtals	**451,7**	**199,9**	**786,2**	**1341,5**	**177,4**	**480,9**

[1] Snæfellsbær fékk aukafjárveitingu til að flýta framkvæmdum á Arnarstapa	3,9
[2] Vopnafjörður fékk aukafjárveitingu til að flýta dýpkun innsiglingar	84,4
	88,3

Snæfellsbær og Vopnafjörður fengu aukafjárveitingu vegna frestunar framkvæmda á eftirtöldum stöðum:

1. Bolungarvík	14,0
2. Þórshöfn	54,0
3. Fáskrúðsfirði	18,0
4. Sandgerði	2,3
	88,3

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Almennar hafnir		1.157,2
Lendingarbætur		
Búðir á Snæfellsnesi	0,3	
Haukabergsvaðall	0,2	
Hesteyri	0,2	
Lagarfljótsbrú	1,0	
Breiðdalsvík	0,7	
Reykjafjörður nyrðri	0,2	
Gjögur	0,2	2,8
Ferjubryggjur		5,7
Samtals fjárveitingar		**1.165,7**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333)	
Snæfellsbær	1,0
Eyrarsveit	5,1
Vesturbyggð	6,0
Ísafjarðarbær	23,0
Árneshreppur	0,9
Blönduós	8,8
Dalvíkurbyggð	4,4
Hríseyjarhreppur	0,1
Árskógssandur	0,7
Grýtubakkahreppur	5,7
Sveitarfélagið Ölfus	10,2
Sandgerðisbær	0,6
Gerðahreppur	2,2
Reykjanesbær	0,1
Vatnsleysustrandarhreppur	5,0
Leira	2,8
Samtals	**76,6**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2001 (fjárhæðir í millj. kr.).

Styrkir		
a. Styrkir til nýframkvæmda		
Snæfellsbær vegna Arnarstapa	0,9	
Grundarfjörður	19,3	
Súðavík	0,7	
Hafnasamlag Skagafjarðar vegna Hofsóss	0,7	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	0,4	
Húsavík	14,7	
Kópasker	0,4	
Raufarhöfn	3,5	
Þórshöfn	0,5	
Vopnafjörður	5,9	
Borgarfjörður eystri	1,0	
Seyðisfjörður	1,4	
Djúpivogur	23,1	72,5
b. Tjónastyrkir		
Vesturbyggð	6,3	
Hafnasamlag Ísafjarðar	5,3	
Blönduós	5,5	
Borgarfjörður eystri	3,1	
Þórshöfn	0,5	
Grundarfjörður, leiðrétting við 1999	0,0	20,5
Styrkir alls		93,0
Lán		
a. Lán vegna heimahluta í nýframkvæmdum	0,0	
b. Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu	0,0	
Lán alls		0,0
Samtals lán og styrkir		**93,0**

1359. Nefndarálit [564. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti héraðslækna verði felld niður. Embætti héraðslækna hafa verið í gildi frá árinu 1978 og hafa verið mikilvægur tengiliður heilbrigðisstjórnar við heilbrigðisstofnanir í héruðunum. Með stækkun heilbrigðisstofnana og ýmsum öðrum breytingum hefur hlutverk héraðslækna eðlilega breyst og fyrir nokkrum árum var á fundum héraðslækna með heilbrigðisráðuneyti og landlæknisembættinu rætt um mögulegar breytingar á héraðslæknisembættunum. Það sjónarmið var ríkjandi eftir því sem umræðan þróaðist að fækka ætti embættunum og stækka þau. Þessari umræðu var ekki fylgt eftir með formlegu nefndarstarfi sem leitt hefði til ákveðinnar niðurstöðu.

Þegar héraðslæknisembættin voru sett á var hugmyndin sú að styrkja opinbera stjórnsýslu innan heilbrigðisþjónustunnar úti um land og koma á meiri dreifingu starfa á vegum heil-

brigðisráðuneytis og landlæknisembættis. Því miður fengu héraðslæknisembættin aldrei þann stuðning og fjármagn sem til þurfti til að fylgja þessu eftir og byggja upp raunverulegar þjónustueiningar úti um allt land. Störf héraðshjúkrunarfræðinga voru t.d. aldrei sett á laggirnar.

Starf héraðslæknis er fjölbreytt og tengist m.a. heilbrigðiseftirliti, málefnum fatlaðra, ýmsum málefnum lögreglu og almannavarna og skapar almenna yfirsýn yfir sérkenni og vandamál íbúa í ákveðnum landshluta. Héraðslæknir hefur ákveðið hlutverk sem sérstakur fulltrúi (ráðunautur) heilbrigðisstjórnarinnar í umdæminu og jafnframt talsmaður íbúa gagnvart yfirstjórn heilbrigðismála í Reykjavík. Það hefur veitt fólki þá tilfinningu að ekki þurfi að leita með öll erindi til höfuðborgarinnar heldur geti það fengið skoðun á sínum málum í heimabyggð.

Með frumvarpinu er í raun verið að leggja niður einu 100% embættislæknisstöðuna á landsbyggðinni. Í þessu sambandi má benda á að Reykjavík hefur hátt á annan tug embættislækna ef taldir eru saman þeir sem starfa við landlæknisembættið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins. Eðlilegt hefði verið að stærstu héraðslæknaembættin hefðu fengið að halda sér, t.d. á Akureyri.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að í fjárlögum fyrir árið 2002 hafi verið tekið tillit til þess að leggja eigi niður héraðslæknisembættin á þessu ári og útgjöld ríkisins lækki við það um 15 millj. kr. Framlag í fjárlögum til héraðslæknisembættisins á Norðurlandi eystra er 8 millj. kr. en hefði orðið 13,5 millj. kr., ef ekki hefðu komið til fyrirætlanir um að leggja embættið niður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rúmur þriðjungur af þessari fjárhæð, þ.e. 4,8 millj. kr., færist til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri á árinu 2003 og 3,2 millj. kr. færist til heilsugæslunnar í Reykjavík. Eftir standa 5,5 millj. kr. Samkvæmt þessu verður að gera ráð fyrir að þau verkefni sem eftir standa muni færast til ráðuneytis og/eða landlæknisembættis án kostnaðarauka fyrir þessa aðila sem verður að teljast vafasöm ályktun. Samkvæmt framansögðu færast rétt tæplega ⅔ hlutar núverandi verkefna héraðslæknisembættisins á Norðurlandi eystra burt af svæðinu og minnka fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu á svæðinu að sama skapi um 8,7 millj. kr. Af umsögn fjármálaráðuneytisins og umfangi héraðslæknisembættanna er ljóst að niðurlagning embætta héraðslækna kemur fyrst og fremst niður á Norðurlandi eystra bæði fjárhagslega og atvinnulega.

Héraðslæknum hefur verið ætlað að sinna því mikilvæga hlutverki að hafa yfirsýn yfir heilbrigðismál í héraði, samhæfa verkefni og tengja aðila saman innan héraðs. Ef á hinn bóginn er ætlast til þess að yfirlæknar einstakra heilsugæslustöðva á hverju svæði sinni hver fyrir sig þessum verkefnum verður erfiðara að ná fram þeirri yfirsýn og samhæfingu sem nauðsynleg er í málaflokknum innan héraðs.

Skv. 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skipting landsins í heilsugæsluumdæmi skuli ákveðin í reglugerð. Eðlilegt hefði verið að þessi skipting lægi ljós fyrir þegar ætlunin er að flytja til verkefni og fjármagn eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Skv. 8. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, skulu héraðslæknar hafa eftirlit með því að lögum og reglum um heilbrigðismál sé framfylgt í héraðinu. Jafnframt hafa þeir haft á hendi ákveðið eftirlitshlutverk í umboði landlæknis samkvæmt erindisbréfi. Því er mikilvægt að efla þessa þætti í starfsemi landlæknisembættisins ef embætti héraðslækna verða lögð af. Að mati minni hlutans er mikilvægt að halda þeirri sýn að stjórnsýslunni sé sem mest sinnt í héruðum í stað þess að færa verkefnin til landlæknisembættisins og fjölga starfsmönnum þar.

Að undanförnu hefur ríkt mikil óánægja meðal heilsugæslulækna vegna ýmissa þátta sem lúta að kjaramálum og starfsumhverfi stéttarinnar. Þær hugmyndir sem í frumvarpinu felast

og ganga út á það að bæta verkefnum héraðslækna á yfirlækna heilsugæslunnar án þess að fullar fjárveitingar komi á móti eru því algjörlega óraunhæfar. Hugmyndum af þessu tagi á ekki að hrinda í framkvæmd nema að undangengnum nauðsynlegum skipulagsbreytingum og mannaráðningum, sérstaklega hvað varðar héraðslæknisembættið á Norðurlandi eystra og í Reykjavík og jafnframt verður að gera kröfu um að fyrir liggi kostnaðaráætlun. Verkefnin hverfa ekki og óvarlegt að gera ráð fyrir minni kostnaði við framkvæmd þeirra án frekari rökstuðnings.

Minni hlutinn leggur því til að afgreiðslu málsins verði frestað og þegar skipuð samstarfsnefnd héraðslækna, heilbrigðisráðuneytis og landlæknisembættisins til að gera tillögur að skipulagsbreytingum innan heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til breyttrar stöðu heilsugæslulækna og að málið verði tekið upp að fenginni niðurstöðu nefndarinnar.

Til vara leggur minni hlutinn til að gildistöku frumvarpsins verði frestað til 1. janúar 2003 svo að tími gefist til að vinna að undirbúningi að framgangi frumvarpsins bæði hvað varðar verkefnaflutning, ráðningarsamninga og skipulagsbreytingar innan heilsugæslunnar.

Alþingi, 20. apríl 2002.

Þuríður Backman.

1360. Breytingartillaga [564. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

Frá minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar (ÞBack).

38. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

1361. Svar [634. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um óðalsjarðir í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum.

1. *Hve margar óðalsjarðir eru í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið fékk hjá hlutaðeigandi sýslumannsembættum eru átta óðalsjarðir í þeim umdæmum sem fyrirspurnin beinist að.

2. *Hverjir eiga þessar jarðir og hvar eru þær?*

Samkvæmt upplýsingum úr þinglýsingabókum eru eftirtaldar óðalsjarðir í Reykjavík, Kjósarhreppi og Mosfellsbæ:

Brautarholt I, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Páll Ólafsson.
Brautarholt II, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Jón Ólafsson.
Dalsmynni, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Bjarni Bærings Bjarnason.

Krókur, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigendur: Gunnar, Ólafur, Anna Margrét, Hólmfríður, Guðbjartur og Steinunn Guðbjartsbörn.
Saurbær, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Anna Sigurðardóttir.
Varmidalur I, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Jón Jónsson.
Meðalfell, Kjósarhreppi. Eigandi: Gísli Ellertsson.
Hrísbrú, Mosfellsbæ. Eigandi: Ólafur Ingimundarson.

3. *Hve mörgum þessara jarða hefur verið skipt, hvernig var þeim skipt og milli hverra?*
Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og veðbókarvottorði frá embætti sýslumannsins í Reykjavík hefur jörðinni Brautarholti verið skipt í Brautarholt I og II með landskiptagerð milli núverandi eigenda. Lóðir hafa verið seldar úr jörðunum Dalsmynni, Saurbæ og Hrísbrú og hafa gengið kaupum og sölum eftir það milli fleiri aðila.

1362. Frumvarp til laga [562. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. mgr. kemur: og veiðitíma.
b. Orðin „sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

4. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til gildistöku þessara laga, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.

6. gr.

Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.

7. gr.

11. gr. a laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	**Hámarksaflahlutdeild**
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða

í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

b. Orðin „fyrir fram“ í 2. mgr. falla brott.

c. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.

d. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.

e. Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 8. mgr. kemur: 15 brúttótonnum.

9. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og lánastofnunum“ í 2. mgr. kemur: lánastofnunum og opinberum stofnunum.

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.

11. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Þorskígildi,** með einni nýrri grein, 19. gr., og V. kafli, **Veiðigjald,** með fjórum nýjum greinum, 20.–23. gr., svohljóðandi:

a. (19. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

b. (20. gr.)

Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

c. (21. gr.)

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. málsl. í krónum á þorskígildiskílógramm.

d. (22. gr.)

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 21. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.

e. (23. gr.)

Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um.

12. gr.

Ákvæði XXV til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

13. gr.

Við ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

14. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003.

b. (II.)

Á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 12., 13. og 14. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 4. og 10. gr. öðlast gildi 1. september 2002. Þó er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, á grundvelli 4. gr., að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til skipa sem gerð eru út frá byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ákvæði 11. gr. öðlast gildi 1. september 2004.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 11. gr. skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

1363. Svar [627. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um fjölda fæðinga og kostnað við þær.

1. *Hver var fjöldi fæðinga á ári 1998–2001, sundurliðað eftir*
   a. *heimafæðingum,*
   b. *fæðingum á fæðingardeildum sjúkrahúsa,*
   c. *fjölda fæðinga á hverri fæðingardeild fyrir sig,*
   d. *fjölda barna sem tekin voru með keisaraskurði á hverjum stað?*

Vísað er í eftirfarandi töflu um fjölda fæðinga á árunum 1998–2001, fjölda heimafæðinga og fjölda keisaraskurða. Hvað varðar fjölda fæðinga á hverri fæðingardeild, þá er einungis ein deild á hverri þeirra stofnana sem upp eru taldar í töflunni.

Ekki ber saman upplýsingum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sem heldur utan um fæðingarskrá og Tryggingastofnun ríkisins um fjölda heimafæðinga, sbr. svar við seinni lið fyrirspurnarinnar. Þessi mismunur skýrist m.a. af því að áformuð fæðing heima endar stundum á sjúkrahúsi og er því skráð sem sjúkrahússfæðing en ljósmóðir innheimtir engu að síður fyrir yfirsetuna heima. Í öðrum tilvikum fæðir kona óvænt heima eða á leið á sjúkrahús og eru þær fæðingar skráðar sem heimafæðingar þótt sængurlegu ljúki á sjúkrahúsi og ekki komi til neinnar innheimtu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Fæðingar á Íslandi 1998–2001

	2001			2000			1999			1998		
Fæðingarstaðir	Fjöldi fæðinga	Fjöldi keisara-skurða	Hlutfall keisara-skurða	Fjöldi fæðinga	Fjöldi keisara-skurða	Hlutfall keisara-skurða	Fjöldi fæðinga	Fjöldi keisara-skurða	Hlutfall keisara-skurða	Fjöldi fæðinga	Fjöldi keisara-skurða	Hlutfall keisara-skurða
Landspítali – háskólasjúkrahús	2.819	510	18,1%	2.980	553	18,6%	2.787	491	17,6%	2.822	468	16,6%
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	196	33	16,8%	196	41	20,9%	207	34	16,4%	201	39	19,4%
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	4	0	0,0%	11	0	0,0%	7	0	0,0%	2	0	0,0%
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	62	2	3,2%	51	12	23,5%	69	14	20,3%	76	9	11,8%
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	12	0	0,0%	6	0	0,0%	7	0	0,0%	17	0	0,0%
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	16	0	0,0%	26	0	0,0%	40	1	2,5%	34	1	2,9%
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði	4	0	0,0%	10	0	0,0%	7	0	0,0%	12	0	0,0%
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	443	82	18,5%	441	98	22,2%	397	99	24,9%	449	87	19,4%
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	14	0	0,0%	14	4	28,6%	32	6	18,8%	26	2	7,7%
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Vopnafirði 1)	0	0		0	0		1	0	0,0%	0	0	
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum	19	0	0,0%	26	0	0,0%	19	0	0,0%	24	0	0,0%
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað	35	2	5,7%	37	2	5,4%	36	4	11,1%	51	6	11,8%
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, Höfn	2	0	0,0%	5	0	0,0%	6	0	0,0%	6	0	0,0%
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	41	3	7,3%	49	9	18,4%	52	7	13,5%	50	1	2,0%
Heilbrigðisstofnunin Selfossi	144	18	12,5%	167	22	13,2%	143	19	13,3%	140	17	12,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	213	36	16,9%	222	24	10,8%	229	36	15,7%	227	43	18,9%
Heimafæðingar	19			31			17			6		
Samtals	**4.043**	**686**		**4.272**	**765**	**17,9%**	**4.056**	**711**	**17,5%**	**4.143**	**673**	**16,2%**
Hlutfall heimafæðinga	**0,5%**			**0,7%**			**0,4%**			**0,1%**		

1) Á heilsugæslustöðinni er bráðaherbergi og fæðingarbekkur.

2. *Hver er kostnaður Tryggingastofnunar og/eða sjúkrahúss við*
   a. *heimafæðingu,*
   b. *fæðingu á fæðingardeild sjúkrahúss við mismunandi langa sængurlegu,*
   c. *keisaraskurð?*

Vísað er í töflur um kostnað Tryggingastofnunar við heimafæðingar á árunum 1998–2001. Fyrri taflan sýnir samantekt yfir fjölda heimafæðinga, heildarkostnað og meðalkostnað. Innifaldar í þessum tölum eru fæðingar sem fyrirhugað var að færu fram í heimahúsi og hófust þar en lauk á sjúkrahúsi. Þegar um heimafæðingu er að ræða er auk kostnaðar við fæðingarhjálpina sjálfa greitt fyrir ellefu vitjanir til sængurkonu eftir fæðingu og frá og með 1. maí 1999 fyrir allt að þrjár vitjanir fyrir fæðingu. Seinni taflan sýnir yfirlit yfir gjaldskrá vegna heimafæðinga fyrir árin 1998–2001. Ekki er algilt að farið sé í þrjár vitjanir fyrir fæðingu og ellefu vitjanir eftir fæðingu en það er þó langoftast gert.

Kostnaður Tryggingastofnunar við heimafæðingar.
Yfirlit yfir fjölda heimafæðinga, heildarkostnað og meðalkostnað.

Ár	Fjöldi heimafæðinga	Kostnaður Tryggingastofnunar	Meðalkostnaður við fæðingu
1998	2	57.710 kr.	28.855 kr.
1999	11	414.883 kr.	37.717 kr.
2000	33	1.273.124 kr.	38.580 kr.
2001	20	807.820 kr.	40.391 kr.

Yfirlit yfir gjaldskrá vegna heimafæðinga.

Ár	Þrjár vitjanir fyrir fæðingu	Aðstoð við fæðingu	Ellefu vitjanir eftir fæðingu	Samtals
1998	—	28.855 kr.	30.701 kr.	59.556 kr.
1999	9.423 kr.	40.100 kr.	34.551 kr.	84.074 kr.
2000	9.621 kr.	40.938 kr.	35.277 kr.	85.836 kr.
2001	10.269 kr.	43.697 kr.	37.653 kr.	91.619 kr.

Fyrirspurn þessi var framsend til allra hlutaðeigandi stofnana en almennt liggur ekki fyrir kostnaðargreining vegna þeirra atriða sem spurt er um. Ráðuneytinu bárust mjög takmarkaðar upplýsingar þar að lútandi og á engan hátt samanburðarhæfar. Hér fylgir hins vegar yfirlit yfir kostnað við fæðingar á fæðingardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss samkvæmt DRG-greiningu, en Landspítalinn er eina heilbrigðisstofnunin þar sem slík kostnaðargreining hefur verið gerð.[1)]

Landspítali – háskólasjúkrahús.
Kostnaður við fæðingar samkvæmt DRG-greiningu 2002.

DRG	DRG-heiti	Meðallegutími	Hlutfall	Kostnaður
373	Eðlileg fæðing án fylgikvilla	2,3	74,9%	147.900
371	Keisaraskurður án fylgikvilla	6,2	15,4%	323.850
372	Fæðing ásamt fylgikvillum	4,1	6,4%	173.400
370	Keisaraskurður með fylgikvillum	8,0	2,0%	446.250
374	Fæðing ásamt ófrjósemisaðgerð eða annarri minni háttar skurðaðgerð	4,0	0,7%	183.600
375	Fæðing ásamt skurðaðgerð öðrum en ófrjósemisaðgerð eða minni háttar skurðaðgerð	4,0	0,5%	239.700

1364. Breytingartillaga [652. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:
Í stað orðanna „3.–5. mgr. 51. gr.“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: 3.–7. mgr. 51. gr.

1365. Skýrsla [392. mál]

dómsmálaráðherra um stöðu og þróun löggæslu, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Inngangur.

Skýrsla þessi er unnin í dómsmálaráðuneytinu í náinni samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og lögregluliðin í landinu samkvæmt beiðni frá Alþingi. Í henni er að finna svör við þeim spurningum sem tilgreindar eru í skýrslubeiðninni.

Skýrslan hefur að geyma ýmsar athyglisverðar upplýsingar um þróun framlaga til löggæslu, fjölda lögreglumanna, þróun afbrota hér á landi, hvernig unnið hefur verið að eflingu löggæslu undanfarin ár og margt fleira.

Framlög til löggæslu.

Fram kemur í skýrslunni að þegar skoðaðar eru tölur í ríkisreikningi fyrir árin 1997–2001 svo og tölur í fjárlögum fyrir árið 2002 sést að raunhækkun á framlögum til löggæslu hefur verið um 30% á umræddu tímabili. Framlögin hækkuðu úr 2,8 milljörðum kr. árið 1997 (framreiknað miðað við vísitölu neysluverðs) í 3,6 milljarða kr. samkvæmt fjárlögum 2002. Hafa ber í huga að hér eru ekki tekin með framlög til embættis ríkislögreglustjóra eða sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, heldur einungis löggæsluliðurinn hjá sýslumannsembættum hringinn í kringum landið sem og fjárveiting til lögreglunnar í Reykjavík, þ.e. þau lögreglulið sem hafa íbúafjölda á bak við sig. Hækkunin yrði meiri ef öll löggæsla í landinu væri talin með. Því er ljóst að enginn niðurskurður hefur orðið á framlögum til löggæslu á fjárlögum undanfarin ár eins og haldið hefur verið fram.

Sú raunhækkun sem orðið hefur á framlögum til löggæslu hefur farið til eflingar löggæslu á ýmsum sviðum. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur lögreglumönnum sem starfa hjá lögregluembættum hringinn í kringum landið fjölgað umtalsvert á sama tímabili, fíkniefnalögreglumönnum og öðrum rannsóknarlögreglumönnum hefur fjölgað sem og lögreglumönnum sem sinna almennri löggæslu, meira fé er nú varið til tækjakaupa en áður og akstur lögreglubíla hefur aukist. Þá má nefna að meðalbrúttólaun almenns lögreglumanns hafa á síðustu fimm árum hækkað um 3,9% umfram verðlagshækkanir og margt fleira mætti nefna.

Fjöldi lögreglumanna, þróun síðustu ára og samanburður við önnur lönd.

Í skýrslunni kemur fram að lögreglumönnum hefur fjölgað töluvert á liðnum árum, eða um 6,6% ef litið er til starfandi lögreglumanna með íbúafjölda á bak við sig og um 7,5% í Landssambandi lögreglumanna. Í Reykjavík hefur lögreglumönnum fjölgað um 10% á síðustu tíu árum, jafnvel þó að verkefni fjarskiptamiðstöðvar hafi verið flutt til ríkislögreglustjóra sem og hluti af sérsveit lögreglunnar o.fl. Með hliðsjón af því hefur fjöldi lögreglumanna í Reykjavík aukist meira en íbúafjöldi í höfuðborginni, en íbúum í Reykjavík fjölgaði um 15,8% á sama tímabili. Staðhæfingar um að lögreglumönnum hafi fækkað mjög í Reykjavík eiga sér því ekki stoð í raunveruleikanum.

Samanburður á fjölda lögreglumanna milli landa sýnir að hlutfallslega eru flestir lögreglumenn á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Þannig er 441 íbúi á Íslandi um hvern lögreglumann samanborið við 573 að meðaltali annars staðar á Norðurlöndum. Samanburður á fjölda lögreglumanna í Reykjavík og öðrum höfuðborgum Evrópu er flóknari en sýnir til dæmis að fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallslega sambærilegur við fjölda lögreglumanna í Kaupmannahöfn og úthverfum. Í Ósló eru hlutfallslega fleiri lögreglumenn en í Reykjavík, en þegar hlutfall lögreglubíla í umferð er borið saman kemur í ljós að hlutfallslega eru að minnsta kosti helmingi fleiri bílar í Reykjavík en Ósló. Þetta má meðal annars skýra með því að lögreglumenn í Ósló sinni ýmsum störfum sem almennt skrifstofufólk sinni hjá lögreglunni í Reykjavík, svo sem starfsmannamálum og stjórnsýsluþjónustu. Þá verður einnig að hafa í huga við samanburð á fjölda lögreglumanna milli landa og einstakra borga að tíðni afbrota á Íslandi í nær öllum flokkum er með því lægsta sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Er þetta rakið í þeim hlutum skýrslunnar þar sem fjallað er um þróun afbrota.

Hvað varðar löggæslu í miðborg Reykjavíkur sérstaklega verður ekki lesið út úr skýrslunni að dregið hafi úr löggæslu í miðborginni á undanförnum árum. Fjöldi lögreglumanna og lögreglubíla á næturvakt um helgar nú er sambærilegur við það sem verið hefur á undanförnum árum, með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á vaktkerfi lögreglunnar í Reykjavík fyrir nokkrum árum, er vöktum var fjölgað úr fjórum í fimm. Þá verður einnig að hafa í huga að fjarskiptamiðstöð eða stjórnstöð lögreglustjórans í Reykjavík var flutt til ríkislögreglustjóra ásamt 15 stöðum lögreglumanna, og sinnir fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Skógarhlíð þjónustu við lögregluliðin á suðvesturhorni landsins. Hefur sú skipulagsbreyting haft í för með sér mikla eflingu löggæslu á svæðinu og mun betri samnýtingu lögreglumanna og bíla. Hið nýja og öfluga fjarskiptakerfi lögreglunnar gerir það að verkum að við útkall eru kallaðir til þeir lögreglumenn sem næstir eru vettvangi, en í fjarskiptamiðstöðinni er hægt að sjá nákvæmlega stöðu allra lögreglubíla á svæðinu. Síðast en ekki síst má nefna að öryggismyndavélakerfi lögreglunnar í miðborg Reykjavíkur sem sett var upp fyrir nokkrum árum hefur reynst ákaflega vel bæði til að sinna eftirliti, koma í veg fyrir afbrot og upplýsa þau.

Efling löggæslu á undanförnum árum.

Í skýrslunni eru ítarlegar upplýsingar um hvernig löggæsla á ýmsum sviðum hefur verið efld og styrkt á undanförnum árum. Eftirfarandi kemur meðal annars fram:

- Umferðareftirlit hefur verið stóraukið á þjóðvegum og í þéttbýli. Þannig má nefna að árið 1990 sinntu 4–8 lögreglumenn sérstaklega umferðareftirliti á þjóðvegum landsins en nú sinna að minnsta kosti 15 starfsmenn lögreglu og Vegagerðarinnar vegaeftirliti um allt land hjá sérstakri umferðardeild ríkislögreglustjóra auk lögregluliðanna hringinn í kringum landið. Samvinna milli lögregluliða á sviði umferðarlöggæslu hefur á tímabilinu verið stóraukin. Þessu til stuðnings má nefna að akstur lögreglubifreiða hefur auk-

ist um 27,5% frá árinu 1996–2001. Fjöldi sekta vegna umferðarlagabrota hefur einnig aukist umtalsvert.
- Fjarskiptamiðstöð lögreglu hefur verið komið á fót og starfa þar 14 lögreglumenn. Sinna þeir þjónustu við íbúa í lögregluumdæmum á suðvesturhorni landsins svo og samskiptum og þjónustu við alla lögreglumenn á sama svæði. Hefur þetta leitt til þess að unnt hefur verið að efla eftirlit í þeim umdæmum lögreglu sem þjónað er af fjarskiptamiðstöðinni og um leið hefur þjónusta við íbúa verið efld. Stefnt er að því að þjónusta fjarskiptamiðstöðvarinnar nái um allt land á næstu árum.
- Fíkniefnalöggæsla hefur verið efld til mikilla muna á undanförnum árum. Fíkniefnalögreglumönnum hefur verið fjölgað mikið um allt land, tækjabúnaður bættur, þjálfun og rekstri fíkniefnahunda komið í varanlegt horf og svo mætti lengi telja. Sérstakir fíkniefnarannsóknarlögreglumenn starfa nú hjá stærri lögregluliðum í landinu og hafa þeir með sér gott samstarf og vinna náið saman að rannsóknum stærri mála.
- Grenndarlöggæsla og hverfalöggæsla hefur verið efld mikið á undanförnum árum, sérstaklega hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Umtalsvert starf hefur verið unnið hjá lögreglunni í Reykjavík á ýmsum stöðum í borginni og í nánu samstarfi við borgaryfirvöld.
- Lögregluskóli ríkisins hefur verið efldur til muna og þar eru nú 48 nemar í grunnnámi. Framhaldsdeild skólans hefur einnig verið efld og stendur hún fyrir fjölmörgum námskeiðum fyrir starfandi lögreglumenn. Hefur þetta komið lögreglunni og landsmönnum öllum til góða. Jafnframt má geta þess að konum í lögreglunni hefur fjölgað mikið með breytingum á skipulagi skólans, en konur eru nú þriðjungur nemenda í grunnnámi.
- Fjölgun rannsóknarlögreglumanna hefur leitt til þess að sá tími sem líður frá kæru og þar til mál er tekið til rannsóknar hefur styst umtalsvert á undanförnum árum.

Embætti ríkislögreglustjóra.

Í skýrslunni er ítarlega fjallað um embætti ríkislögreglustjóra og meðal annars rakið að stofnun embættisins hafi orðið til þess að styrkja lögregluna í landinu og efla alla löggæslu, þar á meðal almenna löggæslu. Fram kemur að aukning hefur orðið á fjölda starfsmanna hjá embætti ríkislögreglustjóra, en sú aukning stafar fyrst og fremst af tilflutningi verkefna sem að mati löggjafans hafa átt betur heima hjá embætti ríkislögreglustjóra vegna þess samræmingar- og þjónustuhlutverks sem hann gegnir fyrir lögregluembættin í landinu. Má þar nefna fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, sérsveit, umferðardeild og bílabanka.

Ríkislögreglustjóri annast og stýrir umfangsmiklum verkefnum, þar sem sérfræðiþekkingar og samhæfingar er þörf, svo sem rannsóknum og saksókn skatta- og efnahagsbrota auk þess sem embættið veitir lögregluliðunum aðstoð við rannsókn flókinna mála. Embættið hefur styrkt lögregluna í landinu, m.a. á sviði stjórnsýslu, heildarskipulags, samræmingar, alþjóðlegra samskipta og faglegrar meðferðar mála. Embættið hefur unnið að rannsóknum og samantektum um afbrot og þróun afbrota sem nýst hefur mjög vel við mat, m.a. Alþingis, á því hvernig ráðstafa skuli fjármunum til að efla öryggi borgaranna og þjónustu lögreglu við þá. Síðast en ekki síst má nefna að hjá embættinu er rekin öflug alþjóðadeild sem annast samskipti við lögreglulið út um allan heim. Nefna má að alþjóðlegar úttektarnefndir sem hingað hafa komið hafa lofað deildina mjög fyrir uppbyggingu og starfsemi og vitað er að mörg lögreglulið í Evrópu horfa til deildarinnar sem fyrirmyndar í skipulagi alþjóðadeildar. Í stuttu máli má segja að stærsti hlutinn af mannafla og fjármagni embætti ríkislögreglustjóra nýtist beint eða óbeint löggæslunni í landinu öllu.

Þróun afbrota.

Ef þróun og tíðni afbrota er borin saman í löndunum í kringum okkur kemur í ljós að tíðni hvers konar afbrota er oftast lægri og í flestum tilvikum umtalsvert lægri á Íslandi en í grannlöndum okkar. Nefna má sem dæmi að í skýrslu Interpol fyrir árið 1999 kemur fram að í Danmörku voru þjófnaðarbrot 7.688 á hverja 100.000 íbúa, 4.577 í Noregi og 3.375 á Íslandi. Alvarlegar líkamsárásir voru samkvæmt sömu heimild 163 á hverja 100.000 íbúa í Frakklandi árið 1999, 140 í Þýsklandi, 66 í Noregi, 35 í Finnlandi og 21 í Danmörku og á Íslandi.

Þegar sérstaklega eru bornar saman höfuðborgir á Norðurlöndunum kemur í ljós að tíðni hegningarlagabrota er lægst í Reykjavík, um 9.000 brot á hverja 100.000 íbúa, en þau eru 15–16 þús. á hverja 100.000 íbúa í höfuðborgum annars staðar á Norðurlöndum.

Hvað varðar fjölgun afbrota á Íslandi sl. fimm ár kemur fram í skýrslunni að tilkynningum um auðgunarbrot fjölgaði töluvert milli áranna 1998 og 1999. Bent er á í því sambandi fjölgun þjófnaðartilkynninga vegna farsíma sem og fjölgun þeirra verslana sem tilkynna alla þjófnaði í sínum verslunum. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að ekki sé að sjá að líkamsárásum hafi fjölgað hér á landi á árabilinu 1998–2001. Alvarlegum líkamsmeiðingum hefur þó fjölgað á umræddu tímabili. Sama á við um ýmis kynferðisbrot, en það má m.a. rekja til aukinnar umræðu um þau brot og bættrar réttarstöðu brotaþola auk þess sem bætt aðgengi að lögreglu og heilsugæslu hefur stuðlað að þessari þróun.

Umferðarlagabrotum og fíkniefnabrotum hefur fjölgað töluvert, en það má fyrst og fremst rekja til aukinnar frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Um er að ræða brot sem eru þess eðlis að skráðum brotum fjölgar í réttu hlutfalli við aukin afskipti lögreglu af viðkomandi málaflokkum. Sýnir þessi aukning að sú áhersla, sem lögð hefur verið á aukna löggæslu í þessum málaflokkum í stefnumörkun stjórnvalda og á Alþingi, hefur augljóslega borið árangur.

Lokaorð.

Í þeirri skýrslu sem hér fer á eftir er að finna ýmsar athyglisverðar upplýsingar um stöðu og þróun löggæslu á undanförnum árum. Umtalsverðar úrbætur hafa orðið á löggæslu í landinu á þessu tímabili, sem meðal annars má rekja til nýrra lögreglulaga sem tóku gildi árið 1997. Af skýrslunni verður ráðið að staða löggæslunnar í landinu er sterk. Traust þjóðarinnar til lögreglunnar hefur aukist umtalsvert frá gildistöku lögreglulaganna samkvæmt könnun Gallup á trausti til ýmissa stofnana þjóðfélagsins. Þannig báru 64% landsmanna traust til lögreglunnar árið 1997. Það hlutfall mældist í mars sl. 71% og nýtur einungis Háskóli Íslands meira trausts opinberra aðila samkvæmt þessari könnun. Þær úrbætur sem gerðar hafa verið á löggæslunni í landinu á liðnum árum og lýst er í þessari skýrslu hafa því augljóslega skilað sér í auknu trausti borgaranna til lögreglunnar í landinu.

1. *Hver var fjöldi almennra lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001, skipt eftir umdæmum, og hvernig var skiptingin milli yfirmanna og undirmanna? Óskað er eftir að fram komi meðalstarfsaldur almennra lögreglumanna í upphafi og lok síðasta áratugar og fjölgun lögreglumanna samanborið við fjölgun opinberra starfsmanna á tímabilinu.*

Aflað var upplýsinga frá Hagstofu Íslands um mannfjölda og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins vegna fjölda lögreglumanna og annarra starfsmannatengdra mála. Taka þær mið af launum lögreglumanna í janúarmánuði umræddra ára og upplýsingar um mannfjölda eru miðaðar við 1. desember árið áður. Í yfirlitum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem taka mið af greiðslum til lögreglumanna, kemur fyrir að tölur eru í brotum er skýrist af því að lögreglumenn kunna að hafa færst til í starfi, hafið störf í mánuðinum eða

verið í hlutastarfi. Upplýsingar um fjölda stöðuheimilda voru fengnar hjá starfsmannahaldi ríkislögreglustjórans.

1.1. Fjöldi lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001.

Tafla 1.1 sýnir heildarfjölda starfandi lögreglumanna annars vegar og mannfjölda á Íslandi 1. desember árið áður. Fjöldi íbúa á hvern lögreglumann tekur mið af fjölda þeirra við störf í janúar og til viðmiðunar einnig samkvæmt heimiluðum stöðugildum.

Tafla 1.1. Heildarfjöldi starfandi lögreglumanna í janúar.

Mánuður og ár	Mannfjöldi á Íslandi	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi íbúa á hvern lögreglumann
Janúar 1990	253.500 (1. desember 1989)	613,8	413,0
Janúar 1995	266.786 (1. desember 1994)	587,4	454,2
Janúar 2001	282.849 (1. desember 2000)	641,2	441,1

Þegar litið er til þess hve margir íbúar eru um hvern lögreglumann er rétt að geta þess að í umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli er enginn íslenskur íbúi og því kann tafla 1.1 að gefa ranga mynd sé hún borin saman við sambærilegar upplýsingar í öðrum lögregluumdæmum landsins. Þetta á einnig við um eina stöðuheimild í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sex við sakadóm Reykjavíkur, fjórar til sex við Lögregluskóla ríkisins og fimm við alþjóðastofnanir (friðargæslu). Árið 1990 voru þetta 47 stöðuheimildir, 38 árið 1995 og 50 árið 2001. Tafla 1.2 er sambærileg töflu 1.1 að frádregnum þessum stöðuheimildum.

Tafla 1.2. Heildarfjöldi lögreglumanna og stöðuheimildir að frádregnum þeim sem ekki hafa íbúafjölda á bak við sig.

Mánuður og ár	Mannfjöldi á Íslandi	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda
Janúar 1990	253.500 (1. desember 1989)	613,8–58,6 = 555,2	612–47 = 565
Janúar 1995	266.786 (1. desember 1994)	587,4–39 = 548,4	601–38 = 563
Janúar 2001	282.849 (1. desember 2000)	641,2–49 = 592,2	678–50 = 628

Nauðsynlegt er, samanburðarins vegna, að hafa báðar töflurnar til hliðsjónar vegna umdæma lögreglustjóranna. Ríkislögreglustjórinn og Rannsóknarlögregla ríkisins eru ekki tekin með í seinni töflunni, enda er starfsemi þeirra á landsvísu og að auki sinnir embætti ríkislögreglustjóra stjórnsýslulegu hlutverki skv. 5. gr. lögreglulaga.

1.2. Fjöldi lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001, skipt eftir embættum.

Tafla 1.3 sýnir fjölda launaðra lögreglumanna í janúar 1990, fjölda stöðuheimilda, skiptingu þeirra milli embætta, fjölda íbúa í umdæmi hvers lögreglustjóra og fjölda íbúa um hvern lögreglumann. Fjöldi íbúa um hvern lögreglumann tekur bæði mið af starfandi lögreglumönnum í janúar og eins heimiluðum stöðugildum eins og þau eru skráð hjá starfsmannahaldi ríkislögreglustjóra.

Tafla 1.3. Fjöldi lögreglumanna, skipt eftir embættum og íbúafjölda árið 1990.

Embætti	Fjöldi íbúa 1. desember 1989	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	Fjöldi íbúa á hvern/hverja stöðuheimild
Akranes	5.362	12	11	446,8	487,5
Akureyri	18.930	34	31	556,8	610,6
Blönduós	4.039	5	5	807,8	807,8
Bolungarvík	1.215	2	2	607,5	607,5
Borgarnes	3.738	6	6	623	623
Búðardalur	964	0,5	1	1.928	964
Eskifjörður	4.002	7,5	7	533,6	571,7
Hafnarfjörður	22.376	40	39	559,4	573,7
Hólmavík	1.110	1	1	1.110	1.110
Húsavík	5.984	11	9	544	664,9
Hvolsvöllur	3.266	4	4	816,5	816,5
Höfn	2.327	4	3	581,8	775,6
Ísafjörður	5.236	14,9	12	351,4	436,3
Keflavík	15.082	41,4	38	364,3	396,9
Kópavogur	15.900	20,2	24	787,1	662,5
Neskaupstaður	1.839	2	2	919,5	919,5
Ólafsfjörður	1.193	2	2	596,5	596,5
Patreksfjörður	2.279	4	4	569,8	569,8
Reykjavík	105.588	242,1	264	436,1	400
Sauðárkrókur	4.605	7	7	657,9	657,9
Selfoss	10.892	22	22	495,1	495,1
Seyðisfjörður	5.075	3	3	1.691,7	1691,7
Siglufjörður	1.806	6	6	301	301
Stykkishólmur	4.476	9	9	497,3	497,3
Vestmannaeyjar	4.814	12	11	401,2	437,6
Vík	1.257	1	1	1.257	1.257
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-	1	1	-	-
Keflavíkurflugvöllur	-	46,6	34	-	-
Lögregluskóli ríkisins	-	5	6	-	-
Rannsóknarlögregla ríkisins	-	41,6	41	-	-
Sakadómur Reykjavíkur	-	6	6	-	-

Tafla 1.4 sýnir fjölda lögreglumanna í janúar 1995, fjölda stöðuheimilda, skiptingu þeirra milli embætta, fjölda íbúa í umdæmi hvers lögreglustjóra og fjölda íbúa um hvern lögreglumann. Fjöldi íbúa um hvern lögreglumann tekur bæði mið af starfandi lögreglumönnum í janúar og heimiluðum stöðugildum.

Tafla 1.4. Fjöldi lögreglumanna eftir embættum og íbúafjölda árið 1995.

Embætti	Fjöldi íbúa 1. desember 1994	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	Fjöldi íbúa á hvern/hverja stöðuheimild
Akranes	5.156	12	11	429,7	468,7
Akureyri	19.696	31	31	635,4	635,4
Blönduós	3.862	5	5	772,4	772,4
Bolungarvík	1.139	2	2	569,5	569,5
Borgarnes	3.888	7	6	555,4	648
Búðardalur	845	1	1	845	845
Eskifjörður	3.777	5	5	755,4	755,4
Hafnarfjörður	26.128	39,7	39	658,1	669,9

Embætti	Fjöldi íbúa 1. desember 1994	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðu-heimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	stöðuheimild
Hólmavík	1.072	1	1	1.072	1.072
Húsavík	5.900	9	9	655,6	655,6
Hvolsvöllur	3.297	4	4	824,3	824,3
Höfn	2.444	3	3	814,7	814,7
Ísafjörður	5.154	13	12	396,5	429,5
Keflavík	15.656	38	39	412	401,4
Kópavogur	17.427	21,5	24	810,6	726,1
Neskaupstaður	1.649	2	2	824,5	824,5
Ólafsfjörður	1.189	2	2	594,5	594,5
Patreksfjörður	2.088	4	4	522	522
Reykjavík	112.958	246,2	261	458,8	432,8
Sauðárkrókur	4.697	7	7	671	671
Selfoss	11.503	24	24	479,3	479,3
Seyðisfjörður	5.041	5	5	1.008,2	1.008,2
Siglufjörður	1.734	3	4	578	433,5
Stykkishólmur	4.403	9	9	489,2	489,2
Vestmannaeyjar	4.888	12	11	407,3	444,4
Vík	1.192	1	1	1.192	1.192
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-	1	1		
Keflavíkurflugvöllur	-	34	33		
Lögregluskóli ríkisins	-	4	4		
Rannsóknarlögregla ríkisins	-	41	41		

Tafla 1.5 sýnir fjölda launaðra lögreglumanna í janúarmánuði 2001, fjölda stöðuheimilda, skiptingu þeirra milli embætta, fjölda íbúa í umdæmi hvers lögreglustjóra og fjölda íbúa um hvern lögreglumann. Fjöldi íbúa um hvern lögreglumann tekur bæði mið af starfandi lögreglumönnum í janúar og heimiluðum stöðugildum.

Tafla 1.5. Fjöldi lögreglumanna eftir embættum og íbúafjölda árið 2001.

Embætti	Fjöldi íbúa 1. desember 2000	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	stöðuheimild
Akranes	5.431	11	11	493,7	493,7
Akureyri	20.011	31,3	31	639,3	645,5
Blönduós	3.453	6	6	575,5	575,5
Bolungarvík	999	3	2	333	499,5
Borgarnes	3.840	5,5	8	698,2	480
Búðardalur	790	1	1	790	790
Eskifjörður	4.830	7,3	9	661,6	536,7
Hafnarfjörður	29.238	39	39	749,7	749,7
Hólmavík	859,0	2	2	429,5	429,5
Húsavík	5.423	9,6	9	564,9	602,6
Hvolsvöllur	3.223	4	4	805,8	805,5

Embætti	Fjöldi íbúa 1. desember 2000	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	stöðuheimild
Höfn	2.370	3,3	3	718,2	790
Ísafjörður	4.452	12	13	371	342,5
Keflavík	16.500	34,9	40	472,8	412,5
Kópavogur	23.518	25,5	26	922,3	904,5
Ólafsfjörður	1.037	2	2	518,5	518,5
Patreksfjörður	1.834	4	4	458,5	458,5
Reykjavík	122.235	267,8	293	456,4	417,2
Sauðárkrókur	4.411	8,7	9	507	490
Selfoss	12.285	24,3	27	505,6	455,0
Seyðisfjörður	4.730	6,7	7	706	675,7
Siglufjörður	1.560	3,9	4	400	390
Stykkishólmur	4.205	9	9	467,2	467,2
Vestmannaeyjar	4.522	12,5	11	361,8	411,1
Vík	1.093	3	3	364,3	364,3
Alþjóðastofnanir		5	5		
Keflavíkurflugvöllur		38	39		
Lögregluskóli ríkisins		6	6		
Ríkislögreglustjórinn		55	55		

Í töflum 1.3–1.5 eru upplýsingarnar dregnar saman fyrir hvert ár. Til frekari glöggvunar eru sömu upplýsingar settar fram í töflu 1.6, þó þannig að upplýsingum um hvert embætti er raðað saman til að unnt sé að greina þróun innan hvers þeirra fyrir sig. Breytingar (fjölgun, fækkun) eru reiknaðar í prósentum.

Tafla 1.6. Fjöldi lögreglumanna í samanburði milli áranna 1990, 1995 og 2001.

Embætti	Ár	Fjöldi íbúa 1. desember liðið ár	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	stöðuheimild
Akranes	1990	5.362	12	11	446,8	487,5
Akranes	1995	5.156	12	11	429,7	468,7
Akranes	2001	5.431	11	11	493,7	493,7
Akranes – samtölur		**1,3%**		**0%**	**10,5%**	**1,3%**
Akureyri	1990	18.930	34	31	556,8	610,6
Akureyri	1995	19.696	31	31	635,4	635,4
Akureyri	2001	20.011	31,3	31	639,3	645,5
Akureyri – samtölur		**5,7%**		**0%**	**14,8%**	**5,7%**
Blönduós	1990	4.039	5	5	807,8	807,8
Blönduós	1995	3.862	5	5	772,4	772,4
Blönduós	2001	3.453	6	6	575,5	575,5
Blönduósi – samtölur		**-14,5%**		**20%**	**-28,8%**	**-28,8%**
Bolungarvík	1990	1.215	2	2	607,5	607,5
Bolungarvík	1995	1.139	2	2	569,5	569,5
Bolungarvík	2001	999	3	2	333	499,5
Bolungarvík – samtölur		**-17,8%**		**0%**	**-45,2%**	**-17,8%**
Borgarnes	1990	3.738	6	6	623	623
Borgarnes	1995	3.888	7	6	555,4	648
Borgarnes	2001	3.840	5,5	8	698,2	480
Borgarnes – samtölur		**-2,7 %**		**33,3%**	**12,1%**	**-23%**
Búðardalur	1990	964	0,5	1	1.928	964
Búðardalur	1995	845	1	1	845	845
Búðardalur	2001	790	1	1	790	790
Búðardalur – samtölur		**-18%**		**0%**	**-59%**	**-18%**

Embætti	Ár	Fjöldi íbúa 1. desember liðið ár	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	Fjöldi íbúa á hvern/hverja stöðuheimild
Eskifjörður	1990	4.002	7,5	7	533,6	571,7
Eskifjörður	1995	3.777	5	5	755,4	755,4
Eskifjörður	2001	4.830	7,3	9	661,6	536,7
Eskifjörður – samtölur		**20,7%**		**28,6%**	**24%**	**-6,1%**
Hafnarfjörður	1990	22.376	40	39	559,4	573,7
Hafnarfjörður	1995	26.128	39,7	39	658,1	669,9
Hafnarfjörður	2001	29.238	39	39	749,7	749,7
Hafnarfjörður – samtölur		**30,7%**		**0%**	**34%**	**30,7%**
Hólmavík	1990	1.110	1	1	1.110	1.110
Hólmavík	1995	1.072	1	1	1.072	1.072
Hólmavík	2001	859	2	2	429,5	429,5
Hólmavík – samtölur		**-22,6%**		**100%**	**-61,3%**	**-61,3%**
Húsavík	1990	5.984	11	9	544	664,9
Húsavík	1995	5.900	9	9	655,6	655,6
Húsavík	2001	5.423	9,6	9	564,9	602,6
Húsavík – samtölur		**-9,4%**		**0%**	**3,8%**	**-9,4%**
Hvolsvöllur	1990	3.266	4	4	816,5	816,5
Hvolsvöllur	1995	3.297	4	4	824,3	824,3
Hvolsvöllur	2001	3.223	4	4	805,8	805,8
Hvolsvöllur – samtölur		**-1,3%**		**0%**	**-1,3%**	**-1,3%**
Höfn	1990	2.327	4	3	581,8	775,7
Höfn	1995	2.444	3	3	814,7	814,7
Höfn	2001	2.370	3,3	3	718,2	790
Höfn – samtölur		**1,8%**		**0%**	**23,4%**	**1,9%**
Ísafjörður	1990	5.236	14,9	12	351,4	436,3
Ísafjörður	1995	5.154	13	12	396,5	429,5
Ísafjörður	2001	4.452	12	13	371	342,5
Ísafjörður – samtölur		-15%		8,3%	5,6%	-21,5%
Keflavík	1990	15.082	41,4	38	364,3	396,9
Keflavík	1995	15.656	38	39	412	401,4
Keflavík	2001	16.500	34,9	40	472,8	412,5
Keflavík – samtölur		**9,4%**		**5,3%**	**29,8%**	**3,9%**
Kópavogur	1990	15.900	20,2	24	787,1	662,5
Kópavogur	1995	17.427	21,5	24	810,6	726,1
Kópavogur	2001	23.518	25,5	26	922,3	904,5
Kópavogur – samtölur		**47,9%**		**8,3%**	**17,2%**	**36,5%**
Neskaupstaður	1990	1.839	2	2	919,5	919,5
Neskaupstaður*	1995	1.649	2	2	824,5	824,5
Neskaupstaður – samtölur		**-10,1%**		**0%**	**-10,3%**	**-10,3%**
Ólafsfjörður	1990	1.193	2	2	596,5	596,5
Ólafsfjörður	1995	1.189	2	2	594,5	594,5
Ólafsfjörður	2001	1.037	2	2	518,5	518,5
Ólafsfjörður – samtölur		**-13,1%**		**0%**	**-13,1%**	**-13,1%**
Patreksfjörður	1990	2.279	4	4	569,8	569,8
Patreksfjörður	1995	2.088	4	4	522	522
Patreksfjörður	2001	1.834	4	4	458,5	458,5
Patreksfjörður – samtölur		-19,5%		0%	-19,5%	-19,5%
Reykjavík	1990	105.588	242,1	264	436,1	400
Reykjavík	1995	112.958	246,2	261	458,8	432,8
Reykjavík	2001	122.235	267,8	293	456,4	417,2
Reykjavík – samtölur		**15,8%**		**11,0%**	**4,7%**	**4,3%**

Embætti	Ár	Fjöldi íbúa 1. desember liðið ár	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Fjöldi íbúa á hvern/hverja lögreglumann	Fjöldi íbúa á hvern/hverja stöðuheimild
Sauðárkrókur	1990	4.605	7	7	657,9	657,9
Sauðárkrókur	1995	4.697	7	7	671	671
Sauðárkrókur	2001	4.411	8,7	9	507	490,1
Sauðárkrókur – samtölur		**-4,2%**		**28,6%**	**-22,9%**	**-25,5%**
Selfoss	1990	10.892	22	22	495,1	495,1
Selfoss	1995	11.503	24	24	479,3	479,3
Selfoss	2001	12.285	24,3	27	505,6	455
Selfoss – samtölur		**12,8%**		**22,7%**	**2,1%**	**-8,1%**
Seyðisfjörður	1990	5.075	3	3	1.691,7	1.691,7
Seyðisfjörður	1995	5.041	5	5	1.008,2	1.008,2
Seyðisfjörður	2001	4.730	6,7	7	706	675,7
Seyðisfjörður – samtölur		**-6,8%**		**133,3%**	**58,3%**	**-60,1%**
Siglufjörður	1990	1.806	6	6	301	301
Siglufjörður	1995	1.734	3	4	578	433,5
Siglufjörður	2001	1.560	3,9	4	400	390
Siglufjörður – samtölur		**-13,6%**		**-33,3%**	**32,9%**	**29,6%**
Stykkishólmur	1990	4.476	9	9	497,3	497,3
Stykkishólmur	1995	4.403	9	9	489,2	489,2
Stykkishólmur	2001	4.205	9	9	467,2	467,2
Stykkishólmur – samtölur		-6,1%		0%	-6,1%	-6,1%
Vestmannaeyjar	1990	4.814	12	11	401,2	437,6
Vestmannaeyjar	1995	4.888	12	11	407,3	444,4
Vestmannaeyjar	2001	4.522	12,5	11	361,8	411,1
Vestmannaeyjar – samtölur		**-6,1%**		**0%**	**-9,8%**	**-6,1%**
Vík	1990	1.257	1	1	1.257	1.257
Vík	1995	1.192	1	1	1.192	1.192
Vík	2001	1.093	3	3	364,3	364,3
Vík – samtölur		**-13%**		**200%**	**-71%**	**-71%**

* Embætti lögreglustjórans í Neskaupstað var sameinað embættinu á Eskifirði í ársbyrjun 2000.

Neðangreind embætti er, líkt og áður hefur komið fram, ekki unnt að bera saman við tölur um mannfjölda.

Embætti	Ár	Fjöldi íbúa 1. desember árið áður	Fjöldi lögreglumanna	Fjöldi stöðuheimilda	Hlutfall stöðuheimilda
Keflavíkurflugvöllur	1990		46,6	34	
Keflavíkurflugvöllur	1995		34	33	
Keflavíkurflugvöllur	2001		38	39	**14,7%**
Lögregluskóli ríkisins	1990		5	6	
Lögregluskóli ríkisins	1995		4	4	
Lögregluskóli ríkisins	2001		6	6	**0%**
Sakadómur Reykjavíkur	1990		6	6	
Boðunardeild sakadóms Reykjavíkur var færð til lögreglustjórans í Reykjavík.					
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1990		1	1	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1995		1	1	
Staða yfirlögregluþjóns var færð til lögreglustjórans í Reykjavík 1. júlí 1997.					
Rannsóknarlögregla ríkisins	1990		41,6	41	
Rannsóknarlögregla ríkisins	1995		41	41	
Færðist til lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra 1. júlí 1997.					
Ríkislögreglustjóri	2001		55	55	
Stofnað 1. júlí 1997					
Alþjóðastofnanir	2001		5	5	
Alþjóðleg lögreglustörf – við störf erlendis					

1.3. Fjöldi lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001, skipt eftir umdæmum, og skipting milli yfirmanna og undirmanna.

Þegar hefur verið leitast við að gera grein fyrir fjölda lögreglumanna miðað við fjölda íbúa á árunum 1990, 1995 og 2001 og skipt eftir umdæmum. Nú verður gerð grein fyrir skiptingu lögreglumanna í yfir- og undirmenn eftir umdæmum.

Eins og fram hefur komið kann að vera munur á fjölda stöðugilda hjá embættum og fjölda lögreglumanna sem fengu laun 1. janúar nefnd ár. Það kemur fyrir að tölur eru í brotum er skýrist af því að lögreglumenn kunna að hafa færst til í starfi, hafið störf í mánuðinum eða verið í hlutastarfi. Tölur starfsmannaskrifstofu eru uppgefnar með tveimur aukastöfum. Í þessu yfirliti er stuðst við einn aukastaf. Þannig getur munað einhverjum brotum í samtölum.

Starfsheiti, eða starfsstig, innan lögreglu hafa tekið nokkrum breytingum frá árinu 1990 og til að sjá þróunina milli yfir- og undirmanna eru starfsheiti færð til þess er gilti í janúar 2001. Dómsmálaráðherra hefur gefið út reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar, nr. 49/2002, sem öðlaðist gildi 14. janúar 2002. Markmið reglugerðarinnar er að skilgreina verksvið og ábyrgð innan lögreglunnar út frá mismunandi starfsstigum og samræma skipulag lögregluliða. Í reglugerðinni er einnig fjallað um hlutverk ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. (Stöðuheiti lögreglustjóra koma ekki fyrir í töflu 1.7 hér að neðan.)

Áður en hvert ár er skoðað er rétt að skoða skiptingu lögreglumanna í stöðuheiti og þróun fjölda stöðuheita frá 1990–2001.

Tafla 1.7. Þróun stöðuheimilda skipt eftir stöðuheitum milli áranna 1990, 1995 og 2001.

Ár	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlögreglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðalvarð-stjóri	Rann-sóknarlögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
1990	19,6	20	32,1	18	69	103	47	305,2	613,8
1995	22	20	28	17	78,8	113	59,3	249,3	587,4
2001	23	29	54,4	28,4	102,7	123,6	62,1	218	641,2
Breytingar	**17,3%**	**45%**	**69,5%**	**57,8%**	**48,8%**	**20%**	**32,1%**	**-28,6%**	**4,5%**

Tafla 1.8. Skipting stöðuheimilda eftir stöðuheitum og embættum í janúar 1990.

Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlögreglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðal-varðstjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
Akranes	1		1			3		7	12
Akureyri	1	1	1		3	5	5	18	34
Blönduós				1		2		2	5
Bolungarvík						1	1		2
Borgarnes	1					3		2	6
Búðardalur								0,5	0,5
Dóms- og kirkjumrn.	1								1
Eskifjörður			1	1		2	1	2,5	7,5
Hafnarfjörður	2	1	1		2	9	5	20	40
Hólmavík								1	1
Húsavík	1					4		6	11
Hvolsvöllur				1		1		2	4
Höfn						1		3	4
Ísafjörður	1	1	1			3		8,9	14,9

Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlög-reglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðal-varðstjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
Keflavík	1	1	2,4	1	3	7	4	22	41,4
Keflavíkurflugvöllur	1,6	1	1	5		9	4	25	46,6
Kópavogur		1	1			4	5	9,2	20,2
Lögreglusk. ríkisins	1		4						5
Neskaupstaður						1		1	2
Ólafsfjörður								2	2
Patreksfjörður				1		1		2	4
Rannsóknarlögregla ríkisins	1	7	6,6		27				41,6
Reykjavík	2	6	9	8	28	29	14	146,1	242,1
Sakadómur Rvk.			1		5				6
Sauðárkrókur	1					2		4	7
Selfoss	1	1	1		1	6	4	8	22
Seyðisfjörður						2	1		3
Siglufjörður	1					2		3	6
Stykkishólmur	1					3	3	2	9
Vestmannaeyjar	1		1			2		8	12
Vík						1			1
Samtölur	**19,6**	**20**	**32,1**	**18**	**69**	**103**	**47**	**305,2**	**613,8**

Tafla 1.9. Skipting stöðuheimilda eftir stöðuheitum og embættum í janúar 1995.

Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlög-reglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðal-varðstjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
Akranes	1		1			4		6	12
Akureyri	1	1	1		3	5	6	14	31
Blönduós	1					2		2	5
Bolungarvík						1	1		2
Borgarnes	1					2	1	3	7
Búðardalur						1			1
Dóms- og kirkjumrn.	1								1
Eskifjörður			1	1		2	1		5
Hafnarfjörður	2,3		1		4	8	11	13,4	39,7
Hólmavík						1			1
Húsavík	1					4		4	9
Hvolsvöllur				1		1		2	4
Höfn						1	1	1	3
Ísafjörður	1		1	1		3		7	13
Keflavík	1	2	2		3	6	5	19	38
Keflavíkurflugvöllur	2		1	5		6	3	17	34
Kópavogur	1,7	2	1		1,5	4	4,3	7	21,5
Lögreglusk. ríkisins			4						4
Neskaupstaður						1		1	2
Ólafsfjörður						1	1		2
Patreksfjörður				1		1		2	4
Rannsóknarlögregla ríkisins	2	7	6		26				41
Reykjavík	2	7	7	7	40,3	38	16	128,9	246,2
Sauðárkrókur	1					3		3	7
Selfoss	1	1	1		1	7	4	9	24
Seyðisfjörður						3	2		5

Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlögreglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðal-varðstjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
Siglufjörður				1				2	3
Stykkishólmur	1					3	3	2	9
Vestmannaeyjar	1		1			4		6	12
Vík						1			1
Samtölur	**22**	**20**	**28**	**17**	**78,8**	**113**	**59,3**	**249,3**	**587,4**

Tafla 1.10. Skipting stöðuheimilda eftir stöðuheitum og embættum í janúar 2001.

Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlögreglu-þjónn	Lögreglu-fulltrúi	Aðal-varðstjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lögreglu-varðstjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lögreglu-maður	Fjöldi mánaðar-launa
Akranes	1		1			3		6	11
Akureyri	1	1	1		5	5	5	13,3	31,3
Alþjóðastofnanir					2	1	2		5
Blönduós	1					2		3	6
Bolungarvík						1		2	3
Borgarnes	1					3	1	0,5	5,5
Búðardalur						1			1
Eskifjörður	1		1	1		1	1	2,3	7,3
Hafnarfjörður	2	1	1		3	11	8	13	39
Hólmavík						1	1		2
Húsavík	1					4	1	3,6	9,6
Hvolsvöllur				1		1		2	4
Höfn						1	1	1,3	3,3
Ísafjörður	1		1	1	1	3		5	12
Keflavík	1	2	4		5,1	6	4,2	12,6	34,9
Keflavíkurflugvöllur	1	3	2	8	2	7	4	11	38
Kópavogur	1	2	1		5	4	4	8,5	25,5
Lögreglusk. ríkisins	2		4						6
Ólafsfjörður						1	1		2
Patreksfjörður				1				3	4
Reykjavík	2	9	14,4	7,7	77,6	39,8	15,7	101,6	267,8
Ríkislögreglustjórinn	3	10	21	8		9	4		55
Sauðárkrókur	1		1			3		3,7	8,7
Selfoss	1	1	1		1	6,1	4,2	10	24,3
Seyðisfjörður					1	2,7	2	1	6,7
Siglufjörður				0,7		1		2,3	3,9
Stykkishólmur	1					1	2	5	9
Vestmannaeyjar	1		1			4		6,5	12,5
Vík						1	1	1	3
Samtölur	**23**	**29**	**54,4**	**28,4**	**102,7**	**123,6**	**62,1**	**218**	**641,2**

Í töflum 1.8–1.10 eru upplýsingar um skiptingu milli yfir- og undirmanna dregnar saman fyrir hvert umbeðið ár. Til frekari glöggvunar eru sömu upplýsingar settar fram í töflu 1.11, þó þannig að upplýsingum um hvert embætti er raðað saman til að unnt sé að greina þróun innan hvers þeirra frá 1990–2001.

Tafla 1.11. Skipting stöðuheimilda eftir stöðuheitum í samanburði milli áranna 1990, 1995 og 2001.

Ár	Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlög-reglu-þjónn	Lög-reglu-fulltrúi	Aðal-varð-stjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lög-reglu-varð-stjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lög-reglu-maður	Fjöldi mán-aðar-launa
1990	Akranes	1		1			3		7	12
1995	Akranes	1		1			4		6	12
2001	Akranes	1		1			3		6	11
1990	Akureyri	1	1	1		3	5	5	18	34
1995	Akureyri	1	1	1		3	5	6	14	31
2001	Akureyri	1	1	1		5	5	5	13,3	31,3
1990	Blönduós				1		2		2	5
1995	Blönduós	1					2		2	5
2001	Blönduós	1					2		3	6
1990	Bolungarvík						1	1		2
1995	Bolungarvík						1	1		2
2001	Bolungarvík						1		2	3
1990	Borgarnes	1					3		2	6
1995	Borgarnes	1					2	1	3	7
2001	Borgarnes	1					3	1	0,5	5,5
1990	Búðardalur								0,5	0,5
1995	Búðardalur						1			1
2001	Búðardalur						1			1
1990	Eskifjörður			1	1		2	1	2,5	7,5
1995	Eskifjörður			1	1		2	1		5
2001	Eskifjörður	1		1	1		1	1	2,3	7,3
1990	Hafnarfjörður	2	1	1		2	9	5	20	40
1995	Hafnarfjörður	2,3		1		4	8	11	13,4	39,7
2001	Hafnarfjörður	2	1	1		3	11	8	13	39
1990	Hólmavík								1	1
1995	Hólmavík						1			1
2001	Hólmavík						1	1		2
1990	Húsavík	1					4		6	11
1995	Húsavík	1					4		4	9
2001	Húsavík	1					4	1	3,6	9,6
1990	Hvolsvöllur				1		1		2	4
1995	Hvolsvöllur				1		1		2	4
2001	Hvolsvöllur				1		1		2	4
1990	Höfn						1		3	4
1995	Höfn						1	1	1	3
2001	Höfn						1	1	1,3	3,3
1990	Ísafjörður	1	1	1			3		8,9	14,9
1995	Ísafjörður	1		1	1		3		7	13
2001	Ísafjörður	1		1	1	1	3		5	12
1990	Keflavík	1	1	2,4	1	3	7	4	22	41,4
1995	Keflavík	1	2	2		3	6	5	19	38
2001	Keflavík	1	2	4		5,1	6	4,2	12,6	34,9
1990	Keflavíkurflugvöllur	1,6	1	1	5		9	4	25	46,6
1995	Keflavíkurflugvöllur	2		1	5		6	3	17	34
2001	Keflavíkurflugvöllur	1	3	2	8	2	7	4	11,0	38
1990	Kópavogur		1	1			4	5	9,2	20,2
1995	Kópavogur	1,7	2	1		1,5	4	4,3	7	21,5
2001	Kópavogur	1	2	1		5	4	4	8,5	25,5
1990	Neskaupstaður						1		1	2

Ár	Embætti	Yfir-lögreglu-þjónn	Aðstoðar-yfirlög-reglu-þjónn	Lög-reglu-fulltrúi	Aðal-varð-stjóri	Rann-sóknar-lögreglu-maður	Lög-reglu-varð-stjóri	Aðstoðar-lögreglu-varðstjóri	Lög-reglu-maður	Fjöldi mán-aðar-launa
1995	Neskaupstaður						1		1	2
1990	Ólafsfjörður								2	2
1995	Ólafsfjörður						1	1		2
2001	Ólafsfjörður						1	1		2
1990	Patreksfjörður				1		1		2	4
1995	Patreksfjörður				1		1		2	4
2001	Patreksfjörður				1				3	4
1990	Reykjavík	2	6	9	8	28	29	14	146,1	242,1
1995	Reykjavík	2	7	7	7	40,3	38	16	128,9	246,2
2001	Reykjavík	2	9	14,4	7,7	77,6	39,8	15,7	101,6	267,8
1990	Sauðárkrókur	1					2		4	7
1995	Sauðárkrókur	1					3		3	7
2001	Sauðárkrókur	1		1			3		3,7	8,7
1990	Selfoss	1	1	1		1	6	4	8	22
1995	Selfoss	1	1	1		1	7	4	9	24
2001	Selfoss	1	1	1		1	6,1	4,2	10	24,3
1990	Seyðisfjörður						2	1		3
1995	Seyðisfjörður						3	2		5
2001	Seyðisfjörður					1	2,7	2	1	6,7
1990	Siglufjörður	1					2		3	6
1995	Siglufjörður				1				2	3
2001	Siglufjörður				0,7		1		2,3	3,9
1990	Stykkishólmur	1					3	3	2	9
1995	Stykkishólmur	1					3	3	2	9
2001	Stykkishólmur	1					1	2	5	9
1990	Vestmannaeyjar	1		1			2		8	12
1995	Vestmannaeyjar	1		1			4		6	12
2001	Vestmannaeyjar	1		1			4		6,5	12,5
1990	Vík						1			1
1995	Vík						1			1
2001	Vík						1	1	1	3
2001	Alþjóðastofnanir					2	1	2		5
1990	Dóms- og kirkjumálarn., aðalskrifstofa	1								1
1995	Dóms- og kirkjumálarn., aðalskrifstofa	1								1
1990	Lögregluskóli ríkisins	1		4						5
1995	Lögregluskóli ríkisins			4						4
2001	Lögregluskóli ríkisins	2		4						6
1990	Rannsóknarlögregla ríkisins	1	7	6,6		27				41,6
1995	Rannsóknarlögregla ríkisins	2	7	6		26				41
2001	Ríkislögreglustjórinn	3	10	21	8		9	4		55
1990	Sakadómur Reykjavíkur			1		5				6

1.4. Meðalstarfsaldur lögreglumanna í upphafi og við lok síðasta áratugar og fjölgun lögreglumanna í samanburði við fjölgun opinberra starfsmanna.

Svör við þessum lið byggjast alfarið á gögnum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið byggði svar sitt á aldri starfsmanna, ekki starfsaldri, enda liggja þær upplýsingar ekki fyrir nema fyrir hluta hópsins.

Tafla 1.12. Meðalaldur lögreglumanna og annarra ríkisstarfsmanna árin 1990 og 2000.

Lögreglumenn í Landssambandi lögreglumanna			
Janúar		**2000**	
Fjöldi kennitalna		685	
Stöðugildi		664,2	
Meðalaldur		40,4	
Breyting frá 1990			
Fjöldi kennitalna		10,0%	
Stöðugildi		7,5%	
Meðalaldur		2,3%	
Ríkisstarfsmenn í launavinnslukerfi ríkisins vistað hjá ríkisbókhaldi			
Janúar	**1990**	**2000**	Svarað er fyrir starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun úr launavinnslukerfi ríkisins, vistað hjá ríkisbókhaldi að frádregnum starfsmönnum grunnskóla og Pósts og síma.
Fjöldi kennitalna	12.619	14.365	
Stöðugildi	10.867,8	12.616,4	
Meðalaldur	42,8	44,2	

Í launavinnslukerfinu er meiri hluti ríkisstarfsmanna ásamt æðstu stjórnsýslu, það er embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn, Hæstarétti, umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Inn í launavinnslukerfið vantar starfsmenn sjúkrahúsa utan „gömlu" Ríkisspítala (þar sem Sjúkrahús Reykjavíkur kemur ekki inn í launavinnslukerfið fyrr en 2001), heilsugæslu og málefna fatlaðra hjá tilraunasveitarfélögum, Byggðastofnun, Lánasýslu ríkisins, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og nokkrum öðrum stofnunum. Ýmsar breytingar hafa orðið á tímabilinu annars vegar á rekstrarfyrirkomulagi stofnana og hins vegar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Mestu einstöku breytingarnar voru þær að starfsmenn grunnskólanna færðust yfir til sveitarfélaganna 1. ágúst 1996 og Póstur og sími var einkavæddur 1. janúar 1997.

Opinberir starfsmenn eru skilgreindir sem starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Auk ríkisstarfsmanna sem ekki eru taldir með hér vantar starfsmenn sveitarfélaga til að ná til opinberra starfsmanna í heild.

2. *Hver hefur raunhækkun framlaga (á föstu verðlagi) til almennrar löggæslu verið árlega sl. fimm ár, skipt eftir lögregluumdæmum, og hver hefur verið fjölgun íbúa, bifreiða og veitingastaða með áfengisleyfi á sama tíma?*

2.1. Raunhækkun framlaga til almennrar löggæslu.

Tafla 2.1. Fjárveitingar til almennrar löggæslu.

			Reikningur			Fjárlög
Umdæmi	**1997**	**1998**	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**
Reykjavík	1.467,8	1.837,4	1.883,9	1.780,6	1.835,3	1.866,1
Akranes	55,4	68,3	71,3	66,8	64,8	75,3
Borgarnes	41,7	46,5	48,8	47,1	59,4	62,0
Stykkishólmur	54,6	62,5	62,4	59,7	63,3	71,5
Búðardalur	7,5	9,9	10,6	9,3	9,1	10,0
Patreksfjörður	23,9	24,1	32,1	32,4	29,0	31,1
Bolungarvík	12,6	13,7	14,2	15,3	14,0	16,3
Ísafjörður	64,8	75,3	78,9	78,2	71,3	79,6
Hólmavík	8,5	10,5	14,3	17,6	18,5	16,4
Blönduós	35,4	39,8	51,9	53,3	43,9	54,1
Sauðárkrókur	40,5	49,8	57,2	52,7	52,1	55,1

Umdæmi	1997	1998	Reikningur 1999	2000	2001	Fjárlög 2002
Siglufjörður	21,0	23,2	27,2	31,4	30,5	27,9
Ólafsfjörður	13,6	15,7	15,1	17,1	17,4	15,9
Akureyri	153,3	165,8	186,2	171,1	167,2	177,5
Húsavík	58,6	66,0	75,7	74,2	72,5	74,1
Seyðisfjörður	43,1	51,6	60,8	64,1	60,3	68,0
Eskifjörður	34,1	42,3	45,9	68,3	74,0	74,0
Höfn	21,8	22,8	25,3	28,4	26,0	34,9
Vík	14,2	19,2	17,9	21,8	23,2	22,5
Hvolsvöllur	24,2	27,3	32,2	32,0	29,8	32,8
Vestmannaeyjar	49,4	54,6	64,4	62,7	65,0	68,0
Selfoss	106,2	120,6	143,6	141,3	154,8	147,4
Keflavík	174,8	198,1	223,1	218,1	192,4	228,9
Hafnarfjörður	161,6	180,9	198,7	189,1	190,1	197,7
Kópavogur	118,4	125,7	138,2	141,4	134,7	155,9
Samtals	2.807,2	3.351,8	3.579,9	3.474,1	3.498,7	3.663,0

Í töflunni er miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs árin 1997–2001 og spá þjóðhagsstofnunar um hækkun verðlags frá 2001–2002 (5,2%). Eins og sjá má á töflunni er raunhækkun á framlögum til löggæslu umtalsverð á síðustu fimm árum. Þau námu 2.807,2 millj. kr. árið 1997 samkvæmt ríkisreikningi en 3.663,0 millj. kr. samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2002. Um er að ræða 30% raunhækkun á framlögum til löggæslu á þessu tímabili. Hafa verður í huga að miðað er við niðurstöðu ríkisreiknings fyrir hvert ár og því kann hallarekstur á einu ári eða sérstakar aukafjárveitingar að leiða til þess að niðurstöðurtölur sveiflast mikið á milli ára, sbr. t.d. tölur fyrir Reykjavík.

2.2. Fjöldi íbúa, bifreiða og vínveitingastaða.

Tafla 2.2. Sundurliðun eftir árum.

Umdæmi lögreglustjóra	Fjöldi íbúa (1. desember)					Fjöldi bifreiða					Fjöldi vínveitingastaða (fjöldi áfengisleyfa)				
Ár	1996	1997	1998	1999	2000	1997	1998	1999	2000	2001	'97	'98	'99	'00	'01
Akranes	5.074	5.127	5.188	5.355	5.431	2.557	2.660	2.852	2.994	3.025	3	3	4	6	7
Akureyri	19.684	19.726	19.743	19.753	20.011	10.270	10.533	11.149	11.294	11.425	34	29	29	28	27
Blönduós	3.674	3.628	3.560	3.488	3.453	2.310	2.296	2.401	2.499	2.520	5	(5)	10	(10)	8
Bolungarvík	1.097	1.094	1.023	998	999	472	491	504	539	526	2	2	2	2	2
Borgarnes	3.799	3.738	3.763	3.763	3.840	2.513	2.614	2.763	2.954	3.047	15	(15)	(15)	(15)	21
Búðardalur	789	813	795	771	790	550	562	580	599	583	3	3	3	3	3
Eskifjörður	5.261	5.206	5.075	4.927	4.830	2.722	2.744	2.840	2.893	2.949	17	17	17	17	17
Hafnarfjörður	27.051	27.408	27.912	28.514	29.238	14.375	15.282	16.095	16.909	17.332	15	15	20	23	26
Hólmavík	987	957	928	883	859	569	550	559	601	635	2	2	2	3	3
Húsavík	5.807	5.770	5.667	5.532	5.423	3.309	3.325	3.371	3.454	3.474	26	26	26	28	28
Hvolsvöllur	3.253	3.225	3.195	3.169	3.223	2.141	2.193	2.328	2.455	2.515	6	8	9	12	15
Höfn	2.441	2.467	2.447	2.408	2.370	1.312	1.345	1.356	1.421	1.431	7	9	14	14	12
Ísafjörður	4.819	4.680	4.739	4.532	4.452	2.309	2.285	2.296	2.347	2.377	10	10	13	15	16
Keflavík	15.655	15.678	15.823	16.053	16.500	8.060	8.530	9.078	9.770	9.695	23	23	23	23	23
Keflavíkurflugv.						193	170	182	2	247	1	1	1	1	1
Kópavogur	18.550	19.826	21.370	22.587	23.518	11.182	12.532	13.855	14.137	14.335	11	13	14	15	21
Ólafsfjörður	1.168	1.099	1.091	1.072	1.037	520	508	517	512	523	1	2	2	2	2
Patreksfjörður	1.962	1.913	1.911	1.905	1.834	1.047	1.036	1.067	1.112	1.146	6	7	5	5	6
Reykjavík	115.640	117.126	118.677	120.414	122.235	64.188	69.107	76.324	81.604	81.136	164	175	187	205	198
Sauðárkrókur	4.653	4.536	4.416	4.409	4.411	2.765	2.773	2.704	3.011	3.075	9	12	11	13	14
Selfoss	11.485	11.514	11.671	11.984	12.285	6.924	7.221	7.742	8.195	8.452	38	44	46	52	54
Seyðisfjörður	4.978	4.876	4.763	4.782	4.730	3.011	3.002	3.205	3.380	3.426	16	16	18	19	20
Siglufjörður	1.668	1.632	1.605	1.567	1.560	694	687	703	731	744	2	2	3	3	3

Umdæmi lögreglustjóra	Fjöldi íbúa (1. desember)					Fjöldi bifreiða					Fjöldi vínveitingastaða (fjöldi áfengisleyfa)				
Ár	1996	1997	1998	1999	2000	1997	1998	1999	2000	2001	'97	'98	'99	'00	'01
Stykkishólmur	4.345	4.265	4.204	4.165	4.205	2.124	2.205	2.312	2.427	2.526	11	13	15	15	18
Vestmannaeyjar	4.749	4.645	4.594	4.582	4.522	1.962	2.018	2.120	2.117	2.111	5	6	7	7	8
Vík	1.138	1.120	1.104	1.104	1.093	679	689	715	767	803	7	9	9	11	11
Óþekkt sveitarf.						1.215	1.088	1.219	1.317	1.478					
Samtals	**269.727**	**272.069**	**275.264**	**278.717**	**282.849**	**149.973**	**158.446**	**170.837**	**180.041**	**181.536**	**439**	**467**	**505**	**547**	**564**
Heimildir	Hagstofa Íslands (endanlegar tölur)					Skráningarstofan					Lögreglustjórar				

Á sumum stöðum á landsbyggðinni eru fleiri veitingastaðir á sumrin en á veturna. Í svörum lögreglustjóra er þetta oft sundurgreint, en öll vínveitingaleyfin koma fram í töflu 2.1. Í umdæmum tveggja lögreglustjóra koma ekki fram tölur um fjölda vínveitingaleyfa allra áranna. Þau tilvik eru sett innan sviga og tölur ársins á undan notaðar sem viðmið. Þá ber einnig að hafa hugfast að umdæmi lögreglustjóra taka oftast til fleiri en eins sveitarfélags og endanlegar íbúatölur fyrir árið 2001 liggja ekki fyrir. Tölur um fjölda bifreiða eru áberandi lágar fyrir Keflavíkurflugvöll árið 2000. Ekki liggja fyrir skýringar á því.

3. *Hver var fjöldi starfandi lögreglumanna í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árin 2000 og 2001 samanborið við aðrar höfuðborgir í Evrópu?*

Upplýsinga var aflað í gegnum alþjóðadeild embættis ríkislögreglustjóra um fjölda lögreglumanna í höfuðborgum Evrópu. Upplýsingar sem bárust taka flestar til allra lögreglumanna en ekki sérstaklega til almennra deilda, en skipulag lögregluliða í þessum höfuðborgum er mismunandi. Má í þessu sambandi benda á landamæragæslu, svo sem eftirlit á alþjóðaflugvöllum, sem fellur til dæmis undir lögregluna í Kaupmannahöfn og hefur áhrif á fjölda lögreglumanna miðað við íbúafjölda. Á Íslandi er alþjóðaflugvöllurinn í umdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og ef 39 stöður lögreglunnar þar væru teknar með Reykjavík, félli fjöldi íbúa niður í um 368,2 á hvern lögreglumann í Reykjavík miðað við stöðuheimildir. Til frekari fróðleiks varðandi Kaupmannahöfn má nefna að fjöldi íbúa á hvern lögreglumann þar að meðtöldum úthverfunum (Stór-Kaupmannahöfn) er 425,8, en sé Kaupmannahöfn einungis tekin fellur hlutfallið í 274,7. Þessar tölur breytast verulega þegar tillit er tekið til 299 lögreglumanna sem starfa við löggæslu á flugvellinum í Kaupmannahöfn, en þá er íbúafjöldinn á bak við hvern lögreglumann 328,7. Sé miðað við fjölda starfandi lögreglumanna í Reykjavík í janúar 2001, í stað stöðuheimilda, er hver lögreglumaður með 456,4 íbúa á bak við sig.

Við samanburð á hlutfallslegum fjölda lögreglumanna í höfuðborgum Evrópu verður einnig að hafa í huga að afbrotatíðni er mismunandi á milli borga og landa, eins og rakið er í 10. kafla þar sem fjallað er um þróun afbrota. Þar kemur m.a. fram þegar bornar eru saman höfuðborgir á Norðurlöndunum að tíðni hegningarlagabrota er lægst í Reykjavík, um 9.000 brot á hverja 100.000 íbúa, samanborið við rúmlega 15–16 þús. brot á hverja 100.000 íbúa í höfuðborgum annars staðar á Norðurlöndum.

Eins og að framan er lýst er erfitt að gera raunhæfan samanburð nema kynna sér sérstaklega skipulag lögregluliðanna þannig að ljóst liggi fyrir hvað felst í starfi umræddra lögreglumanna. Tölur eru því settar fram með þessum fyrirvara.

Tafla 3.1. Fjöldi lögreglumanna samkvæmt stöðuheimildum miðað við íbúafjölda.

Borg	Fjöldi íbúa	Fjöldi stöðu-heimilda	Fjöldi íbúa á stöðuheimild	Rannsóknar-lögregla		Aðrir lögreglumenn	
Reykjavík (við störf í janúar 2001)	122.235	293 (267,8)	417,2 (456,4)	81	27,6%	212	72,4%
Kaupmannahöfn	500.000	1.820	274,7	400	22,0%	1.420	78,0%
Kaupmannahöfn (án flugvallarlögreglu)	500.000	1.521	328,7	381	25,0%	1.140	75,0%
Ósló	507.467	1.672	303,5	-	-	-	-
Stokkhólmur	755.619	4.519	167,2	-	-	-	-
Dublin	1.082.048	4.113	263,1	-	-	-	-
Helsinki	560.553	1.474	380,3	275	18,7%	1.199	81,3%
París	2.125.246	18.669	113,8	-	-	-	-
Berlín	3.333.112	16.727	199,3	-	-	-	-

Í samanburði hér að framan er byggt á stöðuheimildum eins og telja verður að erlendu lögregluliðin hafi gert. Innan sviga undir Reykjavík eru tölur miðað við fjölda starfandi lögreglumanna í janúar 2001, en á þeim tíma var fjöldi lögreglumanna töluvert undir fjölda stöðuheimilda. Þá er í töflu 3.2 gerður samanburður á fjölda lögreglumanna í Kaupmannahöfn, þar sem úthverfabæjarfélög eru talin með og höfuðborgarsvæðinu þar sem umdæmi lögreglustjóra í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði eru tekin saman.

Tafla 3.2. Fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðum miðað við íbúafjölda.

Höfuðborgarsvæði	Fjöldi íbúa	Fjöldi stöðu-heimilda	Fjöldi íbúa á stöðuheimild	Lögreglumenn við störf í janúar 2001	Fjöldi íbúa á hvern starfandi lögreglumann
Reykjavík/Kópavogur/ Hafnarfjörður	174.991	358	488,8	332,3	526,6
Kaupmannahöfn og úthverfin	1.200.000	2.818	425,8		
Kaupmannahöfn með úthverfum og án flugvallarlögreglu	1.200.000	2.519	476,4		

Aflað var upplýsinga frá lögreglunni í Ósló, bæði er varðar skiptingu lögreglumanna eftir deildum, yfirmönnum og fjölda eftirlitsbifreiða á ýmsum tímum vikunnar og sólarhringsins. Við þann samanburð kemur í ljós að þó svo að fjöldi lögreglumanna sé meiri miðað við íbúa í Ósló en Reykjavík er hlutfallslega fleiri eftirlitsbifreiðum haldið úti í Reykjavík. Vísað er til 15. kafla í skýrslunni til upplýsinga um þetta.

Tafla 3.3. Fjöldi lögreglumanna hjá lögreglunni í Ósló, eftir deildum og verkefnum.

Deildir/stöðvar	Stöður lögreglumanna	Yfirlögregluþjónar/Stjórnendur
Yfirmaður almennrar deildar	1	
Samstilling aðgerða	76	1
Sérdeild	156	1
Vakt- og aðgerðadeild	87	1
Lögreglustöð – miðborg	213	1
Lögreglustöð – Majorstua	161	1
Heildarfjöldi í deild 1	**694**	**5**
Yfirmaður afbrotamála	0	
Ofbeldis-, rána- og siðgæðisdeild	102	1
Rannsóknardeild	80	1
Málshöfðanir	3	1
Fíkniefnadeild	49	1

Deildir/stöðvar	Stöður lögreglumanna	Yfirlögregluþjónar/Stjórnendur
Efnahagsdeild	37	1
Lögreglustöð – Stovner	156	1
Heildarfjöldi í deild 2	**427**	**6**
Yfirmaður stjórnunarsviðs	0	
Útlendingadeild	71	1
Leyfisveitingar	6	1
Umferðar- og umhverfisdeild	92	1
Lögreglustöð – Manglerud	122	1
Lögreglustöð – Grönnland	225	1
Heildarfjöldi í deild 3	**516**	**5**
Lögreglustjóri	0	
Upplýsingadeild	2	
Þjónustudeild stjórnsýslu	7	
Starfsmannadeild	10	
Heildarfjöldi í deild 4	**19**	
Starfsmenn alls: 1672	**1.656**	**16**

Tafla 3.4. Skipting lögreglustarfa eftir starfsheitum.

	Fjöldi starfsmanna
Yfirlögregluþjónn/yfirmaður deilda	16
Aðstoðaryfirlögregluþjónn/vakt- og deildarstjórar	80
Aðstoðaryfirlögregluþjónn/aðrir	127
Aðstoðaryfirlögregluþjónn/Nk	44
Lögreglufulltrúar	46
Lögreglumenn (SKI 1210)	756
Rannsóknarlögreglumenn	353
Sérstakir starfsmenn	214
Lögreglumenn – sérfræðingar	16
Stjórnunarstöður lögreglumanna, tengdar framangreindum deildum/stöðvum	19

Eins og að framan greinir er erfitt að gera marktækan samanburð á fjölda lögreglumanna í höfuðborgum Evrópu. Þegar skoðaðar eru heildartölur um fjölda lögreglumanna á hvern íbúa kemur í ljós að á Norðurlöndunum eru hlutfallslega flestir lögreglumenn á Íslandi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Tafla 3.5. Fjöldi lögreglumanna á Norðurlöndum.

Lönd	Lögreglumenn árið 1999	Fjöldi íbúa á hvern lögreglumann
Finnland	7.960	653
Svíþjóð	16.500	540
Danmörk	10.259	517
Noregur	7.725	583
Ísland (2001)	641	441

Heimild: Heimasíða finnsku lögreglunnar.

4. *Hver var lágmarksfjöldi starfandi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árin 1992, 1995, 1998 og 2001 samanborið við lágmarksþörf samkvæmt fjárlagatillögum embættis lögreglustjórans í Reykjavík á þessum árum?*

4.1. Lágmarksfjöldi og lágmarksþörf.

Tafla 4.1. Lágmarksfjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík og lágmarksþörf á árunum 1992–2001.

Lögreglan í Reykjavík – almenn deild	**1992**	**1995**	**1998**	**2001**
Fjöldi lögreglumanna á sólarhringsvöktunum	27–28	27–28	22	18

Til athugunar: Hér er fjöldi lögreglumanna á hverri vakt. Til viðbótar eru lögreglumenn á aukavöktum. Árið 1998 var tekið upp nýtt vaktkerfi þar sem vöktum var fjölgað úr fjórum í fimm. Við það fækkaði lögreglumönnum á hverri vakt. Á árinu 2000 færðist stjórnstöð lögreglunnar í Reykjavík til ríkislögreglustjórans, en því starfi höfðu 15 menn sinnt, þrír á hverri vakt. Þá varð breyting á slysarannsóknum með tilfærslu á mönnum af vöktum yfir í umferðardeild. Með því skýrist sú breyting sem orðið hefur á fjölda lögreglumanna á hverri vakt.

Eftirfarandi upplýsingar eru frá lögreglustjóranum í Reykjavík:

1. Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík hefur lágmarksþörf fyrir lögreglumenn á vakt ekki verið skilgreind. Tafla 4.1 tekur til fjölda þeirra lögreglumanna sem störfuðu á sólarhringsvöktum í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík.
2. Ekki eru heldur neinar tölur um lágmarksþörf skv. fjárlagatillögum lögreglustjóra. Lögreglustjóri bendir á eftirfarandi í þessu sambandi:

Á sólarhringsvakt voru 27–28 lögreglumenn á fjórum vöktum áður en nýtt vaktkerfi var tekið upp um mitt ár 1998, m.a. vegna vinnutímatilskipunar EES, og hafði svo verið um nokkur ár. Þegar vaktkerfinu var breytt var það samdóma álit dómsmálaráðuneytisins og lögreglustjórans í Reykjavík að forsenda nýs vaktkerfis væri að það yrðu 25 lögreglumenn á hverri vakt. Má því segja að árið 1998 hafi fjöldi lögreglumanna á vakt verið skilgreindur sem 25 lögreglumenn auk umferðardeildar og hverfalöggæslu. Frá tölunni 25 má síðan draga þrjár stöður vegna þess að stjórnstöð embættisins var lögð niður árið 2000 og tvær stöður vegna breytinga á slysarannsóknum en í stað tveggja manna á vakt allan sólarhringinn eru nú tveir menn á vaktkerfi umferðardeildar sem spannar alla daga ársins frá morgni fram á kvöld. Samkvæmt þessu ættu ekki að vera færri en 20 lögreglumenn á hverri vakt eða alls 100 lögreglumenn. Hins vegar er rétt að taka fram að lágmarksfjöldi lögreglumanna á vakt hefur ekki verið skilgreindur.

Fjárlagatillögur 1992. Óskað var eftir fjölgun um 20 lögreglumenn í almennri deild og að í heild yrðu 280 lögreglumenn starfandi í stað 260 áður. Fram kemur í fjárlagatillögunum að fjöldi lögreglumanna við almenna löggæslu árið 1991 var nánast sá sami og 15 árum áður.

Fjárlagatillögur 1995. Ekki var óskað eftir viðbótarfjárveitingum til að fjölga lögreglumönnum við embættið.

Fjárlagatillögur 1998. Fjárlagatillögur tóku mið af því að 1. júlí 1997 tækju ný lögreglulög gildi og var óskað eftir fjárveitingum vegna launa rannsóknarlögreglumanna sem færðust frá rannsóknarlögreglu ríkisins. Ekki var farið fram á fjölgun lögreglumanna á vöktum.

Fjárlagatillögur 2001. Óskað var eftir fjárveitingu til að fjölga lögreglumönnum um 13 við embættið þannig að 25 lögreglumenn væru á hverri vakt, þar af þrír í stjórnstöð embættisins sem síðan færðust yfir til fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar. Í fjárlagatillögunum var hins vegar ekki getið um lágmarksfjölda lögreglumanna á vöktum (lágmarksþörf).

5. *Hve margar lögreglubifreiðar og hversu margir almennir lögreglumenn voru við umferðaröryggisgæslu í Reykjavík árið 1991 annars vegar og árið 2001 hins vegar og hver var bifreiðaeign höfuðborgarbúa á þessum árum? Hve margir löggæslumenn störfuðu við vegaeftirlit á árunum 1990, 1995 og 2001 og hve margar lögreglubifreiðar voru til umráða á landinu öllu á þessum árum?*

1. Umferðareftirlit og fjöldi lögreglubifreiða.

Löggæslumenn við vegaeftirlit í lok níunda áratugar 20. aldar voru fjórir á veturna en átta á sumrin. Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur upp að á árinu 1990 hafi vegaeftirlitsmenn verið þrír og hafi þeir fengið menn með sér úr umferðardeild. Þannig er í töflu 5.1 reiknað með fjórum til átta mönnum, þ.e. tveimur bifreiðum yfir veturinn og fjórum yfir sumarið. Eftirlitið var gert út frá Reykjavík á þessum tíma. Vegaeftirlitið var tekið upp hjá ríkislögreglustjóranum árið 1998 og er núna í samvinnu við Vegagerð ríkisins, sem einnig leggur til mannskap. Átta stöðuheimildir eru hjá ríkislögreglustjóra til þessa eftirlits, sjö lögreglumenn auk einnar stöðu til sumarafleysinga. Þá leggur Vegagerðin til átta starfsmenn sem einnig eru teknir með í töflu 5.1. Samtals eru 15 starfsmenn nú við eftirlit, þar af sjö lögreglumenn, og hafa þeir til umráða sjö ökutæki. Um fjölda lögreglubifreiða við umferðareftirlit má geta þess að auk bifreiða hefur umferðareftirliti einnig verið sinnt með því að nota lögreglubifhjól, aðallega hjá lögreglunni í Reykjavík.

Tafla 5.1. Fjöldi lögreglubifreiða og lögreglumanna 1990, 1991, 1995 og 2001.

	1990	1991	1995	2001
Fjöldi lögreglubifreiða við umferðareftirlit í Reykjavík*		(3–4)		(2)
Fjöldi lögreglumanna við umferðareftirlit í Reykjavík*		(36)		(31)
Fjöldi bifreiða í Reykjavík (eingöngu Reykjavík)		52.067		74.573
Fjöldi löggæslumanna við vegaeftirlit	(4 – 8)		0	15
Fjöldi lögreglubifreiða á landinu öllu	152		151	147

Heimildir: Lögreglustjórinn í Reykjavík/Hagstofa Íslands/ríkislögreglustjórinn.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík svarar þessari spurningu þannig:*

Að segja nákvæmlega til um hve margir lögreglumenn unnu að umferðarlöggæslu á þessum árum, 1991 og 2001, er ekki hægt á annan hátt en þann að taka til alla þá sem á einhvern hátt unnu á vettvangi. Í raun er það svo að allir lögreglumenn sem eru einkennisklæddir og útivinnandi vinna meira og minna að umferðarlöggæslu. Þannig má benda á að þrátt fyrir að sérsvið umferðardeildar sé umferðarlöggæsla gera lögreglumenn á vöktum og hverfastöðvum mun fleiri kæruskýrslur vegna umferðarmála en umferðardeildarmenn.

Ef þessi tvö ár eru skoðuð og gert ráð fyrir afmörkuðum tíma kl. 8–18 virka daga þá hafa um 36 lögreglumenn, sumir í fullu starfi og aðrir að hluta til, komið að umferðarlöggæslu árið 1991 og samsvarandi hafa þeir verið 31 árið 2001. Varðandi fjölda ökutækja á sama tíma má benda á að þá eru að öllu jöfnu tveir lögreglumenn skráðir á hverja lögreglubifreið. Eins má geta þess að lögregluhjólin koma einnig inn í þetta dæmi en það er mjög breytilegt hve mörg hjól eru í umferð á hverjum tíma, fer m.a. eftir færð og veðri. Þó má gera ráð fyrir að þau séu frá því að vera 2–3 til þess að vera 5–6. Á þessu má sjá að erfitt er að gefa út nákvæmar tölur varðandi þennan lið.

Svið 2 hjá ríkislögreglustjóranum hefur tekið saman eftirfarandi upplýsingar:

Lögreglubifreiðar á landinu voru 152 árið 1990, 151 árið 1995 og 147 árið 2001. Í sambandi við fjölda lögreglubifreiða þarf að hafa í huga að gríðarleg endurnýjun hefur orðið á bifreiðaflotanum á allra síðustu árum og komið hefur verið á fót bílamiðstöð fyrir allt landið sem leitt hefur til örari endurnýjunar og betri nýtingar ökutækja lögreglunnar. Bifreiðafloti lögreglunnar hefur verið endurnýjaður að miklu leyti og má nefna í því sambandi að keypt hafa verið ökutæki á síðustu þremur árum fyrir um 210 millj. kr.

Veruleg endurnýjun lögreglubifreiða fór fram árið 2000, en þá voru keyptar 44 bifreiðar, og segja má að það hafi verið endurnýjun fyrir tvö ár með það að markmiði að draga úr viðgerðakostnaði og tryggja lögregluembættunum betri ökutæki með nýjum lögreglubúnaði.

Á árunum 1996–2001 hefur akstur lögreglubifreiða aukist úr 4.373.375 km í 5.578.733 km.

Mynd 5.1. Akstur lögreglubifreiða.



6. *Hve margir lögreglumenn voru á vakt allan sólarhringinn við almenna löggæslu í miðborginni og úthverfum um kvöld og helgar hvert ár um sig árin 1997–2001? Hvernig hefur grenndarlöggæslu verið háttað á höfuðborgarsvæðinu árlega sl. þrjú ár?*

6.1. Fjöldi lögreglumanna á vakt í Reykjavík 1997–2001.

Tafla 6.1. Fjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árið 1997.

Mánudagur til fimmtudags	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Seltjarnarnes	1	1	
Alls	**27**	**27**	**27**

Föstudagur	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	20
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Seltjarnarnes	1	1	
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**27**	**27**	**46**
Laugardagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	20
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**26**	**26**	**46**
Sunnudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Alls	**26**	**26**	**27**

Tafla 6.2. Fjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árið 1998.

Mánudagur til fimmtudags	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Seltjarnarnes	1	1	
Alls	**27**	**27**	**27**
Föstudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Seltjarnarnes	1	1	
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			13
Alls	**27**	**27**	**48**

Laugardagur	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			13
Alls	**26**	**26**	**48**
Sunnudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Alls	**26**	**26**	**27**

Tafla 6.3. Fjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árið 1999.

Mánudagur til fimmtudags	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Seltjarnarnes	1	1	
Alls	**27**	**27**	**27**
Föstudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Seltjarnarnes	1	1	
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**27**	**27**	**44**
Laugardagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	13	13	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**26**	**26**	**44**

Sunnudagur	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	13	13	16
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Alls	**26**	**26**	**27**

Tafla 6.4. Fjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árið 2000.

Mánudagur til fimmtudags	Dagvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	11	11	12
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Seltjarnarnes	1	1	
Alls	**25**	**25**	**23**
Föstudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	11	11	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Seltjarnarnes	1	1	
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**25**	**25**	**44**
Laugardagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	5
Fjarskipti	3	3	4
Austur- og Vesturbær	11	11	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**24**	**24**	**44**
Sunnudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	3	3	3
Austur- og Vesturbær	11	11	12
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Alls	**24**	**24**	**23**

Tafla 6.5. Fjöldi lögreglumanna á vakt í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík árið 2001.

Mánudagur til fimmtudags	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	0	0	0
Austur- og Vesturbær	11	11	12
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Seltjarnarnes	1	1	
Alls	**22**	**22**	**20**
Föstudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	0	0	2
Austur- og Vesturbær	11	11	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Seltjarnarnes	1	1	
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**22**	**22**	**41**
Laugardagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	0	0	2
Austur- og Vesturbær	11	11	18
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	2
Miðborgarstöð			2
Miðborgin			9
Alls	**21**	**21**	**41**
Sunnudagur	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Aðalstöð inni	4	4	4
Fjarskipti	0	0	0
Austur- og Vesturbær	11	11	12
Breiðholt	2	2	2
Grafarvogur	2	2	2
Mosfellsbær	2	2	
Alls	**21**	**21**	**20**

Mikilvægt er að töflur í þessum kafla séu skoðaðar með hliðsjón af fjölda eftirlitsbifreiða, sem gerð er grein fyrir í 15. kafla (töflur 15.1 og 15.2). Í töflum 6.1–6.5 eru lögreglumenn á aukavöktum taldir með, öfugt við töflu 4.1.

6.2. Fyrirkomulag hverfalöggæslunnar í Reykjavík og nágrenni.

Umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík.

Forvarna- og fræðsludeild.

Í forvarna- og fræðsludeildinni starfa 12 lögreglumenn og skiptast stöðuheitin þannig að þar er einn lögreglufulltrúi og tíu rannsóknarlögreglumenn. Í deildinni hefur aðsetur aðstoðaryfirlögregluþjónn forvarnadeildar og hverfastöðva. Af þessum tíu rannsóknarlögreglumönnum eru fimm starfandi sem hverfislögreglumenn. Tímabundið hefur vantað í tvær stöð-

ur, eins og vikið verður að hér á eftir. Einnig starfar þarna deildarsérfræðingur sem er félagsfræðingur og vinnur aðallega með tölfræðiupplýsingar.

Innan deildarinnar eru ýmis störf unnin, svo sem:

- Skólafræðsla – Umferðarfræðsla fyrir yngstu kynslóðina, bæði í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Þetta gerist bæði með heimsóknum í skólana og einnig koma bekkir og hópar úr leikskólum í heimsókn á lögreglustöðina. Þá hefur deildin annast fræðslu í umferðarskólanum *Ungir vegfarendur* í samstarfi við Umferðarráð og séð um umferðargetraunina sem fram fer í desember.
- Verkefnið *Rétt með strætó* er samvinnuverkefni Strætó bs. og lögreglunnar í Reykjavík og er fræðsla fyrir 8 ára gömul börn. Árið 2000 tóku 1.664 börn þátt í verkefninu en árið 2001 voru þau 1.757.
- Fræðsla fyrir 12 ára grunnskólanemendur byggist á því að farið er í skólana og nemendur fræddir um umferðina og öryggisbúnað þar, útivistartímann, vímuefnaneyslu, aðallega áfengi, hvað það táknar að koma við sögu lögreglu og um sakavottorð og þýðingu þess að hafa það hreint.
- Rannsókn á málum ósakhæfra barna.
- Tengsl við eldri borgara Reykjavíkur. Þeir eru fræddir um ýmsar forvarnir og farið er með þá í ökuferð um ný hverfi og endað á því að heimsækja kirkju þar sem prestur ræðir við fólkið.
- Deildin annast ýmis samskipti við skóla, barnaverndaryfirvöld og hverfasamtök í þeim hverfum þar sem ekki eru sérstakir hverfislögreglumenn.
- Allar lögregluskýrslur og dagbókarfærslur, sem varða börn innan 18 ára aldurs, eru sendar til barnaverndarnefnda en haldnir eru vikulegir fundir með fulltrúa frá Barnavernd Reykjavíkur. Á árinu 2001 afhenti forvarna- og fræðsludeild fulltrúum barnaverndarnefnda á landinu samtals 1.084 afrit af lögregluskýrslum þar sem börn komu við sögu.
- *Hættu áður en þú byrjar* er fræðsluverkefni sem er ætlað að sporna gegn fíkniefnaneyslu og stendur til boða nemendum í 9. bekk grunnskólans. Starfsmaður frá forvarna- og fræðsludeild annast skipulagningu á verkefninu. Að fræðslunni standa einnig Félagsþjónustan í Reykjavík og Maríta, forvarna- og hjálparstarf. Þetta er fjórða skólaárið sem nemendum stendur fræðslan til boða. Fræðslan hefur auk þess farið fram í fjölmörgum sveitarfélögum á landinu þessi ár og hafa þá komið til samstarfs lögreglumenn og fulltrúar félagsþjónustunnar í viðkomandi sveitarfélagi. Frá því að þessi fræðsla hófst um áramótin 1998–1999 til loka síðasta árs hafa verið haldnir 359 fræðslufundir, þar af 233 með nemendum og 126 með foreldrum.
- *Varnir gegn vágestum* er samstarfsverkefni forvarnadeildar og Samtaka verslunar og þjónustu. Það byggist á því að verslanir þurfa að uppfylla ákveðnar öryggiskröfur og láta alla starfsmenn fara á námskeið en eftir það fær verslunin merkið „Varnir gegn vágestum“ á útidyr sem táknar að þarna sé lítið að hafa fyrir þjófa og ránsmenn.
- Starfsmenn deildarinnar sitja marga fundi um margvísleg málefni með fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka, svo sem með Félagsþjónustunni í Reykjavík, samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir, Fræðslumiðstöð, Hinu húsinu, neyðarmóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss, Saman-hópnum og mörgum fleiri. Starfsmenn deildarinnar sitja einnig fjölmarga fundi með foreldrum vegna ýmissa mála og er það ýmist með foreldrafélögum eða foreldrum sem koma í deildina til að leita ráða.
- Málefni nýbúa. Einn lögreglumaður í deildinni er nú orðinn sérstakur tengiliður við fólk af erlendum uppruna og er í samstarfi við Alþjóðahúsið.

- Aðstoð við vímuefnaneytendur og aðstandendur þeirra. Til deildarinnar leita einstaklingar vegna vímuefnavanda og óska eftir leiðbeiningum og aðstoð. Jafnframt er fylgst með öllum sem gista í fangageymslu eða koma við sögu lögreglu vegna vímuefnaneyslu. Reynt er að veita þeim aðstoð eins og hægt er og koma þeim til meðferðar á viðeigandi staði, svo sem á meðferðarstofnun eða geðdeild.
- Tölfræðilegar rannsóknir, samantekt á greinargerðum um ýmsa þætti löggæslu, ársskýrsla lögreglunnar í Reykjavík og fleira.
- Fíkniefnafræðsla þar sem lögreglumaður fer og fræðir fólk um skaðsemi fíkniefna, hegðun fólks undir áhrifum og hvað hægt er að gera fyrir einstakling sem er í neyslu. Markmiðið með þessari fræðslu er að veita almenningi upplýsingar og gera hann betur í stakk búinn til að bera kennsl á fíkniefni og einkenni neyslu og veita ráðgjöf um það hvernig bregðast skuli við ef neyslu verður vart.

Á undanförnum árum hafa tölfræðirannsóknir á afbrotum verið að aukast enda mikilvægt að auka skilning lögreglu á því umhverfi sem hún starfar í og þróa áfram þau verkefni sem henni ber að sinna. Rannsóknir eru mikilvægt hjálpargagn sem lögreglan þarf að nýta sér og nota í auknum mæli. Hún þarf að fylgjast með þróun mála, fá upplýsingar og vinna út frá þeim.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að á vormánuðum 2001 var gerð viðamikil skýrsla hjá forvarna- og fræðsludeild lögreglustjórans í Reykjavík. Skýrslan heitir *Afbrot og öryggi* en hana unnu þær Margrét L. Guðmundsdóttir, nemi við Háskóla Íslands, og Rannveig Þórisdóttir, deildarsérfræðingur hjá forvarna- og fræðsludeild. Skýrslan hefur að geyma góðar hverfaskiptar upplýsingar frá fólki í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós.

Lögreglumennirnir í deildinni halda oft erindi í skólunum, en samvinna milli starfsfólks skólanna og lögreglunnar hefur gengið mjög vel í öllum hverfum. Þar er rætt við unglingana um sakavottorð, sakhæfi, útivistartímann, eignaspjöll ýmiss konar og fleira. Eins er oft rætt um það sem miður fer í hverfinu. Sem dæmi má nefna veggjakrot, fíkniefnaneyslu, sniff, einelti, eignaspjöll og fleira sem upp getur komið á hverjum tíma fyrir sig.

Fræðsla og aðstoð vegna vímuefnavandans.

Lögreglan í Reykjavík hefur dregið saman helstu verkefni forvarna- og fræðsludeildar í vímuefnamálum að undanförnu og lýsir þeim svo:

Starfsmenn deildarinnar fylgjast alla daga með komum í fangageymslur lögreglunnar. Rætt er við þá einstaklinga sem oft koma þangað, kannaðar eru aðstæður þeirra og hvort eitthvað sé hægt að gera þeim til hjálpar, svo sem að koma þeim í meðferð eða slíkt. Á árinu 2001 var rætt 723 sinnum við 264 einstaklinga vegna vímuefnavanda þeirra, þar af voru 47 konur. Alls 296 sinnum komu starfsmenn forvarna- og fræðsludeildar þessum einstaklingum til meðferðar á viðeigandi stað, svo sem á meðferðarstofnun eða geðdeild. Árið 2000 var rætt 967 sinnum við 330 einstaklinga, þar af 71 konu, og 288 sinnum aðstoðuðu starfsmenn forvarna- og fræðsludeildar þessa einstaklinga við að komast í meðferð. Mörgum þeirra er komið til meðferðar allt að þrisvar sinnum á ári. Við athugun kom í ljós að ástæður fyrir komu þessa fólks í fangageymslu voru mjög mismunandi. Að mati starfsmanna deildarinnar sem vinna við að aðstoða þetta fólk eiga um 60% þess við áfengisvanda að stríða, um 30% eiga við áfengisvanda og annan vímuefnavanda að stríða og um 10% hópsins eiga við fíkniefnavanda að stríða. Ljóst er að síðastnefndi hópurinn stækkar óðum og verður æ fyrirferðarmeiri í fangageymslum lögreglu. Einnig fer sá hópur stækkandi sem gistir fangageymslur eingöngu vegna geðrænna vandamála.

Starfsmenn forvarna- og fræðsludeildar hafa unnið að verkefninu *Hættu áður en þú byrjar*, ásamt Maríta forvarna- og hjálparstarfi og Félagsþjónustunni í Reykjavík. Verkefnið er fíkniefnafræðsla fyrir nemendur efstu bekkja grunnskóla. Fyrirlesarar frá Maríta-hjálparstarfi og lögreglunni heimsækja ungmennin í skólana og einnig eru fundir haldnir með foreldrum þeirra. Á þessum fundum eru ungmennin og foreldrar þeirra frædd um fíkniefnaneyslu og skaðsemi hennar. Allir skólar á löggæslusvæði lögreglunnar í Reykjavík hafa verið heimsóttir og margir utan þess. Á árinu 2000 voru alls haldnir 95 fundir á öllu landinu, 53 fyrirlestrar voru haldnir fyrir ungmenni og 27 fyrir foreldra þeirra, 2.949 ungmenni sóttu þessa fyrirlestra og mörg hundruð foreldrar. Á löggæslusvæði lögreglunnar í Reykjavík voru haldnir 24 fræðslufundir það ár, 15 fyrir ungmenni og 9 fyrir foreldra. Á árinu 2001 voru alls haldnir 134 fundir á öllu landinu, 82 fyrir ungmenni og 52 fyrir foreldra, 3.566 ungmenni sóttu þessa fyrirlestra og mörg hundruð foreldrar. Á löggæslusvæði lögreglunnar í Reykjavík voru haldnir 62 fræðslufundir árið 2001, 36 fyrirlestrar fyrir ungmenni og 26 fyrir foreldra. Starfsmaður í deildinni sér um framkvæmdastjórn verkefnisins og frá upphafi þess hafa verið haldnir 363 fundir um land allt sem 11.876 ungmenni alls hafa sótt. Ekki hefur verið haldin skrá yfir fjölda foreldra sem sótt hafa fræðsluna en ljóst er að þeir skipta þúsundum.

Starfsmenn deildarinnar flytja marga fyrirlestra um fíkniefnamál ár hvert fyrir einstaka hópa, svo sem fyrir nemendur vinnuskóla, háskóla, iðnskóla og ökuskóla, svo og fyrir starfsmenn ýmissa fyrirtækja og stofnana, til dæmis starfsfólk slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, slysadeildar, vinalínunnar, öryggisfyrirtækja, skipafélaga og fleiri. Mörg undanfarin ár hafa starfsmenn forvarna- og fræðsludeildar haldið uppi fræðslu fyrir 12 ára grunnskólanemendur. Þar er farið nokkuð ítarlega yfir fíkniefnanotkun og skaðsemi hennar. Um 1.100 ungmenni hafa notið hennar ár hvert þannig að ljóst er að tugir þúsunda ungmenna hafa notið þessarar fræðslu frá því að hún var tekin upp. Einnig hafa hverfislögreglumenn verið iðnir við að heimsækja ýmis félagasamtök, svo sem skáta, ungmenni í kirkjulegu starfi, ungliðahreyfingar björgunarsveita og fleiri slíka hópa, og frætt þá um skaðsemi fíkniefna. Starfsmenn deildarinnar hafa í auknum mæli séð um útgáfu og miðlun bæklinga og vefsíðna um fíkniefnamál. Ljóst er því að á hverju ári ná starfsmenn forvarna- og fræðsludeildar lögreglunnar í Reykjavík til mörg þúsund einstaklinga með fræðslu um vímuefnamál.

Tafla 6.6. Hverfastöðvarnar í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík.

Hverfi	Hverfastöð	Opnunartími	Ábyrgðarsvið yfirlögregluþjóns almennrar löggæslu. Hverfastöðvarnar heyra stjórnunarlega undir aðstoðaryfirlögregluþjón forvarna- og fræðsludeildar.
Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós	Mosfellsbæ	8.00–16.00	
Vesturbær Reykjavíkur og Seltjarnarnes	Seltjarnarnesi	10.00–16.00	
Breiðholt	Breiðholti	8.00–23.00	
Grafarvogur	Miðgarði Grafarvogi	8.00–16.00	
Miðborgarstöð	Miðbæ Reykjavíkur	8.00–18.30	

Almennt um störf hverfislögreglumanna.

Hverfislögreglumenn hafa aðsetur á hverfastöðvunum og kappkosta að vera vel kunnugir sínu hverfi og íbúum þess, sérstaklega yngri kynslóðinni og ná yfirleitt góðu sambandi við hana. Þeir hafa til umráða merktan lögreglubíl og vekja því athygli á ferðum sínum um hverfið og heimsóknum í skólana. Þeir fylgjast vel með því sem er að gerast í hverfunum, ekki síst á sviði afbrota.

Hverfislögreglumennirnir sitja reglulega fundi með fulltrúum skólanna, Félagsþjónustunnar, Barnaverndar og félagsmiðstöðva, þar sem skipst er á upplýsingum, aðallega um mál barna í hverfunum. Einnig taka þeir þátt í starfi hverfasamtaka í sínu hverfi en slík hverfa-

samtök eru starfandi í meira eða minna mæli í öllum hverfum á svæði lögreglunnar í Reykjavík. Í þessu samstarfi taka þátt fulltrúar skóla, Félagsþjónustu, barnaverndar, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, skáta, kirkju og fleiri. Þetta samstarf beinist að því að auka samvinnu íbúanna til að bæta ástandið og leysa hvers konar vandamál í hverfunum. Í mörgum hverfanna er haldinn sérstakur hverfisdagur með ýmsum uppákomum. Þar mætir hverfislögreglumaðurinn alltaf með lögreglubílinn og Lúlla löggubangsa sem situr á bílpúða í bílnum til að minna á öryggisbúnað fyrir börn. Spjallað er við börn og fullorðna um útivistartíma, öryggisbúnað fyrir börn og fleira. Af hverfasamtökunum má nefna Grósku í Grafarvogi, Betra líf í Bústaðahverfi, Vesturbær, bærinn okkar í Vesturbæ, Forvarnafélagið Samtaka og Betri borg.

Hverfislögreglumennirnir eru í góðu sambandi við foreldrafélögin, stuðla að því að foreldrarölt sé í gangi og reyna að fylgjast með því. Þeir fylgjast með útivistartíma barna og hópasöfnun í sínum hverfum. Þeir sinna einnig málum sem upp koma vegna eineltis, sniffs og öðrum slíkum vandamálum meðal ungmenna, fræða nemendur um þau í skólunum og vinna að lausn þeirra í samvinnu við skóla, fagaðila og foreldra. Hverfislögreglumennirnir sjá um rannsóknir mála ósakhæfra barna í sínu hverfi og aðstoða rannsóknardeildir í öðrum málum og geta oft upplýst mál vegna tengsla sinna í hverfunum og þekkingar á þeim. Aðalbrotin í þessum málum eru eignaspjöll, innbrot og minniháttar þjófnaðir, hnupl, einelti, íkveikjur, akstur án ökuleyfis og minniháttar líkamsárásir.

Hverfislögreglumennirnir eiga að vera sex en nú vantar lögreglumann í Árbæjarhverfi, þannig að þeir eru fimm sem stendur.

Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós.

Hverfislögreglumaðurinn í Mosfellsbæ hóf störf í maí árið 2000 og hefur aðstöðu á lögreglustöðinni í Mosfellsbæ. Árið 2001 var foreldrarölt í Mosfellsbænum en það hefur fallið niður í ár og er það miður en hverfislögreglumaðurinn mun gera það sem hann getur til að endurvekja það.

Sem dæmi um starf þessa hverfislögreglumanns má nefna að fjögurra ára gamall bruni á Kjalarnesi upplýstist ekki alls fyrir löngu. Upplýsingarnar fékk lögreglumaðurinn í spjalli við unglinga í hverfinu. Einnig upplýsti hann stórfelld eignaspjöll sem unnin voru á vinnuvél í byrjun janúar en hún stóð mannlaus í nágrenni við Klébergsskóla.

Vesturbær og Seltjarnarnes.

Hverfislögreglumaðurinn í Vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi hóf störf árið 1995 og hefur aðstöðu á lögreglustöðinni á Seltjarnarnesi.

Hverfislögreglumaðurinn hefur um nokkurra mánaða skeið leyst af lögreglufulltrúa í forvarna- og fræðsludeild en er væntanlegur aftur til starfa í hverfið í byrjun apríl næstkomandi. Samt sem áður hefur hann setið fundi er tengjast Vesturbænum og rannsakað einstök mál ósakhæfra barna og þannig viðhaldið tengslum við íbúa hverfisins. Ástæða þessarar afleysingar lögreglufulltrúans er að aðstoðaryfirlögregluþjónn forvarna- og fræðsludeildar stundar um þessar mundir nám við lögregluháskóla bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, um stjórnun innan lögreglu. Það nám mun án nokkurs vafa nýtast lögreglunni á Íslandi vel.

Breiðholt.

Um árabil hefur verið starfandi hverfislögreglumaður í Breiðholti með aðsetur á lögreglustöðinni í hverfinu.

Foreldrarölt hefur ávallt verið mjög virkt í Breiðholti og hefur ótvírætt sýnt ágæti sitt hvað varðar eftirlit með unglingum. Foreldrarnir stoppa hjá unglingunum og ræða við þá um dag-

inn og veginn, hringja í lögregluna ef þau sjá áfengi á krökkunum og fleira. Þó hefur árið í ár ekki farið af stað eins og menn vildu sjá, þ.e. foreldrarnir hafa ekki verið nógu duglegir að mæta á röltið í sínum hverfum.

Árbær.

Hverfislögreglumaðurinn í Árbæ er með aðsetur á Breiðholtsstöðinni en gott samstarf hefur verið milli lögreglumanna þessara hverfa.

Paradísardalur er heiti á dal sem er rétt ofan við Rauðavatn og nokkuð frá íbúðarbyggð. Þar hafa unglingar safnast saman á vorin, sérstaklega í kringum samræmdu prófin. Hverfislögreglumaðurinn hefur skipulagt sérstakt eftirlit þarna og hefur tekist að halda ástandi í þokkalegu horfi.

Hverfislögreglumenn í Austurbæ og Breiðholti sinna þessu hverfi eftir föngum meðan ekki tekst að fá hverfislögreglumann fyrir hverfið.

Grafarvogur.

Lögreglustöðin er í húsakynnum Miðgarðs, sem er fjölskylduþjónusta í Grafarvogi, og var opnuð árið 1997. Í fyrstu var einn lögreglumaður þar með aðsetur (þá var lögreglustöðin í Hverafold) en í maí árið 2000 flutti lögreglustöðin í Langarima.

Þar sem lögreglustöðin er í húsnæði Miðgarðs nýta starfsmenn sér mikla nánd við ýmsa sérfræðinga, en þarna starfa sálfræðingar, félagsfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, leikskólakennarar og fleiri. Allt þetta starfsfólk vinnur saman að því að þjóna Grafarvogsbúum sem best. Haldnir eru fundir og málin eru rædd um leið og þau koma upp. Teymisvinna er fyrir hvert hverfi innan Grafarvogs. Grafarvogur býður upp á möguleika á því að þróa fyrirmyndarsamfélag á sviði uppeldis- og velferðarmála.

Í Miðgarði er tilraunaverkefni um forvarnir sem nefnist Hringurinn í gangi til eins árs. Starfið byggist á samvinnu gerenda, þolenda og samfélagsins í afbrotamálum ósakhæfra barna í Grafarvogi. Þetta er samvinnuverkefni lögreglunnar í Reykjavík og Miðgarðs.

Lögð er áhersla á að taka skemmdaverk og þjófnaði fyrir vegna þess að það eru þeir brotaflokkar sem hafa reynst algengastir hjá börnum í Grafarvogi á undanförnum árum. Tilraunaverkefnið hefur aðeins verið í gangi í sjö mánuði og því ekki komin mjög mikil reynsla á það.

Miðborgin.

Lögreglumennirnir á miðborgarstöð annast göngueftirlit um miðborgina og nágrenni hennar. Einn starfsmaðurinn hefur aðalstarf sitt við óskilamunadeild lögreglunnar, sem er í Borgartúni. Þessir menn sjá einnig um öryggisgæslu við Stjórnarráðið, Alþingi, umferðarstjórn og eftirlit með bílastæðum við Dómkirkjuna þegar fjölmennar athafnir eru þar. Þeir koma við á vínveitingastöðunum í miðborginni og kanna ástand gesta og gangandi, kanna spila- og leiktækjastaði, athuga aldur gesta og fleira.

Síðast en ekki síst ganga þeir um varðsvæði sitt með viðkomu á Lækjartorgi, biðskýli strætisvagnanna þar sem þeir kanna ástandið og gera viðeigandi ráðstafanir þegar það á við.

Nokkur erill er ávallt á lögreglustöðinni af fólki sem vill ráðfæra sig við lögregluna um eitt og annað.

Austurbær Reykjavíkur.

Í febrúar síðastliðnum kom nýr hverfislögreglumaður til starfa og mun hann sinna Austurbæ Reykjavíkur, vestan Breiðholtshverfa og austan Kringlumýrarbrautar. Hann verður með aðsetur í forvarna- og fræðsludeild og í sérstöku sambandi við lögreglumennina sem skráðir

eru í Bústaðahverfi. Hann mun fylgjast með starfi þeirra og veita aðstoð en þannig er vonast eftir auknum árangri í því hverfi. Þessi hverfislögreglumaður mun að öðru leyti sinna hefðbundnum störfum hverfislögreglumanna í sínu hverfi.

Bústaðahverfi.

Í október 1998 hófst tilraun með nýtt form hverfislöggæslu þar sem leitast var við að tengja saman almenna löggæslu og hverfalöggæslu. Um var að ræða samstarfsverkefni lögreglunnar í Reykjavík og Reykjavíkurborgar og náði verkefnið til svæðisins sem takmarkast af Fossvogi, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut, Grensásvegi og Miklubraut. Verkefnið fólst í því að tveir lögreglumenn af hverri vakt (vaktirnar eru fimm) í almennri deild lögreglunnar sinntu hverfinu þannig að lögreglumenn einbeittu sér að þessu svæði á öllum tímum sólarhrings.

Vegna samdráttar hjá embættinu voru ekki tök á því að fylgja verkefninu eftir með þeim hætti sem upphaflega var ætlað. Verkefninu hefur samt sem áður verið haldið áfram eins og mögulegt hefur verið. Ákveðnir menn hafa verið skráðir á hverri vakt á svæðið og eru þeir með síma sem íbúar geta hringt í.

Umdæmi lögreglustjórans í Hafnarfirði og Garðabæ.

Garðabær.

Í Garðabæ er lögregluvarðstofa. Varðstofan er í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld, skóla, Félagsþjónustuna og félagsmiðstöðina. Samstarfið hefur oftar en ekki leitt til þess að afbrot og önnur mál sem tengjast börnum og ungmennum hafa fengið góðan framgang og verið upplýst í mörgum tilfellum. Góð samvinna margra aðila hefur mikið forvarnagildi í þessu samhengi og því mikilvægt að viðhalda slíku samstarfi og efla og styrkja eins og kostur er hverju sinni. Lögreglan fundar reglulega með fulltrúum skólanna, Félagsþjónustunnar og forstöðumönnum æskulýðsmiðstöðvanna í umdæminu, þar sem farið er yfir fíkniefnamál, mál sem tengjast skemmdarverkum, útivistartíma ungmenna o.fl. Til stendur að efla enn frekar þetta samstarf.

Lögreglan heimsækir unglingadeildir í skólum umdæmisins og fjallar þar um vímuefnavarnir og hættur sem fylgja notkun fíkniefna. Einnig er umferðarfræðslu sinnt í skólunum og undanfarin ár hefur verið haldin svonefnd umferðarvika þar sem farið var í alla grunnskóla í Hafnarfirði og Bessastaðahreppi og talað um umferðarmál.

Lögreglan sækir marga fundi með foreldrum barna í skólum þar sem fjallað er um vímuefnamál og vímuefnavarnir, útivistartíma og margt fleira. Eitt hverfafélag er starfrækt í Setbergs- og Mosahlíð í Hafnarfirði, en þar er skipulögð nágrannavarsla og er hverfið merkt sem slíkt. Lögreglan hefur átt gott samstarf við félagið.

Umdæmi lögreglustjórans í Kópavogi.

Ekki er sérstakur hverfalögreglumaður í Kópavogi, en engu að síður er ýmsum verkefnum haldið úti sem falla undir þetta hugtak, svo sem samstarfi við stofnanir ríkis og bæjar og félagasamtök. Má þá telja upp forvarnastarf vegna fíkniefna við grunnskólana og foreldrafélög þeim tengd, þátttöku lögreglu í forvarnanefnd vegna vímuvarna, samstarf við félagsmálayfirvöld á ýmsum sviðum, þ.m.t. barnaverndaryfirvöld. Til stendur að taka upp enn frekara samstarf við bæjaryfirvöld í forvarnamálum. Einnig má nefna umferðarfræðslu í skólum. Aldraðir hafa verið heimsóttir og til þeirra dreift límmiðum með helstu neyðarsímanúmerum og endurskinsmerkjum. Þá hafa grunnskólanemar verið teknir í starfskynningar og tekið á móti hópum barna frá leikskólum. Ekki er starfandi sérstök forvarnadeild hjá lögreglunni í

Kópavogi en lögreglumenn sem hafa nokkra sérhæfingu í málaflokkum þessu tengdum hafa séð um fræðslu og samskipti í þessum efnum.

7. *Hve margir hafa starfað að fíkniefnamálum á landinu öllu annars vegar og við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hins vegar árlega sl. fimm ár? Óskað er eftir að fram komi ef fjölgun við fíkniefnadeildina í Reykjavík er fengin með flutningi frá öðru verksviði eða deild lögreglunnar og hvort þær stöður hafi verið mannaðar aftur.*

7.1. Fíkniefnalögreglumenn.

Fyrirkomulag löggæslunnar í fíkniefnamálum byggist m.a. á því að sérstakir rannsóknarlögreglumenn hafa verið skipaðir eða settir við átta embætti lögreglustjóra utan Reykjavíkur: í Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, á Selfossi, Seyðisfirði, Akureyri, Ísafirði og Sauðárkróki. Hjá fíkniefnastofu ríkislögreglustjórans var fjölgað um eina stöðu. Þá hefur stöðum fíkniefnalögreglumanna í Reykjavík verið fjölgað. Enn fremur ber að nefna að komið hefur verið upp fíkniefnaleitarhundum á landsbyggðinni. Fíkniefnalöggæslan á landinu hefur þannig verið efld verulega á undanförnum árum.

Tafla 7.1. Fíkniefnalögreglumenn og leitarhundar lögreglu.

Umdæmi	1997	1998	1999	2000	2001	Til skýringar
Reykjavík – ÁFD	11	11	11	11	16	Auk þess sem fíkniefnalögreglumönnum hefur fjölgað sinnir almenna lögreglan afskiptum af fíkniefnamálum. Þá hefur fíkniefnahundum verið fjölgað. Tveir leitarhundar eru í Reykjavík.
Annars staðar	3	4	5	7	8	
Landið allt	14	15	16	18	24	
Fíkniefnaleitarhundar	2	2	4	4	7	
Samtals	**16**	**17**	**20**	**22**	**31**	

Heimildir: Lögreglustjórinn í Reykjavík um Reykjavík og fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans um landið allt og fíkniefnaleitarhunda

7.2. Almennar upplýsingar.

Rétt er að vekja athygli á því að í töflu 7.1 eru einungis tilgreindir þeir sem hafa stöðu sérstaks fíkniefnalögreglumanns eða eru umsjónarmenn fíkniefnaleitarhunda. Öll lögregluembættin halda úti eftirliti með fíkniefnum, enda miðast kennsla í grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins við að allir útskrifaðir lögreglumenn séu þjálfaðir til að sinna fíkniefnarannsóknum. Hlutverk fíkniefnalögreglumanna er einnig að virkja aðra lögreglumenn í forvörnum og aðgerðum í fíkniefnamálum. Þannig stofnast mörg fíkniefnamál vegna frumkvæðis almennra lögreglumanna.

Á árinu 1999 gaf ríkislögreglustjórinn út reglur um samræmdar aðgerðir lögreglu í fíkniefnamálum. Einhver mikilvægasti þátturinn í starfi fíkniefnalöggæslu er upplýsingar og hafa lögregluliðin á suðvesturhorninu tekið mið af því. Þannig hafa lögregluembættin í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Keflavíkurflugvelli og á Selfossi náið samstarf sem önnur embætti tengjast, svo sem Akranes, Borgarnes og Hvolsvöllur.

Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans heldur utan um þetta samstarf og kallar hópinn saman í þeim tilgangi að:

- fara yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja um fíkniefnabrot og tengd brot,
- safna og miðla upplýsingum um virka brotamenn,
- skipuleggja sameiginlegar aðgerðir, í samráði við viðkomandi lögreglustjóra,
- efla afbrotavarnir í fíkniefnabrotum og tengdum brotum.

7.3. Reykjavík.

Eftirfarandi upplýsingar eru frá lögreglustjóranum í Reykjavík:

Ávana- og fíkniefnadeildin í Reykjavík fer með rannsókn fíkniefnamála. Auk þess sinnir upplýsinga- og eftirlitsdeild verkefnum fyrir fíkniefnadeild eins og aðrar deildir. Um mitt ár 2000 voru deildirnar færðar undir eina stjórn með það að markmiði að efla fíkniefnarannsóknir. Í ávana- og fíkniefnadeild hafa undanfarin ár verið 11 stöður og eru þær allar mannaðar.

Hinn 1. apríl 2001 var bætt við fimm stöðum rannsóknarlögreglumanna í ávana- og fíkniefnadeild, m.a. til að sinna götueftirliti. Um er að ræða nýjar stöður og fékkst fyrir þeim sérstök fjárveiting. Þessar stöður voru auglýstar lausar til umsóknar og í þær völdust lögreglumenn úr almennu deildinni en þaðan koma jafnan þeir sem veljast í stöður rannsóknarlögreglumanna. Stöður í almennu deildinni sem losnuðu voru síðan mannaðar aftur eftir því sem tækifæri gafst, m.a. að teknu tilliti til framboðs á menntuðum lögreglumönnum.

Í upplýsinga- og eftirlitsdeild voru um 10 manns frá 1. júlí 1997 fram á árið 2001. Vegna skorts á rannsóknarlögreglumönnum í öðrum deildum og vegna hagræðingaraðgerða var fækkað í deildinni tímabundið frá miðju ári 2001, eða úr 10 í þrjár stöður þegar fæst var. Um síðustu áramót var fjölgað í deildinni að nýju og gert er ráð fyrir að hún verði mönnuð a.m.k. átta mönnum um mitt ár 2002, en fjórir rannsóknarlögreglumenn eru um þessar mundir í launalausu leyfi.

Frá árinu 1996 hafa óeinkennisklæddir lögreglumenn á vöktunum sinnt fíkniefnaeftirliti í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík.

8. *Hve margir rannsóknarlögreglumenn starfa nú við rannsókn brotamála, skipt eftir brotaflokkum, og hver hefur árlegur fjöldi mála á þessu sviði verið sl. fimm ár? Hve langur tími leið að meðaltali á árinu 1995 annars vegar og árinu 2000 hins vegar frá kæru mála þar til rannsókn hófst? Hversu mörg mál liggja fyrir nú sem kært hefur verið í, en rannsókn ekki hafin á?*

8.1. Almennar upplýsingar.

Hafa verður í huga að fleiri en rannsóknarlögreglumenn sinna rannsóknum opinberra mála, svo sem almennir lögreglumenn, varðstjórar og aðrir yfirmenn. Þá er fjöldi brota mjög mismunandi eftir umdæmum.

Lögregluskóli ríkisins kennir lögreglumönnum ýmis grundvallaratriði í rannsókn mála og almennur lögreglumaður á að vera til þess hæfur að sinna minniháttar rannsóknum. Auk þess koma að málunum löglærðir fulltrúar lögregluembættanna. Þá hefur embætti ríkislögreglustjóra sérstaka stoðdeild sem þjónar lögregluliðunum við alvarlegri rannsóknir, eða veitir ráðgjöf eða fyrirgreiðslu eftir atvikum. Einnig ber að hafa í huga hlutverk ríkissaksóknara, sem fer með yfirstjórn rannsókna í landinu, svo sem í atriðum er lúta að leiðbeiningum, reglum og rannsóknarfyrirmælum og eftirlitsskyldu með framgangi rannsókna.

Um stjórn lögregluarannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsóknir opinberra mála gildir reglugerð nr. 396, frá 27. júní 1997. Þar kemur fram að lögregla annist rannsókn brota í samráði við ákærendur. Til ákærenda teljast lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, og löglærðir fulltrúar þeirra sem þeir fela flutning mála. Enn fremur segir að ákærendur skuli sjá til þess að rannsókn fari fram í samræmi við lög og reglur. Þeir geta gefið lögreglu fyrirmæli um framkvæmd rannsóknar.

Þá er áréttað að skv. b- og e-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga ber ríkislögreglustjóra að veita lögreglustjórum aðstoð við rannsókn alvarlegra brota. Einnig er gert ráð fyrir því að embættið veiti aðstoð við rannsókn brots þótt það sé ekki sérstaklega alvarlegt ef lögregluembættið þar sem brotið var framið er fáliðað eða málið krefst sérþekkingar og sérstakrar

rannsóknarreynslu. Hlutaðeigandi lögreglustjóri fer í slíkum tilvikum með stjórn lögreglurannsóknar. Þannig geta lögregluembættin fengið aðstoð og notið sérfræðiþekkingar sem þau þurfa á að halda hverju sinni.

Sérhæfing innan lögregluliðanna við rannsókn mála er ekki almenn, nema á stærri stöðunum, svo sem á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fjöldi brota er miklu meiri en annars staðar. Þá skipta lögreglumenn sums staðar með sér bakvöktum vegna mála sem upp koma. Annars sinna vakthafandi lögreglumenn þeim og þurfa þar af leiðandi að vera hæfir til að takast á við tilfallandi rannsóknir. Þá fara rannsóknir fram undir stjórn löglærðra fulltrúa lögreglustjóra og þegar um er að ræða rannsókn sem heimamenn eru óvanir að fást við er greiður aðgangur að aðstoð frá nágrannaumdæmi eða ríkislögreglustjóranum eins og tíundað er hér að framan.

8.2. Fjöldi lögreglumanna sem vinna að rannsókn mála.

Tafla 8.1. Fjöldi lögreglumanna sem vinna að rannsóknum mála á Íslandi eftir stöðuheitum.

	Fjöldi	Skýring
Yfirlögregluþjónar	1	Hjá minni embættunum er það oftast vakthafandi varðstjóri eða lögreglumaður sem sinnir rannsóknum sem upp koma hverju sinni. Hjá þeim embættum eru mál ekki það mörg að þau kalli á starfsmenn sem sinna rannsóknum eingöngu. Hjá stærri umdæmunum, svo sem í Reykjavík, sinna almennir lögreglumenn einnig rannsóknarverkefnum sem upp koma á vöktum, t.d. umferðarlagabrotum og ýmsum minni háttar brotum sem fara þaðan beint til lögfræðideildar til sektarákvörðunar eða annarrar afgreiðslu. Við stærri atburði, svo sem vegna öryggisgæslu, koma þeir sem hafa rannsóknir með höndum einnig til aðstoðar.
Aðstoðaryfirlögregluþjónar	7	
Lögreglufulltrúar	31	
Aðalvarðstjórar	1	
Rannsóknarlögreglumenn	86	
Varðstjórar/aðstoðarvarðstj.	8	
Almennir lögreglumenn	10	
Samtals	**144**	

Heimildir: Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi.

8.3. Skipt eftir málaflokkum í Reykjavík.

Tafla 8.2. Fjöldi lögreglumanna eftir deildum.

Reykjavík – rannsóknardeild

Yfirlögregluþjónn	Auk rannsóknarlögreglumanna í rannsóknardeild eru rannsóknarlögreglumenn í almennri deild. Má þar nefna lögreglumenn á vöktunum, sem sinna vettvangsrannsóknum umferðarslysa, starfsmann forvarna- og fræðsludeildar og einnig eru rannsóknarlögreglumenn í sektar- og fyrirkallsdeild.
4 aðstoðaryfirlögregluþjónar	
11 lögreglufulltrúar	
65 rannsóknarlögreglumenn	
Lögreglumenn 81	
Lögfræðingar 13	

Rannsóknardeildinni er skipt í fjórar megindeildir eftir málaflokkum; auðgunarbrot, brot gegn lífi og líkama, fíkniefnabrot og sérrefsilagabrot. Aðstoðaryfirlögregluþjónar og lögreglufulltrúar forgangsraða málum hver í sinni deild. Auk rannsóknardeildar fara lögreglumenn í almennri deild með frumrannsóknir umferðarlagabrota og ýmissa minni háttar brota sem fara þaðan beint til lögfræðideildar til sektarákvörðunar eða annarrar afgreiðslu. Milli löglærðra fulltrúa er verkaskipting að 1–2 sinna sérstaklega hverjum málaflokki. Rannsóknardeildinni er skipt í níu undirdeildir, sem eru:

Auðgunarbrot (20)	Fíkniefnabrot (16)	Stöður þessar hafa ekki í öllum tilvikum verið mannaðar að fullu. Frekari upplýsingar um þetta koma fram í 7. kafla.
Ofbeldisbrot (12)	Sérrefsilagabrot (6)	
Kærumóttaka (2)	Tæknideild (6)	
Upplýsinga- og eftirlitsdeild (10)	Útlendingaeftirlit (3)	
Fíkniefna- og munavarsla (1)		

8.4. Fjöldi mála síðustu fimm árin.

Tafla 8.3. Fjöldi brota 1997–2001.

Brotaflokkar	1997	1998	1999	2000	2001
Umferðarlagabrot	46.487	63.023	62.739	66.814	66.153
Önnur brot	21.909	22.356	23.991	24.851	24.259
Brot samtals	**68.396**	**85.379**	**86.730**	**91.665**	**90.412**

Fleiri viðfangsefni geta komið til rannsóknar en afbrot, svo sem rannsókn voveiflegra dauðsfalla, slysa og bruna. Önnur þurfa ekki að sæta sérstakri rannsókn, svo sem mörg umferðarlagabrotin.

Heimildir: Ársskýrslur ríkislögreglustjórans/málaskrá lögreglu (bráðabirgðatölur fyrir 2001).

8.5. Meðaltími frá kæru máls til upphafs rannsóknar.

Vegna spurningar um hve langur tími hafi liðið að meðaltali á árinu 1995 annars vegar og árinu 2000 hins vegar frá kæru máls þar til rannsókn hófst verður að taka mið af því að samræmd og miðlæg kæruskráning var ekki til staðar fyrir öll lögregluembættin fyrr en eftir að embætti ríkislögreglustjóra var stofnað. Tölur fyrir árið 1995 sýna þannig ekki brot allra lögregluumdæma.

Tafla 8.4. Fjöldi daga frá kæru til upphafs rannsóknar árin 1995 og 2000.

	1995		2000	
Dagar frá kæru til upphafs rannsóknar	**Fjöldi brota**	**%**	**Fjöldi brota**	**%**
Samdægurs	424	5,4	904	5,9
Einn dagur	516	6,6	1525	9,9
Tveir dagar	340	4,3	1168	7,6
Þrír dagar	283	3,6	860	5,6
Fjórir dagar	227	2,9	650	4,2
Fimm dagar	155	2,0	535	3,5
Sex dagar	204	2,6	474	3,1
Sjö dagar	151	1,9	301	2,0
Átta dagar	135	1,7	300	1,9
Níu dagar	91	1,2	364	2,4
Tíu dagar	95	1,2	220	1,4
11–19 dagar	631	8,0	1.623	10,5
20–29 dagar	447	5,7	1.374	8,9
Meira en mánuður	4.141	52,8	5.111	33,2
Samtals	**7.840**	**100,0**	**15.409**	**100,0**
Meðaltal	**74 dagar**		**41 dagur**	

Í töflu 8.4 kemur fram að meðalfjöldi daga frá kæru til upphafs rannsóknar hefur styst mjög mikið milli þessara ára, eða úr 74 dögum árið 1995 í 41 dag árið 2000. Þetta kemur jafnframt fram á mynd 8.1 þar sem sjá má að árið 1995 voru samtals 16% brota komin í rannsókn eftir tvo daga en árið 2000 var sambærilegt hlutfall komið í 23%. Hafa verður í huga varðandi meðaltal að mál sem rannsókn er ekki hafin í fyrr en löngu seinna skekkja mjög myndina. Þetta hefur sérstaklega mikil áhrif hér þar sem skoðaður er tími frá kæru til rannsóknar fyrir brot en ekki mál, en mörg brot geta verið í hverju máli.

Mynd 8.1. Hlutfall brota eftir því hversu margir dagar líða frá kæru til rannsóknar, 1995 og 2000.



Nauðsynlegt er að skoða fjölda brota og málshraða, frá kæru máls til upphafs rannsóknar, fyrir fleiri ár en 1995–2000. Þetta má sjá í töflu 8.5 sem sýnir hlutfallslegan fjölda daganna sem liðu frá kæru til rannsóknar brota. Þar kemur fram að árið 1995 voru 27% brota komin í rannsókn innan við viku frá kæru en voru tæplega 40% árið 2000. Af þessu má með einföldum hætti sjá að málshraði og afköst lögreglu hafa aukist umtalsvert á liðnum árum.

Hluti brota fer í rannsókn, en önnur í annan farveg, svo sem sektarinnheimtu. Það er hlutverk yfirmanna að skoða og leggja mat á málin og tryggja framgang þeirra. Þá getur mál sem hefur t.d. verið lagt til hliðar tekið nýja stefnu og farið í rannsókn vegna nýrra upplýsinga eða breyttra aðstæðna.

Tafla 8.5. Hlutfall brota miðað við dagafjölda frá kæru til upphafs rannsóknar á tímabilinu 1995–2001.

Uppsöfnuð tíðni – %	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Í rannsókn samdægurs	5,4	4,2	7,7	7,2	7,3	5,9	5,5
Einn dagur	12,0	11,1	22,1	21,8	20,3	15,8	14,8
Tveir dagar	16,3	18,2	31,4	31,5	28,8	23,3	22,2
Þrír dagar	19,9	24,0	37,9	38,3	35,0	28,9	28,2
Fjórir dagar	22,8	28,9	42,0	42,7	39,3	33,1	33,1
Fimm dagar	24,8	33,0	45,5	45,9	42,7	36,6	36,8
Sex dagar	27,4	36,4	48,6	49,0	45,9	39,7	39,8
Sjö dagar	29,3	39,7	51,3	51,0	48,2	41,6	42,4
Átta dagar	31,1	42,8	53,1	52,8	50,4	43,6	44,7
Níu dagar	32,2	45,0	54,7	54,6	52,5	46,0	46,7
Tíu dagar	33,4	47,0	55,9	56,3	54,3	47,4	48,6
11–19 dagar	41,5	60,7	66,2	66,1	64,9	57,9	59,5
20–29 dagar	47,2	72,3	73,9	74,2	73,5	66,8	68,3
Tveir mánuðir	59,7	84,5	84,9	84,6	83,8	79,9	81,6
Þrír mánuðir	74,1	87,8	88,4	90,0	88,6	86,7	88,4

Uppsöfnuð tíðni – %	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Fjórir mánuðir	83,9	89,8	90,3	92,8	92,0	90,3	93,4
Fimm mánuðir	88,2	91,5	91,5	94,8	94,4	93,1	95,9
Sex mánuðir	90,3	92,4	92,9	96,0	96,8	95,0	97,5
Sjö mánuðir	92,3	93,7	93,9	96,8	97,9	96,3	98,2
7–12 mánuðir	96,4	98,3	98,5	99,1	99,4	98,9	99,9
12–18 mánuðir	98,7	99,5	99,5	99,7	99,9	99,7	100,0
18–24 mánuðir	99,5	99,8	99,8	99,9	99,9	100,0	
Meira en 24 mánuðir	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0		

8.6. Fjöldi mála sem nú liggja fyrir og kært hefur verið í, en rannsókn er ekki hafin.

Tafla 8.6. Fjöldi óúthlutaðra mála eftir lögregluembættum.

Embætti	Fjöldi	Skýring
Hafnarfjörður	167	Hjá öðrum embættum en hér eru talin er engum málum óúthlutað.
Keflavík	257	
Kópavogur	170	
Reykjavík	855	
Ríkislögreglustjórinn	92	
Selfoss	8	
Samtals	**1.549**	

Heimildir: Byggt er á svörum lögreglustjóranna.

Frekari upplýsingar.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði.

Í rannsóknardeildinni eru nú skráð 167 mál sem bíða úthlutunar. Málum er forgangsraðað þannig að mál er varða börn og unglinga, kynferðisafbrot, líkamsárásir og innbrot og þjófnaðir ganga fyrir öðrum málum í rannsóknardeildinni.

Lögreglustjórinn í Keflavík.

Á yfirlitinu kemur fram að skráð eru 257 mál sem bíða rannsóknar en í rannsókn hjá deildinni eru 368 mál.

Lögreglustjórinn í Kópavogi.

Samtals 170 málum hefur ekki verið úthlutað til rannsóknarlögreglumanna og þannig má telja að rannsókn á þeim sé ekki formlega hafin.

Lögreglustjórinn í Reykjavík.

Samkvæmt málaskrá fyrir árið 2001 voru alls 13.400 mál kærð til lögreglunnar í Reykjavík og auk þess rúmlega 17.600 umferðarmál, en allt í allt voru bókuð 32.446 mál og verkefni í málaskrá. Umferðarmálin eru afgreidd með sektarboðum og sektargerðum af lögfræðideild en meiri hluti annarra mála fer til rannsóknardeildar. Til skýringar má taka fram að mál eru misjöfn að umfangi og misjafnt hversu mikil rannsókn fer fram í þeim.

Á hverjum tíma eru því mörg mál til meðferðar í einu og á mismunandi stigum. Reynt er að raða ákveðnum málum í forgang á meðan önnur þola einhverja bið. Þegar mikið liggur fyrir ber við að deildir hafi ekki undan að afgreiða mál jafnhratt og æskilegt væri. Reglulega er fylgst með fjölda mála og mánaðarlega er prentað út yfirlit um fjölda þeirra mála sem til meðferðar eru.

Staðan í rannsóknardeild embættisins í lok janúar sl. var sem hér segir:

- Mál til rannsóknar hjá rannsóknardeild voru 683.
- Mál hjá rannsóknardeild sem biðu úthlutunar voru 855, eða 55,6% málanna.

– Samtals voru því 1.538 mál til meðferðar hjá rannsóknardeild embættisins. Það er svipaður fjöldi og verið hefur að undanförnu en hefur þó farið minnkandi síðustu mánuðina.

Ríkislögreglustjórinn.

Þau mál sem hér um ræðir eru hjá efnahagsbrotadeild. Í deildinni hefur verið viðvarandi álag. Nánari upplýsingar um starfsemi deildarinnar koma fram í 13. kafla.

Lögreglustjórinn á Selfossi.

Af 157 málum sem skráð eru í rannsókn eru átta mál þar sem formleg rannsókn er ekki hafin.

8.7. Fjöldi og hlutfall óúthlutaðra mála hjá RLR í apríl 1997.

Tafla 8.7. Samanburðartölur frá tíð Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Brotaflokkar	Óúthlutað	Í rannsókn	Samtals	Hlutfall óúthlutaðra	
Brot gegn lífi og líkama	19	64	83	22,9%	Hér eru til fróðleiks tölulegar upplýsingar um fjölda og hlutfall óúthlutaðra mála hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 23. apríl 1997.
Fjársvik og skjalafals	319	135	454	70,3%	
Innbrot, þjófnaðir, tékkafals	221	120	341	64,8%	
Skatta- og efnahagsbrot	111	44	155	71,6%	
Ýmis mál	46	52	98	46,9%	
Samtals	716	415	1.131	63,3%	

Heimild: Listi yfirlögregluþjóns RLR, dags. 23. apríl 1997.

9. *Hver hefur fjöldi yfirvinnustunda og kostnaður vegna yfirvinnu verið við almenna löggæslu í Reykjavík árlega sl. fimm ár og hver voru meðalbrúttólaun almenns löggæslumanns á árinu 1995 annars vegar og á árinu 2001 hins vegar á sambærilegu verðlagi?*

9.1. Yfirvinna og meðalbrúttólaun.

Uppbyggingu launabókhalds var í verulegum atriðum breytt árið 1999 þannig að laun voru mun betur sundurliðuð á mismunandi deildir og einingar en áður. Af þeim sökum er samanburður frá fyrri árum mjög erfiður innan almennu deildarinnar. Einungis er því tekin saman yfirvinna árin 1999–2001 í almennri löggæslu. Margt hefur breyst síðustu árin í rekstri og umfangi embættisins. Þannig færðist sérsveitin frá embættinu til ríkislögreglustjóra í ársbyrjun 1999, 15 stöður færðust til ríkislögreglustjóra um mitt ár 2000 vegna fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar og ökuritaeftirlit, sem embættið sinnti að hluta, færðist til ríkislögreglustjóra árið 2000. Yfirvinna minnkaði að sjálfsögðu við þessar breytingar. Hins vegar er ljóst að yfirvinna hefur minnkað verulega hjá embættinu síðustu árin. Þannig var heildarfjöldi yfirvinnutíma hjá embættinu 268.691 klst. árið 1998, 233.937 klst. árið 1999 og 217.714 klst. árið 2000. Um mitt ár 2001 var hluti af yfirvinnu færður inn í fastakaup lögreglumanna og því eru tölur um fjölda yfirvinnutíma ekki sambærilegar (felldir voru niður ferða- og kaffitímar sem fóru inn í föstu launin og fækkuðu yfirvinnutímum frá þeim tíma um 20% en það hefur ekki áhrif á vinnuframlag). Þá er yfirvinna fangavarða færð með yfirvinnu almennrar löggæslu að hluta til árið 2001 en ekki hin árin. Það hefur þó óveruleg áhrif á samanburð milli ára.

Kostnaður við yfirvinnu skýrist af töxtum annars vegar og fjölda yfirvinnutíma hins vegar. Launatengd gjöld eru leiknuð með kostnaði en þó ekki orlof vegna yfirvinnu. Þá ber að geta þess að í ársbyrjun 2000 hækkuðu laun lögreglumanna afturvirkt um það bil tvö ár aftur í tímann og gjaldfærðist þessi leiðrétting öll á árið 1999. Kostnaður á því ári er því óvenjumikill og ekki samanburðarhæfur við önnur ár.

Tafla 9.1. Þróun yfirvinnu.

	1999	2000	2001
Fjöldi yfirvinnustunda – almenn löggæsla	120.044	118.672	101.300
Kostnaður við yfirvinnu – almenn löggæsla (þús. kr.)	209.821	188.630	184.288

Heimild: Lögreglustjórinn í Reykjavík.

Fram kemur í svari starfsmannaskrifstofu að á miðju síðasta ári hafi verið undirritaður nýr kjarasamningur við Landssamband lögreglumanna og í kjölfarið verið hætt að halda utan um starfsheiti í launavinnslukerfinu. Því er einungis hægt að spyrjast þar fyrir um brúttólaun á starfsheiti til loka síðasta kjarasamnings, það er til 30. júní 2001, eftir það er eingöngu haldið utan um starfsheiti hjá hverju embætti fyrir sig. Samanburðurinn miðast því við starfsheitið „lögreglumaður" hjá lögreglustjóranum í Reykjavík á tímabilinu janúar–júní 1995 og janúar–júní 2001.

Tafla 9.2. Meðalbrúttólaun almenns löggæslumanns í Reykjavík.

	1995	2001
Meðaltal janúar–júní á verðlagi hvors árs	175.413	224.876
Vísitala neysluverðs í júní	172,3	212,6
Meðalbrúttólaun janúar–júní 2001 á verðlagi í júní 1995		182.249
Hækkun brúttólauna frá janúar–júní 1995 til janúar–júní 2001 umfram vísitölu neyslu		3,9%

Heimild: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins.

10. Hver hefur verið fjöldi eftirfarandi brota sl. fimm ár:
- *a. alvarlegra líkamsárása,*
- *b. auðgunarbrota,*
- *c. kynferðisbrota,*
- *d. fikniefnabrota (innflutningur og neysla),*
- *e. áfengislagabrota,*
- *f. umferðarlagabrota?*

10.1. Afbrot og afbrotaþróun.

Tafla 10.1. Fjöldi brota í nokkrum brotaflokkum 1997–2001.

Landið allt	1997	1998	1999	2000	2001
a. Líkamsmeiðingar meiri (218.2)	37	44	58	59	67
Manndrápstilraunir	2	0	2	0	5
Manndráp (211)	2	0	2	5	1
b. Auðgunarbrot	8.318	8.123	10.040	10.482	10.477
c. Kynferðisbrot	193	171	230	228	263
d. Fikniefnabrot	662	713	962	781	909
e. Áfengislagabrot	2.788	2.588	2.297	2.665	2.224
f. Umferðarlagabrot	46.487	63.023	62.739	66.814	66.153

Heimildir: Ársskýrsla ríkislögreglustjórans/málaskrá lögreglu (tölur ársins 2001 eru bráðabirgðatölur).
Hafa ber í huga að árið 1998 er fyrsta árið þar sem gögn frá öllum lögregluembættum eru í miðlægu málaskrárkerfi.

Alvarlegar líkamsárásir.

Ekki er að sjá að tilkynningum um líkamsárásir hafi fjölgað hér á landi á árabilinu 1998–2001. Samkvæmt bráðabirgðatölum úr skrám lögreglu var fjöldi tilvika 1392 árið 1998 en 1424 árið 2001. Í *Læknablaðinu* árið 1994 er birt faraldsfræðileg athugun í Reykjavík á of-

beldisáverkum. Þar er yfirlit yfir fjölda þeirra sem skráðir voru á slysadeild Borgarspítalans (nú slysa- og bráðamóttaka Landspítala – háskólasjúkrahúss) á árabilinu 1974–1991. Af þeim tölum má sjá að komum á slysa- og bráðamóttöku hefur ekki fjölgað á tímabilinu sé tillit tekið til íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma. Sama niðurstaða kemur í ljós ef tölur frá árunum 1997–2000 eru skoðaðar. Í manndrápsmálunum er sama uppi á teningnum, þar er fjöldinn sveiflukenndur, en þegar tekin eru saman nokkur ár í senn kemur í ljós að málum hefur ekki fjölgað síðustu tvo áratugina.

Tafla 10.2. Komur á slysa- og bráðamóttöku vegna ofbeldisáverka.

Slysa- og bráðamóttaka (ofbeldisáverkar – þriggja ára tímabil)	Fjöldi sjúklinga	
1974–1976	3.221	Tölur í þessu yfirliti taka ekki mið af hlutfalli af fjölda íbúa, heldur er þetta heildarfjöldi þeirra sem leituðu til slysa- og bráðamóttöku. Þessar tölur taka því aðallega til höfuðborgarsvæðisins. Ef þær eru skoðaðar í ljósi aukins íbúafjölda á tímabilinu er ekki að sjá mikla breytingu frá fyrsta til síðasta tímabils.
1977–1979	3.607	
1980–1982	2.518	
1983–1985	2.710	
1986–1988	3.185	
1989–1991	3.832	
1997–2000 (miðast við mitt ár og þrjú ár)	4.129	

Heimildir: Læknablaðið 1994:80 fyrir árin 1974–1991 og gögn fengin frá slysa- og bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir árin 1997–2000.

Tafla 10.3. Fjöldi manndrápa í samanburði milli tímabila.

Manndráp (211. gr. hgl. – fimm ára tímabil)	Fjöldi tilvika	
1977–1981	10	Við athugun á alvarlegri ofbeldisbrotum, svo sem manndrápum, þarf að skoða tíðni brotanna á lengra tímaskeiði, þar sem fjöldi þeirra getur verið 0–5 á ári. Mál sem leitt hafa til sýknu eru ekki tekin með í töflunni. Öll mál eru hins vegar talin í töflu 10.1, sem byggist á málaskrá lögreglu.
1987–1991	8	
1997–2001	9	

Heimildir: Þórir Oddsson, samantekt manndrápa fram til 1997, málaskrá lögreglu o.fl.

Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórarnir gerðu á síðasta ári ítarlega athugun á ýmsum atriðum allra tilkynntra líkamsárása hjá lögreglu fyrir árið 1999. Í skýrslunni koma fram mjög gagnlegar upplýsingar. Þá var til samanburðar byggt á tölum frá slysa- og bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss. Hæst tíðni brota er að næturlagi um helgar. Í því sambandi má nefna að ef heildarmeðaltal er einungis miðað við þriðjudaga fækkar brotunum um 65%. Skýrsluna er að finna á heimasíðu lögreglunnar www.logreglan.is undir heitinu *Skýrslur og samantektir*. Þá stóð forvarna- og fræðsludeild lögreglustjórans í Reykjavík á síðasta ári að mikilvægri rannsókn um afbrot og öryggi. Í þeirri rannsókn kom fram að flestir nefndu flokkinn ofbeldi/líkamsárásir þegar spurt var hvert væri mesta vandamálið, eða 41% þeirra sem tóku afstöðu.

Þannig má segja að lögreglan hafi unnið mikilvægar rannsóknir, sem nýta má til markvissra aðgerða gegn ofbeldisbrotum.

Auðgunarbrot.

Auðgunarbrot eru stærsti einstaki brotaflokkurinn, að umferðarlagabrotunum undanskildum, eða 43% allra tilkynntra brota annarra en umferðarlagabrota. Auðgunarbrot tengjast oft neyslu vímuefna. Lögregluyfirvöldum er þetta vel ljóst og m.a. hefur samstarfshópur í fíkniefnamálum á Suðvesturlandi, sem heldur reglulega samráðsfundi, miðlað sín í milli upplýsingum um virka brotamenn. Að undanförnu hefur staðið yfir athugun hjá fíkniefnastofu ríkislögreglustjórans á kærðum auðgunarbrotum nokkur ár aftur í tímann til að fá frekari upplýsingar sem að gagni mega koma til að sporna við þessum brotum.

Tilkynningum um auðgunarbrot fjölgaði töluvert á milli áranna 1998 og 1999. Í ársskýrslu embættisins vegna ársins 1999 er m.a. vakin athygli á fjölda tilkynninga um þjófnaði á GSM-farsímum. Þá hefur aukið samstarf við verslanir leitt til fjölgunar þjófnaðartilkynninga en þeim verslunum sem kæra alla þjófnaði hefur fjölgað á undanförnum árum. Í ljósi þessara þátta er varasamt að draga þá ályktun að fjölgun auðgunarbrota byggist eingöngu á fjölgun brota í samfélaginu heldur virðist fleira koma þar til.

Kynferðisbrot.

Kynferðisbrotunum er skipt í marga brotaflokka. Þar má nefna nauðgun, misneytingu, áreitni, mök við börn eða unglinga yngri en 14 ára, blygðunarsemisbrot, útbreiðslu kláms o.fl. Mörg alvarlegustu brotin eiga sér stað í heimahúsum og þar sem samkvæmi fara fram, oft þekkjast fórnarlambið og árásarmaðurinn og algengt er að áfengi hafi verið haft um hönd. Fullyrða má að mörg tilvikin eru ekki kærð til lögreglu og eru margar skýringar á því. Fjöldi kærðra brota, eða töluleg þróun þeirra, þarf því ekki endilega að segja til um hvort brotum hafi fjölgað eða fækkað. Benda má á að sum brotin eru kærð mörgum árum eftir atburðinn og margt hefur áhrif á það hvort þolandinn kærir eða ekki, m.a. viðhorf þolandans til réttarvörslukerfisins. Aukin opinber umræða getur einnig haft áhrif í þessum efnum auk þess sem bætt aðgengi að lögreglu og heilsugæslu fjölgar tilkynningum.

Tafla 10.4. Yfirlit kynferðisbrotamála síðustu þrjú árin.

	1999	2000	2001*
Nauðgun (194)	48	36	50
Ólögmæt nauðung (195)	0	4	4
Misneyting (andlegir annmarkar, rænuleysi) (196)	19	17	31
Misneyting (varúðarákv., trúnaðarbrot) (197)	10	13	5
Misneyting, kynmök (frekleg misn. aðstöðu) (198.1)	0	1	0
Önnur kynferðisáreitni (198.2)	10	12	11
Sifjaspell (200.1)	3	4	3
Sifjaspell/önnur kynferðisleg áreitni (200.2)	3	10	4
Sifjaspell/kynmök systkina (200.3)	1	1	1
Mök við börn uppalanda (201.1)	3	3	8
Önnur kynferðisleg áreitni við börn uppalanda (201.2)	0	5	4
Mök við yngri en 14 ára (202.1.1)	9	18	22
Mök við 14–16 ára (202.2)	5	5	4
Brot gegn yngri en 14 ára (202.1.2)	8	20	17
Gáleysi skv. 201 og 202 (204)	1	1	0
Hagnýting vændis (206.2)	2	0	0
Ginning yngri en 18 ára til lauslætis (206.3)	1	0	0
Blygðunarsemisbrot (209)	49	33	43
Klám á prenti (210.1)	0	2	1
Útbreiðsla kláms (210.2)	6	7	8
Varsla á barnaklámi (210.4)	7	4	9
Kynferðisbrot – annað	45	32	38
Kynferðisbrot samtals	230	228	263

*Tölur fyrir árið 2001 eru bráðabirgðatölur.

Í mars 2001 skipaði ríkissaksóknari starfshóp til þess að fara yfir nauðgunarmál sem kærð voru 1997–2001. Saksóknari hjá embættinu stýrir starfi vinnuhópsins sem í eru fulltrúar frá ríkislögreglustjóranum, lögreglunni í Reykjavík og Lögregluskóla ríkisins. Starfshópurinn hefur nú lokið störfum og skilað skýrslu um meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi.

Umferðarlagabrot og fíkniefnamál.

Kærur um brot berast með mismunandi hætti. Kærur vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota berast að stærstum hluta að frumkvæði lögreglunnar og tollgæslunnar hvað varðar fíkniefnamál. Meira magn fíkniefna hefur verið gert upptækt og fíkniefnamálum hefur fjölgað í kjölfar öflugri aðgerða lögreglu og tollgæslu. Aukin áhersla lögreglu á umferðargæslu hefur einnig leitt til þess að kærum hefur fjölgað. Þetta er þannig árangur aukinna löggæsluaðgerða en ekki afleiðing löggæsluleysis eins og kannski má skilja af greinargerð þingmannanna í skýrslubeiðni. Þá ber að nefna að á síðustu árum hefur umferðareftirlit verið eflt með tilkomu umferðardeildar ríkislögreglustjórans og samstarfs hennar við Vegagerðina, auk þess sem eftirlit með löggæslumyndavélum hefur skilað góðum árangri.

Í greinargerð með beiðni um skýrslu þessa er fjallað um fjölda lögreglumanna í Reykjavík sem sagt er að hafi fækkað mjög á umliðnum árum. Skýrslubeiðendur vitna til ársskýrslu lögreglunnar í Reykjavík fyrir árið 2000 og upplýsinga um þróun afbrota, m.a. að innflutningur fíkniefna hafi aukist um 52% á milli ára. Ekki er vitað hvernig þetta hlutfall er fundið út. Hið rétta er að magn amfetamíns sem lagt var hald á árið 2000 jókst um helming frá árinu áður og magn e-taflna þrefaldaðist. Hins vegar var lagt hald á minna af kannabisefnum. Aukning haldlagðra e-taflna skýrist m.a. af því að í einu máli á Keflavíkurflugvelli var lagt hald á um 14.000 töflur. Málið sætti rannsókn hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli og kom ekki til kasta lögreglunnar í Reykjavík. Efnið var ekki ætlað á markað hér á landi heldur hugðist smyglarinn millilenda hér á leið sinni til Bandaríkjanna.

Fráleitt er að tengja auknar aðgerðir í umferðar- og fíkniefnamálum við skort á lögreglumönnum í Reykjavík, með því er hlutunum snúið við.

Áfengislagabrot.

Fjöldi áfengislagabrota er breytilegur en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2001 hefur kærum fækkað nokkuð. Stærsti flokkur áfengislagabrota er ölvun á almannafæri en fjöldi slíkra brota hefur verið breytilegur undanfarin ár. Meginskýringin á því er sú að þessi málaflokkur byggist mikið á frumkvæðisvinnu lögreglu og ber því frekar keim af breytilegum áherslum í starfi lögreglu en raunverulegri tíðni alvarlegrar ölvunar á almannafæri. Þannig getur aukið eftirlit með útivist ungmenna skilað sér í fjölgun brota vegna ölvunar á almannafæri.

Samanburður við önnur lönd.

Í töflu 10.5 er sýndur heildarfjöldi brota sem komu til kasta lögreglu í Finnlandi og Íslandi á árinu 1999. Þar sést að hlutfall umferðarlagabrota á Íslandi er miklu hærra en í Finnlandi og á það einnig við annars staðar á Norðurlöndum. Sérstaða afbrota á Íslandi miðað við Finnland er að á Íslandi eru flest skráð afbrot hjá lögreglu umferðarlagabrot sem rekja má til frumkvæðisvinnu lögreglunnar og áherslu yfirvalda á umferðaröryggi.

Tafla 10.5. Samanburður milli Íslands og Finnlands.

	Öll brot	Umferðarlagabrot	%	Önnur brot	%	Önnur brot en umferðarlagabrot
Finnland	742.088	137.399	19	604.689	81	11.633 brot á hverja 100.000 íbúa
Ísland	86.730	62.739	72	23.991	28	8.716 brot á hverja 100.000 íbúa

Athyglisvert er jafnframt að bera saman tíðni hegningarlagabrota milli höfuðborganna á Norðurlöndunum. Í eftirfarandi töflu má sjá að tíðni hegningarlagabrota árið 2000 er lægst í Reykjavík, um 9.000 brot á hverja 100.000 íbúa, en brotin eru rúmlega 15–16 þús. á hverja 100.000 íbúa í öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum.

Tafla 10.6. Fjöldi skráðra hegningarlagabrota á hverja 100.000 íbúa í höfuðborgum Norðurlanda árið 2000.

Borg	Hegningarlagabrot
Reykjavík	9.012
Stokkhólmur	15.854
Helsinki	16.284
Ósló	15.960*
Kaupmannahöfn	15.087

* Tölum fyrir Ósló er skipt upp í lögbrot og minni háttar afbrot og því ekki víst að þær byggist á sömu skilgreiningu og aðrar tölur.
Heimildir: Hagstofur í Finnlandi og í Noregi, Afbrotavarnaráðið í Svíþjóð og ríkislögreglustjórinn í Danmörku.

Skýrsla Interpol árið 1999 og fleira.

Þjófnaðir (öll brot).

Samkvæmt skýrslu Interpol fyrir árið 1999 kemur fram að í Danmörku voru þjófnaðarbrot 7.688 á hverja 100.000 íbúa, 4.577 í Noregi, 2.619 í Finnlandi og 3.375 á Íslandi. Tölur frá Svíþjóð liggja ekki fyrir. Í sambandi við tölur frá Finnlandi þarf að taka mið af því að ekki voru gefnar upp til Interpol tölur um minni háttar þjófnaðarbrot fyrir árið 1999. Ef þau eru tekin með hækkar tíðnin í Finnlandi í 3.551. Einn brotaflokkur, sem ekki verða gerð skil hér, er mikið vandamál víða, svo sem á Norðurlöndum, en það eru bílþjófnaðir. Hér á landi eru þeir fátíðir, enda oftast um nytjastuld að ræða, en ekki þjófnað. Þá eru rán hlutfallslega fátíð hér á landi samanborið við hin ríki Norðurlanda þótt þeim hafi fjölgað á síðustu árum.

Alvarlegar árásir.

Árið 1999 var skráð hjá lögreglu á Íslandi 21 alvarleg líkamsárás á hverja 100.000 íbúa. Hlutfallið var svipað árið 2000. Til samanburðar, samkvæmt skýrslu Interpol, var hlutfallið 163 í Frakklandi, 140 í Þýskalandi, 66 í Noregi, 35 í Finnlandi og 21 í Danmörku.

Þessi brot á hverja 100.000 íbúa á árinu 2000 annars staðar á Norðurlöndum voru 38 í Finnlandi, 44 í Svíþjóð og 24 í Danmörku. Tíðni þessara brota hefur aukist í Finnlandi og Danmörku. Tölur fyrir árið 1999 í Svíþjóð eru ekki í skýrslu Interpol. Þá liggja ekki fyrir tölur fyrir Noreg vegna ársins 2000.

Þó svo að taka verði slíkum samanburði með fyrirvara vegna mismunandi túlkunar á alvarleika brota og flokkun eftir lagaákvæðum eru þetta tölur sem notaðar eru í alþjóðlegum samanburði á stöðu og þróun þessara brota. Þá er rétt að taka einnig mið af því að hlutfall manndrápa á Íslandi miðað við íbúafjölda er langt undir meðaltali.

Nauðganir.

Tölur samkvæmt skýrslu Interpol um heildarfjölda kynferðisbrota virðast ekki allskostar áreiðanlegar þar sem ekki liggur fyrir hvort skilgreining þeirra sé samræmd. Tíðni nauðgunarmála á Íslandi er há miðað við önnur lönd, trúlega vegna þess að þau eru frekar tilkynnt þar en annars staðar, sem meðal annars má rekja til bættrar stöðu brotaþola hér á landi og fleiri þátta. Við samanburð á tölum milli landa vekur athygli að í sumum löndum eru manndráp miklu algengari en nauðganir og kann það að benda til þess að stór hluti nauðgana í þessum löndum sé ekki kærður.

Fíkniefnavandinn.

Ljóst er að vandi nágrannaþjóða okkar vegna ólöglegra fíkniefna er meiri en Íslendinga. Má í því sambandi benda á að árið 2001 voru 338 dauðsföll í Noregi rakin beint til fíkniefnaneyslu. Er þetta meiri fjöldi slíkra dauðsfalla en nokkru sinni fyrr.

Nánari upplýsingar um stöðu mála og þróun afbrota á Íslandi.

Mynd 10.1. Tíðni brota í hverju umdæmi samkvæmt málaskrá 2000.



Árið 2000 var hlutfall umferðarlagabrota af heildarfjölda brota 73% en hlutfallið er mismunandi eftir embættum eins og fram kemur á mynd 10.1. Mál sem umferðardeild ríkislögreglustjórans stofnar til eru skráð á embætti þess umdæmis þar sem brot var framið.

Tafla 10.7. Fjöldi lögreglumanna í janúar 2001 borið saman við fjölda brota og verkefna samkvæmt málaskrá lögreglu árið 2000.

		Fjöldi brota og verkefna lögreglu árið 2000			Fjöldi brota og verkefna á hvern lögreglumann			
Embætti	Fjöldi lögreglumanna	Brot	Verkefni	Samtals	Brot	Umferðarmál sem hlutfall allra brota	Verkefni	Samtals
Akranes	11	1.315	178	1.493	119,5	78,7%	16,2	135,7
Akureyri	31,3	7.144	866	8.010	228,2	79,9%	27,7	255,9
Blönduós	6	2.723	86	2.809	453,8	96,8%	14,3	468,2
Bolungarvík	3	206	43	249	68,7	66,5%	14,3	83
Borgarnes	5,5	1.639	173	1.812	298	89,9%	31,5	329,5
Búðardalur	1	62	56	118	62	79,0%	56	118
Eskifjörður	7,3	801	194	995	109,7	73,3%	26,6	136,3
Hafnarfjörður	39	8.791	1.116	9.907	225,4	77,6%	28,6	254
Hólmavík	2	365	7	372	182,5	94,8%	3,5	186
Húsavík	9,6	713	149	862	74,3	84,4%	15,5	89,8
Hvolsvöllur	4	1.136	197	1.333	284	87,9%	49,3	333,3
Höfn	3,3	272	107	379	82,4	51,1%	32,4	114,8
Ísafjörður	12	1.296	208	1.504	108	76,1%	17,3	125,3
Keflavík	34,9	6.191	839	7.030	177,4	78,0%	24	201,4
Kópavogur	25,5	6.171	664	6.835	242	73,1%	26	268
Ólafsfjörður	2	195	59	254	97,5	70,3%	29,5	127
Patreksfjörður	4	261	64	325	65,3	58,2%	16	81,3
Reykjavík	267,8	41.256	6.145	47.401	154,1	66,1%	22,9	177
Sauðárkrókur	8,7	999	121	1.120	114,8	80,9%	13,9	128,7
Selfoss	24,3	4.574	665	5.239	188,2	80,8%	27,4	215,6
Seyðisfjörður	6,7	741	85	826	110,6	82,6%	12,7	123,3
Siglufjörður	3,9	173	40	213	44,4	71,1%	10,3	54,6
Stykkishólmur	9	932	197	1.129	103,6	84,2%	21,9	125,4
Vestmannaeyjar	12,5	1.135	232	1.367	90,8	57,0%	18,6	109,4
Vík	3	382	43	425	127,3	94,2%	14,3	141,7

Heimildir: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis varðandi fjölda lögreglumanna. Ársskýrsla ríkislögreglustjórans 2000 vegna fjölda brota og verkefna samkvæmt málaskrá.

Tafla 10.7 sýnir fjölda verkefna og brota á hvern lögreglumann skipt eftir embættum. Brot og verkefni á hvern lögreglumann eru flest á Blöndósi en fæst á Siglufirði. Í Reykjavík voru 177 brot og verkefni á hvern lögreglumann árið 2000 sem er svipað og meðaltal landsins í heild. Í töflunni eru ótalin ýmis verkefni sem ekki eru skráð í málaskrá.

Mynd 10.2. Innbyrðis hlutfall brota árið 2000, að undanskildum umferðarmálum, eftir umdæmum og brotaflokkum.



Mynd 10.2 sýnir innbyrðis hlutfall brota fyrir landið allt samkvæmt málaskrá árið 2000. Tæplega helmingur brota, annarra en umferðarmála, er auðgunarbrot, þar næst í röðinni koma eignaspjöll og svo áfengislagabrot. Kynferðisbrot og líkamsmeiðingar eru saman undir heitinu *Brot gegn lífi og líkama*. Keflavíkurflugvöllur og embætti ríkislögreglustjóra eru ekki tekin með á myndum 10.1 og 10.2 og í töflu 10.7. Heildarfjöldi brota byggist hins vegar á öllum brotum.

11. Hver var beinn kostnaður vegna eignatjóns í umferðinni árin 1990, 1995 og 2001?

1. Kostnaður vegna eignatjóns í umferðinni.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman umbeðnar upplýsingar og gefur einnig eftirfarandi skýringar.

Fjármálaeftirlitið hefur gögn frá íslenskum vátryggingafélögum um þær tvær vátryggingagreinar sem bæta eignatjón í umferðinni. Lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja bætir bæði eigna- og líkamstjón, en sundurliðun í þá tjónaflokka hófst 1995 í reglubundinni skýrslugjöf vátryggingafélaga til Fjármálaeftirlitsins. Frjálsar ökutækjatryggingar, þ.e. húftryggingar og framrúðutryggingar, bæta eingöngu eignatjón. Auk þess eignatjóns, sem bætt er af vátryggingafélögum, bera eigendur skemmdra ökutækja sjálfir umtalsvert tjón vegna sjálfsáhættu í frjálsum ökutækjatryggingum og vegna þess að mörg ökutæki eru ekki húftryggð. Eigið tjón eigenda skemmdra ökutækja hefur ekki verið áætlað.

Upplýsingar um árið 1990 eru, eins og áður segir, minna sundurliðaðar en þær nýrri. Uppgjör ársins 2001 liggur ekki fyrir, en nýjustu handbærar tölur eru sýndar í eftirfarandi töflu. Tölurnar eru byggðar á gögnum stóru vátryggingafélaganna þriggja og hækkaðar upp í samræmi við hlutdeild þeirra í heildartjóni til þess að fá mat á heildartölum. Allar tölur eru í milljónum króna á verðlagi 1. janúar 2001.

Tafla 11.1. Beinn kostnaður vegna eignatjóns á árunum 1990, 1995 og 2000.

Tjónaár	Munatjón bætt úr ábyrgðartryggingum ökutækja	Tjón bætt úr frjálsum ökutækjatryggingum	Eignatjón í umferðinni bætt af vátryggingafélögum
1990		953	
1995	1.664	949	2.613
2000	2.348	2.022	4.370

Heimildir: Fjármálaeftirlitið.

12. Hve mikil raunaukning hefur orðið á fjármunum sem varið hefur verið árlega frá árinu 1995 til 2002 til beinna aðgerða og forvarna gegn fíkniefnum? Óskað er nákvæmrar sundurliðunar á raunaukningu framlaga til einstakra þátta og skilgreiningar á því ef um tilfærslu hefur verið að ræða frá öðrum verkefnum, t.d. á sviði rannsókna eða annarra löggæsluþátta.

Frá árinu 1995–2002 hefur eftirfarandi raunaukning orðið á fjárveitingum til lögreglu vegna beinna aðgerða og forvarna gegn fíkniefnum:

Fjárlög 1997 – 35 millj. kr.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum bættist við nýtt viðfangsefni á fjárlögum 1997; átak í löggæslu vegna fíkniefnamála. Veitt var 35 millj. kr. í verkefnið og gerð framkvæmdaáætlun um nýtingu fjárveitingarinnar. Fíkniefnalögreglumönnum var í kjölfarið fjölgað um þrjá hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og um einn hjá embættunum á Akureyri, Ísafirði, Seyðisfirði og Sauðárkróki auk þess sem átak var gert í tækjakaupum. Jafnframt var bætt við lögreglumanni á fíkniefnastofu ríkislögreglustjóra. Gerð var sérstök starfslýsing fyrir fíkniefnalögreglumenn á landsbyggðinni, þar sem m.a. var lögð áhersla á að störf þeirra yrðu sýnileg, t.d. með forvarna- og fræðslustörfum, og að þeir sinntu verkefnum hver í sínum landsfjórðungi.

Fjárlög 2000 – 36 millj. kr.

Á fjárlögum árið 2000 var bætt við þremur nýjum fíkniefnalögreglumönnum hjá embættunum á Selfossi, Keflavík og Kópavogi, samtals 12 millj. kr. Með þessari fjölgun fíkniefnalögreglumanna var að því stefnt að efla skipulegt samstarf sem komið var á laggirnar af hálfu ríkislögreglustjóra með lögregluliðunum á suðvesturhorni landsins í baráttunni gegn fíkniefnum.

Jafnframt var bætt við einum starfsmanni hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vegna verkefna sem tengjast rannsóknum á fíkniefnabrotum, 4 millj. kr.

Að síðustu var bætt við fimm lögreglumönnum í Reykjavík, en stöðurnar voru samkvæmt fjárlögum ætlaðar til fíkniefnalöggæslu, aukins götueftirlits, grenndarlöggæslu og til að efla samstarf við nágrannaumdæmi.

Fjárlög 2001 – 50 millj. kr.

Á fjárlögum 2001 var í fyrsta lagi settur á laggirnar sjóður, 20 millj. kr., til þess að mæta sérstökum kostnaði við rannsóknir meiri háttar fíkniefnamála. Var þetta gert á grundvelli reynslu síðustu ára, þar sem oft hafði komið til óvæntra útgjalda vegna rannsókna stærstu málanna. Má í því sambandi nefna að á fjáraukalögum fyrir árið 1999 voru veittar 14,6 millj. kr. aukalega til lögreglustjórans í Reykjavík af þessum ástæðum og 8,6 millj. kr. til embættis ríkislögreglustjóra.

Í öðru lagi voru veittar 5 millj. kr. til þess að koma rekstri sporhunda og fíkniefnaleitarhunda á varanlegan grundvöll.

Í þriðja lagi var 25 millj. kr. varið til að efla löggæslu með því að fjölga lögreglumönnum, einkum á sviði fíkniefnalöggæslu. Bætt var við fimm lögreglumönnum hjá lögreglustjóranum í Reykjavík til að sinna fíkniefnalöggæslu og einum í Hafnarfirði.

Hér hefur einungis verið talin upp varanleg raunhækkun á framlögum til beinna aðgerða og forvarna gegn fíkniefnum, en samtals er hér um að ræða 121 millj. kr. frá árinu 1997. Ekki er um það að ræða að þessar fjárveitingar hafi verið fluttar frá öðrum verkefnum, hvorki á sviði lögregluransókna eða annarra löggæsluþátta. Þá er ótalin aukning sem orðið hefur á sama tíma á fjárveitingum til tollgæslu í aðgerðir gegn innflutningi fíkniefna. Jafnframt eru hér ekki taldar tímabundnar fjárveitingar vegna námskeiða og sérstakrar þjálfunar, tækjakaupa eða sérstakar fjárveitingar vegna umfangsmikilla rannsókna. Umræddir fjármunir skila sér hins vegar varanlega til fíkniefnalöggæslu í landinu í formi betri tækjabúnaðar og hæfari lögreglumanna. Að síðustu skal nefnt að aukning á framlögum til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, þar á meðal vegna fíkniefnalöggæslu, er ekki talin með.

13. Hver var áætlaður kostnaður við embætti ríkislögreglustjóra við stofnun embættisins 1997 og hvernig hefur hann þróast fram til þessa árs? Hver hefur orðið árleg þróun á fjölda starfsmanna frá stofnun embættisins, skipt eftir undirmönnum annars vegar og stjórnendum hins vegar?

13.1. Almennar upplýsingar.

Starfsmannafjöldi í upphafi.

Í september 1996 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að undirbúna gildistöku lögreglulaga, nr. 90/1996, og lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála. Í október 1996 var í nefndinni lögð fram áætlun um starfsmannafjölda við embætti ríkislögreglustjóra sem gerði ráð fyrir 31 starfsmanni, þar af 16 lögreglumönnum. Áætlanir í mars 1997 gerðu ráð fyrir 19 lögreglumönnum, fjórum lögfræðingum, þremur skrifstofumönnum og endurskoð-

anda í hlutastarfi, auk vaktmanna og starfsfólks í mötuneyti, samtals 32 starfsmönnum. Fjöldi starfsmanna byggðist ekki á endanlegri starfsmannaþörf hjá ríkislögreglustjóranum heldur var að mestu byggt á stöðufjölda hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og einni stöðu yfirlögregluþjóns í dómsmálaráðuneytinu, sem skipt var á milli ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður 1. júlí 1997. Þannig var í upphafi gengið út frá 31–32 starfsmönnum við stofnun embættisins.

Í drögum að skipuriti ríkislögreglustjórans í mars 1997 má sjá að sumir þættir voru vanáætlaðir, t.d. tölvumál, búnaðar- og fatamál, starfsmannamál, tölfræði o.fl. Við stofnun embættisins var fjölgað um tvo lögreglumenn frá því sem áætlun gerði ráð fyrir, þ.e. um aðstoðaryfirlögregluþjón og lögreglufulltrúa, en fækkað var vaktmönnum. Alls voru 32 starfsmenn hjá embætti ríkislögreglustjóra 1. júlí 1997, þar af 21 lögreglumaður. Þessu til viðmiðunar skal þess getið að alls voru 44 stöður lögreglumanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Við það bættust síðan starfsmenn útlendingaeftirlitsins.

Starfsmannafjöldi nú að frátöldum nýjum verkefnum.

Nú má segja að 34 starfsmenn sinni þeim viðfangsefnum sem 32 gerðu í upphafi. Alls 24 lögreglumenn starfa við þessi grunnviðfangsefni og hefur þeim fjölgað um þrjá frá upphafi. Aðrir lögreglumenn sinna nýjum viðfangsefnum. Þannig er ljóst að umfangsmikil viðfangsefni fluttust frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til ríkislögreglustjórans 1. júlí 1997.

Starfsmannafjöldi nú að meðtöldum nýjum verkefnum.

Í áætlun ársins 2002 er gert ráð fyrir 73 starfsmönnum við embættið. Vegna nýrra viðfangsefna er varða SIRENE-skrifstofu, fjarskiptamiðstöð, bílamiðstöð, sérsveit og umferðardeild, hefur starfsmönnum fjölgað um 39. Enn fremur hefur orðið aukning í þeim viðfangsefnum, sem komu frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, eða um fimm menn. Um er að ræða þrjá menn við rannsókn skatta- og efnahagsbrota, eina stöðu í fíkniefnastofu og stöðu yfirlögregluþjóns er færðist frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Starfsmönnum annars staðar hjá embættinu hefur aftur á móti verið fækkað, þ.e. í þáttum sem snúa að embættinu sjálfu.

Aukin starfsemi embættisins stafar fyrst og fremst af verkefnum sem færð hafa verið til ríkislögreglustjóra og varða einkum miðlæga styrkingu og þjónustu við öll 26 lögregluliðin í landinu.

Fjárveitingar í upphafi og hvernig kostnaður hefur þróast

Upphaflega, þ.e. vegna ársins 1997, var gert ráð fyrir 68,5 millj. kr. til starfseminnar en fjárveitingar til embættisins námu hins vegar 77,9 millj. kr. með tilfærslum. Raunkostnaður varð 5,9 millj. kr. umfram fjárheimildir sem dregnar voru af fjárveitingu ársins 1998. Þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður fluttust tilteknir þættir úr starfsemi hennar til ríkislögreglustjórans, svo sem skrifstofuhald, rannsókn skatta- og efnahagsbrota, tæknirannsóknir að hluta, rannsóknaraðstoð, Interpolskrifstofan, starfsmenn í mötuneyti, vaktmenn og rannsóknarnefnd til að bera kennsl á látna menn.

Þá er spurt um þróun kostnaðar frá upphafi fram til þessa árs. Um svör við því vísast til 14. kafla.

13.2. Skipting viðfangsefna í stórum dráttum eftir mannafla.

Tafla 13.1. Stjórnun, stjórnsýsla og rekstur embættis ríkislögreglustjóra.

10 menn **14%**	Þættir sem snúa að embættinu sjálfu hafa dregist saman. Þar má nefna að störf vaktmanna hafa verið lögð niður og sama er að segja um mötuneyti. Yfirstjórn er í höndum ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra og sviðsstjóra. Skrifstofuhald, bókhald og gjaldkerastörf eru í höndum skrifstofustjóra. Þá eru þrír skrifstofumenn, sem m.a. sinna móttöku, símsvörun, málaskráningu, frágangi sektarseðla fyrir öll lögregluembætti landsins og aðstoða við ljósritunarvinnu. Annað starfsfólk er ekki, svo sem ritarar, sendlar eða húsvörður svo dæmi séu tekin. Umbúnaður embættisins er þannig í algjöru lágmarki. – *Ríkislögreglustjóri* stýrir embætti ríkislögreglustjóra og fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra. Sviðsstjórar hafa, auk fjármála- og rekstrarábyrgðar, með höndum föst viðfangsefni, svo sem: – *Vararíkislögreglustjóri:* staðgengill ríkislögreglustjóra, yfirstjórn alþjóðadeildar og skrifstofuhalds embættisins, formennska í PTN-samstarfinu (lögreglu- og tollasamstarf á Norðurlöndum), norrænir samstarfsfundir, ábyrgð á fundarsetu vegna Schengen, lögfræðileg úrlausnarefni, umsagnir fyrir Alþingi o.fl. – *Saksóknari:* saksókn í skatta- og efnahagsbrotum, öryggismál ríkisins og erlend samskipti. – *Yfirlögregluþjónar:* öryggismál vegna æðstu stjórnar og sendiráða, skipulag öryggisgæsluverkefna og umferðarskipulags, starfsmannamál lögreglunnar, rannsóknaraðstoð, innra eftirlit, ársskýrslugerð, svör við fyrirspurnum, ábyrgð á fundarsetu vegna Schengen-nefnda, erlend tengsl, gerð reglna og leiðbeininga fyrir lögreglu og málefni er varða framgang hennar og uppbyggingu. Til þessara viðfangsefna fara um 14% vinnuframlagsins, eins og fram kemur hér til hliðar, eða sem svarar til tíu starfsmanna af 73.
25 menn **34%**	**Sérstök löggæsluverkefni** Fjarskiptamiðstöð fyrir lögregluna í landinu, bílamiðstöð, sérsveit og umferðardeild eru hluti af löggæslu í landinu, en heyra undir ríkislögreglustjórann af hagkvæmnisástæðum og vegna þess að um er að ræða verkefni á landsvísu. Enn fremur falla undir þetta viðfangsefni vegna einkennisfatnaðar og búnaðar lögreglu fyrir öll lögreglulið landsins.
6 menn **8%**	**Rannsóknaraðstoð** Tæknirannsóknarstofa vinnur að verkefnum fyrir lögregluna í landinu. Þá er lögregluliðunum veitt almenn rannsóknaraðstoð og ríkissaksóknara veitt aðstoð við rannsóknir kærumála á hendur lögreglumönnum. Einnig flokkast seta í nefndum og vinnuhópum um afbrot og í samráðshópi um málefni neyðarmóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss.
9 menn **12%**	**Rannsókn skatta- og efnahagsbrota – efnahagsbrotadeild** Alls vinna níu manns að rannsókn skatta- og efnahagsbrota. Til viðbótar eru tvær stöður vegna rannsóknaraðstoðar og staða saksóknara, en viðfangsefni þeirra eru tekin með undir öðrum liðum hér að framan. Enn fremur hafa viðfangsefni tengd öryggismálum ríkisins og baráttu gegn skipulagðri brota- og glæpastarfsemi komið sem viðbót við önnur viðfangsefni.
13 menn **18%**	**Alþjóðadeild** Samtals eru ellefu stöður vegna SIRENE-skrifstofunnar og vegna eftirlits lögreglustjóra með útlendingum, sem yfirvöld ákváðu að fela embættinu. Þá er rétt að nefna PTN-samstarfið.
5 menn **7%**	**Forvarnir, fíkniefnamál, innra eftirlit, tölfræði og þróun afbrota** Stjórnvöld hafa lagt aukna áherslu á afbrotaforvarnir og baráttuna gegn fíkniefnavandanum. Fíkniefnastofa ríkislögreglustjórans gegnir mikilvægu hlutverki í því sambandi. Þá er unnið að upplýsingaöflun varðandi stöðu og þróun afbrota.
2 menn **3%**	**Leyfisveitingar og alþjóðleg lögreglustörf** Hér er um að ræða ýmis leyfi sem áður voru hjá ráðuneytum fjármála og dómsmála. Þá koma einnig til viðfangsefni vegna lögreglustarfa í alþjóðlegum lögreglusveitum, m.a. vegna starfa íslenskra lögreglumanna að friðargæslu.
3 menn **4%**	**Tölvudeild** Deildin hefur m.a. með að gera miðlæg landskerfi lögreglunnar, rekstur netþjóns SIRENE-skrifstofunnar og umsjón með net- og símkerfi embættisins.

Breytingar hafa verið gerðar á rekstrarfyrirkomulagi með það að markmiði að ná fram meiri skilvirkni og minnka kostnað. Þetta hefur skilað sér í því að stærra hlutfall af starfsemi embættisins snýr beint að eflingu lögreglunnar í landinu.

Helsta breytingin á starfsmannahaldi felst í því að á árunum 1999–2000 voru verkefni á landsvísu og stöðuheimildir færðar til embættisins frá lögreglustjóranum í Reykjavík. Hér

er um að ræða sérsveitina, fjarskiptamiðstöðina og bílamiðstöðina. Þá var stofnuð umferðardeild ríkislögreglustjóra sem þjónar öllum lögregluumdæmum landsins, og SIRENE-skrifstofa í tengslum við Schengen-samstarfið en stjórnvöld ákváðu að fela ríkislögreglustjóranum rekstur hennar. Markmið breytinganna er að auka þjónustuna við lögregluembættin og gera rekstur lögreglunnar hagkvæmari. Rekstur embættisins er að meginhluta til viðfangsefni sem með einum eða öðrum hætti varðar aðstoð og þjónustu við lögregluliðin í landinu og uppbyggingu löggæslunnar að öðru leyti. Rekstrarkostnaður embættisins á árunum 1997–2001 er í heildina innan fjárheimilda. Umfang rekstrarins hefur þannig ekki aukist umfram heimildir Alþingis.

13.3. Helstu viðfangsefni sviða.

Svið 1	Svið 2	Svið 3	Svið 4	Svið 5
Stjórnsýsluverkefni og rekstur, svo sem fjármálastjórn og bókhald, áætlanagerð, skjalavarsla, sektarboð.	Öryggismál vegna æðstu stjórnar og sendiráða.	Starfsmannamál lögreglu.	Tæknirannsóknir, aðstoð við lögregluembættin. Fingrafara- og ljósmyndasafn o.fl.	Rannsókn og saksókn skatta- og efnahagsbrota.
Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu.	Sérsveit lögreglu og annar vopnaður viðbúnaður.	Málefni nema í Lögregluskóla ríkisins.	Rannsóknarnefnd til að bera kennsl á látna menn.	Peningaþvætti og meðferð upplýsinga um fjármuna- og efnahagsbrot.
Eftirlit lögreglustjóra með útlendingum.	Lögreglustörf í alþjóðlegum lögreglusveitum.	Valnefnd.	Fíkniefnastofa.	Rannsókn brota gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum.
Landamæraeftirlit.	Umferðardeild.	Skipulag/uppbygging lögregluliða.	Forvarnir.	Aðstoð við lögreglustjóra við rannsóknir opinberra mála, þ.m.t. tölvubrot.
Lögfræðilegar álitsgerðir og umsagnir.	Leyfisveitingar og skotvopnaskrá lögreglu.	Tölvumál.	Menntun/fræðslumál.	Öryggismál ríkisins.
	Rekstur bílamiðstöðvar, einkennisfatnaður og búnaður lögreglu.	Stefnumörkun um landskerfi lögreglu og aðgangsstýringu, umsjón með landskerfum lögreglu og þjón-usta við notendur þeirra.	Handbækur og ársskýrsla.	
	Lögreglustöðvar og búnaður.		Tölfræðiupplýsingar og útgáfa.	
	Fjarskiptamiðstöð lögreglu.	Innra net ríkislögreglustjórans og heimasíða lögreglunnar.	Innra eftirlit.	
	Leit og björgun.			

Heimildir: Skipurit ríkislögreglustjórans 22. október 2001.

13.4. Stöðuheimildir 1997–2002.

Tafla 13.2. Skipting mannafla.

Stöðuheimildir 1997–2001	1997	1998	1999	2000	2001		Rekstrareining	Áætlun 2002	
Yfirstjórn	6	7	7	6	6	1	Ríkislögreglustjóri	1	6
Ríkislögreglustjóri						1	Svið 1	1	
Svið 1 (vararíkislögreglustjóri)						1	Svið 2	1	
Svið 2 (yfirlögregluþjónn)						1	Svið 3	1	
Svið 3 (yfirlögregluþjónn)						1	Svið 4	1	
Svið 4 (yfirlögregluþjónn)						1	Svið 5	1	
Svið 5 (saksóknari)						0	Útlendingaeftirlit	0	
Framkvæmdastjóri útlendingaeftirlitsins 1. júlí 1997–30. september 1999							(Fjöldi starfsmanna eftir sviðum er einnig tilgreindur fyrir árin 2001 og 2002 og raðað eftir stöðuheitum)		
Löglærðir fulltrúar	2	2	2	2	2	0	Svið 1	0	2
						2	Svið 5	2	
Aðstoðaryfirlögregluþjónar	7	8	9	10	10	1	Svið 1	1	10
						5	Svið 2	5	
						1	Svið 3	1	
						2	Svið 4	2	
						1	Svið 5	1	

Stöðuheimildir 1997–2001	1997	1998	1999	2000	2001		Rekstrareining	Áætlun 2002	
Lögreglufulltrúar	7	11	19	21	22	7	Svið 1	7	22
						1	Svið 2	1	
						1	Svið 3	1	
						5	Svið 4	5	
						8	Svið 5	8	
							Útlendingaeftirlit		
Aðalvarðstjórar	0	0	2	8	8	8	Svið 2	8	8
Rannsóknarlögreglumenn	7	6	0	0	0	0	Svið 4	0	0
						0	Svið 5	0	
							Útlendingaeftirlit		
Varðstjórar/aðstoðar-varðstjórar/sumarafl.	0	0	1	15	14	14	Svið 2	14	14
Skrifstofumenn/ sérfræðingar	6	6	7	10	10	9	Svið 1	9	11
						0	Svið 3	1	
						1	Svið 4	1	
							Útlendingaeftirlit		
Mötuneyti	2	2	2	0	0	0	Svið 1	0	0
Samtals	**37**	**42**	**49**	**72**	**72**	**72**		**73**	**73**

Tafla 13.3. Skipting stöðuheimilda eftir sviðum.

Rekstrareiningar	1998	1999	2000	2001	2002
Ríkislögreglustjóri	1	1	1	1	1
Svið 1	11	11	17	18	18
Svið 2	4	9	30	29	29
Svið 3	2	3	3	3	4
Svið 4	10	11	11	9	9
Svið 5	8	8	10	12	12
Útlendingaeftirlitið	6	6	0	0	0
Samtals	**42**	**49**	**72**	**72**	**73**

Skýringar Starfsmenn embættisins voru í upphafi 32 og við það bættust síðan starfsmenn útlendingaeftirlitsins sem heyrðu undir embættið frá 1. júlí 1997 til 1. október 1999. Á árinu 1998 voru tvær stöður færðar til ríkislögreglustjórans frá lögreglustjóranum í Reykjavík, staða aðstoðaryfirlögregluþjóns og yfirlögregluþjóns. Tveir starfsmenn í mötuneyti voru hver um sig í 75% vinnu.

Svið 1 Árið 2000 var fjölgað í alþjóðadeild um fjórar stöður lögreglumanna og fjórar stöður sérfræðinga vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þá færðist einn lögreglufulltrúi frá sviði 4 til sviðs 1 vegna eftirlits með útlendingum. Mötuneyti starfsmanna var lagt niður árið 2000. Þá er ótalin vinna við ræstingar sem eru á ári um 2,5 millj. kr.

Svið 2 Árið 1998 færðist staða aðstoðaryfirlögregluþjóns til sviðsins frá lögreglunni í Reykjavík. Var þetta upphaflega vegna umferðarmála, en tengdist síðan uppgjöri vegna færslu sérsveitarinnar til embættisins, auk þess sem tvær stöður fylgdu sérsveitinni. Þá var aðalvarðstjóri ráðinn í umferðardeildina um haustið. Árið 1999 var einn varðstjóri ráðinn í umferðardeildina, árið 2000 komu fjórar stöður og tvær árið 2001. Fjórar af þessum átta stöðum í umferðardeild eru greiddar af Vegagerðinni samkvæmt samningi milli embættanna. Árið 1999 færðist staða aðstoðaryfirlögregluþjóns frá sviði 4 til sviðs 2. Árið 1998 var fjölgað um eina stöðu vegna gildistöku nýrra áfengislaga og vopnalaga en umfangsmikil verkefni færðust þá frá dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti til embættisins. Þá færðist aðstoðaryfirlögregluþjónn frá sviði 1 til sviðs 2. Árið 2000 var fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans stofnuð, með tilfærslu verkefna og mannafla. Sama gerðist með bílamiðstöð lögreglunnar. Á árinu 2001 var tilfærsla verkefna, sem sparar tímabundið mannskap á sviðinu.

Svið 3 Árið 1998 voru tveir starfsmenn á sviðinu, yfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi. Á árinu 1999 var staða lögreglufulltrúa gerð að stöðu aðstoðaryfirlögregluþjóns og ráðið til viðbótar í stöðu lögreglufulltrúa. Árið 2002 var ráðið í stöðu tölvumanns (netstjóra) vegna verkefna sem embættið yfirtók frá tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Sérstök fjárveiting fylgir stöðuheimildinni.

Svið 4 Árið 1998, eftir að skipulag sviðsstjóra var sett á í nóvember, voru stöðuheimildir tíu, þ.e. yfirlögregluþjónn, þrír aðstoðaryfirlögregluþjónar, þrír lögreglufulltrúar og þrír rannsóknarlögreglumenn, en tveir þeirra voru á árinu 1998 tímabundið í öðrum verkefnum. Á árinu 1999 fékkst fjölgun um eina stöðu til eftirlits með útlendingum, en árið eftir færðist sú staða til sviðs 1. Þá var staða eins aðstoðaryfirlögregluþjóns flutt yfir á svið 2 en í staðinn ráðið í eina stöðu lögreglufulltrúa í fíkniefnastofu. Árið 2000 var fjölgað um eina stöðu í fíkniefnastofu. Tveir menn voru síðan fluttir yfir á svið 5 árið 2001.

Svið 5 Árið 1997 voru starfsmenn efnahagsbrotadeildar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sex, en við stofnun ríkislögreglustjórans var fjölgað um einn. Árið 2000 voru stöðurnar tíu. Hinn 22. október 2001 var skipuriti embættisins breytt og færðust þá tvær stöður ásamt verkefnum frá sviði 4 til sviðs 5. Var með þessu verið að samnýta skylda rannsóknarþætti og skerpa skil milli viðfangsefna sviðanna og bregðast við nýjum viðfangsefnum vegna hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Starfsmenn er nú tólf. Verkefnaþungi deildarinnar hefur aukist verulega á síðustu árum.

Tafla 13.4. Ný og heföbundin viðfangsefni.

Sundurliðun	1997	1998	1999	2000	2001	2002	
Starfsmannafjöldi RLS og útlendingaeftirlits	**37**	**42**	**49**				
Lögreglumenn	23	28	35				
Aðrir starfsmenn	14	14	14				
Starfsmenn RLS	**32**	**36**	**43**	**72**	**72**	**73**	Fastar stöður lögreglumanna eru nú 55. Því til viðbótar er ein tímabundin staða vegna formennsku Íslands í PTN-samstarfinu og ein staða við sumarafleysingar í umferðardeild.
Lögreglumenn	21	25	32	57	57	57	
Aðrir starfsmenn	11	11	11	15	15	16	
Ný viðfangsefni	**0**	**2**	**8**	**37**	**38**	**39**	Ný viðfangsefni eru: umferðardeild, sérsveit, fjarskiptamiðstöð, SIRENE-skrifstofan, leyfaútgáfa, bílamiðstöð og eftirlit með útlendingum.
Lögreglumenn	0	2	8	32	33	33	
Aðrir starfsmenn	0	0	0	5	5	6	
Heföbundin viðfangsefni	**32**	**34**	**35**	**35**	**34**	**34**	Hér kemur fram fjöldi starfsmanna við þá verkefnaflokka sem ráð var fyrir gert í upphafi, að teknu tilliti til fækkunar vegna niðurlagningar vakt- og mötuneytisþjónustu. Ekki eru teknar með stöður tveggja ræstingarmanna, sem vinna í hlutastarfi. Töluverður hluti þeirra lögreglumanna sem hér eru tilgreindir sinnir viðfangsefnum sem fluttust frá Rannsóknarlögreglu ríkisins við niðurlagningu hennar.
Lögreglumenn	21	24	24	25	24	24	
Aðrir starfsmenn	11	10	11	10	10	10	

Tafla 13.5. Flokkun viðfangsefna m.t.t. fjölgunar starfsmanna.

Ný viðfangsefni		Önnur fjölgun starfsmanna	
Umferðardeild (1998–2001)	8 lögreglumenn	**Yfirstjórn** (1998)	1 yfirlögregluþjónn
Sérsveit (1999)	2 lögreglumenn	**Fíkniefnastofa** (2000)	1 sérfræðingur
Alþjóðadeild (2000 og 2001)	6 lögreglumenn	**Efnahagsbrotadeild** (1998 og 2000)	3 lögreglumenn
SIRENE/PTN/EUROPOL	5 sérfræðingar		
Tölvudeild (1999 og 2002)	1 lögreglumaður 1 sérfræðingur	*Til athugunar:* Flestöll störfin hér að ofan fela einnig í sér ný viðfangsefni hjá ríkislögreglustjóranum, þó svo að sumu leyti sé verið að takast á við aukinn þunga í verkþáttum sem fyrir voru. Þannig hefur uppbygging embættisins verulega eflt löggæsluna í landinu.	
Áfengis- og vopnalagadeild (1999)	1 lögreglumaður		
Bílamiðstöðin (2000)	1 lögreglumaður		
Fjarskiptamiðstöð (2000)	14 lögreglumenn	Tilfærsla frá lögreglunni í Reykjavík vegna fjarskiptamiðstöðvar gekk út frá 15 mönnum. Ráðnir voru 14 menn, en ein staðan var notuð til að fjármagna annan rekstur fjarskiptamiðstöðvar.	
Samtals	**39 stöður**	**Samtals 5 stöður**	

Ártölin í svigum hér að framan sýna árin sem fjölgun starfsmanna átti sér stað.

Myndræn samantekt.

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan er fjölgun stöðugilda hjá ríkislögreglustjóranum að meginstofni vegna nýrra viðfangsefna. Á þeirri mynd sem sýnd er hér að aftan

kemur fram starfsmönnum hjá embættinu hefur sáralítið fjölgað í þeim þáttum sem sérstaklega var horft til við stofnun embættisins. Í yfirlitum eru ekki teknar með stöður við ræstingar, sem eru hlutastörf og gert ráð fyrir 2,5 millj. kr. kostnaði vegna þeirra árið 2002.

Þar sem talað er um „grunn“ í súluritinu er átt við viðfangsefni ríkislögreglustjórans eins og þau voru í upphafi, þ.e. árið 1997. Aðrar stöður sem fram koma í súluritinu eru vegna tilfærslu á mannafla og verkefnum frá lögreglunni í Reykjavík eða nýrra viðfangsefna sem veitt er fjárveiting fyrir samkvæmt fjárlögum og nýtast lögreglunni í landinu. *Starfsmenn útlendingaeftirlits eru ekki teknir með í mynd 13.1 og töflu 13.6.*

Mynd 13.1. Þróun í fjölda starfsmanna hjá ríkislögreglustjóranum 1997–2002 eftir verkefnaflokkum.



Tafla 13.6. Breytingar á fjölda lögreglumanna eftir stöðuheitum.

Breytingar á fjölda lögreglumanna eftir stöðuheitum	1. júlí 1997. Fjöldi lögreglumanna í upphafi	1. janúar 2002. Fjöldi lögreglumanna nú	Nánari sundurliðun viðfangsefna	
			Ný	Grunnur
Yfirlögregluþjónar	2	3		3
Aðstoðaryfirlögregluþjónar	7	10	5	5
Lögreglufulltrúar	6	22	6	16
Aðalvarðstjórar	0	8	8	0
Rannsóknarlögreglumenn[1]	6	0	0	0
Varðstjórar/aðstoðarvarðstjórar	0	14	14	0
Lögreglumenn samtals	**21**	**57**	**33**	**24**
Aðrir en lögreglumenn	11	16	6	10
Starfsmenn alls	**32**	**73**	**39**	**34**

[1] Árið 1999 var stöðum rannsóknarlögreglumanna við embættið breytt í stöður lögreglufulltrúa, aðallega til þess að nýta mannafla betur.

Viðfangsefnin.

Yfirlit það sem hér fer á eftir er miðað við þá starfsmenn sem starfa nú hjá ríkislögreglustjóranum og komu vegna fjölgunar stöðuheimilda. Auk þeirra sem hér verða tilgreindir hafa fjórir núverandi lögreglumenn verið ráðnir í stöður sem losnuðu, en um er að ræða stöður sem mannaðar hafa verið frá stofnun embættisins og eru því tölulegum samanburði um fjölgun stöðugilda óviðkomandi.

Tafla 13.7. Ný viðfangsefni.

	Ný verkefni	Til umferðarmála	SIRENE-skrifstofan PTN	Önnur verkefni
Fjöldi lögreglumanna	17	7+1	6	5

Mynd 13.2. Hlutfallsleg fjölgun lögreglumanna.



Á mynd 13.2 kemur fram hlutfallsleg skipting þeirra stöðuheimilda sem fjölgað hefur verið um hjá embættinu frá stofnun þess. Af þeim fóru 69% beint til þjónustu við lögregluliðin í landinu, þ.e. 47% vegna nýrra verkefna, aðallega frá lögreglunni í Reykjavík, og 22% vegna umferðarmála. Má nefna að árið 2000 færðust verkefni þriggja lögreglumanna hjá lögreglunni í Reykjavík, við eftirlit með ökuritum um landið allt, í samvinnu við Vegagerðina, til umferðardeildar ríkislögreglustjórans. Tilgangur þessara breytinga er að efla löggæsluna á landinu öllu. Af því 31% sem eftir er fara flestar stöðurnar til nýrra verkefna í alþjóðadeild og efnahagsbrotadeild.

Nánari skýring starfseininga.
Umferðareftirlit.

Fyrstu heimildir um umferðareftirlit lögreglu á þjóðvegum landsins eru frá árinu 1937. Árið 1968, í tengslum við breytingu yfir í hægri umferð, gerði lögreglan í Reykjavík út sex eftirlitsbifreiðar á þjóðvegum á sumrin, en fjórar á veturna. Árið 1979 setti dómsmálaráðuneytið reglur um þjóðvegaeftirlit þar sem tekið er fram að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skuli starfrækt þjóðvegalögregla og að dómsmálaráðuneytið skuli ákveða fjölda þeirra lögreglumanna er starfa við hana. Árið 1995 var þjóðvegaeftirlit lögreglunnar í Reykjavík, sem heyrði undir umferðardeildina, lagt af og færðust viðfangsefnin til viðkomandi lögregluembætta samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík og dómsmálaráðuneytisins, enda talið að embættin sjálf gætu haldið úti því eftirliti, hvert í sínu umdæmi. Þá var um árabil samstarf Vegagerðarinnar og lögreglunnar um eftirlit með öxulþunga og önnur verkefni sem til féllu og stuðluðu að bættu umferðaröryggi. Því eftirliti var haldið úti á óeinkenndri bifreið. Miðlægt þjóðvegaeftirlit var síðan endurvakið árið 1998 af dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra. Það ár fluttust fjárheimildir vegna eftirlits með ökuritum frá dómsmálaráðuneytinu til ríkislögreglustjórans, sem gerði uppbyggingu og rekstur umferðardeildarinnar mögulegan.

Umferðardeild ríkislögreglustjórans sinnir umferðareftirliti á þjóðvegum landsins og hefur hún til umráða öndunarsýnabifreið með fullkomnum búnaði til að taka öndunarsýni af ökumönnum sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Bifreiðin var tekin í notkun árið 1998. Aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, sem þar hafði með höndum stjórn umferðarmála, var um mitt árið 1998 fluttur til ríkislögreglustjórans til að vinna að umferðarmálefnum á landsvísu. Í byrjun árs 1999 voru tveir lögreglumenn, aðalvarðstjóri og varðstjóri, ráðnir til ríkislögreglustjórans og má segja að grunnur að þessari starfsemi hafi verið lagður. Embættið

hafði frá árinu 1997 haft tvær ómerktar lögreglubifreiðar með sérstökum myndavélum við umferðareftirlit, sem voru mannaðar af lánsmönnum frá lögregluliðum þar til árið 1999. Síðan hafa starfsmenn embættisins séð um þetta viðfangsefni.

Nú er þessi deild skipuð sjö lögreglumönnum, auk þess sem ein stöðuheimildin er nýtt til sumarafleysinga. Umferðardeildin starfar m.a. með Vegagerðinni við þjóðvegaeftirlit um allt land en sérstakur samningur hefur verið gerður milli ríkislögreglustjórans og Vegagerðarinnar í þessum efnum og leggur Vegagerðin verulegt fjármagn til þessa verkefnis. Samtals er ráðstafað til þess fjórum bifreiðum sem Vegagerðin leggur til mannaðar eru starfsmönnum hennar og lögreglumönnum umferðardeildar. Á veturna, í u.þ.b. þrjá mánuði, er bifreiðunum fækkað í þrjár. Umferðardeildin gerir auk þess út þrjár bifreiðar. Eflir þetta umferðareftirlit um land allt með skipulögðum aðgerðum á þjóðvegunum. Í bifreiðum umferðardeildarinnar eru afar dýr tæki (öndunarsýni og myndavélar) sem ekki er unnt að kaupa til sérhvers lögregluliðs, auk þess sem á tækin þarf mikla þjálfun. Þá hafa ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórar gert samstarfssamninga sín í milli um sameiginleg verkefni og aðgerðir. Auk þess er mikið samstarf víða um land í umferðarmálum.

Fram til ársins 2000 sinntu fjórir lögreglumenn frá lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri, eftirliti með ökuritum í samvinnu við Vegagerðina, en það var greitt af fjárveitingu til ríkislögreglustjórans. Umferðardeild ríkislögreglustjórans tók síðan við verkefninu árið 2000 og sameinaði það þjóðvegaeftirlitinu. Þannig var farið að sinna almennu umferðareftirliti með ökuritaeftirlitinu og embættin þurftu ekki lengur að leggja til mannskap vegna þess.

Á árinu 2001 voru kærur umferðardeildar ríkislögreglustjórans 3.389 eða rúmlega 5% umferðarlagabrota. Mál sem umferðardeild ríkislögreglustjórans stofnar til eru skráð á embætti þess umdæmis þar sem brot var framið.

Sérsveit.

Með gildistöku reglugerðar um sérsveit ríkislögreglustjórans 1. janúar 1999 fluttist rekstur sérsveitarinnar frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þessu viðfangsefni fylgdu tvær stöður lögreglumanna. Þrátt fyrir breytinguna eru aðrir liðsmenn sveitarinnar í daglegum störfum hjá lögreglunni í Reykjavík, auk þess sem tveir eru hjá lögreglunni á Akureyri.

Í reglugerðinni kemur fram að sérsveit ríkislögreglustjórans skuli takast á við vopnuð lögreglustörf og öryggismál þegar þörf krefur, hvar sem er á landinu og innan efnahagslögsögu þess. Við störf sín lýtur sérsveitin ávallt yfirstjórn ríkislögreglustjórans vegna vopnaðra lögreglustarfa og öryggismála. Þessi tilfærsla á umræddum tveimur starfsmönnum rýrir ekki á nokkurn hátt starf lögreglunnar í Reykjavík enda færðust viðfangsefni frá því embætti. Skipulag vegna opinberra heimsókna, öryggisgæsla, vinna við viðbragðsáætlanir og þjálfun sérsveitarmanna færðist einnig til ríkislögreglustjórans. Þá koma starfsmennirnir að undirbúningi umfangsmikilla stórviðburða, svo sem kristnihátíðar á árinu 2000 og Nató-fundar í maí næstkomandi, svo dæmi séu tekin.

Sveitin styrkir löggæslu í Reykjavík og á landinu öllu eftir tilefni hverju sinni. Þá hefur embættið ráðstafað einni stöðu með tilfærslum á mannafla milli sviða í þágu öryggismála ríkisins.

Tölvudeild.

Árið 1999 var bætt við starfsmanni í tölvudeild embættisins, enda var starfið orðið ofviða þeim eina starfsmanni sem því sinnti. Þar kom aðallega til að við stofnun embættisins var komið á nýju og samræmdu sektakerfi fyrir allt landið, auk þess sem lögregluembættin tengdust inn á miðlægt málaskrárkerfi lögreglunnar. Með tilkomu fjarskiptamiðstöðvarinnar

fjölgaði viðfangsefnum einnig töluvert. Með breytingu á 5. gr. lögreglulaga, með lögum nr. 15/2000, eru enn ríkari skyldur lagðar á embættið varðandi miðlægan gagnagrunn lögregluembættanna. Starfsmenn tölvudeildar þjóna öllum lögregluembættunum með landskerfi lögreglunnar.

Á árinu 2001 ákvað dómsmálaráðuneytið að fela tölvudeild tiltekin viðfangsefni, sem áður höfðu verið hjá tölvumiðstöð ráðuneytisins. Hér er um að ræða verkefni er tengjast SIRENE-skrifstofunni vegna aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu.

Alþjóðadeild.

Eitt af viðfangsefnunum vegna Schengen-aðildar er athugun mála í SIS-gagnagrunninum, þar sem m.a. er lýst eftir einstaklingum til handtöku og framsals. Í 108. gr. Schengen-samningsins er mælt fyrir um að hver samningsaðili skuli tilnefna yfirvald sem ber meginábyrgð á viðkomandi landseiningu Schengen-upplýsingakerfisins. Er hér um að ræða svonefnda SIRENE-skrifstofu sem er samskiptaskrifstofa sem annast upplýsingamiðlun og margt annað sem varðar rekstur SIS. Ríkislögreglustjórinn hefur með höndum starfrækslu SIRENE-skrifstofunnar og ber ábyrgð á rekstri hennar. Til þessa nýja verkefnis var á fjárlögum veitt fé fyrir stöðum ellefu starfsmanna. Ótvírætt hagræði hefur reynst vera af því að reka SIRENE-skrifstofuna innan vébanda alþjóðadeildar og hefur þess verið getið við úttektir sem gerðar hafa verið af alþjóðlegum úttektarnefndum sem komið hafa hingað til lands. Alþjóðadeild hefur hlotið sérstakt lof þeirra fyrir uppbyggingu og starfsemi.

Hjá alþjóðadeild er sinnt samskiptum við lögregluyfirvöld annarra landa allan sólarhringinn auk þess sem hún er lögregluembættunum til stuðnings og aðstoðar vegna landamæraeftirlits og annarra málefna útlendinga. Deildin er fyrst og fremst í þjónustuhlutverki gagnvart lögreglunni á Íslandi þegar mál teygja anga sína úr landi og að sama skapi gagnvart lögreglu erlendis. Vegna Schengen-aðildar er sólarhringsvaktar krafist allt árið og miðast starfsmannafjöldi við það. Þá var bætt við einni stöðu vegna eftirlits með útlendingum.

Enn fremur koma mörg verkefni til kasta alþjóðadeildar um samskiptakerfi Interpol. Um er að ræða samskiptakerfi sem nær til allra 179 aðildarríkjanna og hefur það sannað ágæti sitt við meðferð ýmissa mála.

Hinn 28. júní 2001 var gerður samstarfssamningur milli Íslands og Europol (löggæslustofnunar Evrópu) og um miðjan febrúar sl. var svo komið á beinlínusambandi við aðalstöðvar Europol. Fyrirsjáanleg eru aukin samskipti við Europol.

PTN (Politi og Told I Norden)lýtur að samstarfi lögreglu- og tollyfirvalda á Norðurlöndum. Upphafið má rekja til fundar norrænna dómsmálaráðherra 1982. Samstarfinu var komið á formlegan grundvöll 1984. Það byggist m.a. á svonefndu sambandsmannakerfi sem felst í því að Norðurlönd hafa sent 35 sambandsmenn til 16 landa ýmist frá lögreglu eða tolli. Sambandsmenn þessir vinna fyrir öll Norðurlöndin og miðla upplýsingum um brotastarfsemi að beiðni þeirra. Komið hefur verið á fót átta sérverkefnum (prógrömmum) og er eitt Norðurlandanna ábyrgt fyrir hverju verkefni. Starfssvið PTN-samstarfsins tekur nú til allra brota sem fara á milli landa, svo sem umhverfisbrota, geislavirkra efna, smygls á hátollavöru, ólöglegrar verslunar með fornmuni, barnakláms og smygls á fólki. Ísland fer nú í fyrsta sinn með formennsku í samtökunum frá 2001 og fer vararíkislögreglustjóri með formennskuna í tvö ár.

Áfengis- og vopnalagadeild.

Með gildistöku áfengislaga, nr. 75/1998, og vopnalaga, nr. 16/1998, færðust viðamikil verkefni frá ráðuneytum dómsmála og fjármála til ríkislögreglustjórans, svo sem ýmiss konar

leyfisveitingar og samræming í störfum lögreglu. Við gildistöku nýju laganna var stofnuð sérstök áfengis- og vopnalagadeild við embættið og bætt við einni stöðu. Þá hefur verið komið á miðlægri skotvopnaskrá fyrir landið allt.

Fjarskiptamiðstöð.

Árið 2000 fór fram endurnýjun á fjarskiptabúnaði lögreglunnar á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Samhliða þessu var fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans sett á stofn og í júní sama ár færðist fjarskiptaþjónusta lögreglustjórans í Reykjavík til embættisins. Þá hafa önnur embætti gengið inn í þessa þjónustu, sem er í samstarfi við Neyðarlínuna hf. Það eru embættin í Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík, á Keflavíkurflugvelli og Selfossi. Tekið var í notkun nýtt og fullkomið fjarskiptakerfi og er stefnt að því að fjarskiptamiðstöðin þjóni öllum lögregluembættunum í framtíðinni.

Fjármagn við mannahald lögreglunnar í Reykjavík vegna fjarskiptaþjónustunnar fluttist til ríkislögreglustjórans, sem ber kostnað af rekstri fjarskiptamiðstöðvarinnar. Til starfa voru ráðnir 14 manns. Þetta fyrirkomulag eykur öryggi borgaranna og er til þess fallið að stytta útkallstímann og stórauka skipulögð viðbrögð og samstarf lögregluliðanna, til dæmis þegar alvarleg slys verða eða grípa þarf til aðgerða sem ná til fleiri en eins umdæmis á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Fyrirkomulagið eykur einnig öryggi lögreglumanna enda auðveldara og fljótlegra að bregðast við beiðni um aðstoð úr öðru umdæmi. Aukin samvinna lögregluliðanna á svæðinu er til hagræðis og öryggis.

Fjarskiptamiðstöðin hefur vakið sérstaka athygli erlendis vegna þeirrar hugsunar sem að baki býr og náins samstarfs margra lögregluliða, Neyðarlínunnar hf. og slökkviliðs.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn ríkislögreglustjórans var skipuð fimm mönnum árið 1997 en framkvæmdastjóri útlendingaeftirlitsins bættist við árið 1998. Um haustið ákvað þáverandi dómsmálaráðherra að fjölga um einn yfirlögregluþjón hjá embættinu. Þar var m.a. horft til undirbúnings vegna Schengen-aðildar og úttekta og breytinga sem gera þurfti á landamæraeftirliti. Tilgangurinn var einnig að auka þjónustu og aðstoð við lögreglustjórana, m.a. vegna fíkniefnamála og koma að nýjum viðfangsefnum, svo sem ársskýrslugerð, uppbyggingu tölvukerfa, tölfræðiupplýsingum um afbrot og innra eftirliti með starfsemi lögreglunnar.

Efnahagsbrotadeild.

Verkefnum sem koma til kasta efnahagsbrotadeildar hefur fjölgað mjög, sérstaklega umfangsmeiri auðgunarbrotum, og nýir þættir komið til sögunnar, svo sem kærur fjármálaeftirlitsins vegna innherjasvika, auk verðbréfa-, banka- og tryggingastarfsemi. Enn fremur er töluverð vinna vegna tilkynninga frá bankastofnunum um ætlað peningaþvætti en síðustu ár hefur tilkynningum um það fjölgað úr 20 á ári og í á annað hundrað eftir 1999. Þá hafa skattalagabrotin orðið umfangsmeiri og flóknari, þar sem viðfangsefnin voru áður venjuleg vanskilamál en hafa í auknum mæli færst yfir í að vera skipulögð skattsvik. Málin geta verið þau umfangsmestu sem lögreglan hér á landi rannsakar og eru tímafrek og flókin. Þá koma fyrirvaralaust upp verkefni sem kalla á skjótar aðgerðir, svo sem vegna peningaþvættis, fíkniefnamála og annarra umfangsmikilla sakamála. Hefur orðið að rannsaka suma þætti erlendis, sem kallað hefur á aukið vinnuframlag og töluverðan kostnað. Tölvubrot hafa einnig aukist og má í því sambandi nefna netið og vaxandi aðstoð við lögregluliðin vegna barnakláms. Þá hefur deildin í stórauknum mæli sinnt aðgerðum vegna skipulagðrar brotastarfsemi, svo sem til að koma í veg fyrir að erlend glæpasamtök nái hér fótfestu. Vegna hryðjuverkanna í

Bandaríkjunum 11. september 2001 var gerð breyting á skipuriti embættisins, þar sem saksóknara efnahagsbrotadeildar var fært það verkefni að fara daglega með innri öryggismál. Þessu fylgir töluvert vinnuframlag.

Á undanförnum árum hefur verið fjölgað um fjóra starfsmenn í efnahagsbrotadeild, þar af einn við stofnun embættisins. Auk þess var tilfærsla innan embættisins á verkefnum og starfsmönnum haustið 2001 þegar tveir lögreglumenn fluttust til starfa við deildina.

Fíkniefnastofa.

Árið 2000 veitti Alþingi aukið fé til fíkniefnamála. Var fíkniefnalögreglumönnum fjölgað í Reykjavík og einnig fékkst fjárveiting til að ráða fleiri fíkniefnalögreglumenn hjá öðrum lögregluembættum, m.a. var bætt við einni stöðu sérfræðings í fíkniefnastofu ríkislögreglustjórans. Fíkniefnastofa hefur unnið mikið starf til stuðnings lögregluliðunum og til að efla samstarf í málaflokknum. Þá hafa sérstakar skýrslur verið unnar um fíkniefnamálin og önnur afbrot og öll tölfræði, upplýsingamiðlun og forvarnir aukist til muna á hennar vegum. Unnið er að því að efla enn samstarf lögreglu og tollgæslu. Minnast má samstarfssamnings ríkislögreglustjóra og ríkistollstjóra frá 15. mars 1999, sem markaði tímamót í þessu sambandi en mikill árangur hefur náðst á síðustu árum hjá lögreglu og tollgæslu í fíkniefnamálum.

Einn þáttur í starfsemi fíkniefnastofu er að vinna að framgangi fíkniefnalöggæslunnar á ýmsum sviðum, svo sem varðandi tækjabúnað, vinnubrögð o.fl. Þá stýrir fulltrúi stofunnar reglulegum fundum (á tveggja vikna fresti) með fíkniefnalögreglumönnum á Suðvesturlandi til að efla upplýsingamiðlun og auka og samræma aðgerðir í fíkniefnamálum.

Forvarnaverkefni.

Verið er að skilgreina og vinna að uppbyggingu fræðsluefnis fyrir lögreglu vegna forvarna. Enn fremur er leitað leiða hvernig hægt sé að fækka afbrotum, m.a. út frá afbrota- og félagsfræðilegum forsendum. Í því sambandi er horft til vinnu félagsfræðings og forvarnafulltrúa embættisins sem sérstaklega munu á þessu ári huga að upplýsingum um heildartíðni afbrota hér á landi, þ.e. ekki bara þeirra sem tilkynnt eru lögreglu heldur verður reynt að leiða í ljós hversu hátt hlutfall kært er. Enn fremur verður leitað skýringa á því hvers vegna brot eru ekki kærð.

Rannsóknarverkefni.

Í undirbúningi eru tvær viðamiklar rannsóknir sem ríkislögreglustjórinn hyggst standa að í samvinnu við sérfræðinga á sviði félagsvísinda, sálfræði og lögregluna í Reykjavík.

Fyrri rannsóknin snýr að viðhorfum grunaðra, vitna og kærenda, til lögreglu og reynslu þeirra af yfirheyrslu. Þessi rannsókn er ekki síst mikilvæg í ljósi þess að mikil umræða hefur orðið hér á landi um afbrot og refsingar, tíðni afbrota, brotamenn o.s.frv. Í þeirri umræðu hafa menn gjarnan velt fyrir sér áhrifum falskra játninga á tíðni brota og mikilvægi þess að öðlast skilning á tíðni falskra játninga og þáttum sem geta aukið líkur á þeim (sjá m.a. Jón F. Sigurðsson og Gísla H. Guðjónsson, 1996). Þessi þekking er ekki síst mikilvæg fyrir lögreglu sem þarf sífellt að vera á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem hún getur haft á minni grunaðra og annarra sem þarf að afla upplýsinga hjá. Í þessari rannsókn er markmiðið að fá mat kærenda og grunaðra á yfirheyrslu lögreglu, á samskiptum við hana og tilfinningu fyrir þrýstingi. Þetta verður skoðað út frá ýmsum þáttum eins og reynslu af afbrotum, kvörðum sem mæla líðan, sjálfsmat o.s.frv.

Með þessu móti verður upplýsinga aflað um grunaða og kærendur á markvissan hátt frá fyrstu hendi um svipað leyti og samskipti við lögreglu eiga sér stað. Þannig er dregið úr hættu á því að ytri þættir hafi áhrif á upplifun fólks og minni.

Í rannsókninni verður jafnframt leitað upplýsinga um almenn viðhorf til lögreglu, reynslu af úrlausn lögreglu í einstökum málum, skýringar á afbrotahegðun, fjáröflun fíkniefnaneyslu, reynslu og viðhorf til ofbeldisbrota o.s.frv.

Markmið rannsóknarinnar er því að afla viðamikilla upplýsinga um viðhorf til lögreglu, reynslu af henni, reynslu af afbrotum o.fl. Slíkar upplýsingar geta veitt lögreglu ábendingar um ýmislegt í starfsháttum sem þarf að lagfæra eða aðlaga breyttum aðstæðum, veitt henni þekkingu á þeim áhrifum sem skapast geta af aðstæðum og leiðbeiningar um hvernig bregðast megi við þeim.

Seinni rannsóknin snýr að reynslu af afbrotum. Um er að ræða spurningalistakönnun sem nær til alls landsins þar sem spurt verður út í reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu, tíðni tilkynninga um afbrot o.s.frv. Einnig verður spurt út í hegðun í umferðinni, viðhorf til umferðarlagabrota og löggæslu í umferðinni og þannig leitast við að bæta skilning á því hvaða aðgerðir í löggæslu eru líklegastar til að bera árangur.

14. Hvernig hefur kostnaður við embætti ríkislögreglustjóra skipst árlega frá stofnun embættisins milli eftirfarandi þátta:

a. launakostnaðar, skipt eftir stjórnendum embættisins annars vegar og öðrum starfsmönnum hins vegar,

b. annars rekstrarkostnaðar, sundurliðað milli helstu rekstrarþátta,

c. kostnaðar vegna eignakaupa, sundurliðað eftir tegundum eigna?

14.1. Skipting launakostnaðar.

Yfirstjórn ríkislögreglustjóra skipa ríkislögreglustjóri og sviðsstjórar, sem eru vararíkislögreglustjóri, saksóknari og þrír yfirlögregluþjónar. Framkvæmdastjóri útlendingaeftirlits er talinn með á þeim tíma sem það heyrði undir embættið, eða frá 1. júlí 1997 til 1. október 1999. Embættinu var skipt í fimm svið árið 1998. Samhliða gaf ríkislögreglustjóri út reglur um ábyrgð á rekstri, skiptingu rekstrarfjár, úttektarheimildir og samþykki reikninga. Markmiðið með þeirri reglusetningu var að fela yfirmönnum embættisins meiri ábyrgð á rekstri þess, veita þeim sveigjanleika í stjórnun bæði manna og verkefna, bæta kostnaðarvitund starfsmanna og aðhald í rekstri.

Tafla 14.1. Launakostnaður – stjórnendur og aðrir starfsmenn.

Ár	1997	1998	1999	2000	2001
Yfirstjórn embættisins	14.344	25.031	32.009	29.657	32.239
Aðrir starfsmenn	46.087	125.161	184.520	247.675	296.495
Launahlutfall stjórnenda	23,7%	16,7%	14,8%	10,7%	9,8%
Laun samtals	**60.431**	**150.192**	**216.529**	**277.332**	**328.734**

Heimildir: Ársskýrslur ríkislögreglustjórans/launaskrifstofa ríkisbókhalds vegna launa stjórnenda. Allar tölur í þús. kr.

Eins og fram kemur á yfirlitinu hefur launahlutfall yfirstjórnar dregist verulega saman, eða úr tæplega 24% af heildarlaunum árið 1997 í tæplega 10% árið 2001. Hér er miðað við yfirstjórn sem svar við spurningu um stjórnendur, enda fjármála- og rekstrarstjórn í þeirra höndum, sbr. bréf ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins 9. febrúar 1999, sem með fylgdu reglur í þeim efnum. Frá því að skipulagi sviðsstjóra var komið á fót árið 1998 hefur markvisst verið unnið að því að auka þjónustuna við lögregluembættin og innlendar sem erlendar stofnanir. Þá byggist skipulagið á því að hafa rekstur embættisins í lágmarki. Þannig hefur þjónustuþáttur embættisins verið aukinn en eigin rekstur að sama skapi dregist saman.

Við skoðun á rekstrarkostnaði embættisins ber að hafa í huga að sumir rekstrarliðir falla undir sameiginlegan kostnað fyrir lögregluna í landinu en þeir kostnaðarliðir eru verulegir. Þar má nefna rekstur sektakerfis lögreglu og miðlægs málaskrárkerfis, kaup á lögreglueinkennum, búnaði og fleiru. Mesta kostnaðaraukningin er vegna löggæsluverkefna sem embættið yfirtók frá lögreglunni í Reykjavík, auk stofnunar umferðardeildar ríkislögreglustjóra og SIRENE-skrifstofunnar vegna Schengen-samstarfsins. Þá kemur einnig til töluverður kostnaður vegna brottvísana og fangaflutninga erlendis.

14.2. Rekstrarkostnaður.

Tafla 14.2. Breytingar á rekstrarkostnaði.

Gjaldaliðir (allar tölur í þús. kr.)	1997 sex mánuðir	1998	1999	2000	2001
Dagvinna	30.916	69.821	94.138	112.448	149.939
Vaktaálag	4.895	12.620	16.871	20.533	29.897
Aukagreiðslur	2.794	3.793	4.330	5.278	5.833
Yfirvinna	15.416	40.271	67.194	96.175	90.274
Launatengd gjöld	6.410	23.687	33.996	42.898	52.791
Laun samtals	**60.431**	**150.192**	**216.529**	**277.332**	**328.734**
Ferða- og dvalarkostnaður innan lands	479	2.678	10.907	13.264	19.994
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	4.111	7.913	14.485	19.097	20.552
Fundir, námskeið og risna	286	1.194	3.633	7.598	2.320
Akstur	483	903	1.350	2.015	2.532
Ferðir og fundir samtals	**5.359**	**12.688**	**30.375**	**41.974**	**45.398**
Tímarit, blöð og bækur	281	722	1.225	1.179	567
Skrifstofuvörur og áhöld	1.094	2.381	4.016	3.295	4.175
Aðrar vörur	612	3.467	5.701	11.469	11.187
Rekstrarvörur samtals	1.987	6.570	10.942	15.943	15.929
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	360	894	8.975	15.058	11.429
Önnur sérfræðiþjónusta	8.518	11.616	11.926	19.707	21.176
Sími og ýmis leigugjöld	1.652	5.188	12.506	22.392	26.497
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	1.060	14.168	21.698	24.002	27.359
Aðkeypt þjónusta samtals	**11.590**	**31.866**	**55.105**	**81.159**	**86.461**
Húsaleiga og ræsting	1.227	2.257	20.669	43.913	29.764
Rafmagn og heitt vatn	836	1.341	1.646	937	2.368
Verkkaup og byggingarvörur	643	1.177	883	7.087	361
Fasteignagjöld og tryggingar	196	1.357	1.316	427	-3
Húsnæði samtals	**2.902**	**6.132**	**24.514**	**52.364**	**32.490**
Verkstæði og varahlutir	275	1.240	38	33	28
Brennsluefni og olíur	351	1.147	316	123	53
Tryggingar og skattar	44	480	0	0	0
Bifreiðar og vélar samtals	**670**	**2.867**	**354**	**156**	**81**
Vextir, bætur, skattar samtals	**9**	**104**	**483**	**511**	**590**
Eignakaup samtals	**1.611**	**6.050**	**5.384**	**59.991**	**23.416**
Tilfærslur samtals	**0**	**0**	**512**	**468**	**678**
Rekstrarkostnaður alls	**84.559**	**216.469**	**344.198**	**529.898**	**533.777**
Sértekjur samtals	**-768**	**-116**	**-19.342**	**-54.051**	**-18.866**
Gjöld umfram sértekjur	**83.791**	**216.353**	**324.856**	**475.847**	**514.911**

Heimildir: Ársskýrslur ríkislögreglustjóra og bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2001.

14.3. Eignakaup.

Tafla 14.3. Eignakaup eftir árum.

Sundurliðun helstu liða (allar tölur í þús. kr.)	1997 sex mánuðir	1998	1999	2000	2001 bráðabirgðatölur
Húsgögn og hillur í geymslur	0	2.005	386	15.603	2.438
Tölvubúnaður	1.157	2.530	1.746	3.675	7.627
Sjónvörp	0	135	0	55	89
Síma- og fjarskiptabúnaður	435	606	1.613	21.588	7.741
Skrifstofuvélar	0	0	0	650	0
Eldhús- og ræstingaráhöld	0	0	0	131	0
Önnur áhöld og tæki	19	774	1.639	18.289	5.521
Eignakaup samtals	**1.611**	**6.050**	**5.384**	**59.991**	**23.416**

Skýringar.

Árin 1997–1998	Árið 1999	Árið 2000	Árið 2001
Embætti ríkislögreglustjórans var stofnað 1. júlí 1997.	Helstu eignakaup: Tölvubúnaður auk síma- og fjarskiptabúnaðar.	Þetta ár sker sig úr varðandi eignakaupin. Þar kemur helst til:	Mestur kostnaður á þessu ári er vegna tölvubúnaðar, síma- og fjarskiptabúnaðar. Þar af fóru 7,4 millj. kr. í TETRA-fjarskiptabúnað vegna fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar. Þá skal eftirfarandi nefnt:
Eignakaup fyrsta eitt og hálfa árið voru aðallega kaup á tölvubúnaði og húsgögnum.	Enn fremur voru keyptar vogir fyrir nokkur lögregluembætti til að vigta haldlögð fíkniefni.	Embættið flutti í nýtt húsnæði þar sem starfsmenn vinna í opnum rýmum sem kallaði á töluverð húsgagnakaup. Ýtrasta aðhalds var þó gætt, m.a. voru eldri húsgögn nýtt í skrifstofur yfirmanna og tæknirannsóknastofu. Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjórans tók til starfa og það hafði í för með sér kostnað. Komið var upp TETRA-fjarskiptabúnaði með kaupum á bílatalstöðvum og handtalstöðvum fyrir lögregluliðin á höfuðborgarsvæðinu, en ekki vegna eigin rekstrar ríkislögreglustjórans. Kostnaður vegna þessa á árinu 2000 var 21,5 millj. kr. Vegna aðstöðu fyrir sérsveit og öryggismál þurfti að leggja í kostnað fyrir um 15 millj. kr. Þá fóru rúmlega 400 þús.kr. til tækjakaupa til sérveitar og rúmar 2 millj. kr. til búnaðarkaupa fyrir lögregluliða.	Tölu- og tækjabúnaður til fíkniefnarannsókna og tengdra verkefna var alls um 7,5 millj. kr. Um er að ræða endurnýjun á símhlustunarbúnaði hjá lögreglunni í Reykjavík, kaup á gagnagrunni til samkeyrslu fingrafara og búnaði til að vinna við rannsóknir vegna brota sem framin eru á netinu. Þá er verið að vinna að gagnagrunni til að halda utan um upplýsingar í sakamálum. Á embættið féllu 3 millj. kr. vegna öndunarsýnabíls lögreglunnar.

15. Hve margar lögreglubifreiðir voru á hverri vakt í Reykjavík á árinu 1991 annars vegar og 2001 hins vegar, skipt eftir hverfum, dag-, kvöld- og helgarvöktum? Ef gæsla vegna erlendra sendiráða er inni í upplýsingum fyrir árið 2001 óskast það tilgreint sérstaklega. Sambærilegar upplýsingar óskast líka fyrir stærstu lögregluumdæmin.

15.1. Fjöldi eftirlitsbifreiða á hverjum tíma.

Gagnlegt er að bera fjölda lögreglubifreiða í stærri umdæmunum saman við fjöldann í erlendum borgum eins og Ósló og miða þá við íbúafjölda.

Tafla 15.1. Fjöldi íbúa á hverja eftirlitsbifreið (einkenndra og óeinkenndra) að næturlagi um helgi í nokkrum umdæmum árið 2001.

	Næturvakt um helgi			
Stærstu umdæmin	**Fjöldi bifreiða**	**Íbúafjöldi**	**Íbúar á hverja eftirlitsbifreið**	**Röð lögregluliða miðað við eftirlit og íbúafjölda**
Reykjavík*	15	122.235	8.149	4
Akureyri*	3	20.011	6.670	3
Hafnarfjörður*	3	29.238	9.746	5
Keflavík*	3	16.500	5.500	2
Kópavogur*	2	23.518	11.759	6
Selfoss*	2–3	12.285	4.095–6.143	1
Ósló	25–35	507.467	14.449–20.299	7

*Íbúafjöldi á Íslandi miðast við 1. desember 2000.

Tafla 15.2. Eftirlitsbifreiðar (einkenndar og óeinkenndar) á ýmsum tímum vikunnar og sólarhringsins og fjöldi íbúa.

	Fjöldi eftirlitsbifreiða á ýmsum tímum vikunnar og sólarhrings												Fjöldi íbúa á hverja eftirlitsbifreið á næturvakt um helgar 2001
	Virkir dagar						Helgar						
	Dagvakt		Kvöldvakt		Næturvakt		Dagvakt		Kvöldvakt		Næturvakt		
	1991	2001	1991	2001	1991	2001	1991	2001	1991	2001	1991	2001	
Reykjavík													
Almenn deild	9	10	9	10	8	8	7	9	7	9	12	13	
Umferðardeild	4	2	4	2	0	0	3	2	3	2	3	2	
Alls	13	12	13	12	8	8	10	11	10	11	15	15	
Íbúar												122.235	8.149
Akureyri	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	3	3	
Íbúar												20.011	6.670
Hafnarfjörður	3	3	3	3	2	2	2	2	2	2	3	3	
Íbúar												29.238	9.746
Keflavík	3	3	3	3	2	2	3	3	3	3	5	3	
Íbúar												16.500	5.500
Kópavogur	1–2	2	1–2	2	1–2	2	1–2	2	1–2	2	1–2	2	
Íbúar												23.518	11.759
Selfoss	2	1	2	1	2	1	2–3	1–2	4–5	2–3	4	2–3	
Íbúar												12.285	4.095–6.143
Ósló		20–30		20–30		15–25		15–20		20–30		25–35	
Íbúar												507.467	14.499–20.299

Heimildir: Viðkomandi lögregluembætti/lögreglan í Ósló. Umferðardeild ríkislögreglustjóra og Vegagerðin hafa sex til sjö bifreiðar til umráða, til viðbótar við umferðareftirlit á landinu. Íbúafjöldi á Íslandi er miðaður við 1. desember 2000.

Tafla 15.3. Fjöldi eftirlitsbifreiða eftir hverfum hjá lögreglunni í Reykjavík.

Fjöldi eftirlitsbifreiða (einkenndar og óeinkenndar) á vakt í almennri deild – VIRKIR DAGAR

		Árið 1991			Árið 2001		
Reykjavík		**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Mánudagar	Vesturbær	4	4	5	5	5	5
	Austurbær						
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær	1	1		1	1	1
	Seltjarnarnes	1	1		1	1	
	SRD	1	1	1	1	1	
	Umferðardeild	4	4		2	2	
	Alls	**13**	**13**	**8**	**12**	**12**	**8**

		Árið 1991			Árið 2001		
Reykjavík		**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Þriðjudagar	Vesturbær Austurbær	4	4	5	5	5	5
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær	1	1		1	1	1
	Seltjarnarnes	1	1		1	1	
	SRD	1	1	1	1	1	
	Umferðardeild	4	4		2	2	
	Alls	**13**	**13**	**8**	**12**	**12**	**8**
Miðvikudagar	Vesturbær Austurbær	4	4	5	5	5	5
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær	1	1		1	1	1
	Seltjarnarnes	1	1		1	1	
	SRD	1	1	1	1	1	
	Umferðardeild	4	4		2	2	
	Alls	**13**	**13**	**8**	**12**	**12**	**8**
Fimmtudagar	Vesturbær Austurbær	4	4	5	5	5	5
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær	1	1		1	1	1
	Seltjarnarnes	1	1		1	1	
	SRD	1	1	1	1	1	
	Umferðardeild	4	4		2	2	
	Alls	**13**	**13**	**8**	**12**	**12**	**8**

Fjöldi eftirlitsbifreiða (einkenndar og óeinkenndar) á vakt í almennri deild – HELGAR

		Árið 1991			Árið 2001		
Reykjavík		**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**	**Dagvakt**	**Kvöldvakt**	**Næturvakt**
Föstudagar	Vesturbær, Austurbær	4	4	8	5	5	9
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær	1	1	1	1	1	1
	Seltjarnarnes	1	1		1	1	
	SRD	1	1	1	1	1	1
	Umferðardeild	4	4	3	2	2	2
	Alls	**13**	**13**	**15**	**12**	**12**	**15**
Laugardagar	Vesturbær, Austurbær	4	4	8	5	5	9
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær			1	1	1	1
	Seltjarnarnes						
	SRD	1	1	1	1	1	1
	Umferðardeild	3	3	3	2	2	2
	Alls	**10**	**10**	**15**	**11**	**11**	**15**
Sunnudagar	Vesturbær, Austurbær	4	4	5	5	5	5
	Breiðholt	1	1	1	1	1	1
	Grafarvogur, Árbær	1	1	1	1	1	1
	Mosfellsbær				1	1	1
	Seltjarnarnes						
	SRD	1	1	1	1	1	
	Umferðardeild	3	3		2	2	
	Alls	**10**	**10**	**8**	**11**	**11**	**8**

Heimildir: Lögreglustjórinn í Reykjavík.

15.2. Frekari upplýsingar lögregluembættanna.

Reykjavík.

Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur þær upplýsingar að sömu bifreiðar séu notaðar við eftirlit með sendiráðunum og eru í eftirliti í hverfum borgarinnar. Sérstök bifreið var sett við sendiráð Bandaríkjanna haustið 2001 sem afdrep fyrir lögreglumenn og fengin til þess bifreið frá ríkislögreglustjóranum.

Akureyri.

Árið 1991 átti lögreglan á Akureyri fimm lögreglubifreiðar og lögreglan á Dalvík eina. Nú hafa lögreglan á Akureyri og Dalvík sama fjölda bifreiða til umráða. Þá er fjöldi eftirlitsbifreiða á hverri vakt sá sami á tímabilinu. Þessi fjöldi er nægur að áliti lögreglunnar á Akureyri.

Hafnarfjörður.

Á síðustu 15 árum hafa fjórar eftirlitsbifreiðar verið hjá lögreglunni í Hafnarfirði. Skipting eftir vikudögum og tíma er þessi: Mánudaga til föstudaga á dagvakt (7.00–19.00) hefur verið stefnt að því að þrír bílar séu í eftirliti. Á næturvöktum sömu daga (19.00–7.00) eru þrír bílar til kl. 22.00 og tveir frá þeim tíma til kl. 7.00. Laugardaga og sunnudaga eru tveir bílar á dagvakt frá 7.00 til kl. 22.00, en eftir það þrír bílar til kl. 7.00.

Eftirlitssvæðum er skipt í Garðabæ – Bessastaðahrepp – Hafnarfjörð – Reykjanesbraut. Umdæmismörkin eru skammt sunnan Straumsvíkur. Lögreglan í Hafnarfirði fer inn í umdæmi lögreglunnar í Keflavík, þ.e. að Kúagerði. Allt frá september 2000 hefur lögreglan í Hafnarfirði verið með sameiginlegt eftirlit á Reykjanesbraut með lögreglu í Keflavík og Keflavíkurflugvelli og hafa verið eknar tugþúsundir kílómetra í því eftirliti. Þá er eftirlitssvæðið frá Hvaleyrarholti sunnan Hafnarfjarðar að Flugstöð.

Keflavík.

Árið 1991 voru tvær starfsstöðvar í umdæminu, ein í Keflavík þar sem lögreglumenn voru á vakt allan sólarhringinn alla daga vikunnar á fjórskiptum tólf tíma vöktum og önnur í Grindavík, en þar voru fjórir menn á tvískiptum vöktum og unnu hluta sólarhringsins.

Í Keflavík var tveim lögreglubifreiðum haldið úti allan sólarhringinn á virkum dögum og sex menn voru á vakt, tveir á lögreglustöð og tveir í hvorri lögreglubifreið. Eftirlitssvæðunum er skipt í Keflavík – Njarðvík – Sandgerði – Garð – Voga og Hafnir. Þá var einnig haldið úti eftirliti á Reykjanesbraut og öðrum þjóðvegum í umdæminu að undanskildum þjóðvegum í nágrenni Grindavíkur, en um það svæði sáu lögreglumenn í Grindavík. Á næturvöktum um helgar voru hins vegar níu menn á vakt í Keflavík kl. 23.00–7.00 og haldið úti þremur lögreglubifreiðum. Þrír voru á einni lögreglubifreið, en tveir lögreglumenn á hinum tveimur.

Í Grindavík voru eins og áður sagði tvískiptar vaktir og tveir menn á hverri vakt. Virka daga mætti einn lögreglumaðurinn á vakt kl. 13.00 en hinn mætti kl. 16.00. Þeir voru saman á vakt til kl. 1.00. Þá voru þeir á bakvakt til kl. 13.00 daginn eftir. Á þessum tíma var haldið úti einni lögreglubifreið til eftirlits og útkalla.

Um helgar unnu lögreglumennirnir lengur, sá sem mætti kl. 13.00 vann til kl. 4.00, en sá sem mætti kl. 16.00 vann til kl. 7.00. Þá voru þrír menn kallaðir á aukavakt kl. 22.00–7.00. Tveimur lögreglubifreiðum var haldið úti frá kl. 22.00–4.00 en síðan einni kl. 4.00–7.00.

Árið 2001 var búið að sameina vaktirnar í Keflavík og Grindavík. Allir eru núna á fjórskiptum 12 tíma vöktum. Á dagvöktum virka daga kl. 7.00–23.00 var haldið úti þrem lög-

reglubifreiðum á sjö manna vöktum. Á nóttunni virka daga voru því aðeins fimm menn á vakt og haldið úti tveim lögreglubílum til kl. 7.00.

Á dagvöktum um helgar eru sjö menn og þrír bílar í gangi, en á næturvöktum um helgar eru átta menn á vakt, tveir á lögreglustöð og þrem lögreglubifreiðum haldið úti, tveir menn í hverjum bíl. Þá var fengin aðstoð frá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli á næturvöktum um helgar, þaðan var sendur lögreglubíll með tveimur mönnum til útkalla og eftirlits kl. 1.00-5.00.

Reynt er að halda úti eins mörgum mönnum og áður, en með tilkomu fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjórans er unnt að fækka mönnum á lögreglustöð í miðri viku og á dagvöktum um helgar. Þá eru í gildi samstarfssamningar á milli lögreglunnar í Keflavík og lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli um aðstoð á álagstímum.

Í umdæminu eru fimm nokkuð stór sjálfstæð sveitarfélög, umdæmið er stórt og með fjölfarnasta þjóðveg landsins. Í þessum sveitarfélögum eru fjórar stórar hafnir og skemmtistaðir margir og dreifðir. Þá er löggæslusvæðið í nágrenni við millilandaflugvöllinn og herinn og nálægðin við höfuðborgarsvæðið hefur líka áhrif. Af þessum ástæðum þarf að halda úti meira eftirliti en ella.

Kópavogur.

Fram á árið 2001 var að jafnaði ein lögreglubifreið í umferð allan sólarhringinn og eftir atvikum önnur til, mönnuð einum lögreglumanni, ýmist merkt eða ómerkt. Frá seinni hluta ársins 2001 hafa að jafnaði verið tvær lögreglubifreiðar í umferð allan sólarhringinn í umdæminu, tvær fullmannaðar og merktar að degi til en að næturlagi ein fullmönnuð og önnur mönnuð einum lögreglumanni, merkt eða ómerkt eftir atvikum. Sami fjöldi lögreglubifreiða er í umferð að næturlagi um helgar en fleiri lögreglumenn í þeim. Í umdæminu er engin hverfaskipting sem slík í þessu tilliti.

Selfoss.

Árið 1991 voru á Selfossi sex merktar lögreglubifreiðar og ein ómerkt en árið 2001 voru fjórar merktar lögreglubifreiðar og ein ómerkt.

Árið 1991 var daglegt eftirlit að jafnaði á tveimur bifreiðum en um helgar var eftirlit að jafnaði á fjórum bifreiðum á kvöld- og næturvöktum og í undantekningartilvikum á fimm, en á dagvöktum á tveimur til þremur bifreiðum. Árið 2001 var daglegt eftirlit að jafnaði á einni bifreið og um helgar að jafnaði á þrem bifreiðum, þ.e. á kvöldin og fram á nótt, en á daginn á einni til tveim. Eftir kl. 4.00 að næturlagi um helgar er bifreiðum yfirleitt fækkað í tvær.

Árið 1991 var ekki til fastur samningur um sjúkraflutninga í Árnessýslu, en sjúkraflutningum sinnt eftir þörfum og getu. Nú, árið 2001, er í gildi fastur samningur með kröfulýsingu, þar sem skilgreint er að hjá lögreglunni á Selfossi skuli alltaf vera „tiltækar" tvær áhafnir á sjúkrabifreið. Í hverri áhöfn á sjúkrabifreið eru tveir menn.

16. *Hver er fjöldi ofbeldisverka gagnvart lögreglumönnum annars vegar á árunum 1990–1995 og hins vegar 1996–2001, skipt eftir:*
    a. *tilkynntum tilvikum, sbr. dagbókarfærslur,*
    b. *kærum frá einstökum lögreglumönnum?*

16.1. Ofbeldisverk gagnvart lögreglumönnum.

Ekki eru til samanburðarhæfar tölur fyrir þau tímabil sem um er spurt, en árið 1998 er fyrsta árið þar sem málaskráning var samræmd hjá öllum lögregluembættum. Því voru ársskýrslur lögreglunnar í Reykjavík skoðaðar til að sjá þróun þessara tilvika frá árinu 1990.

Tafla 16.1. Fjöldi samkvæmt dagbók og málaskrá lögreglu.

Tölur frá árunum 1998–2001, bæði úr dagbók og málaskrá	1990–1995	1996–2001	1998	1999	2000	2001
a. Tilkynnt tilvik, sbr. dagbókarfærslur	(12)	(567)				
b. Kærur frá einstökum lögreglumönnum	(45)	(610)				
Samkvæmt málaskrá lögreglunnar			111	127	102	81
Samkvæmt dagbókarfærslum			112	127	88	91

Heimildir: Ársskýrslur ríkislögreglustjórans/málaskrá lögreglu (tölur ársins 2001 eru bráðabirgðatölur). Tölur fyrir árin 1990–1995 og 1996–2001 eru ekki samanburðarhæfar og því hafðar innan sviga.

Tafla 16.2. Fjöldi ofbeldisbrota gagnvart lögreglumönnum í Reykjavík.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Fjöldi brota	60	50	23	45	32	Ekki vitað	54	60	69	81	50	38

Heimildir: Ársskýrslur lögreglustjórans í Reykjavík vegna áranna 1990–1997, ársskýrslur ríkislögreglustjórans/ málaskrá lögreglu fyrir árin 1998–2001.

17. Hverra úrbóta er þörf í málefnum lögreglu og löggæslu að mati dómsmálaráðherra?

Árið 1996 var lagt fram á Alþingi frumvarp að lögreglulögum. Var það afrakstur umfangsmikils undirbúnings og fólu þær breytingar sem þar voru gerðar m.a. í sér veigamiklar breytingar á skipulagi lögreglunnar. Þessar breytingar voru hugsaðar sem rökrétt framhald af þeim umfangsmiklu kerfisbreytingum á dómstólaskipulagi og réttarfari sem komu til framkvæmda árið 1992. Talið var tímabært að ráðast í breytingar á skipulagi lögreglunnar í kjölfarið, meðal annars vegna þess að verkefnum lögreglu og ákæruvalds fjölgar stöðugt og auknar kröfur eru gerðar til að brot séu upplýst hratt og örugglega. Samhliða breytingum á lögreglulögunum árið 1996 voru ýmsar breytingar gerðar á lögum um meðferð opinberra mála.

Með umræddum breytingum var meðal annars að því stefnt að breyta skipulagi æðstu stjórnar lögreglunnar í landinu með því að koma á fót embætti ríkislögreglustjóra, að gera rannsóknir afbrota hraðari og skilvirkari með því að einfalda feril mála á rannsóknarstigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í fleiri brotaflokkum þannig að allur þorri sakamála verði rannsakaður undir stjórn þess lögreglustjóra sem semur ákæru í máli og sækir það fyrir héraðsdómi, að festa í lög skýrari reglur um framkvæmd lögreglustarfa og að setja skýrari reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Frá gildistöku lögreglulaga árið 1997 hefur mikið vatn runnið til sjávar. Embætti ríkislögreglustjóra, sem samkvæmt lögreglulögum fer með málefni lögreglu í umboði dómsmálaráðherra, hefur á þessum tíma unnið mikið og gott starf á ýmsum sviðum löggæslu sem faglegur yfirstjórnandi. Erlend samskipti hafa verið efld og á þessum tíma hefur m.a. verið gerður samstarfssamningur við Europol auk þess sem þátttaka í Schengen-samstarfinu hófst sem hafði í för með sér mikla eflingu alþjóðlegrar lögreglusamvinnu. Fjarskiptamiðstöð lögreglu var tekin í notkun árið 2000 en þar er stjórnað fjarskiptum lögregluliðanna á suðvesturhorni landsins. Á sama tíma var sett í gang öflugt átak gegn ólöglegum fíkniefnum, meðal annars með umtalsverðri fjölgun lögreglumanna og aukinni þjálfun lögreglumanna við meðferð

fíkniefnamála auk þess sem tækjabúnaður lögreglu hefur verið efldur verulega. Einnig má nefna athyglisvert og árangursríkt starf við grenndarlöggæslu sem sett hefur verið í gang í Reykjavík á undanförnum árum og í fleiri umdæmum í ýmsum myndum. Síðast en ekki síst má nefna þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi og námi við Lögregluskóla ríkisins. Má þar nefna að fyrirkomulagi við val á nemendum var breytt, meðal annars til að auka hlut kvenna í lögreglunni. Hefur það skilað sér svo ekki verður um villst, konum í lögreglu hefur fjölgað umtalsvert og eru nú rúmlega 9% af lögreglumönnum í landinu, en voru 4,3% árið 1996. Nú eru konur 33,3% af nemum við Lögregluskóla ríkisins.

Horft er til ýmissa atriða sem efla mætti enn frekar á sviði löggæslu á Íslandi í framtíðinni. Verður nú vikið að helstu atriðunum í því sambandi:

- *Grenndarlöggæsla.* Eins og fram kemur í skýrslunni er skipulega unnið að því hjá lögreglunni að efla grenndarlöggæslu með ýmsum leiðum, svo sem starfsrækslu sérstakra hverfastöðva í stærri lögregluumdæmunum, nánu samstarfi við bæjaryfirvöld og íbúa á viðkomandi stað. Mikil þróun hefur átt sér stað bæði hér á landi og erlendis á þessu sviði og hefur það sýnt sig að þessi tegund löggæslu skilar góðum árangri. Er að því stefnt að efla hana enn frekar.
- *Grunn- og framhaldsnám við Lögregluskóla ríkisins.* Lögregluskóli ríkisins hefur verið efldur umtalsvert á undanförnum árum, bæði grunn- og framhaldsdeild skólans. Enn frekari efling skólans mun skila sér í formi öflugri og betri löggæslu. Sérstaklega er horft til eflingar framhaldsdeildar skólans, meðal annars með því að taka upp skipulagða menntun fyrir stjórnendur. Stefnt er að nánara samstarfi við erlenda lögregluskóla, meðal annars Lögregluskóla Evrópu sem til stendur að stofna.
- *Nýting fjármuna innan löggæslunnar.* Í dómsmálaráðuneytinu er nú til sérstakrar skoðunar hvernig unnt sé að nýta enn betur fjármuni sem varið er á fjárlögum hvers árs til löggæslu í landinu. Í því sambandi verður sérstaklega skoðað skipulag fjárveitinga til lögreglu í nágrannalöndum okkar og hvernig unnt sé að nýta betur þá fjármuni sem varið er til löggæslu og þar með efla löggæslu enn frekar. Verður meðal annars skoðað hvernig unnt sé að efla enn frekar samstarf lögregluliðanna í landinu og margt fleira.
- *Fíkniefnalöggæsla.* Uppbyggingu fíkniefnalöggæslu um allt land verður haldið áfram og leitað leiða til að efla enn frekar þennan mikilvæga þátt í starfsemi lögreglunnar.
- *Bættar rannsóknaraðferðir lögreglu.* Áfram verður unnið að því að efla þjálfun og tækjabúnað lögreglu þannig að íslenska lögreglan geti tileinkað sér fljótt og vel nýjustu tækni og tækjabúnað við rannsóknir afbrota. Má í því sambandi nefna uppbyggingu á erfðaefnaskrá lögreglu og tækjabúnaði til að takast á við hvers kyns tölvubrot.
- *Forvarnir og fræðsla.* Sífellt mikilvægari hluti í starfsemi lögreglu eru forvarna- og fræðslumál. Hugað verður að eflingu slíkrar starfsemi innan lögreglu, meðal annars með því að stuðla að enn frekara samstarfi lögreglu og sveitarfélaga.
- *Fjarskipti lögreglunnar.* Uppbygging fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar á landsvísu er brýnt mál, en reynslan af rekstri sameiginlegrar fjarskiptamiðstöðvar á suðvesturhorni landsins hefur reynst ákaflega vel.
- *Umferðarlöggæsla.* Áfram verður haldið á þeirri braut sem mörkuð hefur verið með eflingu umferðarlöggæslu. Má þar nefna að tækniframfarir veita ýmsa möguleika til að skrá nákvæmlega staðsetningu slysa og á grundvelli slíkra upplýsinga er lögreglu unnt að meta hvar brýnt er að efla umferðarlöggæslu og stýra þannig umferðarlöggæslu markvisst. Á þetta við bæði í dreifbýli og þéttbýli.
- *Söfnun og miðlun tölfræðiupplýsinga.* Mikilvægt er að söfnun og miðlun tölfræðiupplýsinga verði efld, en bylting varð á þessu sviði hér á landi með tilkomu embættis ríkislög-

reglustjóra. Nauðsynlegt er að efla enn frekar söfnun og úrvinnslu tölfræðiupplýsinga hér á landi þannig að unnt sé að taka upplýstar ákvarðanir um áherslur í lögreglumálum með hliðsjón af upplýsingum um þróun mála hér á landi og með samanburði við stöðu mála erlendis.

- *Alþjóðlegt samstarf.* Skipulögð glæpastarfsemi er sívaxandi vandamál í heiminum og teygir slík starfsemi anga sína til Íslands. Til þess að berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi þarf meðal annars að efla alþjóðlega lögreglusamvinnu og verður það gert með skipulögðum hætti á vettvangi samvinnu Norðurlandanna og á vettvangi Interpol, Schengen og Europol.

18. *Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir skilgreiningu á lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi og deild fyrir sig til að gætt sé almannaöryggis og réttaröryggi íbúa sé tryggt í samræmi við lögreglulög?*

Upplýsingar um fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi er að finna í þessari skýrslu svo og upplýsingar um fjölda íbúa á hvern lögreglumann. Eins og þar má sjá er að því gætt að samræmi sé á milli fjölda íbúa og fjölda lögreglumanna, en fjöldi lögreglumanna í hverju umdæmi er byggður á áratuga reynslu á umfangi lögreglustarfsins á hverjum stað. Í 27. gr. lögreglulaga segir að ráðherra ákveði á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra og að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi. Í reynd er það svo að fjöldi lögreglumanna er ákveðinn í fjárlögum hvers árs og hefur lögreglumönnum fjölgað umtalsvert á undanförnum árum eins og fram kemur í skýrslunni. Hefur það gerst með hækkun fjárveitinga á fjárlögum hverju sinni til einstakra embætta. Við mat á því hvar fjölga skuli lögreglumönnum hefur verið stuðst við upplýsingar um aukinn íbúafjölda, aukinn málafjölda o.s.frv., en jafnframt hefur verið fjölgað lögreglumönnum til að sinna sérstökum verkefnum, og má þar nefna fíkniefnalöggæslu og grenndarlöggæslu.

Það er mat dómsmálaráðherra að þjónusta allra lögregluliða á Íslandi sé í samræmi við lögreglulög og að almanna- eða réttaröryggi sé tryggt með hliðsjón af núverandi fjölda lögreglumanna og skipulagi löggæslu á Íslandi. Tilvik kunna að koma upp í einstökum lögregluumdæmum þar sem venjulegt lið er ekki í stakk búið til að sinna aðkallandi verkefni, t.d. stóru löggæsluverkefni eins og eftirlit í tengslum við útihátíðir eða náttúruhamfarir. Í þeim tilvikum koma viðkomandi liði til aðstoðar lögreglumenn frá embætti ríkislögreglustjóra og/eða öðrum lögregluembættum, allt eftir eðli ástandsins hverju sinni. Lögreglulögin hafa að geyma ýmsar heimildir í þessum efnum, sbr. einkum ákvæði 7. gr. lögreglulaga.

Dómsmálaráðuneytið fylgist náið með þróun mála hjá einstökum embættum og gerir reglubundið úttektir á því hvernig þau eru í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin lögum samkvæmt. Í samræmi við það er tillögum um fjölgun lögreglumanna forgangsraðað og ávallt við það miðað að efla lögreglulið og aðra starfsemi embættanna þar sem þess er mest þörf, m.a. miðað við íbúa- og málafjölda. Endanleg ákvörðun er síðan í höndum Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

1366. Nefndarálit [711. mál]

um frv. til l. um Umhverfisstofnun.

Frá 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Annar minni hluti umhverfisnefndar Alþingis gagnrýnir vinnubrögð umhverfisráðuneytisins við undirbúning og framlagningu frumvarps til laga um Umhverfisstofnun. Frumvarpið var afgreitt á stuttum tíma í umhverfisnefnd Alþingis, umfjöllun um það var ófullnægjandi og mörgum spurningum er enn ósvarað um markmið, skipulag, verkefni og almenna starfsemi hinnar nýju stofnunar. Málið er vanbúið og ótímabært. Nær hefði verið að undirbúa skipulagsbreytingar á stofnunum umhverfisráðuneytis betur og gefa útfærslu breytinganna meiri gaum. Þá hefði t.d. gefist kostur á því að huga að verkefnum á sviði umhverfismála sem heyra nú undir landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti.

Að auki telja undirrituð að við endurskoðun sem þessa hefði verið skynsamlegra að skoða stofnanauppbyggingu umhverfisráðuneytisins í heild. Annar minni hlutinn gerir ekki lítið úr nauðsyn þess að huga að sameiningu ríkisstofnana í því augnamiði að gera rekstur þeirra hagkvæmari, skilvirkari og faglegri. Í því tilfelli sem hér um ræðir er undirbúningur og markmiðssetning sameiningarinnar öll í skötulíki og í þokkabót má skilja á umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið að eftir sem áður verði þeim stofnunum sem hér um ræðir naumt skammtað fé til rekstrar og því verði eftir sem áður aðeins unnt að sinna brýnustu verkefnum þeirra. Varla geta það talist háleit markmið á sviði umhverfismála.

Hér skulu tíunduð nánar rök 2. minni hluta umhverfisnefndar fyrir því að leggjast gegn stofnun Umhverfisstofnunar með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpi umhverfisráðherra.

Það er álit 2. minni hluta að réttast hefði verið að skipa fyrst starfshóp til að undirbúa sameiningu þessara stofnana og að sá starfshópur hefði átt að hafa náið samráð við starfsmenn stofnananna um fyrirkomulag sameiningarinnar og verkaskiptingu. Einboðið er að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í starfshópi sem skipaður verður samkvæmt frumvarpinu verði það að lögum.

Hæfniskröfur til forstjóra eru ekki skýrar utan að viðkomandi á að hafa háskólamenntun. Ekki er því talið nauðsynlegt að forstjórinn hafi sérþekkingu á viðfangsefnum stofnunarinnar en engu að síður hefur hann síðasta orðið um mannaráðningar. Í nýrri Umhverfisstofnun getur einnig hæglega komið til hagsmunaárekstra innan húss, t.d. ef Náttúruvernd ríkisins leggst gegn veitingu starfsleyfis sem Hollustuvernd þarf svo að taka afstöðu til. Hver á þá að vera úrskurðaraðili innan stofnunarinnar? Forstjóri sem e.t.v. hefur ekki sérþekkingu á því máli sem fjallað er um? Þennan hnút þarf að leysa áður en af sameiningu framangreindra stofnana getur orðið.

Hreindýraráð verður lagt niður en áfram á að hafa einn starfsmann á Austurlandi. Í bréfi hreindýraráðs er ekki gerð athugasemd við að yfirstjórn hreindýramála verði hjá Umhverfisstofnun en skipulagning veiðanna verði áfram í höndum heimamanna. Lögð er áhersla á að áfram verði starfandi ráðgefandi hreindýraráð sem umhverfisráðherra skipi. Hreindýraráð fengi hlutverk ráðgjafarnefndar um vernd, veiði og nýtingu hreindýrastofnsins á Austurlandi.

Í umsögn Skotveiðifélags Íslands kemur fram að félagið telur embætti veiðistjóra eiga að vera í Reykjavík, enda búi um 80% íslenskra skotveiðimanna á höfuðborgarsvæðinu. Þá er bent á að sum verkefni embættisins mætti bjóða út, t.d. námskeiðahald og útgáfu veiðikorta.

Áhyggjur af sessi matvælaeftirlits innan hinnar nýju stofnunar koma fram í umsögn Samtaka iðnaðarins. Þar segir m.a. að samtökin telja nær að efla matvælaeftirlit fremur en draga

úr því eins og veruleg hætta virðist á ef málefni matvæla verða gerð að lítt skilgreindum hluta mun stærri stofnunar.

Starfsmenn eru uggandi um sinn hag. Fram kom á fundi umhverfisnefndar að starfsfólk matvælasviðs Hollustuverndar hafi áhyggjur af því að sviðið verði utan garðs í hinni nýju stofnun. Starfsfólk eiturefna- og mengunarsviðs er hins vegar jákvætt gagnvart breytingunni, ekki síst í ljósi þess að það á að flytjast í nýtt og boðlegt húsnæði. Starfsmenn Náttúruverndar ríkisins fluttust í nýtt húsnæði árið 2000 en eins og gefur að skilja tekur nokkurn tíma að koma sér fyrir á nýjum stað. Til þess að eyða óvissu vegna hins hugsanlega sameiningarferlis verður m.a. að tryggja starfsmönnum sæti í undirbúningshópnum og sjá til þess að þeir hafi aðgang að öllum upplýsingum um ferlið. Réttarstöðu starfsmanna þarf líka að skýra betur, t.d. það ákvæði til bráðabirgða að starfsmenn eigi forgang til starfa á fyrsta starfsári stofnunarinnar.

Hlutfallsleg stærð þessara stofnana er einnig umhugsunarefni eins og bent hefur verið á, m.a. í umsögn dýraverndarráðs. Þar segir: „Dýraverndarráð bendir á að þær stofnanir og nefndir sem ætlunin er að sameina í Umhverfisstofnun eru misstórar og ráðið telur mikla hættu á að ekki verði jafnræði með þeim. Í þessu sambandi má nefna að dýraverndarráð hefur í dag einn starfsmann í 25% starfshlutfalli, hreindýraráð hefur einn starfsmann, embætti veiðistjóra 5 starfsmenn, Náttúruvernd ríkisins 17 starfsmenn á móti 50 starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins. Að mati dýraverndarráðs verður í lagafrumvarpinu að vera tryggt að starfsemi minni einingarnna beri ekki skaða af sameiningunni. Einnig verður að koma skýrt fram hvernig slík sameining á að auka hagræðingu en það er að mati ráðsins ekki nægilega vel rökstutt.“ Óhætt er að taka heils hugar undir þessar ábendingar.

Eftirlit með alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála er í lausu lofti og óljóst hvernig þeim verður framfylgt. Svo virðist sem lítill skilningur sé innan umhverfisráðuneytisins á mikilvægi þeirrar þekkingar sem aflað hefur verið innan Náttúrufræðistofnunar Íslands á framkvæmd og eftirliti með alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála. Ekki er hægt að draga aðra ályktun af þeirri hugmynd að flytja þessi verkefni til Umhverfisstofnunar án þess að kveða nánar á um hvernig skuli að því staðið. Fram kom í máli fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands að þar á bæ þætti eðlilegt að stækka starfshópinn sem undirbúa á starfsemi Umhverfisstofnunar, m.a. með tilliti til alþjóðlegra samninga.

Einnig verður að teljast fráleitt að kveða á um það í lögum, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að stofnunin skuli vera í Reykjavík. Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði og það hlýtur að ráðast af framboði hentugs leiguhúsnæðis á svæðinu hvar hagkvæmt verður að setja hina nýju stofnun niður.

Að síðustu skal á það bent að það er til lítils að sameina nokkrar fjársveltar stofnanir og gera úr þeim eina stóra fjársvelta Umhverfisstofnun. Sem dæmi má nefna að forstjóri Hollustuverndar telur að 150 millj. kr. vanti árlega til þess að standa undir skuldbindingum stofnunarinnar vegna EES-samningsins. Hvert verður í raun sóknarfæri hinnar nýju Umhverfisstofnunar ef framlög þessarar starfsemi verða áfram skorin niður við trog?

Þá verður að teljast óraunhæft með öllu að kostnaður við flutning þessara fimm stofnana undir eitt þak verði ekki neinn eins og haldið er fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið. Verði af þessari sameiningu er ljóst að gera verður ráð fyrir flutningskostnaði í fjárlögum 2003 en fram kom í máli forstjóra Náttúruverndar ríkisins að kostnaðurinn gæti numið allt að 40 millj. kr.

Annar minni hluti telur fagleg samlegðaráhrif af sameiningu þessara stofnana geta verið jákvæð til lengri tíma litið en undirbúningi sameiningarinnar er ábótavant í öllum aðal

atriðum. Því leggst 2. minni hluti gegn því að frumvarp til laga um Umhverfisstofnun verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 2002.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, frsm. Jóhann Ársælsson.

1367. Svar [635. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hjúkrunarheimili aldraðra.

1. *Hve há daggjöld eru greidd til hjúkrunarheimila aldraðra? Óskað er upplýsinga um daggjöld árin 2000, 2001 og 2002, sundurliðað eftir stofnunum. Ef daggjöldin eru mismunandi, hver er skýringin á því? Við hvaða stofnanir hafa verið gerðir þjónustusamningar?*

Á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða er heimilisfólk sem dvelur í hjúkrunarrýmum eða dvalarrýmum. Sum heimili eru eingöngu hjúkrunarheimili, önnur eru hjúkrunar- og dvalarheimili og á enn öðrum er einnig dagvist fyrir aldraða.

Dvalarheimili eru vistarverur sniðnar að þörfum aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu.

Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eru ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum eða sambýlum.

Dagvist aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal boðið upp á hjúkrunarþjónustu, aðstöðu til þjálfunar og læknisþjónustu. Í dagvist á m.a. að vera boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Daggjöld hjúkrunarheimila aldraðra.

Hjúkrunarheimili eru ýmist á föstum fjárlögum eða fá greitt samkvæmt daggjaldataxta. Taxtinn fyrir daggjaldastofnanir árin 2000, 2001 og 2002 er sem hér segir:

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001	Daggjald 2000
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	11.530	10.468	9.750
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík rekstur	14.343		
08-495	1.12A	Sóltún, Reykjavík byggingar	2.822		
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	10.594	9.329	8.428
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	10.251	9.200	8.428
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	10.919	9.914	8.925
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10.398	9.136	8.428
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	10.977	9.457	8.428
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	10.667	9.243	8.428
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	10.105	9.179	8.428
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	10.292	9.179	8.428
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	10.105	9.179	8.428
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	10.553	9.332	8.428
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	11.196	9.504	8.580
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11.255	9.924	8.925
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	10.800	9.482	8.580
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.548	9.343	8.580
08-495	1.47A	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrými	7.000	6.275	5.953
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	10.968	9.786	9.200
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrými	6.962	6.500	6.256
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	10.889	9.829	9.200
08-495	1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	10.738	9.752	8.428
		Grenilundur, Grenivík	10.687	0	0

Daggjaldataxti er ákveðinn í upphafi árs og breytist ekki á árinu. Í viðbót við framan greindan taxta fá hjúkrunarheimili launabætur ef kjarasamningar hækka á árinu og ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri hækkun í fjárlögum. Í sumum tilvikum bætast einnig við fjárveitingar á fjáraukalögum og millifærslur af öðrum liðum.

Daggjald hjúkrunarheimilisins Sóltúns breytist á árinu í samræmi við samning um að leggja til og reka hjúkrunarheimilið að Sóltúni 2, Reykjavík. Daggjald Sóltúns er tvískipt og er annar hlutinn ætlaður til reksturs og hinn hlutinn til að endurgreiða byggingarkostnað heimilisins. Í því sambandi má benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er það hlutverk ríkissjóðs og sveitarfélaga að byggja hjúkrunarheimili. Daggjald Sóltúns er nú 2.822 kr. á hjúkrunarrými vegna byggingarkostnaðar og 14.343 kr. vegna reksturs hjúkrunarheimilisins. Hins vegar ber að minna á að launakostnaður við umönnun er hluti af rekstrardaggjaldi og breytist heildarlaunakostnaður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða samkvæmt mælingum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna og launakostnaður ófaglærðra samkvæmt mælingum Landspítala – háskólasjúkrahúss. Opinberar tölur frá kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna berast mjög seint og vantar því launahækkanir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem orðið hafa eftir júní 2001 inn í framangreinda taxta. Ljóst er að daggjald Sóltúns á eftir að hækka frá því sem að framan greinir. Laun ófaglærðra vega mun minna og var þeim breytt samkvæmt launavísitölu þar sem launamælingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi liggja ekki fyrir í ráðuneytinu.

Daggjöld á Fellsenda og Ási/Ásbyrgi geðdeild eru lægri en daggjöld annarra hjúkrunarheimila. Ástæðan er sú að rekstrar- og umönnunarkostnaður geðdeildar er lægri en rekstrar- og umönnunarkostnaður venjulegs hjúkrunarrýmis.

Vegna kjarasamninga á árinu 2001 voru talsverðar launahækkanir það ár og nokkuð um fjárveitingar á fjáraukalögum. Ef launabætur, fjárframlög á fjáraukalögum og millifærslur af öðrum fjárlagaliðum eru teknar með verður framangreindur daggjaldataxti sem hér segir fyrir árin 2002 og 2001. Engar breytingar hafa orðið á fjárheimildum fyrir árið 2002 það sem af er ári.

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	11.530	11.109
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík	14.343	0
08-495	1.12	Sóltún, Reykjavík húsnæðisgjald	2.822	0
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	10.594	9.434
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	10.251	9.631
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	10.835	10.118
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	10.398	9.619
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	10.977	9.457
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	10.667	9.783
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	10.105	5.729
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	10.292	9.603
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	10.105	9.520
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	10.553	10.360
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	11.229	11.168
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	11.158	10.237
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	10.832	9.596
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.548	9.484
08-495	1.47A	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrými	7.000	6.148
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	10.968	10.433
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal	6.962	6.544
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	10.889	11.841
08-495	1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	10.738	10.814
		Grenilundur, Grenivík	10.687	0

Mismunandi daggjöld.

Heilsufar vistmanna er misjafnt milli hjúkrunarheimila. Því veikari sem vistmenn eru, þeim mun meiri umönnun þurfa þeir. Heilsufar vistmanna er mælt af hjúkrunarfræðingum samkvæmt svokölluðu RAI-matskerfi. Samanlögð mæling vistmanna á hjúkrunarheimili gefur ákveðið meðaltal sem verður RAI-mat heimilisins. Því hærra sem RAI-matið er, þeim mun veikari eru vistmennirnir og þeim mun meiri umönnun þurfa þeir. Við ákvörðun á daggjaldataxta hefur verið tekið tillit til RAI-mats. Árið 2000 var hjúkrunarheimilum raðað í daggjaldsflokka samkvæmt RAI-mati. Árið 2001 var RAI-mat 10% hluti af daggjaldataxta og heimiluð fjárveiting 90% af daggjaldi. Árið 2002 vó RAI-stuðullinn 50% af daggjaldataxta og fjárveiting 50%. Árið 2003 er áætlað að RAI-mat vegi 70% af daggjaldataxta og fjárveiting 30%. Rétt er að benda á að í samningi um rekstur Sóltúns var gert ráð fyrir að þeir sem þar vistast hafi hátt RAI-mat og þarfnist mikillar hjúkrunar. Sóltún er því nokkurs konar millistig milli sjúkrahúss og hefðbundinna hjúkrunarheimila.

Eins og fram kom hér að framan eru sum hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum og fá ekki greitt samkvæmt daggjöldum. Ef fjárveitingu þeirra á árinu er deilt niður á hjúkrunarrými og miðað við 99% nýtingu þá væru fjárveitingar þeirra á hjúkrunarrými eins og hér segir:

RáFjlnr	Viðf	Staður	Daggjald 2002	Daggjald 2001	Daggjald 2000
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	12.192	11.551	10.441
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	11.701	10.872	10.243
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilð Skjól	11.304	10.469	9.699
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	11.336	10.551	9.731
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	11.620	11.353	10.162
08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	12.565	11.945	11.003
08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	11.434	10.504	10.247
08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	10.377	9.889	8.973
08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	10.228	9.616	8.757
08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsf.	10.531	10.239	9.020
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	10.265	10.160	9.029
08-421	1.01	Víðines	12.992	13.233	10.947
08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri	10.685	10.673	9.589
08-497	1.11	Reynslusveitarfélagið Hornarfjörður	13.068	12.398	10.779

Innifalið í daggjaldi reynslusveitarfélags Hornafjarðar eru fjögur sjúkrarými fyrir bráðasjúklinga.

Þjónustusamningar.

Þjónustusamningur hefur verið gerður við hjúkrunarheimilið Lund, Hellu, hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði, hjúkrunarheimilið Hornbrekku, Ólafsfirði, og hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.

2. *Hvernig eru daggjöldin reiknuð? Hvað er innifalið í þeim hjá hverri stofnun og hver var niðurstaða rekstrarreiknings hverrar þessara stofnana í árslok 2000 og 2001?*

Rekstrarupplýsingum er safnað frá dvalar- og hjúkrunarheimilum. Hér er um að ræða ársreikninga og upplýsingar þar sem rekstur er sundurliðaður eftir hjúkrunarrýmum, dvalarrýmum og dagvistarrýmum. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og síðan notaðar til að reikna meðalkostnað á hjúkrunarheimili sem hefur RAI= 1. Verið er að innleiða RAI-matskerfið skref fyrir skref við útreikning á daggjaldataxta. Eins og fram kemur hér að framan var RAI-matið notað að 50% við útreikning á daggjaldi fyrir árið 2002 og verður væntanlega 70% á næsta ári.

Við fjárlagagerð er stuðst við raunverulegan rekstrarkostnað hjúkrunarheimila og tekið mið af samþykktum fjárlagaramma.

Verið er að breyta útreikningi á daggjaldi frá því að reikna daggjald út frá rekstrarkostnaði hvers heimilis í það að reikna meðaldaggjald út frá meðalkostnaði allra hjúkrunarheimila. Útreikningur á daggjaldi fyrir árið 2002 miðaðist að hálfu við meðalrekstrarkostnað hjúkrunarheimilis og að hálfu við fjárveitingu sem viðkomandi hjúkrunarheimili hefur fengið á fjárlögum. Hér er um að ræða raunverulegan rekstur meðalhjúkrunarrýmis og fjárveitingu á hjúkrunarrými viðkomandi heimilis. Meðalrekstri hjúkrunarheimilis með RAI=1 er skipt í grófum dráttum í sértekjur, launakostnað starfsmanna sem sinna umönnun, launakostnað annarra starfsmanna og annan rekstrarkostnað. Sértekjur, annar launakostnaður og annar rekstrarkostnaður breytist ekki og er sá sami fyrir öll hjúkrunarheimili. Launakostnaður við umönnun breytist hins vegar í samræmi við RAI-mat heimilisins. Fjárveitingu heimilis er á

hinn bóginn deilt niður á heimiluð hjúkrunarrými og niður á 365 daga ársins og margfölduð með milljón, sbr. (153,6 millj. kr. / (39 rými x 365 dagar)) 1.000.000 = 10.790 kr.

Rekstrargjöld og tekjur		RAI=1,0	Heimili A RAI=1,05	Heimili B RAI=0,95
Laun við umönnun	kr.	6.435	6.756	6.113
Önnur laun	kr.	2.091	2.091	2.091
Önnur gjöld	kr.	2.912	2.912	2.912
Kostnaður samtals	kr.	11.438	11.759	11.116
Sértekjur	kr.	-429	-429	-429
Rekstur hjúkrunarrýmis	kr.	**11.009**	**11.330**	**10.687**
Fjárveiting hjúkrunarheimilis	m.kr.	153,6	115,0	92,3
Fjöldi hjúkrunarrýma		39	28	25
Fjárveiting á hjúkrunarrými	kr.	**10.790**	**11.252**	**10.110**
Daggjald	kr.	**10.900**	**11.291**	**10.398**

Daggjald er meðaltal af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýmis og fjárveitingu hjúkrunarrýmis. Rauntölur sem notaðar voru við ákvörðun á daggjaldi ársins 2002 eru frá árinu 2000 og framreiknaðar til 2002 samkvæmt vísitölum. Ástæðan fyrir þessu er sú að fjárlagavinnan er unnin á árinu á undan gjaldaári og rekstrartölur berast árið á eftir gjaldaári.

Allur venjulegur rekstrarkostnaður er innifalinn í daggjöldum. Hins vegar hefur ekki í daggjöldum verið tekið tillit til meiri háttar viðhalds, húsaleigu, lífeyrisskuldbindinga, afskrifta á húsnæði og vaxta af langtímaskuldum vegna byggingarkostnaðar.

Niðurstaða rekstrarreikninga.

Niðurstaða rekstrarreikninga koma fram í töflunum, tölur eru í þús. kr. Þar sem tölur vantar hafa rekstrarupplýsingar frá hjúkrunarheimili ekki borist. Undantekning er Barmahlíð en þar greiddu sveitarfélög hallann á árinu 2001.

Afkoma heildarrekstrar daggjaldastofnana fyrir árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili fjárhæðir eru í þús. kr.	**Afkoma árið 2000**	**Afkoma árið 2001**
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	-60.313	-64.083
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	-6.217	-19.331
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	2.210	-7.101
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	-2.428	-36.317
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	-2.178	-15.179
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	-5.398	
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraða Borgarnesi	-83	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	-1.945	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi	9.693	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	-7.060	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	2.856	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	-3.295	-8.731
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	-42.971	-17.104
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	-30.003	-59.037
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-10.195	-16.572
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	-3.443	-14.146
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrými	-1.009	-1.825
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	-10.897	-10.954
08-495	1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	-1.338	-19
		Afkoma á árunum 2000 og 2001	-174.016	-270.399

Afkoma heildarrekstrar fastafjárlagastofnana fyrir árin 2000 og 2001

Heiti stofn. RáFjlnr	Viðf	**Dvalar- og hjúkrunarheimili** fjárhæðir eru í þús. kr.	**Afkoma árið 2000**	**Afkoma árið 2001**
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	10.939	-3.499
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	-6.318	18.226
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilð Skjól	877	-2.724
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	-2.627	-11.861
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	2.420	-10.021
08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-10.004	-18.561
08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	-4.780	-15.953
08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-5.886	-20.649
08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	-2.538	-3.688
08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	-3.417	
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	-225	-9.047
08-421	1.01	Víðines	-9.082	
08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri		-59.508
		Afkoma á árunum 2000 og 2001	-30.641	-137.286

Afkoma hjúkrunardeilda hjá fastafjárlaga- og daggjaldastofnunum fyrir árin 2000 og 2001. Tölur eru í þús. kr.

Afkoma hjúkrunardeilda daggjaldastofnana fyrir árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	-12.365	-1.920
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	342	-7.276
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	4.218	-4.719
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	21.040	2.331
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	2.322	-4.287
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum	-4.892	
08-495	1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	7.798	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	-2.511	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	13.500	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	-452	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	4.720	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	-14.773	-5.973
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	-48.475	-14.249
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	-8.104	-26.271
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	-8.772	-6.626
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	119	-10.321
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal geðrými	-1.009	-1.825
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	-10.897	-10.954
08-495	1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	3.565	7.194
		Afkoma á árunum 2000 og 2001	-54.627	-84.897

Afkoma hjúkrunardeilda fastafjárlagastofnana fyrir árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Hjúkrunarheimil Fjárhæðir eru í þús. kr.	Afkoma árið 2000	Afkoma árið 2001
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	10.939	-3.499
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	-6.318	18.226
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilð Skjól	877	-2.724
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	-2.627	-11.861
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	2.420	-10.021
08-412	1.01	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	-10.004	-18.561
08-413	1.01	Hjúkrunarheimilið Droplaugastaðir	-4.780	-15.953
08-414	1.01	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	-2.213	-13.203
08-415	1.01	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	-568	-4.435
08-416	1.01	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	-2.494	
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	-4.037	-10.667
08-421	1.01	Víðines	-9.082	0
08-496	1.11	Reynslusveitarfélagið Akureyri		-10.896
		Afkoma á árunum 2000 og 2001	-27.887	-83.595

Í rekstrarafkomu hjá Hrafnistu í Reykjavík og Holtsbúð í Garðabæ hefur verið tekið tillit til fjárveitingar á fjáraukalögum sem heimilin fengu 2000 og 2001. Afskriftir á húsnæði eru innifaldar í tölum frá Hrafnistu í Reykjavík og Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. *Þurfa einhver hjúkrunarheimili aldraðra að greiða af almennum rekstrargjöldum einhverja útgjaldaliði sem önnur fá bætt í daggjöldum eða samkvæmt þjónustusamningi? Ef svo er, hver er skýringin á því?*

Meginreglan er sú að daggjöld eiga að duga fyrir almennum rekstrargjöldum. Hins vegar eru ákveðin rekstrargjöld almennt ekki innifalin í daggjaldi eins og meiri háttar viðhald, húsaleiga, lífeyrisskuldbindingar og vextir af langtímaskuldum vegna byggingarkostnaðar, sbr. hér að framan.

Hjúkrunarheimilið Sóltún er undanskilið og fær greitt daggjald til að byggja og reka hjúkrunarheimilið og er hlutur byggingarkostnaðar og vaxta sérgreindur í daggjaldi samkvæmt tilboði. Byggingarkostnaður og vextir eru ekki innifaldir í daggjaldi annarra hjúkrunarheimila. Hér er í raun um ákveðna fjármögnunaraðferð að ræða þar sem eigendur Sóltúns fjármagna byggingarkostnað og vexti og fá byggingarkostnað endurgreiddan á 25 árum í daggjaldi sem ríkissjóður greiðir. Í því sambandi ber að geta þess að Sóltún getur hvorki sótt um styrk til viðhalds- og stofnframkvæmda úr Framkvæmdasjóði aldraðra né af fjárlagaliðunum 08-381 *Sjúkrahús og læknisbústaðir*. Um aðra fjármögnunaraðferð er fjallað í 24. og 34. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þar sem hjúkrunarheimili er skilgreint sem sjúkrahús. Ef byggt er samkvæmt þessum lagagreinum þá greiðir ríkissjóður 85% stofnkostnaðar við byggingu og búnað og sveitarfélög 15%. Í þessu tilviki fjármagnar ríkissjóður og greiðir byggingarkostnað á mun skemmri tíma en að framan greinir. Þriðja fjármögnunarleiðin er sú að Framkvæmdasjóður aldraða leggi fram 40% byggingarkostnaðar, sveitarfélög 15% og aðrir aðilar 45%. Einnig má minna á varðandi aðra þætti í rekstri húsnæðis að nefnd er að skoða þátt húsnæðis í daggjöldum fyrir önnur hjúkrunarheimili og á hún að skila áliti eigi síðar en í júní 2002.

Þá eru í samningi við hjúkrunarheimilið Sóltún ákvæði um að fari lyfjakostnaður vistmanns umfram ákveðin mörk fái heimilið það bætt. Í heilbrigðisráðuneytinu er unnið að því að önnur heimili fái einnig endurgreiðslu vegna mikils lyfjakostnaðar. Auk þess fær Sóltún endurgreidd dýr og persónubundin hjálpartæki og er þá átt við: a) Spelkur og gervilimi. b) Stomahjálpartæki. c) Sérhæfð hjálpartæki fyrir einstakling sem ólíklegt er að komi síðar að notkun á heimilinu fyrir aðra sjúklinga. Önnur stærri hjúkrunarheimili fá ekki slíkar leiðréttingar. Hins vegar er á fjárlagalið 08-495-197 sjóður til aðstoðar smærri daggjaldastofnunum. Sjóðurinn er notaður til að styrkja smærri dvalar- og hjúkrunarheimili til að mæta kostnaði við kaup á persónubundnum hjálpartækjum og til að mæta verulegum lyfjakostnaði vistmanns og öðrum tilvikum sem setja fjárhag heimilis verulega úr skorðum.

Í þjónustusamningum við hjúkrunarheimilin Lund, Hulduhlíð, Hornbrekku, Naust og í samningi um Sóltún eru ákvæði um að hjúkrunarheimilin fái ákveðið hlutfall af daggjaldi greitt um ákveðinn tíma þegar vistmaður fer á sjúkrahús, flytur fyrir fullt og allt af heimilinu eða andast. Unnið er að því í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að taka upp í ár sambærilegar reglur fyrir önnur hjúkrunarheimili. Þótt önnur hjúkrunarheimili hafi ekki haft þessa heimild hafa mörg þeirra getað notað ónýtt bráða- eða dvalarrými til að taka inn nýjan vistmann um leið og vistmaður yfirgefur heimilið alfarið eða andast.

4. *Eru launakjör starfsfólks á þessum stofnunum sambærileg og hver er hlutur launa af heildarrekstrarkostnaði hverrar stofnunar?*
5. *Hver er skilgreind hjúkrunarþyngd á þeim stofnunum sem hér um ræðir?*

Hjúkrunarheimili semja sjálf um launakjör starfsmanna sinna. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um launakjör einstakra starfsmanna hjá stofnunum og getur ekki svarað hvort launakjör séu sambærileg milli stofnana.

Hlutur launa í heildarrekstrarkostnaði og hjúkrunarþyngd.

Hlutur launa í heildarkostnaði er samkvæmt eftirfarandi töflu. Hér er um hlutfall heildarlauna að ræða í heildarrekstrarkostnaði. Þar sem rekstrartölur vantar í eftirfarandi yfirliti hafa rekstrarupplýsingar fyrir árið 2001 ekki borist frá viðkomandi hjúkrunarheimili.

Svokallað RAI-mat er skilgreind hjúkrunarþyngd fyrir viðkomandi hjúkrunarheimili. RAI-mat fyrir árið 2000 er byggt á tímamælingum frá árinu 1994, en RAI-mat frá árinu 2001 byggist á tímamælingum frá árinu 2001. Seinni tímamælingin byggist á mun stærra úrtaki en mælingin frá árinu 1994 og er áreiðanlegri.

Hlutfall launa í heildarkostnaði daggjaldastofnana árin 2000 og 2001

RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili	RAI 2000	Hlf. launa árið 2000	RAI 2001	Hlf. launa árið 2001
08-495	1.11	Seljahlíð, Reykjavík	1,05	73,66%	1,08	70,9%
08-495	1.15	Dalbær, Dalvík	0,96	74,17%	1,00	72,9%
08-495	1.19	Hjallatún, Vík	0,84	74,31%	0,90	73,9%
08-495	1.21	Höfði, Akranesi	0,90	68,13%	0,98	70,7%
08-495	1.23	Hraunbúðir, Vestmanna.	0,89	68,46%	0,95	67,9%
08-495	1.25	Barmahlíð, Reykhólum		74,09%	0,87	47,5%
08-495	1.27	Dvalarheimili aldr. Borgarn.	0,88	74,77%	1,01	
08-495	1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	0,83	59,08%	0,88	
08-495	1.33	Dvalarheimili aldr. Stykkish.		53,69%	0,90	
08-495	1.35	Jaðar, Ólafsvík	0,85	74,98%	0,88	
08-495	1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjark	0,87	79,23%	0,94	
08-495	1.41	Hrafnista, Reykjavík	1,03	77,43%	1,04	74,9%
08-495	1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	1,03	70,05%	1,02	73,7%
08-495	1.45	Grund, Reykjavík	0,95	68,31%	1,00	67,9%
08-495	1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	0,88	75,36%	0,93	67,9%
08-495	1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	0,78	74,20%	1,01	75,6%
08-495	1.51	Fellsendi, Búðardal		66,73%	0,92	66,4%
08-495	1.81	Holtsbúð, Garðabæ	0,83	69,09%	0,94	72,3%
08-495	1.83	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	0,84	67,96%	0,93	71,1%
		Meðalhlf. 2000 og 2001		72,18%		71,5%

Hlutfall launa í heildarkostnaði fastafjárlagastofnana árin 2000 og 2001

Heiti stofnana RáFjlnr	Viðf	Dvalar- og hjúkrunarheimili	RAI 2000	Hlf. launa árið 2000	RAI 2001	Hlf. launa árið 2001
08-368	1.01	Sólvangur, Hafnarfirði	1,14	80,5%	0,99	81,1%
08-408	1.01	Sunnuhlíð, Kópavogi	1,07	74,3%	1,05	77,2%
08-409	1.01	Hjúkrunarheimilð Skjól	1,18	79,7%	1,01	77,2%
08-410	1.01	Hjúkrunarheimilið Eir	1,04	75,5%	1,02	74,4%
08-411	1.01	Garðvangur, Garði	0,82	74,2%	1,00	69,6%
08-412	1.01	Hjúkrunarh. Skógarbær	1,17	75,6%	1,06	75,6%
08-413	1.01	Hjúkrunarh. Droplaugast.	1,29	76,3%	1,03	75,8%
08-414	1.01	Hjúkrunarh. Lundur	1,22	76,3%	1,06	74,3%
08-415	1.01	Hjúkrunarh. Hulduhlíð.	0,96	75,7%	0,99	78,7%
08-416	1.01	Hjúkrunarh. Hornbrekka	1,32	76,7%	0,95	
08-417	1.01	Hjúkrunarheimilið Naust	0,81	69,0%	0,98	72,5%
08-421	1.01	Víðines	1,17	68,5%	1,00	
08-496	1.11	Reynslusv. Akureyri	0,00		1,00	70,1%
		Meðalhlf. 2000 og 2001		76,4%		75,2%

6. *Hve margir aldraðir eru á biðlista eftir vist á hjúkrunarheimilum, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Í janúar 2002 voru 489 manns á vistunarskrá eftir hjúkrunarrýmum, sbr. eftirfarandi yfirlit.

Kjördæmi	Þörf	Brýn þörf	Mjög brýn þörf	Samtals
Reykjavík	24	11	255	290
Reykjanes	4	21	95	120
Vesturland	0	1	7	8
Vestfirðir	1	0	0	1
Norðurland-vestra	3	7	2	12
Norðurland-eystra	8	6	20	34
Austurland	0	2	10	12
Suðurland	1	4	7	12
Samtals	41	52	396	489

1368. Svar [700. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um þátttöku Landsvirkjunar í menningartengdu starfi.

1. *Hversu miklum fjármunum hefur Landsvirkjun varið til menningarstarfsemi og menningartengdra verkefna, í eigin nafni og í samvinnu við aðra, á árabilinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?*

Landsvirkjun hefur á undanförnum missirum látið til sín taka með markvissum hætti í ýmsum verkefnum sem snerta samfélagsmálefni. Þetta er lið ur í breyttri stefnu fyrirtækisins sem snertir vinnubrögð á flestum sviðum. Það er niðurstaða mats á starfsemi Landsvirkjunar að kjarninn í samfélagsábyrgð fyrirtækisins tengist þeirri staðreynd að fyrirtækið er frumkvöðull í uppbyggingu inni á hálendinu og hefur opnað það fyrir ferðamönnum með samgöngubótum. Þá er starfsemi fyrirtækisins dreifð um land allt og mikilvægur hlekkur í smáum samfélögum víða og myndar þar ákveðna kjölfestu. Þá hefur hörð umræða um virkjanir, stóriðju og umhverfismál undanfarið undirstrikað mikilvægi þess að fólk geti kynnst áformum og starfsemi Landsvirkjunar af eigin raun. Fyrirtækið hefur af þeim sökum lagt áherslu á aðgengi að mannvirkjum og starfsemi fyrirtækisins ásamt fræðslu og kynningu á orkumálum og umhverfismálum þeim tengdum. Samstarf við aðra á sviði menningarmála er snar þáttur í öllu þessu starfi.

Með fyrrgreint að leiðarljósi hefur Landsvirkjun eflt þátttöku sína í menningarverkefnum sem falla að þessum markmiðum. Það er einnig niðurstaða fyrirtækisins að þessu starfi sé best sinnt í samstarfi við aðra. Galdurinn er að finna verkefni þar sem markmiðin falla saman og samstarfsaðilarnir styðja hver annan.

Landsvirkjun hefur varið rúmlega 107 millj. kr. til mennningarstarfsemi og menningartengdra verkefna sem tengjast fræðslu og listum á árunum 1998–2002. Í svari fyrirtækisins til ráðuneytisins kemur fram að á sviðum eins og rannsóknum, umhverfismálum, ferðamennsku, útivist og líknarmálum eru fjölmörg verkefni sem fyrirtækið hefur tengst og gætu fallið undir menningarstarfsemi. Á tímabilinu skiptust verkefnin með eftirfarandi hætti, í þús. kr. á verðlagi hvers árs:

1998	
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Leifur Eiríksson Publishing, bókagjöf til Vesturheims	1.050
Íslenska óperan	480
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, rafbílaráðstefna	300
Vopnaskak, hátíð á Vopnafirði	200
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	200
Myndlistar- og handíðaskóli Íslands, vistvænn og listrænn bíll	200
Hvassaleitisskóli, tölvugjöf	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Smærri framlög	230
Listir	100
Samtals	**4.780**
1999	
Reykjavík, menningarborg	4.000
Þjóðveldisbær, kirkjubygging	2.400

Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Minjasafn Akureyrar	1.500
Scandinavian House	560
Íslenska óperan	480
Landvernd, Vistvernd í verki, þýðing á handbók um vistvænt líferni	400
Ferðamálaráð, ráðstefna	300
Verkfræðingafélag Íslands, tæknidagur	200
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Kammersveit Reykjavíkur	100
Karlakór Akureyrar	100
Laugaskóli, söguritun	100
Háskóli Íslands, ráðstefnubæklingur	100
Tækniskóli Íslands, átaksverkefni í fræðslu	100
Töðugjöld, hátíð Rangæinga	100
Listir	385
Fræðsla/ráðstefnur	360
Samtals:	**13.085**
2000	
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	5.500
Reykjavík, menningarborg	4.000
FÍM	2.070
EXPO 2000	4.000
Ferðamálaráð, útgáfa	2.000
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Skátasamband Reykjavíkur, átaksverkefni	1.600
Gunnarsstofnun	1.500
Landvernd, Vistvernd í verki, þýðing og útgáfa á handbók	500
Íslenska óperan	480
Sveitarfélagið Hornafjörður, jöklasýning	500
Pjetur Stefánsson, kvikmyndagerð um sýningu FÍM	500
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, sýningin Refsingar á Íslandi	200
Vélskóli Íslands, kynning á vélstjóranámi	250
Minnisvarði um Nínu Sæmundsson	270
Háskóli Íslands, Konur til forystu	200
Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, kvikmyndagerð	200
Fiskistofa, útgáfa bókarinnar Hið sanna ástand heimsins	100
Kammersveit Reykjavíkur	100
Óperustúdíó Austurlands	100
Töðugjöld, hátíð Rangæinga	100
Landvernd, ráðstefna um Vatnajökulsþjóðgarð	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Jöklarannsóknafélag Íslands , ráðstefna	100
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, kvikmynd	100
Sjónvarpsþáttur um Jóhannes Nordal	100
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	100

Fræðslumál	485
Listir	235
Samtals	**27.290**
2001	
Þjóðminjasafn Íslands	8.000
Stofnun Gunnars Gunnarssonar	6.500
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	4.530
Hugsjón ehf. / RÚV vegna umhverfisþáttarins Spírall	2.000
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Ferðamálaráð, útgáfa	1.260
Fjölnir, kvikmyndagerð um urriðann í Þingvallavatni	1.000
Sveitarfélagið Hornafjörður, jöklasýning	1.000
UMFÍ, göngudagur fjölskyldunnar	500
Íslenska óperan	500
Reykjavíkurborg,.Gullna jafnvægið	500
Jarðhitafélag Íslands, ráðstefna	400
Ljóstæknifélag Íslands, ráðstefna	350
Norræna ráðherranefndin / Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	
Vinnuhópur kennara um uppbyggingu á fræðslu um orkumál	350
Kirkjulistahátíð Hallgrímskirkju	200
Háskóli Íslands, Konur til forystu	200
Digranesskóli, stærðfræðidagurinn	180
Bachsveitin Skálholti	150
Skógræktarfélag Reykjavíkur, skógræktarþing	150
Félag leiðsögumanna, kynnisferð	140
Kammersveit Reykjavíkur	120
Heimili og skóli, bráðger börn	100
Menntaskólinn á Akureyri, ráðstefna um íslenskt mál	100
Félag skógbænda, þing	100
Hreindýrasýning á Skriðuklaustri	100
Töðugjöld, hátíð Rangæinga	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Listir	430
Fræðsla	165
Samtals	**31.025**
2002	
Þjóðminjasafn Íslands	10.000
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	4.600
Háskólinn á Akureyri, staða prófessors í jarðhitafræðum	4.600
Gunnarsstofnun	3.000
Hrafn Gunnlaugsson, kvikmyndagerð um samspil manns og náttúru	2.500
Háskólabókasafn, gagnagrunnur	1.800
Reykjavíkurborg, vetrarhátíð	1.500
Íslenska óperan	500
Jarðhitafélag Íslands, ráðstefna	400
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, v. vetrarhátíðar	125
Samtals	**29.025**

2. *Hvaða opinber og hálfopinber fyrirtæki og stofnanir hefur Landsvirkjun styrkt fjárhagslega á árabilinu 1998–2002, sundurliðað eftir árum og verkefnum?*

1998	
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna, rafbílaráðstefna	300
Myndlistar- og handíðaskóli Íslands, vistvænn og listrænn bíll	200
Hvassaleitisskóli, tölvugjöf	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
1999	
Reykjavík, menningarborg	4.000
Þjóðveldisbær, kirkjubygging	2.400
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Minjasafn Akureyrar	1.500
Scandinavian House	560
Ferðamálaráð, ráðstefna	300
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Laugaskóli, söguritun	100
Háskóli Íslands, ráðstefnubæklingur	100
Tækniskóli Íslands, átaksverkefni í fræðslu	100
2000	
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	5.500
Reykjavík, menningarborg	4.000
FÍM	2.070
EXPO 2000	4.000
Ferðamálaráð, útgáfa	2.000
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Sveitarfélagið Hornafjörður, jöklasýning	500
Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, sýningin Refsingar á Íslandi	200
Vélskóli Íslands, kynning á vélstjóranámi	250
Háskóli Íslands, Konur til forystu	200
Héraðsnefnd Austur-Húnvetninga, kvikmyndagerð	200
Fiskistofa, útgáfa bókarinnar Hið sanna ástand heimsins	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, kvikmynd	100
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	100
2001	
Þjóðminjasafn Íslands	8.000
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	4.530
Hugsjón ehf. / RÚV vegna umhverfisþáttarins Spírall	2.000
Landsbókasafn, landsaðgangur að gagnagrunnum	1.800
Ferðamálaráð, útgáfa	1.260
Sveitarfélagið Hornafjörður, jöklasýning	1.000
Reykjavíkurborg, Gullna jafnvægið	500
Norræna ráðherranefndin / Fræðslumiðstöð Reykjavíkur Vinnuhópur kennara um uppbyggingu á fræðslu um orkumál	350
Háskóli Íslands, Konur til forystu	200
Digranesskóli, stærðfræðidagurinn	180

Skógræktarfélag Reykjavíkur, skógræktarþing	150
Heimili og skóli, bráðger börn	100
Menntaskólinn á Akureyri, ráðstefna um íslenskt mál	100
Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljóðfærakaup	100
2002	
Þjóðminjasafn Íslands	10.000
Háskóli Íslands, staða prófessors í orkuverkfræði	4.600
Háskólinn á Akureyri, staða prófessors í jarðhitafræðum	4.600
Háskólabókasafn, gagnagrunnur	1.800
Reykjavíkurborg, vetrarhátíð	1.500

1369. Svar [701. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um starfsemi Fjárfestingarstofu – orkusviðs.

1. *Hver eru helstu verkefni Fjárfestingarstofu – orkusviðs? Að hve miklu leyti tók stofan við hlutverki markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar þegar sú skrifstofa var lögð niður og hvaða ný verkefni komu til sögunnar?*

Iðnaðarráðuneytið aflaði upplýsinga hjá Fjárfestingastofu – orkusviði vegna fyrirspurnarinnar.

Samkvæmt stofnskjali um markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, MIL, frá 29. maí 1988 er tilgangur skrifstofunnar eftirfarandi:

- Að safna upplýsingum um allt sem varðar markaðsmöguleika á orku fyrir utan almennan markað Landsvirkjunar og að fylgjast með þróun iðngreina sem til greina koma sem stórnotendur innlendrar orku í framtíðinni.
- Að gera frumhagkvæmniathuganir á nýjum orkufrekum iðngreinum og eiga samstarf við atvinnufyrirtæki um frekari hagkvæmniathuganir.
- Að láta í té alla nauðsynlega aðstoð við samningagerð ríkisins og Landsvirkjunar um sölu á orku til stóriðjufyrirtækja eða beina orkusölu til útlanda.
- Að standa fyrir almennu kynningarstarfi, útgáfu og dreifingu kynningarrita, ráðstefnuhaldi og öðru sambærilegu markaðsöflunarstarfi.
- Að taka að sér þjónustu fyrir aðra sem vinna að hliðstæðum verkefnum.

Fjárfestingarstofa – orkusvið tók að öllu leyti við hlutverki MIL í samræmi við viðaukasamning I við stofnskjal MIL. Hlutverk skrifstofunnar breytist hins vegar ekkert við nafnbreytinguna.

2. *Hvernig er háttað fjárhagslegum rekstri Fjárfestingarstofu – orkusviðs?*

Fjárfestingarstofa – orkusvið starfar sjálfstætt undir sérstakri stjórn og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, sbr. 2. gr. í stofnskjali um skrifstofuna.

3. *Hver hefur hlutur ríkissjóðs verið í rekstri hennar frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?*

Framlag iðnaðarráðuneytis til rekstrar Fjárfestingarstofu – orkusviðs hefur verið sem hér segir í millj. kr. á verðlagi hvers árs:

1988	1,7	1995	24,3
1989	5,5	1996	26,6
1990	19,8	1997	29,2
1991	9,8	1998	38,0
1992	8,8	1999	60,7
1993	17,4	2000	40,5
1994	17,8	2001	67,4

4. *Hver hefur heildarkostnaður af rekstri stofunnar verið frá því að hún var stofnuð, sundurliðað eftir árum?*

Sundurliðaður heildarkostnaður af rekstri MIL og Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs frá stofnun er sem hér segir í millj. kr. á verðlagi hvers árs:

1988	6,4	1995	59,9
1989	20,8	1996	67,0
1990	41,7	1997	59,4
1991	32,4	1998	76,6
1992	30,4	1999	104,4
1993	39,0	2000	77,3
1994	41,1	2001	107,3

1370. Svar [698. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kostnað Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins á árabilinu 1997–2002, sundurliðað eftir helstu verkþáttum og árum?

Ráðuneytið leitaði til Landsvirkjunar um svör við fyrirspurninni.

Kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins á árabilinu 1997–2002 nemur 2.576 millj. kr. á verðlagi janúar 2002. Þessi kostnaður skiptist þannig að 2.162 millj. kr. hefur verið varið til undirbúnings Kárahnjúkavirkjunar, en 155 millj. kr. til undirbúnings flutningsvirkja. Þá var kostnaður Landsvirkjunar vegna undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar 259 millj. kr. á árunum 1997–2000.

Skipting þessa kostnaðar á verkþætti og ár er sem hér segir, í millj. kr. á verðlagi janúar 2002:

Kárahnjúkavirkjun							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002[1]	Alls
Uppsetning og rekstur búða, vega / slóðagerð		93		43	19	10	**165**
Virkjunarrannsóknir		71	9	86	163	75	**404**
Umhverfis- og skipulagsmál			18	202	229	20	**469**
Verk- og útboðshönnun			45	181	297	225	**748**
Kynningarmál				8	10	5	**23**
Vegagerð í Fljótsdal					164		**164**
Annar kostnaður			5	28	91	65	**189**
Alls	**0**	**164**	**77**	**548**	**973**	**400**	**2162**

Flutningsvirki							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Alls
Fljótsdalslínur 3&4 (undirbíningur)		1	51	26	16	5	**99**
Kröflulína 2, Fljótsdalslína 2 (undirbúningur.)			30		2	10	**42**
Tengivirki í Fljótsdal				1	8	5	**14**
Alls	**0**	**1**	**81**	**27**	**26**	**20**	**155**

Fljótsdalsvirkjun							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Alls
Umhverfisrannsóknir og –skýrsla		13	29	2			**44**
Útboðshönnun			96	95			**191**
Annar kostnaður	2	9	7	6			**24**
Alls	**2**	**22**	**132**	**103**	**0**	**0**	**259**

[1] Áætlaður kostnaður 2002.

1371. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem var einnig flutt á 125. og 126. löggjafarþingi, en þá bárust umsagnir frá Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi – SUNN, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Bindindissamtökunum IOGT, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum herstöðvaandstæðinga, Neytendasamtökunum, Orkustofnun, Samtökum útivistarfélaga – SAMÚT, Bændasamtökum Íslands, Landvernd, Samtökum um betri byggð, Skipulagsstofnun og Samtökum ferðaþjónustunnar. Á 127. löggjafarþingi bárust upplýsingar frá umhverfisráðuneyti.

Með þingsályktuninni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á Íslandi og hvernig samskiptum stjórnvalda og sveitarstjórna við þau er háttað. Jafnframt er lagt til að nefndin skili tillögum til ríkisstjórnarinnar um hvernig samráði stjórnvalda við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála verði hagað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt svokölluðum Árósasamningi.

Nefndin telur eðlilegra að úttekt þessi takmarkist við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála og leggur því til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugrein orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála á Íslandi. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um það hvernig samskiptum stjórnvalda við slík samtök verði best háttað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnar Birgisson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form., frsm.	Kristján Pálsson.	Katrín Fjeldsted.
Kolbrún Halldórsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Jóhann Ársælsson.

1372. Nefndarálit [581. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Hall ríkisbókara og Arnar Másson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisbókhaldi og ríkisféhirði.

Frumvarpinu er ætlað að fela ríkisbókhaldi þau verkefni sem ríkisfjárhirsla hefur hingað til haft með höndum, en niðurstaða úttektar fjármálaráðuneytisins á starfsemi ríkisfjárhirslu og ríkisbókhalds er sú að ná megi auknu hagræði með sameiningu verkefna stofnananna. Lagt er til að stofnunin beri heitið Fjársýsla ríkisins.

Nefndin leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis að við upptalningu á verkefnum Fjársýslu ríksins verði bætt að hún fari jafnframt með innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 4. efnismgr. 4. gr. Á eftir orðunum „frá innheimtustofnunum ríkisins“ komi: ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Hjálmar Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.	Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Ögmundur Jónasson.		Gunnar Birgisson.

1373. Breytingartillögur [575. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Lokamálsliður b-liðar falli brott.
2. Við bætist ný grein, 5. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „Siglingastofnun Íslands“ hvarvetna í 1. og 2. mgr. kemur, í viðeigandi falli: undanþágunefnd.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Undanþágur skv. 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.
   c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Undanþágur og undanþágunefnd.*
3. Við b-lið (14. gr.) 8. gr.
   a. C-liður 2. mgr. orðist svo: Á skipum 500 brúttótonn og stærri: tveir stýrimenn.
   b. Í stað orðanna „a- og b-liðar 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: a-, b- og c-liðar 2. mgr.

1374. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Nefndinni bárust umsagnir frá Landlæknisembættinu, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, St. Jósefsspítala, Læknafélagi Íslands, Félagi sérfræð-

inga í meltingarsjúkdómum, Krabbameinsfélagi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og Háskóla Íslands – læknadeild, heimilislæknisfræði.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögunnar og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni.

Nefndin telur þó nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á tillögugreininni. Annars vegar bendir nefndin á að ráðherra verði ekki skyldaður með ályktun Alþingis einni saman til að hrinda umræddu forvarna- og leitarstarfi í framkvæmd. Í ályktun Aþingis felst hins vegar yfirlýsing sem eðlilegt er að handhafar framkvæmdarvaldsins taki tillit til. Leggur nefndin til breytingar á tillögutextanum í samræmi við þetta. Hins vegar leggur nefndin til að efni tillögugreinarinnar verði afmarkað með skýrari hætti þannig að sjónum manna verði fyrst og fremst beint að forvarna- og leitarstarfi hjá þeim sem teljast vera í áhættuhópi.

Nefndin bendir á að mikið starf hefur þegar verið unnið á þessu sviði og gerir nefndin ráð fyrir að á því verði byggt við þá tillögusmíð og undirbúning sem lagt er til að ráðist verði í.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameins hér á landi.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ásta Möller, Ólafur Örn Haraldsson og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Einar Oddur Kristjánsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	

1375. Nefndarálit [729. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Örn Pálsson og Arthúr Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda.

Það frumvarp sem hér er til umfjöllunar er flutt af meiri hluta nefndarinnar í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, 562. mál. Frumvarpið tryggir að greiðslur samkvæmt lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins renni til félagasamtaka í sömu hlutföllum og verið hefur þrátt fyrir stækkun bátanna.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að í stað þess að tala um krókaaflamarksbáta undir 15 brúttótonnum í lögunum verði einfaldlega talað um krókaaflamarksbáta. Það ræðst síðan af ákvæðum laga um stjórn fiskveiða hvaða bátar teljast til þess bátaflokks. Breytingin hefur ekki efnislega breytingu í för með sér.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin „undir 15 brúttótonnum“ í 1. og 2. gr. falli brott.

Alþingi, 24. apríl 2002.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Kristinn H. Gunnarsson. Vilhjálmur Egilsson.

Guðjón Guðmundsson. Helga Guðrún Jónasdóttir.

1376. Svar [624. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um áfengis- og vímuefnameðferð.

1. *Hve mörg meðferðarpláss eru hér á landi fyrir fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að stríða í samanburði við önnur Norðurlönd?*

Á Íslandi er 351 vistrými á meðferðarstofnunum og 211 á áfangaheimilum. Á vegum Barnaverndarstofu eru rými fyrir vímuefnaneytendur 35 en önnur vistrými sem nýtast meðal annars börnum og unglingum sem haldin eru fíkn eru alls 73.

Fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að stríða getur nokkuð víða leitað sér hjálpar hér á landi. Þverfagleg meðferð við fíkn á vegum heilbrigðisþjónustunnar er fyrst og fremst hjá SÁÁ og Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Á Landspítala eru vistrými 84. Þar er starfrækt göngudeild áfengissjúkdóma, bráðaafeitrunardeild og göngu- og legudeild að Flókagötu í Reykjavík. SÁÁ rekur göngudeildir í Reykjavík og á Akureyri, afeitrunardeild á Vogi með 60 rúmum og nýja 11 rúma deild fyrir fíkla sem eru 19 ára og yngri. Sú deild ein þjónaði 294 einstaklingum á síðasta ári. Eftirmeðferð SÁÁ er svo rekin að Staðarfelli (36 rými) og í Vík (34 rými). Alls rekur SÁÁ vistrými fyrir 138 einstaklinga. Önnur vistrými fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur eru sem hér segir: Krýsuvík, 30 rými; Hlaðgerðarkot, 25 rými; Götusmiðjan – Ávellir, 20 rými og Byrgið, 54 rými. Áherslur eru nokkuð ólíkar á þessum stofnunum og sérhæfing þeirra nokkur. Sólarhringsvaktir lækna eru aðeins á Landspítala og hjá SÁÁ.

Því er oft haldið fram að innlagnir á meðferðarstofnanir hérlendis séu hlutfallslega mun fleiri en í nágrannalöndum okkar en skortur á tölulegum upplýsingum kemur í veg fyrir að hægt sé að sannreyna réttmæti þeirrar staðhæfingar. Hér á landi eru þó vel þekkt dæmi um

að sömu einstaklingar séu lagðir margoft inn á meðferðarstofnanir en slíkt mun vera fremur fátítt annars staðar.

Vakin er athygli á því að fjöldi meðferðarplássa gefur takmarkaða mynd af umfangi þjónustunnar. Mjög sundurleitur hópur leitar til heilbrigðisþjónustunnar eftir meðferð á þessu sviði. Þar geta verið miðaldra einstaklingar með haldgóða menntun og starfsreynslu, í föstu starfi með góð fjölskyldutengsl sem eru eingöngu háðir áfengi, og ungir einstaklingar frá sundruðum heimilum sem hafa hætt snemma í skóla og sprauta sig með margvíslegum vímuefnum. Það gefur auga leið að slíkir einstaklingar þarfnast mismunandi meðferðar og nauðsynlegt er að skipuleggja alla þjónustu með tilliti til þess.

Sum þeirra úrræða sem gagnast best eru ekki á starfssviði heilbrigðisþjónustunnar, svo sem menntun, vinnuþjálfun, félagsleg aðstoð og húsnæði. Nauðsynlegt er að fleiri komi að málum og að samvinna sé góð milli þjónustuþáttanna.

Leitað var upplýsinga um fjölda meðferðarrýma fyrir þá sem glíma við áfengis- og vímuefnavanda annars staðar á Norðurlöndunum en án mikils árangurs. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Meðferðarpláss í nágrannalöndum okkar eru rekin af mörgum opinberum og óopinberum aðilum og litlar upplýsingar eru til um heildarfjölda þeirra. Þá er oft erfitt að greina þá sem lagðir eru inn vegna áfengis- og vímuefnaneyslu frá þeim sem fá meðferð við margvíslegum geðrænum vandamálum, en margar innlagnir eru af blönduðum toga. Einnig ber að geta þess að margir sjúklingar sem glíma við áfengis- og vímuefnaneyslu leggjast inn á aðrar heilbrigðisstofnanir en þær sem ætlaðar eru fyrir þessa sérstöku meðferð. Þetta eru innlagnir vegna alls kyns fylgikvilla ofdrykkju og vímuefnaneyslu, en eins og kunnugt er hafa þessi efni skaðleg áhrif á flest kerfi líkamans. Sums staðar liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um innlagnir vegna vímuefnaneyslu en áfengisneyslu. Sem dæmi má nefna að í Danmörku fara rúmlega sjö þúsund einstaklingar í meðferð árlega vegna vímuefnanotkunar, þar af eru rúmlega þrjú þúsund lagðir inn á stofnanir. Ekki eru til sambærilegar tölur fyrir meðferð vegna áfengisneyslu. Samanburður milli landa er því erfiður.

Á þessi vandkvæði hefur oft verið bent í norrænu samstarfi á þessu sviði en enn sem komið er hefur ekki reynst unnt að búa til gagnasöfn sem varpað gætu ljósi á umfang þessarar þjónustu.

Mikil þörf er fyrir gagnagrunn um áfengis- og vímuvarnir á Íslandi, Norðurlöndunum og í Evrópu en til þess að gera hann þarf mikið fé. Evrópusambandið hefur sett á fót stofnun til að safna þessum upplýsingum í Lissabon í Portúgal, en nokkuð er í land að hún skili upplýsingum sem skyldi. Þátttökugjald í því samstarfi var lengi vel 50 millj. ísl. kr. á ári fyrir hverja þjóð, óháð fólksfjölda.

2. *Hver margir fara í áfengis- og vímuefnameðferð hér á landi á ári hverju í samanburði við önnur Norðurlönd?*

Engin ítarleg samantekt liggur fyrir um þetta efni. Í síðasta hefti NOMESCO um heilbrigðistölfræði fyrir Norðurlönd er þó reynt að nálgast samanburð af þessu tagi með því að skoða sölutölur fyrir áfengi, en þær eru að sjálfsögðu takmörkunum háðar við túlkun á drykkjuvenjum og segja enn minna um meðferðarmál. Sölutölur eru hæstar fyrir Danmörku (11,6 lítrar af hreinum vínanda á mann, eldri en 15 ára) og Grænland (13,2), en Finnland (8,7) fylgir þar á eftir. Ísland (5,6), Noregur (5,5) og Svíþjóð (6,1) reka lestina í þessum samanburði, og hefur svo verið um margra ára skeið. Meðferð við skorpulifur er algengari í Danmörku og Finnlandi en á hinum Norðurlöndunum, en það er í samræmi við selt áfengismagn.

Innlögnum fjölgaði mjög hér á landi á árunum 1976–1984, en frá 1985 hafa um 1500 manns af hverjum 100.000 farið árlega í meðferð á Íslandi. Áfengisneysla Norðmanna hefur verið einna líkust neyslu Íslendinga síðustu áratugina, en þar er sambærileg tala um 600 á ári. Hér er því mikill munur á.

Að undanförnu hefur verið rætt töluvert að efla þurfi göngudeildarþjónustu og eftirmeðferð og vel kann að vera að þróunin verði í þá átt hér eins og víðast annars staðar.

3. *Hvað er lagt til grundvallar ákvörðun um innlögn á meðferðarstofnun vegna áfengis- og vímuefnavanda?*

Hinn sjúki, nánustu ættingjar, aðstandendur og í sumum tilvikum atvinnuveitendur biðja um vistun á meðferðarstofnun. Fagfólk og reyndir meðferðaraðilar leggja mat á aðstæður hvers og eins á grundvelli upplýsinga um gang sjúkdómsins. Ákvörðun um innlögn byggist alla jafna á læknisfræðilegu mati, enda þótt upplýsingarnar sem unnið er með komi víða að. Að matinu loknu er tekin ákvörðun um hvaða meðferðarúrræði skuli beita hverju sinni og meðferð skipulögð.

Sem dæmi um innlagnarferli má taka göngudeild geðdeildar Landspítalans við Hringbraut fyrir áfengissjúklinga og aðra fíkla. Þangað sækja þjónustu um 600 einstaklingar á ári, og hefur fjöldinn farið vaxandi, en heimsóknir eru um 6000. Á göngudeildinni taka læknar ákvarðanir um innlagnir sjúklinganna á móttökudeild en innlögnum á aðrar deildir sjúkrahússins er einnig stýrt af læknum eða reyndum áfengisráðgjöfum. Í öllum tilvikum liggur bæði skoðun og viðtal að baki ákvörðuninni.

Innlagnir á meðferðarstofnanir eru ekki samræmdar og á það raunar við um innlagnir á flestar sjúkrastofnanir. Í öldrunarþjónustu hefur verið þróað kerfi sem gefur kost á hlutlægu mati á þörf einstaklinga fyrir innlögn en slíkt er ekki til fyrir meðferðarstofnanir.

4. *Er biðlisti eftir innlögn á meðferðarstofnanir vegna áfengis- og vímuefnavanda? Ef svo er, hve langur er hann?*

Við fyrstu meðferð er biðin eftir innlögn á stærri meðferðarstofnunum venjulega stutt eða engin en á minni stofnunum er hún oft örfáir dagar. Þá hefur ungt fólk vissan forgang og jafnframt þeir sem hafa ekki farið í meðferð mjög lengi.

Biðlisti á SÁÁ fyrir aðra hópa sveiflast. Á honum eru oft um 150–350 manns en bið er hins vegar ekki mjög löng. Þetta byggist meðal annars á því að nú eru sjúklingar oft lagðir inn til skamms tíma. Nú er meðallengd dvalar á Vogi rétt tæplega 10 dagar en um 28 dagar í eftirmeðferð, fyrir utan stuðning á göngudeild.

Talið er mjög mikilvægt að hægt sé að mæta einstaklingi sem leitar sér hjálpar og er reiðubúinn að takast á við vanda sinn án mikillar tafar, því ljóst er að við slíkar aðstæður er tíminn dýrmætur.

5. *Hvaða reglur gilda um endurinnlagnir vegna áfengis- og vímuefnameðferðar?*

Líkt og fólk með aðra langvinna sjúkdóma þurfa margir áfengissjúklingar að leggjast oft inn. Þar sem hópurinn er afar sundurleitur gefur auga leið að mismikil sjúkdómsþyngd og misjafn bakgrunnur geta haft veruleg áhrif á batahorfur og hve oft komið er í meðferð.

Fíkn er í eðli sínu langvinnur sjúkdómur sem ekki batnar endanlega en verður haldið í skefjum ef sjúklingarnir neyta ekki vímuefna. Geðraskanir sem margir fíklar eru haldnir eru einnig langvinnir sjúkdómar. Þetta leiðir til þess að margir þessara sjúklinga þurfa á endurinnlögnum að halda.

Um endurkomur gilda önnur viðmið en við fyrstu innlögn. Þá er farið eftir líkamlegu og andlegu ástandi umsækjenda, dýpt króníska einkenna og öðrum aðstæðum, en að auki er reynt að meta að hve miklu leyti meðferð getur gagnast viðkomandi og þá litið til fyrri reynslu.

6. *Hve margir hafa farið 5–10 sinnum í áfengis- og vímuefnameðferð, hve margir hafa farið 11–20 sinnum, 21–30 sinnum, 31–40 sinnum, 41–50 sinnum og 51 sinni eða oftar?*

Þetta mun síðast hafa verið kannað á landsvísu 1992 og 1993. Þá komu úr 350 sjúklinga hópi 187 einu sinni, 76 tvisvar og 87 oftar en tvisvar. Sennilega er meira um endurkomur nú um stundir, sérstaklega þar sem blönduð neysla áfengis og vímuefna hefur færst mjög í vöxt.

Frá SÁÁ bárust þær upplýsingar að árið 2001 hafi innlagnir á Vog verið 2248, en þar átti í hlut um 1791 einstaklingur. Af þeim hópi komu um 1476 einu sinni inn á árinu, 228 tvisvar, og 87 þrisvar eða oftar. Einn var lagður inn átta sinnum en enginn oftar en það. Alls komu 686 í fyrsta sinn inn á Vog þetta ár.

7. *Hver er árangur áfengis- og vímuefnameðferðar hér á landi í samanburði við önnur Norðurlönd?*

Sé litið til Svíþjóðar og Noregs, þá lætur nærri að um 20% þeirra, sem fara í meðferð takist að hætta neyslu alveg, 30% bæti líf sitt verulega, 40% nái óverulegum bata og 10% engum. Þetta er sennilega aðeins lakari árangur en hér á landi.

Fyrir um 15 árum hættu allt að 30% neyslu alveg við meðferð, en síðan hefur blönduð neysla skemmt verulega fyrir slíkum árangri.

8. *Hvernig hefur kostnaður við áfengis- og vímuefnameðferð þróast á síðustu tíu árum?*

Síðasta heildarúttekt á kostnaði við áfengisneyslu, beinum og óbeinum, var gerð á vegum Hagfræðistofnunar fyrir árin 1985–1989. Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er fjallað um þessa úttekt og minnt á að erfitt er að meta kostnað við áfengisneyslu. Þar skipta máli þættir eins og að byrði þjóðfélagsins eykst vegna ýmissa heilbrigðisvandamála, ótímabærra dauðsfalla, örorku, afbrota, slysa, óreiðu í fjölskyldum, sársauka og þjáningar, svo eitthvað sé nefnt. Í skýrslunni er lagt mat á kostnað vegna læknishjálpar, félagslegan kostnað og kostnað vegna tjóns, og nemur hann alls um 2,2 milljörðum króna. Við þetta má svo bæta óbeinum kostnaði sem er m.a. framleiðslutap vegna dauðsfalla, framleiðslutap vegna meðferðar, framleiðslutap vegna ótímabærrar örorku og fleira, alls um 5,7 milljarðar króna. Talið er fullvíst að þetta sé of lág tala, og með því að umreikna bandarískar tölur fyrir Ísland kemur út að beinn og óbeinn kostnaður samfélagsins vegna áfengisneyslu sé 7,7 milljarðar árlega. Í þessum tölum, sem eru orðnar gamlar, er ekki reynt að varpa ljósi á þann vanda sem við blasir vegna vímuefnanotkunar og blandaðrar neyslu, en hann er að sjálfsögðu líka mjög hár. Engar tölur liggja fyrir hér á landi um umfang þessarar neyslu, en margar smærri kannanir hafa verið gerðar, t.a.m. fyrir afmarkaða aldurshópa.

Árið 1993 var kostnaðurinn við rekstur meðferðarstofnana nálægt 590 millj. kr. en var árið 2000 kominn í 750 millj. kr. Nákvæmari tölur er að finna í skýrslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um meðferðarstofnanir, sem lögð var fyrir Alþingi samkvæmt beiðni á 126. löggjafarþingi.

Hætt er við að kostnaður vegna fíknar fari vaxandi á komandi árum. Svo virðist sem æ fleiri séu útsettir fyrir áhrifum vímuefna og slíkt eykur að sjálfsögðu hættu á að menn ánetjist þeim.

Vaxandi áhersla hefur verið lögð á beitingu varnarráða á þessu sviði undanfarin ár af hálfu heilbrigðisyfirvalda. Forvarnir geta komið í veg fyrir mikinn kostnað, sársauka, alvarlega sjúkdóma, fjölskylduharmleiki og ofbeldis- og auðgunarbrot, sem leiða af stórfelldri neyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Ljóst er að náist markmið þau sem sett eru í heilbrigðisáætlun um að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu má draga verulega úr fjárútlátum vegna þessa málaflokks.

1377. Svar [702. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um þátttöku opinberra stofnana í velvildarstarfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða reglur gilda um fjárhagslega þátttöku opinberra og hálfopinberra fyrirtækja og stofnana í velvildarstarfi hvers konar, t.d.:

a. fjárstuðning við góðgerðarstarfsemi og menningar- og listastarf,
b. sameiginlega fjármögnun opinberra aðila á menningarverkefnum,
c. beina fjárhagslega þátttöku í starfi annarra opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja?

Með lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, var myndaður heildarrammi um fjármál ríkisaðila. Í 36. gr. laganna segir m.a.: „Á sama hátt er ríkisaðila í A-hluta óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.“ Í þessari lagagrein felst að ekki er gert ráð fyrir fjárstuðningi við góðgerðarstarfsemi, menningar- og listastarf nema um sérstaka fjárveitingu sé að ræða, sem kemur þá til umfjöllunar á Alþingi í tengslum við samþykkt fjárlaga hvers árs.

Aðrar reglur koma óbeint að þessu efni. Í reglugerð nr. 116/2001, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, eru fjárhagslegar skyldur forstöðumanna tilgreindar, svo sem að forstöðumenn bera ábyrgð á því að fjárreiður og rekstur stofnunar sé í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið til lengri og skemmri tíma.

Í 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kemur fram að forstöðumenn bera ábyrgð á því að útgjöld stofnunar séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir hennar séu nýttir á árangursríkan hátt. Þessi lagagrein tekur til allra forstöðumanna ríkisstofnana í A-, B-, C- og D-hluta, en ekki til hlutafélaga í E-hluta ríkisreiknings. Þar undir falla hlutafélög og sameignarfélög sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins.

Ríkisendurskoðun gegnir hlutverki eftirlitsaðila þar sem í fjárhagsendurskoðun felst að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þegar það á við. Heimildir Ríkisendurskoðunar ná til allra opinberra og hálfopinberra stofnana og fyrirtækja. Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira en í því felst að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi. Fjármálaráðuneytið hefur leitað til Ríkisendurskoðunar vegna athugunar á greiðslum til góðgerðar-, menningar- og

listastarfsemi. Ríkisendurskoðun hefur staðfest að útgjöld ríkisstofnana vegna þeirra liða sem spurt er um eru ýmist engin eða um er að ræða óverulegar fjárhæðir.

Samkvæmt því sem hér hefur komið fram eru heimildir ríkisstofnana til að taka fjárhagslega þátt í velvildarstarfi ekki fyrir hendi nema fyrir liggi sérstakar heimildir í fjárlögum. Engar sérstakar reglur gilda um fjárhagslega þátttöku hlutafélaga í eigu ríkisins í velvildarstarfi.

1378. Svar [511. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um umferð á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur orðið mælanleg breyting á umferðarhraða og tíðni umferðaróhappa á Reykjanesbraut eftir að embætti sýslumanna í Hafnarfirði, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli hófu markvisst eftirlit á brautinni?

Eftirlit var aukið árið 2000. Mat lögreglustjóraembættanna er að umferðarhraðinn hafi minnkað, einkum fyrstu mánuðina. Engu að síður er hann enn of mikill. Lögreglan hefur lagt áherslu á að jafna hraðann og gera aksturinn hindrunarlausan og telur að þannig megi fækka umferðaróhöppum. Tölur um árangur af hertu eftirliti lögreglunnar eru sem hér segir:

Árið 2000.
1.905 kærðir fyrir of hraðan akstur.
213 umferðaróhöpp – 40 slys í þessum óhöppum, 4 banaslys.
69 kærðir fyrir ölvun við akstur.

Árið 2001.
2.063 kærðir fyrir of hraðan akstur.
167 umferðaróhöpp – 28 slys í þessum óhöppum, 1 banaslys.
61 kærðir fyrir ölvun við akstur.

Vegagerðin hefur um árabil mælt hraða á Reykjanesbraut með ratsjá. Einungis er mældur hraði þeirra bifreiða sem eru á frjálsri ferð, þ.e. óháðar öðrum bifreiðum. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að litlar breytingar hafi orðið á meðalhraða í umferðinni á þeim tíma sem hér um ræðir. Þó kunni að hafa dregið úr ofsaakstri á Reykjanesbraut, en um það verði ekkert fullyrt á þessu stigi.

1379. Svar [706. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóhanns Ársælssonar um heildarskuldir og vaxtabyrði í íslenska lánakerfinu.

1. *Hverjar voru heildarskuldir í íslenska lánakerfinu í árslok 1995 og 2001 og hvernig skiptust þær á*
   a. ríki,
   b. sveitarfélög
   c. einstaklinga,
   d. fyrirtæki,
   e. stofnanir, sjóði og aðra aðila?

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands voru innlend útlán og verðbréfaeign lánakerfisins í árslok 1995 og 2001 sem hér segir í milljörðum króna:

	1995	**2001**
Ríki	145	149
Sveitarfélög	41	85
Fyrirtæki	328	988
Heimili	318	694
Samtals	**832**	**1.916**

2. *Hver var heildarvaxtabyrði í íslenska lánakerfinu árin 1995 og 2001 og hver hefði hún orðið miðað við meðaltal vaxta á evru-svæðinu annars vegar og hins vegar meðaltal vaxta í OECD-löndum? Svarið óskast sundurliðað á sama hátt og í fyrri lið.*

Viðskiptaráðherra óskaði eftir upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um þennan lið fyrirspurnarinnar. Seðlabanki Íslands hefur þó ekki á takteinum upplýsingar um vaxtatekjur lánakerfisins í heild og getur ekki veitt þær nema að undangenginni verulegri vinnu. Þá er hægt að reikna margs konar meðaltöl vaxta á evrusvæðinu og í OECD-löndunum en engar óyggjandi leiðir eru til þess að velja „rétta“ samanburðarvexti. Vaxtasamanburður er líka erfiður fyrir þá sök að vextir ráðast af fjölmörgum þáttum, svo sem stærð og dýpt markaða, lánshæfismati skuldara, stöðugleika og hve lengi hann hefur varað og síðast en ekki síst hvar viðkomandi hagkerfi er statt í hagsveiflunni.

Í lok ársins 2001 voru stýrivextir Seðlabanka Íslands 10,1% en stýrivextir Seðlabanka Evrópu 3,25%. Samræmd vísitala neysluverðs hækkaði á Íslandi um 9,8% frá upphafi til loka ársins 2001 en aðeins um 2,5% á EES-svæðinu í heild.

Evrusvæðið var ekki til 1995 en í því landi sem lægsta hafði vexti, þ.e. í Þýskalandi, voru stýrivextir þýska seðlabankans í árslok 1995 3,75%. Vextir í endurhverfum viðskiptum Seðlabanka Íslands voru þá 6,9%.

Spurningunni verður því ekki auðveldlega svarað með öðrum hætti en þeim að vaxtabyrði hefði verið léttari á Íslandi 1995 og 2001 ef hér á landi hefðu gilt „sömu“ vextir og á evrusvæðinu eða í OECD-löndunum og að því gefnu að skuldirnar hefðu verið hinar sömu og greint er í svarinu við fyrri lið fyrirspurnarinnar. Þær kynnu hins vegar að hafa verið meiri ef vextir hefðu verið lægri.

1380. Svar [708. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um eftirlitsgjöld á kjöti.

1. *Hver er núverandi innheimta á eftirlitsgjaldi, sundurliðað eftir kjöttegundum?*
Núverandi eftirlitsgjald er 2,50 kr. á hvert kg af öllum tegundum kjöts.

2. *Hvernig skiptist kostnaður við eftirlit í sláturhúsum eftir:*
   a. *kjöttegundum,*
   b. *eftir kjöttegundum og*
      1. *vinnu dýralækna við heilbrigðiseftirlit,*
      2. *vinnu aðstoðarmanna dýralækna,*
      3. *sýnatöku?*

Skipting kostnaðar við eftirlit kemur fram í töflunni.

Laun og annar kostnaður, skipt eftir kjöttegundum.

	Sauðfé	Svín	Nautgripir	Hross	Alifuglar
Eftirlit *	27,7%	23,7%	12,2%	4,6%	31,7%
Laun **	35%	26%	15%	4%	20%
Rannsóknir vegna aðskotaefna og lyfjaleifa	36%	28%	18%	15%	3%
Aðrar rannsóknir, svo sem vegna salmonellu og kampýlóbakter	2%	15%	1%	2%	80%

* Tekið skal fram að tölurnar um skiptingu kostnaðar við eftirlit og launakostnaðar byggjast að nokkru leyti á mati og ber að taka þær með þeim fyrirvara.

** Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um skiptingu launakostnaðar vegna dýralækna annars vegar og aðstoðarmanna hins vegar.

3. *Hvernig er háttað verktöku þeirra sem taka sýni til greiningar, þ.e. er óskað tilboða eða unnið í tímavinnu?*
Ekki er um verktöku að ræða þegar sýni eru tekin til rannsókna í sláturhúsum.

4. *Hvernig hefur kostnaður við sýnatöku þróast síðustu fimm ár, sundurliðað eftir kjöttegundum?*
Kostnaður við sýnatökur hefur aukist umtalsvert á síðustu árum vegna rannsókna á salmonellu og kampýlóbakter en sundurliðun á þeim kostnaði liggur ekki fyrir.

5. *Hver er núverandi innheimta á yfirkjötmatsgjaldi?*
Í 16. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, segir m.a.: „Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi.“ Gjaldið er innheimt mánaðarlega af kinda-, svína-, nautgripa- og hrossakjöti. Af slátrun ársins 2001 nam innheimt gjald alls 9.317.586 kr.

6. Hver er kostnaður við kjötmat, sundurliðað eftir búgreinum?

Kjötmatsmenn í sláturhúsum eru launaðir af viðkomandi sláturleyfishafa. Þeir hafa fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins og bera faglega ábyrgð gagnvart yfirkjötmati ríkisins, sem kjötmatsformaður veitið forstöðu. Bókfærður kostnaður vegna yfirkjötmatsins árið 2001 var 13.412.331 kr. Kostnaðurinn hefur ekki verið sundurliðaður sérstaklega eftir búgreinum (kjöttegundum). Helstu kostnaðarliðir eru laun og launatengd gjöld, ferðakostnaður vegna eftirlits og samræmingar á störfum kjötmatsmanna og námskeiðahalds og húsnæðis- og skrifstofukostnaður.

1381. Nefndarálit [729. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar (SvanJ, GAK, JÁ).

Þetta frumvarp er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem nú liggur fyrir Alþingi og felur m.a. í sér að krókaaflamarksbátar geti orðið allt að 15 brúttótonn.

Á fund nefndarinnar komu vegna þessa máls forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda. Í máli þeirra kom fram að þessi möguleiki til stækkunar krókaflamarksbátanna geti í framtíðinni valdið því að menn hverfi frá vistvænum veiðum enda muni stjórnmálamenn ekki lengi standast þrýsting um að stærstu bátarnir, að minnsta kosti, í þessu kerfi fái að veiða í dragnót og net. Slíkt muni valda mikilli slysahættu enda fátt hættulegra á norðurhöfum en dragnótabátur undir 15 brúttótonnum. Þannig séu þau öryggisrök sem beitt hefur verið til stuðnings stækkunarheimild krókaaflamarksbáta fallin.

Einnig telja forsvarsmenn Landsambands smábátaeigenda að með þessari breytingu sé verið að leggja til atlögu við séreinkenni íslenskrar smábátaútgerðar sem felst í einyrkjabúskap, því með stækkun bátanna muni útgerðarformin breytast og þessi floti renna saman við aflamarksflotann. Það er því að mati minni hlutans brýnna nú en áður að skilgreina hvað það er sem menn telja vistvænar veiðar svo hægt verði í framtíðinni að halda utan um þennan flota og sérkenni hans. Minni hlutinn telur einsýnt að heimila eigi krókaaflamarksbátum gildruveiðar en þeim eru þær nú bannaðar á þeirri forsendu að þeir megi einungis veiða á krók.

Þá telur minni hlutinn þetta frumvarp og möguleika krókaflamarksbátanna á að stækka bátana kalla á það að mælikerfi skipanna verði samræmd, en nú eru í gangi nokkur mælikerfi sem hafa eins og dæmin sanna valdið ruglingi. Minni hlutinn telur að allar stærðarviðmiðanir sem notaðar eru í lögum sem varða smábáta eigi að miða við samræmt mælikerfi bátana. Rétt er í þessu sambandi að benda á að það sama á við um stærri skip. Réttindi skipstjórnarmanna, skáning áhafna, veiðileyfi og ýmis önnur atriði hafa miðast við mismunandi mælikerfi skipa. Þetta fyrirkomulag hefur valdið og mun áfram valda misskilningi og ruglingi og jafnvel tjóni fyrir þá sem starfa í greininni þar til endurskoðun hefur farið fram.

Forsvarsmenn Landssambands smábátaeigenda lögðu fyrir nefndina hugmyndir félagsmanna sinna um línuívilnun. Það er mat margra að ef þær hugmyndir væru framkvæmdar mætti með almennum hætti komast hjá þeim sértæku aðgerðum sem eru í gangi, svo sem

byggðakvótum o.fl., en með þeim væri unnt að mæta vanda þeirra byggðarlaga sem annars treystu á slíkar sértækar ráðstafanir eins og málum er háttað í dag.

Þá vill minni hlutinn benda á í þessu sambandi að umboðsmaður Alþingis tók að eigin frumkvæði til athugunar hvort og þá hvernig það fyrirkomulag sem kveðið er á um í ákvæðum 6. og 8. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, samrýmdist 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Ákvæðin fjalla um skyldu þeirra sem taka til vinnslu og sölu sjávarafurðir af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum til að greiða hlutfall af hráefnisverði þess afla sem þeir taka við á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta og ráðstöfun þeirrar greiðslu til Landssambands smábátaeigenda. Niðurstaða umboðsmanns var sú að hann taldi rétt að vekja athygli Alþingis og sjávarútvegsráðherra, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, á álitinu og beina þeim tilmælum til þeirra að kannað yrði hvort og þá hvernig huga þyrfti að endurskoðun á lögum nr. 24/1986, að virtum þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu. Umboðsmaður tók fram að í 5., 7. og 9. gr. laga nr. 24/1986 væri að finna samsvarandi fyrirkomulag og mælt væri fyrir um í 6. og 8. gr. laganna, að því er varðar skyldu til að inna af hendi fjárframlag inn á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa og ákveðið hlutfall þess fengið tilgreindum hagsmunafélögum innan sjávarútvegsins, og lagði áherslu á að athugasemdir hans í álitinu kynnu einnig að eiga við um þá tilhögun að breyttu breytanda.

Minni hlutinn mun við afgreiðslu þessa frumvarps líta til þess hvaða frumvarpi það fylgir og greiða atkvæði í samræmi við það.

Alþingi, 24. apríl 2002.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Guðjón A. Kristjánsson. Jóhann Ársælsson.

1382. Nefndarálit [630. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, Ólaf Friðriksson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Helga Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Hauk Sigurðsson frá Sambandi garðyrkjubænda, Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandinu, Sigurgeir Þorgeirsson og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Elínu Björgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum og Georg Ottósson frá Sölufélagi garðyrkjumanna.

Helstu markmiðin með frumvarpinu eru að lækka verð til neytenda á innfluttum og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum, auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu, að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda og að styðja fram-

leiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

Grænmetisverð á Íslandi hefur verið mjög hátt undanfarin missiri og hafa stjórnvöld leitað leiða til að lækka verð til neytenda eins og kostur er, jafnframt því að reyna að treysta grundvöll innlendrar framleiðslu eftir því sem kostur er. Þegar hefur verið gripið til afnáms verðtolls af útiræktuðu grænmeti, sveppum og kartöflum og sveigjanleiki í álagningu magntolls á tilteknar tegundir innflutts grænmetis aukinn. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að teknar verði upp beingreiðslur til framleiðenda til að styrkja stöðu þeirra gagnvart innflutningi og gera þeim þannig kleift að lækka verð á framleiðsluvörunni neytendum til hagsbóta. Gert er ráð fyrir því að til þess verði varið tiltekinni fjárhæð á ári sem skiptist niður á framleitt magn ársins.

Landbúnaðarnefnd fagnar viðleitni stjórnvalda til að tryggja íslenskum neytendum nægilegt framboð af innlendu grænmeti á viðráðanlegu verði en lækkun grænmetisverðs til neytenda hefur jafnframt jákvæð áhrif á verðlagsþróun í landinu. Frá upphafi hefur verið ljóst að allir í keðjunni frá framleiðendum til neytenda þyrftu að vinna saman til að lækka verðið.

Nefndin leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi eru lagðar til lagfæringar á tilvísunum í aðrar greinar laganna sem leiðir af nýjum kafla. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða. Í öðru lagi leggur nefndin til breytingar á 2. mgr. d-liðar 2. gr. þannig að aðeins vísvitandi röng skýrslugjöf leiði til þess að framleiðendum verði gert að greiða álag á ofgreiddar beingreiðslur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr.

a. Inngangsmálsgrein orðist svo:
   Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina og millivísanir samkvæmt því:
b. Á eftir orðinu „grundvelli“ í 2. mgr. d-liðar komi: vísvitandi.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Karl V. Matthíasson og Þuríður Backman rita undir álitið með fyrirvara. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1383. Nefndarálit [338. mál]

um frv. til l. um búfjárhald o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Valdimarsdóttur og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Búnaðarsambandi Suðurlands, Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Bændasamtökum Íslands, Dýraverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands, Vottunarstofunni Túni hf. og yfirdýralækni.

Með frumvarpinu eru kynntar töluverðar breytingar á búfjáreftirliti. Lagt er til að búfjáreftirlitssvæði verði stækkuð, dregið úr forðagæslueftirliti hjá umráðamönnum búfjár sem sinna skyldum sínum vel, umráðamenn búfjár verði skráðir og gerðar endurbætur á úrræðaferli fyrir mál er varða slæman aðbúnað og/eða fóðrun búfjár.

Eftir athugun málsins telur nefndin rétt að leggja til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sveitarstjórn hafi yfirumsjón með aðgerðum sem grípa þarf til ef handsama þarf búfé sem sloppið hefur úr vörslu umráðamanns í stað þess að þær skyldur séu lagðar á lögreglustjóra.
2. Lagt er til að kveðið verði skýrar á um það að sveitarfélög beri kostnað af búfjáreftirliti innan síns umdæmis enda er eftirlitið á ábyrgð þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að sveitarstjórn verði ekki heimilt að innheimta eftirlitsgjald fyrir venjulegt búfjáreftirlit en verði heimilt að inheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa vegna ákvæða 9., 15. og 16. gr.
3. Lagt er til að búfjáreftirlitsmenn fari í voreftirlitsferð til þeirra umráðamanna búfjár sem ekki hafa innra eftirlit sem viðurkennt er af héraðsdýralækni.
4. Þá er lagt til að sérstök talning búfjár fari ekki fram nema rökstuddur grunur leiki á um vantalningu líkt og kveðið er á um í gildandi lögum.
5. Enn fremur er lagt til að frestir til aðgerða skv. 16. gr. verði styttir en reynslan hefur sýnt að yfirleitt er skjótra aðgerða þörf.
6. Jafnframt er lagt til að kveðið verði nánar á um heimild og skyldu landbúnaðarráðherra til að gefa út aðbúnaðarreglugerðir.
7. Að lokum eru lagðar til nokkrar smávægilegar lagfæringar á hnökrum í frumvarpinu sem ekki þarfnast nánari skýringa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali og gerð er grein fyrir hér að framan.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þuríður Backman ritar undir álitið með fyrirvara. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman, með fyrirvara.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1384. Breytingartillögur [338. mál]

við frv. til l. um búfjárhald o.fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „þeim ágreiningi“ í lokamálslið 2. mgr. falli brott.
2. Við 7. gr. Í stað orðsins „Lögreglustjóri“ í 2. mgr. komi: Sveitarstjórn.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „15. maí“ komi: 15. júní.
4. Eftirfarandi breytingar verði á 9. gr.:
   a. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð.
   b. Orðið „Lögreglustjóri,“ í 2. mgr. falli brott.
5. Eftirfarandi breytingar verði á 10. gr.
   a. Í stað orðanna „og þar með beit“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Kostnaður við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögunum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.
6. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Búfjáreftirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu, sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

7. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.
8. Eftirfarandi breytingar verði á 16. gr.:
   a. Við 2. mgr bætist: innan sólarhrings frá tilkynningu.
   b. Í stað orðanna „tveggja sólarhringa“ í 5. mgr. komi: sólarhrings.
9. Við 17. gr. 3. tölul. orðist svo: Reglugerðir um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjártegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjáreftirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
10. Við 18. gr. 2. málsl. orðist svo: Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé.

1385. Fyrirspurn [736. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisréttindi í séreign.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hve margir launamenn afla sér lífeyrisréttinda í séreign með mótframlagi atvinnurekanda, sbr. heimild í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða?
2. Hve mikill er þessi séreignarsparnaður orðinn nú?
3. Hvaða sjóðir taka við slíkum séreignarsparnaði og hve mikið er varðveitt í hverjum sjóði?
4. Hver er ávöxtun séreignarsparnaðar í þessum sjóðum?
5. Hve mikið af þeim lífeyrisréttindum í séreign sem launþegi hefur samið um við atvinnurekanda hefur glatast frá gildistöku laganna vegna gjaldþrota atvinnurekenda?

Skriflegt svar óskast.

1386. Fyrirspurn [737. mál]

til félagsmálaráðherra um ábyrgðasjóð launa.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er sjóðseign ábyrgðasjóðs launa sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 53/1993?
2. Hve háar hafa greiðslur úr sjóðnum vegna vangreiddra lífeyrisréttinda launþega verið sl. þrjú ár?
3. Hve háar hafa kröfur í sjóðinn vegna vangreidds lífeyrissparnaðar launþega verið sl. þrjú ár?
4. Hvaða lífeyrissjóðir hafa krafist greiðslna úr sjóðnum og hve hárra sl. þrjú ár?
5. Hafa verið gerðar kröfur í ábyrgðasjóðinn um greiðslur á séreignarlífeyrissparnaði vegna gjaldþrota fyrirtækja. Ef svo er, hve háar?

Skriflegt svar óskast.

1387. Breytingartillaga [433. mál]

við frv. til l. um útlendinga.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Við 56. gr. Greinartalan „19.“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.

1388. Svar [484. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Telur ráðherra koma til greina að lækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli að vetrarlagi í því skyni að auðvelda flugfélögum að bjóða upp á lægri fargjöld og lengja þannig ferðaþjónustutímann? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir slíkri lækkun?

Þau gjöld sem innheimt eru á Keflavíkurflugvelli eru innritunargjald sem rennur til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, lendingargjöld sem renna til flugvallarstjórnar, vopnaleitargjald sem rennur til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli og flugvallarskattur sem rennur til flugmálaáætlunar.

Þrjú fyrstnefndu gjöldin gera vart betur en að standa undir þeim kostnaði sem þeim er ætlað. Þar koma meðal annars til síhertar kröfur í öryggismálum, auk þess sem lendingargjöldin standa undir rekstri flugturns, eldsneytisdreifingu o.fl.

Um flugvallarskattinn er það að segja að hann er innheimtur af farþegum, á grundvelli laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, og er hann áætlaður tæpar 575 millj. kr. á þessu ári. Utanríkisráðuneytið ætlar sér ekki að meta hvort lækka megi þann tekjustofn, en verði skatturinn lækkaður, þarf væntanlega að finna tekjur á móti til að standa undir uppbyggingu flugvalla á landinu.

Því hefur verið haldið fram að Keflavíkurflugvöllur sé óeðlilega dýr og að það hamli flugi svokallaðra lágfargjaldaflugfélaga. Úttekt sem gerð var af óháðum aðila sýnir að af 12 flugvöllum í Evrópu og Bandaríkjunum sem bornir voru saman var Keflavíkurflugvöllur sá fimmti lægsti hvað þau gjöld varðar er fyrirspurnin snýst um.

Nú hafa þrír aðilar leyfi til flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli svo að þar ríkir samkeppni á frjálsum markaði og vonandi mun sú samkeppni leiða til lækkunar.

1389. Lög [359. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1300 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

33. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar, sbr. 2. gr., og skal hún veita þá styrki sem hér segir:

a. Styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
b. Styrk til nauðsynlegrar æfingameðferðar eða þjálfunar.
c. Styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 37. gr. nær til, vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.
d. Ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á.
e. Styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.
f. Styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, samkvæmt fyrirmælum læknis.

Þá skal Tryggingastofnun greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Ráðherra setur reglugerð um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

1390. Lög [583. mál]

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1307.

1391. Lög [678. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (öryggi í siglingum, kjarnakleyf efni o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1310.

1392. Lög [672. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1314.

1393. Lög [669. mál]

um breytingu á lögum nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1085.

1394. Frumvarp til lokafjárlaga [667. mál]

fyrir árið 1999.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 1083 með þessum breytingum:

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.

1. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 1999 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	0,0	0,0
Forsætisráðuneyti	0,0	0,0
Menntamálaráðuneyti	270,1	152,3
Utanríkisráðuneyti	52,0	66,2
Landbúnaðarráðuneyti	25,7	83,1
Sjávarútvegsráðuneyti	-131,2	-80,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	10,7	10,7
Félagsmálaráðuneyti	-694,0	-694,0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	49,3	49,3
Fjármálaráðuneyti	28,1	28,1
Samgönguráðuneyti	61,3	61,3
Iðnaðarráðuneyti	48,7	50,6
Viðskiptaráðuneyti	19,2	17,6
Hagstofa Íslands	26,5	26,5
Umhverfisráðuneyti	47,8	42,9
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**-185,8**	**-185,6**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

2. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 1999 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

	Rekstrar-grunnur m.kr.	Sjóðs-hreyfingar m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	-27,9	-27,9
Forsætisráðuneyti	2,3	2,3
Menntamálaráðuneyti	-67,1	-67,1
Utanríkisráðuneyti	105,9	105,9
Landbúnaðarráðuneyti	-15,1	-15,1
Sjávarútvegsráðuneyti	313,8	313,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14,7	14,7
Félagsmálaráðuneyti	-428,1	-824,3
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	261,1	261,1
Fjármálaráðuneyti	-6.125,9	-977,2
Samgönguráðuneyti	217,7	217,7
Iðnaðarráðuneyti	-8,6	-8,6
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	158,5	158,5
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-752,0	-2.553,1
Samtals	**-6.350,7**	**-3.399,3**

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna.

Við bætist nýr fjárlagaliður, svohljóðandi:

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:

1.01 Almennur rekstur	33,2
Gjöld samtals	**33,2**

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	33,2

Sundurliðun 2
Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta,** breytast eða bætast við og hljóða svo:

02-725 Námsgagnastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	-27,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-27,0

07-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Stofnkostnaður:	
6.21 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-62,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-62,7

07-272 Byggingarsjóður verkamanna

Stofnkostnaður:	
6.01 Byggingarsjóður verkamanna	62,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	62,7

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.25 GPS-staðsetningarkerfi	31,9
1.26 Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	0,1
1.63 Ferðaskrifstofan CGI á Íslandi	0,8
Almennur rekstur samtals	32,8
Gjöld samtals	**32,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,8

10-211 Vegagerðin

Stofnkostnaður:	
6.55 Ferjur og flóabátar	184,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	184,9

13-950 Rekstrarhagræðing

Almennur rekstur:	
1.90 Rekstrarhagræðing	0,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	0,0

1395. Frumvarp til laga [601. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 26. apríl.)

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf fyrirbyggi, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða lagi eða breyti líffærastarfsemi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú er lyfjabúð rekin af öðrum en lyfsöluleyfishafa og þarf þá rekstraraðili leyfi ráðherra til rekstursins. Leyfishafi rekstrarleyfis er ásamt lyfsöluleyfishafa ábyrgur fyrir því að farið sé að lögum þessum. Ráðherra er heimilt að svipta leyfishafa rekstrarleyfi brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra er jafnframt heimilt, að fenginni umsókn þar um, að veita tímabundið leyfi fyrir því að í lyfjabúð starfi aðeins einn lyfjafræðingur enda sé hætta á því að starfræksla lyfjabúðar leggist niður á svæðinu. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um að í lyfjabúðum þar sem umfang starfsemi er mikið skuli að jafnaði starfa fleiri en tveir lyfjafræðingar.

4. gr.

Á eftir orðinu „lyfsöluleyfishöfum“ í 1. málsl. 5. mgr. 30. gr. laganna kemur: þeim sem hafa fengið leyfi til vélskömmtunar lyfja.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Á eftir 2. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður er orðast svo: ákveðið dagsektir.
b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ef fyrirmælum Lyfjastofnunar er ekki sinnt innan tiltekins frests getur stofnunin ákveðið dagsektir sem lagðar skulu á eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum þessum. Slíkar dagsektir mega nema allt að 50.000 kr. á sólarhring. Skal upphæð þeirra fara eftir eðli brots og fjárhagslegum styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um ákvörðun dagsekta í reglugerð.

Ef ákvörðun um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem reka lyfjabúðir og ekki eru lyfsöluleyfishafar skulu sækja um leyfi til rekstursins fyrir 1. janúar 2003.

1396. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um varnir gegn landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti, Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins, Sigurgeir Þorgeirsson og Ara Teitsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórð Skúlason og Jón Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gísla Viggósson frá Siglingastofnun Íslands og Trausta Baldursson frá Náttúruvernd ríkisins.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Dalvíkurbyggð, Djúpárhreppi, Djúpavogshreppi, Gnúpverjahreppi, Hafnasambandi sveitarfélaga, Húsavíkurkaupstað, Landgræðslu ríkisins, Landvernd, Landsvirkjun, Mosfellsbæ, Náttúruvernd ríkisins, Norður-Héraði, Rangárvallahreppi, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Skagafirði, Skútustaðahreppi, Sveitarfélaginu Hornafirði, Vegagerðinni, Veiðimálastofnun og Vestur-Eyjafjallahreppi.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um varnir gegn landbroti en ágangur vatna getur valdið miklum gróðurskemmdum og landeyðingu. Gert er ráð fyrir því að Landgræðsla ríkisins fylgist með og stýri aðgerðum við heftingu landbrots. Með frumvarpinu er leitast við að einfalda ferli við undirbúning og aðgerðir til að hefta landbrot af völdum vatna og sett eru ítarleg ákvæði um skiptingu kostnaðar við slíkar framkvæmdir.

Samkvæmt gildandi lögum er reglan sú að landeigendur sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnytjum skuli greiða ⅛ hluta kostnaðar við fyrirhleðslur. Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir slíkri skiptingu heldur að Landgræðslunni verði

heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Nefndin bendir á að af kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytis með frumvarpinu megi ráða að kostnaður einstaklinga af fyrirhleðslum muni aukast verði frumvarpið að lögum. Með 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild einstaklinga falli niður en í stað þess geti þeir sótt um styrk til Landgræðslunnar til framkvæmda og getur sá styrkur numið heildarkostnaði við framkvæmdina. Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á frumvarpinu og eru þessar helstar:

1. Lagt er til að skilgreiningu á hugtakinu landbrot í 2. tölul. 2. gr. verði breytt á þann veg að til landbrots teljist aðeins jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna en ekki sjávar enda taka lög nr. 28/1997, um sjóvarnir, til landbrots af völdum sjávar og hefur Siglingastofnun Íslands annast sjóvarnir hingað til.
2. Þá er lögð til breyting á 7. gr. á þann hátt að Vegagerðinni verði falið að annast umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðsluna. Af frumvarpstextanum eins og hann er úr garði gerður má ráða að Vegagerðinni sé ætlað að annast allar verklegar framkvæmdir. Nefndin bendir á að um framkvæmdir á vegum hins opinbera gilda m.a. lög um opinber innkaup, nr. 94/2001, sem mæla meðal annars fyrir um útboðsskyldu á tilteknum framkvæmdum.
3. Þá er lagt til að í 8. gr. verði kveðið skýrar á um að Landgræðsla ríkisins greiði kostnað við varnir gegn landbroti eftir því sem fjárlög gera ráð fyrir ár hvert og að kveðið verði skýrar á um hvaða aðilar falli undir 1. og 2. mgr. Með þeirri breytingu sem lögð er til munu ákvæði 1. og 2. mgr. ná til ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra auk fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga.
4. Að lokum er lagt til að heiti Landgræðslu ríkisins verði haldið óbreyttu eins og það er í gildandi lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigríður Jóhannesdóttir og Jónína Bjartmarz voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 19. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Karl V. Matthíasson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Þuríður Backman.	Sigríður Ingvarsdóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

1397. Breytingartillögur [504. mál]

við frv. til l. um varnir gegn landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „sjávar eða“ í 2. tölul. falli brott.
2. Við 7. gr. 1. málsl. orðist svo: Þegar fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við fyrirhleðslur skal Vegagerðin hafa umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðslu ríkisins.
3. Eftirfarandi breytingar verði á 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Landgræðsla ríkisins greiðir kostnað við varnir gegn landbroti, svo sem ákveðið er árlega í fjárlögum. Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar í hættu mannvirkjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem samgöngumannvirkjum, raflínum eða öðrum dreifikerfum, og greiðir þá viðkomandi aðili allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir viðkomandi aðili að fullu kostnað við framkvæmdir sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerð, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr farvegi o.s.frv.
   b. Í stað orðsins „stjórnsýsluaðila“ í 2. mgr. komi: aðila skv. 1. mgr.
4. Í stað orðsins „Landgræðslan“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi falli: Landgræðsla ríkisins.

1398. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er megintilgangur þess að heimila að íslensk skip sem skráð eru á íslenska skipaskrá séu jafnframt skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá.

Mál þetta er rekið sem mikið hagsmunamál íslenskra útgerða, en með samþykkt þess telja útgerðirnar að möguleikar þeirra aukist til að nýta skip sín erlendis. Með svokallaðri þurrleiguskráningu er skip skráð á skipaskrá erlends ríkis en þó þannig að það er áfram skráð á íslenska skipaskrá. Í frumvarpinu eru rakin ýmis skilyrði og takmarkanir sem þessar heimildir eru háðar. Nokkuð er skerpt á þeim takmörkunum í breytingartillögum meiri hlutans, sem allar eru til bóta, en þó fer fjarri að þar sé um grundvallarbreytingar að ræða á frumvarpinu.

Fram kom í máli fulltrúa útgerðarinnar, sem komu fyrir nefndina, að kjarasamningar íslenskra sjómanna leiddu til svo mikils launakostnaðar að trauðla væri rekstrargrundvöllur fyrir sókn á fjarlæg fiskimið undir íslenskum fána og á íslenskum kjarasamningum.

Við þurrleigu færist skipið undir lögsögu fánaríkis leigutakans og gilda þá lög þess um allan rekstur skipsins, þ.m.t. um veiðileyfi, veiðieftirlit, öryggismál, kjaramál, tryggingamál og atvinnuréttindi. Veiðireynsla sem verður til með veiðum skipsins meðan það er undir er-

lendum fána á þurrleigu verður veiðireynsla þess ríkis sem flaggað er undir með þurrleiguskráningu. Þannig vinnur þurrleiguskráning gegn hagsmunum sem verið hefur grundvöllur skiptingar veiðiréttar úr fiskistofnum og má nefna dæmi þar um, eins og skiptingu kvótans á Reykjaneshrygg í úthafskarfa, rækju á Flæmingjagrunni, norsk-íslenska síldarsamninginn og fyrirséða skiptingu á veiðireynslu á kolmunna. Hins vegar eru veðbönd skipsins skráð hjá hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum hér á landi. Gilda þar því mismunandi reglur um áhöfn og skip.

Samtök sjómanna eru mjög gagnrýnin á þessa tvöföldu skráningu skipa. Lýtur sú gagnrýni bæði að kjaramálum, öryggismálum og atvinnuréttindamálum. Erfitt verði að halda úti því skipulagi að kjara- og öryggismál breytist eftir því hvort skip er að fara út úr eða að koma inn í íslenska lögsögu. Þrýstingur mun því aukast á að í áhöfn verði erlendir ríkisborgarar á allt öðrum og lélegri kjarasamningum en skylt er samkvæmt íslenskum lögum á skipum undir íslenskum fána. Sjómannasamandið telur eðlilegri leið til að afla útgerðum aukinna verkefna að leita eftir samningum við önnur ríki um veiðiheimildir innan lögsögu þeirra.

Slík nálgun væri í fullu samræmi við stefnu okkar í alþjóðlegum hafréttarmálum, fiskverndar- og fiskveiðimálum. Sú stefna sem lögð er upp í frumvarpinu hefur á sér „alþjóðlegan sjóræningjablæ“ og að mati 1. minni hluta samræmist hún ekki áherslum Íslands í þessum málum á alþjóðavettvangi. Gildir svo einnig um aðbúnað, öryggi og kjör sjómanna. Stefna Íslands á að vera sú að einu gildi hvort áhöfnin hafi íslenskt eða erlent ríkisfang. Íslensk lög skulu gilda á íslenskum skipum.

Meðfylgjandi eru umsagnir meiri og minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið. Enn fremur er vísað til umsagna samtaka sjómanna og útvegsmanna í greinargerð um frumvarpinu.

Fyrsti minni hluti leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 24. apríl 2002.
Jón Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Ásmundsson frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Ljóst er að rökin fyrir frumvarpinu eru fyrst og fremst tengd sjávarútvegi þótt það sé stjórnskipulega á málefnasviði samgönguráðuneytisins.

Tilgangur frumvarpsins er að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Það liggur fyrir að íslenskar útgerðir hafa nýtt skip sín til verkefna utan efnahagslögsögunnar ýmist með því að skrá þau með beinum hætti á skipaskrá annarra landa eða með þurrleiguskráningu í gegnum þriðja ríki. Verði þetta frumvarp að lögum verður bæði auðveldara og ódýrara fyrir íslenskar útgerðir að sækja á erlend mið en nú er. Jafnframt má gera ráð fyrir að möguleikar til hagræðingar í rekstri aukist.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að veiðar íslenskra skipa á alþjóðlegum hafsvæðum undir fána erlendra ríkja geta skapað veiðireynslu fyrir erlend ríki sem mun aftur nýtast þeim í samningum um veiðar á viðkomandi svæðum í framtíðinni. Slíkar veiðar hafa átt sér stað á sama tíma og Íslendingar hafa ekki verið að fullnýta þann kvóta sem þeir hafa á þessum svæðum. Ákveði Alþingi að veita heimild í lögum til þurrleiguskráningar verður að tryggja að með því sé ekki unnið gegn heildar- og langtímahagsmunum Íslands. Spyrja má hvað valdi því að íslenskar útgerðir kjósi fremur að stunda veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum undir fánum erlendra ríkja en undir íslenskum fána. Leiða má að því líkur að kostnaður útgerðarinnar vegna veiðanna sé minni sigli skipið undir erlendum fána og þá einkum launakostnaður því íslensk lög og íslenskar reglur og þar af leiðandi íslenskir kjarasamningar gilda ekki um þessi skip. Þetta er skiljanlega áhyggjuefni íslenskra sjómanna. Hagsmunir sjómanna og heildarhagsmunir þjóðarinnar fara því saman í þessu efni og þessa hagsmuni ber að vernda. Það er álit nefndarinnar, verði frumvarpið samþykkt, að það verði að vera skýrt að þurrleiguskráning sé óheimil fari hún á einhvern hátt gegn hagsmunum Íslands og að þeir hagsmundir séu ávallt teknir fram yfir stundarhagsmuni einstakra útgerða.

Fiskistofnar eru víða ofveiddir og fiskveiðifloti flestra landa er of stór miðað við veiðiþol stofnanna. Alþingi og stjórnvöld verða að gæta þess við setningu laga og reglna að reglunar leiði ekki til frekari ofveiði hvort sem það er í okkar eigin lögsögu, á alþjóðlegum hafsvæðum eða í lögsögu annarra ríkja. Þegar um alþjóðleg hafsvæði er að ræða verðum við að gera þá kröfu að þær veiðar sem við stundum gangi ekki gegn skynsamlegum stjórnunar- og verndunarsjónarmiðum. Sem ábyrg fiskveiðiþjóð verðum við að tryggja að þessi sjónarmið séu í heiðri höfð jafnvel þótt aðrar þjóðir telji sér það ekki skylt. Heimild til þurrleiguskráningar verður að vera háð því skilyrði að þessi sjónarmið séu virt. Í b-, c- og d-lið 2. efnismgr. 1. gr. er tekið á þessu og er það vel.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á mikilvæg þess, verði frumvarpið samþykkt, að virkt eftirlit verði með því að skilyrði þurrleiguskráningar séu uppfyllt og heimild til þurrleiguskráningar verði felld niður án tafar verði misbrestur þar á, svo sem mælt er fyrir um í 4. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Hjá meiri hlutanum komu jafnframt fram eftirtaldar ábendingar. Í fyrsta lagi að ekki sé skýrt hvað átt sé við í a-lið 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi að b- og c-liður 2. efnismgr. 1. gr. hljóti að takmarkast við það að Íslendingar sjálfir hlýti þeim samningstakmörkunum sem um ræðir og taki tillit til þeirra verndarsjónarmiða sem uppi eru. Í þriðja lagi að nauðsynlegt sé að skilgreina betur í hverju hagsmunir Íslands séu fólgnir, sbr. f-lið 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins.

Guðmundur Hallvarðsson skrifar undir umsögn þessa með fyrirvara vegna setu í samgöngunefnd.

14. mars 2002

Einar K. Guðfinnsson.
Kristinn H. Gunnarsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.
Jónas Hallgrímsson.
Guðmundur Hallvarðsson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, 285 mál.

Tilurð þessa frumvarps má rekja til bréfs Landssambands íslenskra útvegsmanna til samgönguráðuneytisins, dags. 29. apríl 1999, þar sem þess var farið á leit við íslensk stjórnvöld að þau leyfðu tvískráningu íslenskra fiskiskipa. Efni frumvarpsins er í samræmi við þá ósk. Tilgangurinn er sagður vera að auka möguleika íslenskra útgerða á að nýta skip sín til verkefna erlendis. Lagt er til að heimilt verði að skrá fiskiskip þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá en þau séu eftir sem áður frumskráð á íslenska skipaskrá.

Íslenskar útgerðir sem hafa sóst eftir að nýta veiðiheimildir annarra ríkja hafa fært skip sín undir erlendan fána í þessum tilgangi og leigt þau til tengdra eða ótengdra aðila í erlenda ríkinu. Í þeim tilvikum hafa þau afskráð skip sín af íslenskri skipaskrá, skráð þau í öðru ríki, jafnvel þurrleiguskráð þau þaðan, og siglt undir fána þess ríkis sem á veiðiheimildirnar sem ætlunin er að nýta. Dæmi um veiðar sem Íslendingar hafa sótt í eru rækjuveiðar undir rússneskum fána í Barentshafi, rækjuveiðar undir fánum Eystrasaltsríkjanna á Flæmingjagrunni og þorskveiðar undir færeyskum fána í Barentshafi.

Ljóst er að frumvarpið er mjög umdeilt og skiptast hagsmunaaðilar algerlega í tvö horn. Samtök sjómanna hafa lýst þeirri skoðun að „útgerðarmenn séu að þrýsta á stjórnvöld um að heimila tvískráningu fiskiskipa í þeim tilgangi að fá ódýrt erlent vinnuafl til starfa á skipum sínum í samkeppni við íslenska sjómenn". Athugasemdirnar hafa einkum snúið að tveimur atriðum. Annars vegar þeim aðstæðunum þegar skip kæmi aftur til Íslands með erlenda áhafnarmeðlimi að lokinni þurrleigu. Hins vegar að því að útgerðir noti þurrleigu til þess að stunda veiðar undir erlendum fána sem stunda mætti undir íslenskum fána, í því skyni að draga úr kostnaði við veiðarnar. Fram hefur komið að samtök sjómanna telja að við núverandi aðstæður sé opinberu eftirliti ábótavant, bæði varðandi það að erlendir sjómenn starfi á íslenskum skipum án atvinnuleyfis og varðandi þau laun sem erlendir sjómenn fái greidd. Sjómannasambandið óttast að við þurrleiguskráningu mundi þetta vandamál versna.

Minni hlutinn telur að ekki hafi komið fram nógu sterk rök fyrir þessari breytingu en þeim mun sterkari varnaðarorð og styður því ekki frumvarpið.

14. mars 2002.

Svanfríður Jónasdóttir
Jóhann Ársælsson
Guðjón A. Kristjánsson

1399. Breytingartillaga [630. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í tólf mánuði eftir gildistöku laga þessara er dreifingaraðilum garð- og gróðurhúsaafurða, í heildsölu og smásölu, óheimilt að hækka álagningu sína, þóknun eða umsýslugjald, hvort sem um er að ræða ákveðna upphæð á einingu eða magn eða tiltekið álagningarhlutfall.

Samkeppnisstofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

1400. Svar [658. mál]

hagstofuráðherra við fyrirspurn Einars Más Sigurðarsonar um skráningu í þjóðskrá.

1. *Hvaða reglur gilda um skráningu nafna í þjóðskrá?*

Skráningar nafna í þjóðskrá byggjast á starfsreglum sem Hagstofa Íslands hefur mótað frá því að þjóðskráin varð til árið 1953. Reglurnar hafa tekið mið af því rúmi sem nafnasvæði er ætlað í skránni. Það svæði er nú 31 stafbil. Hjá þeim sem bera fullt nafn (eiginnafn, millinafn og kenninafn) sem er lengra en 31 stafbil þarf að stytta nafnritun í tölvukerfi þjóðskrár. Meginreglan er sú að fyrsta nafn er ekki stytt og sama gildir um kenninafn. Þeir sem bera fleira en eitt eiginnafn ráða hvert nafnanna verði óstytt og verður það þá fyrsta eiginnafnið í tölvukerfinu. Vitaskuld eru öll vottorð þjóðskrár gefin út með fullu nafni fólks, sem samkvæmt gildandi mannanafnalögum getur mest verið þrjú eiginnöfn eða tvö eiginnöfn og millinafn og tvö kenninöfn (ættarnafn og kenning til foreldris eða kenning til beggja foreldra).

2. *Hvaða stoð hafa þessar reglur í lögum og reglugerðum?*

Reglur Hagstofunnar um skráningu nafna byggjast á almennum heimildum í lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, og lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, þar sem fram kemur hlutverk Þjóðskrárinnar við skráningu nafna. Í 20. gr. mannanafnalaga er síðan heimild fyrir Hagstofuna til að setja reglur að höfðu samráði við mannanafnanefnd um breytta ritun nafna í þjóðskrá. Slíkar reglur hafa ekki verið settar enn.

3. *Hve margir hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá undanfarin fimm ár, sundurliðað eftir árum?*

Hagstofan hefur ekki haldið sérstaklega saman fjölda þeirra sem óskað hafa eftir að fullt nafn þeirra birtist í tölvukerfi þjóðskrár. Á árabilinu frá 1997 til 2001 hefur verið gerð 37.921 breyting á nafnritunum fólks í þjóðskrá. Mikil vinna fælist í því að kanna hverjir hafi haft full nöfn sem lengri voru en 31 stafbil og hafi því þurft að sæta styttingu þeirra. Hagstofan fullyrðir þó að fjöldi þessara mála er á bilinu 100–200. Í nær öllum tilvikum hefur náðst sátt við fólk um styttingu fulls nafns í tölvukerfinu.

4. Hve margir eru ekki skráðir fullu nafni í þjóðskrá?

Sú þjóðskrá sem er sýnileg til almennra nota, hvort sem það er á pappír eða vélum, hefur aldrei borið með sér fullt nafn viðkomandi nema það hafi komist fyrir vegna stafbila eða viðkomandi hafi viljað sýna það fullum fetum. Margir kjósa af ýmsum ástæðum að birta ekki fullt nafn sitt og hefur svo verið áratugum saman. Það er því ógerningur að svara þessari spurningu frekar.

5. Hve margir eru nafnlausir í þjóðskrá vegna þess að þeir eða forráðamenn þeirra sætta sig ekki við gildandi reglur?

Enginn sjálfráða maður er nafnlaus í þjóðskrá. Núgildandi mannanafnalög tóku gildi 1. janúar 1997. Frá þeim tíma til ársloka 2001 hafa fæðst 20.834 börn hér á landi. Þegar Hagstofunni berst fæðingartilkynning eru börn strax skráð í þjóðskrá sem stúlka eða drengur með kenningu til móður eða föður eftir því sem við á. Einungis í tveimur tilvikum á þessu tímabili hafa forsjármenn barna ekki sætt sig við styttingu eiginnafna. Þessi börn eru því í tölvukerfinu enn skráð sem drengur eða stúlka með kenningu til foreldris.

6. Telur ráðherra ástæðu til að breyta reglum um skráningu nafna í þjóðskrá?

Þjóðskrá til almannanota hefur aldrei verið hugsuð sem skrá sem bæri með sér fullt nafn manna. Skráin hefur verið notuð til að tryggja með óyggjandi hætti aðgreiningu fólks. Hún hefur líka komið til móts við óskir fólks um tiltekna nafnritun innan ákveðinna marka eftir tækni og getu á hverjum tíma. Ef gera ætti tölvukerfi þjóðskrár þannig úr garði að fullt nafn allra yrði sýnilegt við almenn not skrárinnar hefði það óhemju kostnað í för með sér í samfélaginu. Öll tölvukerfi landsins þyrfti þá að laga til samræmis við þetta. Ekki væri þá ljóst hvernig taka ætti á málum þeirra sem neituðu að breyta kerfum sínum vegna kostnaðar. Þeir sem bera langt fullt nafn gætu þá orðið óþekkjanlegir í sumum tölvukerfum. Þá má minna á að stöðluð alþjóðleg gluggaumslög eru álíka löng og núverandi stafbil þjóðskrár enda var það haft til hliðsjónar þegar stafbilið var ákveðið á sínum tíma. Í nágrannalöndum okkar, þar sem eru þjóðskrár, eru alls staðar reglur um styttingu nafna manna til almennra nota. Ekki eru uppi áform um að breyta eðli þjóðskrárinnar frá því sem verið hefur en hins vegar kemur til álita að setja af stað vinnu við nýjar reglur á grundvelli 20. gr. laga um mannanöfn, nr. 45/1996.

1401. Svar [728. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um stuðning við frjáls félagasamtök á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur menntamálaráðuneytið veitt frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála fjárstuðning árin 1998–2001? Ef svo er, hvernig hefur þeim stuðningi verið háttað? Óskað er eftir því að í svarinu komi fram til hvers konar verkefna styrkir hafa verið veittir, hversu háir styrkir og hverjir ábyrgðaraðilar verkefnanna hafa verið, sundurliðað eftir fjárlagaliðum og árum.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki veitt frjálsum félagasamtökum, öðrum en þeim sem starfa að íþrótta-, æskulýðs- og menningarmálum, stuðning til starfsemi sinnar, enda hefur ráðuneytið ekki með umhverfis- og náttúruverndarmál að gera, né fengið fé til slíks í fjárlögum. Hins vegar er ljóst að mörg þeirra félagasamtaka er fá fjárstuðning frá Alþingi og menntamálaráðuneytinu vinna beint og óbeint að þeim málaflokkum er fyrirspurnin nær til. Má í því sambandi m.a. benda á ÍSÍ, UMFÍ, skáta og KFUM og KFUK svo að nokkur samtök séu nefnd.

1402. Svar [713. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um fjármálafræðslu í skólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Er fjármálafræðsla lögbundin grein í grunn- eða framhaldsskólum?*
2. *Hvenær var fjármálafræðsla tekin upp í skólum?*
3. *Í hvaða bekkjum grunn- eða framhaldsskóla fer fjármálafræðsla fram?*
4. *Hvaða námsefni er kennt um fjármál annars vegar í grunnskólum og hins vegar framhaldsskólum og til hvaða þátta fjármála nær það námsefni?*

Fjármálafræðsla er ekki lögbundin sem sérstök grein í grunn- eða framhaldsskólum. Sú fræðsla sem fram fer í skólum um þetta efni er að mestu leyti samþætt öðrum greinum. Nánar tiltekið er staðan eins og hér er lýst.

Grunnskóli.

Í námskrá fyrir grunnskóla frá 1989 var nokkuð komið inn á fræðslu um fjármál heimila í 8. og 9. bekk og var fræðslan felld undir neytendafræði sem er hluti af heimilisfræði.

Í aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, sem gefin var út 1999 eru skilgreind námsmarkmið er lúta að fjármálafræðslu. Gert er ráð fyrir kennslu um fjármál í 6.–10. bekk grunnskóla.

Áfangamarkmið fjármálafræðslu við lok 10. bekkjar í grunnskóla er að nemendur „geti metið eigin tekjur og útgjöld og rekstur heimilis“.

Dæmi um þrepamarkmið:

8. bekkur: nemendur geti gert eigin áætlun um sparnað og ávöxtun,

9. bekkur: nemendur geti gert kostnaðarreikning um fastar greiðslur heimila,
10. bekkur: nemendur geti reiknað kostnað vegna afborgana af heimilistækjum og skilji reikningsyfirlit, nemendur þekki ýmsar sparnaðar- og ávöxtunarleiðir.

Kennsluefni getur verið af ýmsum toga en Námsgagnastofnun hefur margbreytilegt efni á boðstólum, bæði bækur og myndefni. Einstakir skólar eða kennarar hafa frjálsar hendur um það hvaða námsefni er notað við kennsluna. Þetta ræður því einnig hvaða áherslu þessi námsþáttur fær í skólum.

Framhaldsskóli.

Fjármálafræðsla er ekki sérstaklega skilgreind sem námsgrein í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 1999. Hins vegar eru hagfræðigreinar skilgreindar sem hluti af kjörsviði félagsfræðibrautar og nemendur á málabraut og náttúrufræðibraut geta einnig valið áfanga í þessu greinum, annaðhvort sem hluta af sínu kjörsviði eða sem frjálst val. Það er því sjálfstæð ákvörðun nemenda á bóknámsbrautum hvort þeir taka áfanga í þessum greinum eða ekki. Samkvæmt eldri námskrá gátu nemendur tekið hagfræðiáfanga í frjálsu vali.

Á viðskiptabraut, sem er tveggja ára starfsnámsbraut, eru kenndar nokkrar greinar sem tengjast fjármálafræðslu, svo sem bókfærsla, hagnýt verslunarstörf og rekstrarhagfræði. Þetta er óbreytt frá eldri námskrá. Á öðrum starfsnámsbrautum framhaldsskóla er ekki gert ráð fyrir sérstakri fjármálafræðslu. Skyldir þættir fléttast þó inn í kennslu annarra greina, t. d. við áætlanagerð og skyld viðfangsefni.

Ráðuneytið hefur ekki safnað upplýsingum um hvaða kennslubækur eru notaðar í framhaldsskólum í einstökum greinum og því eru ekki tiltækar upplýsingar um hvaða kennslubækur eru notaðar í þeim greinum sem hér hafa verið nefndar. Hins vegar er hægt að afla þessara upplýsinga ef óskað verður.

1403. Svar [661. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um textun íslensks sjónvarpsefnis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað hefur verið gert til að framfylgja þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2001 um textun íslensks sjónvarpsefnis þar sem ráðherra var falið að stuðla að því að íslenskt sjónvarpsefni yrði textað eftir föngum til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk?

Þingsályktuninni var komið á framfæri við Ríkisútvarpið, Íslenska útvarpsfélagið og Íslenska sjónvarpsfélagið með bréfum, dags. 31. ágúst og 10. september 2001. Í bréfunum var jafnframt óskað upplýsinga um hvernig þessum málum væri háttað hjá stöðvunum. Ráðuneytið ítrekaði þessi bréf með bréfi 10. janúar á þessu ári, þar sem engin svör höfðu borist, og óskaði eftir því að í upplýsingunum kæmu einnig fram kostnaðartölur vegna textunar á íslensku sjónvarpsefni sem og upplýsingar um hlutfall textaðs efnis eftir flokkum. Svör bárust frá Ríkisútvarpinu og Íslenska útvarpsfélaginu.

Í svari Ríkisútvarpsins kemur m.a. fram að á árinu 2001 voru frumsýndar um 695 mínútur af innlendu efni sem textað var á síðu 888 í textavarpinu og skiptist umrætt efni þannig að leikið íslenskt efni er um 68%, ávörp um 11% og fréttaágrip og trúmál um 21%. Kostnaður

við textun eru tæpar 20.000 kr. á klst. Árið 2001 var kostnaður við textun á síðu 888 í textavarpinu og táknmálsfrétta tæpar 2,8 millj. kr., sem skiptist þannig að rúmar 365 þús. kr. fóru til textunar á síðu 888 og tæpar 2,4 millj. kr. fóru til textunar táknmálsfrétta. Síðan táknmálsfréttir hófu göngu sína hefur tækninni fleygt mikið fram og er nú hægt að nálgast fréttir Ríkisútvarpsins í textavarpinu, á vef Ríkisútvarpsins og með SMS- og WAP-skilaboðum. Fréttaþjónusta Ríkisútvarpsins hefur því breyst á undanförnum árum til góðs fyrir þá sem nota þessa þjónustu.

Í svari Ríkisútvarpsins kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir auknum kostnaði við textun í fjárhagsáætlun fyrir þetta ár. En ef texta ætti stærsta hluta innlends efnis mætti gera ráð fyrir að árlegur kostnaður Sjónvarpsins mundi hækka um a.m.k. 30 millj. kr. og væri þá stofnkostnaður og fjárbindingar í nauðsynlegum búnaði undanskilinn.

Í svari Íslenska útvarpsfélagsins kemur fram að íslenskt sjónvarpsefni á sjónvarpsstöðvum fyrirtækisins er ekki textað. Til þess skortir félagið viðbótarbúnað sem gera mætti ráð fyrir að kostaði um 1 millj. kr. Meginkostnaðurinn fælist þó einkum í auknu mannahaldi og vinnuaðstöðu.

Þá má geta þess að í janúar á þessu ári átti fyrrverandi menntamálaráðherra fund með forsvarsmönnum Félags heyrnarhjálpar um textun á íslensku sjónvarpsefni. Í kjölfar þess fundar kostaði ráðuneytið ferð fulltrúa síns á norrænan fund í Gautaborg í janúar sl. um textun sjónvarpsefnis ásamt fulltrúum Félags heyrnarhjálpar. Meginefni þess fundar fólst m.a. í umræðum um stöðu þessara mála á Norðurlöndunum. Fjallað var um þá tækni sem nauðsynleg er við textun sjónvarpsefnis, um þá möguleika og þær hindranir sem eru á þessu sviði og um möguleikann á mótun sameiginlegrar norrænnar stefnu til að koma þessum málum í betri farveg. Á fundinum var m.a. ákveðið að halda tvo norræna fundi á næstu mánuðum, annars vegar með framkvæmdastjórum félaga heyrnarskertra og hins vegar með stjórnarmönnum félaganna.

1404. Breytingartillögur [562. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Vilhjálmi Egilssyni, Guðmundi Hallvarðssyni, Hjálmari Árnasyni og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur.

1. Í stað orðanna „skipa sem gerð eru út frá“ í 1. efnismgr. 4. gr., efnismálsgrein 13. gr. og 2. mgr. 15. gr. komi: stuðnings.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „gildistöku þessara laga“ í lokamálslið 5. gr. komi: 17. mars 1999.
3. Við bætist ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „1., 2. eða 5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. b laganna kemur: 1. eða 2. mgr.
4. Við bætist ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „ákvæði 1. mgr. 20. gr.“ í 20. gr. a laganna kemur: ákvæði 1. mgr. 25. gr.

5. Við 15. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 13., 14., 15. og 16. gr. öðlast þegar gildi.
   b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
      Yfirfærsla á efnisákvæði 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða til almenns ákvæðis í lögunum, sbr. 5. og 14. gr., stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna.

1405. Nefndarálit [605. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að loksins standi til að lögleiða meginreglur vinnutímatilskipana Evrópusambandsins og tilskipunar um vinnuvernd barna og unglinga. Mjög er hins vegar miður að slíkt skuli ekki takast í góðu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Ágreiningur er um útfærslu ýmissa ákvæða tilskipananna og ljóst virðist að „lágmarks“ hugsunarháttur er alls ráðandi af hálfu stjórnvalda og með velþóknun atvinnurekenda.

Þetta birtist í því að leitast er við að tryggja aðeins lágmarksréttindi starfsmanna eins og óhjákvæmilegt er til að ákvæði tilskipananna séu virt og jafnvel gætir tilhneigingar til að túlka réttindaákvæði þröngt. Þetta sést t.d. á ákvæðum frumvarpsins um hvíldartíma og skilgreiningar í því sambandi sem eru algerlega ófullnægjandi.

Annað meginefni þessa frumvarps er svo sú tillaga að fella út úr lögunum meginákvæði núgildandi laga um heilsuvernd starfsmanna. Þessi tillaga er fráleit að mati minni hlutans enda hefur þessu verið harðlega mótmælt af samtökum launamanna eins og Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að vinna þetta frumvarp betur og því vænlegast að fresta afgreiðslu þess ef ekki næst samstaða um að gera á því verulegar lagfæringar.

Til vara mun minni hlutinn flytja nokkrar breytingartillögur sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali en þær munu færa til betri vegar nokkra helstu ágalla málsins. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði inn í 1. gr. laganna ákvæði sem taka af tvímæli um að þegar talað er um öruggt heilsusamlegt starfsumhverfi sem m.a. sé í samræmi við félagslega þróun, þá sé einnig átt við að tryggja beri að starfsmenn sæti ekki einelti eða kynferðislegu áreiti á vinnustað né sé þeim mismunað á grundvelli kynferðis, litarháttar, aldurs o.s.frv. Í öðru lagi er lagt til að sett verði í lög afdráttarlaust ákvæði sem skilgreinir hugtakið „hvíldartími“ þannig að réttur starfsmanns til eðlilegrar hvíldar skerðist ekki úr hófi vegna rúmrar skilgreiningar á hugtakinu. Í þriðja lagi er lagt til að læknar í starfsnámi verði ekki undanþegnir IX. kafla laganna. Í fjórða lagi er lagt til að undanþáguákvæði 4. mgr. c-liðar 9. gr. falli niður þar sem það rýrir mjög gildi þess sem sagt er um samkomulag um styttingu lágmarkshvíldartíma, sbr. 1. mgr. sama liðar (11 klst. samfelld hvíld) og að orðalag verði styrkt hvað það snertir að starfsmaður skuli fá hvíld svo fljótt sem við verður komið að aflokinni vinnulotu. Í fimmta lagi er lagt til að 66. gr. laganna um heilsuvernd falli ekki brott. Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða komi fyrirmæli til félagsmálaráðherra þess efnis að leggja skuli

fyrir næsta þing endurskoðuð ákvæði um heilsuvernd starfsmanna, þar sem byggt verði á niðurstöðum nefndar sem stjórn Vinnueftirlitsins skipaði og skilaði af sér í júní 1999.

Alþingi, 26. apríl 2002.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Bréf frá Læknafélagi Íslands (móttekið 9. apríl 2002).
II. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. (4. apríl 2002.)
III. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. (15. mars 2002.)

1406. Breytingartillögur [605. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá minni hluta félagsmálanefndar (SJS).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   A-liður 1. gr. laganna orðast svo: tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu, þar með talið tryggja að starfsmenn sæti ekki einelti eða kynferðislegu áreiti á vinnustað né sé þeim mismunað á grundvelli kynferðis, litarháttar, aldurs eða vegna annarra sambærilegra þátta.
2. Við 9. gr.
   a. 2. tölul. a-liðar (52. gr.) orðist svo: *Hvíldartími:* Samfelldur tími, sem hvorki telst til virks né óvirks vinnutíma, þar sem starfsmaður nýtur hvíldar frá störfum og starfsskyldum.
   b. 2. tölul. b-liðar (52. gr. a.) falli brott.
   c. 4. mgr. c-liðar (53. gr.) orðist svo:
      Sé daglegur hvíldartími styttur samkvæmt heimild 2. og 3. mgr. skal starfsmaður fá samsvarandi hvíld síðar og þegar að lokinni vinnulotu verði því við komið.
3. Við 11. gr. Greinin falli brott.
4. Við bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi fyrir lok október 2002 endurskoðaðan kafla um heilsuvernd starfsmanna með hliðsjón af niðurstöðu nefndar sem starfaði á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins frá í júní 1999 og að undangengnu samráði við stjórn Vinnueftirlitsins.

1407. Nefndarálit [538. mál]

um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Jón Kalmansson, starfsmann verkefnisstjórnar um byggðaáætlun, Halldór Halldórsson, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Ingimar Halldórsson og Eystein Gunnarsson frá sveitarfélögum á Vestfjörðum, Þórð Skúlason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elísabetu Benediktsdóttur frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Benedikt Guðmundsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Ólaf Sveinsson frá Samtökum sveitarfélaga Vesturlands, Elínu R. Líndal frá Húnaþingi vestra, Magnús B. Jónsson frá Skagaströnd, Theodór Bjarnason og Bjarka Jóhannesson frá Byggðastofnun, Baldur Valgeirsson frá Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, Ágúst Þór Bjarnason frá Blönduósbæ og Ingibjörgu Hafstað frá Sveitarfélaginu Skagafirði. Umsagnir bárust frá Landssíma Íslands hf., vinnuhópi sjö atvinnuþróunarfélaga, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hólaskóla, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Eyþingi, Iðntæknistofnun, Kvasi – samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Háskólanum á Akureyri, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Alþýðusambandi Íslands, Íslandssíma hf., Félagi íslenskra framhaldsskóla, Búnaðarþingi 2002, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólanum í Reykjavík, Lánasjóði landbúnaðarins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fræðsluneti Austurlands, Byggðastofnun, Bandalagi háskólamanna, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Þjóðhagsstofnun. Jafnframt bárust nefndinni gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt hinna almennu markmiða þingsályktunarinnar og telur að í þeim felist mikil sóknarfæri til byggðarþróunar á landinu. Meiri hlutinn telur að við umræður um byggðaáætlun þjóðarinnar sé mikilvægt að hafa í huga skynsamlega þróun byggðar á landinu öllu, jafnt svonefndu höfuðborgarsvæði sem landsbyggðinni, ásamt samhengi þeirra þátta. Höfuðborg þrífst naumast án landsbyggðar og landsbyggðin þarf á höfuðborg að halda. Því er mikilvægt að stuðla að skynsamlegu vægi beggja þeirra þátta.

Meiri hlutinn tekur undir þau rök sem fram koma í greinargerð með tillögunni (bls. 29 og 30) þar sem færð eru rök fyrir þörf á byggðastefnu. Þar er bent á nýtingarsjónarmið og fjölbreytileika í lífsháttum og atvinnulífi. Með nýtingarsjónarmiðum er vísað til mikilvægis þess að fólk búi úti um land og sinni auðlindum landsins í sjávarútvegi, landbúnaði, orkumálum, ferðaþjónustu og öðrum þáttum. Án vinnuafls verða auðlindirnar tæpast nýttar. Fjölbreytileiki í lífsháttum og atvinnulífi styður sérkenni menningar og eflir sjálfsmynd þjóðarinnar. Er það ekki síst mikilvægt á tímum alþjóðavæðingar. Með hliðsjón af þessu er brýnt að skoða jafnræði þegnanna með tilliti til búsetu og aðgengis að almennri þjónustu velferðarkerfis. Það eru með öðrum orðum þjóðfélagsleg rök sem mæla með byggðaaðgerðum.

Meiri hlutinn styður þær hugmyndir til aðgerða er fylgja tillögunni. Sjálf tillögugreinin er í fimm stafliðum um almenn markmið byggðaáætlunar. Undir þau tekur meiri hlutinn. Í greinargerð er síðan kynnt framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í 22 töluliðum. Meiri hlutinn telur að í þeim felist mikil sóknarfæri fyrir landsbyggðina alla en vekur jafnframt athygli á að þar er um að ræða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og stofnana hennar. Meiri hlutinn hvetur til þess að þeirri áætlun verði fylgt fast eftir.

Meiri hlutinn mælir með því að ríkisstjórnin taki jafnframt til skoðunar eftirtalda þætti:

1. Eðlilegt er að skilgreina nokkra byggðakjarna og skilgreina hlutverk þeirra og stöðu í þjóðfélaginu. Í ljósi byggðaþróunar þykir nefndinni rétt að taka mið af eftirfarandi skiptingu:

a. Byggðakjarnar: Meiri hlutinn tekur undir hlutverk Akureyrar sem mótvægis við höfuðborgarsvæðið. Meiri hlutinn telur jafnframt að byggðakjarnar skuli byggðir upp á Ísafirði og á Miðausturlandi. Með því móti væru sköpuð boðleg búsetuskilyrði fyrir stærstu landshluta. Í hverjum byggðakjarna er eðlilegt að styðjast við sérkenni hvers staðar og byggja upp innviði á þeim grunni, sbr. bls. 10 í greinargerð með tillögunni.
b. Vaxtarsvæði: Auk meginkjarna og byggðakjarna telur meiri hlutinn rétt að skilgreina vaxtarsvæði þar sem hið opinbera tryggir grunnþjónustu.
c. Jaðarsvæði. Fjalla þarf sérstaklega um búsetuskilyrði á jaðarsvæðum, þ.e. svæðum sem falla utan a- og b-liðar.

Fram kom hjá fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga að ofangreind skipting hafi ekki átt sér stað. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. janúar 2003 í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt telur meiri hlutinn mikilvægt að unnið verði landshlutaskipulag fyrir landið allt.

2. Meiri hlutinn tekur undir skoðanir Sambands íslenskra sveitarfélaga, Háskólans á Akureyri og fleiri þess efnis að stækkun sveitarfélaga sé árangursrík byggðaaðgerð. Með því móti verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að taka að sér verkefni og veita þá þjónustu sem íbúar kalla eftir.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er tekið undir þessa hugsun. Meiri hlutinn telur rétt að fylgjast með umfjöllun aðalfundar sambandsins um mál þetta og að Alþingi bregðist við í samræmi við þær niðurstöður.

3. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að góðar samgöngur séu byggðastefnu þjóðarinnar mikilvægar. Samræmd samgönguáætlun, sem liggur fyrir Alþingi, svarar því kalli að verulegu leyti enda er þar gert ráð fyrir greiðum samgöngum á sjó, lofti og landi milli byggðasvæða. Meiri hlutinn vekur sérstaka áherslu á gildi jarðganga milli helstu byggðakjarna. Þannig má segja að helstu byggðasvæði landsins verði tengd meginkjörnum.

Meiri hlutinn telur einnig að sérstaklega þurfi að gefa gaum samgöngum við Vestmannaeyjar. Lagt er til að strax verði skoðaðir kostir samgangna við Vestmannaeyjar, einkum hagkvæmni þess að reka svifnökkva frá Vestmannaeyjum upp á Bakkafjöru, hugsanlega hafnaraðstöðu við Bakkafjöru, bættan skipakost í ferjusiglingum sem og tryggar flugsamgöngur.

4. Meiri hlutinn telur tillöguna fela í sér mörg tækifæri til sóknar í íslensku atvinnulífi um land allt. Meiri hlutinn vill bæta við og leggja áherslu á eftirtalda þætti:

A. Meiri hlutinn leggur áherslu á að efla rannsóknir og nýsköpun sem tengist auðlindum þjóðarinnar í landbúnaði og sjávarútvegi í því skyni að efla verðmætasköpun. Benda má á árangur m.a. á Siglufirði við vinnslu á rækjuskel, lyfjagerð úr jurtum og ámóta þætti sem áunnist hafa á síðustu árum.

Meiri hlutinn tekur undir tillögur nr. 8 og nr. 16 í III. kafla greinargerðar með tillögunni en telur að áætlun um möguleika til sóknar í líftækni á sviði sjávarútvegs skuli kynnt að lokinni athugun eigi síðar en 1. nóvember 2003.

B. Mikil vakning er meðal bænda um að nýta smávirkjanir til raforkuframleiðslu. Meiri hlutinn telur veruleg sóknarfæri geta fólgist í því. Getur þar verið um að ræða beina orkusölu inn á dreifikerfi raforku en ekki síður möguleika á að nýta orkuna á staðnum til verðmætasköpunar. Dæmi um hið síðarnefnda má nefna frá Írlandi þar sem bújörð með lítilli heimarafstöð var breytt í listmunaverkstæði. Árlega starfa þar nú um 20 manns og ársveltan er um einn milljarður kr.

Meiri hlutinn mælir með því að Orkustofnun verði falið að hafa umsjá með úttekt á rennslismælingum vegna smávirkjana í samstarfi við atvinnuþróunarfélög einstakra svæða. Tryggja þarf fjármagn til þessa verkefnis. Þá hvetur meiri hlutinn til að Byggðastofnun leiti atvinnuskapandi verkefna er sinna mætti á jörðum með smávirkjunum.

Tími: 2003.

C. Vegna breyttra atvinnuhátta er þörf fyrir þrífösun rafmagns orðin aðkallandi á mörgum bæjum úti á landsbyggðinni. Skapast hefur vandi af þessum sökum og hindrar ástand rafmagnsmála í sumum sveitum alla sókn í atvinnulífi. Meiri hlutinn fagnar skýrslu iðnaðarráðuneytisins um þörf fyrir þrífösun rafmagns í landinu og hvetur til að framkvæmdir eftir þeirri áætlun hefjist þegar á þessu ári.

D. Meiri hlutinn tekur undir tillögu nr. 19 í III. kafla greinargerðar með tillögunni um eflingu ferðaþjónustu. Fram hefur komið, m.a. hjá aðilum í ferðaþjónustu, að ekki þurfi það einungis að gerast eftir þeim leiðum, sem um er fjallað í tillögunni, heldur einnig með því að leggja áherslu á að lengja ferðamannatímabilið. Háannatími ferðaþjónustu nær aðeins yfir um þrjá mánuði ársins. Aðra mánuði nýtist fjárfesting í greininni illa. Því er mikilvægt að laða hingað ferðamenn einnig á þeim tíma. Flug til Íslands þykir tiltölulega dýrt vegna fjarlægðar landsins frá Evrópu og Ameríku. Er þar talin liggja ein meginástæða þess að treglega gengur að ná til landsins ferðafólki á þeim tíma. Meiri hlutinn mælir með því að við stefnumótun í ferðaþjónustu verði tekið til alvarlegrar skoðunar að endurskoða álögur hins opinbera á flugfargjöld og aðra þætti er beinlínis snerta ferðaþjónustu þannig að fjölga megi ferðum erlendra ferðamanna til landsins yfir vetrarmánuðina. Slík aukning ætti að nýtast vel flestum byggðarlögum.

E. Meiri hlutinn mælir með því að ríkisstjórn geri áætlun um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina. Með bættum samgöngum og fjarskiptum hafa aðstæður breyst verulega varðandi aðgengi fólks að stofnunum. Því má færa rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að dreifa stofnunum ríkisins betur um landið en verið hefur. Eðlilegt má telja að stofnanir, sem hafa starfsgrundvöll sinn á landsbyggðinni, séu staðsettar þar. Meiri hlutinn mælir með því að fyrir árslok 2002 skili ríkisstjórn tillögum um slíkan flutning. Við flutning af þessum toga er einnig eðlilegt að kanna hvort hluta af starfsemi einstakra stofnana megi ekki koma fyrir í byggðakjörnum úti á landsbyggðinni eftir aðstæðum á hverjum stað. Benda má á fyrirmynd að slíku þar sem rannsóknaraðilar nokkurra stofnana mynda sameiginlega starfsstöð á Ísafirði. Reynslan af slíkum flutningi og samstarfi hefur verið góð. Meiri hlutinn telur að slík rannsóknarsetur í samstarfi nokkurra stofnana megi vel staðsetja á nokkrum byggðasvæðum og í mörgum tilvikum færa starfið nær vettvangi.

Meiri hlutinn tekur afdráttarlaust undir þau sjónarmið að nýjar stofnanir ríkisins skuli staðsettar á landsbyggðinni sem og sú aukning sem kann að verða í nýjum stofnunum.

F. Talið er að fiskeldi muni eflast um heim allan í náinni framtíð. Þannig verja Norðmenn verulegum fjárhæðum til þorskeldis, auk hins mikla laxeldis. Sérfræðingar telja að eldi sjávarfisks sé að mörgu leyti hentugra við strendur Íslands en víða annars staðar. Því er mikilvægt að Íslendingar verði ekki eftirbátar annarra á sviði fiskeldis. Nokkur reynsla er fengin af því hérlendis og telur nefndin mikilvægt að byggja á þeirri reynslu. Þannig er árangur Stofnfisks í kynbótum fisks á heimsmælikvarða. Fiskeldi Eyjafjarðar hefur náð betri árangri en nokkur annar aðili í veröldinni við klak og eldi á lúðu. Hafrannsóknastofnunin hefur náð jákvæðum árangri í klaki og eldi þorsks. Áframeldi þeirra seiða (á Hauganesi við Eyjafjörð og á Nautseyri við Ísafjarðardjúp) lofar góðu um framhaldið. Talið er að með skipulögðum aðgerðum gætu Íslendingar framleitt með klaki og eldi 30–40.000 tonn af þorski til vinnslu að verðmæti 14–16 milljarðar kr. á ári. Meiri hlutinn telur að markviss upp-

bygging þorskeldis hérlendis kæmi sér vel fyrir efnahagslíf þjóðarinnar og nýttist ekki síst sjávarbyggðum.

Í ljósi þessa mælir meiri hlutinn með því að haustið 2002 verði teknar upp viðræður við innlenda og erlenda aðila um stofnun hlutafélags um klak- og kynbótastöð fyrir þorskeldi. Enn fremur verði stefnt að aukinni þorskseiðaframleiðslu hjá Hafrannsóknastofnuninni í allt að 100 þúsund seiða framleiðslu á ári næstu tvö árin. Þá tekur meiri hlutinn undir nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar Alþingis um að sjávarútvegsráðherra verði heimilað að veita sérstakar aflaheimildir – allt að 500 lestum – til veiða á þorski til áframeldis. Heimildum þessum verði jafnað niður á allt að sjö fyrirtæki/einstaklinga. Þá skuli Hafrannsóknastofnunin hið fyrsta hefja rannsóknir á aðstæðum í fjörðum og víkum fyrir sjókvíaeldi.

5. Menntun og menning eru lykilþættir í byggðaþróun. Sérkenni íslenskrar menningar er í senn lykill að sjálfsmynd þjóðarinnar og aðdráttarafl. Segja má að hvert byggðarlag búi yfir menningarlegri auðlind í formi sögu og ýmissa listgreina.

A. Um leið og meiri hlutinn tekur undir tillögu nr. 17 í III. kafla greinargerðar með tillögunni fagnar hann hugmyndum í skýrslu samgönguráðherra um stofnun átakssjóðs í menningartengdri ferðaþjónustu. Meiri hlutinn hvetur til þess að slíkum sjóði verði sem fyrst komið á. Úthlutun úr honum verði til verkefna í einstökum sveitarfélögum sem vilja byggja upp og efla aðgengi ferðamanna að menningarlegum verðmætum hvers staðar. Um getur verið að ræða söfn, endurgerð og viðgerð menningarmuna eða listaverka, ritun, tónlist eða aðra menningar- og listræna þætti.

Tími: Viðræður hefjist haustið 2002.

B. Fátt eflir jafnmikið samkennd innan sveitarfélaga sem góður árangur íþróttafélags þeirra. Meiri hlutinn vekur athygli á því að þátttaka íþróttafélaga af landsbyggðinni í Íslandseða bikarmótum er til muna kostnaðarsamari en sambærilegra félaga af höfuðborgarsvæðinu. Getur verið um að ræða margra milljóna króna kostnað aukalega vegna ferðalaga. Þátttaka íþróttafólks af landsbyggðinni styrkir íþróttamót landsmanna. Því mælir meiri hlutinn með því að komið verði upp Ferðasjóði íþróttafélaga til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga í Íslandsmótum og bikarkeppni. Sjóðurinn verði vistaður hjá menntamálaráðuneytinu og úr honum verði úthlutað eftir reglum sem menntamálaráðherra setur.

Tími: 2003.

C. Mestar framfarir þjóða hafa orðið vegna aukinnar menntunar þeirra. Mikilvægt er að landsmenn allir hafi greiðan aðgang að menntun á sem flestum sviðum. Meiri hlutinn mælir með tillögum nr. 12 og nr. 20 í III. kafla greinargerðar með tillögunni í þessu skyni. Til viðbótar telur meiri hlutinn eðlilegt að stutt verði við bakið á þeim símenntunarstöðvum sem starfandi eru. Reynsla af slíkum stöðvum er afar jákvæð og hefur skapað aukna festu í þeim byggðarlögum þar sem þær eru starfræktar. Þörf atvinnulífs og fólks fyrir símenntun er orðinn grunnþáttur í menntastefnu og um leið byggðastefnu.

Tími: 2002–2005.

6. Meiri hlutinn mælir með því að annað hvert ár verði haldið Byggðaþing fyrir tilstuðlan iðnaðarráðherra. Á Byggðaþingi kynni einstök landsvæði stöðu sína og áætlanir í byggðamálum. Á grundvelli þeirra upplýsinga leggi svo iðnaðarráðherra tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi. Byggðaþing verði haldið í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.

Tími: Byggðaþing haldið fyrst árið 2004.

7. Meiri hlutinn lítur svo á að Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífs sé frekari útfærsla á starfsemi Impru á vegum Iðntæknistofnunar. Hins vegar séu með stofnun hennar ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á starfsemi Byggðastofnunar. Mikilvægt er að náið og gott samstarf verði milli Nýsköpunarmiðstöðvar og Byggðastofnunar vegna tengsla Byggðastofnunar

við atvinnuþróunarfélögin. Til að tryggja þau tengsl mælir nefndin með því að Byggðastofnun tilnefni einn fulltrúa í stjórn Nýsköpunarmiðstöðvarinnar.

Nefndin telur jafnframt mikilvægt að styrkja varanlega rekstur atvinnuþróunarfélaganna ásamt eignarhaldsfélögum og atvinnuþróunarsjóðum.

8. Meiri hlutinn mælir með því að Byggðastofnun verði falið að meta gildi byggðaáætlunar, setja viðmið og mæla árangur af framkvæmd hennar. Sú könnun verði kynnt á Byggðaþingi.

9. Meiri hlutinn tekur undir tillögu nr. 2 í III. kafla greinargerðar með tillögunni um mikilvægi þess að efla samstarf sjóða ríkisins sem tengjast nýsköpun og atvinnugreinum. Nefndin telur jafnframt að enn skynsamlegra gæti verið að sameina umræddar stofnanir að mestu leyti í eina stofnun og hvetur til að skoðun á kostum þess verði hafin þegar í stað og lokið fyrir árslok 2002 og niðurstöður þá birtar. Með sameiningu næst betri sýn yfir atvinnulífið og byggðir og skilvirkni eykst til muna.

10. Meiri hlutinn er fylgjandi skynsamlegri nýtingu vistvænnar orku Íslendinga, m.a. til stóriðju. Bendir meiri hlutinn í því skyni á hve jákvæð áhrif stóriðja á Grundartanga og í Hafnarfirði hefur haft á efnahagslíf þjóðarinnar, byggðirnar umhverfis sem og fjölmörg afleidd störf er upp hafa sprottið í samstarfi við og vegna stóriðju.

Því hvetur meiri hlutinn til þess að stöðugt verði unnið að tækifærum til skynsamlegrar nýtingar hinnar vistvænu orku þjóðarinnar.

11. Meiri hlutinn mælir með að iðnaðarráðherra hefji þegar í stað undirbúning þess að koma á fót Hönnunarmiðstöð Íslands. Hönnun er eitt fyrsta skref framleiðslu. Íslendingar virðast hafa náð góðum árangri á því sviði. Flestir hönnuðir starfa hins vegar sem einyrkjar. Með samstilltu átaki á vegum Hönnunarmiðstöðvar mætti efla til muna árangur og verðmætasköpun tengda hönnun, framleiðslu, kynningu og sölu margvíslegra þátta. Slík miðstöð yrði hvatning fyrir hönnuði og framleiðendur um land allt og gæti vakið alþjóðlega athygli á íslenskri hönnun og framleiðslu. Írar komu slíkri miðstöð á stofn fyrir nokkrum árum. Markaðsátak á hennar vegum er talið skila söluverðmæti er nemur um 10 milljörðum kr. árlega.

Tími: vorið 2003.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 27. apríl 2002.

Hjálmar Árnason, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Kristján Pálsson.
Helga Guðrún Jónasdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Ármann Höskuldsson.

1408. Nefndarálit [607. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson og Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá Hagstofu Íslands, Myndstefi, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík og ríkislögreglustjóra.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að betri skilum á 10% fylgiréttargjaldi sem rennur til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum. Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem tengjast sölu notaðra ökutækja, fyrst og fremst þess efnis að lögreglustjóri í hverju umdæmi skuli veita leyfi til að reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki í stað viðskiptaráðherra og haldi skrá yfir leyfishafa í umdæminu og geti svipt þá starfsleyfi. Ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu starfsleyfis má skjóta til viðskiptaráðherra og dómstóla.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að efnismálsgrein a-liðar 8. gr. verði breytt á þann veg að ekki verði skylda að þeir einir sem skráð hafa verslunarrekstur samkvæmt lögunum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, geti fengið leyfi til að halda lokað uppboð til að styrkja ákveðna nánar tilgreinda starfsemi. Nefndin bendir jafnframt á að íþróttastarfsemi fellur undir menningu, sbr. upptalningu á þeirri starfsemi sem hægt er að fá leyfi til að halda uppboð til að styrkja, en leggur til að íþróttastarfsemi verði tilgreind sérstaklega til að taka af allan vafa um þetta atriði.
2. Þá er lagt til að ákvæði 9. gr. um refsingar vegna brota á lögunum verði breytt á þann veg að eingöngu liggi fangelsisrefsing við brotum gegn ákvæðum IV. kafla laganna um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. laganna um sendingu skilagreina um sölu listmuna.
3. Loks leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að fyrir útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja skv. 1. mgr. 12. gr. skuli greiða 25.000 kr. gjald sem renni í ríkissjóð þar til kveðið verður á um gjaldið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, en til stendur að leggja fram frumvarp þar sem m.a. verður bætt heimild til gjaldtöku fyrir útgáfu slíks leyfis inn í þau lög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að ofan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Einar K. Guðfinnsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 26. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	Kristinn H. Gunnarsson.
Össur Skarphéðinsson, með fyrirvara.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
	Hjálmar Árnason.	

1409. Breytingartillögur [607. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 8. gr. Efnismálsgrein a-liðar orðist svo:
   Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri veitt aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í umdæmi sínu í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þegar um lokað uppboð á listmunum er að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi frjáls uppboð og reglugerð menntamálaráðherra um fylgiréttargjald. Jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.
2. Við 9. gr. 1. og 2. málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. um sendingu skilagreina um sölu listmuna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.
3. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Fyrir útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja skv. 1. mgr. 12. gr. laganna skal greiða 25.000 kr. gjald þar til kveðið verður á um gjaldið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

1410. Nefndarálit [538. mál]

um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Samkvæmt 7. gr. laga um Byggðastofnun ber iðnaðarráðherra að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Jafnframt skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu.

Þingmenn Samfylkingarinnar vekja athygli á því að einungis er verið að samþykkja hin almennu markmið tillögugreinarinnar um stefnu í byggðamálum. Áætlanir um aðgerðir eða útfærslur einstakra þátta eru því ekki hluti stefnunnar hvað sem líður fyrirsögn þeirrar lagagreinar sem byggt er á. Fyrsti minni hluti efast um að hér sé staðið eðlilega að verki og vekur athygli á því að með því að samþykkja einungis hin almennu atriði hafa önnur atriði sem fram koma í athugasemdum og greinargerð ekkert gildi fyrir framkvæmdina, hvað þá þau atriði sem fram koma í nefndaráliti meiri hlutans sem aldrei munu verða afgreidd frá Alþingi og standa því einungis eftir sem óskalisti þeirra þingmanna sem skrifa undir nefndarálitið.

Þingmenn Samfylkingarinnar geta tekið undir ýmislegt af því sem fram kemur í tillögunni. Þeir hefðu þó kosið að tekið væri heildstætt á byggðamálum og fjallað um stefnu í byggðamálum fyrir landið allt, þar með talið hlutverk höfuðborgar og höfuðborgarsvæðis.

Sú tillaga sem fyrir liggur lýsir almennum markmiðum án útfærslna. Framkvæmdin er því alfarið á ábyrgð stjórnvalda. Fyrri áætlanir hafa gefið fyrirheit sem ekki reyndist pólitískur vilji til að standa við eða framkvæma. Það fer best á því að þeir sem semja slíka tillögu beri einnig ábyrgð á afgreiðslu hennar, ekki síst þegar engar útfærslur fylgja og óljóst er um alla framkvæmd. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins. Samfylkingin mun áfram láta til sín taka í byggðamálum á þeim forsendum sem hún telur réttar og eru raktar að nokkru hér á eftir.

Þessi áætlun og vinnan við hana.

Gildistími síðustu byggðaáætlunar rann út um síðustu áramót. Tillaga til nýrrar byggðaáætlunar birtist í netútgáfu á vef iðnaðarráðuneytis 8. febrúar og síðan endurskoðuð sem þingskjal 19. þess mánaðar. Sú staðreynd að ný tillaga var ekki til þegar sú á undan rann sitt skeið á enda sýnir best sinnuleysi ríkisstjórnarinnar um byggðamál. Af þessum sökum er t.d. ekki gert ráð fyrir fjármagni í fjárlögum þessa árs til fjölmargra verkefna á sviði byggðamála.

Í ljós kom við fyrstu umræðu um málið að ekki var einhugur meðal stjórnarliða um það og höfðu margir afgreitt það út úr sínum þingflokki með fyrirvara. Þá hefur það gerst á vinnslutíma tillögunnar í nefnd að tveir hópar, fulltrúar Vestfjarða og Norðurlands vestra, hafa gengið á fund nefndarinnar til að kynna sínar eigin áherslur, sínar eigin byggðaáætlanir, þar sem þeim fannst fram hjá þeim gengið í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Þá liggur það fyrir að í ýmsum atriðum voru tillögur þeirra sem unnu að tillögugerðinni þynntar svo út í meðförum stjórnvalda að þær eru nú ónýtar. Sem dæmi má nefna að í stað þess að samþykkja tillögu um sameiningu sjóða sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til nýsköpunar og atvinnulífs á landsbyggðinni í einn öflugan byggðasjóð, sem hvatt er til af atvinnuþróunarfélögunum um land allt, er látið nægja að biðja um aukið samstarf sjóðanna. Þar

sem þröngir hagsmunir rákust á við hagsmuni landsbyggðarinnar var landsbyggðin látin víkja. Það segir meira en mörg orð.

Vinnubrögð og viðhorf Samfylkingarinnar.

Þessi niðurstaða leiðir hugann að vinnubrögðum við gerð byggðaáætlunar. Samfylkingin telur að við gerð byggðaáætlunar eigi að horfa til landsins alls. Byggðaáætlun á að vera til marks um það hvernig löggjafinn og stjórnmálaöflin vilja að byggð á Íslandi þróist og hvaða aðferðum menn ætla að beita til að ná settum markmiðum. Það þarf bæði að huga að samkeppnishæfni einstakra byggða á Íslandi, að þau fái notið sérstöðu sinnar og möguleika, og samkeppnishæfni landsins alls gagnvart umheiminum. Byggðamál snúast nefnilega ekki bara um landsbyggðina heldur um það hvernig við viljum byggja Ísland. Í þeim anda þarf að vinna ef viðhalda á fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi.

Byggðaáætlun þarf síðan að tengja öðrum áætlunum, t.d. í samgöngumálum. Byggðaáætlun þarf að vinnast í eins mikilli sátt og kostur er við þá sem við eiga að búa. Því væri eðlilegt að þegar við upphaf vinnunnar gæfist sveitarfélögum eða samtökum þeirra kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hægt væri að kalla til íbúaþings heima í héraði til að fjalla um stöðu viðkomandi svæðis svo að sem flestum gæfist kostur á að kynna sér stöðu mála og láta álit sitt í ljós.

Byggðamál eru öll þau mál sem áhrif geta haft á búsetuskilyrði fólks. Ekki tilteknir málaflokkar heldur miklu fremur áherslur og viðhorf, að litið sé til mála af þeim sjónarhóli að fólk um allt land búi við jöfnuð hvað varðar þjónustu hins opinbera; því séu sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku. Möguleika til áhrifa á byggðaþróunina verður að skoða út frá þeim stórfelldu breytingum sem hafa orðið og verða í atvinnuháttum og tækni og þeim sóknarfærum sem í breytingunum kunna að felast. Byggðamál snúast þó ekki bara um atvinnuþróun. Þau verður einnig að nálgast út frá menntun, félagsþjónustu, menningu og samgöngum.

Áherslur Samfylkingarinnar.

Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á byggðamál. Í málflutningi og málatilbúnaði á Alþingi hefur verið lögð mikil áhersla á samgöngumál, ekki bara vegi, jarðgöng og flugsamgöngur heldur ekki síður símasamband, ljósleiðara, háhraðanet og önnur almenn skilyrði til samskipta. Þannig hefur flokkurinn bent á tækifærin sem felast í hinni nýju tækni við vinnu, menntun og afþreyingu. Menningarmál þurfa stuðnings við langt umfram það sem nú er. Það virðist ekki viðurkennt enn að störf að menningarmálum úti á landi geti verið launuð heldur hljóti þau að vera sjálfboðastörf áhugamanna. Því viðhorfi þarf að breyta.

Samfylkingin hefur líka lagt áherslu á það að menntun sé hið nýja jöfnunartæki og að menntun sé forgangsmál. Fjárhagsaðstæður einstaklinga eða fjölskyldna mega ekki hamla sókn í menntun eða möguleikum til endur- og símenntunar. Allir þurfa að eiga þess kost að mennta sig reglulega til að takast á við síbreytilegt atvinnulíf og einnig vegna þess að menntun hefur gildi í sjálfu sér. Fyrirtækin í landinu ná ekki að þróast með þeim breytingum sem ganga yfir ef þeim er ekki búið gott þekkingarumhverfi. Það fæst með starfrækslu menntastofnana og framboði á þekkingu. Samfylkingin leggur áherslu á eflingu framhaldsskóla sem gætu orðið miðstöð fjarnáms á hverjum stað, háskólamenntunar og símenntunar.

Samfylkingin hefur sett fram tillögu um fjölmennari sveitarfélög sem eiga að fá fleiri verkefni og styrkari tekjustofna. Kjarna slíkra „stórra“ sveitarfélaga ætti að styrkja sérstaklega til að auka fjölbreytileika atvinnulífsins þar sem þörf krefur. Samfylkingin vill einnig að m.a. framhaldsskólar, málefni fatlaðra, heilbrigðisþjónusta, menningarmál og samgöngur verði að hluta til verkefni sveitarstjórna. Einnig hefur verið sett fram tillaga um hvaða leið

mætti fara til að fjölga verkefnum og auka þjónustu ríkisstofnana úti um landið. Samfylkingin hefur einnig flutt þingmál um samkeppnishæfni atvinnulífsins bæði varðandi stofnstyrki og í skattamálum.

Samfylkingin gerir ekki kröfur til þess að allir búi við sömu aðstæður heldur að öllum verði sköpuð jöfn tækifæri til þátttöku og lífskjör jöfnuð, t.d. varðandi kostnað við menntun og húshitun.

Sóknarfærin eru víða.

Sóknarfærin eru víða. Þekkingariðnaður, þar sem vinnan felst í hugmyndasköpun, þekkingaröflun og dreifingu þekkingar, tekur við af framleiðslusamfélaginu. Þar eru sóknarfæri. Æ fleiri vilja njóta, ekki bara ósnortinnar náttúru, kyrrðar og fámennis, heldur einnig ómengaðrar fæðu. Aukinn frítími fólks leiðir til meiri ferðalaga. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein. Þar eru sóknarfæri fyrir Ísland og fyrir landsbyggðina sérstaklega.

Fjölbreytileiki menningar og mannlífs verður mikilvægari í hinu einsleita auglýsinga- og neyslusamfélagi. Þar eru sóknarfæri. Og allt á þetta við um Ísland og landsbyggðina sérstaklega. Við verðum að fylgja þessari þróun ef við viljum ná árangri í því að viðhalda fjölbreytileik byggðar og menningar á Íslandi. Sá er tilgangur byggðastefnu.

Alþingi, 29. apríl 2002.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir.

1411. Lög [670. mál]

um breytingu á lögum nr. 151 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1086.

1412. Frumvarp til barnaverndarlaga. [318. mál]

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

I. KAFLI
Markmið barnaverndarlaga o.fl.

1. gr.
Réttindi barna og skyldur foreldra.

Börn eiga rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju.

2. gr.
Markmið og lögsaga.

Markmið laga þessara er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

3. gr.
Skýring hugtaka.

Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga yngri en 18 ára. Barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Með barnaverndaryfirvöldum er átt við félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndir.

Með foreldrum er að jafnaði átt við þá sem fara með forsjá barns. Um inntak forsjár fer samkvæmt ákvæðum barnalaga.

4. gr.
Meginreglur barnaverndarstarfs.

Í barnaverndarstarfi skal beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda.

Í störfum sínum skulu barnaverndaryfirvöld taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til.

Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppvexti barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Barnaverndaryfirvöld skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skulu jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því aðeins skal gert ráð fyrir íþyngjandi ráðstöfunum að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

II. KAFLI
Yfirstjórn barnaverndarmála.

5. gr.
Hlutverk félagsmálaráðuneytisins.

Barnavernd samkvæmt lögum þessum heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Um verkaskiptingu ráðuneytisins og stofnana þeirra sem undir ráðuneytið heyra fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á stefnumótun í barnavernd.

Ráðherra leggur fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Félagsmálaráðuneytið skal hafa eftirlit með starfi Barnaverndarstofu. Það getur krafist upplýsinga um einstök mál á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga.

6. gr.
Kærunefnd barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd barnaverndarmála til fjögurra ára í senn. Heimilt er að skjóta til hennar úrskurðum og einstökum ákvörðunum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. 15. gr., 66. gr., 2. og 4. mgr. 83. gr. og 2. mgr. 91. gr.

Í kærunefnd barnaverndarmála sitja þrír menn. Hæstiréttur tilnefnir formann og skal hann uppfylla hæfisskilyrði til að vera héraðsdómari. Nefndarmenn skulu hafa sérþekkingu á málefnum barna. Félagsmálaráðherra sér nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Kærunefnd er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna daglegum rekstri.

Úrskurðir kærunefndar barnaverndarmála eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kærunefnd barnaverndarmála skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um störf nefndarinnar.

7. gr.
Barnaverndarstofa.

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Félagsmálaráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar.

Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar.

Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Enn fremur hefur Barnaverndarstofa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda samkvæmt lögum þessum.

Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum skv. XII. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá til að séu tiltæk skv. XIII. kafla laga þessara og skal hlutast til um að slík heimili og stofnanir verði sett á fót. Stofan hefur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast enn fremur leyfisveitingar skv. XIII. og XIV. kafla laga þessara.

Barnaverndarstofa getur rekið sérstakar þjónustumiðstöðvar í því skyni að treysta þverfaglegt samstarf, eflingu og samhæfingu stofnana við meðferð mála á sviði barnaverndar. Þá er Barnaverndarstofu heimilt að bjóða barnaverndarnefndum aðra sérhæfða þjónustu, svo sem úrræði utan stofnana á sviði meðferðar fyrir börn, enda sé markmið hennar að auðvelda nefndum að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Heimilt er að taka gjöld fyrir þau sérstöku verkefni sem Barnaverndarstofa sinnir samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur kostnaði við rekstur þjónustumiðstöðvar eða þeirrar sértæku þjónustu sem um ræðir, þar með talinn kostnaður vegna launa og þjálfunar starfsfólks svo og önnur útgjöld sem sannanlega hljótast af þjónustunni.

Barnaverndarstofa fer jafnframt með önnur verkefni sem henni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Barnaverndarstofa skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína.

Félagsmálaráðherra skal kveða nánar á um starfsemi Barnaverndarstofu í reglugerð.

8. gr.

Eftirlit Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum.

Barnaverndarnefndir skulu fyrir 1. maí ár hvert senda Barnaverndarstofu skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Í henni skulu m.a. vera upplýsingar um fjölda mála sem nefndirnar hafa haft til meðferðar á tímabilinu, hvers eðlis þau eru og um lyktir þeirra.

Barnaverndarstofa getur auk þess krafið barnaverndarnefndir um allar þær upplýsingar og skýrslur sem hún telur nauðsynlegar, bæði gögn í einstökum málum og skýrslur sem barnaverndarnefndir þurfa að vinna sérstaklega.

Barnaverndarstofa getur, á grundvelli kvartana eða annarra upplýsinga sem henni berast um meðferð einstakra mála og ef hún telur ástæðu til, aflað nauðsynlegra gagna, upplýsinga og skýringa hjá viðkomandi barnaverndarnefnd.

Telji Barnaverndarstofa, eftir að hafa aflað upplýsinga og skýringa skv. 2. og 3. mgr., að barnaverndarnefnd fari ekki að lögum við rækslu starfa sinna skal hún eftir því sem tilefni er til leiðbeina barnaverndarnefnd um málsmeðferð og beina til hennar ábendingum um það sem betur má fara. Ef barnaverndarnefnd fer ekki að ábendingum og leiðbeiningum Barnaverndarstofu getur stofan áminnt nefndina um að rækja skyldur sínar. Barnaverndarstofa skal gera sveitarstjórn og félagsmálaráðuneyti aðvart um slíka áminningu. Gæta skal ákvæða um trúnaðarskyldu þegar áminning er tilkynnt til sveitarstjórnar.

9. gr.

Framkvæmdaáætlanir sveitarfélaga í barnaverndarmálum.

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.

Ef sveitarfélög hafa með sér samvinnu um barnavernd, sbr. 10. gr., er þeim heimilt að gera sameiginlega áætlun.

III. KAFLI
Barnaverndarnefndir.

10. gr.
Barnaverndarnefndir, kosning o.fl.

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir.

Sveitarstjórn kýs barnaverndarnefnd, sbr. þó 3. og 4. mgr. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um kosningu barnaverndarnefndar. Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaga að baki hverri barnaverndarnefnd skal ekki vera undir 1.500.

Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela félagsmálanefnd störf barnaverndarnefndar og í þeim tilvikum skal gæta þeirra reglna sem fram koma í 1. og 2. mgr. 11. gr. um kjör barnaverndarnefnda og um íbúafjölda, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.
Skipan barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag er þó heimilt að skipa allt að sjö mönnum og jafnmörgum varamönnum. Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem barnaverndarnefnd fjallar um. Leitast ber við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna. Við ákvörðun skv. 26. og 27. gr. skal kalla til lögfræðing eigi slíkur ekki sæti í barnaverndarnefnd.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórnir skulu tilkynna Barnaverndarstofu um skipan barnaverndarnefndar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Hafi sveitarstjórn ekki skipað í barnaverndarnefnd samkvæmt lögum þessum að fjórum mánuðum liðnum frá sveitarstjórnarkosningum getur félagsmálaráðherra áminnt sveitarfélagið og veitt því einn mánuð til úrbóta. Verði sveitarstjórn ekki við tilmælunum innan þessa frests getur ráðherra ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli standa saman að barnaverndarnefnd og skipað nefnd sem fullnægir áðurgreindum skilyrðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að fella barnaverndarstarf í viðkomandi sveitarfélagi að öllu leyti undir barnaverndarnefnd í öðru sveitarfélagi sem þegar hefur kosið sér barnaverndarnefnd. Allur kostnaður sem hlýst af skipun slíkrar nefndar greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eftir því sem nánar er ákveðið af ráðherra. Félagsmálaráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá 3. málsl. 2. mgr. 10. gr. ef samanlagður íbúafjöldi er nálægt því að vera 1.500 og landfræðilegar og aðrar aðstæður eru með þeim hætti að óhagkvæmt eða torvelt er að ná þeim íbúafjölda.

Starfandi barnaverndarnefnd heldur að fullu umboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum þessara laga.

12. gr.

Almennt um hlutverk barnaverndarnefnda.

Hlutverk barnaverndarnefnda er eftirfarandi:

a. *Eftirlit.* Barnaverndarnefndir skulu kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.
b. *Úrræði.* Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra.
c. *Önnur verkefni.* Barnaverndarnefndir hafa með höndum önnur þau verkefni sem þeim eru falin í þessum lögum og öðrum lögum. Heimilt er sveitarstjórn að fela barnaverndarnefndum frekari verkefni sem varða aðstæður barna og ungmenna í umdæmi hennar.

Skylt er barnaverndarnefnd að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum þessara laga ef nauðsyn ber til.

13. gr.

Sjálfstæði barnaverndarnefnda.

Sveitarstjórnum er óheimilt að gefa barnaverndarnefndum fyrirmæli um meðferð einstakra barnaverndarmála.

Sveitarstjórn er óheimill aðgangur að gögnum og upplýsingum um einstök barnaverndarmál.

Ákvörðunum og úrskurðum barnaverndarnefnda verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

14. gr.

Starfslið barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd skal ráða sérhæft starfslið eða tryggja sér aðgang að viðeigandi sérþekkingu með öðrum hætti. Skal við það miðað að hægt sé að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að möguleikar séu til faglegra rannsókna á félagslegum og sálrænum högum barna er með þurfa vegna könnunar og meðferðar einstakra barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka samkvæmt reglum sem hún sjálf setur. Barnaverndarnefnd getur enn fremur í slíkum reglum framselt tilgreindum starfsmönnum vald til að taka einstakar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum. Reglurnar skulu kynntar Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að framselja til einstakra starfsmanna nefndanna vald til að kveða upp úrskurði samkvæmt lögum þessum og ákvarðanir um málshöfðun skv. 28. og 29. gr., svo og ákvörðun um að krefjast brottvikningar heimilismanns eða nálgunarbanns skv. 37. gr.

15. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í taka við meðferð þess. Barnaverndarnefnd sem

hefur mál til meðferðar skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi. Jafnframt ber að upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. Ef ágreiningur rís á milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess. Skulu nefndirnar þá veita hvor annarri upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því umdæmi beri tilteknar skyldur.

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst.

Ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3. og 5. mgr. er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

IV. KAFLI
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld.

16. gr.
Tilkynningarskylda almennings.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

17. gr.
Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

18. gr.

Tilkynningarskylda lögreglu og skýrslutaka af börnum.

Ef lögregla verður þess vör að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skal hún tilkynna barnaverndarnefnd um það. Þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn annaðhvort af barni eða gegn því skal lögregla, þegar hún fær slíkt mál til meðferðar, tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn málsins. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldri barns um slíkt mál mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Um skýrslutökur af börnum sem brotaþolum, sakborningum eða vitnum í opinberum málum, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða við meðferð máls fyrir dómi, gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

19. gr.

Nafnleynd tilkynnanda.

Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili.

Ef tilkynnandi skv. 16. gr. óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun barnaverndarnefndar um nafnleynd er heimilt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun barnaverndarnefndar.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. gr.

20. gr.

Samstarf við barnaverndaryfirvöld.

Öllum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld. Barnaverndaryfirvöld skulu einnig leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila.

Öllum sjúkrastofnunum, þar með töldum áfengismeðferðarstofnunum og geðdeildum, ber að taka tillit til hagsmuna barns þegar teknar eru ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldra þess. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn á framangreindum stofnunum skulu hafa samráð við barnaverndarnefndir svo unnt verði að haga nauðsynlegum barnaverndarúrræðum í samræmi við ákvarðanir um meðferð og innlögn foreldris.

Skylt er lögreglu og fangelsismálayfirvöldum að hafa samstarf við barnaverndarnefndir og veita þeim eftir atvikum aðstoð við úrlausn barnaverndarmála.

Félagsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari reglur um samstarf barnaverndarnefnda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir.

V. KAFLI

Upphaf barnaverndarmáls.

21. gr.

Málsmeðferð vegna tilkynninga.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, skal hún taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að hefja könnun á málinu.

Barnaverndarnefnd getur með sömu skilyrðum hafið könnun máls vegna upplýsinga sem hún hefur fengið með öðrum hætti.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða vitneskju með öðrum hætti um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni sínu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu, getur barnaverndarnefnd ákveðið að hefja könnun á málinu.

Ákvörðun barnaverndarnefndar um að hefja könnun máls eða láta mál niður falla er hvorki kæranleg til kærunefndar barnaverndarmála né annars stjórnvalds. Barnaverndarnefnd skal tilkynna foreldrum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun sína í tilefni af henni. Heimilt er að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Mál telst barnaverndarmál þegar barnaverndarnefnd hefur tekið formlega ákvörðun um að hefja könnun.

Nánari ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga, svo sem um skráningu þeirra, eyðublöð o.fl., skulu sett í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

22. gr.

Markmið könnunar máls.

Markmið könnunar máls er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns og meta þörf fyrir úrræði samkvæmt ákvæðum laga þessara, allt í samræmi við hagsmuni og þarfir barns. Í þessu skyni skal nefndin kappkosta að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barns, svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess. Leita skal aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur.

Um könnun máls, rannsóknarheimildir barnaverndarnefnda, um skyldu til að láta barnaverndarnefndum í té upplýsingar og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd almennt gilda ákvæði VIII. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Ráðstafanir barnaverndarnefnda.

23. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið er hverra úrbóta sé þörf og settar eru fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta.

Ef könnun leiðir í ljós að þörf er á beitingu sérstakra úrræða samkvæmt lögum þessum skal barnaverndarnefnd, í samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, gera skriflega áætlun um frekari meðferð máls. Hafa skal samráð við yngri börn eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Áætlun skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum.

Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á.

Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, skal barnaverndarnefnd einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal kynna fyrir foreldrum og barni.

24. gr.

Úrræði með samþykki foreldra.

Barnaverndarnefnd skal, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og eftir atvikum í samráði við barn veita aðstoð m.a. með því að:

a. leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns,
b. stuðla að því í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir að beitt verði úrræðum samkvæmt öðrum lögum,
c. útvega barni viðeigandi stuðning eða meðferð,
d. útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu,
e. aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.

Barnaverndarnefnd getur enn fremur með samþykki foreldra og án sérstaks úrskurðar beitt öðrum þeim úrræðum sem kveðið er á um í 26. gr. laga þessara.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga nægir að það foreldranna sem barnið býr hjá samkvæmt ákvæðum forsjársamnings samþykki ráðstafanir samkvæmt þessari grein.

25. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Barnaverndarnefnd getur, eftir því sem nánar er ákveðið í áætlun skv. 23. gr., með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. tekið við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
b. tekið við forsjá eða umsjá barns og vistað barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Fóstur eða vistun barns skv. 1. mgr. skal eigi standa lengur en þörf krefur. Ráðstafanir þessar skulu að jafnaði vera tímabundnar og sæta reglulegri endurskoðun eftir því sem nánar er kveðið á um í fóstur- eða vistunarsamningi. Með tilliti til hagsmuna barns getur fóstur eða vistun þó varað þar til barn verður lögráða.

Ef ráðstöfun skv. a- eða b-lið 1. mgr. er gegn vilja barns sem ekki hefur náð 15 ára aldri skal það fá tækifæri til að tala máli sínu fyrir nefndinni með liðsinni sérstaks talsmanns ef því er að skipta.

Fari foreldrar sem búa ekki saman sameiginlega með forsjá samkvæmt ákvæðum barnalaga þarf samþykki beggja foreldra til ráðstöfunar. Ef barn sem orðið er 15 ára samþykkir úrræði nægir samþykki þess foreldris sem barnið býr hjá en leita skal umsagnar hins foreldrisins.

26. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Hafi úrræði skv. 24. og 25. gr. ekki skilað árangri að mati barnaverndarnefndar, eða eftir atvikum barnaverndarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullnægjandi, getur nefndin gegn vilja foreldra með úrskurði:

a. kveðið á um eftirlit með heimili,
b. gefið fyrirmæli um aðbúnað og umönnun barns, svo sem dagvistun þess, skólasókn, læknisþjónustu, rannsókn, meðferð eða þjálfun,
c. ákveðið að ekki megi fara með barnið úr landi.

Ráðstafanir skv. 1. mgr. skulu ávallt vera tímabundnar og eigi standa lengur en þörf krefur hverju sinni og skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Úrskurðir eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

27. gr.

Úrskurður barnaverndarnefndar um vistun barns utan heimilis.

Með sömu skilyrðum og fram koma í 26. gr. og ef brýnir hagsmunir barns mæla með því getur barnaverndarnefnd með úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem náð hefur 15 ára aldri:

a. kveðið á um að barn skuli vera kyrrt á þeim stað þar sem það dvelst í allt að tvo mánuði,
b. kveðið á um töku barns af heimili í allt að tvo mánuði og um nauðsynlegar ráðstafanir, svo sem ráðstöfun þess í fóstur eða vistun á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til að tryggja öryggi þess eða til að unnt sé að gera viðeigandi rannsókn á barninu og veita því nauðsynlega meðferð og aðhlynningu.

Foreldrum eða barni sem náð hefur 15 ára aldri er heimilt að bera úrskurð barnaverndarnefndar undir héraðsdómara. Krafa þess efnis skal berast dómara innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Málskot til dómstóla kemur ekki í veg fyrir að úrskurður barnaverndarnefndar komi til framkvæmda.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

28. gr.

Úrskurður dómstóls um vistun barns utan heimilis.

Ef barnaverndarnefnd telur nauðsynlegt að ráðstöfun skv. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr. standi lengur en þar er kveðið á um skal nefndin gera kröfu um það fyrir héraðsdómi. Heimilt er með úrskurði dómara að vista barn í allt að tólf mánuði í senn.

Ef krafist er framlengingar slíkrar vistunar eða krafist er forsjársviptingar skv. 29. gr. áður en vistunartíma lýkur helst ráðstöfun þar til úrskurður eða dómur liggur fyrir.

Um málsmeðferð fyrir dómi fer skv. XI. kafla.

29. gr.

Forsjársvipting.

Barnaverndarnefnd er heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annar þeirra eða báðir, skuli sviptir forsjá ef hún telur:

a. að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska,
b. að barni sem er sjúkt eða fatlað sé ekki tryggð viðeigandi meðferð, þjálfun eða kennsla,
c. að barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega eða megi þola alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu,
d. fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar eru augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða.

Kröfu um sviptingu forsjár skal því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum X. kafla.

30. gr.

Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.

Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáraðila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.

Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlynningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

31. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður hennar eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla, framkvæmt hana.

Barnaverndarnefnd skal án tafar taka málið til meðferðar og kveða upp úrskurð innan 14 daga, að öðrum kosti fellur ákvörðun skv. 1. mgr. úr gildi. Um málsmeðferð samkvæmt þessari málsgrein gilda ákvæði VIII. kafla.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. tekur til er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

32. gr.

Skipan lögráðamanns.

Hafi foreldrar afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar að svo stöddu. Barnaverndarnefnd skal fara með lögráð barnsins þar til hún ákveður annað. Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.

Barnaverndarnefnd tekur forsjá barns í sínar hendur ef það verður forsjárlaust af öðrum ástæðum og hlutast á sama hátt til um að því verði skipaður lögráðamaður, sbr. 1. mgr.

33. gr.

Umsjá barns sem vistast utan heimilis.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið við umsjá eða forsjá barns með heimild í lögum þessum skal hún gera skriflega áætlun um trygga umsjá barnsins. Í áætlun skal tilgreina hvers konar vistun er fyrirhuguð og hversu lengi, markmið með vistun, stuðning við barnið og aðra, auk annars sem máli skiptir.

Leitast skal við að finna systkinum sameiginlegar lausnir í samræmi við þarfir þeirra og hagsmuni.

Foreldrar sem hafa verið sviptir forsjá barns eiga ekki aðild að málum sem varða ákvarðanir um úrræði því til handa, að undanskildum málum er varða ákvörðun um umgengnisrétt.

34. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Ef foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri afturkallar samþykki sitt fyrir tímabundnu úrræði skv. 25. gr. getur barnaverndarnefnd gripið til ráðstafana skv. 26., 27., 28. eða 29. gr. ef skilyrðum þeirra greina er að öðru leyti fullnægt.

Hafi foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri veitt samþykki fyrir úrræði skv. 25. gr. sem ætlað er að standa þar til barn verður lögráða eða hafi foreldri verið svipt forsjá skv. 29. gr. getur foreldri eða barn sem náð hefur 15 ára aldri gert kröfu á hendur barnaverndarnefnd og fósturforeldrum, ef það á við, fyrir dómi um að samningi verði hnekkt eða dómi um sviptingu breytt og að foreldri verði falin forsjá eða umsjá barns að nýju.

Krafa skv. 2. mgr. verður því aðeins tekin til greina að breyting þyki réttmæt vegna breyttra aðstæðna, raski ekki stöðugleika í uppeldi barns og taki mið af hag og þörfum þess. Ef foreldri hefur verið svipt forsjá er einungis unnt að gera kröfu ef liðnir eru tólf mánuðir hið skemmsta frá því að dómstóll leysti síðast úr máli með endanlegum dómi.

Ráðstöfun helst þar til dómur hefur fallið.

Um málsmeðferð fyrir dómi samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum X. kafla.

VII. KAFLI
Aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda.

35. gr.

Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöður könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.

36. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá.

Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma ef hún óskar þess. Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef ríki barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.

Óheimilt er að ráða til starfa hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum og stofnunum samkvæmt lögum þessum, hvort sem þau eru rekin af einkaaðilum, ríki eða sveitarfélögum, menn sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr.

Yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr., að fengnu samþykki hans.

37. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, getur nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð opinberra mála um nálgunarbann.

VIII. KAFLI
Málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd.

38. gr.

Gildissvið stjórnsýslulaga.

Um könnun barnaverndarmáls og málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum. Málsmeðferðarreglur þessar gilda einnig, eftir því sem við á, þegar barnaverndarnefnd undirbýr og tekur ákvörðun um málshöfðun fyrir dómi til að koma fram ráðstöfunum skv. 28., 29. og 37. gr. laga þessara.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um meðferð mála hjá barnaverndarnefnd, svo sem um tilkynningar, gerð áætlana og um stuðningsúrræði, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

39. gr.

Skráning mála.

Barnaverndarnefndum ber á kerfisbundinn hátt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim. Varðveita skal öll gögn með tryggilegum hætti.

40. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Barnaverndarnefnd skal leiðbeina foreldrum, barni og öðrum eftir því sem við á um málsmeðferð barnaverndarmála og um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum og stjórnsýslulögum, svo sem um rétt til aðstoðar lögmanns, kæruleiðir o.fl.

41. gr.

Rannsóknarregla, málshraði o.fl.

Barnaverndarnefnd skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

42. gr.

Skráning upplýsinga.

Barnaverndarnefnd ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

43. gr.

Rannsóknarheimildir.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra.

Foreldrum eða þeim sem barnið dvelst hjá er skylt að veita liðsinni sitt til þess að könnun máls geti gengið greiðlega, enda skal barnaverndarnefnd sýna þeim er málið varðar ýtrustu nærgætni.

Við könnun á högum barns er barnaverndarnefnd heimilt að taka skýrslur af foreldrum eða forsjáraðilum barns og öðrum þeim er um kunna að bera.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er því aðeins heimilt að fara inn á heimili barns, til könnunar á högum þess, að fyrir liggi samþykki foreldris eða forráðamanns eða á grundvelli dómsúrskurðar.

Barnaverndarnefnd eða starfsmönnum hennar er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf, til að tala við barn, í einrúmi ef þörf er á, fylgjast með hegðun þess eða til athugunar á barni. Jafnan skal hafa samráð við foreldra ef tala á við barn yngra en 12 ára eða gera athuganir á því. Ef rannsóknarhagsmunir mæla sannanlega með því er heimilt að tala við barn yngra en 12 ára og fylgjast með hegðun þess án vitneskju eða samþykkis foreldra eða forráðamanna, en tilkynna skal þeim svo fljótt sem verða má að slík könnun hafi farið fram.

44. gr.

Upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefnd.

Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Með sama hætti er öllum stofnunum og öðrum aðilum þar sem barn hefur dvalist eða kemur reglulega, svo sem skólum, dagvistarheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir börn og unglinga, skylt að láta nefndinni í té upplýsingar sem hún telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.

Þá skulu lögregla og sakaskrá ríkisins með sama hætti láta nefndinni í té upplýsingar sem þessar stofnanir búa yfir um barn og foreldra þess og varðað geta málið.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni barst.

Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.

45. gr.

Upplýsingaréttur og aðgangur að gögnum máls.

Barnaverndarnefnd skal með nægilegum fyrirvara láta aðilum máls í té öll gögn sem málið varða og koma til álita við úrlausn þess, enda tryggi þeir trúnað.

Barnaverndarnefnd getur með rökstuddum úrskurði takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Nefndin getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

46. gr.

Réttindi barns við málsmeðferð.

Barn sem náð hefur 15 ára aldri er aðili barnaverndarmáls samkvæmt ákvæðum 25., 27., 2. mgr. 34., 74. og 81. gr. Um aðild barns að barnaverndarmálum sem rekin eru fyrir dómi gilda ákvæði X. og XI. kafla.

Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Ávallt skal gefa barni sem náð hefur 12 ára aldri kost á að tjá sig um mál.

Þegar barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um að hefja könnun máls skal hún þegar taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Jafnan skal skipa barni talsmann áður en gripið er til ráðstafana skv. 25., 27. eða 28. gr. og áður en sett er fram krafa um sviptingu forsjár skv. 29. gr. nema barn njóti aðstoðar lögmanns, sbr. 2. mgr. 47. gr. Ráðherra skal kveða nánar á um hæfi og hlutverk talsmanna í barnaverndarmálum í reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

47. gr.

Andmælaregla.

Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð.

Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins.

48. gr.

Samþykki foreldra og barns.

Samþykki foreldra og barns skv. 25. gr. skal vera skriflegt og undirritað í viðurvist tveggja óháðra manna sem votta að foreldrum og barni hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum samþykkisins.

49. gr.

Ályktunarhæfi og form úrskurða.

Barnaverndarnefnd er ályktunarhæf þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef nefndarmaður getur ekki sótt fund boðar formaður varamann í hans stað.

Fjórir nefndarmenn hið fæsta skulu standa að úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Þar skal rekja málavexti og greina forsendur og niðurstöður. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt og skal vekja athygli aðila á rétti hans til að kæra úrskurð barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála eða til að bera ákvarðanir nefndarinnar undir dóm þegar það á við og um málskotsfresti.

50. gr.

Fullnusta ákvarðana.

Barnaverndarnefnd skal við fullnustu og framkvæmd ákvarðana sinna, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla sýna aðilum fyllstu tillitssemi og nærgætni og gæta í hvívetna hagsmuna barns þess er í hlut á.

Ef aðilar neita að hlýðnast lögmætum ákvörðunum barnaverndarnefndar, kærunefndar barnaverndarmála og dómstóla skal lögregla veita atbeina sinn við fullnustu ákvörðunar.

Fulltrúi barnaverndarnefndar skal þó ávallt vera viðstaddur ef grípa þarf til ráðstafana skv. 2. mgr.

Barnaverndarstofa getur mælt svo fyrir að ákvörðun barnaverndaryfirvalda í öðru ríki skuli framfylgt hér á landi.

IX. KAFLI
Málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

51. gr.
Málskot.

Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til kærunefndar barnaverndarmála innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt um úrskurð nefndarinnar. Kærunefnd barnaverndarmála skal innan tveggja vikna frá því henni barst kæra taka málið til meðferðar og úrlausnar. Kærunefnd skal kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar.

Kærunefnd barnaverndarmála getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur kærunefndin einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.

52. gr.
Málsmeðferð fyrir kærunefnd.

Ákvæði VIII. kafla gilda um málsmeðferð fyrir kærunefnd barnaverndarmála eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd er aðili máls fyrir kærunefnd. Skal málflutningur að jafnaði vera skriflegur en kærunefnd getur kvatt aðila til munnlegrar skýrslugjafar og ákveðið munnlegan málflutning fyrir nefndinni.

Kærunefnd skal að jafnaði byggja úrskurð sinn á þeim gögnum sem fyrir eru í málinu. Nefndin getur þó, ef hún telur ríka ástæðu til, lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem álitsgerða sérfræðinga. Kærunefnd á rétt til skriflegra upplýsinga úr sakaskrá um aðila máls. Kærunefnd kveður á um það hver skuli bera kostnað vegna öflunar gagna, þar með talinna álitsgerða sérfræðinga.

Málskot til kærunefndar barnaverndarmála frestar ekki framkvæmd úrskurðar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á getur kærunefndin þó ákveðið, að kröfu aðila, að framkvæmd úrskurðar skuli frestað þar til nefndin hefur kveðið upp úrskurð sinn.

X. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr.

53. gr.
Gildissvið laga um meðferð einkamála.

Um meðferð mála fyrir dómi samkvæmt ákvæðum þessa kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála, með þeim frávikum sem í lögum þessum greinir.

54. gr.

Um sérfróða meðdómsmenn, þinghöld og málshraða.

Í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal að jafnaði kveðja til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi. Um sérfróða meðdómsmenn gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð einkamála.

Þinghöld skulu háð fyrir luktum dyrum.

Hraða ber meðferð máls svo sem kostur er.

55. gr.

Aðild barns.

Barni sem náð hefur 15 ára aldri skal tilkynnt um málshöfðun og gefinn kostur á að gæta réttar síns. Er barninu heimilt að ganga inn í mál með meðalgöngustefnu.

Þegar barni hefur verið skipaður talsmaður skal gefa honum kost á að vera viðstaddur þinghöld í máli ef vörnum er haldið uppi.

Ávallt skal gefa barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar þótt það gerist ekki aðili þess skv. 1. mgr.

56. gr.

Sönnun og sönnunargögn.

Áður en barnaverndarnefnd höfðar mál til sviptingar forsjár skv. 29. gr. ber henni að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst.

Dómari getur lagt fyrir barnaverndarnefnd að afla nánar tilgreindra gagna, svo sem matsgerðar um foreldra eða barn. Jafnframt getur dómari lagt fyrir foreldra eða fósturforeldra að afla nánar tilgreindra gagna. Heimilt er dómara að ákveða að kostnaður vegna gagnaöflunar skv. 2. málsl. greiðist úr ríkissjóði.

57. gr.

Málsástæður.

Aðilar geta flutt fram nýjar málsástæður og ný andmæli allt þar til mál er dómtekið.

58. gr.

Um nafnleynd o.fl.

Ekki má skýra á nokkurn hátt frá því sem komið hefur fram í máli án leyfis dómara. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.

Áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent skal afmá nöfn málsaðila og aðrar upplýsingar sem bent geta til þess hverjir aðilar séu eða hvaða barn mál varði, svo og önnur atriði sem eðlilegt er að leynt fari með tilliti til almanna- eða einkahagsmuna.

59. gr.

Áhrif málskots.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum dóms nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir í dómi.

60. gr.

Gjafsókn.

Foreldrar, fósturforeldrar og barn sem gengur inn í mál skv. 55. gr. skulu hafa gjafsókn fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Ef mál er höfðað skv. 34. gr. til endurskoðunar á fyrri niðurstöðu dóms, sbr. 3. mgr. 34. gr., fer um rétt aðila til gjafsóknar samkvæmt almennum reglum.

XI. KAFLI
Meðferð mála fyrir dómi skv. 27. og 28. gr.

61. gr.
Gildissvið laga um meðferð einkamála o.fl.

Um meðferð mála samkvæmt þessum kafla gilda ákvæði laga um meðferð einkamála og ákvæði X. kafla laga þessara eftir því sem við getur átt og að því marki sem ekki er mælt fyrir um frávik í ákvæðum þessa kafla. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. gildir ekki um meðferð mála samkvæmt þessum kafla.

62. gr.
Aðild og kröfugerð.

Í málum samkvæmt þessum kafla er barnaverndarnefnd sóknaraðili ef hún krefst úrlausnar héraðsdóms en varnaraðilar eru foreldrar og barn sem náð hefur 15 ára aldri. Þegar foreldrar eða barn leita úrlausnar teljast þau sóknaraðilar en barnaverndarnefnd varnaraðili.

Sá sem ber mál undir dóm samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal beina því til héraðsdómara í umdæmi þeirrar barnaverndarnefndar sem fer með mál. Skal gera það skriflega og greina svo glöggt sem verða má:

a. nafn barns og foreldra, kennitölu,
b. lögheimili og dvalarstað,
c. hvaða kröfur séu gerðar,
d. lýsingu málsatvika og rökstuðning fyrir kröfum.

63. gr.
Þinghöld, sönnunargögn o.fl.

Þegar héraðsdómara hefur borist mál skv. 62. gr. ákveður hann stað og stund til þinghalds svo fljótt sem verða má og tilkynnir aðilum um það með sannanlegum hætti.

Þegar mál er fyrst tekið fyrir á dómþingi skal barnaverndarnefnd leggja fram staðfest afrit allra gagna sem ákvörðun er byggð á, þar með talið úrskurði og endurrit úr fundargerðabók nefndarinnar. Varnaraðila skal síðan veita stuttan frest til að leggja fram greinargerð og afla sönnunargagna. Heimilt er dómara að veita frekari fresti til gagnaöflunar en taka skal mál aftur fyrir svo fljótt sem unnt er.

Ef útivist verður af hálfu sóknaraðila skal mál fellt niður. Ef varnaraðili sækir ekki þing skal mál tekið til úrskurðar. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð áður en þingsókn féll niður skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila áður en málið verður tekið til úrskurðar.

Matsgerðar verður ekki aflað í málum samkvæmt þessum kafla.

Þegar öflun gagna er lokið í máli þar sem vörnum er haldið uppi skal það sótt og varið munnlega.

Dómari skal svo fljótt sem unnt er kveða upp úrskurð í máli og eigi síðar en innan viku frá því það var tekið til úrskurðar.

64. gr.
Málskot.

Úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sætir kæru til Hæstaréttar. Um kærufrest, kæruna sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kæru í almennu einkamáli.

Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar nema héraðsdómari hafi mælt svo fyrir.

XII. KAFLI
Um ráðstöfun barna í fóstur.

65. gr.
Fóstur.

Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar:

a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur,
b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris, ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,
c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en eitt ár.

Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er enn fremur heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun.

66. gr.
Leyfisveiting.

Þeir sem óska eftir að taka barn í fóstur skulu beina umsókn sinni til Barnaverndarstofu. Barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjenda veitir umsögn um hæfi þeirra til að taka barn í fóstur samkvæmt nánari reglum sem fram koma í reglugerð.

Barnaverndarstofa veitir leyfi til að taka börn í fóstur. Barnaverndarstofa veitir væntanlegum fósturforeldrum fræðslu, leiðbeiningar og annan faglegan stuðning.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, um hæfi fólks til að taka börn í fóstur.

67. gr.
Val á fósturforeldrum.

Barnaverndarstofa veitir barnaverndarnefndum fulltingi við öflun hæfra fósturforeldra. Í því skyni heldur Barnaverndarstofa skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til Barnaverndarstofu og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá skv. 1. mgr. í samráði við stofuna. Barnaverndarnefnd ber að velja fósturforeldra af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á. Telji barnaverndarnefnd það falla best að hagsmunum barns að ráðstafa því í fóstur til ættingja fer um það skv. 66. gr. Við val á fósturforeldrum skal miða að því að tryggja stöðugleika í lífi barns og að röskun á högum þess verði sem minnst. Ávallt skal leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður hamli.

Telji barnaverndarnefnd enn fremur þörf á að barn fái sérstaka umönnun og þjálfun skv. 4. mgr. 65. gr. skal kveðið á um það í fóstursamningi. Ef gert er ráð fyrir hlutdeild ríkisins í kostnaði vegna slíkrar viðbótarþjónustu, sbr. 88. gr., eru ákvæði í fóstursamningi sem að þessu lúta háð samþykki Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa velur enn fremur fósturforeldra við þessar aðstæður í samvinnu við barnaverndarnefnd.

68. gr.

Fóstursamningur.

Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarnefnd og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning þar sem m.a. skal kveðið á um:

a. lögheimili barns og daglega umsjá,
b. forsjárskyldur, þar með talin lögráð,
c. áætlaðan fósturtíma, sbr. 2. mgr. 65. gr.,
d. framfærslu barns og annan kostnað,
e. umgengni barns við kynforeldra eða aðra nákomna,
f. stuðning barnaverndarnefndar við barn og fósturforeldra meðan fóstur varir,
g. slit samnings vegna breyttra forsendna,
h. sérstaka umönnun og þjálfun, sbr. 4. mgr. 65. gr., þegar það á við,
i. annað sem málið kann að varða.

69. gr.

Umsjá og forsjárskyldur fósturforeldra.

Við ákvörðun um það hvort og að hvaða marki fósturforeldrar skulu fara með forsjárskyldur vegna barns, þar með talin lögráð þess (sjálfræði og fjárræði), skal taka mið af því hversu lengi fóstri er ætlað að vara, þörfum og hagsmunum barns, aðstæðum fósturforeldra og öðrum atvikum.

Ef foreldrar samþykkja, afsala sér forsjá eða hafa verið sviptir forsjánni er heimilt að ákveða í fóstursamningi að fóstur skuli vara þar til barn verður lögráða.

70. gr.

Réttindi barns í fóstri.

Barn á rétt á umgengni við kynforeldra eða aðra sem því eru nákomnir samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í 74. gr. enda samrýmist það hagsmunum þess.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal veita barni nauðsynlegan stuðning á meðan fóstur varir.

Barni skal tryggð vitneskja um hvers vegna því var komið í fóstur og hvaða áform barnaverndarnefnd hefur um framtíð þess, allt eftir því sem aldur og þroski barns gefur tilefni til.

71. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér forsjá til barnaverndarnefndar skal nefndin kanna grundvöll þess að ráðstafa barni til hins kynforeldrisins.

Barnaverndarnefnd er heimilt, ef hún telur hagsmuni barnsins tryggða með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins. Barnaverndarnefnd metur hæfi þess foreldris og gerir skriflegan samning um breytta forsjá. Eftir að gerður er samningur um breytingu á forsjá samkvæmt þessari málsgrein fer um réttarstöðu foreldra og barns samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Áður en barni er ráðstafað í fóstur skal barnaverndarnefnd ávallt leita umsagnar kynforeldris sem ekki fer með forsjá barns.

72. gr.

Undirbúningur barns og fósturforeldra fyrir fóstur.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá kynforeldrum og fyrir væntanlegt fóstur. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur ber á sama hátt, áður en fóstur hefst, að undirbúa fósturforeldra fyrir hlutverk þeirra, svo sem með upplýsingagjöf, viðtölum og öðru því sem að gagni má koma.

73. gr.

Tilkynningar um gerð fóstursamnings.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um gerð fóstursamnings og lok fósturs. Barnaverndarnefnd tilkynnir einnig um gerð fóstursamnings til annarra opinberra aðila eftir því sem við á.

Barnaverndarstofa heldur skrá yfir börn í fóstri.

74. gr.

Umgengni í fóstri.

Barn á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barn í fóstri nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með ráðstöfun þess í fóstur. Við mat á þessu skal m.a. taka tillit til þess hversu lengi fóstri er ætlað að vara. Þeir sem telja sig nákomna barninu eiga með sama hætti rétt til umgengni við barnið, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal taka afstöðu til umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna og skal tekið mið af því hvað þjónar hagsmunum barnsins best. Náist samkomulag gerir barnaverndarnefnd skriflegan samning við þá sem umgengni eiga að rækja. Kanna skal viðhorf fósturforeldra áður en gengið er frá samningi.

Barnaverndarnefnd hefur úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir

sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur að skilyrðum 2. mgr. sé ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

75. gr.

Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.

Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra. Um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna umönnunar og þjálfunar skv. 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.

76. gr.

Eftirlit með fóstri.

Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur skal fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Barnaverndarnefnd skal heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftar ef ástæða þykir til.

77. gr.

Endurskoðun fóstursamnings.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast, svo sem vegna skilnaðar, andláts, búferlaflutninga eða heilsubrests, ber fósturforeldrum að tilkynna það barnaverndarnefnd og skal þá endurskoða fóstursamning ef ástæða þykir til.

Tilkynningar skv. 16., 17. og 18. gr. sem varða aðstæður barns hjá fósturforeldri, svo og upplýsingar um að fósturforeldri vanræki hlutverk sitt, skulu berast til barnaverndarnefndar sem ráðstafaði barni í fóstur. Er nefndinni skylt að kanna málið tafarlaust og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra um breytingu á fóstursamningi getur barnaverndarnefnd með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

78. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um fóstur og framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

XIII. KAFLI
Heimili og stofnanir á ábyrgð ríkisins.

79. gr.
Heimili og stofnanir sem ríkið skal sjá um að séu tiltæk.

Félagsmálaráðuneytið ber ábyrgð á að tiltæk séu heimili og stofnanir til að:

a. veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika,
b. greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð,
c. veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Barnaverndarstofa, í umboði félagsmálaráðuneytisins, annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana skv. 1. mgr. Stofan getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Heimili og stofnanir skv. 1. mgr. lúta yfirstjórn Barnaverndarstofu. Stofan skal hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með starfsemi heimila og stofnana og hún getur mælt fyrir um tiltekna sérhæfingu þeirra. Barnaverndarstofa veitir þeim sem reka heimili og stofnanir fræðslu, leiðbeiningar og almennan faglegan stuðning.

Komi til ágreinings milli Barnaverndarstofu og rekstraraðila heimila skv. 1. mgr. má skjóta þeim ágreiningi til félagsmálaráðuneytis. Sama á við ef ágreiningur rís um framkvæmd þjónustu milli einstaklings sem nýtur þjónustu á heimili skv. 1. mgr. eða forráðamanns hans annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar.

Um stofnun og almennan rekstur heimila og stofnana fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur.

80. gr.
Framkvæmd vistunar barns á heimili eða stofnun skv. 79. gr.

Áður en barn er vistað á heimili eða stofnun skv. 79. gr. skal barnaverndarnefnd reyna önnur stuðningsúrræði nema ljóst þyki að þau komi ekki að gagni. Ef nauðsynlegt er að vista barn utan heimilis skal velja heimili og stofnun af kostgæfni og með tilliti til þarfa og hagsmuna barnsins sem í hlut á.

Barnaverndarnefnd skal senda beiðni um vistun barns til Barnaverndarstofu sem metur og tekur ákvörðun í samráði við nefndina um vistun, þar á meðal hvaða heimili hentar barni best, hvenær vistun skuli hefjast og hvenær henni skuli ljúka. Í sérstökum tilvikum getur barnaverndarnefnd snúið sér beint til heimilis eða stofnunar um vistun barns eftir nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Barnaverndarnefnd ber að undirbúa barn undir viðskilnað frá foreldrum sínum og væntanlega vistun. Barnaverndarnefnd sem vistar barn skal veita barni og foreldrum nauðsynlegan stuðning meðan á vistun stendur. Hún skal fylgjast með líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, m.a. með reglubundnum heimsóknum á heimili. Gera skal skriflegan samning um vistun hvers barns.

Ef foreldrar hafa afsalað sér eða verið sviptir forsjá barns sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. ber barnaverndarnefnd að finna barni stuðningsfjölskyldu ef vistun er ætlað að vara lengur en tvo mánuði.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um faglega starfsemi heimila skv. 79. gr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir rekstri heimilis, vistunartíma, skilyrði fyrir vistun, ákvörðun um val á úrræði, samninga um vistun barns, skyldur barnaverndarnefnda og eftirlit með heimili.

81. gr.

Réttur barns til umgengni.

Barn sem vistað er á heimili eða stofnun skv. 79. gr. á rétt til umgengni við kynforeldra og aðra sem því eru nákomnir. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti.

Kynforeldrar eiga rétt til umgengni við barnið nema umgengni sé bersýnilega andstæð hagsmunum og þörfum barnsins og ósamrýmanleg þeim markmiðum sem stefnt er að með vistun. Þeir sem telja sig nákomna barninu skulu með sama hætti eiga rétt á umgengni við barn, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn sem er 15 ára og eldra getur sjálft gert kröfu um umgengni.

Við gerð vistunarsamnings skal barnaverndarnefnd leitast við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem gilda á viðkomandi heimili eða stofnun.

Barnaverndarnefnd á úrskurðarvald um ágreiningsefni er varða umgengni kynforeldra og annarra nákominna við barn, hvort sem það varðar rétt til umgengni, umfang umgengnisréttarins eða framkvæmd. Ef sérstök atvik valda því, að mati barnaverndarnefndar, að umgengni barns við foreldra sé andstæð hag þess og þörfum getur nefndin úrskurðað að kynforeldri skuli ekki njóta umgengnisréttar. Barnaverndarnefnd getur á sama hátt ákveðið að aðrir sem telja sig nákomna barninu njóti ekki umgengnisréttar ef hún telur skilyrðum 2. mgr. ekki fullnægt.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta óskað breytinga á ákvæðum samnings um umgengnisrétt. Náist ekki samkomulag um slíka breytingu tekur barnaverndarnefnd ákvörðun með úrskurði.

Þeir sem umgengni eiga að rækja geta krafist þess að barnaverndarnefnd endurskoði fyrri úrskurð sinn um umgengnisrétt. Barnaverndarnefnd er ekki skylt að taka slíka kröfu til efnisúrlausnar nema liðnir séu tólf mánuðir hið skemmsta frá því úrskurður barnaverndarnefndar eða kærunefndar barnaverndarmála var kveðinn upp.

Barnaverndarnefnd skal leita umsagnar heimilis eða stofnunar þar sem barn er vistað áður en kveðinn er upp úrskurður um umgengni.

Barnaverndarnefnd getur kveðið upp úrskurð um að halda dvalarstað barns leyndum, m.a. gagnvart kynforeldrum, ef hagsmunir barnsins krefjast þess.

Úrskurðir samkvæmt þessari grein eru kæranlegir til kærunefndar barnaverndarmála.

82. gr.

Réttindi barns og beiting þvingunar.

Heimili og stofnanir skv. 79. gr. skulu rekin þannig að barn sem þar dvelst geti sjálft ráðið persónulegum högum sínum og haft þau samskipti við aðra sem það óskar, allt eftir því sem samræmist best aldri barnsins, þroska þess og að því marki sem það samræmist tilganginum með vistun þess á heimilinu og ábyrgð á starfseminni, velferð og öryggi barnsins og annarra.

Barn skal vera frjálst ferða sinna innan sem utan umráðasvæðis heimilis eða stofnunar, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegt kann að vera að setja með tilliti til öryggis og velferðar barnsins og annarra. Barni sem er vistað á heimili skv. 79. gr. má banna að yfirgefa umráðasvæði heimilis eða stofnunar að því marki sem eðlilegt og nauðsynlegt er til að markmiðin með vistun náist.

Óheimilt er að:

a. beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum,
b. beita innilokun, einangrun og öðrum slíkum þvingunarráðstöfunum eða agaviðurlögum

nema nauðsyn beri til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum til lögum Barnaverndarstofu,

c. hafa eftirlit með póstsendingum, tölvusamskiptum og símtölum barns nema sérstakar ástæður komi til og þá samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu:

a. um framkvæmd ákvæða 3. mgr., þar með talið um þvingunarráðstafanir og málsmeðferð vegna beitingar þeirra,
b. sem miðar að því að koma í veg fyrir að áfengi, fíkniefni og önnur hættuleg efni eða hættulegir munir berist inn á heimili,
c. um meðferð á persónulegum fjármunum og eigum barns.

Heimilt er að fela einkaaðilum sem reka stofnun eða heimili á grundvelli þjónustusamnings að taka ákvarðanir um takmörkun réttinda og beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt þessari grein.

Í reglugerð sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu, skal enn fremur mæla fyrir um rétt barns og foreldra þess til að skjóta ákvörðunum um takmarkanir á réttindum og þvingunarráðstafanir til kærunefndar barnaverndarmála.

83. gr.

Leyfi til að reka stofnanir og heimili fyrir börn.

Heimilt er einstaklingum, félagasamtökum og sveitarfélögum að setja á stofn og reka stofnanir eða heimili sem hafa að markmiði að veita þjónustu sem skilgreind er í 1. mgr. 79. gr.

Þeir sem óska eftir að setja á stofn heimili eða stofnun skv. 1. mgr. skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu, enda falli heimili eða stofnun ekki undir önnur lög. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili eða stofnun er áður en leyfi er veitt.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um rekstur heimila samkvæmt þessari grein, m.a. um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna og eftirlit, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Ef Barnaverndarstofa telur að meðferð barns á heimili eða stofnun sem fengið hefur leyfi skv. 1. mgr. sé ábótavant skal stofan leitast við með leiðbeiningum og áminningum að bæta úr því sem áfátt er og veita tiltekinn frest til þess. Barnaverndarstofa getur svipt aðila leyfi til áframhaldandi reksturs ef frestur sem stofan hefur veitt til úrbóta líður án þess að bætt sé úr því sem áfátt er eða ef brot á skilyrðum fyrir leyfi eru mjög alvarleg.

XIV. KAFLI

Heimili og önnur úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

84. gr.

Heimili og önnur úrræði sem barnaverndarnefndir skulu hafa tiltæk.

Barnaverndarnefndir, ein eða fleiri saman, skulu hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt til að:

a. veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, svo sem vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra,
b. veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna, svo sem í kjölfar meðferðar.

Barnaverndarnefnd getur falið öðrum aðilum rekstur heimila skv. 1. mgr. á grundvelli þjónustusamnings.

Barnaverndarstofa skal hafa yfirlit yfir þörf á heimilum og öðrum úrræðum skv. 1. mgr. um land allt, hvetja sveitarfélög til að hafa tiltæk nauðsynleg úrræði og liðsinna þeim í því efni eftir því sem þörf er á. Um leyfisveitingar Barnaverndarstofu til starfsemi skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 83. gr.

Ákvæði 80., 81. og 82. gr. eiga við um dvöl barna á heimilum skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem við á.

Um stofnun og rekstur heimila samkvæmt ákvæði þessu fer að öðru leyti eftir reglugerð sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

85. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Barnaverndarnefndir skulu hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Þeir sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um stuðningsfjölskyldur þar sem m.a. skal kveðið á um hámarksvistunartíma, skilyrði fyrir leyfisveitingu og samninga við stuðningsfjölskyldur.

86. gr.

Sumardvöl á vegum barnaverndarnefnda.

Þeir sem óska eftir að taka barn á vegum barnaverndarnefndar til dvalar á einkaheimili í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um þá sem fengið hafa leyfi.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um sumardvalir þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XV. KAFLI

Skipting kostnaðar af barnaverndarstarfi.

87. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð sveitarfélags.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á kostnaði sem hlýst af starfi barnaverndarnefndar, svo sem vegna þjónustu sem hún veitir og vegna þeirra úrræða sem nefndin ber ábyrgð á samkvæmt lögum þessum.

88. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkis.

Ríkið ber kostnað sem hlýst af störfum kærunefndar barnaverndarmála svo og starfsemi á vegum Barnaverndarstofu, þar með talinn rekstur heimila og stofnana sem ríkinu ber að sjá um að séu tiltæk skv. 79. gr.

Ríkið greiðir hluta kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. samkvæmt ákvörðun Barnaverndarstofu. Við ákvörðun á hlutdeild ríkisins skal Barnaverndarstofa taka mið af kostnaði við að mæta sérþörfum þess barns sem ráðstafað er í fóstur á grundvelli ákvæðisins og kostnaði við þá sérstöku þjónustu, umönnun og þjálfun sem fósturforeldrum er ætlað að veita.

89. gr.

Framfærsluskylda foreldra.

Foreldrar barns sem vistað er utan heimilis eru framfærsluskyldir gagnvart því.

Barnaverndarnefnd getur krafið foreldra um framfærslueyri með barni meðan á vistun stendur með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Barnaverndarnefnd úrskurðar um fjárhæð framfærslueyris. Úrskurðurinn er kæranlegur til kærunefndar barnaverndarmála.

Foreldri sem hefur verið svipt forsjá barns síns með dómi er ekki skylt að framfæra það.

Um ákvörðun og innheimtu framfærslueyris fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum barnalaga.

XVI. KAFLI

Vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda.

90. gr.

Heimildir foreldra til að vista barn sitt sjálfir.

Foreldrar geta falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni barnsins. Foreldrum ber að tilkynna barnaverndarnefnd þegar barni er komið fyrir hjá öðrum og dvöl er ætlað að standa lengur en sex mánuði. Dveljist barn hjá vandamönnum þarf þó ekki að tilkynna um ráðstöfun nema henni sé ætlað að vara tólf mánuði eða lengur.

Tilkynningarskylda skv. 1. mgr. gildir ekki þegar barn er vistað á opinberri stofnun eða heimili eða þegar barn er orðið 15 ára.

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu skv. 1. mgr. eða upplýsingar á annan hátt um vistun sem tilkynningarskyldan gildir um skal hún kanna hvort þörf er fyrir stuðning við foreldra sem gæti gert þeim kleift að hafa barnið hjá sér. Ef svo er ekki skal barnaverndarnefnd kanna sérstaklega hvort hagsmunum og þörfum barns sé fullnægt á nýjum dvalarstað þess.

Hafi barn verið í umsjá annarra í þrjá mánuði eða lengur samkvæmt þessari grein getur barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi forsjárforeldra gripið til úrræða skv. 27., 28. eða 29. gr.

91. gr.

Önnur vistun barns á heimili án atbeina barnaverndaryfirvalda.

Þeir sem óska eftir því að taka barn til sumardvalar á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma skulu sækja um leyfi til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi sínu.

Heimilt er félagasamtökum eða öðrum aðilum að setja á stofn og reka heimili til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda að fengnu leyfi Barnaverndarstofu.

Ráðherra setur reglugerð að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um framkvæmd 1. og 2. mgr. þar sem m.a. skal kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, réttindi barna, samninga um vistun, stuðning og eftirlit.

XVII. KAFLI

Almenn verndarákvæði.

92. gr.

Útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðs-

samkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

93. gr.

Eftirlit með sýningum og skemmtunum.

Barnaverndarnefnd skal eftir því sem hún telur ástæðu til hafa eftirlit með leiksýningum hvers konar og opinberum sýningum eða skemmtunum ætluðum börnum. Þeim er veitir forstöðu skemmtun eða sýningu sem ætla má að börn muni sækja er skylt að kveðja til barnaverndarnefnd eða fulltrúa hennar og gefa nefndinni kost á að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur að skemmtun sé með einhverjum hætti skaðleg börnum getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Forstöðumenn skemmtunar skulu á sinn kostnað geta bannsins í auglýsingum og bera ábyrgð á að það sé haldið.

Þeim sem skipuleggja eða bera ábyrgð á fyrirsætu- og fegurðarkeppni, og annarri keppni af því tagi þar sem þátttakendur eru yngri en 18 ára, er skylt að tilkynna um keppnina til Barnaverndarstofu. Ráðherra getur sett nánari reglur um þátttöku barna í slíkri keppni að fengnum tillögum Barnaverndarstofu.

Börnum yngri en 18 ára er óheimilt að taka þátt í nektarsýningum eða öðrum sýningum af kynferðislegum toga. Skipuleggjendur slíkra sýninga bera ábyrgð á því að þátttakendur í þeim hafi náð tilskildum aldri.

94. gr.

Skyldur foreldra og forráðamanna.

Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma, þátttöku í sýningum og skemmtunum og fyrirsætu- og fegurðarsamkeppni og virði aldursmörk og annað í því sambandi. Þeim ber jafnframt, eftir því sem í þeirra valdi er, að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því.

95. gr.

Almennt eftirlit barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefndir skulu eftir föngum fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd ástæðu til að ætla að óæskilegir umhverfisþættir, svo sem framboð á vafasamri afþreyingu eða óheftur aðgangur að ofbeldisefni, hafi neikvæð áhrif á umhverfi barna skal nefndin koma ábendingum á framfæri við þá sem málið varðar eða hlutast sjálf til um úrbætur eftir atvikum.

XVIII. KAFLI

Refsiákvæði o.fl.

96. gr.

Brot gegn tilkynningarskyldu o.fl.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að koma vísvitandi röngum eða villandi upplýsingum á framfæri við barnaverndarnefnd um atriði sem lög þessi taka til.

Ef maður lætur hjá líða að tilkynna barnaverndarnefnd um svo illa meðferð eða slæman aðbúnað barns að lífi þess eða heilsu sé hætta búin þá varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

97. gr.

Brottnám barns, brot gegn nálgunarbanni o.fl.

Ef maður hefur samband, heimsækir eða ónáðar barn gegn banni barnaverndarnefndar eða brýtur gegn lögmætum fyrirmælum um að víkja af heimili, sbr. 37. gr., varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Hver sem nemur á brott barn sem barnaverndarnefnd hefur ráðstafað samkvæmt lögum þessum eða kemur því til leiðar að brotið er gegn slíkri ráðstöfun skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Brot gegn ákvæðum 2. mgr. 93. gr. varðar sektum.

Brot gegn ákvæðum 3. mgr. 93. gr. varðar sektum eða fangelsi í allt að tvö ár.

98. gr.

Brot umsjáraðila gagnvart barni.

Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hætta búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

99. gr.

Brot gagnvart börnum.

Hver sem beitir barn refsingum, hótunum eða ógnunum og ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Hver sem sýnir barni yfirgang, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi, særir það eða móðgar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

100. gr.

Lagaskil.

Ef málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

Kærunefnd barnaverndarmála tekur við meðferð allra mála sem skotið hefur verið til barnaverndarráðs og eru þar til meðferðar þegar lög þessi taka gildi, enda eigi ágreiningsefnið undir kærunefnd samkvæmt lögum þessum. Rekstur málsins fyrir kærunefnd barnaverndarmála skal þó aldrei leiða til lakari réttarstöðu aðila en leiða mundi af eldri lögum.

Hafi barnaverndarnefnd kveðið upp úrskurð um sviptingu forsjár, en úrskurðinum hefur ekki verið skotið til barnaverndarráðs eða úrskurðinum hefur verið skotið þangað en meðferð málsins er ekki lokið, fer um meðferð þess samkvæmt eldri lögum.

101. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, ásamt öllum síðari breytingum á þeim lögum.

Ákvæði 4. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 88. gr. laga þessara taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2003.

1413. Lög [709. mál]

um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1303.

1414. Lög [384. mál]

um samgönguáætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1023.

1415. Lög [385. mál]

um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðsins „flugmálaáætlun“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: samgönguáætlun.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Flugráð er skipað sex mönnum og jafnmörgum til vara. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna.

Samgönguráðherra skipar sex menn í ráðið, tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og jafnmarga til vara. Skulu fulltrúar þessir hafa þekkingu á flugmálum og skal sú þekking a.m.k. ná til innanlandsflugs, millilandaflugs og almenns flugs. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Fulltrúar sem ráðherra skipar án tilnefningar skulu vera formaður og varaformaður flugráðs.

Skipunartími flugráðs er fjögur ár, en skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

Flugráð er samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

Verkefni flugráðs eru að:

a. fjalla um stefnumótun í flugmálum,

b. veita samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun,
c. fjalla um rekstraráætlanir Flugmálastjórnar,
d. fjalla um gjaldskrártillögur,
e. veita umsögn um lög og reglur er varða flugmál,
f. fjalla um málefni sem samgönguráðherra eða Alþingi sendir flugráði til umfjöllunar,
g. fjalla um mál sem flugmálastjóri eða einstakir flugráðsmenn óska að fjallað verði um.

Flugmálastjóri situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Flugráð getur óskað eftir áliti flugmálastjóra ef þörf þykir. Nánar skal kveðið á um hlutverk flugráðs í reglugerð.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

3. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Flugmálaáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með flugmálaáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við flugmálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

Í flugmálaáætlun skal gerð grein fyrir allri fjáröflun til flugmála og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum. Sé fé veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

4. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Verkefnum skal skipað í flokka samkvæmt nánari skilgreiningu í samgönguáætlun.

6. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Fjáröflun til flugmála.**

8. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.**

III. KAFLI
Breytingar á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „Forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ og „Forstjóri Siglingastofnunar“ í 2. mgr. 2. gr., 3. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingamálastjóri.

10. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að annast gerð áætlana samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

11. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar hafnaráð. Í hafnaráði skulu eiga sæti sex fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Einn skal tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins að loknum alþingiskosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

12. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Verkefni hafnaráðs eru eftirfarandi:

1. Hafnaráð veitir samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun, sbr. lög um samgönguáætlun.
2. Hafnaráð gefur ráðherra umsögn um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og sjóvarnir.
3. Hafnaráð er stjórn Hafnabótasjóðs samkvæmt hafnalögum. Hafnaráð hefur umsjón með greiðsluþátttöku ríkisins við hafna- og sjóvarnaframkvæmdir og afgreiðir umsóknir um tjónabætur sem sendar eru til sjóðsins.
4. Hafnaráð er Siglingastofnun til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í hafna- og sjóvarnaframkvæmdum.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum um sjóvarnir, nr. 28/1997.

13. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hafnaráð er Siglingastofnun Íslands til ráðgjafar um framkvæmd áætlana í sjóvörnum.

14. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Siglingastofnun Íslands skal sjá um að áætlun um sjóvarnir sé gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Áætlun um sjóvarnir samkvæmt lögum þessum skal tilgreind í siglingamálaáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma. Umsóknir um framlag úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun.

Í áætluninni skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

15. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Í stað orðanna „fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: áætlunar skv. 3. gr.

V. KAFLI
Breytingar á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Í vegáætlun skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar. Við skiptingu fjárveitinga skal höfð hliðsjón af gerð vega, ástandi þeirra, notkun eða lengd eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma samgönguáætlunar á sama hátt og að framan getur.

Vegáætlun skal gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun. Með vegáætlun samkvæmt lögum þessum er átt við vegáætlunarkafla samgönguáætlunar, sbr. lög um samgönguáætlun.

18. gr.

27. og 28. gr. laganna falla brott.

19. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna verður: **Vegáætlun.**

20. gr.

Í stað orðanna „skipulagsstjórn ríkisins“ í 3. málsl. 31. gr. laganna kemur: Skipulagsstofnun.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.

21. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 4. gr., 8. gr., 9. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

22. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, með síðari breytingum.

23. gr.

Í stað orðanna „forstjóri Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

IX. KAFLI

Breyting á hafnalögum, nr. 23/1994, með síðari breytingum.

24. gr.

Í stað orðanna „forstjóra Siglingastofnunar Íslands“ í 3. mgr. 19. gr. og 3. tölul. 20. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: siglingamálastjóri.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „hafnaáætlun“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlun.
c. Í stað orðsins „hafnaáætlunar“ í 3. mgr. kemur: samgönguáætlunar.

26. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Siglingastofnun Íslands vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög um samgönguáætlun.

Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Siglingastofnun Íslands að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð.

Við tillögugerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat sem taki mið af hagkvæmni framkvæmdarinnar, þörf fyrir hana og þýðingu fyrir byggðarlagið.

27. gr.

Kaflafyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Um samgönguáætlun.**

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003. Þó tekur ákvæði til bráðabirgða þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir 1. mgr. 18. gr. vegalaga og 3. mgr. 1. gr. laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum er Alþingi heimilt að afgreiða, á 127. löggjafarþingi, vegáætlun og flugmálaáætlun til eins árs fyrir árið 2002.

1416. Lög [720. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1227.

1417. Þingsályktun [730. mál]

um skipan nefndar til að kanna reynslu af einkavæðingu og einkaframkvæmd.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1277.

1418. Lokafjárlög [666. mál]

fyrir árið 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1082.

1419. Lokafjárlög [667. mál]

fyrir árið 1999.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1394, sbr. þskj. 1083.

1420. Lög [601. mál]

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1395.

1421. Lög [653. mál]

um breyting á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1302.

1422. Lög [427. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum og lögum um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns (hryðjuverk).

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 1309.

1423. Lög [652. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 51. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fullnaðarskírteini til þess sem hefur bráðabirgðaskírteini má gefa út, fullnægi hlutaðeigandi eftirtöldum skilyrðum:

a. hafi haft bráðabirgðaskírteini samfellt í eitt ár, farið í akstursmat og fengið að því loknu umsögn ökukennara um árangur þar sem mælt er með útgáfu fullnaðarskírteinis,
b. hafi ekki í eitt ár samfellt fengið punkta í punktakerfi vegna umferðarlagabrota eða á sama tíma verið án ökuréttar vegna sviptingar.

Nú fullnægir hlutaðeigandi skilyrðum a-liðar en ekki skilyrðum b-liðar 5. mgr. og skal þá gefa út bráðabirgðaskírteini á ný að loknum gildistíma þess.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ökupróf“ í b-lið kemur: og akstursmat.
b. Á eftir orðinu „próf“ í d-lið kemur: akstursmat.

3. gr.

Í stað orðanna „3.–5. mgr. 51. gr.“ í 5. mgr. 55. gr. laganna kemur: 3.–7. mgr. 51. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: ríkislögreglustjóra.
b. Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 6. mgr. kemur: Ríkislögreglustjóri.

5. gr.

3. málsl. 2. mgr. 64. gr. a laganna, sbr. lög nr. 37/1996, fellur brott.

6. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 48/1997, fellur brott.

7. gr.

111. gr. laganna orðast svo:

Umferðarstofa annast stjórnsýslu á sviði umferðarmála, sbr. 112. gr. Umferðarstofa skal veita almenningi fræðslu um umferðarlöggjöf og annað það sem stuðlað getur að umferðaröryggi og bættri umferðarmenningu.

Umferðarstofa skal hafa samvinnu við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar.

8. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 44/1993, orðast svo:

Hlutverk Umferðarstofu er að:

a. annast skráningu ökutækja og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað,
b. annast ökupróf, veita leyfi til að starfrækja ökuskóla og hafa umsjón með ökunámi og eftirlit með ökukennslu,
c. veita leyfi til að annast skoðun ökutækja og hafa eftirlit með þeirri starfsemi í samvinnu við Löggildingarstofu,
d. annast fræðslu og upplýsingamiðlun um umferðarmál,
e. styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi,
f. vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
g. annast mótun reglna er varða ökutæki og umferð,
h. annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa,
i. sinna þróunarverkefnum á starfssviði sínu,
j. annast rekstur á tölvu- og upplýsingakerfum og
k. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna sem henni tilheyra, samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starf og hlutverk Umferðarstofu og staðfestir skipurit hennar og skiptingu í starfsdeildir.

9. gr.

113. gr. laganna, sbr. lög nr. 138/1996, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarstofu til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri stjórnar rekstri Umferðarstofu og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

10. gr.

114. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, 138/1996 og 83/1997, orðast svo:

Til Umferðarstofu renna þessi gjöld:

a. gjöld fyrir skráningu ökutækja, sbr. 64. gr.,
b. gjöld fyrir skráningarmerki, sbr. 64. gr.,
c. gjöld fyrir viðurkenningu á gerð, sbr. 64. gr.,
d. gjöld fyrir einkamerki, sbr. 64. gr. a,
e. umferðaröryggisgjald, sbr. 2. mgr.,
f. önnur gjöld sem Umferðarstofa innheimtir samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af dómsmálaráðherra.

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarstofu, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

Sértekjur Umferðarstofu af þjónustu- og verksamningum, svo og af rannsóknastarfsemi og þróunarverkefnum, renna óskiptar til hennar.

11. gr.

115. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992 og 147/1995, orðast svo:

Dómsmálaráðherra skipar umferðarráð til þriggja ára í senn. Meginhlutverk þess skal vera að beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarháttum. Umferðarráð skal vera ráðherra til ráðgjafar um gerð umferðaröryggisáætlunar og framkvæmd hennar, svo og um fræðslu og upplýsingamiðlun, og vera samráðsvettvangur þeirra sem fjalla um umferðarmál og láta sig umferðaröryggi varða.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í umferðarráð án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa ráðsins skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Dómsmálaráðherra skipar stjórn umferðarráðs. Skal stjórnin skipuð formanni ráðsins og varaformanni og einum aðila samkvæmt tilnefningu umferðarráðs. Stjórnin hefur með höndum yfirstjórn á starfsemi umferðarráðs, boðar fundi í ráðinu, undirbýr dagskrá funda þess og leggur fyrir það skýrslu um starfsemi ráðsins. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun stjórnar umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í umferðarráði ólaunuð.

Umferðarstofa leggur umferðarráði til framkvæmdastjóra og starfsaðstöðu.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf umferðarráðs.

12. gr.

Á eftir 115. gr. laganna kemur ný grein, 115. gr. a, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

13. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráðs“ í 2. málsl. 117. gr. laganna kemur: Umferðarstofu.

14. gr.

Fyrirsögn XV. kafla laganna verður: **Umferðarstofa, umferðarráð, umferðarfræðsla o.fl.**

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2002. Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast þó gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Dómsmálaráðherra skipar verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun Umferðarstofu og annast tilfærslu verkefna frá Umferðarráði og Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Störf hjá Umferðarráði eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki Umferðarráðs skulu boðin störf hjá Umferðarstofu. Heimilt er að bjóða starfsfólki Skráningarstofunnar hf. störf hjá Umferðarstofu í samræmi við ákvarðanir um tilfærslu verkefna frá Skráningarstofunni hf. til Umferðarstofu.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Skráningarstofunni hf.

1424. Lög [629. mál]

um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

(Afgreidd frá Alþingi 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 990.

1425. Frumvarp til laga [714. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

(Eftir 2. umr., 29. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, er heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniiðnaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð á skuldabréfum, útgefnum af móðurfélagi Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðherra veitir ábyrgðina að uppfylltum þeim skilyrðum sem hann metur gild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, að undanskilinni 5. gr. þeirra laga, gilda ekki varðandi þá ábyrgð sem lög þessi taka til.

1426. Nefndarálit [621. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Runólf Sigursveinsson og Svein Sigurmundsson frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Björn H. Barkarson frá Landgræðslu ríkisins, Jóhann Má Jóhannsson bónda, Ólaf Arnalds frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Aðalstein Jónsson frá Landssambandi sauðfjárbænda.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra 11. mars 2000. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sé notast við gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir og lagður er grunnur að rekjanleika sauðfjárafurða og vottun framleiðsluaðferða og aðstæðna.

Nefndinni hafa borist nokkur erindi vegna málsins og hefur verið farið yfir þau.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að ákvæði frumvarpsins um landnýtingu verði að byggjast á lögum um landgræðslu og að gæta þurfi sérstaklega að samræmi milli búvörulaga og landgræðslulaga hvað þennan þátt varðar. Ef lög um landgræðslu verða endurskoðuð þarf samhliða að endurskoða búvörulögin. Þá er það skilningur meiri hlutans að kostnaður við mat á landi skv. a- og b-lið 2. gr. frumvarpsins verði ekki lagður á landeigendur heldur greiðist af þeim fjármunum sem felast í samningi ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Þá vill meiri hlutinn geta þess að það merkingarkerfi sem gæðastýringin krefst og frumvarpið gerir ráð fyrir er í raun það kerfi sem bændur nota nú samkvæmt gildandi gæðahandbók Bændasamtaka Íslands.

Eftir að hafa farið yfir málið telur meiri hlutinn rétt að leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu.

1. Lagt er til að gildistökuákvæði um gæðastýrðan framleiðsluferil verði frestað um eitt ár, til 1. janúar 2004. Vegna frestunar á gildistökuákvæðinu er lagt til að beingreiðslum sem svara til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið hefur keypt upp á grundvelli samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skuli áfram varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt á árinu 2003, þ.e. fyrstu þrjú árin frá gildistöku samningsins en samkvæmt gildandi lögum er einungis gert ráð fyrir að það verði greitt fyrstu tvö árin. Jafnframt er lagt til að sú fjárhæð sem beingreiðslur lækka um á árinu 2003, sbr. 39. gr., renni til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag, sbr. 4. mgr. 38. gr.
2. Þá er lagt til að takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks milli bænda verði aflétt frá gildistöku laganna en að sérhver aðilaskipti að greiðslumarki taki ekki gildi fyrr en staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir, líkt og gildir um greiðslumark mjólkur.
3. Jafnframt er lagt til að samningur milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 verði tekinn til endurskoðunar strax á þessu ári. Ef sú endurskoðun kallar á breytingar á búvörulögum leggur meiri hlutinn áherslu á að lagabreytingar verði lagðar fyrir Alþingi strax á haustþingi.

4. Einnig er lagt til að heiti Landgræðslu ríkisins verði haldið óbreyttu uns ný lög um landgræðslu hafa verið samþykkt.
5. Að lokum eru lagðar til breytingar á tilvísunum í lagaákvæði vegna nýrra greina sem bætast við frumvarpið en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og koma fram í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Drífa Hjartardóttir, form., frsm.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Guðjón Guðmundsson.
Karl V. Matthíasson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.	Sigríður Ingvarsdóttir.
	Kristinn H. Gunnarsson.	

1427. Breytingartillögur [621. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, SJóh, GuðjG, KVM, EOK, SI, KHG).

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:
   a. 2. mgr. orðast svo:
      Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla. Aðilaskipti að greiðslumarki taka þó ekki gildi fyrr en staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.
   b. Í stað orðsins „tvö“ í 4. mgr. kemur: þrjú.
2. Við bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   Í stað orðanna „1. janúar 2003“ í 3. mgr. 40. gr. laganna kemur: 1. janúar 2004.
3. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:
   a. Í stað tímabilsins „2003–2007“ kemur: 2004–2007.
   b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Gæðakerfið nær til eftirtalinna þátta: landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Gæðakerfið byggist á því að skjalfesta framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður.

Sauðfjárframleiðendur sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu senda skriflega umsókn til búnaðarsambands á því svæði þar sem framleiðslan fer fram. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 30. júní ef framleiðendur óska eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár. Ef umsókn er endurnýjuð, sbr. 45. gr., er umsóknarfrestur til 15. desember. Búnaðarsamböndin fara yfir umsóknir og senda þær framkvæmdanefnd búvörusamninga sem heldur skrá yfir umsækjendur og aðila sem fengið hafa staðfest að þeir uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

4. Við 2. gr. Inngangsmálsgrein orðist svo:
   Á eftir 41. gr. laganna koma sjö nýjar greinar og breytist röð annarra greina og millivísanir samkvæmt því.
5. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   a. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skal tekinn til endurskoðunar á árinu 2002.
   b. Vegna frestunar á gildistökuákvæði um gæðastýrðan framleiðsluferil til 1. janúar 2004 skal sú fjárhæð sem beingreiðslur lækka um á árinu 2003, sbr. 39. gr., renna til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag, sbr. 4. mgr. 38. gr.
6. Í stað orðsins „Landgræðslan“ hvarvetna í frumvarpinu komi í viðeigandi falli orðin: Landgræðsla ríkisins.

1428. Nefndarálit [680. mál]

um till. til þál. um breyt. á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Samkvæmt vegalögum ber á þessu þingi að endurskoða vegáætlun til næstu fjögurra ára, þ.e. fyrir tímabilið 2002–2006. Sú skipan sem komist hefur á að gera vegáætlun til nokkurra ára í senn hefur skapað aukna festu í þessum málaflokki. Hægt hefur verið að bjóða út verk sem eru á vegáætlun næstu ára og vinna í samfellu. Að sjálfsögðu er framkvæmd áætlunarinnar háð fjárveitingum í fjárlögum hvers árs. Það er mikil afturför af hálfu Alþingis að geta ekki haldið í heiðri því ágæta vinnulagi að samþykkja þingsályktunartillögu um vegáætlun til fjögurra ára í senn. Sú áætlun sem nú liggur fyrir Alþingi tekur aðeins til næstu átta mánaða. Rökin sem færð eru fyrir þessu ráðslagi eru að frá og með næsta hausti verði unnin annars vegar fjögurra ára samræmd samgönguáætlun og hins vegar tólf ára samræmd samgönguáætlun sem taki til samgangna á landi, sjó og í lofti.

Að mati 1. minni hluta er þetta röng nálgun þessa máls. Miklu réttara væri að vinna að nýju fjögurra eða a.m.k. tveggja ára vegáætlun í samræmi við núgildandi lög sem yrði svo breytt í samræmi við nýjar áherslur í samræmdri samgönguáætlun á næsta vetri. Það að vegáætlun er nú afgreidd aðeins fyrir yfirstandandi ár hefur leitt til þess að forsvarsmenn Vegagerðarinnar hafa óskað eftir að með nefndaráliti meiri hlutans fylgi sérstakur listi yfir skuldbindingar sem mæta þarf á árunum 2003 og 2004.

Niðurskurður fjármagns til samgöngumála.

Samkvæmt tillögum meiri hlutans er gerð tillaga um niðurskurð til vegamála frá gildandi vegáætlun á þessu ári um 2.219 millj. kr. ef teknar eru með fjárveitingar til vegamála sem frestað var á síðasta ári, um 700 millj. kr. Beinn niðurskurður á þessu ári er 1.519 millj. kr.

Byggðamál og vegagerð.

Í allri byggðaumræðu hefur verið lögð áhersla á bættar samgöngur og betri vegi, bæði innan sveitar og milli héraða. Íbúar sveitanna eru í auknum mæli háðir bættum samgöngum. Æ fleiri stunda daglega vinnu í næsta þéttbýli. Fækkun íbúa og sífellt strjálbýlli byggð auk sameiningar sveitarfélaga hefur leitt til þess að litlum sveitaskólum hefur verið lokað einum af öðrum. Við það lengist akstur skólabarna og kröfur um styttingu leiða og betri vegi verða enn háværari. Gott vegasamband getur ráðið úrslitum um byggð og búsetu á mörgum svæðum. Það skýtur því skökku við í allri byggðaumræðunni að skera niður fjárveitingar til vegamála í hinum dreifðu byggðum landsins. Heilu byggðarlögin, svo sem á Vestfjörðum og Norðausturlandi, bíða enn stórátaks í vegamálum til að treysta innri byggð og samgöngur við aðra landshluta.

Frestun endurbóta á brúm.

Frestað er framkvæmdum við endurgerð tveggja stórbrúa sem eru mikill flöskuháls í flutninga- og öryggismálum. Hér er um að ræða brýrnar yfir Vatnsdalsá í Austur-Húnavatnssýslu og Skaftá í Vestur-Skaftafellssýslu. Komi ekki aukið fjármagn til þessa málaflokks á næsta ári mun þessi niðurskurður seinka átaki sem boðað var um endurgerð og breikkun einbreiðra brúa.

Jarðgöng frestast enn.

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir að jarðgangagerð færi á þessu ári á fulla ferð fyrir austan, á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, og einnig gerð jarðganga til Siglufjarðar.

Dapurlegt er dugleysi stjórnvalda í áframhaldandi jarðgangagerð til samgöngubóta. Þegar gerð svokallaðra Vestfjarðaganga lauk 1996 voru áætlanir um að í beinu framhaldi yrði ráðist í gerð jarðganga á Austurlandi. Átta ár hafa nú liðið í fullkomnu aðgerðarleysi af hálfu stjórnvalda. Í stað þess að einblína á stóriðjuframkvæmdir á Miðausturlandi hefðu stjórnvöld átt að verja auknu fé til samgöngubóta og jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar ættu að fá sérstaka flýtimeðferð. Þau jarðgöng gætu raunar verið tilbúin eða langt komin ef hugur hefði fylgt máli.

Lokaorð.

Í dreifbýlu landi eins og Íslandi skipta samgöngur miklu máli fyrir hagsæld, búsetu, þróun atvinnulífs og jöfnun lífskjara meðal þjóðarinnar. Niðurskurður fjármagns til samgöngumála og frestun framkvæmda í vegamálum bera með sér rangar áherslur stjórnvalda og valda miklum vonbrigðum hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

Fjármagn til vegaframkvæmda á þessu ári var ákveðið með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2002. Var ákveðinn heildarniðurskurður fjármagns til vegamála frá gildandi vegáætlun um 1.519 millj. kr. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmæltu þessum niðurskurði við afgreiðslu fjárlaga.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefði kosið öflugri framkvæmdir í vegamálum í stað niðurskurðar, en mun þó ekki leggjast gegn því að þessi vanburða veg-

áætlun ríkisstjórnarflokkanna fyrir árið 2002 verði afgreidd frá Alþingi eins og málum er komið.

Alþingi, 24. apríl 2002.

Jón Bjarnason.

1429. Frumvarp til laga [649. mál]

um Tækniháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Tækniháskóli Íslands er menntastofnun á háskólastigi. Háskólinn veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum ábyrgðarstörfum í atvinnulífinu þar sem æðri menntunar er krafist. Tækniháskóli Íslands leggur áherslu á að veita menntun á tæknisviðum. Háskólanum er heimilt að sinna hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, auk þess að veita símenntun í þeim fræðum sem stunduð eru í deildum hans.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Tækniháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsheiti og starfsskyldur kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Þeir sem ráðnir eru í starf prófessors, dósents eða lektors skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina og er annar þeirra formaður. Annar fulltrúa háskólaráðs skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Að ábendingu viðkomandi deildar skal rektor hverju sinni tilnefna sérfræðing til ráðgjafar fyrir dómnefnd um mat á fræðistörfum umsækjenda.

Dómnefnd skal gefa rökstutt álit um hvort ráða megi af námsferli umsækjanda og störfum að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Engum manni má veita starf prófessors, dósents eða lektors nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að ákvæði 3. mgr. gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við háskólann.

Háskólaráð setur nánari reglur um nýráðningar í starfi þar sem einnig er kveðið á um störf dómnefnda og meðferð umsókna.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deilda, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild. Þeir einir teljast nemendur við Tækniháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms samkvæmt þeim reglum.

Við skrásetningu til náms greiðir nemandi skrásetningargjald, allt að 32.500 kr. Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalda. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum. Í háskólaráði eiga sæti:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er jafnframt forseti þess.
2. Tveir fulltrúar kennara sem ráðnir eru ótímabundið við háskólann og tveir til vara, kosnir á almennum fundi þeirra til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara kosnir til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra og tveir til vara til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til fundar í háskólaráði eftir þörfum. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarhæfur ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess sem gegnir forsetastörfum.

Varamenn skulu sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans. Hann hefur almennt eftirlit með allri starfsemi háskólans. Á milli funda háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum háskólans.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildaskipan háskólans. Háskólaráð setur deildum starfsreglur og hvert skuli vera verksvið, vald og ábyrgð hverrar stjórnunareiningar innan háskólans. Háskólaráð setur reglur um yfirstjórn deilda og um val á deildarforsetum.

IV. KAFLI
Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög o.fl.

9. gr.

Fyrir hverja deild háskólans og skilgreindar námsbrautir innan hennar skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar á meðal starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við.

Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð samþykkir námskrá og kennsluskrá en deildir bera ábyrgð á gerð þeirra.

10. gr.

Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurteknингu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnsýsla háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.

Nemandi á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar.

11. gr.

Rektor getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum nemendum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa nemanda kost á að tjá sig um málið. Nemanda er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað nemanda sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms ef aðstæður hafa breyst. Nemanda er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.

V. KAFLI
Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu.

12. gr.

Tækniháskóla Íslands er heimilt að starfrækja rannsóknastofnun, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra, sem sinnir hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum í þágu atvinnulífsins. Kennarar háskólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Rannsóknastofnunin skal eftir því sem aðstæður leyfa veita nemendum háskólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknastofnunarinnar, um skipan stjórnar og gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá.

13. gr.

Tækniháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir símenntun og fræðslu fyrir almenning. Háskólaráð setur nánari reglur um slík þjónustugjöld.

Háskólaráði er heimilt að semja við félög nemenda, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir Tækniháskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

14. gr.

Tækniháskólanum er heimilt að gera samstarfssamninga við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfssviði háskólans, t.d. um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna. Háskólaráð setur nánari reglur um stöðu þeirra starfsmanna innan háskólans sem þannig eru ráðnir til starfa.

VI. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara renna eignir Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og um leið tekur Tækniháskóli Íslands við skuldbindingum sem gerðar hafa verið í nafni Tækniskóla Íslands.

16. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

17. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli laga þessara skulu birtar í Stjórnartíðindum.

18. gr.

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um háskóla, nr. 136/1997, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. gildir eftirfarandi:

Tækniskóli Íslands skal starfa áfram fram að brautskráningu nemenda 1. júní 2002 í samræmi við lög nr. 66/1972, með síðari breytingum.

Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Tækniskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur sem við gildistöku laga þessara stunda nám í Tækniskóla Íslands eiga rétt á að ljúka námi frá Tækniháskóla Íslands samkvæmt gildandi námsskipulagi Tækniskóla Íslands.
b. Embætti rektors Tækniskóla Íslands er lagt niður 3. júní 2002. Þó skal sá sem gegnir því embætti við gildistöku laga þessara eiga rétt til starfa við Tækniháskóla Íslands skv. d- og e-lið.
c. Eftir gildistöku laga þessara skipar menntamálaráðherra háskólaráð til 1. júní 2003. Hlutverk ráðsins er að tryggja yfirfærslu starfsemi Tækniskóla Íslands til Tækniháskóla Íslands og framkvæmd laga þessara að öðru leyti, þar með talið að ganga frá tilnefningu rektors, sem ráðherra skal skipa skv. 7. gr. eigi síðar en 1. júlí 2002. Staða rektors skal auglýst eins og lög þessi gera ráð fyrir. Háskólaráð skal meta hæfni umsækjenda um stöðu rektors og taka ákvörðun um þann sem tilnefndur verður með meiri hluta greiddra atkvæða í kosningu innan ráðsins. Almennur fundur kennara sem ráðnir eru ótímabundið við Tækniskóla Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í háskólaráð og tvo til vara. Nemendafélag Tækniskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa í ráðið og einn til vara. Menntamálaráðherra skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar, þar af einn sem gegnir störfum forseta ráðsins þar til rektor hefur verið skipaður. Eftir að rektor hefur verið skipaður skal fulltrúum sem skipaðir eru í háskólaráð án tilnefningar fækka um einn. Varaforseti ráðsins skal valinn úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.
d. Skipaðir og ótímabundið ráðnir kennarar við Tækniskóla Íslands sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla eru starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með gildistöku laga þessara. Sama gildir um þá starfsmenn sem gegna öðrum störfum en talin eru upp í e-lið.
e. Störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Tækniskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður frá og með 1. ágúst 2002. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2005. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum lið vera starfsmenn Tækniháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 2002, en störf þeirra verða þá lögð niður í síðasta lagi 31. júlí 2005 fullnægi þeir ekki hæfisskilyrði laga um háskóla á þeim tíma.

1430. Frumvarp til laga [204. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

2. gr.

Tilgangur.

Lögin gefa heimild til að veita atvinnuleyfi vegna starfa útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Lögunum er einnig ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins í atvinnuskyni og kveða á um rétt útlendinga til atvinnu hér á landi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

3. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi:* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi:* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.
3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna:* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi:* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar:* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í íslenskum skólum eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Atvinnurekandi:* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
7. *Búsetuleyfi:* Leyfi sem gefið er út með varanlega dvöl í huga samkvæmt lögum um útlendinga.
8. *Útlendingur:* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
9. *Nánustu aðstandendur:* Maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og ættmenni útlendings eða maka að feðgatali.

4. gr.

Framkvæmd laganna.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Vinnumálastofnun fer í umboði ráðherra með framkvæmd laganna.

II. KAFLI

Atvinnuleyfi.

5. gr.

Almennt.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að binda skilyrðum öðrum en þeim er koma fram í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynleg vegna mikilvægra almannahagsmuna.

Vinnumálastofnun skal gefa út atvinnuleyfi samkvæmt nánari ákvæðum sem sett skulu í reglugerð.

6. gr.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem dvelst hér á landi án dvalarleyfis eða hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um útlendinga. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt og útlendingurinn dvelst í landinu á grundvelli bráðabirgðadvalarleyfis samkvæmt lögum um útlendinga má veita honum tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis.

Útlendingi er óheimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt nema leyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi er veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. Að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu. Áður en atvinnuleyfi er veitt ber atvinnurekanda að hafa leitað til svæðisvinnumiðlunar eftir vinnuafli, nema slík leit verði fyrirsjáanlega árangurslaus að mati Vinnumálastofnunar.
b. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands. Umsögn skal liggja fyrir innan 14 daga frá móttöku umsagnaraðila á umsókn um atvinnuleyfi. Þó er heimilt í sérstökum tilvikum að víkja frá þessu skilyrði þegar ekki er til að dreifa stéttarfélagi eða landssambandi í hlutaðeigandi starfsgrein.
c. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
d. Að atvinnurekandi sjúkratryggi erlendan starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga.
e. Að atvinnurekandi ábyrgist greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum ef starfsmaður verður óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa og ef um er að ræða ráðningarslit sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi komi fram til hvaða lands heimflutningur nær.
f. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi verið veitt dvalarleyfi samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga um dvalarleyfi fyrir aðstandendur. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna útlendings, sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendings, sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Skilyrði er að áður hafi útlendingi verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Við veitingu leyfis samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

8. gr.

Tímabundið atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður eru fyrir hendi, einnig ef skilyrði skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. eru fyrir hendi.

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en eins árs. Heimilt er að framlengja það um allt að tvö ár í senn, enda séu uppfyllt skilyrði sem fram koma í a–c-liðum 1. mgr. 7. gr.

Hafi ríki gert samning við Ísland um atvinnuréttindi er heimilt að veita útlendingi frá því ríki atvinnuleyfi til lengri tíma en greinir í 2. mgr. Hið sama gildir ef ríki er aðili að alþjóðasamningum um félagsleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.

9. gr.

Íslenskukennsla og samfélagsfræðsla.

Atvinnurekandi og stéttarfélag skulu veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

10. gr.

Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi, að uppfylltum skilyrðum c–f-liðar 1. mgr. 7. gr.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal m.a. koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings.

Atvinnuleyfi veitt samkvæmt þessari grein skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

11. gr.

Óbundið atvinnuleyfi.

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt þessari grein eru eftirfarandi:

a. að hann hafi átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár,
b. að hann hafi öðlast búsetuleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um útlendinga,
c. að áður hafi verið veitt leyfi skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrðum 1. mgr. ef íslenskur ríkisborgari fær lögskilnað eða slítur sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma. Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendings sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

Víkja má frá skilyrði c-liðar 1. mgr. ef um er að ræða útlending sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið því.

Heimilt er að veita útlendingi, sem hefur fengið landvist hér á landi sem flóttamaður, óbundið atvinnuleyfi.

Leyfi samkvæmt þessari grein gildir meðan útlendingur hefur lögheimili hérlendis.

12. gr.

Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.

Heimilt er að veita útlendingi, sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt þessari grein er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um atvinnuleyfi vegna námsdvalar, þ.m.t. hámarksvinnustundafjölda.

13. gr.

Atvinnuleyfi vegna vistráðningar.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggi skriflegur samningur milli aðila þar sem fram kemur m.a. gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera ókeypis.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi sé veitt á grundvelli þessarar greinar er að útlendingur hafi lagt fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings skv. 1. mgr. til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Á eyðublaðið skal prenta upplýsingar um ábyrgð þess sem ræður til sín útlending í vist, m.a. í sambandi við sjúkra- og slysatryggingar og önnur hlunnindi.

Vinnumálastofnun skal ákveða upphæð vasapeninga sem greiða skal útlendingi sem ráðinn hefur verið í vist skv. 1. mgr.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með ráðningum skv. 1. mgr.

Nánar skal kveða á um skilyrði þessa ákvæðis í reglugerð.

III. KAFLI

Undanþáguákvæði.

14. gr.

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

a. Útlendingar sem falla undir reglur um Evrópska efnahagssvæðið.
b. Útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
c. Útlendingar sem hafa verið íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu en hafa misst íslenskan ríkisborgararétt.
d. Erlendir makar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að 18 ára aldri.
e. Útlendingar í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

15. gr.

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, sbr. lög nr. 66/2000.
c. Íþróttaþjálfarar.
d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
f. Blaða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja.

Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI
Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

16. gr.

Afturköllun.

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur atvinnuleyfi samkvæmt lögunum,
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins,
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í atvinnuskyni,
d. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að stunda atvinnu án tilskilinna leyfa.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

18. gr.

Heimflutningur.

Sá sem hefur milligöngu um að útlendingur flytjist til landsins í atvinnuskyni án tilskilinna leyfa, sbr. b- og c-lið 2. mgr. 17. gr., skal greiða allan kostnað við að flytja útlending úr landi.

V. KAFLI
Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar.

19. gr.

Samráðsnefnd.

Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd vegna framkvæmdar laga þessara.

Samráðsnefndin skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor stofnunin tvo menn í nefndina. Skipunartími nefndarinnar er tvö ár. Samráðsnefndin velur formann úr hópi nefndarmanna. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

20. gr.

Vinnumálastofnun skal tilkynna allar atvinnuleyfisveitingar og synjanir til Útlendingastofnunar.

Útlendingastofnun skal í samráði við Vinnumálastofnun gefa út skírteini þar sem m.a. komi fram upplýsingar um dvalarleyfi og réttindi útlendingsins til að stunda vinnu á Íslandi. Þar skulu einnig vera nauðsynlegar persónuupplýsingar. Heimilt er að krefja umsækjanda um atvinnuleyfi um endurgjald fyrir skírteinið. Endurgjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við útgáfu þess.

VI. KAFLI
Málsmeðferð.

21. gr.

Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

22. gr.

Málshraði.

Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um hvort orðið er við umsókn um atvinnuleyfi svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafanna og hvenær ákvörðunar er að vænta.

23. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kæruheimild skv. 24. gr. laganna.

24. gr.
Kæruheimild.

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis má kæra til félagsmálaráðuneytis.

Nú vill umsækjandi nýta sér kæruheimild og er kærufrestur fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

25. gr.
Samstarfsnefnd.

Félagsmálaráðherra skal skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Vinnumálastofnunar, Útlendingastofnunar, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Samstarfsnefndin skal kölluð saman:

a. vegna almennra álitamála varðandi útgáfu atvinnuleyfa,
b. þegar beiðnir berast til Vinnumálastofnunar um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga.

1431. Frumvarp til laga [433. mál]

um útlendinga.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvöl þeirra hér á landi.

Um útlendinga sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gilda sérreglur, sbr. ákvæði VI. kafla.

Íslenskir ríkisborgarar geta einnig borið skyldur samkvæmt lögunum.

Íslensk skip í siglingum erlendis falla ekki undir gildissvið laganna.

2. gr.
Tilgangur.

Lögin veita heimild til að hafa eftirlit með komu til landsins og för úr landi og með dvöl útlendinga hér á landi í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Með lögunum er kveðið á um réttarstöðu útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, dveljast hér eða sækja um leyfi samkvæmt lögunum.

3. gr.

Framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum og setur nánari reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi.

Framkvæmd laganna að öðru leyti annast Útlendingastofnun, lögregla og önnur stjórnvöld.

Dómsmálaráðherra skipar forstjóra Útlendingastofnunar til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa embættispróf í lögfræði.

Dómsmálaráðherra kveður á um starfssvið þeirra sem annast framkvæmd laganna að því leyti sem lögin kveða ekki á um það.

II. KAFLI

Koma og brottför.

4. gr.

Vegabréfaeftirlit.

Hver sá sem kemur til landsins skal þegar í stað gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Hver sá sem fer af landi brott skal sæta brottfarareftirliti og skal við brottför gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið eða næsta lögregluyfirvald. Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.

Koma til landsins og för úr landi skal fara fram á stöðum og afgreiðslutímum sem dómsmálaráðherra ákveður. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu. För yfir innri landamæri Schengen-svæðisins er heimil utan viðurkenndra landamærastöðva. Ákvæði tollalaga gilda um för yfir innri landamæri.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um komu- og brottfarareftirlit og um undantekningar frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um för yfir innri landamæri Schengen-svæðisins. Hann setur einnig reglur um skyldu stjórnanda skips eða loftfars til að ganga úr skugga um að farþegar hafi gild ferðaskilríki.

5. gr.

Vegabréf.

Útlendingur, sem kemur til landsins, skal, nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur, hafa vegabréf eða annað kennivottorð sem viðurkennt er sem ferðaskilríki.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hvaða skilyrðum vegabréf eða annað kennivottorð þarf að fullnægja til að teljast gilt til komu til landsins og dvalar.

Útlendingastofnun getur, ef sérstaklega stendur á, undanþegið útlending þeirri skyldu að hafa vegabréf eða viðurkennt önnur skilríki en leiðir af almennum reglum.

6. gr.

Vegabréfsáritanir.

Útlendingur þarf að hafa vegabréfsáritun til að mega koma til landsins nema annað sé ákveðið í reglum sem dómsmálaráðherra setur. Útlendingur, sem hefur dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu. Sama gildir um útlending sem hefur bráðabirgðadvalarleyfi gefið út af þátttökuríki í samstarfinu, enda hafi hann auk þess ferðaskilríki gefin út af sama ríki.

Vegabréfsáritun gefin út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu gildir til komu og dvalar hér á landi þann tíma sem tilgreindur er ef það kemur fram í árituninni.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldu til að hafa vegabréfsáritun til að fara um flugvöll.

Vegabréfsáritun skal gilda fyrir eina eða fleiri komur til landsins og til allt að þriggja mánaða dvalar á nánar tilgreindu tímabili.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um umsókn um útgáfu vegabréfsáritunar. Fela má utanríkisþjónustunni að taka ákvörðun um slíkar umsóknir. Enn fremur er heimilt að fela utanríkisþjónustu annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu að verða við umsókn um vegabréfsáritun.

7. gr.

Áhafnir skipa og loftfara.

Útlendingur, sem lætur af starfi um borð í skipi eða loftfari, eða er laumufarþegi, má ekki ganga hér á land án leyfis lögreglunnar. Ákvæði um stjórnvald í málum vegna frávísunar og um málskot gilda eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur reglur um landgönguleyfi útlendra sjómanna við dvöl skips í höfn og um heimild til að meina þeim landgöngu.

III. KAFLI
Dvöl og búseta.

8. gr.

Dvöl án dvalarleyfis.

Útlendingur, sem þarf vegabréfsáritun til landgöngu, má ekki dveljast hér á landi lengur en áritunin segir til um nema sérstakt leyfi komi til. Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dveljast hér lengur en þrjá mánuði frá komu til landsins. Dvöl í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu telst jafngilda dvöl hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um dvöl umfram þrjá mánuði ef það leiðir af þjóðréttarsamningi, svo og nánari reglur um hvernig reikna skuli dvalartíma.

Dönskum, finnskum, norskum og sænskum ríkisborgurum er heimilt að dveljast hér án dvalarleyfis. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari undanþágur frá kröfu um dvalarleyfi.

9. gr.

Hverjir þurfa dvalarleyfi.

Útlendingur, sem hyggst ráða sig í vinnu, fyrir endurgjald eða án þess, eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, þarf, auk atvinnuleyfis þar sem það er áskilið í lögum, að hafa dvalarleyfi, nema dvöl sé heimil án dvalarleyfis skv. 2. mgr. 8. gr.

Útlendingur, sem hyggst dveljast hér lengur en honum er heimilt skv. 1. mgr. 8. gr., þarf að hafa dvalarleyfi.

10. gr.

Útgáfa dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal hafa verið gefið út áður en komið er til landsins. Frá þessu má þó víkja ef ríkar sanngirnisástæður mæla með.

Dvalarleyfi, sem veitt er í fyrsta sinn, skal að jafnaði gefið út til eins árs. Heimilt er að gefa leyfið út til skemmri tíma eða allt að tveimur árum ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

11. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, að fenginni umsókn, ef:

a. framfærsla hans, sjúkratrygging og húsnæði er tryggt, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur,
b. skilyrðum fyrir dvalarleyfi, sem sett eru í reglum skv. 1. mgr. 3. gr., er fullnægt og
c. ekki liggja fyrir atvik sem valdið geta því að honum verði meinuð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna.

Veita má útlendingi dvalarleyfi, þótt skilyrðum sé annars ekki fullnægt, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess eða vegna sérstakra tengsla útlendingsins við landið.

Útlendingastofnun getur, að beiðni útlendings sem sótt hefur um hæli, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina. Hún getur einnig, að beiðni útlendings sem hefur fengið endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi sem kemur ekki til framkvæmda að svo stöddu, veitt honum bráðabirgðadvalarleyfi þar til synjunin kemur til framkvæmda. Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru, og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvörðun um bráðabirgðadvalarleyfi. Bráðabirgðadvalarleyfi hefur ekki önnur réttaráhrif en þau sem sérstaklega er getið í lögum.

12. gr.

Sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta.

Þegar um er að ræða fjöldaflótta getur dómsmálaráðherra ákveðið að beita skuli ákvæðum greinar þessarar. Ráðherra ákveður einnig hvenær heimild til að veita sameiginlega vernd skv. 2. og 3. mgr. skuli falla niður.

Útlendingi, sem fellur undir fjöldaflótta og kemur til landsins eða er hér þegar ákvæðum greinarinnar er beitt, má, að fenginni umsókn, veita vernd á grundvelli hópmats (sameiginlega vernd). Felur það í sér að útlendingnum verður veitt dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Leyfið myndar ekki heimild til útgáfu búsetuleyfis.

Leyfið má endurnýja eða framlengja í allt að þrjú ár frá þeim tíma þegar umsækjandi fékk fyrst leyfi. Síðan má veita leyfi sem getur myndað heimild til útgáfu búsetuleyfis. Að liðnu einu ári með slíkt leyfi er heimilt að gefa út búsetuleyfi, enda séu skilyrðin fyrir því að halda leyfinu enn fyrir hendi og skilyrðum að öðru leyti fullnægt, sbr. 15. gr.

Umsókn útlendings, sem fellur undir 2. mgr., um hæli má leggja til hliðar í allt að þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi. Þegar heimildin til að veita sameiginlega vernd er niður fallin, sbr. 1. mgr., eða þegar liðin eru þrjú ár frá því að umsækjandinn fékk fyrst leyfi skal tilkynna umsækjandanum að hælisumsóknin verði því aðeins tekin til meðferðar að hann láti í ljós ótvíræða ósk um það innan tiltekins frests.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um leyfi og um að leggja umsókn til hliðar.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur.

13. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Nánustu aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum eða búsetuleyfi geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi, enda liggi ekki fyrir atvik sem greinir í c-lið 1. mgr. 11. gr. auk þess sem framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði skal vera tryggt, sbr. a-lið 1. mgr. 11. gr.

Nánustu aðstandendur í skilningi 1. mgr. eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri.

Dvalarleyfi aðstandanda útlendings skal að jafnaði gefið út til sama tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

14. gr.

Endurnýjun.

Endurnýja má dvalarleyfi útlendings, að fenginni umsókn, ef fullnægt er skilyrðum 11. gr.

Endurnýjað dvalarleyfi skal að jafnaði gefið út til eins árs en heimilt er að gefa leyfið út fyrir annað tímabil ef rétt þykir vegna tilgangs dvalarinnar eða af öðrum ástæðum. Endurnýjað dvalarleyfi skal þó ekki gefið út til lengri tíma en tveggja ára.

Heimila má útlendingi, sem sækir um endurnýjun dvalarleyfis, áframhaldandi dvöl með sömu skilyrðum þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina og hann á rétt á því ef hann leggur umsókn fram a.m.k. mánuði áður en leyfið fellur úr gildi.

15. gr.

Búsetuleyfi.

Veita má útlendingi, sem dvalist hefur hér á landi samfellt síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt hefur námskeið í íslensku fyrir útlendinga, búsetuleyfi samkvæmt umsókn ef ekki liggja fyrir ástæður sem valdið geta því að honum verði vísað úr landi, sbr. 1. mgr. 20. gr.

Búsetuleyfi felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um búsetuleyfi. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. gilda um umsóknir um búsetuleyfi eftir því sem við á.

Búsetuleyfi fellur niður þegar leyfishafi hefur verið búsettur eða dvalist í raun erlendis samfellt lengur en 18 mánuði. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um að fella leyfi úr gildi. Að fenginni umsókn má heimila útlendingi lengri dvöl erlendis án þess að búsetuleyfið falli úr gildi.

Dómsmálaráðherra setur reglur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga skv. 1. mgr. Þar skal kveðið á um lengd námskeiðs, lágmarkstímasókn og vottorð til staðfestingar á þátttöku. Einnig er heimilt að kveða þar á um undanþágu frá þátttöku í námskeiði fyrir útlendinga sem náð hafa viðhlítandi þekkingu í íslensku og um próf því til staðfestingar. Þá er í reglugerðinni heimilt að kveða á um gjald vegna þátttöku í námskeiði eða prófi.

16. gr.

Afturköllun.

Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi og búsetuleyfi ef útlendingur hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

17. gr.

Tilkynningarskylda.

Útlendingur, sem fengið hefur dvalarleyfi áður en hann kom til landsins, skal innan viku frá komu gefa sig fram við Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur. Sama á við um útlending sem hyggst sækja um eða að öðru leyti þarfnast slíks leyfis.

Útlendingur, sem flytur heimili sitt meðan mál samkvæmt lögunum er til meðferðar, skal tilkynna lögreglunni um flutninginn.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem ekki þarf dvalarleyfi skuli tilkynna lögreglunni um heimili sitt hér á landi og um vinnu sína eða starf.

IV. KAFLI
Frávísun og brottvísun.

18. gr.
Frávísun við komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum frá komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu ríki og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. hann hefur ekki tilskilið leyfi til dvalar eða vinnu eða getur ekki leitt líkur að þeim tilgangi sem gefinn er upp fyrir dvölinni,
d. hann getur ekki sýnt fram á að hann hafi eða eigi tryggð nægileg fjárráð til dvalar hér á landi og til heimferðar,
e. hann hefur hlotið refsingu eins og greinir í b- eða c-lið 1. mgr. 20. gr. eða sérstök ástæða er til af öðrum ástæðum að óttast að hann muni fremja hér á landi eða í öðru norrænu landi refsiverðan verknað sem varðað getur fangelsi lengur en þrjá mánuði,
f. reglur 6. gr. norræna vegabréfaeftirlitssamningsins eiga við og ætla má að útlendingurinn muni fara til annars norræns ríkis og að honum muni að öllum líkindum verða vísað þar frá vegna þess að ekki er fullnægt reglum um vegabréf eða vegabréfsáritun, eða frávísun er heimil af öðrum ástæðum í viðkomandi ríki,
g. hann samkvæmt mati læknis getur ekki ráðið persónulegum högum sínum sjálfur meðan á dvöl hans hér stendur eða hætta er á að hann muni með framkomu sinni valda sér eða öðrum tjóni eða hann er haldinn alvarlegum smitsjúkdómi,
h. hann hefur ekki greitt kostnað hins opinbera við fyrri færslu hans úr landi, sbr. 1. mgr. 56. gr.,
i. hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið í því skyni að honum verði synjað um komu,
j. það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, þjóðaröryggis eða alþjóðasamskipta ríkisins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Nægjanlegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Nú ber útlendingur að hann sé flóttamaður eða veitir að öðru leyti upplýsingar sem benda til að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við, og skal þá leggja málið fyrir Útlendingastofnun til meðferðar og ákvörðunar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. að því er varðar þann sem hefur vegabréfsáritun eða dvalarleyfi gefið út af ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

19. gr.
Frávísun eftir komu til landsins.

Heimilt er að vísa útlendingi frá landi eftir reglum 1. mgr. 18. gr. þótt sjö sólarhringa fresturinn sé liðinn. Þó verður meðferð máls að hefjast innan þriggja mánaða frá komu hans til landsins.

Ekki má vísa útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi frá landi samkvæmt ákvæði þessu.

20. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa útlendingi úr landi ef:

a. hann hefur brotið alvarlega eða margsinnis gegn einu eða fleiri ákvæðum laganna eða kemur sér hjá að hlíta ákvörðun sem felur í sér að hann skuli yfirgefa landið,
b. hann hefur á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi,
c. hann hefur verið dæmdur hér á landi til refsingar eða til að sæta öryggisráðstöfunum fyrir háttsemi sem getur varðað fangelsi lengur en þrjá mánuði eða oftar en einu sinni verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar,
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða almannahagsmuna.

Brottvísun skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans. Útlendingi sem hefur dvalarleyfi eða norrænum ríkisborgara sem átt hefur heimili hér á landi lengur en þrjá mánuði má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað eins árs fangelsi eða meira.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur gilt fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma, en að jafnaði ekki skemur en þrjú ár. Samkvæmt umsókn má heimila þeim sem vísað hefur verið úr landi endurkomu en að jafnaði ekki fyrr en tvö ár eru liðin frá brottför.

21. gr.

Frávísun og brottvísun útlendings sem hefur búsetuleyfi o.fl.

Óheimilt er að vísa frá landi eða úr landi útlendingi sem fæddur er hér á landi og hefur átt hér fast heimili óslitið síðan.

Útlendingi sem hefur búsetuleyfi má því aðeins vísa frá landi eða úr landi að:

a. það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, sbr. d-lið 1. mgr. 20. gr.,
b. hann hafi afplánað refsingu eða verið dæmdur til refsingar fyrir háttsemi sem að íslenskum lögum getur varðað þriggja ára fangelsi eða meira og það hafi átt sér stað á síðustu fimm árum erlendis eða á síðasta ári hér á landi; samsvarandi gildir um sérstakar ráðstafanir sem ákvarðaðar eru vegna slíkrar refsiverðrar háttsemi.

Brottvísun skv. b-lið 2. mgr. skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

22. gr.

Stjórnvald og undirbúningur máls.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a–i-lið 1. mgr. 18. gr. Útlendingastofnun tekur aðrar ákvarðanir samkvæmt kafla þessum.

Lögregla undirbýr mál sem Útlendingastofnun tekur ákvörðun um. Nú telur lögregla skilyrði vera til að vísa útlendingi frá landi eða úr landi og sendir hún þá Útlendingastofnun gögn málsins til ákvörðunar.

V. KAFLI
Málsmeðferð.

23. gr.
Almennar reglur um málsmeðferð.

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum þessum.

24. gr.
Andmælaréttur.

Áður en ákvörðun er tekin í máli útlendings skal hann eiga þess kost að tjá sig um efni máls skriflega eða munnlega, enda komi ekki fram í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Réttur til að tjá sig skriflega er þó ekki fyrir hendi þegar útlendingi ber að tjá sig munnlega við vegabréfaeftirlit eða lögreglu.

Í máli vegna umsóknar um hæli eða máli þar sem ákvæði 45. gr. eiga við, svo og í máli er varðar frávísun eða brottvísun, skal stjórnvald, eftir fremsta megni, sjá um að útlendingurinn eigi kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á tungumáli sem hann getur tjáð sig á svo að viðunandi sé.

25. gr.
Leiðbeiningarskylda.

Í máli er varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis, svo og í máli vegna umsóknar um hæli, skal stjórnvald leiðbeina útlendingnum um að honum sé heimilt, á eigin kostnað, að leita aðstoðar lögmanns eða annars fulltrúa, um rétt hans á að fá sér skipaðan talsmann, sbr. 2. mgr. 34. gr., og um rétt hans til að hafa samband við fulltrúa heimalands síns, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mannúðar- eða mannréttindasamtök hér á landi.

Að öðru leyti gildir almenn leiðbeiningarskylda skv. 7. gr. stjórnsýslulaga.

26. gr.
Miðlun upplýsinga úr landi.

Stjórnvöldum sem fara með málefni útlendinga er heimilt að láta erlendum stjórnvöldum í té upplýsingar um útlending vegna meðferðar á máli er varðar vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er vegna skuldbindinga Íslands sem þátttakanda í Schengen-samstarfinu og samstarfi samkvæmt Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar megi veita og um skilyrði sem þarf að fullnægja til að upplýsingar verði veittar.

27. gr.
Vanhæfi.

Opinber starfsmaður, sem tekið hefur þátt í meðferð opinbers máls á hendur viðkomandi útlendingi, má ekki taka þátt í undirbúningi að ákvörðun eða taka sjálfur ákvörðun í máli um frávísun, dvalarleyfi, búsetuleyfi eða brottvísun. Ákvæði þetta tekur ekki til mála vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.

28. gr.
Öflun gagna fyrir dómi.

Útlendingi, svo og stjórnvaldi sem fer með mál útlendings, er heimilt að krefjast þess að upplýsinga, sem ekki verður aflað á annan hátt svo að fullnægjandi sé í máli samkvæmt

lögunum, verði aflað fyrir dómi eftir reglum XII. kafla laga um meðferð einkamála um öflun sönnunargagna án þess að mál hafi verið höfðað. Dómari ákveður hvort skilyrði eru til að fallast á beiðni.

Heimild skv. 1. mgr. gildir ekki þegar til meðferðar er mál gegn útlendingi um frávísun eða þegar sá sem óskað er að gefi skýrslu fyrir dómi er erlendis.

29. gr.

Rannsóknarúrræði.

Útlendingi er skylt að veita atbeina sinn til að upplýsa hver hann er, að því marki sem stjórnvald skv. 2. mgr. 3. gr. krefst þess. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvað skylda má útlending til að gera til að fullnægja þessari skyldu.

Ef vafi leikur á hver útlendingur er við komu til landsins eða síðar getur lögregla lagt hald á ferðaskilríki, farseðla og annað sem getur verið til upplýsinga um hver hann er. Sama gildir þegar vafi er um fyrri dvalarstað og það skiptir máli um rétt til dvalar hér á landi. Lögregla skal benda útlendingi á að hann geti borið réttmæti haldlagningar undir dómara samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef rökstuddur grunur leikur á að útlendingur, í bága við fyrirmæli sem greinir í 1. mgr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um hver hann er eða, í bága við fyrirmæli sem greinir í 53. gr., haldi eftir eða leyni upplýsingum um fyrri dvalarstað má lögregla leita á útlendingnum, á heimili hans, herbergi eða hirslum samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Í þágu máls má taka ljósmyndir og fingraför af útlendingi sem:

a. ekki getur fært sönnur á hver hann er eða ef ástæða er til að ætla að útlendingurinn gefi rangt upp hver hann er,
b. leitar hælis eða sækir um leyfi samkvæmt lögunum,
c. hefur verið synjað um hæli eða leyfi samkvæmt lögunum eða
d. hefur verið vísað frá landi eða úr landi eða ætla má að dveljist hér ólöglega.

Fingraför, sem tekin eru skv. 4. mgr., má færa í tölvufærða fingrafaraskrá. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslu og notkun skrárinnar.

Ef útlendingur neitar að gefa upp hver hann er eða rökstuddur grunur er um að útlendingur gefi rangar upplýsingar um hver hann er getur lögregla lagt fyrir hann að tilkynna sig eða halda sig á ákveðnu svæði. Ef slíkum fyrirmælum er ekki sinnt eða þau teljast ófullnægjandi er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Gæsla má ekki standa lengur en í 12 vikur samanlagt nema sérstaklega standi á.

30. gr.

Kæruheimild.

Ákvörðun lögreglunnar, svo og ákvörðun sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns skv. 5. mgr. 6. gr., má kæra til Útlendingastofnunar. Ákvörðun Útlendingastofnunar sem æðra stjórnvalds verður ekki kærð. Að öðru leyti má kæra ákvörðun til dómsmálaráðuneytisins.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru innan 15 daga frá því að honum var kynnt ákvörðunin fyrir þeim sem það gerir. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnsýslulaga um stjórnsýslukæru.

31. gr.

Hvenær ákvörðun getur komið til framkvæmda.

Ákvörðun um frávísun skv. 18. gr. má framkvæma þegar í stað. Synjun á umsókn um endurnýjun dvalarleyfis eða um búsetuleyfi, sem sótt er um innan frests skv. 3. mgr. 14. gr., má ekki framkvæma fyrr en ákvörðunin er endanleg. Sama gildir um ákvörðun um afturköllun skv. 16. gr. og um ákvörðun um brottvísun útlendings sem hefur dvalarleyfi eða búsetuleyfi eða norræns ríkisborgara sem hefur dvalið hér á landi lengur en þrjá mánuði. Að öðru leyti gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga um frestun réttaráhrifa.

Synjun á umsókn um dvalarleyfi sem sótt er um í fyrsta sinn og á umsókn um endurnýjun sem greinir í 1. mgr. og sótt er um að liðnum fresti skv. 3. mgr. 14. gr. má ekki framfylgja fyrr en útlendingurinn hefur fengið færi á að leggja fram kæru og aldrei fyrr en liðnir eru tveir sólarhringar frá því að útlendingnum var tilkynnt um ákvörðunina.

32. gr.

Hvenær ákvörðun í málum um hæli eða vernd gegn ofsóknum getur komið til framkvæmda.

Nú ber útlendingur að aðstæður séu þannig að ákvæði 1. mgr. 45. gr. eigi við og má þá ekki framkvæma ákvörðun um að hann skuli yfirgefa landið fyrr en ákvörðunin er endanleg. Þetta gildir þó ekki í málum þar sem Útlendingastofnun telur augljóst að aðstæður séu ekki þannig og í málum þar sem útlendingurinn á umsókn um hæli til meðferðar í öðru landi eða slíkri umsókn hefur verið hafnað þar.

Lögregla skal leggja ákvörðun um frestun á framkvæmd fyrir Útlendingastofnun ef útlendingur ber fyrir sig aðstæður sem greinir í 1. mgr. 45. gr. þegar framkvæma á ákvörðunina og ekki kemur fram að afstaða hafi þegar verið tekin til þeirra aðstæðna sem borið er við. Nú telur Útlendingastofnun augljóst að aðstæður séu ekki þannig og má hún þá ákveða að ákvörðunin komi til framkvæmda.

Ákvæði IV., V. og VII. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt, um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl. og um stjórnsýslukæru gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

33. gr.

Framkvæmd ákvörðunar.

Ákvörðun, sem felur í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, skal framkvæma þannig að lagt er fyrir útlendinginn að hverfa þegar á brott eða innan tiltekins frests. Ef útlendingurinn fer ekki úr landi svo sem fyrir er lagt eða líkur eru á að hann muni ekki gera það má lögregla færa hann úr landi. Ef sérstaklega stendur á má færa útlendinginn til annars lands en þess sem hann kom frá. Ákvarðanir sem varða framkvæmd verða ekki kærðar sérstaklega. Málshöfðun fyrir dómstólum til ógildingar á endanlegri ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið frestar ekki framkvæmd hennar. Þó getur dómsmálaráðherra tekið ákvörðun um að fresta framkvæmd hennar ef sýnt er fram á að verulega breyttar aðstæður hafi skapast frá því ákvörðun var tekin.

Útlendingi, sem fellur undir ákvæði 1. mgr. og ekki hefur gild ferðaskilríki, er skylt að afla sér þeirra.

Til að tryggja að ákvörðun skv. 1. mgr. verði framkvæmd getur lögregla lagt fyrir útlendinginn að:

a. tilkynna sig,
b. afhenda vegabréf eða annað kennivottorð, sbr. 5. gr., og
c. halda sig á ákveðnu svæði.

Fyrirmæli sem greinir í 3. mgr. má því aðeins gefa að sérstök ástæða sé til að ætla að útlendingurinn muni koma sér undan framkvæmd. Við mat á þessu má taka tillit til almennrar reynslu af undankomu. Fyrirmælin gilda ekki lengur en í tvær vikur nema útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála.

Ef nauðsyn ber til, til að tryggja framkvæmd, er heimilt að handtaka útlendinginn og úrskurða í gæsluvarðhald samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Samsvarandi gildir ef útlendingur gerir ekki það sem nauðsynlegt er til að afla sér ferðaskilríkja, sbr. 2. mgr., og tilgangurinn er að færa útlendinginn fyrir fulltrúa lands sem við á í því skyni að fá útgefin ferðaskilríki.

Gæsla skal ekki ákveðin lengur en í tvær vikur. Gæslutíma má því aðeins framlengja að útlendingurinn fari ekki sjálfviljugur úr landi og líkur séu á að hann muni annars koma sér undan framkvæmd ákvörðunar sem greinir í 1. mgr. Má þá framlengja frestinn í allt að tvær vikur, en þó ekki oftar en tvisvar.

Útlending má hvorki handtaka né úrskurða í gæsluvarðhald ef það með hliðsjón af eðli máls og atvikum að öðru leyti mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun, eða dómarinn telur fullnægjandi að útlendingurinn sæti þess í stað úrræðum skv. 3. mgr.

Þvingunarúrræðum skv. 3. og 5. mgr. má beita þegar ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið er tekin og þegar mál sem getur leitt til slíkrar ákvörðunar er til meðferðar.

34. gr.

Réttaraðstoð.

Dómari skal skipa útlendingi talsmann úr hópi lögmanna þegar krafist er gæslu skv. 6. mgr. 29. gr. eða 5. mgr. 33. gr. Sama gildir þegar fyrir dómi er krafist úrræða skv. 3. og 4. mgr. 33. gr. nema það hafi í för með sér sérstakt óhagræði eða töf eða dómarinn telur ekki varhugavert að láta hjá líða að skipa talsmann.

Þegar kærð er ákvörðun sem varðar frávísun, brottvísun eða afturköllun leyfis og í máli vegna umsóknar um hæli skal útlendingur eiga rétt á að stjórnvald skipi honum talsmann. Þetta gildir þó ekki í málum vegna brottvísunar skv. b- og c-lið 1. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 43. gr. þegar um er að ræða háttsemi sem greinir í 2. málsl., eða þegar útlendingur sem sótt hefur um hæli kærir að hann hafi einungis fengið dvalarleyfi skv. 2. mgr. 11. gr. Ef dómari tekur til greina beiðni um að afla upplýsinga fyrir dómi skv. 28. gr. skal kostnaður útlendingsins við lögfræðiaðstoð meðan öflun upplýsinganna fer fram greiðast úr ríkissjóði.

Ákvæði VI. kafla laga um meðferð opinberra mála gilda, eftir því sem við á, um réttaraðstoð skv. 1. og 2. mgr. Krefja skal útlending um endurgreiðslu kostnaðar af réttaraðstoð að hluta til eða að öllu leyti ef hann hefur ráð á því.

VI. KAFLI
Útlendingar sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn).

35. gr.

Dvalarleyfi.

Útlendingur, sem fellur undir reglur EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga (EES-útlendingur), má koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér á landi í allt að þrjá mánuði frá komu hans til landsins, eða allt að sex mánuði ef hann er í atvinnuleit. Dvöl í öðru norrænu landi skal ekki draga frá dvalartímanum.

EES-útlendingur, sem dvelst eða starfar hér á landi lengur en greinir í 1. mgr., skal hafa

dvalarleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágur frá reglum um dvalarleyfi og reglur um tilkynningarskyldu.

Dvalarleyfi, sem sótt er um í fyrsta sinn, má sækja um eftir komu til landsins.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi.

36. gr.

Skilyrði dvalarleyfis.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis ef hann framvísar þeim ferðaskilríkjum sem hann komst inn í landið með og gögnum sem sýna að hann:

a. er launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn,
b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur nægilegar fastar reglubundnar greiðslur eða á nægilegt eigið fé og fellur undir sjúkratryggingu sem ábyrgist alla áhættu meðan dvöl hans hér á landi varir eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar menntun eða starfsþjálfun.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að meina útlendingnum komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

37. gr.

Dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

Aðstandandi útlendings sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 36. gr. á rétt á dvalarleyfi samkvæmt umsókn þess efnis að uppfylltum skilyrðum í reglum sem dómsmálaráðherra setur.

38. gr.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um rétt útlendings sem fellur undir a- og b-lið 1. mgr. 36. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 37. gr.

39. gr.

Gildistími og efni dvalarleyfis.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn skv. 36., 37. og 38. gr., skal að jafnaði gefið út til fimm ára.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. a-lið 1. mgr. 36. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b-lið 1. mgr. 36. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi, sem gefið er út í fyrsta sinn til útlendings skv. c-lið 1. mgr. 36. gr., má takmarka við tvö ár ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. d-lið 1. mgr. 36. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en í eitt ár.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dveljast og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af reglum sem settar eru samkvæmt lögunum.

40. gr.

Endurnýjun dvalarleyfis.

Dvalarleyfi skv. 36., 37. og 38. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn ef skilyrðum er enn fullnægt. Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára nema tilgangur vinnu eða dvalar eða aðrar ástæður gefi tilefni til styttri gildistíma.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um endurnýjun dvalarleyfis.

41. gr.

Afturköllun dvalarleyfis.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi ef svo stendur á sem greinir í 16. gr. Afturköllun er þó ekki heimil eingöngu af því að útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta sinn til útlendings sem fellur undir a–c-lið 1. mgr. 36. gr. ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og er ekki tilkomið vegna herþjónustu.

42. gr.

Frávísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi frá landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef:

a. hann fullnægir ekki reglum sem settar eru um vegabréf, vegabréfsáritun eða komu til landsins,
b. honum hefur verið vísað úr landi hér á landi eða í öðru norrænu landi og endurkomubann er enn í gildi og honum hefur ekki verið veitt heimild til að koma til landsins,
c. um er að ræða háttsemi sem greinir í 1. mgr. 43. gr. eða
d. það er nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um frávísun skv. a- og b-lið 1. mgr., en Útlendingastofnun skv. c- og d-lið. Nægilegt er að meðferð máls hefjist innan sjö sólarhringa frestsins.

Ef meðferð máls skv. 1. mgr. hefur ekki hafist innan sjö sólarhringa má vísa EES-útlendingi, sem ekki hefur dvalarleyfi, frá landi með ákvörðun Útlendingastofnunar samkvæmt ákvæðum b-, c- og d-liðar.

43. gr.

Brottvísun.

Heimilt er að vísa EES-útlendingi úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu og almannaöryggis.

Brottvísun skv. 1. mgr. má framkvæma ef útlendingurinn sýnir af sér eða ætla má að um sé að ræða persónubundna háttsemi sem felur í sér raunverulega og nægilega alvarlega ógn gagnvart grundvallarþjóðfélagssjónarmiðum. Ef útlendingurinn hefur verið dæmdur til refsingar eða sérstakar ráðstafanir ákvarðaðar má brottvísun af þessari ástæðu að jafnaði því aðeins fara fram að um sé að ræða háttsemi sem getur gefið til kynna að útlendingurinn muni fremja refsivert brot á ný.

Einnig er heimilt að vísa EES-útlendingi úr landi ef hann fullnægir ekki skilyrðum um dvöl skv. 36.–38. gr.

Brottvísun skal ekki ákveða ef það með hliðsjón af málsatvikum og tengslum útlendingsins við landið mundi fela í sér ósanngjarna ráðstöfun gagnvart honum eða nánustu ættingjum hans.

Brottvísun felur í sér bann við komu til landsins síðar. Endurkomubannið getur gilt fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma en að jafnaði ekki skemur en tvö ár. Samkvæmt umsókn má fella endurkomubannið úr gildi ef nýjar aðstæður mæla með því.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um brottvísun, svo og um heimild útlendings sem vísað hefur verið úr landi til endurkomu.

VII. KAFLI
Vernd gegn ofsóknum og flóttamenn.

44. gr.
Flóttamannahugtakið.

Flóttamaður samkvæmt lögunum telst vera útlendingur sem fellur undir ákvæði A-liðar 1. gr. alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 (flóttamannasamningsins), sbr. viðauka við samninginn frá 31. janúar 1967.

Ákveða má að flóttamaður sem fellur undir C–F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skuli ekki, að öllu leyti eða að hluta til, njóta réttinda og verndar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, annarra en málsmeðferðarreglna. Flóttamaður sem fellur undir C–E-lið 1. gr. flóttamannasamningsins skal þó njóta verndar skv. 45. gr.

45. gr.
Vernd gegn ofsóknum.

Ekki má samkvæmt lögunum senda útlending til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir sem geta leitt til þess að hann skuli teljast flóttamaður eða ef ekki er tryggt að hann verði ekki sendur áfram til slíks svæðis. Samsvarandi verndar skal útlendingur njóta sem vegna svipaðra aðstæðna og greinir í flóttamannahugtakinu er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Ef stjórnvald í máli samkvæmt lögunum kemst að því að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um útlendinginn skal það að eigin frumkvæði taka til skoðunar hvort beita skuli ákvæðum 2. mgr. 11. gr.

Útlendingur nýtur ekki verndar skv. 1. mgr. ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Útlendingur nýtur ekki heldur verndarinnar þegar svo háttar sem um ræðir í F-lið 1. gr. flóttamannasamningsins.

Vernd skv. 1. mgr. á við um hvers konar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

46. gr.
Réttur til hælis.

Flóttamaður, sem er hér á landi eða kemur hér að landi, á samkvæmt umsókn rétt á að fá hér hæli. Þetta gildir þó ekki um flóttamann sem:

a. fellur undir undanþágur frá reglum um vernd í 2. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr.,
b. veitt hefur verið hæli í öðru ríki,
c. komið hefur til landsins að eigin frumkvæði eftir að hafa hlotið vernd í öðru ríki eða eftir að hafa dvalist í ríki eða á svæði þar sem hann þurfti ekki að sæta ofsóknum og hafði ekki ástæðu til að óttast að verða sendur aftur til heimalands síns,
d. krefja má annað norrænt ríki um að taka við samkvæmt reglum norræna vegabréfaeftirlitssamningsins,
e. krefja má annað ríki sem tekur þátt í samstarfi á grundvelli Dyflinnarsamningsins frá 15. júní 1990 um að taka við,

f. synja má um hæli vegna krefjandi þjóðarhagsmuna.

Ekki skal endursenda flóttamann til annars ríkis skv. c-, d- og e-lið 1. mgr. ef hann hefur slík sérstök tengsl við landið að nærtækast sé að hann fái hér vernd.

Maki flóttamanns, sambúðarmaki eða samvistarmaki og börn undir 18 ára aldri án maka, sambúðarmaka eða samvistarmaka eiga rétt á hæli nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að útlendingur sem sækir um hæli skuli dveljast í tilteknu sveitarfélagi og í húsnæði sem lagt er til þar til endanleg ákvörðun liggur fyrir um umsóknina.

47. gr.

Réttaráhrif hælis.

Hælisveiting hefur í för með sér að útlendingurinn hefur réttarstöðu flóttamanns og fær dvalarleyfi. Hann hefur þá réttarstöðu sem leiðir af íslenskum lögum og flóttamannasamningnum eða öðrum þjóðréttarsamningum um flóttamenn.

Hælisveitingu má afturkalla ef flóttamaður fellur ekki lengur undir flóttamannahugtakið skv. 44. gr. eða það að öðru leyti leiðir af almennum stjórnsýslureglum. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um afturköllun.

48. gr.

Ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Flóttamanni, sem dvelst eða fær að dveljast löglega í landinu, skal að fenginni umsókn veita ferðaskírteini fyrir flóttamenn til ferða erlendis, enda mæli sérstakar ástæður því ekki í mót. Nú hefur flóttamaður ferðaskilríki gefin út af öðru ríki og skal hann þá því aðeins fá skírteini gefið út að honum hafi verið veitt hér hæli eða búsetuleyfi eða skylt sé að gefa hér út ferðaskírteini fyrir flóttamenn í samræmi við þjóðréttarsamning.

Útlendingur, sem hefur eða fær dvalarleyfi hér á grundvelli umsóknar um hæli, en án þess að vera veitt hæli, skal fá vegabréf fyrir útlendinga til ferða erlendis samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur. Þar má og heimila útgáfu vegabréfs fyrir útlendinga í öðrum tilvikum.

Með umsókn um ferðaskírteini fyrir flóttamenn eða vegabréf fyrir útlendinga skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um útgáfu, gildissvið, endurnýjun og afturköllun ferðaskírteinis fyrir flóttamenn og vegabréfs fyrir útlendinga og nánari skilyrði í þessu sambandi.

49. gr.

Gildi erlendra ákvarðana um stöðu flóttamanns.

Útlendingur, sem veitt hefur verið hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn í öðru ríki, skal talinn flóttamaður með fasta búsetu í því ríki. Sæki slíkur flóttamaður um hæli eða ferðaskírteini fyrir flóttamenn hér á landi skal fyrri ákvörðun um stöðu hans sem flóttamanns ekki vefengd nema sú ákvörðun sé röng eða aðrar ástæður liggi til þess.

50. gr.

Stjórnvald og málsmeðferð.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun í málum um vernd gegn sendingu úr landi, réttarstöðu flóttamanns og hæli, svo og um ferðaskírteini fyrir flóttamenn og vegabréf fyrir útlendinga.

Útlendingastofnun tekur einnig ákvörðun um hvort útlendingi, sem kemur til landsins á grundvelli 51. gr., skuli veitt réttarstaða flóttamanns.

Við meðferð máls skv. 1. og 2. mgr. skal Útlendingastofnun af sjálfsdáðum afla nauðsynlegra og aðgengilegra upplýsinga. Þrátt fyrir lagaákvæði um þagnarskyldu má kynna Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna efni málsskjala. Einnig má kynna mannúðar- eða mannréttindasamtökum efni málsskjala að því leyti sem það er nauðsynlegt í tengslum við öflun upplýsinga.

51. gr.

Flóttamannahópar.

Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands. Sama gildir um hópa útlendinga sem ekki teljast flóttamenn.

Ákvæði IV. og V. kafla stjórnsýslulaga um andmælarétt og um birtingu ákvörðunar, rökstuðning o.fl., og viðeigandi ákvæði V. kafla laga þessara, gilda ekki um ákvarðanir skv. 1. mgr. Ákvörðun verður einungis kærð af þeim sem bein afstaða er tekin til í máli.

Útlendingur, sem heimiluð er koma skv. 1. mgr., skal fá dvalarleyfi. Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að útlendingur skuli hafa réttarstöðu flóttamanns, sbr. 2. mgr. 50. gr., á hann rétt til hælis og ferðaskírteinis fyrir flóttamenn, sbr. 46.–48. gr.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

52. gr.

Sérákvæði vegna öryggis ríkisins o.fl.

Meina má útlendingi landgöngu og synja um útgáfu dvalarleyfis og búsetuleyfis eða setja takmarkanir eða skilyrði ef nauðsynlegt þykir vegna utanríkisstefnu ríkisins, öryggis ríkisins eða mikilvægra þjóðarhagsmuna. Af sömu ástæðum má framkvæma ákvörðun fyrr en greinir í 31. og 32. gr. Útlendingastofnun tekur ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt þykir vegna öryggis ríkisins, sett nánari reglur um tilkynningarskyldu en segir í 17. gr. eða reglum skv. 54. gr.

53. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda útlendinga.

Útlendingi er skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki og, ef þörf er á, veita upplýsingar svo að ljóst sé hver hann er og að dvöl hans í landinu sé lögmæt.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að útlendingar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, skuli ávallt bera vegabréf eða annað kennivottorð við dvöl hér á landi. Ráðherra getur undanþegið aðra útlendinga skyldu þessari.

Við undirbúning máls samkvæmt lögunum má leggja fyrir útlending sem málið varðar að mæta sjálfur og veita upplýsingar sem geta haft þýðingu við úrlausn þess.

54. gr.

Tilkynningarskylda annarra.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um:

a. að sá sem rekur gististað, af hvers kyns tagi, eða heldur tjaldsvæði og þess háttar skuli halda skrá yfir þá sem þar gista og tilkynna lögreglunni um þá, svo og að aðrir skuli

einnig veita Útlendingastofnun upplýsingar um útlendinga sem hjá þeim gista ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða eða sérstaks viðbúnaðar,
b. að stjórnandi loftfars sem kemur frá útlöndum eða fer til útlanda skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
c. að stjórnandi skips sem siglir yfir mörk landhelginnar á leið til eða frá íslenskri höfn skuli láta lögreglunni í té skrá um farþega og áhöfn,
d. að sá sem fær útlending í þjónustu sína eða ræður útlending í launaða atvinnu skuli tilkynna það Útlendingastofnun áður en vinnan hefst,
e. að atvinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem leita eða fá atvinnu,
f. að þjóðskráin skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem eru þar skráðir eða teknir af skrá,
g. að menntastofnanir skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té skrá um erlenda námsmenn,
h. að stjórnvöld skuli samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun eða lögreglunni í té upplýsingar um nafn útlendings og heimili til nota í máli samkvæmt lögunum þrátt fyrir reglur um þagnarskyldu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar skrár skv. 1. mgr. skuli hafa að geyma.

Þeim sem tilkynna á um er skylt að láta í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilkynningarskyldunni verði fullnægt.

55. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Útlendingastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Eftir þörfum er heimilt við vinnslu persónuupplýsinga að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar og lögreglu. Að öðru leyti fer um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dómsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn Persónuverndar, setja reglur um hvaða skrár skulu haldnar af Útlendingastofnun og lögreglu.

56. gr.

Ábyrgð á kostnaði.

Útlendingur, sem færður er úr landi samkvæmt lögunum, skal greiða kostnað af brottför sinni. Útlendingurinn skal einnig greiða kostnað af gæslu þegar hennar er þörf vegna þess að útlendingurinn fer ekki úr landi af sjálfsdáðum. Krafan er aðfararhæf og hún getur auk þess verið grundvöllur frávísunar við síðari komu til landsins, sbr. h-lið 1. mgr. 18. gr. Lögreglunni er heimilt að leggja hald á farseðla sem finnast í fórum útlendingsins til notkunar við brottför.

Nú er útlendingi, sem komið hefur með skipi eða loftfari, vísað frá landi skv. 18. eða 42. gr. og skal þá eigandi farsins eða leigutaki, og á þeirra vegum stjórnandi þess eða umboðsmaður hér á landi, annaðhvort taka útlendinginn um borð á ný eða flytja hann úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Á sama hátt er þeim skylt að taka fylgdarmenn um borð og greiða kostnað af fylgd með útlendingnum úr landi ef lögregla telur þess þörf.

Kostnaður við að færa útlending úr landi, sem ekki fæst greiddur skv. 1. eða 2. mgr., greiðist úr ríkissjóði.

Nú gengur útlendingur, sem þarf leyfi lögreglunnar skv. 7. gr., á land án þess að hafa fengið slíkt leyfi og fer þá eftir reglum 2. mgr. um ábyrgð á kostnaði. Sama gildir þá að jafnaði einnig um kostnað sem hið opinbera kann að hafa af dvöl útlendingsins hér í allt að þrjá mánuði.

Ábyrgð skv. 2. og 4. mgr. gildir ekki við komu yfir innri landamæri Schengen-svæðisins.

57. gr.

Refsiákvæði.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:

a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögunum eða reglum, banni, boði eða skilyrðum sem sett eru samkvæmt lögunum eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögunum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendings sem ekki hefur tilskilið leyfi lögum samkvæmt eða
b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögunum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendingsins eða
c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í því skyni að setjast þar að eða
d. lætur öðrum í té vegabréf, ferðaskírteini fyrir flóttamenn, önnur ferðaskilríki eða svipuð skilríki sem nota má sem ferðaskilríki og hlutaðeigandi veit eða má vita að útlendingur getur notað þau til að koma til landsins eða til annars ríkis eða
e. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending til að dveljast ólöglega hér á landi eða í öðru ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu eða
f. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að koma ólöglega til landsins eða annars ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að reka í hagnaðarskyni skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis.

Nú er útlendingur fluttur til landsins með skipi eða loftfari án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki og stjórnandi skips eða loftfars hefur ekki gengið úr skugga um að hann beri gild ferðaskilríki, sbr. 3. mgr. 4. gr., og er þá heimilt að gera stjórnanda farartækis sekt.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

IX. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

58. gr.

Reglugerð.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laganna.

59. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

Jafnframt falla úr gildi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 19 26. mars 1991, nr. 133 31. desember 1993, nr. 90 13. júní 1996, nr. 82 16. júní 1998, nr. 23 16. mars 1999, nr. 25 9. maí 2000 og nr. 7 13. mars 2001.

Frá sama tíma breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 2. mgr. 14. gr. laga um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, kemur: Útlendingastofnun.
2. Lög um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, sbr. lög nr. 62 12. júní 1998, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 1. mgr. 5. gr. a laganna kemur: Útlendingastofnunar.
   b. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Útlendingastofnunar.
3. Í stað orðsins „útlendingaeftirlits“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54 27. apríl 1962, kemur: Útlendingastofnunar.
4. Í stað orðanna „forstjóri Útlendingaeftirlitsins“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, sbr. lög nr. 150 27. desember 1996 og nr. 23 16. mars 1999, kemur: forstjóri Útlendingastofnunar.
5. Lög um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998, sbr. lög nr. 23 16. mars 1999, breytast þannig:
   a. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitinu“ í 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: Útlendingastofnun.
6. Lög um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16 14. apríl 2000, breytast þannig:
   a. B-liður 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar:
      1. skv. a-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga,
      2. skv. b-, c- eða d-lið 1. mgr. 20. gr. laga um útlendinga og ákvörðunin er reist á því að dvöl hlutaðeigandi í landinu geti stofnað allsherjarreglu, almannaöryggi eða öryggi ríkisins í hættu.
   b. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlitið“ í b-lið 1. mgr. 10. gr. kemur: Útlendingastofnun.
   c. Í stað orðsins „Útlendingaeftirlits“ í b-lið 19. gr. kemur: Útlendingastofnunar.

1432. Frumvarp til laga [616. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans, sbr. ákvæði laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, skal árlegu lögbundnu framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til

Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 2002–2005 varið til að styrkja stofnframkvæmdir við grunnskólabyggingar. Skal verja til þessa verkefnis 200 millj. kr. á ári fyrstu þrjú árin en 135 millj. kr. árið 2005.

Ráðstöfunarfé skv. 1. mgr. skal varið til að greiða allt að 20% af viðmiðunarkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og yfir, í samræmi við viðmið og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eins og þær eru hverju sinni. Heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda sé um að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 1. mgr. og uppfylla að öðru leyti skilyrði til úthlutunar samkvæmt þessari grein. Í reglugerð er þó heimilt að ákveða árlegt hámarksframlag sem rennur til sveitarfélags vegna samnings um einkaframkvæmd.

Heimilt er að færa til fjármuni skv. 1. mgr. sem sveitarfélögin nýta ekki á viðkomandi ári á milli ára innan tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1433. Frumvarp til laga [710. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

1. gr.

X. kafli laganna, sem hefur fyrirsögnina **Varasjóður húsnæðismála,** orðast svo:

a. (43. gr.)

Varasjóður húsnæðismála.

Starfræktur skal sérstakur varasjóður húsnæðismála í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félagsmálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur samkvæmt lögum þessum.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála til fjögurra ára í senn. Ráðgjafarnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Þrír nefndarmenn ásamt varamönnum skulu skipaðir eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn ásamt varamanni eftir tilnefningu fjármálaráðherra og einn ásamt varamanni af félagsmálaráðherra. Félagsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar og varamann hans úr hópi aðalmanna. Þóknun nefndarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra auk annars kostnaðar við störf nefndarinnar.

b. (44. gr.)

Hlutverk ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála.

Hlutverk ráðgjafarnefndar er:

1. Að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem hafa staðið auðar í lengri tíma. Rekstrarframlög til sveitarfélaga skulu reiknuð út í samræmi við sérstakt reiknilíkan sem nánar skal skilgreina í reglugerð.

2. Að veita framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almenn um markaði. Sjóðurinn skal taka þátt í niðurgreiðslu við sölu á innleystum félagslegum íbúðum á almennum markaði í þeim tilvikum þar sem innlausnarverð er hærra en markaðsverð íbúðanna. Heimild þessi tekur einnig til félagslegra leiguíbúða sem sveitarfélagið hefur áður innleyst en breytt síðan í félagslegar leiguíbúðir. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða. Slíkt er þó aldrei heimilt fyrr en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag. Framlögin skulu sveitarfélögin nýta til að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna ef söluverð stendur ekki undir greiðslu lánanna.
3. Að hafa umsýslu með varasjóði viðbótarlána skv. 45. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum eldri varasjóðs samkvæmt lögunum.
4. Að hafa umsýslu með Tryggingarsjóði vegna byggingargalla skv. 53. gr. Varasjóður húsnæðismála skal taka við öllum eignum, réttindum og skyldum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla.
5. Að veita ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform félagslegra leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra.
6. Að sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Varasjóður húsnæðismála skal starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna skv. 1., 2., 3. og 4. tölul. þessarar greinar. Ráðgjafarnefnd er þó heimilt að færa fé á milli verkefna skv. 1., 2., og 4. tölul. ef ástæða þykir til og að fengnu samþykki ráðherra. Ráðherra setur nánari vinnureglur og samþykkir framlög að fengnum tillögum frá ráðgjafarnefnd. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd á grundvelli rammasamkomulags ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála.

c. (45. gr.)

Varasjóður viðbótarlána.

Varasjóður viðbótarlána bætir einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán. Þegar fyrirsjáanlegt er að ábyrgð eða kostnaður muni falla á varasjóðinn skal Íbúðalánasjóður tilkynna stjórn varasjóðs slíkt.

Til þess að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs skv. 1. mgr. greiða sveitarfélög tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána sem framlag í varasjóð. Framlagið skal í upphafi nema 5% af viðbótarláni sem veitt er út á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Viðbótarlán, sbr. 30. gr., skal ekki koma til útborgunar fyrr en framlag sveitarfélags í varasjóð hefur verið greitt.

Hundraðshluti framlaga sveitarfélaga skv. 2. mgr. skal endurskoðaður á a.m.k. eins árs fresti. Félagsmálaráðherra er með reglugerð heimilt að hækka eða lækka hlutfallið, að fenginni slíkri endurskoðun og umsögn Seðlabanka Íslands.

Nánari ákvæði um varasjóð viðbótarlána skulu sett í reglugerð um varasjóð húsnæðismála sem félagsmálaráðherra gefur út að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála.

2. gr.

Við 47. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála og í samráði við viðkomandi sveitarfélag að afskrifa að hluta eða að öllu leyti útistandandi veðkröfur sjóðsins á félagslegri leiguíbúð sveitarfélags. Skilyrði þessa er að eign

sú sem stendur að veði fyrir viðkomandi kröfu verði ekki leigð út vegna slæms ástands og verði afskrifuð þar sem að mati sérfróðra matsmanna verður ekki talið hagkvæmt að endurbyggja hana í ljósi stöðu á fasteignamarkaði sveitarfélagsins. Viðkomandi sveitarfélag leggur fram a.m.k. jafnháa upphæð og Íbúðalánasjóður. Félagsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og ráðgjafarnefndar varasjóðs húsnæðismála, reglugerð m.a. um nánari skilyrði fyrir afskriftum útistandandi veðkrafna Íbúðalánasjóðs á félagslegum leiguíbúðum sveitarfélags.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum orðast svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða I og II og gildandi ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, að staðfesta ósk sveitarfélags um að aflétt verði kaupskyldu og forkaupsrétti viðkomandi sveitarfélags. Slík framkomin ályktun sveitarfélagsins verður að taka til allra félagslegra eignaríbúða innan viðkomandi sveitarfélags. Hafi sveitarfélag fengið slíka staðfestingu ráðherra getur eigandi félagslegrar eignaríbúðar farið fram á að kaupskylda og forkaupsréttur sveitarfélags verði ekki virk og selt íbúð sína á almennum markaði.

Heimildarákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt eigenda félagslegra eignaríbúða til að óska sérstaklega eftir því að sveitarfélög leysi til sín félagslegar eignaríbúðir sem kaupskylda samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I og II í lögum þessum hvílir á né þegar um nauðungarsölu á félagslegum eignaríbúðum er að ræða.

Áður en íbúð er seld á almennum markaði skal eigandi íbúðarinnar greiða upp skuld við framkvæmdaraðila og þau lán sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna.

Um réttarstöðu eigenda félagslegra eignaríbúða fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í 70.–71. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, eftir því sem við getur átt og með þeim takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VIII í lögunum orðast svo:

Í varasjóð húsnæðismála skv. X. kafla laga þessara skulu renna:

1. Eignir, réttindi og skyldur eldri varasjóðs.
2. Framlög sveitarfélaga til Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla skv. 53. gr. laganna. Heimilt er varasjóði húsnæðismála að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingarsjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála. Í staðinn ábyrgist hinn nýstofnaði sjóður samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða til ársins 2013.
3. Framlög ríkissjóðs. Samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur ríkið fram 60 milljónir króna á ári til verkefnis varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Samkomulag þetta gildir í fimm ár, þ.e. árin 2002–2006.
4. Framlög frá sveitarfélögum samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni varasjóðs húsnæðismála skv. 44. gr. Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Varasjóður húsnæðismála annast innheimtu hjá þeim sveitarfélögum er ekki fá greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1434. Frumvarp til laga [640. mál]

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi mæla fyrir um úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma.
2. Greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

2. gr.
Stjórnsýsla.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Íbúð samkvæmt lögum þessum er húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur sjálfstætt skráningarauðkenni í Landskrá fasteigna. Dvalarheimili aldraða telst íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum þessum.

Veitusvæði hitaveitu er það svæði þar sem hitaveita hefur einkaleyfi til dreifingar á heitu vatni.

Kynt hitaveita er samkvæmt lögum þessum veita sem notar rafmagn eða eldsneyti til að hita vatn til sölu um dreifikerfi veitunnar.

Rafhitun telst bein hitun með raforku hvort sem um er að ræða þilofna, hitastrengi eða vatnshitakerfi þar sem rafmagn er notað til að hita vatnið. Raforkunotkun varmadælu er í þessum lögum flokkuð með rafhitun.

II. KAFLI
Niðurgreiðsla á orku til hitunar.

4. gr.
Skilyrði niðurgreiðslna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að ráðstafa fé til niðurgreiðslna á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis skal það gert í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar íbúð sem ekki er á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku.
2. Þegar íbúð á veitusvæði hitaveitu er hituð með raforku enda sé kostnaður við tengingu við hitaveituna og áætluð orkukaup meiri en við niðurgreidda rafhitun samanlagt fyrstu tíu árin eftir tengingu.
3. Þegar íbúð sem hvorki er á veitusvæði hitaveitu né tengist raforkukerfi er hituð með olíu. Einnig íbúðir hitaðar með olíu sem tengjast einangruðu raforkukerfi þar sem meiri hluti raforkuvinnslunnar er með eldsneyti.
4. Þegar íbúð er hituð með vatni frá kyntri hitaveitu og raforkunotkun veitunnar til hitunar vatns er meira en 10% af heildarorkuöflun veitunnar.

Ef föst búseta fellur niður í húsnæði er heimilt að greiða niður kostnað við hitun þess enda sé húsnæðið ekki notað til annarra hluta, svo sem til orlofsdvalar. Ef eigendaskipti verða á slíku húsnæði fellur niðurgreiðslan niður.

Kostnaður við hitun kirkna og bænahúsa trúfélaga skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða.

Ekki skal greiða niður raforkukostnað vegna dælingar á heitu vatni.

5. gr.

Umsókn um niðurgreiðslur.

Eigandi íbúðar getur sótt um niðurgreiðslu til Orkustofnunar sem ákveður á hvaða formi umsóknir skulu sendar og hvaða upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga þessara eiga að koma þar fram. Stjórn húsfélags getur sótt um niðurgreiðslur fyrir hönd allra íbúðareigenda í fjöleignarhúsi ef hitanotkun hverrar íbúðar er ekki sérmæld. Orkustofnun metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum séu uppfyllt. Ekki þarf að sækja á ný um niðurgreiðslu meðan íbúð er notuð til fastrar búsetu. Breytist aðstæður að þessu leyti ber eiganda að tilkynna Orkustofnun það.

Standi húsnæði autt, sbr. 2. mgr. 4. gr., þarf eigandi þess að sækja um niðurgreiðslur til Orkustofnunar þegar föst búseta fellur niður. Sækja þarf um slíkar niðurgreiðslur á tólf mánaða fresti.

6. gr.

Upphæð niðurgreiðslna.

Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m^3 og á olíu í kr./l. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og rafhitun.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Orkustofnunar ákvarða á ári hverju hámarksfjölda kWst og út frá því hámarksfjölda lítra af olíu sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð. Ef kynt hitaveita nýtir að hluta jarðvarma skal niðurgreiðslan ákvörðuð út frá því hve stór hluti orkuöflunarinnar er með raforku og eldsneyti. Ef notuð er varmadæla skal hámarksfjöldi kWst vera ⅓ af ákvörðuðu hámarki við beina rafhitun.

7. gr.

Ákvörðun notkunar við rafhitun.

Orkunotkun við rafhitun íbúðarhúsnæðis skal ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

1. Ef rafhitun íbúðar er sérmæld skal sú mæling gilda við ákvörðun niðurgreiðslu.
2. Ef rafhitun er ekki sérmæld skal orkumagn sem greitt er niður ákveðið sem hlutfall af heildarnotkun. Orkustofnun skal skilgreina íbúðarflokka út frá því til hvers raforka er notuð og hlutfall húshitunar af heildarraforkunotkun heimilis fyrir hvern flokk fyrir sig. Stofnunin ákveður hvaða flokki hver íbúð tilheyrir. Ef ástæða er til að ætla að lægra eða hærra hlutfall fari til húshitunar hjá einstökum notanda en skilgreining á viðkomandi flokki segir til um getur Orkustofnun áætlað sérstakt hlutfall fyrir þann notanda og skal miðað við þá áætlun við útreikning á niðurgreiðslu. Ef notandi sættir sig ekki við þessa áætlun getur hann farið fram á að notkunin sé sérmæld og skal miða við þá mælingu við ákvörðun niðurgreiðslu. Notandinn greiðir allan kostnað við sérmælinguna.

8. gr.

Ákvörðun notkunar við olíuhitun.

Ársnotkun íbúðar á olíu til hitunar skal áætluð af Orkustofnun út frá notkun húsnæðisins og skráðri stærð þess í Landskrá fasteigna. Orkustofnun getur farið fram á að fá upplýsingar frá íbúðareiganda um olíukaup til húshitunar og annað sem snýr að notkun húsnæðisins og nauðsynlegt er vegna framkvæmdar laga þessara.

9. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslna á raforku og heitu vatni frá kyntum hitaveitum.

Dreifiveitur raforku og kyntar hitaveitur skulu draga upphæð niðurgreiðslu frá gjaldi notanda fyrir þjónustu veitunnar og skal notandinn fá upplýsingar um upphæð niðurgreiðslu. Ef niðurgreiðslan er hærri en nemur fjárhæð reiknings skal veitan greiða notandanum mismuninn. Ef orka frá virkjun fer ekki um kerfi dreifiveitu heldur beint til notanda skal sú notkun vera mæld með löggildum mæli og vinnsluaðili sjá um uppgjör niðurgreiðslu á sama hátt og dreifiveitur gera þegar orkan fer um kerfi þeirra.

10. gr.

Framkvæmd niðurgreiðslu á olíu.

Orkustofnun ákveður niðurgreiðslur á olíu til einstakra notenda á grundvelli viðmiða, sbr. 8. gr., og sér til þess að greiðsla fari fram ársfjórðungslega.

III. KAFLI

Stofnun nýrra hitaveitna.

11. gr.

Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna.

Ef ákveðið er í fjárlögum að veita styrki til stofnunar nýrra hitaveitna eða til stækkunar eldri veitna skal þeim fjármunum varið til eftirfarandi þátta:

1. Til nýrra hitaveitna sem hófu rekstur árið 1998 eða síðar.
2. Til hitaveitna sem hafa aukið við dreifikerfi sitt á árinu 1998 eða síðar til að geta tengt íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun.

12. gr.

Fjárhæð styrkja.

Styrkur til hverrar hitaveitu getur numið allt að áætluðum fimm ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu. Frá styrkfjárhæðinni skal dreginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar.

13. gr.

Umsóknir.

Hitaveitur geta sótt um styrk til iðnaðarráðuneytisins. Umsókn skulu m.a. fylgja upplýsingar um hitaveituna og hvernig fyrirhugað er að ráðstafa styrknum.

14. gr.

Úthlutun og ráðstöfun styrkja.

Styrkur greiðist til hitaveitu þegar hún hefur rekstur með dreifingu á heitu vatni til húshitunar á orkuveitusvæðinu. Styrkurinn er eingreiðsla. Ef tengingum íbúðarhúsa er skipt í

áfanga eða hluti íbúðarhúsa á orkuveitusvæði er ekki tengdur þegar hitaveita tekur til starfa er heimilt að ákveða að hluti styrksins skuli greiddur út og niðurgreiðslum vegna rafhitunar tiltekinna íbúðarhúsa haldið áfram þrátt fyrir 15. gr. Endanlegt uppgjör á fjárhæð styrksins fer í þeim tilvikum fram þegar stjórn viðkomandi hitaveitu óskar, þó eigi síðar en níu mánuðum eftir að fyrsti hluti styrksins er greiddur út. Við greiðslu á þeirri fjárhæð sem haldið var eftir skal draga frá heildarfjárhæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis á viðkomandi orkuveitusvæði á aðlögunartímanum.

Hitaveitan skal nýta styrkinn að hluta til að greiða niður stofnkostnað hitaveitunnar og að hluta til að styrkja eigendur íbúðarhúsa þar sem kostnaður við tengingu við starfandi eða nýjar veitur er umtalsverður, svo sem vegna kostnaðarsamra breytinga á hitakerfi. Stjórn hitaveitunnar skal ákvarða hlutföllin en hvor hluti styrksins má nema allt að 65% af heildarfjárhæðinni.

15. gr.

Niðurfelling niðurgreiðslna.

Ef stofnuð er ný hitaveita eða eldri veita stækkuð skal fella niður niðurgreiðslu á kostnaði til hitunar íbúðarhúsnæðis á starfssvæði hitaveitunnar, sbr. þó 2. tölul. 4. gr. Orkustofnun skal tilkynna íbúðareiganda um niðurfellinguna og hefur hann 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

IV. KAFLI
Eftirlit.

16. gr.

Eftirlit Orkustofnunar.

Orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þeirra skulu liggja fyrir hjá Orkustofnun.

Ef breytingar verða á aðstæðum og íbúðareigandi hefur ekki lengur rétt til niðurgreiðslu samkvæmt lögum þessum ber íbúðareiganda að tilkynna slíkt til Orkustofnunar.

Orkustofnun skal ár hvert áætla kostnað stofnunarinnar við þetta eftirlit og leggja fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar. Kostnaður vegna eftirlits Orkustofnunar samkvæmt staðfestri áætlun greiðist af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

17. gr.

Heimildir Orkustofnunar.

Dreifiveitum og kyntum hitaveitum ber að afhenda Orkustofnun upplýsingar um orkukaupendur sem fá niðurgreiðslur og um notkun þeirra þegar stofnunin fer fram á slíkt.

18. gr.

Úrræði Orkustofnunar.

Ef Orkustofnun verður þess áskynja að orkukaupandi tilkynnir ekki um breyttar aðstæður, sem hefðu átt að leiða til brottfalls niðurgreiðslu, skal stofnunin fella niðurgreiðslurnar niður og hefur orkukaupandi 30 daga frá dagsetningu tilkynningar til að koma á framfæri andmælum áður en ákvörðun um brottfall niðurgreiðslna kemur til framkvæmda.

V. KAFLI
Orkusparnaður.
19. gr.
Orkusparnaðaraðgerðir.

Verja skal til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur.

Orkusparnaðaraðgerðir skulu stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Orkustofnun skal gera áætlun um hvernig fénu skuli varið og leggja hana fyrir iðnaðarráðherra til staðfestingar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.
20. gr.
Reglugerð.

Iðnaðarráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna og eftirlit.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Allir þeir aðilar sem við gildistöku laga þessara njóta niðurgreiðslna á orku til húshitunar og uppfylla skilyrði 4. gr. geta sótt um niðurgreiðslur, svo og aðrir er telja sig eiga rétt á þeim. Slíkar umsóknir skulu berast innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna. Ef umsókn berst ekki falla niðurgreiðslur niður sex mánuðum frá gildistöku laganna.

II.

Niðurgreiðslur á olíu til hitunar íbúðarhúsa sem ekki eiga kost á hitun með hitaveitu eða raforku, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiðast fyrst vegna ársins 2002.

III.

Orkustofnun skal á næstu fimm árum vinna að hagkvæmnisúttekt á nýtingu varmadælu til húshitunar á þeim lághitasvæðum landsins þar sem möguleikar eru á frekari nýtingu jarðhitans. Enn fremur skal stofnunin í samvinnu við iðnaðarráðuneytið gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í þessu skyni skal heimilt á þessu tímabili að verja allt að 10 millj. kr. árlega af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

1435. Frumvarp til laga [668. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Alþjóðlegt viðskiptafélag getur fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og semja og birta ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1436. Barnaverndarlög. [318. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1412.

1437. Nefndarálit [621. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta ákvæði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu á grundvelli gildandi samnings um framleiðslu sauðfjárafurða sem undirritaður var af Bændasamtökum Íslands annars vegar og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra hins vegar 11. mars 2000.

Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið að koma skuli á gæðastýrðri framleiðslu í sauðfjárrækt, sem og í öðrum greinum landbúnaðar. Einn megintilgangur gæðarstýringarinnar er að hafa framleiðsluna í samræmi við landkosti, æskileg landnýtingarsjónarmið og umhverfisvernd. Annar megintilgangur gæðastýringar er neytendavernd og um leið sóknarfæri til hærra vöruverðs, bæði á innanlandsmarkaði og á erlendum mörkuðum. Síðast en ekki síst á gæðastýringin að vera bændum hjálpartæki til að ná betri árangri í rekstri, kynbótum, búfjárhaldi og landnýtingu.

Minni hlutinn hefur gagnrýnt nokkra þætti sem lúta að framkvæmd fyrirhugaðrar gæðastýringar og telur að eins og gæðastýringin er sett fram í frumvarpinu muni ávinningur af henni ekki skila sér alla leið til neytenda. Gæðastýringin og gæðahandbók Bændasamtaka

Íslands ná frá sauðburði að sláturhúsdyrum, en eftir að dýrið er komið í sláturhúsið tekur við heilbrigðiseftirlit, kjötmat og flokkun, hver skrokkur er skráður samkvæmt viðurkenndu kjötmatskerfi en gæðastýringarkerfið sem slíkt er lagt til hliðar. Enginn munur er gerður á flokkun kjöts eftir því hvort um gæðastýrða framleiðslu er að ræða við kjötmatið né heldur við markaðssetningu vörunnar. Neytendur hafa ekki möguleika á að fá vottað hvort ræktandi taki fullt tillit til landnýtingarsjónarmiða og að lyfjagjöf sé í lágmarki á líftíma sláturdýranna. Þessi vitneskja kæmi fram með því að merkja kjötvörurnar með sérstöku viðurkenndu merki íslenskrar gæðastýringar. Því til viðbótar ættu upprunamerkingar að koma fram á neytendaumbúðum.

Gæðastýrð framleiðsla af því tagi sem að framan greinir er nær því að nálgast kröfur neytenda og legði grunn að mismunandi verðlagningu kjötvara, eftir því hvort þær hefðu fengið vottun um gæðastýrða framleiðslu eður ei.

Fyrst og fremst ættu tekjur sem gæðastýringin skapar að skila sér til bænda í formi hærra afurðaverðs, en ekki með sérstökum álagsgreiðslum sem teknar eru af stuðningi ríkisins við framleiðendur. Fjármagn það sem nú er ætlað til álagsgreiðslna vegna gæðastýringar þarf að haldast innan greinarinnar og bæta þarf við fé til að hvetja bændur til þátttöku í gæðastýringarátakinu.

Í grannlöndum okkar er hvarvetna verið að vinna áætlanir um lífræna landbúnaðarframleiðslu og minna má á þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi í þessa veru. Líta má á gæðastýringuna sem vottun fyrir vistvæna framleiðslu.

Í núgildandi sauðfjársamningi er enginn sértækur stuðningur við lífræna sauðfjárrækt og það er augljóst að búum sem leggja stund á lífræna sauðfjárrækt mun ekki fjölga nema til komi frekari opinber stuðningur við greinina.

Minni hlutinn styður því að gildistökuákvæðum um gæðastýrðan framleiðsluferil verði frestað um eitt ár og tíminn notaður til að undirbúa málið betur.

Minni hlutinn styður þá tillögu að taka strax upp sauðfjársamninginn. Komið hafa fram mjög alvarlegar ábendingar um ágalla á samningnum sem nauðsynlegt er að fara yfir, að því gefnu að full sátt sé milli samningsaðila um að taka samninginn upp. Til að eyða rekstrarlegri óvissu hjá sauðfjárbændum við þessar aðstæður er mikilvægt að hraða endurskoðun samningsins. Stefnt verði að því að þeirri vinnu ljúki fyrir ágústlok.

Núverandi sauðfjársamningur er framleiðsluhvetjandi í stað þess að taka mið af birgðastöðu, innanlandsmarkaði og stöðu markaðssetningar á erlendum mörkuðum. Hann hvetur til slátrunar á þyngri gripum og gengur í því sambandi gegn markaðssetningu á fersku kjöti og nýjum þróunarverkefnum á þessu sviði.

Minni hlutinn telur afar óhyggilegt að framsal á greiðslumarki verði gefið frjálst við þessar aðstæður. Komið hefur fram tillaga um að takmörkunum verði strax aflétt en ef taka á samninginn upp telur minni hlutinn rétt að hafa ákvæðið um að aflétta takmörkunum á frjálsu framsali inni í þeirri endurskoðun. Mjög mikilvægt er að fá góða greiningu á því hvernig uppkaup ríkisins á greiðslumarki samkvæmt sauðfjársamningnum hafa komið út með tilliti til dreifingar og búsetuskilyrða fyrir aðra sauðfjárbændur.

Minni hlutinn telur því öll rök mæla með því að hraða endurskoðun búvörusamningsins sem mest og fresta afnámi takmarkana á viðskiptum með greiðslumark svo og öðrum slíkum breytingum sem eðlilegt er að hafa undir í samningaviðræðum um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar. Minni hlutinn mun því flytja breytingartillögu í þessa veru.

Sauðfjárbændur eru flestir mjög tekjulágir og því brýnt að auka ekki álögur á búgreinina. Gjaldþrot Goða hf. hefur komið mjög hart niður á mörgum bændum og mun enn auka á útflutningsskyldu allra sauðfjárbænda.

Alþingi, 29. apríl 2002.

Þuríður Backman.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ályktun aðalfundar Félags sauðfjárbænda í Skagafirði 3. apríl 2002.
II. Óðaframleiðslustefna bændaforustunnar. Til umhugsunar fyrir landbúnaðarnefnd Alþingis. Einar E. Gíslason, Syðra-Skörðugili.
III. Forsjárhyggja sauðfjársamnings. Halldór Gunnarsson, bóndi og sóknarprestur í Holti undir Eyjafjöllum. (Morgunblaðið, miðvikudaginn 6. mars 2002.)

1438. Breytingartillaga [621. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (ÞBack).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 38. gr. laganna skal takmörkunum á frjálsu framsali greiðslumarks ekki aflétt fyrr en endurskoðun sauðfjársamningsins er lokið og farið hefur fram úttekt á uppkaupum greiðslumarks með tilliti til dreifingar og búsetuskilyrða sauðfjárbænda.

1439. Nefndarálit [538. mál]

um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Jón Kalmansson, starfsmann verkefnisstjórnar um byggðaáætlun, Halldór Halldórsson, Jónu Valgerði Kristjánsdóttur, Ingimar Halldórsson og Eystein Gunnarsson frá sveitarfélögum á Vestfjörðum, Þórð Skúlason og Gunnlaug Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elísabetu Benediktsdóttur frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands, Benedikt Guðmundsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Ólaf Sveinsson frá Samtökum sveitarfélaga Vesturlands, Elínu R. Líndal frá Húnaþingi vestra, Magnús B. Jónsson frá Skagaströnd, Theodór Bjarnason og Bjarka Jóhannesson frá Byggðastofnun, Baldur Valgeirsson

frá Iðnþróunarfélagi Norðurlands vestra, Ágúst Þór Bjarnason frá Blönduósbæ og Ingibjörgu Hafstað frá Sveitarfélaginu Skagafirði. Umsagnir bárust frá Landssíma Íslands hf., vinnuhópi sjö atvinnuþróunarfélaga, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Hólaskóla, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Eyþingi, Iðntæknistofnun, Kvasi – samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Háskólanum á Akureyri, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Alþýðusambandi Íslands, Íslandssíma hf., Félagi íslenskra framhaldsskóla, Búnaðarþingi 2002, Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólanum í Reykjavík, Lánasjóði landbúnaðarins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fræðsluneti Austurlands, Byggðastofnun, Bandalagi háskólamanna, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Þjóðhagsstofnun. Jafnframt bárust nefndinni gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Annar minni hluti átelur harðlega flaustursleg vinnubrögð við gerð áætlunarinnar og umfjöllun um hana. Í hana vantar stefnu og heildarsýn varðandi byggð og búsetumál í landinu öllu. Það vantar bæði áætlun um hvernig kjör fólks skulu jöfnuð eftir aðstæðum og búsetu og áætlun um jöfnun samkeppnisstöðu atvinnulífs í hinum dreifðu byggðum landsins. Á þeim málum er ekkert tekið. Áætlunin er almennt orðuð án þess að þar séu settar fram áætlanir um kostnað og framlög til einstakra málaflokka sem er þó algjörlega nauðsynlegt til þess að ná einhverjum árangri í þessum málaflokki. Áætlunin hefur fengið mjög takmarkaða umfjöllun í nefndinni. Hún var afgreidd í miklum flýti og ljóst er að það hefði þurft að vinna hana miklu betur og samstilla hana og samhæfa við þær tillögur sem hafa komið frá öðrum stjórnmálaöflum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölda mála sem eiga heima í áætlun af þessu tagi og má nefna þar til sögunnar styrkingu skipaiðnaðar, framlög til atvinnuþróunarfélaga, strandsiglingar, almenningssamgöngur í Eyjafirði og aðgerðir í byggðamálum. Þá er þess að geta að sjávarútvegsstefnan er veigamikill þáttur í þróun byggðamála. Hún er í uppnámi og hefur engin tilraun verið gerð af hálfu stjórnarmeirihlutans til þess að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í þeim efnum.

Margt í áætluninni er þó góðra gjalda vert sem markmið, en áætlun af þessu tagi er gagnslaus nema með fylgi áætlun um framlög til aðgerða. Byggðaáætlun verður að byggjast á efnahagslegum forsendum, en þær eru ekki fyrir hendi þannig að líta verður á þessa áætlun sem almennar bollaleggingar. Það gerist ekkert nema fyrir hendi sé markviss áætlun um fjárveitingar til margra þeirra málaflokka sem dregnir eru fram í tillögunni og eru í sjálfu sér góðra gjalda verðir. Þannig telur 2. minni hluti að á grunni tillögunnar hefði þurft að vera viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um tilgreinda fjármuni til þessara hluta.

Annar minni hluti telur að vandi hinna dreifðu byggða sé af pólitískum toga. Stefna ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur verið hlutafélagavæðing og síðan einkavæðing grunnþjónustufyrirtækja í samfélaginu. Stefnan hefur verið sú að horfa á hagkvæmni stærðarinnar og stuðla að fækkun og stækkun fyrirtækja. Stefna ríkisstjórnarflokkanna er þannig andstæð hugmyndum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um fjölbreytilegt atvinnulíf og styrkar stoðir þess í hinum dreifðu byggðum landsins.

Annar minni hluti átelur harðlega að áætlunin hafi ekki fengið meiri og víðtækari umfjöllun, bæði í iðnaðarnefnd og á Alþingi. 2. minni hluti telur miður að ekkert hafi verið gert á Alþingi til þess að skapa breiða samstöðu um innihald áætlunarinnar. Til þess var fullt tilefni og engin ástæða til þess að ætla annað en að það hefði getað tekist með meiri umfjöllun

og vinnu. Þessi byggðaáætlun er alfarið á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og mun 2. minni hluti því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. apríl 2002.

Árni Steinar Jóhannsson.

1440. Lög [663. mál]

um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1073.

1441. Lög [649. mál]

um Tækniháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1429.

1442. Lög [204. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1430.

1443. Lög [640. mál]

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1434.

1444. Lög [620. mál]

um vörur unnar úr eðalmálmum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 973.

1445. Lög [668. mál]

um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1435.

1446. Þingsályktun [734. mál]

um deilur Ísraels og Palestínumanna.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 1345.

1447. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,10 kr. fyrir hvert kíló kindakjöts, 3,00 kr. fyrir hvert kíló svínakjöts, 2,20 kr. fyrir hvert kíló nautgripakjöts, 2,90 kr. fyrir hvert kíló hrossakjöts og 6,50 kr. fyrir hvert kíló alifuglakjöts.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

1448. Þingsályktun [555. mál]

um landgræðsluáætlun 2003–2014.

(Afgreidd frá Alþingi 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 873.

1449. Frumvarp til laga [338. mál]

um búfjárhald o.fl.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI
Markmið, yfirstjórn og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Aðbúnaður búfjár* er umhirða, húsakostur og/eða skjól.
2. *Friðað svæði* er land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.
3. *Gripheld girðing* er mannvirki úr ýmsu efni sem reist er til að hindra frjálsa för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund. Girðing getur miðast við aldur og kyneiginleika búfjár, verið fjárheld, hrossheld, nautgripaheld, graðpeningsheld o.s.frv.
4. *Hagaganga* er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.
5. *Landspilda* er ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.
6. *Lausaganga* er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.
7. *Lausagöngubann* er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.
8. *Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.

9. *Umráðamaður lands* er sá aðili sem hefur rétt til að ráðstafa nýtingu landsins.
10. *Tilsjónarmaður* er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði en ber ekki ábyrgð á því nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.
11. *Varsla búfjár* er þegar umráðamaður búfjár heldur því innan afmarkaðs svæðis.
12. *Vörslukrafa* er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.
13. *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrlegur farartálmi sem kemur algerlega í veg fyrir frjálsa för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.
14. *Vörsluskylda* er skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta þess.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

4. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir alla þá sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga. Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Bændasamtökum Íslands og skulu samtökin halda heildarskrá fyrir allt landið.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

III. KAFLI
Varsla búfjár.

6. gr.

Sveitarstjórnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

7. gr.

Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.

4. Aðrar búfjártegundir en framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðpeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðpening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðpeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

9. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans.

Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

IV. KAFLI
Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

10. gr.

Búfjáreftirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

Sveitarfélög skulu ráða búfjáreftirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjáreftirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjáreftirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjáreftirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjáreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjáreftirlitsmanna fer eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjáreftirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Kostnaður við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögunum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Á hverju búfjáreftirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjáreftirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitarfélögunum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjáreftirlitsnefnd kemur saman a.m.k.

tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjáreftirlitsnefnd annast yfirstjórn búfjáreftirlitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjáreftirlitsmenn gefa búfjáreftirlitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

11. gr.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjáreftirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af heföbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur landbúnaðarráðuneytið heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjáreftirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjáreftirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

12. gr.

Búfjáreftirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjáreftirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjáreftirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

13. gr.

Búfjáreftirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjáreftirlitsskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir Bændasamtökum Íslands frumritið eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

14. gr.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitilöndum. Umráðamaður búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjáreftirlitsskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagagöngu og umráðamann þess.

15. gr.

Meini umráðamaður búfjár búfjáreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til landbúnaðarráðherra. Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjaldtöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

16. gr.

Komi í ljós að fóðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjáreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fóður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfóðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirmæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði innan sólarhrings frá tilkynningu.

Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af

framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerðir um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjártegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjáreftirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
4. Reglugerð um starfssvæði búfjáreftirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæslu, eftirlitið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vorskýrslur.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., ásamt síðari breytingum. Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

1450. Frumvarp til laga [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í réttri stafrófsröð:

Garðyrkjubýli, gróðrarstöð og garðyrkjustöð merkir í lögum þessum lögaðila eða býli, með virðisaukaskattsskylda veltu, sem framleiðir grænmeti (útirækt/ylrækt), skrautjurtir, garðplöntur eða tré og runna.

2. gr.

Á eftir X. kafla laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Um framleiðslu og verðmyndun garð- og gróðurhúsaafurða 2002–2011,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina og millivísanir samkvæmt því:

a. (50. gr.)

Markmið með ákvæðum þessa kafla um framleiðslu og verðmyndun gróðurhúsaafurða eru:

a. að lækka verð til neytenda á innfluttum sem og innlendum garð- og gróðurhúsaafurðum,
b. að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni innlendrar grænmetisframleiðslu til hagsbóta fyrir grænmetisframleiðendur og neytendur,
c. að treysta tekjugrundvöll grænmetisframleiðenda,
d. að styðja framleiðslu- og markaðsmöguleika innlendrar framleiðslu þegar hún er nægjanleg að magni og gæðum.

b. (51. gr.)

Landbúnaðarráðherra er heimilt að gera samning við Bændasamtök Íslands eða Samband garðyrkjubænda um verkefni til þess að ná settum markmiðum skv. 50. gr. Heimilt er að semja um beinar greiðslur til framleiðenda til lækkunar á verði einstakra tegunda afurða, framlög til rekstraraðfanga, framlög til fjárfestinga, framlög til úreldingar á gróðurhúsum og framlög til kynningar-, rannsóknar-, þróunar- og endurmenntunarverkefna.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að annast faglega umsjón með verkefnum sem samið er um skv. 1. mgr. og framkvæmd þeirra, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laga.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd verkefna skv. 1. mgr. Þar skal m.a. kveðið á um heildarfjárhæð beingreiðslna og skiptingu eftir tegundum, fjárhæð á kíló tegundar/afurðar og gæðaflokka eftir tímabilum og lækkun eða hækkun fjárhæðar á kíló tegundar/afurðar þegar frávik verða frá áætlun um selt magn. Landbúnaðarráðherra auglýsir áætlaðar beingreiðslur á kíló tegundar fyrir 15. desember og koma þær til greiðslu á næsta almanaksári.

c. (52. gr.)

Rétt til beingreiðslna eiga allir framleiðendur tegunda sem samið er um skv. 51. gr. en réttur til beingreiðslna takmarkast jafnframt við að um sé að ræða viðskipti milli bókhaldsskyldra einstaklinga eða lögaðila með virðisaukaskattsskylda veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela öðrum stofnunum eða Bændasamtökum Íslands að halda skrá yfir rétthafa beingreiðslna samkvæmt þessum kafla. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi beingreiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi beingreiðslna.

d. (53. gr.)

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um uppgjör beingreiðslna, þar á meðal um skyldu umsækjenda til að taka fram upplýsingar um afurð, verð og viðskiptakjör og um frágang viðskiptaskjala.

Ef framleiðandi verður ekki við kröfum skv. 1. mgr. skal réttur til beingreiðslna felldur niður þar til framleiðandi hefur gert fullnægjandi úrbætur. Framleiðandi sem hefur tekið við beingreiðslum á grundvelli vísvitandi rangrar upplýsingagjafar skal endurgreiða ofteknar beingreiðslur með 50% álagi.

e. (54. gr.)

Ákvæði 42. gr. um úrskurðarnefnd gilda einnig um ágreining um beingreiðslur samkvæmt þessum kafla.

Allir framleiðendur vörutegunda sem samningar skv. 51. gr. ná til eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttur til beingreiðslna skv. XI. kafla árin 2002 og 2003 skal takmarkaður við að hafin sé framleiðsla á viðkomandi vörutegund 1. mars 2002 í þeirri garðyrkjustöð sem sótt er um beingreiðslur vegna, eða vörutegundin hafi verið framleidd þar á árinu 2001. Þessi réttur er bundinn framleiðslustað en ekki framleiðanda.

1451. Frumvarp til laga [504. mál]

um varnir gegn landbroti.

(Eftir 2. umr., 30. apríl.)

I. KAFLI

Tilgangur, skilgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Fyrirhleðsla:* Mannvirki til varnar gegn landbroti, svo sem til að hafa áhrif á rennsli vatna eða verja land og mannvirki fyrir ágangi vatna með öðrum hætti.
2. *Landbrot:* Jarðvegsrof og gróðureyðing sem stafar af ágangi vatna.

3. *Landkostir:* Auðlindir sem felast í gróðri, jarðvegi og vistkerfum landsins.
4. *Nytjaland:* Land sem tekið hefur verið til sérstakra nytja, svo sem þaulræktar eða skógræktar.
5. *Umráðahafi lands:* Sá telst umráðahafi lands sem hefur lögmætan rétt til að ráðstafa nýtingu þess.

3. gr.

Yfirstjórn.

Landgræðsla ríkisins fer fyrir hönd landbúnaðarráðherra með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi fjalla um.

II. KAFLI
Framkvæmd.

4. gr.

Hlutverk Landgræðslu ríkisins – forgangsröðun.

Landgræðsla ríkisins metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.

Við forgangsröðun verkefna skal höfð hliðsjón af verðmæti þess lands eða mannvirkis sem landbrotið ógnar. Nytjalönd, mannvirki og gróðurlendi skulu jafnan njóta forgangs við röðun verkefna.

Landgræðsla ríkisins telst ávallt vera framkvæmdaraðili þegar unnið er að fyrirhleðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Hlutverk umráðahafa lands og skráning Landgræðslu ríkisins.

Verði umráðahafi lands var við landbrot eða telji hættu á landbroti yfirvofandi skal hann tilkynna það til Landgræðslu ríkisins. Hún heldur skrá yfir landbrot eða staði þar sem hætta er á landbroti og metur hvar þörf á fyrirhleðslum er brýnust.

6. gr.

Samráð um fyrirhleðslur.

Landgræðsla ríkisins skal hafa samráð við eiganda/umráðahafa mannvirkja eða lands sem fyrirhleðslu er ætlað að verja. Ef framkvæmd kann að hafa áhrif á veiði eða fiskrækt skal tilkynna það stjórn viðkomandi veiðifélags, sbr. lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Vilji landeigandi eða veiðifélag gera athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd skal hún vera skrifleg og berast Landgræðslu ríkisins innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar.

Landgræðsla ríkisins skal hafa samráð við viðkomandi búnaðarsamband eða héraðsráðunauta um forgangsröðun fyrirhleðsluverkefna. Hún getur einnig haft samráð við þessa aðila um eftirlit með framkvæmdum og viðhald fyrirhleðslna.

7. gr.

Framkvæmdir við fyrirhleðslur.

Þegar fyrirhugaðar eru umfangsmiklar framkvæmdir við fyrirhleðslur skal Vegagerðin hafa umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum í samráði við Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins telst þó ávallt framkvæmdaraðili fyrirhleðslna samkvæmt lögunum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Kostnaður við fyrirhleðslur.

Landgræðsla ríkisins greiðir kostnað við varnir gegn landbroti, svo sem ákveðið er árlega í fjárlögum. Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot sem stofnar í hættu mannvirkjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem samgöngumannvirkjum, raflínum eða öðrum dreifikerfum, og greiðir þá viðkomandi aðili allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir viðkomandi aðili að fullu kostnað við framkvæmdir sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns sem rekja má til framkvæmda opinberra aðila, t.d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerð, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr farvegi o.s.frv.

Þegar fyrirhleðslu er bæði ætlað að verja samgöngu- og/eða veitumannvirki og land skal kostnaður við framkvæmdirnar og undirbúning þeirra skiptast milli Landgræðslu ríkisins og þess aðila skv. 1. mgr. sem viðkomandi mannvirki heyra undir, eftir nánara samkomulagi þeirra á milli. Ef upp kemur ágreiningur um skiptingu þessa kostnaðar skal landbúnaðarráðherra skera úr.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að styrkja framkvæmdir við fyrirhleðslur sem ætlað er að vernda mannvirki eða land í eigu einkaaðila. Auglýsa skal eftir umsóknum um slíka styrki á opinberum vettvangi þar sem fram koma skilyrði þau sem umsækjandi þarf að uppfylla til að geta hlotið styrk, sem og hámarksfjárhæð styrks.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara er greiddur úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Bætur fyrir tjón af völdum fyrirhleðslna.

Ef framkvæmdir við fyrirhleðslur valda bótaskyldu tjóni skal greiða skaðabætur í samræmi við lög og almennar venjur. Við undirbúning verks skulu áætlaðar skaðabætur, ef einhverjar eru, taldar með til kostnaðar við verkið.

10. gr.

Heimild til útgáfu reglugerða.

Landbúnaðarráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

11. gr.

Ágreiningsmál og kærur.

Ef ágreiningur rís um framkvæmd þessara laga sker landbúnaðarráðherra úr. Sú málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, nr. 43/1975.

1452. Svar [718. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um smygl á tóbaki og áfengi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve mikið tóbak og áfengi hefur verið tekið við tollskoðun skipa og flugvéla sl. fimm ár, sundurliðað eftir árum, skipt eftir innkomu í landið og flokkað í

1. *a. reyktóbak, sígarettur og vindla,*
   b. reyklaust, fínkorna munn- og neftóbak,
2. *a. bjór,*
   b. léttvín,
   c. sterka drykki?

Umbeðnar upplýsingar liggja fyrir vegna áranna 1999, 2000 og 2001 en ekki er unnt að afla upplýsinga vegna áranna 1997 og 1998 innan þess frests sem veittur er.

Yfirlit yfir haldlagt tóbak og áfengi á árinu 2001

	Reykjavík	Akranes	Akureyri	Seyðisfjörður	Vestm.eyjar	Keflavíkurflugv	Hafnarfjörður	Samtals
Vindlingar stk	56641	1200	9278	4160	2400	19400	6400	**99479**
Annað tóbak g	102.540			5650	250			**108440**
Sterkt áfengi l	834,41	11	88,75	27,6	13	249	36,7	**1260,46**
Létt vín l	228,35		23,25	34,7	120,75	132	150	**689,05**
Bjór l	658,71		45,84	141,4	23,76	166	188,34	**1224,05**

Yfirlit yfir haldlagt tóbak og áfengi á árinu 2000

	Reykjavík	Akranes	Ísafjörður	Siglufjörður	Akureyri	Seyðisfjörður	Vestmannaeyjar	Portákshöfn	Keflavík	Keflavíkurflugvöllur	Hafnarfjörður	Samtals
Vindlingar stk	125980	3000		1600	1400	3182	28600		30000	56685	44500	**294947**
Annað tóbak gr	77314					448	5264			272391		**355417**
Sterkt áfengi l	1031	96,2	34		11	29,3	262,88	7	90	1136	35,55	**2732,93**
Létt vín l	232	1,5				148,15	20,35	57,75	21	445	67,05	**992,8**
Bjór l	653	131,57			31,68	233,68	546,48	174,24		399	51,84	**2221,49**

Yfirlit yfir haldlagt tóbak og áfengi á árinu 1999

	Reykjavík	Ísafjörður	Siglufjörður	Akureyri	Húsavík	Seyðisfjörður	Vestm.eyjar	Keflavík	Keflav.flugvöllur	Hafnarfjörður	Samtals
Vindlingar stk	145840			60000		2530	400	10600	26800	94180	**340350**
Vindlar stk.									300		**300**
Annað tóbak g	145730					11004,5	99,3	8350	90000	950	**256134**
Sterkt áfengi l	1451,17	28,5	1,5		92,8	20,31	7,7	13,75	482	1301,65	**3399,38**
Létt vín l	136,75		1,5		105,73	1,75	4,5	12	350	38	**650,23**
Bjór l	1424,77	12		57,2		106,92	45,21			86	**1732,1**

1453. Frumvarp til laga [738. mál]

um olíugjald og kílómetragjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI
Vörugjald af olíu, gjaldskylda og fjárhæð gjalds.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af gas- og dísilolíu sem flokkast í tollskrárnúmer 2710. 1930 og nothæf er sem eldsneyti á ökutæki. Í lögum þessum er vörugjald á olíu nefnt olíugjald.

Gjaldskylda skv. 1. mgr. nær einnig til olíu í öðrum tollskrárnúmerum sem blönduð hefur verið gjaldskyldri olíu.

Fjárhæð olíugjalds skal vera 36,50 kr. á hvern lítra af olíu.

2. gr.

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds vegna kaupa til endursölu, innlendrar framleiðslu eða aðvinnslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 3. gr. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

Gjaldskyldir aðilar.

3. gr.

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum eru:

1. þeir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
2. þeir sem flytja inn, til endursölu eða eigin nota, olíu sem gjaldskyld er skv. 1. gr.
3. þeir sem kaupa olíu innanlands til endursölu.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja inn olíu til eigin nota, skulu ótilkvaddir senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu til ríkisskattstjóra áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skv. 2. mgr. skal tilgreina nafn, heimili og kennitölu rekstraraðila, firmanafn og tegund framleiðslu eða innflutnings. Enn fremur skulu þeir sem flytja inn olíu til endursölu greina frá birgðageymslum, þ.m.t. sölustöðum, staðsetningu þeirra og stærð.

Ríkisskattstjóri rannsakar tilkynningar og getur hafnað skráningu ef skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laga þessara er ekki fullnægt.

Gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu samkvæmt þessari grein hafa heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðila án greiðslu olíugjalds. Innlendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein. Ef ríkisskattstjóri hafnar skráningu, sbr. 4. mgr., ber viðkomandi að standa skil á olíugjaldi við tollafgreiðslu ef um innflutning er að ræða eða við afhendingu ef um innlenda framleiðslu eða aðvinnslu er að ræða.

Undanþágur og endurgreiðslur.

4. gr.

Sala eða afhending á olíu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í 1. mgr. Litar- og/eða merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti né að hluta.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði og bifreiðar skv. 6. tölul. 1. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu í reglugerð.

5. gr.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim, sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra er heimilt að bæta litar- og/eða merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum.

Aðeins má lita olíu í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett hafa verið, lituð olía er seld til annarra nota en tilgreind eru í 1. mgr. 4. gr. eða viðunandi eftirliti verður ekki komið við.

Fjármálaráðherra skal kveða í reglugerð á um gerð og samsetningu litar- og/eða merkiefnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

6. gr.

Endurgreiða skal 70% olíugjalds af olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.

Endurgreiða skal olíugjald af olíu sem erlend sendiráð eða sendimenn erlendra ríkja kaupa vegna bifreiða í sinni eigu.

Bókhald.

7. gr.

Gjaldskyldir aðilar sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr., skulu aðgreina í bókhaldi sínu kaup á olíu sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu, olíu til annarrar framleiðslu og olíu sem afhent er öðrum. Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun slíkrar olíu og afhendingu hennar. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Aðrir gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu halda bókhald yfir aðfengna olíu, gjaldskylda sem gjaldfrjálsa, eigin notkun hennar og sölu eða afhendingu. Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litar- og/eða merkiefni og notkun á því.

Við sölu eða afhendingu olíu skal gefa út sölureikning þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. útgáfudagur,
2. útgáfustaður,
3. afhendingarstaður ef annar en útgáfustaður,
4. nafn og kennitala seljanda (birgðasala),
5. nafn og kennitala kaupanda (móttakanda),
6. magn, einingarverð og heildarverð gjaldskyldrar olíu.

Auk upplýsinganna sem tilgreindar eru í 3. mgr. skal á sölureikningi koma fram hvort olíugjald er lagt á og hver fjárhæð olíugjalds er. Um varðveislu sölureikninga gilda ákvæði bókhaldslaga. Við afhendingu á litaðri olíu skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa olíu sé að ræða.

Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út sölureikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

Þeir sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 1. mgr. 6. gr. skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi.

Uppgjör og innheimta.

9. gr.

Gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., skulu greiða olíugjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Þeir sem flytja inn gjaldskylda olíu til eigin nota skulu greiða olíugjald við tollafgreiðslu.

Við uppgjör má draga frá olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu.

10. gr.

Frá gjaldskyldri olíu skv. 9. gr. má draga:

1. olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila, sbr. 5. mgr. 3. gr.,
2. olíu sem flutt er úr landi.
3. olíu sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna leka, eldsvoða eða rýrnunar af öðrum sambærilegum ástæðum.

11. gr.

Uppgjörstímabil olíugjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Eigi síðar en á gjalddaga skulu gjaldskyldir aðilar, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., ótilkvaddir skila innheimtumanni ríkissjóðs skýrslu, svonefndri olíugjaldsskýrslu, yfir magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu á uppgjörstímabilinu og standa skil á greiðslu olíugjaldsins. Fjármálaráðherra kveður í reglugerð á um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal hvernig rafrænum skilum á skýrslu og greiðslu skuli háttað.

Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili. Hann

skal rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett eru samkvæmt þeim. Þá skal ríkisskattstjóri áætla gjald af viðskiptum þeirra sem ekki senda skýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ríkiskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til gjaldanda.

Sé olíugjaldsskýrsla ekki afhent innan tilskilins frests eða olíugjald ekki greitt skal ríkisskattstjóri enn fremur afturkalla skráningu skv. 3. gr. þar til úr hefur verið bætt.

12. gr.

Sé olíugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal gjaldandi sæta álagi til viðbótar gjaldi samkvæmt olíugjaldsskýrslu eða til viðbótar því gjaldi sem honum bar að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Sama gildir ef olíugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða ef henni hefur verið ábótavant og olíugjald hefur verið áætlað.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Fella má niður álag skv. 1. mgr. ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið í hverju tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og fær aðili þá kærufrest að nýju nema fyrri áætlun hafi verið lækkuð.

Við útreikning álags á áætlað olíugjald telst gjalddagi sá sami og gjalddagi olíugjalds þess uppgjörstímabils sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á vangreitt olíugjald eldri tímabila.

13. gr.

Komi í ljós annmarkar á olíugjaldsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 11. gr., eða telji ríkisskattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skriflega skora á gjaldskyldan aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem ríkisskattstjóri telur þörf á. Fái ríkisskattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tilskilins frests ákvarðar hann eða endurákvarðar olíugjald samkvæmt olíugjaldsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á olíugjaldsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tilskilins frests, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er ríkisskattstjóra heimilt að áætla olíugjald aðila.

Við ákvörðun eða endurákvörðun skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.

Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

II. KAFLI
Kílómetragjald

14. gr.

Kílómetragjald.

Greiða skal kílómetragjald af eftirtöldum ökutækjum:

1. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga,

2. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
3. bifreiðum og eftirvögnum, sbr. 1. og 2. tölul., sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af ökumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

Gjaldskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á skráðum eiganda ökutækis á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð. Hafi orðið eigendaskipti á ökutæki án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir gjaldskyldan jafnframt á nýjum eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds. Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildar-þyngd, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildar-þyngd, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–11.000	0,25	21.001–22.000	8,50
11.001–12.000	1	22.001–23.000	9,25
12.001–13.000	1,75	23.001–24.000	10
13.001–14.000	2,50	24.001–25.000	10,75
14.001–15.000	3,25	25.001–26.000	11,50
15.001–16.000	4	26.001–27.000	12,25
16.001–17.000	4,75	27.001–28.000	13
17.001–18.000	5,50	28.001–29.000	13,75
18.001–19.000	6,25	29.001–30.000	14,50
19.001–20.000	7	30.001–31.000	15,25
20.001–21.000	7,75	31.001 og yfir	16

Kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum skv. 2. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera tvöföld fjárhæð kílómetragjaldsins sem kveðið er á um í 3. mgr.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sem fengið hafa heimild hjá ríkisskattstjóra til að nota gjaldfrjálsa olíu á ökutæki sín, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr., skulu greiða kílómetragjald skv. 3. mgr.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Gjaldþyngd ökutækis skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja. Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar og eftirvagna á kostnað eigenda. Í reglugerð skal kveðið á um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið. Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntryggan hátt.

15. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan tilskilins frests endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema mismun á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins síðustu sextíu dagana áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

16. gr.

Ákvörðun kílómetragjalds.

Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert. Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 14. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraraðila á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Gjalddagi kílómetragjalds vegna álestrartímabilsins 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds vegna álestrartímabilsins 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 22. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal miðast við að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri tímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 3. mgr. og endurákvörðun skv. 1. mgr. 18. gr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð kílómetragjalds fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutæki til álestrar fram yfir lok álestrartímabils eða fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga kílómetragjalds. Álag skal vera að hámarki 10% af fjárhæð kílómetragjalds. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi kílómetragjalds. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður.

17. gr.

Ökumaður ökutækis sem kílómetragjald er greitt af skv. 14. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá

kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina. Hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafa talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í hverri viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hefur talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið. Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar. Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án ökumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga í senn. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið miðast við a.m.k. 200 km akstur fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

18. gr.

Komi í ljós eftir ákvörðun kílómetragjalds skv. 16. gr. að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir verið óvirkur, innsigli rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurákvarðar hann gjald á grundvelli fyrirliggjandi gagna en að öðrum kosti endurákvarðar hann gjald skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

III. KAFLI
Kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð.

19. gr.

Kæruheimildir.

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 6., 11., 16. eða 18. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um gjald-

ákvörðun. Við ákvörðun olíugjalds án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabils, sbr. 11. gr. Innsend fullnægjandi skýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 13. gr. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. og endurákvörðun skv. 13. og 18. gr. til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar samkvæmt lögum þessum nær til síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi kennt um að áðurnefnd gjöld voru vanálögð, og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að ákvarða honum gjald nema vegna síðustu tveggja ára sem næst voru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 21. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 5. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 21. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða ríkislögreglustjóra gegn aðila sem sökunaut enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

Hafi olíugjald skv. 11. gr. eða kílómetragjald skv. 16. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

20. gr.

Eftirlit.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.

21. gr.

Refsiábyrgð.

Skýri gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um skyldu sína til greiðslu olíugjalds skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt sem nemur allt að tífaldri, og aldrei lægri en tvöfaldri, þeirri fjárhæð sem dregin var undan eða vanrækt var að greiða.

Vanræki gjaldskyldur aðili skv. 3. gr. að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Vanræki gjaldskyldur aðili að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn eins og ákveðið er í lögum þessum, eða skýri hann rangt eða villandi frá einhverju sem varðar skyldu til greiðslu eða rétt til endurgreiðslu olíugjalds, þótt upplýsingarnar hafi hvorki haft áhrif á greiðslu hans né viðskiptamanna hans á olíugjaldi eða brjóti á annan hátt gegn lögum þessum, skal hann sæta sektum enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir þessum lögum eða öðrum lögum.

Brjóti eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki sitt, sbr. 3. mgr. 4. gr., hafa ökutæki heimildarlaust í umferð án þess að það sé búið ökumæli, ef ökumælir telur ekki eða akstur er ekki færður í akstursbók, skal hann greiða sekt sem nemur allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið.

Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 3. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 4. mgr. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 4. mgr. 19. gr. Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn er ríkisskattstjóra heimilt að ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 100.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæranleg til yfirskattanefndar innan 30 daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð sem ríkisskattstjóri ákvarðar dregst frá sektarfjárhæð skv. 4. mgr.

22. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið bifreiðagjald fyrr en eftir eindaga. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi gjöld samkvæmt lögum þessum ekki verið greidd á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt.

Ef gjaldskylt ökutæki er flutt tímabundið úr landi skal ekki greiða kílómetragjald vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald.

Kílómetragjaldi og sérstöku olíugjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

23. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Varðandi álagningu og innheimtu olíugjalds við tollafgreiðslu skulu gilda ákvæði tollalaga, nr. 55/1987.

Innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku olíugjaldi samkvæmt lögum þessum renna til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði þeirra laga skulu þó gilda um þungaskatt sem greiða á af notkun ökutækja til 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 2000, skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Var nefndin skipuð í kjölfar nefndarálits frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. apríl 2000, en í því er lagt til að fjármálaráðherra skipi nefnd sem taki lögin um fjáröflun til vegagerðar til heildarendurskoðunar og kanni að nýju kosti og galla þess að taka upp olíugjald. Þann 5. september 2001 skilaði nefndin af sér skýrslu um endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Í skýrslu nefndarinnar er fjallað um olíugjald á dísilolíu og hvort ástæða sé til að taka upp olíugjald á Íslandi. Kynntar eru leiðir við innleiðingu olíugjalds og útlistaðir kostir og gallar þeirra. Jafnframt eru kynntir helstu annmarkar á þungaskattskerfinu eins og það er nú og hvaða breytingar eru nauðsynlegar á því, verði því kerfi viðhaldið. Við vinnu skýrslunnar var aflað nýjustu upplýsinga og gagna til að vinna úr, m.a. frá nágrannaríkjum Íslands.

Niðurstaða skýrslunnar er að fleiri kostir séu samfara því að taka upp olíugjald en ókostir. Lagði nefndin því til að tekið verði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og kílómetragjaldi á þyngri ökutæki.

Frumvarp þetta er byggt á skýrslu nefndarinnar frá 5. september 2001, lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, og frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998 um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, sbr. lög nr. 120/1995 og lög nr. 90/1997.

II. Almennt um þungaskatt og olíugjald.

Þungaskattskerfið byggist á því að gjaldtaka af ökutækjum skuli tengjast notkun og sliti á vegum. Íslenska kerfið er að grunni til frá árinu 1974 þegar sett voru sérstök lög um fjáröflun til vegagerðar. Frá árinu 1986 hafa tekjur ríkissjóðs af þungaskatti runnið beint til vegagerðar sem markaður tekjustofn Vegagerðar ríkisins. Þungaskattur er aðeins lagður á ökutæki sem knúin eru af dísilolíu. Lagður er á tvenns konar þungaskattur, annars vegar svonefnt fast árgjald og hins vegar gjald á hvern ekinn kílómetra samkvæmt löggiltum ökumæli. Eigendum dísilbifreiða sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd er heimilt að velja hvort þeir greiða skattinn með föstu árgjaldi eða samkvæmt ökumæli. Eigendur ökutækja sem eru þyngri en 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd verða að greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Með upptöku olíugjalds á dísilolíu er tekið upp nýtt skattkerfi í stað núverandi þungaskatts. Samkvæmt frumvarpinu er olíugjald í meginatriðum lagt á þá sömu og þungaskatturinn, þ.e. eigendur skráningarskyldra ökutækja sem knúin eru dísilolíu. Olíugjald er í grundvallaratriðum frábrugðið þungaskatti hvað álagningu og innheimtu varðar. Í stað þess að byggja skattlagningu á álestri af ökumælum er öll olía sem nothæf er á ökutæki skattlögð, nema gerð sé sérstök undanþága.

Með olíugjaldi er gjaldtaka af dísilbifreiðum og bensínbifreiðum samræmd. Gjaldtakan breytist frá því að vera gjald á ekna kílómetra yfir í gjald það eldsneytismagn sem notað er. Gjaldskyldir aðilar verða þeir sem dreifa eldsneytinu en ekki þeir sem aka bifreiðunum. Þeir síðarnefndu bera hins vegar gjaldið eins og þungaskatt en greiða það jafnóðum við eldsneytiskaup í stað þess að greiða tvær til þrjár háar fjárhæðir á ári.

Þar sem dísilolía er ekki eingöngu notuð á ökutæki heldur einnig aðrar vélar og tæki verður að gera sérstakar ráðstafanir eigi að koma í veg fyrir að gjald á hana valdi auknum kostnaði hjá þeim sem ekki hafa greitt þungaskatt.

Nú er dísilolía notuð á eftirtalin tæki án þess að greiða þurfi þungaskatts:

1. Skip og bátar.
2. Vinnuvélar.
3. Búvinnuvélar og dráttarvélar.
4. Vélar í iðnfyrirtækjum og orkuveitum.
5. Tæki til húshitunar og hitunar sundlauga.
6. Varaaflstöðvar.

Sé gjaldtöku fyrst og fremst beint að þeim sem áður greiddu þungaskatt, þ.e. að notendum vegakerfisins, verður með einhverjum hætti að gæta þess að gjaldið leggist ekki á framangreinda notkun, annaðhvort með endurgreiðslum eða undanþágu eða öðrum jafngildum hætti.

Í olíugjaldskerfi, þar sem um er að ræða endurgreiðslur eða undanþágur er nauðsynlegt að beina eftirliti skattyfirvalda að notkun gjaldfrjálsrar olíu. Til þess eru tvær meginleiðir færar. Annars vegar að lita alla þá olíu sem afhent er til gjaldfrjálsrar notkunar og gæta þess við eftirlit að sú olía sé ekki tekin til annarra nota (litunarleið). Hins vegar að leggja gjaldið ávallt á við sölu olíunnar en endurgreiða þeim sem ekki er ætlað að bera það (endurgreiðsluleið). Einnig er hægt að hugsa sér blöndu af þessum aðferðum, þ.e. að olía til tiltekinna nota sé lituð og seld án gjalds en gjaldið sé lagt á aðra olíu og tilteknir kaupendur fái gjaldið endurgreitt.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er lagt til að farin verið svonefnd litunarleið við upptöku olíugjalds enda er hún að mörgu leyti heppilegri en endurgreiðsluleið eins og vikið er að síðar.

III. Gallar við núverandi þungaskattskerfi.

Bent hefur verið á marga ókosti við núverandi þungaskattskerfi. Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar eru að mörgu leyti erfið í framkvæmd þrátt fyrir fjölmargar breytingar á þeim á undanförnum árum og Samkeppnisráð hefur m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fast árgjald þungaskatts af dísilbílum brjóti gegn samkeppnislögum. Fasta árgjaldið er ósanngjarnt þeim bifreiðaeigendum sem lítið aka og slíta þar með minna vegum landsins (og menga minna) þar sem þeir greiða hlutfallslega mun meira en hinir sem eiga sambærileg ökutæki en aka meira. Þannig getur fasta gjaldið raskað verulega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa tekjur sínar af akstri eins og fyrirtæki í sendibílaþjónustu, flutningum og hópferðaakstri. Þar geta fyrirækí selt þjónustu léttra ökutækja á lægra verði ef notkun er mikil sem fyrirtæki með þyngri ökutæki geta ekki leyft sér. Í kjölfar álits Samkeppnisráðs nr. 8/1999, þar sem greiðsla fast gjalds (100.000 kr.) á þyngri bifreiðar var talið brot á samkeppnislögum, kallaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir áliti Samkeppnisráðs á því hvort fastagjald á bifreiðar undir 4.000 kg bryti gegn samkeppnislögum. Í svari samkeppnisráðs sagði m.a.:

„Samkeppnisráð telur að það sjónarmið sem fram kom í fyrri álitum ráðsins, að fastagjald geti haft í för með sér aðgangshindrun að markaðinum fyrir nýja keppinauta, eigi við um heimild til eigenda bifreiða sem eru allt að 4.000 kg til að greiða fast gjald þungaskatts.“ Samkvæmt þessu þyrfti því a.m.k. að setja mæla í öll dísildrifin ökutæki í atvinnurekstri vegna álits Samkeppnisráðs nr. 8/1999 ef því kerfi sem nú er við lýði yrði viðhaldið. Ljóst er að slíkt kerfi yrði afar þungt í meðförum og kostnaðarsamt.

Auk þessa hefur þungaskattskerfið verið gagnrýnt fyrir að vera ekki notendavænt vegna þess að koma þurfi með bíla í álestur sem sé tímafrekt og kaup og viðhald á mælum sé kostnaðarsamt. Jafnframt hefur verið bent á að það að þurfa að greiða háar upphæðir tvisvar til þrisvar sinnum á ári í þungaskatt geti reynst erfitt. Í því sambandi hefur verið bent á að með olíugjaldi eigi gjaldtakan sér stað um leið og olíunni sé dælt á bílinn (nema hjá þeim sem eru í reikningsviðskiptum) eins og gildir um bensínknúin ökutæki. Auk þess er talað um að eftirlit og innheimta sé umfangsmeiri en í öðrum skattkerfum. Borið hefur á því að undanskotum í kerfinu sé að fjölga á nýjan leik og jafnframt er kvartað yfir því að kerfið sé afar þungt í meðförum.

Af ofangreindu má ráða að gera verður breytingar á fasta árgjaldinu, óháð því hvort frumvarp þetta verður að lögum eða ekki.

IV. Fyrri tilraunir til að koma á olíugjaldskerfi.

Nefnd, sem skipuð var af fjármálaráðherra árið 1993, um endurskoðun gjaldtöku af dísilbifreiðum lagði til að tekið yrði upp olíugjald í stað þungaskatts og að farin yrði svokölluð endurgreiðsluleið. Í kjölfarið lagði fjármálaráðherra fram frumvarp, sem byggðist á endurgreiðsluleiðinni, á 118. löggjafarþingi Alþingis. Frumvarp það varð síðar að lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu.

Endurgreiðsluleiðin byggist nánar tiltekið á því að hægt er að endurgreiða (virðisaukaskattsskyldum) aðilum olíugjald um leið og t.d. uppgjör til virðisaukaskatts fer fram. Það má gera með því að bæta nýjum frádráttarreit fyrir olíugjald á virðisaukaskattsskýrslu eða með sérstakri endurgreiðsluskýrslu. Skattstjórar hefðu umsjón með endurgreiðslum og eftirlit með olíugjaldi félli að núverandi virðisaukaskattseftirliti. Einnig eru sérstakar endurgreiðslur mögulegar, beinar eða óbeinar, til óskattskyldra aðila og aðila sem ekki eru með atvinnurekstur. Til greina kæmi að láta skattstjóra annast endurgreiðslur til þessara aðila samkvæmt

reikningum. Önnur leið er að endurgreiða þeim samkvæmt reiknaðri meðaltalsnotkun, t.d. vegna hitunar húsnæðis.

Á 122. löggjafarþingi Alþingis var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu. Lög nr. 34/1995 áttu upphaflega að taka gildi 1. janúar 1996 en með lögum nr. 120/1995 var gildistöku þeirra frestað til 1. janúar 1998. Fjármálaráðherra hafði lagt fram á 121. löggjafarþingi Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögunum þar sem gert var ráð fyrir að í stað upptöku olíugjalds með endurgreiðslu vegna gjaldfrjálsrar notkunar olíu yrði tekið upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu úr efnahags- og viðskiptanefnd. Þess í stað lagði nefndin fram nýtt frumvarp er kvað á um að gildistöku laga nr. 34/1995 skyldi frestað til 1. janúar 1999. Það frumvarp var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi sama vor, sbr. lög nr. 90/1997.

Í athugasemdum með frumvarpi efnahags- og viðskiptanefndar kom m.a. fram að nefndinni hefði ekki unnist tími til að fjalla ítarlega um frumvarp fjármálaráðherra. Í umsögnum sem borist hefðu frá olíufélögunum hafði komið fram að viðamikið mál væri að taka upp litunarkerfi. Því væri lögð til frestun á gildistöku laganna. Fjármálaráðherra mundi þá, í samvinnu við hagsmunaaðila, vinnast tími til að skoða málið betur, m.a. með tilliti til þeirra athugasemda sem efnahags- og viðskiptanefnd hefðu borist. Jafnframt gerði nefndin ráð fyrir að taka málið til umfjöllunar strax og það hefði verið lagt fram að nýju í upphafi næsta löggjafarþings þannig að lögfesta mætti það fyrir áramót svo að litunarkerfi gæti komist á í ársbyrjun 1999.

Tillögur frumvarpsins sem lagt var fyrir 122. löggjafarþing Alþingis áttu að tryggja hinn markaða tekjustofn vegagerðarinnar án þess þó að valda röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda. Jafnframt miðuðu tillögurnar að því að viðhalda tengslum á milli gjaldtöku vegna notkunar dísilknúinna ökutækja og þess kostnaðar sem af notkuninni leiðir vegna slits á vegum. Meginefni frumvarpsins er að í stað endurgreiðsluleiðar þeirrar sem kveðið er á um í lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, yrði tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Tekin voru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá aðila sem yrðu uppvísir að því að nota litaða olíu til gjaldskyldra nota. Lagt var til að fjárhæð olíugjalds lækkaði frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995, úr 38,50 kr. í 34 kr. á hvern lítra olíu. Jafnframt var lagt til að auk olíugjalds verði tekið kílómetragjald af bifreiðum og eftirvögnum sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, að bifreiðum til fólksflutninga undanskildum. Ákvæði um kílómetragjald byggðist að mestu á núgildandi lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en gert var ráð fyrir að gjaldið yrði þó mun lægra og næði til færri ökutækja.

Frumvarp þetta fékk mikla umfjöllun hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis en niðurstaða meiri hluta nefndarinnar var sú að falla skyldi frá því að taka upp olíugjald þar sem ávinningurinn af því að viðhalda tvöföldu kerfi, þ.e. annars vegar olíugjaldi og hins vegar kílómetragjaldi, var ekki talinn svara þeim kostnaði sem af því hlytist. Slíkt tvöfalt kerfi hefði í för með sér verulega aukinn kostnað frá því sem yrði vegna litunar og aukins dreifingarkostnaðar. Bent var á að framkvæmd þungaskattskerfisins hefði batnað frá því að lögin um vörugjald af olíu voru samþykkt. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að lögin um olíugjald yrðu felld brott. Alþingi samþykkti síðan tillögur þingnefndarinnar.

V. Rök fyrir upptöku olíugjalds með litun.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er, eins og fyrr hefur verið greint frá, lagt til að tekið verði upp olíugjald með litun gjaldfrjálsrar olíu og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Telja verður að veigamikil rök séu fyrir upptöku gjaldsins.

Í fyrsta lagi má nefna að í upptöku olíugjalds í stað þungaskatts felst að gjaldbyrði greiðenda ræðst ekki eingöngu af því hve mikið er ekið, eins og í þungaskattskerfinu, heldur einnig af því hve mikilli olíu ökutæki eyðir. Með því að tengja gjaldtöku við olíunotkun er kaupum og notkun beint að nýrri og sparneytnari ökutækjum sem gefa frá sér minna magn koltvísýrings en þau eldri. Hagsmunafélög bifreiðastjóra hafa bent á að endurnýjun stærri dísilbifreiða hafi gengið hægar en æskilegt væri, þrátt fyrir að vörugjöld af stærri vörubifreiðum og hópferðabifreiðum hafi verið lögð niður, og bílaflotinn því orðinn gamall. Upptaka olíugjalds gæti því orðið mikilvægur hvati til endurnýjunar flotans. Jafnframt stuðlar gjald á olíuna að því að ökumenn hagi akstri sínum þannig að olíunotkun verði sem minnst. Sú umræða sem nú á sér stað um aukna koltvísýringsmengun í andrúmsloftinu og aukin samvinna þjóða á milli til að stemma stigu við þeirri þróun, sýnir að nauðsynlegt er að leita allra leiða til að draga úr slíkri mengun. Olíugjald er tvímælalaust ein leið að því marki.

Í annan stað skal bent á að með upptöku olíugjalds verða dísilknúnar fólksbifreiðar álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið og skattlagning dísil- og bensínbifreiða er samræmd þannig að sömu rekstrarforsendur eiga við hvort sem bifreiðin er dísil- eða bensínknúin. Talið hefur verið að þung greiðslubyrði og óhagræði við greiðslu þungaskatts hafi komið í veg fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar hafi hlotið jafnmikla útbreiðslu hér á landi og í ýmsum nágrannalöndum okkar. Æskilegt er að gera dísilknúnar fólksbifreiðar að vænlegri kosti, ekki síst vegna þess að þær eru sparneytnari og eru taldar valda minni koltvísýringsmengun en bensínknúnar bifreiðar. Nánari umfjöllun um þetta atriði er að finna í skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum (maí 2001).

Í þriðja lagi felur upptaka olíugjalds í sér að greiðslubyrði eigenda dísilknúinna ökutækja dreifist eðlilega eftir notkun, í stað þungrar greiðslubyrði á fjögurra eða sex mánaða fresti eins og nú er. Einnig má minnast á það hagræði sem skapast við að losna við að mæta með bílana í álestur og þann kostnað sem því fylgir.

Í fjórða lagi er talið að möguleikar til undanskota séu minni í olíugjaldskerfi en í þungaskattskerfi. Þrátt fyrir að skil á þungaskatti hafi batnað eftir þær breytingar sem gerðar voru á þungaskattskerfinu um mitt ár 1996 er ljóst að enn er töluvert um undanskot í kerfinu sem erfitt er að koma í veg fyrir.

Ástæða þess að í frumvarpi þessu er lagt til að farin verði svokölluð litunarleið, en ekki endurgreiðsluleið, er fyrst og fremst sú hversu ótrygg og dýr endurgreiðsluleiðin er í framkvæmd. Endurgreiðsluleiðin felur í sér hættu á misnotkun á kerfinu þar sem eftirlitið yrði að mestu bókhaldslegt. Í skýrslu nefndarinnar frá 5. september 2001 kemur fram að væri endurgreiðsluleiðin farin nú er áætlað að fjölga þurfi ársverkum um 10–11 við eftirlit og framkvæmd í skattkerfinu, þar með talið vegna yfirumsjónar, upplýsingagjafar, leiðbeininga og þess háttar umsýslu. Þá verður að reikna með nokkurri umsýslu innheimtuembætta vegna innheimtu olíugjalds og endurgreiðslna, eða 3–4 ársverkum í heildina. Að þessu samanlögðu er því reiknað með að þörf sé á 13–15 ársverkum eða launakostnaði á bilinu 41–46 millj. kr. til að mæta eftirliti vegna olíugjalds með endurgreiðslum. Auk launakostnaðar verður að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði nýrra þátta í tölvukerfum, svo og prentunarkostnaði vegna eyðublaða fyrir notkunarbókhald og sérstakar endurgreiðslubeiðnir óskattskyldra aðila.

Þess má geta að í Noregi, Svíþjóð og víðast hvar í Evrópu er dísilolía lituð í skattalegum tilgangi og óheimilt að nota litaða olíu í vélknúin ökutæki. Við upptöku olíugjalds hefur litunarleiðin því víðast hvar orðið ofan á.

VI. Nánar um umhverfissjónarmið.

Ein helsta ástæða þess að ríki Evrópu hafa verið að reyna að ýta undir fjölgun dísilfólksbifreiða, á kostnað bensínbifreiða, er sú að losun koldíoxíð (CO_2) frá dísilfólksbifreiðum er minni en frá samsvarandi bensínbifreiðum. Tækniþróun undanfarinna ára hefur leitt til þess að dísilhreyflar bæði í einkabílum, vöru- og vinnubílum hafa batnað verulega út frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum. Nýjustu dísilvélar eru búnar háþrýstum samrásarinnsprautunarbúnaði og öllu er stjórnað af tölvubúnaði sem tryggir hámarksnýtingu og lágmarksmengun þessara véla.

Samkvæmt skýrslu sem *Det Ökologiske Råd* í Danmörku hefur tekið saman virðist ný og betri tækni við sóthreinsun tryggja að útblástur frá dísilbílum sé ekki skaðlegri en frá bensínbílum. Nýr útblásturshreinsibúnaður fyrir dísilvélar fjarlægir um 90% sótagna úr útblæstrinum. Aflið hefur aukist um 90% og NO_x og sótmengun hefur minnkað um 85%. Nú eru komnir á markað smábílar með dísilhreyflum sem gefa frá sér aðeins 90 g/km af CO_2 og eyða um og undir 3,0 lítrum á 100 km í akstri. Samkvæmt gögnum frá umhverfisyfirvöldum í Sviss og TCS (FÍB í Sviss) eyðir meðalfólksbíll með dísilvél 25–40% minna eldsneyti en sambærilegur bensínbíll. Munurinn á útlosun CO_2 er ekki jafnmikill en dísilknúinn bíll er með um 15% minni útlosun en bensínbíllinn.

Verði frumvarp þetta að lögum er líklegt að dísilbifreiðum fjölgi nokkuð og þá sérstaklega smærri dísilbifreiðum. Eins og áður sagði er einn helsti kostur olíugjalds sá að það stuðlar að því að draga úr eldsneytisnotkun og þar með koltvísýringsmengun. Olíugjald hvetur bílaeigendur til að leita bestu eldsneytisnýtingar og afleggja úreltan tækjaflota. Þung dísilökutæki af eldri gerðum, svo sem vörubílar, rútur og vinnuvélar eru verstu útblástursmengunarvaldarnir í innanlandssamgöngum. Margir hafa litið á núverandi þungaskattskerfi sem dragbít á eðlilega endurnýjun dísilatvinnutækja og að það viðhaldi þannig gömlum, hættulega mengandi og óöruggum tækjum í umferð. Flestir íslenskir vörubílar eru af árgerðinni 1990 og á það sér enga samsvörun í nágrannalöndum okkar. Þess ber þó að geta að reynt hefur verið að koma til móts við þennan vanda, m.a. með niðurfellingu vörugjalds af þyngri vöru- og hópferðabifreiðum, endurgreiðslu virðisaukaskatts við sölu eldri hópferðabifreiða úr landi og hlutfallslegri niðurfellingu virðisaukaskatts við innflutning nýrra og umhverfisvænna hópferðabifreiða fyrir 18 farþega og fleiri.

VII. Kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd.

Í fyrrnefndu frumvarpi sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi Alþingis, um breytingu á lögum nr. 34/1995, var lagt til að auk olíugjalds yrði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Gjaldið var ákvarðað sem tiltekin fjárhæð á hvern ekinn kílómetra. Um er að ræða gjaldtöku sem er sambærileg þeirri sem tíðkast hefur í þungaskattskerfinu. Greiðendur gjaldsins verða þó helmingi færri en greiðendur í núverandi þungaskattskerfi, gjaldið verður mun lægra en fjárhæð þungaskatts og álestrartímabil verða færri en í þungaskattskerfinu.

Í skýrslu fyrrgreindrar nefndar, sem skipuð var af fjármálaráðherra árið 2000, frá 5. september 2001 er lagt til að auk olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu verði innheimt kílómetragjald vegna aksturs bifreiða og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Er því á sama hátt í frumvarpi því sem hér er lagt fram kveðið á um að lagt verði kílómetragjald á ökutæki sem eru 10.000 kg eða meira að heildarþyngd, annarra en bifreiða til fólksflutninga. Ástæða þess að kílómetragjaldið leggst ekki á fólksflutninga er að þeir eru undanþegnir virðisaukaskatti en nánar er um það fjallað síðar í greinargerðinni. Samkvæmt frumvarpinu er kílómetragjaldið óháð orkugjafa

og leggst því jafnt á bifreiðar sem knúnar eru bensíni, dísilolíu eða öðrum orkugjafa. Verður það að teljast eðlileg nálgun þar sem með kílómetragjaldinu er eingöngu horft til þyngdar viðkomandi bifreiðar og þess slits sem hún veldur á vegakerfi landsins, óháð orkugjafa.

Helstu rök sem færa má fyrir því að æskilegt sé að viðhalda kílómetragjaldi á þyngri bifreiðar eru í fyrsta lagi þau að ekki verður unnt að tryggja Vegagerðinni sömu tekjur af olíugjaldi og hún hefur haft af þungaskatti nema með verulegri hækkun á fjárhæð olíugjalds frá því sem ákveðið var með lögum nr. 34/1995. Sú upphæð sem olíugjaldið þyrfti að nema mundi valda umtalsverðri röskun á gjaldbyrði einstakra hópa greiðenda frá því sem hún er í þungaskattskerfinu. Þannig mundi olíugjald, án annarrar gjaldtöku, leiða til þess að gjaldbyrði færðist að hluta til frá eigendum stærri bifreiða og yfir á þá sem eiga minni bifreiðar. Með því að viðhalda lágu kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar er unnt að tryggja að greiðslubyrðin verði svipuð því sem verið hefur hjá flestum hópum greiðenda.

Í annan stað má benda á að með því að viðhalda sérstöku kílómetragjaldi á þyngri vöruflutningabifreiðar er gjaldtaka af einstökum ökutækjum í meira samræmi við raunverulegan kostnað sem af notkun þeirra hlýst. Talið hefur verið að þungar vöruflutningabifreiðar valdi sliti á vegum sem sé hlutfallslega mun meira en sem svarar olíunotkun þeirra. Þannig geti gjald á olíuna eitt og sér ekki tryggt að gjaldbyrði sé í samræmi við þann kostnað sem ökutæki valda með sliti á vegum. Í skýrslu frá 1995, sem unnin var af sérfræðinganefnd innan ESB og ber heitið *Towards fair and efficient pricing in transport*, eru rakin sjónarmið um að æskilegt sé að tengja gjaldtöku af ökutækjum til vöruflutninga meira raunverulegum kostnaði sem leiðir af notkun þeirra, m.a. vegna slits þeirra á vegum. Sams konar sjónarmið koma fram í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 1998 sem ber heitið *Fair Payment for Infrastructure Use: A phased approach to a common transport infrastructure charging framework in the EU*. Sagt er að slíkt fyrirkomulag sé sanngjarnt og að auki þjóðhagslega hagkvæmt þar sem það stuðlar að því að hagkvæmustu leiðir séu valdar til vöruflutninga. Í því sambandi er rakið að kílómetragjald sé sanngjarnasta leiðin til að tengja gjaldtöku við slit. Boðað er í skýrslunni að kannaðir verði betur möguleikar til að taka upp slíka gjaldtöku. Er þetta í samræmi við sjónarmið sem þekkjast úr umhverfisfræðum og mikið eru í umræðunni, sbr. meginregluna um notkunargjöld (*user charge*).

Í þriðja lagi skal bent á að með því að láta hluta gjaldtöku á þyngri bifreiðar ráðast af eknum kílómetrum til viðbótar við olíunotkun er dregið úr hinni skyndilegu röskun sem breytt gjaldtaka veldur á samkeppnisstöðu þeirra sem eiga eldri og eyðslufrekari ökutæki gagnvart þeim sem eiga nýrri og eyðslugrennri ökutæki.

VIII. Kostnaður vegna upptöku litunarkerfis.

Samkvæmt frumvarpinu ber olíufélögunum ber að lita þá olíu sem seld verður til gjaldfrjálsra nota. Í lituninni felst að sérstöku litarefni, ásamt merkiefni, er blandað í olíuna áður en hún er afhent til gjaldfrjálsra nota. Óhjákvæmilegt er að upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu fylgi einhver kostnaður. Þannig þurfa olíufélög að kaupa búnað til litunar auk kostnaðar vegna óhagræðis við dreifingu, aukinnar umsýslu o.fl.

Samkvæmt skýrslu nefndar um framkvæmd olíugjalds frá desember 1997 var stofnkostnaður félaganna vegna kaupa á eigin búnaði talinn nema um 330 millj. kr., m.a. vegna byggingar birgðageyma og kaupa á litunarbúnaði, olíuflutningabílum og búnaði í þá o.fl. Kostnaður vegna fjölgunar olíugeyma fyrir verktaka í blönduðum rekstri og bændur var metinn á um 84 millj. kr. Olíufélögin töldu að aukinn árlegur rekstrarkostnaður þeirra vegna upptöku olíugjalds yrði samtals um 143 millj. kr. Þar af nemi beinn rekstrarkostnaður um 70 millj. kr., en fjármagns- og afskriftakostnaður hins vegar um 73 millj. kr. Við mat á árlegum fjár-

magns- og afskriftakostnaði miða félögin við að þau muni bera kostnað vegna kaupa á geymum fyrir verktaka og bændur. Þessar tölur voru byggðar á mati olíufélaganna á líklegum stofn- og rekstrarkostnaði miðað við þann búnað sem félögin eiga fyrir og þær aðferðir sem félögin telja hagkvæmastar til litunar og dreifingar gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olíu.

Nefndin um endurskoðun laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sem ráðherra skipaði á síðari hluta ársins 2000, óskaði efir því að fulltrúar olíufélaganna reyndu á nýjan leik að meta líklegan kostnað við upptöku litunarkerfis hér á landi.

Að mati olíufélaganna virðast tæknilegar forsendur ekki hafa breyst frá 1997 að því marki hvaða lausnir séu vænlegastar. Búnaðurinn sem blandar litnum í olíuna og liturinn eru ekki taldir vera ráðandi þættir í kostnaðinum heldur nauðsynleg sjálfvirknivæðing vegna litunarinnar, áhrif hennar á dreifingu og þær breytingar sem gera þarf á afgreiðslukerfum birgðastöðva. Í stað þess að reisa sérstaka birgðageyma undir litaða olíu er nú gert ráð fyrir að olían verði geymd ólituð á þeim stöðum þar sem bæði verður afgreidd lituð og ólituð olía. Olían verði síðan lituð við áfyllingu á bíla.

Samkvæmt nýju mati olíufélaganna er stofnkostnaður olíufélaganna við upptöku olíugjalds með litun gjaldfrjálsrar olíu talinn vera a.m.k. 290 millj. kr. Sá kostnaður samanstendur af fjárfestingu við uppsetningu blöndunarbúnaðar, vegna breytinga á bensínstöðvum, bílum og birgðastöðvum og vegna aukins búnaðar til viðskiptavina. Fram kemur að stór hluti kostnaðarins sem ráðast þyrfti í væri fólginn í búnaði til litunar, þ.m.t. til innsprautunar, ásamt tölvu og hugbúnaði til stýringar og búnaði í afgreiðslutæki til skolunar, stýringar og skráningar. Kostnaður á hvern afgreiddan lítra af gjaldskyldri olíu er að meðaltali áætlaður um 1,40 kr. án virðisaukaskatts. Aukinn árlegur rekstrarkostnaður er talinn vera sambærilegur við það sem áður hefur verið áætlað.

Samkvæmt framangreindu má sýna fram á að ávinningurinn af tvöföldu kerfi, þ.e. annars vegar olíugjaldi og hins vegar kílómetragjaldi á þyngri bifreiðar, svari til lengdar þeim kostnaði sem af því hlýst. Má líta til nágrannaríkja Íslands í því tilliti.

IX. Framkvæmd litunarkerfis.

Í frumvarpi þessu er á sama hátt og í frumvarpinu frá 1997 gert ráð fyrir tvöföldu kerfi, þ.e. litun gjaldfrjálsrar olíu og kílómetragjaldi á þyngri ökutæki. Í frumvarpinu er lagt til að álagning og önnur framkvæmd varðandi olíugjald og kílómetragjald verði í höndum embættis ríkisskattstjóra en hann geti þó falið Vegagerðinni eða skattstjórum að fara með einstaka þætti framkvæmdarinnar.

Gert er ráð fyrir að Vegagerðin hafi eftirlit með gjaldskyldum ökutækjum eins og verið hefur. Eftirlit með því að ekki sé notuð gjaldfrjáls olía til gjaldskyldra nota felst einkum í því að athuguð eru sýni úr olíugeymi ökutækja. Komi í ljós að olían sé lituð eða þyki eftirlitsmönnum af öðrum ástæðum tilefni til frekari skoðunar, er sýnið sent á rannsóknarstofu þar sem kannað er magn sérstaks merkiefnis sem sett er í alla litaða olíu. Sé magnið umfram tiltekin mörk getur það leitt til viðurlaga eins og nánar er mælt fyrir um í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu skal endurgreiða 70% olíugjaldsins af olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur til þeirra verði sambærilegar afslættinum sem þeir njóta í núverandi þungaskattskerfi.

X. Fjárhæð olíugjalds og kílómetragjalds.

1. Olíugjald.

Í lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu var kveðið á um að fjárhæð olíugjalds skyldi vera 38,50 kr. á hvern lítra af olíu. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 34/1995, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi, var lagt til að olíugjaldið yrði lækkað í 34 kr. á lítra.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er í 3. mgr. 1. gr. miðað við að fjárhæð olíugjalds skuli vera 36,50 kr. á hvern lítra. Ef miðað er við verð á dísilolíu eins og það er núna þýðir það að öðru óbreyttu að verð dísilolíu verður um 89 kr. á lítra. Til samanburðar má geta þess að algengt verð á bensíni er nú um 90 kr. á hvern lítra, mismunandi eftir þjónustustigi. Með því að hafa verð á dísilolíu lægra en bensínverð verða dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegur kostur sem einkabifreiðar.

2. Kílómetragjald.

Eins og fram hefur komið er lagt til að kílómetragjald leggist ekki á fólksflutningabifreiðar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fólksflutningar eru undanþegnir virðisaukaskatti. Við upptöku olíugjalds leggst virðisaukaskattur á gjaldið, ólíkt því sem gildir um þungaskatt. Eigendum vöruflutningabifreiða er unnt að færa virðisaukaskattinn sem innskatt, þannig að hann hefur ekki áhrif á greiðslubyrði þeirra. Skatturinn bætist hins vegar við gjaldbyrði eigenda fólksflutningabifreiða. Ef eigendum stærri fólksflutningabifreiða verður gert að greiða kílómetragjald mun gjaldbyrði þeirra aukast umtalsvert frá því sem nú er.

Kílómetragjaldið leggst einungis á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10 tonn eða meira að heildarþyngd. Fjárhæð gjaldsins er ákvörðuð þannig að breyting á gjaldbyrði eigenda gjaldskyldra ökutækja verði í lágmarki. Miðað er við tilteknar forsendur um olíunotkun eftir þyngd, og er þar m.a. stuðst við upplýsingar Vegagerðarinnar og Samtaka iðnaðarins um olíunotkun. Gert er ráð fyrir að afsláttur sá er veittur hefur verið í núverandi þungaskattskerfi falli að fullu niður.

XI. Áhrif olíugjalds.

1. Almennt.

Með upptöku olíugjalds í stað þungaskatt er fyrirsjáanlegt að umtalsverðar breytingar verði á kostnaði við rekstur dísilbifreiða og mun áhrifa hennar verða víða vart. Áhrifa mun gæta á samsetningu bílaflotans, kostnað við vöru- og farþegaflutninga, tekjur ríkissjóðs og þar með á þær fjárhæðir sem lögum samkvæmt eru ætlaðar til vegagerðar. Erfitt er að meta nákvæmlega öll þau áhrif sem upptaka olíugjalds hefði í för með sér og áhrif á tekjur ríkissjóðs. Einnig ríkir mikil óvissa um framþróun í bílaiðnaði þar sem hröð tækniþróun á síðustu árum hefur gert það að verkum að fram hafa komið vélar í dísilbifreiðar sem eyða umtalsvert minna eldsneyti en áður. Ef dísilbifreiðum fjölgar verulega í kjölfar þess að olíugjald verður tekið upp má því gera ráð fyrir minni eldsneytisnotkun og þar með minni skatttekjum að öðru óbreyttu.

2. Áhrif olíugjalds á samsetningu bílaflotans.

Ítrekað hefur verið bent á að núverandi þungaskattskerfi komi í veg fyrir að hægt sé að reka með hagkvæmum hætti fólksbíla sem knúnir eru með dísilvél. Mikil tækniþróun varðandi dísilvélar hefur leitt til þess að nú eru í boði sparneytnir dísilfólksbílar sem uppfylla ströngustu mengunarkröfur jafnframt því að vera fyllilega samkeppnishæfir í verði við hefðbundna bensínbíla. Dísilbílum hefur því fjölgað hlutfallslega í flestum Evrópulöndum og er nú svo komið að víða í Mið-Evrópu er hlutfall dísilbíla komið vel yfir 50%. Verðlagning á

dísilolíu hefur einnig sitt að segja, en víðast hvar er dísilolía seld á lægra verði en bensín. Almennt er litið svo á að þessi þróun í Evrópu stuðli að minni mengun og dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess sem heildarnotkun á eldsneyti minnkar.

Ástæða þess að ekki er hagkvæmt fyrir venjulegt fjölskyldufólk að reka dísilbíla liggur sem fyrr segir í uppbyggingu þungaskattskerfisins. Til þess að rekstur dísilbíls svari kostnaði verður árlegur akstur að vera það mikill að einungis atvinnubílstjórar eða þeir sem af einhverjum ástæðum keyra mjög mikið sjá sér hag í rekstri slíkra bíla.

Það má því reikna með því að ef olíugjald verður tekið upp í stað þungaskatts fjölgi dísilbílum frá því sem nú er með svipuðum hætti og gerst hefur í öðrum Evrópulöndum. Erfitt er að segja fyrir um hversu hratt sú þróun gæti gerst þar sem ýmislegt annað en breyting á skattaumhverfinu hefur áhrif á framvinduna.

Eins og áður segir er reynsla annarra Evrópuþjóða nokkuð misjöfn hvað varðar útbreiðslu dísilbíla og svo virðist sem það séu fyrst og fremst þjóðir í Mið- og Suður-Evrópu sem aukið hafa hlut dísilbíla á meðan íbúar í Norður-Evrópu hafa farið sér hægar. Meðfylgjandi mynd sýnir hlutfall dísilbíla í sölu á nýjum bílum í nokkrum Evrópulöndum á árunum 1999 og 2000. Greinilegt er að dísilbílar eru í sókn þar sem hlutfall þeirra bíla hækkar milli ára í nánast öllum Evrópulöndum og í Austurríki, Belgíu og á Spáni er hlutfallið komið vel yfir 50%.

Hlutfall dísilbíla í sölu á nýjum bílum í nokkrum Evrópulöndum 1999-2000



Til að meta áhrifin af olíugjaldinu er nauðsynlegt að gefa sér forsendur um aukningu á dísilbílum hér á landi á næstu árum. Í skýrslu starfshóps samgönguráðuneytisins um losun gróðurhúsalofttegunda sem birtist í maí 2001 er lagt til að stjórnvöld stefni að því að hlutur dísilbíla í árlegum innflutningi minni fólksbíla verði kominn í 45% árið 2010. Skýrsla Orkuspárnefndar sem kom út í júní 2001, og fjallar um eldsneytisnotkun á næstu árum, gerir hins vegar ráð fyrir mun hægari þróun þar sem einungis er reiknað með að 10% af bensínnotkuninni færist yfir á dísilbíla vegna breyttrar skattlagningar.

3. Áhrif breytinga á rekstrarumhverfi vöru- og fólksflutninga.

Eins og áður er komið fram breytir upptaka olíugjalds í vissum tilvikum skattbyrði á notendur dísildrifinna bifreiða nokkuð frá því sem verið hefur. Á það helst við þá notendur sem verið hafa á föstu gjaldi og ekið mikið. Þessi áhrif eru þó ekki bundin við upptöku olíugjalds þar sem samkvæmt áliti Samkeppnisráðs nr. 8/1999 verður að setja mæla í öll ökutæki í atvinnurekstri. Sú breyting, þ.e. að taka umrædd ökutæki af fasta gjaldinu, mun því hafa áhrif

á rekstrarumhverfi mikilvægra samgöngugreina sem nú bera þungaskatt, óháð því hvort olíugjald verður tekið upp. Auk þess má reikna með breytingum alls staðar þar sem ökutæki eða vinnuvélar sem knúin eru dísilvélum eru í notkun.

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting í samgöngugreinum í þá veru að hlutur landflutninga hefur vaxið á kostnað loft- og sjóflutninga. Þetta hefur leitt til þess að umferð á vegum hefur aukist stórlega, jafnframt því sem tekjur af þungaskatti hafa farið vaxandi. Þessar breytingar á fyrirkomulagi flutningamála endurspegla fyrst og fremst tækni- og samfélagsþróun sem erfitt getur verið að stýra í einn farveg fremur en annan. Uppbygging vegakerfisins hefur mikið að segja í þessu sambandi og má t.d. nefna að tilkoma Hvalfjarðarganganna hefur haft mikil áhrif á þróun innanlandsflugs til staða sem liggja tiltölulega nálægt höfuðborgarsvæðinu. Sömu sögu er að segja um strandflutninga sem dregist hafa saman jafnt og þétt eftir því sem samgöngur á landi hafa orðið greiðari. Þessu til viðbótar hafa breytingar í ýmsum atvinnugreinum, t.d. í sjávarútvegi, orðið til þess að auka flutningsþörfina og má þar nefna flutninga með sjávarafurðir, ýmist með hráefni eða fullunnar vörur sem fara að mestu leyti fram á landi.

Þó svo að stjórnvöld hafi ekki með skipulegum hætti reynt að hafa áhrif á þessa þróun hefur sú skattastefna sem birtist í þungaskattskerfinu með óbeinum hætti haft sitt að segja sem mikilvægur liður í kostnaði við landflutninga. Þegar flutningafyrirtæki bera saman þá kosti sem þeim standa til boða við val á samgöngutækni er óhjákvæmilegt að þau taki tillit til þessa þáttar og beri hann saman við aðra valkosti og meti síðan hvaða leið er hagkvæmust í hverju tilviki fyrir sig.

Hlutverk þungaskattsins hefur öðru fremur verið að afla tekna til vegagerðar eins og kveðið er á um í lögum. Skattinum hefur ekki verið beitt sem stjórntæki til að ná markmiðum í samgöngumálum öðrum en þeim sem lúta að uppbyggingu vegakerfisins, þó svo að óhjákvæmilega hafi hann óbein áhrif á þann umferðarþunga sem um vegina fer.

4. Áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Áhrif olíugjalds á tekjur ríkissjóðs í stað þungaskatts í núverandi mynd gætu orðið með ýmsum hætti. Þar sem hér er um að ræða umfangsmikla breytingu sem snýr að mörgum þáttum samgöngumála og ríkisfjármála er nánast útilokað að segja til um áhrif slíkrar breytingar með mikilli nákvæmni. Hins vegar má nálgast slíka niðurstöðu út frá gefnum forsendum og þar með segja til um líkleg áhrif á tekjurnar.

Mikilvægt er að taka fram að með núverandi kerfi er átt við tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi á bensín, bæði almennu og sérstöku vörugjaldi, og núverandi þungaskattskerfi. Sú breyting sem felst í olíugjaldskerfinu er fyrst og fremst sú að skattlagning á bensíni og dísilolíu er samræmd þannig að sambærileg krónutala er lögð á eldsneyti og síðan virðisaukaskattur til viðbótar. Þessu til viðbótar kemur síðan sérstakt gjald á þyngri ökutæki vegna þess viðbótar vegasliti sem þau valda.

Samkvæmt þessu má því telja saman þá þætti sem valda breytingum á tekjum ríkissjóðs með eftirfarandi hætti:

- Áhrif vegna olíugjalds á dísilbíla í stað mælagjalds í þungaskattskerfinu.
- Áhrif vegna olíugjalds á dísilbíla í stað fastagjalds í þungaskattskerfinu.
- Áhrif vegna yfirfærslu á bensínbílum yfir í dísilbíla.
- Áhrif vegna hærri virðisaukaskattsstofns við sölu á dísilolíu.
- Áhrif vegna viðbótargjalds á þyngstu ökutækin.

Þær forsendur sem þessir útreikningar byggjst á eru að hluta í samræmi við þær sem starfshópur samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar lagði til grundvallar við mat á losun

gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum í skýrslu sem birtist í maí 2001. Því til viðbótar var lagt mat á meðaleyðslu þyngri ökutækja miðað við þyngdarflokka í þungaskattskerfinu. Þar var stuðst við tölur frá Vegagerðinni auk þess sem óformlega var aflað upplýsinga frá sérfróðum aðilum.

Miðað við þessar forsendur breytir upptaka olíugjalds og breyting á kílómetragjaldinu tekjum ríkissjóðs nær ekkert frá því sem nú er. Reiknað er með að tekjuauki ríkissjóðs af virðisaukaskatti verði einungis vegna ökutækja sem eru undir fjórum tonnum að þyngd þar sem virðisaukaskatturinn verður endurgreiddur til annarra. Mikilvæg forsenda í útreikningunum er hversu hár meðalakstur þeirra bifreiða er sem nú greiða fast árgjald og eru undir fjórum tonnum að þyngd. Hér er reiknað með að hann sé 25.000 km á ári.

Mikilvægt er að taka fram að þessir útreikningar ná einungis til áhrifa breytingarinnar á tekjur ríkissjóðs miðað við núverandi samsetningu bílaflotans. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra breytinga sem breytt skattlagning dísilbíla kann að hafa á samsetningu bílaflotans þegar fram í sækir. Í því sambandi má þó nefna að aukning dísilbifreiða, sérstaklega minni fólksbifreiða, mun væntanlega hafa í för með sér minni eldsneytisnotkun þegar á heildina er litið. Tekjur ríkissjóðs af sköttum á eldsneyti fara því væntanlega lækkandi þegar til lengdar lætur vegna minni eldsneytisnotkunar annars vegar og yfirfærslu frá bensínbílum yfir í dísilbíla hins vegar, þar sem skattlagning á dísilolíu er lægri en skattlagning á bensíni. Til mótvægis við neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs koma jákvæð þjóðhagsleg áhrif vegna lægri eldsneytisútgjalda þjóðarbúsins auk þess sem mjög dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda samhliða minni eldsneytisnotkun.

5. Áhrif á tekjur til vegagerðar.

Verði núverandi þungaskattskerfi lagt niður og þess í stað tekið upp olíugjald má reikna með því að tekjur til vegagerðar lækki frá því sem nú er. Samkvæmt lögum renna allar tekjur ríkissjóðs af þungaskatti, auk sérstaks vörugjalds á bensín, til vegagerðar.

Tekjur til vegagerðar 1997–2000, millj. kr.

	1997	1998	1999	2000
Þungaskattur af dísilbifreiðum	3.086	3.515	4.039	4.639
Mælagjald	2.139	2.257	2.030	2.586
Fast árgjald	947	1.258	2.009	2.054
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.751	5.089	5.398	5.430
Tekjur til vegagerðar samtals	**7.837**	**8.604**	**9.437**	**10.069**

Breyting yfir í olíugjald minnkar tekjur til vegagerðar samkvæmt þeim forsendum sem hér hefur verið miðað við um 300–400 millj. kr. á ári. Til að vega upp á móti þessari tekjulækkun er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjaldi á bensín hækki úr 28,60 kr. á lítra í 30,50 kr. Þar með verður ekki breyting á heildartekjum til vegagerðar við þessa breytingu, miðað við framangreindar forsendur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gjaldstofn olíugjalds afmarkaður en samkvæmt henni leggst olíugjald á gas- og dísilolíu í tollskrárnúmeri 2710.1930. Eins og lýst er hér að framan er gert ráð fyrir að

olíugjaldið leggist fyrst og fremst á olíu til nota á ökutæki og er gjaldstofninn því afmarkaður við þá olíu sem nothæf er sem eldsneyti á ökutæki.

Í 2. mgr. er tekið fram að eldsneyti sem blandað hefur verið gjaldskyldri olíu skv. 1. mgr. sé gjaldskylt með sama hætti.

Í 3. mgr. er kveðið á um fjárhæð olíugjalds.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um álagningu olíugjalds. Samkvæmt henni annast tollstjóri álagningu og innheimtu olíugjalds af gjaldskyldri olíu sem aðrir en þeir sem skráðir hafa verið skv. 3. gr. flytja til landsins. Með samanburði við 3. gr. má sjá að aðallega er því um að ræða álagningu vegna innflutnings til eigin nota. Að öðru leyti er álagning olíugjalds í höndum ríkisskattstjóra. Ástæðan er einkum sú að gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laganna verða ekki nema fjórir til fimm. Auk þess hefur skapast sérfræðiþekking hjá ríkisskattstjóra en embættið hefur haft með höndum álagningu og framkvæmd þungaskatts á landsvísu. Olíugjaldið mun leysa þungaskattinn af hólmi og þykir hagræði af því að aðili með reynslu og sérþekkingu annist álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem gjaldið varðar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um það hverjum beri að standa skil á olíugjaldinu, þ.e. hverjir verða gjaldskyldir samkvæmt lögunum. Skv. 1. tölul. eru þeir gjaldskyldir sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu, skv. 2. tölul. eru þeir gjaldskyldir sem flytja inn til endursölu eða eigin nota olíu og skv. 3. tölul. eru þeir gjaldskyldir sem kaupa olíu innanlands til endursölu.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að aðilar sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja olíu inn til eigin nota, skuli ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til ríkisskattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir og enn fremur að ef nýir aðilar hefja starfsemi skuli þeir tilkynna um það áður en starfsemin hefst.

Í 3. mgr. er getið þeirra upplýsinga sem þurfa að koma fram í tilkynningu skv. 2. mgr.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ríkisskattstjóri geti hafnað skráningu aðila sem ekki fullnægir skilyrðum þessarar greinar eða annarra ákvæða laganna. Ríkisskattstjóri mun fyrst og fremst kanna hvort um sé að ræða þá aðila sem skilgreindir eru í 1. mgr.

Í 5. mgr. er ákvæði um að gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu hafi heimild til að flytja inn olíu og fá afhenta olíu frá öðrum gjaldskyldum aðilum án greiðslu olíugjalds. Jafnframt er ákvæði í 3. málsl. um að þeir sem ekki hafa fengið skráningu þar sem ríkisskattstjóri hefur hafnað henni skv. 4. mgr. hafi ekki þá heimild sem getið er um í 1. málsl.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið er á um í hvaða tilvikum heimilt er að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu. Meginreglan er sú að heimilt verður að afhenda slíka olíu til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki. Einnig verður heimilt að afhenda slíka olíu á dráttarvélar í landbúnaði, enda þótt þær séu skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að afhenda gjaldfrjálsa olíu til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota. Heimildinni er ætlað að ná til sérhæfðra bifreiða sem aka mjög lítið en nota mikla olíu vegna staðbundinnar vinnu með búnaði bifreiðarinnar. Heimildin takmarkast við ökutæki sem falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög en undir þann lið falla vélknúin ökutæki til sérstakra nota. Sem dæmi um ökutæki sem geta notið heimildarinnar má nefna kranabifreiðar og steypubifreiðar.

Í greininni er gerð grein fyrir þeirri notkun sem telst undanþegin olíugjaldi og kveðið á um að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi. Sérstaklega er tekið fram að óheimilt sé að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki. Jafnframt er bannað að fjarlægja litarefni úr olíunni að hluta eða öllu leyti.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að öðrum en gjaldskyldum aðilum skv. 3. gr., sem fengið hafi leyfi ríkisskattstjóra, sé óheimilt að annast litun gjaldfrjálsrar olíu. Gert er ráð fyrir að búnaður sá sem nota á til litunar hafi áður fengið viðurkenningu hjá Löggildingarstofu. Ekki er kveðið á um gerð eða samsetningu litarefnis, litunarbúnað eða framkvæmd litunar að öðru leyti í lagatextanum en gert ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um þetta efni líkt og gert er í nágrannalöndum okkar.

Um 6. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal endurgreiða hluta olíugjalds af olíu sem sérleyfishafar og þeir sem reka almenningsvagna nota við rekstur hópbifreiða. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu samkvæmt greininni ber að kaupa ólitaða gjaldskylda olíu. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur samkvæmt þessum tölulið verði sambærilegar afslætti sem þessir aðilar njóta í núverandi þungaskattskerfi. Hafa skal samráð við samgönguráðherra við setningu reglnanna samkvæmt ákvæðinu.

Samkvæmt 2. mgr. ber að endurgreiða olíugjald vegna olíu sem notuð er á bifreiðar í eigu sendiráða eða sendimanna erlendra ríkja.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga aðila sem flytja inn, framleiða eða stunda aðvinnslu gjaldskyldrar olíu.

Í 1. mgr. eru ákvæði sem lúta að bókhaldi aðila sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu hér á landi. Gerð er krafa um að þeir haldi aðgreindum í bókhaldi sínu kaupum á olíu til framleiðslu og aðvinnslu, olíu til annarra nota og olíu sem er seld eða afhent með öðrum hætti. Enn fremur er í 1. mgr. ákvæði um bókhald yfir kaup aðila á annarri olíu en þeirri sem notuð er til framleiðslu eða aðvinnslu, gjaldskyldri sem gjaldfrjálsri, eigin notkun slíkar olíu og afhendingu. Loks er gerð sú krafa að gjaldskyldir aðilar haldi bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því svo að hægt sé að staðreyna samsvörun á milli magns litarefnis og afhentrar gjaldfrjálsrar olíu á ákveðnu tímabili.

Í 2. mgr. er ákvæði um bókhald skráðra aðila, annarra en þeirra sem stunda framleiðslu eða aðvinnslu gjaldskyldrar olíu. Gerð er krafa um að bókhald þeirra sé með þeim hætti að þar megi sjá öll kaup á olíu, gjaldskyldri sem gjaldfrjálsri, afhendingu og eigin not olíunnar. Einnig er gerð krafa um að bókhald sé haldið yfir aðfengið litarefni og notkun á því líkt og í 1. mgr.

Í 3. og 4. mgr. eru ákvæði um útgáfu sölureikninga og hvað koma skuli fram á þeim. Ákvæði 3. mgr. á við um alla afhendingu olíu hvort sem olíugjald er lagt á eða olía afhent án olíugjalds á grundvelli undanþágu frá gjaldskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga. Við afhendingu á litaðri olíu skal tilgreina á sölureikningi að um gjaldfrjálsa olíu sé að ræða skv. 4. mgr.

Í 5. mgr. kemur hins vegar fram að ekki sé skylt að gefa út sölureikning við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að sérleyfishafar og rekstraraðilar almenningsvagna, sem hljóta endurgreiðslu skv. 1. mgr. 6. gr., skuli hafa yfirlit yfir hversu leiðirnar sem sérleyfin ná til og áætlunarleiðirnar eru langar og skrá fjölda kílómetra sem ökutæki í þeirra eigu hafa ekið á viðkomandi leiðum. Skráningin skal grundvallast á talningu ökumælis líkt og verið hefur í núgildandi þungaskattskerfi. Rekstraraðili almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða skal halda í bókhaldi sínu reikninga yfir aðkeypta olíu vegna rekstrar almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða eingöngu og geta sýnt fram á að olían hafi ekki verið notuð á önnur ökutæki.

Í 2. mgr. kemur fram að vanræki aðili að skrá fjölda kílómetra sem ökutæki í hans eigu hafa ekið á leið sem sérleyfi hans nær til eða þeir eru rangt skráðir eða að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. falli niður réttur til endurgreiðslu á viðkomandi endurgreiðslutímabili.

Um 9. gr.

Í þessari grein og þeirri næstu er að finna nánari afmörkun á því af hvaða magni olíu greiða skuli olíugjald á hverju uppgjörstímabili. Meginreglan kemur fram í 1. mgr. þar sem segir að greiða skuli olíugjald fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við það magn olíu sem hefur verið afhent á tímabilinu úr viðurkenndum birgðastöðum gjaldskyldra aðila. Samkvæmt þessari grein leggst olíugjald á olíu sem afhent er beint frá birgðastöð til kaupanda eða notanda þegar sú afhending fer fram eða þegar olía er afhent frá birgðastöð til smásala. Jafnframt leggst olíugjald á olíu sem tekin er til eigin notkunar.

Í 2. mgr. er ákvæði sem heimilar gjaldskyldum aðila að draga frá við uppgjör olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu.

Um 10. gr.

Í greininni eru nánari ákvæði um hvað telst vera gjaldskyld olía skv. 9. gr. Talið er upp í þremur liðum í hvaða tilvikum afhent magn teljist ekki vera gjaldskylt þrátt fyrir ákvæði 9. gr. Í fyrstu tveimur töluliðunum er fjallað um olíunotkun sem leiðir af öðrum ákvæðum laganna að er gjaldfrjáls en í þriðja töluliðnum er sjálfstæð undanþáguheimild.

Samkvæmt 1. tölul. greinarinnar má draga það magn olíu sem afhent er öðrum gjaldskyldum aðila frá því magni sem greiða á olíugjald af á tímabilinu. Með þessum undanþágum er komið í veg fyrir að olíugjald leggist á olíu þótt hún sé flutt milli birgðastöðva gjaldskyldra aðila.

Í 2. tölul. er heimild til að draga frá olíu sem flutt er úr landi. Þótt það komi ekki beinum orðum fram í upphafsákvæði laganna er markmið þeirra að leggja olíugjald einvörðungu á notkun innan lands eins og almennt gildir um skattlagningu vara. Því er tekið fram í þessari grein að draga megi frá greiðslu olíugjalds olíu sem flutt er úr landi.

Í 3. tölul. er heimild til að draga frá magn olíu sem sannanlega hefur farið forgörðum vegna rýrnunar af ástæðum sem taldar eru upp í töluliðnum eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Sönnunarbyrði vegna slíkrar rýrnunar hvílir á hinum gjaldskylda en það er háð mati skattyfirvalda hvenær nægilega telst sýnt fram á að hún hafi orðið. Þessi heimild á einungis við þegar rýrnun verður eftir að olía er afhent frá birgðastöð en olíurýrnun innan birgðastöðvar myndar ekki gjaldstofn olíugjalds þar sem álagningin fer ekki fram fyrr en við afhendingu úr birgðastöð.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um uppgjörstímabil olíugjalds, gjalddaga og skyldu gjaldskylds aðila til að standa skil á olíugjaldi ásamt olíugjaldsskýrslu. Hvert uppgjörstímabil er einn mánuður og gjalddagi 15 dögum síðar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um að ríkisskattstjóri ákvarði olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili og heimild hans til að rannsaka olíugjaldsskýrslur og leiðrétta þær og áætla greiðslu olíugjalds ef skýrslu er ekki skilað eða innan tilskilins tíma, engin skýrsla send eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Ákvæði 2. mgr. eru sambærileg ákvæðum í 25. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli afturkalla skráningu gjaldskylds aðila, sbr. 3. gr., ef olíugjaldsskýrslu er ekki skilað á réttum tíma eða olíugjald ekki greitt þar til úr hefur verið bætt. Gjaldskyldir aðilar, sem eru ekki skráðir skv. 3. gr., hafa ekki heimild til að flytja inn eða fá afhenta olíu án greiðslu gjalds og yrðu því, ef úrræði þessu yrði beitt, að greiða olíugjaldið þegar við tollafgreiðslu innfluttrar olíu eða við móttöku ef olía er keypt af innlendum aðila.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álag á vangreitt olíugjald. Ákvæði þetta er samhljóða ákvæðum 1., 2., 3. og 6. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að lögfestar verði reglur um með hvaða hætti ríkisskattstjóri skuli ákvarða og endurákvarða olíugjald. Reglur þessar eru sambærilegar málsmeðferðarákvæðum annarra skattalaga svo sem laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um virðisaukaskatt. Telja verður æskilegra að reglur þessar komi skýrt fram í lögunum en að vísað sé til ákvæða annarra laga. Segja má að efnisákvæði greinarinnar séu eftirfarandi: Lagt er til að reglur um fyrirspurn ríkisskattstjóra verði færðar inn í ákvæði laganna. Tekinn er upp 15 daga lágmarksfrestur til að andmæla endurákvörðun auk almenns ákvæðis um boðun breytinga. Frestur ríkisskattstjóra til endurákvörðunar verður að jafnaði tveir mánuðir.

Um 14. gr.

Með þessari grein er lagt til að tekið verði upp kílómetragjald á bifreiðar og eftirvagna sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, að undanskildum bifreiðum sem eru ætlaðar til fólksflutninga. Með leyfðri heildarþyngd er átt við þá þyngd sem er leyfð á vegum samkvæmt reglugerð nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja, sbr. 6. mgr. Ekki er gerður greinarmunur á því hvers konar eldsneyti er notað á bifreiðar sem ná þessum þyngdarmörkum. Fjárhæð gjaldsins í einstökum gjaldflokkum er ákvörðuð þannig að greiðslubyrði vegna léttari bifreiða verði nokkru minni en samkvæmt núgildandi kerfi. Hins vegar verður greiðslubyrði vegna bifreiða sem eru 16 tonn eða þyngri nokkuð meiri en hún er samkvæmt þungaskattskerfinu.

Gert er ráð fyrir að kílómetragjald af gjaldskyldum eftirvögnum verði tvöfalt það gjald sem greiða ber af gjaldskyldum bifreiðum. Að öðrum kosti mundi draga verulega úr gjaldbyrði eftirvagna frá því sem er í núverandi kerfi. Tvöfalt kílómetragjald á eftirvagna mun því ekki auka gjaldbyrði af þeim frá því sem nú er. Leitast er við að hafa gjaldbyrði mismunandi flutningsforma sem líkasta.

Kílómetragjaldið er byggt upp eins og þungaskattur og mun það kerfi sem byggt er á nú verða notað áfram. Kílómetragjaldið verður þó mun einfaldara í framkvæmd en álestrartímabilum fækkar t.d. úr þremur í tvö.

Önnur ákvæði greinarinnar eru óbreytt frá lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Um 15. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu til endurákvörðunar skatts þegar sem heildarþyngd ökutækis reynist meiri en gjaldþyngd þess í álestrarskrá ökumæla. Ekki skiptir máli hvort gjaldþyngd hefur verið skráð minni skv. 16. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við d-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996.

Um 16. gr.

Greinin kveður á um að ríkisskattstjóri skuli ákvarða kílómetragjald að loknu hverju álestrartímabili. Gert er ráð fyrir að álestrartímabilum fækki um eitt frá því sem verið hefur í þungaskattskerfinu og þau verði því tvö, þ.e. 1.–15. desember og 1.–15. júní. Gjaldið er lagt á skráðan eiganda ökutækisins við álestur. Gjalddagar eru 1. janúar og 1. júlí.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við b-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ökumanns til skráningar á akstri í akstursbók og skyldur ef taka þarf ökumæli úr ökutæki vegna viðgerðar. Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. og B-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, eins og þeim var breytt með lögum nr. 68/1996. Vísast um skýringar til athugasemda við 8. og 10. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 68/1996.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að ákvæði um endurákvörðun kílómetragjalds verði í 18. gr. laganna. Ákvæðið er efnislega samhljóða c-lið 15. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 68/1996 og vísast til athugasemda við þá grein.

Um 19. gr.

Lagt er til að bætt verði við lögin nýjum kafla um kæruheimildir, eftirlit og refsiábyrgð. Í þessari grein er kveðið á um kæruheimildir. Greinin tekur til olíugjalds, kílómetragjalds. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að kæra ákvörðun ríkisskattstjóra um olíugjald og kílómetragjald til hans innan þrjátíu daga frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Skýrar reglur eru um frá hvaða tímamarki skuli reikna frestina. Önnur ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða málsmeðferðarákvæðum virðisaukaskattslaganna.

Um 20. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlit. Ríkisskattstjóri skal annast eftirlit með að lituð olía sé ekki notuð á skráningarskyld ökutæki ásamt eftirliti með ökumælum og skráningu aksturs ökutækja sem greitt er af kílómetragjald. Gert er ráð fyrir að eftirlitið á vettvangi verði áfram í höndum Vegagerðarinnar en hún hefur sinnt því með góðum árangri í þungaskattskerfinu. Yfirumsjón eftirlits verður þó í höndum ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri tilkynnir síðan skattrannsóknarstjóra ríkisins eftir atvikum grun um refsivert brot.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna við störf sín. Tekið er fram að heimilt sé að stöðva ökutæki til að taka sýni úr eldsneytisgeymi svo ganga megi úr skugga um að ekki sé notuð lituð olía. Jafnframt eru tilteknar heimildir til að stöðva kílómetragjaldsskyld ökutæki og gera athuganir á ökumælisbúnaði, skráningu í akstursbók o.fl.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimildir eftirlitsmanna ríkisskattstjóra til að fá gögn hjá olíugjaldsskyldum aðilum skv. 3. gr. svo ganga megi úr skugga um réttmæti álagningar olíugjalds og sölu eða afhendingu á jafnt litaðri sem ólitaðri olíu.

Um 21. gr.

Í þessari grein er lagt til að refsiákvæði laganna verði í einu ákvæði. Ákvæðið tekur þá til olíugjalds og kílómetragjalds. Greininni svipar að meginstefnu til 18. gr. núgildandi laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, að breyttu breytanda en einnig var höfð hliðsjón af 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 4. mgr. er þó einnig lögð refsing við því að nota litaða olíu á skráningarskylt ökutæki, sbr. 4. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því að tekið verði strangar á þeim brotum í framkvæmd en öðrum brotum skv. málsgreininni. Um skilgreiningu á hugtökunum ásetningur og gáleysi vísast til refsiréttar. Í ákvæðinu er verknaðarlýsing, þó er ekki um að ræða tæmandi upptalningu brota sem falla undir ákvæðið, enda vísar orðalag greinarinnar til ákvæða laganna að því leyti sem upptalningin nær ekki til þeirra. Um skýringu á þeim atriðum sem refsiverð eru samkvæmt þessari grein vísast til umfjöllunar um þau í viðeigandi greinum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins ákvarðar refsingar samkvæmt greininni en í 6. mgr. er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri geti ákvarðað sektir hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 4. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantalinn.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar eru að mestu leyti tekin óbreytt að efni til úr núgildandi lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Ákvæði 4. og 5. mgr. eiga sér hins vegar fyrirmynd í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Um 23.–24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á fjáröflun ríkisins til vegagerðar með gjaldtöku af notkun ökutækja sem knúin eru af dísilolíu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekið verði upp olíugjald á dísilolíu sem verði 36,50 kr. á hvern lítra. Að óbreyttu ætti verð á lítra af dísilolíu þá að verða mjög svipað og á lítra af bensíni, eða í um 90 kr. miðað við verðlag í dag. Samkvæmt frumvarpinu verður notkun dísilolíu gjaldfrjáls fyrir tilteknar tegundir tækja og véla, t.d. skip og búvinnuvélar, en litarefni verður blandað í slíka olíu við áfyllingu. Óheimilt verður að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki og er kveðið á um að lagt verði

sérstakt olíugjald á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki. Þá er lagt til að auk olíugjalds verði innheimt stighækkandi kílómetragjald á bifreiðar og eftirvagna sem eru þyngri en 10 tonn, að undanskildum fólksflutningabifreiðum. Gert er ráð fyrir að kílómetragjaldið verði mun lægra en núverandi gjald og nái til um helmingi færri ökutækja en núverandi þungaskattur, eða um 5–6 þúsund í stað um 12 þúsund. Fast árgjald þungaskatts verður fellt niður.

Ákvæði frumvarpsins beinast einkum að þáttum sem varða tekjuhlið ríkissjóðs. Ekki er ástæða til að ætla að þau hafi veruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs en þó er reiknað með að breytt fyrirkomulag þessarar skattlagningar verði heldur ódýrara í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri annist álagningu og aðra framkvæmd varðandi olíugjald og sérstakt kílómetragjald en að hann geti falið skattstjórum og Vegagerðinni að annast einstaka þætti. Árlegur kostnaður við þungaskattskerfið hjá ríkisskattstjóra nemur liðlega 40 m.kr. en áætlað er að hann geti lækkað um 10 m.kr., aðallega þar sem draga mun verulega úr kostnaði í tengslum við álestra. Í þeirri áætlun er reiknað með að í stað fækkunar starfa við þungaskattskerfið komi aukið vinnuframlag við bókhaldslegt eftirlit í tengslum við olíugjaldið. Miðað er við að Vegagerðin annist áfram og standi straum af vegaeftirliti með gjaldskyldum ökutækjum sem mun þá fela í sér töku sýna úr olíugeymum og eftirlit með um helmingi færri ökutækjum með ökumæli. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að 0,5% af innheimtum tekjum renni í ríkissjóð til að standa undir þessum útgjöldum. Er þar um að ræða sama hlutfall og runnið hefur í ríkissjóð af tekjum af þungaskatti til að mæta kostnaði við framkvæmd núverandi kerfis.

Fjárhæðir olíugjaldsins og kílómetragjaldsins eru í frumvarpinu miðaðar við að tekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar. Samsetning teknanna mundi þó breytast þannig að tekjustofnar Vegagerðarinnar gætu lækkað um 300–400 m.kr. Því er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald af bensíni til Vegagerðarinnar verði hækkað sem þessu nemur og almennt vörugjald af bensíni verði lækkað í sama mæli samkvæmt frumvarpi um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

1454. Frumvarp til laga [739. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „10,50“ í 14. gr. laganna kemur: 8,60.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „28,60“ í 2. málsl. kemur: 30,50.
b. Í stað fjárhæðarinnar „30,43“ í 2. málsl. kemur: 32,33.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um olíugjald. Gert er ráð fyrir að tekjur til vegagerðar lækki að óbreyttu um 300–400 millj. kr. við upptöku olíugjalds í stað núgildandi þungaskattskerfis, þó svo að heildartekjur ríkissjóðs haldist því sem næst óbreyttar vegna aukinna tekna af virðisaukaskatti. Til að koma í veg fyrir skerðingu tekna til vegagerðar er í þessu frumvarpi lögð til hækkun á sérstöku vörugjaldi af bensíni, sem er eyrnamerktur tekjustofn til þess málaflokks, en móti komi samsvarandi lækkun á almenna bensíngjaldinu, en tekjur af því renna beint í ríkissjóð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um olíugjald og kílómetragjald. Samkvæmt því frumvarpi breytist samsetning tekna ríkissjóðs þannig að tekjustofnar Vegagerðarinnar gætu lækkað um 300–400 m.kr. Til að vega það upp er í þessu frumvarpi lagt til að sérstakt bensíngjald sem rennur til vegamála hækki um 1,90 kr. og að almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð lækki um sömu fjárhæð. Útgjöld ríkissjóðs verða óbreytt eftir sem áður verði frumvarpið lögfest.

1455. Fyrirspurn [740. mál]

til landbúnaðarráðherra um óðalsjarðir.

Frá Kristjáni Pálssyni.

Fylgja óðalsbönd spildum eða lóðum sem seldar eru úr óðalsjörð?

Skriflegt svar óskast.

1456. Lög [505. mál]

um breytingu á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1447.

1457. Lög [338. mál]

um búfjárhald o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1449.

1458. Lög [630. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1450.

1459. Lög [504. mál]

um varnir gegn landbroti.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1451.

1460. Lög [433. mál]

um útlendinga.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1431.

1461. Lög [616. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1432.

1462. Lög [710. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Samhljóða þskj. 1433.

1463. Þingsályktun [681. mál]

um flugmálaáætlun árið 2002.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árið 2002.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN OG GJÖLD
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Flugmálaáætlun	**2002**
TEKJUR OG FRAMLÖG	
Markaðar tekjur	
Flugvallagjald	721,0
Framlög úr ríkissjóði	*740,8*
Ríkistekjur	*111,8*
Sértekjur	
Tekjur af alþjóðaflugþjónustu	1.340,2
Aðrar sértekjur	227,7
TEKJUR OG FRAMLÖG ALLS	3.141,5

Flugmálaáætlun	2002
Viðskiptahreyfingar	
Frestun framkvæmda	-68,0
Lántökur	456,0
Afborganir lána	0,0
Viðskiptahreyfingar samtals	*388,0*
TIL RÁÐSTÖFUNAR ALLS	3.529,5
GJÖLD	
Rekstur og þjónusta	
Yfirstjórn	219,8
Eftirlit og öryggismál	115,7
Flugvallaþjónusta	532,1
Flugumferðar- og leiðsöguþjónusta innan lands	289,2
Alþjóðaflugþjónusta	1.440,6
Minjar og saga	0,0
Rekstur samtals	*2.597,4*
Viðhald og styrkir	
Viðhaldssjóðir	17,0
Viðhald og styrkir samtals	*17,0*
Stofnkostnaður	
Flugvellir	789,8
Önnur mannvirki, búnaður og verkefni	125,3
Stofnkostnaður samtals	*915,1*
GJÖLD ALLS	3.529,5

II. FLOKKUN FLUGVALLA

2.1 Flokkur I.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

2.2 Flokkur II.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

2.3 Flokkur III.

Eftirfarandi áætlunarflugvellir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar- og Bakkaflugvöllur.

2.4 Flokkur IV.

Eftirfarandi þjónustuflugvellir eru flokkaðir í flokk IV: Húsavíkur-, Kópaskers-, Norðfjarðar-, Patreksfjarðar-, Raufarhafnar-, Reykjahlíðar-, Rifs- og Siglufjarðarflugvöllur.

2.5 Flokkur V.

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvellir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps-, Tungubakka- og Stykkishólmsflugvöllur.

2.6 Flokkur VI.

Eftirfarandi flugvellir og lendingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Breiðdalsvík, Borgarnes, Borgarfjörður eystri, Búðardalur, Dagverðará, Djúpivogur, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Forsæti, Geysir, Gunnarsholt, Grímsstaðir, Grundarfjörður, Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Hrauneyjafoss, Hveravellir, Hvolsvöllur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksstaðamelar, Melgerðismelar, Múlakot, Nýidalur, Reykhólar, Reykjanes, Sandá, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Svínafell, Vík og Þórsmörk.

III. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

		2002
VIÐHALD		
31	**Viðhaldssjóðir (malbik, klæðing, málning)**	**17,0**
STOFNKOSTNAÐUR		
32	**Reykjavíkurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	654,9
	2. Byggingar	65,6
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	18,5
		739,0
33	**Akureyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	20,4
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	5,5
		25,9
34	**Bakkaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	1,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		1,5
35	**Ísafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,7
	2. Byggingar	10,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		10,7
36	**Þingeyrarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,0
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,0
37	**Hornafjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,8
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,8

		2002
38	**Þórshafnarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,5
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	1,7
		2,2
39	**Gjögurflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
310	**Siglufjarðarflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	0,0
	2. Byggingar	0,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		0,5
311	**Æfingaflugvöllur**	
	1. Flugbrautir og hlöð	2,7
	2. Byggingar	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður	0,0
		2,7
312	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir**	**4,0**
313	**Flugumferðar- og leiðsögubúnaður**	**34,7**
314	**Til leiðréttingar brýnna verkefna**	**12,5**
315	**Tækjasjóður**	**42,9**
316	**Stjórnunarkostnaður**	**15,0**
317	**Flugvernd, vopnaleit**	**20,2**
		125,3
	FLUGMÁLAÁÆTLUN SAMTALS	932,1

1464. Þingsályktun [680. mál]

um breytingu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

(Afgreidd frá Alþingi 2. maí.)

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árið 2002 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN*

(Fjárhæðir í m.kr.)

	2002
1.1. Markaðar tekjur:	
1. Bensíngjald	5.434
2. Þungaskattur, km-gjald	2.499
3. Þungaskattur, árgjald	2.465
	10.398
1.2. Umsýslugjald 0,5%	-52
	10.346
1.3. Aðrar tekjur:	
1. Leyfisgjöld flutninga	9
2. Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugmála	123
	10.478
1.4. Viðbótarfé	500
15 Sérstök fjáröflun	2.300
16 Frestun framkvæmda	-1.616
	11.662
17 Lánsfé:	
1. Vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga	-40
2. Vegna ferja	-263
Samtals	**11.359**

* Áætlunin er sett upp á áætluðu meðalverðlagi árið 2002 (vísitala vegagerðar 6740 stig). Hækkun frá 2001 nemur um 6% og er það í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2002.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

		2002
GJÖLD		
21 Rekstur og þjónusta		
1. Yfirstjórn		**264**
2. Upplýsingaþjónusta		**56**
3. Umferðareftirlit		**52**
4. Þjónusta		**2.194**
1. Þjónustusvæði	300	
2. Vegir og vegyfirborð	385	
3. Brýr og veggöng	60	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	364	
5. Þéttbýlisvegir	263	
6. Vetrarþjónusta	822	
5. Almenningssamgöngur		**750**
1. Ferjur og flóabátar	518	
Þar af afborganir ferjulána til ríkissjóðs		**-263**
2. Áætlunarflug	123	
3. Sérleyfi á landi	109	
6. Rannsóknir		**98**
Rekstur og þjónusta samtals		**3.151**
2.2. Viðhald		
1. Endurnýjun bundinna slitlaga		**860**
2. Endurnýjun malarslitlaga		**235**
3. Styrkingar og endurbætur		**543**
4. Brýr, varnargarðar og veggöng		**179**
5. Öryggisaðgerðir		**130**
6. Vatnaskemmdir		**123**
Viðhald samtals		**2.070**
2.3. Stofnkostnaður		
1. Stofnvegir		**3.944**
1. Almenn verkefni	424	
2. Höfuðborgarsvæðið	1.191	
3. Stórverkefni	2.329	
Þar af afborganir lána vegna Hvalfjarðarganga til ríkissjóðs		**-40**
2. Jarðgangaáætlun		**300**
3. Tengivegir		**477**
4. Til brúargerðar		**206**
1. Brýr 10 m og lengri	182	
2. Smábrýr	24	
5. Ferðamannaleiðir		**346**
6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi		**370**
7. Girðingar		**55**
8. Landsvegir		**115**
9. Safnvegir		**272**
10. Styrkvegir		**54**
11. Reiðvegir		**39**
Stofnkostnaður samtals		**6.138**
	Samtals	**11.359**

SUNDURLIÐUN

2.3. Stofnkostnaður.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
1		Hringvegur	
	a6	Um Skaftá	11
35		Biskupstungnabraut	
	08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	41
359		Bræðratunguvegur	
	01	Um Hvítá	20
1		Hringvegur	
	e1	Lagfæringar	37
45		Garðskagavegur	
	04	Í Sandgerði	10
427		Ísólfsskálavegur	
	04	Grindavík – Ísólfsskáli	4
1		Hringvegur	
	g6	Borgarnes	16
54		Snæfellsnesvegur	
	10	Sæluhús – Valavatn	16
574		Útnesvegur	
	06	Lýsing við Hellissand og Rif	3
60		Vestfjarðavegur	
	01	Brattabrekka	37
61		Djúpvegur	
	09	Kollafjörður	31
	45	Hnífsdalur – Bolungarvík	40
744		Þverárfjallsvegur	
	01-02	Þverá – Skagavegur	72
1		Hringvegur	
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur	15
1		Hringvegur	
	x1	Suðursveit	38
85		Norðausturvegur	
	34-35	Hölkná – Miðheiðarhryggur	14
92		Norðfjarðarvegur	
	10	Um Norðfjarðará	9
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi	
		Lagfæringar á þjóðvegum	10
		Samtals	424

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
1	Hringvegur	
e3	Lagfæring á gjá	10
f2	Gatnamót við Víkurveg	100
f3	Gatnamót við Skarhólabraut	50
f3	Í Mosfellsbæ	16
40	Hafnarfjarðarvegur	
02	Rampi í Kópavogi	10
41	Reykjanesbraut	
11	Gatnamót við Stekkjarbakka	30
11	Gatnamót við Breiðholtsbraut	250
12	Fífuhvammsvegur – Kaplakriki	30
14	Í Hafnarfirði	330
49	Nesbraut	
04	Færsla Hringbrautar	130
432	Hallsvegur	
01	Hringvegur – Höfðabakki	25
450	Sundabraut, undirbúningur	50
	Göngubrýr og undirgöng	76
	Smærri verk og óráðstafað	84
	Samtals	1.191

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Djúpá, Hörgsá		
1	Hringvegur	
a2	Um Djúpá og Laxá	39
Þjórsá		
1	Hringvegur	
c8	Um Þjórsá	409
Biskupstungnabraut		
35	Biskupstungnabraut	
08-09	Laugarvatnsvegur – Gullfoss	48
Reykjanesbraut, Hafnarfjörður – Keflavík		
41	Reykjanesbraut	
15-18	Breikkun	134
Hvalfjarðartengingar		
1	Hringvegur	
	Hvalfjarðartengingar	63
Breikkun brúa á Vesturlandi		
1	Hringvegur	
h4	Norðurá í Heiðarsporði	65
Snæfellsnesvegur um Kolgrafafjörð		
54	Snæfellsnesvegur	
15	Kolgrafafjörður	21
Vatnaheiði, Kerlingarskarðsvegur		
56	Vatnaleið	10

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
Vestfjarðavegur, Brattabrekka – Svínadalur		
60	Vestfjarðavegur	
01	Brattabrekka	213
Hálsasveitarvegur að Húsafelli		
518	Hálsasveitarvegur	
02-03	Reykholtsdalur – Húsafell	98
Gilsfjörður		
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	26
Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur – Flókalundur		
60	Vestfjarðavegur	
29-31	Múli – Vattarnes	129
Vestfjarðavegur um Gemlufallsheiði		
60	Vestfjarðavegur	
44	Gemlufallsheiði – Bjarnadalur	5
Ísafjarðardjúp		
61	Djúpvegur	
31	Gilseyri – Kleifaós	106
Barðastrandarvegur, Flókalundur – Patreksfjörður		
62	Barðastrandarvegur	
04	Kleifaheiði	49
Breikkun brúa á Norðurlandi vestra		
1	Hringvegur	
k8	Um Vatnsdalsá	45
Þverárfjallsvegur		
744	Þverárfjallsvegur	
01-02	Þverá – Skagavegur	35
Hringvegur á Mývatnsheiði		
1	Hringvegur	
q9	Mývatnsheiði	100
Norðausturvegur, Húsavík – Þórshöfn		
85	Norðausturvegur	
09	Tjörnes: Bangastaðir – Víkingavatn	265
24	Um Svalbarðsá	5
Tenging Norðurland – Austurland		
1	Hringvegur	
s1-s2	Biskupsháls – Vegaskarð	45
s6-s7	Ármótasel – Skjöldólfsstaðir	23
Hringvegur á Austurlandi		
1	Hringvegur	
s8-s9	Hofteigur – Hrólfsstaðir	94
u4	Búðaá – Hvannabrekka	86
u9	Melrakkanes – Blábjörg	55
v1	Þvottár- og Hvalnesskriður	33
v4	Jökulsá í Lóni	40
x1	Suðursveit	32
Suðurfjarðavegur		
96	Suðurfjarðavegur	
11	Kambanes – Snæhvammur	46
Samgöngurannsóknir		10
	Samtals	2.329

2. Jarðgangaáætlun.

	2002 m.kr.
Siglufj. – Ólafsfj. og Reyðarfj. – Fáskrúðsfj.	300
Samtals	300

3. Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
25		Þykkvabæjarvegur	
	02	Hrafntóftir – Ásvegur	18
26		Landvegur	
	02	Holtsmúli – Fellsmúli	36
33		Gaulverjabæjarvegur	
	01	Önundarholtsvegur – Skipar	36
305		Villingaholtsvegur	
	01	Kolsholt – Urriðafossvegur	4
310		Votmúlavegur	
	01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur	6
329		Mástunguvegur	
	01	Skyggnir – Laxárdalur	5
374		Hvammsvegur	
	01	Sogn – Hringvegur	19
48		Kjósarskarðsvegur	
	01-11	Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur	36
50		Borgarfjarðarbraut	
	02	Vatnshamraleið	42
505		Melasveitarvegur	27
508		Skorradalsvegur	
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	2
518		Hálsasveitarvegur	
	01	Lýsing við Reykholt	2
523		Hvítársíðuvegur	4
530		Ferjubakkavegur	3
5240		Bifrastarvegur	
	01	Lýsing við Bifröst	2
612		Örlygshafnarvegur	
	01	Barðastrandarvegur – Örlygshöfn	21
629		Syðradalsvegur	
	01	Djúpvegur – Geirastaðir	8
645		Drangsnesvegur	
	01	Reykjarnes – Drangsnes	22
711		Vatnsnesvegur	
	02	Skarð – Bergsstaðir	13
722		Vatnsdalsvegur	
	04	Refabú – Hringvegur	33
753		Vindheimavegur	
	01	Hringvegur – Vindheimar	11
805		Svarfaðardalsvegur	
	01	Húsabakkaskóli – Tunguvegur	72

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
925		Hróarstunguvegur	
	02	Hallfreðarstaðir – Þórisvatn	18
931		Upphéraðsvegur	
	01	Ekkjufell – Setberg	5
939		Axarvegur	
	01-02	Skriðdalur – Berufjörður	22
		Göngubrú á Jökulsá í Lóni	10
		Samtals	477

4. Til brúagerðar.

1. Brýr, 10 m og lengri.

	2002 m.kr.
Skaftá (1)	39
Brýr á Hringvegi í Suðursveit (1)	21
Ósá í Bolungarvík (61)	39
Skíðadalsá (807)	53
Fjarðará í Seyðisfirði	15
Óráðstafað	15
Samtals	182

5. Ferðamannaleiðir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
52		Uxahryggjavegur frá Þingvöllum	40
		Vegur á Höfðabrekkuheiði	3
		Vegir í Vestmannaeyjum	10
215		Reynishverfisvegur	5
249		Þórsmerkurvegur	10
334		Gullfoss	7
408		Heiðmerkurvegur	11
426		Bláalónsvegur	11
508		Skorradalsvegur	
	01	Fossamelar – Borgarfjarðarbraut	11
574		Útnesvegur	
	02	Arnarstapi – Malarrif	30
	04	Hella – Hellissandur	5
612		Örlygshafnarvegur	
	02-04	Flugvallarvegur – Látrabjarg	4
637		Seljalandsvegur	8
643		Strandarvegur	
	03	Bjarnarfjarðará – Deild	27
	03-08	Drangsnesvegur – Norðurfjörður	6
717		Borgarvegur	
	01	Síðuvegur – Borgarvirki	2
746		Tindastólsvegur	5

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	2002 m.kr.
764	Hegranesvegur	
01-02	Hróarsdalur – Keldudalur og um Hegrabjarg	4
793	Skarðsvegur	
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	11
7350	Steinárvegur	
01	Brú á Svartá	7
F578 03	Arnarvatnsvegur	7
832	Vaðlaheiðarvegur	2
837 03	Hlíðarfjallsvegur	35
	Vegur að Dettifossi	30
F862	Hólmatungnavegur	5
869	Langanesvegur	2
8716	Engidalsvegur (Engidalur – Stöng)	2
93	Seyðisfjarðarvegur	
06	Við ferjuhöfn	35
939	Axarvegur	
01-02	Skriðdalur – Berufjörður	11
	Samtals	346

6. Orku- og iðjuvegir á Austurlandi.

	2002 m.kr.
Fljótsdalur	200
Reyðarfjörður	170
Samtals	370

1465. Frumvarp til laga [638. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 2. apríl.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Hollustuvernd tekur til eftirlits með matvælum, fegrunar- og snyrtiefnum, eiturefnum og hættulegum efnum, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum, m.a. með tilliti til manneldismála.

2. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Til þess að stuðla að framkvæmd hollustuverndar setur ráðherra í reglugerð almenn ákvæði um:

1. útgáfu og efni starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem fellur undir þessa grein,
2. umgengni og þrifnað utan húss,
3. meindýravarnir og eyðingu meindýra,
4. hreinsun hunda, m.a. vegna sullaveiki, katta og annarra gæludýra,
5. þátttöku heilbrigðisnefnda í öryggismálum og sóttvörnum og framkvæmd þeirra,
6. töku sýna og úrvinnslu þeirra,
7. viðmiðanir fyrir eðlis-, efna- og örverufræðilega þætti,
8. íbúðarhúsnæði,
9. starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
10. gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði, fjallaskála, frístundahúsasvæði, tjald- og hjólhýsasvæði,
11. skóla og aðra kennslustaði,
12. rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur, húðflúrsstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur og stofur þar sem fram fer húðgötun og húðrof,
13. leikskóla, leikvelli, daggæslu í heimahúsum og önnur heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga,
14. heilbrigðisstofnanir, dvalarheimili og meðferðar- og vistunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða,
15. íþróttastöðvar, íþróttasvæði, íþróttahús, almenningssalerni, sundstaði, baðhús, gufubaðsstofur, sólbaðsstofur og almenna baðstaði, baðvatn og þess háttar,
16. fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna,
17. samkomustaði og samkomuhús, þar á meðal kirkjur og söfn,
18. samgöngumiðstöðvar, farþegaskip, almenningsbifreiðar, farþegaflugvélar og þess háttar,
19. verslunarmiðstöðvar,
20. verslanir sem selja vörur er innihalda fegrunar- og snyrtiefni, hættuleg efni og eiturefni,
21. dýraspítala, dýralæknastofur, dýrasnyrtistofur, dýrasýningar, dýragæslustaði, gæludýraverslanir, hestaleigur og reiðskóla,
22. garðaúðun,
23. önnur sambærileg atriði.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögum þessum skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um framkvæmd hollustuverndar.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skal hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir.

Í starfsleyfi skal tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Krafist skal bestu fáanlegrar tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint og skulu ákvæði um mengunarvarnir taka mið af því.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Héraðslæknir eða sá heilsugæslulæknir sem hann tilnefnir“ í 1. málsl. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu á viðkomandi eftirlitssvæði, tilnefndur af landlækni.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. og 3. málsl. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu.

6. gr.

Við 4. málsl. 19. gr. laganna bætist: sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

7. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Allar olíubirgðastöðvar sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu hafa gilt starfsleyfi eigi síðar en 31. desember 2005.

8. gr.

Við fylgiskjal I við lögin bætist nýr töluliður, 24. tölul., svohljóðandi: Olíubirgðastöðvar.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt fylgiskjal, svohljóðandi:

Starfsemi sem skal hafa starfsleyfi skv. 4. gr. a, gefið út af heilbrigðisnefnd.

Akstursíþróttasvæði.
Almenningssalerni.
Baðstofur og gufubaðsstofur.
Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri.
Dvalarheimili.
Dýragæsla.
Dýralæknastofur.
Dýrasnyrtistofur.
Dýraspítalar.
Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar.
Fangelsi og fangagæsla.
Fjallaskálar, nema sæluhús.
Fótaaðgerðarstofur og fótsnyrtistofur.
Frístundahúsasvæði.

Garðaúðun.
Gististaðir.
Gæludýraverslanir.
Gæsluvellir og opin leiksvæði.
Götuleikhús og tívolí.
Hársnyrtistofur.
Heilsugæslustöðvar.
Heilsuræktarstöðvar.
Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga, með sex börn eða fleiri.
Hestaleigur og reiðskólar.
Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
Íþróttahús.
Íþróttamiðstöðvar.
Íþróttavellir.
Kírópraktorar.
Leikskólar.
Læknastofur.
Meindýravarnir.
Nálastungustofur.
Nuddstofur.
Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki.
Samkomuhús.
Sjúkrahús.
Sjúkrastofnanir.
Sjúkraþjálfun.
Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna.
Snyrtistofur.
Sólbaðsstofur.
Starfsmannabúðir.
Starfsmannabústaðir.
Sundstaðir.
Tannlæknastofur.
Tjald- og hjólhýsasvæði.
Útihátíðir.
Veitingastaðir.
Verslunarmiðstöðvar.
Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.
Verslun með fegrunar- og snyrtiefni.
Vöruflutningamiðstöðvar.
Önnur sambærileg starfsemi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1466. Tillaga til þingsályktunar [741. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 2. maí 2002 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1467. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, ríkislögreglustjóranum, Samtökum iðnaðarins, skattstjóranum í Reykjavík og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Nefndin tekur undir nauðsyn þess að fram fari úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi, en slík úttekt fór síðast fram fyrir tíu árum. Nefndin leggur jafnframt til að framangreind atriði verði könnuð eftir landsvæðum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svohljóðandi

BREYTINGU:

Eftirfarandi breytingar verða á tillögugreininni:

1. Á eftir orðinu „atvinnugreinum“ í síðari málslið 1. mgr. komi: landsvæðum.
2. Í stað orðanna „fyrir árslok 2002“ í 3. mgr. komi: fyrir 1. júlí 2003.

Hjálmar Árnason, Einar K. Guðfinnsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2002.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.
Össur Skarphéðinsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Ögmundur Jónasson.

1468. Þingsályktun [741. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1466.

1469. Lög [714. mál]

um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast skuldabréf vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1425.

1470. Þingsályktun [538. mál]

um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002–2005.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 843.

1471. Frumvarp til laga [711. mál]

um Umhverfisstofnun.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur aðsetur á höfuðborgarsvæðinu en getur rekið hluta af starfsemi sinni annars staðar á landinu.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að annast starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995, um matvæli, með síðari breytingum, lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum, lögum nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum, lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum, lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum, lögum nr. 17/2000, um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, og lögum nr. 75/2000, um brunavarnir,
b. að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins er falin samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum, lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, með síðari breytingum, lögum nr. 61/1992, um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með síðari breytingum, lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar, með síðari breytingum, lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum, lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, með síðari breytingum, lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingum, og lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, með síðari breytingum,
c. að annast starfsemi sem embætti veiðistjóra er falin samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum,
d. að annast starfsemi hreindýraráðs samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum,
e. að annast starfsemi dýraverndarráðs og framkvæmd laga um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Við stofnunina starfar forstjóri skipaður af umhverfisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar.

Stofnuninni er skipt í fagsvið og starfar forstöðumaður yfir hverju sviði. Forstöðumenn skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu eða starfsreynslu á viðkomandi sviði. Forstjóri ræður forstöðumenn. Einn forstöðumanna gegnir starfi staðgengils forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að fengnum tillögum forstjóra, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. 20. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, fellur úr gildi.
2. 5. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, fellur úr gildi.
3. 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, falla úr gildi.
4. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, með síðari breytingum, orðast svo: Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsmenn stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Umhverfisstofnun samkvæmt lögum þessum skulu eiga forgangsrétt til starfa þar á fyrsta starfsári stofnunarinnar. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessum tölulið.
2. Þegar lög þessi hafa verið samþykkt skal umhverfisráðherra skipa starfshóp sem í eiga sæti auk fulltrúa ráðuneytisins forstjóri Hollustuverndar ríkisins, forstjóri Náttúruverndar ríkisins og veiðistjóri. Starfshópurinn skal undirbúa gildistöku laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal forstjóri Umhverfisstofnunar skipaður frá 1. ágúst 2002 og skal hann frá þeim tíma taka þátt í starfshópi skipuðum skv. 2. tölul.

1472. Frumvarp til laga [520. mál]

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

Orðin „með ríkisaðild í kjördæmum“ í 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að taka gjald til að standa straum af rekstrarkostnaði fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr., greiningu vegna inn- og útflutnings á dýrum og plöntum sem heyra undir samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, eftirlit vegna rannsókna og nýtingar á hveraörverum samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, leyfisveitingar vegna útflutnings á náttúruminjum og fyrir greiningar á náttúrusýnum. Ráðherra getur að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands sett gjaldskrá um þá starfsemi sem að framan er talin.

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga óháð kjördæmaskipan og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.

4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi.

6. gr.

12. gr. laganna orðast svo:
Stjórn náttúrustofu skal skipuð að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa þrjá menn í stjórn og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf á verksviði stofunnar, sbr. d-lið 1. mgr. 11. gr.

8. gr.

Orðin „með ríkisaðild“ í 16. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra skal fyrir 1. ágúst 2002 gera samning, sbr. 9. gr. laganna, við sveitarfélög sem standa að þeim náttúrustofum sem eru starfandi við gildistöku laga þessara.

1473. Frumvarp til laga [564. mál]

um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

6.–9. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Í stað orðanna „héraðsins (umdæmisins)“ í 4. mgr. 12. gr. laganna kemur: svæðisins.

3. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Kveðið skal á um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi í reglugerð. Þar skal einnig kveðið á um fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „svo sem rakið er í 14. gr.“ í 16. gr. laganna kemur: sbr. 15. gr.

6. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Orðið „héraðslækna“ í 1. málsl. 1. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. Orðin „14. og“ í 1. málsl. falla brott.
b. Orðin „heilbrigðismálaráð héraðanna og“ í 2. málsl. falla brott.

11. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð“ í 5. mgr. 34. gr. laganna kemur: og menntamálaráðuneyti.

12. gr.

41. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI
Breytingar á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.

13. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

III. KAFLI
Breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í fyrri málslið 2. mgr. 28. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu.

IV. KAFLI

Breytingar á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækna“ í 3. mgr. kemur: yfirlækna heilsugæslu.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða yfirlæknar heilsugæslu skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis.

c. Í stað orðsins „Héraðslæknar“ í 5. mgr. kemur: Yfirlæknar heilsugæslu, sbr. 4. mgr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðin „viðkomandi héraðslækni eða“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni“ í 3. mgr. kemur: sóttvarnalækni og yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

17. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 10. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

19. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef hann telur að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skal hann ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „héraðslækni“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: yfirlækni heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
b. Í stað orðsins „Héraðslæknir“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: Yfirlæknir heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.
c. Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 3. mgr. kemur: yfirlæknis heilsugæslu, sbr. 4. mgr. 4. gr.

21. gr.

Á eftir orðunum „náttúruhamfarir“ í síðari málslið 18. gr. laganna kemur: og aðra vá.

V. KAFLI
Breytingar á lögum um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998.

22. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Við óvænt dauðsföll eða ef ekki tekst að ná til læknis sem stundaði hinn látna í banalegunni skal tilkynna andlátið til yfirlæknis heilsugæslu sem ber þá ábyrgð á að líkið verði skoðað.

VI. KAFLI
Breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

23. gr.

Orðin „í læknishéruðum landsins“ í 4. tölul. 2. gr. laganna falla brott.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu tilnefnir lækni með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga og hjúkrunarforstjóri heilsugæslu tilnefnir hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu.

25. gr.

Orðin „og viðkomandi héraðslæknis“ í síðari málslið 5. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

VII. KAFLI
Breytingar á lögum um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, með síðari breytingum.

26. gr.

1. og 2. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal sjá um að matvæli þau eða drykkjarföng, sem skemmst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af eftirlitsaðilum samkvæmt lögum um matvæli. Skulu þeir segja til um það hvort nota megi vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljótist af, og skal þá selja þær með því skilorði er eftirlitsaðilar setja.

VIII. KAFLI
Breytingar á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „borgarlæknir“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: yfirlæknir heilsugæslunnar í Reykjavík.
b. Orðin „héraðs- eða“ í 3. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. falla brott.

IX. KAFLI
Breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

28. gr.

Orðin „og héraðslæknis“ í fyrri málslið 3. mgr. 16. gr. laganna falla brott.

29. gr.

Orðið „héraðslækni“ í síðari málslið 2. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

30. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknis“ í 4. málsl. 46. gr. laganna kemur: yfirlæknis heilsugæslu í umdæminu.

31. gr.

Í stað orðsins „héraðslæknir“ í 1. tölul. og fyrri og síðari málslið 2. tölul. 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu.

X. KAFLI
Breytingar á lögum um laun starfsmanna ríkisins, nr. 92/1955, með síðari breytingum.

32. gr.

Orðið „Héraðslæknar“ í 26. gr. laganna fellur brott.

XI. KAFLI
Breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

33. gr.

11. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI
Breytingar á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

34. gr.

3. málsl. 3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Jafnframt skal landlæknir tilnefna einn fulltrúa úr hópi yfirlækna heilsugæslu á svæðinu.

35. gr.

Í stað orðsins „héraðslækna“ í 7. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: heilsugæslu.

XIII. KAFLI
Breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

36. gr.

Fyrri málsliður 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Yfirlæknir heilsugæslu í umdæminu hefur umsjón með þessari starfsemi undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnar og lítur eftir að aðbúnaður og aðstaða nemenda og starfsmanna sé viðhlítandi.

XIV. KAFLI
Gildistaka.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1474. Frumvarp til laga [621. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla. Aðilaskipti að greiðslumarki taka þó ekki gildi fyrr en staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.

b. Í stað orðsins „tvö“ í 4. mgr. kemur: þrjú.

2. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2003“ í 3. mgr. 40. gr. laganna kemur: 1. janúar 2004.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað tímabilsins „2003–2007“ kemur: 2004–2007.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Gæðakerfið nær til eftirtalinna þátta: landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Gæðakerfið byggist á því að skjalfesta framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður.

Sauðfjárframleiðendur sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu senda skriflega umsókn til búnaðarsambands á því svæði þar sem framleiðslan fer fram. Umsóknum skal skilað eigi síðar en 30. júní ef framleiðendur óska eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár. Ef umsókn er endurnýjuð, sbr. 45. gr., er umsóknarfrestur til 15. desember. Búnaðarsamböndin fara yfir umsóknir og senda þær framkvæmdanefnd búvörusamninga sem heldur skrá yfir umsækjendur og aðila sem fengið hafa staðfest að þeir uppfylli skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

4. gr.

Á eftir 41. gr. laganna koma sjö nýjar greinar og breytist röð annarra greina og millivísanir samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (42. gr.)

Framkvæmdanefnd búvörusamninga tilkynnir framleiðendum sem sækja um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu hvort þeir uppfylla skilyrði samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdanefnd búvörusamninga skal byggja tilkynningar sínar á eftirtöldum gögnum:

a. Staðfestingu Bændasamtaka Íslands á því hvort einstakir framleiðendur hafi staðist lög-

bundna skoðun búfjáreftirlitsmanns um meðferð og aðbúnað búfjár, hvort framleiðendur hafi skilað fullnægjandi sauðfjárskýrslum og hvort þeir hafi sinnt skráningum í gæðahandbók á tilskilinn hátt.

b. Staðfestingu Landgræðslu ríkisins á því hvort landnýting framleiðenda samrýmist skilyrðum skv. 43. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsþátta með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu skv. 1. mgr.

b. (43. gr.)

Framleiðendur skulu hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitilandi fyrir búfé sitt. Landnýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins. Landgræðsla ríkisins leggur mat á land þeirra sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og staðfestir með tilkynningu til framleiðenda og framkvæmdanefndar búvörusamninga hvort framleiðendur uppfylla skilyrði um landnýtingu. Matið skal byggjast á stærð gróðurlendis og gerð þess, gróðurfari og framleiðni ásamt fyrirliggjandi gögnum um nýtingu og ástand, t.d. vegna rofs, uppblásturs o.fl., samkvæmt nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur. Telji Landgræðsla ríkisins að einstakir framleiðendur uppfylli ekki skilyrði um landnýtingu skal hún greina þeim frá ástæðum þess. Gildir það einnig ef Landgræðsla ríkisins telur ástæðu til að afturkalla staðfestingu sem þegar hefur verið gefin út vegna þess að nýting hefur breyst eða ef í ljós kemur að nýting er umfram þol landsins. Landgræðsla ríkisins skal jafnframt kynna framleiðanda þau úrræði sem hann á samkvæmt lögum þessum og reglum um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, en þau felast í að semja tímasetta landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun til allt að 10 ára. Áætlunin er því aðeins gild að hún hljóti staðfestingu Landgræðslu ríkisins.

Framleiðendur, sem uppfylla ekki skilyrði um landnýtingu skv. 1. mgr. og hafa ekki fengið staðfestingu Landgræðslu ríkisins á landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun innan fimm mánaða frá því að Landgræðsla ríkisins gerði athugasemdir við landnýtingu, uppfylla ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Sama gildir ef framleiðendur framfylgja ekki áður staðfestri landbótaáætlun eða landnýtingaráætlun. Skal Landgræðsla ríkisins senda skriflega tilkynningu til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Berist tilkynningin síðar en 15. febrúar leiðir hún þó ekki til þess að álagsgreiðslur vegna gæðastýringar falli niður fyrir sama almanaksár.

c. (44. gr.)

Búfjáreftirlitsmenn sveitarfélaga annast eftirlit með skráningum í gæðahandbók samkvæmt lögum þessum.

Ef einstakir framleiðendur uppfylla ekki skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, önnur en þau sem fjallað er um í 43. gr., skulu búfjáreftirlitsmaður eða Bændasamtök Íslands, eftir því sem við á, gefa þeim hæfilegan frest til úrbóta, að hámarki fjórar vikur, ef ætla má að þeir geti bætt úr annmörkunum og uppfylli eftir þann tíma skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Frestur til úrbóta skal þó ekki veittur ef um vísvitandi ranga skráningu eða upplýsingagjöf er að ræða. Bændasamtök Íslands tilkynna framkvæmdanefnd búvörusamninga fyrir 1. júlí ár hvert ef einstakir framleiðendur hafa ekki staðist lögbundið búfjáreftirlit, eftirlit með skráningum í gæðahandbók eða ekki skilað fullnægjandi sauðfjárskýrslum.

d. (45. gr.)

Réttur framleiðenda til álagsgreiðslna skv. 1. mgr. 41. gr. fellur því aðeins niður að þeir uppfylli ekki lengur skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og tilkynnir framkvæmdanefnd búvörusamninga framleiðendum það eigi síðar en 31. júlí ár hvert ef réttur þeirra fellur niður það almanaksár.

Framleiðendur sem missa rétt til álagsgreiðslna skv. 1. mgr. 41. gr. geta ekki öðlast rétt til álagsgreiðslna að nýju fyrr en næsta almanaksár. Óski framleiðendur eftir að öðlast rétt til álagsgreiðslna að nýju á næsta almanaksári verða þeir að endurnýja umsóknir sínar um að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skv. 3. mgr. 41. gr.

e. (46. gr.)

Ágreiningi um hvort einstakir framleiðendur uppfylla skilyrði um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar sem sker úr um ágreininginn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn, einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og einn samkvæmt tilnefningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Úrskurðarnefnd skal afgreiða mál eins fljótt og unnt er. Hafi nefndin ekki fellt úrskurð fyrir 15. október ár hvert fellur réttur framleiðenda til álagsgreiðslna fyrir það almanaksár ekki niður.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

f. (47. gr.)

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur yfirumsjón með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu en er heimilt að leita aðstoðar hjá öðrum aðilum varðandi tiltekna þætti gæðastýringarinnar.

g. (48. gr.)

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu, m.a. um undirbúning, landnýtingu, inntak og umfang gæðakerfis, störf úrskurðarnefndar, tilhögun álagsgreiðslna o.fl. Meðal annars er landbúnaðarráðherra heimilt í reglugerð að kveða á um að þeim sem óska eftir að taka upp gæðastýrða sauðfjárframleiðslu sé skylt að sækja undirbúningsnámskeið um gæðastýringuna.

5. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 skal tekinn til endurskoðunar á árinu 2002.
b. Vegna frestunar á gildistökuákvæði um gæðastýrðan framleiðsluferil til 1. janúar 2004 skal sú fjárhæð sem beingreiðslur lækka um á árinu 2003, sbr. 39. gr., renna til greiðslu sérstaks álags á framleitt dilkakjöt á sama hátt og uppkaupaálag, sbr. 4. mgr. 38. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 2007.

1475. Frumvarp til laga [581. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

1. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókara“ í 5. gr. laganna kemur: fjársýslustjóra.

2. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Fjársýslu ríkisins er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent Fjársýslu ríkisins og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Fjársýsla ríkisins getur framlengt skilafrestinn um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til Fjársýslu ríkisins, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem um getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókari“ í 47. gr. laganna kemur: fjársýslustjóri.

4. gr.

48. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Fjársýsla ríkisins.

Fjársýsla ríkisins er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir Fjársýslu ríkisins forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Hún skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Fjársýsla ríkisins skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Fjársýsla ríkisins annast féhirslu ríkisins og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og þær ríkisstofnanir sem þess óska, svo og móttöku innheimtufjár frá innheimtustofnunum ríkisins ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum.

Fjársýsla ríkisins skal annast gerð ríkisreiknings.

5. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhalds“ í 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982.

6. gr.

Í stað orðsins „ríkisbókhaldið“ í 9. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

III. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, með síðari breytingum.

8. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Bókhaldi skal haga samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

V. KAFLI

Breyting á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldi“ í 53. gr. laganna kemur: Fjársýslu ríkisins.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

11. gr.

Í stað orðsins „Ríkisbókhaldið“ í 2. mgr. 40. gr. laganna kemur: Fjársýsla ríkisins.

VII. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1476. Frumvarp til laga [607. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Verði ágreiningur um hvort um verslun fari samkvæmt lögum þessum sker skráningaraðili samkvæmt lögunum úr honum innan þrjátíu daga.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til að stunda verslun á Íslandi eða í íslenskri landhelgi skal uppfylla skilyrði laga þessara og atvinnustarfsemin skal skráð í samræmi við löggjöf um skráningu firma, hlutafélaga og einkahlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana, eftir því sem við á.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Skylt er að skrásetja verslun, sem stunduð er skv. 1. gr. laga þessara, í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á.

4. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Skráningaraðili samkvæmt lögum þessum lætur í té staðfestingu á því að verslun hafi verið skráð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra í umdæmi þar sem föst starfsstöð bifreiðasala er.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum“ í 1. mgr. kemur: sbr. 2. gr.

b. Í stað orðanna „Meiri hluti stjórnarmanna“ í 2. mgr. kemur: Allir stjórnarmenn.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglustjórum, sbr. 1. mgr., ber að halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt þessum kafla í umdæmi þeirra.

b. 2. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki skilyrðum laganna og skal lögreglustjóri þá að undangenginni aðvörun svipta viðkomandi starfsleyfi. Ákvörðun um sviptingu starfsleyfis er unnt að skjóta til viðskiptaráðherra. Enn fremur má leita úrskurðar dómstóla.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri veitt aðilum leyfi til að halda lokað uppboð í umdæmi sínu í því skyni að styrkja viðurkennt líknarstarf og kirkjustarf, menntir, vísindi og menningu, m.a. íþróttastarfsemi. Þegar um lokað uppboð á listmunum er að ræða skal vekja sérstaka athygli á ákvæðum V. kafla laga þessara varðandi

frjáls uppboð og reglugerð menntamálaráðherra um fylgiréttargjald. Jafnframt skal innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, tilkynnt um veitingu leyfisins.

b. 3. málsl. 6. mgr. orðast svo: Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald að höfðu samráði við Myndhöfundasjóð Íslands – Myndstef og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr.

c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Uppboðsstjórar skulu ársfjórðungslega senda skilagreinar um sölu listmuna á næstliðnu tímabili, staðfestar af löggiltum endurskoðanda, til innheimtuaðila skv. 6. mgr. Skylt er þeim uppboðsstjórum, sem stunda uppboð á listmunum, að senda einnig skilagrein fyrir þau tímabil þegar engin sala fer fram hjá uppboðsstjóra nema þeir hafi sannanlega tilkynnt innheimtuaðila, Myndhöfundasjóði Íslands – Myndstefi, að þeir hafi hætt slíkum uppboðum.

9. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Sá sem vanrækir tilkynningar til firmaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár eða skrár á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir, eftir því sem við á, skal sæta sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn ákvæðum IV. kafla um sölu notaðra ökutækja eða gegn 7. mgr. 23. gr. um sendingu skilagreina um sölu listmuna skal sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Heimilt er að krefjast þess í refsimáli að verslun verði afmáð úr einhverri framangreindra skráa, eftir því sem við á, hafi verslun framið ítrekað eða alvarlegt brot gegn ákvæðum laga er um starfsemina gilda. Í refsimáli gegn aðila, sem hefur leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. IV. kafla laga þessara, er auk þess eða einvörðungu heimilt að krefjast sviptingar þess leyfis í samræmi við ákvæði 68. gr. almennra hegningarlaga.

Brot á samþykktum sveitarstjórna, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

Nú hefur sá sem ábyrgð ber á verslun verið dæmdur til greiðslu sektar vegna brots í starfi sínu og ber lögaðilinn þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð lögaðila verður sektin því aðeins innheimt með aðför hjá honum að dæmt sé um skyldu hans í sérstöku opinberu máli.

10. gr.

Í stað orðanna „firma- eða hlutafélagaskrá“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: skráningaraðila.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja skv. 1. mgr. 12. gr. laganna skal greiða 25.000 kr. gjald þar til kveðið verður á um gjaldið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

1477. Lög [562. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar reiknast ekki til heildarafla. Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veiðitíma og reglum settum skv. 2. mgr. 4. gr.“ í 1. mgr. kemur: og veiðitíma.
b. Orðin „sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Hafi skip sem aflareynsla er bundin við, sbr. 1. málsl., horfið úr rekstri þegar úthlutun á sér stað er síðasta eiganda skipsins áður en það hvarf úr rekstri heimilt að ákveða á hvaða skip sú hlutdeild skuli skráð.

4. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 9. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir er nema allt að 12.000 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda. Af þeim 12.000 lestum sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 1. málsl. er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa allt að 1.500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr. og kveða þar á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

5. gr.

Við lögin bætist ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Á hverju fiskveiðiári skal úthluta árlega 3.000 lestum af þorski. Þessum aflaheimildum skal úthlutað til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafla á fiskveiðiárinu 1996/1997 eða 1997/1998. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þorsks áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar. Úthlutun til einstakra báta skal miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Við útreikning þennan skal miða við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflamarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Aldrei skal þó úthlutun samkvæmt þessari grein leiða til þess að heildaraflaheimildir ein-

stakra skipa verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals. Verði breytingar á skipakosti útgerðar er henni heimilt að flytja rétt til úthlutunar samkvæmt þessari grein yfir á annan bát í sinni eign. Jafnframt skal sjávarútvegsráðherra heimilt að úthluta samkvæmt reglum þessarar greinar viðbótaraflaheimildum til báta sem hafa komið í stað annarra á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hinn nýja bát af þeim sem endurnýjaður var og skerðir slík úthlutun ekki rétt annarra samkvæmt greininni.

6. gr.

Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 2. málsl. 6. mgr. 11. gr. laganna kemur: 15 brúttótonnum.

7. gr.

11. gr. a laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 11. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	**Hámarksaflahlutdeild**
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili samkvæmt lögum um veiðieftirlitsgjald og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta

hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.
3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

8. gr.

Í stað orðanna „1., 2. eða 5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. b laganna kemur: 1. eða 2. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

b. Orðin „fyrir fram“ í 2. mgr. falla brott.
c. 1. málsl. 7. mgr. orðast svo: Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað.
d. Lokamálsliður 7. mgr. orðast svo: Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.
e. Í stað orðanna „6 brl. eða 6 brúttótonnum“ í 8. mgr. kemur: 15 brúttótonnum.

10. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og lánastofnunum“ í 2. mgr. kemur: lánastofnunum og opinberum stofnunum.
b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða,

skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.

12. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Þorskígildi,** með einni nýrri grein, 19. gr., og V. kafli, **Veiðigjald,** með fjórum nýjum greinum, 20.–23. gr., svohljóðandi:

a. (19. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

b. (20. gr.)

Leggja skal á veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli þessara laga, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða í samræmi við 22. gr.

Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds á grundvelli þessa kafla.

c. (21. gr.)

Ráðherra skal ákvarða veiðigjald komandi fiskveiðiárs samkvæmt þessari grein fyrir 15. júlí ár hvert. Til grundvallar veiðigjaldinu skal leggja aflaverðmæti miðað við tímabil sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Frá aflaverðmætinu skal draga reiknaðan olíukostnað, reiknaðan annan rekstrarkostnað og reiknaðan launakostnað á sama tímabili.

Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir tegundir sem sæta ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og miða við tímabil 1. mgr.

Frá aflaverðmæti skv. 2. mgr. skal draga eftirfarandi liði:

a. Reiknaðan olíukostnað að fjárhæð 6.218 millj. kr. sem taki breytingum miðað við meðaltal á skráðu verði á gasolíu á Rotterdammarkaði frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
b. Reiknaðan annan rekstrarkostnað að fjárhæð 17.568 millj. kr. sem taki breytingum miðað við vísitölu neysluverðs frá meðaltali ársins 2000 til meðaltals tímabils 1. mgr.
c. Reiknaðan launakostnað sem miðast við 39,8% af aflaverðmæti, sbr. 1. mgr.

Aflaverðmæti skv. 2. mgr. að frádregnum liðum 3. mgr. skal skipt jafnt á aflamagn sama tímabils umreiknað til þorskígilda miðað við þorskígildisstuðla næsta fiskveiðiárs, sbr. 19. gr. Veiðigjald komandi fiskveiðiárs skal síðan reiknað sem 9,5% af niðurstöðutölu 1. málsl. í krónum á þorskígildiskílógramm.

d. (22. gr.)

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Eigendur skipa skulu greiða veiðigjald fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda eins og það er ákvarðað í 21. gr. Gjald á hvert skip skal þó aldrei vera lægra en 5.000 kr.

Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa skal gjaldið miðast við úthlutaðar veiðiheimildir í kílógrömmum talið. Fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en greinir í 1. málsl. skal gjaldið miðast við landaðan afla skips í viðkomandi tegund samkvæmt aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á tólf mánaða tímabili sem lýkur einum mánuði fyrir upphaf fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Miða skal við landaðan afla krókabáta í þeim tegundum sem þeir eru ekki bundnir aflatakmörkunum í en sæta ákvörðun um heildarafla.

e. (23. gr.)

Fiskistofa skal innheimta veiðigjald. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum ár hvert, 1. september, 1. janúar og 1. maí. Taki úthlutun veiðiheimilda gildi á tímabilinu 2. september til 31. ágúst fellur gjaldið þó í gjalddaga við útgáfu tilkynningar um úthlutaðar veiðiheimildir. Gjaldið er ekki afturkræft þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Hafi greiðsla ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga fellur veiðileyfi skips niður. Lögveð er í skipi fyrir gjaldinu. Ef gjald er ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir af fjárhæð gjalds frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við reglur laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé tekin ákvörðun um að lækka á tímabilinu 1. september til 31. ágúst áður leyfðan heildarafla einstakra tegunda skal Fiskistofa endurgreiða eiganda skips hluta gjaldsins sem nemur sömu grunnfjárhæð og innheimt var fyrir hvert þorskígildi sem aflaheimildir skips skerðast um.

13. gr.

Í stað orðanna „ákvæði 1. mgr. 20. gr.“ í 20. gr. a laganna kemur: ákvæði 1. mgr. 25. gr.

14. gr.

Ákvæði XXV til bráðabirgða í lögunum fellur brott.

15. gr.

Við ákvæði XXVI til bráðabirgða í lögunum bætist ný málsgrein er orðast svo:

Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 skulu 1.500 þorskígildislestir bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra hefur til ráðstöfunar skv. 9. gr. og skulu þær bætast við þær aflaheimildir sem ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, að ráðstafa til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

16. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. skal heimilt að flytja allt krókaaflamark í ýsu, steinbít og ufsa frá fiskveiðiárinu 2001/2002 til fiskveiðiársins 2002/2003.

b. (II.)
Á fiskveiðiárunum 2001/2002 til og með 2005/2006 hefur ráðherra til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnunina sem fylgist með tilrauninni og birtir niðurstöður um gang hennar. Ráðherra setur frekari reglur um skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 13., 14., 15. og 16. gr. öðlast þegar gildi.

Yfirfærsla á efnisákvæði 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða til almenns ákvæðis í lögunum, sbr. 5. og 14. gr., stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna.

Ákvæði 4. og 11. gr. öðlast gildi 1. september 2002. Þó er ráðherra heimilt, að höfðu samráði við Byggðastofnun, á grundvelli 4. gr., að úthluta á fiskveiðiárinu 2001/2002 allt að 500 lestum af óslægðum botnfiski í þorskígildum talið til stuðnings byggðarlögum sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ákvæði 12. gr. öðlast gildi 1. september 2004.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 12. gr. skal miða við 6% í stað 9,5% árið 2004, 6,6% árið 2005, 7,3% árið 2006, 8,0% árið 2007, 8,7% árið 2008 og 9,5% árið 2009.

1478. Frumvarp til laga [729. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta, þilfarsbáta undir 10 lestum eða krókaaflamarksbáta, sbr. 6. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum“ í 6. gr. laganna kemur: opnum bátum, þilfarsbátum undir 10 lestum og krókaaflamarksbátum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1479. Þingsályktun [44. mál]

um auknar forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum í meltingarvegi og öðrum sjúkdómum þeim tengdum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra í samráði við landlækni að gera tillögur um hvernig staðið skuli að forvarna- og leitarstarfi vegna krabbameins í meltingarvegi fyrir þá sem teljast vera í áhættuhópi og undirbúa framkvæmd starfsins. Jafnframt verði hafinn undirbúningur að því að beita sömu aðferðum, eftir því sem fært er, í baráttu við aðrar algengustu tegundir krabbameins hér á landi.

1480. Þingsályktun [33. mál]

um stöðu óhefðbundinna lækninga.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga hér á landi og beri hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. Með óhefðbundnum lækningum er hér átt við nálastungumeðferð (acupuncture), smáskammtalækningar (homeopathy), lið- og beinskekkjulækningar (osteopathy), nudd o.fl.

Atriði sem nefndinni ber að kanna sérstaklega:

1. Hvaða menntun er í boði á þessu sviði og hver er menntun leiðbeinenda sem þar starfa.
2. Hvaða reglur gilda um viðurkenningu náms og starfsréttindi á þessu sviði.
3. Að hvaða marki samvinna og samstarf eigi sér stað á milli þeirra sem stunda óhefðbundnar lækningar og hefðbundinna heilbrigðisstétta. Jafnframt að kanna hvort og þá að hvaða marki læknar og aðrar heilbrigðisstéttir nýti sér aðferðir óhefðbundinna lækninga í störfum sínum.
4. Hver staða óhefðbundinna lækninga er með tilliti til skatta og þá einkum virðisaukaskatts.

Enn fremur skal nefndin safna saman aðgengilegum niðurstöðum úr rannsóknum sem gerðar hafa verið á áhrifum og virkni þessara aðferða og á þeirri áhættu sem þeim fylgir.

Nefndin skal sjá til þess að gerð verði könnun á viðhorfi almennings til óhefðbundinna lækninga og hversu algengt það er að fólk leiti til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Þá skal nefndin skila tillögum til heilbrigðisráðherra um hvernig best sé að koma til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga hér landi og meta hvort rétt kunni að vera að viðurkenna í auknum mæli nám í þessum greinum með veitingu starfsréttinda.

Nefndin skal skila skýrslu til Alþingis um framvindu mála 1. apríl 2003 og endanlegum niðurstöðum 1. október 2003.

1481. Þingsályktun [54. mál]

um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 54.

1482. Þingsályktun [343. mál]

um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa nefnd sem móti stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi. Nefndin taki m.a. afstöðu til álagningar á eldsneyti og fjalli um uppbyggingu innviða, framtíðarskipulag eldsneytismála, stuðning við tilraunir og áhrif vistvæns eldsneytis á íslenskt efnahagslíf. Nefndin verði skipuð fimm fulltrúum, frá iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og fyrirtækinu Íslenskri nýorku ehf. Tillögur nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. nóvember 2002.

1483. Þingsályktun [192. mál]

um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 203.

1484. Þingsályktun [233. mál]

um mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 260.

1485. Þingsályktun [239. mál]

um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um það hvernig unnt sé að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2002.

1486. Þingsályktun [38. mál]

um samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri úttekt á stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála á Íslandi. Jafnframt skili nefndin tillögum til ríkisstjórnarinnar um það hvernig samskiptum stjórnvalda við slík samtök verði best háttað með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt alþjóðasamningi sem undirritaður var í Árósum 23.–25. júní 1998.

1487. Lög [638. mál]

um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1465.

1488. Þingsályktun [186. mál]

um úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Leggja skal mat á hvernig þau hafi þróast frá árinu 1993 eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið af þessum sökum.

Jafnframt er markmiðið að greina helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar. Leggja skal fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.

Í þessu skyni skal skipa starfshóp, m.a. með aðild ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, sem skila skal niðurstöðum fyrir 1. júlí 2003.

1489. Lög [711. mál]

um Umhverfisstofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1471.

1490. Lög [520. mál]

um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1472.

1491. Lög [564. mál]

um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1473.

1492. Lög [716. mál]

um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1193.

1493. Lög [621. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1474.

1494. Lög [581. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1494.

1495. Lög [607. mál]

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1476.

1496. Lög [729. mál]

um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Alþingi 3. maí.)

Samhljóða þskj. 1478.